Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum	15
4. Yfirlit þjóðhagsspár	22
Fylgiskjal: Töfluviðauki	27

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði	1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.
Sundurliðanir	1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.
Séryfirlit	1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.
Athugasemdir	1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og kynntar helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Kröftug uppsveifla í efnahagslífinu ...

Stigvaxandi hagvöxtur hefur einkennt þjóðarbúskapinn undanfarin ár. Vegna stóriðjuframkvæmda nær hagvöxturinn hámarki árin 2004 og 2005 og verður áfram mikill árið 2006. Árin 2003 til 2007 er áætlað að landsframleiðslan aukist um 25% að magni til og að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukist um 17%. Störfum hefur fjölgað og atvinnuleysi minnkað og sú þróun mun líklega vara fram á næsta ár. Enn um sinn mun því reyna verulega á þanþol efnahagslífsins með verðbólgu nærri efri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans.

Hagvöxtur



... krefst aðhalds í ríkisfjármálum

Til að viðhalda stöðugleika efnahagslífsins við þessar aðstæður er þörf á áframhaldandi aðhaldi í ríkisfjármálum árið 2006. Þessi stefnumörkun hefur á undanförnum árum skilað auknu aðhaldi í almennum rekstri, bæði í launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum, ásamt hægari vexti samneyslu og tilfærsluútgjalda. Jafnframt hefur verið dregið úr framkvæmdum á vegum ríkisins og mun sú stefna halda áfram á næsta ári þegar stóriðjuframkvæmdir verða enn miklar. Þegar hægir á hagvexti árið 2007 verða framkvæmdir auknar á ný. Gert er ráð fyrir að meira jafnvægi einkenni þjóðarbúskapinn þá.

Fjárlögin í samræmi við ábyrga hagsstjórn

Í fjárlögum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir aðhaldi sem er í samræmi við væntingar um að hægi á hagvexti á komandi misserum. Í fjárlögum fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir 14,2 milljarða króna tekjuafgangi eða

sem nemur 1,4% af landsframleiðslunni. Þetta er tæplega 16 milljörðum minni afgangur en endurskoðuð áætlun fyrir árið 2005 þegar ekki er tekið tillit til hagnaðar af sölu Landssímans hf. Í því samhengi er rétt að hafa hugfast það aðhald sem náðst hefur í ríkisfjármálum árin 2004 og 2005. Þá hefur ákvörðun um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. árin 2005 og 2006 einnig miðast við að draga úr eftirspurn þau ár.

Aðhald í ríkisfjármálum forsenda skattalækkunar

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum heldur einnig fyrir framgang skattalækkunaráforma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ný lög um það efni. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að meginþungi og lokaáfangi skattalækkana verði á árinu 2007. Á næsta ári er gert ráð fyrir að annar áfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda auk þess sem eignarskattar einstaklinga og lögaðila falla þá niður.

Stefnumörkun til næstu fjögurra ára

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 er þriðja árið í röð lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Líkt og í fyrri langtímaáætlunum er gert ráð fyrir að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst og örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum 2006–2009 eru eftirfarandi:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi og tilfærsluútgjalda ekki umfram 2,5%.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árið 2006, þriðja árið í röð. Framkvæmdir verði aftur auknar um 2 milljarða króna árið 2007 og 2 milljarða árið 2008 en þar til viðbótar kemur fé í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf.

Á árunum 2006–2009 er verulegum fjármunum varið til skattalækkana á fyrri hluta tímabilsins, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og til forgangsverkefna á síðari hluta þess.

Efnahagslífið í örri framþróun ...

Undanfarin ár hefur íslenskt efnahagslíf verið í örri framþróun. Atvinnustarfsemin er orðin mun fjölbreyttari og öflugri en hún áður

var. Sjávarútvegur er áfram undirstöðugrein í útflutningi en með aukinni starfsemi í stóriðju, ferðaþjónustu og hátæknigreinum hafa stoðir útflutnings styrkst. Stöðugleiki efnahagslífsins og getan til að standa undir bættum lífskjörum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur því aukist. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl erlendis svo að eftir hefur verið tekið og eignamyndun Íslendinga erlendis fer vaxandi.

... í tengslum við skipulagsbreytingar og alþjóðavæðingu hagkerfisins.

Skipulagsbreytingar og alþjóðavæðing efnahagslífsins hafa umbylt efnahagsumgjörð heimila og fyrirtækja á síðustu árum og gert hana eins góða, ef ekki betri, og þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum. Umtalsverðar skattalækkanir eru mikilvægur liður í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar. Bætt skipulag hagstjórnar hefur átt sinn þátt í að halda verðbólgu lágri og treysta stöðu ríkissjóðs. Einkavæðing ríkisfyrirtækja á fjármála- og fjarskiptamarkaði hefur aukið samkeppni og verið til hagsbóta fyrir neytendur. Skipulagsbreytingarnar hafa jafnframt aukið getu fyrirtækja og einstaklinga til að taka þátt í alþjóðavæðingu efnahagslífsins sem hefur aukist til muna á liðnum áratug. Afleiðingin af þessum miklu breytingum hefur verið stóraukinn kaupmáttur heimilanna og styrkari stoðir fyrirtækjareksturs.

Þróun tekjuskatta



Seðlabankinn hefur hækkað vexti ...

Auk ábyrgrar stefnu í ríkisfjármálum hefur komið fram mikið aðhald í peningastjórn Seðlabankans og stýrivextir verið hækkaðir til að draga úr innlendri eftirspurn. Um leið hefur sú hækkun haft áhrif til að styrkja gengi krónunnar sem hefur leitt til lækkunar á verði innflutnings en

jafnframt dregið úr vexti útflutningsverðmætisins. Þar sem heimilin eiga nú greiðari aðgang að ódýrara lánsfé erlendis frá, aðallega í tengslum við íbúðalán, hefur líklega dregið úr skilvirkni peningastefnunnar. Þó er viðbúið að virkni innlenda vaxtastigsins aukist um leið og gengið tekur að lækka en þá hækkar greiðslubyrði erlendra lána. Um leið er líklegt að vextir alþjóðlega hækki á komandi árum en þeir hafa verið mjög lágir um árabil.

Aukin útgjöld til mikilvægra málaflokka

Einkavæðing Landssímans hf. og styrk staða ríkissjóðs hefur skapað svigrúm til að greiða niður 57,7 milljarða króna skuldir ríkissjóðs á árinu 2005 og dregur það stórlega úr vaxtagjöldum ríkissjóðs. Hluta söluandvirðisins verður varið á komandi árum til að fjármagna sérstök verkefni m.a. til uppbyggingar innviða á sviði heilbrigðis- og samgöngumála án þess að skuldir ríkissjóðs aukist á móti.

Sterk staða Íslands í alþjóðlegum samanburði

Flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hagvöxtur er hér meiri en annars staðar. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Kraftur og áræði hefur einkennt starfsemi íslenskra fyrirtækja og sókn þeirra á alþjóðamarkaði. Staða ríkisfjármála er einnig mun betri og það sama gildir um skuldastöðuna. Verðbólga er einnig svipuð þótt hún sé nær efri mörkum en það stafar alfarið af því að hagvöxtur er hér mun meiri en annars staðar. Þegar horft er lengra fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er einnig betri en víðast hvar annars staðar. Þannig er lífeyrissjóðakerfið mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðasöfnun en ekki gegnumstreymi.

Áframhaldandi stöðugleiki í efnahagsmálum

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn meðal annars vegna breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði. Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum, sem hér er gengið út frá, skapar enn fremur svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Mikilvæg forsenda þessa er að fylgt verði aðhaldsamri ríkisfjármálastefnu eins og lýst er hér að framan.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2005

Bætt staða ríkissjóðs

Tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa verið endurmetin í ljósi þróunar í efnahags- og ríkisfjármálum það sem af er ári. Sala á eignarhlut ríkissjóðs í Landssímanum hf. hefur veruleg áhrif á ríkisfjármál árið 2005. Í meðfylgjandi töflu má sjá áætlaða afkomu ríkissjóðs annars vegar án sölu Landssímans og hins vegar með sölunni. Tekjuafgangur ríkissjóðs var í fjárlögum 2005 áætlaður 10 milljarðar króna en verður samkvæmt endurskoðaðri áætlun tæplega 30 milljarðar án söluhagnaðar af Landssímanum og 85 milljarðar króna að söluhagnaðinum meðtöldum. Lánsfjárafgangur var áætlaður rúmir 10 milljarðar króna í fjárlögum en verður tæplega 35 milljarðar án söluandvirðis Landssímans og rúmir 98 milljarðar að því meðtöldu. Lánsfjárafgangi ríkissjóðs verður varið til að greiða áfram niður skuldir ríkisins og bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands til ráðstöfunar síðar í þau forgangsmál sem ríkisstjórnin hefur kynnt.

Afkoma ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun [4] 2005	Áætlun [5] 2005	Frumvarp 2006
Tekjur	300,9	306,4	334,1	397,3	327,4
Gjöld	300,4	296,4	304,4	312,3	313,2
Tekjujöfnuður	**0,5**	**10,0**	**29,7**	**85,0**	**14,2**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-6,8	-10,9	-7,1	-64,6	-3,5
Handbært fé frá rekstri	**-6,3**	**-0,9**	**22,6**	**20,4**	**10,7**
Fjármunahreyfingar [2]	26,7	11,0	12,0	77,7	-1,1
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**20,4**	**10,1**	**34,6**	**98,1**	**9,6**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Áætlun að frátöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

[5] Áætlun að meðtöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

Skatttekjur vaxa

Í fjárlögum fyrir árið 2005 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 306,4 milljarðar króna. Endurskoðuð tekjuáætlun, sem byggist m.a. á spá um þróun helstu hagstærða, bráðabirgðatölum ríkisreiknings 2004 og innheimtuþróun á árinu 2004, gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði 397,3 milljarðar króna. Það er 91 milljarðs króna hækkun frá fjárlögum og munar þar mestu um hagnað af sölu Landssímans en án söluhagnaðarins og fjármagnstekna af honum er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 334,1 milljarður króna eða 27,7 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs hafa aukist verulega vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu og aukinnar neyslu. Af einstökum tekjuliðum er áætlað að eftirtaldir skattar muni skila ríkissjóði rúmlega 20 milljarða krónum meiri tekjum en áætlað var í fjárlögum; tekjuskattur einstaklinga 5,5 milljörðum, stimpilgjald 4,4 milljörðum, virðisaukaskattur 7 milljörðum og vörugjöld af ökutækjum um 3,3 milljörðum króna. Þá er fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði um 6,3 milljörðum meiri en áætlun fjárlaga, sem skýrist aðallega af sölu Landssímans, og arðgreiðslur um 4,3 milljörðum króna meiri vegna sérstakrar arðgreiðslu frá Landsímanum.

Ráðstöfun söluandvirðis Landssímans

Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 304,4 milljarðar króna árið 2005 og aukast um 8 milljarða frá fjárlögum 2005. Þar til viðbótar eru tæplega 8 milljarða króna útgjöld vegna sölunnar á Landssímanum hf. og ráðstöfunar á söluandvirðinu. Þar af eru 5.700 m.kr. í greiddan fjármagnstekjuskatt af söluhagnaðinum og 750 m.kr. kostnaður við söluferlið. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að ráðstafa 1.000 m.kr. í Fjarskiptasjóð, 300 m.kr. til hönnunar og undirbúnings hátæknispítala og 200 m.kr. til öflunar búsetuúrræða fyrir geðfatlaða. Samtals hækka útgjöld ríkissjóðs árið 2005 vegna þessa um 7.950 m.kr. Einnig er fyrirhugað að ráðstafa 1.000 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs árið 2005 og færist sú fjárhæð sem stofnframlag um sjóðstreymi ríkissjóðs og lækkar lánsfjárafgang samsvarandi.

Meiri vegaframkvæmdir

Helstu skýringar á almennri hækkun útgjalda ríkissjóðs um 8 milljarða króna frá fjárlögum 2005 eru að nú er áætlað að afskriftir skattkrafna verði 4 milljörðum króna hærri en áætlað var í fjárlögum, þá er fyrirséð að Vegagerðin mun ganga á ónýttar fjárheimildir sínar er nemur 1,3 milljarði króna og gert er ráð fyrir að nýtt verði 500 m.kr. fjárheimild vegna menningarhúsa. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verða 600 m.kr. umfram áætlun fjárlaga þar sem þau taka mið af breytingu á

skatttekjum ríkissjóðs. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs verði 360 m.kr. umfram áætlun vegna meiri breytinga tekna en áætlað var og loks er gert ráð fyrir nokkrum umframgjöldum í rekstri stofnana, einkum sjúkrastofnana. Á móti kemur að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verða 520 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir og vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um 1,3 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga.

Ráðstöfun tekjuafgangs til seinni tíma

Tekjuafgangur árið 2005 er áætlaður samtals 85 milljarðar króna og handbært fé frá rekstri rúmir 20 milljarðar króna en það er það fé sem eiginleg starfsemi ríkisins skilar. Lánsfjárafgangur er áætlaður 98 milljarðar króna og verður 57,7 milljörðum króna ráðstafað til að greiða niður skuldir og framlag til LSR er 4 milljarðar kr. Það sem eftir stendur, eða 36,4 milljarðar króna, verður ávaxtað hjá Seðlabanka, á viðskiptareikningi eða með útgáfu skuldabréfs. Er áætlað að eignir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum verði samtals um 54 milljarðar króna í árslok 2005. Fénu verður ráðstafað síðar þegar dregur úr umsvifum í efnahagslífinu til þeirra verkefna sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Einnig verður því ráðstafað til enn frekari greiðslu skulda árið 2006.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006

Áframhaldandi lækkun skulda

Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2006 er áætlaður 14,2 milljarðar króna, handbært fé frá rekstri er áætlað tæplega 11 milljarðar króna og lánsfjárafgangur 9,6 milljarðar. Áformað er að greiða niður skuldir fyrir 6,6 milljarða króna á næsta ári. Verða skuldir því greiddar niður um samtals 64,3 milljarða á tveimur árum. Lækkun tekjuafgangs á milli ára má einkum rekja til þess að spáð er að einkaneysla vaxi ekki eins mikið á næsta ári og í ár og til lækkunar tekjuskatts einstaklinga og afnáms eignarskatta sem skýrir 8,5 milljarða króna lækkun tekna. Haldið hefur verið aftur af ríkisútgjöldum með ýmsum aðgerðum á gjaldahlið en auknu fjármagni verður varið til forgangsverkefna svo sem til hækkunar barnabóta, úrræða fyrir fatlaða og til eflingar rannsókna og menntunar.

Lækkun skatta

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006 gerir ekki ráð fyrir áframhaldandi vexti efnahagslífsins í eins miklum mæli og á yfirstandandi ári. Spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 2006, samanborið við 6% í ár. Einnig er gert ráð fyrir að verðbólga verði um 3,8% og kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 2,7%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs verði

301,4 milljarðar króna sem er svipuð fjárhæð og á yfirstandandi ári án fjármagnstekjuskatts ríkissjóðs af söluhagnaði Landssímans. Óbreyttar skatttekjur milli ára þrátt fyrir 5% hagvöxt skýrast meðal annars af lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga, afnámi eignarskatta og verulega minni tekjum af stimpilgjöldum og vörugjöldum af ökutækjum. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs verði 327,4 milljarðar króna eða 6,7 milljörðum króna lægri en tekjur yfirstandandi árs án eignasölu. Meginskýring þeirrar lækkunar er eins og áður sagði minni tekjur af fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður greiðir og minni arðgreiðslur eftir sölu Landssímans. Á móti kemur að vaxtatekjur af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum hækka.

Efling menntamála og rannsókna

Áætlað er að heildarútgjöld ríkissjóðs verði 313,2 milljarðar króna árið 2006 og hækka um 16,8 milljarða króna frá fjárlögum 2005 eða um 5,7%. Útgjöldin hækka því um 1,8% að raungildi frá fjárlögum miðað við verðvísitölu neysluverðs. Sé miðað við áætlaða útkomu ársins 2005 standa útgjöldin nánast í stað í krónutölu og lækka að raungildi um 2%. Lækkunin er hins vegar minni, eða tæplega 1%, séu útgjöld vegna sölu Landssímans árið 2005 ekki talin með. Helstu breytingar á milli ára er frekari efling mennta- og rannsóknarmála, aukin framlög til málefna fatlaðra og til þróunaraðstoðar í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Þá hækka barnabætur um 1,2 milljarða króna vegna hækkunar bótafjárhæða í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um tekju- og eignarskatt. Framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækka um 1,3 milljarða króna frá fjárlögum einkum vegna samkomulags í tekjustofnanefnd um tímabundið 700 m.kr. framlag í sjóðinn og vegna tengingar framlaga í sjóðinn við tekjur ríkis og sveitarfélaga. Framlög til atvinnuleysisbóta lækka á milli ára svo og stofnkostnaður og loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs um 2 milljarða króna frá fjárlögum 2005. Lækkun stofnkostnaðar frá fjárlögum er í samræmi við langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar um frestun framkvæmda á meðan stóriðju- og virkjanaframkvæmdir standa sem hæst. Áformað er að stórauka framkvæmdir í vegamálum árið 2007 og það ár hefst einnig ráðstöfun á söluandvirði Landssímans.

Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna

	Reikn. 2002	Reikn. 2003	Reikn. 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frv. 2006
Tekjur umfram gjöld	**-8,1**	**-6,1**	**0,5**	**10,0**	**85,0**	**14,2**
Óregluleg gjöld	26,3	14,4	23,5	8,8	12,8	10,8
Óreglulegar tekjur	11,7	9,9	1,1	0,5	62,5	0,5
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**6,5**	**-1,6**	**22,9**	**18,3**	**35,3**	**24,5**

Þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum er tekjuafkoma ríkissjóðs áætluð tæplega 25 milljarðar króna árið 2006. Með óreglulegum tekjum er hér átt við söluhagnað af eignum og endurmat sem færist um tekjuhlið. Með óreglulegum gjöldum er átt við gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna en þá liði má að stórum hluta rekja til fyrri ára. Tekjuafkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða lýsir betur reglulegri starfsemi ríkisins og áhrifum hagsveiflunnar á hana. Á næsta ári dregur úr tekjuafgangi ríkissjóðs samanborið við áætlaðan tekjuafgang þessa árs og er það í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði ekki eins mikill á næsta ári og í ár. Áfram verður þó rekin aðhaldssöm ríkisfjármálastefna á næsta ári.

Lækkandi skuldastaða

Gangi áætlanir fjármálaráðuneytisins eftir verður samanlagður tekjuafgangur ríkissjóðs frá 1999 til 2006 samtals tæplega 100 milljarðar króna og samanlagður lánsfjárafgangur 150 milljarðar. Staða ríkissjóðs hefur styrkst verulega á þessum tíma og nam uppsöfnuð fyrirframgreiðsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ásamt vöxtum um 80 milljörðum króna í árslok 2004. Þá verða skuldir greiddar niður um rúmlega 37 milljarða króna nettó frá árinu 1999 til 2006 á verðlagi hvers árs. Hrein staða ríkissjóðs, það er skuldir að frádregnum veittum lánum, viðskiptareikningum og handbæru fé hjá Seðlabanka, lækkar að óbreyttu úr 17,3% af landsframleiðslu árið 1999 í 4,8% árið 2006.

Hrein staða ríkissjóðs, hlutfall af VLF



Sterk staða ríkissjóðs

Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka áfram sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eða úr 2,8% árið 1998 í 1,3% á næsta ári. Ef hlutfallið hefði haldist óbreytt væru vaxtagjöld tæplega 16 milljörðum króna hærri en áætlað er í frumvarpinu. Verða vaxtagjöld í fyrsta skipti lægri en vaxtatekjur í frumvarpinu. Hefur sú þróun ásamt öflugum hagvexti undanfarinna ára veitt ríkissjóði svigrúm til að lækka skatta á sama tíma og ráðist hefur verið í ný og aukin verkefni í mennta- og velferðarmálum. Einnig hefur lækkandi skuldastaða ríkissjóðs styrkt stöðu þjóðarbúsins til að taka á sig óvænt áföll. Hefur það skilað sér í betra lánshæfismati og lægri vöxtum sem fyrirtæki og einstaklingar njóta einnig.

Vaxtagjöld ríkissjóðs, hlutfall af VLF



3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

3.1 Inngangur

Stefnumörkun til þriggja ára

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum hefur í vaxandi mæli horft til lengri tíma en eins árs í senn. Hún styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Sérstaklega er kveðið á um stefnumörkun af þessu tagi í lögum um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi 1997 en þar segir í 28. grein:

> „Langtímaáætlun. Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána. Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlun endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar."

Þessu ákvæði var fylgt eftir með sérstakri umfjöllun í fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1998–2003. Sú umfjöllun var þó almenns eðlis fremur en að þar hafi verið gerð ítarleg grein fyrir þróun einstakra þátta á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar. Haustið 2003 var hins vegar stigið mikilvægt skref fram á við í þessum efnum þegar ríkisstjórnin samþykkti með formlegum hætti stefnumörkun í ríkisfjármálum fyrir tímabilið 2004–2007, þ.e. fjárlagaárið 2004 og næstu þrjú ár þar á eftir. Þessi stefnumörkun byggðist á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 23. maí 2003 en þar eru helstu markmið efnahagsstefnunnar skilgreind svo:

> „Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
>
> Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Ríkisfjármál munu gegna lykilhlutverki í hagstjórn á næstu árum og nauðsynlegt er að stefnumótun verði sveigjanleg með tilliti til þróunar efnahagsmála. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram til þess að draga úr kostnaði og verklag við fjárlagagerð þróað áfram til þess að styrkja afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Mikilvægt er í þessu samhengi að horft verði til lengri tíma en eins árs í senn.
>
> Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum."

Haustið 2004 samþykkti ríkisstjórnin langtímaáætlun í ríkisfjármálum 2005–2008 enda eru ákvæði fjárreiðulaga um árlega framlagningu langtímaáætlunar fyrir ríkisbúskapinn óháð því hvað eftir lifir kjörtímabils hverju sinni.

3.2 Markmið stefnunnar í ríkisfjármálum

Helstu markmið í ríkisfjármálum

Ríkisstjórnin hefur samþykkt eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum fyrir árin 2006–2009:

- Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2,0% að raungildi. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2,5% að raungildi.
- Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árið 2006, þriðja árið í röð. Framkvæmdir verði aftur auknar um 2 milljarða hvort ár 2007 og 2008 en þar til viðbótar kemur fé í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. Verður þeim útgjöldum mætt með því að ganga á innistæðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.
- Á árunum 2006–2007, eins og árið 2005, er umtalsverðum fjármunum varið til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

3.3 Helstu forsendur langtímaáætlunar

Á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðuneytið lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2006–2009.

Verulegar skattalækkanir

Í samræmi við fyrri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er í forsendum langtímaáætlunar á tekjuhlið gert ráð fyrir að verulegar skattalækkanir komi til framkvæmda á árunum 2006–2007. Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga, afnámi eignarskatts og endurskoðun virðisaukaskattskerfisins. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að meginþungi skattalækkananna komi til framkvæmda á árinu 2007. Árið 2006 er gert ráð fyrir að annar áfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda auk þess sem eignarskattar á einstaklinga og lögaðila verði þá afnumdir. Árið 2007 komi lokaáfangi lækkunar tekjuskatts til framkvæmda.

Haldið aftur að útgjöldum

Á útgjaldahlið er gengið út frá þeim meginforsendum að gætt verði aðhalds í almennum rekstri ríkissjóðs og að gripið verði til aðgerða til að mæta frávikum frá markaðri stefnu. Í áætluninni er miðað við vöxtur samneyslu ríkisins nemi áfram um 2,0% að raungildi á tímabilinu. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er það m.a. gert með því að gera ráðuneytum að fylgja þeim útgjaldaviðmiðunum sem áætlunin byggist á. Mestur vöxtur í rekstrarútgjöldum er til menntamála í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og einnig eru framlög til stofnana fatlaðra og þróunaraðstoðar aukin. Í áætluninni er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í framkvæmdum á vegum ríkisins árið 2006 eða um 2 milljarða króna. Framkvæmdir verða aftur auknar um 2 milljarða árin 2007 og 2008. Er miðað við samgönguáætlun um framlög til vegamála en þar hefur verið tekið tillit til framangreindra frestana. Einnig er í áætluninni gert ráð fyrir ráðstöfun söluandvirðis Landssímans árin 2007–2009 og kemur það til viðbótar. Þannig er gert ráð fyrir að samtals verði ráðstafað af söluandvirðinu 6,1 milljarði kr. árið 2007, 10,1 milljarði árið 2008 og 9,3 milljörðum króna árið 2009. Fjárfesting ríkissjóðs hækkar því samtals um tæplega 10 milljarða árið 2007 og 6 milljarða árið 2008. Tilfærsluútgjöld munu aukast nokkuð á næstu árum í samræmi við óbreytt lög, meðal annars vegna fjölgunar fólks á lífeyrisaldri. Á móti kemur að samkvæmt áætluninni dregur áfram úr atvinnuleysi á næsta ári. Þá vaxa tilfærsluútgjöld næstu ár vegna stefnu stjórnvalda um að auka verulega fjármagn til hækkunar barnabóta og til þróunaraðstoðar. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að tilfærsluútgjöld aukist að meðaltali um 2,5% árlega enda verði ekki ráðist í kostnaðarsamar breytingar nema því verði mætt með auknu aðhaldi á öðrum sviðum.

Fyrirhuguð ráðstöfun söluandvirðis Landssímans

Rekstrargrunnur, m.kr.	2007	2008	2009	2010-12	Samtals
Stofnkostnaður:					
Vegaframkvæmdir	3.700	5.000	3.700	2.600	15.000
Hátæknisjúkrahús	200	1.500	4.000	12.000	17.700
Varðskip og flugvél LHG	1.000	2.000	0	0	3.000
Húsnæði geðfatlaðra	200	300	300	0	800
Hús fyrir Háskóla Íslands	0	300	300	400	1.000
Rekstrargjöld:					
Fjarskiptasjóður	500	500	500	0	1.500
Stofnfjárframlög: [1]					
Nýsköpunarsjóður	500	500	500	0	1.500
Samtals	**6.100**	**10.100**	**9.300**	**15.000**	**40.500**

[1] Stofnfjárframlög færast um sjóðstreymi og koma því ekki fram sem útgjöld.

Almennt er í áætluninni miðað við framreikning útgjalda í ljósi gildandi laga og núverandi umfang þjónustu. Annars vegar er miðað við almennar forsendur um þróun útgjalda, t.d. um 1% árlegan raunvöxt útgjalda til stjórnsýslu, og hins vegar hagrænar spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í árgangi í framhalds- og háskólum o.fl. Þannig er reiknað með nokkuð meiri vexti útgjalda til mennta- og heilbrigðismála á tímabilinu eða á bilinu 3–4% að raungildi árlega. Gert er ráð fyrir að meðan á stóriðjuframkvæmdunum stendur verði gætt aðhalds í vexti samneyslu með virkari útgjaldastýringu og að dregið verði úr sjálfvirkum vexti útgjalda.

Efnahagsforsendur langtímaáætlunarinnar taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptalöndunum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls miðast við spár fjármálaráðuneytisins með hliðsjón af virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem gengið er út frá tilteknum forsendum um fiskafla á næstu árum.

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þau meginmarkmið sem áætlunin byggist á. Þannig er gengið út frá að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum háum um sinn. Aukið aðhald í ríkisfjármálum hefur þau áhrif að stýrivextir Seðlabankans eru lægri en þeir annars hefðu verið.

3.4 Niðurstöður langtímaáætlunar

Áframhaldandi stöðugleiki

Meginniðurstaða langtímaáætlunar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn. Gert er ráð fyrir umtalsverðum hagvexti árið 2006 en mun hægari vexti árin 2007 til 2009. Mikill innflutningur vegna framkvæmdanna leiðir óhjákvæmilega til mikils halla á viðskiptum við útlönd en verulega dregur úr honum þegar framkvæmdum lýkur og aukinn álútflutningur segir til sín. Verðbólga hefur aukist nú þegar framkvæmdirnar eru í hámarki en viðbúið er að hún lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun áfram aukast og atvinnuleysi minnka árið 2006. Árin 2007 til 2009 er gert ráð fyrir að hægi á kaupmáttaraukningunni og atvinnuleysi aukist aðeins.

Hægir á hagvexti

Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum sem hér er gengið út frá skapar svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkis-

stjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika. Þannig hefur verið umtalsverður afgangur á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki. Árið 2005 nemur afgangurinn um 2,7% af landsframleiðslu og árið 2006 er gert ráð fyrir að afgangurinn nemi 1,3% af landsframleiðslu. Skuldir ríkissjóðs verða greiddar niður um 57,7 milljarða króna árið 2005 vegna ráðstöfunar á söluandvirði Landssímans og afgangi ríkissjóðs. Samkvæmt framreikningunum er hins vegar gert ráð fyrir halla árin 2007 til 2009 enda dragast þjóðarútgjöld þá beinlínis saman og hægir á hagvexti. Árið 2007 kemur einnig fram af fullum þunga lækkun tekjuskatts einstaklinga og söluandvirði Landssímans hf. verður ráðstafað frá og með því ári og gengið á innistæðu í Seðlabanka. Hagnaður af sölu Símans bókfærist allur á árið 2005 en ráðstöfun söluandvirðisins færist sem útgjöld árin sem þau falla til og hefur það áhrif á tekjuafkomu viðkomandi ára.

Helstu þjóðhagsstærðir

Magnbreytingar, %	Áætlun 2005	Frv. 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
Einkaneysla	9,5	4,3	0,6	1,2	2,3
Samneysla	2,4	2,2	2,2	2,2	2,2
Fjárfesting	28,5	0,8	-23,8	-16,5	-1,0
Þjóðarútgjöld alls	12,8	2,9	-5,2	-2,2	1,7
Útflutningur vöru og þjónustu	1,4	6,2	11,6	9,1	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	18,2	2,0	-8,8	-2,7	0,1
Landsframleiðsla	6,0	4,6	2,5	2,5	2,5
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-13,3	-12,2	-6,4	-2,5	-2,0
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	7,6	6,5	6,1	4,3	4,3
Launabreytingar	6,3	5,0	4,5	4,2	3,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,7	2,7	2,1	1,5	1,8
Vísitala neysluverðs	3,9	3,8	4,0	2,8	2,5
Gengisvísitala, stig	-9,2	3,6	4,8	3,5	3,0
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,2	1,8	2,7	3,8	3,7

Rétt er að hafa í huga að hér er verið að setja fram spá um hugsanlega þróun efnahagsmála allt að fjögur ár fram í tímann þar sem gengið er út frá fjölmörgum óvissum forsendum, bæði um innlenda og erlenda þætti. Þess vegna ber að taka tölunum, sem hér eru birtar, með þeim fyrirvara að þær gefi í besta falli vísbendingu um hvert stefnir í efnahags- og ríkisfjármálum. Sérstaklega ríkir mikil óvissa um efnahagsleg áhrif þeirra miklu skattkerfisbreytinga sem gengið er út frá. Þetta gildir ekki síst um áhrif lækkunar tekjuskatts einstaklinga sem gæti leitt til

þess að fleiri sæki út á vinnumarkaðinn og dregið úr eftirspurnarþrýstingi og gæti jafnvel lækkað útgjöld til atvinnuleysisbóta og aukið skatttekjur ríkissjóðs og bætt afkomu ríkissjóðs. Líklegustu áhrif niðurfellingar eignarskatts eru að sparnaður aukist sem dregur úr innlendum eftirspurnaráhrifum og þar með bæði verðbólgu og viðskiptahalla.

Ríkissjóður mætir samdrætti í stóriðjuframkvæmdum

Í þessari langtímaáætlun er gert ráð fyrir ráðstöfun á söluandvirði Landssímans í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Söluandvirðinu verður ráðstafað til að greiða niður erlendar skuldir og til ávöxtunar í sjóði hjá Seðlabanka Íslands til ráðstöfunar síðar. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að nýta um 20 milljarða kr. af rekstrarafgangi ríkissjóðs árið 2005 til að greiða frekar niður erlendar skuldir ríkissjóðs. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins lækkar því talsvert ásamt því að ríkið fær vaxtatekjur af eignum sínum hjá Seðlabankanum og bætir það afkomu ríkissjóðs. Ráðgert er að ráðstafa innlenda hluta greiðslunnar til verkefna sem ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrir árin 2007 til 2010. Ríkissjóður mun þannig mæta samdrætti í efnahagsmálum þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur með auknum fjárfestingum í innviðum og lækkun skatta. Nauðsynlegt er þó að beita áfram aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs næstu árin með það að markmiði að samneyslan vaxi ekki umfram hagvöxt til lengri tíma.

Helstu þættir ríkisfjármála

Milljarðar króna	Frumvarp 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
Heildartekjur	327,4	338,5	348,0	365,7
Þar af skatttekjur	301,4	310,3	319,2	336,4
Heildargjöld	313,1	345,6	371,2	383,1
Rekstrargjöld	149,2	160,1	169,2	177,5
Fjármagnskostnaður	13,4	13,7	14,3	14,4
Tilfærsluútgjöld	132,1	143,4	153,4	160,2
Viðhald	5,2	5,6	5,8	6,0
Fjárfesting	13,2	22,8	28,5	25,0
Tekjuafkoma ríkissjóðs	14,3	-7,1	-23,2	-17,4
Lánsfjárjöfnuður	9,6	-10,4	-26,3	-21,1
% af landsframleiðslu				
Heildartekjur	31,1	30,5	29,7	29,5
Þar af skatttekjur	28,7	28,0	27,2	27,2
Heildargjöld	29,8	31,1	31,7	30,9
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,4	-0,6	-2,0	-1,4
Lánsfjárjöfnuður	0,9	-0,9	-2,2	-1,7

Í töflunni hér á eftir er sýnd þróun ríkisútgjalda eftir einstökum málaflokkum miðað við fyrrnefndar forsendur á grundvelli núgildandi laga og spár um fjölda aldraðra, fjölda nemenda í hverjum árgangi, samninga o.fl.

Útgjöld helstu málaflokka

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Almenn opinber þjónusta	17.615	18.361	19.178	19.294
Löggæsla og öryggismál	13.967	14.999	16.045	14.164
Fræðslumál	32.955	33.959	34.703	35.650
Heilbrigðismál	83.586	85.933	89.606	94.555
Almannatr. og velferðarmál	72.593	76.812	80.542	82.339
Húsn.-, skipul.- og hreinsunarmál	3.567	3.651	3.574	3.655
Menningar- og kirkjumál	11.926	12.046	12.093	12.205
Eldsneytis- og orkumál	2.342	2.312	2.326	2.340
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.897	14.829	14.819	14.812
Iðnaðarmál	1.385	1.434	1.442	1.449
Samgöngumál	18.633	27.071	29.760	25.532
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.794	4.867	4.960	5.017
Önnur útgjöld ríkissjóðs	34.941	35.208	35.398	34.458
Launa-, verðlags- og vaxtabr.o.fl.		14.196	26.713	37.609
Samtals	**313.201**	**345.678**	**371.159**	**383.079**

Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2006 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

4 Yfirlit þjóðhagsspár

Í hápunkti uppsveiflunnar

Það hagvaxtarskeið, sem nú stendur í hápunkti, hefur þróast í samræmi við fyrri spár fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt bráðbirgðatölum Hagstofu Íslands var hagvöxtur á árinu 2004 um 6,2% og er gert ráð fyrir svipuðum hagvexti í ár eða um 6%. Reiknað er með að hagvöxtur árið 2006 verði nokkru minni, eða 4,6%, vegna þess að þá dregur úr stóriðjuframkvæmdum. Að meðaltali verður hagvöxtur 5,6% þessi þrjú ár. Svo mikill hagvöxtur reynir verulega á þanþol hagkerfisins og getu stjórnvalda að draga nægilega úr innlendri eftirspurn þannig að verðbólgan haldist innan verðbólgumarkmiðs. Árið 2007 er hins vegar gert ráð fyrir að verulega dragi úr stóriðjuframkvæmdum og þar af leiðandi hagvexti. Árin 2007–2010 er spáð að hagvöxtur verði að meðaltali 2,5% og að meira jafnvægi einkenni þjóðarbúskapinn.

Hlutdeild í hagvexti 2003–2007



Umfangsmiklar framkvæmdir

Á árinu 2003 hófust framkvæmdir við fallvatnsvirkjun að Kárahnjúkum á Austurlandi sem standa yfir fram til ársins 2008. Á árinu 2004 hófust framkvæmdir við álverksmiðjuna á Reyðarfirði, stækkun Norðuráls í Hvalfirði og jarðvarma- og fallvatnsvirkjanir vegna stækkunar Norðuráls. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er talinn nema um 235 milljörðum króna á verðlagi ársins 2003. Fjárfesting atvinnulífsins tók einnig kröftuglega við sér á árinu 2003 og hefur haldið áfram að vaxa á árinu 2004. Samtals hefur fjármunamyndun atvinnuveganna vaxið um rúmlega 58% þessi tvö ár. Gert er ráð fyrir að erlend kostnaðarhlutdeild

vegna virkjanaframkvæmda verði um 60% og vegna byggingar álveranna um 69%. Hlutdeild erlends vinnuafls við virkjunar- og álversframkvæmdirnar er talin nema um 55% á framkvæmdatímanum. Reiknað er með að fjöldi ársverka vegna framkvæmdanna verði rúmlega 8.000 og að tæplega 2% af vinnuafli verði að störfum í þessum framkvæmdum þegar þær standa sem hæst árin 2005 og 2006. Í þjóðhagsspánni er ekki reiknað með seinni áfanga stækkunar Norðuráls, um 40 þúsund tonna ársframleiðslu, þar sem hún hefur ekki enn verið formlega ákveðin.

Hóflegar launahækkanir tryggja verðstöðugleika

Í forsendum þjóðhagsspár er gert ráð fyrir að meðalgengi krónunnar verði nokkuð lægra en í fyrra og að gengisvísitalan verði að meðaltali tæplega 110 stig árið 2005 en hækki síðan í tæplega 114 stig árið 2006 en það jafngildir um 3,5% lækkun íslensku krónunnar. Þegar hægir á stóriðjuframkvæmdum mun gjaldeyrisinnflæði minnka og því viðbúið að íslenskra krónan taki að veikjast stig af stigi. Þessu til viðbótar ber að hafa í huga að með vaxandi viðskiptahalla myndast aukinn þrýstingur til lækkunar á gengi krónunnar. Önnur mikilvæg forsenda er að nýgerðir kjarasamningar samtaka launþega og atvinnurekenda gildi í megindráttum fyrir þau stéttafélög sem ekki hafa endurnýjað kjarasamninga sína og að ekki komi til uppsagnar eða verulegra breytinga á núgildandi samningum. Á þessum forsendum er spáð áframhaldandi kaupmáttaraukningu atvinnutekna og verðlagshækkunum sem verða nálægt efri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands.

Yfirlit þjóðhagsspár

	ma.kr. 2004	Bráðab. 2004	Spá 2005	Spá 2006	Spá 2007
Einkaneysla	506,1	6,9	9,5	4,3	0,6
Samneysla	226,3	2,8	2,4	2,2	2,2
Fjármunamyndun	207,2	21,0	28,5	0,8	-23,8
Birgðabreytingar [1]	-3,3	-0,2	0,4	0	0
Þjóðarútgjöld alls	**936,2**	**8,4**	**12,8**	**2,9**	**-5,2**
Útflutningur vöru og þjónustu	316,1	8,3	1,4	6,2	11,6
Innflutningur vöru og þjónustu	367,3	14,2	18,3	1,9	-8,8
Landsframleiðsla	**885,0**	**6,2**	**6,0**	**4,6**	**2,5**
Þjóðartekjur	**863,4**	**4,9**	**5,7**	**4,2**	**1,6**
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	-0,6	0,5	-0,1	-0,9
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	**-**	**4,3**	**6,3**	**4,1**	**0,6**
Viðskiptajöfnuður	**-73,9**	**-**	**-**	**-**	**-**
% af landsframleiðslu	-	-8,4	-13,3	-12,2	-6,4

[1] Birgðabreytingar milli ára eru sýndar sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs á föstu verði.

Mótvægisaðgerðir í peninga- og ríkisfjármálum

Auk framangreindra forsendna er gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum stjórnvalda bæði á sviði peningamála og ríkisfjármála til að viðhalda stöðugleika í verðlagsmálum. Í spánni er gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir í rúmlega 10% fyrir árslok 2005 en fari síðan lækkandi þegar líða tekur á seinni hluta árs 2006. Á sviði ríkisfjármála eru mótvægisaðgerðir þegar hafnar með fjárlögum ársins 2005 þar sem haldið er aftur af vexti samneyslu- og tilfærsluútgjalda og verulega dregið úr opinberum framkvæmdum. Afgangur ríkissjóðs fyrir árið 2005 er áætlaður að verða 2,7% af landsframleiðslu sem er meira en hann varð mestur í síðustu uppsveiflu og er gert ráð fyrir afgangi sem verður tæplega 1% af landsframleiðslu árið 2006. Ákvörðun um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. er einnig í samræmi við umtalsvert aðhald í ríkisfjármálum árin 2005 og 2006.

Tímabundin aukning í þjóðarútgjöldum og viðskiptahalla

Spáð er tæplega 13% aukningu þjóðarútgjalda á árinu 2005. Hér munar mestu um 9,5% aukningu einkaneyslunnar. Einnig er reiknað með um 28,5% aukningu í fjárfestingu sem skiptist þannig að fjárfesting atvinnuveganna eykst um 48% og íbúðafjárfesting um 12%. Á móti vegur að fjárfesting hins opinbera dregst saman um liðlega 12% á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að samneysla hins opinbera aukist um 2,4%. Viðskiptahalli er talinn verða 13,3% af landsframleiðslu árið 2005 en að síðan byrji að draga úr hallanum og hann verði 12,2% af landsframleiðslu árið 2006 og 6,4% árið 2007. Aukinn viðskiptahalla má að stórum hluta rekja til beinna og óbeinna áhrifa vegna stóriðjuframkvæmdanna. Hin beinu áhrif stóriðjuframkvæmdanna eru áætluð útskýra meira en 40% af viðskiptahallanum og um 70% af vöruviðskiptahallanum þegar framkvæmdirnar standa sem hæst árin 2005 og 2006.

Meira jafnvægi í lok framkvæmdanna

Reiknað er með að atvinnuleysi verði að jafnaði um 2,2% af mannafla árið 2005 og lækki í 1,8% á næsta ári. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins myndaðist framleiðsluspenna í hagkerfinu á árinu 2004 og er gert ráð fyrir að bæði framleiðslu- og vinnumarkaðsspenna aukist á yfirstandandi og næsta ári en að síðan dragi úr innra og ytra ójafnvægi árið 2007. Verðbólga, sem var 3,2% árið 2004, er áætluð að hækka í 3,9% í ár og vera svipuð á næsta ári. Nokkur óvissa er í spánni tengd þróun gengis krónunnar. Þótt gengisbreytingar hafi áhrif á verðlagið, sem birtist í meiri eða minni verðbólgu, ganga slíkar breytingar yfir á tiltölulega stuttum tíma og verðbólgan leitar þá aftur til jafnvægis.

Alþjóðleg samkeppni eykur þanþol hagkerfisins

Mælingar fjármálaráðuneytisins benda til að framleiðslu- og vinnumarkaðsspenna verði minni í núverandi efnahagsuppsveiflu en í uppsveiflunni árin 1998–2001. Nokkur óvissa er þó tengd mælingum á því hvað hagkerfið geti vaxið hratt án þess að verðbólga taki á rás eða hversu lágt atvinnuleysisstigið getur orðið áður en launaskrið fer af stað. Í því samhengi hefur opnun hagkerfisins skapað aukna alþjóðlega samkeppni sem setur þrýsting á íslensk fyrirtæki og vinnandi fólk um að auka framleiðnivöxtinn en það eykur þanþol hagkerfisins og getu þess að vaxa hratt án þess að verðbólga og laun fari á skrið. Þetta er grundvallarbreyting frá því sem áður var. Þegar hægir á í hagvextinum árið 2007 og meira jafnvægi kemst á þjóðarbúskapinn mun aukinn útflutningur drífa áfram hagvöxtinn.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	29
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	30
3.	Skipting ríkissjóðstekna	31
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	32
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	33
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	34
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	35
8.	Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs	36
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	37
10.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar	38
11.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr.	39
12.	Afkoma ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni.	40

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Skatttekjur	**238.859**	**275.186**	**281.157**	**308.019**	**301.432**
Skattar á tekjur einstaklinga	65.222	76.467	75.700	81.200	82.300
Skattar á tekjur lögaðila	12.212	11.589	13.500	13.500	14.000
Tryggingagjöld	26.315	28.522	31.724	32.324	34.411
Eignarskattar	8.666	11.552	9.250	14.230	7.065
Virðisaukaskattur	80.940	96.433	101.400	108.400	114.400
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	42.147	47.072	47.287	49.744	46.536
Skattar ótaldir annars staðar	3.357	3.551	2.296	8.622	2.720
Aðrar rekstrartekjur	**20.741**	**23.470**	**23.679**	**30.276**	**23.941**
Arðgreiðslur	3.382	4.021	3.457	7.799	1.444
Vaxtatekjur og eignatekjur	10.352	11.311	12.452	13.212	14.264
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	7.007	8.138	7.770	9.265	8.233
Sala eigna	11.954	1.064	540	58.040	540
Fjárframlög	2.322	1.206	1.006	1.006	1.478
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	0	0	0	0	0
Tekjur samtals	**273.876**	**300.926**	**306.382**	**397.342**	**327.391**
Æðsta stjórn ríkisins	2.490	2.626	2.701	2.713	2.807
Forsætisráðuneyti	1.445	1.380	1.134	1.985	1.118
Menntamálaráðuneyti	32.835	35.123	36.685	37.615	40.441
Utanríkisráðuneyti	5.335	5.980	6.910	7.047	7.547
Landbúnaðarráðuneyti	12.096	12.430	12.298	12.608	12.968
Sjávarútvegsráðuneyti	3.292	2.679	2.523	2.578	2.718
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.723	15.181	15.888	16.058	17.639
Félagsmálaráðuneyti	24.832	27.322	26.686	27.361	28.271
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	105.818	112.644	119.128	120.292	125.941
Fjármálaráðuneyti	32.486	41.205	28.742	39.102	31.776
Samgönguráðuneyti	18.411	20.094	17.952	20.462	18.016
Iðnaðarráðuneyti	4.732	3.374	3.786	4.161	4.095
Viðskiptaráðuneyti	1.419	1.337	1.347	1.367	1.345
Hagstofa Íslands	649	589	601	607	641
Umhverfisráðuneyti	4.198	4.318	4.551	4.266	4.438
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.256	14.152	15.450	14.110	13.440
Gjöld samtals	**280.015**	**300.434**	**296.381**	**312.331**	**313.200**
Tekjujöfnuður	**-6.139**	**492**	**10.002**	**85.011**	**14.191**

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Áætlun 2004	Fjárlög 2005	Áætlun [1] 2005	Áætlun [2] 2005	Frumvarp 2006
Handbært fé frá rekstri	**-6,3**	**-0,9**	**21,1**	**20,4**	**10,7**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	26,2	10,9	12,0	11,9	-1,1
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	0,5	0,1	0,1	65,8	0,0
Fjármunahreyfingar samtals	**26,7**	**11,0**	**12,1**	**77,7**	**-1,1**
Afföll af teknum lánum					
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**20,4**	**10,1**	**33,2**	**98,1**	**9,6**
Framlag til LSR	**-9,6**	**-4,0**	**0,0**	**-4,0**	**-4,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [3]	10,8	6,1	33,2	94,1	5,6
Fjármögnun	**-3,4**	**-3,7**	**-25,5**	**-57,7**	**-6,6**
Greiðsluafkoma	**7,4**	**2,4**	**7,7**	**36,4**	**-1,0**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	-0,7	-0,1	2,2	2,1	1,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	2,3	1,1	3,4	10,2	0,9
Greiðsluafkoma	0,8	0,3	0,8	3,8	-0,1

[1] Áætlað án áhrifa af söluandvirði Landssímans.

[2] Áætlað með áhrifum af söluandvirði Landssímans, ráðstöfunin hefur áhrif á lánsfjárafgang ef keypt verða skuldabréf af Seðlabanka.

[3] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun [1] 2005	Frumvarp 2006
I Skatttekjur	**238.859**	**275.186**	**281.157**	**308.019**	**301.432**
Skattar á tekjur og hagnað	80.141	91.012	90.620	102.436	98.097
Einstaklingar	65.222	76.467	75.700	81.200	82.300
Tekjuskattur einstaklinga	56.518	63.845	66.700	68.400	69.900
Sérstakur tekjuskattur	1.480	1.161	1.200	800	100
Skattur á fjármagnstekjur	7.224	11.461	7.800	12.000	12.300
Lögaðilar	12.212	11.589	13.500	13.500	14.000
Ótalið annars staðar	2.707	2.956	1.420	7.736	1.797
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.860	2.093	500	6.792	760
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	847	863	920	944	1.037
Tryggingagjöld	26.315	28.522	31.724	32.324	34.411
Eignarskattar	8.666	11.552	9.250	14.230	7.065
Skattar á vörur og þjónustu	123.087	143.505	148.687	158.144	160.936
Virðisaukaskattur	80.940	96.433	101.400	108.400	114.400
Almenn vörugjöld	12.496	16.457	18.704	17.567	17.060
Vörugjald af ökutækjum	4.525	6.320	5.587	8.880	5.057
Almennt vörugjald af bensíni	1.924	2.248	2.040	2.025	1.853
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.540	6.100	6.289	6.256	6.566
Olíugjald	0	0	505	725	3.457
Aðrir sértækir veltuskattar	7.946	4.875	5.062	5.062	5.594
Bifreiðagjald	3.003	3.187	3.342	3.487	3.501
Þungaskattur	5.042	5.813	3.323	3.143	1.054
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.671	2.072	2.436	2.600	2.394
Aðrir skattar	650	595	876	886	923
II Aðrar rekstrartekjur	**20.741**	**23.470**	**23.679**	**30.276**	**23.941**
Arðgreiðslur	3.382	4.021	3.457	7.799	1.444
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	10.352	11.311	12.452	13.212	14.264
Neyslu- og leyfisgjöld	5.967	6.847	6.759	6.731	7.166
Annað	1.040	1.291	1.011	2.535	1.067
III Sala eigna	**11.954**	**1.064**	**540**	**58.040**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**2.322**	**1.206**	**1.006**	**1.006**	**1.478**
Heildartekjur ríkissjóðs	**273.876**	**300.926**	**306.382**	**397.342**	**327.391**
Sjóðshreyfing	**265.137**	**284.350**	**293.986**	**384.712**	**314.015**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Rekstrargjöld					
Laun	78.160	81.898	84.450	85.674	91.746
Lífeyrisskuldbindingar	3.395	12.017	4.798	4.798	4.798
Önnur gjöld	48.142	69.866	68.704	76.481	74.617
Sértekjur	-19.628	-24.867	-20.145	-20.684	-21.944
Rekstrargjöld samtals	**110.070**	**138.914**	**137.807**	**146.270**	**149.217**
Fjármagnskostnaður	**15.256**	**14.152**	**15.450**	**14.110**	**13.440**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	26.122	29.249	31.397	31.397	34.200
Sjúkratryggingar	13.926	14.949	15.584	15.584	15.581
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	6.553	7.209	7.145	7.747	8.470
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.261	7.589	7.726	7.892	8.179
Fæðingarorlofssjóður	5.580	6.626	6.468	6.833	7.041
Barnabætur	5.357	5.440	5.600	5.600	6.800
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	7.057	6.082	6.577	6.577	6.235
Afskriftir skattkrafna	8.696	9.775	4.000	8.000	6.000
Vaxtabætur	5.756	5.458	4.900	4.900	5.100
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.951	3.367	4.050	4.050	4.450
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.286	4.568	4.171	3.668	3.450
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.620	2.698	2.863	2.913	3.081
Ríkisútvarpið	1.854	2.382	2.516	2.516	2.550
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	30.777	19.004	20.753	21.370	20.915
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**128.796**	**124.396**	**123.749**	**129.046**	**132.053**
Viðhald					
Vegakerfi	4.248	2.561	2.625	2.625	2.835
Annað	2.018	2.439	1.993	1.993	2.415
Viðhald samtals	**6.266**	**5.000**	**4.618**	**4.618**	**5.250**
Fjárfesting					
Vegakerfi	8.404	9.002	6.318	7.618	5.905
Heilbrigðisstofnanir	1.565	1.181	1.905	2.301	1.582
Hafnarframkvæmdir	466	1.002	1.039	1.039	832
Háskólar og framhaldskólar	2.154	1.368	1.247	1.257	1.554
Flugvellir	396	169	336	336	280
Annað	6.644	5.250	3.911	5.735	3.087
Fjárfesting samtals	**19.627**	**17.972**	**14.757**	**18.287**	**13.241**
Gjöld samtals	**280.015**	**300.434**	**296.381**	**312.330**	**313.200**

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Almenn opinber þjónusta	15.439	15.868	16.366	17.084	17.615
Löggæsla og öryggismál	12.521	12.485	12.533	12.895	13.968
Fræðslumál	25.639	27.284	29.082	29.699	32.954
Heilbrigðismál	69.868	75.288	79.264	80.411	83.585
Almannatryggingar og velferðarmál	63.873	66.817	68.355	68.546	72.593
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	2.858	3.116	3.611	3.208	3.567
Menningar- og kirkjumál	10.511	11.646	11.502	11.991	11.925
Eldsneytis- og orkumál	2.187	2.062	2.237	2.337	2.342
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.873	14.440	14.141	14.356	14.897
Iðnaðarmál	1.751	1.073	1.304	1.549	1.385
Samgöngumál	18.340	20.291	18.494	20.989	18.633
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	5.616	4.830	4.827	4.812	4.795
Önnur útgjöld ríkissjóðs	36.540	45.235	34.666	44.455	34.941
Samtals	**280.015**	**300.434**	**296.381**	**312.331**	**313.200**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2006**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	475	0	30	325
Ríkisútvarpið	0	0	120	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	7	0	0	0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	-36	0	254	200
Ratsjárstofnun	0	0	9	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	288	161	110	0
Íslenskar orkurannsóknir	20	0	30	0
Rafmagnsveitur ríkisins	913	210	2.960	1.000
Samtals	**1.667**	**371**	**3.512**	**1.525**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2006**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.144	7.870	60	4.900
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.225	0	10	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	341	12.335	4	12.059
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	204	0	1	0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkis og verkam.	-744	0	4	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.	232	72.999	12	68.873
Orkusjóður	7	25	0	0
Byggðastofnun	-8	1.500	0	1.500
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	1	0	1	0
Samtals	**5.402**	**94.729**	**92**	**87.332**

Tafla 8 **Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Áætlun 2004	Frumvarp 2005
Skuldir ríkissjóðs	**239.246**	**241.566**	**237.793**	**225.968**	**228.530**	**298.314**	**281.108**	**277.187**	**252.989**	**197.300**	**202.700**
Seðlabanki Íslands	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spariskírteini	73.889	84.424	82.865	82.618	68.898	64.243	50.818	47.402	37.910	27.700	29.500
Ríkisbréf	8.366	11.258	15.846	11.018	11.430	19.588	32.482	41.075	55.400	66.900	68.400
Ríkisvíxlar	15.811	12.296	15.209	9.899	5.970	12.003	12.004	20.504	14.504	18.000	18.000
Aðrir innlendir aðilar	8.962	6.960	6.555	4.297	2.907	4.191	3.799	3.977	3.888	3.800	3.700
Erlend lán	132.218	126.628	117.318	118.136	139.325	198.289	182.005	164.229	141.288	80.900	83.100
Kröfur ríkissjóðs	**71.021**	**69.309**	**86.496**	**107.159**	**101.172**	**129.542**	**131.600**	**118.023**	**94.933**	**121.700**	**130.200**
Veitt lán	63.661	65.278	64.739	69.347	70.919	93.049	80.874	76.381	51.633	72.600	73.400
Lán tengd innlendu verðlagi	50.565	52.885	53.215	57.699	59.262	79.517	73.799	70.909	47.698	70.700	71.600
Gengisbundin lán	13.096	12.393	11.524	11.648	11.657	13.532	7.075	5.472	3.935	1.900	1.800
Viðskiptareikningar[2], nettó	7.360	4.031	21.757	37.812	30.253	36.493	50.726	41.642	43.300	49.100	56.800
Handbært fé[3], nettó	**4.309**	**4.553**	**13.044**	**15.354**	**16.830**	**18.046**	**16.468**	**16.848**	**23.800**	**28.200**	**27.200**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**168.225**	**172.257**	**151.297**	**118.809**	**127.358**	**168.772**	**149.508**	**159.164**	**158.056**	**75.600**	**72.500**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	29,7	28,7	36,4	47,4	44,3	43,4	46,8	42,6	37,5	61,7	64,2
Hrein staða ríkissjóðs[4]	**-163.916**	**-167.704**	**-138.253**	**-103.455**	**-110.528**	**-150.726**	**-133.040**	**-142.316**	**-134.256**	**-47.400**	**-45.300**
Hlutfall af VLF, % [5]											
Tekin lán	**50,1**	**46,8**	**41,5**	**36,7**	**34,1**	**39,8**	**35,9**	**34,2**	**28,6**	**20,4**	**19,3**
Þar af erlend lán	27,7	24,5	20,5	19,2	20,8	26,4	23,3	20,2	16,0	8,4	7,9
Veitt lán	**13,3**	**12,6**	**11,3**	**11,1**	**10,4**	**12,0**	**10,3**	**9,3**	**5,8**	**7,5**	**6,9**
Þar af gengisbundin lán	2,8	2,4	2,0	1,9	1,6	1,7	0,9	0,7	0,5	0,2	0,2
Viðskiptareikningar, nettó	**1,5**	**0,8**	**3,8**	**6,0**	**4,5**	**4,7**	**6,4**	**5,1**	**4,8**	**5,1**	**5,3**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**35,3**	**33,5**	**26,4**	**19,6**	**19,3**	**23,1**	**19,2**	**19,8**	**18,0**	**7,9**	**7,1**
Hrein staða ríkissjóðs	**-34,4**	**-32,3**	**-24,0**	**-17,3**	**-15,3**	**-19,2**	**-18,0**	**-17,5**	**-16,1**	**-5,4**	**-4,8**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Viðskiptahr. taka til óinnheimtra skattekna, skammtímakrafna og skammtímaskulda

[3] Handbært fé er staða A-hluta við Seðlabanka Íslands og aðrar innlánsstofnanir

[4] Hrein staða er skilgreind sem hreinar lántökur að viðbættu handbæru fé

[5] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Heildarskuldir hins opinbera	**274.447**	**279.351**	**280.460**	**271.455**	**277.950**	**354.610**	**340.712**	**336.008**	**321.317**	**269.973**	**276.994**
Innlendar skuldir	138.088	145.149	153.144	141.472	125.047	138.274	146.107	160.277	168.479	178.270	183.514
Erlendar skuldir	136.359	134.202	127.316	129.983	152.903	216.336	194.605	176.790	152.868	91.826	93.600
Kröfur hins opinbera	**82.925**	**82.820**	**99.746**	**124.477**	**119.287**	**155.328**	**158.558**	**139.692**	**119.200**	**145.700**	**154.200**
Veitt lán	71.249	74.449	74.482	80.429	81.007	113.424	101.832	92.050	69.900	90.600	91.400
Skatta- og viðskiptakröfur	11.676	8.371	25.264	44.048	38.280	41.904	56.726	47.642	49.300	55.100	62.800
Hreinar skuldir hins opinbera	**191.522**	**196.531**	**180.714**	**146.978**	**158.663**	**199.282**	**182.154**	**196.316**	**202.117**	**124.273**	**122.794**
Ríkissjóður	168.225	172.257	151.297	118.809	127.358	168.772	149.508	159.164	158.100	75.500	72.500
Bæjar- og sveitarfélög	24.189	25.037	30.089	28.663	31.654	30.712	32.790	37.289	44.147	48.896	50.414
Almannatryggingar	-892	-763	-672	-494	-349	-202	-144	-137	-130	-123	-120
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	274.588	278.889	280.460	268.189	258.622	291.641	296.548	289.392	280.633	223.234	220.584
Hreinar skuldir hins opinbera	189.773	195.389	180.714	149.322	149.740	161.968	165.840	177.196	188.089	113.474	110.097
Hlutfall af VLF, % [3]											
Skuldir hins opinbera	**57,4**	**53,8**	**48,7**	**44,1**	**39,8**	**45,5**	**44,5**	**41,2**	**37,0**	**28,4**	**26,5**
Innlendar skuldir	28,8	28,0	26,7	22,5	18,4	17,8	18,6	19,5	18,7	18,3	17,1
Erlendar skuldir	28,7	25,9	22,1	21,6	21,4	27,6	25,9	21,7	18,3	10,1	9,4
Kröfur hins opinbera	**17,3**	**16,0**	**17,4**	**19,9**	**17,5**	**20,0**	**20,2**	**17,0**	**13,3**	**15,0**	**14,4**
Hreinar skuldir hins opinbera	**40,1**	**37,9**	**31,4**	**24,3**	**22,3**	**25,4**	**24,3**	**24,2**	**23,7**	**13,4**	**12,2**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við gengisvísitölu; hvort tveggja á ársloka verðlag.

[3] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengis

Tafla 10

	Fjárlög 2005 [1]	Áætlun 2005 [2]	Frumvarp 2006 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	5,1	9,5	4,3
Samneysla	2,0	2,4	2,2
Fjárfesting	18,0	28,5	0,8
Þjóðarútgjöld alls	7,5	12,8	2,9
Útflutningur vöru og þjónustu	4,0	1,4	6,2
Innflutningur vöru og þjónustu	10,4	18,3	1,9
Verg landsframleiðsla	4,9	6,0	4,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-10,9	-13,3	-12,2
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	6,7	7,6	6,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,2	3,7	2,7
Vísitala neysluverðs	3,5	3,9	3,8
Gengisvísitala	2,4	-9,2	3,6
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,7	2,2	1,8

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2004.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2005.

Tafla 11

	Fjárlög 2005 [1]	Áætlun 2005 [2]	Frumvarp 2006 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, ma. kr.			
Einkaneysla	542,3	568,9	609,8
Samneysla	240,1	243,3	259,9
Fjárfesting	254,5	257,9	279,4
Þjóðarútgjöld alls	1.036,9	1.070,1	1.149,1
Útflutningur vöru og þjónustu	329,6	307,4	342,4
Innflutningur vöru og þjónustu	411,4	411,5	440,2
Verg landsframleiðsla	955,0	966,1	1.051,3
Viðskiptajöfnuður	-109,9	-128,3	-128,3

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2004.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2005.

Tafla 12 Afkoma ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni [1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Heildartekjur	**313,2**	**347,2**	**341,1**
Skatttekjur og tryggingagjöld	**275,2**	**300,2**	**299,8**
Skattar á tekjur og hagnað [2]	89,6	94,7	96,3
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	0,5	0,3	0,4
Eignarskattar	11,6	14,2	7,1
Skattar á vörur og þjónustu	140,8	153,7	156,4
Tollar og aðflutningsgjöld	3,1	3,3	3,6
Aðrir skattar	1,3	1,4	1,5
Tryggingagjöld	28,4	32,5	34,6
Fjárframlög	**0,9**	**1,0**	**1,5**
Aðrar tekjur [3]	**46,2**	**55,1**	**49,3**
Sala efnislegra eigna	**1,0**	**0,5**	**0,5**
Leiðréttingar vegna afskrifta og fl. [4]	-10,0	-9,6	-10,0
Heildarútgjöld	**304,1**	**320,2**	**330,5**
Laun- og lífeyrisskuldbindingar	84,5	91,4	97,4
Kaup á vöru og þjónustu	52,3	55,0	57,4
Fjármagnskostnaður	23,0	23,9	19,8
Framleiðslustyrkir	11,4	11,8	12,5
Fjárframlög til sveitarfélaga og almannatrygginga	73,3	77,1	81,5
Tekjutilfærslur til heimila	28,5	32,2	35,0
Fjárfesting	17,5	14,8	12,3
Fjármagnstilfærslur	13,7	14,0	14,7
Tekjuafgangur	**9,1**	**27,1**	**10,7**
Hlutfall af VLF, %			
Heildartekjur	35,4	36,0	32,4
Heildarútgjöld	34,4	33,2	31,4
Tekjuafgangur	1,0	2,8	1,0

[1] Í þessu yfirliti eru fjármál ríkissjóðs sett fram samkvæmt GFS staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2001 (Government Finance Statistics Manual, 2001) sem byggir á þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna frá 1993 (SNA 93). Til stendur að þróa yfirlitið frekar á næstu misserum með nákvæmari sundurliðun til að auðvelda alþjóðlegan samanburð og aðgengi alþjóðastofnana að fjármálum ríkissjóðs.

[2] Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði er hvorki talinn til tekna né gjald samkvæmt GFS staðlinum.

[3] Sértekjur stofnana eru samkvæmt hinum nýja GFS staðli færðar brúttó, þ.e. koma ekki til frádráttar á gjaldahlið. Þær eru því færðar hér með öðrum tekjum.

[4] Samkvæmt GFS og SNA (System of National Accounts, 1993) stöðlunum á einungis að færa til tekna þær tekjukröfur sem líklega innheimtast yfir lengri tíma. Undir þessum lið er að þessi sinni leiðrétt fyrir líklegri ofáætlun og fyrir öðrum frávikum sem taka þarf tillit til við frekari þróun á þessari framsetningu ríkisfjármála. Í framtíðinni mun þessi liður hverfa en álagning og áætlun tekna taka meira mið af þeirri tekjuskuldbindingu sem verður til á árinu og sem innheimtast mun yfir lengri tíma.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005.)

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	9
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum	15
4. Yfirlit þjóðhagsspár	22
Fylgiskjal: Töfluviðauki	25

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

		Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta		41
A-hluti	**Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**	
	1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	43
	2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	44
B-hluti	**Fjárreiður ríkisfyrirtækja**	
	3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	45
C-hluti	**Fjárreiður lánastofnana**	
	4. gr. Fjárreiður lánastofnana	46

Ýmis ákvæði

5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 47
6. gr. Heimildir 49

Sundurliðanir

1. Tekjur A-hluta 54
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 59
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 215
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 223

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 232
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 237
3. Markaðar tekjur 238
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 243
5. Lögbundin framlög 248

Athugasemdir

Inngangur 249
1. Yfirlit ríkisfjármála 251
2. Tekjur A-hluta 253
3. Gjöld A-hluta 261
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 430
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 436
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 443
7. Heimildir 449
8. Yfirlit yfir lagabreytingar 451

Atriðisorðaskrá 453

Vefsetur fjárlaga: fjarlog.is

GUTENBERG
ISSN 1607-811X

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2006 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**301.432,0**	**292.752,1**
Skattar á tekjur einstaklinga	82.300,0	79.405,0
Skattar á tekjur lögaðila	14.000,0	11.760,0
Tryggingagjöld	34.410,6	33.423,6
Eignarskattar	7.065,0	7.065,0
Virðisaukaskattur	114.400,0	112.112,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	46.536,0	46.384,1
Skattar ótaldir annars staðar	2.720,4	2.602,4
Aðrar rekstrartekjur	**23.941,0**	**19.244,9**
Arðgreiðslur	1.444,0	1.444,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	14.264,0	9.674,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.233,0	8.126,9
Sala eigna	540,0	540,0
Fjárframlög	1.478,0	1.478,0
Tekjur alls	**327.391,0**	**314.015,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.807,1	2.807,1
Forsætisráðuneyti	1.118,0	1.118,0
Menntamálaráðuneyti	40.441,1	40.441,1
Utanríkisráðuneyti	7.546,8	7.546,8
Landbúnaðarráðuneyti	12.967,9	12.967,9
Sjávarútvegsráðuneyti	2.718,4	2.718,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	17.638,7	17.649,8
Félagsmálaráðuneyti	28.270,6	28.270,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	125.941,0	125.941,0
Fjármálaráðuneyti	31.776,3	25.053,3
Samgönguráðuneyti	18.016,4	17.951,3
Iðnaðarráðuneyti	4.095,0	4.095,0
Viðskiptaráðuneyti	1.344,5	1.344,5
Hagstofa Íslands	640,7	640,7
Umhverfisráðuneyti	4.437,5	4.437,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.440,0	9.810,0
Gjöld samtals	**313.200,0**	**302.793,0**
Tekjujöfnuður	**14.191,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2006 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	14.191,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-976,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-2.569,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	54,0
Handbært fé frá rekstri	**10.682,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-5.425,0
Afborganir veittra lána	4.700,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-500,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-1.085,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**9.597,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	0,0
Afborganir lána	-6.600,0
Fjármögnun samtals	**-6.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	**-4.000,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.003,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2006 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	475,0	0,0	30,0	325,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	120,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	7,0	0,0	0,0	0,0
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli	-36,0	0,0	253,5	200,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,4	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	288,0	161,0	110,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	20,0	0,0	30,0	0,0
Rafmagnsveitur ríkisins	913,0	210,0	2.960,0	1.000,0
Samtals	**1.667,0**	**371,0**	**3.511,9**	**1.525,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2006 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.144,0	7.870,0	60,0	4.900,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.225,0	0,0	10,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	341,0	12.335,0	4,0	12.059,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	204,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-744,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	232,0	72.999,0	12,0	68.873,0
Orkusjóður	6,5	25,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	-7,7	1.500,0	0,0	1.500,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	1,0	0,0	1,0	0,0
Samtals	**5.401,8**	**94.729,0**	**92,0**	**87.332,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 10.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 5.425 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 4.900 m.kr.
   - 2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 325 m.kr.
   - 2.3 Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli allt að 200 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2006 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.5, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 41.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   - 3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 68.873 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 12.059 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   - 3.4 Byggðastofnun, allt að 1.500 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
   - 3.5 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 1.000 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

4. Ýmis ákvæði.
   - 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   - 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.2 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.3 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.4 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.5 Að selja prestsseturshúsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.6 Að selja fasteign Blóðbankans við Eiríksgötu í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra.
2.7 Að selja fasteignir ríkisins við Flókagötu 29 og 31 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.8 Að selja prestssetrið að Sunnubraut 12, Búðardal, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
2.9 Að selja húsnæði og lóð Landhelgisgæslunnar við Seljaveg og verja hluta af andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
2.10 Að selja íbúð við Leifsgötu 5 og verja andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði fyrir barnaspítala Hringsins.
2.11 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.12 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.13 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarbraut 6, Dalvík.
2.14 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Sandholti 34, Ólafsvík.
2.15 Að selja fasteignina Markarholt 1, Garðabæ og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.16 Að selja fasteignina Árveg 8, Árborg og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.17 Að selja fasteignina Lambhaga 48, Árborg og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja fasteignina Byggðaveg 91, Akureyri og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.19 Að selja húseignir ríkisins í Arnarholti, Kjalarnesi og verja andvirðinu í þágu Landspítala- háskólasjúkrahúss.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.21 Að selja flugafgreiðslu á Kirkjubæjarklaustri.
2.22 Að selja flugafgreiðslu á Patreksfirði.
2.23 Að selja flugafgreiðslu á Hólmavík.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar í þágu Landspítala- háskólasjúkrahúss.
3.10 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 3, Hellissandi.
3.11 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.14 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í Bleiksárhlíð 56, Eskifirði, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í Vogsholti 5, Raufarhöfn og verja andvirðinu til endurbóta á heilsugæslustöðinni á staðnum.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað við Reykjalund.
3.20 Að selja eignarhlut ÁTVR á Eiðistorgi 11, Seltjarnarnesi.
3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Mánabraut 20, Akranesi.
3.22 Að selja eignarhluta ríkisins í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.23 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.4 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.

4.5 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.6 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.7 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.8 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.9 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.10 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.11 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Brúar í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.13 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.15 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.16 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.17 Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
4.18 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.
4.19 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.20 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.21 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.
4.22 Að selja um 235 ha landspildur í eigu ríkisins í nágrenni Grindavíkur sem ekki eru nýttar í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.23 Að selja hluta af jörðinni Álftagróf, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Hraungerði í Árnesprófastsdæmi.
4.25 Að selja prestssetursjörðina Prestbakka við Hrútafjörð, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.26 Að selja jörðina Skriðu í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.27 Að selja jörðina Glaumbæ, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.28 Að selja hluta jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
4.29 Að selja hluta jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.30 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar Holts undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.31 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.32 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.34 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.35 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.36 Að selja hluta jarðarinnar Hólma, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.37 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.38 Að selja jörðina Bakka, Ólafsfjarðarbæ.
4.39 Að selja jörðina Fornhaga II, Hörgárbyggð.
4.40 Að selja jörðina Stað, Grindarvíkurbæ.
4.41 Að hafa landskipti á hluta prestssetursjarðarinnar að Holti undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.42 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar að Hálsi II, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.

4.43 Að selja hluta prestsseturjarðarinnar að Hofi, Múlaprófastsdæmi.
4.44 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.45 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.46 Að selja hluta af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.
4.47 Að selja hluta af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.
4.48 Að selja hluta af jörðinni Brjánslæk, Vesturbyggð.
4.49 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.50 Að selja hluta af jörðinni Gröf í Hrunamannahreppi.
4.51 Að selja fasteignir í Flatey á Skjálfanda.
4.52 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.53 Að selja prestssetursjörðina Hvol, Saurbæjarhreppi, Snæfells- og Dalaprófastsdæmi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.2 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.5 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu.
6.8 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.9 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.11 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og selja núverandi húsnæði.
6.12 Að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði.
6.13 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.14 Að kaupa jarðir innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.15 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.16 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.17 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
6.18 Að nýta kauprétt á reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.
6.19 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Landbúnaðarstofnun.
6.20 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík.
6.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir stjórnsýslu Heilsugæslunnar í Reykjavík.
6.22 Að kaupa eða leigja bílskúr fyrir sjúkrabifreið á Raufarhöfn.
6.23 Að kaupa jarðir austan Jökulsár á Fjöllum vegna stækkunar þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2006 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2006, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.5 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

7.6 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.7 Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

7.8 Að selja varðskipið Óðin og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigja sérhannað varðskip til að sinna gæslustörfum.

7.9 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigu á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.

7.10 Að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	69.900,0	67.104,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	100,0	100,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	12.300,0	12.201,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**82.300,0**	**79.405,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	14.000,0	11.760,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	760,0	755,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.037,0	1.002,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.797,0**	**1.757,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**98.097,0**	**92.922,0**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	210,0	210,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	30.259,0	29.350,8
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.941,6	3.862,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**34.410,6**	**33.423,6**
	Tryggingagjöld	**34.410,6**	**33.423,6**

3 Skattar á launagreiðslur og vinnuafl

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	242,4	242,4

4 Eignarskattar

4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	500,0	500,0
4.4.1	Stimpilgjöld	6.000,0	6.000,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	565,0	565,0
	Eignarskattar	**7.065,0**	**7.065,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	114.400,0	112.112,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.294,0	2.271,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	809,0	809,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	5.057,0	5.057,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.852,8	1.852,8
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.566,4	6.566,4
5.1.2.1.33	Olíugjald	3.456,5	3.456,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	39,0	39,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	401,0	401,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	7.475,0	7.378,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.730,0	3.730,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.311,9	2.311,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	3.613,3	3.551,5
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.978,5	1.978,5
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,6	2,6
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**153.987,0**	**151.517,2**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	3.501,0	3.501,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.053,6	1.053,6
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	103,5	103,5
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	73,6	73,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	702,2	701,1
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	806,0	837,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	239,5	239,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	452,5	452,5
5.2.2.35	Ýmislegt	17,1	17,1
	Neyslu- og leyfisgjöld	**6.949,0**	**6.978,9**
	Skattar á vörur og þjónustu	**160.936,0**	**158.496,1**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	214,3	214,3
6.1.15	Markaðsgjald	303,2	303,2
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	60,0	60,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**577,5**	**577,5**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	103,5	25,5
	Aðrir skattar	**681,0**	**603,0**
	Skatttekjur, samtals	**301.432,0**	**292.752,1**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	9,0	9,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.435,0	1.435,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.444,0**	**1.444,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	9.000,0	4.410,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.630,0	4.630,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	590,0	590,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	44,0	44,0
	Aðrar eignatekjur	**14.264,0**	**9.674,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**15.708,0**	**11.118,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	573,4	573,4
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	254,8	254,8
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.550,0	2.550,0
9.1.3.5	Skólagjöld	634,3	634,3
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	636,0	636,0
9.1.3.20	Prófgjöld	30,3	30,3
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	104,5	104,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.355,4	1.355,4

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.35	Ýmislegt	462,4	463,1
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	429,3	429,3
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	35,6	35,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**7.166,0**	**7.166,7**
	Ýmsar tekjur	**7.166,0**	**7.166,7**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	429,4	398,9
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	225,6	149,3
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**690,0**	**583,2**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	314,0	314,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	63,0	63,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**377,0**	**377,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**23.941,0**	**19.244,9**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**540,0**	**540,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	103,0	103,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	325,0	325,0
	Rekstrarframlög	**428,0**	**428,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	605,0	605,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	445,0	445,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.478,0**	**1.478,0**
	Fjárframlög, samtals	**1.478,0**	**1.478,0**
	Heildartekjur samtals	**327.391,0**	**314.015,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	149,8
1.81 Opinberar heimsóknir	26,2
Almennur rekstur samtals	176,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Gjöld samtals	**177,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,0

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	718,3
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0
1.03 Fastanefndir	16,9
1.04 Alþjóðasamstarf	67,3
1.06 Almennur rekstur	681,8
1.07 Sérverkefni	27,4
1.10 Rekstur fasteigna	163,7
Almennur rekstur samtals	1.730,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	60,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	49,1
Gjöld samtals	**1.839,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,4
Gjöld umfram tekjur	**1.831,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.831,1

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 211,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 114,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,9

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður Alþingis 90,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,1

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 410,8

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **413,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,1

Gjöld umfram tekjur **382,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 382,7

	m.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**2.807,1**
Greitt úr ríkissjóði	**2.807,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	242,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,6

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	14,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	7,9
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	18,0
1.16 Evrópunefnd	12,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	4,2
1.18 Stjórnarskrárnefnd	20,9
1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9
1.23 Hrafnseyri	4,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	22,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	5,5
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.90 Ýmis verkefni	37,6
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	40,0
Almennur rekstur samtals	239,9
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	3,0
Gjöld samtals	**242,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**241,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,9

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 45,2

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 29,4

Gjöld samtals **74,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,6

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 28,9
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 92,0
Almennur rekstur samtals 120,9

Gjöld samtals **120,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **119,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,8

m.kr.

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 27,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 85,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **81,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,4

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 7,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,8

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Almennur rekstur:
1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini 29,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 2,5

Stofnkostnaður:
6.21 Framkvæmdir 5,0

Gjöld samtals **37,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **31,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,9

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 81,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,6

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 57,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **54,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,9

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 54,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 31,0

Gjöld samtals **87,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,7

Gjöld umfram tekjur **73,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,6

m.kr.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta 50,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,5

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.118,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.118,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	556,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**553,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	553,6

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Háskóli Íslands	6.468,0
1.13 Háskólasjóður	108,0
Almennur rekstur samtals	6.576,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	40,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	910,0
Gjöld samtals	**7.526,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.758,0
Gjöld umfram tekjur	**5.768,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.816,1
Innheimt af ríkistekjum	951,9

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	275,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-134,4
Gjöld umfram tekjur	**140,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,9
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans	497,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-219,6
Gjöld umfram tekjur	**278,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,3

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	24,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,4

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	122,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**116,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,1

m.kr.

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Orðabók Háskólans	42,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,6
Gjöld umfram tekjur	**30,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,2

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:	
1.01 Íslensk málstöð	22,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,7
Gjöld umfram tekjur	**20,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,2

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Örnefnastofnun Íslands	16,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**16,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,2

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.068,4

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -113,3

Gjöld umfram tekjur **955,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 897,9
Innheimt af ríkistekjum 57,2

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands 1.595,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -134,9

Gjöld umfram tekjur **1.460,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.370,8
Innheimt af ríkistekjum 89,8

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 128,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -101,3

Gjöld umfram tekjur **27,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,2

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaháskólinn á Bifröst 217,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 217,2

m.kr.

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík 1.373,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.373,4

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 506,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 506,6

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 138,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,4

Gjöld umfram tekjur **111,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,5

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 126,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 126,3

02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Stofnkostnaður:
6.60 Markáætlun á sviði vísinda og tækni 110,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 110,0

m.kr.

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður 560,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 560,0

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjasjóður 110,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 110,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 10,0

Stofnkostnaður:
6.01 Háskóli Íslands 5,0
6.02 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 5,0
6.10 Háskólinn á Akureyri 15,0
6.15 Kennaraháskóli Íslands 30,0
6.28 Listaháskóli Íslands 5,0
Stofnkostnaður samtals 60,0

Gjöld samtals **70,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

m.kr.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.73 Reykjavíkurakademían	12,0
1.80 Vísindastarfsemi	17,8
1.90 Háskólastarfsemi	61,3
1.91 Háskólar, óskipt	94,6
Almennur rekstur samtals	205,7
Gjöld samtals	**205,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	205,7

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík	440,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**428,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	420,9
Innheimt af ríkistekjum	7,3

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Akureyri	372,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,4
Gjöld umfram tekjur	**362,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	356,8
Innheimt af ríkistekjum	5,5

m.kr.

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni	133,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**124,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	123,4
Innheimt af ríkistekjum	1,4

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	627,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,5
Gjöld umfram tekjur	**596,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	586,6
Innheimt af ríkistekjum	9,4

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn við Sund	379,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,9
Gjöld umfram tekjur	**362,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	356,7
Innheimt af ríkistekjum	6,1

m.kr.

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði	217,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,2
Gjöld umfram tekjur	**208,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	206,0
Innheimt af ríkistekjum	2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	242,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,7
Gjöld umfram tekjur	**218,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	215,7
Innheimt af ríkistekjum	2,9

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	680,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,1
Gjöld umfram tekjur	**631,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,4
Innheimt af ríkistekjum	8,9

m.kr.

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	289,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**277,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,8
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir skóla	60,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**70,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.00 Framhaldsskólar í Reykjavík	150,0
6.01 Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
6.03 Menntaskólinn á Laugarvatni	20,0
6.07 Menntaskólinn á Egilsstöðum	55,0
6.08 Menntaskólinn í Kópavogi	58,0
6.52 Flensborgarskóli	95,0
6.53 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	92,0
6.54 Fjölbrautaskóli Vesturlands	64,0

	m.kr.
6.57 Fjölbrautaskóli Suðurlands	4,0
6.60 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	10,0
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum	11,0
6.67 Fjölbrautaskóli Snæfellinga	20,0
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	10,0
6.91 Iðnnemaíbúðir í Reykjavík	20,0
6.92 Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	40,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Stofnkostnaður samtals	709,0
Gjöld samtals	**709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	709,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	60,5
1.12 Orlof kennara	144,1
1.13 Forfallakennsla	65,7
1.14 Sérkennsla	32,8
1.15 Prófkostnaður	82,8
1.16 Nýjungar í skólastarfi	21,6
1.17 Námsskrárgerð	59,8
1.18 Námsefnisgerð	31,2
1.19 Kennslueftirlit	6,6
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	83,9
1.21 Nám tannsmiða	10,8
1.23 Ólympíuleikar í raungreinum	2,8
1.24 Iðnnemasamband Íslands	5,6
1.26 Þróunarsjóður	17,1
1.27 Íslenskukennsla	18,8
1.28 Mat á skólastarfi	47,8
1.29 Forvarnastarf í skólum	5,2
1.30 Endurmenntun	39,6
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	11,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	4,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	100,2
Almennur rekstur samtals	870,2
Gjöld samtals	**870,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 870,2

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 815,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -76,7

Gjöld umfram tekjur **739,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 729,4
Innheimt af ríkistekjum 9,8

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla 696,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -68,5

Gjöld umfram tekjur **627,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 618,6
Innheimt af ríkistekjum 8,9

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 350,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,7

Gjöld umfram tekjur **335,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 330,0
Innheimt af ríkistekjum 5,1

m.kr.

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	554,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,6
Gjöld umfram tekjur	**534,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	527,4
Innheimt af ríkistekjum	6,9

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands	394,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,5
Gjöld umfram tekjur	**371,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,3
Innheimt af ríkistekjum	4,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	149,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,9
Gjöld umfram tekjur	**145,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,1
Innheimt af ríkistekjum	1,7

m.kr.

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	278,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,0
Gjöld umfram tekjur	**256,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,9
Innheimt af ríkistekjum	3,0

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands	559,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,2
Gjöld umfram tekjur	**523,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	516,6
Innheimt af ríkistekjum	6,7

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands	170,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**153,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,1
Innheimt af ríkistekjum	1,4

m.kr.

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri	876,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,7
Gjöld umfram tekjur	**832,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	822,4
Innheimt af ríkistekjum	10,2

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	410,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,4
Gjöld umfram tekjur	**387,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	381,2
Innheimt af ríkistekjum	6,0

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	88,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,0
Gjöld umfram tekjur	**82,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	81,3
Innheimt af ríkistekjum	0,8

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík	128,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**120,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,1
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	101,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**91,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,8
Innheimt af ríkistekjum	0,8

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Borgarholtsskóli	726,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,2
Gjöld umfram tekjur	**682,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	674,7
Innheimt af ríkistekjum	8,1

m.kr.

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga 149,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **142,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,3
Innheimt af ríkistekjum 1,5

02-369 Menntaskólinn Hraðbraut

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn Hraðbraut 163,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 163,3

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 54,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,8

Gjöld umfram tekjur **39,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Fullorðinsfræðsla fatlaðra 185,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,4

m.kr.

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	66,1
1.11 Símenntun og fjarkennsla	24,6
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	11,6
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,9
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,9
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	9,9
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,9
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,9
1.26 Fræðslunet Austurlands	9,9
1.27 Fræðslunet Suðurlands	9,9
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,9
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	9,9
Almennur rekstur samtals	191,4
Gjöld samtals	**191,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,4

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjöltækniskóli Íslands	251,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,8

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík	1.180,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-84,5
Gjöld umfram tekjur	**1.096,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.084,5
Innheimt af ríkistekjum	11,6

m.kr.

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði 507,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,3

Gjöld umfram tekjur **484,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 480,0
Innheimt af ríkistekjum 4,6

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 23,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,6

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 27,5
1.02 Annað en kennsla 7,4
Almennur rekstur samtals 34,9

Gjöld samtals **34,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **34,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,3
Innheimt af ríkistekjum 0,2

m.kr.

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Verslunarskóli Íslands 744,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 744,7

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 21,7
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.35 Samræmd próf 65,5
1.37 Endurmenntun 39,7
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 40,1
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 13,5
Almennur rekstur samtals 183,5

Gjöld samtals **183,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,5

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 410,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,8

Gjöld umfram tekjur **396,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 396,8

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 9,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4
Innheimt af ríkistekjum 6,7

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 4.450,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.450,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 486,6
1.10 Skólaakstur 46,9
Almennur rekstur samtals 533,5

Gjöld samtals **533,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 533,5

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 50,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **45,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,2

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 347,4
1.10 Byggða- og minjasöfn 15,9

	m.kr.
1.11 Hönnunarsafn Íslands	9,9
Almennur rekstur samtals	373,2
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	55,0
Gjöld samtals	**428,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,5
Gjöld umfram tekjur	**384,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	384,7

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	142,1
1.11 Héraðsskjalasöfn	12,9
Almennur rekstur samtals	155,0
Gjöld samtals	**155,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**141,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,9

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	601,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-96,2
Gjöld umfram tekjur	**505,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	505,0

m.kr.

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	16,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**15,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,4

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	146,9
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,0
Almennur rekstur samtals	151,9
Gjöld samtals	**151,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,6
Gjöld umfram tekjur	**129,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,3

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasafn Íslands	34,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,4

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	69,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**63,6**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,6

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Safnasjóður	83,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,7

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	4,3
1.11 Nýlistasafn	6,8
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,9
1.90 Söfn, ýmis framlög	10,4
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis	10,9
Almennur rekstur samtals	38,3
Stofnkostnaður:	
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	15,0
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ	20,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	71,0
Stofnkostnaður samtals	106,0
Gjöld samtals	**144,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,3

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
6.21 Endurbætur menningarstofnana	21,7
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.95 Menningarhús	36,0
6.96 Byggðasöfn	24,0
Stofnkostnaður samtals	121,7
Gjöld samtals	**121,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,7

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 2.550,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2.550,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 104,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,1

Gjöld umfram tekjur **93,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,5

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 736,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -193,2

Gjöld umfram tekjur **543,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 543,2

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 296,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 296,4

m.kr.

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 92,5
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 2,6
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 3,2
Almennur rekstur samtals 99,3

Gjöld samtals **99,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0
Innheimt af ríkistekjum 98,3

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 293,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 293,2

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:
1.01 Húsafriðunarnefnd 16,8

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 76,4

Gjöld samtals **93,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -45,0

Gjöld umfram tekjur **48,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,2

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 7,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,2

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands 69,6
1.10 Kvikmyndasjóðir 307,4
Almennur rekstur samtals 377,0

Gjöld samtals **377,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 377,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 19,3
1.15 Þýðingarsjóður 12,5
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 10,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 18,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 47,0
1.25 Tónlistarsjóður 50,0
1.27 Tónlist fyrir alla 5,0
1.28 Barnamenningarsjóður 2,5

	m.kr.
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	9,6
1.30 Íslenska óperan	175,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	90,0
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	37,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	43,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,0
1.90 Listir	19,3
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	20,2
Almennur rekstur samtals	622,6
Gjöld samtals	**622,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,6

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	10,7
1.11 Styrkir til útgáfumála	13,0
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	11,4
1.20 Iðnsaga Íslands	3,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	4,1
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,0
1.51 Fræða- og þekkingasetur	10,5
1.52 Skriðuklaustur	12,2
1.53 Snorrastofa	6,1
1.54 Fornleifasjóður	5,0
Almennur rekstur samtals	84,8
Gjöld samtals	**84,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,8

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	13,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðleg samskipti 34,3
1.91 Aðildargjöld ESB 361,0
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 14,5
Almennur rekstur samtals 409,8

Gjöld samtals **409,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 409,8

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 3,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 52,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 17,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 25,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir 3,0
1.19 Æskulýðssjóður 10,0
1.90 Æskulýðsmál 4,2
Almennur rekstur samtals 117,7

Gjöld samtals **117,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,7

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 104,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 18,5

	m.kr.
1.15 Skólaíþróttir	2,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,5
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	4,0
1.21 Skáksamband Íslands	12,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	11,6
1.25 Skákskóli Íslands	6,9
1.29 Afreksmannasjóður	30,0
1.30 Bridgesamband Íslands	8,0
1.31 Lyfjaeftirlit	7,0
1.90 Ýmis íþróttamál	9,3
Almennur rekstur samtals	238,3
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	30,0
6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50,0
Stofnkostnaður samtals	80,0
Gjöld samtals	**318,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	318,3

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.13 Útvarpsréttarnefnd	9,6
1.90 Ýmis framlög	48,9
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	55,6
Almennur rekstur samtals	114,1
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	101,4
6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni	117,0
Stofnkostnaður samtals	218,4
Gjöld samtals	**332,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	332,5

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**40.441,1**
Greitt úr ríkissjóði	**36.434,1**
Innheimt af ríkistekjum	**4.007,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	940,3
1.53 Þýðingamiðstöð	51,3
Almennur rekstur samtals	991,6
Gjöld samtals	**991,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**985,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	985,8

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	4,9
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	2,3
1.23 Mannréttindamál	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,2
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,8
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,0
Almennur rekstur samtals	32,7
Gjöld samtals	**32,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,7

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 74,5
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 411,3
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli 352,9
1.30 Öryggisverkefni 173,7
Almennur rekstur samtals 1.012,4

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Gjöld samtals **1.013,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -353,1

Gjöld umfram tekjur **660,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 596,3
Innheimt af ríkistekjum 64,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur 1.008,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.008,5

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 1.492,0

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 30,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 23,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**1.545,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.545,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	76,9
1.11 Þróunaraðstoð	869,8
Almennur rekstur samtals	946,7
Gjöld samtals	**946,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	946,7

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	114,0
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	6,5
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	25,0
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	25,0
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	87,2
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	20,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	112,0
1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	269,2
Almennur rekstur samtals	658,9
Gjöld samtals	**658,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	658,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	24,0

	m.kr.
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7,4
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	4,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,0
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (WB)	11,2
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	4,7
1.39 Evrópuráðið	17,4
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	16,4
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	54,9
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	41,7
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	66,7
1.72 EFTA-dómstóllinn	21,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA	435,7
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	22,9
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	1,3
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	88,8
1.87 Íslensk friðargæsla	573,1
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	5,0
Almennur rekstur samtals	1.400,7
Gjöld samtals	**1.400,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.400,7

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	303,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	303,2

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7.546,8**
Greitt úr ríkissjóði	**6.171,1**
Innheimt af ríkistekjum	**1.375,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	230,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,6
Gjöld umfram tekjur	**219,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,1

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	27,0
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,6
1.90 Ýmis verkefni	32,3
1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis	10,7
Almennur rekstur samtals	84,9
Stofnkostnaður:	
6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	10,0
Gjöld samtals	**94,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,9

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 137,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -86,0

Gjöld umfram tekjur **51,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,4

04-234 Landbúnaðarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarstofnun 538,7

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **542,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,1

Gjöld umfram tekjur **519,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 330,0
Innheimt af ríkistekjum 189,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 841,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -268,7

Gjöld umfram tekjur **572,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 572,8

m.kr.

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 313,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **335,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -119,2

Gjöld umfram tekjur **216,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 216,4

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 24,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **21,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,6

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 459,9
1.90 Fyrirhleðslur 56,3
Almennur rekstur samtals 516,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 41,4

	m.kr.
Gjöld samtals	**565,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,4
Gjöld umfram tekjur	**495,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	495,2

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	243,3
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	89,2
Almennur rekstur samtals	332,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	6,2
Stofnkostnaður:	
6.20 Fasteignir	9,1
Gjöld samtals	**347,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-119,8
Gjöld umfram tekjur	**228,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	228,0

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	102,3
Stofnkostnaður:	
6.41 Gagnagrunnur um skógrækt	8,0
Gjöld samtals	**110,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**108,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,0

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:
1.10 Suðurlandsskógar 120,2
1.13 Vesturlandsskógar 64,7
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum 48,7
1.16 Norðurlandsskógar 109,2
1.17 Austurlandsskógar 39,0
Almennur rekstur samtals 381,8

Gjöld samtals **381,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 4.135,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 155,0
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi 110,0
1.06 Gripagreiðslur 145,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 296,0
Almennur rekstur samtals 4.841,0

Gjöld samtals **4.841,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.545,0
Innheimt af ríkistekjum 296,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 1.638,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda 81,0
1.03 Jöfnunargreiðslur 78,0
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar 552,0

	m.kr.
1.05 Niðurgreiðslur á ull	284,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	304,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	46,0
Almennur rekstur samtals	2.983,0
Gjöld samtals	**2.983,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.983,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	201,1
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	97,6
1.07 Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum	30,8
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt	25,8
Almennur rekstur samtals	355,3
Gjöld samtals	**355,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	355,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt	373,3
1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni	115,0
Almennur rekstur samtals	488,3
Gjöld samtals	**488,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	488,3

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	280,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 280,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 222,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -62,0

Gjöld umfram tekjur **160,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 104,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 104,2

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 615,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 615,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 86,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **84,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 84,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 26,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,2

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,1**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 17,1

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

m.kr.

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:	
1.14 Átak í hrossarækt	25,0
1.91 Loðdýrafóður	22,0
Almennur rekstur samtals	47,0
Gjöld samtals	**47,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**12.967,9**
Greitt úr ríkissjóði	**11.382,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1.585,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	207,2

Sértekjur:

Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**202,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	202,7

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.23 Matvælasetur	6,6
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	38,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	14,1
1.49 Úrskurðarnefndir	2,2
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7,7
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	20,2
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	3,9
1.90 Ýmislegt	7,7
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins	18,9
Almennur rekstur samtals	150,2

Stofnkostnaður:

6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	5,0
Gjöld samtals	**155,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	155,2

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 1.542,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -482,8

Gjöld umfram tekjur **1.059,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.059,9

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 427,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -202,3

Gjöld umfram tekjur **225,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 225,4

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 735,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,1

Gjöld umfram tekjur **727,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 646,8
Innheimt af ríkistekjum 80,6

m.kr.

05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins 155,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -121,0

Gjöld umfram tekjur **34,6**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 34,6

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:
1.10 Sjóður til síldarrannsókna 7,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 20,9

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 24,6

Gjöld samtals **45,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -35,1

Gjöld umfram tekjur **10,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,4

m.kr.

05-801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

Almennur rekstur:
1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs 210,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 68,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,2

Gjöld umfram tekjur **64,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,8

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.718,4**
Greitt úr ríkissjóði **2.603,2**
Innheimt af ríkistekjum **115,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	300,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**297,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,7

06-102 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla

Almennur rekstur:	
1.01 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla	24,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,0
Gjöld umfram tekjur	**-0,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	10,6
Viðskiptahreyfingar	-11,1

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	8,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,6
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	148,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 22,5

Gjöld samtals **171,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,3

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 42,4
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 3,4
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala 19,0
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa 28,0
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum 13,2
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg 78,1
1.40 Alþjóðasamstarf 6,6
1.45 Mannréttindamál 4,0
1.47 Íslensk ættleiðing 6,5
1.51 Innheimta meðlaga 3,8
1.82 Biblíuþýðingar 0,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 2,3
Almennur rekstur samtals 207,9

Gjöld samtals **207,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,3

Gjöld umfram tekjur **189,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,1
Innheimt af ríkistekjum 32,5

m.kr.

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Hæstiréttur 87,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **86,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,4

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 808,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 808,9

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 448,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -116,0

Gjöld umfram tekjur **332,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 332,1

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	138,2
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	4,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4,3
Almennur rekstur samtals	146,5
Gjöld samtals	**146,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**145,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,6

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd	70,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,8
Gjöld umfram tekjur	**62,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,7
Innheimt af ríkistekjum	5,0

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	99,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,6

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 1.014,5
1.11 Rekstur lögreglubifreiða 210,7
Almennur rekstur samtals 1.225,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 27,5
6.11 Bifreiðar 79,0
Stofnkostnaður samtals 106,5

Gjöld samtals **1.331,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -289,7

Gjöld umfram tekjur **1.042,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.036,1
Innheimt af ríkistekjum 5,9

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 171,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 171,3

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 2.269,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **2.252,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.235,7
Innheimt af ríkistekjum 16,3

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 95,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,4

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 21,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,2

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 145,6
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði 15,0
1.18 Viðbótartryggingar lögreglumanna 23,0
Almennur rekstur samtals 183,6

Gjöld samtals **183,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 183,6

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.290,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	107,0
Gjöld samtals	**1.397,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,0
Gjöld umfram tekjur	**1.364,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.364,0

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	18,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	100,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,4

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Útlendingastofnun	223,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	214,0
Gjöld samtals	**437,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 437,0

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 283,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **282,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 282,8

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 66,2
1.20 Löggæsla 93,7
Almennur rekstur samtals 159,9

Gjöld samtals **159,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,6

Gjöld umfram tekjur **158,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,3

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 48,3
1.20 Löggæsla 76,8
1.40 Tollgæsla 10,3
Almennur rekstur samtals 135,4

Gjöld samtals **135,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **130,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,4

06-414 Sýslumaður Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 61,4
1.20 Löggæsla 83,4
Almennur rekstur samtals 144,8

Gjöld samtals **144,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,8

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 22,8
1.20 Löggæsla 13,4
Almennur rekstur samtals 36,2

Gjöld samtals **36,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,2

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 40,8
1.20 Löggæsla 37,5
Almennur rekstur samtals 78,3

Gjöld samtals **78,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **77,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,9

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 23,8
1.20 Löggæsla 19,8
Almennur rekstur samtals 43,6

Gjöld samtals **43,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,6

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 70,2
1.20 Löggæsla 100,0
1.40 Tollgæsla 5,5
Almennur rekstur samtals 175,7

Gjöld samtals **175,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **174,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 174,7

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 27,7
1.20 Löggæsla 24,5
Almennur rekstur samtals 52,2

Gjöld samtals **52,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **52,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,1

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 48,5
1.20 Löggæsla 66,2
Almennur rekstur samtals 114,7

Gjöld samtals **114,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **114,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 114,3

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 51,8
1.20 Löggæsla 71,7
1.40 Tollgæsla 2,1
Almennur rekstur samtals 125,6

Gjöld samtals **125,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **125,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,0

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 31,7
1.20 Löggæsla 33,8
Almennur rekstur samtals 65,5

Gjöld samtals **65,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **65,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,2

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 24,8
1.20 Löggæsla 19,0
Almennur rekstur samtals 43,8

Gjöld samtals **43,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,8

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 150,3
1.20 Löggæsla 215,4
1.40 Tollgæsla 13,8
Almennur rekstur samtals 379,5

Gjöld samtals **379,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **376,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 376,2

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 68,3
1.20 Löggæsla 87,2
Almennur rekstur samtals 155,5

Gjöld samtals **155,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **154,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,8

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 71,2
1.20 Löggæsla 90,3
1.40 Tollgæsla 19,3
Almennur rekstur samtals 180,8

Gjöld samtals **180,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,4

Gjöld umfram tekjur **174,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 174,4

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 70,8
1.20 Löggæsla 116,6
Almennur rekstur samtals 187,4

Gjöld samtals **187,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **185,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,3

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,9
1.20 Löggæsla	41,1
Almennur rekstur samtals	73,0
Gjöld samtals	**73,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,0

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	26,8
1.20 Löggæsla	34,1
Almennur rekstur samtals	60,9
Gjöld samtals	**60,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**60,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,7

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	53,1
1.20 Löggæsla	52,6
Almennur rekstur samtals	105,7
Gjöld samtals	**105,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**105,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,3

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	59,9
1.20 Löggæsla	85,6
1.40 Tollgæsla	15,3
Almennur rekstur samtals	160,8
Gjöld samtals	**160,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**151,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	151,8

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	111,9
1.20 Löggæsla	182,5
1.40 Tollgæsla	10,2
Almennur rekstur samtals	304,6
Gjöld samtals	**304,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**302,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	302,1

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	133,2
1.20 Löggæsla	269,1
1.40 Tollgæsla	16,5
Almennur rekstur samtals	418,8
Gjöld samtals	**418,8**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**416,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	416,0

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	183,6
1.20 Löggæsla	242,2
1.40 Tollgæsla	38,6
Almennur rekstur samtals	464,4
Gjöld samtals	**464,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**464,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	464,2

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	174,3
1.20 Löggæsla	202,7
Almennur rekstur samtals	377,0
Gjöld samtals	**377,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**375,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,4

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	28,8
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	135,4
Almennur rekstur samtals	164,2
Gjöld samtals	**164,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	164,2

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,5
6.28 Húsnæði sýslumannsins á Eskifirði	15,0
Stofnkostnaður samtals	19,5
Gjöld samtals	**24,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	837,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**847,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,8
Gjöld umfram tekjur	**818,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	818,1

m.kr.

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:	
1.01 Biskup Íslands	1.352,9
1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans	6,9
1.15 Kirkjumiðstöðvar	2,2
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,7
1.91 Skálholtsskóli	9,1
Almennur rekstur samtals	1.372,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Skálholtsstaður	5,4
6.22 Hallgrímskirkja	5,4
6.23 Hóladómkirkja	5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	5,4
Stofnkostnaður samtals	21,2
Gjöld samtals	**1.394,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-64,5
Gjöld umfram tekjur	**1.329,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.329,5

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	182,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,3

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	70,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,6

m.kr.

06-733 Kirkjugarðar

Almennur rekstur:

1.11 Kirkjugarðar	747,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	747,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.613,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	170,0
Almennur rekstur samtals	1.783,0
Gjöld samtals	**1.783,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.783,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:

1.10 Jöfnunarsjóður sókna	298,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	298,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**17.638,7**
Greitt úr ríkissjóði	**17.579,5**
Innheimt af ríkistekjum	**70,3**
Viðskiptahreyfingar	**-11,1**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	237,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**236,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	236,9

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	47,4
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	11,2
1.90 Ýmislegt	18,5
Almennur rekstur samtals	77,1
Gjöld samtals	**77,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,1

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Leiguíbúðir	180,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,0

m.kr.

07-207 Varasjóður húsnæðismála

Stofnkostnaður:
6.21 Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 58,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,1

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 38,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,8

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 392,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,5

Gjöld umfram tekjur **351,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,6
Innheimt af ríkistekjum 118,3

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 113,9

	m.kr.
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	451,3
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	136,0
Almennur rekstur samtals	701,2
Gjöld samtals	**701,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	701,2

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	18,3
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	15,0
1.80 Starfsþjálfun	28,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	7,1
1.90 Ýmis verkefni	29,8
Almennur rekstur samtals	99,0
Gjöld samtals	**99,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,0

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.806,0
1.30 Verndaðir vinnustaðir	46,5
Almennur rekstur samtals	1.852,5
Gjöld samtals	**1.852,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.852,5

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.271,3
1.30 Verndaðir vinnustaðir	34,1
1.61 Dagvistun Keflavík	19,2

	m.kr.
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka	9,8
Almennur rekstur samtals	1.334,4
Gjöld samtals	**1.334,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,9
Gjöld umfram tekjur	**1.325,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.325,5

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	181,2
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	46,3
Almennur rekstur samtals	227,5
Gjöld samtals	**227,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**214,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,2

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	146,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,2

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1

	m.kr.
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	243,1
Almennur rekstur samtals	244,2
Gjöld samtals	**244,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	244,2

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,2
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	69,9
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	588,9
Almennur rekstur samtals	660,0
Gjöld samtals	**660,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	660,0

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	213,8
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	22,6
Almennur rekstur samtals	236,4
Gjöld samtals	**236,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**234,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,0

m.kr.

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	301,5
1.72 Skaftholt	38,3
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	74,5
Almennur rekstur samtals	414,3
Gjöld samtals	**414,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,7
Gjöld umfram tekjur	**412,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	412,6

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	519,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	519,7

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	273,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**272,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,5

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:	
1.70 Sólheimar í Grímsnesi	199,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 199,0

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 250,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **245,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,8

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 70,0

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 224,4

Gjöld samtals **298,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 298,3

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög 7.650,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög 820,0
Almennur rekstur samtals 8.470,0

Gjöld samtals **8.470,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8.470,0

m.kr.

07-972 Bjargráðasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Bjargráðasjóður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Vinnumálastofnun 411,3
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 24,5
Almennur rekstur samtals 435,8

Gjöld samtals **435,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -266,9

Gjöld umfram tekjur **168,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,9

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.10 Félagsdómur 9,5
1.13 Kjararannsóknarnefnd 44,9
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 7,8
1.90 Ýmislegt 61,1
Almennur rekstur samtals 123,3

Gjöld samtals **123,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,3

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 638,1

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 638,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur 2.737,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 66,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 174,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 81,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 112,0
1.41 Framlög og styrkir 155,0
1.45 Starfsmenntasjóður 60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda 65,0
Almennur rekstur samtals 3.450,0

Gjöld samtals **3.450,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -623,0

Gjöld umfram tekjur **2.827,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2.827,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:
1.10 Félagsmálaskóli alþýðu 20,4
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu 4,5
Almennur rekstur samtals 24,9

Gjöld samtals **24,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,9

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 18,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins 51,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður 6.560,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 430,0
Almennur rekstur samtals 7.041,0

Gjöld samtals **7.041,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 430,0
Innheimt af ríkistekjum 6.611,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 30,4
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003 179,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 18,5
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.36 Félagið Geðhjálp 16,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 30,9
1.41 Stígamót 21,3
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 22,2
1.44 Byrgið, líknarfélag 28,2
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 3,0
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 11,3
1.49 Móttaka flóttamannahópa 33,7
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 18,0
1.90 Ýmis framlög 51,7
1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis 65,0
Almennur rekstur samtals 534,9

Gjöld samtals **534,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 534,9

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **28.270,6**
Greitt úr ríkissjóði **18.076,2**
Innheimt af ríkistekjum **10.194,4**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 442,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **440,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 440,2

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 1.091,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 62,1

Gjöld samtals **1.153,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -143,2

Gjöld umfram tekjur **1.010,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.010,3

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.11 Mæðra - og feðralaun 343,0

	m.kr.
1.15 Umönnunargreiðslur	988,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	85,0
1.25 Dánarbætur	49,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	1.108,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	120,0
1.41 Heimilisuppbót	2.541,0
1.51 Frekari uppbætur	736,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	265,0
Almennur rekstur samtals	6.235,0
Gjöld samtals	**6.235,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.235,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	7.377,0
1.15 Örorkulífeyrir	4.949,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	10.333,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	6.197,0
1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	1.185,0
1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	1.167,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	311,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	65,0
1.31 Örorkustyrkur	167,0
1.35 Barnalífeyrir	2.294,0
1.91 Annað	155,0
Almennur rekstur samtals	34.200,0
Gjöld samtals	**34.200,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.248,9
Innheimt af ríkistekjum	22.951,1

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	3.640,0

	m.kr.
1.15 Lyf	6.043,0
1.21 Hjálpartæki	1.644,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	137,0
1.31 Þjálfun	1.618,0
1.35 Tannlækningar	1.303,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	251,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	489,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	112,0
1.55 Sjúkradagpeningar	210,0
1.91 Annað	134,0
Almennur rekstur samtals	15.581,0
Gjöld samtals	**15.581,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15.581,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	127,9
1.15 Bætur til framfærslu	350,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	210,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	727,9
Gjöld samtals	**727,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	517,9
Innheimt af ríkistekjum	210,0

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	90,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,1

m.kr.

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	115,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,0
Gjöld umfram tekjur	**100,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,3

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	203,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,0
Innheimt af ríkistekjum	2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.01 Lýðheilsustöð	179,2
1.90 Forvarnasjóður	86,5
Almennur rekstur samtals	265,7
Gjöld samtals	**265,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**265,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,8
Innheimt af ríkistekjum	73,8

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	113,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **114,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **111,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,5

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 141,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **140,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,9

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 73,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **67,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0
Innheimt af ríkistekjum 5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 130,3

	m.kr.
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	36,6
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	6,3
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	19,7
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	22,9
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	3,2
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	6,9
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	5,4
1.80 Gigtarráð	4,4
1.90 Ýmis starfsemi	2,2
Almennur rekstur samtals	237,9
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0
Gjöld samtals	**242,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,9

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.307,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	25,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	65,0
6.50 Nýbygging	140,0
Stofnkostnaður samtals	205,0
Gjöld samtals	**3.537,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-195,0
Gjöld umfram tekjur	**3.342,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.342,0

m.kr.

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 29.262,0

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 233,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 201,0
6.70 Nýframkvæmdir 100,0
Stofnkostnaður samtals 301,0

Gjöld samtals **29.796,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.747,0

Gjöld umfram tekjur **28.049,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27.949,0
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 154,3

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnkostnaður 25,0

Gjöld samtals **179,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,3

08-383 Sjúkrahótel

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahótel 72,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,8

m.kr.

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn

Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 96,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,2

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 166,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur 165,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,8

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 506,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 506,6

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 160,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,0

Gjöld umfram tekjur 154,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 154,7

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins	28,1
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	29,6
1.16 Lyfjagreiðslunefnd	29,5
1.17 Vísindasiðanefnd	22,8
1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	51,5
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	17,2
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	264,8
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	55,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga	5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	6,8
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,7
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	81,6
1.43 Viðbúnaður gegn sýklahernaði	50,0
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	115,8
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	43,7
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna	20,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn	10,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8,1
1.90 Ýmis framlög	33,9
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	21,2
Almennur rekstur samtals	918,4
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	32,5
Gjöld samtals	**950,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,0
Gjöld umfram tekjur	**919,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	919,9

m.kr.

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	186,7
1.09 Ný hjúkrunarrými	112,1
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	263,9
Almennur rekstur samtals	562,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	60,0
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	47,9
6.17 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	8,1
6.38 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	17,5
Stofnkostnaður samtals	73,5
Gjöld samtals	**696,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-204,4
Gjöld umfram tekjur	**491,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	491,8

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	231,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteigna öldrunarstofnana	188,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	582,5
Gjöld samtals	**1.002,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.002,0

m.kr.

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.315,7
1.11 Dvalarrými	271,9
Almennur rekstur samtals	1.587,6
Gjöld samtals	**1.587,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-52,2
Gjöld umfram tekjur	**1.535,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.535,4

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	804,5
1.11 Dvalarrými	169,0
1.15 Dagvist	20,1
Almennur rekstur samtals	993,6
Gjöld samtals	**993,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,4
Gjöld umfram tekjur	**962,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	962,2

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	996,5
1.11 Dvalarrými	119,5
Almennur rekstur samtals	1.116,0
Gjöld samtals	**1.116,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -39,7

Gjöld umfram tekjur **1.076,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.076,3

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 386,3
1.15 Dagvist 13,9
Almennur rekstur samtals 400,2

Gjöld samtals **400,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,3

Gjöld umfram tekjur **384,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 384,9

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 589,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,1

Gjöld umfram tekjur **566,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 566,1

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 929,3
1.15 Dagvist 47,2
Almennur rekstur samtals 976,5

Gjöld samtals **976,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,7

Gjöld umfram tekjur **939,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 939,8

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 223,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,7

Gjöld umfram tekjur **215,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 215,1

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 381,3
1.71 Endurhæfingardeild 82,9
Almennur rekstur samtals 464,2

Gjöld samtals **464,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,9

Gjöld umfram tekjur **449,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 449,3

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 451,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,4

Gjöld umfram tekjur **433,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 433,7

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 133,6
1.11 Dvalarrými 16,8
Almennur rekstur samtals 150,4

Gjöld samtals **150,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **145,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,1

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 86,7
1.11 Dvalarrými 14,7
1.15 Dagvist 3,0
Almennur rekstur samtals 104,4

Gjöld samtals **104,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **100,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,8

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 105,1
1.11 Dvalarrými 22,9

	m.kr.
1.15 Dagvist	4,6
Almennur rekstur samtals	132,6
Gjöld samtals	**132,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**128,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,4

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	66,8
1.11 Dvalarrými	17,1
1.15 Dagvist	3,0
Almennur rekstur samtals	86,9
Gjöld samtals	**86,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**84,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,1

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	149,6
1.11 Dvalarrými	28,2
Almennur rekstur samtals	177,8
Gjöld samtals	**177,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,9
Gjöld umfram tekjur	**171,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,9

m.kr.

08-419 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	456,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,0
Gjöld umfram tekjur	**438,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	438,8

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	193,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**185,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	185,3

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	212,5
1.11 Dvalarrými	77,3
1.15 Dagvist	15,4
Almennur rekstur samtals	305,2
Gjöld samtals	**305,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**296,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,5

m.kr.

08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	103,7
1.11 Dvalarrými	70,9
Almennur rekstur samtals	174,6
Gjöld samtals	**174,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**170,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,4

08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	51,0
1.11 Dvalarrými	22,9
Almennur rekstur samtals	73,9
Gjöld samtals	**73,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**71,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,8

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	51,0
1.11 Dvalarrými	14,7
Almennur rekstur samtals	65,7
Gjöld samtals	**65,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**63,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,6

08-427 Jaðar, Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 49,9
1.11 Dvalarrými 14,3
1.15 Dagvist 1,7
Almennur rekstur samtals 65,9

Gjöld samtals **65,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **63,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,8

08-428 Fellsendi, Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 138,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **132,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,5

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 65,3
1.11 Dvalarrými 4,2
Almennur rekstur samtals 69,5

Gjöld samtals **69,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **66,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,7

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 125,1
1.11 Dvalarrými 46,3
1.15 Dagvist 10,8
Almennur rekstur samtals 182,2

Gjöld samtals **182,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,1

Gjöld umfram tekjur **177,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 177,1

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 796,3
1.11 Dvalarrými 132,7
1.15 Dagvist 30,8
Almennur rekstur samtals 959,8

Gjöld samtals **959,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,8

Gjöld umfram tekjur **928,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 928,0

m.kr.

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	67,3
1.11 Dvalarrými	25,1
Almennur rekstur samtals	92,4
Gjöld samtals	**92,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**89,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,6

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	135,4
1.11 Dvalarrými	29,3
1.15 Dagvist	4,9
1.81 Sjúkrarými og fæðingar	50,4
Almennur rekstur samtals	220,0
Gjöld samtals	**220,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**214,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,5

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	88,5
1.11 Dvalarrými	8,4
1.15 Dagvist	0,7
Almennur rekstur samtals	97,6
Gjöld samtals	**97,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **94,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,0

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 54,9
1.11 Dvalarrými 14,7
Almennur rekstur samtals 69,6

Gjöld samtals **69,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **67,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,3

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 217,2
1.11 Dvalarrými 45,9
Almennur rekstur samtals 263,1

Gjöld samtals **263,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **254,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 254,2

m.kr.

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	135,5
1.11 Dvalarrými	168,6
1.17 Geðrými	160,1
Almennur rekstur samtals	464,2
Gjöld samtals	**464,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**458,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	458,7

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	147,6
1.11 Dvalarrými	35,1
1.15 Dagvist	7,6
Almennur rekstur samtals	190,3
Gjöld samtals	**190,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**184,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,6

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	204,7
1.15 Dagvist	7,8
Almennur rekstur samtals	212,5
Gjöld samtals	**212,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **204,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 204,0

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 270,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,6

Gjöld umfram tekjur **259,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 259,6

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 782,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 782,9

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur 484,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 484,2

08-470 Vesturhlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Vesturhlíð, Reykjavík 11,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,4

m.kr.

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Hlíðabær, Reykjavík 37,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,2

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Lindargata, Reykjavík 34,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,6

08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:
1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 67,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,4

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Múlabær, Reykjavík 52,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,4

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Fríðuhús, Reykjavík 28,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0

m.kr.

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar 225,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 225,1

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.10 Vistheimilið Bjarg 42,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,1

08-479 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.10 Hlaðgerðarkot 69,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,9

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ 1.048,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.048,4

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingardeild 175,2
1.15 Almenn deild 244,8
Almennur rekstur samtals 420,0

Gjöld samtals **420,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 420,0

m.kr.

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	369,7
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	5,0
Gjöld samtals	**374,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**366,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	366,7

08-494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:	
1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	86,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,5

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	307,7
1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	51,8
Almennur rekstur samtals	359,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	31,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	51,4
Gjöld samtals	**442,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	442,7

m.kr.

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúkraflutningar	483,2
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	60,4
1.15 Sjúkraflug	130,1
Almennur rekstur samtals	673,7
Gjöld samtals	**673,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	673,7

08-505 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.741,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-247,6
Gjöld umfram tekjur	**3.493,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.493,5

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	140,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,0
Gjöld umfram tekjur	**124,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,7

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	282,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -48,5

Gjöld umfram tekjur **233,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,7

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 113,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **104,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,2

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 83,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,1

Gjöld umfram tekjur **75,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,9

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 47,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **45,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,6

m.kr.

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 73,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,2

Gjöld umfram tekjur **70,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 45,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **43,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,5

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 81,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,2

Gjöld umfram tekjur **73,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,8

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 424,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,8

Gjöld umfram tekjur **399,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 399,0

08-568 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu

Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu 106,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,1

Gjöld umfram tekjur **100,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,4

08-588 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 132,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,7

08-700 Heilbrigðisstofnanir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 72,7

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana 58,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 58,1
6.45 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi 15,0
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 40,0
6.77 Heilbrigðisstofnun Austurlands 98,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands 100,0
Stofnkostnaður samtals 311,1

Gjöld samtals **442,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 442,4

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 155,6
1.11 Sjúkrasvið 965,4
1.21 Hjúkrunarrými 126,6
Almennur rekstur samtals 1.247,6

Gjöld samtals **1.247,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -77,0

Gjöld umfram tekjur **1.170,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.170,6

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 56,6
1.11 Sjúkrasvið 216,6
1.21 Hjúkrunarrými 48,5
Almennur rekstur samtals 321,7

Gjöld samtals **321,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,2

Gjöld umfram tekjur **307,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 307,5

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 56,9

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	55,1
1.21 Hjúkrunarrými	90,4
Almennur rekstur samtals	202,4
Gjöld samtals	**202,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,4
Gjöld umfram tekjur	**195,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	195,0

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	184,5
1.11 Sjúkrasvið	382,1
1.21 Hjúkrunarrými	153,2
Almennur rekstur samtals	719,8
Gjöld samtals	**719,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-51,2
Gjöld umfram tekjur	**668,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	668,6

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	64,4
1.21 Hjúkrunarrými	63,3
Almennur rekstur samtals	127,7
Gjöld samtals	**127,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,6
Gjöld umfram tekjur	**123,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	123,1

m.kr.

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	47,3
1.11 Sjúkrasvið	7,3
1.21 Hjúkrunarrými	59,1
Almennur rekstur samtals	113,7
Gjöld samtals	**113,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**111,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,3

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	61,4
1.11 Sjúkrasvið	46,4
1.21 Hjúkrunarrými	117,6
Almennur rekstur samtals	225,4
Gjöld samtals	**225,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,5
Gjöld umfram tekjur	**215,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	215,9

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	67,9
1.11 Sjúkrasvið	98,1
1.21 Hjúkrunarrými	165,5
Almennur rekstur samtals	331,5
Gjöld samtals	**331,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,7

Gjöld umfram tekjur **319,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 319,8

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 90,2
1.11 Sjúkrasvið 319,5
1.21 Hjúkrunarrými 286,3
Almennur rekstur samtals 696,0

Gjöld samtals **696,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -29,4

Gjöld umfram tekjur **666,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 666,6

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 46,5
1.11 Sjúkrasvið 143,8
1.21 Hjúkrunarrými 145,8
Almennur rekstur samtals 336,1

Gjöld samtals **336,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **322,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 322,8

m.kr.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	238,1
1.11 Sjúkrasvið	388,0
1.21 Hjúkrunarrými	122,4
Almennur rekstur samtals	748,5
Gjöld samtals	**748,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,2
Gjöld umfram tekjur	**701,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	701,3

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	570,3
1.11 Sjúkrasvið	610,4
1.21 Hjúkrunarrými	297,0
Almennur rekstur samtals	1.477,7
Gjöld samtals	**1.477,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-73,4
Gjöld umfram tekjur	**1.404,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.404,3

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	107,4
1.11 Sjúkrasvið	363,7
1.21 Hjúkrunarrými	85,6
Almennur rekstur samtals	556,7
Gjöld samtals	**556,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,6

Gjöld umfram tekjur **525,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 525,1

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 657,6
1.11 Sjúkrasvið 524,7
1.21 Hjúkrunarrými 139,1
Almennur rekstur samtals 1.321,4

Gjöld samtals **1.321,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -82,4

Gjöld umfram tekjur **1.239,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.239,0

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 347,8
1.11 Sjúkrasvið 745,7
1.21 Hjúkrunarrými 131,0
Almennur rekstur samtals 1.224,5

Gjöld samtals **1.224,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -77,8

Gjöld umfram tekjur **1.146,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.146,7

m.kr.

08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 666,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -73,4

Gjöld umfram tekjur **592,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 592,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **125.941,0**
Greitt úr ríkissjóði **101.442,2**
Innheimt af ríkistekjum **24.498,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	552,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**547,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	547,8

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	434,4
1.43 Tekjubókhaldskerfi	274,6
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	349,5
Almennur rekstur samtals	1.058,5
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	9,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	15,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**1.082,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.081,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.081,4

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 544,0
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 139,8
1.41 Skattvinnslukerfi 271,6
Almennur rekstur samtals 955,4

Stofnkostnaður:
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 27,5

Gjöld samtals **982,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **977,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 851,0
Innheimt af ríkistekjum 126,3

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 377,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 377,9

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 76,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **75,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,9

m.kr.

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 36,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **35,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,8

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 38,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **38,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,4

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 115,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **115,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,2

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 51,4

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **51,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,1

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 60,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **59,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 59,7

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 24,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **24,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,2

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 235,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **231,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 231,8

m.kr.

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	48,8
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	1,0
1.10 Skatteftirlit	4,3
1.30 Þungaskattur	20,0
Almennur rekstur samtals	74,1
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	11,7
Gjöld samtals	**85,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,8

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirskattanefnd	104,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	104,0

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins	154,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,5

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	497,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-220,5
Gjöld umfram tekjur	**276,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	276,9

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	925,0
1.45 Tollafgreiðslukerfi	165,5
Almennur rekstur samtals	1.090,5
Gjöld samtals	**1.090,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**1.085,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.085,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	3.656,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	351,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	139,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	10,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	142,0
1.10 Eftirlaun ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara	300,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	200,0
Almennur rekstur samtals	4.798,0
Gjöld samtals	**4.798,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.265,0
Viðskiptahreyfingar	533,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	390,3
Stofnkostnaður:	
6.02 Landskrá fasteigna	100,0
Gjöld samtals	**490,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **488,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 488,4

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 190,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 190,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 6.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 6.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 760,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 760,0

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 6.800,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6.800,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 5.100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5.100,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 129,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -127,1

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.457,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.457,4

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins 150,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -73,7

Gjöld umfram tekjur **76,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,4

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 190,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 210,0

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 184,2
1.05 Rekstur tölvukerfis 35,2
Almennur rekstur samtals 219,4

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 58,3
6.41 Tölvubúnaður 13,0
Stofnkostnaður samtals 71,3

Gjöld samtals **290,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -260,9

Gjöld umfram tekjur **29,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,8

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 67,8
1.11 Rekstur fasteigna 638,9
Almennur rekstur samtals 706,7

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 1.115,4

Gjöld samtals **1.822,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.822,1

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 840,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 840,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,2
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	16,1
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,0
1.13 Kjarasamningar	17,1
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	40,0
1.15 Kjararannsóknir	10,0
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr.	200,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	75,0
1.45 Ýmsar nefndir	28,1
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	5,4
1.60 Dómkröfur	139,3
1.65 Kjaranefnd	21,3
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	4,9
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	87,6
Almennur rekstur samtals	723,0
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	10,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
Stofnkostnaður samtals	14,8
Gjöld samtals	**737,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	737,8

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**31.776,3**
Greitt úr ríkissjóði	**24.438,6**
Innheimt af ríkistekjum	**614,7**
Viðskiptahreyfingar	**6.723,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	262,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	260,8
Innheimt af ríkistekjum	1,5

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Fastanefndir	6,6
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.19 Útgáfa ökuskírteina	15,4
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	55,1
1.25 Staðsetningarkerfi	6,7
1.34 Flugskóli Íslands	22,0
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	12,2
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	130,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	47,1
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	12,5
1.90 Ýmislegt	7,8
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	30,5
Almennur rekstur samtals	405,2

Stofnkostnaður:

6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	6,0
Gjöld samtals	**411,2**

Sértekjur:

Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**411,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	411,1

m.kr.

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	549,9
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	57,1
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.490,7
1.07 Þjónusta	2.732,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	643,5
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	145,3
1.21 Rannsóknir	113,4
Almennur rekstur samtals	7.731,9
Gjöld samtals	**7.731,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.490,7
Gjöld umfram tekjur	**4.241,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,3
Innheimt af ríkistekjum	4.041,9
Viðskiptahreyfingar	54,0

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	2.834,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	5.905,2
Gjöld samtals	**8.740,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.257,7
Innheimt af ríkistekjum	6.482,3

m.kr.

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	585,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-172,2
Gjöld umfram tekjur	**413,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	413,0

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	19,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**17,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,4

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	542,9
1.11 Vaktstöð siglinga	189,8
Almennur rekstur samtals	732,7
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	20,4
6.80 Sjóvarnargarðar	119,6
Stofnkostnaður samtals	140,0
Gjöld samtals	**872,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-137,1
Gjöld umfram tekjur	**735,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	629,5
Innheimt af ríkistekjum	106,1

m.kr.

10-336 Hafnabótasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	11,1
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	816,8
6.74 Lendingabætur	6,5
6.76 Ferjubryggjur	8,8
Stofnkostnaður samtals	832,1
Gjöld samtals	**843,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	832,1
Viðskiptahreyfingar	11,1

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	35,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	1.715,7
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.419,9
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	96,5
Almennur rekstur samtals	3.232,1
Gjöld samtals	**3.232,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.923,6
Gjöld umfram tekjur	**1.308,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	970,9
Innheimt af ríkistekjum	337,6

m.kr.

10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar

Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	194,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	280,3
Gjöld samtals	**474,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	474,4

10-473 Alþjóðaflugþjónustan

Almennur rekstur:	
1.01 Alþjóðaflugþjónustan	104,4
Stofnkostnaður:	
6.10 Stofnkostnaður	150,0
Gjöld samtals	**254,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-254,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	34,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,4

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	234,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
Innheimt af ríkistekjum	229,7

m.kr.

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	119,0
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	107,1
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	25,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,6
Almennur rekstur samtals	263,7
Gjöld samtals	**263,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,5
Gjöld umfram tekjur	**260,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	260,2

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**18.016,4**
Greitt úr ríkissjóði	**5.864,8**
Innheimt af ríkistekjum	**12.086,5**
Viðskiptahreyfingar	**65,1**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 148,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,6

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 104,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 104,5

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Iðntæknistofnun Íslands 528,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -331,1

Gjöld umfram tekjur **197,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 197,4

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 296,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -200,5

Gjöld umfram tekjur **96,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,3

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 460,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 460,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 214,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 214,3

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

m.kr.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	8,0
1.19 Staðlaráð	41,2
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	7,3
1.30 Alþjóðlegt samstarf	20,7
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar	53,4
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	30,0
Almennur rekstur samtals	165,6
Gjöld samtals	**165,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,4
Innheimt af ríkistekjum	41,2

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Orkustofnun	660,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-270,0
Gjöld umfram tekjur	**390,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,5

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	32,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,0

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.036,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.036,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	230,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	13,4
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	142,0
1.21 Nýskipan orkumála	43,3
1.22 Vistvænir orkugjafar	35,8
1.23 Þróunarverkefni o.fl.	11,0
1.24 Notendur utan samveitna	7,0
Almennur rekstur samtals	252,5
Gjöld samtals	**252,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	252,5

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðaáætlun	327,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	327,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:	
1.10 Byggðastofnun	203,9
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	133,4
Almennur rekstur samtals	337,3
Gjöld samtals	**337,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 337,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **4.095,0**
Greitt úr ríkissjóði **3.735,0**
Innheimt af ríkistekjum **360,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	127,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**126,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,6

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	3,8
1.20 Icepro-nefnd	5,9
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	21,6
Almennur rekstur samtals	39,8
Gjöld samtals	**39,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,9
Innheimt af ríkistekjum	5,9

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	309,5

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 309,5

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppniseftirlitið 186,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 186,7

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa 259,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,3

Gjöld umfram tekjur **250,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,6
Innheimt af ríkistekjum 171,5

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 401,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 401,0

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið 14,8
1.15 Talsmaður neytenda 13,0
Almennur rekstur samtals 27,8

Gjöld samtals **27,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,8
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.344,5**
Greitt úr ríkissjóði	**456,6**
Innheimt af ríkistekjum	**887,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	527,0
1.50 Þjóðskráin	129,6
Almennur rekstur samtals	656,6
Gjöld samtals	**656,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**640,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	560,5
Innheimt af ríkistekjum	80,2
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**640,7**
Greitt úr ríkissjóði	**560,5**
Innheimt af ríkistekjum	**80,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	263,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,9

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	8,5
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	11,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,3
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.36 Rannsóknir og útrýming á mink	46,5
1.40 Alþjóðastofnanir	15,9
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	8,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	8,5
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	6,5
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,4
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	26,7
1.90 Ýmis verkefni	7,3
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	59,3
Almennur rekstur samtals	248,7
Gjöld samtals	**248,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,7

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 15,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **14,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 618,1
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 33,1
Almennur rekstur samtals 651,2

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 31,0

Gjöld samtals **682,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -57,5

Gjöld umfram tekjur **624,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 587,5
Innheimt af ríkistekjum 37,2

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	55,0
1.10 Úrvinnslusjóður	703,0
Almennur rekstur samtals	758,0
Gjöld samtals	**758,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**750,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	750,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	780,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	780,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	158,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**142,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,4

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	80,0

m.kr.

1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 45,0
Almennur rekstur samtals 125,0

Gjöld samtals **125,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 125,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 257,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -59,2

Gjöld umfram tekjur **198,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,5
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 115,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 115,2

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,2

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 234,0

Gjöld samtals **248,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -111,0

Gjöld umfram tekjur **137,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 137,2

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 16,9
1.02 Setur í Reykjavík 247,6
1.03 Setur á Akureyri 83,8
Almennur rekstur samtals 348,3

Gjöld samtals **348,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -108,1

Gjöld umfram tekjur **240,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,2

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 8,4
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 8,4
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík 8,4
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi 8,4
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki 8,4
1.15 Náttúrustofa Sandgerði 8,4
1.16 Náttúrustofa Húsavík 8,4
Almennur rekstur samtals 58,8

Gjöld samtals **58,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 58,8

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 25,8

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 542,2
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 178,9
Almennur rekstur samtals 721,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 20,0

Gjöld samtals **741,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -233,0

Gjöld umfram tekjur **508,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 508,1

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **4.437,5**
Greitt úr ríkissjóði **2.489,9**
Innheimt af ríkistekjum **1.947,6**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.440,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9.810,0
Viðskiptahreyfingar	3.630,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**13.440,0**
Greitt úr ríkissjóði	**9.810,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.630,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	3.150,0
Rekstrargjöld	2.700,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	25,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**475,0**
Hagnaður (-tap)	**475,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	475,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	10,0
Handbært fé frá rekstri	**485,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Áhættufjármunir	25,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-55,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	325,0
Afborganir af teknum löngum lánum	165,0
Greitt til Háskóla Íslands	605,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-445,0**
Breyting á handbæru fé	**-15,0**
Handbært fé í ársbyrjun	140,0
Handbært fé í árslok	125,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.009,0
Rekstrargjöld	3.330,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-229,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.550,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.550,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	358,2
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0
Handbært fé frá rekstri	**333,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	173,3
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-173,3**
Breyting á handbæru fé	**39,9**
Handbært fé í árslok	39,9

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	76,0
Rekstrargjöld	600,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-522,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	296,4
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	232,9
Hagnaður (-tap)	**7,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	7,0
Handbært fé frá rekstri	**7,0**
Breyting á handbæru fé	**7,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	8,0

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-111 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	25,0
Rekstrargjöld	1.044,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-25,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.044,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.008,5
Hagnaður (-tap)	**-36,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	82,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-27,5
Handbært fé frá rekstri	**18,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	253,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-253,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	19,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**180,5**
Breyting á handbæru fé	**-54,5**
Handbært fé í ársbyrjun	159,0
Handbært fé í árslok	104,5

m.kr.

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.244,0
Rekstrargjöld	1.244,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	27,2
Handbært fé frá rekstri	**27,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,4
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,4**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	18,8
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-18,8**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	123,0
Handbært fé í árslok	123,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	16.655,5
Rekstrargjöld	16.383,5
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	16,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**288,0**
Hagnaður (-tap)	**288,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	288,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	95,0
Handbært fé frá rekstri	**383,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	110,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-108,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	161,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-161,0**
Breyting á handbæru fé	**113,5**
Handbært fé í ársbyrjun	769,5
Handbært fé í árslok	883,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	450,0
Rekstrargjöld	430,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**20,0**
Hagnaður (-tap)	**20,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	20,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	26,0
Handbært fé frá rekstri	**46,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-30,0**
Breyting á handbæru fé	**16,0**
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	36,0

m.kr.

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	6.544,0
Rekstrargjöld	5.564,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-220,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**760,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	153,0
Hagnaður (-tap)	**913,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	913,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	760,0
Handbært fé frá rekstri	**1.673,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.960,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.960,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	294,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	210,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**496,0**
Breyting á handbæru fé	**-791,0**
Handbært fé í ársbyrjun	95,7
Handbært fé í árslok	-695,3

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	2.800,0
Fjármagnsgjöld	2.900,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	850,0
Hreinar fjármunatekjur	**-950,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.450,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	373,0
Hagnaður (-tap)	**3.144,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3.144,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-350,0
Handbært fé frá rekstri	**2.794,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.870,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.700,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	60,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-4.230,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.900,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.400,0**
Breyting á handbæru fé	**-36,0**
Handbært fé í ársbyrjun	515,0
Handbært fé í árslok	479,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	24.098,0
Fjármagnsgjöld	21.626,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	269,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.203,0**
Aðrar rekstrartekjur	95,0
Önnur rekstrargjöld	73,0
Hagnaður (-tap)	**2.225,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.225,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4.475,0
Handbært fé frá rekstri	**6.700,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	14.500,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**14.490,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	20.340,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-20.340,0**
Breyting á handbæru fé	**850,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6.674,0
Handbært fé í árslok	7.524,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3.424,0
Fjármagnsgjöld	3.188,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	103,0
Hreinar fjármunatekjur	**133,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	180,0
Aðrar rekstrartekjur	134,0
Önnur rekstrargjöld	106,0
Hagnaður (-tap)	**341,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	341,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	369,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	39,0
Handbært fé frá rekstri	**749,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	12.335,0
Afborganir af veittum löngum lánum	392,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-11.947,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	12.059,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.330,0
Yfirverð við sölu íbúðabréfa	275,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**11.004,0**
Breyting á handbæru fé	**-194,0**
Handbært fé í ársbyrjun	759,0
Handbært fé í árslok	565,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.787,0
Fjármagnsgjöld	1.585,0
Hreinar fjármunatekjur	**202,0**
Aðrar rekstrartekjur	7,0
Önnur rekstrargjöld	5,0
Hagnaður (-tap)	**204,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	204,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	542,0
Handbært fé frá rekstri	**746,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.214,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**4.213,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	717,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-717,0**
Breyting á handbæru fé	**4.242,0**
Handbært fé í ársbyrjun	728,0
Handbært fé í árslok	4.970,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	4.884,0
Fjármagnsgjöld	5.516,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	121,0
Hreinar fjármunatekjur	**-753,0**
Aðrar rekstrartekjur	42,0
Önnur rekstrargjöld	33,0
Hagnaður (-tap)	**-744,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-744,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	101,0
Handbært fé frá rekstri	**-643,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	13.380,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**13.376,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	10.860,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10.860,0**
Breyting á handbæru fé	**1.873,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.076,0
Handbært fé í árslok	2.949,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9.402,0
Fjármagnsgjöld	9.041,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	325,0
Hreinar fjármunatekjur	**36,0**
Aðrar rekstrartekjur	844,0
Önnur rekstrargjöld	648,0
Hagnaður (-tap)	**232,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	232,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.345,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	57,0
Handbært fé frá rekstri	**2.634,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	72.999,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.511,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-69.500,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	68.873,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.631,0
Yfirverð við sölu íbúðabréfa	1.570,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**66.812,0**
Breyting á handbæru fé	**-54,0**
Handbært fé í ársbyrjun	356,0
Handbært fé í árslok	302,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	32,0
Önnur rekstrargjöld	34,5
Hagnaður (-tap)	**6,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,5
Handbært fé frá rekstri	**6,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	25,0
Afborganir af veittum löngum lánum	15,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-10,0**
Breyting á handbæru fé	**-3,5**
Handbært fé í ársbyrjun	106,5
Handbært fé í árslok	103,0

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.100,0
Fjármagnsgjöld	645,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	400,0
Hreinar fjármunatekjur	**55,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	337,3
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	420,0
Hagnaður (-tap)	**-7,7**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-7,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	400,0
Handbært fé frá rekstri	**392,3**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.500,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.419,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-81,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	815,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**685,0**
Breyting á handbæru fé	**996,3**
Handbært fé í ársbyrjun	1.004,0
Handbært fé í árslok	2.000,3

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	233,0
Fjármagnsgjöld	16,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	60,0
Hreinar fjármunatekjur	**157,0**
Önnur rekstrargjöld	156,0
Hagnaður (-tap)	**1,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-37,0
Handbært fé frá rekstri	**-36,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	44,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,0
Áhættufjármunir	180,0
Sala áhættufjármuna	163,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**26,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**-12,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.708,0
Handbært fé í árslok	1.696,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	2.759,4
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	6.678,3
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	4.511,8
	Samtals	**13.949,5**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	1.605,6
	Samtals	**1.605,6**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	324,8
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	207,1
	Samtals	**531,9**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	511,1
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	1.016,8
	Samtals	**1.527,9**
Almenn opinber þjónusta samtals		**17.614,9**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	8.249,8
	03.1.2 Brunavarnir	115,2
	Samtals	**8.365,0**
03.2	Dómstólar	2.015,3
03.3	Fangelsi	818,1
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	2.769,1
Löggæsla og öryggismál samtals		**13.967,5**

m.kr.

04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	580,3
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	11.201,6
	04.2.2 Sérskólastig	2.905,0
	Samtals	**14.106,6**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	16.684,9
	Samtals	**16.684,9**
04.4	Aðrir skólar, óta.	41,0
04.5	Námsaðstoð	533,5
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	1.007,8
Fræðslumál samtals		**32.954,1**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	37.636,1
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	841,4
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	19.188,6
	Samtals	**57.666,1**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	12.285,3
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	319,6
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.303,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	1.618,0
	Samtals	**15.525,9**
05.4	Lyf og hjálpartæki	7.841,7
05.6	Önnur heilbrigðismál	2.551,7
Heilbrigðismál samtals		**83.585,4**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	7.851,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	38.859,3
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	2.827,0

	m.kr.
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	8.340,9
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	5.530,0
Samtals	**63.408,2**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	701,2
06.2.3 Málefni fatlaðra	6.826,1
06.2.4 Önnur velferðarheimili	150,6
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	21,2
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	1.485,7
Samtals	**9.184,8**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**72.593,0**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	258,0
07.1.2 Skipulagsmál	1.778,9
Samtals	**2.036,9**
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	1.530,0
Samtals	**1.530,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**3.566,9**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	436,0
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	4.214,2
08.0.3 Fjölmiðlar	2.759,6
08.0.4 Kirkjumál	4.410,8
08.0.5 Önnur menningarmál	104,5
Samtals	**11.925,1**
Menningarmál samtals	**11.925,1**

m.kr.

09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	401,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.447,0
	09.2.3 Orkumál	494,0
	Samtals	**1.941,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**2.342,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	495,2
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	8.330,5
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	818,3
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	519,6
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.245,3
	Samtals	**11.460,9**
10.2	Skógræktarmál	717,8
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	25,0
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.605,1
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	1.088,3
	Samtals	**2.718,4**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**14.897,1**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	1.288,9
11.3	Byggingarstarfsemi	96,3
Iðnaðarmál samtals		**1.385,2**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	12.192,4
	12.1.2 Umferðarmál	495,8
	Samtals	**12.688,2**

	m.kr.
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	1.389,0
Samtals	**1.389,0**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	2.936,7
Samtals	**2.936,7**
12.7 Önnur samgöngumál	1.619,2
Samgöngumál samtals	**18.633,1**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	260,2
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	2.464,3
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	1.406,2
13.6 Önnur atvinnumál	664,3
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**4.795,0**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	13.442,7
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	8.500,0
14.0.3 Önnur þjónusta	12.998,0
Samtals	**34.940,7**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**34.940,7**
Heildargjöld samtals	**313.200,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2006

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	91.745,8
Lífeyrisskuldbindingar	4.798,0
Önnur gjöld	74.617,4
Sértekjur	-21.944,2
Rekstrargjöld samtals	**149.217,0**
Fjármagnskostnaður	**13.440,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	34.200,0
Sjúkratryggingar	15.581,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.179,3
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.470,0
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	6.235,0
Fæðingarorlofssjóður	7.041,0
Barnabætur	6.800,0
Vaxtabætur	5.100,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.450,0
Afskriftir skattkrafna	6.000,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.450,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.081,3
Ríkisútvarpið	2.550,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	20.915,1
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**132.052,7**
Viðhald	
Vegakerfi	2.834,8
Annað	2.414,7
Viðhald samtals	**5.249,5**
Fjárfesting	
Vegakerfi	5.905,2
Heilbrigðisstofnanir	1.582,0
Hafnarframkvæmdir	832,1
Háskólar og framhaldskólar	1.554,0
Flugvellir	280,3
Annað	3.087,2
Fjárfesting samtals	**13.240,8**
Gjöld samtals	**313.200,0**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2006

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-977	**Höfundarréttargjöld**	
	Höfundarréttargjald	92,5
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	3,2
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	2,6
	Greitt úr ríkissjóði	98,3
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	303,2
	Greitt úr ríkissjóði	303,2
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	2,1
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	2,4
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	4,8
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	4,8
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	22,0
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	15,5
	Greitt úr ríkissjóði	51,6
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	296,0
	Greitt úr ríkissjóði	296,0
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	Hlutdeild Búnaðarsjóðs í búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	280,0
	Greitt úr ríkissjóði	280,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	104,2
	Greitt úr ríkissjóði	104,2
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	615,0
	Greitt úr ríkissjóði	615,0

04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	9,1
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	17,1
05-204	**Fiskistofa**	
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	4,6
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	11,5
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	21,0
	Gjaldtaka fyrir landamæraeftirlit	8,0
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	80,1
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	5,9
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	16,3
	Greitt úr ríkissjóði	16,3
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Skráning vinnuvéla	2,7
	Greitt úr ríkissjóði	2,7
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	242,4
	Greitt úr ríkissjóði	575,1
	Viðskiptahreyfing	-332,7
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	3.743,9
	Greitt úr ríkissjóði	2.827,0
	Viðskiptahreyfing	916,9
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	118,9
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	118,9
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	6.352,6
	Greitt úr ríkissjóði	6.611,0
	Viðskiptahreyfing	-258,4

08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	22.951,1
	Greitt úr ríkissjóði	22.951,1
08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	210,0
	Greitt úr ríkissjóði	210,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	73,8
	Greitt úr ríkissjóði	73,8
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	6,8
	Lyfjaeftirlitsgjald	65,2
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	44,0
	Greitt úr ríkissjóði	71,7
	Viðskiptahreyfing	44,3
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.002,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.002,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	325,0
	Greitt úr ríkissjóði	325,0
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	1,5
	Greitt úr ríkissjóði	1,5
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	2.978,3
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	1.053,6
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
	Greitt úr ríkissjóði	4.041,9
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	6.566,4
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	478,2
	Greitt úr ríkissjóði	6.482,3
	Viðskiptahreyfing	562,3

10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	362,7
	Umferðaröryggisgjald	50,8
	Greitt úr ríkissjóði	404,0
	Viðskiptahreyfing	9,5
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vitagjald	103,5
	Greitt úr ríkissjóði	103,5
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	
	Varaflugvallagjald til reksturs Flugmálastjórnar	169,6
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar	17,0
	Greitt úr ríkissjóði	186,6
10-472	**Framkvæmdir Flugmálastjórnar**	
	Flugvallaskattur til framkvæmda Flugmálastjórnar	403,0
	Varaflugvallagjald til framkvæmda Flugmálastjórnar	236,4
	Greitt úr ríkissjóði	474,4
	Viðskiptahreyfing	165,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	26,3
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	65,0
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	30,0
	Greitt úr ríkissjóði	98,6
	Viðskiptahreyfing	22,7
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	214,3
	Greitt úr ríkissjóði	214,3
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	41,2
	Greitt úr ríkissjóði	41,2
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	5,9
12-421	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	39,0
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu	117,0
	Greitt úr ríkissjóði	156,0

12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	401,0
	Greitt úr ríkissjóði	401,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	0,5
	Gjald af veiðikorti	15,2
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	13,5
	Greitt úr ríkissjóði	30,7
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	750,0
	Greitt úr ríkissjóði	750,0
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	690,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	90,0
	Greitt úr ríkissjóði	780,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	240,0
	Greitt úr ríkissjóði	125,0
	Viðskiptahreyfing	115,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	190,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,2
	Viðskiptahreyfing	74,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	950,0
	Greitt úr ríkissjóði	137,2
	Viðskiptahreyfing	812,8
	Heildartekjur	**53.322,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**51.071,1**
	Mismunur	**2.251,1**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**2.251,1**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2006

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	345,2
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	605,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	57,2
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	89,8
02-238	**Tækjasjóður**	
	Einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	110,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,3
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	5,5
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,4
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,1
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,7
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,9
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi	8,9

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 9,8

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 8,9

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 5,1

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6,9

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,7

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,0

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 6,7

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,2

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 6,0

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 0,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík 1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum 0,8

02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	8,1
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,5
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	11,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,6
02-564	**Listdansskólinn**	
	Innritunargjöld, Listdansskólinn	0,2
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	
	Skoðunargjald kvikmynda	6,7
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	2.550,0
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli	25,0
	Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	39,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	571,0
	Öryggisgjald	452,5
	Greitt úr ríkissjóði	1.008,5
	Viðskiptahreyfing	15,0
04-234	**Landbúnaðarstofnun**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	12,0
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	90,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,5
	Gjald vegna matvælaeftirlits	30,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	44,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	40,0
05-204	**Fiskistofa**	
	Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar	0,5

05-207	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt)	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	34,6
	Viðskiptahreyfing	0,4
06-102	**Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	10,6
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	12,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
06-251	**Persónuvernd**	
	Gjald fyrir eftirlit Persónuverndar með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	5,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	8,8
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	101,3
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	5,5
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	63,0
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	100,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	83,0
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	75,7
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	46,6
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	4,0
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá	163,4

10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	65,0
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar	8,0
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	63,0
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	15,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	131,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	23,0
	Gjöld fyrir vörumerki	80,0
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,5
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	309,5
12-421	**Neytendastofa**	
	Faggilding hjá Neytendastofunni	7,0
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	8,5
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Íbúaskrá Hagstofu Íslands	0,3
	Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar	69,4
	Vottorð Hagstofu Íslands	10,5
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	6,5
	Heildartekjur	**6.768,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**6.753,1**
	Mismunur	**15,4**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**15,4**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2006

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	108,0
	Greitt úr ríkissjóði	108,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	293,2
	Greitt úr ríkissjóði	293,2
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	182,3
	Greitt úr ríkissjóði	182,3
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.783,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.783,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	298,4
	Greitt úr ríkissjóði	298,4
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	7.650,0
	Greitt úr ríkissjóði	7.650,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	61,1
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	71,1
	Lögbundin framlög alls	**10.386,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**10.386,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einnig er tæpt á meginatriðum en nánar fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Tekjuafkoma ríkissjóðs er áætluð 14,2 milljarðar kr. árið 2006 og er nokkru minni en árið 2005 í samræmi við spár um að hægi á vexti efnahagslífsins. Frumvarpið tekur mið af spám um framvindu efnahagsmála og er ríkisfjármálum áfram beitt sem hagstjórnartæki til að jafna sveiflur og kemur það m.a. fram í áformum samkvæmt langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2005	Áætlun [4] 2005	Áætlun [5] 2005	Frumvarp 2006
Tekjur	306,4	334,1	397,3	327,4
Gjöld	296,4	304,4	312,3	313,2
Tekjujöfnuður	**10,0**	**29,7**	**85,0**	**14,2**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-10,9	-7,1	-64,6	-3,5
Handbært fé frá rekstri	**-0,9**	**22,6**	**20,4**	**10,7**
Fjármunahreyfingar [2]	11,0	12,0	77,7	-1,1
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**10,1**	**34,6**	**98,1**	**9,6**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna, sem skilar sér í ríkissjóð á árinu, fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

[4] Áætlun að frátöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

[5] Áætlun að meðtöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

Handbært fé frá rekstri er áætlað tæplega 11 milljarðar kr. á næsta ári en er áætlað rúmlega 20 milljarðar árið 2005. Lækkun handbærs fjár má annars vegar rekja til áætlana um að dragi úr vexti umsvifa á milli ára og til lækkunar á tekjusköttum og eignarsköttum einstaklinga. Vakin er athygli á því að fjárfesting ríkissjóðs er gjaldfærð á árinu og lækkar handbært fé frá rekstri, ólíkt því sem gerist í reikningshaldi fyrirtækja og sveitarfélaga. Áætlað er að lánsfjárafgangur verði 9,6 milljarðar króna og lækkar hann á milli ára vegna minna handbærs fjár og minni innheimtra afborgana af veittum lánum ríkissjóðs. Lánsfjárafgangi verður ráðstafað til að styrkja stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og til að

greiða frekar niður skuldir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður gangi á handbært fé hjá Seðlabanka á næsta ári.

Efnahagsforsendur. Spá fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir um 4,6% hagvexti árið 2006. Verðbólgan er talin verða um 3,8% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um 2,7%. Spáð er áframhaldandi aukningu í einkaneyslu eða um 4,3%. Atvinnuleysi er talið munu minnka og verða 1,8%. Viðskiptahalli mun hins vegar áfram verða mikill, fyrst og fremst vegna stóriðjuframkvæmdanna, og verða um 12,2% af landsframleiðslu.

Tekjuhlið. Tekjuáætlun frumvarpsins tekur mið af áframhaldandi miklum umsvifum í efnahagslífinu. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs verði rúmlega 301 milljarður króna sem er svipuð fjárhæð og á yfirstandandi ári án fjármagnstekjuskatts ríkissjóðs af söluhagnaði Landssímans. Óbreyttar skatttekjur milli ára, þrátt fyrir spá um 4,6% hagvöxt, skýrist meðal annars af lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga og afnámi eignarskatta. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar verða rúmlega 327 milljarðar króna. Nánar er fjallað um tekjuáætlun ríkissjóðs í næsta kafla.

Gjaldahlið. Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2006 eru áætluð 313,2 milljarðar kr. og hækka um 8,8 milljarða kr. frá áætlun 2005, án áhrifa af sölu Landssímans. Lækka útgjöld ríkisins því um 1% að raungildi á milli ára. Gripið er til ýmissa aðhaldsaðgerða á gjaldahlið frumvarpsins sem skila 4 milljarða kr. lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Á gjaldahlið er lögð áhersla á að styrkja rannsóknar- og menntamál, ásamt því að framlög til löggæslu og stofnana fatlaðra aukast. Þá aukast tekjutilfærslur vegna hækkunar barnabóta, framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukast og gert er ráð fyrir hækkun á afskriftum skattkrafna. Á móti vegur að framlög til atvinnuleysisbóta og Ábyrgðasjóðs launa lækka. Viðhald og stofnkostnaður lækkar talsvert á milli ára, bæði frá fjárlögum og áætlaðri útkomu ársins. Loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs vegna mikillar niðurgreiðslu skulda á þessu og næsta ári. Nánari grein er gerð fyrir breytingum á útgjöldum ríkissjóðs í 3. kafla.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum hluta er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs fyrir árið 2006. Einnig er gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið í ár og fjallað um helstu frávik frá áætlun fjárlaga.

2.1. Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2005. Í fjárlögum fyrir árið 2005, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 306 milljarðar króna. Endurskoðuð áætlun, sem byggist meðal annars á spá um þróun helstu hagstærða, bráðabirgðaniðurstöðu ríkisreiknings 2004 og innheimtuþróun á árinu 2005, gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði rúmlega 397 milljarðar króna. Það er 91 milljarðs króna hækkun frá fjárlögum og munar þar mestu um hagnað af sölu Landssímans sem nemur 57,5 milljörðum króna. Að auki hafa tekjur ríkissjóðs aukist vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu og aukinnar neyslu. Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að einkaneyslan muni aukast um 9,5% frá fyrra ári. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar nokkuð frá áætlun fjárlaga samhliða auknum hagvexti eða úr 29,1% í 31,2% og er þá fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði ekki reiknaður með.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2006. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006 gerir ekki ráð fyrir áframhaldandi vexti efnahagslífsins í eins miklum mæli og á yfirstandandi ári. Spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 2006 en 6% í ár. Einnig er gert ráð fyrir að verðbólgan verði um 3,8% og kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 2,7%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið rúmlega 301 milljarði króna og heildartekjur ríkissjóðs nemi rúmlega 327 milljörðum króna. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu, án fjármagnstekjuskatts sem greiddur er af ríkissjóði, lækkar úr 31,2% í 28,6% samhliða afnámi eignarskattsins og lækkun tekjuskattsprósentunnar um 1%, auk þess sem gert er ráð fyrir að dragi aðeins úr einkaneyslu. Sérstakur tekjuskattur er einnig afnuminn á árinu 2006.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2005

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2005 bendir til þess að heildartekjur ríkissjóðs verði um 397 milljarðar króna eða 91 milljarði króna meiri en áætlað var í fjárlögum. Skatttekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 308 milljarðar króna eða tæpum 27 milljörðum króna hærri en í fjárlögum 2005. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu frávikum frá fjárlögum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2003	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun [1] 2005	Frumvarp 2006
I Skatttekjur	**238.859**	**275.186**	**281.157**	**308.019**	**301.432**
Skattar á tekjur og hagnað	80.141	91.012	90.620	102.436	98.097
Einstaklingar	65.222	76.467	75.700	81.200	82.300
Tekjuskattur einstaklinga	56.518	63.845	66.700	68.400	69.900
Sérstakur tekjuskattur	1.480	1.161	1.200	800	100
Skattur á fjármagnstekjur	7.224	11.461	7.800	12.000	12.300
Lögaðilar	12.212	11.589	13.500	13.500	14.000
Ótalið annars staðar	2.707	2.956	1.420	7.736	1.797
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.860	2.093	500	6.792	760
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	847	863	920	944	1.037
Tryggingagjöld	26.315	28.522	31.724	32.324	34.411
Eignarskattar	8.666	11.552	9.250	14.230	7.065
Skattar á vörur og þjónustu	123.087	143.505	148.687	158.144	160.936
Virðisaukaskattur	80.940	96.433	101.400	108.400	114.400
Almenn vörugjöld	12.496	16.457	17.336	16.627	17.060
Vörugjald af ökutækjum	4.525	6.320	5.587	8.880	5.057
Almennt vörugjald af bensíni	1.924	2.248	2.040	2.025	1.853
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.540	6.100	6.289	6.256	6.566
Olíugjald	0	0	1.872	1.665	3.457
Aðrir sértækir veltuskattar	7.946	4.875	5.062	5.062	5.594
Bifreiðagjald	3.003	3.187	3.342	3.487	3.501
Þungaskattur	5.042	5.813	3.323	3.143	1.054
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	1.671	2.072	2.436	2.600	2.394
Aðrir skattar	650	595	876	886	923
II Aðrar rekstrartekjur	**20.741**	**23.470**	**23.679**	**30.276**	**23.941**
Arðgreiðslur	3.382	4.021	3.457	7.799	1.444
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	10.352	11.311	12.452	13.212	14.264
Neyslu- og leyfisgjöld	5.967	6.847	6.759	6.731	7.166
Annað	1.040	1.291	1.011	2.535	1.067
III Sala eigna	**11.954**	**1.064**	**540**	**58.040**	**540**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**2.322**	**1.206**	**1.006**	**1.006**	**1.478**
Heildartekjur ríkissjóðs	**273.876**	**300.926**	**306.382**	**397.342**	**327.391**
Sjóðshreyfing	**265.137**	**284.350**	**293.986**	**384.712**	**314.015**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er áætlað að skattar á tekjur og hagnað verði rúmlega 102 milljarðar króna en það er hækkun um tæpa 12 milljarða króna frá fjárlögum. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af 10,5 milljarða króna meiri tekjum af fjármagnstekjuskatti en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þar af eru 6,3 milljarðar króna aukning í fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði en ríkissjóður greiðir

fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði hlutabréfa. Vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu er nú gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði 1,3 milljörðum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum en tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósentustig frá árinu áður og er nú 24,75%. Þá lækkaði sérstakur tekjuskattur úr 4% í 2%.

Tryggingagjöld. Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi hækka um 600 milljónir frá fjárlögum 2005 og má rekja þessa hækkun til meiri umsvifa og minna atvinnuleysis í hagkerfinu en fjárlög gerðu ráð fyrir á yfirstandandi ári.

Eignarskattar. Endurskoðaðar tekjur ríkissjóðs af eignarskatti hækka um tæpa 5 milljarða króna. Þessi hækkun stafar að mestu leyti af auknum tekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum eða rúmlega 4 milljarða króna hækkun frá fjárlögum. Helstu ástæður þessarar tekjuaukningar má m.a. rekja til mikilla umsvifa á fasteignamarkaði. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur af eignarskatti einstaklinga hækki um 580 milljónir króna og má rekja það til hækkunar á fasteignamati í lok síðasta árs.

Skattar á vöru og þjónustu. Endurskoðuð áætlun tekna af sköttum á vöru og þjónustu gerir ráð fyrir hækkun um rúma 9 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Hana má að stórum hluta rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Virðisaukaskattur er áætlaður 108,4 milljarðar króna og hækkar um 7 milljarða króna umfram fjárlög. Innflutningur ökutækja hefur aukist mikið það sem af er ári og er nú áætlað að flutt verði inn 24.000 ökutæki á árinu. Þessi aukning gefur rúmlega 3 milljarða króna tekjuauka í ríkissjóð. Þess má geta að á síðasta ári voru innflutt ökutæki samtals um 16.500. Olíugjald á dísileldsneyti var tekið upp um mitt ár 2005 og þáverandi þungaskattskerfi lagt niður. Í forsendum fjárlaga 2005 var gert ráð fyrir að olíugjald á hvern seldan dísillítra yrði 45 krónur. Heimsmarkaðsverð á dísilolíu hefur hækkað mikið undanfarið og í maí síðastliðnum var tekin sú ákvörðun að lækka olíugjaldið tímabundið í 41 krónu á hvern seldan lítra.

Aðrar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur hækki um 6,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar meðal annars af viðbótararðgreiðslum frá Landssímanum upp á 4 milljarða króna, hækkun á vaxtatekjum af endurlánum ríkissjóðs um tæpar 800 milljónir króna. Sektargreiðslur frá olíufélögunum, sem nema um 1,5 milljarði króna, skýra hækkun annarra tekna en olíufélögin gera ágreining um réttmæti álagðra sekta og hafa vísað málunum til dómstóla.

Sala eigna. Landssíminn var seldur á árinu og nemur söluhagnaður hlutabréfanna 57,5 milljörðum króna.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2006

Yfirlit. Áætlaðar heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2006 eru 327,4 milljarðar króna og eru skatttekjur taldar nema um 301,4 milljörðum króna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu liðum í tekjuáætlun ríkisins.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi 98 milljörðum króna á árinu 2006 en það er rúmlega 4 milljarða króna lækkun frá áætlun yfirstandandi árs. Meginástæður þessarar lækkunar eru að tekjuskattsprósenta einstaklinga lækkar um 1% milli ára og að ríkissjóður greiðir á árinu 2005 fjármagnstekjuskatt af sölu hagnaði Landssímans upp á 5,7 milljarða króna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Einstaklingar	78.560	75.700	81.200	82.300
Tekjuskattur einstaklinga	63.845	66.700	68.400	69.900
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.161	1.200	800	100
Fjármagnstekjuskattur	13.554	7.800	12.000	12.300
Lögaðilar	11.589	13.500	13.500	14.000
Ótalið annars staðar	863	1.420	7.736	1.797
Samtals	**91.012**	**90.620**	**102.436**	**98.097**

Tekjuskattar einstaklinga. Í spá fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að laun á vinnumarkaði hækki um 5% og að skattgreiðendum fjölgi um 1,5%. Á þeim forsendum er gert ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga nemi tæplega 70 milljörðum króna. Á árinu 2006 lækkar tekjuskattur einstaklinga um 1%, úr 24,75% í 23,75%. Sérstakur tekjuskattur verður afnuminn á árinu 2006. Áætlaður fjármagnstekjuskattur einstaklinga hækkar lítillega frá fyrra ári og er reiknað með að hann skili rúmlega 12 milljörðum króna.

Tekjuskattar lögaðila. Í tekjuáætlun ríkissjóðs er gert ráð fyrir að tekjuskattar lögaðila skili 14 milljörðum króna. Nokkurn fyrirvara þarf að hafa því nokkuð erfitt er að áætla tekjuskatt lögaðila enda eru margir þættir sem hafa þar áhrif. Skattálagning lögaðila liggur ekki fyrir fyrr en í októberlok og því kann þessi áætlun að taka breytingum fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Eignarskattar. Áætlaðar tekjur af eignarsköttum á árinu 2006 nema um 7 milljörðum króna en það er lækkun um rúma 7 milljarða króna frá fyrra ári. Munar þar miklu um afnám skattlagningar á hreina eign einstaklinga og fyrirtækja á árinu 2006. Einnig er gert ráð fyrir minni tekjum af stimpilgjöldum á árinu 2006.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Eignarskattar einstaklinga	2.120	2.250	2.830	0
Eignarskattar lögaðila	1.280	1.480	1.480	0
Erfðafjárskattur	892	500	500	500
Stimpilgjöld	6.470	4.600	9.000	6.000
Sértækir eignarskattar	790	420	420	565
Samtals	**11.552**	**9.250**	**14.230**	**7.065**

Skattar á vöru og þjónustu. Heildarskattar á vöru og þjónustu eru áætlaðir tæpir 161 milljarður króna sem er tæplega 3 milljarða króna hækkun frá áætlun fyrra árs. Áætlun fyrir árið 2006 gerir ekki ráð fyrir jafnmiklum umsvifum og á yfirstandandi ári og er spáin byggð á forsendum þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Virðisaukaskattur	96.433	101.400	108.400	114.400
Vörugjöld	27.536	29.430	31.758	30.263
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.581	2.249	2.249	2.294
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	726	770	770	809
Vörugjöld af ökutækjum	6.320	5.587	8.880	5.057
Vörugjald af bensíni	2.248	2.040	2.025	1.853
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.100	6.289	6.256	6.566
Olíugjald	0	1.872	1.665	3.457
Flutningsjöfnunargjöld	506	481	481	401
Áfengisgjald	6.658	7.402	7.259	7.475
Ýmis vörugjöld	2.397	2.740	2.173	2.352
Tóbaksgjald	3.589	3.694	3.694	3.730
Tollar og innflutningsgjöld	3.086	3.269	3.269	3.613
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	1.789	1.791	1.791	1.979
Bifreiðaskattar	9.159	6.665	6.630	4.555
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.913	2.436	2.599	2.394
Samtals	**143.505**	**148.685**	**158.141**	**160.934**

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkissjóðs og skilar rúmlega þriðjungi af öllum skatttekjum hans. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 4,3%. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti nemi um 114,4 milljörðum króna og er það hækkun um 5,5% frá fyrra ári.

Vörugjöld af ökutækjum. Innflutningur ökutækja hefur aukist mikið í ár. Ekki er gert ráð fyrir jafnmiklum innflutningi á árinu 2006 og á yfirstandandi ári en spáð er að 13.000 ökutæki verði flutt inn á árinu 2006 en 24.000 í ár. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum er samkvæmt þessu áætlaðar rúmlega 5 milljarðar króna.

Vörugjöld af bensíni, olíugjald og kílómetragjald. Vörugjöld á seldan bensínlítra eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Fram að miðju ári 2005 var almenna vörugjaldið af bensíni 11,35 krónur og sérstaka bensíngjaldið 30,90 krónur. Með nýjum lögum um olíugjald varð breyting á þessum fjárhæðum. Almenna vörugjaldið af bensíni lækkaði um 2,06 krónur og sérstaka bensíngjaldið hækkaði um sömu fjárhæð. Breytingin var gerð til að koma í veg fyrir að Vegagerðin yrði fyrir tekjutapi við kerfisbreytingarnar. Áætlaðar tekjur af almenna vörugjaldinu af bensíni á árinu 2006 eru tæplega 1,9 milljarðar króna og af sérstaka vörugjaldinu af bensíni tæpir 6,6 milljarðar króna. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að olíugjaldið á hvern dísillítra hækki úr 41 krónu í 45 krónur frá og með 1. janúar 2006. Olíugjaldið rennur til vegamála og er gert ráð fyrir að tekjur af því verði tæplega 3,5 milljarðar króna. Með tilkomu olíugjaldsins var þungaskattskerfið lagt niður í þeirri mynd sem það var. Í núverandi kerfi eru það ökutæki, sem eru 10 tonn og yfir, sem greiða kílómetragjald eftir mæli og er gert ráð fyrir að það skili tæplega 1,1 milljarði í tekjur til vegamála. Í tengslum við lögfestingu tímabundinnar lækkunar olíugjalds var tekið fram að bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald kynnu að verða stillt frekar af innbyrðis áður en gildistími tímabundinnar lækkunar olíugjalds rennur út um næstu áramót, þó þannig að miðað væri við að tekjur ríkissjóðs héldust þær sömu og samkvæmt eldra kerfi. Áætlaðar tekjur af bensíngjaldi, olíugjaldi og kílómetragjaldi gætu því breyst innbyrðis.

Bifreiðagjöld. Áætlaðar tekjur af bifreiðagjöldum eru 3,5 milljarðar króna.

Aðrir skattar á vöru og þjónustu. Áætlað er að áfengis- og tóbaksgjald skili í ríkissjóð yfir 11 milljörðum króna. Úrvinnslugjald er áætlað 750 milljónir króna og er það hækkun um rúmar 200 milljónir frá fyrra ári. Ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld eru áætluð um 2,4 milljarðar króna. Veiðigjaldið er áætlað rúmlega 800 milljónir króna og lækkar um tæpar 200 milljónir frá fyrri áætlun.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlun fyrir aðrar rekstrartekjur hljóðar upp á tæpa 24 milljarða króna og lækkar um rúmlega 6 milljarða frá fyrra ári. Stafar það að mestu leyti af lækkun arðgreiðslna í ríkissjóð en arðgreiðslur frá Landssímanum námu rúmlega 6 milljörðum króna á árinu 2005.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir tekjum af sölu eigna vegna jarða- og fasteignasölu og eru þær áætlaðar 540 milljónir króna.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum verði tæplega 1,4 milljarðar króna og hækka um tæplega 500 milljónir króna frá yfirstandandi ári. Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands hækkar um 390 milljónir frá fyrra ári.

2.4 Yfirlit tekna eftir uppsetningu ríkisreiknings 2004

Á árinu 2004 var tekjuframsetning ríkisreiknings breytt til samræmis við GFS-staðal (Government Finance Statistics Manual, 2001) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árinu 2001 sem byggist á þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna. Þessi uppsetning er lítillega frábrugðin framsetningu samkvæmt fjárlögum sem byggist á eldri útgáfu GFS-staðalsins frá 1986. Helstu frávik frá fjárlagaframsetningu eru að tryggingagjöldin eru nú aðgreind frá skatttekjum en flokkast þó undir nýjum yfirlið tekna 'skatttekjur og tryggingagjöld'. Þá eru skattar á alþjóðaviðskipti, s.s. tollar og aðflutningsgjöld, flokkuð sérstaklega en ekki undir sköttum á vöru og þjónustu eins og áður. Að lokum gefur nýi staðallinn kost á meiri og nákvæmari sundurliðun annarra tekna en fyrri GFS-staðall. Við innleiðingu þessa nýja staðals hafa einnig orðið nokkrar breytingar á flokkun einstakra tekjuliða, s.s. gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra og flokkun ýmissa neyslu- og leyfisgjalda. Hér á eftir er yfirlit um tekjur ríkissjóðs fyrir árin 2004 til 2006 eftir tekjuframsetningu ríkisreiknings.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Skatttekjur og tryggingagjöld	**275.673**	**306.961**	**300.557**
Skattar á tekjur og hagnað	90.149	101.492	97.060
Tekjuskattur einstaklinga	65.006	69.200	70.000
Tekjuskattur lögaðila	11.589	13.500	14.000
Skattur á fjármagnstekjur	13.554	18.792	13.060
Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	516	330	352
Eignarskattar	11.552	14.230	7.065
Skattar á vörur og þjónustu	140.754	153.727	156.356
Virðisaukaskattur	96.433	108.400	114.400
Vörugjöld	31.174	35.374	33.905
Vörugjöld af ökutækjum	6.320	8.880	5.057
Vörugjöld af bensíni	8.348	8.281	8.419
Olíugjald	0	1.665	3.456
Áfengisgjald	6.658	7.259	7.475
Tóbaksgjald	3.589	3.694	3.730
Önnur vörugjöld	6.259	5.595	5.768
Sértækir þjónustuskattar	2.078	1.761	1.949
Neyslu- og leyfisskattar	11.069	8.192	6.102
Tollar og aðflutningsgjöld	3.086	3.269	3.613
Aðrir skattar	1.253	1.407	1.506
Tryggingagjöld	28.364	32.506	34.605
Fjárframlög	**860**	**1.006**	**1.478**
Aðrar tekjur	**23.329**	**31.333**	**24.816**
Eignatekjur	15.678	22.310	16.828
Vaxtatekjur	10.333	13.170	14.220
Arðgreiðslur	3.219	7.229	1.074
Hluti af tekjur ríkisfyrirtækja	1.147	570	370
Leigutekjur	973	1.042	850
Aðrar eignatekjur	7	299	314
Sala á vöru og þjónustu	6.202	6.706	7.145
Sektir og skaðabætur	1.217	2.186	690
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur	232	131	153
Sala efnislegra eigna	**1.035**	**540**	**540**
Hagnaður af peningalegum eignum	**29**	**57.500**	**0**
Samtals	**300.926**	**397.340**	**327.391**

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2006, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu frávik frá fjárlögum skýrð. Gerð er grein fyrir forsendum fyrir framreikningi útgjalda næstu árin og útgjaldastefnu ríkisstjórnarinnar. Loks er í sérstökum köflum fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2006 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 3,8% frá árinu 2005 til 2006 og að gengisvísitalan verði að meðaltali tæplega 114 stig. Launaforsendur frumvarpsins eru byggðar á kjarasamningum sem gerðir hafa verið við ríkisstarfsmenn og á almennum markaði. Í þeim tilfellum að kjarasamningar eru lausir á næsta ári er gert ráð fyrir sambærilegum launabreytingum og í gildandi samningum. Gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 4% í upphafi árs 2006 í samræmi við ákvæði laga þar um. Á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytisins er 840 m.kr. fjárheimild til að mæta hugsanlegum frávikum í forsendum frumvarpsins.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2006 eru áætluð 313,2 milljarðar króna og hækka um 16,8 milljarða króna frá fjárlögum 2005 eða um 5,7%. Útgjöldin hækka því um 1,8% að raungildi frá fjárlögum miðað við almennt verðlag. Ef miðað er við áætlaða útkomu ársins 2005 án áhrifa af sölu Landssímans lækka útgjöldin að raungildi um tæplega 1%. Sé litið á rekstrargjöld þá hækka framlög einna mest frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna menntamála eða um rúm 12% og vegna málefna fatlaðra, löggæslu og öryggismála um tæplega 11% frá fjárlögum. Þá hækka rekstrargöld sjúkrastofnana og heilsugæslu um 7–8%. Tekjutilfærslur aukast um 8,3 milljarða króna og er það 2,8% raunhækkun frá fjárlögum miðað við almennt verðlag. Þar af eru 2 milljarðar vegna áætlana um afskriftir skattkrafna sem ekki koma til greiðslu úr ríkissjóði. Að þeirri áætlun frátalinni er raunaukning tilfærsluútgjalda frá fjárlögum rúmlega 1,2%. Auk hækkana almannatrygginga munar mest um hækkun barnabóta um 1,2 milljarða kr. og 1,3 milljarða kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þá hækka framlög til þróunaraðstoðar um tæplega 500 m.kr. eða um tæp 20%. Fjárfesting og viðhald lækka um tæplega 900 m.kr. frá fjárlögum eða um rúmlega 4,5%. Munar þar mestu um tímabundna lækkun á framkvæmdum í samgöngumálum auk þess að tímabundnu átaki í uppbyggingu hjúkrunarheimila lýkur. Loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs um 2 milljarða kr. frá fjárlögum eða um 13%. Koma þar fram áform ríkisstjórnarinnar um lækkun skulda með

ráðstöfun tekjuafgangs og af söluandvirði Landssímans hf. Í frumvarpinu eru ýmsar aðgerðir til lækkunar útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Áfram er gert ráð fyrir tímabundinni 2 milljarða kr. lækkun framlaga til vegamála eins og á þessu ári. Þá var ráðuneytum gert að lækka útgjöld sín um 1 milljarð kr. samtals frá því sem ráð var fyrir gert í langtímaáætlun og hefur því ýmist verði mætt með því að falla frá nýjum verkefnum, lækka framlög til einstaka verkefna eða með hagræðingu í starfsemi sem er tilgreind nánar í kafla undir hverju ráðuneyti. Loks útfærði ríkisstjórnin sérstaklega rúmlega eins milljarðs kr. lækkun útgjalda sem skiptist þannig að áformað er að lækka lyfjaútgjöld um 300 m.kr., vaxtabætur um 250 m.kr., fresta hafnarframkvæmdum um 200 m.kr., fresta verkefnum Ofanflóðasjóðs um 100 m.kr., fresta stofnkostnaði háskóla um 100 m.kr. og fresta framkvæmdum við flugvelli um 50 m.kr. Samtals eru því útgjöld ríkissjóðs 4 milljörðum kr. lægri en orðið hefði að óbreyttu.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 302,8 milljarðar kr. en heildargjöld á rekstrargrunni eru 313,2 milljarðar kr. Mismunur á útgjöldum og greiðslum er því 10,4 milljarðar kr. Munurinn á greiðslum og útgjöldum skýrist að mestu af þremur atriðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 6 milljarðar kr. og eru færðar sem gjöld án þess að til komi greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum 3,6 milljarðar kr. og loks er mismunur á gjaldfærðum og greiddum lífeyrisskuldbindingum rúmlega 0,5 milljarðar kr. Aðrar viðskiptahreyfingar eru minni.

Framsetning gjaldahliðar. Heildarútgjöldum ríkissjóðs er skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar almennum rekstrargjöldum er sá hluti sem fjármagnaður er með sértekjum. Með sértekjum er átt við tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli aðila innan A-hluta. Ekki eru gerðar það miklar breytingar á flokkun útgjalda í frumvarpinu að hafi áhrif á samanburð á milli ára. Vakin er athygli á því að framsetningu á íslenska upplýsingasamfélaginu er breytt eins og nánar er vikið að síðar í þessum kafla. Við þá breytingu falla niður sérstakir fjárlagaliðir í hverju ráðuneyti nema hjá forsætisráðuneytinu og fjárveitingar færast beint á þau verkefni sem fá styrki. Viðfangsefnum undir fjölmörgum fjárlagaliðum er fækkað í frumvarpinu með því að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaliða. Hefur breytingin ekki áhrif á fjárveitingar eða samanburð fjárlagaliða á milli ára en einfaldar framsetningu frumvarpsins. Reynslan sýnir að mjög mismunandi er hvernig gjöld hafa verið færð á viðfangsefnin í fjárhagsbókhaldi stofnana og hafa myndast inneignir og skuldir á einstök viðfangsefni þótt fjárlagaliðurinn í heild hafi verið í jafnvægi. Hefur það torveldað gerð lokafjárlaga og gefið misvísandi upplýsingar um raunverulega stöðu verkefna í árslok.

Í séryfirlitum á bls. 238 og 243 eru birtar markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur auk þess sem gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum. Þá er á bls. 248 yfirlit yfir lögbundin framlög ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í frumvörpum fyrri ára.

Horfur árið 2005. Endurskoðuð áætlun um ríkisútgjöld árið 2005 gerir ráð fyrir 312,3 milljarða kr. heildargjöldum og er það tæplega 16 milljörðum kr. umfram fjárlög 2005. Þar af eru 5,7 milljarðar kr. greiddur fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði Landssímans hf. sem færist til tekna og gjalda og 4 milljarðar kr. áætlaðar afskriftir skattkrafna. Þá er 1,5 milljarður kr. sérstök ráðstöfun á söluandvirði Landssímans í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar eru því samtals 4,8 milljarðar kr. Þar af er áætlað að rekstrargjöld verði um 2 milljörðum kr. umfram fjárlög. Af rekstrargjöldum umfram fjárlög eru 600 m.kr. í greiddan fjármagnstekjuskatt af arðstekjum og vaxtatekjum ríkissjóðs og 750 m.kr. kostnaður við sölu Landssímans hf. Önnur frávik rekstrargjalda eru vegna reksturs ýmissa stofnana umfram heimildir, einkum í heilbrigðis- og menntamálum, og nýjar tillögur um útgjöld sem verða lagðar fram í frumvarpi til fjáraukalaga. Áætlað er að auk framangreindrar 4 milljarða kr. áætlunar um afskriftir skattkrafna þá verði aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur 1,3 milljarða kr. umfram áætlun fjárlaga. Þar munar mestu um 600 m.kr. aukin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna tengingar framlaga í sjóðinn við tekjur ríkissjóðs og útsvarsstofn. Í öðru lagi er áætlað að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs verði 360 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að greiðslur vegna búvöruframleiðslu verði 220 m.kr. umfram áætlun fjárlaga vegna endurmats og nýrra samninga um mjólkurframleiðslu og framlaga til niðurgreiðslu á raforku til lýsingar í gróðurhúsum. Í fjórða lagi verða endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 275 m.kr. umfram áætlun í ár þar sem uppgjöri á mörgum stórum verkefnum lýkur. Loks má nefna 100 m.kr. í hækkun niðurgreiðslna á rafhitun. Á móti kemur að tilfærslur vegna atvinnuleysisbóta lækka um 520 m.kr. og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa um 200 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum. Aðrar breytingar eru minni. Stofnkostnaður verður um 2 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga og munar þar mestu um að Vegagerðin mun ganga á ónýttar fjárheimildir sínar er nemur 1,3 milljörðum kr. og gengið verður á ónýttar heimildir vegna menningarhúsa er nemur 500 m.kr. Þá er áformað að ráðstafa 500 m.kr. af söluandvirði Landssímans hf. til stofnkostnaðar á þessu ári. Loks lækka gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs um 1,3 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga. Nánari umfjöllun um einstök frávik árið 2005 er að finna í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2004	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006	Breyting 2005-2006
Rekstrargjöld					
Laun	81.898	84.450	85.674	91.746	6.071
Lífeyrisskuldbindingar	12.017	4.798	4.798	4.798	0
Önnur gjöld	69.866	68.704	76.481	74.617	-1.864
Sértekjur	-24.867	-20.145	-20.684	-21.944	-1.261
Rekstrargjöld samtals	**138.914**	**137.807**	**146.270**	**149.217**	**2.947**
Fjármagnskostnaður	**14.152**	**15.450**	**14.110**	**13.440**	**-670**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	29.249	31.397	31.397	34.200	2.803
Sjúkratryggingar	14.949	15.584	15.584	15.581	-3
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.209	7.145	7.747	8.470	723
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.589	7.726	7.892	8.179	288
Fæðingarorlofssjóður	6.626	6.468	6.833	7.041	208
Barnabætur	5.440	5.600	5.600	6.800	1.200
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	6.082	6.577	6.577	6.235	-342
Afskriftir skattkrafna	9.775	4.000	8.000	6.000	-2.000
Vaxtabætur	5.458	4.900	4.900	5.100	200
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.367	4.050	4.050	4.450	400
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.568	4.171	3.668	3.450	-218
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.698	2.863	2.913	3.081	168
Ríkisútvarpið	2.382	2.516	2.516	2.550	34
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	19.004	20.753	21.370	20.915	-455
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**124.396**	**123.749**	**129.046**	**132.053**	**3.006**
Viðhald					
Vegakerfi	2.561	2.625	2.625	2.835	210
Annað	2.439	1.993	1.993	2.415	422
Viðhald samtals	**5.000**	**4.618**	**4.618**	**5.250**	**632**
Fjárfesting					
Vegakerfi	9.002	6.318	7.618	5.905	-1.712
Heilbrigðisstofnanir	1.181	1.905	2.301	1.582	-719
Hafnarframkvæmdir	1.002	1.039	1.039	832	-207
Háskólar og framhaldskólar	1.368	1.247	1.257	1.554	297
Flugvellir	169	336	336	280	-56
Annað	5.250	3.911	5.735	3.087	-2.648
Fjárfesting samtals	**17.972**	**14.757**	**18.287**	**13.241**	**-5.046**
Gjöld samtals	**300.434**	**296.381**	**312.330**	**313.200**	**870**

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2006. Ríkisstjórnin ákvað undir lok apríl sl. útgjaldaramma og markmið í ríkisfjármálum fyrir árið 2006. Einnig var ákveðið að lækka útgjöld um 2 milljarða króna árið 2006 til viðbótar jafnhárri frestun framkvæmda sem áður hafði verið samþykkt fyrir árin 2005 og 2006. Var ákvörðun um útgjaldaramma byggð á lang-

tímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Ráðuneytin forgangsröðuðu verkefnum sínum innan rammans og í ágúst voru forsendur ríkisfjármála endurmetnar í ljósi þróunar í ríkis- og efnahagsmálum á árinu. Tillögur um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. voru afgreiddar í byrjun september og hafa ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 2006, að því undanskildu að vaxtagjöld lækka í kjölfar greiðslu skulda og vaxtatekjur hækka.

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkisins á þjónustu af einkaaðilum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld árið 2006 eru áætluð 149,2 milljarðar kr. og hækka um 11,4 milljarða kr. frá fjárlögum en um 9,4 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu 2005 án fjármagntekjuskatts ríkissjóðs af sölu Landssímans. Jafngildir það 2% raunaukningu frá áætlaðri útkomu á þessu ári miðað við verðvísitölu samneyslu. Gerðir voru kjarasamningar við flest félög ríkisstarfsmanna á árinu 2005 og tóku flestir þeirra gildi á fyrri hluta ársins og koma til framkvæmda á heilu ári árið 2006. Hækkun rekstrargjalda er mest í heilbrigðismálum vegna sjúkrastofnana, heilsugæslu og öldrunarmála eða um 4,3 milljarðar kr. Framlög til menntamála vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla aukast samtals um ríflega 2,5 milljarða kr. og er það 12% hækkun. Framlög til löggæslu og dómsmála aukast um einn milljarð kr. eða 11% og útgjöld málefna fatlaðra hækka um ríflega 600 m.kr. eða 11%.

Sértekjur eru greiðslur fyrir veitta þjónustu eða vörur sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Sértekjur hækka um 1,2 milljarða króna frá fjárlögum og eru áætlaðar tæplega 22 milljarðar í frumvarpinu. Helstu skýringar á hækkun sértekna eru rúmlega 500 m.kr. auknar leigutekjur Fasteigna ríkissjóðs, aðallega vegna endurskoðunar á núverandi umfangi en einnig vegna fjölgunar húsa sem greidd er leiga fyrir og 345 m.kr. sértekjur vegna þátttöku Háskólasjóðs Eimskipafélagsins í byggingarframkvæmdum við Háskólatorg. Þá hækka vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs um tæplega 225 m.kr. Aðrar breytingar eru minni og skýrast nær alfarið af endurmati á sértekjum stofnana í samræmi við ríkisreikning.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan lið falla almannatryggingar, niðurgreiðslur á búvörum og önnur framlög til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisstofnana utan A-hluta ríkissjóðs. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar 132 milljarðar kr. og hækka um 8,3 milljarða frá fjárlögum. Þar af eru 2 milljarðar kr. vegna afskrifta skattkrafna. Breyting frá áætlun þessa árs án afskrifta skattkrafna er 5 milljarðar kr. eða 3,9% og standa útgjöldin því nánast í stað á milli ára að raungildi. Mest krónutöluhækkun er til almannatrygginga eða rúmlega 2,5 milljarðar kr. eða 4,7% hækkun. Þá hækka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rúmlega 1,3 milljarða kr., þar af eru 700 m.kr.

tímabundið framlag í samræmi við niðurstöður tekjustofnanefndar. Barnabætur hækka um 1,2 milljarða kr. í samræmi við samþykkt lög um hækkun bótanna. Þá má nefna hækkun á framlögum til þróunaraðstoðar um samtals tæplega 500 m.kr. í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og framlög til Lánsjóðs íslenskra námsmanna hækka um rúmlega 400 m.kr. vegna breytinga á reglum og aukinna veittra lána. Eins og áður hefur komið fram falla afskriftir skattkrafna undir neyslu- og tilfærsluframlög og er áætlað þær hækki um 2 milljarða kr. Þau útgjöld eru gjaldfærð á móti töpuðum skatttekjum og koma ekki til greiðslu úr ríkissjóði. Hér er um að ræða tilfallandi útgjöld sem skekkja samanburð á milli ára.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir ríkissjóðs á næsta ári verði 13,4 milljarðar kr. en eru áætlaðir 15,5 milljarðar í fjárlögum og 14,1 milljarður kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vaxtagjöldin lækka því um 2 milljarða kr. frá fjárlögum 2005 og um tæplega 0,7 milljarða kr. frá áætlun þess árs. Lækkun vaxtagjalda má annars vegar rekja til góðra vaxtakjara ríkissjóðs á alþjóðamarkaði og gengis íslensku krónunnar og hins vegar til mun meiri endurgreiðslu lána en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Þar sem nokkuð mikið var um innlausn spariskírteina á þessu ári lækka greiddir vextir ríkissjóðs talsvert meira en álagðir eða úr 18 milljörðum í 11 milljarða kr.

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna aukast um rúmlega 600 m.kr. frá fjárlögum eða um tæplega 14%. Annars vegar er um að ræða viðhald á vegakerfinu sem hækkar um rúmar 200 m.kr. Hins vegar hækkar kostnaður við annað viðhald um rúmlega 400 m.kr. og er þar einkum um að ræða viðhald bygginga sem falla undir Fasteignir ríkissjóðs og er sá kostnaður fjármagnaður með leigutekjum frá ríkisstofnunum.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur lækka samtals um rúmlega 1,5 milljarða króna frá fjárlögum eða um rúm 10%. Lækka framlög til stofnkostnaðar nær allra málaflokka nema menntamála þar sem stofnkostnaður eykst frá fjárlögum 2005.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin

Í kaflanum er fjallað um helstu forsendur útgjaldaþróunar samkvæmt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Nánar er fjallað um stefnumörkunina í heild í 3. kafla fyrra heftis fjárlagafrumvarpsins. Þá er ítarlegar fjallað um útgjaldaþróun einstakra málafloka í upphafi hvers ráðuneytiskafla hér á eftir. Útgjaldaáætlunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar um að samneysla vaxi ekki umfram 2% árlega að raungildi og tekjutilfærslur ekki umfram 2,5% árlega. Einnig er í útgjaldaspánni tekið mið af samgönguáætlun og öðrum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar sem ná til fleiri ára en fjárlagaársins. Áform um ráðstöfun á söluhagnaði Landssímans hf. hafa til dæmis veruleg áhrif á útgjaldaþróun næstu ára eftir frumvarpsárið eins og nánar verður vikið að. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að lögbundin útgjöld ráðist af óbreyttum lögum og er m.a. tekið mið af fjölgun

aldraðra og árganga í skólum. Loks er gert ráð fyrir að framlög til einstakra málafloka vaxi í samræmi við líklega þróun innan þeirra markmiða sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Þannig er gert ráð fyrir að framlög til stjórnsýslu vaxi árlega um 1% en framlög til menntamála og heilbrigðismála um 3–5% árlega. Árlega er útgjaldaþróunin endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og nýrra ákvarðana ríkistjórnarinnar. Því getur þróun einstakra málaflokka og innbyrðis skipting orðið önnur en fram kemur í útgjaldaspánni en miðað er við að staðið verði við heildarmarkmiðin. Heildarútgjöld í fjárlagafrumvarpi 2006 eru 313,2 milljarðar króna en voru áætluð 308,3 milljarðar króna í langtímaáætlun í fjárlagafrumvarpi 2005. Útgjöldin eru því 4,9 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir. Frávikið skiptist þannig að rekstrargjöld eru 3,5 milljörðum króna hærri en í fyrri áætlun, þar af eru um 2 milljarðar vegna meiri launa- og verðlagsbreytinga en ráð var fyrir gert. Vaxtagjöld ríkissjóðs eru 2,2 milljörðum króna lægri en spáð var, einkum vegna meiri niðurgreiðslu skulda. Tilfærslur eru 3,4 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir haustið 2004 og skýrist það alfarið af tveimur tilvikum. Annars vegar hækkuðu tilfærsluútgjöld um 1,4 milljarða við 2. umr. fjárlaga 2005 og hins vegar er í frumvarpi fyrir árið 2006 gert ráð fyrir 2 milljarða króna hækkun afskrifta skattkrafna. Viðhald og stofnkostnaður eru í samræmi við áætlunina en útgjöld færast gjarnan á milli þessara liða.

Útgjaldaáætlunin er byggð á niðurstöðu fjárlagafrumvarps 2006 og breytist verði gerðar breytingar á frumvarpinu við afgreiðslu þess á Alþingi. Styðst áætlunin við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins þar sem sett er fram spá um útgjaldaþróun að óbreyttu, það er miðað við gildandi lög og þær forsendur og ákvarðanir stjórnvalda sem liggja fyrir við undirbúning frumvarpsins. Er gerð grein fyrir þeim forsendum í fjárlagafrumvörpum fyrri ára og í upphafskafla hvers ráðuneytis hér á eftir. Veigamikil breyting er frá áætluninni sem birt var í síðasta fjárlagafrumvarpi þar sem nú er gert ráð fyrir ráðstöfun á söluandvirði Símans í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar. Í eftirfarandi töflu eru áhrifin sýnd þau ár sem áætlunin nær til. Engin framlög eru árið 2006 en ráðstöfun söluandvirðisins nær til áranna 2005–2012.

Rekstrargrunnur, m.kr.	2007	2008	2009	2010-12	Samtals
Stofnkostnaður:					
Vegaframkvæmdir	3.700	5.000	3.700	2.600	15.000
Hátæknisjúkrahús	200	1.500	4.000	12.000	17.700
Varðskip og flugvél LHG	1.000	2.000	0	0	3.000
Húsnæði geðfatlaðra	200	300	300	0	800
Hús fyrir Háskóla Íslands	0	300	300	400	1.000
Rekstrargjöld:					
Fjarskiptasjóður	500	500	500	0	1.500
Stofnfjárframlög: [1]					
Nýsköpunarsjóður	500	500	500	0	1.500
Samtals	**6.100**	**10.100**	**9.300**	**15.000**	**40.500**

[1] Stofnfjárframlög færast um sjóðstreymi og koma því ekki fram sem útgjöld.

Útgjaldaþróun helstu málaflokka ríkissjóðs samkvæmt áætluninni kemur fram í töflunni hér á eftir sem sýnir breytingar á föstu verðlagi fjárlagafrumvarps 2006 auk áætlaðra verðlags- og launabreytinga neðst í henni. Frekari skiptingu í málaflokka er að finna í sérstökum kafla í upphafi umfjöllunar um hvert ráðuneyti.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	17.615	18.361	19.178	19.294	3,1
Löggæsla og öryggismál	13.967	14.999	16.045	14.164	0,5
Fræðslumál	32.955	33.959	34.703	35.650	2,7
Heilbrigðismál	83.586	85.933	89.606	94.555	4,2
Almannatryggingar og velferðarmál	72.593	76.812	80.542	82.339	4,3
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.567	3.651	3.574	3.655	0,8
Menningar- og kirkjumál	11.926	12.046	12.093	12.205	0,8
Eldsneytis- og orkumál	2.342	2.312	2.326	2.340	0,0
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	14.897	14.829	14.819	14.812	-0,2
Iðnaðarmál	1.385	1.434	1.442	1.449	1,5
Samgöngumál	18.633	27.071	29.760	25.532	11,1
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.794	4.867	4.960	5.017	1,5
Önnur útgjöld ríkissjóðs	34.941	35.208	35.398	34.458	-0,5
Laun og verðlag, uppsafnað frá 2006		14.196	26.713	37.609	
Samtals	**313.201**	**345.678**	**371.159**	**383.079**	

Tölur fyrir einstaka málaflokka eru á áætluðu verðlagi 2006 en áhrif af launa-, verðlags- og vaxtabreytingum eru sett fram í sérstökum lið þannig að heildarútgjöldin eru á verðlagi hvers árs.

3.3 Útgjöld til rannsókna og þróunarmála

Útgjöld til rannsókna og þróunarmála hér á landi hafa aukist hröðum skrefum á undanförnum árum. Sérstaklega hefur hlutur fyrirtækja vaxið hratt en hann lá lengi eftir. Er nú svo komið að Ísland er meðal þeirra þjóða sem hvað mest leggja fram til rannsókna miðað við verga landsframleiðslu. Árið 2000 setti Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins aðildarríkjum það markmið að verja 3% af vergri landsframleiðslu til rannsóknarmála árið 2010. Áætlað er að Ísland hafi náð markmiðinu árið 2001 þegar útgjöldin námu um 24 milljörðum króna. Umfang rannsókna hefur aukist á öllum sviðum en þó mest á sviði heilbrigðismála þar sem útgjöldin fóru úr 1 milljarði króna árið 1995 í tæplega 8 milljarða árið 2003.



Ríkið er stór þátttakandi í rannsóknum hér á landi. Áætlað er að árið 2003 hafi það lagt fram 9,5 milljarða króna eða um 40% fjármagns til rannsókna í landinu. Það samsvarar 1,19% af vergri landsframleiðslu og er töluvert hærra en hjá öðrum ríkjum innan OECD. Velta ríkisaðila vegna rannsókna var þó nokkuð meiri eða um 12,3 milljarðar króna enda fjármagna háskólar og aðrar rannsóknarstofnanir rekstur sinn að hluta til með styrkjum og sölu á verkefnum.

Fjárveitingar ríkisins til rannsókna og þróunarverkefna gegna vaxandi hlutverki í stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði. Það er því mikilvægt að hafa yfirsýn yfir ráðstöfun þeirra og hverju þau skila. Athuganir benda til tiltölulega stöðugt hækkandi fjárveitinga, aukinna afkasta vísindamanna, aukinnar nýsköpunar og vaxtar í hátæknigreinum. Ljóst er þó að endanlegur árangur kemur ekki í ljós fyrr en löngu eftir að efnt var til útgjaldanna sem má líta á sem fjárfestingu.

Í ársbyrjun 2003 samþykkti Alþingi lög um Vísinda- og tækniráð, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins til að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu sem treysti stoðir íslenskrar menningar og auki samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Vísinda- og tækniráð er vettvangur ráðherra, vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs til að móta opinbera stefnu um vísindarannsóknir og tækniþróun. Að undanförnu hefur verið unnið að eftirfarandi stefnumálum:

1. Auka úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða og samhæfa starfsemi þeirra þannig að það nýtist sem best vísinda- og tæknirannsóknum og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.
2. Efla háskóla sem rannsóknarstofnanir og byggja upp og efla fjölbreyttar háskólarannsóknir á Íslandi með því að einstaklingar og rannsóknarhópar í háskólum keppi um fjárveitingar til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
3. Endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknarstofnana með það að markmiði að sameina krafta þeirra og tengja starfsemi þeirra betur við háskólana og atvinnulífið í landinu.

Í samræmi við stefnu ráðsins beita stjórnvöld sér einnig fyrir öðrum aðgerðum til að:

- byggja upp öfluga rannsóknarhópa til starfa í alþjóðlegu umhverfi þar sem hinir hæfustu njóta forgangs,
- efla samstarf rannsóknarstofnana, háskóla og fyrirtækja um myndun þekkingarklasa sem geta skapað sterka, alþjóðlega samkeppnisstöðu,
- gera rannsókna- og þróunarstarf aðlaðandi fyrir fyrirtæki og stuðla að þróun hátæknifyrirtækja sem byggja starfsemi sína í ríkum mæli á rannsóknum,
- veita rannsóknarmenntun ungra vísindamanna í alþjóðlegu rannsóknarumhverfi aukið vægi,
- tryggja frjálsan aðgang almennings að opinberum rannsóknarniðurstöðum, gagnagrunnum og öðrum fræðilegum upplýsingum og auka nýtingu þeirra til virðisauka fyrir samfélagið,

- setja lög er hvetja vísindamenn til að vernda rétt til hugverka sinna með einkaleyfum og að stofnanir og fyrirtæki komi skipulagi á meðferð nýtingarréttar á hugverkum starfsmanna,
- meta gæði rannsókna á vegum háskóla og rannsóknarstofnana reglulega á grundvelli fag- eða starfsgreina eða þekkingarklasa og leggja niðurstöður til grundvallar ákvörðunum um fjárveitingar og forgangsröðun.

Unnið hefur verið að því að samræma starfsemi opinberra sjóða sem styrkja rannsóknir þannig að ekki myndist gjár í stuðningskerfinu og að gengið sé eftir því að beitt sé strönguum en margþættum mælikvörðum á árangur og gæði við mat á umsóknum óháð því hvar og hver stundar þær. Ástæðan er meðal annars sú að viðfangsefni vísindarannsókna og nýsköpunar í atvinnulífinu ganga í vaxandi mæli þvert á hefðbundna skiptingu í fræðasvið og atvinnugreinar.

Í fjárlagafrumvarpi 2004 er greint frá stefnu ríkisstjórnarinnar um að hækka fjárveitingar til vísinda- og tæknisjóða á vegum menntamálaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í áföngum úr 792 m.kr. árið 2003 í 1.613 m.kr. árið 2006 og í 1.710 m.kr. árið 2007. Fjárveitingar til þeirra liða, sem stefnumörkunin tekur til, eru þegar komnar fram úr þessu enda áætlaðar 1.750 m.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir 2006. Hækkun til þessara liða nemur 220 m.kr. frá fjárlögum 2005 auk þess sem fjárveitingar til áætlana, stoðkerfis rannsókna og rannsókna í háskólum og öðrum stofnunum hækka um liðlega 300 m.kr. Heildarhækkun fjárveitinga til rannsóknarmála milli áranna 2005 og 2006 er ríflega 500 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að rannsóknarmál fái auknar fjárveitingar árið 2007 í samræmi við markaða stefnu auk þess sem þau fái hlutdeild í óskiptu svigrúmi ráðuneyta innan langtímaáætlunar í ríkisfjármálum. Við þetta má bæta að ríkisstjórnin hefur lagt fram áætlun um að verja á næstu árum hluta af sölutekjum Landssíma Íslands hf. til verkefna sem má flokka til rannsókna og þróunarverkefna.

Rannís (nú Rannsóknamiðstöð Íslands) hefur gert reglulegar úttektir á mannafla og útgjöldum til rannsókna og þróunarmála frá árinu 1971. Á tveggja ára fresti er kannað hversu stórum hluta heildarútgjalda sinna rannsóknaraðilar, þar á meðal ríkisstofnanir, verja til rannsókna og þróunarmála. Hlutfallstalan er síðan notuð til að áætla bæði útgjöld stofnana til rannsókna og framlög ríkisins til rannsókna á liðnum árum og spá fyrir um yfirstandandi og komandi ár. Síðasta úttekt tók til ársins 2003 og eru þær tölur sem hér eru birtar að mestu fengnar frá Rannís.

Að mati Rannís mun velta ríkisaðila vegna rannsókna og þróunarmála nema 15,4 milljörðum króna árið 2006 á verðlagi yfirstandandi árs og aukast um liðlega 800 m.kr. Þá er tekið tillit til þess að talið er að útgjöld til rannsókna hafi verið vanáætluð síðustu ár um nálægt 20% vegna varfærinna áætlana um sértekjur stofnana. Taka ber fram að hér er ekki leiðrétt fyrir innbyrðis viðskiptum ríkisaðila, m.a. því að hluti sértekna háskóla- og rannsóknarstofnana kemur frá sjóðum á vegum ríkisins sem styrkja rannsóknir.

Tæpur helmingur allra útgjalda til rannsóknarmála á vegum ríkisins er hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins en næst koma stofnanir sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðarráðuneytis, aðallega vegna aukinna fjárveitinga úr ríkissjóði. Sömuleiðis hafa rannsóknarútgjöld umhverfisráðuneytisins vaxið nokkuð ört en dregist saman hjá samgönguráðuneytinu.

Verðlag 2005, m.kr.	Reikn. 1993	Reikn. 1998	Reikn. 2000	Reikn. 2003	Fjárlög 2004	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Menntamálaráðuneyti	2.956	4.509	5.223	6.884	6.220	6.424	7.089
Sjávarútvegsráðuneyti	1.283	2.441	2.498	2.155	1.568	1.884	1.913
Iðnaðarráðuneyti	548	663	815	1.072	917	1.050	1.160
Heilbrigðis- og tryggingamálarn.	185	289	824	916	838	854	863
Landbúnaðarráðuneyti	498	632	636	792	734	769	795
Umhverfisráðuneyti	175	602	747	1.246	577	817	774
Samgönguráðuneyti	53	81	136	195	120	124	117
Önnur ráðuneyti	68	108	97	164	175	184	93
Óskipt vanmat sértekna	-	-	-	-	2.230	2.421	2.561
Samtals	**5.765**	**9.324**	**10.975**	**13.423**	**13.379**	**14.528**	**15.364**

Þegar rannsóknarútgjöld eru flokkuð með hliðsjón af því á hvaða sviðum rannsóknir eru stundaðar, þ.e. að hvaða markmiðum þau lúta, kemur í ljós að þriðjungi þeirra er varið í almenna þróun vísinda. Hér er um grófa flokkun að ræða og útgjöldum til rannsóknarsjóða og fleiri fjárlagaliða er ekki skipt á svið.

Verðlag 2005, m.kr.	Reikn. 1993	Reikn. 1998	Reikn. 2000	Reikn. 2003	Fjárlög 2004	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Almenn þróun vísinda	1.930	3.085	3.514	4.833	4.261	4.291	4.824
Rannís og sjóðir, ekki skipt	646	733	925	1.004	1.199	1.401	1.468
Fiskveiðar	998	2.011	2.082	1.888	1.213	1.438	1.458
Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar	624	803	824	1.082	1.066	1.204	1.252
Félagsleg þjónusta	397	688	866	1.006	950	1.040	1.067
Heilsuvernd	185	305	834	890	813	829	858
Umhverfismál	154	559	675	1.161	497	743	696
Iðnaður	488	644	627	620	562	575	569
Orkumál	256	314	362	520	267	261	266
Óskilgreindir liðir	32	91	129	182	166	171	191
Samgöngur og skipulag	55	92	137	237	155	153	155
Óskipt vanmat sértekna	-	-	-	-	2.230	2.421	2.561
Samtals	**5.765**	**9.324**	**10.975**	**13.423**	**13.379**	**14.528**	**15.364**

Vaxandi hluti framlaga til rannsóknarmála fer til sjóða, verkefna og áætlana sem stofnanir og fyrirtæki sækja um í. Rannís áætlar fjárhæðina um 2,1 milljarð króna árið 2006 á verðlagi þessa árs og eru það 14% af heildarútgjöldum. Hlutfallið var um 5% árið 1993.

Verðlag 2005, m.kr.	Reikn. 1993	Reikn. 1998	Reikn. 2000	Reikn. 2003	Fjárlög 2004	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Menntastofnanir	1.901	3.051	3.534	5.036	4.434	4.814	5.551
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	2.206	3.245	3.575	3.421	2.439	2.388	2.436
Aðrar opinberar rannsóknarstofnanir	876	1.373	2.174	2.517	2.180	2.317	2.389
Rannís og ýmsir sjóðir	687	1.206	1.088	1.698	1.308	1.814	1.836
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	52	304	358	418	442	431	332
Áætlanir og verkefni	44	145	247	332	347	343	259
Óskipt vanmat sértekna	-	-	-	-	2.230	2.421	2.561
Samtals	**5.765**	**9.324**	**10.975**	**13.423**	**13.379**	**14.528**	**15.364**

Samanburður milli landa bendir til þess að íslenska ríkið standi myndarlega að rannsóknarmálum í samanburði við ríkissjóði annarra landa. Þáttur ríkisins í fjármögnun rannsókna skiptir reyndar meira máli hér á landi en í öðrum löndum þar sem íslensk fyrirtæki hafa lengst af lagt hlutfallslega lítið til rannsókna þótt það sé að breytast. Vegna þess hversu ríkið er virkur þátttakandi í fjármögnun og framkvæmd rannsókna hér á landi er sérstaklega mikilvægt að huga vel að úthlutun fjárins og skipulagi rannsóknarmála. Í nýlegri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárveitingar til rannsóknarmála á Norðurlöndum er tafla sem sýnir hverjir taka á móti fjárveitingum ríkisins til rannsókna.

Hlutfallsleg skipting eftir löndum	Grunn-framlög háskóla	Grunn-framlög stofnana	Rannsókna-ráð og sjóðir	Önnur verkefni og áætlanir	Erlendir aðilar
Danmörk	51	15	12	17	5
Finnland	29	16	42	13	-
Ísland	37	33	18	8	4
Noregur	42	10	30	11	6
Svíþjóð	43	38	18	-	1
Samtals	**41**	**23**	**25**	**8**	**2**

Ráðstöfun og nýting fjármuna, skipulag stofnana og samtarf við atvinnulífið um þróun á söluvörum, sem grundvallast á niðurstöðu vísindarannsókna, verða meðal umfjöllunarefna Vísinda- og tækniráðs á næstu árum.

3.4 Íslenska upplýsingasamfélagið

Í fjárlögum 1999 og síðar hefur verið áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar á fjárlagalið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* hjá hlutaðeigandi ráðuneytum. Verkefnin, sem þessu tengjast, eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem hún gerir tillögu um skiptingu á. Með örfáum undantekningum er gerð krafa um að minnsta kosti jafnhátt mótframlag frá hlutaðeigandi ráðuneytum eða stofnunum vegna þessara verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2006
01-996-6.51	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	
	Innri vefur stjórnarráðsins	5,0
	Rafræn stjórnsýsla	22,0
	Rafræn þjónustuveita ríkis og sveitarfélaga	10,0
	Staðlar, lýsigögn og fræðsluvefur um upplýsingatækni	13,5
02-999-6.91	**Ýmislegt. Þróunarmál í upplýsingatækni**	
	Breyttir starfshættir í mennta- og menningarstofnunum	5,0
	Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs	5,0
	Átak í gerð stafræns netnámsefnis	19,0
	Sarpur 3.0, menningarsögulegt upplýsingakerfi	6,0
	Upplýsinga- og umsýslukerfi opinberra samkeppnissjóða	6,0
04-190-6.41	**Ýmis verkefni. Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum**	
	Innleiðing miðlægra gagnagrunna á lögbýlum	5,0
05-190-6.41	**Ýmis verkefni. Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna**	
	Samþætt gagnaveita um náttúru og nýtingu hafsins við Ísland	5,0
06-104-1.01	**Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins**	
	Leyfisveitingakerfi	6,5
	Sýslumannakerfi	5,0
07-190-1.90	**Ýmis verkefni. Ýmislegt**	
	Fjölskylduvefurinn og verkefni tengd fjölmenningarlegu samfélagi	5,0
08-201-6.01	**Tryggingastofnun ríkisins. Tæki og búnaður**	
	Rafræn móttaka umsókna og vottorða frá heilbrigðisstarfsfólki	5,0
	Rafræn þjónustugátt í þágu almennings	5,0
08-301-1.01	**Landlæknir**	
	Miðlæg bólusetningaskrá sóttvarnarlæknis	5,0
08-399-6.91	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Rafrænir lyfseðlar	8,0
09-999-1.90	**Ýmislegt. Ýmis verkefni**	
	Rafræn opinber innkaup.	5,0
	Rafrænar undirskriftir - Rafræn skilríki - þjónustuveita	22,0
10-512-1.01	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Miðlun fræðsluefnis um öryggismál o.fl. sem tengist notkun á uppl. tækni.	5,0
11-301-1.01	**Orkustofnun**	
	Náttúruvefsjá	7,0
13-101-1.01	**Hagstofa Íslands**	
	Vefþjónusta og rafræn miðlun hagtalna	5,0
14-401-1.02	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	
	Plöntuvefsjá og aðrar vefsjár Náttúrufræðistofnunar Íslands	5,0
14-301-1.01	**Skipulagsstofnun**	
	Skipulagsvefsjá	5,0
14-310-1.01	**Landmælingar Íslands**	
	Stöðlun landupplýsingakerfa	5,0
	Samtals	**200,0**

Í fjárlagafrumvarpi 2006 er framsetningu framlaga vegna Íslenska upplýsingasamfélagsins breytt þannig að fyrrnefndur fjárlagaliður er einungis til hjá forsætisráðuneytinu

vegna sameiginlegra útgjalda við upplýsingatæknimál allra ráðuneyta en fjárveitingar til upplýsingatækniverkefna á vegum annarra ráðuneyta eru færð á ýmsa fjárlagaliði eins og sýnt er í töflu. Verkefnisstjórnin skipti samtals 200 m.kr. milli eftirtalinna verkefna í fjárlagafrumvarpinu en þegar tekið er tillit til mótframlaga er í heildina áætlað að verja að minnsta kosti 350 m.kr. til þeirra.

3.5 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagalið eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.317,6	2.489,0	2.637,2	6	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	60,4	56,8	56,8	0	-6
Stofnkostnaður og viðhald	247,7	154,9	113,1	-27	-54
Samtals	**2.625,7**	**2.700,7**	**2.807,1**	**4**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.700,7	2.807,1	4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**2.700,7**	**2.807,1**	**4**	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2006 eru áætluð um 2.847 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. en þær nema 1,4% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 2.807 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.637 m.kr. og hækka um 148 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 13 m.kr. hækkun fjárveitingar til embættis forseta Íslands og 10 m.kr. hækkun á rekstrarkostnaði fasteigna Alþingis.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna er 57 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum ársins í ár.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 113 m.kr. og er það 42 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um 28 m.kr. lækkun fjárveitinga til viðhalds á Alþingishúsinu.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar ríkisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Embætti forseta Íslands	177	179	181	183
Alþingi og stofnanir þess	2.304	2.264	2.277	2.299
Ríkisstjórn	211	211	211	211
Hæstiréttur	115	115	115	115
Samtals	**2.807**	**2.769**	**2.784**	**2.808**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Helstu reikniforsendur í útgjalda-

spánni, sem eiga sérstaklega við um málaflokka æðstu stjórnar ríkisins og fela í sér lækkun útgjalda hjá Alþingi og stofnunum þess milli áranna 2006 og 2007, eru þær að reiknað er með að á árinu 2007 falli niður alls um 50 m.kr. tímabundnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar. Munar þar mest um 32 m.kr. fjárveitingu til utanhússviðhalds á Alþingishúsinu.

Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum þeirra stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	176,6	154,4	177,0	14,6	0,2
Alþingi	1.780,8	1.809,0	1.831,1	1,2	2,8
Framkvæmdir á Alþingisreit	5,6	5,0	0,0	-100,0	-100,0
Ríkisstjórn	182,8	196,7	211,3	7,4	15,6
Hæstiréttur	100,9	106,7	114,9	7,7	13,9
Umboðsmaður Alþingis	76,6	80,9	90,1	11,4	17,6
Ríkisendurskoðun	302,4	348,0	382,7	10,0	26,6
Samtals	**2.625,7**	**2.700,7**	**2.807,1**	**3,9**	**6,9**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 177 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári og er það hækkun um 22,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 13,3 m.kr. Í lok október 2004 fór embætti forseta Íslands og forsætisráðuneytið þess á leit við Ríkisendurskoðun að stofnunin skoðaði ýmsa þætti í fjármálum embættis forseta Íslands. Niðurstaða þeirrar skoðunar var m.a. sú að miðað við útgjöld vantaði að óbreyttu rúmlega 13 m.kr. upp á að framlög fjárlaga 2005 nægðu fyrir kostnaði.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 1.831,1 m.kr. og hækka um 22,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækka fjárveitingar um 69 m.kr. Niður falla 136,5 m.kr. fjárveitingar sem veittar voru tímabundið á fjárlögum fyrri ára en á móti eru gerðar tillögur um ný framlög alls að fjárhæð 67,5 m.kr. Framlög til rekstrarverkefna nema alls 1.722 m.kr. og lækka að raungildi um 35 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Fjárveiting á viðfangsefni *1.04 Alþjóðasamstarf* lækkar um 45 m.kr. Niður falla þrjú tímabundin framlög sem eru 40 m.kr. vegna þings Norðurlandaráðs, 9 m.kr. vegna stjórnarfundar NATO-þings og 2 m.kr. til hálfs stöðugildis á alþjóðasviði. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að undirbúa NATO-þing sem haldið verður á Íslandi árið 2007 og að 1,5 m.kr. framlag vegna stöðu ritara Norðurskautsnefndar sem veitt var til þriggja ára á fjárlögum 2003 framlengist

ótímabundið og hækki um 1 m.kr. og verði 2,5 m.kr. Lagt er til að fjárveiting á viðfangsefni *1.10 Rekstur fasteigna* hækki um 10 m.kr. og stafar sú hækkun aðallega af hækkun fasteignagjalda og húsaleigu. Framlög til viðhaldsverkefna á *5.20 Fasteignir* lækka um 24 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verða 60 m.kr. Niður fellur 60 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til áframhaldandi viðhalds- og endurbóta á Alþingishúsinu. Í staðinn er lagt til að veitt verði 32 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi utanhússviðhalds. Einnig er gerð tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á fræðimannsíbúð Alþingis í húsinu Sankti Poulsgade 70 í Kaupmannahöfn. Nýlega samþykkti stjórn hússins að ráðast í gagngerar endurbætur á öllu húsinu og er hlutdeild fræðimannsíbúðarinnar í þeim kostnaði áætluð um 4 m.kr. Framlög til stofnkostnaðarverkefna á *6.01 Tæki og búnaður* lækka um 10 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verða 49,1 m.kr. Lagt er til að 15 m.kr. tímabundið framlag til endurgerðar upplýsingakerfa, sem veitt var á fjárlögum 2005, framlengist um eitt ár en lækki um 5 m.kr. og verði 10 m.kr. Niður fellur 9 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til endurnýjunar á tölvum alþingismanna og lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á innréttingum í kjallara hússins Austurstræti 8-10. Alþingi tók þar á leigu í 330 fm húsnæði í ársbyrjun 2005 og fyrirhugað að flytja þangað skjalasafn Alþingis á þessu ári og því næsta. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar Alþingis.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	641,1	670,8	718,3	7,1	12,0
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0	55,0	55,0	0,0	0,0
Fastanefndir	7,1	16,1	16,9	5,0	138,0
Alþjóðasamstarf	60,7	121,1	67,3	-44,4	10,9
Almennur rekstur	608,2	630,5	673,4	6,8	10,7
Sérverkefni	26,8	25,6	27,4	7,0	2,2
Rekstur fasteigna	141,8	146,8	163,7	11,5	15,4
Fasteignir	165,7	84,0	60,0	-28,6	-63,8
Tæki og búnaður	74,4	59,1	49,1	-16,9	-34,0
Samtals	**1.780,8**	**1.809,0**	**1.831,1**	**1,2**	**2,8**

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 90,1 m.kr. fjárveitingu til embættisins sem er 9,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 3,8 m.kr. Lögð er til 1 m.kr. fjárveiting til eflingar frumkvæðisathugana hjá embættinu. Eins er lagt til að veitt verði 1,5 m.kr. tímabundið framlag til að ráða lögfræðing eða laganema til að leggja grunn að útgáfu á fræðsluefni um stjórnsýslureglur og 1,3 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar á hluta af tölvubúnaði á skrifstofu embættisins.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 382,7 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 34,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 9 m.kr. og er hún af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að veitt verði 6 m.kr. tímabundið framlag til að mæta kostnaði við stjórnarfund samtaka evrópskra ríkisendurskoðenda sem haldinn verður hér á landi á næsta ári. Fundurinn stendur í tvo daga og sækja hann um 50 manns. Þýða þarf umræður á fundinum á fimm opinber tungumál samtakanna. Framlaginu er einnig ætlað að mæta útgjöldum við heimsókn frá aðilum innan finnsku stjórnsýslunnar til að kynna sér faglegt og fjárhagslegt eftirlit ráðuneyta. Hins vegar er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar á bifreið stofnunarinnar.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	734,3	650,8	719,0	10	-2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	382,4	358,0	250,6	-30	-34
Stofnkostnaður og viðhald	263,4	124,8	148,4	19	-44
Samtals	**1.380,1**	**1.133,6**	**1.118,0**	**-1**	**-19**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.133,6	1.118,0	-1	-
Innheimt af ríkistekjum	-	-	-	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**1.133,6**	**1.118,0**	**-1**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 1.145 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 27 m.kr. en þær nema 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.118 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 719 m.kr. og hækka um 68 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 11 m.kr. vegna fjölgunar stöðugilda hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 20 m.kr. vegna stjórnarskrárnefndar, 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu til óbyggðanefndar og 7 m.kr. vegna nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 107 m.kr. og verður 251 m.kr. en er 358 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vegur að niður fellur 100 m.kr. framlag til Kristnihátíðarsjóðs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 148 m.kr. og er það 24 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 25 m.kr. hækkun til sameiginlegra verkefna ráðuneyta hjá Íslenska upplýsingasamfélaginu.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	490	483	455	446
Annað	629	608	596	601
Samtals	**1.119**	**1.091**	**1.051**	**1.047**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlaga-

frumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Útgjaldaspáin fyrir málaflokka forsætisráðuneytisins byggist á þeim forsendum, en þó hefur verið tekið tillit til þess að niður falla tímabundnar fjárveitingar. Munar þar mest um fjárveitingar til stjórnarskrárnefndar, Vesturfaraseturs á Hofsósi, óbyggðanefndar og viðhalds hjá Fasteignum forsætisráðuneytis.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi, eins og tilgreint er í töflunni hér fyrir neðan, um uppbyggingu á þorpskjarnanum á Hofsósi og þjónustu á sviði menningartengsla milli Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Vesturfarasetrið á Hofsósi		22,0	22,0	12,0	12,0	0,0
Samtals		**22,0**	**22,0**	**12,0**	**12,0**	**0,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	215,4	220,1	242,6	10,2	12,6
Ýmis verkefni	344,1	210,2	241,9	15,1	-29,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**559,5**	**435,3**	**489,5**	**12,5**	**-12,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 35,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 20 m.kr. framlag til stjórnarskrárnefndar, 11 m.kr. fjárveiting vegna viðbótarstöðugildis lögfræðings á aðalskrifstofu, 10,5 m.kr. framlag vegna samnings um Jöklasetur á Höfn í Hornafirði og 7 m.kr. framlag vegna nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar en niður fellur 11,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til endurskoðunar almannavarna og björgunarmála.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 242,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 22,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 8 m.kr. Gerð er tillaga um 11 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við ráðningu lögfræðings á aðalskrifstofu ráðuneytisins en nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi í ráðuneytinu í kjölfar ráðherraskipta haustið 2004 og tilfærslu á starfsfólki milli forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Á móti kemur 3 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna aðhalds í rekstri. Vegna fækkunar fjárlagaviðfangsefna til einföldunar á framsetningu fjárlaga er auk þess lagt til að fjárveitingum á viðfangsefnið *1.20 Stjórnarráðshús* verði hætt og að fjárveitingar til verkefnisins verði framvegis veittar á viðfangsefnið *1.01 Yfirstjórn*.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 241,9 m.kr. og hækki að raungildi um 27,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangsefni *1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag* er lögð til 4 m.kr. fjárveiting, tímabundin í fjögur ár. Stjórn Hins íslenska fornritafélags hefur að undanförnu kannað hvort gefa mætti út í samvinnu við norsk stjórnvöld fjögur bindi af sögum Noregskonunga með norskum inngangi. Í tilefni af því að í ár eru liðin 100 ár frá endurreisn norska konungdæmisins samþykkti ríkisstjórnin á fundi þann 10. maí sl. að færa norsku þjóðinni að gjöf 500 eintök af vandaðri vísindalegri útgáfu af sögum Noregskonunga. Konungasögurnar skipa stóran sess í vitund Norðmanna og léku lykilhlutverk í sjálfstæðisbaráttu þeirra líkt og fornritin hér á landi. Áætlað er að fyrsta bindið komi út árið 2006 og hið síðasta árið 2009. Á viðfangsefni *1.18 Stjórnarskrárnefnd*, sem er nýtt viðfangsefni á fjárlögum, er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að mæta útgjöldum vegna starfa stjórnarskrárnefndar og sérfæðinganefndar stjórnarskrárnefndarinnar. Nefndin var skipuð af forsætisráðherra í upphafi árs 2005 og er ætlað að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í stjórnarskrárnefndinni eiga sæti níu manns og fjórir í sérfræðinganefndinni. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir árlegum kostnaði hjá stjórnarskrárnefndinni að fjárhæð 10,5 m.kr. og að kostnaður sérfræðinganefndarinnar verði svipaður. Kostnaður stjórnarskrárnefndar skiptist í launakostnað, kostnað við ráðstefnuhald, kynningarstarf, ferðakostnað og rekstrarkostnað. Kostnaður sérfræðinganefndar skiptist m.a. í þóknun, aðkeypta sérfræðiþjónustu, ferða- og útgáfukostnað, gagnaöflun og rekstrarkostnað.

Gert er ráð fyrir að starfstími nefndarinnar verði frá janúar 2005 fram í byrjun árs 2007. Forsætisráðuneytið veitir nefndunum ritaraþjónustu. Á viðfangi *1.23 Hrafnseyri* fellur niður 2,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2005 til ýmissa viðhaldsverkefna og gerð er tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu til að mæta auknum rekstrarkostnaði en vegna skipulagsbreytinga í starfseminni að Hrafnseyri í tengslum við ráðningu nýs staðarhaldara munu áherslur í rekstri safnsins breytast nokkuð. Á safnviðfanginu *1.90 Ýmis verkefni* er tillaga um 7 m.kr. fjárveitingu til að mæta útgjöldum vegna starfa nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar. Nefndin var skipuð af forsætisráðherra í upphafi árs 2005 og er ætlað að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar og koma með tillögur í því augnamiði að styrkja stöðu hennar. Ekki eru tímamörk á störfum nefndarinnar en í henni sitja 12 fulltrúar auk tveggja starfsmanna frá félagsmálaráðuneyti og forsætisráðuneyti. Þá er í samræmi við samning forsætisráðuneytis við sveitarfélagið Hornafjörð gerð tillaga um 10,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár til stuðnings við uppbyggingu Jöklaseturs á Höfn í Hornafirði. Í áformum um Jöklasetur er gert ráð fyrir að boðið verði upp á aðstöðu til vísindaiðkana tengdum Vatnajökli en tilurð setursins hefur verið skipulögð í samhengi við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Á viðfangið er einnig gert ráð fyrir 0,5 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna áforma um hagræðingu í rekstrarverkefnum og á viðfangi *5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum* er sömuleiðis lögð til 0,5 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við aðhaldsmarkmið. Niður fellur 11,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2005 til endurskoðunar almannavarna og björgunarmála. Aðrar breytingar á fjárveitingum einstakra viðfangsefna skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur hækkar heildarfjárveiting til málefnaflokksins um 22,7 m.kr. Munar mest um 24,5 m.kr. hækkun á framlögum til Íslenska upplýsingasamfélagsins, 10 m.kr. hækkun á fjárveitingu til óbyggðanefndar og 9 m.kr. lækkun hjá Norðurlandaskrifstofu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	38,1	67,7	74,6	10,2	95,8
Fasteignir Stjórnarráðsins	154,9	25,0	25,0	0,0	-83,9
Norræna ráðherranefndin	134,9	140,8	119,8	-14,9	-11,2
Umboðsmaður barna	24,1	25,8	27,4	6,2	13,7
Þjóðmenningarhúsið	92,3	76,8	81,4	6,0	-11,8
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	6,9	9,9	7,8	-21,2	13,0
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	79,6	35,4	31,9	-9,9	-59,9
Óbyggðanefnd	75,8	67,2	81,6	21,4	7,7
Ríkislögmaður	44,4	51,4	54,9	6,8	23,6
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	73,4	72,3	73,6	1,8	0,3
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun.	0,0	26,0	50,5	94,2	-
Samtals	**724,4**	**598,3**	**628,5**	**5,0**	**-13,2**

201 ***Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Gert er ráð fyrir 74,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 6,9 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum hækkar fjárveiting til viðhaldsverkefna um 4,6 m.kr. Tímabundin fjárveiting til seinni áfanga viðhaldsverkefna samkvæmt sérstakri áætlun lækkar úr 15 m.kr. í 10 m.kr. í samræmi við samþykkt fjárlaga 2004 um alls 30 m.kr. framlag til verkefnisins á þremur árum. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á fjárveitingum til viðhaldsverkefna en árlegt framlag til viðhalds þeirra fasteigna, sem undir liðinn heyra, hefur verið of lágt um langt skeið og fjarri því að vera nægjanlegt miðað við eðlilega viðhaldsþörf. Um er að ræða viðhald eftirtalinna húseigna og lóða forsætisráðuneytis og embættis forseta Íslands: Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, ráðherrabústaðurinn í Tjarnargötu, ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum, Staðastaður við Sóleyjargötu, íbúðarhús við Laufásveg og allar húseignir á Bessastöðum. Loks er gert ráð fyrir 0,4 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar í samræmi við aðhaldsmarkmið.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Gert er ráð fyrir 119,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 21 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 9 m.kr. Niður fellur 8,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið verður í Reykjavík nú í haust og gert er ráð fyrir 0,5 m.kr. almennri lækkun fjárveitingar vegna hagræðingar í rekstrarverkefnum.

251 ***Þjóðmenningarhúsið.*** Gert er ráð fyrir 81,4 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún að raungildi um 1 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir 7,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún að raungildi um 0,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Gert er ráð fyrir 31,9 m.kr. fjárveitingu til safnsins sem lækkar að raungildi um 5 m.kr. miðað við gildandi fjárlög. Lagt er til að 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til endurbóta á Gljúfrasteini og frágangs lóðar framlengist um eitt ár og verði 5 m.kr. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum að mestu á þessu ári.

261 Óbyggðanefnd. Gert er ráð fyrir 81,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 14,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 10 m.kr. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting í því skyni að mæta kostnaði umfram þær fjárheimildir sem þegar eru í ramma nefndarinnar. Tillagan byggist á kostnaði vegna áranna 2003 og 2004 en erfitt er að áætla með vissu kostnað vegna úrskurða og málflutningslauna í þeim málum sem koma til afgreiðslu nefndarinnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sótt um fjárveitingu til að mæta kostnaði umfram fjárheimildir vegna úrskurða og málflutningslauna á árinu 2004 og áætlaðri fjárvöntun á árinu 2005.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir 73,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún að raungildi um 0,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Áætlað að verja 50,5 m.kr. af nýju fé til upplýsingatækniverkefna sem eru sameiginleg öllum ráðuneytum. Þar af eru 5 m.kr. vegna innri vefjar stjórnarráðsins, 22 m.kr. vegna rafrænnar stjórnsýslu, 10 m.kr. til rafrænnar þjónustuveitu ríkis og sveitarfélaga og 13,5 m.kr. vegna staðla, lýsigagna og fræðsluvefjar um upplýsingatækni. Nánari upplýsingar um verkefni upplýsingasamfélagsins er að finna í kafla 3.4 að framan.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir liði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra liði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	21.641,9	23.436,8	26.308,6	12	22
Neyslu- og rekstrartilfærslur	10.689,8	11.147,2	11.898,8	7	11
Stofnkostnaður og viðhald	2.791,1	2.100,6	2.233,7	6	-20
Samtals	**35.122,8**	**36.684,6**	**40.441,1**	**10**	**15**
Greitt úr ríkissjóði	-	33.085,5	36.434,1	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	3.599,1	4.007,0	11	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**36.684,6**	**40.441,1**	**10**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 44.128 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast áætlaðar sértekjur að fjárhæð 3.687 m.kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins og hækka um 651 m.kr. milli ára. Þar af eru 345 m.kr. tímabundnar vegna fjármögnunar á framkvæmdum Háskóla Íslands.

Gjöld umfram tekjur eru 40.441 m.kr. og hækka um 3.757 m.kr. Þar af nema launa- og verðlagshækkanir 2.144 m.kr. en aðrar hækkanir nema samtals 1.613 m.kr. Af gjöldum umfram tekjur eru 36.434 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.007 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 26.309 m.kr. og hækka um 2.872 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 400 m.kr. til kennslu í framhaldsskólum, 227 m.kr. til rannsóknarmála, 266 m.kr. til kennslu í háskólum, 90 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem tengjast breyttri skipan náms til stúdentsprófs og 50 m.kr. til verkefna aðalskrifstofu. Á móti koma lækkanir um samtals 90 m.kr. á ýmsum liðum vegna aðhaldsaðgerða og niðurfelling á 74 m.kr. tímabundnum framlögum. Breytt skipting á gjaldategundir og fleira skýrir 17 m.kr. hækkun.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 752 m.kr. og verður 11.899 m.kr. Fyrir utan verðlagsbreytingar munar mest um 280 m.kr. hækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 84 m.kr. til eflingar sjálfsmats í framhaldsskólum, 60 m.kr. til rannsóknarmála, 34 m.kr. til Ríkisútvarpsins vegna tekna af afnotagjöldum og 30 m.kr. til sérsambanda ÍSÍ. Breytt skipting á gjaldategundir og fleira skýrir 67 m.kr. hækkun.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.234 m.kr. og er það 133 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 310 m.kr. aukinn stofnkostnaður háskóla, 45 m.kr. tímabundin framlög til safna og 39 m.kr. hækkun til rannsóknarmála og upplýsingatæknimála.

Á móti kemur að 230 m.kr. tímabundin framlög falla niður og 36 m.kr. stofnkostnaðarframlögum hjá söfnum er breytt í framlög til eignakaupa í rekstri. Aðrar breytingar skýra 5 m.kr. hækkun.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	572	577	583	589
Háskólar og rannsóknir	12.698	13.195	13.466	13.839
Framhaldsskólar	14.076	14.422	14.775	15.179
Grunnskólar	580	585	540	544
Námsaðstoð	4.984	5.139	5.294	5.450
Söfn, listastofnanir o.fl.	6.613	6.692	6.715	6.840
Annað	920	921	899	840
Samtals	**40.443**	**41.531**	**42.272**	**43.281**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið

felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka menntamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *háskóla og rannsókna* aukist um hátt í 3,5% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með fjölgun háskólanemenda og auknum framlögum til rannsóknasjóða í samræmi við stefnumörkun þar að lútandi. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *framhaldsskóla* vaxi árlega um upp undir 3% að meðaltali, aðallega vegna fjölgunar nemenda. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjölgun þeirra sem taka *námslán* auki útgjöld um nálægt 3% á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að tímabundnar *frestanir framkvæmda* við háskóla og menningarstofnanir að fjárhæð 200 m.kr. gangi til baka. Í fimmta lagi er reiknað með 300 m.kr. tímabundnum útgjöldum árin 2008 og 2009 vegna húsnæðis fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Í sjötta og síðasta lagi er miðað við að *tímabundin útgjöld falli niður* á tímabilinu. Þar munar mest um 390 m.kr. til framkvæmda háskóla, 100 m.kr. stofnstyrki til safna og menningarhúsa, 90 m.kr. til undirbúnings breytinga á skipan náms til stúdentsprófs, 80 m.kr. vegna styrkja til íþróttamannvirkja og 35 m.kr. til háhraðanets skólastofnana.

Forsendur útgjaldaáætlunarinnar fyrir menntamálaráðuneytið eru lítið breyttar frá langtímahorfunum sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.770 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 16% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	80	90	90	90	90
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	818	1.373	1.541	1.710	1.900
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	442	507	507	507	507
Stoðþjónusta, viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	88	88	88	88	88
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	179	217	217	217	217
Verzlunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	657	745	745	745	745
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	39	40	40	40	40
Íslenska óperan	B	167	176	176	176	176
Menningarsamstarf í 16 austfirskum sv.fél.	B	36	37	38	38	38
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, rekstur	C	3	4	4	4	4
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri, stofnk.	C	30	30	35	35	-
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	25	30	30	30	30
Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli, stofnk.	C	50	50	50	50	-
Bandalag íslenskra listamanna	C	2	2	2	2	2
Caput, tónlistarhópur	C	-	4	4	4	4
Evrópska skólamálanetið	C	2	2	2	2	-
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	5	5	5	-	-
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	C	63	66	66	66	66
Háhraðanet framh.sk. og símenntunarmiðst.	C	147	147	37	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	159	185	185	185	185
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	15	18	20	20	20
Hraðbraut, framhaldsskóli	C	156	163	163	163	163
Húsavíkurskólinn Hallormsstað, framh.skóli	C	18	20	20	20	20
Húsavíkurskólinn í Reykjavík, framh.skóli	C	25	24	24	24	24
Humbolt-háskóli, lektorsstaða í íslensku	C	3	3	3	3	3
Kammersveit Reykjavíkur	C	5	5	5	5	5
Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	C	18	18	18	18	18
Leiklistarsambandið	C	3	3	-	-	-
Listahátíð í Reykjavík	C	31	31	32	32	32
Lundur, nemendagarðar	C	28	28	28	28	28
Menntafélagið ehf, Fjöltækniskóli Íslands	C	220	252	252	252	252
Menningarhús á Ísafirði, stofnkostnaður	C	40	36	-	-	-
OECD, samanburðarrannsóknir á vegum PISA	C	4	4	4	4	4
Reykjavíkurakadaemían	C	10	12	12	12	12
Síldarminjasafn á Siglufirði, stofnkostnaður	C	35	15	15	10	-
Símenntunarmiðstöðvar á 9 stöðum	C	81	89	89	89	89
Snorrastofa í Reykholti	C	6	6	6	6	6
Stórsveit Reykjavíkur	C	-	2	2	2	2
Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	C	10	-	-	-	-
Tungumálamiðstöð í Austurríki	C	1	1	1	1	1
UCL, stuðningur við íslenskukennslu	C	-	2	2	2	2
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	37	37	37	37	37
Upplýsingakerfi framh.skóla, þrír samningar	C	27	10	-	-	-
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	5	5	5	5	5
Samtals		**3.770**	**4.582**	**4.600**	**4.722**	**4.815**

Samningar um rekstrarverkefni, sem menntamálaráðuneytið hefur gert með samþykki fjármálaráðuneytisins skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og fela í sér skuldbindingu fyrir ríkissjóð fram yfir fjárlagaárið, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.253 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 242 m.kr. Að lokum eru 1.262 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að og eru gerðir með fyrirvara um fjárveitingar en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að að jafnaði verði nálægt 4,8 milljarðar króna bundnir árlega vegna framangreindra verkefna eða 12% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Taflan sýnir því áætluð útgjöld vegna gildandi samninga og hvað reikna má með að verði varið til viðkomandi verkefna að óbreyttum forsendum óháð því hver annast verkefnin þegar gildandi samningur rennur út.

Unnið er að gerð samnings við Reykjavíkurakademíuna sem ekki hefur haft samning við menntamálaráðuneytið. Nýlokið er samningum um óperuflutning við Íslensku óperuna. Unnið er að endurnýjun samninga um háskólakennslu og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og Viðskiptaháskólann á Bifröst, um framhaldsskólakennslu við Verzlunarskóla Íslands, Hússtjórnarskólann Hallormsstað og Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Gert er ráð fyrir framlengingu á samningi við Listahátíð í Reykjavík. Samningar við símenntunarmiðstöðvar eru gerðir árlega. Á árinu 2006 renna út samningar um höfundarréttargreiðslur, um verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, um Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála, um listahátíð í Reykjavík, um framhaldsskólakennslu við Menntaskólann Hraðbraut, um upplýsingakerfi framhaldsskóla, við Leiklistarsambandið og við Akureyrarbæ um menningarmál. Reiknað er með að gera áfram samninga um þessi verkefni. Aðrir samningar renna út síðar eða eru ótímabundnir.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	469,2	450,9	553,6	22,8	18,0
Ráðstöfunarfé	0,0	18,0	18,0	0,0	-
Samtals	**469,2**	**468,9**	**571,6**	**21,9**	**21,8**

Heildarútgjöld nema 571,6 m.kr. og hækka um 68,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er um að ræða 50 m.kr. hækkun vegna verkefna ráðuneytisins sem hafa aukist á síðustu árum. Í öðru lagi eru 10,5 m.kr. millifærðar af lið *985 Alþjóðleg*

samskipti vegna launa vísindafulltrúa ráðuneytisins í Brussel sem hafa verið greidd af þeim lið en verða nú greidd af aðalskrifstofu. Í þriðja og síðasta lagi eru 8 m.kr. millifærðar af lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* í fjárlögum 2005 vegna breytinga á upplýsingatækniverkefnum.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknamiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora; 235–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Fjárlagaliður 211 Tækniháskóli Íslands fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	4.975,3	4.825,0	5.768,0	19,5	15,9
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	134,0	131,1	140,9	7,5	5,1
Raunvísindastofnun Háskólans	235,8	220,0	278,3	26,5	18,0
Stofnun Sigurðar Nordals	19,2	20,0	24,4	22,0	27,1
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	100,4	105,3	116,1	10,3	15,6
Orðabók Háskólans	28,7	26,5	30,2	14,0	5,2
Íslensk málstöð	19,8	18,2	20,2	11,0	2,0
Örnefnastofnun Íslands	17,4	15,0	16,2	8,0	-6,9
Samtals Háskóli Íslands og stofnanir hans	**5.530,6**	**5.361,1**	**6.394,3**	**19,3**	**15,6**
Háskólinn á Akureyri	876,4	819,0	955,1	16,6	9,0
Tækniháskóli Íslands	535,8	674,3	0,0	-	-
Kennaraháskóli Íslands	1.228,1	1.301,1	1.460,6	12,3	18,9
Námsmatsstofnun	38,8	20,7	27,2	31,4	-29,9
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	161,3	183,6	217,2	18,3	34,7
Háskólinn í Reykjavík	458,6	498,0	1.373,4	175,8	199,5
Listaháskóli Íslands	426,6	441,8	506,6	14,7	18,8
Rannsóknamiðstöð Íslands	104,1	96,1	111,5	16,0	7,1
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	2,6	116,1	126,3	8,8	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	30,0	90,0	110,0	22,2	266,7
Rannsóknasjóður	401,2	500,0	560,0	12,0	39,6
Tækjasjóður	89,9	110,0	110,0	0,0	22,4
Rannsóknarnámssjóður	52,1	60,0	60,0	0,0	15,2
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	154,6	170,0	70,0	-58,8	-54,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	97,0	236,8	205,7	-13,1	112,1
Alþjóðleg samskipti	520,9	516,8	409,8	-20,7	-21,3
Samtals	**10.708,6**	**11.195,4**	**12.697,7**	**13,4**	**18,6**

Heildargjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 15.208 m.kr. sem er 2.065 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 15,7%. Þar af er gert ráð fyrir að sértekjur standi undir 2.511 m.kr. sem er 564 m.kr. hækkun en af þeirri fjárhæð skýrast 345 m.kr. af fjármögnun framkvæmda við Háskólatorg og 92 m.kr. af leiðréttingu á umsvifum hjá háskólastofnunum á grundvelli ríkisreiknings 2003 þar sem sértekjur hafa verið vanáætlaðar. Leiðréttingin hefur ekki áhrif á fjárveitingar.

Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.697,7 m.kr. og hækka um 746,9 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs fyrir utan launa- og verðlagshækkanir.

Stærsti hluti útgjalda eru rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur, 9.654,5 m.kr., og nemur hækkun þeirra 433 m.kr. Af þeirri fjárhæð er áætlað að háskólarnir innheimti 9,2 m.kr. sem ríkistekjur.

Þyngst vegur að farið er fram á 266 m.kr. hækkun til kennslu í háskólum en að auki er 45,1 m.kr. millifærð af safnliðnum *299-1.91 Háskóla- og vísindastarfsemi* yfir á háskólana. Vegna sameiningar háskóla um mitt yfirstandandi ár eru fjárveitingar til *211 Tækniháskóla Íslands* í fjárlögum yfirstandandi árs millifærðar á *227 Háskólinn í Reykjavík* og jafnframt felld niður 33,5 m.kr. fjárheimild vegna kennslu sem áætlað var að Tækniháskólinn stæði undir með innheimtu ríkistekna. Þessi lækkun á fjárheimild hefur ekki áhrif á greiðslur ríkisins til skólanna. Kennslufjárveitingar skólanna hækka því samtals um 277,6 m.kr. og er áætlað að þær nemi 6.950,4 m.kr. í frumvarpinu.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangefnaliðum hjá hverjum skóla eins og áður var enda þótt menntamálaráðuneytið áætli, með sama hætti og áður, skiptingu þeirra í samræmi við reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Skólarnir eru samt ekki bundnir af þeirri skiptingu. Menntamálaráðuneytið lagði um ellefu þúsund nemendaígildi til grundvallar við skiptingu á kennsluframlagi á milli skólanna og mun það kynna þeim forsendur skiptingarinnar eins og samningarnir gera ráð fyrir.

Á safnliðnum *299-1.91 Háskóla- og vísindastarfsemi* eru 94,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð er 31,1 m.kr. ætluð Þekkingarsetri á Vestfjörðum sem einnig er nefnt Háskólasetur Vestfjarða og 7,3 m.kr. eru til að kosta rafrænan landsaðgang að erlendum vísindatímaritum sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur umsjón með. Þá standa eftir 56,2 m.kr. til að mæta ófyrirséðum útgjöldum háskólastofnana og til þess að koma til móts við stofnanir sem hafa lent í rekstrarerfiðleikum en tekist að snúa rekstrinum við. Miðað er við að menntamálaráðuneytið millifæri fjárveitingar af safnliðnum yfir á hlutaðeigandi stofnanir. Einnig er gert ráð fyrir að ráðuneytið millifæri af háskólum yfir á liðinn eigi þeir að fá lægra framlag en reglur um fjárveitingar og samningar við þá gera ráð fyrir m.a. á grundvelli nemendaforsendna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting til kennslu á verðlagi 2005	Breyting til rannsókna á verðlagi 2005	Kennsla, frumvarp 2006	Rannsóknir og annað, frumvarp 2006	Frumvarp 2006, alls
Háskóli Íslands	129,4	22,0	3.347,9	1.707,1	5.055,0
Háskólinn á Akureyri	58,2	-2,0	724,2	230,9	955,1
Tækniháskóli Íslands	-674,3	-56,3	0,0	0,0	0,0
Kennaraháskóli Íslands	33,4	0,0	1.027,1	433,5	1.460,6
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	14,9	5,5	173,2	44,0	217,2
Háskólinn í Reykjavík	683,6	167,8	1.171,4	202,0	1.373,4
Listaháskóli Íslands	32,4	0,0	506,6	0,0	506,6
Samtals	**277,6**	**137,0**	**6.950,4**	**2.617,5**	**9.567,9**

Í öðru lagi er lagt til að framlög til rannsóknarmála og tengdra verkefna aukist um 279 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og nemi 3.330,5 m.kr. í frumvarpinu. Af þessari hækkun fara 137 m.kr. til háskóla og 142 m.kr. til rannsóknasjóða, stoðkerfis rannsókna og alþjóðlegs samstarfs sem þessu tengist. Framlög til rannsókna og annarra verkefna en kennslu í háskólum eru áætluð 2.617,5 m.kr. og er stefna menntamálaráðuneytisins sú að skólar fái ákveðið grunnframlag til rannsókna og innra þróunarstarfs en að öðru leyti fjármagni þeir rannsóknir með sértekjum, meðal annars úr samkeppnissjóðum á sviði rannsókna. Miðað er við að aukin framlög til samkeppnissjóða skapi háskólunum sóknarfæri um leið og samkeppnin veitir aðhald. Af hækkun til Háskóla Íslands eru 2 m.kr. vegna áframhaldandi rannsókna á kúamjólk á vegum Rannsóknastofnunar í næringarfræði og er framlag til stofnunarinnar þá liðlega 6 m.kr. Lækkun til Háskólans á Akureyri er vegna tímabundins 2 m.kr. framlags til aðildar að Háskóla á norðurslóðum. Önnur hækkun til rannsóknarmála en sú sem fer beint til háskóla skiptist þannig að *231 Rannsóknamiðstöð Íslands* fær 10 m.kr. vegna hagtölugerðar og alþjóðasamstarfs, *235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni* fær 20 m.kr. hækkun, *236 Rannsóknasjóður* fær 60 m.kr. hækkun, *985 Alþjóðleg samskipti* fá 10 m.kr. hækkun vegna ferðakostnaðar og að lokum fara 30 m.kr. til Þekkingarseturs á Vestfjörðum og 7 m.kr. til landsaðgangs að vísindatímaritum eins og greint var frá að framan. Að lokum fær *223 Námsmatsstofnun* 5 m.kr. vegna húsaleigu eftir að hún flutti í nýtt húsnæði. Hækkun fjárveitinga til rannsóknasjóða er í samræmi við stefnumörkun sem kynnt var í fjárlagafrumvarpi 2004.

Í þriðja og síðasta lagi er gert ráð fyrir 6,6 m.kr. hækkun til *201-1.13 Háskólasjóðs* þar sem áætlað er að tekjur af sóknargjöldum aukist vegna fleiri greiðenda. Að auki hækkar framlag í sjóðinn um 4,9 m.kr. vegna launa- og verðlagsþróunar.

Stofnkostnaður vegna málefnaflokksins hækkar um 310 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og nemur 895 m.kr. Til hækkunar koma 390 m.kr. útgjöld *201 Háskóla Íslands* vegna framkvæmda við Háskólatorg sem verður þjónustumiðstöð á háskólasvæðinu og áætlað er að kosti í heildina 1,6 milljarða króna. Miðað er við að Happdrætti Háskóla Íslands leggi

skólanum til þessar 390 m.kr. og taki m.a. til þess langtímalán. Að auki er áætlað að framkvæma á árinu 2006 fyrir 345 m.kr. sértekjur sem samið var um að skólinn fái frá Háskólasjóði Eimskipafélagsins og frá Félagsstofnun stúdenta sem verður aðili að byggingunni. Samkvæmt þessu er áætlað að framkvæma samtals fyrir 735 m.kr. við Háskólatorg árið 2006. Á árinu 2005 eru ráðgerðar framkvæmdir fyrir 130 m.kr. sem fjármagnaðar verða með sértekjum frá Háskólasjóði Eimskipafélagsins og fyrir 735 m.kr. árið 2007 en þar af koma 345 m.kr. af sértekjum. Vegna aðhalds í ríkisútgjöldum er ákveðið að lækka *269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður* tímabundið um 100 m.kr. og fresta framkvæmdum sem eru á áætlun. Á fjárlagaliðnum standa þá eftir 70 m.kr. sem skiptast þannig að gert er ráð fyrir undirbúningi vegna byggingar húss undir háskólastofnanir sem fást við íslensk fræði, Listaháskóla Íslands og Tilraunastöð Háskólans á Keldum. Fjárveiting er áætluð 5 m.kr. á hvert þessara verkefna. Gert er ráð fyrir 15 m.kr. vegna kostnaðar við undirbúning fyrir fjórða áfanga Háskólans á Akureyri sem verður væntanlega liðlega 2 þúsund fermetra kennsluhúsnæði auk þess sem miðað er við að ljúka hönnun lóðar. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður 500 m.kr. og skiptist á nokkur ár. Að lokum er áætlað fyrir 30 m.kr. til að ljúka við lóð Kennaraháskóla Íslands.

Á móti kemur að tímabundið 17 m.kr. framlag vegna fulltrúa Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO á *985-1.90 Alþjóðleg samskipti* fellur niður. Þá er 49,1 m.kr. millifærð af viðfangsefnaliðnum. Í fyrsta lagi eru 9,5 m.kr. fluttar yfir á nýtt viðfangsefni *299-1.80 Vísindastarfsemi* auk þess sem 7,5 m.kr. eru millifærðar á nýja viðfangsefnið af *299-1.90 Háskólastarfsemi* sem áður hét Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Framlagi á viðfangsefninu Vísindastarfsemi, sem nemur 17,8 m.kr. eftir verðlagsuppfærslu, verður varið til samninga og annarra sameiginlegra útgjalda á sviði vísindamála. Í öðru lagi eru 18,5 m.kr. millifærðar yfir á *299-1.90 Háskólastarfsemi* vegna samninga á sviði háskólamála. Í þriðja lagi er 21,1 m.kr. millifærð yfir á aðra málefnafokka sem skiptast þannig að 10,5 m.kr. fara til *101 Aðalskrifstofu* vegna starfs vísindafulltrúa ráðuneytisins í Brussel og 10,6 m.kr. til *999 Ýmislegt* vegna samninga á sviði æskulýðs- og menningarmála. Á viðfangsefnalið *985-1.90 Alþjóðleg samskipti* standa þá eftir 34,3 m.kr. vegna ferðakostnaðar sem leiðir af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Þá er 34,1 m.kr. fjárveiting til Norrænu eldfjallastöðvarinnar á *299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* í fjárlögum yfirstandandi árs millifærð yfir á *203 Raunvísindastofnun Háskólans* þar sem Háskóli Íslands hefur tekið við verkefnum stöðvarinnar og rekur þau undir nafninu Norræna eldfjallasetrið. Áætlað er að setrið fái 37,3 m.kr. af fjárveitingu Raunvísindastofnunar í frumvarpinu.

Að síðustu eru 3 m.kr. millifærðar af *299-1.90 Háskólastarfsemi* yfir á *204 Stofnun Sigurðar Nordals* vegna verkefna sem stofnunin hefur annast gegn framlögum af viðfangsefninu.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309; 350–369; 505–581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla. Eftirfarandi breytingar eru á fjárlagaliðum frá fjárlögum yfirstandandi árs: 506 Vélskóli Íslands og 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík falla niður og færast verkefni þeirra og fjárveitingar yfir á 505 Fjöltækniskóla Íslands sem er nýr liður. Einnig fellur niður liðurinn 563 Tónlistarskólinn í Reykjavík og færist fjárveitingin á aðra framhaldsskóla. Liðurinn Snæfellsskóli í fjárlögum yfirstandandi árs heitir Fjölbrautaskóli Snæfellinga í frumvarpinu.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 14.788,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 1.529,9 m.kr. eða 11,5% frá fjárlögum 2005. Áætlað er að sértekjur standi undir 707,4 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 86,3 m.kr. frá fjárlögum og er einkum um að ræða leiðréttingu með hliðsjón af ríkisreikningi 2003.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 14.080,8 m.kr. og hækka um 454,8 m.kr. þegar launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Þar af er áætlað að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 13.361,8 m.kr. og hækki um 487,8 m.kr. en stofnkostnaður verði 719 m.kr. og lækki um 33 m.kr.

Hækkun rekstrarútgjalda og rekstrartilfærslna skiptist þannig að í fyrsta lagi er lagt til að rekstrarframlag hækki um 400 m.kr. með hliðsjón af spá um nemendafjölgun og um 30 m.kr. vegna rekstrargjalda sem tengjast sérkennslu. Á móti kemur að gerð er krafa um hagræðingu í rekstri skólanna. Af þeim sökum eru framlög til tiltekinna skóla lækkuð alls um 14,3 m.kr. auk þess sem nemendaframlög samkvæmt reiknilíkani eru skert um 0,6% til að mynda varasjóð á lið *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* til að koma til móts við kostnað sem einstakir skólar geta alls ekki borið vegna fleiri eða dýrari nemenda en miðað er við. Áætlað er að nemendaígildi verði á nítjánda þúsundið og mun menntamálaráðuneytið kynna skólunum viðmiðanir um nemendafjölda og aðrar forsendur um fjárveitingar til þeirra. Fyrirhugað er að skerðingin gangi til baka þurfi ekki að grípa til varasjóðsins. Áætlað er fyrir 100,2 m.kr. á safnliðnum í þessum skyni. Safnliðurinn verður einnig notaður til að millifæra fjárveitingar af skólum með umtalsvert færri nemendur en miðað er við.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	374,9	385,2	428,2	11,2	14,2
Menntaskólinn á Akureyri	342,0	335,1	362,3	8,1	5,9
Menntaskólinn að Laugarvatni	110,8	115,9	124,8	7,7	12,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	521,6	517,1	596,0	15,3	14,3
Menntaskólinn við Sund	338,7	337,5	362,8	7,5	7,1
Menntaskólinn á Ísafirði	192,8	185,0	208,7	12,8	8,2
Menntaskólinn á Egilsstöðum	183,3	176,9	218,6	23,6	19,3
Menntaskólinn í Kópavogi	519,4	586,1	631,3	7,7	21,5
Kvennaskólinn í Reykjavík	246,6	249,3	277,5	11,3	12,5
Fasteignir framhaldsskóla	93,1	67,3	70,0	4,0	-24,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	731,3	742,0	709,0	-4,4	-3,0
Framhaldsskólar, almennt	379,8	810,6	870,2	7,4	129,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	658,9	704,2	739,2	5,0	12,2
Fjölbrautaskólinn Ármúla	511,6	500,5	627,5	25,4	22,7
Flensborgarskóli	316,3	292,2	335,1	14,7	5,9
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	416,6	457,8	534,3	16,7	28,3
Fjölbrautaskóli Vesturlands	343,7	334,1	371,1	11,1	8,0
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	132,8	135,6	145,8	7,5	9,8
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	225,5	242,0	256,9	6,2	13,9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	442,0	433,3	523,3	20,8	18,4
Verkmenntaskóli Austurlands	139,9	134,1	153,5	14,5	9,7
Verkmenntaskólinn á Akureyri	704,5	695,6	832,6	19,7	18,2
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	379,3	341,6	387,2	13,3	2,1
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	64,5	79,9	82,1	2,8	27,3
Framhaldsskólinn á Húsavík	98,4	101,5	120,2	18,4	22,2
Framhaldsskólinn á Laugum	107,4	90,9	91,6	0,8	-14,7
Borgarholtsskóli	595,3	584,0	682,8	16,9	14,7
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	50,9	82,7	142,8	72,7	180,6
Menntaskólinn Hraðbraut	107,6	155,7	163,3	4,9	51,8
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	163,0	158,6	185,4	16,9	13,7
Símenntun og fjarkennsla	160,3	183,6	191,4	4,2	19,4
Fjöltækniskóli Íslands	0,0	0,0	251,8	-	-
Vélskóli Íslands	180,3	155,8	0,0	-	-
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	71,6	64,1	0,0	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	981,1	1.016,8	1.096,1	7,8	11,7
Iðnskólinn í Hafnarfirði	366,5	418,2	484,6	15,9	32,2
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24,5	25,1	23,6	-6,0	-3,7
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	17,9	18,3	20,0	9,3	11,7
Tónlistarskólinn í Reykjavík	6,7	6,7	0,0	-	-
Listdansskólinn	72,3	59,2	34,5	-41,7	-52,3
Sjómannaskólahúsið	0,5	0,0	0,0	-	-
Verzlunarskóli Íslands	596,2	657,1	744,7	13,3	24,9
Samtals	**11.970,4**	**12.637,2**	**14.080,8**	**11,4**	**17,6**

Að framangreindum breytingum gerðum hækka fjárveitingar til skólanna um 349,4 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og um 119,5 m.kr. til viðbótar þegar tekið er tillit til þess að stærsta hluta fjárveitinga til sérkennslu á safnlið *319-1.14 Sérkennsla* í gildandi fjárlögum er skipt á milli skólanna. Samtals skiptir reiknilíkan framhaldsskóla því 468,9 m.kr. meira milli skólanna en í fjárlögum 2005 sé litið fram hjá verðlagsuppfærslu. Alls er gert ráð fyrir að 369 m.kr. séu til ráðstöfunar vegna sérkennslu árið 2006 fyrir verðlagsuppfærslu, þar af eru 27,8 m.kr. á safnliðnum meðal annars vegna samnings við Barnaverndarstofu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting, verðlag 2005
Menntaskólinn í Reykjavík	8,9
Menntaskólinn á Akureyri	-0,6
Menntaskólinn að Laugarvatni	-0,5
Menntaskólinn við Hamrahlíð	33,1
Menntaskólinn við Sund	-4,7
Menntaskólinn á Ísafirði	8,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	25,4
Menntaskólinn í Kópavogi	-4,3
Kvennaskólinn í Reykjavík	5,9
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-26,6
Fjölbrautaskólinn Ármúla	80,3
Flensborgarskóli	17,2
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	35,2
Fjölbrautaskóli Vesturlands	8,5
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	-1,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-4,8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	50,8
Verkmenntaskóli Austurlands	8,1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	75,7
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	15,4
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	-4,1
Framhaldsskólinn á Húsavík	9,8
Framhaldsskólinn á Laugum	-6,2
Borgarholtsskóli	47,0
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	50,8
Menntaskólinn Hraðbraut	0,1
Fjöltækniskóli Íslands	13,8
Iðnskólinn í Reykjavík	-8,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	31,6
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	-3,1
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	0,1
Listdansskólinn	-28,4
Verslunarskóli Íslands	35,5
Samtals	**468,9**

Í öðru lagi verða þær breytingar á rekstrarútgjöldum og tilfærslum að áætlað er fyrir 83,9 m.kr. á nýju viðfangsefni *319-1.20 Sjálfsmatskerfi skóla* í þeim tilgangi að styrkja fjárhagslegt svigrúm framhaldsskóla til að efla sjálfsmatskerfi sín. Menntamálaráðuneytið mun skipta fjárhæðinni á milli skóla á grundvelli árangurs við framkvæmd sjálfsmats.

Í þriðja lagi er farið fram á 40 m.kr. tímabundna hækkun á fjárlagalið *319 Framhaldsskólar, almennt* vegna undirbúnings breytingum á skipan náms til stúdentsprófs. Skiptist fjárhæðin þannig að 20 m.kr. eru settar á *1.17 Námskrárgerð*, 10 m.kr. á *1.18 Námsefnisgerð* og 10 m.kr. á *1.20 Endurmenntun*.

Í fjórða lagi fær *411 Fullorðinsfræðsla fatlaðra* 12 m.kr. hækkun vegna menntunar geðfatlaðra.

Í fimmta lagi hækkar framlag á *319-1.28 Mat á skólastarfi* um 10 m.kr. vegna þátttöku í ýmsum alþjóðlegum samanburðarrannsóknum nemenda í grunnskólum.

Í sjötta og síðasta lagi eru 5 m.kr. millifærðar á nýtt viðfangsefni *319-1.29 Forvarnastarf í skólum* af 999-1.11 Forvarnastarf í skólum í fjárlögum yfirstandandi árs og fellur það viðfangsefni niður.

Á móti framangreindum hækkunum að fjárhæð 548,6 m.kr. kemur annars vegar niðurfelling á eins skiptis 37 m.kr. framlagi til tónlistarnáms í framhaldskólum á *319-1.37 Tónlistarnám* í fjárlögum yfirstandandi árs í samræmi við samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um að ríkið leggi á skólaárinu 2004-2005 út fyrir tónlistarkennslu sem metin er til eininga samkvæmt námskrá framhaldsskóla.

Hins vegar lækkar stofnkostnaður á lið *318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður* um 33 m.kr. í samræmi við samninga við sveitarfélögin um byggingu skóla. Fjárveiting á liðinn nemur 709 m.kr. í frumvarpinu. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að verja 200 m.kr. til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík og Menntaskólans í Reykjavík samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Þá er áætlað fyrir fjárveitingum til að gera upp hlut ríkisins í framkvæmdum sem þegar er lokið vegna Menntaskólans í Kópavogi, Fjölbrautaskóla Vesturlands og Framhaldsskóla Snæfellinga. Gert er ráð fyrir að uppgjöri vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja ljúki á árinu 2007. Framkvæmdir standa yfir við Flensborgarskóla og Menntaskólann á Egilsstöðum og er áætlað að uppgjör kostnaðar fari fram á árinu 2007. Gert er ráð fyrir 20 m.kr. framlagi til Byggingarfélags námsmanna vegna byggingar iðnnemaíbúða og 40 m.kr. til að lagfæra Héraðsskólahúsið á Laugarvatni utanhúss.

Auk breytinga, sem greint er frá að framan, eru útgjöld færð til innan málefnaflokksins. Í fyrsta lagi eru 6,7 m.kr., sem í fjárlögum yfirstandandi árs eru til tónlistarkennslu í framhaldsskólum á lið Tónlistarskólans í Reykjavík, færðar yfir á safnliðinn *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt*. Í öðru lagi eru 23 m.kr. til samræmdra stúdentsprófa millifærðar af safnliðnum yfir á *319-1.15 Prófkostnaður* vegna samræmdra stúdentsprófa. Að síðustu eru 16 m.kr. millifærðar af safnliðnum yfir á *1.12 Orlof kennara* vegna fjölgunar kennara sem fá námsorlof og er áætlað fyrir 144,1 m.kr. á viðfangsefnaliðnum.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	151,3	154,9	183,5	18,5	21,3
Námsgagnastofnun	336,3	344,1	396,8	15,3	18,0
Samtals	**487,6**	**499,0**	**580,3**	**16,3**	**19,0**

Heildarútgjöld málefnaflokksins nema 594,1 m.kr. og þar af standa sértekjur undir 13,8 m.kr. Að sértekjum frátöldum nemur heildarfjárveiting til málefnaflokksins 580,3 m.kr. og hækkar um 55 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að *720-1.37 Grunnskólar, almennt* hækka tímabundið um 20 m.kr. vegna endurmenntunar grunnskólakennara í tilefni af breytingum á skipan náms til stúdentsprófs. *725 Námsgagnastofnun* hækkar af sama tilefni tímabundið um 30 m.kr. vegna námsgagnagerðar og um 5 m.kr. vegna leigu á húsnæði þar sem áformað er að selja núverandi lagerhúsnæði í eigu ríkisins. Að lokum eru gjöld og sértekjur leiðréttar til lækkunar um 25 m.kr. með hliðsjón af ríkisreikningi 2003 án þess að það hafi áhrif á fjárveitingu.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.367,0	4.050,0	4.450,0	9,9	32,2
Jöfnun á námskostnaði	506,6	514,0	533,5	3,8	5,3
Samtals	**3.873,6**	**4.564,0**	**4.983,5**	**9,2**	**28,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 4.983,5 m.kr. og hækkar um 280 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa-, verðlags- og gengisbreytingar. Skýringarnar eru breytingar á endurgreiðslureglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna samkvæmt nýsamþykktum lögum um sjóðinn, breytingar á útlánareglum sem draga m.a. úr skerðingaráhrifum tekna á lántökur, aukin lán til skólagjalda innanlands, fjölgun lánþega og aukinn rekstrarkostnaður sjóðsins. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokksins: 901–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	38,4	42,4	45,2	6,6	17,7
Þjóðminjasafn Íslands	331,0	359,0	384,7	7,2	16,2
Þjóðskjalasafn Íslands	127,8	134,0	141,9	5,9	11,0
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	465,5	470,6	505,0	7,3	8,5
Listasafn Einars Jónssonar	12,7	14,4	15,4	6,9	21,3
Listasafn Íslands	98,4	116,7	129,3	10,8	31,4
Kvikmyndasafn Íslands	28,9	46,2	34,4	-25,5	19,0
Blindrabókasafn Íslands	55,0	65,0	63,6	-2,2	15,6
Safnasjóður	70,3	66,0	83,7	26,8	19,1
Söfn, ýmis framlög	162,0	115,8	144,3	24,6	-10,9
Samtals söfn	**1.390,0**	**1.430,1**	**1.547,5**	**8,2**	**11,3**
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	630,0	119,7	121,7	1,7	-80,7
Ríkisútvarpið	2.382,1	2.516,0	2.550,0	1,4	7,0
Íslenski dansflokkurinn	69,4	83,2	93,5	12,4	34,7
Þjóðleikhúsið	469,3	504,8	543,2	7,6	15,7
Sinfóníuhljómsveit Íslands	257,3	265,4	296,4	11,7	15,2
Menningarsjóður	8,8	13,0	13,0	0,0	47,7
Höfundarréttargjöld	99,4	96,8	99,3	2,6	-0,1
Listasjóðir	263,2	269,8	293,2	8,7	11,4
Húsafriðunarnefnd	124,2	133,1	48,2	-63,8	-61,2
Listskreytingasjóður	7,5	7,2	7,2	0,0	-4,0
Kvikmyndamiðstöð Íslands	373,7	373,9	377,0	0,8	0,9
Listir, framlög	611,7	621,0	622,6	0,3	1,8
Samtals	**6.686,6**	**6.434,0**	**6.612,8**	**2,8**	**-1,1**

Heildargjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 7.049,2 m.kr. sem er 204,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða 3%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 436,4 m.kr. sem er 25,4 m.kr. hækkun en af þeirri fjárhæð skýrast 21 m.kr. af leiðréttingu á umsvifum hjá stofnunum á grundvelli ríkisreiknings 2003.

Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 6.612,8 m.kr. og lækka um 8,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu skýringar eru þær að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur hækka um 106,1 m.kr. en framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar á móti um 114,9 m.kr. þar sem tímabundin framlög falla niður og stofnkostnaðarframlögum er breytt í framlög til eignakaupa í rekstri.

Lagt er til að framlag ríkissjóðs til safna nemi 1.547,5 m.kr. og hækki um 38,7 m.kr. þegar launa-og verðlagsbætur eru frátaldar. Í stað 2 m.kr. tímabundins framlags til *901 Fornleifaverndar ríkisins* vegna gagnagrunns um fornleifar, sem fellur niður, kemur jafnhátt framlag til að efla rekstur stofnunarinnar og breytist fjárveiting því ekki. Á lið *902 Þjóðminjasafn Íslands* fellur niður 11,5 m.kr. tímabundið framlag vegna byggða- og minjasafna en á móti kemur 20 m.kr. árlegt framlag árin 2006-2008 vegna forvörslu og undirbúnings sýninga á niðurstöðum fornleifarannsókna sem styrktar hafa verið úr Kristnihátíðarsjóði á síðustu árum. Hjá *905 Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni* er lagt til að breyta 23,5 m.kr. stofnkostnaðarframlagi til bókakaupa í framlag til eignakaupa í rekstri sem tekur verðlagshækkun. *907 Listasafn Íslands* fær 6 m.kr. hækkun vegna listaverkakaupa auk þess sem 10,8 m.kr. stofnkostnaðarframlagi til listaverkakaupa er breytt í framlag til eignakaupa í rekstri sem fær verðlagshækkun. Tímabundið 13,5 m.kr. stofnkostnaðarframlag til uppbyggingar *908 Kvikmyndasafns Íslands* fellur niður. Tímabundið 5 m.kr. framlag til *909 Blindrabókasafn Íslands* til að yfirfæra hljóðbækur á stafrænt form fellur sömuleiðis niður. Óskipt framlag í *918 Safnasjóð* hækkar um 15 m.kr. og er ráðstöfunarfé hans þá áætlað 83,7 m.kr. á árinu 2006.

919 Söfn, ýmis framlög hækkar samkvæmt frumvarpinu um 27,7 m.kr. Til hækkunar koma 20 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Víkinganausts í Reykjanesbæ sem miðað er við að fái alls 120 m.kr. árin 2006–2011; 5,7 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Síldarminjasafnsins á Siglufirði til viðbótar við 9,3 m.kr. sem voru fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs og er miðað við að safnið fái alls 40 m.kr. árin 2006–2008 og að lokum 10 m.kr. stofnkostnaðarframlag til safnahúss í Búðardal sem miðað er við að fái alls 30 m.kr. árin 2006–2008. Á móti kemur að tímabundið 5 m.kr. framlag til Galdrasýningar á Ströndum fellur niður auk þess sem rekstrarframlög til þriggja safna lækka sem hér segir: 0,7 m.kr. Listasafn ASÍ; 1,1 m.kr. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og 1,2 m.kr. Nýlistasafnið. Á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* eru 10,5 m.kr. sem áætlað er að skipta þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006
Tilnefning staða á Heimsminjaskrá UNESCO	6,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4,5
Samtals	**10,5**

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag á þennan fjárlagalið hækkar um 2 m.kr. og nemur 121,7 m.kr. Skýringarnar eru þær að tímabundið 10 m.kr. framlag til undirbúnings fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhús og sömuleiðis tímabundið 5 m.kr. framlag til Skriðuklausturs falla niður. Á móti kemur 17 m.kr. hækkun og nemur framlag á liðinn þá 121,7 m.kr. Skiptist það þannig: 36 m.kr. eru vegna lokagreiðslu samkvæmt samningi um menningarhús á Ísafirði; 24 m.kr. eru til byggðasafna; 20 m.kr. til Þjóðleikhússins; 20 m.kr. til Þjóðskjalasafnsins og 21,7 m.kr. eru óskiptar.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Framlag A-hluta ríkisins, sem fjármagnað er með tekjum sem stofnunin aflar með innheimtu afnotagjalda, hækkar um 34 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar greiðenda. Alls er áætlað að afnotagjöld skili 2.550 m.kr. tekjum.

972 ***Íslenski dansflokkurinn.*** Fjárveiting til rekstrar hækkar um 5 m.kr.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Veitt er 3,5 m.kr. tímabundið framlag til að ráða tónskáld. Sótt er um sömu fjárhæð í fjáraukalögum 2005 en lokaframlagið verður 3,5 m.kr. árið 2007.

977 ***Höfundarréttargjöld.*** Útgjöld aukast um 2,5 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtu gjaldanna.

979 ***Húsafriðunarnefnd.*** Niður falla tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2005, samtals að fjárhæð 86 m.kr.

982 ***Listir, framlög.*** Framlag á liðinn nemur 622,6 m.kr. og lækkar um 8,5 m.kr. vegna tímabundinna verkefna séu launa- og verðlagshækkanir frátaldar. Til hækkunar koma: 10 m.kr. til *1.40 Samnings við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* og 3 m.kr. til *1.43 Samnings við sveitarfélög á Austurlandi um menningarstarfsemi.* Á móti kemur að 17 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag til Menningarmiðstöðva á Austurlandi fellur niður. Auk þess falla eftirfarandi tímabundin framlög niður: *1.27 Tónlist fyrir alla* vegna tónlistar á landsbyggðinni, 1 m.kr. og *1.20 Tónverkamiðstöð Íslands* vegna skönnunar á tónverkasafni, 2 m.kr. Þá er framlag til Kvikmyndahátíðar í Reykjavík á samnefndu viðfangsefni í fjárlögum yfirstandandi árs millifært á lið *999 Ýmislegt.* Af 47 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni *1.24 Starfsemi atvinnuleikhúsa* eru 17,5 m.kr. ætlaðar Hafnarfjarðarleikhúsinu Hermóður og Háðvör samkvæmt samningi fyrir tímabilið 2005–2009 sem gerir í heildina ráð fyrir 92,5 m.kr. ríkisframlagi til leikhússins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til málefnaflokksins: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt. Liðurinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið í fjárlögum yfirstandandi árs fellur niður en fjárveitingin færist til.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	40,4	29,2	39,0	33,6	-3,5
Kvikmyndaskoðun	9,0	9,1	9,1	0,0	1,1
Ýmis fræðistörf	59,3	63,4	84,8	33,8	43,0
Norræn samvinna	22,5	13,0	13,0	0,0	-42,2
Æskulýðsmál	136,7	129,5	117,7	-9,1	-13,9
Ýmis íþróttamál	336,5	314,8	318,3	1,1	-5,4
Uppbygg. menntunar og menningar á landsbyggð	1,8	0,0	0,0	-	-
Tungutækni	27,0	0,0	0,0	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	131,8	106,0	0,0	-	-
Ýmislegt	161,8	221,1	332,5	50,4	105,5
Samtals	**926,8**	**886,1**	**914,4**	**3,2**	**-1,3**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 930,2 m.kr., samanborið við 901 m.kr. í fjárlögum 2005, en þar af er gert ráð fyrir að sértekjur standi undir 15,8 m.kr. útgjöldum. Að sértekjum frádregnum nema útgjöldin 919,4 m.kr. og þar af standa ríkistekjur undir 6,7 m.kr. Beint framlag til málefnaflokksins nemur 907,7 m.kr. og hækkar um 16,6 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Innbyrðis breytingar eru töluverðar. Þannig hækka framlög til rekstrar og rekstrartilfærslna nettó um 45,6 m.kr. en á móti lækka stofnkostnaðarframlög nettó um 16,6 m.kr. Tímabundin framlög að fjárhæð 47,5 m.kr. falla niður en á móti koma hækkanir að fjárhæð 64,1 m.kr.

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Lagt er til að framlag á liðinn hækki um 7,2 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar er um að ræða 6 m.kr. vegna táknmálstúlkunar fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi þeirra og hins vegar 1,2 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu.

983 Ýmis fræðistörf. Liðurinn hækkar í heildina um 18,4 m.kr. Hækkun að fjárhæð 22,4 m.kr. skýrist með millifærslu framlaga til eftirfarandi þriggja viðfangsefna af *999 Ýmislegt*: *1.52 Skriðuklaustur*, 11,3 m.kr.; *1.53 Snorrastofa*, 6,1 m.kr. og *1.54 Fornleifasjóður*, 5 m.kr. Á móti kemur að 3 m.kr. tímabundið framlag til *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag* fellur niður. Framlög til Hins íslenska fornritafélags og Sögufélagsins, sem nema 0,5 m.kr. á hvort félag í fjárlögum yfirstandandi árs, eru millifærð yfir á *999 Ýmislegt*. Á *1.10 Fræðistörf* er 10,7 m.kr. fjárveiting sem verður að hluta til varið til samstarfsverkefnis menntamálaráðuneytisins, Húsafriðunarnefndar, Þjóðminjasafns Íslands, Fornleifaverndar ríkisins og Biskupsstofu um útgáfu á ritröðinni Kirkjur Íslands.

988 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 12 m.kr. lækkun til Ungmennafélags Íslands sem fær 52 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Af þeirri fjárhæð, sem stendur eftir, eru 10 m.kr. til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina.

989 Ýmis íþróttamál. Liðurinn hækkar um 1,8 m.kr. fyrir utan verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru: 45,3 m.kr. hækkun til rekstrar og rekstrartilfærslna sem skiptist þannig: *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* hækkar um 30 m.kr. til að efla fræðslu og upplýsingagjöf á vegum sérsambanda á landsvísu og stuðla þannig að aukinni þátttöku í íþróttum. *1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* hækkar um 0,3 m.kr. samkvæmt samningi við Akureyrarbæ. *1.22 Launasjóður stórmeistara í skák* hækkar um 3 m.kr. vegna fjölgunar stórmeistara um einn og er þá áætlað fyrir launum fjögurra. *1.29 Afreksmannasjóður* fær 5 m.kr. hækkun og nemur framlag ríkisins í sjóðinn þá 30 m.kr. Í samningi menntamálaráðuneytisins við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er gert ráð fyrir jafn háu framlagi árin 2007 og 2008. Að lokum fær *1.31 Lyfjaeftirlit* 7 m.kr. framlag á nýjum viðfangsefnalið sem er millifært af 999-1.98 Ýmislegt. Hluti framlagsins verður greiddur Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands sem annast eftirlitið hér á landi en hluti þess verður greiddur Alþjóðlegu lyfjaeftirlitsstofnuninni.

Á móti framangreindum hækkunum kemur niðurfelling á tímabundnum framlögum að fjárhæð 43,5 m.kr. Annars vegar rekstrarframlag að fjárhæð 1 m.kr. til Skáksambandsins vegna Gerpluskákar 2005 og 2,5 m.kr. til Bridge-sambandsins vegna Ólympíumóts í bridds. Hins vegar stofnkostnaðarframlög að fjárhæð 40 m.kr., þar af 25 m.kr. til sparkvalla, 5 m.kr. til Gaddastaða, 5 m.kr. til skíðamannvirkja í Skarðsdal og 5 m.kr. til skíðasvæðisins í Tungudal.

999 Ýmislegt. Liðurinn hækkar um 107,2 m.kr. nettó auk launa- og verðlagshækkana. Helstu breytingar eru: *1.13 Útvarpsréttarnefnd* er ætlað 6,5 m.kr. hærra rekstrarframlag vegna aukinna verkefna. *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* hækkar um 12,1 m.kr. og nema 53,6 m.kr. í frumvarpinu. Áætlað er fjárhæðin skiptist þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006
Sögufélagið	0,5
Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
Hið íslenska fornritafélag	0,5
Ýmsir alþjóðasamningar	10,6
Samningar og styrkir á grundvelli umsókna	40,5
Samtals	**53,6**

Fluttar eru samtals 27,4 m.kr. af fjárlagaliðnum yfir á aðra liði. Þannig eru fluttar á liðinn *983 Ýmis fræðistörf* 11,3 m.kr. vegna Skriðuklausturs sem lækkar jafnframt um 1 m.kr. vegna tímabundins framlags til fornleifarannsókna, 6,1 m.kr. vegna Snorrastofu og 5 m.kr. vegna Fornleifasjóðs. Á *319 Framhaldsskólar, almennt* eru fluttar 5 m.kr. vegna Forvarnastarfs í skólum.

Á nýju viðfangsefni *6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni* er gert ráð fyrir 117 m.kr. framlagi til þróunarverkefna í upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum. Viðfangsefnið tekur við verkefnum og fjárveitingum frá 996 Íslenska upplýsingasamfélaginu sem er með 106 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og fellur þar með niður auk þess sem því er ætluð 11 m.kr. hækkun. Framlag á viðfangsefnaliðinn skiptist þannig að 41 m.kr. er til verkefna sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið á vegum forsætisráðuneytisins hefur samþykkt gegn að minnsta kosti jafnháu framlagi menntamálaráðuneytisins. Til þessara verkefna er ætlunin að verja alls 82 m.kr. en til annarra upplýsingatækniverkefna er ætlunin að verja 35 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006
Breyttir starfshættir og aukið samstarf milli mennta- og menningarstofnana.	10,0
Miðlun hljóð- og sjónminjaarfs. Að færa eldra efni yfir á stafrænt form.	10,0
Stafrænt námsefni í tengslum við breytta skipan náms til stúdentsprófs.	38,0
Endurnýjun á Sarpi, menningarsögulegu upplýsingakerfi.	12,0
Nýtt upplýsinga- og umsýslukerfi fyrir hina fjölmörgu styrkja- og samkeppnissjóði ríkisins.	12,0
Samtals verkefni sem verkefnisstjórn hefur samþykkt	**82,0**
Árleg ráðstefna um notkun upplýsingatækni í menntamálum.	5,0
Þróun Menntagáttar, vefgáttar um miðlun menntaefnis.	10,0
Smíði gagnagrunns fyrir námskrá.	5,0
Verkefni til að fylgja eftir upplýsingatæknistefnu menntamálaráðuneytisins "Áræði með ábyrgð"	15,0
Samtals	**117,0**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir liði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra liði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.80	Vísindastarfsemi	Sameiginleg verkefni og samningar á sviði vísindamála.
02-299-1.90	Háskólastarfsemi	Sameiginleg verkefni háskóla.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.90	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.672,0	3.989,7	4.401,6	10	20
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.100,4	2.735,9	3.091,2	13	47
Stofnkostnaður og viðhald	207,6	184,1	54,0	-71	-74
Samtals	**5.980,0**	**6.909,7**	**7.546,8**	**9**	**26**
Greitt úr ríkissjóði	-	5.656,6	6.171,1	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.253,1	1.375,7	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**6.909,7**	**7.546,8**	**9**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 7.906 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 359 m.kr. en þær nema 4,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 7.547 m.kr. og af þeirri fjárhæð er 6.171 m.kr. fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.376 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.402 m.kr. og hækka um 412 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar mest um tillögur um samtals 202 m.kr. til eflingar þróunarmála. Í öðru lagi 69 m.kr. vegna eflingar og leiðréttingar á launum aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Í þriðja lagi 36 m.kr. vegna fjölgunar sérsveitarmanna á Keflavíkurflugvelli. Í fjórða og síðasta lagi 27 m.kr. vegna opnunar sendiráðs á Indlandi.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 355 m.kr. og verður 3.901 m.kr. en er 2.736 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vega í fyrsta lagi 326 m.kr. til eflingar þróunarmála. Í öðru lagi 91 m.kr. vegna hærri tekna af lendingargjöldum og öryggisgjaldi Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli sem færast sem tilfærslur yfir í B-hluta. Í þriðja lagi er ósk um 50 m.kr. vegna flutninga fyrir NATO.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 54 m.kr. og er það 130 m.kr. lækkun milli ára. Stærsta breytingin er að fellt er niður 112 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2005 til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	1.024	984	994	1.004
Keflavíkurflugvöllur	1.669	1.696	1.723	1.751
Sendiráð og fastanefndir	1.545	1.537	1.552	1.567
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	3.006	3.784	4.318	4.320
Útflutningsmál	303	306	309	312
Samtals	**7.547**	**8.307**	**8.896**	**8.954**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2005, eru í fyrsta lagi að nú er gert ráð fyrir að framlög til málaflokksins *Sendiráð og fastanefndir* lækki á milli áranna 2006 og 2007 um 0,5% í stað 1% aukningar í fyrri spá. Skýrist það af 23 m.kr. fjárveitingu vegna opnunar nýs sendiráðs á Indlandi sem fellur niður 2007. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til málaflokksins *Þróunarmál og alþjóðastofnanir* aukist um 26% á milli áranna 2006 og 2007 í stað 14% aukningar í fyrri spá. Skýrist það af markmiðum ríkisstjórnarinnar um aukningu á framlögum til þróunarmála fram til ársins 2008. Markmiðið felur í sér að framlög Íslendinga til þróunarmála verði 0,35% af VLF árið 2008. Að öðru leyti eru forsendur fyrir langtímaáætlun þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga 2005.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Liðurinn Íslenska upplýsingasamfélagið í fjárlögum 2005 fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti , aðalskrifstofa	825,7	850,9	985,8	15,9	19,4
Ýmis verkefni	45,2	92,9	32,7	-64,8	-27,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**870,9**	**952,8**	**1.023,5**	**7,4**	**17,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 12,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 985,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 134,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2005. Gjöld á *1.10 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa* hækka um 140,2 m.kr. og nema 936,4 m.kr. Í fyrsta lagi er sótt um samtals 69,2 m.kr. fjárveitingu til eflingar aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna ræðismannaráðstefnu, ráðherranefndar EFTA og til leiðréttingar á launagrunni ráðuneytisins. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 11,5 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna formennsku Íslands í Eystrasaltsráðinu. Í fjárlögum 2005 var samþykkt að veittar yrðu 3,6 m.kr. árið 2005 og færi upp í 15,1 m.kr. árið 2006. Því er

framlagið hækkað um 11,5 m.kr. til samræmis við tillögu í fjárlögum 2005. Í þriðja lagi er óskað eftir 10 m.kr. fjárveitingu til menningartengdrar starfsemi sendiskrifstofa. Í fjórða lagi er áætlað fyrir 4 m.kr. fjárveitingu vegna tímabundinnar ráðningar sérfræðings á varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins. Í fimmta lagi er óskað eftir 1 m.kr. framlagi vegna framkvæmdar samnings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um opna lofthelgi. Í sjöunda lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag vegna formennsku Íslands hjá Alþjóðabankanum. Í áttunda lagi er lagt til að framlag vegna fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum NATO í Brussel lækki úr 8 m.kr. í 5 m.kr. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar lækkar um 61,2 m.kr. og verður 32,7 m.kr. Niður falla annars vegar 57 m.kr. tímabundið framlag vegna heimssýningarinnar í Japan og hins vegar 5,4 m.kr. tímabundið framlag vegna vinnu við landgrunnsgreinargerð. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

Keflavíkurflugvöllur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld málefnaflokksins nema 1.668,8 m.kr. og hækka um 207,4 m.kr. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 660,3 m.kr. og hækka um 116,6 m.kr. Á *1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli* er sótt um 8 m.kr. framlag til að efla fíkniefnaeftirlit, m.a. með fjölgun fíkniefnahunda. Á viðfangsefnið er millifært 4,6 m.kr. framlag af viðfangsefni *1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli* hjá fjármálaráðuneytinu. Fjárheimildin hefur verið millifærð árlega til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli en er nú færð varanlega. Á *1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli* er óskað eftir 36 m.kr. framlagi vegna fjölgunar sérsveitarmanna í lögreglu. Í fjárlögum 2005 var veitt fjárheimild til ráðningar tveggja sérsveitarmanna en hér er gert ráð fyrir fjölgun um sex sérsveitarmenn í samræmi við áætlanir ríkisstjórnarinnar um fjölda þeirra á árinu 2006. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Áætlað er að ríkistekjur af lendingargjöldum og öryggisgjaldi, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, verði samtals 1.008,5 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir því að tekjur af öryggisgjaldi hækki um 49,8 m.kr. og verði 452,5 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkistekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs hækki um 41 m.kr. og verði 556 m.kr. Framlag, sem rennur til stofnunarinnar í B-hluta fjárlaga, hækkar því um 90,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Nánar er fjallað um fjárreiður Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í umfjöllum um B-hluta fyrirtæki.

Sendiráð og fastanefndir

Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 1.545 m.kr. og lækka um 151,3 m.kr. Lagt er til að framlag til sendiráða og fastanefnda verði 1.492 m.kr. og lækkar um 38 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlag til stofnkostnaðar lækkar um 117,4 m.kr. og munar þar mest um niðurfellingu á 111,6 m.kr. tímabundnu framlagi vegna byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	1.785,8	1.696,3	1.545,0	-8,9	-13,5
Samtals	**1.785,8**	**1.696,3**	**1.545,0**	**-8,9**	**-13,5**

Helstu breytingar á framlögum á liðnum eru eftirfarandi: Á *viðfangsefninu 1.01 Sendiráð Íslands* er í fyrsta lagi lagt til að rekstrarfjárheimild verði aukin um 27 m.kr. vegna opnunar sendiráðs á Indlandi. Reiknað er með því að árlegur rekstrarkostnaður verði um 55 m.kr. en utanríkisráðuneytið áformar að mæta því sem á vantar með lækkun útgjalda annarra sendiráða og fastanefnda. Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. vegna viðskiptafulltrúa í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn. Samkvæmt samstarfssamningi Útflutningsráðs, dansk-íslenska verslunarráðsins og utanríkisráðuneytisins hefur ráðuneytið undanfarin ár greitt þriðjung kostnaðar vegna viðskiptafulltrúans. Nú er óskað eftir sérstöku framlagi til greiðslu alls kostnaðarins. Í þriðja lagi er sótt um 1,5 m.kr. til að leiðrétta laun staðarráðins starfsfólks hjá sendiráði Íslands í Berlín. Í fjórða lagi er sótt er um 1,2 m.kr. fjárveitingu til að ráða staðarráðinn ritara sem nú er í hálfu starfi í fullt starf hjá sendiráði Íslands í Moskvu. Þetta er vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi um útgáfu vegabréfsáritana Á *5.21 Viðhald fasteigna* er sótt um 4,1 m.kr. fjárveitingu vegna viðhalds fasteigna utanríkisráðuneytisins erlendis. Á stofnkostnaðarviðfangsefnin *6.01 Tæki og búnaður* er áætlað fyrir tímabundnu framlagi að fjárhæð 23 m.kr. vegna innréttinga og tækjabúnaðar sendiráðsins á Indlandi. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga, samtals lækkun um 102,7 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	72,7	74,5	70,6	-5,2	-2,9
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	75,9	74,9	75,5	0,8	-0,5
Sendiráð Íslands í London	98,1	87,8	94,4	7,5	-3,8
Sendiráð Íslands í Moskvu	73,8	73,3	69,2	-5,6	-6,2
Sendiráð Íslands í Ósló	58,7	56,7	52,6	-7,2	-10,4
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	108,8	93,5	86,7	-7,3	-20,3
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	48,0	42,4	39,3	-7,3	-18,1
Sendiráð Íslands í Washington	86,7	103,5	83,0	-19,8	-4,3
Fastanefnd Íslands í New York	122,5	199,5	120,4	-39,6	-1,7
Skrifstofa aðalræðismanns í New York	52,5	0,0	44,6	-	-15,0
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	125,6	125,3	116,2	-7,3	-7,5
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	86,6	77,9	72,2	-7,3	-16,6
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	86,2	72,4	67,1	-7,3	-22,2
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	61,4	52,2	48,4	-7,3	-21,2
Sendiráð Íslands í Peking	71,1	60,8	56,4	-7,2	-20,7
Sendiráð Íslands í Ottawa	39,9	54,5	30,5	-44,0	-23,6
Sendiráð Íslands í Tókíó	61,6	63,2	58,6	-7,3	-4,9
Sendiráð Íslands í Helsinki	51,7	45,8	42,5	-7,2	-17,8
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	33,4	30,0	27,8	-7,3	-16,8
Sendiráð Íslands í Mapútó	22,4	24,5	22,7	-7,3	1,3
Aðalræðismaður í Winnipeg	19,2	0,0	20,0	-	4,2
Sendiráð Íslands í Róm	0,0	0,0	20,0	-	-
Sendiráð Íslands í Nýju Dehli	0,0	0,0	27,0	-	-
Samtals	**1.456,8**	**1.412,7**	**1.345,7**	**-4,7**	**-7,6**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	486,3	717,8	946,7	31,9	94,7
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	369,4	420,6	658,9	56,7	78,4
Alþjóðastofnanir	861,8	1.380,4	1.400,7	1,5	62,5
Samtals	**1.717,5**	**2.518,8**	**3.006,3**	**19,4**	**75,0**

Fjárveiting til málefnaflokksins nemur 3.006,3 m.kr. og hækkar um 487,5 m.kr. Helstu breytingar eru þær að framlag til eflingar þróunarmála eykst um 527,8 m.kr. og óskað er eftir 50 m.kr. framlagi vegna flutninga fyrir NATO. Launa- og gengisbreytingar lækka framlag til málefnaflokksins um 65 m.kr. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Útgjöld nema 946,7 m.kr. og hækka um 228,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* er sótt um 4 m.kr. vegna launaútgjalda. Einnig er sótt um 2,6 m.kr. í rekstrarframlög til ÞSSÍ. Á *1.11 Þróunaraðstoð* er farið fram á 213,4 m.kr. hækkun vegna aukinna umsvifa í þróunaraðstoð.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlag til þessa liðar nemur 658,9 m.kr. og hækkar um 238,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er sótt um 121,9 m.kr. fjárveitingu til almennra framlaga á sviði þróunarmála. Um er að ræða framlög til alþjóðastofnana, sjóða og verkefna á sviði þróunarsamvinnu, m.a. til að kosta veru íslenskra starfsmanna hjá alþjóðastofnunum, vegna samstarfs við alþjóðastofnanir á sviði orkumála í þróunarríkjunum, til verkefna á sviði þjálfunar og þekkingaruppbyggingar í þróunarríkjunum, vegna verkefna á sviði sjálfbærra fiskveiða í þróunarríkjunum, til að veita viðbótarframlög til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og Menningarmálastofnunar SÞ og framlag til sérstaks styrktarsjóðs fyrir íslensk fyrirtæki sem eru í samstarfi við einkafyrirtæki eða stjórnvöld í þróunarríkjum. Í öðru lagi er sótt um 49,9 m.kr. framlag til mannúðarmála og neyðaraðstoðar á *1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð.* Í þriðja lagi er óskað eftir 20 m.kr. fjárveitingu vegna jarðhitanámskeiða í Afríku og M-Ameríku auk fjölgunar meistaranema á viðfangsefni *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna.* Í fjórða lagi er sótt um 12,8 m.kr. hækkun til Sjávarútvegskólans. Auknu framlagi verði fyrst og fremst varið til þess að þróa og halda námskeið í samstarfslöndum og bjóða nemendum skólans upp á styrk til framhaldsnáms á Íslandi. Í fimmta lagi er sótt um 9,7 m.kr. fjárveitingu til Alþjóðabarnahjálparstofnunarinnar UNICEF. Framlagið er veitt sem liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að vinna að bættum hag barna, ungmenna og kvenna í þróunarlöndum. Í sjötta lagi er sótt um 8,3 m.kr. til hjálparstarfs SÞ fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM. Fyrirhugað er að auka enn frekar stuðning við verkefni á sviði kvenréttinda í þróunarríkjum. Í þessu felst m.a. barátta fyrir almennum mannréttindum og lagalegri stöðu kvenna í þróunarríkjunum. Í sjöunda lagi er sótt um 5,2 m.kr. til þróunaraðstoðar SÞ, UNDP. Þetta er liður í aukinni áherslu Íslands á samstarf við stofnanir SÞ í þróunarsamvinnu. Markmiðið er að draga úr fátækt með því að stuðla að félagslegri og efnahagslegri þróun í þróunarríkjum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Framlag til Alþjóðastofnana nemur 1.400,7 m.kr. og hækkar um 20,3 m.kr. Í fyrsta lagi er á *1.87 Íslensk friðargæsla* sótt um 72 m.kr. fjárveitingu til íslensku friðargæslunnar. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum hinn 24. október 2002 að beita sér fyrir fjölgun friðargæsluliða þannig að þeir verði orðnir 50 árið 2006 í stað 2008 eins og gert var ráð fyrir. Í öðru lagi er sótt um 50 m.kr. fjárveitingu vegna

flutninga fyrir NATO árið 2006 á *1.85 Alþjóðleg friðargæsla.* Í frumvarpi til fjáraukalaga er sótt um 87 m.kr. vegna flutninganna í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Í þriðja lagi er sótt um 8 m.kr. framlag til átaks í lækkun skulda þróunarríkjanna, HIPC, en samkvæmt áætlunum þurfa þátttakendur átaksins að auka framlög sín til þess á næstu árum. Í fjórða lagi er á móti fellt niður 30 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefni *1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja.* Í fimmta og síðasta lagi er óskað eftir 4,7 m.kr. framlagi til áfangagreiðslu vegna byggingar nýrra höfuðstöðva NATO í Brussel. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflokks. Framlag nemur 303,2 m.kr. og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 9,4 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.281,4	2.314,7	2.538,3	10	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	9.606,7	9.540,8	10.236,7	7	7
Stofnkostnaður og viðhald	541,7	442,9	192,9	-56	-64
Samtals	**12.429,8**	**12.298,4**	**12.967,9**	**5**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	-	10.723,3	11.382,0	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.575,1	1.585,9	1	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	**-**	**12.298,4**	**12.967,9**	**5**	**-**

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 13.744 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 776 m.kr. en þær nema 5,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 12.968 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 11.382 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en 1.586 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.538 m.kr. og hækka um 223 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 12 m.kr. framlag til styrkingar starfsemi aðalskrifstofu ráðuneytisins, 44 m.kr. til styrkingar á fjárhagsgrunni Landbúnaðarháskóla Íslands og 36 m.kr. til styrkingar á fjárhagsgrunni Hólaskóla. Fjárveiting til Landgræðslu ríkisins lækkar um 14 m.kr. og framlag til Skógræktar ríkisins lækka um sömu fjárhæð vegna kröfu um aðhald í rekstri.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 696 m.kr. og verður 10.237 m.kr. en er 9.541 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vega hækkanir á samningsbundnum greiðslum vegna búvöruframleiðslu, þar af 253 m.kr. vegna mjólkurframleiðslu, 140 m.kr. vegna sauðfjárframleiðslu og 61 m.kr. vegna grænmetisframleiðslu, ásamt 145 m.kr. hækkun á framlögum til Bændasamtaka Íslands.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 193 m.kr. og er það 250 m.kr. lækkun milli ára. Mest munar um að niður fellur 146 m.kr. framlag til Lánasjóðs landbúnaðarins en lög um sjóðinn falla úr gildi í árslok 2005 auk þess sem með nýjum búnaðarlagasamningi fellur niður 90 m.kr. framlag til Bændasamtaka Íslands vegna jarðabóta og ýmissa þróunarverkefna.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	320	322	319	321
Landbúnaðarstofnanir	1.382	1.387	1.401	1.415
Skógrækt og landgræðsla	1.213	1.224	1.235	1.247
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.179	8.092	8.047	8.003
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.874	1.849	1.844	1.836
Samtals	**12.968**	**12.874**	**12.846**	**12.822**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka landbúnaðarráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Greiðslur vegna búvöruframleiðslu* lækki að jafnaði um rúm 0,7% milli ára. Skýrist það einkum af því að í nýjum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu lækka samningsgreiðslurnar um 1% á ári. Reiknað er með óbreyttum greiðslum vegna sauðfjár- og grænmetisframleiðslu að öðru leyti en því að 30 m.kr. tímabundin fjárveiting í styrki til úreldingar á gróðurhúsum fellur niður árið 2007. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málefnaflokkinn *Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar,* lækki að jafnaði um tæp 0,7% milli ára. Skýrist það einkum af því að í nýjum búnaðarlagasamningi lækka framlög ríkisins til Bændasamtaka Íslands um 1,3% að jafnaði milli ára á gildistíma áætlunarinnar.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök og einkaaðila um framlög sem áætlað er að nemi samtals um 7.886 m.kr. á yfirstandandi ári og svarar það til um 60% af heildargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	4.152,0	4.390,0	4.346,0	4.302,4	4.259,4
Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða	B	2.765,0	2.902,0	2.902,0	0,0	0,0
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	294,5	355,3	325,3	325,3	325,3
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	609,8	636,4	631,0	621,7	612,7
Stofnfiskur	B	24,0	26,2	0,0	0,0	0,0
Landgræðsluskógar	B	20,0	20,0	20,0	20,0	0,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	15,7	15,7	0,0	0,0	0,0
Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin	A	5,3	4,6	4,6	4,6	4,6
Samtals		**7.886,3**	**8.350,2**	**8.228,9**	**5.274,0**	**5.202,0**

Samningar, sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður um 615 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 7.271 m.kr. Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða rennur út í árslok 2007. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði um 8.000 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra samninga.

Plöntukaup landshlutabundinna skógræktarverkefna hafa verið felld út úr töflunni miðað við samsvarandi töflu í síðasta fjárlagafrumvarpi því að þar er ekki um að ræða samninga sem landbúnaðarráðuneytið gerir heldur sér stjórn hvers verkefnis um plöntukaup og samningagerð. Sama á við um aksturskostnað dýralækna og rekstrarframlag til Skógræktarfélags Íslands en í hvorugu tilvikinu grundvallast fjárveitingin á samningi við landbúnaðarráðuneytið.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	191,3	192,5	219,1	13,8	14,5
Ýmis verkefni	119,7	99,9	94,9	-5,0	-20,7
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**311,0**	**298,4**	**320,0**	**7,2**	**2,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 6,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækki um 12 m.kr. til að styrkja starfsemi skrifstofunnar, framlag til verkefna á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins, sem nú er 10 m.kr., var áður veitt á fjárlagalið *04-996* í málefnaflokknum Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar er nú veitt á fjárlagalið *04-190 Ýmis verkefni* og 11,7 m.kr. framlag vegna mats á búvörum flyst til Landbúnaðarstofnunar.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 219,1 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það 26,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 12 m.kr. og gengur til eflingar almennri starfsemi á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

190 Ýmis verkefni. Þó nokkrar tilfærslur verða á fjárveitingum á þennan fjárlagalið, bæði vegna fækkunar viðfangsefna til einföldunar á framsetningu fjárlaga og eins vegna þess að verkefni flytjast yfir á aðra fjárlagaliði. Í því skyni er 8 m.kr. framlag, sem veitt var óskipt á viðfang *1.90 Ýmis verkefni* á fjárlögum 2005, flutt á nýtt viðfang *1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis*. Þangað flyst einnig 0,5 m.kr. framlag sem áður var veitt á viðfang *1.21 Landþurrkun* ásamt 1,9 m.kr. framlagi sem áður var veitt á viðfang *1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti*. Gert er ráð fyrir að framlög til fjárlagaliðarins verði alls 94,9 m.kr. og lækki því að raungildi um 5,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting á nýtt viðfangsefni *6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum* en þar af eru 5 m.kr. millifærðar af fjárlagalið *04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* sem veittar voru til verkefnisins á fjárlögum 2005 en aðrar 5 m.kr. eru nýtt fé samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar Íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða verkefnið „Upplýsingatækni í dreifbýli“ sem er átaksverkefni á vegum landbúnaðarráðuneytis um tölvu- og tækniværðingu til sveita. Aðrar breytingar á liðnum eru þær að til frekari einföldunar á framsetningu fjárlaga og fækkunar viðfangsefna er 4,1 m.kr. framlagi,

sem áður var veitt á viðfang *1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir,* skipt til helminga milli Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins og í samræmi við lög um Landbúnaðarstofnun, sem taka munu gildi um næstu áramót, flyst til stofnunarinnar 11,7 m.kr. framlag sem áður var veitt á viðfang *1.12 Mat á búvörum.* Eftirfarandi tafla sýnir ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis á viðfangi *1.98.*

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
04-190-1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis		
Endurskoðun laga, m.a. lög um lax- og silungsveiði	0,0	4,0
Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	0,0	2,0
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1,9	1,9
Landþurrkun	0,5	0,5
Óskipt	8,0	2,3
Samtals	**10,4**	**10,7**

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 221 Veiðimálastofnun; 234 Landbúnaðarstofnun; 262 Landbúnaðarháskóli Íslands; 271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Niður falla fjárlagaliðirnir: 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir og 236 Aðfangaeftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	206,3	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðimálastofnun	56,1	49,2	51,4	4,5	-8,4
Landbúnaðarstofnun	0,0	0,0	519,6	-	-
Veiðimálastjóri	23,3	26,6	0,0	-100,0	-100,0
Yfirdýralæknir	414,9	379,0	0,0	-100,0	-100,0
Aðfangaeftirlit ríkisins	36,4	45,2	0,0	-100,0	-100,0
Landbúnaðarháskóli Íslands	299,8	509,3	572,8	12,5	91,1
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	251,1	170,3	216,4	27,1	-13,8
Garðyrkjuskóli ríkisins	117,7	0,0	0,0	-	-100,0
Hagþjónusta landbúnaðarins	18,6	19,1	21,6	13,1	16,1
Samtals	**1.424,2**	**1.198,7**	**1.381,8**	**15,3**	**-3,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 108,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 44 m.kr. hækkun á framlag til Landbúnaðarháskóla Íslands og 36 m.kr. hækkun á framlagi til Hólaskóla til að styrkja fjárhagslegan grundvöll skólanna. Auk þess hækkar framlag til Landbúnaðarstofnunar um 15,9 m.kr. á grundvelli hærri ríkistekna stofn-

unarinnar. Í eftirfarandi undirköflum er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

234 ***Landbúnaðarstofnun.*** Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um Landbúnaðarstofnun. Lögin öðlast gildi 1. janúar 2006 og tekur stofnunin yfir starfsemi yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits ríkisins, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands, kjötmatsformanns við mat á búvörum og veiðimálastjóra auk hluta af starfsemi sem Bændasamtök Íslands hafa annast ásamt tilteknum verkefnum sem landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Til stofnunarinnar millifærist alls 472,1 m.kr. fjárheimildagrunnur gildandi fjárlaga vegna þeirrar starfsemi sem hún yfirtekur sem nánar tiltekið er 379 m.kr. af lið *04-233 Yfirdýralæknir*, 45,2 m.kr. af lið *04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins*, 9,6 m.kr. af lið *04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands*, 11,7 m.kr. af fjárlagaviðfangi *04-190-1.12 Mat á búvörum* og 26,6 m.kr. af lið *04-222 Veiðimálastjóri*. Enn fremur er lagt til að fjárheimildir stofnunarinnar hækki um 15,9 m.kr. á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur og verða þá fjárveitingar hennar fyrir utan launa- og verðlagsbætur alls 488 m.kr. Launa- og verðlagsbætur nema 31,6 m.kr. og er því gert ráð fyrir alls 519,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á árinu 2006.

262 ***Landbúnaðarháskóli Íslands.*** Gert er ráð fyrir 572,8 m.kr. fjárveitingu til skólans og er það 63,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 34,4 m.kr. og er hún þríþætt. Í fyrsta lagi er lögð til 25 m.kr. fjárveiting vegna viðhaldsverkefna til að tryggja nauðsynlegt viðhald á fasteignum skólans sem fyrirhugað er að verði framvegis í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Í öðru lagi er farið fram á 19 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn skólans en halli hefur verið á rekstri skólans undanfarin ár og hefur hann ítrekað verið á fjáraukalögum. Í þriðja lagi lækkar fjárveiting skólans um 9,6 m.kr. þar sem plöntueftirlit, sem skólinn hefur fram til þessa haft með höndum, flyst til Landbúnaðarstofnunar.

271 ***Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.*** Gert er ráð fyrir 216,4 m.kr. fjárveitingu til skólans sem er 46,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 36 m.kr. sem lagt er til að veitt verði til styrkingar á rekstrargrundvelli skólans. Er tillagan í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar og samkomulag milli forsætisráðherra, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra um fjárhagsmálefni skólans.

293 ***Hagþjónusta landbúnaðarins.*** Lögð er til 21,6 m.kr. fjárveiting til liðarins sem er 2,5 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 1 m.kr. fjárveiting vegna flutnings í nýtt húsnæði. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 331 Héraðsskógar og 343 Landshlutabundin skógrækt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	463,7	488,6	495,2	1,4	6,8
Skógrækt ríkisins	230,7	230,7	228,0	-1,2	-1,2
Héraðsskógar	96,4	105,9	108,0	2,0	12,0
Landshlutabundin skógrækt	299,6	366,2	381,8	4,3	27,4
Samtals	**1.090,4**	**1.191,4**	**1.213,0**	**1,8**	**11,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 25,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um alls 28 m.kr. lækkun framlaga til Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins vegna breyttrar forgangsröðunar.

311 ***Landgræðsla ríkisins.*** Gert er ráð fyrir 495,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og lækkar hún að raungildi um 11,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 14 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar í samræmi við útgjaldaramma landbúnaðarráðuneytisins. Á móti kemur að millifærð er 2,1 m.kr. fjárheimild af fjárlagaviðfangi *04-190-1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir*, sbr. umfjöllun um þann lið. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

321 ***Skógrækt ríkisins.*** Gert er ráð fyrir 228 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og lækkar hún að raungildi um 11,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Lögð er til 13,9 m.kr. lækkun á fjárveitingu til stofnunarinnar í samræmi við útgjaldaramma landbúnaðarráðuneytisins. Á móti kemur að millifærð er 2 m.kr. fjárheimild af fjárlagaviðfangi *04-190-1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir*, sbr. umfjöllun um þann lið. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

331 ***Héraðsskógar.*** Gert er ráð fyrir 108 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún að raungildi um 2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem niður fellur tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til gerðar gagnagrunns um skógrækt sem unnið hefur verið að á undanförnum árum í samstarfi við önnur landshlutabundin skógræktarverkefni, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbótum.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.448,3	4.588,0	4.841,0	5,5	8,8
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.852,1	2.843,0	2.983,0	4,9	4,6
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	289,3	294,5	355,3	20,6	22,8
Samtals	**7.589,7**	**7.725,5**	**8.179,3**	**5,9**	**7,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 165,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum hækkunum vegna áætlaðra verðbóta samkvæmt samningum. Þar af hækka greiðslur vegna mjólkurframleiðslu um 86,7 m.kr., greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu hækka um 31 m.kr. og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu hækka um 47,8 m.kr. Munar þar mest um 54,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til niðurgreiðslna á raforkuverði til gróðurhúsalýsingar.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.841 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það hækkun um 253 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Verðlagsuppfærsla nemur 166,3 m.kr. og raunhækkun fjárveitingarinnar er því 86,7 m.kr. Þar af eru 70,7 m.kr. samkvæmt niðurstöðu reiknilíkans yfir nýjan samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem undirritaður var 10. maí 2005 og tók yfir eldri samning þann 1. september sl. en 16 m.kr. eru samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af verðtilfærslugjaldi á innvegna mjólk. Helstu breytingar á stuðningsfyrirkomulagi ríkisins frá fyrri samningi eru þær að stuðningurinn verður ekki lengur ákveðið hlutfall af verði mjólkur eins og verið hefur heldur hefur verið samið um fastar heildarfjárhæðir beingreiðslna. Á viðfangsefni *1.01 Beinar greiðslur til bænda* er lögð til 168,7 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans en stefnt er að því að taka uppgjör á eldri samningi inn í lokafjárlög fyrir árið 2005. Fjárveiting á viðfangsefni *1.02 Líferissjóður bænda* lækkar um 6,3 m.kr. en framlagið miðast við 4% af beinum greiðslum til bænda. Á viðfangsefni *1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi* er farið fram á 105,7 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af framlögum til Bændasamtaka Íslands vegna kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt í samræmi við nýja samninginn. Á viðfangsefni *1.06 Gripagreiðslur* er farið fram á 140 m.kr. fjárheimild í samræmi við samninginn en gripagreiðslur verða teknar upp frá og með verðlagsárinu 2006–2007 og ganga til eigenda kúa sem eru einstaklingsmerktar og hafa átt að minnsta kosti einn kálf samkvæmt upplýsingum úr einstaklingsmerkingakerfinu MARK. Lagt er til að fjárveiting

á viðfangsefni *1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk* verði 296 m.kr. og hækki um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af gjaldinu.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir 2.983 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem er hækkun um 140 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af nemur verðlagsuppfærsla 109 m.kr. Raunhækkun fjárveitingarinnar er því 31 m.kr. og er í samræmi við niðurstöður reiknilíkans yfir gildandi samning um framleiðslu sauðfjárafurða. Fjárveiting á viðfang *1.01 Beinar greiðslur til bænda* lækkar um 80 m.kr. en á móti hækkar fjárveiting um 104 m.kr. á viðfangsefni *1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar* en báðar breytingarnar rekja sig að mestu leyti til þess að álagsgreiðslur hækka úr 17,5% í 20% af beingreiðslum. Fjárveiting á viðfang *1.05 Niðurgreiðslur á ull* hækkar um 4 m.kr. og fjárveiting á viðfang *1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður* hækkar um 3 m.kr.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Gert er ráð fyrir 355,3 m.kr. fjárveitingu til liðarins og er það hækkun um 60,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Verðlagsuppfærsla nemur 13 m.kr. en að frádreginni 2,5% hagræðingarkröfu samkvæmt samningi nemur hún 5,6 m.kr. og raunhækkun fjárveitingarinnar því 55,2 m.kr. Lögð er til 55,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til niðurgreiðslu á raforkuverði til garðyrkjubænda á viðfangi *1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt.* Með nýju raforkulögunum fellur niður eftirgjöf Landsvirkjunar og RARIK af aflgjaldi til garðyrkjubænda sem áætluð var um 45 m.kr. við breytinguna. Mismunurinn skýrist af aukinni raforkunotkun. Sótt er um jafnmikla hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 en á fjárlögum voru 34,8 m.kr. veittar til niðurgreiðslnanna.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Fjárlagaliðir 823 Lánasjóður landbúnaðarins og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið falla niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	420,7	433,0	488,3	12,8	16,1
Búnaðarsjóður	195,8	260,0	280,0	7,7	43,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	185,7	185,0	160,0	-13,5	-13,8
Lánasjóður landbúnaðarins	113,6	146,0	0,0	-100,0	-100,0
Verðmiðlun landbúnaðarvara	121,8	101,6	104,2	2,6	-14,4
Fóðursjóður	582,5	520,0	615,0	18,3	5,6
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	144,5	82,0	84,0	2,4	-41,9
Fiskeldisrannsóknir	24,0	27,7	26,2	-5,4	9,2
Fiskræktarsjóður	23,3	17,1	17,1	0,0	-26,6
Greiðslur vegna riðuveiki	69,3	52,0	52,0	0,0	-25,0
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	108,1	55,0	47,0	-14,5	-56,5
Íslenska upplýsingasamfélagið	17,5	5,0	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**2.006,8**	**1.884,4**	**1.873,8**	**-0,6**	**-6,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 35,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 30,8 m.kr. hækkun á framlögum til Bændasamtaka Íslands í kjölfar nýs búnaðarlagasamnings, 95 m.kr. hækkun fjárveitingar til fóðursjóðs og að niður fellur 146 m.kr. framlag til Lánasjóðs landbúnaðarins en lög um sjóðinn falla úr gildi í árslok 2005.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir 488,3 m.kr. fjárveitingu til Bændasamtaka Íslands og er það 55,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum áætluðum verðbótum nemur hækkunin 30,8 m.kr. Fjárveitingar til Bændasamtaka Íslands grundvallast á nýjum samningi um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2006 til 2010 sem undirritaður var þann 17. maí 2005. Áfram er auk þess veitt sérstök fjárveiting vegna aksturskostnaðar dýralækna. Lögð er til 373,3 m.kr. fjárveiting á viðfangsefni *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt.* Er þar um að ræða 337,7 m.kr. samningsbundin grunnframlög auk 11,1 m.kr. vegna aksturskostnaðar dýralækna og 24,5 m.kr. áætluðum verðbótum á hvorutveggja. Á viðfangsefni *1.13 Þróunarverkefni og markaðsverkefni* er tillaga um 115 m.kr. samningsbundin framlög.

818 Búnaðarsjóður. Fjárveiting til Búnaðarsjóðs er fjármögnuð með ríkistekjum af búnaðargjaldi. Áætlað er að gjaldið skili 280 m.kr. tekjum á árinu og er það 20 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga. Lagt er til að öllum tekjum af gjaldinu verði ráðstafað til Búnaðarsjóðs.

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Í samræmi við samning við Bændasamtök Íslands frá 17. maí 2005 lækkar framlag ríkisins til sjóðsins um 25 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður 160 m.kr.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af verðmiðlunargjöldum landbúnaðarins er gert ráð fyrir að gjöldin skili 104,2 m.kr. tekjum á árinu og er það 2,6 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga. Lagt er til að öllum tekjunum verði ráðstafað til verðmiðlunar landbúnaðarvara.

827 Fóðursjóður. Fjárveiting til fóðursjóðs er fjármögnuð með aðflutningsgjöldum af innfluttu fóðri og hráefnum í það. Áætlað er að gjöldin skili 615 m.kr. tekjum á árinu og er það 95 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga. Lagt er til að öllum tekjunum verði ráðstafað til fóðursjóðs.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Lagt er til að fjárveiting til liðarins verði 84 m.kr. sem er 2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Fjárveitingin er fjármögnuð með afgjöldum og söluandvirði ríkisjarða Áætlað er að afgjaldstekjur ríkisjarða hækki um 2 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

841 Fiskeldisrannsóknir. Gert er ráð fyrir 26,2 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Framlag, sem veitt var á fjárlögum 2005 til uppgjörs á samningi við Stofnfisk, lækkar um 1,5 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til samningsbundinnar hagræðingarkröfu og verðbóta fyrir árið 2006.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gert er ráð fyrir 47 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Fjárveitingin lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þar sem tímabundið framlag til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri sem veitt var á fjárlögum 2005 lækkar og verður 22 m.kr.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	*Heiti*	*Ráðstöfun*
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.953,9	1.989,0	2.229,7	12	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	429,9	478,6	473,3	-1	10
Stofnkostnaður og viðhald	295,0	55,0	15,4	-72	-95
Samtals	**2.678,8**	**2.522,6**	**2.718,4**	**8**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.397,9	2.603,2	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	124,7	115,2	-8	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**2.522,6**	**2.718,4**	**8**	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 3.582 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 864 m.kr. en þær nema 24% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.718 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.603 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 115 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.230 m.kr. og hækka um 241 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. til veiðieftirlits, 30 m.kr. til rannsóknarmála og 45 m.kr. millifærslu af viðhalds- og stofnkostnaði yfir á rekstur.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 5 m.kr. og verður 473 m.kr. en er 479 m.kr. í fjárlögum ársins 2005.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 15 m.kr. og er það 40 m.kr. lækkun milli ára og skýrist að mestu með millifærslu yfir á rekstrargjöld.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	361	364	367	370
Rannsóknir og eftirlit	2.358	2.379	2.400	2.421
Samtals	**2.719**	**2.743**	**2.767**	**2.791**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 190 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	160,8	168,0	202,7	20,7	26,1
Ýmis verkefni	198,2	165,7	155,2	-6,3	-21,7
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**359,0**	**336,7**	**360,9**	**7,2**	**0,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 15 m.kr. ef launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Farið er fram á að *101 Sjávarútvegráðuneytið, aðalskrifstofa* hækki um 22,3 m.kr. Annars vegar vegna 10 m.kr. framlags til að bæta öryggismál í ráðuneytinu og hins vegar vegna millifærslu á 12,3 m.kr. af *190 Ýmis verkefni* vegna launa starfsmanna við sérstök verkefni og er hér eingöngu um að ræða breytta framsetningu. Fjárhæðin skiptist þannig að 5,3 m.kr. koma af viðfangsefni *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* og 7 m.kr. af *1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins.*

Á *190-6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna* er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi þar sem verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið á vegum forsætisráðuneytis hefur samþykkt verkefnið gegn að minnsta kosti jafnháu mótframlagi sjávarútvegsráðuneytisins sem tekið verður af ónotaðri fjárveitingu til verkefnisins sem veitt var í fjárlögum árin 2003 og 2004. Millifærðar eru 18,6 m.kr. af *190-1.90 Ýmislegt* yfir á nýtt viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins*. Ráðgert er að skipta framlaginu þannig:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3,0
Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins	6,0
Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna milliríkjasamninga	9,6
Samtals	**18,6**

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 210 Sjóður til síldarrannsókna; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 801 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.012,7	1.005,9	1.059,9	5,4	4,7
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	167,4	196,5	225,4	14,7	34,6
Fiskistofa	649,9	653,6	727,4	11,3	11,9
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	56,9	35,0	34,6	-	-
Sjóður til síldarrannsókna	2,4	0,0	0,0	-	-
Verðlagsstofa skiptaverðs	20,4	23,3	25,0	7,3	22,5
Gengismunasjóður	-2,2	0,0	0,0	-	-
Gæða- og orkufjársjóður	0,3	0,0	0,0	-	-
Sjávarspendýrasjóður	0,9	0,0	0,0	-	-
Veiðarfærarannsóknir	-1,3	0,0	0,0	-	-
Tækjasjóður matvælarannsókna	1,4	0,0	0,0	-	-
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	16,3	10,4	10,4	0,0	-36,2
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-9,5	0,0	0,0	-	-
Matvæla- og sjávarútvegsgarður	-10,0	0,0	0,0	-	-
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	97,6	200,0	210,0	5,0	115,2
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	252,9	0,0	0,0	-	-
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	63,7	61,2	64,8	5,9	1,7
Samtals	**2.319,8**	**2.185,9**	**2.357,5**	**7,9**	**1,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 62 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Lagt er til að *203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins* fái 6 m.kr. hækkun sem skiptist þannig að 10 m.kr. eru aukið framlag til verkefnis sem hefur það markmið að auka öryggi útflutningstekna og 7,8 m.kr. vegna húsaleigu útbús stofnunarinnar í nýju rannsóknarhúsi á Akureyri en á móti kemur krafa um 1,8 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda. *204 Fiskistofa* hækkar samkvæmt frumvarpinu um 36,4 m.kr. Annars vegar er farið fram á 30 m.kr. vegna fyrsta áfanga áætlunar til ársins 2008 um að veiðieftirlit verði í meira mæli rekið frá starfsstöðvum á landsbyggðinni. Hins vegar er sótt um 6,4 m.kr. vegna þess að sértekjur, sem stofnunin fékk til að standa straum af kostnaði við innheimtu fyrir Þróunarsjóð, falla niður en stofnunin innheimtir þess í stað veiðigjald fyrir í ríkissjóð og er umfang þessara verkefna svipað. *207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins* lækkar um 0,4 m.kr. Að lokum er lagt til að framlag í *801 Rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs* aukist um 10 m.kr. og nemi 210 m.kr. í frumvarpinu.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir liði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra liði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
05-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	11.878,0	12.472,8	13.797,1	11	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.007,6	3.116,0	3.337,4	7	11
Stofnkostnaður og viðhald	295,4	299,2	504,2	69	71
Samtals	**15.181,0**	**15.888,0**	**17.638,7**	**11**	**16**
Greitt úr ríkissjóði	-	15.839,5	17.579,5	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	59,6	70,3	18	-
Viðskiptahreyfingar	-	-11,1	-11,1	0	-
Samtals	-	**15.888,0**	**17.638,7**	**11**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 18.311 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 672 m.kr. en þær nema tæplega 4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.639 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 17.580 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og um 70 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 11 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 13.737 m.kr. og hækka um 1.324 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um tæplega 100 m.kr. aukningu á framlögum til ríkislögreglustjóra til að efla starf sérsveitar lögreglunnar. Þá má nefna að áætlað er að útgjöld vegna opinbers málskostnaðar og opinberrar réttaraðstoðar aukist um 65 m.kr. á næsta ári, að gert er ráð fyrir 73 m.kr. kostnaði í tengslum við flutning Landhelgisgæslunnar í nýtt húsnæði og að 40 m.kr. verði varið hvort árið 2006 og 2007 til endurnýjunar á tölvukerfum fyrir Schengen-samstarf og SIRENE skrifstofu á Íslandi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 38 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 19 m.kr. vegna áforma um lækkun kostnaðar við síma- og fjarskiptamál þeirra.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 221 m.kr. og verða 3.337 m.kr. en eru 3.116 m.kr. í gildandi fjárlögum. Skýrist það af hækkunum á framlögum til sókna og kirkjugarða.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 504 m.kr. og er það 205 m.kr. hækkun milli ára. Stafar það aðallega af um 216 m.kr. tímabundnum stofnkostnaðarframlögum til kaupa á búnaði fyrir ný vegabréf, dvalarleyfi og vegabréfsáritanir með lífkennum sem tekin verða í notkun á næstu árum í samræmi við alþjóðlegar kröfur.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	681	702	677	671
Dómsmál	1.476	1.490	1.504	1.519
Löggæslustofnanir og öryggismál	5.777	6.518	7.531	5.584
Sýslumenn	4.477	4.522	4.554	4.599
Fangelsismál	818	826	834	842
Kirkjumál	4.411	4.456	4.502	4.548
Samtals	**17.640**	**18.514**	**19.602**	**17.763**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrum-

varpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Útgjaldaáætlunin um málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggir í aðalatriðum á þeim forsendum að undanskildum tveimur þáttum. Í fyrsta lagi hafa verið kynnt áform um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans sem fela í sér að á árinu 2006 verði 1 milljarði króna varið til kaupa eða leigu á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og 2 milljörðum árið 2007 eða samtals 3 milljörðum króna. Í öðru lagi er undir málaflokknum *Ráðuneyti* reiknað með um 30 m.kr. kostnaði árið 2007 vegna alþingiskosninga það ár sem fellur aftur niður árið 2008. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Þar vegur þyngst um 215 m.kr. stofnkostnaður vegna upptöku vegabréfa og vegabréfsáritana með lífkennum sem fellur niður árið 2007, 55 m.kr. kostnaður við flutning Landhelgisgæslunnar í nýtt húsnæði á næsta ári og tæplega 28 m.kr. framlag til kaupa á búnaði fyrir sérsveit lögreglunnar sem fellur niður árið 2007.

Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.630 m.kr. á næsta ári. Það svarar til 11% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.162,0	1.288,4	1.288,4	1.288,4	1.288,4
Fasteignamat ríkisins, Landskrá fasteigna	B	31,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Skálholtsskóli	B	8,4	9,1	9,1	9,1	9,1
Neyðarlínan hf.	C	90,9	95,4	95,4	95,4	95,4
Tetra fjarskiptaþjónusta fyrir lögreglu	C	106,1	110,2	110,2	110,2	110,2
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	5,3	5,5	5,5	5,5	5,5
Almannavarna- og björgunarskóli Gufuskálum	C	12,6	13,2	13,2	13,2	13,2
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	51,9	78,1	78,1	78,1	78,1
Vakstöð siglinga	C	25,1	28,0	28,0	28,0	28,0
Samtals		**1.493,3**	**1.627,9**	**1.627,9**	**1.627,9**	**1.627,9**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir

samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 1.300 m.kr. á næsta ári. Þær skuldbindingar eru að mestu til þess að standa undir rekstri Þjóðkirkju Íslands. Þá eru um 330 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Samningur við Neyðarlínu er þríþættur, í fyrsta lagi grunnsamningur um þjónustu, í öðru lagi samningur um samstarf við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og að lokum þjónusta vegna reksturs vaktstöðvar siglinga. Samningur um Tetra fjarskiptaþjónustu er fyrir löggæsluembætti og er þar um að ræða sameiginleg þjónustukaup með Reykjavíkurborg fyrir fleiri öryggisaðila eins og slökkvilið. Dómsmálaráðuneytið hefur gert samning við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um verkefni slysavarnarfélagsins ásamt rekstri Almannavarna- og björgunarskóla að Gufuskálum. Dómsmálaráðherra hefur staðfest samning Neyðarlínunnar, Landhelgisgæslu Íslands, Landsbjargar og Siglingastofnunar um þjónustu við rekstur vaktstöðvar siglinga en hann gildir til ársloka 2011. Samningur við Hagstofu Íslands er vegna aðgangs stofnana ráðuneytisins að gögnum í Þjóðskrá. Að frátöldum samningi um Landskrá fasteigna, sem rennur út í lok árs 2005, má gera ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að að jafnaði verði um 1.630 m.kr. skuldbundnar árlega.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla; 103 Lagasafn; 104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	288,4	273,8	297,7	8,7	3,2
Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla	0,0	0,0	-0,5	-	-
Stjórnartíðindi	20,4	-11,1	0,0	-	-
Lagasafn	-0,3	0,0	0,0	-	-
Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	0,0	0,0	171,3	-	-
Lögbirtingablað	51,8	10,6	0,0	-	-
Kosningar	33,3	0,7	14,5	-	-
Ýmis verkefni	197,5	185,2	189,6	2,4	-4,0
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,5	0,0	-	-
Samtals	**591,1**	**471,7**	**680,6**	**44,3**	**15,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 175 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Að stærstum hluta skýrist það af því að 153 m.kr. fjárveiting til reksturs tölvumiðstöðvar fyrir stofnanir ráðuneytisins er flutt á nýjan fjárlagalið sem heyrir undir þennan málaflokk af liðum sem áður heyrðu undir

málaflokkinn *Sýslumenn*. Gert er ráð fyrir tæplega 40 m.kr. hækkun á framlögum vegna nokkurra verkefna, s.s. vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins, sveitarstjórnarkosninga og samninga um þjónustuverkefni á sviði björgunarmála. Á móti kemur að framlög til nokkurra tímabundina verkefna falla niður og lækka útgjöld við það um 22 m.kr.

101 ***Aðalskrifstofa.*** Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins er 297,7 m.kr. og hækkar um 4,5 m.kr. í frumvarpinu að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar er um að ræða fjárheimild sem áður var á liðnum *06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* en er nú flutt til aðalskrifstofunnar í framhaldi af breyttu fyrirkomulagi á framlögum til upplýsingatækniverkefna.

102 ***Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla.*** Í frumvarpinu eru Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið sameinuð undir einum fjárlagalið en fjárheimildir og fjármögnun eru óbreytt frá gildandi fjárlögum. Þessi útgáfustarfsemi hefur lengi verið í samrekstri með sameiginlegu húsnæði, starfsfólki o.þ.h. og frá og með þessu ári með samnýtingu á vefmiðlun á efni ritanna með rafrænum hætti. Áfram verður gerð fjárhagsleg aðgreining í reikningshaldi milli útgáfanna þannig að hvor um sig standi undir sér með eigin tekjum. Áætlað er að tekjur af starfseminni verði um 11 m.kr. umfram útgjöld næsta árs, einkum þar sem prentkostnaður hefur lækkað mjög í kjölfar vefmiðlunar ritanna, og að afgangurinn verði nýttur á móti uppsöfnuðum rekstrarhalla fyrri ára. Áformað er að þegar reksturinn verður aftur kominn í jafnvægi eftir 1–2 ár verði gjaldskrár lækkaðar til samræmis við rekstrarkostnað.

104 ***Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.*** Rekstri tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins var áður sinnt af Umferðarstofu. Í kjölfar breyttrar verkaskiptingar dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hafa verið gerðar breytingar á starfseminni og hún jafnframt flutt í nýtt húsnæði. Tölvumiðstöðin verður starfrækt á vegum aðalskrifstofu ráðuneytisins og kemur til með að annast um rekstur á upplýsingakerfum fyrir löggæsluembætti, sýslumenn og ýmsar aðrar stofnanir ráðuneytisins. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að gera betur kleift að bæta nýtingu fjármuna og renna styrkari stoðum undir hagnýtingu upplýsingatækninnar með það fyrir augum að auka árangur stofnana á því sviði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimildir að fjárhæð 153,3 m.kr. verði millifærðar á þennan lið af safnliðum ráðuneytisins þar sem þær voru vistaðar áður. Við það bætist nýtt framlag að fjárhæð 11,5 m.kr. sem ráðuneytið hefur fengið úthlutað frá verkefnisstjórn um Íslenska upplýsingasamfélagið. Þar af eru 6,5 m.kr. ætlaðar til leyfisveitingakerfis og 5 m.kr. til sýslumannakerfis. Tölvumiðstöðin leggur fram jafn há framlög á móti til þessara verkefna.

*111 **Kosningar.*** Fjárheimild liðarins hækkar tímabundið um 13,8 m.kr. og verður 14,5 m.kr. Skýrist það af því að næsta vor fara fram kosningar til sveitarstjórna. Um er að ræða kostnað vegna utankjörstaðaatkvæðagreiðslu auk kosningaeftirlits. Miðað er við kostnað á árinu 2002 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

*190 **Ýmis verkefni.*** Fjárveitingar til verkefna sem falla undir þennan lið frumvarpsins lækka um 2,7 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Stafar það af þremur tímabundnum framlögum sem falla niður, 15 m.kr. til að ljúka átaki í uppbyggingu á björgunarbátaflota Landsbjargar, 5 m.kr. til að móta kröfur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga sem sækja um búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga og 2 m.kr. til biblíuþýðingar, eða samtals 22 m.kr. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun á fjárheimild viðfangsefnisins *1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg* í tengslum við endurnýjun á samningi við félagið, 5,5 m.kr. hækkun á framlagi til *1.10 Fastanefnda* og 1,5 m.kr. á framlagi til *1.40 Alþjóðasamstarfs* vegna aukins kostnaðar við þau verkefni. Auk þess eru 5,3 m.kr. millifærðar á *1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg* af öðrum safnlið ráðuneytisins en þar er um að ræða framlag sem ríkissjóður greiðir vegna trygginga björgunarsveitarmanna.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	75,1	70,7	86,4	22,2	15,0
Héraðsdómstólar	690,2	629,7	808,9	28,5	17,2
Málskostnaður í opinberum málum	289,4	256,2	332,1	29,6	14,8
Opinber réttaraðstoð	171,0	87,4	145,6	66,6	-14,9
Bætur brotaþola	55,8	40,0	40,0	0,0	-28,3
Persónuvernd	45,5	60,6	62,7	3,5	37,8
Samtals	**1.327,0**	**1.144,6**	**1.475,7**	**28,9**	**11,2**

Heildarfjárveiting til verkefna á sviði dómsmála er aukin í frumvarpinu um tæplega 64 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Aukningin skýrist annars vegar af 35 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna málskostnaðar í opinberum málum og hins vegar af 30 m.kr. hækkun framlags til opinberrar réttaraðstoðar, einkum vegna gjafsókna. Útgjöld ríkissjóðs á báðum þessum sviði hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Á liðinn *06-231 Opinber málskostnaður* færist sakarkostnaður á borð við þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanna, kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld o.fl. en einnig kostnaður

sem lögreglustjórar, ríkissaksóknari og dómstólar greiða öðrum en eigin starfsmönnum vegna rannsókna mála, t.d. DNA-rannsóknir, blóðsýni, efnagreiningar, áverkavottorð frá læknum o.þ.h. eftir því sem þessi embætti telja nauðsynlegt. Á liðinn *06-232 Opinber réttaraðstoð* færist aðallega kostnaður vegna gjafsókna en málum á því sviði hefur fjölgað mikið, einkum sifjamálum, forsjármálum og málum varðandi líkamstjón. Auk þess hefur færst í vöxt að í slíkum málum sé farið fram á dýrar sérfræðiálitsgerðir og matsgerðir. Staða á þessum liðum hefur jafnan verið felld niður um áramót en útgjöld vegna gjafsókna umfram fjárheimildir hafa verið umtalsverð síðustu árin. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur verið að leita leiða til að stemma stigu við útgjaldavextinum með breytt fyrirkomulag í huga.



Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	87,6	92,6	99,6	7,6	13,7
Ríkislögreglustjóri	796,0	869,7	1.042,0	19,8	30,9
Lögregluskóli ríkisins	141,0	154,6	171,3	10,8	21,5
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.983,4	2.067,0	2.252,0	9,0	13,5
Neyðarsímsvörun	85,2	90,9	95,4	5,0	12,0
Áfengis- og fíkniefnamál	0,7	20,0	21,2	6,0	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	95,7	158,0	183,6	16,2	91,8
Húsnæði löggæslustofnana	0,5	10,0	10,0	0,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	1.110,7	1.226,0	1.364,0	11,3	22,8
Landhelgissjóður Íslands	-0,4	0,0	0,0	0,0	-
Schengen-samstarf	42,5	56,3	100,4	78,3	136,2
Útlendingastofnun	179,7	200,6	437,0	117,8	143,2
Samtals	**4.522,6**	**4.945,7**	**5.776,5**	**16,8**	**27,7**

Fjárheimildir stofnana og verkefna á sviði löggæslu- og öryggismála hækka alls um liðlega 830 m.kr. að undanskildum millifærslum til annarra málaflokka og launa- og verðlagshækkunum. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir um 368 m.kr. Hækkunin nemur því um 462 m.kr. að raungildi að teknu tilliti til áforma um að draga úr rekstrarútgjöldum þessara stofnana um 8,3 m.kr. með því að taka upp nýja tækni í síma- og fjarskiptamálum. Veigamesta útgjaldatilefnið í þessum málaflokki á næsta ári snýr að því að vegna alþjóðlegra krafna verða tekin í notkun ný vegabréf, vegabréfsáritanir og dvalarleyfi sem innihalda lífkenni. Tímabundinn stofnkostnaður vegna kaupa á nýju vegabréfabókunum og framleiðslubúnaði nemur nærri 215 m.kr. Þá má nefna að framlag til sérsveitar ríkislögreglustjóra er aukið um 112 m.kr., veittar eru 55 m.kr. tímabundið vegna flutnings Landhelgisgæslunnar í nýtt húsnæði og 40 m.kr. til endurnýjunar á tölvukerfum fyrir Schengensamstarfið. Á móti falla niður framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna en þau nema alls um 20 m.kr.

303 Ríkislögreglustjóri. Fjárveiting til starfsemi embættisins er aukin um 103,5 m.kr. nettó í frumvarpinu að frátöldum launa- og verðlagshækkununum. Þar vegast á nokkur útgjaldatilefni til hækkunar sem alls nema 125 m.kr. og niðurfellingar nokkurra framlaga, einkum vegna tímabundinna verkefna, sem alls nema um 20 m.kr. Í fyrsta lagi hækkar framlag vegna sérsveitarinnar alls um 111,5 m.kr. nettó. Í samræmi við fyrri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar eru 82,5 m.kr. af því ætlaðar til að fjölga sérsveitarmönnum um níu hjá embætti ríkislögreglustjóra í Reykjavík og um sex í Keflavík auk þess sem gert er ráð fyrir viðbótarvaktbifreið. Einnig er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárheimild til að ráðast í sambærilegar skipulagsbreytingar á störfum sérsveitarmanna hjá sýslumanninum á Akureyri og þegar hafa verið gerðar í Reykjavík. Með þessari breytingu fjölgar lögreglumönnum á Akureyri um fjóra. Sérsveitarmennirnir þar verða

starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra en með aðsetur á Akureyri og undir daglegri stjórn sýslumannsins þar. Þetta fyrirkomulag tók gildi um mitt þetta ár og verður til reynslu í eitt ár. Þá er veitt 14 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi kaupa á vopnum og öðrum búnaði fyrir sérsveitina. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 13 m.kr. viðbótarframlagi til embættisins sem er að mestu leyti ætlað til að styrkja rekstur efnahagsbrotadeildar og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar en einnig vegna kostnaðar á næsta ári við formennsku Íslands í samtökum Norðurlandanna um björgunarmál, Nordred. Á móti fellur niður í frumvarpinu 19,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til endurskoðunar á viðbragðsáætlunum vegna hugsanlegs goss í Mýrdals- eða Eyjafjallajökli. Loks er fyrirhugað að lækka síma- og fjarskiptakostnað stofnunarinnar um 1,5 m.kr. með því að taka í notkun nýjan tæknibúnað.

305 ***Lögregluskóli ríkisins.*** Fjárveiting til skólans hækkar um 5 m.kr. vegna viðbótarhúsnæðis sem notað er við verkefnavinnu hópa og kennslustofu. Starfsemi skólans hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hefur verið leigt viðbótarrými í samræmi við það. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagshækkana milli ára.

311 ***Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Heildarframlag til embættisins nemur 2.252 m.kr. og hækkar um 185 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Skýrist það að mestu af launa- og verðlagshækkunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstöku 7 m.kr. framlagi sem ætlað er til að stuðla að bættri og hraðari málsmeðferð sakamála, bæði rannsóknum og saksóknum. Lögreglan í Reykjavík hefur á undanförnum árum byggt upp öfluga rannsóknadeild sem byggir á mikilli reynslu og sérþekkingu rannsóknarlögreglumanna og sérhæfðum tækjabúnaði og verður haldið áfram að þróa það starf. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að síma- og fjarskiptakostnaður stofnunarinnar verði lækkaður um 3,8 m.kr. með því að taka í notkun nýjan tæknibúnað.

390 ***Ýmis löggæslu- og öryggismál.*** Fjárheimildir á viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar hækka um 17,2 m.kr. að raungildi og verða samtals 183,6 m.kr. Í fjárlögum var til bráðabirgða færð 20 m.kr. lækkun fjárheimildar á viðfangsefnið *1.10 Ýmis löggæslu- og öryggismál* vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar um fyrirkomulag sektarinnheimtu sem ætlað var að leiða til lægri útsendingarkostnaðar við ítrekanir á sektarboðum. Þar sem lögin hafa tekið gildi er 20 m.kr. fjárheimild flutt aftur á þetta viðfangsefni af liðnum *06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli* en það embætti annast um sektarinnheimtuna. Af þessu sama viðfangsefni eru á hinn bóginn fluttar 5,3 m.kr. yfir á *06-190-1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg* en þar er um að ræða framlag vegna trygginga björgunarsveitarmanna sem hefur verið fellt inn í nýjan heildarsamning við félagið. Aðrar breytingar eru minni háttar.

*395 **Landhelgisgæsla Íslands.*** Helsta breytingin á fjárheimild stofnunarinnar er vegna flutnings hennar í nýtt húsnæði í Skógarhlíð í Reykjavík þar sem hún verður til húsa ásamt stjórnstöðvum annarra aðila fyrir öryggismál, almannavarnir og björgun og fjarskiptamál á því sviði. Tímabundið framlag til að mæta kostnaði við sjálfa flutningana nemur 55 m.kr. en þar af eru 35 m.kr. vegna flutnings stjórnstöðvar og 20 m.kr. vegna flutnings skrifstofu. Í heimildagrein frumvarpsins er ákvæði um að verja megi hluta af söluandvirði núverandi húsnæðis stofnunarinnar til að standa undir þessum kostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir 17,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna húsaleigu í nýja húsnæðinu. Þá er gert ráð fyrir að dregið verði úr síma- og fjarskiptakostnað stofnunarinnar sem nemur 3,8 m.kr. með því að taka í notkun nýjan tæknibúnað. Aðrar breytingar eru vegna launa- og verðlagshækkana milli ára.

*397 **Schengen-samstarf.*** Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði 40 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til endurnýjunar á núverandi Schengen-tölvukerfum á Íslandi en ný miðeining fyrir kerfið þarf að vera tilbúin fyrir rekstur árið 2007. Hafin verður vinna við þróun nýs samskipta- og notendahugbúnaðar fyrir íslensk kerfi og notendur SIS-kerfisins en einnig þarf að kaupa nýjan vélbúnað, stýrikerfi, gagnagrunnskerfi o.fl. til reksturs nýju kerfanna. Samhliða þessu þarf að endurskoða svonefnt SIRENE-kerfi fyrir alþjóðaskrifstofu ríkislögreglustjóra. SIRENE skrifstofa er í öllum Schengen-löndunum og er tengiliður fyrir lögreglu-, tolla- og dómsyfirvöld við sams konar skrifstofur í öðrum löndum. Áætlað er að kostnaður við þessa uppbyggingu geti numið allt að 80 m.kr. á næstu tveimur árum.

*398 **Útlendingastofnun.*** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar tímabundið um tæplega 225 m.kr. til viðbótar við launa- og verðlagshækkanir. Hækkunin á rætur að rekja til þess að vegna alþjóðlegra krafna, einkum frá Alþjóðaflugmálastjórninni, Schengen-sambandinu og stjórnvöldum í Bandaríkjunum, er fyrirhugað að taka í notkun nýja tegund vegabréfa, vegabréfsáritana og dvalarleyfa sem innihalda lífkenni. Í fyrsta lagi er um að ræða 164 m.kr. framlag í eitt ár til endurnýjunar á vél- og hugbúnaði og til kaupa á sérstökum fingrafaralesurum hjá sýslumannsembættum og nýjum vegabréfabókum, sem innihalda örflögu með upplýsingum um lífkenni handhafa. Þar af er u.þ.b. helmingurinn til kaupa á búnaði til framleiðslu á vegabréfunum og hinn helmingurinn til kaupa á búnaði fyrir kerfi til vinnslu á umsóknum um vegabréf. Í öðru lagi er 50 m.kr. framlag í eitt ár til kaupa á búnaði sem gerir kleift að taka upp lífkenni í vegabréfsáritanir og dvalarleyfi en þar á meðal er sérstakur gagnagrunnur sem Schengen-löndin munu nota í þessu skyni. Í þriðja lagi er veitt 11 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til stofnunarinnar vegna aukins kostnaðar við kaup á nýrri gerð vegabréfabóka. Miðað er við að fjöldi útgefinna vegabréfa verði 40.000 á árinu 2006 og að verð á hverju vegabréfi verði um 1.150 kr. Innkaupakostnaður vegna vegabréfabókanna verður þá um 46

m.kr. Á móti vegur að í fjárheimildum Útlendingarstofnunar eru þegar fyrir hendi samtals um 35 m.kr. framlög til kaupa á vegabréfabókum sem veitt voru í fjárlögum áranna 2000 til 2004.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	3.860,0	3.961,7	4.288,3	8,2	11,1
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	282,7	302,9	164,2	-45,8	-41,9
Húsnæði og búnaður	48,9	47,0	24,5	-47,9	-49,9
Samtals	**4.191,6**	**4.311,6**	**4.477,0**	**3,8**	**6,8**

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á rekstrargjöldum sýslumannsembætta í frumvarpinu fyrir utan launa- og verðlagshækkanir sem alls nema 350 m.kr. Fjárheimild að fjárhæð 20 m.kr. er flutt af lið sýslumannsins á Hvolsvelli á viðfangsefnið *06-390-1.10 Ýmis löggæslu- og öryggismál* vegna lækkunar útgjalda við sektarinnheimtu eins og nánar er greint frá í athugasemdum við liðinn *06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál*. Þá er fjárveiting til sýslumannsins á Selfossi hækkuð um 7 m.kr. þar sem ráða þarf í starf lögreglumanns sem áður féll undir samning við heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga en hann verður ekki endurnýjaður. Einnig er gert ráð fyrir hækkun húsaleigu og annars húsnæðiskostnaðar sem alls nemur um 4 m.kr. hjá fjórum sýslumannsembættum. Loks er áformað að lækka síma- og fjarskiptakostnað embættanna samtals um 7,4 m.kr. með nýjum tækjabúnaði.

Á safnliðnum *06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* fellur niður viðfangsefnið *1.11 Útgáfa ökuskírteina* með 11,8 m.kr. fjárveitingu sem flutt er á liðinn *10-190 Ýmis verkefni* hjá samgönguráðuneytinu í kjölfar þess að málefni umferðarmála hafa verið flutt á milli ráðuneytanna. Á sama safnlið fellur einnig niður viðfangsefnið *1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins* með 130,8 m.kr. fjárheimild og á safnliðnum *06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna* fellur niður viðfangsefnið *6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna* með 22,5 m.kr. fjárheimild. Báðar þessar fjárveitingar eru fluttar á nýjan fjárlagalið, *06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis*, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við þann lið.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	645,5	750,6	818,1	9,0	26,7
Fangelsisbyggingar	15,0	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**660,5**	**750,6**	**818,1**	**9,0**	**23,9**

Fjárheimild Fangelsismálastofnunar er 818,1 m.kr. í frumvarpinu. Veitt er 6 m.kr. viðbótarframlag sem ætlað er til menntunarmála fangavarða en gert er ráð fyrir nánu samstarfi við Lögregluskólann um skipulag og fyrirkomulag námsins. Fyrirhugað er að bjóða upp á bæði grunnnám og endurmenntun og er stefnt að því að Fangelsismálastofnun ráði einn starfsmann til að sinna því en að hann verði með aðsetur í Lögregluskóla ríkisins. Eins og hjá flestum öðrum stofnunum ráðuneytisins er gert ráð fyrir að ná fram sparnaði í síma- og fjarskiptakostnaði með hagnýtingu nýrrar tækni og nemur lækkun vegna þess 1,8 m.kr. Aðrar hækkanir eru vegna launa- og verðlagsbreytinga sem nema 63 m.kr.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.189,7	1.216,8	1.329,5	9,3	11,8
Kirkjumálasjóður	158,7	167,8	182,3	8,6	14,9
Kristnisjóður	65,1	69,5	70,6	1,6	8,4
Kirkjugarðar	669,8	714,6	747,0	4,5	11,5
Sóknargjöld	1.545,3	1.636,0	1.783,0	9,0	15,4
Jöfnunarsjóður sókna	259,6	274,7	298,4	8,6	14,9
Samtals	**3.888,2**	**4.079,4**	**4.410,8**	**8,1**	**13,4**

701 Þjóðkirkjan. Framlag til þjóðkirkjunnar er 1.329,5 m.kr. á næsta ári. Þar af eru rekstrargjöld Biskups Íslands að frádregnum sértekjum áætluð 1.288,4 m.kr. í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Aukning framlagsins um tæplega 12% milli ára stafar að mestu af úrskurðum kjaranefndar um breytingar á launum presta og prófasta á þessu ári. Nánari athugun á samræmi milli niðurstaðna í reikni-

líkani um samninginn og reikniforsendna fjárlagafrumvarpsins stendur yfir hjá fjármálaráðuneytinu og að lokinni þeirri endurskoðun kann að vera gerð tillaga um einhverja breytingu á framlaginu við aðra umræðu frumvarpsins. Þá eru felld niður þrjú framlög til þjóðkirkjunnar vegna tímabundinna verkefna, 6 m.kr. til frágangs á lóð við Langholtskirkju, 6 m.kr. til viðgerða á turni Hallgrímskirkju og 3 m.kr. til byggingar þjónustuhúss við Þingeyrarklausturskirkju.

733 ***Kirkjugarðar.*** Framlag á næsta ári verður 747 m.kr. og hækkar um 32,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í samræmi við breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem gerðar voru á sl. ári og samkomulag við kirkjugarðaráð er framlagið í frumvarpinu reiknað á grundvelli reiknilíkans sem samstarfshópur forsvarsmanna kirkjugarða og fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis komst að samkomulagi um. Hækkun framlagsins skýrist aðallega af því að reiknað er með auknu flatarmáli hirtra grafsvæða milli ára og breytingum á launa- og verðlagsforsendum.

735 ***Sóknargjöld.*** Fjárveiting til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga hækkar alls um 186,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og verður 2.263,7 m.kr. á næsta ári. Eru þá meðtalin framlög á tveimur öðrum fjárlagaliðum sem reiknast af sóknargjöldum, *06-705 Kirkjumálasjóður* og *06-736 Jöfnunarsjóður sókna*. Lögboðin framlög vegna sóknargjalda hækka í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2004 og 2005 og fjölgun einstaklinganna.

Framlög vegna sóknargjalda hækka um 45% á tímabilinu 1996–2006 á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs. Er það heldur meiri raunhækkun en í almennum stjórnsýslurekstri ríkisins á borð við t.d. skattstofur.



Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.3 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fíkniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fíkniefnamálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.978,9	6.666,7	7.133,3	7	2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.629,4	19.475,4	20.602,9	6	5
Stofnkostnaður og viðhald	713,5	543,9	534,4	-2	-25
Samtals	**27.321,8**	**26.686,0**	**28.270,6**	**6**	**3**
Greitt úr ríkissjóði	-	15.928,4	18.076,2	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	10.757,6	10.194,4	-5	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**26.686,0**	**28.270,6**	**6**	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 29.251 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 981 m.kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 28.270,6 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 18.076 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 10.194 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.133 m.kr. og hækka um 467 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 170 m.kr. framlag til þjónustu við fatlaða bæði í búsetu og utan stofnana. Þá hækkar framlag til yfirstjórnar um 30 m.kr. Á móti hækkun rekstrargjalda kemur 264 m.kr. lækkun framlaga til vinnumála sem stafar aðallega af hækkun vaxtatekna Atvinnuleysistryggingasjóðs og breytinga í fjármögnun verkefna Vinnumálastofnunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.127 m.kr. og verður 20.603 m.kr. en er 19.475 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vega 1.046 m.kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er annars vegar um að ræða 226 m.kr. hækkun lögbundinna framlaga og hins vegar 820 m.kr. til tímabundinna verkefna. Þá lækka tilfærsluframlög um samtals 692 m.kr. og munar þar mest um 1.028 m.kr. lækkun á greiðslum atvinnuleysisbóta og greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa en á móti kemur m.a. tæplega 250 hækkun greiðslna Fæðingarorlofssjóðs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 534 m.kr. og er það 9,5 m.kr. lækkun milli ára sem skýrast af millifærslum á önnur útgjaldatilefni vegna breytinga á framsetningu.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	319	321	324	322
Húsnæðismál	240	240	180	180
Stjórnsýslustofnanir	449	453	457	462
Málefni barna	701	708	715	722
Málefni fatlaðra	6.724	7.075	7.339	7.508
Sveitarfélög	8.470	8.635	8.693	7.911
Vinnumál	10.833	12.174	13.958	13.845
Annað	535	535	541	548
Samtals	**28.271**	**30.141**	**32.207**	**31.498**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Húsnæðismála* verði óbreytt til ársloka 2007 en lækki þá um 60 m.kr. þar sem framlag ríkissjóðs í Varasjóð viðbótarlána fellur niður. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld sem falla undir *Málefni fatlaðra* vaxi árlega um 2,5% að meðaltali en auk þess komi til á næstu árum sérstök framlög til undirbúnings og uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að framlög til sveitarfélaga fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þó er gert ráð fyrir sérstöku tímabundnu framlagi í sjóðinn á árunum 2006 til 2008 til sveitarfélaga sem standa höllum fæti vegna ytri aðstæðna og tímabundnu framlagi sömu ár til sameiningar sveitarfélaga. Loks hækka framlög til málaflokksins *Vinnumál* síðari hluta tímabilsins þar sem gera má ráð fyrir nokkru auknu atvinnuleysi við lok stóriðju- og virkjanaframkvæmdir á Austurlandi.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 2.280 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 34% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	77,8	82,8	82,8	82,8	0,0
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	0,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	28,8	30,6	30,9	30,9	0,0
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	56,7	60,3	0,0	0,0	0,0
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	39,6	42,1	42,1	42,1	0,0
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	41,4	44,0	22,2	0,0	0,0
Akurhóll, meðferð barna og ungmenna	A	70,4	74,9	0,0	0,0	0,0
Handverkstæðið Ásgarður	A	18,0	0,0	0,0	0,0	0,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	13,5	14,5	0,0	0,0	0,0
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	14,8	16,0	0,0	0,0	0,0
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	14,7	16,0	0,0	0,0	0,0
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	473,8	519,7	0,0	0,0	0,0
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	220,8	243,1	0,0	0,0	0,0
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	557,8	588,9	0,0	0,0	0,0
Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða	A	63,4	69,9	0,0	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	19,3	22,6	0,0	0,0	0,0
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	25,1	26,6	26,6	26,6	0,0
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	66,8	74,5	0,0	0,0	0,0
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	181,5	199,0	199,0	199,0	0,0
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	30,9	15,5	30,9	0,0	0,0
Félagsþjónusta Rvk., þjónusta við fatlaða	A	55,6	59,9	59,9	0,0	0,0
Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum	C	4,0	4,0	4,0	4,0	0,0
Byggðastofnun	C	5,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	254,9	272,5	272,5	272,5	272,5
Viðskiptaháskólinn Bifröst	C	3,3	5,2	5,2	1,8	0,0
Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna	C	11,0	5,5	0,0	0,0	0,0
Reykjavíkurborg, móttaka flóttamanna	C	29,0	29,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**2.378,8**	**2.517,1**	**776,1**	**659,7**	**272,5**

Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.295 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að, eru merktir með bókstafnum C og eru þær skuldbindingar áætlaðar 83 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Ekki stendur til að gera nýja samninga á næsta ári en fjölmargir samningar renna hins vegar út í árlok 2006 og því ljóst að síðari hluta árs verðu unnið að endurnýjun nokkurra eldri samninga sem væntanlega taka gildi í ársbyrjun 2007.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	213,7	197,3	236,9	20,1	10,9
Ýmis verkefni	39,9	67,4	77,1	14,4	93,2
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**253,6**	**269,7**	**319,0**	**18,3**	**25,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 30 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar þessar:

101 Aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aðalskrifstofu nemi um 237 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 25 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og skýrist hækkunin að mestu leyti af auknum verkefnum aðalskrifstofu.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að liðurinn hækki um 5 m.kr. á næsta ári umfram verðlagsbreytingar og verði 77 m.kr. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af 5 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna sem tengjast Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál. Í öðru lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. framlag frá verkefnisstjórn um Íslenska upplýsingasamfélagið til verkefna sem tengjast fjölmenningarlegu samfélagi og upplýsingaveitu á sviði fjölskyldumála. Í þriðja lagi er millifærð 5 m.kr. fjárheimild af liðnum *996 Íslenska upplýsingasamfélagið*. Loks fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Viðfangsefnið *1.10 Fastanefndir* er nýtt en á það eru færðar fjárheimildir eftirtalinna viðfangsefna sem jafnframt falla niður: *1.11 Fjölskylduráð; 1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu; 1.14 Kærunefnd fjöleignarhúsamála; 1.15 Kærunefnd húsnæðismála; 1.16 Kærunefnd barnaverndarmála; 1.17 Kærunefnd jafnréttismála; 1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála, 1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.*

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	51,0	55,1	58,1	5,4	13,9
Jafnréttisstofa	28,5	36,7	38,8	5,7	36,1
Vinnueftirlit ríkisins	381,1	330,6	351,9	6,4	-7,7
Samtals	**460,6**	**422,4**	**448,8**	**6,2**	**-2,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar þessar:

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 352 m.kr. á næsta ári og er það 1,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs umfram launa- og verðlagsbætur en hækkuninni er ætlað að standa straum af auknum húsnæðiskostnaði stofnunarinnar. Viðfangsefnið *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður en 4,5 m.kr. fjárheimild er færð á almennan rekstur.

Málefni barna

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	739,1	668,3	701,2	4,9	-5,1
Samtals	**739,1**	**668,3**	**701,2**	**4,9**	**-5,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

*400 **Barnaverndarstofa.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld lækki 8 m.kr. á næsta ári að raungildi frá fjárlögum þessa árs og verði 701 m.kr. Breytingarnar skýrast annars vegar af 3 m.kr. hækkun fjárheimilda til að mæta kostnaði vegna nemenda á framhaldsskólastigi sem menntamálaráðuneyti greiðir ekki. Enn fremur er gert ráð fyrir 1 m.kr. til að koma á samstarfi Barnaverndarstofu og Neyðarlínunnar um móttöku tilkynninga í barnaverndarmálum. Á móti eru 10 m.kr. færðar af liðnum á liðinn *399 Félagsmál, ýmis starfsemi* til að þróa nýjungar í meðferðarstarfi. Loks fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag til endurbóta vegna bruna á Stuðlum.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701–708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur; 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	60,7	98,8	99,0	0,2	63,1
Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.589,6	1.637,7	1.852,5	13,1	16,5
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.136,1	1.182,1	1.325,5	12,1	16,7
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	180,6	189,6	214,2	13,0	18,6
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	129,6	133,9	146,2	9,2	12,8
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	215,1	221,9	244,2	10,0	13,5
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	579,6	622,3	660,0	6,1	13,9
Málefni fatlaðra, Austurlandi	201,8	215,4	234,0	8,6	16,0
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	338,9	375,4	412,6	9,9	21,7
Styrktarfélag vangefinna	448,7	473,8	519,7	9,7	15,8
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	211,8	247,0	272,5	10,3	28,7
Sólheimar í Grímsnesi	161,0	181,5	199,0	9,6	23,6
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	194,5	211,3	245,8	16,3	26,4
Framkvæmdasjóður fatlaðra	361,2	298,0	298,3	0,1	-17,4
Samtals	**5.809,2**	**6.088,7**	**6.723,5**	**10,4**	**15,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 170 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að 95 m.kr. verður varið til nýrra úrræða í búsetumálum fatlaðra í samræmi við áætlun um stytt-ingu biðlista frá árinu 2000. Er um að ræða lokaáfanga þeirrar áætlunar. Þá eru um 40 m.kr. ætlaðar til að efla stoðþjónustu við fatlaða, þar á meðal þjónustu við börn og þjónustu við fullorðna utan stofnana. Til að stytta biðlista eftir þjónustu Greiningarstöðvarinnar eru ætlaðar 19 m.kr.

700 Málefni fatlaðra. Heildarútgjöld liðarins samkvæmt frumvarpinu er 99 m.kr. og jafn-gildir það 8,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingarnar skýrast annars vegar af 10 m.kr. tímabundnu framlagi til að ná bráðabirgðasamkomulagi við sveitarfélög um lengda viðveru fatlaðra nemenda í eldri bekkjum grunnskólans á með-an óleyst er hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á verkefninu. Hins vegar eru færðar 18,9 m.kr. af liðnum á aðra liði innan málaflokks fatlaðra og er gerð grein fyrir þeim breytingum undir viðkomandi liðum. Innan liðarins eru millifærðar 7,8 m.kr. af við-fangsefninu *1.93 Ný sambýli* á *1.90 Ýmis verkefni* en af því viðfangsefni eru aftur færð-ar 17,5 m.kr. á nýtt viðfangsefni *1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra.*

701 ***Málefni fatlaðra, Reykjavík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.852 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 75,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst tillaga um 59 m.kr. lokaframlag til að fjölga úrræðum í búsetumálum fatlaðra í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um að stytta biðtíma eftir þjónustu fyrir fatlaða. Jafnframt er gert ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til að efla þjónustu við fatlaða utan stofnana einkum stuðningsfjölskyldur, atvinnu með stuðningi og liðveislu. Enn fremur er lagðar til 5 m.kr. til að hefja rekstur nýs sambýlis síðari hluta árs 2006 og 1,5 m.kr. til að efla starf trúnaðarmanns fatlaðra í Reykjavík og Reykjanesi. Millifærðar eru á liðinn alls 5,6 m.kr. Annars vegar er um að ræða 4,6 m.kr. af lið 07-700 Málefni fatlaðra til að gera samninga við stuðningsfjölskyldur og hins vegar 1 m.kr. af sama lið vegna flutnings íbúa af Kópavogshæli á sambýli í Reykjavík. Innan liðarins er millifærð 1 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnið fellur niður. Loks fellur niður 5 m.kr. tímabundin fjárheimild til lengdrar viðveru við Öskjuhlíðarskóla.

702 ***Málefni fatlaðra, Reykjanesi.*** Heildarútgjöld á þessum fjárlagalið samkvæmt frumvarpinu eru 1.325 m.kr. sem er 42,4 m.kr. raunhækkun á milli ára. Þar ber fyrst að nefna 30 m.kr. lokaframlag til að fjölga úrræðum í búsetumálum fatlaðra í samræmi við áætlun frá árinu 2000 um að stytta biðtíma eftir þjónustu fyrir fatlaða. Jafnframt er gert ráð fyrir 9 m.kr. framlagi til að efla þjónustu við fatlaða utan stofnana einkum stuðningsfjölskyldur, atvinnu með stuðningi og liðveislu. Millifærðar eru á liðinn alls 3,4 m.kr. af lið 07-700 Málefni fatlaðra til að gera samninga við stuðningsfjölskyldur. Innan liðarins eru millifærðar 2,8 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnið fellur niður.

703 ***Málefni fatlaðra, Vesturlandi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 214 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Framlagið er ætlað til að efla þjónustu við mikið fötluð börn. Innan liðarins eru millifærðar 1,1 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnið fellur niður.

704 ***Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar er 146 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er ætlað að efla þjónustu við fatlaða á Hólmavík. Innan liðarins eru millifærðar 1,1 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnið fellur niður.

705 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 244 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Með fjárveitingunni er stefnt að fjölgun úrræða í búsetu fatlaðra innan samnings félagsmálaráðuneytis og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

706 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.*** Fjárheimild þessa fjárlagaliðar er samkvæmt frumvarpinu 660 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Fjárveitingin er millifærð af lið 07-700 Málefni fatlaðra og er ætlað til að efla skammtímavistun innan samnings félagsmálaráðuneytis og héraðsnefndar Þingeyinga um þjónustu við fatlaða.

707 ***Málefni fatlaðra, Austurlandi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 234 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 4,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er tillaga um 2,1 m.kr. framlag til að gera nýjan samning um dagþjónustu og verndaða vinnu fyrir fatlað fólk í Vopnafirði og hins vegar 2 m.kr. til að mæta þörf fyrir aukna þjónustu við fatlað fólk á Höfn í Hornafirði innan gildandi samnings um þjónustuna. Innan liðarins eru millifærðar 13,2 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.30 Verndaðir vinnustaðir* og *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnin falla niður.

708 ***Málefni fatlaðra, Suðurlandi.*** Samkvæmt frumvarpinu eru heildarútgjöld á þessum lið 413 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 8,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er ætluð til þriggja tilefna. Í fyrsta lagi er lagt til að 4,6 m.kr. fari til að efla dagþjónustu fyrir íbúa sambýlis í Þorlákshöfn. Í öðru lagi er tillaga um 2 m.kr. fjárheimild til að efla dagþjónustu og verndaða vinnu innan samnings við Vestmannaeyjabæ og loks 1,6 m.kr. til að efla þjónustu utan stofnana svo sem stuðningsfjölskyldna, atvinnu með stuðningi og liðveislu. Innan liðarins eru millifærðar 25 m.kr. á *1.01 Almennan rekstur* af *1.30 Verndaðir vinnustaðir* og *1.10 Svæðisráð* en viðfangsefnin falla niður.

720 ***Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 273 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs í samræmi við samning félagsmálaráðuneytis og heimilisins.

722 ***Sólheimar í Grímsnesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 199 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Með þeirri hækkun er gert ráð fyrir að fötluðum íbúum Sólheima fjölgi um tvo.

*750 **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 246 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 19 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkuninni er ætlað að efla fagsvið einhverfu og þroskaraskana en tilvísunum til stöðvarinnar hefur fjölgað mikið á undanförnum árum.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.209,3	7.145,0	8.470,0	18,5	17,5
Samtals	**7.209,3**	**7.145,0**	**8.470,0**	**18,5**	**17,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.325 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þessar:

*801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*** Samkvæmt frumvarpinu er heildarframlag til sjóðsins 8.470 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til sjóðsins eru sýnd undir viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Þau eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.

a. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

b. Greitt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Lögboðin framlög samkvæmt a-lið nema um 6.158 m.kr. en um 1.492 m.kr. samkvæmt b-lið eða samtals 7.650 m.kr. Auk lögboðinna framlaga eru sýnd tímabundin framlög á viðfangsefni *1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.* Frumvarpið gerir annars vegar ráð fyrir árlegu 700 m.kr. tímabundnu framlagi á árunum 2006 til 2008 eða samtals 2.100 m.kr. til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf, m.a. vegna ytri aðstæðna. Hins vegar er tillaga um 120 m.kr. tímabundið framlag á næsta ári til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir allt að 1.100 m.kr. til þessa verkefnis til ársloka 2008 en framlögin falli niður að þeim tíma liðnum.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Vinnumálastofnun	158,0	200,7	168,9	-15,8	6,9
Vinnumál	34,1	36,0	123,3	242,5	261,6
Ábyrgðasjóður launa	762,2	797,7	638,1	-20,0	-16,3
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.526,1	3.795,0	2.827,0	-25,5	-37,5
Félagsmálaskóli alþýðu	23,9	24,4	24,9	2,0	4,2
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	5,4	22,8	0,0	-100,0	-100,0
Fæðingarorlof	6.716,5	6.468,0	7.041,0	8,9	4,8
Samtals	**12.236,2**	**11.354,6**	**10.833,2**	**-4,6**	**-11,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 956 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

980 Vinnumálastofnun. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld stofnunarinnar nemi um 169 m.kr. á næsta ári en þau eru ákvörðuð í fjárlögum þessa árs 200,7 m.kr. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum nemur raunlækkun á liðnum milli ára 42 m.kr. sem að öllu leyti skýrist af breyttri fjármögnun stofnunarinnar þar sem ráð er fyrir gert að Atvinnuleysistryggingasjóður taki ríkari þátt í rekstri svæðisvinnumiðlana. Þá átti að falla niður 8 m.kr. tímabundin fjárheimild til að efla framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga en lagt er til að fjárheimildin verði varanleg þar sem útgáfa atvinnuleyfa hefur aukist mikið að umfangi síðustu ár.

981 Vinnumál. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 123 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 82 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er lagt til að flutt verði á nýtt viðfangsefni undir þessum lið, *1.13 Kjararannsóknarnefnd*, 42 m.kr. fjárheimild Kjararannsóknarnefndar sem var áður vistuð á lið 984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Hins vegar leggur frumvarpið til að veittar verði 40 m.kr. til að standa straum af greiðslum sem ætlað er að koma til móts við launatap foreldra eða forráðamanna á vinnumarkaði sem þurfa að leggja niður störf þegar barn þeirra greinist langveikt eða fatlað í samræmi við frumvarp sem stefnt er að leggja fyrir Alþingi haustið 2005.

982 Ábyrgðarsjóður launa. Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld sjóðsins á næsta ári nemi um 638 m.kr. á næsta ári. Gjöld sjóðsins í fjárlögum þessa árs eru 797,7 m.kr. Að frátöldum verðlagsbreytingum nemur raunlækkun á milli ára 190 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir 200 m.kr. lækkun greiðslna úr sjóðnum og hins vegar að vaxtatekjur sjóðsins lækki um 10 m.kr. á milli ára.

*984 **Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 2.827 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 1.032,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að útgjöld sjóðsins vegna atvinnuleysisbóta lækki um 828 m.kr. í ljósi spár fjármálaráðuneytis um atvinnuleysi á árinu 2006. Í fjárlögum 2005 er gert ráð fyrir 2,7% atvinnuleysi en hins vegar er gert ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2006 verði 1,8%. Fram til þessa hefur framlag til sjóðsins verið miðað við framangreint hlutfall atvinnuleysis og kostnað við hvert atvinnuleysisstig. Í frumvarpinu er lagt til að meta útgjöld sjóðsins vegna atvinnuleysisbóta sem margfeldi af áætluðum meðalfjölda atvinnulausra og bótafjárhæð. Standa vonir til að sú aðferð verði bæði einfaldari og áreiðanlegri. Útgjöld sjóðsins árið 2006 miðast við áætlun um 3.000 atvinnulausa einstaklinga og 91.426 kr. sem mánaðarlega bótafjárhæð auk 2,5% hækkunar frá 1. janúar 2006. Í öðru lagi er gert ráð fyrir samtals 20 m.kr. tímabundnu framlagi á viðfangsefni *1.41 Framlög og styrkir* af tveimur tilefnum. Annars vegar er tillaga um 15 m.kr. fjárheimild til að framlengja starfsemi Sjómenntar, starfsmenntunar sjómanna, til ársloka 2007 en í frumvarpi til fjáraukalaga árið 2005 er farið fram á 15 m.kr. vegna þessa árs. Hins vegar er farið fram á 5 m.kr. tímabundið framlag til að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að hlutdeild sjóðsins í rekstri svæðisvinnumiðlana hækki um 42 m.kr. í kjölfar samkomulags um breytta starfsemi Kjararannsóknarnefndar en jafnframt að viðfangsefni nefndarinnar verði fært undir liðinn 981 Vinnumál, eins og þar er greint frá. Loks eru vaxtatekjur sjóðsins hækkaðar um 224 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	3.779,0	3.498,0	2.737,0	-21,8	-27,6
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	69,0	62,0	66,0	6,5	-4,3
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	118,0	122,0	174,0	42,6	47,5
Styrkir til fiskvinnslustöðva	100,1	79,0	81,0	2,5	-19,1
Kjararannsóknarnefnd	40,0	42,0	0,0	-100,0	-100,0
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	110,9	112,0	112,0	0,0	1,0
Framlög og styrkir	165,9	135,0	155,0	14,8	-6,6
Starfsmenntasjóður	65,0	60,0	60,0	0,0	-7,7
Rekstur úthlutunarnefnda	79,0	61,0	65,0	6,6	-17,7
Vaxtatekjur	-0,8	-376,0	-623,0	65,7	-
Samtals	**4.526,1**	**3.795,0**	**2.827,0**	**-25,5**	**-37,5**

*987 **Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði 18,5 m.kr. á næsta ári en vaxtatekjur sjóðsins hækki jafnframt um 8 m.kr. og verði 18,5 m.kr. Breytingin á milli ára er tæplega 23 m.kr. lækkun.

989 Fæðingarorlof. Gert er ráð fyrir að útgjöld fæðingarorlofssjóðs hækki um 250 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2005. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld sjóðsins á næsta ári 7.041 m.kr. en eru í fjárlögum þess árs 6.468 m.kr. Í fjáraukalagafrumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir 350 m.kr. fjárheimild til fæðingarorlofssjóðs og 15 m.kr. vegna foreldra utan vinnumarkaðar. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs eru útgjöld vegna fæðingarorlofs 2,1% hærri en á sama tíma í fyrra og hefur þetta hlutfall farið lækkandi eftir því sem lengra líður á árið. Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi í byrjun þessa árs en með þeim breytingum var annars vegar stefnt að því að tryggja frekari fjármögnun sjóðsins og hins vegar að draga úr útgjöldum með ákvæði um hámarksgreiðslur og breytingu á viðmiðunartímabili. Er þess að vænta að áhrifa þessara breytinga gæti frekar þegar líða tekur á yfirstandandi ár.

Önnur mál

Fjallað er um eftirfarandi fjárlagaliði í þessum kafla: 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Jafnframt er hér gerð grein fyrir liðunum 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála. Liðurinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið fellur niður og eru fjárheimildir hans færðar á aðra liði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	190,2	180,0	180,0	0,0	-5,4
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	5,0	0,0	-100,0	-
Félagsmál, ýmis starfsemi	363,6	492,3	534,9	8,7	47,1
Samtals	**613,8**	**737,3**	**774,9**	**5,1**	**26,2**

Heildarfjárveiting til fjárlagaliða þessa kafla hækkar um 17,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru að framlög hækka um 22,7 m.kr. á fjárlaglið 999 Félagsmál, ýmis starfsemi en á móti kemur að liður 996 Íslenska upplýsingasamfélagið er lagður niður og 5 m.kr. fjárheimild hans flutt á liðinn 190 Ýmis verkefni.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 535 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 22,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í þeirri hækkun vegur þyngst 10 m.kr. millifærsla af lið 400 Barnaverndarstofa til að þróa nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga og til að efla forvarnir. Þá er lagt til 6,5 m.kr. tímabundið framlag til að bjóða meðferð þeim körlum sem beita eiginkonur sínar eða sambýliskonur ofbeldi. Enn fremur er tillaga um 3,2 m.kr. tíma-

bundinn styrk til samtakanna Barnheilla til þátttöku í alþjóðlegu verkefni er miðar að því að stöðva barnaklám á Netinu. Loks er farið fram á 3 m.kr. tímabundið framlag til að taka þátt í kostnaði við að reisa minnisvarða um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og jafnréttisbaráttu hennar. Framsetning á liðnum breytist lítillega og er 59,1 m.kr. fjárheimild á viðfangsefninu *1.31 Félagasamtök, styrkir* færð annars vegar á 1.90 Ýmis framlög og hins vegar *1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis* en á það viðfangsefni er einnig færð fjárheimild á *1.30 Sjómannstofur*. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis* verði 65 m.kr. en er 19 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í töflu fyrir neðan er sýndar tillögur að ráðstöfun þeirrar fjárheimildar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
07-999-1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis		
Húsaleiga, Efri-Brú	8,5	9,0
Minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur		3,0
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga		10,0
Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum		5,0
Samtökin Barnaheill, átak gegn barnaklámi		3,2
Sjónarhóll		15,0
Verkefnið; Karlar til ábyrgðar		6,5
Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins		3,5
Samtökin 78		1,5
Óráðstafað	10,5	8,3
Samtals	**19,0**	**65,0**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.
07-996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	Til verkefna upplýsingasamfélagsins hjá stofnunum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	58.662,3	61.264,0	65.868,9	8	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	52.073,1	55.345,2	57.820,6	4	11
Stofnkostnaður og viðhald	1.908,2	2.518,3	2.251,5	-11	18
Samtals	**112.643,6**	**119.127,5**	**125.941,0**	**6**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	-	96.539,0	101.442,2	5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	22.588,5	24.498,8	8	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**119.127,5**	**125.941,0**	**6**	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 129.690 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.749 m.kr. en þær nema 2,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 125.941 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 101.442 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 24.499 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 65.869 m.kr. og hækka um 4.605 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 227 m.kr. framlag til öldrunarþjónustu, 222 m.kr. til Landspítala – háskólasjúkrahúss og annarra sjúkrahúsa, þá tæpar 150 m.kr. til heilbrigðisstofnana og rúmar 130 m.kr. til heilsugæslu.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 2.475 m.kr. og verður 57.821 m.kr. en er 55.345 m.kr. í fjárlögum ársins. Þyngst vegur 1.488 m.kr. hækkun lífeyristrygginga og 575 m.kr. hækkun sjúkratrygginga en á móti kemur rúmlega 580 m.kr. lækkun félagslegra bóta sem að mestu má rekja til niðurfellingar svokallaðs bensínstyrks. Lagt er til að fjárhæð styrksins verði að hluta notuð til að efla úrræði í starfsendurhæfingu sjúkratrygginga og til að hækka tekjutryggingarauka elli- og örorkulífeyrisþega.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.251 m.kr. og er það 267 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 74 m.kr. hækkun framlaga í Framkvæmdasjóð aldraðra, 55 m.kr. til viðhalds eigna Landspítalans, 16 m.kr. til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri og 10 m.kr. til upplýsingatækniverkefna innan Tryggingastofnunar ríkisins. Á móti kemur að felld er niður tæplega 440 m.kr. tímabundin fjárheimild til byggingar hjúkrunarheimila.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	448	453	458	463
Tryggingamál	57.945	59.964	62.090	64.306
Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	32.412	33.112	35.053	38.197
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.	16.865	17.323	17.795	18.280
Heilsugæsla	6.013	6.125	6.239	6.355
Heilbrigðisstofnanir	10.153	10.368	10.588	10.813
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	943	952	961	970
Annað	1.163	1.159	1.166	1.173
Samtals	**125.942**	**129.456**	**134.350**	**140.557**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun

efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til *Tryggingamála* aukist að jafnaði um 3,5% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg fjölgun bótaþega lífeyrisbóta verði um 3% en fjölgun bóta félagslegrar aðstoðar 2,5%. Gert er þó ráð fyrir að sjúkratryggingar hækki að jafnaði um 5% á milli ára og árleg aukning lyfjaútgjalda verði 7% og er það óbreytt frá fyrri árum þar sem gert er ráð fyrir auknum komum til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa og aukið vægi lyfja í meðferð. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málaflokkana *Sjúkrahús*, *Heilsugæslustöðvar* og *Heilsugæslustöðvar*, vaxi árlega um 2% að meðaltali. Til sjúkrahúsmála er þó gert ráð fyrir sérstöku tímabundnu framlagi til undirbúnings og uppbyggingar nýs hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut í samræmi við áform ríkisstjórnar um að leggja fram frumvarp á Alþingi þessa efnis. Loks er gert ráð fyrir að árlegur vöxtur í málaflokknum *Öldrunarmál, endurhæfing o.fl.* verði tæp 3% eins og verið hefur undanfarin ár.

Skuldbindandi samningar

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.700 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 13% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður um 5.988 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur eitt að, eru merktir með bókstafnum C og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.728 m.kr. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 7.700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	119,3	130,3	135,3	140,3	145,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	471,3	506,6	0,0	0,0	0,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	251,4	264,8	264,8	264,8	0,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	52,4	55,4	55,4	55,4	55,4
Víðines, Reykjavík	A	191,1	185,3	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	857,8	928,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	206,7	214,5	0,0	0,0	0,0
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	256,1	259,6	259,6	0,0	0,0
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	734,8	782,9	782,9	782,9	782,9
Sjúkrahótel	A	70,8	72,8	72,8	72,8	72,8
Reykjalundur	A	971,4	1.048,4	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	397,8	420,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	11,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, heilsugæsla fanga	A	1,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Heimilislæknastöðin ehf., rekstur heilsugæslu	A	116,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	219,2	233,7	233,7	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	39,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	40,1	41,3	41,3	41,3	41,3
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	252,2	0,0	0,0	0,0	0,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	58,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflug á Vestfirði og suðursvæði	A	34,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Íslands - sjúkraflug á Norðursvæði	A	53,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	23,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	375,9	399,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarfél. Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	86,3	100,4	0,0	0,0	0,0
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	96,0	132,7	134,6	144,4	155,1
Heilbrigðisstofnunin Akranesi, rekstur	C	1.099,6	1.099,6	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, rekstur	C	628,8	628,8	0,0	0,0	0,0
Samtals		**7.716,1**	**7.504,1**	**1.980,4**	**1.501,9**	**1.252,8**

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samninga um sjúkraflutninga sem flestir renna út í árslok 2005, þar með talið sjúkraflug sem boðið var út fyrr á þessu ári. Áformað er að ganga frá samningum á grundvelli þeirra útboða á haustdögum. Enn fremur standa yfir viðræður við Reykjalund og Heimilislæknastöðina ehf. Samningar við þá aðila eru útrunnir en unnið er eftir eldri samningum. Í lok þessa árs renna út samningar um rekstur Víðiness, Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið og samningar um heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Í lok árs 2006 renna út samningar við sveitarfélögin Akureyri og Hornafjörð um rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu, við Læknavaktina ehf. og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Að óbreyttu má gera ráð fyrir að leitað verði eftir rekstraraðilum til að veita þá þjónustu eða núverandi samningar endurnýjaðir. Loks er áformað að endurnýja árangursstjórnunarsamninga við heilbrigðisstofnanir en þeir runnu út í árlok 2004 að undanskildum samningum við heilbrigðisstofnanirnar á Akranesi og Sauðárkróki.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðis- og tr.málaráðuneyti, aðalskrifstofa	417,7	412,0	440,2	6,8	5,4
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**417,7**	**420,0**	**448,2**	**6,7**	**7,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins breytist ekki að raungildi frá gildandi fjárlögum.

101 Aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 440 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 2005 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Fjárheimildir vegna tækja og búnaðar eru fluttar á almennan rekstur.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	937,0	905,3	1.010,3	11,6	7,8
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.081,8	6.577,0	6.235,0	-5,2	2,5
Lífeyristryggingar	29.522,6	31.397,0	34.200,0	8,9	15,8
Sjúkratryggingar	14.949,1	15.584,0	15.581,0	0,0	4,2
Slysatryggingar	617,1	683,5	727,9	6,5	18,0
Sjúklingatryggingar	37,6	58,1	90,1	55,1	139,6
Eftirlaunasjóður aldraðra	128,9	160,3	100,3	-37,4	-22,2
Samtals	**52.274,1**	**55.365,2**	**57.944,6**	**4,7**	**10,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.526 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar skýrast af fjölgun bótaþega eða tæpir 2,0 milljarðar króna og vega þar þyngst greiðslur lífeyristrygginga. Enn fremur eru tæpar 40 m.kr. til stjórnsýsluverkefna, 30 m.kr. til að efla starfsendurhæfingu auk 100 m.kr. sem millifærðar eru til verkefnisins innan málaflokksins, og 8 m.kr. til að efla tannlæknaþjónustu barna. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 300 m.kr. lækkun lyfjakostnaðar og 226 m.kr. lækkun bóta félagslegrar aðstoðar. Þá lækka útgjöld eftirlaunasjóðs aldraðra um 60 m.kr.

*201 **Tryggingastofnun ríkisins.*** Rekstrargjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru um 1.010,3 m.kr. á næsta ári og hækka um 38,7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingarnar skýrast í fyrsta lagi af 20,6 m. kr. framlagi til að mæta umsýslukostnaði við endurreikning og uppgjör bóta í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar frá 26. apríl 2002. Samkvæmt kostnaðarmati var rekstrargrunnur stofnunarinnar hækkaður um 10 m.kr. í fjárlögum 2003 en þegar fyrsta uppgjör samkvæmt ákvæðum laganna er afstaðið kemur í ljós að verkefnið er mun flóknara og viðameira en reiknað var með. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 m.kr. framlag frá verkefnisstjórn um Íslenska upplýsingasamfélagið til tveggja verkefna á sviði upplýsingamála, annars vegar 5 m.kr. til að koma á rafrænni þjónustugátt í samskiptum stofnunarinnar og almennings og hins vegar 5 m.kr. til rafrænnar móttöku læknisvottorða. Gert er ráð fyrir a.m.k. jafnháu mótframlagi til verkefnisins. Þá er gert ráð fyrir 5,6 m.kr. til að ráða sjúkraþjálfara til starfa við stofnunina. Kostnaður sjúkratrygginga vegna sjúkraþjálfunar hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár og er ætlunin að efla eftirlit og umsjón með framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Loks er lagt til að veitt verði 2,5 m.kr. framlag til reksturs lyfjagagnagrunna til viðbótar 5,2 m.kr. framlagi í fjárlögum þessa árs en í ljósi reynslu, sem fengist hefur, er umsjón með rekstri þeirra umsvifameiri en upphaflega var gert ráð fyrir.

*203 **Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 6.235 m.kr. en eru 6.577 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Jafngildir það um 581,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum 2005. Breytingin skýrist annars vegar af 138 m.kr. hækkun framlaga vegna fjölgunar bótaþega og hins vegar 720 m.kr. lækkun á liðnum en þar af eru um 500 m.kr. færðar á aðra bótaliði almannatrygginga. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga fyrir Alþingi þess efnis að uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar, svokallaður bensínstyrkur, verði felld niður frá og með 1. janúar 2006 en styrkurinn er áætlaður 720 m.kr. Af þeim fjármunum er lagt til að 100 m.kr. verði millifærðar til að efla starfsendurhæfingu sjúkratrygginga og 393,6 til að hækka tekjutryggingarauka hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og 226,4 m.kr. notaðar til að mæta hagræðingarkröfu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra - og feðralaun	291,3	330,0	343,0	3,9	17,7
Umönnunargreiðslur	907,1	1.035,0	988,0	-4,5	8,9
Makabætur og umönnunarbætur	70,1	82,0	85,0	3,7	21,3
Dánarbætur	44,8	52,0	49,0	-5,8	9,4
Endurhæfingarlífeyrir	784,1	985,0	1.108,0	12,5	41,3
Barnalífeyrir vegna menntunar	96,8	109,0	120,0	10,1	24,0
Heimilisuppbót	2.239,2	2.369,0	2.541,0	7,3	13,5
Frekari uppbætur	1.305,2	1.391,0	736,0	-47,1	-43,6
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	343,2	224,0	265,0	18,3	-22,8
Samtals	**6.081,8**	**6.577,0**	**6.235,0**	**-5,2**	**2,5**

204 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 34.200 m.kr. á næsta ári en eru 31.397 í fjárlögum þessa árs. Jafngildir það um 1.488 m.kr. hækkun að raungildi milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	6.612,5	6.968,0	7.377,0	5,9	11,6
Örorkulífeyrir	4.169,2	4.609,0	4.949,0	7,4	18,7
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	9.285,7	9.662,0	10.333,0	6,9	11,3
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	5.027,4	5.582,0	6.197,0	11,0	23,3
Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	927,7	948,0	1.185,0	25,0	27,7
Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	785,9	894,0	1.167,0	30,5	48,5
Vasapeningar ellilífeyrisþega	284,4	299,0	311,0	4,0	9,4
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	56,3	62,0	65,0	4,8	15,5
Örorkustyrkur	139,6	134,0	167,0	24,6	19,6
Barnalífeyrir	1.834,8	2.096,0	2.294,0	9,4	25,0
Annað	399,1	143,0	155,0	8,4	-61,2
Samtals	**29.522,6**	**31.397,0**	**34.200,0**	**8,9**	**15,8**

Helsta skýringin á aukningu útgjalda eru fjölgun bótaþega en liðurinn hækkar um 1.094 m.kr. af þeim sökum. Einnig hækkar liðurinn um 393,6 m.kr. sem eru millifærð af lið 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en fjárhæðinni verður varið til að hækka tekjutryggingarauka elli- og örorkulífeyrisþega og eins og áður gat.

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 15.581 m.kr. á næsta ári en eru 15.584 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Jafngildir það um 575,4 m.kr. hækkun að raungildi á milli ára en verðlagsbreytingar lækka liðinn um 578 m.kr. og vegur þar þyngst áhrif gengis á lyfjakostnað og kaup á erlendri sjúkrahússþjónustu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	3.239,1	3.438,0	3.640,0	5,9	12,4
Lyf	6.421,7	6.485,0	6.043,0	-6,8	-5,9
Hjálpartæki	1.445,7	1.600,0	1.644,0	2,8	13,7
Hjúkrun í heimahúsum	113,8	134,0	137,0	2,2	20,4
Þjálfun	1.285,9	1.373,0	1.618,0	17,8	25,8
Tannlækningar	1.178,8	1.263,0	1.303,0	3,2	10,5
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	203,3	199,0	251,0	26,1	23,5
Brýn meðferð erlendis	675,2	565,0	489,0	-13,5	-27,6
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	79,1	129,0	112,0	-13,2	41,6
Sjúkradagpeningar	194,0	268,0	210,0	-21,6	8,2
Annað	112,5	130,0	134,0	3,1	19,1
Samtals	**14.949,1**	**15.584,0**	**15.581,0**	**0,0**	**4,2**

Helstu breytingar til hækkunar er fjölgun sjúkratryggðra sem leita eftir greiðsluþátttöku og nemur hækkunin af þessum sökum um 742 m.kr. Þá er lagt til að veittar verði 130 m.kr. til að efla úrræði í starfsendurhæfingu og koma í veg fyrir ótímabæra örorku en þar af eru 100 m.kr. færðar af lið 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Enn fremur er lögð til 8 m.kr. hækkun framlags til tannlækninga til að auka greiðsluþátttöku almannatrygginga í kostnaði við tannréttingar barna sem fæðast með skarð í vör eða gómgalla eða aðra fæðingargalla. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að 3,5 m.kr. fjárheimild á viðfangsefni *1.45 Brýn meðferð erlendis* verði flutt á lið 373 Landspítali – háskólasjúkrahús vegna nýrrar meðferðar á sjúkrahúsinu við lokun á opi milli hjartagátta en til þessa hefur aðgerðin eingöngu verið framkvæmd erlendis. Loks er áformað að ná fram lækkun lyfjaútgjalda sjúkratrygginga um 300 m.kr. í kjölfar samkomulags heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hagsmunaaðila á árinu 2004 um lækkun lyfjaverðs til þriggja ára. Er m.a. áformað að ráðast í sérstakt átak í lyfjamálum heilsugæslunnar og áhersla lögð á skynsamlegri og hagkvæmari notkun lyfja.

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga nemi um 727,9 m.kr. á næsta ári en eru 683,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs og er það 45 m.kr. hækkun á milli ára. Á móti kemur 10,6 m.kr. hækkun áætlunar ríkistekna af slysatryggingagjaldi vegna sjómanna. Að öðru leyti skýrast breytingar á liðnum af tillögum um 14 m.kr. hækkun aldurstengdrar örorkuuppbótar og áætlunar um 31 m.kr. hækkun vegna fjölgunar bótaþega en öryrkjum, sem fá eingreiðslu í kjölfar slyss, hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár.

206 Sjúklingatrygging. Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgjöld sjúklingatrygginga verði 90,1 m.kr. á næsta ári sem er 32 m.kr. hækkun á milli ára. Umsóknum og afgreiddum bótum hefur fjölgað ár frá ári frá gildistöku laganna árið 2001. Við samþykkt laganna var gert

ráð fyrir endurskoðun þeirra að fimm árum liðnum og er þess að vænta að frumvarp til laga þess efnis verði lagt fram á haustþingi.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraðra verði 100,3 m.kr. á næsta ári sem er 60 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 113 frá 1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins 129 m.kr. árið 2004 og hafði lækkað um 32 m.kr. frá fyrra ári. Gera má ráð fyrir hliðstæðri lækkun á milli ára og er því áætlað að útgjöld sjóðsins árið 2006 verði um 100 m.kr.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri; 373 Landspítali – háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 383 Sjúkahótel, sem er nýr liður; 384, Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Liðurinn 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir fellur niður vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málefnaflokkun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.942,6	3.127,0	3.342,0	6,9	13,6
Landspítali - háskólasjúkrahús	25.905,4	26.196,0	28.049,0	7,1	8,3
Sjúkrahús, óskipt	76,2	267,6	179,3	-33,0	135,3
Sjúkrahótel	65,1	54,2	72,8	34,3	11,8
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	63,3	91,5	96,2	5,1	52,0
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	156,3	155,9	165,8	6,4	6,1
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	482,2	471,3	506,6	7,5	5,1
Samtals	**29.691,1**	**30.363,5**	**32.411,7**	**6,7**	**9,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 184 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 261 m.kr. auknu framlagi til Landspítala – háskólasjúkrahúss og um 28 m.kr. til Fjórðungssjúkrahússins Akureyri. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til sjúkrastöðvar Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið og á málaflokkinn eru millifærðar rúmlega 70 m.kr. til reksturs sjúkrahótels. Vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málefnaflokkun eru á hinn bóginn færðar tæplega 500 m.kr. af málaflokknum á málaflokka öldrunarmála, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 3.342 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 28 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingarnar skýrast annars vegar af tillögu um 16 m.kr. tímabundið framlag til innréttinga suðurálmu og kostnaði við frágang. Framlagið er til viðbótar 112 m.kr. til innréttingar álmunnar sem samþykkt var í fjárlögum þessa árs til tveggja ára. Heildarframlög til stofnframkvæmda eru því 140 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Er gert ráð fyrir að með því verði unnt að ljúka innréttingu álmunnar. Hins vegar er lagt til að veitt verði 12 m.kr. framlag til að mæta aukinni starfsemi á sviði krabbameinslækninga en á síðustu árum hefur sjúkrahúsið lagt áherslu á að bæta greiningu með nýjum búnaði á sviði segulómunar, ísótóparannsókna og tölvusneiðmyndatöku. Með aukinni sérhæfingu og öruggari þjónustu sjúkrahússins hefur sjúklingum fækkað sem vísa þarf á þjónustu utan byggðalagsins.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 28.049 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 260,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir samtals 77 m.kr. framlagi til að mæta veikleikum í rekstri á yfirstandandi ári en jafnframt að færa sértekjuáætlun og áætlun annarra gjalda að raunverulegum reikningi spítalans. Í öðru lagi er farið fram á 40 m.kr. framlag til að mæta kostnaðarauka í tengslum við fjölgun sjúklinga með illkynja sjúkdóma en nýgengi krabbameins eykst árlega um 3% og einstaklingum á lífi með krabbamein fjölgar um 5%. Áformað er að auka þjónustu við krabbameinssjúka, bæði læknandi og líknandi meðferða. Í þriðja lagi er lagt til að millifæra 40 m.kr. af fjárlagalið 08-379 Sjúkrahús óskipt til sjúkrahússins til að efla þjónustu við geðfatlaða og m.a. þá sem áður bjuggu að Arnarholti en fluttust ekki í sambýli fatlaðra. Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 19,5 m.kr. framlag til að efla tannlæknaþjónustu á sjúkrahúsinu og sinna m.a. áhættusjúklingum sem þurfa sérhæfða meðferð, börnum með skarð í vör eða gómgalla og einstaklingum sem vilja nýta sér göngudeildarþjónustu tannlæknanema. Í fimmta lagi er tillaga um 16 m.kr. framlag til að efla þjónustu við einstaklinga sem stríða við átröskun en frá árinu 2001 hefur starfað þverfaglegt teymi sem hefur annast þá meðferð. Aðsókn hefur verið mun meiri en búist var við og er því lagt til að efla þjónustuna enn frekar. Í sjötta lagi er lagt til að 12 m.kr. verði millifærðar af lið 08-383 Sjúkrahótel til Landspítala – háskólasjúkrahúss en spítalinn hefur samið við Fosshótel ehf. um rekstur sjúkrahótels og verður ófaglært starfsfólk sem áður starfaði hjá verksala starfsfólk sjúkrahússins. Í áttunda lagi er lagt til að millifærðar verði 3,5 m.kr. af lið sjúkratrygginga til sjúkrahússins vegna nýrrar meðferðar á sjúkrahúsinu við lokun á opi milli hjartagátta en til þessa hefur aðgerðin eingöngu verið framkvæmd erlendis. Í níunda lagi er tillaga um að færa 1,7 m.kr. af sjúkrahúsinu á lið 08-795 St. Jósefsspítali vegna flutnings á ferliverkaeiningum milli sjúkrahúsanna. Loks er gert ráð fyrir 55 m.kr. framlagi til viðhalds eigna sjúkrahússins.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 179,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 88,3 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarviðfangsefni liðarins lækkar um 80,2 m.kr. vegna millifærslna á aðra liði. Þar er fyrst að nefna 40 m.kr. til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að mæta aukinni þjónustu við geðfatlaða, 20 m.kr. mæta rekstrarvanda Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja vegna afar erfiðrar fjárhagsstöðu, 8 m.kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar, 7,7 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við lyfjagjöf ópíumfíkla á sjúkrastöð SÁÁ og 4,5 m.kr. til styrktar sumardvöl fatlaðra barna í Reykjadal. Stofnkostnaðarviðfangsefni liðarins lækkar um 8 m.kr. sem færðar eru á nýjan safnlið 08-700 Heilbrigðisstofnanir vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málefnaflokka.

383 Sjúkrahótel. Á þennan lið, sem er nýr, eru færðar greiðslur samkvæmt samningi um rekstur sjúkrahótels sem Landspítali – háskólasjúkrahús hefur gert við Fosshótel ehf. Gert er ráð fyrir að útgjöld á þessum lið verði 72,8 m.kr. Annars vegar er lagt til að flutt verði fjárheimild að fjárhæð 54,2 m.kr. af lið 471 Gistiheimili RKÍ sem lagður er niður en jafnframt komi til nýtt framlag að fjárhæð 28,6 m.kr. Þá er lagt til að 12 m.kr. verði færðar til Landspítala – háskólasjúkrahúss sem greiðir laun ófaglærðs starfsfólk á sjúkrahótelinu. Aðrar breytingar skýrast af verðlagsbreytingum.

386 Vistun ósakhæfra afbrotmanna. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 165,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Með auknu framlagi er áformað að auka fagþjónustu á stofnuninni.

388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Útgjöld á þessum lið eru samkvæmt þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytis og Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið um rekstur sjúkrastöðvar. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna samningsins nemi 506,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af ákvæðum samningsviðauka frá 2005 sem kveður á um að sjúkrastöðin annist lyfjagjöf til 30 ópíumfíkla á ári. Lagt er til að þessum auknu útgjöldum verði mætt annars vegar með 7,7 m.kr. millifærslu af fjárlagalið 08-379 Sjúkrahús, óskipt og hins vegar 2,3 m.kr. sem er nýtt framlag.

Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt sem áður var 401 Hjúkrunarheimili, almennt; 402 Framkvæmdasjóður aldraðra og fjárlagaliðir 405-494 sem eru einstakar stofnanir. Í þessum málaflokki fellur niður fjárlagaliður 471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík.

Málaflokkurinn er í þremur hlutum en í fyrsta hluta er fjallað um *Dvalar- og hjúkrunarheimili*, þá *Dvalarrými og dagvistun, aðrar* og loks *Endurhæfingarstofnanir*. Í eftirfarandi töflu eru sýndar í heild fjárheimildir hvers hluta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalar- og hjúkrunarheimili	11.537,2	13.229,2	13.890,8	5,0	20,4
Dvalarrými og dagvistun, önnur	841,9	874,1	940,3	1,3	3,7
Endurhæfingarstofnanir	1.866,1	1.903,4	2.033,6	6,8	9,0
Samtals	**14.245,2**	**16.006,7**	**16.864,7**	**5,4**	**18,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er samtals um 16.007 m.kr. í fjárlögum 2005 og lækka um 11 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem nema samtals 814 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að rekstrarframlög hækki um 220 m.kr., aðallega vegna fjölgunar hjúkrunarrýma en að viðhalds- og stofnkostnaður lækki um 230 m.kr. Í þeirri lækkun vegur þyngst niðurfelling á 437,5 m.kr. tímabundnu framlagi til uppbyggingar hjúkrunarheimila í samræmi við samkomulag við samtök eldri borgara frá nóvember 2002. Aftur á móti eru millifærðar á málaflokkinn af fjárlagalið 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir 133,5 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málefnaflokka. Þá kemur einnig til 74 m.kr. hækkun framlaga í Framkvæmdasjóð aldraðra sem rennur óskipt til stofnkostnaðarverkefna. Rekstrarviðfangsefni málaflokksins hækka um 220 m.kr. eins og áður er nefnt en af málaflokknum er flutt 54 m.kr. fjárheimild til reksturs sjúkrahótels.

a. Dvalar- og hjúkrunarheimili

Í þessum hluta er fjallað um hjúkrunarheimili sem falla undir fjárlagaliði 405-447 og starfstengda þjónustu þeirra heimila, svo sem dvalarrými, dagvistun og aðra þjónustuþætti. Hér er einnig fjallað um lið 401 Öldrunarstofnanir, almennt sem er safnliður og 402 Framkvæmdasjóður aldraðra. Útgjöld eru færð á fjárlagalið hverrar stofnunar á viðfangsefnin *1.01 Hjúkrunarrými*, *1.11 Dvalarrými* og *1.15 Dagvist* en í einstaka tilvikum er um fjölbreyttari þjónustu að ræða sem er færð á sérstök viðfangsefni þegar tilefni er til.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	-67,4	621,6	491,8	-20,9	-
Framkvæmdasjóður aldraðra	945,3	928,0	1.002,0	8,0	6,0
Hrafnista, Reykjavík	1.105,0	1.486,2	1.535,4	3,3	39,0
Hrafnista, Hafnarfirði	861,0	899,2	962,2	7,0	11,8
Grund, Reykjavík	953,5	1.008,5	1.076,3	6,7	12,9
Sunnuhlíð, Kópavogi	386,2	364,6	384,9	5,6	-0,3
Hjúkrunarheimilið Skjól	510,2	513,3	566,1	10,3	11,0
Hjúkrunarheimilið Eir	839,6	885,3	939,8	6,2	11,9
Garðvangur, Garði	201,2	201,1	215,1	7,0	6,9
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	410,1	425,6	449,3	5,6	9,6
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	339,1	416,2	433,7	4,2	27,9
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	140,2	136,5	145,1	6,3	3,5
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	90,6	95,6	100,8	5,4	11,3
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	115,5	121,3	128,4	5,9	11,2
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	32,4	80,6	84,1	4,3	159,6
Seljahlíð, Reykjavík	154,7	161,3	171,9	6,6	11,1
Sólvangur, Hafnarfirði	410,9	416,8	438,8	5,3	6,8
Víðines	190,9	182,4	185,3	1,6	-2,9
Höfði, Akranesi	274,3	285,1	296,5	4,0	8,1
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	163,9	166,1	170,4	2,6	4,0
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	58,1	66,2	71,8	8,5	23,6
Fellaskjól, Grundarfirði	38,6	62,4	63,6	1,9	64,8
Jaðar, Ólafsvík	44,5	51,2	63,8	24,6	43,4
Fellsendi, Búðardal	72,2	93,2	132,5	42,2	83,5
Barmahlíð, Reykhólum	60,7	64,2	66,7	3,9	9,9
Dalbær, Dalvík	155,7	167,6	177,1	5,7	13,7
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	722,9	857,8	928,0	8,2	28,4
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	82,9	87,6	89,6	2,3	8,1
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um öldrunarþ.	207,2	206,7	214,5	3,8	3,5
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	81,5	87,8	94,0	7,1	15,3
Hjallatún, Vík	68,5	64,0	67,3	5,2	-1,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	207,4	244,9	254,2	3,8	22,6
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	410,5	435,7	458,7	5,3	11,7
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	152,0	172,8	184,6	6,8	21,4
Holtsbúð, Garðabæ	172,6	192,5	204,0	6,0	18,2
Vífilsstaðir, Garðabæ	232,6	244,5	259,6	6,2	11,6
Sóltún, Reykjavík	710,0	734,8	782,9	6,5	10,3
Daggjaldastofnanir	2,1	0,0	0,0	-	-
Samtals	**11.537,2**	**13.229,2**	**13.890,8**	**5,0**	**20,4**

Heildarframlög til dvalar- og hjúkrunarrýma eru 13.230 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ársins 2006 verði 13.891 m.kr. sem jafngildir um 2 m.kr. raunhækkun á milli ára. Raunhækkun rekstrarkostnaðar nemur hins vegar 232 m.kr. en viðhalds- og stofnkostnaður lækkar á móti um nánast sömu fjárhæð, eða um 230 m.kr., eins og nefnt er að framan og nánar verður rakið undir lið 401 Öldrunarstofnanir, almennt og lið

402 Framkvæmdasjóður aldraðra. Hækkun milli ára skýrist að fullu af fjölgun nýrra hjúkrunarrýma og má þar m.a. nefna 30 ný hjúkrunarrými sem verið er að byggja við Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri auk 20 til 25 hjúkrunarrýma sem eru óstaðsett. Þá er lagt til að um 20 dvalarrýmum verði breytt í hjúkrunarrými og vegna þessa lækka framlög til dvalarrýma.

Hjúkrunarrými, reiknilíkan	Þyngd um-önnunar	Áformuð nýting rýma	Umönnun kostnaður m.kr.	Almennur rekstrar-kostnaður m.kr.	Verðlags-breyting m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.
Ný hjúkrunarrými	1,01	21	63,7	42,8	5,6	112,1
Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	0,97	46	133,6	93,7	12,7	234,6
Hrafnista, Reykjavík	1,02	246	753,6	497,6	64,5	1.315,7
Hrafnista, Hafnarfirði	1,04	148	462,3	302,8	39,4	804,5
Grund, Reykjavík	1,02	187	572,9	374,8	48,8	996,5
Sunnuhlíð, Kópavogi	1,02	72	220,6	146,9	18,9	386,4
Hjúkrunarheimilið Skjól	1,03	109	337,2	223,1	28,9	589,2
Hjúkrunarheimilið Eir	1,02	173	530,0	353,8	45,5	929,3
Garðvangur, Garði	1,06	41	130,5	82,3	10,9	223,7
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,05	70	220,8	141,9	18,6	381,3
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	1,06	82	261,1	167,9	22,2	451,2
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,01	25	75,8	51,2	6,6	133,6
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,94	17	48,0	34,4	4,3	86,7
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,99	20	59,5	40,5	5,1	105,1
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,96	13	37,5	26,1	3,3	66,9
Seljahlíð, Reykjavík	1,01	28	84,9	57,4	7,3	149,6
Sólvangur, Hafnarfirði	1,03	85	263,0	171,4	22,4	456,8
Víðines	0,93	38	106,1	77,8	9,5	193,4
Höfði, Akranesi	0,96	41	118,2	83,9	10,3	212,4
Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	0,97	20	58,3	40,4	5,0	103,7
Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	0,93	10	27,9	20,5	2,6	51,0
Fellaskjól, Grundarfirði	0,94	10	28,2	20,2	2,6	51,0
Jaðar, Ólafsvík	0,91	10	27,3	20,1	2,5	49,9
Fellsendi, Búðardal	0,89	28	74,8	56,8	6,8	138,4
Barmahlíð, Reykhólum	0,91	13	35,5	26,6	3,2	65,3
Dalbær, Dalvík	0,97	24	69,9	49,1	6,1	125,1
Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþj.	1,00	150	450,6	306,7	39,0	796,3
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,96	13	37,5	26,6	3,3	67,4
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð,öldrunarþj.	0,98	26	76,5	52,2	6,6	135,3
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,98	17	50,0	34,1	4,3	88,4
Hjallatún, Vík	0,91	11	30,1	22,2	2,6	54,9
Kumbaravogur, Stokkseyri	0,98	42	123,6	83,0	10,6	217,2
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,98	26	76,5	52,3	6,6	135,4
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,05	27	85,2	55,2	7,2	147,6
Holtsbúð, Garðabæ	0,95	40	114,1	80,6	10,0	204,7
Vífilsstaðir, Garðabæ	1,03	50	154,7	102,3	13,2	270,2
Samtals	**1,01**	**1.979**	**6.000,0**	**4.019,3**	**517,0**	**10.530,9**

Framlag til rekstrar hjúkrunarrýma, hvort sem er á dvalar- og hjúkrunarheimili eða heilbrigðisstofnun, ræðst af umönnunarþyngd hvers íbúa sem metin er samkvæmt alþjóðlegu matskerfi (RAI) og gefur vísbendingu um ástand og þarfir þeirra. Heildarframlag til reksturs hjúkrunarrýma, að frátöldu framlagi til Sóltúns, Reykjavík, er skipt niður á heimilin með reiknilíkani þar sem 61% kostnaðar ræðst af meðatali umönnunarþyngdar íbúa en 39% kostnaður ræðst af fjölda hjúkrunarrýma hvers heimilis. Auk þess kemur til greiðsla vegna viðhalds sem nemur í heild 219 m.kr. Þeirri fjárhæð er skipt niður eftir húsrými hjúkrunardeilda að gefnu tilteknu hámarki sem miðast við 60 m^2 á hvert rými. Hjúkrunarheimilið Sóltún, sem er með 92 hjúkrunarrýmí, fellur ekki undir framangreint reiknilíkan þar sem það fær greiðslur samkvæmt þjónustusamningi. Engu að síður byggjast greiðslur til heimilisins á umönnunarmati en þær breytast fari meðalumönnunarþyngd íbúa yfir tiltekin vikmörk. Umönnunarmat Sóltúns er ólíkt að því leyti að það byggist á 34 álagsflokkum en hjá öðrum heimilum er álagsflokkarnir 44. Í yfirliti hér fyrir framan eru sýnd framlög til reksturs hjúkrunarrýma á hvert heimili. Heildarframlag til hverrar stofnunar, sem reiknilíkanið tekur til, er reiknað sem daggjald og miðast við 99,55% nýtingu en jafnframt að tilskilin lágmarksþjónusta sé veitt í faglegri umönnun, aðbúnaði og annarri þjónustu. Greiðsla til hvers heimilis tekur hins vegar mið af daglegri nýtingu rýma og getur því orðið önnur en frumvarpið sýnir. Samkvæmt yfirlitinu er gert ráð fyrir rekstarframlögum til 1.979 hjúkrunarrýma en rekstarframlög í fjárlögum ársins miðast við 1.914 hjúkrunarrýmí.

401 Öldrunarstofnanir. almennt. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins, sem er safnliður, nemi um 491,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 155,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarviðfangsefni liðarins hækki um 148,3 m.kr. en viðhalds- og stofnkostnaður lækki um 304 m.kr. Viðfangsefni *101 Hjúkrunarrýmí, almennt* lækkar um 45,4 m.kr. og er þeirri fjárhæð ráðstafað til útdeilingar í reiknilíkani hjúkrunarrýma. Á viðfangsefni *109 Ný hjúkrunarrýmí* gerir frumvarpið ráð fyrir 102 m.kr. framlagi til nýrra óstaðsettra hjúkrunarrýma en á viðfangsefni *113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana*, þar sem færð eru framlög til heimila sem ekki hafa sérstaka fjárlagaliði, er gert ráð fyrir 91,7 m.kr. framlagi. Vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málefnaflokka eru 60 m.kr. millifærðar af fjárlagalið 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir á viðhaldsviðfangsefni þessa liðar. Enn fremur eru millifærðar af sama lið og af sama tilefni 73,5 m.kr. á stofnkostnaðarviðfangsefni liðarins. Lagt er til að fjárhæðin skiptist þannig að 47,9 m.kr. fari til hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar, Eskifirði, 17,5 m.kr. til Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri og 8,1 m.kr. til Nausts, Þórshöfn. Í breytingu stofnkostnaðar á þessum lið vegur þó þyngst niðurfelling á 437,5 m.kr. tímabundnu framlagi til uppbyggingar hjúkrunarheimila í samræmi við samkomulag við samtök eldri borgara frá nóvember 2002.

*402 **Framkvæmdasjóður aldraðra.*** Framlög sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 1.002 m.kr. á greiðslugrunni en eru í fjárlögum þessa árs 928 m.kr. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru, og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Gert er ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 3% en jafnframt er lagt til að gjaldið hækki úr 5.738 á hvern gjaldanda í 6.075 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2003 til desember 2004. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir leiðréttingu á fjármögnun sjóðsins frá fjárlögum 2005 en þá var hluti framlaga í sjóðinn ranglega færður sem greiðslur úr ríkissjóði.

b. Dvalarrými og dagvistun, önnur

Hér er fjallað um þau dvalarrými og dagvistun sem falla undir fjárlagaliði 460-477 en þau heimili eru ekki í starfstengslum við hjúkrunarheimili. Fjárlagaliður 471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík er lagður niður og 54,2 m.kr. fjárheimild hans færð á lið 383 Sjúkrahótel.

Heildarfjárveiting til þessara heimila er samtals 874 m.kr. í fjárlögum 2005 en lagt er til að hún verði 940 m.kr. sem að raunvirði jafngildir rúmlega 32 m.kr. lækkun á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dvalarrými aldraðra, önnur	499,5	493,3	484,2	-1,8	-3,1
Vesturhlíð, Reykjavík	6,6	10,8	11,4	5,6	72,7
Hlíðabær, Reykjavík	38,2	35,4	37,2	5,1	-2,6
Lindargata, Reykjavík	33,8	32,9	34,6	5,2	2,4
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	65,1	64,2	67,4	5,0	3,5
Múlabær, Reykjavík	56,8	49,9	52,4	5,0	-7,7
Fríðuhús, Reykjavík	28,4	26,7	28,0	4,9	-1,4
Dagvistun aldraðra, aðrar	113,5	160,9	225,1	39,9	98,3
Samtals	**841,9**	**874,1**	**940,3**	**7,6**	**11,7**

*460 **Dvalarrými aldraðra, önnur.*** Á þennan lið er færður styrkur ríkisins til reksturs dvalarrýma sem ekki eru í starfstengslum við dvalar- og hjúkrunarheimili. Styrkur til reksturs þessara dvalarrýma er 484,2 m.kr. sem er 32,3 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs en í frumvarpinu er lagt til að samtals 15 dvalarrýmum að Hlévangi í Reykjanesbæ, Kirkjuhvoli á Hvolsvelli og á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi verði breytt í jafnmörg hjúkrunarrými. Millifærðar eru því 28 m.kr. af þessum lið á lið 401 Öldrunarstofnanir, almennt og 4,3 m.kr. á Heilbrigðisstofnunina Blönduósi.

*477 **Dagvistun aldraðra, aðrar.*** Liðurinn hækkar að raungildi um 54 m.kr. á milli ára og er samkvæmt frumvarpinu 225,1 m.kr. Breytingin kemur til af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til 41 m.kr. framlag til að reka 20 ný dagvistarrými fyrir minnissjúka í Hafnarfirði og hins vegar 13 m.kr. framlag fyrir 15 ný almenn dagvistarrými.

b. Endurhæfingarstofnanir

Í þessum hluta er fjallað um endurhæfingarstofnanir sem falla undir fjárlagaliðina 478-494. Heildarfjárveiting til þessara stofnana er 1.903 m.kr. í fjárlögum 2005 en samkvæmt frumvarpinu verða útgjöldin 2.027 m.kr. sem jafngildir 20 m.kr. raunhækkun á milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	38,3	40,1	42,1	5,0	9,9
Hlaðgerðarkot	63,6	65,6	69,9	6,6	9,9
Reykjalundur, Mosfellsbæ	936,7	971,4	1.048,4	7,9	11,9
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	432,4	397,8	420,0	5,6	-2,9
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	310,4	347,5	366,7	5,5	18,1
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	84,7	81,0	86,5	6,8	2,1
Samtals	**1.866,1**	**1.903,4**	**2.033,6**	**6,8**	**9,0**

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Heildargjöld þessa liðar eru samkvæmt frumvarpinu 1.048,4 m.kr. sem er 20 m.kr. raunhækkun á milli ára. Útgjöld ríkisins fara eftir ákvæðum þjónustusamnings en endurskoðun hans stendur yfir. Er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til kaupa á aukinni þjónustu í þágu sjúklinga með lífshættulega offitu og 5 m.kr. til eflingar þjónustu göngudeildar og næringarsviðs.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar og fjárlagaliðirnir 505-588 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Fjárlagaliður sem áður var 505 Heilsugæsla í Reykjavík verður 505 Heilsugæsla á Höfðuborgarsvæðinu en jafnframt falla niður fjárlagaliðir 582-586 sem eru fjárlagaliðir annarra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fellur niður liðurinn 510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 133 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru aukin framlög til sjúkraflutninga og uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	34,6	645,3	442,7	-31,4	1.179,5
Sjúkraflutningar	547,0	588,2	673,7	14,5	23,2
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.044,4	2.989,6	3.493,5	16,9	14,8
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	114,4	116,7	124,7	6,9	9,0
Læknavaktin	209,7	219,2	233,7	6,6	11,4
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	105,1	97,0	104,2	7,4	-0,9
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	85,2	72,2	75,9	5,1	-10,9
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	43,3	41,7	45,6	9,4	5,3
Heilsugæslustöðin Búðardal	78,7	66,0	70,0	6,1	-11,1
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	44,7	41,1	43,5	5,8	-2,7
Heilsugæslustöðin Dalvík	67,6	63,5	73,8	16,2	9,2
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	365,4	375,9	399,0	6,1	9,2
Samningur við Sveitarf. Hornafjörð um heilsug.	95,9	86,3	100,4	16,3	4,7
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	95,2	122,5	132,7	8,3	39,4
Samtals	**4.931,2**	**5.525,2**	**6.013,4**	**8,8**	**21,9**

500 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld þessa liðar nemi um 442,7 m.kr. á næsta ári en þau eru 645,3 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Það jafngildir 226,1 m.kr. lækkun á milli ára. Breytingar skýrast annars vegar af tillögum um samtals 70,7 m.kr. ný framlög en af þeim vegur þyngst tillaga um 38,7 m.kr. hækkun til nýrra heilsugæslustöðva, þá 20 m.kr. tillaga um aukið framlag til heimahjúkrunar og loks 20 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar. Á hinn bóginn er lagt til að samtals um 305 m.kr. verði millifærðar af liðnum. Þar ber fyrst að nefna tillögur um samtals 205,8 m.kr. til reksturs á nýjum heilsugæslustöðvum í Hafnarfirði og Heima- og Vogahverfi í Reykjavík. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að 50 m.kr. verði færðar af liðnum til að efla heimahjúkrun og tæpar 40 m.kr. til eflingar geðverndarmála innan heilsugæslunnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að samtals 18 m.kr. verði millifærðar af liðnum til einstakra heilsugæslustöðva af breytilegum tilefnum, svo sem til að leiðrétta rekstrargrunn, mæta auknu álagi, taka upp gæsluvakt II, mæta auknum útgjöldum vegna rannsóknarkostnaðar o.fl.

501 Sjúkraflutningar. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 673,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 25 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við greiðslur fyrir sjúkraflutninga milli stofnana og 35 m.kr. til að mæta auknu umfangi og útgjöldum í flutningum.

505 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Liðurinn breytir um nafn vegna sameiningar heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en hét áður Heilsugæsla í Reykjavík. Rekstrargjöld allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu eru færðar á þennan lið þ.e. *510 Heilsu-*

verndarstöðin í Reykjavík, 582 Heilsugæslustöðin í Hafnarfirði, 583 Heilsugæslustöðin í Garðabæ, 584 Heilsugæsla í Kópavogi, 585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi og *586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ* og leggjast liðirnir niður. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld á þessum nýja lið nemi 3.493,5 m.kr. á næsta ári en samlögð rekstrargjöld stöðvanna nemur 2.989,6 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og jafngildir hækkun liðarins 282 m.kr. raunhækkun á milli ára. Millifærðar eru á liðinn 1.601,4 m.kr. fjárheimildir þeirra fjárlagaliða sem lagðir eru niður. Þá eru millifærðar af lið 500 Heilsugæsla, almennt 205,8 m.kr. til reksturs nýrra stöðva í Hafnarfirði og Heima- og Vogahverfi í Reykjavík. Jafnframt eru millifærðar af sama lið 46 m.kr. til að efla heimahjúkrun, þá samtals 25,7 m.kr. til að efla geðverndarþjónustu innan heilsugæslunnar, m.a. með sérstakri áherslu á þjónustu við börn með geðræn og sálfélagsleg vandamál, 3 m.kr. vegna aukins álags á heilsugæslustöðinni í Garðabæ og loks 1,5 m.kr. vegna aukins rannsóknarkostnaðar.

552 ***Heilsugæslustöðin Dalvík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 73,8 m.kr. á næsta ári og er það 5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að standa undir kostnaði við gæsluvakt II og öðrum rekstrarkostnaði. Lagt er til að fjárhæðin verði færð af lið 08-500 Heilsugæslustöðvar almennt.

568 ***Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 100,4 m.kr. og er það 8 m.kr. hækkun að raungildi á milli ára. Er fjárveitingunni ætlað að leiðrétta launagrunn heilsugæslustöðvarinnar og er lagt til að hún millifærist af lið 08-500 Heilsugæslustöðvar almennt.

588 ***Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 132,7 m.kr. á næsta ári og er það 4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Útgjöld þessa liðar ræðst af ákvæðum þjónustusamnings um rekstur stöðvarinnar og er hækkuninni ætlað að standa undir kostnaði vegna fjölgunar íbúa.

Heilbrigðisstofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir frá 700 til 799, þ.e. sjúkrahús, öldrunarstofnanir og heilsugæslustöðvar sem rekin eru sameiginlega.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	0,0	0,0	442,4	-	-
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.101,4	1.099,6	1.170,6	6,5	6,3
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi	283,3	290,3	307,5	5,9	8,5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	183,7	183,9	195,0	6,0	6,2
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	624,7	627,7	668,6	6,5	7,0
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	116,7	116,4	123,1	5,8	5,5
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	106,6	105,4	111,3	5,6	4,4
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	217,5	203,8	215,9	5,9	-0,7
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	299,6	292,5	319,8	9,3	6,7
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	622,3	628,8	666,6	6,0	7,1
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	298,0	305,5	322,8	5,7	8,3
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	671,6	664,1	701,3	5,6	4,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.268,4	1.317,0	1.404,3	6,6	10,7
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	501,0	485,2	525,1	8,2	4,8
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.217,1	1.158,7	1.239,0	6,9	1,8
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	1.140,5	1.052,6	1.146,7	8,9	0,5
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	597,6	538,9	592,7	10,0	-0,8
Samtals	**9.250,0**	**9.070,4**	**10.152,7**	**11,9**	**9,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 517 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að millifærðar eru um 370 m.kr. af öðrum málaflokkum vegna breyttrar framsetningar safnliða í fjárlögum til samræmis við málaflokkun. Þá er 70 m.kr. framlag til að mæta rekstrarvanda heilbrigðisstofnana auk samtals 30 m.kr. framlaga til heilbrigðisstofnana í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum.

700 Heilbrigðisstofnanir. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 442,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 439,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á rekstrarviðfangsefni liðarins er tillaga um 70 m.kr. framlag til að auðvelda stjórnendum heilbrigðisstofnana að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Er gert ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað samhliða aðgerðum í rekstri viðkomandi stofnana. Til viðhalds heilbrigðisstofnana er ætlað 58,6 m.kr. og 311,1 m.kr. til stofnframkvæmda. Þar vega þyngst 100 m.kr. til uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, 98 m.kr. til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, þá 40 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði og 15 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi. Loks er gert ráð fyrir 58,1 m.kr. til kaupa tækja og búnaðar. Framlög til viðhalds- og stofnframkvæmda eru millifærð af lið 379 Sjúkrahús, óskipt og 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir vegna breyttrar framsetningar safnliða til samræmis málefnaflokkun.

*745 **Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.*** Rekstrargjöld nema samkvæmt frumvarpinu 319,8 m.kr. á næsta ári. Að raungildi er það 10 m.kr. hækkun á milli ára en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækkuninni verði varið til breytinga á 2 dvalarrýmum í 2 hjúkrunarrými. Lagt er til að 5,7 m.kr. verði millifærðar af lið 401-101 Öldrunarstofnanir, almennt og 4,3 m.kr. millifærðar af lið 460-111 Dvalarrými aldraðra, önnur.

*777 **Heilbrigðisstofnun Austurlandi.*** Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 1.404,3 m.kr. á árinu 2006 og jafngildir það um 8,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist af tillögu um tímabundna fjölgun heilsugæslulækna á Egilsstöðum úr 4 í 5 allt til ársins 2009 eða á meðan stóriðjuframkvæmdum stendur.

*781 **Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 525,1 m.kr. á næsta ári sem er 10 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Með þeirri fjárveitingu er tryggt að starfsemi skurðstofu falli ekki niður á sumrin og verði þá starfrækt allt árið.

*787 **Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*** Lagt er til að rekstrargjöld nemi 1.239 m.kr. á næsta ári sem er 7,7 m.kr. raunhækkun milli ára. Hækkunin skýrist annars vegar af 4 m.kr. millifærslu af lið 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að efla heimahjúkrun og hins vegar tillögu um 3,7 m.kr. fjárveitingu til að ráða afleysingalækni í hlutastarf á heilsugæslusvið vegna samningsákvæða um lágmarkshvíld.

*791 **Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.*** Rekstrargjöld verða 1.146,7 m.kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu og er það 25,4 m.kr. raunhækkun á milli ára. Hækkunin skýrist annars vegar af tillögu um 20 m.kr. millifærslu af safnlið 08-379-101 Sjúkrahús, óskipt á sjúkrasvið vegna afar erfiðrar fjárhagsstöðu á stofnuninni en unnið er samhliða að hagræðingu í rekstri stofnunarinnar. Þá er lagt til að millifærðar verði 5,4 m.kr. af fjárlagalið 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt til að efla geðheilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla verði lögð á þjónustu við börn með geðræn og sálfélagsleg vandamál.

*795 **St. Jósefsspítali.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 592,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er um að ræða tillögu um 5,8 m.kr. framlag til óbreytts rekstrar en rekstrarvandi spítalans hefur aukist undanfarin ár. Áformað er að sameina sjúkrahúsið og Hjúkrunarheimilið Sólvang frá og með næstu áramótum. Þá er unnið að árangursstjórnunarsamningi við spítalann samhliða því sem lagt er til að rekstrargrunnur hans verði bættur. Í samningnum er áformað að hlutverk spítalans og starfsemi verði skilgreind nánar. Einnig er lagt til að framlag til spítalans hækki um 5,1 m.kr. til að mæta kostnaði við

smágirnisrannsóknir. Þá er farið fram á 3,1 m.kr. framlag til að taka upp nýja aðgerðartækni í kvensjúkdómum. Loks er tillaga um að millifæra 1,7 m.kr. af 08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús vegna flutnings á ferliverkaeiningum milli sjúkrahúsanna.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	179,6	181,9	203,0	11,6	13,0
Lýðheilsustöð	172,9	259,9	265,6	2,2	53,6
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	161,8	104,4	111,5	6,8	-31,1
Sjónstöð Íslands	83,0	75,9	140,9	85,6	69,8
Geislavarnir ríkisins	75,1	65,2	67,2	3,1	-10,5
Lyfjastofnun	175,6	145,4	154,7	6,4	-11,9
Samtals	**848,0**	**832,7**	**942,9**	**13,2**	**11,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 66 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

*301 **Landlæknir.*** Rekstrargjöld embættisins verða samkvæmt frumvarpinu 203 m.kr. á næsta ári. Er það 10 m.kr. hækkun á milli ára að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Hækkunin skýrist annars vegar af tillögu um 5 m.kr. framlag til að styrkja gæðaeftirlit embættisins með samræmdu verklagi við skipulegar úttektir á starfsemi heilbrigðisstofnana og annarra þjónustuaðila á heilbrigðissviði sem má ætla að séu um 500 talsins. Ætlunin er að bæta við starfsmanni svo að unnt reynist að framkvæma eftirlitið með samræmdari og ákveðnari hætti en verið hefur til þessa. Þá er tillaga 5 m.kr. framlag til miðlægrar bólusetningarskrár sóttvarnalæknis sem tengist verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins.

*305 **Lýðheilsustöð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 265,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 0,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist m.a. af breytingu á áfengisgjaldi við endurskoðun áætlunar um ríkistekjur. Jafnframt er þó lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að efla enn frekar og samræma almennt forvarnarstarf stöðvarinnar og mæta kostnaði við rannsókn sem unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, í samvinnu við Háskólann á Akureyri, „Heilsa og lífskjör skólanema“. Á hinn bóginn fellur niður tímabundið 10 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við norrænt lýðheilsuþing sem haldið er á Íslandi í október 2005.

*326 **Sjónstöð Íslands.*** Rekstrargjöld stöðvarinnar nema 140,9 m.kr. á næsta ári sem er 57,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist í fyrsta lagi af tillögu um 38 m.kr. fjárveitingu til að auka greiðsluþátttöku ríkissjóðs í gleraugnakostnaði barna og unglinga en ríkissjóður tekur nú þegar þátt í gleraugnakostnaði barna og unglinga yngri en 16 ára sem nemur 12–13 m.kr. á ári en lagt er til að aldursmörk verði hækkuð í 18 ár og greiðsluþátttaka jafnframt aukin. Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. til kaupa á sjónhjálpartækjum en þróun í tölvuhjálpartækjum, þ.e. blindratölvum, talgervlum, skjálestrarforritum og stækkunarforritum fyrir sjónskerta, veldur straumhvörfum í sjálfsbjörg blindra og sjónskertra og aðgengi þeirra að þjónustu en um 150 einstaklingar geta nýtt sér slík tölvuhjálpartæki. Loks er tillaga um 9,5 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar en stöðin stendur frammi fyrir aukinni og vaxandi þörf fyrir endurhæfingu sjónskertra og er það í takt við þá þróun sem orðið hefur almennt í málefnum fatlaðra þar sem áhersla er lögð á heildstæða endurhæfingu sem sniðin er að þörfum hvers og eins og unnin í samstarfi við fjölskyldu og aðrar stofnanir sem koma að þjónustunni.

*327 **Geislavarnir ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 67,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem kemur til af niðurfellingu á tímabundnu framlagi sem veitt var til þriggja ára til kaupa á stofnbúnaði vegna framkvæmdar á samningi Eystrasaltsráðsins um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; og 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	202,7	220,8	242,9	10,0	19,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	647,6	815,1	919,9	12,9	42,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	42,2	39,5	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**892,5**	**1.075,4**	**1.162,8**	**8,1**	**30,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 52 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til að efla gæðaeftirlit með greiðslum almannatrygginga og til endurskoðunar á örorkumati. Þá hækka framlög til málefna fatlaðra um 11 m.kr. en á móti kemur að liður 996 Íslenska upplýsingasamfélagið er felldur niður og fjárheimildir hans færðar á aðra málaflokka.

340 Málefni fatlaðra. Að frátöldum verðlagsbreytingum hækkar liðurinn um 10,6 m.kr. og rekstrargjöld hans eru samkvæmt frumvarpinu 242,9 m.kr. Hækkunin skýrist af samtals 5 m.kr. framlagi til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra en í tengslum við endurskoðun þjónustusamnings er gert ráð fyrir að meðferðum á stöðinni verði fjölgað. Þá er millifærð 0,1 m.kr. af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt til stöðvarinnar til að standa undir túlkaþjónustu. Enn fremur eru millifærðar 4,5 m.kr. af lið 08-379 Sjúkrahús, óskipt til styrktar sumardvöl fatlaðra barna í Reykjadal. Loks er lagt til að framlag til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri hækki um 1 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að útgjöld þessa liðar nemi um 919,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 80,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist m.a. af tillögu um 50 m.kr. fjárheimild til að endurskoða núverandi örorkumat en jafnframt að efla gæðaeftirlit og eftirfylgni með greiðslum bóta almannatrygginga og í þeim tilgangi að endurskipuleggja starfsemi læknadeildar og lífeyristryggingasviðs Tryggingastofnunar ríkisins. Þá er fært á liðinn 24,5 m.kr. mótframlag heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis til ýmissa verkefna á sviði upplýsingamála en framlög til þessara verkefna voru áður færð undir lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið sem er lagður niður vegna breytinga á framsetningu fjárheimilda til þeirra verkefna. Auk þess er gerð tillaga um 8 m.kr. framlag frá verkefnisstjórn um Íslenska upplýsingasamfélagið til verkefna sem tengjast rafrænni útgáfu lyfseðla og er gert ráð fyrir a.m.k. jafnháu mótframlagi til verkefnisins. Þá eru samtals 28,6 m.kr. fjárheimildir til reksturs sjúkrahótels færðar af liðinum á nýjan fjárlagalið 383 Sjúkrahótel.

Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis* er enn fremur tillaga um 11 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2006 til að mæta kostnaði við gagnkvæm starfsmannaskipti íslenskra og kínverskra heilbrigðisstarfsmanna. Á viðfangsefninu í heild eru því 21,2 m.kr. sem skiptast á eftirfarandi máta:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
08-999-1.98 Ýmis framlög heilbrigis- og tryggingmálaráðuneytis		
Gagnkvæm starfsmannaskipti Íslands og Kína	0,0	11,0
Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2,5	2,5
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Missoc þátttökugjald	1,9	1,9
Óskipt	0,0	3,8
Samtals	**6,4**	**21,2**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-5.50	Heilbrigðisstofnanir. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	18.803,3	11.434,7	11.481,0	0	-39
Neyslu- og rekstrartilfærslur	20.854,1	15.745,0	18.569,1	18	-11
Stofnkostnaður og viðhald	1.547,7	1.562,3	1.726,2	10	12
Samtals	**41.205,1**	**28.742,0**	**31.776,3**	**11**	**-23**
Greitt úr ríkissjóði	-	23.558,7	24.438,6	4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	460,3	614,7	34	-
Viðskiptahreyfingar	-	4.723,0	6.723,0	42	-
Samtals	-	**28.742,0**	**31.776,3**	**11**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 35.762 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.986 m.kr. en þær nema 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 31.776 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.439 m.kr.

fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 615 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 6.723 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 11.481 m.kr. og hækka um 46 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 260 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum og 200 m.kr. í fasteignagjöld af húsnæði ríkisins sem er nýtt í fjárlögum en gert er ráð fyrir að felldar verði niður í áföngum undanþágur ríkisins á greiðslu fasteignagjalda samkvæmt samkomulagi tekjustofnanefndar þar um. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 750 m.kr. lækkun á launa- og verðlagslið ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 2.824 m.kr. og verður 18.569 m.kr. en er 15.745 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þar er annars vegar um að ræða 2.000 m.kr. hækkun á áætlun vegna afskrifta skattkrafna. Hins vegar er gert ráð fyrir 1.200 m.kr. hækkun á áætlun um barnabætur vegna breytinga á barnabótakerfinu. Loks er gert ráð fyrir 200 m.kr. hækkun á útgjöldum vegna vaxtabóta. Á móti kemur lækkun um 550 m.kr. á launa- og verðlagslið ráðuneytisins.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.726 m.kr. og er það 164 m.kr. hækkun milli ára. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir 315 m.kr. hækkun á viðhaldi fasteigna ríkissjóðs en viðhaldið er að fullu fjármagnað með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum. Á móti kemur lækkun á nokkrum minni stofnkostnaðarverkefnum en mest munar um 80 m.kr. flutning á fjárheimildum af stofnkostnaði í rekstur hjá Fjársýslu ríkisins.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	554	559	565	571
Skatta- og tollamál	3.694	3.730	3.767	3.801
Lífeyrir og eftirlaun	4.798	4.894	4.992	5.092
Barnabætur og vaxtabætur	11.900	13.300	13.800	14.300
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	6.970	6.970	6.970	6.970
Verðlagsmál	840	840	840	840
Þjónusta við ríkisaðila	1.893	1.916	2.130	2.144
Annað	1.128	1.126	1.129	1.132
Samtals	**31.777**	**33.335**	**34.193**	**34.850**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reiknforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að 100 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar og 52 m.kr. framlag vegna rekstrarkostnaðar *Landskrár fasteigna* falli niður árið 2007 þar sem stefnt er að því að innleiðingu kerfisins verði lokið, enda rennur þá út sérstök fjármögnun verkefnisins með álagningu umsýslugjalds á brunabótamatsstofn fasteigna. Jafnframt er gert ráð fyrir að tímabundið 40 m.kr. framlag í tengslum við innleiðingu nýs fjárhags- og mannauðskerfis hjá *Fjársýslu ríkisins* falli niður árið 2007. Þess skal einnig getið að áætlunin er sett fram þannig til bráðabirgða að á nýjum lið undir fjármálaráðuneytinu eru færð 200 m.kr. útgjöld vegna áforma um að felldar verði niður undanþágur fyrir greiðslum fasteignagjalda til sveitarfélaga af húsnæði skóla, heilsugæslustöðva og fleiri stofnana í eigu ríkisins. Í samræmi við samkomulag í tekjustofnanefnd er reiknað með því að þessi útgjöld vaxi um

200 m.kr. bæði árin 2007 og 2008 og verði þá alls 600 m.kr. á ári. Í reynd verður þessum útgjöld hins vegar skipt niður á viðkomandi stofnanir þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um fasteignamat þeirra. Gengið er út frá því að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og *Fjármagnstekjuskattur* sem ríkissjóður greiðir, m.a. af söluhagnaði eigna, haldist óbreyttur frá árinu 2006 og að gjaldfærður *Lífeyrir og eftirlaun* aukist um tæplega 100 m.kr. á ári í takt við lífeyrisréttindi sem ríkisstarfsmenn ávinna sér árlega. Veruleg óvissa er jafnan um áætlanir um útgjöld þessara málaflokka. Reiknað er með að *Vaxtabætur* aukist árlega um 200 m.kr. Þá er reiknað með að útgjöld vegna *Barnabóta* aukist um 1.200 m.kr. á árinu 2007 og um 300 m.kr. á ári eftir það í samræmi við kostnaðarmat á breytingum á lögum um barnabótakerfið sem gerðar voru á sl. haustþingi. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til ýmissa smærri framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi um 780 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2005, eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,6% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2006.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	225,9	360,9	360,9	360,9	360,9
Launagreiðslukerfi	A	20,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	A	8,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjubókhaldskerfi	A	229,4	264,5	264,5	264,5	264,5
Innheimtukerfi	A	35,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Skattvinnslukerfi	A	260,0	260,0	260,0	260,0	260,0
Samtals		**779,1**	**885,4**	**885,4**	**885,4**	**885,4**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 360 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins falla niður frá og með árinu 2006. Þó verður nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema um 260 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði

flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að að jafnaði verði nálægt 880 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna eftir að nýtt fjárhagskerfi hefur leyst þau eldri af hólmi.

Verkefni og árangursmælingar – Þróun rafrænna skattskila

Á undanförnum árum hafa skattyfirvöld boðið upp á rafræn skil á skattframtölum og skilagreinum virðisaukaskatts og staðgreiðslu. Fyrst var boðið upp á rafræn skil á skattframtali lögaðila árið 1997. Einstaklingsframtalið bættist við á árinu 1999 og var í fyrstu um takmarkaðan hóp að ræða. Þessi þjónusta hefur síðan verið aukin og bætt þannig að fleiri geti nýtt sér hana. Á árinu 2003 var bætt við þeim möguleika að skila rafrænum ársreikningum með skattframtölum. Nú er svo komið að nær allir þeir sem eru skattskyldir geta skilað framtali sínu á vefnum og eiga aðgang að þjónustusíðu vegna samskipta við skattyfirvöld.



Í lok árs 2001 var fyrst boðið upp á vefskil á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslum og í febrúar 2002 var boðið upp á þannig skil á skilagreinum staðgreiðslu. Reyndar hafði þá um nokkurra ára skeið verið unnt að skila sundurliðunum á staðgreiðslu á rafrænu formi. Óhætt er að segja að almenningur og fyrirtæki hafi tekið rafrænni þjónustu fagnandi enda hefur notkun hennar farið vaxandi. Hvergi í heimi þekkist jafnmikil notkun á netskilum skattframtals meðal almennings og fyrirtækja.



Hér fyrir neðan er sýnd þróun útgjalda ríkissjóðs til málefnaflokksins á verðlagi ársins 2004 miðað við upplýsingar úr ríkisreikningi 1999–2004, fjárlög 2005 og frumvarp til fjárlaga 2006. Útgjöld málaflokksins vaxa um 2,4% að meðaltali á ári á föstu verðlagi á tímabilinu.

Fjárhæðir á áætluðu meðalverðlagi ársins 2006 miðað við vísitölu neysluverðs

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	512,1	508,3	547,8	7,8	7,0
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**512,1**	**514,3**	**553,8**	**7,7**	**8,1**

Fjárveiting til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins er 547,8 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 5,4 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er farið fram á 10 m.kr. framlag til að ráða endurskoðanda á aðalskrifstofuna og í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 4,6 m.kr. af aðalskrifstofunni á lið *09-103 Fjársýsla ríkisins* vegna tilfærslu á verkefnum milli ráðuneytisins og stofnunarinnar.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	921,7	945,9	977,3	3,3	6,0
Skattstofan í Reykjavík	340,9	349,6	377,9	8,1	10,9
Skattstofa Vesturlands	55,7	54,1	75,9	40,3	36,3
Skattstofa Vestfjarða	29,6	33,0	35,8	8,5	20,9
Skattstofa Norðurlands vestra	34,5	35,0	38,4	9,7	11,3
Skattstofa Norðurlands eystra	81,4	84,9	115,2	35,7	41,5
Skattstofa Austurlands	41,0	43,7	51,1	16,9	24,6
Skattstofa Suðurlands	52,5	55,0	59,7	8,5	13,7
Skattstofa Vestmannaeyja	21,3	22,5	24,2	7,6	13,6
Skattstofa Reykjaness	206,1	214,5	231,8	8,1	12,5
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	34,9	85,5	85,8	0,4	145,8
Yfirskattanefnd	94,0	96,2	104,0	8,1	10,6
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	145,7	144,1	154,5	7,2	6,0
Innheimtukostnaður	292,6	266,6	276,9	3,9	-5,4
Tollstjórinn í Reykjavík	939,8	984,0	1.085,0	10,3	15,5
Samtals	**3.291,7**	**3.414,6**	**3.693,5**	**8,2**	**12,2**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka alls um 35 m.kr. frá gildandi fjárlögum umfram launa- og verðlagshækkanir. Munar þar mest um að lögð er til

30 m.kr. fjárheimild til að standa straum af sérstökum verkefnum í skattamálum. Gert er ráð fyrir nokkrum öðrum minni framlögum og tilflutningi á fjárveitingum til verkefna þessa málefnaflokks.

201 ***Ríkisskattstjóri.*** Fjárheimild embættisins nemur 977,3 m.kr. og lækkar um 22 m.kr. að raungildi. Launa- og verðlagshækkanir nema 53,2 m.kr. Að öðru leyti vegast á nokkur tilefni til lækkunar og hækkunar útgjalda. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 6 m.kr. framlag vegna eftirlits með notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Fyrir liggur frumvarp til laga þar sem leidd er í lög reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS/IFRS-staðla. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 7 m.kr. af lið *09-999-1.90 Ýmis verkefni* á almennan rekstur. Framlagið, sem er hluti af svigrúmi ráðuneytisins fyrir árið 2006, er ætlað til að tryggja samræmda framkvæmd skatteftirlits og stuðnings fyrir skattstofur við eftirlitið. Ákveðið hefur verið að færa skatteftirlit frá ríkisskattstjóra til skattstofu Vesturlands og skattstofu Norðurlands eystra. Vegna þessa er lagt til að millifærðar verði samtals 34,8 m.kr. af lið *09-201-1.20 Skatteftirlit,* sem hverfur úr fjárlögum, á skattstofurnar þannig að 22 m.kr. fara á *09-206 Skattstofa Norðurlands eystra* og 12,8 m.kr. á *09-203 Skattstofa Vesturlands.* Í þriðja lagi er lagt til að 30 m.kr. framlag, sem veitt var í fjárlögum 2005 á viðfangsefni fyrir rekstur skattvinnslukerfa, verði veitt varanlega til embættisins. Þar af er gert ráð fyrir að 20 m.kr. fari á viðfangsefnið *1.01 Almennur rekstur* til að styrkja rekstur embættisins og 10 m.kr. á viðfang *1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa.* Að síðustu er lagt til að 25 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefni *1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa* á viðfangsefni *1.01 Almennur rekstur* en með því er betra samræmi milli fjárlaga og rekstraráætlunar embættisins.

202-211 ***Skattstofur.*** Útgjöld skattstofa eru alls um 934 m.kr. og hækka um 42 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að framlag til skattstofu Norðurlands eystra hækki um 22 m.kr. vegna skatteftirlits og framlag til skattstofu Vesturlands hækki um 16,5 m.kr. vegna eftirlitsins sem er fært frá ríkisskattstjóra. Loks er gert ráð fyrir að framlag til skattstofu Austurlands hækki tímabundið í þrjú ár um 3,5 m.kr. vegna aukins álags á meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

212 ***Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.*** Fjárveiting til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins nemur 82,5 m.kr. og lækkar um 3 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Að öðru leyti vegast á nokkur tilefni til lækkunar og hækkunar útgjalda. Mest munar um að lagt er til 30 m.kr. framlag á viðfangsefni 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld til að standa straum af sérstökum verkefnum í skattamálum, s.s. skattrannsóknum. Á móti kemur að lagt er til að millifærðar verði af viðfangsefni *1.15 Átak í tollgæslu gegn fikniefnasmygli* annars vegar 21,8 m.kr. á lið *09-262 Tollstjórinn í Reykjavík* og hins

vegar 4,6 m.kr. á lið *03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli*. Lagt er til að framlagið, sem hefur verið veitt undanfarin ár vegna sérstaks átaks í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli, verði þar með gert varanlegt á þessum tveim embættum. Loks er lagt til að 3,7 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefni *1.10 Skatteftirlit* á lið *09-203 Skattstofa Vesturlands* vegna skatteftirlits. Að síðustu lækkar framlag um 2,9 m.kr. á viðfangi *1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa* til að mæta markmiðum um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.085 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum hækkar fjárheimildin um 18 m.kr. af nokkrum tilefnum á móti lækkun á tímabundnum framlögum í fjárlögum gildandi árs. Af tilefnum til hækkunar er fyrst að nefna að lagt er til að 22 m.kr. verði millifærðar af lið *09-212-1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli* til embættisins. Framlagið er veitt vegna sérstaks átaks í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli og hefur verið millifært í bókhaldi nokkur undanfarin ár en nú er lagt til að framlagið verði fært varanlega í fjárreiðum embættisins. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 5,6 m.kr. til að efla eftirlit með rafrænum tollafgreiðslum. Meginhluti tollafgreiðslna í inn- og útflutningi fyrirtækja fer nú fram með rafrænum hætti eða um 98%. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag vegna aukins kostnaðar við veðbandayfirlit. Á móti falla niður tvö tímabundin framlög til kaupa á búnaði frá fjárlögum ársins, annað er 8 m.kr. framlag til endurnýjunar á gegnumlýsingartæki og hitt að fjárhæð 6,6 m.kr. til kaupa á hópvinnukerfi fyrir embættið.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Áætlað er að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verði óbreyttar frá gildandi fjárlögum og nemi 4.798 m.kr.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknuð breyting skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnings ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að skuldbindingarnar hækki um 15 milljarða króna á árinu 2006 og verði samtals um 220 milljarðar króna í lok ársins. Er þá tekið tillit til sérstakrar 4 milljarða króna fyrirframgreiðslu ríkissjóðs sem fyrirhugað er að renni til lífeyrissjóðsins árið 2006. Af hækkuninni er áætlað að rekja megi 10,2 milljarða króna til almennra launabreytinga. Sá hluti kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar á endur-

matsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Það sem þá stendur eftir, eða sem nemur 4,8 milljörðum króna, er fært á gjaldahlið og er það óbreytt frá fjárlögum 2005.

Framsetning ríkisreiknings og fjárlaga felur í sér að fyrirframgreiðslur ríkisins til sjóðsins eru ekki færðar til eignar sem fyrirframgreiddur kostnaður heldur koma þær til lækkunar á skuldbindingunni. Áætlað er að á tímabilinu 1999–2006 muni uppreiknaðar fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði ásamt vöxtum nema 90-95 milljörðum króna. Með þessu móti lækkar sá stofn sem breytingin á skuldbindingunni reiknast af.

Áætlun um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á komandi fjárlagaári er jafnan háð ýmsum óvissuþáttum sem afar erfitt er að spá fyrir um. Jafnvel litlar breytingar á útreikningsforsendum, s.s. áætluð launahækkun á vinnumarkaði, geta haft veruleg áhrif á áætlaða gjaldfærslu þar sem skuldbindingastaðan er afar há. Áhrif af slíkum óvissuþáttum má m.a. merkja af því að gjaldfærsla í ríkisreikningi ársins 2003 varð um 1.160 m.kr. lægri en hún var áætluð í fjárlögum 3003 og gjaldfærsla í reikningi fyrir árið 2004 var 7,3 milljörðum hærri en áætlað var í fjárlögum ársins m.s. vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum um lífslíkur og lífeyristökualdur. Þá hefur ávöxtun eigna sjóðsins áhrif á gjaldfærsluna. Ekki er unnt að sjá fyrir kringumstæður á borð við þessar við undirbúning fjárlagafrumvarps ári áður og verður því að hafa nokkurn fyrirvara á áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinganna.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðlagsuppbóta á lífeyri, sem færast á þennan lið árið 2006, eru áætlaðar 2,5 milljarðar króna. Til að styrkja stöðu sjóðsins er einnig miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og nema áætlaðar greiðslur vegna þessa 1,7 milljörðum króna. Þá er fyrirhugað að lánsfjárafgangur ríkissjóðs á árinu 2006 verði nýttur að hluta til að greiða til viðbótar 4 milljarða króna inn í lífeyrissjóðinn. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við lífeyrissjóðinn með langtímaskuldabréfi.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	5.440,1	5.600,0	6.800,0	21,4	25,0
Vaxtabætur	5.457,8	4.900,0	5.100,0	4,1	-6,6
Samtals	**10.897,9**	**10.500,0**	**11.900,0**	**13,3**	**9,2**

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta aukist um 1,2 milljarða króna á árinu 2006 og aftur um sömu fjárhæð árið 2007 eða alls um 2,4 milljarða króna

á tveimur árum. Skýrist það af lögum sem sett voru á sl. haustþingi og fela í sér verulegar breytingar á barnabótakerfinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aukinn stuðning við barnafjölskyldur. Skipta má breytingum barnabótakerfisins í fernt. Í fyrsta lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur hækki um samtals 50% til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir að fjárhæðir þeirra hækki á árinu 2005. Þar af hækki bæturnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í öðru lagi er gerð tillaga um 10% hækkun tekjutengdra barnabóta til viðbótar þeim 3% sem áður voru nefnd og að sú hækkun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2006. Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki samtals um 50% auk áðurnefndra 3% árið 2005. Þar af hækki viðmiðunarfjárhæðirnar um 25% frá ársbyrjun 2006. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að skerðingarhlutföll tekna við ákvörðun barnabóta lækki úr 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri, í 2%, 6% og 8% í sömu röð og að sú lækkun komi til framkvæmda á árinu 2007.

821 Vaxtabætur. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna vaxtabóta hækki um 200 m.kr. frá því sem þau hefðu orðið að óbreyttu. Við breytingar á vaxtabótum á síðasta ári var miðað við að vaxtabætur við álagningu ársins 2005 yrðu 95% af því sem gildandi reglur skv. b lið 68 gr. l. nr. 90/2003 kveða á um. Ákveðið hefur verið að framlengja þá ráðstöfun í samræmi við áform um aðhald með útgjöldum ríkissjóðs. Við álagningu næsta árs verður einnig sú breyting að hámark vaxtagjalda til útreiknings á bótum miðast við 5,0% af heildarskuldum til öflunar húsnæðis í stað 5,5% áður. Á móti vegur að gert er ráð fyrir að ákveðin verði 3,8% verðlagshækkun á viðmiðunarfjárhæðir fyrir útreikning bótanna. Að samanlögðu er reiknað með að þessar breytingar leiði til um 200 m.kr. aukningar á greiddum vaxtabótum árið 2006.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	9.775,2	4.000,0	6.000,0	50,0	-38,6
Fjármagnstekjuskattur	2.092,8	500,0	760,0	52,0	-63,7
Tapaðar kröfur og tjónabætur	-4,1	210,0	210,0	0,0	-
Samtals	**11.863,9**	**4.710,0**	**6.970,0**	**48,0**	**-41,3**

Fjárheimildir til þessa málefnaflokks eru 6,9 milljarðar króna og hækka um 2,2 milljarða króna frá gildandi fjárlögum. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að 2 milljarðar króna verði gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna afskrifaðra skattkrafna sem er endurmat á

áætlun í ljósi gjaldfærslna í ríkisreikningi síðustu árin. Loks er gert ráð fyrir 260 m.kr. fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum en þær aukast vegna bættrar stöðu í kjölfar sölunnar á Landssímanum. Skatturinn færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður; 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2006. Fyrr á þessu ári voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög ríkisstarfsmanna innan vébanda Bandalags háskólamanna og Stéttarfélags ríkisstarfsmanna sem gilda fram til apríl 2008. Kjaranefnd og kjaradómur hafa einnig úrskurðað á árinu um laun þeirra aðila sem undir þá heyra. Samningar við flest félög ófaglærðra og iðnaðarmanna voru gerðir á árinu 2004. Launaforsendur ársins 2006 liggja því að mestu fyrir og hafa launaliðir ríkisstofnana, sjálfseignarstofnana og annarra aðila sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði verið hækkaðir sem því nemur í frumvarpinu. Er þá gert ráð fyrir að sambærilegar hækkanir verði úrskurðaðar á næsta ári til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar. Einnig hafa launaforsendur fjárlaga 2005 verið endurmetnar í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem kjör starfshópa breyttust eftir afgreiðslu fjárlaganna. Eins og jafnan áður hefur hækkun hverrar stofnunar verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og hækkunar hvers félags. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra.

Samkvæmt þjóðhagsforsendum frumvarpsins er reiknað með að almennt verðlag hækki um 3,8% milli áranna 2005 og 2006. Eru önnur rekstrarútgjöld en laun miðuð við þær spár í frumvarpinu. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Gengi krónunnar hefur styrkst um 13-14% gagnvart flestum myntum frá forsendum fjárlaga 2005. Þetta leiðir til nokkurrar lækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, svo sem hluti útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að bætur Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 4% í upphafi næsta árs í samræmi við viðmiðanir í lögum.

Á fjárlagaliðinn er færð 840 m.kr. fjárheimild til að mæta breytingum á þessum forsendum frumvarpsins. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur

forsendur frumvarpsins m.a. í ljósi þess að ganga þarf frá samningum við nokkra hópa launaþega á næsta ári.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignamat ríkisins; 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins sem er nýr liður í fjárlögum; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs og 984 Fasteignir ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.072,9	968,1	1.081,4	11,7	0,8
Fasteignamat ríkisins	491,5	468,1	488,4	4,3	-0,6
Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins	0,0	0,0	200,0	-	-
Framkvæmdasýsla ríkisins	12,1	2,7	2,7	0,0	-77,7
Ríkiskaup	-1,9	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	42,7	66,3	76,4	15,2	78,9
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	40,6	29,1	29,8	2,4	-26,6
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	131,5	14,5	14,5	0,0	-89,0
Fasteignir ríkissjóðs	185,4	0,0	0,0	-	-
Samtals	**1.974,8**	**1.548,8**	**1.893,2**	**22,2**	**-4,1**

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhaldsþjónustu og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 5.637 m.kr. og er jafnframt gert ráð fyrir að innheimtar verði 3.744 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu eða sem nemur nálægt 66% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 1.893 m.kr. og svarar það til 265 m.kr. hækkunar á föstu verðlagi.

103 Fjársýsla ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 1.081 m.kr. í frumvarpinu og hækkar um 65 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 60 m.kr. framlag til að standa undir kostnaði við samninga sem hafa verið gerðir um viðhald, þjónustu og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins en þar af eru 40 m.kr. tímabundnar í eitt ár. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 4,6 m.kr. af aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna flutnings verkefna frá aðalskrifstofunni til stofnunarinnar. Loks er lagt til að millifærðar verði um 80 m.kr. af stofnkostnaði í rekstur stofnunarinnar. Á undanförnum árum hefur ýmis launa- og sérfræðikostnaður vegna innleiðingar á nýju bókhalds- og mannauðskerfi ríkisins verið færður á önnur viðföng há þeim verkefnum sem unnið er að. Nú er lagt til að allur slíkur kostnaður færist undir almennan rekstur.

*402 **Fasteignamat ríkisins.*** Fjárheimild stofnunarinnar helst óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum en starfsemin er fjármögnuð annars vegar með ríkistekjum af umsýslugjaldi og hins vegar með afnotagjöldum fasteignamatsskrár. Ekki er gert ráð fyrir beinu framlagi úr ríkissjóði til stofnunarinnar í frumvarpinu. Tekjur af umsýslugjaldi voru 280 m.kr. árið 2004. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af umsýslugjaldi gerir ráð fyrir að brunabótamatsstofninn og þar með tekjurnar aukist um 8% árið 2005 og aftur árið 2006 og verði 325 m.kr. en aukningin hefur legið á bilinu 8–11,5% síðustu þrjú árin. Tekjur af afnotagjöldum fasteignamatsskrár voru 189 m.kr. árið 2004 en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjurnar hækki um 24 m.kr.

*405 **Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.*** Á þennan lið, sem er nýr í fjárlögum, eru færðar 200 m.kr. vegna fasteignagjalda af húsnæði ríkisins. Samkvæmt samkomulagi í tekjustofnanefnd er gert ráð fyrir að fella niður undanþágu frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna verður innleidd í áföngum þannig að þau skili sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Fjárheimild vegna málsins er færð á þennan lið en henni verður skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta á síðari stigum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir frá Fasteignamati ríkisins.

*901 **Framkvæmdasýsla ríkisins.*** Velta stofnunarinnar helst óbreytt að raungildi milli ára og er áætluð 122 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tiltekinna stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

*905 **Ríkiskaup.*** Velta stofnunarinnar helst óbreytt að raungildi milli ára og er áætluð 1.400 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

*972 **Lánasýsla ríkisins.*** Fjárveiting til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi en áætlaðar sértekjur stofnunarinnar lækka vegna minni sölu ríkisverðbréfa úr 111 m.kr. samkvæmt gildandi fjárlögum í 71 m.kr. Annar kostnaður mun lækka vegna hagræðingar á móti lægri tekjum.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis og öryggisgæslu. Fjárheimildir rekstrarfélagsins breytast einungis sem nemur launa- og verðlagshækkunum frumvarpsins.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þessum fjárlagalið er 14,5 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til viðhalds ýmissa stjórnarráðsbygginga og er hún óbreytt frá gildandi fjárlögum.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Áætlað er að velta stofnunarinnar aukist að raungildi um 458 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna fjölgunar eigna í umsjá stofnunarinnar. Þá er einnig lagt til að fjölga starfsmönnum um einn vegna aukinna umsvifa og endurnýja bifreið stofnunarinnar.

Annað

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir og 999 Ýmislegt. Liðurinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið fellur niður og er fjárheimild hans millifærð á 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	16,0	190,0	190,0	0,0	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	19,5	0,0	-100,0	-
Ýmislegt	666,5	706,8	737,8	4,4	10,7
Samtals	**682,5**	**1.116,3**	**1.127,8**	**1,0**	**65,2**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks er 1.110 m.kr. og lækkar um 6,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins verði óbreytt frá fjárlögum ársins sem er að líða eða 190 m.kr. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Af þessum lið eru greidd ýmis mál ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur um 738 m.kr. og hækkar um 13 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Gert er ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* hækki um 34,1 m.kr. að raungildi og verði 84,2 m.kr. Skýrist hækkunin í fyrsta lagi af að 27 m.kr. af nýju fé til upplýsingatækniverkefna á vegum ráðuneytisins eru færðar á þetta viðfangsefni auk 9,5 m.kr. framlags til verkefna tengdum íslenska upplýsingasamfélaginu sem áður voru færð á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið*. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna nefndar um stofnanauppbyggingu ríkisins. Fjárveiting til nefndarinnar var veitt í fjáraukalögum 2004 og nú er óskað eftir áframhaldandi framlagi. Til lækkunar á viðfangsefninu kemur í fyrsta lagi niðurfelling á 7 m.kr. framlagi úr fjárlögum 2005 vegna undirbúnings innleiðingar EES-tilskipunar um reikningsskil. Í öðru lagi er lagt til að 7 m.kr. framlag verði millifært af viðfanginu til embættis ríkisskattstjóra. Framlagið, sem er hluti af svigrúmi ráðuneytisins fyrir árið 2006, er ætlað til að tryggja samræmda framkvæmd skatteftirlits og til stuðnings fyrir minni skattstofur við eftirlitið sem hefur verið flutt til skattstofanna á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Loks er gert ráð fyrir samtals 21 m.kr. lækkun á fjárheimildum tveggja viðfangsefna til að mæta markmiðum um aðhald í rekstrarkostnaði ráðuneytisins. Annars vegar er lögð til 13 m.kr. lækkun á viðfangsefni *1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir* og hins vegar 8 m.kr. lækkun á viðfangsefni *1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið.*

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit.	Till skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar
09-481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	Ákvarðanir ríkisstjórnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	5.723,8	5.847,0	6.629,4	13	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.203,5	1.334,4	1.044,5	-22	-13
Stofnkostnaður og viðhald	13.166,9	10.770,9	10.342,5	-4	-21
Samtals	**20.094,2**	**17.952,3**	**18.016,4**	**0**	**-10**
Greitt úr ríkissjóði	-	6.086,8	5.864,8	-4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	11.854,8	12.086,5	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	10,7	65,1	508	-
Samtals	-	**17.952,3**	**18.016,4**	**0**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 24.000 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.983 m.kr. en þær nema 24,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.016 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 5.865 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 12.087 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 65 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 6.629 m.kr. og hækka um 782 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um í fyrsta lagi að 190 m.kr. útgjöld eru nú skilgreind sem rekstrargjöld í stað tilfærslna. Í öðru lagi er ósk um 125,6 m.kr. aukna útgjaldaheimild á móti tilsvarandi ríkistekjum Umferðarstofu. Í þriðja lagi er sótt um 40 m.kr. fjárveitingu vegna afskrifta á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 290 m.kr. og verður 1.045 m.kr. en er 1.334 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vegur áðurnefnd breyting á skilgreiningu útgjalda um 190 m.kr. auk lækkunar á tímabundnu 100 m.kr. framlagi til átaks í umferðaröryggismálum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 10.343 m.kr. og er það 428 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru í fyrsta lagi 522,4 m.kr. lækkun á framkvæmdum Vegagerðarinnar og 33,4 m.kr. lækkun á Hafnabótasjóði í samræmi við samgönguáætlun. Í öðru lagi er lögð til 200 m.kr. frestun á framkvæmdum Hafnabótasjóðs.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 250 m.kr. Niðurfellingar eru samtals 1.022 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 34,3 m.kr. Á móti eru veitt aukin framlög til ýmissa verkefna ráðuneytisins sem alls nema 688,1 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 682,3 m.kr. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	678	581	584	587
Vegamál	13.412	21.576	24.296	20.012
Siglingamál	1.614	1.401	1.310	1.319
Flugmál	1.817	1.881	1.918	1.942
Póst- og fjarskiptamál	235	735	735	735
Ferðamál	260	262	264	266
Samtals	**18.016**	**26.436**	**29.107**	**24.861**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2005, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld málefnaflokksins *Ráðuneyti* lækki um 14% á milli áranna 2006 og 2007 vegna tímabundins framlags til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Í *Vegamálum* er nú gert ráð fyrir 3.700 m.kr. hækkun árið 2007 til framkvæmda vegna áforma um ráðstöfun á söluandvirði Símans og 500 m.kr. framlagi til Fjarskiptasjóðs. Árið 2008 er gert samtals ráð fyrir 5.500 m.kr. og árið 2009 samtals 4.200 m.kr. í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Símans. Loks er ekki gert ráð fyrir eins mikilli lækkun til Hafnabótasjóðs á milli áranna 2006 og 2007 og gert var ráð fyrir í langtímaáætlun fjárlaga 2005 þar sem inn kemur 200 m.kr. tímabundin frestun á hafnarframkvæmdum á árinu 2007.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.217,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2006 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	141,7	-	-	-	-
Slysavarnaskóli sjómanna	B	52,4	52,4	52,4	52,4	52,4
Samningar við sérleyfishafa	C	167,5	-	-	-	-
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	44,5	44,5	-	-	-
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	44,4	44,4	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	196,8	-	-	-	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	81,2	-	-	-	-
Mjóafjarðarferjan Anný	C	6,9	7,5	7,5	-	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	5,9	6,2	6,2	6,2	6,2
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	61,0	61,0	61,0	61,0	0,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	12,3	14,5	14,5	14,5	0,0
Samningur um Snorrastofu	C	2,0	2,0	2,0	-	-
Samningur um flug milli Íslands og Narsarsuaq	C	12,5	11,0	10,0	7,5	6,5
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	168,7	168,7	168,7	168,7	168,7
Samningur um Alþjóðaflugþjónustuna	C	96,5	96,5	96,5	96,5	96,5
Slökkvilið á RVK- og AKU-flugvöllum	C	111,7	120,7	120,7	120,7	120,7
Samingar um rekstur flugvalla	C	11,3	12,2	12,2	12,2	12,2
Samtals		**1.217,3**	**641,6**	**551,7**	**539,7**	**463,2**

Samningar, sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að, eru merktir bókstafnum B og nema skuldbindingar þeirra samtals 52,4 m.kr. Að auki eru 589,2 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem samgönguráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.200 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Samtals munu því um 6,7% af útgjöldum samgönguráðuneytisins vera bundin í samningum.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna að samningagerð vegna áætlunarflugs innanlands stendur nú yfir. Í öðru lagi sérleyfissamningar 2006–2008. Í þriðja lagi eru samningar vegna reksturs Vestmannaeyjaferjunar Herjólfs í undirbúningi. Í fjórða og síðasta lagi á eftir að ljúka samningum um rekstur Breiðfjarðarferjunnar Baldurs.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa	239,1	233,8	262,3	12,2	9,7
Ýmis verkefni	293,7	542,9	411,1	-24,3	40,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	14,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**532,8**	**795,7**	**678,4**	**-14,7**	**27,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 133,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 262,3 m.kr. og hækka um 28,5 m.kr. Gerð er tillaga um 8,7 m.kr. hækkun til aðalskrifstofu. Fyrirhugað er að ráða sérfræðing til starfa á aðalskrifstofunni sem fara mun með flugmál og viðbótarskrifstofuhúsnæði. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Heildarútgjöld eru 411,1 m.kr. og lækka um 131,8 m.kr. frá fjárlögum 2005. Til *1.11 Fastanefndir* eru 10,1 m.kr. millifærðar yfir á nýjan fjárlagalið, 481 Rannsóknarnefnd umferðarslysa. Farið er fram á 14,8 m.kr. framlag á nýtt viðfangsefni, *1.19 Útgáfa ökuskírteina.* Á *1.35 Átak í umferðaröryggismálum* er lagt til að 100 m.kr. tímabundin fjárveiting falli niður. Verkefnið heldur þó áfram með 50 m.kr. framlagi. Lagt er til að 20 m.kr. tímabundið framlag á *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* verði fellt niður. Á sama viðfangsefni var 100 m.kr. tímabundið framlag sem lagt er til að verði framlengt í eitt ár til viðbótar. Þá er lagt til 12,5 m.kr. tímabundið framlag á *1.52 Samningur um flug á milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi* verði framlengt um 2 ár. Á *6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla* er lagt til að 10 m.kr. tímabundið framlag verði fellt niður. Að auki eru nokkrar breytingar í liðnum sem eru millifærslur vegna fækkunar og sameiningu viðfangsefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni: **10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis**	
Til markaðsstofa landshluta	6,0
Vefur um menningartengda ferðaþjónustu	3,5
Aðild að menningarsamningum vegna ferðaþjónustu	9,0
Óskipt	12,0
Samtals	**30,5**

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	26,1	15,9	6,5	-59,1	-75,1
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,0	9,3	9,3	0,0	-
Útgáfa ökuskírteina	0,0	0,0	15,4	-	-
Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5	1,5	0,0	-100,0	-100,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	2,2	3,0	0,0	-100,0	-100,0
Slysavarnaskóli sjómanna	49,9	51,5	55,1	7,0	10,4
Staðsetningarkerfi	10,0	6,5	6,7	3,1	-33,0
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1	1,1	0,0	-100,0	-100,0
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	2,3	0,0	0,0	0,0	-100,0
Flugskóli Íslands	33,1	22,0	22,0	0,0	-33,5
Átak í umferðaröryggismálum	0,0	150,0	50,0	-66,7	-
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	0,0	1,0	0,0	-100,0	0,0
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	16,7	28,5	12,2	-57,2	-26,9
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	51,0	150,0	130,0	-13,3	154,9
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	3,2	0,0	0,0	0,0	-100,0
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	51,7	54,9	47,1	-14,2	-8,9
Hestamiðstöð Íslands	5,0	0,0	0,0	0,0	-100,0
Samn. milli Íslands og Narssarssuaq á Grænl.	12,5	12,5	12,5	0,0	0,0
Ýmislegt	18,4	19,2	7,8	-59,4	-57,6
Ýmis framlög samgönguráðuneytis	0,0	0,0	30,5	-	-
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0	10,0	0,0	-100,0	-100,0
Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**294,7**	**542,9**	**411,1**	**-24,3**	**39,5**

Vega- og umferðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjórir fjárlagaliðir: 211 Rekstur Vegagerðarinnar, 212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar, 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknarnefnd umferðarslysa, sem er nýr liður. Framlag til vega- og umferðarmála að frádregnum sértekjum er áætlað 13.411,6 m.kr. sem er 196,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 12.981,2 m.kr. og er það 50,8 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum.

Almennur rekstur Vegagerðarinnar hækkar um 103,3 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 40 m.kr. fjárheimild vegna afskrifaðra tekna. Er breytingin í samræmi við reikninga Vegagerðarinnar á ríkisreikningi þar sem afskrifaðar tekjur eru gjaldfærðar. Í öðru lagi er lögð til 22,4 m.kr. hækkun í samræmi við samgönguáætlun. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 12 m.kr. fjárheimild vegna verðbóta á ferjulán og er það í samræmi við reikninga og áætlanir Vegagerðarinnar þar sem verðbætur eru gjaldfærðar. Í fjórða og síðasta lagi lagt er til að veitt verði 12,0 m.kr. framlag vegna minja og sögu í samræmi við samgönguáætlun.

Viðhald vega hækkar um 210 m.kr. og þar af eru 106,2 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Útgjöld til framkvæmda lækka um 412,4 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun.

Skipting á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar



Lagt er til að fjárheimildir Umferðarstofu aukist um 128,5 m.kr. með hliðsjón af áætlunum stofnunarinnar um fjármögnun með ríkistekjum á næsta ári.

Við málefnaflokkinn bætist nýr liður, 281 Rannsóknarnefnd umferðarslysa, sem var áður undir ýmsum verkefnum ráðuneytisins. Útgjöld nefndarinnar hækka um 7,3 m.kr. Óskað er eftir 5 m.kr. framlagi vegna aukinnar starfsemi auk 1,5 m.kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði.

Aðrar breytingar á útgjöldum til vegamála, sem ekki er sérstaklega getið um, eru til samræmis við samgönguáætlun eða má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	407,0	446,6	549,9	23,1	35,1
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	0,0	57,4	57,1	-0,5	-
Umdæmi og rekstrardeildir	-77,2	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	2.399,3	2.643,4	2.732,0	3,4	13,9
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	577,7	593,4	643,5	8,4	11,4
Styrkir til innanlandsflugs	128,5	140,4	145,3	3,5	13,1
Rannsóknir	92,2	106,8	113,4	6,2	23,0
Viðhald	2.561,2	2.624,8	2.834,8	8,0	10,7
Stofnkostnaður	9.001,7	6.317,6	5.905,2	-6,5	-34,4
Umferðarstofa	402,9	284,5	413,0	45,2	2,5
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	0,0	0,0	17,4	-	-
Samtals	**15.493,3**	**13.214,9**	**13.411,6**	**1,5**	**-13,4**

Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 11.086,5 m.kr. Af þeim renna í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðarganga og ferja samtals 394,4 m.kr. Fjármögnun með mörkuðum tekjum er því samtals 10.524,2 m.kr. Þar að auki er áætlað að beint framlag úr ríkissjóði nemi samtals 2.403 m.kr. Þar af eru 726,6 m.kr. vegna jarðgangaátaks og 145,3 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Annað ríkisframlag, 1.531,1 m.kr., er vegna áætlunar Vegagerðarinnar um lægri ríkistekjur í kjölfar gildistöku laga um olíugjald. Verði markaðar tekjur hærri en gert er ráð fyrir í samgönguáætlun mun beint framlag úr ríkissjóði lækka sem því nemur. Viðskiptahreyfing, er nemur -167,9 m.kr., myndast á markaðar tekjur þar sem þeim er ekki öllum ráðstafað samkvæmt frumvarpinu. Í gjaldahlið A-hluta myndast 54 m.kr. viðskiptahreyfing vegna afskrifta á mörkuðum tekjum og verðbóta á ferjulán. Sjá nánar yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu og í töflu hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Jarðgangaátak	1.242,0	726,6
Annað ríkisframlag	1.080,5	1.531,1
Styrkir til innanlandsflugs	140,4	145,3
Samtals	**2.462,9**	**2.403,0**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	10.467,5	10.524,2
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	54,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	11.503,8	11.086,5
Afborganir af ferjulánum og v. Hvalfjarðarganga	-379,8	-394,4
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	-656,5	-167,9
Greitt úr ríkissjóði	10.467,5	10.524,2

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands, 336 Hafnabótasjóður og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.614,2 m.kr. sem er 162,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2005. Helstu breytingar í fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	663,7	694,7	735,6	5,9	10,8
Hafnabótasjóður	1.010,9	1.050,1	843,2	-19,7	-16,6
Rannsóknarnefnd sjóslysa	31,7	31,9	35,4	11,0	11,7
Samtals	**1.706,3**	**1.776,7**	**1.614,2**	**-9,1**	**-5,4**

335 ***Siglingastofnun Íslands.*** Heildargjöld eru áætluð 735,6 m.kr. umfram sértekjur. Gert er ráð fyrir að 405,8 m.kr. renni í almennan rekstur stofnunarinnar en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir 381,9 m.kr. sem er 23,9 m.kr. hækkun á milli ára. Eina breytingin fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar er að 5 m.kr. tímabundið framlag til öldufarsreikninga við suðurströndina fellur niður. Á *1.11 Vaktstöð siglinga* er óskað eftir 4 m.kr. hækkun vegna leigu á fjarskiptalínum. Loks er lagt til að á *6.80 Sjóvarnargarðar* verði veittar 8,6 m.kr. m.a. til að takast á hugsanlega hækkun sjávarborðs og landbrot. Tillagan er í samræmi við siglingamálakafla nýrrar samgönguáætlunar. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

336 ***Hafnabótasjóður.*** Á stofnkostnaðarviðfangsefni *6.70 Hafnarmannvirki* er lögð til 207,8 m.kr. lækkun. Í fyrsta lagi lækkar fjárheimildin um 200 m.kr. vegna ákvörðunar ráðherranefndar um frestun framkvæmda um þá fjárhæð til ársins 2007 í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi er lagt til framlag til viðfangsefnisins lækki um 33,4 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun 2005–2008. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

381 ***Rannsóknarnefnd sjóslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 35,4 m.kr. og hækkar um 3,5 m.kr. Gerð er tillaga um að framlag til viðfangsefnisins verði hækkað um 1,5 m.kr. og rannsóknarnefnd sjóslysa verði heimilað að kaupa eða taka á rekstrarleigu bifreið vegna starfseminnar. Aðrar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Rekstur Flugmálastjórnar, 472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar, 473 Alþjóðaflugþjónustan og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildarútgjöld eru áætluð 1.817,3 m.kr. og hækka um 112,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

471 ***Rekstur Flugmálastjórnar.*** Heildarframlag til rekstrar Flugmálastjórnar verður 1.308,5 m.kr. og hækkar um 101,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Farið er fram á að veittar verði 15 m.kr. vegna aukins stjórnsýslueftirlits með flugumferðarþjónustu í kjölfar verkefnisins um hið samevrópska loftrými. Auk þess er óskað eftir 4 m.kr. til verkefnis sem lýtur að því að halda utan um, meta og greina gögn vegna flugatvika sem skylt er á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga að tilkynna til eftirlitsaðila. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga, ásamt markmiðum um hagræðingu í rekstri.

472 ***Framkvæmdir Flugmálastjórnar.*** Heildarframlag til framkvæmda Flugmálastjórnar verður 474,4 m.kr. og er það 7,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er lagt til að *5.41 Viðhald* hækki um 56,2 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun 2005–2008. Í öðru lagi er lagt til að stofnkostnaður á *6.41 Framkvæmdir* verði lækkaður um 16,3 m.kr. til samræmis við samgönguáætlun. Auk þess er lagt til að á sama viðfangsefni verði gert er ráð fyrir 50 m.kr. tímabundinni lækkun á framkvæmdum í samræmi við aðhaldsmarkmið. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

473 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugþjónustuna, ICAO, um þjónustu við flugumferð yfir N-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Flugfjarskipta e.hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda sem ákvörðuð eru árlega. Áætlaður annar kostnaður en stofnkostnaður er 104,4 m.kr. og er aðallega vaxtagjöld. Alls eru sértekjur af yfirflugsgjöldum áætlaðar 254,4 m.kr. Mismunurinn á sértekjum og öðrum kostnaði, 150 m.kr., er stofnkostnaður Alþjóðaflugþjónustunnar.

481 ***Rannsóknarnefnd flugslysa.*** Framlag til nefndarinnar verður 34,4 m.kr. og hækkar um 3,3 m.kr. Lagt er til að framlag til liðarins verði hækkað um 1,5 m.kr. Innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins um tilkynningar um flugslys og alvarleg flugatvik og skráning þeirra í alþjóðlegan gagnagrunn mun kalla á aukna vinnu. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 234,7 m.kr. og hækka um 25,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að mótframlag að fjárhæð 7 m.kr. til Íslenska upplýsingasamfélagsins verði fært til baka. Í annan stað er áætlað að verja 5 m.kr. af nýju fé til upplýsingatækniverkefnis á vegum samgönguráðuneytisins sem lýtur að miðlun leiðbeininga og fræðsluefnis um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og siðferðileg álitaefni sem tengjast notkun á upplýsingatækni. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Ferðamál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður; 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 260,2 m.kr. og hækka um 9,4 m.kr. frá fjárlögum 2005. Á viðfangsefni *1.15 Samstarfssamningur við Grænland og Færeyja* er lagt til að samningurinn verði endurnýjaður með 14,5 m.kr. árlegu framlagi til þriggja ára. Auk þess er lagt er til að veitt verði 6 m.kr. til uppbyggingar á vetrarferðamennsku á Íslandi. Verkefnið nefnist „Seljum Norðurljósin“ þar sem að lögð er áhersla á norðurljósaskoðun samhliða ónýttum tækifærum sem Ísland hefur upp á að bjóða að vetri til. Verkefnið er tímabundið til 2010. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	649,3	858,5	993,2	16	53
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.654,9	2.885,3	3.101,8	8	17
Stofnkostnaður og viðhald	70,1	42,2	0,0	-	-
Samtals	**3.374,3**	**3.786,0**	**4.095,0**	**8**	**21**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.429,3	3.735,0	9	-
Innheimt af ríkistekjum	-	356,7	360,0	1	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**3.786,0**	**4.095,0**	**8**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 4.897 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 802 m.kr. en þær nema 16,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.095 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.735 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 360 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 993 m.kr. og hækka um 135 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 m.kr. tímabundið framlag vegna olíuleitarverkefnis, 20 m.kr. vegna byggðaáætlunar og 12,5 m.kr. vegna innleiðingar vatnatilskipunar ESB. Að auki eru samtals 32,2 m.kr. millifærðar á rekstrargjöld af stofnkostnaði vegna fækkunar viðfangsefna.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 217 m.kr. og verður 3.102 m.kr. en er 2.885 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vegur 120 m.kr. hækkun til Tækniþróunarsjóðs og 100 m.kr. hækkun framlaga til niðurgreiðslna rafhitunarkostnaðar. Á móti fellur niður 50 m.kr. tímabundin fjárveiting til niðurgreiðslna á kvikmyndum og 35 m.kr. tímabundið framlag til hafsbotnsrannsókna.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði sem nemur 8,8 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 180 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	261	264	267	270
Iðnaðarmál	1.229	1.276	1.282	1.288
Orkumál	1.941	1.911	1.925	1.939
Byggðamál	664	671	678	685
Samtals	**4.095**	**4.122**	**4.152**	**4.182**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun

efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2005, eru að nú er gert ráð fyrir að útgjöld til orkumála lækki um 1,6% á milli 2006 og 2007 í stað 0,5% hækkunar. Skýrist það af því að 30 m.kr., sem er tímabundið framlag vegna olíuleitarverkefnis, fellur niður 2007.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé. Liðurinn Íslenska upplýsingasamfélagið í fjárlögum 2005 fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	108,7	139,4	148,6	6,6	36,7
Einkaleyfastofan	118,3	104,5	104,5	0,0	-11,7
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	15,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**227,0**	**266,9**	**261,1**	**-2,2**	**15,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 16 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar fellur niður 15 m.kr. framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins 2005 og hins vegar er gert ráð fyrir 1 m.kr. áformum um hagræðingu í rekstri á aðalskrifstofu. Launa- og verðlagsbreytingar nema samtals 10,2 m.kr.

Iðnaðarmál

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	168,6	188,0	197,4	5,0	17,1
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	96,5	91,1	96,3	5,7	-0,2
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1,3	19,7	20,0	1,5	1.438,5
Tækniþróunarsjóður	183,0	340,0	460,0	35,3	151,4
Samtök iðnaðarins	226,7	214,3	214,3	0,0	-5,5
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	94,3	125,0	75,0	-40,0	-20,5
Iðja og iðnaður, framlög	193,8	163,2	165,6	1,5	-14,6
Samtals	**964,2**	**1.141,3**	**1.228,6**	**7,6**	**27,4**

Útgjöld málefna flokksins eru áætluð 1.228,6 m.kr. og er það 87,3 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 ***Iðntæknistofnun Íslands.*** Útgjöld nema 197,4 m.kr. og hækka um 9,4 m.kr. Allar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

203 ***Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.*** Útgjöld nema 96,3 m.kr. og hækka um 5,2 m.kr. Allar breytingar í liðnum má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

242 ***Tækniþróunarsjóður.*** Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 120 m.kr. og verði 460 m.kr. í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í rannsóknar- og þróunarmálum. Sjóðnum er ætlað að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

251 ***Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.*** Lagt er til að 50 m.kr. tímabundin aukning á fjárveitingu til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verði felld niður. Að breytingunni gerðri mun framlag á liðinn nema 75 m.kr.

299 ***Iðja og iðnaður, framlög.*** Framlög á þennan lið nema alls 165,6 m.kr. og er það 2,4 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2005. Á *1.19 Staðlaráð* er óskað eftir 1,3 m.kr. hækkun á framlagi í samræmi við auknar tekjur samkvæmt endurskoðaðri áætlun um hlutdeild í tryggingagjaldi. Á *1.30 Alþjóðlegt samstarf* er óskað eftir að felld verði niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 3 m.kr. vegna tímabundins verkefnis um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Eystrasaltsríkjunum. Aðrar breytingar á einstökum viðfangsefnum liðarins má rekja til launa- og verðlagsbreytinga og markmiða um hagræðingu í rekstri.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast fimm fjárlagaliðir; 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku; og 399 Ýmis orkumál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 185,5 m.kr. og eru áætluð 1.941 m.kr. á árinu 2006.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	343,3	358,7	390,5	8,9	13,7
Orkusjóður	32,8	37,8	32,0	-15,3	-2,4
Niðurgreiðslur á húshitun	822,9	898,0	1.036,0	15,4	25,9
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	0,0	230,0	230,0	0,0	-
Ýmis orkumál	445,1	231,0	252,5	9,3	-43,3
Samtals	**1.644,1**	**1.755,5**	**1.941,0**	**10,6**	**18,1**

301 ***Orkustofnun.*** Áætlað er að framlög til stofnunarinnar hækki um 31,8 m.kr. og verði 390,5 m.kr. Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. framlag til innleiðingar vatnatilskipunar ESB og gert er ráð fyrir 7 m.kr. tímabundnu framlagi til upplýsingatækniverkefnis gegn að minnsta kosti jafnháu mótframlagi stofnunarinnar. Samtals er því áætlað að verja að minnsta kosti 14 m.kr. til upplýsingatækniverkefnis sem nefnist náttúruvefsjá. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga og áforma um hagræðingu í rekstri.

371 ***Orkusjóður.*** Framlag til sjóðsins lækkar um 5,8 m.kr. og verður 32 m.kr. Lagt er til að 7 m.kr. á viðfangsefni *1.23 Notendur utan samveitna* verði fluttar frá Orkusjóði á *399 Ýmis orkumál* þar sem ráðuneytið hefur að öllu jöfnu séð um greiðslur til notenda á Hólsfjöllum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

373 ***Niðurgreiðslur á húshitun.*** Framlag á þennan lið er áætlað 1.036 m.kr. og hækkar um 138 m.kr. frá fjárlögum 2005. Gerð er tillaga um 100 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar til niðurgreiðslna rafhitunarkostnaðar vegna breytinga á raforkulögum. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

399 ***Ýmis orkumál.*** Heildarframlög á þennan fjárlagalið hækka um 21,5 m.kr. og eru áætluð 252,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag á *1.13 Hafsbotnsrannsóknir* verði lækkað um 37,4 m.kr. í samræmi við áætlun um verkefnið. Framlagið mun því nema 13,4 m.kr. á árinu 2006 en fellur niður árið 2007. Í öðru lagi er ósk um 30 m.kr. tímabundið framlag á *1.21 Nýskipan orkumála* til olíuleitarmála. Á vegum samráðsnefndar um landgrunns- og olíuleitarmál hefur verið unnið að undirbúningi fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á olíu. Undirbúningurinn felur í sér breytingar á lögum, nýjar

reglugerðir og mat á efnahags- og umhverfisáhrifum. Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 20 m.kr. til verkefna er tengjast vistvænum orkugjöfum. Í fjórða lagi er gerð 7 m.kr. millifærsla af Orkusjóði yfir á nýtt viðfangsefni, *1.24 Notendur utan samveitna.* Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun. Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 664,3 m.kr. og hækka um 42 m.kr. frá fjárlögum 2004. Lagt er til að veitt verði 12,6 m.kr. hækkun til nýrrar byggðaáætlunar vegna aukinna verkefna á árunum 2006-2009. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	181,8	302,4	327,0	8,1	79,9
Byggðastofnun	357,2	319,9	337,3	5,4	-5,6
Samtals	**539,0**	**622,3**	**664,3**	**6,7**	**23,2**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
11-401-1.10	Byggðaáætlun	Til verkefna hjá öðrum ráðuneytum og stofnunum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	794,7	823,8	900,3	9	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	542,5	519,2	444,2	-14	-18
Stofnkostnaður og viðhald		3,8		-100	0
Samtals	**1.337,2**	**1.346,8**	**1.344,5**	**0**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	392,9	456,6	16	-
Innheimt af ríkistekjum	-	953,9	887,9	-7	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	0	-
Samtals	-	**1.346,8**	**1.344,5**	**0**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 1.355 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 10 m.kr. en þær nema tæplega 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.345 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 457 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 888 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 900 m.kr. og hækka um 76,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 40 m.kr. til eflingar Samkeppniseftirlitsins og tillögu um að veittar verði 13 m.kr. til embættis talsmanns neytenda.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 75 m.kr. og verður 444 m.kr. en er 519 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vegur 80 m.kr. lækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar um álagningu flutningsjöfnunargjalds á olíuvörur og ráðstöfun þess. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	169	171	172	167
Viðskiptamál	774	782	790	798
Flutningsjöfnun	401	401	401	401
Samtals	**1.344**	**1.354**	**1.363**	**1.366**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samning við Neytendasamtökin sem áætlað er að kosti 8,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessi samningur er tilgreindur í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2005	2006	2007	2008	2009
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 4,2 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs verða samtals 169,4 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	128,5	120,6	126,6	5,0	-1,5
Ýmis verkefni	45,4	41,6	39,8	-4,3	-12,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**173,9**	**165,2**	**169,4**	**2,5**	**-2,6**

Á 190 Ýmis verkefni er tillaga um að veitt verði 4,5 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til reksturs Tryggingadeildar útflutnings. Í öðru lagi er lagt til að felld verði niður 5 m.kr. tímabundin fjárveiting til áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna olíumálsins. Loks er óskað eftir niðurfellingu á 2,5 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna setningar laga um lausafjárkaup. Aðrar breytingar í málefnaflokknum eru vegna launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

Viðskiptamál

Gerðar eru nokkrar breytingar á málefnaflokknum frá fjárlögum 2005. Liðirnir 302 Löggildingarstofa og 902 Samkeppnisstofnun falla niður. Þess í stað koma inn tveir nýir liðir, 411 Samkeppniseftirlitið og 421 Neytendastofa. Auk þessara breytinga eru til staðar liðirnir 402 Fjármálaeftirlitið og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 73,5 m.kr. og eru áætluð 774,1 á árinu 2006. Helstu breytingar í fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	197,4	198,6	0,0	-100,0	-100,0
Fjármálaeftirlitið	283,7	309,5	309,5	0,0	9,1
Samkeppniseftirlitið	0,0	0,0	186,7	-	-
Neytendastofa	0,0	0,0	250,1	-	-
Samkeppnisstofnun	159,9	177,7	0,0	-100,0	-100,0
Ýmis viðskiptamál	14,8	14,8	27,8	87,8	87,8
Samtals	**655,8**	**700,6**	**774,1**	**10,5**	**18,0**

302 ***Löggildingarstofa.*** Lagt er til að allar fjárhæðir, sem voru á liðnum í fjárlögum 2005, verði færðar yfir á nýjan lið, 421 Neytendastofa, sem mun taka við verkefnum Löggildingarstofu.

411 ***Samkeppniseftirlitið.*** Áætlað er að framlag til stofnunarinnar nemi samtals 186,7 m.kr. Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. framlag til eflingar samkeppnissviðs stofnunarinnar. Ný verkefni, sem hafa verið falin stofnuninni, ryðja sér æ meira til rúms í starfi hennar og krefst það fjölgunar starfsmanna. Samkeppnissvið er umsvifamest í starfi stofnunarinnar. Fyrirséð er að verkefni tengd t.a.m. fjarskiptalögum munu verða umfangsmikil á næstu árum. Jafnframt er talið brýnt að gera nýja rannsókn á samkeppnis- og viðskiptaháttum á matvörumarkaðinum. Að auki er lagt til að 137,7 m.kr. verði millifærðar af 901 Samkeppnisstofnun. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

421 ***Neytendastofa.*** Áætlað er að framlag til Neytendastofu nemi samtals 250,1 m.kr. Framlagið myndast af millifærslum frá Löggildingarstofu og hluta af fjárheimildum Samkeppnisstofnunar, samtals 238,6 m.kr. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga ásamt áformum um hagræðingu í rekstri.

902 ***Samkeppnisstofnun.*** Lagt er til að 137,7 m.kr. millifærist yfir á 411 Samkeppniseftirlitið og 40 m.kr. yfir á 421 Neytendastofa.

999 ***Ýmis viðskiptamál.*** Samtals eru framlög til liðarins áætluð 27,8 m.kr. og hækka um 13 m.kr. Lagt er til að veittar verði 13 m.kr. til embættis talsmanns neytenda sem vistað verður hjá Neytendastofu.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks telst einn liður: 811 Flutningssjóður olíuvara. Lagt er til að sjóðurinn lækki um 80 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um álagningu flutningsjöfnunargjalds á olíuvörur og ráðstöfun þess. Dregið hefur úr þörfinni fyrir flutningsjöfnuð með fjölgun innflutningshafna um landið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	417,5	481,0	401,0	-16,6	-4,0
Flutningssjóður sements	90,0	0,0	0,0	0,0	-100,0
Samtals	**507,5**	**481,0**	**401,0**	**-16,6**	**-21,0**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	578,4	584,9	636,9	9	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,3	3,8	3,8	0	1167
Stofnkostnaður og viðhald	10,5	12,2	0,0	-	-
Samtals	**589,2**	**600,9**	**640,7**	**7**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	-	522,4	560,5	7	-
Innheimt af ríkistekjum	-	78,5	80,2	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**600,9**	**640,7**	**7**	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2006 eru áætluð um 657 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 16 m.kr. en þær nema 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 641 m.kr. og af þeirri fjárhæð er 561 m.kr. fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði en 80 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Hagstofu Íslands hækki um 39,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum en þar af eru launa- og verðlagsbætur 36,6 m.kr. Raunhækkun fjárveitinga er því

3,2 m.kr. og skýrist hún af tvennu. Annars vegar er áætlað að verja 5 m.kr. af nýju fé Íslenska upplýsingasamfélagsins til upplýsingatækniverkefnis á vegum Hagstofu Íslands sem lýtur að verkefni sem nefnist „Vefþjónusta – rafræn miðlun hagtalna“ auk þess sem gert er ráð fyrir að Hagstofan leggi að minnsta kosti jafnhátt mótframlag til verksins. Hins vegar er gert ráð fyrir að framfylgja hagræðingarkröfu með því að draga úr áætluðum aðgerðum í endurnýjun og þróun á tölvum og hugbúnaði ráðuneytisins og lækka þar kostnað um 1,8 m.kr. Í þeim tilgangi að fækka fjárlagaviðfangsefnum og einfalda framsetningu fjárlaga er gert ráð fyrir að framvegis verði fjárveitingar til kaupa á ýmsum minni háttar tækjum og búnaði settar fram sem eignakaup í rekstri en einungis fjárveitingar til meiri háttar eignakaupa settar fram sem stofnkostnaður. Í því skyni er 12,2 m.kr. fjárlagagrunnur á viðfangi *6.01 Tæki og búnaður* millifærður á eignakaup í rekstri á viðfangi *1.01 Yfirstjórn*. Gert ráð fyrir að ríkistekjur ráðuneytisins skili 1,7 m.kr. hærri tekjum en í gildandi fjárlögum og að beint framlag ríkissjóðs lækki samsvarandi.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Áætlað er að útgjöld ráðuneytisins aukist um 1% að raungildi á ári. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Hagstofa Íslands	641	647	653	660
Samtals	**641**	**647**	**653**	**660**

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.244,5	2.984,1	2.942,5	-1	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.161,0	1.007,7	1.121,0	11	-3
Stofnkostnaður og viðhald	912,5	559,6	374,0	-33	-59
Samtals	**4.318,0**	**4.551,4**	**4.437,5**	**-3**	**3**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.307,9	2.489,9	8	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.243,5	1.947,6	-13	-
Viðskiptahreyfingar	-	-	-	-	-
Samtals	-	**4.551,4**	**4.437,5**	**-3**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 5.032 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 595 m.kr. en þær nema tæpum 12% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.438 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.490 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en 1.948 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.943 m.kr. og lækka um 41 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk 119 m.kr. launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 285 m.kr. lækkun rekstrargjalda Úrvinnslusjóðs en á móti kemur að veitt er 45 m.kr. tímabundið framlag til aukinna minkarannsókna og rekstrargrunnur Náttúrufræðistofnunar Íslands er styrktur um 25 m.kr. Auk þess eru tæplega 52 m.kr. fjárveitingar, sem áður voru settar fram sem viðhalds- og stofnkostnaður, nú settar fram sem eignakaup í rekstri.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 113 m.kr. og verður 1.121 m.kr. en er 1.008 m.kr. í fjárlögum ársins 2005. Þyngst vegur 65 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf., 20 m.kr. hækkun á endurgreiddu skipulagsgjaldi til sveitarfélaga og 12 m.kr. hækkun á endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 374 m.kr. og er það 186 m.kr. lækkun milli ára. Mestu breytingarnar liggja í 100 m.kr. lækkun framlaga til ofanflóðavarna og 20 m.kr. lækkun á styrkjum vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga. Auk þess eru tæplega 52 m.kr. fjárveitingar, sem áður voru settar fram sem viðhalds- og stofnkostnaður, nú settar fram sem eignakaup í rekstri.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2006 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin eða á tímabilinu 2006 til 2009. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætluð útgjöld á föstu verðlagi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2006	Spá 2007	Spá 2008	Spá 2009
Ráðuneyti	518	522	464	468
Umhverfisvernd	2.369	2.445	2.499	2.573
Skipulagsmál	718	924	930	936
Rannsóknir	833	828	831	839
Samtals	**4.438**	**4.719**	**4.724**	**4.816**

Útgjaldaþróunin byggist á markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og styðst við reiknilíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Reiknilíkanið felur í sér mat á útgjöldum að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða stefnumörkun fyrir næstu ár miðað við fyrirliggjandi spár um þróun efnahags- og ríkisfjármála. Fjallað er nánar um þá stefnumörkun í fyrra hefti fjárlagafrumvarpsins. Fjárveitingar til málaflokka og stofnana kunna að breytast eftir áherslum og forgangsröðun stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og ef breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem stefnumörkunin byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar auk greinargerðar fyrra heftis frumvarpsins. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka umhverfisráðuneytisins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins *Umhverfisvernd* aukist að jafnaði um tæp 3% á ári. Skýrist það einkum af því að nú er reiknað með áframhaldandi framlögum vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga en auk þess er reiknað með 8% árlegum útgjaldavexti Endurvinnslunnar hf. Í öðru lagi má nefna að gert er ráð fyrir verulegri aukningu útgjalda á árinu 2007 í málefnaflokknum *Skipulagsmál*. Breytingin skýrist að mestu af því að reiknað er með að framlög til ofanflóðaverkefna verði aukin verulega þegar draga fer úr virkjana- og stóriðjuframkvæmdum.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til framlaga sem veitt eru tímabundið til verkefna og falla niður á tímabilinu. Í því sambandi má nefna að gert er ráð fyrir að á árinu 2008 falli niður tæplega 62 m.kr. tímabundin framlög í málefnaflokknum *Ráðuneyti*.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2005, eru að nú er gert ráð fyrir áframhaldandi útgjöldum vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga og auknum framkvæmdum við ofanflóðavarnir.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Fjárlagaliður 996 Íslenska upplýsingasamfélagið fellur niður en fjárveitingar til verkefna þess verða veittar beint til þeirra fjárlagaliða sem að þeim vinna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	274,0	241,7	263,9	9,2	-3,7
Ýmis verkefni	178,9	166,3	248,7	49,5	39,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	10,0	0,0	-100,0	-
Samtals	**452,9**	**423,0**	**517,6**	**22,4**	**14,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 72,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 45 m.kr. tímabundið framlag til átaks í rannsóknum á íslenska minkastofninum ásamt 15 m.kr. framlagi til uppsetningar og starfrækslu skráningar- og viðskiptakerfis með heimildir landsins til útstreymis gróðurhúsalofttegunda. Helstu breytingar á fjárveitingum til málefnaflokksins frá gildandi fjárlögum eru þessar:

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 263,9 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar sem er 22,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 6,1 m.kr. Lögð er til 8 m.kr. fjárveiting til að fjölga um eitt stöðugildi þar sem verkefni ráðuneytisins hafa aukist, m.a. vegna fjölgunar EES-tilskipana og eftirlits með stofnunum. Á móti kemur 1,9 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	15,7	8,0	8,5	6,3	-45,9
Samvinnunefnd um miðhálendið	7,7	8,6	11,2	30,2	45,5
Ýmis umhverfisverkefni	31,6	19,6	0,0	-100,0	-100,0
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,1	13,2	13,3	0,8	1,5
Umhverfisvöktun	28,7	28,0	28,0	0,0	-2,4
Rannsóknir og útrýming á mink	0,0	0,0	46,5	-	-
Alþjóðastofnanir	11,0	18,5	15,9	-14,1	44,5
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	12,2	10,3	8,5	-17,5	-30,3
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	8,1	8,2	8,5	3,7	4,9
Vernd hafsv. norðurs gegn mengun frá Rússlandi	0,0	1,4	0,0	-100,0	-
Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	5,4	3,1	6,5	109,7	20,4
Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,0	1,1	1,1	0,0	-
Vernd Breiðafjarðar	5,9	7,0	7,4	5,7	25,4
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	28,4	21,8	26,7	22,5	-6,0
Ýmis verkefni	11,1	17,5	7,3	-58,3	-34,2
Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	0,0	0,0	59,3	-	-
Samtals	**178,9**	**166,3**	**248,7**	**49,5**	**39,0**

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til liðarins verði alls 248,7 m.kr. og hækki um 82,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 76,7 m.kr. Lögð er til 2 m.kr. fjárveiting á viðfang *1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið* til að styrkja rekstrargrunn nefndarinnar. Tólf manns sitja í nefndinni auk fjögurra áheyrnarfulltrúa og kostnaður við hvern fund umtalsverður auk þess sem fjöldi mála, sem kemur til umfjöllunar hjá nefndinni, hefur vaxið. Á nýju viðfangsefni *1.36 Rannsóknir og útrýming á mink* er tillaga um 45 m.kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár í átak til útrýmingar á mink á þremur afmörkuðum landsvæðum þar sem saman færu veiðar, skipuleg vöktun og rannsóknir á meðan á átakinu stendur. Markmið aðgerðanna er að kanna möguleika á að útrýma mink og hvaða aðferðir henta best til að fækka honum verulega. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sótt um jafn hátt framlag til verkefnisins. Vegna breyttrar forgangsröðunar lækkar fjárveiting á viðfang *1.41 Skrifstofa um vernd gróðurs og dýraríkis á norðlægum slóðum* um 2,2 m.kr. og af sömu sökum lækkar fjárveiting á viðfang *1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins* um 0,1 m.kr. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting á viðfangsefni *1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur* til áframhaldandi starfs að stofnun þjóðgarðs. Lögð er til 3,5 m.kr. fjárveiting á viðfang *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál* til að styrkja rekstrargrunn nefndarinnar þar sem verkefnum hefur fjölgað mikið. Á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til að koma upp skráningar- og viðskiptakerfi með heimildir Íslands til útstreymis gróðurhúsalofttegunda í samræmi við ákvæði Kýótóbókunarinnar. Áætlaður kostnaður við uppsetningu kerfisins er 8 m.kr. en rekstrarkost-

naður 7 m.kr. á ári. Kýótó-bókunin kallar á eflingu starfs Íslands að loftslagsmálum á ýmsum sviðum. Efla þarf m.a. vöktun og bókhald yfir útstreymi og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Úttektarnefnd á vegum Skrifstofu loftslagssamnings SÞ hefur gert ýmsar athugasemdir og tillögur um úrbætur á bókhaldinu sem kalla á rannsóknir, sérfræðiaðstoð og aukin framlög. Þeim þætti verður sinnt á árinu 2007 og eftirleiðis ásamt upplýsingagjöf og samráði ráðuneyta sem stýrt verður af umhverfisráðuneytinu. Einnig er á viðfanginu tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár til stuðnings uppbyggingu Hoffellsstofu. Sjálfseignarstofnunin Hoffellsstofa starfar að stuðningi við náttúruvísindi og varðveislu upplýsinga um þjóðhætti. Stefnt er að því að reisa húsnæði í landi Hoffells í Austur-Skaftafellssýslu fyrir starfsemi á vegum stofnunarinnar og fræðimanna sem ætlað er að þar geti haft aðstöðu. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til Sesseljuhúss á Sólheimum í Grímsnesi. Til að einfalda framsetningu fjárlaga og fækka fjárlagaviðfangsefnum verða nokkrar tilfærslur á fjárveitingum á fjárlagaliðinn. Í því skyni er 6 m.kr. framlag, sem veitt var óskipt á viðfang *1.90 Ýmis verkefni* á fjárlögum 2005, flutt á viðfang *1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* en 4,5 m.kr. tímabundin framlög falla niður. Þangað flyst einnig 19,6 m.kr. framlag sem áður var veitt á viðfang *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* ásamt 1,4 m.kr. framlagi sem áður var veitt á viðfang *1.43 Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi*. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir ýmis framlög umhverfisráðuneytis á viðfangi *1.98*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	0,0	15,0
Frjáls félagasamtök	10,0	10,0
Hoffellsstofa	0,0	10,0
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	6,5	6,5
Staðardagskrá 21	5,0	5,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	0,0	5,0
Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1,4	1,4
Umhverfisfræðsluráð	1,0	1,0
Byggingastaðlar	0,5	0,5
Óskipt	7,1	4,9
Samtals	**31,5**	**59,3**

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	9,9	10,1	14,0	38,6	41,4
Umhverfisstofnun	607,6	580,5	624,7	7,6	2,8
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	251,0	220,0	200,0	-9,1	-20,3
Úrvinnslusjóður	372,9	1.035,0	750,0	-27,5	101,1
Endurvinnslan hf.	745,5	715,0	780,0	9,1	4,6
Samtals	**1.986,9**	**2.560,6**	**2.368,7**	**-7,5**	**19,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 223 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 285 m.kr. lækkun hjá Úrvinnslusjóði vegna frestunar á álagningu úrvinnslugjalds á nokkra vöruflokka ásamt 65 m.kr. hækkun á skilagjaldi og umsýsluþóknun sem rennur til Endurvinnslunnar hf.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Gert er ráð fyrir 14 m.kr. fjárveitingu til stöðvarinnar sem er 3,9 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum nemur hækkunin 3 m.kr. til styrkingar á starfsemi stöðvarinnar og vöktunar Mývatns.

*211 **Umhverfisstofnun.*** Gert er ráð fyrir 624,7 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 44,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 14 m.kr. Lagt er til að 9 m.kr. verði veitt til að efla starfsemi stofnunarinnar sem fram fer í Mývatnssveit með því að koma þar upp heilsársgestastofu og efla þar með vinnu að fræðslu og náttúruverndarmálum á svæðinu árið um kring. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til að styrkja fjárhagsgrunn þjóðgarðanna Jökulsárgljúfra og Snæfellsjökuls í því skyni að efla starfsemi í þjóðgörðunum og halda uppi nauðsynlegri þjónustu á svæðunum. Farið er fram á 1,5 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á leigu og reksturs húsnæðis stofnunarinnar í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði á Akureyri. Niður falla tvenn tímabundin framlög sem veitt voru á fjárlögum 2005 en það eru 6 m.kr. sem veittar voru til að útbúa verndaráætlun fyrir Mývatn og umhverfi þess og 4 m.kr. framlag vegna stækkunar þjóðgarðsins í Skaftafelli. Loks er gert ráð fyrir 5 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna áforma um hagræðingu í rekstri. Á viðfangsefni *1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink* er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundin fjárveiting í tvö ár vegna minkaveiða og 5,5 m.kr. tímabundin fjárveiting í fjögur ár vegna refaveiða. Tillögurnar miða að því að hækka endurgreiðsluhlutfall ríkisins í kostnaði sveitarfélaga við þessar veiðar þannig að það verði hliðstætt við það sem var árið 2003. Sótt er um jafn hátt framlag vegna þessara veiða í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

*281 **Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 200 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Niður fellur 20 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2001 til endurgreiðslu á 100 m.kr. lækkun fjárveitingar á fjárlögum 2000.

*287 **Úrvinnslusjóður.*** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi gerir ráð fyrir að gjaldið skili 750 m.kr. tekjum árið 2006 og er það 285 m.kr. lækkun frá áætlun fjárlaga 2005. Starfsemi Úrvinnslusjóðs hefur farið hægar af stað en gert var ráð fyrir og tímafrekara hefur reynst að hrinda lögum um úrvinnslugjald í framkvæmd en áætlað var og hefur ítrekað orðið að fresta álagningu gjaldsins á nokkra vöruflokka. Áætlað er að heildarkostnaður Úrvinnslusjóðs verði 750 m.kr., þar af er rekstrarkostnaður sjóðsins 55 m.kr. en beinn úrvinnslukostnaður 695 m.kr.

*289 **Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir. Áætlað er að á árinu 2006 muni gjöldin skila 780 m.kr. tekjum sem er 65 m.kr. hækkun frá áætlun gildandi fjárlaga.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	133,6	125,8	142,4	13,2	6,6
Skipulagsmál sveitarfélaga	124,4	105,0	125,0	19,0	0,5
Landmælingar Íslands	193,4	184,1	198,5	7,8	2,6
Brunamálastofnun ríkisins	119,9	110,5	115,2	4,3	-3,9
Ofanflóðasjóður	552,4	238,2	137,2	-42,4	-75,2
Samtals	**1.123,7**	**763,6**	**718,3**	**-5,9**	**-36,1**

Heildarframlag til málefnaflokksins er 718,3 m.kr. og lækkar um 45,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum nemur lækkunin 70,1 m.kr. Mest munar þar um 101 m.kr. lækkun Ofanflóðasjóðs ásamt 20 m.kr. hækkun til skipulagsmála sveitarfélaga.

*301 **Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir 142,4 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar á næsta ári og er það 16,6 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum nemur hækkunin 9 m.kr. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu vegna aukinna verkefna en stöðug aukning hefur verið á fjölda mála sem stofnunin hefur

fengið til afgreiðslu frá því að skipulags- og byggingarlög tóku gildi fyrir tæpum átta árum. Því til viðbótar er lagt til að stofnunin fái 5 m.kr. af nýju fé Íslenska upplýsingasamfélagsins til verkefnisins „Skipulagsvefsjá“ auk þess sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun leggi að minnsta kosti jafn hátt mótframlag til verksins. Enn fremur er lögð til 1 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna áforma um aðhald í rekstri. Til að fækka fjárlagaviðfangsefnum og einfalda framsetningu fjárlaga er 9,4 m.kr. fjárheimild millifærð af viðfangi *1.11 Mat á umhverfisáhrifum* á viðfang *1.01 Skipulagsstofnun*.

303 Skipulagsmál sveitarfélaga. Á þennan lið er áætlað fyrir fjárveitingu til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 125 m.kr. fjárveitingu á liðinn og hækkar hún um 20 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárveitingin er að öllu leyti fjármögnuð með ríkistekjum af skipulagsgjaldi.

310 Landmælingar Íslands. Gert er ráð fyrir 198,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 14,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 3,4 m.kr. og skýrist af tvennu. Annars vegar af tillögu um að verja 5 m.kr. af nýju fé Íslenska upplýsingasamfélagsins til stofnunarinnar vegna verkefnis um stöðlun landupplýsingakerfa auk þess sem gert er ráð fyrir að Landmælingar leggi að minnsta kosti jafn hátt mótframlag til verksins. Hins vegar er lögð til 1,6 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna áforma um aðhald í rekstri ríkisstofnana.

321 Brunamálastofnun ríkisins. Lögð er til 115,2 m.kr. fjárveiting til stofnunarinnar og er það 4,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 1,5 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Til einföldunar á framsetningu fjárlaga eru fjárveitingar stofnunarinnar sameinaðar á eitt fjárlagaviðfangsefni en sérstök viðfangsefni fyrir Námssjóð, Brunamálaskóla og Tæki og búnað eru felld niður.

381 Ofanflóðasjóður. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði 137,2 m.kr. en það er lækkun um 101 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til framkvæmda lækkar tímabundið um 100 m.kr. til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum en rekstrarframlag lækkar um 1 m.kr. Áætlað er að Ofanflóðasjóður muni hafa 111 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði og reiknað er með að sjóðnum verði heimilt að nýta tekjurnar til framkvæmda. Sjóðurinn mun því hafa 234 m.kr. til framkvæmda á árinu 2006 og 14,2 m.kr. til rekstrar.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	209,4	194,3	240,2	23,6	14,7
Náttúrustofur	83,2	90,3	58,8	-34,9	-29,3
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	28,7	23,1	25,8	11,7	-10,1
Veðurstofa Íslands	433,2	496,5	508,1	2,3	17,3
Samtals	**754,5**	**804,2**	**832,9**	**3,6**	**10,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 14,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbreytinga. Niður falla alls 62,5 m.kr. tímabundnar fjárveitingar, þar af 20 m.kr. vegna stofnkostnaðar hjá Veðurstofu Íslands og samtals 35 m.kr. hjá Náttúrustofum en á móti eru gerðar tillögur um alls 54,4 m.kr. fjárveitingar til nýrra verkefna. Loks lækka fjárveitingar um alls 6,4 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir 240,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 45,9 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum en að frátöldum launa- og verðlagsbótum nemur hækkunin 33,8 m.kr. Á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* fellur niður 2,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2001 til jarðfræðikortagerðar og auk þess er fjárveiting lækkuð um 1,9 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Á viðfangsefni *1.02 Setur í Reykjavík* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til gerðar jarðfræði- og vistgerðakorta af Íslandi. Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu vegna lækkunar sértekna þar sem sértekjur Náttúrufræðistofnunar hafa dregist verulega saman á undanförnum árum. Lagt er til að veitt verði 2,4 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við gerð stofnstærðarlíkans um íslenska refastofninn með það fyrir augum að afla upplýsinga sem nýta megi við ákvörðun um fyrirkomulag refaveiða í framtíðinni. Einnig er sótt um fjárveitingu til málsins í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005. Lagt er til að 5 m.kr. af nýju fé Íslenska upplýsingasamfélagsins verði varið til verkefnisins „Plöntuvefsjá og aðrar vefsjár Náttúrufræðistofnunar Íslands“ auk þess sem gert er ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun leggi að minnsta kosti jafn hátt mótframlag til verksins en 5 m.kr. mótframlag stofnunarinnar á lið *14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið* á fjárlögum 2005 færist nú til stofnunarinnar. Á viðfangsefni *1.03 Setur á Akureyri* er farið fram á 5,8 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á leigu og reksturs húsnæðis stofnunarinnar í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði á Akureyri.

403 Náttúrustofur. Framlag ríkisins til náttúrustofa sveitarfélaga færist á þennan fjárlagalið. Gert er ráð fyrir 58,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins en það er 35 m.kr. raunlækkun fjárveitingar frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist alfarið af því að niður fellur 5 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið til hverrar stofu á fjárlögum 2005.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir 25,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 2,7 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum er hækkunin 1,2 m.kr. og er lögð til fjárveiting vegna hækkunar á leigu og reksturs húsnæðis stofnunarinnar í nýju rannsókna- og nýsköpunarhúsnæði á Akureyri.

410 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 508,1 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands og er það 11,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs en að frátöldum launa- og verðlagsbótum lækkar fjárveitingin um 14,5 m.kr. Á stofnkostnaðarviðfanginu *6.01 Tæki og búnaður* fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 til kaupa á búnaði til móttöku fjarkönnunargagna í tengslum við samstarfssamning við Veðurathugunarstofnun Evrópu, EUMETSAT, og einnig fellur niður 5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2003 til kaupa og uppsetningar á vindmælum á mönnuðum veðurathugunarstöðvum. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til kaupa á veðurspárlíkani fyrir nákvæmari veðurspár og til að koma upp fullkomnum sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum. Gera verður ráð fyrir að uppbygging tækjabúnaðarins muni vara í allmörg ár þar sem veðurspárlíkanið kostar 17 m.kr. og hver sjálfvirk veðurathugunarstöð 15 m.kr. Lagt er til að 10,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð á rekstrarviðfangið *1.01* sem eignakaup í rekstri en að eftir standi 20 m.kr. ótímabundin fjárveiting á stofnkostnaðarviðfanginu *6.01*. Loks er lögð til 4,5 m.kr. lækkun fjárveitingar á viðfang *1.01* vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.5 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2004 m.kr.	Fjárlög 2005 m.kr.	Frumvarp 2006 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	4.981,0	5.935,0	3.850,0	-35,1	-22,7
Spariskírteini	2.493,0	1.540,0	1.290,0	-16,2	-48,3
Ríkisbréf	3.906,0	5.330,0	4.840,0	-9,2	23,9
Ríkisvíxlar	1.183,0	1.395,0	1.760,0	26,2	48,8
Önnur innlend lán	154,0	150,0	150,0	0,0	-2,6
Annar vaxtakostnaður	968,0	740,0	1.210,0	63,5	25,0
Innlendur lántökukostnaður	244,0	260,0	240,0	-7,7	-1,6
Erlendur lántökukostnaður	223,0	100,0	100,0	0,0	-55,2
Samtals	**14.152,0**	**15.450,0**	**13.440,0**	**-13,0**	**-5,0**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi 13,4 milljörðum króna á árinu 2006 og lækki um 2 milljarða króna, eða um 13%, frá fjárlögum 2005.

Lækkun vaxtagjalda erlendra lána skýrist af aukinni niðurgreiðslu erlendra skulda á árinu 2005 umfram áætlun fjárlaga. Munar þar mest um að þeim hluta söluandvirðis Landssímans hf., sem greiddur er í erlendri mynt, er ráðstafað til niðurgreiðslu erlendra skulda ríkissjóðs jafnframt því sem hluti af betri afkomu ríkissjóðs á árinu 2005 var notaður til greiðslu erlendra lána umfram áætlun. Áætlað er að vaxtakostnaður vegna spariskírteina lækki um 250 milljónir króna en á árinu 2005 kom stór flokkur spariskírteina til innlausnar og ekki hafa verið gefnir út nýir flokkar spariskírteina undanfarin ár. Vaxtagjöld ríkisbréfa lækka um 490 milljónir króna frá áætlun fjárlaga 2005 og skýrist það af minni útgáfu ríkisbréfa á árinu 2005 en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Vaxtagjöld vegna ríkisvíxla hækka hins vegar um 365 milljónir króna vegna hækkandi stýrivaxta. Annar vaxtakostnaður hækkar um 470 milljónir króna en um er að ræða vexti af inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs og annarra aðila sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Bæði hafa inneignir þessara aðila hjá ríkissjóði hækkað og vextir farið hækkandi. Vaxtagjöld vegna stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætluð rúmlega 600 milljónir króna, Ofanflóðasjóðs um 110 milljónir króna og annarra aðila tæplega 500 milljónir króna. Lántökukostnaður af innlendum og erlendum lánum er áætlaður 340 milljónir króna á næsta ári en er áætlaður 360 m.kr. í fjárlögum 2005. Greiddir vextir 2006 eru áætlaðir tæpir 10 milljarðar króna en voru í fjárlögum 2005 áætlaðir rúmlega 18 milljarðar. Munar þar mest um greidda vexti spariskírteina en stór flokkur kom til innlausnar á árinu 2005 sem skýrir miklar vaxtagreiðslur það ár. Einnig lækka greiddir vextir erlendra lána milli ára. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta, rúmir 3,6 milljarðar króna, kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 29,1 milljarður króna á árinu 2005 og rekstrargjöld 31,3 milljarðar króna. Tekjur aukast um 3,1 milljarð króna og gjöld um 2,4 milljarða frá áætlun fjárlaga 2005. Frá ríkisreikningi 2004 hækka tekjur um 1,5 milljarða og gjöld um tæplega sömu upphæð. Áætlað er að fjármagnsgjöld verði 431 m.kr. umfram fjármunatekjur og er það hækkun um liðlega 100 m.kr. en samkvæmt reikningi 2004 var fjárhæðin 90 m.kr. Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 4 milljarðar króna og eykst um 162 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 414 m.kr. frá árinu 2004. Framlög frá öðrum og óreglulegar tekjur eru áætlaðar 233 m.kr. sem er 25 m.kr. hækkun frá fjárlögum en árið 2004 námu þessar tekjur 674 m.kr. Miðað við framangreindar forsendur verður 1.667 m.kr. hagnaður á B-hluta ríkisjóðs en hann var 965 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga 2005 og 1.933 m.kr. samkvæmt reikningi 2004. Mestu munar að afkoma Rafmagnsveitna ríkisins er áætluð 700 m.kr. betri á árinu 2006 en í fjárlögum 2005.

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 3,2 milljarða króna sem er 1.450 m.kr. meira en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs. Mest munar um 2.960 m.kr. fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins sem er 1.350 m.kr. aukning frá fjárlögum. Næstmestu fjárfestingarnar verða á vegum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, 254 m.kr., sem er um 150 m.kr. aukning frá fjárlögum.

Lántaka er áætluð 1.525 m.kr. og eykst um 485 m.kr. milli ára. Mestu munar um 1 milljarðs króna áætlaða lántöku Rafmagnsveitna ríkisins eins og í fjárlögum 2005.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð er áætluð 371 m.kr. en hún er áætluð 380 m.kr. í fjárlögum 2005. Á árinu 2004 nam arðgreiðsla 866 m.kr. Aðeins tvö fyrirtæki greiða arð í ríkisjóð, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins, en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hagnað sinn beint til Háskóla Íslands.

Gangi framangreint eftir er áætlað að handbært fé í árslok nemi 624 m.kr.

Að venju er gert ráð fyrir að áætlanir fyrirtækja í B-hluta verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Rekstrartekjur	26.082,5	29.153,5
Rekstrargjöld	-28.847,7	-31.296,3
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-324,8	-431,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-3.090,0**	**-2.573,8**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.846,1	4.007,9
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	208,5	232,9
Hagnaður (-tap)	**964,6**	**1.667,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	964,6	1.667,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.755,4	1.358,4
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-35,8	-52,5
Handbært fé frá rekstri	**2.684,2**	**2.972,9**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-2.063,0	-3.512,0
Áhættufjármunir	-794,0	-25,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	2.669,5	1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-187,5**	**-3.535,5**
Tekin löng lán	1.040,0	1.525,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-2.591,4	-670,6
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-380,0	-371,0
Annað	-225,0	-605,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2.156,4**	**-121,6**
Breyting á handbæru fé	340,3	-684,2
Handbært fé í ársbyrjun	1.194,7	1.308,2
Handbært fé í árslok	1.535,0	624,0

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að hagnaður af rekstri nemi 475 m.kr. og er það 35 m.kr. betri afkoma en samkvæmt fjárlögum 2005 en 209 m.kr. lakari afkoma en samkvæmt reikningi fyrirtækisins fyrir árið 2004. Afkoma happdrættisins hefur verið vanáætluð í fjárlögum því að tímabilið 1999-2004 nam samanlagður hagnaður 3 milljörðum króna en var áætlaður 2,1 milljarður í fjárlögum. Tekjur happdrættisins og markaðshlutdeild ráðast af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði. Gert er ráð fyrir svipaðri leitni í tekjuþróun og síðustu ár, sem byggist á þeirri forsendu að starfsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum. Samkvæmt ársreikningi 2004 reyndust tekjur 3.123 m.kr. og gert ráð fyrir að þær verði 3.150 m.kr. á árinu 2006 en það er ríflega 20% hærra en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2005. Einkaleyfisgjald til ríkisins er áætlað 20% af hagnaði af reglulegri starfsemi samkvæmt lögum um happdrættið. Tekjurnar renna til *02-238 Tækjasjóðs* samkvæmt lögum nr. 3/2003, um

opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Upphæðin er áætluð 110 m.kr. og er hún innifalin í rekstrargjöldum í samræmi við framsetningu fjárlaga síðustu ár.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Gert er ráð fyrir að framlag á lið *02-201 Háskóli Íslands* nemi 770 m.kr. á árinu 2006. Í fyrsta lagi er framlagið fólgið í 165 m.kr. greiðslu vaxta og afborgana vegna lána sem tekin voru vegna sérstakra framkvæmda og verkefna fyrir Háskóla Íslands og hefur þegar verið ráðstafað til þeirra þarfa. Lántökurnar eru færðar bókum HHÍ sem fyrir fram ráðstafaður hagnaður og afborganir vegna lánanna færðar sem framlag til HÍ á því ári sem þær falla til. Í öðru lagi er um að ræða 280 m.kr. peningalegt framlag af hagnaði. Í þriðja og síðasta lagi er áætlað að happdrættið fái heimild til að taka 325 m.kr. lán til að fjármagna framkvæmdir Háskóla Íslands við Háskólatorg ef á þarf að halda. Gangi þetta eftir nemur greiðsla til Háskólans 605 m.kr. Samkvæmt ársreikningi 2004 var staða happdrættisins sterk. Eignir voru 2,3 milljarðar króna og eigið fé var 0,8 milljarðar króna. Meðal eigna voru 1,4 milljarðar í veltufjármunum en skammtímaskuldir námu 0,4 milljörðum.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Áætlað er að rekstri fyrirtækisins verði hagað þannig að hann verði í jafnvægi og er það sama forsenda og í fjárlögum yfirstandandi árs. Á síðustu árum hefur verið halli á rekstrinum og var svo komið í árslok 2004 að eigið fé var nánast uppurið. Áætlað er að tekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum nemi 2.550 m.kr. og hækki um 34 m.kr. vegna fjölgunar greiðenda. Tekjurnar námu 2.382 m.kr. á árinu 2004 en þann 1. maí á því ári hækkuðu afnotagjöld um 7% og er það síðasta hækkun þeirra. Tekjurnar eru sýndar sem framlag til rekstrar úr ríkisjóði af fjárlagalið *02-971 Ríkisútvarpið* í A-hluta fjárlaga. Að auki er gert ráð fyrir að fyrirtækið afli 1.009 m.kr. með sölu á auglýsingum o.fl. og er það 2% meira en árið 2004. Reiknað er með því að fjármagnskostnaður verði 229 m.kr. umfram fjármunatekjur eins og samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs og stafar það m.a. af auknum lántökum. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að rekstrargjöld nemi 3.330 m.kr. og lækki að raungildi milli ára vegna aðhalds í rekstri. Gert er ráð fyrir að 120 m.kr. verði varið til fjárfestinga og afborganir af teknum lánum nemi 173 m.kr.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag rekstraraðila til hljómsveitarinnar er áætlað 529,3 m.kr. og hækkar um 55,4 m.kr. eða tæplega 12%. Auk launa- og verðlagsbreytinga stafar hækkunin af tímabundnu framlagi til launa tónskálds. Ríkissjóður greiðir 56% af framlagi rekstraraðila eða 296,4 m.kr. af lið *02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands*, Ríkis-

útvarpið 25% eða 132,3 m.kr., Reykjavíkurborg 18% eða 95,3 m.kr. Seltjarnarnesbær 1% eða 5,3 m.kr. Gert er ráð fyrir að hljómsveitin afli 76 m.kr. tekna af hljómleikahaldi o.fl. og standi undir 12,7% rekstrargjalda eins og í fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrargjöld eru áætluð 600 m.kr. og er það 10,5% meira en í fjárlögum en 8% meira en árið 2004. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir að hljómsveitin verði rekin með nokkrum afgangi og takist með því að styrkja eiginfjárstöðu sína sem var 22 m.kr. í árslok 2004.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

111 ***Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.*** Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 25 m.kr. og framlag úr A-hluta ríkissjóðs af *03-211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli* verði 1.008,5 m.kr. Framlagið samsvarar 556 m.kr. tekjum af lendingargjöldum og 452,5 m.kr. tekjum af öryggisgjaldi. Flugmálastjórn greiðir stærstan hluta innheimts öryggisgjalds til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli fyrir vopnaleit og aðra öryggisþætti. Þau útgjöld skýra 330 m.kr. af 1.044,5 m.kr. rekstrargjöldum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur er áætlaður 325 m.kr. Gangi þessi áætlun eftir verður tap stofnunarinnar 36 m.kr. en árið 2004 var 335 m.kr. hagnaður. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 253,5 og skýrast að mestu af 212 m.kr. vegna stækkunar fragtflughlaðs og eldsneytiskerfis, 15 m.kr. vegna fráveitukerfis og 10 m.kr. vegna aðflugsbúnaður. Áformað er að taka 200 m.kr. að lán vegna framkvæmda við fragtflughlað og eldsneytiskerfi.

118 ***Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum sem staðsettar eru á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og Stokksnesi. Árið 2006 verða breytingar á starfsemi ratsjárstöðvanna með aukinni sjálfvirkni og mun rekstrarkostnaður því lækka milli ára. Þá starfrækir Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis fer fram. Innkaupa- og birgðahald vegna reksturs og viðhalds á loftvarnakerfinu fer einnig fram þar. Jafnframt rekur stofnunin viðhaldseftirlit á Keflavíkurflugvelli. Hjá Kögun hf, sem er undirverktaki Ratsjárstofnunar, starfa 26 starfsmenn að verkefninu en fyrirtækið tekur þátt í rekstri og viðhaldi á fyrrnefndum hugbúnaði hins íslenska loftvarnakerfis. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 2006 verði 1.244 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar liðlega 16,6 milljarðar króna á næsta ári en það er um 1,7 milljarða króna hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2005. Sala áfengis er miðuð við svipaða þróun og það sem af er árinu 2005 og er gert ráð fyrir 3% tekjuaukningu árið 2006. Sala tóbaks er miðuð við selt magn 2004 reiknað á verðlagi ársins 2005. Gert er ráð fyrir 1% samdrætti í magni á árinu 2005 og 2% samdrætti í magni á árinu 2006. Rekstrargjöld ársins 2006 eru áætluð 16,4 milljarðar króna og hækka um 1,7 milljarða frá áætlun fyrir yfirstandandi ár. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Launagjöld eru miðuð við áform um fjölgun verslana og lengri afgreiðslutíma og áætlaðar launabreytingar vegna kjarasamninga. Eftirlaunaskuldbindingar eru áætlaðar 30 m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður aukist í samræmi við fjölgun verslana og aukin umsvif sem og bifreiðakostnaður. Að öðru leyti byggist áætlunin á rekstraráætlun ársins 2005 að viðbættum kostnaði vegna verðlagsbreytinga og aukinna umsvifa. Fjármunatekjur eru áætlaðar 16 m.kr. og gert er ráð fyrir að handbært fé ÁTVR verði 113,9 m.kr. í árslok. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 161 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2006 en það greiðir 170 m.kr. skv. fjárlögum 2005.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

*301 **Íslenskar orkurannsóknir.*** Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar árið 2006 verði ámóta og árið 2005 og að fyrirtækið verði rekið með 20 m.kr. hagnaði. Þó er rétt að vekja athygli á því að búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum fyrirtækisins frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Horfur eru góðar vegna mikilla framkvæmda í orkumálum, einkum á sviði jarðhita. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 30 m.kr. í tækjum og búnaði á árinu 2006. Fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og gerir ráð fyrir að fjárfesta í slíkum búnaði fyrir að jafnaði 20-30 m.kr. árlega þótt gera megi ráð fyrir sveiflum. Afskriftir af tækjum og búnaði eru áætlaðar 26 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum. Gert er ráð fyrir að handbært fé verði um 36 m.kr. í árslok 2006.

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Rekstrartekjur fyrirtækisins eru áætlaðar rúmlega 6,5 milljarðar króna á árinu 2006 og eru það 883 m.kr. meiri tekjur en samkvæmt fjárlögum 2005 og 266 m.kr. meira en á árinu 2004. Í samræmi við horfur á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að tekjur af orkusölu lækki um rúmlega 1% milli áranna 2004 og 2005 en

aukast um 4% milli áranna 2005 og 2006. Áætlað er að aðrar tekjur, þ.e. tekjur vegna tengigjalda, verksölu og þjónustu við Landsnet, hækki talsvert frá áætlun í fjárlögum 2005. Rekstrargjöld eru áætluð tæplega 5,6 milljarðar króna og er það 74 m.kr. meira en samkvæmt fjárlögum 2005 en er 427 m.kr. lækkun frá reikningi 2004. Að teknu tilliti til 220 m.kr. fjármagnsgjalda umfram fjármunatekjur er reiknað með 760 m.kr. hagnaði af reglulegri starfsemi og er það 441 m.kr. afkomubati frá árinu 2004. Framlag ríkisins af lið *11-399-1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum* er áætlað 142 m.kr. og 11 m.kr. af lið *11-399-1.23 Þróunarverkefni o.fl.* vegna rannsókna. Framlögin eru í samræmi við samning við iðnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið frá árinu 1995. Meðal rekstrargjalda eru 760 m.kr. afskriftir og flýtiafskriftir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi tæplega 1,7 milljörðum króna.

Áætlað er að fjárfesta fyrir 3 milljarða króna í virkjunum og mælibúnaði. Þar af er 1,7 milljarðar vegna Lagarfossvirkjunar og 1 milljarður eignarhluti í dreifikerfum. Hér er um að ræða bráðabirgðatölur sem verða endurskoðaðar fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 294 m.kr. og arðgreiðsla í ríkissjóð 210 m.kr. Gangi þessi áætlun eftir verður handbært fé í árslok 2006 um 695 m.kr.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Þær breytingar eru gerðar frá fjárlögum 2005 að Lánasjóður landbúnaðarins og Þróunarsjóður eru ekki lengur í C-hluta og er þessum lánastofnunum sleppt úr samanburði hér á eftir.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 47,7 milljarðar króna í frumvarpinu en voru 45,4 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs og er það 5,2% aukning en þær námu 42,6 milljörðum samkvæmt ríkisreikningi 2004. Fjármagnsgjöld eru áætluð 44,5 milljarðar árið 2006 og er það 6,4% aukning milli ára en þau námu 40,4 milljörðum árið 2004. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 2,25% af heildarútlánum árið 2006 en þau eru 3% í fjárlögum yfirstandandi árs og 2,8% í fjárlögum 2004.

Framlag til rekstrar úr A-hluta ríkissjóðs er áætlað 5 milljarðar króna en var 4,6 milljarðar í fjárlögum 2005 og 3,9 milljarðar samkvæmt ríkisreikningi 2004. Mestu munar um 485 m.kr. hækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem jafnframt er áætlað að fái bróðurpartinn af framlagi til C-hluta eða 4.450 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Aðrar rekstrartekjur eru áætlaðar 1.159 m.kr. og önnur rekstrargjöld 1.849 m.kr. og breytast því lítið frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Gangi framangreint eftir er áætlað að hagnaður C-hluta nemi 5,4 milljörðum króna en hann er 4,7 milljarðar samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs og 2,8 milljarðar samkvæmt ríkisreikningi 2004. Þyngst vegur hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 3,1 milljarður, sem er varið til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Gert er ráð fyrir að afkoma allra C-hluta aðila batni en bæði Byggðastofnun og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins voru með rekstrartap árið 2004.

Að teknu tilliti til liða, sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi, og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 13,3 milljörðum króna árið 2006 sem er 5,6 milljörðum króna minna en samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs.

Gert er ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 94,7 milljarðar króna og er það 6,2 milljörðum meira en í áætlun fjárlaga 2005 eða 7%. Áætlað er að innheimtir verði 41,2 milljarðar króna af veittum löngum lánum sem er 12,8 milljörðum meira en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs en 65,4 milljörðum minna en árið 2004. Mest öll breytingin kemur fram hjá Íbúðalánasjóði.

Miðað er við að lánastofnanir í C-hluta taki 87,3 milljarða að láni og er það 7,8 milljarði minna en áætlað var að þær tækju að láni samkvæmt fjárlögum 2005. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 41,2 milljarðar en eru 43,8 milljarðar í fjárlögum yfirstandandi

árs. Yfirverð við sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs er áætlað 1,8 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs var reiknað með 6,8 milljarða króna afföllum við sölu bréfa.

Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana verði 20,6 milljarðar króna í árslok 2006.

Að venju er gert ráð fyrir að endurskoða þurfi fjárreiður lánastofnana í C-hluta fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Frumvarp 2006
Fjármunatekjur	45.361,5	47.737,0
Fjármagnsgjöld	-41.825,0	-44.517,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.623,0	-2.128,0
Hreinar fjármunatekjur	**913,5**	**1.092,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.579,5	4.996,3
Aðrar rekstrartekjur	1.153,0	1.159,0
Önnur rekstrargjöld	-1.897,0	-1.845,5
Hagnaður (-tap)	**4.749,0**	**5.401,8**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	4.749,0	5.401,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	15.270,0	7.845,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.067,0	96,0
Handbært fé frá rekstri	**18.952,0**	**13.342,8**
Veitt löng lán	-88.558,0	-94.729,0
Afborganir af veittum löngum lánum	28.415,0	41.175,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	-81,0	-92,0
Áhættufjármunir, nettó	145,0	-17,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-60.079,0**	**-53.663,0**
Tekin löng lán	95.103,0	87.332,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-43.771,0	-41.195,0
Annað, nettó	-6.810,0	1.845,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**44.522,0**	**47.982,0**
Breyting á handbæru fé	3.395,0	7.661,8
Handbært fé í ársbyrjun	12.574,1	12.926,5
Handbært fé í árslok	15.969,1	20.588,3

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Útlán sjóðsins eru áætluð 7,8 milljarðar króna og aukast um 830 m.kr. frá áætlun í fjárlögum 2005 en um 1.240 m.kr. frá reikningi 2004. Þetta er nærri 12% hækkun og skýrist af áætlaðri 1% fjölgun lánþega, auknum skólagjaldalánum, breytingum á útlána- og endurgreiðslureglum ásamt verðlags- og gengisþróun. Lánin eru vaxtalaus á námstíma en bera 1% vexti ásamt því að fylgja neysluverðsvísitölu frá námslokum.

Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkisins til sjóðsins á *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar á framlagsþörf hans. Eftir breytingu á lögum um sjóðinn í desember 2004, sem fól m.a. í sér hægari endurgreiðslu námslána, áætlar Ríkisendurskoðun að árlegt framlag ríkissjóðs þurfi að vera 53% útlána í stað 49% áður auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna. Framlag ríkisins er áætlað 4.450 m.kr. og þar af er áætlað að 121 m.kr. séu vegna vaxtastyrks og 235 m.kr. vegna rekstrar. Að auki er gert ráð fyrir að ónotaðar fjárheimildir frá fyrri árum verði notaðar til að fjármagna útlán.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 2,8 milljarðar króna, fjármagnsgjöld 2,9 milljarðar og framlög í afskriftasjóð útlána 850 m.kr. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar 950 m.kr. en eru 1.120 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og 588 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 2004. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins nemi 3,1 milljarði króna og aukist um 515 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða aukins hagnaðar er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins vaxa og þarf því að halda eiginfjárstöðu hans þannig að hann geti örugglega staðið undir skuldbindingum sínum í framtíðinni. Í árslok 2004 stóð eigið fé sjóðsins í 31 milljarði króna.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 3,7 milljarða í afborganir af veittum löngum lánum sem er 100 m.kr. meira en í fjárlögum. Miðað er við að verja 60 m.kr. í kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eins og í gildandi fjárlögum. Áætlað er að sjóðurinn taki 4,9 milljarða króna í löng lán og greiði 3,5 milljarða af lánum sem hann hefur tekið. Gangi framangreindar forsendur eftir verður breyting á handbæru fé sjóðsins óveruleg á árinu 2006 og handbært fé í árslok um 480 m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Útlán sjóðsins í heild eru áætluð 85,3 milljarðar króna en þau eru 78,8 milljarðar króna í fjárlögum 2005 og 68,6 m.kr. samkvæmt reikningi árið 2004. Þetta er um 8,3% hækkun frá yfirstandi ári en um 24% hækkun frá ársreikningi 2004. Til að fjármagna

útlánin er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að láni 80,9 milljarða króna en hann tekur 87,7 milljarða króna skv. fjárlögum yfirstandandi árs og tók 61,5 milljarða skv. fjárlögum 2004. Lækkunin nemur um 7,7% frá fjárlögum yfirstandandi árs en hækkar um 31,7% ef miðað er við breytingar frá reikningi ársins 2004.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 43,6 milljarðar króna sem hækka um 5,2% frá fjárlögum en fjármagnsgjöld eru tæplega 41 milljarður króna og hækka um rúm 6,4% á milli ára. Framlag í afskrifasjóð útlána er áætlað 818 m.kr. sem er tæpt 1% af heildar útlánum en er 1,1 milljarður í fjárlögum 2005. Samkvæmt þessu verða hreinar fjármunatekjur um 1,8 milljarðar króna og hagnaður af rekstri sjóðsins tæpir 2,3 milljarðar króna en hann er tæplega 1,6 milljarðar í fjárlögum 2005.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi um 36 milljörðum króna en þær eru áætlaðar 23,5 milljarðar í fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingin á rætur að rekja til aukinnar uppgreiðslu lána. Enn fremur er gert ráð fyrir að afborganir af teknum löngum lánum verði samkvæmt frumvarpinu 36,9 milljarðar króna en eru 38,8 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandi árs sem er óveruleg breyting. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að sjóðurinn nýti innborganir vegna uppgreiðslu á lánum til að greiða upp óhagstæð lán og til nýrra útlána og þar með dragi úr þörf sjóðsins fyrir nýjar lántökur.

Rekstrartekjur sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 1,1 milljarður króna og er það óveruleg breyting frá gildandi fjárlögum. Rekstrargjöld eru hins vegar áætluð 865 m.kr. og er það rúmlega 5% lækkun frá fyrra ári. Gert er því ráð fyrir að tekjur umfram gjöld nemi 257 m.kr.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Fjármunatekjur húsbréfadeildar verða samkvæmt frumvarpinu rúmir 24 milljarðar króna en fjármagnsgjöld tæpir 22 milljarðar króna. Framlag í afskriftasjóð útlána er 269 m.kr. í frumvarpinu. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 2,2 milljarðar króna. Rekstrartekjur deildarinnar verða 95 m.kr., rekstrargjöld 73 m.kr. og hagnaður ársins því 2,2 milljarðar króna. Innheimtar afborganir veittra lána og uppgreiðslur eldri lána eru áætlaðar 14,5 milljarðar króna og afborganir útgefinna húsbréfa eru áætlaðar 20,3 milljarðar króna. Er þá gert ráð fyrir að sjóðurinn ávaxti innborgarnir vegna uppgreiðslu lána með aukaútdrætti húsbréfa eftir því sem heimildir og aðstæður á markaði leyfa. Handbært fé er áætlað 7,5 milljarðar króna í árslok 2006 gangi framangreint eftir.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka verða um 12 milljarðar króna og er það 4 milljörðum króna lægri fjárhæð en í gildandi fjárlögum. Samkvæmt frumvarpinu verða í fyrsta lagi lánaðir allt að 4 milljarðar króna til leiguíbúða í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra frá árinu 2001 eða sem svarar til 400 íbúða með 3,5%

vöxtum. Verða þær leigðar einstaklingum og fjölskyldum með tekjur og eignir innan ákveðinna marka. Í öðru lagi er lagt til að lána allt að 7 milljarða króna á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 835 m.kr. í greiðsluerfiðleikalán sem er 165 m.kr. lægri lánsfjárheimild en í gildandi fjárlögum þar sem nokkuð hefur dregið úr umsóknum um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika. Loks er gert ráð fyrir allt að 500 m.kr. til meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir, þar með talin lán til sambýla fatlaðra og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Handbært fé minnkar um 194 m.kr. og verður um 565 m.kr. í árslok 2006 ef framangreindar forsendur ganga eftir.

211 ***Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.*** Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004, var lánshlutfall almennra íbúðalána hækkað í 90% og um leið gert ráð fyrir að veitingu viðbótarlána yrði hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánum á árinu 2006 né heldur lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðstaða er áætluð um 5 milljarðar króna í árslok 2006 og er það 4,2 milljarða króna hækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árlok 2005 sem skýrist af aukinni uppgreiðslu lána.

215 ***Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna.*** Áætlað er að tap af rekstri sjóðanna nemi 744 m.kr. á árinu 2006 en áætlaður hagnaður samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er 174 m.kr. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi frá því að Íbúðalánasjóður tók til starfa en þeir veittu á sínum tíma lán allt til 50 ára. Þau lán voru hins vegar fjármögnuð með 15–20 ára lánum sem þarf því að endurfjármagna. Við núverandi aðstæður á fjármálamarkaði er gert ráð fyrir að innheimta útistandandi lána ásamt uppgreiðslum standi undir endurgreiðslum sjóðsins á eldri fjármögnunarlánum. Því er ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku vegna þeirra á yfirstandandi ári. Sjóðstaða er áætluð 2,9 milljarðar króna í árslok 2006 og er það um 1,9 milljarða króna hækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2005 sem skýrist af aukinni uppgreiðslu lána.

219 ***Íbúðalánasjóður, almenn íbúðalán.*** Gert ráð fyrir að heildarútlán þessarar deildar verði tæpir 73 milljarðar króna en þau eru rúmlega 55 milljarðar króna í gildandi fjárlögum auk 7 milljarða til viðbótarlána. Gert er ráð fyrir að deildin taki tæplega 69 milljarða króna að láni til að fjármagna þessi útlán. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði og á yfirstandandi ári. Miðað við þær forsendur verða íbúðabréf sjóðsins seld á yfirverði þannig að fjárhæð tekinna fjármögnunarlána verður þá lægri en fjárhæð veittra lána. Eins og áður greinir er gert ráð fyrir að nýta hluta af því fé, sem kemur inn í sjóðinn, við uppgreiðslu eldri lána til nýrra útlána en það dregur úr þörf á sölu íbúðabréfa.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

371 ***Orkusjóður.*** Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki og áhættulán til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðla að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Sjóðurinn fær 32 m.kr. framlag á lið *11-371 Orkusjóður* í A-hluta ríkisins en það er sama fjárhæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 9 m.kr. standi undir 34,5 m.kr. rekstrarútgjöldum sjóðsins auk þess að skila 6,5 m.kr. hagnaði á árinu 2006. Í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 0,3 m.kr. hagnaði. Áætlað er að sjóðurinn veiti 25 m.kr. í lán og til að fjármagna útlánin innheimti hann 15 m.kr. í afborganir af veittum lánum og gangi á eignir sínar.

411 ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að stofnunin verði rekin með 7,7 m.kr. halla á árinu 2006 en afgangur er 6,7 m.kr. samkvæmt áætlun í fjárlögum 2005 og 385 m.kr. halli árið 2004. Stærsti hluti tekna stofnunarinnar kemur af fjármagnstekjum og eru þær áætlaðar 1.100 m.kr. árið 2006. Á móti koma 645 m.kr. fjármagnsgjöld og 400 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það eru 26,7% af áætluðum útlánum stofnunarinnar á árinu. Samkvæmt ársreikningi 2004 voru 463 m.kr. settar á afskriftarreikning eða 34,8% af útlánum á árinu. Reglur stofnunarinnar gera ráð fyrir að 12% af útlánafé fari að meðaltali í afskriftarsjóð og að verulegur hluti útlána miðist við lágmarksáhættu samkvæmt sérstakri stefnumótun í upphafi hvers árs. Næststærsti tekjuliður stofnunarinnar árið 2006 er 337,3 m.kr. framlag frá *11-411 Byggðastofnun* í A-hluta fjárlaga. Þar af eru 203,9 m.kr. til almenns rekstrar stofnunarinnar og 133,4 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Að lokum er áætlað að stofnunin afli annarra rekstrartekna sem nemur 20 m.kr.. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 420 m.kr. sem er 10 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlað er að veita 1.500 m.kr. í ný lán sem er 1.200 m.kr. minna en í gildandi fjárlögum en 168,8 m.kr. hækkun frá 2004. Ekki er gert ráð fyrir því að stofnunin nýti sér lántökuheimildir 2005. Miðað er við að innheimta 1.419 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 815 af teknum lánum. Gangi framagreint eftir verður handbært fé í árslok 2006 rétt um 2 milljarðar króna.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrir-

tækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Sjóðurinn rekur einnig sérstakan framtakssjóð sem er ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni, á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 233 m.kr. í fjármunatekjur og er það um 64 m.kr. minna en samkvæmt áætlun fjárlaga 2005 og 160 m.kr. meira en hann hafði á árinu 2004. Ráðgert er að leggja 60 m.kr. í afskriftarsjóð og samsvarar fjárhæðin 33% af áætluðum fjárfestingum á árinu. Rekstrarkostnaður skrifstofu sjóðsins er áætlaður 156 m.kr. og er það 48 m.kr. minna en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir en 17 m.kr. minna en kemur fram í ársreikningi 2004. Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir 1 m.kr. hagnaði af rekstri sjóðsins en 429 m.kr. tap var árið 2004. Það ár setti hann tæpar 316 m.kr. í afskriftasjóð. Í áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að selja eignarhluta í félögum fyrir 163 m.kr. og kaupa hluti fyrir 180 m.kr. Gangi framangreint eftir verður handbært fé í árslok rétt um 1,7 milljarðar króna. Fyrirliggjandi er að í fjáraukalögum 2005 verði sótt um 1.000 m.kr. aukið stofnfjárframlag í sjóðinn. Er það í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hf. Þegar lög um ráðstöfun söluandvirðisins hafa verið afgreidd verða áætlanir um fjármál Nýsköpunarsjóðs endurskoðaðar.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2005

Reiknað er með að á árinu 2005 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs jákvæður um 98,1 milljarð króna í stað 10,1 milljarðs eins og áætlað var í fjárlögum ársins. Breytingin er 88 milljarðar króna til hækkunar og skýrist aðallega af tvennu. Annars vegar af 66,7 milljarða króna söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem greitt var fyrr í haust og hins vegar af því að horfur eru á að handbært fé frá rekstri verði 20,4 milljarðar króna en það er 21,3 milljarða króna betri útkoma en reiknað var með í fjárlögum. Að frátöldum söluhagnaði af Landssímanum er útlit fyrir að á greiðslugrunni verði tekjur 33,2 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga en gjöldin tæpum 12 milljörðum umfram áætlun. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða skuldir ríkissjóðs niður um 57,7 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 36,4 milljarða króna.

Lántökur árið 2005. Gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2005 verði 13,5 milljarðar króna en það er 26,5 milljörðum króna minni lántaka en áætluð var í fjárlögum ársins. Áformað er að ríkissjóður greiði 71,2 milljarða króna í afborganir af teknum lánum eða 27,5 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Eins og áður hefur komið fram er reiknað með að á árinu 2005 muni ríkissjóður greiða niður skuldir um 57,7 milljarða króna nettó en það er 54 milljarða króna hærri niðurgreiðsla en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði alls um 107,2 milljarðar króna að meðtöldum 4,6 milljarða króna endurlánum ríkissjóðs. Reiknað er með að afborganir af teknum lánum verði um 105,4 milljarðar króna og eru þá meðtaldar 5,5 milljarða króna afborganir af endurlánum. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt því um 1,8 milljarðar króna og lækka um 70 milljarða frá áætlun fjárlaga 2005. Munar þar mest um tæplega 51 milljarðs króna afborganir Íbúðalánasjóðs af teknum lánum umfram forsendur fjárlaga ásamt því að horfur eru á að lántökur sjóðsins verði 13,8 milljörðum króna innan áætlunar fjárlaga. Því til viðbótar er ekki reiknað með að Byggðastofnun, Lánasjóður landbúnaðarins og Alþjóðaflugþjónustan nýti lánsfjárheimildir ársins en samkvæmt fjárlögum nema þær alls rúmlega 3,6 milljörðum króna. Loks má nefna að reiknað er með að nettólántökur Landsvirkjunar verði 500 m.kr. innan áætlunar fjárlaga.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2006

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 124,4 milljörðum króna á árinu 2006. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 56,7 milljarðar króna og hrein lánsfjárþörf þessara aðila nemur því 67,7 milljörðum króna. Reiknað er með að ríkissjóður taki ekki fé að láni á árinu en greiði engu að síður niður skuldir um 6,6 milljarða króna.

Lántökur fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins eru áætlaðar 124,4 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 50,1 milljarður. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 74,3 milljarðar króna en það er 71,6 milljörðum króna hærri nettólántaka en gert er ráð fyrir í horfum fyrir árið í ár. Munar þar mest um 59,8 milljarða króna aukningu í nettólántöku hjá Íbúðalánasjóði, aðallega vegna verulega minni afborgana af teknum lánum, og 7,3 milljarða aukningu hjá Landsvirkjun.

	Horfur 2005			Frumvarp 2006		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**88,5**	**27,6**	**116,1**	-	-	**124,4**
Ríki	88,5	0,0	**88,5**	-	-	**83,4**
A-hluti	13,5	0,0	**13,5**	-	-	**0,0**
B- og C-hluti	75,0	0,0	**75,0**	-	-	**83,4**
Landsvirkjun	0,0	27,6	**27,6**	-	-	**41,0**
Afborganir	**106,7**	**64,4**	**171,1**	-	-	**56,7**
Ríki	106,5	58,5	**165,0**	-	-	**44,5**
A-hluti	14,0	57,2	**71,2**	-	-	**6,6**
B- og C-hluti	92,5	1,3	**93,8**	-	-	**37,9**
Landsvirkjun	0,2	5,9	**6,1**	-	-	**12,2**
Hrein lánsfjárþörf	**-18,2**	**-36,8**	**-55,0**	-	-	**67,7**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**-1,9%**	**-3,8%**	**-5,7%**	-	-	**6,4%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ársins verði jákvæður um 14,2 milljarða króna og að handbært fé frá rekstri verði 10,7 milljarðar króna en það er lækkun um 9,7 milljarða króna frá horfum fyrir árið í ár. Fjármunahreyfingar eru neikvæðar um tæpan 1,1 milljarð króna og hreinn lánsfjárjöfnuður verður því jákvæður um 9,6 milljarða. Áformað er að verja lánsfjárafganginum með því að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 6,6 milljarða króna auk þess sem áætlað að greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkissjóðs við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt því verður gengið um 1 milljarð króna á stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabankanum.

M.kr.	Horfur 2005	Frumvarp 2006
Handbært fé frá rekstri	**20.395**	**10.682**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400
Veitt löng lán	-4.640	-5.425
Afborganir veittra lána	16.950	4.700
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.400	-500
Sala hlutabréfa og eignarhluta	67.240	540
Fjármunahreyfingar samtals	**77.750**	**-1.085**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**98.145**	**9.597**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	13.500	0
Afborganir	-71.200	-6.600
Fjármögnun samtals	**-57.700**	**-6.600**
Framlag til LSR	-4.000	-4.000
Breyting á handbæru fé	**36.445**	**-1.003**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að handbært fé frá rekstri verði tæplega 20,4 milljarðar króna árið 2005 en lækki um 9,7 milljarða króna á næsta ári og verði 10,7 milljarðar króna árið 2006. Munar þar mikið um að tekjuskattar einstaklinga lækka á næsta ári og eignarskattar falla niður. Auk þess er reiknað með minni umsvifum í efnahagslífinu.

Veitt löng lán. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga til lengri tíma en eins árs. Sótt er um heimildir til að endurlána alls 5.425 m.kr. árið 2006 en horfur eru á að í ár verði endurlán alls 4.640 m.kr. Horfur eru því á að endurlán hækki um 785 m.kr. milli áranna 2005 og 2006. Breytingarnar eru þær að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 325 m.kr. lánveitingu til Happdrættis Háskóla Íslands til að fjármagna framkvæmdir Háskóla Íslands við Háskólatorg. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 200 m.kr. lánveitingu til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, sem er 160 m.kr. hærri heimild en á fjárlögum 2005, og í þriðja lagi er gert ráð fyrir 4.900 m.kr. lánveitingum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem er 300 m.kr. umfram áætlaðar lánveitingar til sjóðsins í ár.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána tæpum 17 milljörðum króna en áætlað er að árið 2006 verði þær 4,7 milljarðar króna og lækki milli ára um 12,3 milljarða króna. Lækkunin skýrist aðallega af miklum umframafborgunum í ár. Þannig greiddi Íbúðalánasjóður um 7,4 milljarða króna umframafborganir af

skuldum gömlu byggingarsjóðanna, Spölur hf. greiddi 2,1 milljarð króna umfram gjaldfallnar afborganir og Þróunarsjóður sjávarútvegsins greiddi upp allar sínar skuldir á árinu en í árslok 2004 námu skuldir sjóðsins við ríkissjóð um 1,4 milljörðum króna.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og hlutafjárkaup sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Engin sérstök hlutafjárkaup eru fyrirhuguð á næsta ári og eiginfjárframlög til alþjóðastofnana breytast lítið frá áætlun fjárlaga 2005 fyrir utan 60 m.kr. hækkun á framlagi til IDA. Áformað er að verja allt að 2,5 milljörðum króna af söluandvirði Landssímans til að auka eigið fé Nýsköpunarsjóðs. Þar af fái sjóðurinn 1 milljarð króna á árinu 2005 sem varið verði til sprotafyrirtækja í samræmi við lögbundið hlutverk sjóðsins og ákvarðanir stjórnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái allt að 1,5 milljarða króna í viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun sameignarsjóðs Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs a.m.k. 50%.

M.kr.	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	145,0	205,0
Evrópubankinn, EBRD	35,0	35,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Helsinki	35,0	35,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	10,0	10,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	1.000,0	0,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	175,0	215,0
Samtals	**1.400,0**	**500,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í fyrirtækjum. Eingöngu er gert ráð fyrir 540 m.kr. tekjum af söluandvirði fasteigna og lóða.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður verði jákvæður um 9,6 milljarða króna á árinu 2006 en í ár er hann áætlaður 98,1 milljarður króna. Gert er ráð fyrir að lánsfjárafganginum verði varið til að greiða niður skuldir um 6,6 milljarða króna og styrkja stöðu ríkissjóðs með fyrirframgreiðslu til LSR eins og áður hefur komið fram.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Engar lántökur eru áformaðar á árinu 2006. Í 5. gr. frumvarpsins er þó sótt um heimild til handa fjármálaráðherra til að taka að láni allt að 10 milljarða króna.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á næsta ári muni ríkissjóður greiða alls 6,6 milljarða króna í afborganir af teknum lánum.

6.4 Lántökur og ábyrgðir ríkisfyrirtækja og sjóða

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að á árinu 2006 muni lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða nema um 124,4 milljörðum króna og horfur eru á að í ár verði þær 102,6 milljarðar. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila muni aukast um 21,8 milljarða króna milli áranna 2005 og 2006. Munar þar mest um 13,4 milljarða króna hjá Landsvirkjun og 7 milljarða hjá Íbúðalánasjóði. Áætlað er að á árinu 2006 muni afborganir ríkisfyrirtækja og sjóða af teknum lánum nema rúmum 50 milljörðum króna en tæpum 100 milljörðum króna í ár. Samkvæmt þessu er áætlað að á árinu 2006 hækki nettóskuldir þessara aðila um 74,3 milljarða króna en einungis um 2,7 milljarða króna í ár. Breyting milli áranna er 71,6 m.kr. og skýrist að stærstum hluta af 44 m.kr. nettólánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs á næsta ári á móti 15,7 milljarða króna neikvæðri þörf sjóðsins í ár og nemur breytingin þar því 59,7 milljörðum króna. Nettólánsfjárþörf Landsvirkjunar eykst um 7,3 milljarða króna milli áranna 2005 og 2006. Aðrar breytingar eru smærri.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Sótt er um að Landsvirkjun fái heimild til 41 milljarðs króna lántöku á árinu 2006 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaáætlanir ársins. Lánsfjárheimildin miðast við framkvæmdir fyrirtækisins á Austurlandi á næsta ári vegna samninga við Alcoa um afhendingu orku til álbræðslu í Reyðarfirði á árinu 2007 auk framkvæmda við flutningsmannvirki vegna stækkunar álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. Um er að ræða framkvæmdir við stíflumannvirki, gangagerð og vinnu við stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar ásamt framkvæmdum við háspennulínur frá stöðvarhúsi niður á Reyðarfjörð. Þá heldur vinna áfram við háspennulínu frá Sultartanga niður í Hvalfjörð sem er lögð í tengslum við stækkun Norðuráls. Gert er ráð fyrir að 33 milljarðar króna fari í fjármögnun framkvæmda, samanborið við 30 milljarða í ár, og 8 milljarðar í endurfjármögnun langtímalána og til að bæta sjóðsstöðu. Afborganir af langtímalánum verða óvenjuháar á árinu 2006 eða 12,2 milljarðar króna, en það eru tvöfalt hærri afborganir en í ár. Hrein lánsfjárþörf fyrirtækisins á árinu 2006 nemur því 28,8 milljörðum króna. Horfur eru á að fyrirtækið þurfi að taka 27,6 milljarða króna að láni í ár en að afborganir af teknum lánum verði 6,1 milljarður króna.

2. Íbúðalánasjóður. Lagt er til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til tæplega 81 milljarðs króna lántöku á árinu 2006 en horfur eru á að lántökur sjóðsins á yfirstandandi ári verði um 74 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að lántökuheimildir íbúðalánadeildar verði 68,9 milljarðar króna, en það er hækkun um 3,6 milljarða króna miðað við horfur fyrir árið í ár, og að heimildir vegna leiguíbúða verði 12,1 milljarður og hækki um 3,4 milljarða króna miðað við horfur fyrir yfirstandi ár. Áætlað er að á árinu 2006 greiði sjóðurinn 36,9 milljarða króna í afborganir af teknum lánum en 89,7 milljarða króna í ár. Hrein lánsfjár-

þörf sjóðsins á árinu 2006 nemur því um 44 milljörðum króna. Aftur á móti er reiknað með að í ár greiði sjóðurinn niður skuldir um 15,7 milljarða króna en þar munar mest um 66,5 milljarða króna afborganir af skuldum húsbréfadeildar og 20,3 milljarða afborganir af skuldum eldri byggingarsjóðanna. Nettólántökur sjóðsins munu samkvæmt því aukast um 59,7 milljarða króna milli áranna 2005 og 2006.

3. Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun verði veitt 1,5 milljarða króna lántöku-heimild á árinu 2006. Stofnunin fékk 2,7 milljarða króna heimild á fjárlögum yfirstandandi árs en reiknað er með að sú heimild verði ekki nýtt.

4. Rafmagnsveitur ríkisins. Lagt er til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilað að taka 1 milljarð króna að láni á næsta ári. Heimildin miðast við áform fyrirtækisins um stækkun Lagarfossvirkjunar.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 135. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 23, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 23, til sölu lóða og jarða eru 53, til sölu hlutabréfa eru 2, til kaupa og leigu á fasteignum eru 23 og ýmsar heimildir eru 10. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 190 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um nýjar heimildir má nefna heimildir 2.15-2.18 sem eru söluheimildir vegna sambýla og annars húsnæðis fyrir fatlaða sem hætt verður að nota þar sem þarfirnar verða leystar með öðrum hætti, þ.á m. með nýbyggingum. Heimild í lið 2.19 er til komin vegna flutnings á starfsemi Arnarholts í annað húsnæði á vegum LSH. Heimild í lið 3.23 er til komin vegna lagerhúsnæðis Námsgagnastofnunar en ætlunin er að leysa þau mál með öðrum hætti.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna umsýslu landbúnaðarráðuneytisins og Prestssetrasjóðs.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru tvær söluheimildir frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 23 og skýra sig flestar sjálfar. Heimild í lið 6.19 er vegna hinnar nýju Landbúnaðarstofnunar sem fyrirhugað er að setja á laggirnar. Heimild 6.20 er til komin vegna Miðstöðvar heimahjúkrunar sem nú er til húsa við Grensássveg en leigusamningi þar hefur nú verið sagt upp. Heimild 6.21 er vegna stjórnsýslu Heilsugæslunnar í Reykjavík sem nú er til húsa í Heilsuverndarstöðinni en það húsnæði stendur til að selja á markaði.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna nýjar heimildir í liðum 7.8 og 7.9 sem eru til komnar vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á skipi og flugvél Landhelgisgæslunnar. Heimild 7.10 er vegna endurnýjunar á Grímseyjarferjunni Sæfara.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til breyting á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra miðað við þróun almenns verðlags.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, lög nr. 117/1993, um almannatryggingar og lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Til að skapa svigrúm til hækkunar á tekjutryggingarauka elli- og örorkulífeyrisþega og aukningar á framlögum til endurhæfingar sjúkratrygginga og auka um leið aðhald í ríkisrekstri verður lagt til að niður falli heimild til greiðslu uppbótar vegna reksturs bifreiðar ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Lagt verður til að tímabundið ákvæði um að greiddar vaxtabætur skuli nema 95% af útreiknuðum bótum verði framlengt.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðrar rekstrartekjur ... 243
Aðrir skattar á vöru og þjónustu ... 258
Afborganir lána ríkissjóðs ... 44
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 44
Afreksmannasjóður ... 305
Afskriftir skattkrafna ... 237, 384, 391
Alþingi ... 278
Alþjóðaflugþjónustan ... 406
Alþjóðastofnanir ... 312, 313
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 354

Á

Ábyrgðasjóður launa ... 239, 246, 353
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 45, 434
Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar ... 323
Átak í lækkun skulda þróunarríkja ... 314
Átak í umferðaröryggismálum ... 401

B

Barnabætur ... 390
Barnaverndarstofa ... 348
Beinar greiðslur til bænda ... 322, 323
Bifreiðagjöld ... 258
Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla ... 246, 334
Bjargráðasjóður ... 352
Blindrabókasafn Íslands ... 302
Borgarholtsskóli ... 245
Brunamálastofnun ríkisins ... 242, 425, 426
Búnaðarsjóður ... 238, 323, 324
Byggðaáætlun ... 412
Byggðastofnun ... 46, 47, 412, 441, 448
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 328
Bændasamtök Íslands ... 324
Bætur brotaþola ... 335
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 362

D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 372
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 43, 330
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 372

E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 361, 365
Eignarskattar ... 43, 255, 256
Einkaleyfastofan ... 247, 409
Embætti forseta Íslands ... 278
Endurmenntun ... 299, 396
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir ... 396
Endurvinnslan hf. ... 242, 425

F

Fangelsismálastofnun ríkisins ... 341
Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins ... 393, 394
Fasteignamat ríkisins ... 240, 246, 393, 394
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 284, 285
Fasteignir framhaldsskóla ... 296
Fasteignir ríkissjóðs ... 266, 393, 395
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 284
Ferðamálaráð ... 406
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 348, 355
Félagsmálaráðuneyti ... 43, 343
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 347
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti ... 438
Félagsmálaskóli alþýðu ... 352
Fiskeldisrannsóknir ... 323, 325
Fiskistofa ... 239, 245, 328, 329
Fiskræktarsjóður ... 239, 323
Fjármagnstekjuskattur ... 384, 391
Fjármálaeftirlitið ... 247, 415
Fjármálaráðuneyti ... 43, 381, 434
Fjármálaráðuneyti, B-hluti ... 434
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 46, 436
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 45, 430
Fjársýsla ríkisins ... 275, 387, 393
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 365, 366
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 244
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 245, 296
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 244
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 244
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 244

Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 244
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 244
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 244
Flensborgarskóli ... 244
Flugmálastjórn ... 45, 52, 245, 310, 433
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli ... 45, 52, 310, 433
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli ... 245, 310
Flutningssjóður olíuvara ... 242, 416
Fornleifasjóður ... 304
Forsætisráðuneyti ... 43, 280
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 282, 283
Forvarnastarf í skólum ... 299
Fóðursjóður ... 238, 323, 325
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 296, 299
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 244
Framhaldsskólinn á Laugum ... 244
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 244
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 244
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál ... 347
Framkvæmdasjóður aldraða ... 240, 372
Framkvæmdasjóður fatlaða ... 349
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 394
Framkvæmdir Flugmálastjórnar ... 241, 406
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 325
Fullorðinsfræðsla fatlaða ... 296, 299
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 238
Fæðingarorlof ... 239, 355
Fæðingarorlofssjóður ... 237, 355

G

Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna ... 328
Garðávaxtasjóður ... 323
Geislavarnir ríkisins ... 246, 378, 379
Gjöld A-hluta ... 261
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 322, 323
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 238, 322
Greiðslur vegna riðuveiki ... 323
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 322, 323
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 349, 352
Gripagreiðslur ... 322
Gæða- og þjónustumál skattstofa ... 389

H

Hafnabótasjóður 404, 405
Hafrannsóknastofnunin 328
Hafsbotnsrannsóknir 411
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 237
Hagstofa Íslands 43, 247, 417
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa 247
Hagþjónusta landbúnaðarins 319, 320
Handbært fé frá rekstri 445
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs 44
Happdrætti Háskóla Íslands 45, 294, 430, 431
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 292, 295
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 292, 295
Háskólasjóður 248
Háskóli Íslands 238, 243, 248, 292, 295, 432
Háskólinn á Akureyri 243, 292
Háskólinn í Reykjavík 292, 293
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 43, 357, 359, 451
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 361
Heilbrigðisstofnun Suðurlands 377
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi 377
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum 377
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum 377
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 374
Heilsugæslustöðin Dalvík 375
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi 375
Heilsugæslustöðvar, almennt 373, 374, 377, 380
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands 360
Heimildir 49, 449
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 378
Héraðsdómstólar 335
Héraðsskógar 321
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni 299
Hið íslenska bókmenntafélag 304
Hjúkrunarheimili, almennt 367
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 319, 320
Hrafnseyri 284
Hreinn lánsfjárjöfnuður 446
Húsafriðunarnefnd 301, 303
Hæstiréttur 335
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 238
Höfundarréttargjöld 238, 301, 303

I

Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 409
Iðnaðarráðuneyti ... 43, 407
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti ... 434
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti ... 441
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 245
Iðnskólinn í Reykjavík ... 245
Iðntæknistofnun Íslands ... 410
Inngangur ... 249
Innheimtukostnaður ... 387
Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum ... 318

Í

Íbúðalánasjóður ... 447
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild ... 46, 439
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild ... 46
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ... 46, 439
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán ... 46, 440
Íslensk friðargæsla ... 313
Íslenska upplýsingasamfélagið ... 272, 410, 416
Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta ... 284
Íslenskar orkurannsóknir ... 45, 434
Íslenski dansflokkurinn ... 301, 303
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 305

J

Jafnréttisstofa ... 348
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 245, 325
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ... 313
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku ... 411
Jöfnunarsjóður sókna ... 248, 341, 342
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 237, 248, 352

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 44, 446
Kennaraháskóli Íslands ... 243, 292
Kirkjugarðar ... 341, 342
Kirkjumálasjóður ... 248, 341, 342
Kjaranefnd ... 392
Kjararannsóknarnefnd ... 353
Kosningar ... 333, 335

Kristnisjóður ... 341
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 244
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 301
Kvikmyndaskoðun ... 245, 303
Kynbóta- og þróunarstarfsemi ... 322

L

Lagasafn ... 333
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 319, 320
Landbúnaðarráðuneyti ... 43, 314
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 318
Landbúnaðarstofnun ... 52, 238, 245, 319, 320
Landgræðsla ríkisins ... 321
Landhelgisgæsla Íslands ... 339
Landhelgissjóður Íslands ... 336
Landlæknir ... 246, 378
Landmælingar Íslands ... 242, 425, 426
Landshlutabundin skógrækt ... 321
Landskrá fasteigna ... 333
Landspítali - háskólasjúkrahús ... 246
Landsvirkjun ... 447
Launa- og verðlagsmál ... 392
Launasjóður stórmeistara í skák ... 305
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 46, 237, 300, 438
Lánasjóður landbúnaðarins ... 323, 436, 443
Lánasýsla ríkisins ... 393, 394
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs ... 44
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 47, 443
Leiguíbúðir ... 355
Listaháskóli Íslands ... 292
Listahátíð í Reykjavík ... 291
Listamannalaun ... 248
Listasafn ASÍ ... 302
Listasafn Íslands ... 302
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 302
Listasjóðir ... 248, 301
Listdansskólinn ... 245
Listir, framlög ... 301, 303
Listskreytingasjóður ... 301
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 389
Lífeyristryggingar ... 237, 240, 361, 363
Lyfjaeftirlit ... 305
Lyfjastofnun ... 240, 246, 378
Lýðheilsustöð ... 240, 248, 378
Lögbundin framlög ... 248

Löggæsla á Keflavíkurflugvelli ... 310
Lögregluskóli ríkisins ... 338
Lögreglustjórinn í Reykjavík ... 239, 338

M

Mannúðarmál og neyðaraðstoð ... 313
Markaðar tekjur ... 238
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu ... 401
Málefni fatlaðra ... 345, 349, 350, 351, 379, 380
Málefni fatlaðra, Austurlandi ... 351
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 351
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 351
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 350
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 350
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 351
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 350
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 350
Málskostnaður í opinberum málum ... 335
Menningarsjóður ... 301
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 301, 302
Menntamálaráðuneyti ... 43, 287
Menntamálaráðuneyti, B-hluti ... 431
Menntamálaráðuneyti, C-hluti ... 438
Menntaskólinn að Laugarvatni ... 243
Menntaskólinn á Akureyri ... 243
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 243
Menntaskólinn á Ísafirði ... 243
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 243
Menntaskólinn í Kópavogi ... 243
Menntaskólinn í Reykjavík ... 243
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 243
Menntaskólinn við Sund ... 243
Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini ... 286

N

Námsefnisgerð ... 299
Námsgagnastofnun ... 300
Námsmatsstofnun ... 292, 294
Náttúrufræðistofnun Íslands ... 427
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 424
Náttúrustofur ... 427, 428
Neyðarsímsvörun ... 336
Neytendasamtökin ... 415
Neytendastofa ... 241, 247, 416

Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt ... 323
Niðurgreiðslur á húshitun ... 411
Niðurgreiðslur á ull ... 323
Norræn samvinna ... 303
Norræna ráðherranefndin ... 285
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 46, 436, 441

O

Ofanflóðasjóður ... 242, 425, 426
Opinber réttaraðstoð ... 335, 336
Orkusjóður ... 46, 411, 441
Orkustofnun ... 411

Ó

Óbyggðanefnd ... 286

P

Persónuvernd ... 246, 335
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 241, 247

R

Rafmagnsveitur ríkisins ... 45, 434, 448
Rannsóknamiðstöð Íslands ... 270, 292, 294
Rannsóknasjóður ... 294, 328
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ... 328
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ... 410
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ... 329
Rannsóknir og útrýming á mink ... 422
Ratsjárstofnun ... 45, 433
Raunvísindastofnun Háskólans ... 295
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 393, 394
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 43
Reykjalundur, Mosfellsbæ ... 373
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora ... 292
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag ... 283
Ríkisábyrgðir ... 47
Ríkisendurskoðun ... 278, 280
Ríkiskaup ... 393, 394
Ríkislögmaður ... 284
Ríkislögreglustjóri ... 239, 336, 337
Ríkissaksóknari ... 336
Ríkissáttasemjari ... 348
Ríkisskattstjóri ... 246, 387, 388

Ríkisstjórnarákvarðanir ... 395
Ríkisútvarpið ... 45, 237, 245, 301, 303, 432
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn ... 365

S

Safnliðir ... 274
Sala eigna ... 255, 258
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 44, 446
Samgönguráðuneyti ... 43, 397
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa ... 240
Samkeppniseftirlitið ... 415, 416
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 303, 304
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 360, 365, 367
Samtök iðnaðarins ... 241, 409
Samvinnunefnd um miðhálendið ... 422
Schengen-samstarf ... 330, 336, 339
Sendiráð Íslands ... 311
Sértekjur ... 265
Siglingastofnun Íslands ... 241, 247, 404, 405
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 45, 303, 432
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið ... 396
Símenntun og fjarkennsla ... 296
Sjávarútvegsráðuneyti ... 43, 326
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 44
Sjóður til síldarrannsókna ... 328
Sjónstöð Íslands ... 378, 379
Sjóvarnargarðar ... 405
Sjúklingatryggingar ... 361
Sjúkraflutningar ... 373, 374
Sjúkrahótel ... 367
Sjúkratryggingar ... 237, 361, 363
Skammtímalán ríkissjóðs ... 44
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 387, 388
Skattar á tekjur einstaklinga ... 43
Skattar á tekjur lögaðila ... 43
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 387
Skattstofa Norðurlands eystra ... 388
Skattstofa Vesturlands ... 388, 389
Skatttekjur ... 43
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 349, 351
Skipulagsmál sveitarfélaga ... 242, 425, 426
Skipulagsstofnun ... 425
Skógrækt ríkisins ... 321
Skógræktarfélag Íslands ... 321
Skriðuklaustur ... 304

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 328
Slysatryggingar ... 240, 361, 364
Slysavarnafélagið Landsbjörg ... 335, 338
Snorrastofa ... 304
Sóknargjöld ... 248, 341, 342
Sólheimar í Grímsnesi ... 349, 351
Staðaráð ... 410
Stjórnarnefnd málefna fatlaðra ... 349
Stjórnarskrárnefnd ... 283
Stofnun Sigurðar Nordals ... 295
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 427, 428
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 425
Styrktarfélag vangefinna ... 349
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 338
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 245, 310

T

Tannverndarsjóður ... 248
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 391
Tekin löng lán ríkissjóðs ... 44
Tekjujöfnuður ... 43
Tekjur A-hluta ... 253
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 243
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli ... 310
Tollstjórinn í Reykjavík ... 387, 389
Tóbaksvarnir ... 248
Tónlist fyrir alla ... 303
Tryggingagjöld ... 43, 255
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 239, 354
Tryggingastofnun ríkisins ... 52, 361, 362
Tækjasjóður ... 243
Tækniþróunarsjóður ... 410
Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis ... 333, 334, 340

U

Umboðsmaður Alþingis ... 279
Umboðsmaður barna ... 284
Umferðarstofa ... 241, 247, 402
Umhverfisráðuneyti ... 43, 418
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 421
Umhverfisstofnun ... 242, 247, 423, 424
Utanríkisráðuneyti ... 43, 307
Utanríkisráðuneyti, B-hluti ... 433

Ú

Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ... 422
Úrvinnslusjóður ... 242, 423, 425
Útflutningsráð Íslands ... 238, 314
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 395
Útgjöld til rannsókna og þróunarmála ... 268
Útlendingastofnun ... 336, 339
Útvarpsréttarnefnd ... 305

V

Vaktstöð siglinga ... 405
Varasjóður húsnæðismála ... 355
Vaxtabætur ... 237, 390, 391
Vaxtagjöld ríkissjóðs ... 43, 429
Vaxtatekjur og eignatekjur ... 43
Veðurstofa Íslands ... 427, 428
Veiðimálastofnun ... 319
Veitt löng lán ríkissjóðs ... 44
Veitt stutt lán ríkissjóðs ... 44
Verðlagsforsendur ... 261
Verðlagsstofa skiptaverðs ... 328
Verðmiðlun landbúnaðarvara ... 238, 323, 325
Verðtilfærslugjald á mjólk ... 323
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ... 246, 328, 329
Verkmenntaskóli Austurlands ... 244
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 244
Verndaðir vinnustaðir ... 351
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn ... 284, 286
Vesturfarasetrið á Hofsósi ... 282
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri ... 305
Viðskiptaháskólinn á Bifröst ... 292
Viðskiptaráðuneyti ... 43, 413
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 415
Viðskiptaráðuneyti, C-hluti ... 441
Vinnueftirlit ríkisins ... 239, 246, 348
Vinnumál ... 345, 352, 353
Vinnumálastofnun ... 352, 353
Virðisaukaskattur ... 43, 257
Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 365
Vörugjöld af bensíni, olíugjald og kílómetragjald ... 258
Vörugjöld af ökutækjum ... 257

Y

Yfirlit yfir lagabreytingar 451
Yfirskattanefnd 387

Þ

Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur 422
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 286
Þjóðkirkjan 341
Þjóðleikhúsið 301
Þjóðmenningarhúsið 285
Þjóðminjasafn Íslands 302
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 312, 313
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 312, 313
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 446
Þungaskattur 240

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 43, 276
Æskulýðsmál 304

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt 367, 368, 369

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2006.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 4. október 2005.)

Inngangur.

Í þjóðhagsáætlun er fjallað um helstu áherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar auk þess sem stuttlega er gerð grein fyrir stöðu og horfum í efnahagsmálum næstu ára. Megináherslur ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í efnahagsmálum eru að tryggja jafnvægi og stöðugleika og stuðla þannig að bættum lífskjörum heimilanna í landinu. Mikilvæg forsenda þessa er að skapa þær aðstæður að öflug fyrirtæki fái þrifist hér á landi og að til verði störf við sem flestra hæfi.

Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir umfangsmiklum skipulagsbreytingum í efnahagsmálum, meðal annars með stórfelldum skattalækkunum gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum, aukinni samkeppni og auknu viðskiptafrelsi á fjölmörgum sviðum, einkavæðingu ríkisfyrirtækja í stórum stíl, gjörbreyttum áherslum í ríkisrekstri og mikilvægum breytingum á stjórnsýslu landsins sem horfa til sömu áttar. Jafnframt hefur velferðarkerfið verið treyst svo um munar og sömu sögu er að segja af framlögum til menntamála sem hafa stóraukist.

Þessar áherslubreytingar hafa svo sannarlega skilað sér eins og allir hagvísar sýna. Staða ríkissjóðs hefur gjörbreyst og hann hefur nú árum saman verið rekinn með umtalsverðum afgangi. Í kjölfarið hafa skuldir ríkisins lækkað verulega og nánast verið greiddar upp þegar tillit er tekið til þeirrar eignar sem felst í gjaldeyrisforða Seðlabankans. Skattar einstaklinga hafa enn fremur lækkað umtalsvert og skattar á fyrirtæki eru með því lægsta í Evrópu. Íslensk fyrirtæki hafa þess vegna margeflst að burðum og eru nú mörg hver orðin umsvifamikil á erlendum vettvangi. Í kjölfarið á þessum breytingum er Ísland nú orðið eftirsóknarverður fjárfestingarkostur erlendra aðila.

Traust og ábyrg efnahagsstefna hefur skilað Íslandi í efsta sæti á lista Evrópuþjóða yfir þau lönd sem þykja hvað samkeppnishæfust. Það staðfestir enn frekar að rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur batnað verulega á undanförnum áratug auk þess sem skattaumhverfið þykir gott og stjórnkerfið er talið gegnsætt og stöðugt.

Það er mikilvægt að þessi þróun haldi áfram. Af hálfu ríkisstjórnarinnar er lögð megináhersla á að viðhalda stöðugleika efnahagslífsins með áframhaldandi aðhaldi í ríkisfjármálum árið 2006. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hefur á undanförnum árum skilað auknu aðhaldi í almennum rekstri.

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006 og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum fyrir árin 2007–2009 er að áfram muni ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir mikil umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukinnar innlendrar eftirspurnar. Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og langtímaáætluninni skapar svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika.

Helstu niðurstöður þjóðhagsspár.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er talið að uppsveiflan í efnahagslífinu nái hámarki á þessu ári og að hagvöxtur verði um 6%, ívið minni en á síðasta ári. Árið

2006 er spáð heldur minni hagvexti, eða um 4½%, einkum vegna minni útgjalda heimilanna. Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi hagvexti þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur, eða sem nemur árlega um 2½% árin 2007–2010. Skýringin á áframhaldandi hagvexti er meðal annars stóraukinn útflutningur álframleiðslu auk þess sem skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og ýmsar framkvæmdir á vegum hins opinbera ásamt vaxtalækkun Seðlabankans vega upp á móti minnkandi innlendri eftirspurn.

Þrátt fyrir tímabundinn þrýsting í kjölfar stóriðjuframkvæmda mun aðhaldssöm efnahagsstjórn áfram halda aftur af innlendri eftirspurn. Aukin verðbólga að undanförnu hefur einkum stafað af mikilli hækkun fasteigna- og olíuverðs. Samræmd neysluverðsvísitala evrópsku hagstofunnar, sem undanskilur húsnæðisliðinn, sýnir hins vegar að verðbólga hér á landi hefur verið svipuð og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, eða um 1–2% að undanförnu.

Samræmd vísitala neysluverðs.
(Tólf mánaða breytingar)



Heimild: Hagstofa Íslands.

Atvinnuleysi hér á landi hefur minnkað ört að undanförnu. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði rétt um 2% árið 2005 og minnki enn frekar árið 2006. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysi mælist tæplega 9% í ríkjum Evrópusambandsins og á bilinu 4½–6% í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Norðurlöndunum, nema í Finnlandi þar sem atvinnuleysi er nálægt 9%.

Tölur og spá OECD um atvinnuleysi.



Heimild: OECD Economic Outlook. Maí 2005.

Óhjákvæmileg afleiðing mikils innflutnings vegna stóriðjuframkvæmdanna og aukinna umsvifa í hagkerfinu á síðustu misserum er aukin einkaneysla heimilanna og vaxandi halli á viðskiptum við útlönd. Talið er að viðskiptahallinn verði í hámarki á þessu ári og nemi rúmlega 13% af landsframleiðslu. Á næsta ári er gert ráð fyrir um 12% halla. Síðan er útlit fyrir að mjög dragi úr honum í kjölfar aukins álútflutnings og minnkandi innflutnings og að hallinn verði um 2½% af landsframleiðslu árin 2008–2010.

Traust afkoma ríkissjóðs að undanförnu hefur gefið færi á mikilli lækkun skulda. Til viðbótar má nefna þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að verja umtalsverðum hluta söluandvirðis Símans til niðurgreiðslu skulda. Samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að hreinar skuldir ríkissjóðs nemi einungis 5½% af landsframleiðslu í lok ársins 2005. Til samanburðar má nefna að á árinu 1995 námu skuldirnar um 34% af landsframleiðslu. Þessi staða er nánast einsdæmi meðal þjóða og aðeins Noregur getur státað af betri stöðu meðal OECD-ríkjanna.

Það liggur fyrir og hefur verið staðfest af alþjóðaefnahagsstofnunum að það aukna aðhald sem hér hefur verið í ríkisfjármálum frá árinu 2003 er það mesta sem þekkist meðal iðnríkjanna. Jafnframt liggur það fyrir að stjórnvöld hafa tekið réttan pól í hæðina með því að setja fram og fylgja skýrri langtímastefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt.

Helstu stefnuáherslur ríkisstjórnarinnar.

Stefna ríkisstjórnarflokkanna miðar að því að skapa hér skilyrði til efnahagslegs stöðugleika og aukins hagvaxtar en hvort tveggja er forsenda öflugs atvinnulífs og bættra lífskjara almennings.

Forsætisráðherra leggur fram nú í upphafi þings frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Símans þar sem gert er ráð fyrir tugmilljarða uppgreiðslum erlendra skulda ríkissjóðs strax og að afgangurinn verði að mestu geymdur á reikningi ríkissjóðs í Seðlabanka

Íslands fram til ársins 2007. Þetta mun í senn skila ríkissjóði umtalsverðum vaxtatekjum og koma í veg fyrir þensluáhrif á sama tíma og stóriðjuframkvæmdirnar eru í hámarki.

Þegar stóriðjuframkvæmdunum lýkur verður hafist handa svo um munar. Á árunum 2007–2010 verður 15 milljörðum króna varið til framkvæmda í vegamálum, meðal annars til byggingar Sundabrautar og til framkvæmda og uppbyggingar við helstu þjóðvegi á landinu. Með þessu er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað á tímabilinu.

Þá hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að leggja fjórðung söluandvirðis Símans í uppbyggingu nýs hátæknispítala og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á árinu 2008. Nýr spítali markar ekki einungis tímamót í uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins heldur einnig fyrir allt háskóla- og vísindasamfélagið.

Ríkisstjórnin hefur lagt ríka áherslu á að styrkja íslenska menntakerfið. Í nýrri skýrslu frá OECD kemur fram að árið 2002 voru Íslendingar sú þjóð sem varði stærstum hluta þjóðarframleiðslu sinnar, eða 7,4%, til menntamála. Menntun og þekking skipta sköpum í framtíðinni í hinni hörðu samkeppni þjóða á alþjóðavettvangi. Á þessu þingi hyggst ríkisstjórnin leggja fram frumvörp er taka til grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigsins. Markmið frumvarps til breytinga á lögum um grunnskóla er að sníða af annmarka sem fram hafa komið frá því að rekstur grunnskóla var færður frá ríki til sveitarfélaga. Frumvarp til nýrra rammalaga um háskóla hefur að markmiði að tryggja að gæði menntunar hér á landi séu á heimsmælikvarða og að sjálfstæði háskóla sé tryggt. Síðastliðinn áratug hafa orðið miklar breytingar á íslensku háskólasamfélagi. Íslenskir háskólanemar hafa aldrei verið fleiri, framlög til háskólamála hafa aldrei verið hærri og námsframboðið aldrei fjölbreyttara.

Frumvarp til laga um greiðslur til foreldra barna sem greinast langveik eða alvarlega fötluð verður lagt fyrir Alþingi á haustdögum. Markmið þess er að tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð þurfi þeir að leggja niður launuð störf eða gera hlé á námi þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð. Ríkisstjórnin hefur einnig ákveðið að verja 1 milljarði króna af söluandvirði Símans til þess að leysa úr húsnæðisþörf og bæta þjónustu við geðfatlaða um land allt. Markmiðið er að eyða biðlistum og tryggja að geðfatlaðir búi við viðunandi aðstæður.

Verið er að hrinda í framkvæmd þeirri fjarskiptaáætlun sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor. Þar er mörkuð stefna stjórnvalda í háhraða- og farsímavæðingu landsins auk fjölmargra annarra þátta sem skipta framtíð okkar máli. Með stofnun fjarskiptasjóðs og ákvörðun um að láta renna til hans 2½ milljarð króna af söluandvirði Símans er staðfestur sá vilji ríkisstjórnarinnar að skapa hér hin bestu skilyrði til að nýta þá auðlind sem í upplýsingatækninni felst í þágu einstaklinga og atvinnulífsins.

Á grundvelli stefnumörkunar Vísinda- og tækniráðs hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir að ríflega tvöfalda úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða á kjörtímabilinu en ein mikilvægasta nýjungin á þeim vettvangi er stofnun Tækniþróunarsjóðs. Á árinu 2006 verður varið ríflega 1½ milljarði króna til þessara sjóða.

Ríkisstjórnin hefur enn fremur ákveðið að auka eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um 2½ milljarð króna. Stjórn Nýsköpunarsjóðs verði heimilt að verja allt að 1½ milljarði króna af því fé til að stofna sameignarsjóð með lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Stefnt er að því að slíkur sjóður hafi til ráðstöfunar 3–4 milljarða króna.

Allir þessir þættir munu stuðla að því að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og renna um leið traustari stoðum undir verðmætasköpun í landinu til frambúðar. Það mun aftur skapa skilyrði til enn frekari skattalækkana, jafnt hjá fyrirtækjum sem einstaklingum, og um leið gefa möguleika á áframhaldandi uppbyggingu velferðar- og menntakerfisins.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að ráðstafa söluandvirði Landssíma Íslands hf. til að styrkja innviði íslensks samfélags án þess að raska stöðugleika í efnahagsmálum.

Af söluandvirðinu, samtals 66,7 milljörðum kr., skal 43 milljörðum kr. varið til framkvæmda fram til ársins 2012 eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Vegaframkvæmdir.

Á árunum 2007–2010 skal verja 15.000 millj. kr. til framkvæmda í vegamálum til viðbótar við það fé sem ætlað er til slíkra framkvæmda á vegáætlun.

Fé til framkvæmda í vegamálum skiptist svo:

a. Sundabraut: 8.000 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 1.500 millj. kr. árið 2007, 2.500 millj. kr. árið 2008, 2.000 millj. kr. árið 2009 og 2.000 millj. kr. árið 2010.
b. Breikkun Reykjanesbrautar: 1.600 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 700 millj. kr. árið 2007, 600 millj. kr. árið 2008 og 300 millj. kr. árið 2009.
c. Gerð gatnamóta við Nesbraut: 600 millj. kr.
   Fé þessu skal verja til framkvæmda árið 2007.
d. Vestfjarðavegur: 700 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 300 millj. kr. árið 2008, 200 millj. kr. árið 2009 og 200 millj. kr. árið 2010.
e. Tröllatunguvegur um Arnkötludal: 800 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 400 millj. kr. árið 2007 og 400 millj. kr. árið 2008.
f. Þverárfjallsvegur: 300 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 200 millj. kr. árið 2007 og 100 millj. kr. árið 2008.
g. Norðausturvegur: 1.500 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 300 millj. kr. árið 2007, 400 millj. kr. árið 2008, 400 millj. kr. árið 2009 og 400 millj. kr. árið 2010.
h. Hringvegur um Hornafjarðarfljót: 800 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 400 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.
i. Bræðratunguvegur um Hvítá: 300 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 100 millj. kr. árið 2008 og 200 millj. kr. árið 2009.
j. Suðurstrandarvegur: 400 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 200 millj. kr. árið 2008 og 200 millj. kr. árið 2009.

3. gr.
Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Verja skal samtals 18.000 millj. kr. til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð stofnunarinnar við Hringbraut í Reykjavík. Framlagi þessu skal verja til að ljúka skipu-

lagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðaþjónustu og reisa hús fyrir rannsóknir.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2005, 200 millj. kr. árið 2007, 1.500 millj. kr. árið 2008, 4.000 millj. kr. árið 2009, 4.000 millj. kr. árið 2010, 4.000 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012.

4. gr.

Landhelgisgæslan.

Verja skal 2.000 millj. kr. árið 2008 til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Þá skal verja 1.000 millj. kr. árið 2007 til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

5. gr.

Nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Árið 2005 skal leggja fram til Nýsköpunarsjóðs 1.000 millj. kr. sem verði varið til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum í samræmi við lögbundið hlutverk sjóðsins og ákvarðanir stjórnar hans.

Þá skal Nýsköpunarsjóður fá 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%.

6. gr.

Fjarskiptasjóður.

Leggja skal fram samtals 2.500 millj. kr. til nýs fjarskiptasjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála, m.a. bættri farsímaþjónustu á landsbyggðinni og víðtækari dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött og átaki í háhraðatengingum á landinu.

Fjárframlagið skiptist þannig milli ára að í sjóðinn fara 1.000 millj. kr. árið 2005, 500 millj. kr. árið 2007, 500 millj. kr. árið 2008 og 500 millj. kr. árið 2009.

7. gr.

Framkvæmdir í þágu geðfatlaðra.

Verja skal samtals 1.000 millj. kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 200 millj. kr. til verkefnisins árið 2005, 200 millj. kr. árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 300 millj. kr. árið 2009.

8. gr.

Nýbygging fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Verja skal samtals 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Söluferli á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. hófst í byrjun árs 2004 með gerð áreiðanleikakönnunar og verðmats á fyrirtækinu. Hinn 4. apríl 2005 kynnti framkvæmdanefnd um einkavæðingu fyrirkomulag sölunnar á hlut ríkisins og lagði til að hluturinn yrði allur seldur í einu lagi einum hópi kjölfestufjárfesta. Var sú tilhögun í samræmi við tillögu fjármála- og ráðgjafarfyrirtækisins Morgan Stanley. Sala bréfa til hóps kjölfestufjárfesta var hins vegar háð ákveðnum skilyrðum, m.a. að enginn einstakur aðili eða skyldir eða tengdir aðilar eignuðust stærri hlut í Landssíma Íslands hf. en 45% fram að skráningu félagsins á hlutabréfamarkaði og að ekki minna en 30% af heildarhlutafé félagsins yrðu af hálfu kaupanda boðin almenningi og öðrum fjárfestum til kaups í síðasta lagi í árslok 2007.

Gert var ráð fyrir tvíþættu söluferli. Fyrst, hinn 17. maí sl., skiluðu bjóðendur, á grundvelli fyrirliggjandi útboðsgagna, inn óbindandi tilboðum. Við mat á þeim var m.a. horft til verðtilboðs, fjárhagslegs styrks og lýsingar bjóðenda á fjármögnun, reynslu þeirra af rekstri fyrirtækja, hugmynda og framtíðarsýnar varðandi rekstur Landssíma Íslands hf., starfsmannastefnu og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin, svo og sjónarmiða bjóðenda hvað varðar markmið ríkisins með sölunni. Alls bárust 14 óbindandi tilboð í hlutabréf ríkisins í Landssíma Íslands hf. Að baki tilboðunum stóðu 37 fjárfestar, innlendir og erlendir.

Alls uppfylltu 12 aðilar, sem að stóðu 35 innlendir og erlendir fjárfestar, skilyrði nefndarinnar og var boðið til þátttöku á síðara stigi söluferlis. Var þeim gert kleift að fá frekari upplýsingar um Landssíma Íslands hf. með kynningu, heimsóknum og áreiðanleikakönnunum og, á grundvelli þessara athugana, gera bindandi tilboð.

Þrír hópar fjárfesta gerðu síðan bindandi tilboð í fyrirtækið. Eftir að tilboðin voru opnuð hinn 26. júlí 2005 samþykkti fjármálaráðherra, sem fór með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf., í samráði við ráðherranefnd um einkavæðingu, tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að taka hæsta tilboðinu sem Skipti ehf. átti og hljóðaði upp á 66,7 milljarða kr.

Kaupverðið var greitt til íslenska ríkisins hinn 6. september 2005 eftir að Samkeppniseftirlitið hafði samþykkt kaupin fyrir sitt leyti.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um ráðstöfun söluandvirðisins. Er þar fylgt meginstefnumiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og þeim er lýst í stefnuyfirlýsingu hennar frá 23. maí 2003 þar sem segir m.a.:

„Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með því skapast skilyrði til enn frekari vaxtar þjóðartekna og aukins kaupmáttar almennings. Jafnframt er stöðugleiki í efnahagsmálum forsenda aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs."

Annars vegar er gert ráð fyrir að verulegum hluta söluandvirðisins, þ.e. 43 milljörðum kr., verði varið til þess á næstu árum að styrkja innviði samfélagsins, m.a. að bæta þjónustu í heilbrigðiskerfinu, styrkja rannsókna- og þróunarstarf og örva þannig frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun í atvinnulífinu, treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu með bættum samgöngum og jöfnun aðgengis landsmanna að fjarskiptum.

Til þess að afstýra ofþenslu í efnahagslífinu er gert ráð fyrir að meginhluti framkvæmdanna verði ekki fyrr en eftir að yfirstandandi stóriðjuframkvæmdum lýkur.

Hins vegar er lagt til að afgangi söluandvirðisins verði varið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins. Það mun leiða til minni endurgreiðslu- og vaxtabyrði fyrir ríkissjóð. Áætlað er að í árslok 2005 verði hreinar erlendar skuldir ríkisins 79 milljarðar kr.

Með því að kveða á um ráðstöfun fjárins til svo langs tíma sem hér er lagt til er verið að eyða óvissu um hvert fjármunirnir fara og um leið tryggja að þeir nýtist sem best til þjóðþrifaframkvæmda sem annars yrði ekki kleift að ráðast í. Það fé sem ekki er ráðstafað strax til greiðslu erlendra skulda verður ávaxtað í Seðlabanka Íslands og smám saman af því tekið til framkvæmda sem frumvarpið kveður á um. Þetta mun færa ríkinu umtalsverðar vaxtatekjur á komandi árum og stuðla að bættri afkomu ríkissjóðs.

Þótt með frumvarpi þessu sé kveðið á um ráðstöfun fjárins á sjö ára tímabili mun jafnframt verða gerð nánari grein fyrir sjóðstilfærslum í fjárlögum og fjáraukalögum hvers árs. Í töflunni hér á eftir er gefið yfirlit yfir skiptingu útgjalda frá ári til árs.

Skipting útgjalda
(fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs, í millj. kr.).

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Samtals
1. Vegaframkvæmdir									
Sundabraut			1.500	2.500	2.000	2.000			**8.000**
Breikkun Reykjanesbrautar			700	600	300				**1.600**
Gerð gatnamóta við Nesbraut			600						**600**
Vestfjarðavegur				300	200	200			**700**
Tröllatunguvegur um Arnkötludal			400	400					**800**
Þverárfjallsvegur			200	100					**300**
Norðausturvegur			300	400	400	400			**1.500**
Hringvegur um Hornafjarðarfljót				400	400				**800**
Bræðratunguvegur um Hvítá				100	200				**300**
Suðurstrandarvegur				200	200				**400**
Samtals til vegaframkvæmda			**3.700**	**5.000**	**3.700**	**2.600**			**15.000**
2. Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss	300		200	1.500	4.000	4.000	4.000	4.000	**18.000**
3. Landhelgisgæslan			1.000	2.000					**3.000**
4. Nýsköpun í íslensku atvinnulífi	1.000		500	500	500				**2.500**
5. Fjarskiptasjóður	1.000		500	500	500				**2.500**
6. Framkvæmdir í þágu geðfatlaðra	200		200	300	300				**1.000**
7. Nýbygging fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun				300	300	400			**1.000**
Samtals	**2.500**		**6.100**	**10.100**	**9.300**	**7.000**	**4.000**	**4.000**	**43.000**

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um markmið laganna sem er að mæla fyrir um ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands hf. til að styrkja innviði íslensks þjóðfélags án þess að raska efnahagslegum stöðugleika. Þannig verður 43 milljörðum kr. ráðstafað til framkvæmda sem nýtast munu öllum landsmönnum, t.d. á sviði samgöngu- og heilbrigðismála. Er þeim nánar lýst í síðari greinum frumvarpsins. Jafnframt verður drjúgum hluta ráðstafað til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins.

Um 2. gr.

Á árunum 2007–2010 verður 15 milljörðum kr. varið til framkvæmda í vegamálum. Með þessu er framkvæmdafé til vegagerðar meira en tvöfaldað á tímabilinu. Með frumvarpinu er lagt til að verja fénu til eftirfarandi framkvæmda:

a. Sundabraut: 8.000 millj. kr.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2005–2008 er gert ráð fyrir samtals 360 millj. kr. fjárveitingum í gerð vegar frá Sæbraut að Hallsvegi í Grafarvogi, svokallaðri Sundabraut. Verk þetta hefur lengi verið í undirbúningi. Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum fyrir þennan vegarkafla liggur fyrir en hann var kærður til umhverfisráðherra sem væntanlega fellir úrskurð varðandi kærurnar nú á næstunni. Kostnaður þessa áfanga hefur verið metinn á bilinu 7 ½ –14 ½ milljarður kr. eftir því hvaða leið og útfærsla er valin.

Með frumvarpinu er lagt til að verja 8 milljörðum kr. til þessa verks. Sú ákvörðun tekur mið af því að svokölluð innri leið verði valin sem er í samræmi við álit Vegagerðarinnar. Ráðgert er að hefja framkvæmdir um mitt ár 2007 og stefnt að verklokum árið 2010.

Frumvarpið felur í sér áframhaldandi lagningu Sundabrautar upp í Geldinganes og um Álfsnes upp á Kjalarnes. Undirbúningi verði þannig háttað að unnt verði að ráðast í framkvæmdirnar samhliða árin 2009 og 2010 og síðari áfanga, þ.e. um Álfsnes upp á Kjalarnes, verði lokið árið 2011. Áætlaður kostnaður við síðari áfanga verksins er á bilinu 6–8 milljarðar kr. og er fyrirhugað að hann verði boðinn út og fjármagnaður í einkaframkvæmd.

b. Breikkun Reykjanesbrautar: 1.600 millj. kr.

Árið 2004 var lokið við fyrsta áfanga breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar úr tveimur í fjórar akreinar. Þessi fyrsti áfangi er um 12 km frá Hvassahrauni suður á Strandaheiði. Því sem eftir er af verkinu er unnt að skipta í þrjá áfanga, þ.e. Hafnarfjörður (Kaldárselsvegur) – Krýsuvíkurvegur, Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun og Strandaheiði – Reykjanesbær (Víknavegur). Í gildandi vegáætlun eru fjárveitingar á árunum 2006–2008 samtals 983 millj. kr. og hefur verið við það miðað að sú upphæð verði notuð í síðasttalda kaflann. Kostnaðaráætlun fyrir það verk er um 2.000 millj. kr. þannig að um 1.000 millj. kr. af þeim 1.600 millj. kr. sem hér eru ætlaðar til Reykjanesbrautar þarf til að ljúka kaflanum. Í vegáætluninni er einnig gert ráð fyrir fjárveitingu til að gera mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar en með 600 millj. kr. viðbót verður unnt að ráðast í breikkun vegarins milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar. Við það er miðað að þessum tveimur áföngum af þremur sem eftir eru verði lokið árið 2009.

c. Gerð gatnamóta við Nesbraut: 600 millj. kr.

Í gildandi vegáætlun er 100 millj. kr. fjárveiting til þessa verkefnis á árinu 2008. Kostnaðaráætlun er um 600 millj. kr. og mikil þörf á að flýta því vegna umferðarþunga. Hér er gert ráð fyrir að verja 600 millj. kr. til verksins árið 2007. Fjármagni sem hugsanlega losnar við það á vegáætlun 2008 verður ráðstafað til annarra verkefna við næstu endurskoðun vegáætlunarinnar.

d. Vestfjarðavegur: 700 millj. kr.

Mjög mikið er ógert á Vestfjarðavegi; annars vegar á leiðinni milli Bjarkarlundar og Flókalundar og hins vegar frá Flókalundi til Dýrafjarðar, auk þess sem eftir er að endurgera veginn um Svínadal í Dölum. Í vegáætlun eru samtals 1.083 millj. kr. til þessara verkefna á árunum 2005–2008. Ákveðið er að ráðstafa 700 millj. kr. til að flýta framkvæmdum á þessari leið. Að auki er gert ráð fyrir að við næstu endurskoðun vegáætlunar verði aukið enn við fjárveitingar til verksins á árunum 2009 og 2010.

e. Tröllatunguvegur um Arnkötludal: 800 millj. kr.

Að undanförnu hafa staðið yfir athuganir á gerð nýs vegar milli Vestfjarðavegar í Reykhólasveit og Djúpvegar í Steingrímsfirði í stað núverandi vegarslóða á Tröllatunguheiði. Þessi leið styttir vegalengdina milli Hólmavíkur og Reykjavíkur um 40 km miðað við núverandi leið um Strandir. Kostnaðaráætlun fyrir verkið er 900 millj. kr. og á vegáætlun eru 100

millj. kr. ætlaðar til þess árið 2008. Ákveðið er að ráðstafa 800 millj. kr. til verksins þannig að unnt verði að ljúka þessari vegagerð árið 2008.

f. Þverárfjallsvegur: 300 millj. kr.

Lokið er gerð vegarins frá Skagastrandarvegi að Laxárdalsvegi en eftir er að endurgera veginn þaðan til Sauðárkróks ásamt brúargerð á Gönguskarðsá. Kostnaðaráætlun fyrir það er tæplega 600 millj. kr. og fjárveitingar til þess á vegáætlun á árunum 2005–2007 eru 285 millj. kr. Með 300 millj. kr. viðbótarráðstöfun til þessa verkefnis er unnt að ljúka því árið 2008.

g. Norðausturvegur: 1.500 millj. kr.

Mikið er ógert í Norðausturvegi úr Öxarfirði að Hringvegi á Vopnafjarðarheiði. Þeim 1.500 millj. kr. sem hér er ráðstafað til vegarins verður annars vegar varið til vegatengingar milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar með tengingu til Raufarhafnar og hins vegar í veginn frá Vopnafirði að slitlagsenda við Brunahvammsháls. Áætlaður kostnaður við fyrrnefnda verkefnið er samtals 2.000 millj. kr. og fjárveitingar á vegáætlun til þess á árunum 2005–2008 nema rúmlega 1.100 millj. kr. Áætlaður kostnaður við síðarnefnda verkefnið er 1.250–1.700 millj. kr. eftir því hvaða útfærsla er valin en Vegagerðin hefur mælt með að valin verði svonefnd Vesturárdalsleið sem er áætlað að kosti 1.300 millj. kr. Fjárveitingar á vegáætlun 2007 og 2008 til þessa verkefnis eru samtals 239 millj. kr. Til þess að ljúka báðum verkefnunum þarf því að koma um 500 millj. kr. viðbótarfjárveiting á vegáætlun á árunum 2009 og 2010.

h. Hringvegur um Hornafjarðarfljót: 800 millj. kr.

Á árinu 2008 er 166 millj. kr. fjárveiting á vegáætlun til byggingar nýrrar brúar yfir Hornafjarðarfljót. Kostnaðaráætlun fyrir þá framkvæmd ásamt vegtengingum er um 1.200 millj. kr. Hér er ráðstafað 800 millj. kr. til verksins og þarf því að koma 200–300 millj. kr. viðbótarfjárveiting til þess á vegáætlun 2009 til að ljúka því það ár.

i. Bræðratunguvegur um Hvítá: 300 millj. kr.

Hér er um nýja vegtengingu yfir Hvítá í Árnessýslu að ræða. Tenging þessi, sem er mikið hagsmunamál fyrir nærliggjandi byggðir, hefur verið lengi á döfinni. Áætlaður kostnaður er um 800 millj. kr. og á vegáætlun 2007 og 2008 eru ætlaðar 186 millj. kr. til verksins. Að viðbættum þeim 300 millj. kr. sem hér er ráðstafað til þess þurfa að koma um 300 millj. kr. á vegáætlun á árinu 2009 til að ljúka verkinu það ár.

j. Suðurstrandarvegur: 400 millj. kr.

Nú er unnið að gerð fyrsta áfanga endurgerðar Suðurstrandarvegar, en það er kaflinn um Festarfjall austan Grindavíkur. Í haust verður næsti áfangi boðinn út, sem er stuttur kafli næst Þorlákshöfn. Þær 400 millj. kr. sem hér er ráðstafað til verksins eru ætlaðar til næsta áfanga, frá Þorlákshöfn og vestur fyrir Hlíðarvatn.

Um 3. gr.

Brýnasta framtíðarverkefnið á sviði heilbrigðismála er bygging nýs hátæknisjúkrahúss sem áformað er að reisa á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Undirbúningur þeirra framkvæmda er nokkuð á veg kominn. Dómnefnd um skipulagstillögur í alþjóðlegri samkeppni fyrir Hringbrautarsvæðið mun skila áliti sínu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í október 2005. Þá hefst deiliskipulagsvinna með það fyrir augum m.a. að svæðið nýtist sem best, háskólabyggingar og sjúkrahús tengist, aðgengi og samgöngur verði greiðar og gætt verði fyllstu rekstrarhagkvæmni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur áætlað að heildarkostnaður við uppbyggingu hátæknisjúkrahússins sé rúmlega 40 milljarðar kr., heildarstærð nýbygginga samkvæmt frumathugun er 85 þús. m^2 og endurgera þarf um 26 þús. m^2 af eldra húsnæði.

Með 18 milljarða kr. fjárframlagi af söluandvirði Landssíma Íslands hf. er unnt að ljúka skipulagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðaþjónustu sem er mjög brýnt verkefni og reisa hús fyrir rannsóknir. Gert er ráð fyrir að undirbúningur standi fram á árið 2008 en þá geta framkvæmdir væntanlega hafist.

Um 4. gr.

Ríkisstjórnin veitti í mars 2005 dómsmálaráðherra heimild til að undirbúa kaup eða leigu á fjölnota varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands sem sinna á öryggisgæslu, eftirliti í efnahagslögsögu Íslendinga, mengunarvörnum og afgreiðslu eldsneytis til björgunarþyrlna á flugi. Varðskipið á þannig að geta brugðist við í þágu almannavarna hvar sem er á landinu, efla viðbrögð og varnir gegn hryðjuverkaógn og nýtast til samvinnu við sérsveit lögreglunnar og tollgæslu og björgunarstarfa hvers konar. Lagt er til að verja 2.000 millj. kr. árið 2008 til kaupa eða leigu á varðskipi.

Ríkisstjórnin veitti enn fremur í mars sl. dómsmálaráðherra heimild til að undirbúa kaup eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Flugvélin skal búin nútímagreiningar- og samskiptatækni og hafa nægjanlegt flugþol til að sinna margvíslegu eftirliti í efnahagslögsögu Íslendinga þar sem m.a. þarf að fylgjast með skipaferðum, mengun og hafís. Þá skal vélin hafa þol til að taka þátt í björgunar- og leitaraðgerðum, sinna vettvangsstjórn og sjúkraflugi og að henni verði flogið utan til alþjóðlegra björgunarstarfa, friðargæslu og mannúðarstarfa. Lagt er til að verja 1.000 millj. kr. til þessa verkefnis á árinu 2007.

Samkvæmt bráðabirgðakostnaðarmati dómsmálaráðuneytisins er fjárþörfin fyrir varðskip og flugvél samtals 3.500–4.000 millj. kr. Það sem á vantar verður því að fjármagna með öðrum hætti.

Um 5. gr.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er áhersla lögð á getu þjóðarinnar til nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu. Þar segir m.a. um markmið stjórnarsamstarfsins:

„Að styrkja rannsókna- og þróunarstarf, m.a. með því að auðvelda fyrirtækjum að leggja fé til þess og örva þannig frumkvöðlastarfsemi. Í samræmi við ný lög um Vísinda- og tækniráð verði unnið að markvissri uppbyggingu rannsóknastarfsemi og nýsköpun á sem flestum sviðum."

Á grundvelli stefnumörkunar Vísinda- og tækniráðs hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ríflega tvöföldun úthlutunarfjár opinberra samkeppnissjóða á kjörtímabilinu. Á árinu 2005 er varið allt að 1,3 milljörðum kr. til þessara sjóða.

Stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í ársbyrjun 1998 var ætlað að fylgja eftir álitlegum rannsóknaniðurstöðum áfram yfir í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Sjóðurinn hefur hins vegar ekki lengur bolmagn til nýfjárfestinga en hefur beint kröftum sínum að því að verja þær fjárfestingar sem hann hefur þegar ráðist í. Frá upphafi hefur sjóðurinn fjárfest í rúmlega 100 fyrirtækjum og á nú eignarhlut í rúmlega 60 fyrirtækjum, þar af eru 45 starfandi.

Með lögum nr. 92/2004 fékk sjóðurinn heimildir til að stofna til nýrra samlagssjóða með öðrum fjárfestum og að semja við aðra aðila um vistun þeirra eða tiltekna þjónustu þeim til handa, með samþykki ráðherra. Þessar heimildir sjóðsins opna fyrir samstarf við innlenda jafnt sem erlenda fjárfesta.

Hér er lagt til að auka eigið fé Nýsköpunarsjóðs um 2.500 millj. kr. Þar af fái sjóðurinn 1.000 millj. kr. á árinu 2005 sem varið verði til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum í samræmi við lögbundið hlutverk sjóðsins og ákvarðanir stjórnar hans. Með sprotafyrirtæki er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starf-

semi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Jafnframt fær Nýsköpunarsjóður 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun samlagssjóða Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%. Orðið samlagssjóður er notað í daglegu tali sem samheiti fyrir hvers konar samstarfsform fjárfesta sem leggja sameiginlega fé í sjóð. Viðræður við fagfjárfesta hafa leitt í ljós að samlagshlutafélagaformið henti best samlagssjóðum af þessu tagi. Til að greiða fyrir stofnun slíkra félaga er nauðsynlegt að gera nokkrar lagabreytingar til að færa samlagshlutafélög hér á landi til samræmis við það sem tíðkast víðast hvar.

Gert er ráð fyrir að iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytji frumvarp á næstunni um nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og samlagshlutafélaga til samræmis við ofangreint.

Um 6. gr.

Lagt er til að verja 2.500 millj. kr. til uppbyggingar í samræmi við fjarskiptaáætlun sem skilgreinir aðkomu og markmið stjórnvalda á sviði fjarskipta til næstu ára.

Meginmarkmiðið með ráðstöfun fjárins er í fyrsta lagi að auka öryggi vegfarenda og aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins með því að stuðla að aukinni útbreiðslu GSM-farsímanetsins við hringveginn, helstu stofnvegi og fjölfarna ferðamannastaði sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. GSM-farsímakerfið er ekki landsþekjandi og skortir töluvert á að samband náist á þjóðvegakerfinu. Þrátt fyrir að GSM-farsímakerfið hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi er ljóst að almenn eign slíkra farsíma er mikilvægur liður í öryggi fólks, auk þess sem farsíminn gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum í nútímaþjóðfélagi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármunum verði varið til að stuðla að dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur og strjálbýli að leiðarljósi. Neytendum á afmörkuðum svæðum stendur þegar til boða stafrænt sjónvarp sem dreift er með ýmsum hætti með þræði eða þráðlaust. Þegar er hafinn undirbúningur að uppbyggingu UHF-dreifikerfa samkvæmt DVB-T staðli sem bjóða upp á starfænt sjónvarp á landsvísu. Nauðsynlegt er að tryggja að sjófarendur og íbúar strjálbýlli svæða sem ekki njóta fullnægjandi þjónustu eigi möguleika á að ná sjónvarpsdagskrá RÚV, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2 stafrænt í gegnum gervihnött. Markmiðið er að stafrænt sjónvarp nái til allra landsmanna.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem ekki er líklegt að verði þjónað á markaðslegum forsendum. Upplýsingatækni er leiðandi í hagvexti og atvinnuuppbyggingu í Evrópu og víðar annars staðar, m.a. hér á landi. Háhraðatengingar eru einn af grunnþáttum tækninnar sem gerir upplýsingasamfélag nútímans mögulegt. Áætlað er að stuðla að og hraða þróun upplýsingasamfélagsins svo að allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu.

Samgönguráðherra skipar verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar. Farin verður útboðsleið til að ná fram markmiðum áætlunarinnar og boðin verður út skýrt skilgreind þjónusta á afmörkuðum svæðum.

Komið verður á fót sérstökum sjóði, fjarskiptasjóði, sem sér um úthlutun fjármagns á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar fer af stað á árinu 2005 og verður til hans varið 1.000 millj. kr. Eftirstöðvarnar, 1.500 millj. kr., koma síðan með jöfnum greiðslum árin 2007–2009.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra muni á næstunni flytja sérstakt frumvarp um stofnun fjarskiptasjóðs.

Um 7. gr.

Lagt er til að stórátak verði gert í uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða með því að ráðstafa til þess málaflokks 1.000 millj. kr. af söluandvirði Landssíma Íslands hf. Markmiðið er að eyða biðlistum og koma í veg fyrir að geðfatlaðir búi við ófullnægjandi aðstæður.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti látið vinna ítarlega könnun á þjónustuþörf geðfatlaðra einstaklinga. Heildarfjárþörf vegna uppbyggingar á fimm árum er 1,5 milljarðar kr. í stofnkostnað miðað við 150 einstaklinga. Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 millj. kr. til verkefnisins til viðbótar þeim 1.000 millj. kr. sem ráðstafað verður af söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Samhliða uppbyggingu á búsetu og þjónustu fyrir geðfatlaða sem eru í brýnni þörf fyrir úrræði verður sérstök áhersla lögð á starfsendurhæfingu með það að markmiði að virkja þá til þátttöku í samfélaginu. Félagsmálaráðuneytið mun í því sambandi nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir er hjá félagasamtökum og fagaðilum sem unnið hafa á þessu sviði, hugsanlega með gerð þjónustusamninga við þá.

Um 8. gr.

Lagt er til að veita sérstakt 1.000 millj. kr. framlag til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun sem rísi við hlið Þjóðarbókhlöðunnar við Suðurgötu. Með þessu verði heiðrað að árið 2011 verða 100 ár liðin frá stofnun Háskóla Íslands og 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

Menntamálaráðherra mun á næstunni flytja frumvarp um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun sem verður til við samruna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Örnefnastofnunar, Orðabókar Háskólans, Íslenskrar málstöðvar og Stofnunar Sigurðar Nordals.

Stofnunin verði sjálfstæð háskólastofnun með sérstakri stjórn og fjárhag og sinni þeim verkefnum sem þessar stofnanir hafa sinnt hver í sínu lagi. Við samruna þeirra skapast skilyrði til þess að leggja aukna rækt við menningararf þjóðarinnar og íslenska tungu.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun mun áfram varðveita og sjá um þau handrit og skjalagögn sem hafa verið flutt til Íslands frá Danmörku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörslu og umsjón Háskóla Íslands. Í hinu nýja húsnæði mun gefast færi á að búa handritunum umgjörð við hæfi þar sem skilyrði til varðveislu þeirra verða hin ákjósanlegustu og gestum og gangandi gefst betra færi á að skoða og fræðast um þau.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Með frumvarpinu er lögð fyrir Alþingi tillaga ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verða bein útgjöld ríkissjóðs vegna þess 43.000 m.kr. og dreifist kostnaðurinn á árin 2005–2012. Fyrirhugað er að sækja um útgjaldaheimildir í fjáraukalögum 2005 og fjárlögum áranna 2007–2012 í samræmi við frumvarpið, eins og það verður að lögum.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök aldraðra og öryrkja, að beita sér fyrir því að komið verði á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Skoðuð verði þátttaka almannatrygginga og lífeyrissjóða í afkomutryggingu. Grunnlífeyrir og tekjutrygging verði sem næst lágmarksframfærslu eins og hún verður skilgreind í samræmi við neysluútgjöld lífeyrisþega. Raungildi grunnlífeyris og tekjutryggingar verði ekki lægra við upptöku afkomutryggingar en það var á árinu 1995. Auk þessa verði skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutryggingar rýmkuð verulega til að auka svigrúm til atvinnuþátttöku.

Samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2007 og jafnframt breytist lífeyrir almannatrygginga til samræmis við launavísitölu.

Greinargerð.

Allt of margir þjóðfélagsþegnar búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða lágmarksframfærslu. Á það ekki síst við um aldraða, öryrkja og einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóma. Meðal stefnumála Samfylkingarinnar er að komið verði á afkomutryggingu svo að enginn þurfi að búa við fátækt og óvissu um kjör sín. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er stigið fyrsta skrefið í þessa átt og lýtur hún að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Í næsta áfanga mun þingflokkur Samfylkingarinnar beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félagslegum, heilsufarslegum eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu hverju sinni. Þingmenn

Samfylkingarinnar hafa áður lagt fram tillögu til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks sem felur m.a. í sér að atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga verði undanþegin skatti. Markmið beggja tillagna er að enginn þurfi að þola það að eiga ekki fyrir nauðþurftum. Til að ná því sem að er stefnt er hér lagt til að teknar verði upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda í byrjun árs 2007.

Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Þótt margt hafi verið vel gert í málefnum þessa fólks á umliðnum áratugum býr allt of stór hópur aldraðra og öryrkja við slæm kjör og í heild hefur þessi hópur ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum og hefur bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna stóraukist. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi.

Tenging bóta almannatrygginga við vikukaup í almennri verkamannavinnu var afnumin árið 1996 og olli það mikilli skerðingu á lífeyri aldraðra og öryrkja. Í staðinn var lögum um almannatryggingar breytt og kveðið á um að bætur almannatrygginga skyldu taka mið af launaþróun, þó þannig að breyting á fjárhæðinni gæti aldrei farið niður fyrir það sem vísitala neysluverðs mælir. Fullyrt var af stjórnvöldum á þeim tíma að þessi breyting mundi ekki skerða kjör lífeyrisþega. Af umræðum á Alþingi er ljóst að margir þingmenn töldu að með þessu ákvæði væri tryggt að lífeyrisgreiðslur ættu að hækka til samræmis við launavísitölu. Engu síður hafa þær ekki gert það. Með breytingunni frá 1996 hafa kjör lífeyrisþega verið svo skert að það þyrfti að hækka grunnlífeyri og tekjutryggingu um hvorki meira né minna en 4,6 milljarða kr. (miðað við desember 2004) til þess að framfærslulífeyrir þeirra héldi raungildi sínu miðað við grunnlífeyri og tekjutrygginguna eins og þessar lífeyrisgreiðslur voru árið 1995 þegar núverandi stjórnarflokkar komust til valda. Grunnlífeyrir og full tekjutrygging væru 12 þús. kr. hærri (miðað við desember 2004) en ella á mánuði eða um 144 þús. kr. hærri á ári ef raungildi þessara greiðslna væri það sama á árinu 2005.

Ljóst er að kaupmáttur lífeyris hefur ekki verið í neinu samræmi við það sem hefur verið að gerast á vinnumarkaðnum og stöðugt hefur dregið í sundur með lífeyris- og launagreiðslum frá því að klippt var á tengsl launa og lífeyris fyrir um tíu árum. Sem dæmi má nefna að á árunum 1995-1999 var kaupmáttaraukning lífeyrisgreiðslna þrisvar sinnum lægri en kaupmáttaraukning verkafólks. Á árunum 1999-2002 var kaupmáttaraukning atvinnuleysisbóta 1% en lífeyris 2%. Á sama tíma var kaupmáttaraukning launa verkafólks um 10%.

Benda má á að Landssamband eldri borgara hafa reiknað út að grunnlífeyrir sem hlutfall af lágmarkslaunum verkafólks hefur stöðugt verið að lækka. Á árinu 1995 var hann 24,94% en árið 2003 var hann kominn niður í 21,1%. Grunnlífeyrir sem hlutfall af reglulegum meðallaunum verkafólks var 16,34% árið 1995 en var kominn í 14,29% árið 2003. Ef litið er til tekjutryggingar og eingreiðslu sem hlutfalls af lágmarkslaunum verkafólks var hún 49,83% árið 1995 en komin niður í 41,01% árið 2003. Athyglisvert er einnig að samanlagður grunnlífeyrir, tekjutrygging og eingreiðslur á tekjutryggingu sem hlutfall af lágmarkslaunum verkafólks var 74,78% árið 1995 en þetta hlutfall var komið niður í 62,11% árið 2003.

Á fundi Félags eldri borgara í Reykjavík í febrúar á þessu ári var þess krafist að grunnlífeyrir aldraðra frá almannatryggingum næði aftur sama hlutfalli af viðmiðunarlaunum og árið 1995. Fram hefur komið opinberlega að frá árinu 1995 til ársins 2005 hafi kaupmáttur lágmarkslauna aukist um 56% en kaupmáttur lífeyris aðeins um 25%. Fram hefur komið hjá Landssambandi eldri borgara að samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar frá síðasta þingi um lækkun skatta muni kaupmáttur ráðstöfunartekna eldri borgara aðeins hækka um 9,3% frá

árinu 1995 til loka kjörtímabilsins 2007, en ekki 55% eins og fulltrúar ríkisstjórnarinnar halda fram. Í því sambandi má benda á að stór hluti ellilífeyrisþega, eða um þriðjungur, er með undir 110 þús. kr. á mánuði. Einnig má benda á að í skýrslu um kjör öryrkja, sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð var fram á Alþingi á 126. löggjafarþingi, kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Athyglisvert er einnig að 22% ellilífeyrisþega eða um 6 þúsund manns voru aðeins með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði sér til framfærslu árið 1999.

Ljóst er að skattbyrði lífeyrisþega hefur aukist gífurlega á sama tíma og mikil skerðing hefur orðið á lífeyrisgreiðslum. Til samans hefur það rýrt verulega afkomumöguleika lífeyrisþega. Nefna má sem dæmi að tíu þúsund ellilífeyrisþegum er nú gert að lifa af tekjum undir 110 þús. kr. á mánuði. Þeir greiða um 14% af sínum tekjum í skatt en greiddu 2-3% af samsvarandi tekjum fyrir tíu árum.

Staða flestra lífeyrissjóða er sem betur fer traust og því munu aukin lífeyrisréttindi bæta kjör eldri borgara á komandi árum. Hlutur almannatrygginga í eftirlaunum mun minnka og hlutur lífeyrissjóðanna aukast. Þó ber að hafa í huga að þeir sem nú þegar eru komnir á eftirlaun munu ekki njóta þessa, heldur aðeins þeir sem hefja töku lífeyris á komandi árum.

Eignastaða aldraðra hér á landi er yfirleitt góð og ber að fagna því. Þó er allt of algengt að tekjustaða þeirra sé slæm og þeim reynist erfitt að greiða skatta og skyldur af eignum sínum sem oftast eru fólgnar í íbúðum sem fólkið býr sjálft í og hefur mikinn kostnað af. Húsnæðisaðstaða of margra er afar bágborin. Þær tölur sem hér fara á eftir eru frá árunum 2000 og 2001 og má ætla að þær hafi lítið breyst frá þeim tíma. Á árinu 2001 voru 15% þeirra sem eru í 700 leiguíbúðum á vegum Reykjavíkurborgar aldraðir, eða vel á annað hundrað, og aldraðir á biðlista eftir leiguíbúðum hjá borginni voru 126. Á biðlistum eftir þjónustuíbúðum í Reykjavík voru 250 aldraðir og á biðlistum eftir hjúkrunarheimilum voru um 230. Af þessu sést að um 600 aldraðir biðu eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum, auk leiguíbúða, en stærsti hluti þessa hóps er í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu. Sama gildir um öryrkja, en stór hópur öryrkja er á leigumarkaði og bíða á fimmta hundrað manns eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu.

Það er því deginum ljósara að lífeyrisþegar hafa ekki fengið sinn hlut í góðærinu og eiga raunar rétt og kröfu á því til þess að fá eðlilega og sanngjarna leiðréttingu á kjörum sínum. Ljóst er einnig að mikill tekjuafgangur ríkissjóðs hefur m.a. verið fenginn með því að taka þennan góðærishlut aldraðra og öryrkja. Meðal annars hefur það verið gert með mikilli raunlækkun skattleysismarka.

Raunlækkun skattleysismarka hefur líka bitnað af fullum þunga á lífeyrisþegum. Athyglisvert er að skoða raunlækkun skattleysismarkanna eins og hún birtist í línuriti frá fjármálaráðuneytinu og kynnt var í efnahags- og viðskiptanefnd á 131. löggjafarþingi (sjá fskj. I með þskj. 608, máli 351). Þar sést að raunlækkun skattleysismarka frá árinu 1989, sem að mestu kemur fram eftir árið 1995, er svo harkaleg að samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins má áætla að ríkissjóður hafi tekið 36,4 milljörðum kr. meira til sín árið 2003 en hann hefði gert hefðu skattleysismörk fylgt launavísitölu. Með sömu nálgun er um 16,3 milljarða kr. að ræða, sé miðað við neysluvísitölu. Skattleysismörkin eru 71.296 kr. á yfirstandandi ári, en ættu að vera 114.015 kr. hefðu þau fylgt þróun launavísitölu og 85.709 kr. hefðu þau fylgt þróun neysluvísitölu. Þessa tugi milljarða hefur ríkisvaldið svo nýtt til að lækka skatta af fjármagni og fyrirtækjum. Full ástæða er til að vekja athygli á því að á þessum tíu árum sem liðin eru frá því að ríkisvaldið klippti á tengsl launa og lífeyris hafa heildartekjur ríkissjóðs á verðlagi 2004 og miðað við þjóðhagsreikningsstaðal ESB, ESA 95, hækkað úr 212.828 milljörðum kr. í 313.146 milljarða kr. Athyglisvert er að tekjur ríkissjóðs hafa því aukist um

rúmlega 100 milljarða kr. umfram hækkun vísitölu neysluverðs á þessu tímabili og um tæpa 73 milljarða kr. umfram hækkun launavísitölu. Til samanburðar má nefna að ríkisvaldið hefur skert lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja að raungildi á þessu tímabili um 4,6 milljarða kr.

Vara ber við þeirri þróun sem orðið hefur í skattheimtunni að í vaxandi mæli hefur skattbyrðin verið flutt af fjármagni og fyrirtækjum yfir á launafólk og lífeyrisþega. Skattabreytingar umliðinna ára hafa lent með fullum þunga á lágtekjufólki vegna þess að skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun í landinu. Öryrkjabandalagið hefur bent á í tengslum við afgreiðslu skattalagafrumvarps ríkisstjórnarinnar á sl. ári að lífeyrisþegi sem ekkert hefur nema bætur almannatrygginga sé nú farinn að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatta. Þetta kemur heim og saman við það að lágtekjufólk sem greiddi sama og engan skatt þegar ríkisstjórnin tók við greiðir nú verulegan hluta af sínum tekjum í skatt. Fram hefur komið að 29 þúsund manns með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum að 100 þús. kr. greiddu á sl. ári 2 milljarða kr. í skatta. Brýnt er því að skoða sérstaklega leiðir til að draga úr skattgreiðslum lífeyrisþega og annarra lágtekjuhópa í tengslum við afkomutryggingu þeirra.

Á undanförnum missirum hafa þær litlu hækkanir sem runnið hafa til lífeyrisþega iðulega verið teknar aftur með ýmsum aðferðum. Hér skal einungis minnt á gífurlega hækkun sem orðið hefur á lyfja- og lækniskostnaði sem rýrt hefur verulega kjör lífeyrisþega. Ófá dæmi eru um að lífeyrisþegar þurfi að greiða sem svarar mánaðarlífeyrisgreiðslum fyrir lyf á ári. Húsnæðiskostnaður öryrkja og aldraðra hefur líka hækkað á síðustu árum, ekki síst þeirra sem eru á leigumarkaði. Styrkir til bifreiðakaupa öryrkja eru nú færri og að raungildi eru þeir lægri en árið 1995. Auk þess hefur ríkisstjórnin afnumið þau hagstæðu bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóðu áður til boða og vísar þeim nú á almennar lánastofnanir.

Afar brýnt er orðið að móta heildarstefnu í málefnum aldraðra, m.a. út frá breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum, en öldruðum mun fjölga mjög hratt og mun meira hlutfallslega en þeim sem eru á vinnumarkaði. Heildarstefnumótun í málefnum lífeyrisþega þarf auk tryggingagreiðslna að taka til heilbrigðis-, húsnæðis- og atvinnumála þeirra. Sérstaklega þarf að skoða markvissa stefnumótun í uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila og sveigjanleg starfslok aldraðra.

Velferðarkerfið á Íslandi er veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt Norrænu hagskýrslunefndarinnar á sviði félagsmála (NOSOSKO) *Social tryghed i de nordiske lande 2002* frá í október 2004 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 2002 kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru lægst hér á landi. Á Íslandi er hlutfallið 9,8% af landsframleiðslu en allt upp í 16,7% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 14,7% í Danmörku, 12,8% í Finnlandi og 12,4% í Noregi.

Í því efnahagsumhverfi sem við búum við er mjög brýnt að hafa öflugt velferðarkerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Í löndum þar sem óheft frjálshyggja og markaðshyggja er allsráðandi í stefnu stjórnvalda hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Þetta hefur líka gerst á Íslandi. Atvinnu- og ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu hafa á undanförnum árum hækkað mun meira en þeirra tekjulægri með þeim afleiðingum að misskiptingin hefur aukist. Þessi þróun hefur ekki síst bitnað á lífeyrisþegum.

Þegar litið er til þess misréttis sem við blasir í tekjuskiptingunni er ljóst að öflugt markaðskerfi sem tryggir heilbrigða samkeppni kallar líka á styrkar stoðir velferðarkerfisins, annars breikkar bilið milli ríkra og fátækra eins og dæmin sanna. Þannig þarf samhliða öflugu

markaðskerfi að tryggja öflugt og skilvirkt velferðarkerfi sem m.a. tryggir örugga afkomu þeirra sem höllum fæti standa og að allir geti lifað með fullri reisn og er það markmið þessarar tillögu. Mikilvægt er að stjórnvöld líti til þess að ekki er aðeins um útgjöld að ræða heldur skilar hluti kostnaðarins sér til baka í formi beinna og óbeinna skatta.

Árið 1998 voru lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum til aldraðra samtals 9 milljarðar kr. og til öryrkja 2,5 milljarðar kr. Úr almannatryggingakerfinu voru hins vegar greiddir 10 milljarðar kr. í lífeyrisgreiðslur (grunnlífeyri og tekjutryggingu) til aldraðra og 3,5 milljarðar kr. til öryrkja. Ætla má að hlutur lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum sé þegar orðinn meiri en hlutur almannatrygginga í lífeyrisgreiðslum. Hlutur lífeyrissjóðanna mun þannig jafnt og þétt stækka með auknum lífeyrisréttindum og hærra hlutfalli aldraðra af heildarfjölda þjóðarinnar. Stór hluti lífeyrisþega sem eiga lítinn rétt í lífeyrissjóðum mun engu síður eiga allt sitt undir lífeyri almannatrygginga og því er mikilvægt að skilningur og sanngirni stjórnvalda sé til staðar.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin í samráði við samtök aldraðra og öryrkja komi á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega. Meginmarkmiðið er að færa lífeyri aldraðra og öryrkja nær raunverulegri framfærsluþörf þeirra en samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar sem gerð var árin 2001-2003 kemur fram að neysluútgjöld einstaklinga reyndust verða rúmar 2 millj. kr. eða milli 160-170 þús. kr. á mánuði. Hæstu lífeyrisgreiðslur til einstaklinga í almannatryggingakerfinu eru nú um 104 þús. kr., þannig að mikið skilur á milli framfærslueyris og kostnaðar vegna nauðþurfta. Þá má nefna að viðmið félagsmálaráðuneytisins, sem þó er ekki nýlegt, gerir ráð fyrir 140 þús. kr. lágmarksframfærslu. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins eru tæplega 17.100 aldraðir með tekjur undir 140 þús. kr. og tæplega 7.800 öryrkjar, en sú tala er eitthvað ofmetin þar sem aldurstengda örorku vantar í grundvöll þessara talna. Flutningsmenn leggja áherslu á að ráðist verði í sérstaka neyslukönnun á framfærsluþörf lífeyrisþega og að lífeyrisgreiðslur til aldraðra verði sem næst þeirri framfærslu.

Í tillögunni er lögð áhersla á að raungildi grunnlífeyris og tekjutryggingar verði ekki lægra í ársbyrjun 2007 en á árinu 1995 eða áður en ríkisstjórnin kippti úr sambandi tengingu lífeyris við laun. Ef miðað er við grunnlífeyri og tekjutryggingu frá desember 2004 eru brúttóútgjöld ríkisins vegna þessa um 4,6 milljarðar kr. en að teknu tilliti til tekjuáhrifa á ríkissjóð af skattgreiðslum væri um að ræða nettóútgjöld um 2,9 milljarða kr.

Í annan stað er lögð áhersla á að skerðingarhlutföll grunnlífeyris og tekjutryggingar verði rýmkuð verulega til að auka svigrúm og hvetja til atvinnuþátttöku. Ef við það er miðað að lækka skerðingarhlutfall grunnlífeyris úr 30% í 20% og skerðingarhlutfall tekjutryggingar úr 45% í 30% væru útgjöld því samfara um 1.320 millj. kr. miðað við lífeyrisgreiðslur eins og þær voru í desember 2004. Landssamband eldri borgara hefur lagt fram útreikninga sem sýna gífurlega mikla skerðingu á tekjum og lífeyri ef aldraðir hafa atvinnutekjur. Sem dæmi má nefna að við 10 þús. kr. auknar atvinnutekjur á mánuði hjá hjónum hækka ráðstöfunartekjur þeirra í mörgum tilfellum aðeins um 1.556 kr. á mánuði. Skerðing og skattar eru þá um 84,44%. Hvatinn til aukins vinnuframlags er því hverfandi sé mið tekið af tekjum. Skerðingarhlutfall almennt fyrir tekjur allt að 149.989 eru 45%. Ef skoðuð eru áhrif skerðingarinnar hjá einhleypingi sem hefur tekjur undir skerðingarmörkum grunnlífeyris en fær 10.000 kr. hækkun atvinnutekna þá heldur hann eftir 5.500 kr. í heildartekjur, áður en tekið er tillit til tekjuskatts. Sökum áhrifa tekjuskatts heldur hann í raun eftir 3.425 kr. af þessum 10.000 og skerðingarhlutfallið er þá 65,75%.

Þær breytingar sem þessi tillaga gerir ráð fyrir til að auka svigrúm aldraðra til að afla tekna hefði í för með sér aukna möguleika aldraðra til þátttöku í atvinnulífinu sem er sam-

félaginu afar mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að hlutur aldraðra mun aukast verulega á komandi árum á móti því að færri verða á vinnumarkaðnum. Um það munar verulega í auknum hagvexti og velferð samfélagsins. Rétt og eðlilegt er því að horfa á lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja í þessu samhengi um leið og þjóðarsátt næst um það markmið að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða óvissu um kjör sín.

Loks er lögð áhersla á að þegar komið hefur verið á þeim samningi um afkomutryggingu við lífeyrisþega, sem tillagan gerir ráð fyrir að verði 1. janúar 2007, taki lífeyrisgreiðslur almannatrygginga frá þeim tíma mið af breytingu á launavísitölu. Raunar hefur núverandi heilbrigðisráðherra tekið undir að slík tenging komið til álita, en í tengslum við umræðu um vaxandi fátækt hér á landi var orðrétt haft eftir ráðherra: „Við höfum líka verið með það í skoðun hvort bætur geti fylgt launaþróun og að launaskrið sé líka bætt.“

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja áherslu á að það verði eitt af forgangsverkefnum í þjóðfélaginu á næstunni að bæta kjör tekjulágu hópanna, m.a. með því að styrkja almannatryggingakerfið, og að þessir hópar fái eðlilegan og sanngjarnan hlut í auknum hagvexti og þjóðartekjum.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að:

a. verðbólga náist sem fyrst niður fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans,
b. stöðugleiki haldist á vinnumarkaði og kaupmáttur launa verði varðveittur,
c. sjálfbær þróun verði leiðarljós í orku- og atvinnumálum og þróun þjóðlífsins almennt,
d. tryggja útflutnings- og samkeppnisgreinum viðunandi starfsskilyrði,
e. bæta skilyrði til nýsköpunar í atvinnulífinu og til uppbyggingar sprotafyrirtækja,
f. draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun,
g. viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu og halda aftur af skuldasöfnun heimilanna,
h. jafnvægi náist á nýjan leik í þjóðarbúskapnum almennt,

ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Gefa út formlega yfirlýsingu um að hvorki verði af hálfu opinberra aðila stuðlað að né veitt leyfi fyrir frekari stórvirkjunum né uppbyggingu meiri orkufrekrar stóriðju en þegar er í byggingu, a.m.k. til ársloka 2012. Áhersla verði þess í stað lögð á fjölbreytta smáa og meðalstóra iðnaðarkosti af viðráðanlegri stærð fyrir hagkerfið og aðstæður viðkomandi byggðarlaga.
2. Beina þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að hugað verði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, svo sem hvað varðar áhrif af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanförnu skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið og farið verði yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því ljósi.
3. Beina þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að íhuga vandlega að beita aukinni bindiskyldu hjá innlánsstofnunum, a.m.k. tímabundið, til að draga úr þenslu á peningamark-

aði og huga að öðrum aðgerðum sem stutt geta viðleitni stjórnvalda til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.
4. Yfirfara aðferðir við mælingar á þróun verðlags og athuga sérstaklega hvernig vænlegast sé að meta húsnæðiskostnað í vísitölu neysluverðs.
5. Tryggja aðhald í ríkisfjármálum og slá á þenslu með því að leggja fyrir Alþingi nú í haust árið 2005 tillögur um að falla frá eða fresta eftir atvikum a.m.k. hluta þeirra almennu skattalækkana sem lögfestar voru fram í tímann í desember 2004. Í staðinn komi aðgerðir til að bæta stöðu tekjulægstu hópa samfélagsins og barnafjölskyldna.
6. Efna til víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja, og aldraðra, og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir þessar og þátttöku í að tryggja á nýjan leik efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Greinargerð.

Tillaga þessi, nánast óbreytt, var fyrst flutt undir lok marsmánaðar sl. (666. mál á 131. löggjafarþingi) en þá hafði verðbólga farið yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans með tilheyrandi viðbrögðum af bankans hálfu. Bankinn tók þá saman greinargerð til almennrar birtingar sem jafnframt var send ríkisstjórn, sbr. ákvæði laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka frá 27. mars 2001. Bankinn hefur nú í annað sinn á árinu orðið að bregðast við verðbólgu sem er umfram þolmörk þar sem tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs mældist 4,8% í september. Greinargerð bankans um málið frá 19. september er stutt en vísað var til þess að 29. september gæfi bankinn út ársfjórðungsrit sitt um peningamál og þar mundi birtast ný verðbólgu- og þjóðhagsspá. Greinargerðirnar frá 18. febrúar og 19. september fylgja tillögu þessari sem fylgiskjöl. Í nýútkomnu ársfjórðungsriti Seðlabankans, en fyrstu þrír kaflar þess fylgja tillögunni sem fylgiskjöl, kveður við harðan tón. „Ójafnvægi í þjóðarbúskapnum hefur aukist verulega," segir Seðlabankinn, „frá því að Peningamál komu síðast út 6. júní sl. og er það meira um þessar mundir en um langt skeið." Seðlabankinn metur verðbólguhorfur til næstu tveggja ára enn óviðunandi þrátt fyrir verulega hækkun stýrivaxta bankans allt frá í maí á sl. ári. Seðlabankinn undirstrikaði alvöru málsins af sinni hálfu 29. september með ákvörðun um 0,75% hækkun stýrivaxta. Afleiðing þessarar ákvörðunar Seðlabankans virðist m.a. verða enn frekari styrking krónunnar.

Í aðalatriðum eru aðstæður í efnahagsmálum þó hinar sömu nú og á útmánuðum nema að enn hefur syrt í álinn. Þannig er ljóst að viðskiptahallinn á árinu verður enn meiri en áður var spáð eða 13–14% af vergri landsframleiðslu, þ.e. 130–140 milljarðar kr. Glæný þjóðhagsspá Seðlabankans gerir reyndar ráð fyrir enn meiri viðskiptahalla en þetta eða 14,2%, sem jafngildir tæpum 142 milljörðum kr. miðað við áætlun um 998 milljarða kr. landsframleiðslu á árinu. Viðskiptahallinn er með þessu að slá öll fyrri met og verður hærra hlutfall en sést hefur frá stríðslokum, þ.e. í þau 60 ár sem samanburðarhæfir þjóðhagsreikningar ná til. Erlendir aðilar, og nú upp á síðkastið einnig aðilar tengdir innlendum fjármálastofnunum, hafa tekið til við útgáfu skuldabréfa í íslenskum krónum til sölu erlendis sem nam undir lok september fast að 60 milljörðum kr. og hefur gengi krónunnar enn styrkst af þeim sökum með tilheyrandi og enn versnandi afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina. Krónan er nú orðin sterkari en hún hefur nokkru sinni verið síðan í lok fastgengistímabilsins 1987–1988. Mörgum er enn í fersku minni hvernig því tímabili lauk með gríðarlegum erfiðleikum og yfirvofandi stöðvun atvinnulífsins, einkum útflutningsgreina. Stjórnarskipti fylgdu í kjölfarið þegar ekki reyndist samstaða um óumflýjanlegar aðgerðir í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks.

Skuldir þjóðarbúsins halda áfram að aukast og munar þar ekki síst um mikla aukningu skulda heimilanna sem hafa aukist um 150 milljarða kr. á einu ári og eru að öllum líkindum að nálgast 1.000 milljarða markið nú á haustmánuðum, voru tæpir 970 milljarðar kr. um mitt ár.

Fæstir, nema ráðherrar ríkisstjórnarinnar, neita því lengur að aðstæður í efnahagsmálum eru orðnar ískyggilegar, svo ekki sé sagt beinlínis háskalegar. Ójafnvægið, eða ógnarjafnvægið, eins og greiningardeild eins bankanna kaus að kalla það á dögunum, blasir við hverjum þeim sem hefur augun opin og því lengur sem það dregst að takast á við vandann, því alvarlegri geta afleiðingarnar orðið. Á það er bent að m.a. sé óvenjulegt við ástandið nú hversu fyrirsjáanlegt það hafi verið. Seðlabankinn hefur ítrekað varað við því hversu mjög hljóti að reyna á hagstjórnina vegna samanlagðra áhrifa stóriðjuframkvæmdanna, skattalækkana, breytinga á fasteignamarkaði o.fl. Í besta falli, og einungis ef ytri skilyrði verða hagstæð og skynsamlegar aðgerðir í hagstjórn koma til á næstu mánuðum, getur enn tekist að ná svokallaðri mjúkri lendingu í hagkerfinu. Hættan er hins vegar augljóslega sú að miklu verr fari, t.d. ef ytri skilyrði versna snögglega og/eða ríksstjórnin sér ekki að sér. Harkalegt samdráttarskeið, verðbólguskot samfara snöggri og mikilli gengislækkun krónunnar, rýrnun kaupmáttar og greiðsluerfiðleikar heimila og fyrirtækja með tilheyrandi erfiðleikum í fjármálakerfinu gæti orðið útkoman, sem sagt brotlending en ekki mjúk.

Hér á eftir fer upphafleg greinargerð tillögunnar frá síðasta þingi, uppfærð þar sem það á við hvað varðar talnaefni og annað sem breyst hefur.

Á Íslandi ríkir nú skeið ójafnvægis í efnahagsmálum. Við búum við einhverja mestu þenslu sem riðið hefur yfir fyrr og síðar, viðskiptahalli með tilheyrandi erlendri skuldasöfnun er geigvænlegur og verðbólga á uppleið. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru við það að bresta. Geysihátt raungengi krónunnar skapar útflutnings- og samkeppnisgreinum mikla erfiðleika. Skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi eru afar erfið við þessar aðstæður og áhugi innlendra fjárfesta beinist að útlöndum. Þrátt fyrir þetta heldur ríkisstjórnin óbreyttri siglingu hvað varðar áherslu á áframhaldandi og frekari uppbyggingu erlendrar stóriðju og hefur lögfest stórfelldar þensluhvetjandi skattalækkanir langt fram í tímann. Við þensluhvetjandi aðgerðir ríkisstjórnarinnar bætist svo ástandið í fjármálaheiminum. Það einkennist af útlánaþenslu og miklu innstreymi erlends lánsfjár vegna mikils vaxtamunar, en hvort tveggja er að vextir hér eru háir og vextir í löndunum umhverfis okkur í lágmarki. Greiðari aðgangur að lánsfé á svo aftur sinn þátt í miklum hækkunum á fasteignamarkaði með tilheyrandi áhrifum á þróun verðlags eins og nánar verður vikið að síðar.

Nokkurn veginn sama er á hvaða mælikvarða er litið, þenslumerki sjást um allt þjóðfélagið. Hinu svokallaða góðæri er þó vissulega misskipt, bæði milli einstaklinga og landshluta. Þegar mikill og vaxandi viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun er höfð í huga má spyrja hvort frekar sé um að ræða veislu sem slegið er lán fyrir en raunverulega aukna verðmætasköpun á traustum grunni.

Verðbólga yfir þolmörkum.

Verðbólga mælist nú yfir viðmiðunarmörkum Seðlabankans, þ.e. meiri en 4%, í annað skiptið á árinu og verðbólguspár og verðbólguvæntingar eru á uppleið. Þetta gerist þrátt fyrir verulegar hækkanir bankans á stýrivöxtum og þrátt fyrir að hækkandi raungengi krónunnar að undanförnu ætti að skila sér í verulega lækkandi verðlagi innfluttrar vöru. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru miðaðar við að verðbólga fari ekki yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans og því er ljóst að vaxandi verðbólga nú kann að reynast afdrifarík hvað varðar stöðugleika á vinnumarkaði.

Geigvænlegur viðskiptahalli.

Viðskiptahalli fer ört vaxandi og horfur eru vægast sagt ískyggilegar í þeim efnum. Viðskiptahallinn nam 8% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári eða rétt tæpum 70 milljörðum kr. Á föstu gengi er það jafn mikið og methallinn árið 2000, en viðskiptahallinn þá átti einmitt stærstan þátt í að krónan féll harkalega á árinu 2001. Viðskiptahallinn stefnir í 13–14% á þessu ári eða um 130–140 milljarða kr. Það er meiri halli þegar á þessu ári en áður hafði verið spáð og því er hugsanlegt að botninum sé náð að þessu leyti. Þó eru engar líkur til annars en áframhaldandi og gríðarlegs viðskiptahalla á næsta ári þegar stóriðjuframkvæmdir ná hámarki. Eldri spár hafa gert ráð fyrir 14% viðskiptahalla árið 2006 upp á 140–150 milljarða kr. Þar með er ekki allt talið, því að samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sjálfs er gert ráð fyrir samfelldum hallarekstri þjóðarbúsins til ársins 2010 eða lengur. Ísland er í þessum efnum nokkuð sér á báti, t.d. í hópi Norðurlandanna, en spár OECD gera ráð fyrir afgangi af viðskiptum allra hinna ríkjanna á Norðurlöndum við útlönd á þessu ári. Í Danmörku er áætlað að afgangurinn verði 3,1%, í Finnlandi 4,9%, í Svíþjóð 6,4% og hvorki meira né minna en 16,3% í Noregi.

Helmingur viðskiptahallans er vegna vöruskipta. Útflutningur vöru og þjónustu var 19% meiri á árinu 2004 en árið áður en innflutningur jókst um 27% á föstu gengi. Rekja má um helming viðskiptahallans 2004 til halla á vöruskiptum, en ljóst er að þensla á fasteignamarkaði, stóriðjuframkvæmdir og einkaneysla ýttu undir verulega aukinn vöruinnflutning. Þjónustujöfnuður var neikvæður um rúma 14 milljarða kr. árið 2004 en hann var 8 milljarðar kr. 2003. Ljóst er að hátt gengi krónunnar á síðastliðnu ári skapaði hagstætt árferði til utanlandsferða á árinu sem var ein helsta ástæða aukins halla á þjónustujöfnuði.

Metár í bílainnflutningi í vændum.

Innflutningur bíla var gríðarmikill á seinasta ári og nam heildarverðmæti innfluttra bifreiða 17 milljörðum kr. Alls voru 16.500 ný ökutæki skráð á því ári. Aðeins einu sinni hefur innflutningsverðmæti bíla verið meiri eða skattlausa árið 1987 er rúmlega 18.600 nýjar bifreiðar voru fluttar inn. Allt stefnir í að innflutningur bifreiða verði enn meiri nú árið 2005 en 2004, því að fluttir voru inn u.þ.b. 50% fleiri bílar í janúar og febrúar en á sama tíma í fyrra. Það gæti því farið svo að innflutningsmetið frá skattlausa árinu 1987 verði slegið. Það er þó ekki einungis bílainnflutningur sem er mikill. Í mars hafði innflutningsverðmæti varanlegra neysluvara, svo sem sjónvarpa, ísskápa og annarra heimilistækja, aukist um 25% á 12 mánuðum miðað við sama tíma 2003. Þróun vöruinnflutnings vor- og sumarmánuðina hefur verið í samræmi við upphafsmánuðina og fátt bendir til þess enn sem komið er að það dragi úr einkaneyslu. Þannig nam ársvöxtur einkaneyslu 14% á öðrum fjórðungi þessa árs, en það er meiri vöxtur en nokkru sinni frá því farið var að birta ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga.

Erlendar skuldir vaxa hratt.

Þessar horfur eru ekki síst alvarlegar í ljósi mikilla og vaxandi erlendra skulda en Ísland er nú þegar í hópi þriggja skuldugustu aðildarríkja OECD ásamt Finnlandi og Nýja-Sjálandi. Á árinu 2001 urðu þau alvarlegu tímamót að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins fóru í fyrsta sinn upp fyrir verga landsframleiðslu. Hreinar erlendar skuldir hafa aukist síðan og það meir en sem nemur aukningu þjóðartekna. Þær eru nú í septemberlok nálægt 135% af vergri landsframleiðslu og það þrátt fyrir hátt raungengi krónunnar. Augljóst er hvernig þessi hlutföll koma til með að líta út ef gengi krónunnar fellur á skömmum tíma, t.d. um 20–30%. Þá er greiðslubyrðin af þessum erlendu skuldum að sjálfsögðu ákaflega næm fyrir vaxtabreytingum erlendis og þyngist um tugi milljarða króna fyrir hvert prósentustig í hærri vöxtum.

Erlendar skuldir voru alls um 2.460 milljarðar kr. í lok júnímánaðar eða rétt tæplega tvisvar og hálfum sinnum áætluð landsframleiðsla ársins.

Hátt gengi að sliga útflutningsgreinarnar.

Gengi krónunnar hefur styrkst mikið að undanförnu. Raungengisstig er verulega hátt og hlýtur að teljast langt yfir jafnvægismörkum. Gengisvísitalan fór í annarri viku marsmánaðar 2005 niður fyrir 108 stig og Bandaríkjadalur kostaði þá innan við 59 krónur. Nú í september hefur gengið styrkst á nýjan leik og reyndar slegið metið frá árinu 2000 og er styrkur krónunnar nú helst sambærilegur við lok fastgengistímans 1987–1988. Þegar þetta er skrifað um miðjan dag 30. september er gengisvísitalan nálægt 104 stigum, 104,2 samkvæmt skráningu Seðlabankans um kl. 11.00, og gengi krónunnar þar með við að slá öll met hvað styrkleika varðar. Tekjutap útflutningsgreina er tilfinnanlegt, einkum ef þær selja framleiðslu sína að öllu eða verulegu leyti í Bandaríkjadölum, og nú á síðustu mánuðum hefur veiking evrunnar hitt með vaxandi þunga þá sem eiga viðskipti sín í þeirri mynt. Ljóst er að þeim mun lengur sem þetta ástand varir og útflutnings- og samkeppnisgreinar þurfa að búa við svo óhagstæð skilyrði, þeim mun meiri verða áhrifin. Búast má við vaxandi rekstrarerfiðleikum, uppsögnum starfsfólks og jafnvel að fyrirtæki í sjávarútvegi, ferðaþjónustu og útflutnings- og samkeppnisiðnaði komist í þrot ef svo heldur lengi fram sem horfir. Þannig er tap sjávarútvegsins á einu ári vegna styrkingar krónunnar að undanförnu áætlað í kringum 25 milljarðar kr. Þá er talið að tekjur ferðaþjónustunnar árið 2004 hafi rýrnað um 2 milljarða kr. af sömu ástæðum og horfur eru á því miðað við núverandi gengi að mörg fyrirtæki í þeim geira tapi miklu fé vegna þessa ástands nú á árinu 2005. Forsvarsmenn þessara atvinnugreina hafa sívaxandi áhyggjur af ástandinu og líður vart sá dagur að einhverjir þeirra komi ekki fram opinberlega til að lýsa áhyggjum sínum og gagnrýna andvaraleysi stjórnvalda.

Af sjálfu leiðir að skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi eru óhagstæð við þessar aðstæður sem einkennast af óstöðugleika, verðbólgu, háum vöxtum í samanburði við nágrannalöndin og miklu samkeppnisforskoti innflutnings sökum hás raungengis krónunnar.

Methækkanir á eignaverði.

Ef vegið er saman fasteignaverð, verð hlutabréfa og skuldabréfa lætur nærri að það hafi hækkað um 4,1% að raunvirði í janúar síðastliðnum og er sú hækkun næstmesta einstaka mánaðarhækkunin sem mælst hefur. Í mars hafði eignaverð síðustu 12 mánaða þar á undan, mælt með sama hætti, hækkað um rúmlega 25% að raunvirði. Hraði eignaverðshækkana hafði þá verið frá 18% upp í 26% í eitt og hálft ár. Eignaverðbólgan hefur skilað sér af auknum þunga inn í einkaneysluna gegnum aukin auðsáhrif og aukna skuldsetningu vegna aukins veðrýmis. Síðastliðin níu ár hefur eignaverð á Íslandi hækkað um 14% að meðaltali á ári og um 10% að raunvirði.

Mikill vöxtur í byggingariðnaði.

Auk mikillar lántöku vegna vaxandi neyslu má rekja mikið af aukningunni til erlendra endurlána til íslenskra fyrirtækja, sérstaklega þó til eignarhaldsfélaga. Í öðru lagi hafa fasteignalán hjá bönkunum aukist mjög í kjölfar nýju íbúðalánanna og mikil umsvif byggingarverktaka kalla á aukið lánsfé til nýbygginga. Ekki hefur verið byggt annað eins af íbúðarhúsnæði síðan á áttunda og níunda áratugnum. Ofan á allt þetta bætast svo stórframkvæmdirnar fyrir austan og stækkun álversins á Grundartanga með tilheyrandi virkjunum.

Lítil aukning kaupmáttar.

Meðaltalskaupmáttaraukning var fremur lítil síðastliðið ár eða aðeins 2,1%. Aukin verðbólga rýrir kaupmátt, en hafa verður í huga að sú mikla verðbólga sem verið hefur að undanförnu stafar að miklu leyti af fasteignaverðshækkunum. Þannig hafði vísitala neysluverðs án húsnæðis einungis hækkað um 2,3% í mars og því hafði kaupmáttur aukist um rúm 4% ef ekki er tekið tillit til húsnæðishækkana. Þrátt fyrir það er ljóst að vöxtur einkaneyslu er langt umfram kaupmáttaraukningu og því hlýtur t.d. stóraukinn innflutningur á neysluvörum að vera fjármagnaður með lántökum. Útlán bankakerfisins höfðu í mars vaxið um 248 milljarða kr. að raunvirði frá janúar 2004–2005, eða um 31%. Útlán á föstu verðlagi hafa verið í sleitulausum vexti allt frá ársbyrjun 2003 og aukist um 71% að raunvirði frá þessum tíma þangað til í mars, eða um 400 milljarða kr. Líklega er því skemmst að bíða þess að raunvöxtur útlána nái svipuðum hæðum og metárið 2001, en þá jukust útlán um 35% að raunvirði á 12 mánaða tímabili.

Verðbólguskot handan við hornið.

Þeim mun lengur sem núverandi ástand varir, þeim mun líklegra er að það fái harkalegan endi með skyndilegu verðfalli krónunnar og verðbólguskoti, líkt og gerðist í lok síðustu efnahagsuppsveiflu. Ýmislegt bendir til að svo fari ef ekki fer að draga úr látlausum hækkunum á eignamörkuðum, stanslausri styrkingu krónunnar og tilheyrandi vexti í einkaneyslu og fjárfestingu. Fjárfestar virðast búast við verðbólguskoti á næstunni en verðbólguvæntingar þeirra hafa aukist mjög hratt að undanförnu. Verðbólguvæntingar hafa ekki verið meiri síðan um mitt ár 2000 en verðbólgan náði einmitt hámarki árið 2001. Miðað við núverandi verðbólguvæntingar má því segja að aðhald peningamálastefnunar hafi framan af verið lítið en raunstýrivextir Seðlabankans eru þó komnir í um eða yfir 5% með nýjustu hækkun sem ákveðin var 29. september.

Brýnt að grípa til aðgerða án tafar.

Flutningsmenn tillögu þessarar eru þess fullvissir að miklu skipti að stjórnvöld sýni við þessar aðstæður einbeittan vilja í verki til þess að skapa á nýjan leik stöðugleika í efnahagsmálum. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, sem fer með yfirstjórn efnahagsmála af hálfu ríkisstjórnarinnar, virðist hins vegar lifa samkvæmt reglunni „flýtur meðan ekki sekkur“. Það sem ríkisstjórnin hefur aðhafst gengur yfirleitt þvert á alla skynsamlega viðleitni til að ná tökum á ástandinu. Þess verður ekki einu sinni vart að menn hafi svo mikið sem rænu á því að hafa áhyggjur á þeim bænum.

Koma þarf böndum á verðbólguna, ná niður viðskiptahalla og koma rekstri þjóðarbúsins út á við í jafnvægi. Útflutnings- og samkeppnisgreinar verða að búa við lífvænleg rekstrarskilyrði og nýsköpun í atvinnulífinu þarf að geta átt sér stað. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir, lið fyrir lið.

Um einstaka liði tillögunnar:

1. Yfirlýsing um stöðvun stóriðjuframkvæmda.

Enginn vafi er á því að stóriðjustefnan og þær stórframkvæmdir sem á grundvelli hennar eru í gangi eiga stóran þátt í þeirri þenslu sem nú ríkir. Þetta stafar annars vegar af hinum beinu efnislegu áhrifum þessara stórframkvæmda, umsvifum og innstreymi fjármagns þeim tengdum. Hins vegar af þeim væntingum sem þessar framkvæmdir hafa kynt undir og því mati markaðarins, einkum gjaldeyrismarkaðarins, að þær og áframhald þeirra sé ávísun á mikinn vaxtamun milli Íslands og annarra landa og hátt gengi krónunnar. Um þetta segir

Seðlabankinn í greinargerð til ríkisstjórnarinnar um verðbólgu umfram þolmörk, frá 18. febrúar sl.: „Á næstu árum mun reyna mjög á hina nýju skipan peningamála. Framkvæmdir við virkjanir og álbræðslur, sem til samans slaga að umfangi upp í þriðjung landsframleiðslu eins árs, fela í sér meira umrót í þjóðarbúskapnum en nokkurt annað land sem hagar peningastefnunni með svipuðum hætti hefur þurft að glíma við."

Opinber yfirlýsing um að nú verði staldrað við, hagkerfinu leyft að jafna sig og jafnvægi skapað á nýjan leik í þjóðarbúskapnum mundi því strax hafa áhrif á þann þátt sem snýr að væntingum. Einnig skiptir máli fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar að þar á bæ fái menn vissu fyrir því að núverandi ástand verði tímabundið en ekki framlengt með nýjum og nýjum stórframkvæmdum. Slík stöðvun orkufrekra stóriðjuframkvæmda gæfi einnig færi á að marka stefnu sem byggðist á fjölbreyttari uppbyggingu iðnfyrirtækja af viðráðanlegri stærð og væri laus við stórfelld ruðningsáhrif í hagkerfinu. Þá ber loks að nefna að enn er ólokið gerð rammaáætlunar og veigamiklar forsendur skortir til að leggja grunn að sjálfbærum orkubúskap. Stöðvun stóriðjuframkvæmda mundi einnig skapa möguleika á breyttum áherslum í því samhengi og ekki er vanþörf á. Við allt þetta bætist að þjóðhagslegur ávinningur þessara fjárfestinga í heild er í vaxandi mæli dreginn í efa.

2. Tilmæli til Fjármálaeftirlitsins.

Mikilvægt er að hugað sé vandlega að því að tryggja stöðugleika í fjármálakerfinu þegar hagkerfið gengur í gegnum tímabil óstöðugleika og spennu eins og nú. Hættumerkin sem fólgin eru í snöggum vexti útlána og mikilli hækkun eignaverðs langt umfram aukningu þjóðartekna eru sýnileg og vel þekkt. Ástandið hér nú minnir um margt á árin fyrir bankakreppuna annars staðar á Norðurlöndum í kringum 1990. Fjármálaeftirlitið hefur lykilhlutverki að gegna við að reyna að tryggja að óhjákvæmileg og jafnvel harkaleg aðlögun hagkerfisins í lok þenslutímabils af því tagi sem nú er skapi ekki hættu á umtalsverðri kreppu í fjármálakerfinu. Því er lagt til að stjórnvöld beini sérstökum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að yfirfara stöðuna og huga m.a. í því sambandi að eiginfjárlágmörkum fjármálastofnana og áhættugrunni útlána. Kanna þarf hvort ástæða geti verið til að gera a.m.k. tímabundið strangari kröfur í þeim efnum en nú eru gerðar. Í sjálfum tilmælunum og þeirri athugun sem á eftir fylgdi væru fólgin sjálfstæð skilaboð út á markaðinn burtséð frá því hvort síðan yrði gripið til aðgerða.

3. Tilmæli til Seðlabanka.

Fyrir um tveimur árum ákvað Seðlabankinn að lækka verulega bindiskyldu innlánsstofnana. Þar með jukust útlánamöguleikar bankanna, en ekki verður fram hjá því litið að stórfelld aukning útlána á sinn þátt í þeirri spennu sem hér hefur skapast. Þótt fyrir liggi að Seðlabankinn sé ekki hrifinn af þeirri hugmynd að beita bindiskyldunni sem stýritæki getur varla sakað að bankinn sé beðinn að fara yfir það hvort tímabundin aukning bindiskyldu, t.d. nokkrir punktar í áföngum, gæti við núverandi aðstæður hjálpað til við að ná tökum á ástandinu. Einnig er eðlilegt að stjórnvöld beini þeim tilmælum til Seðlabankans að bankinn hugi að öðrum mögulegum aðgerðum sem stutt geti viðleitni til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, enda ber bankanum að stuðla að framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um bankann, svo lengi sem það gengur ekki gegn meginmarkmiðum um verðstöðugleika. Samspil stjórnvalda og Seðlabankans er hér að sjálfsögðu einnig mögulegt og þarf ekki að ganga á nokkurn hátt gegn sjálfstæði bankans, t.d. ef ákveðið yrði að auka við gjaldeyrisforðann eða styrkja enn frekar eiginfjárstöðu Seðlabankans.

4. Endurskoðun aðferða við verðlagsmælingar.

Verulegur hluti verðlagshækkana að undanförnu, þar til nú í september, á rót sína að rekja til mikilla hækkana á fasteignamarkaði. Þróun fasteignaverðs er lögð til grundvallar við útreikninga á vísitölu neysluverðs en á það hefur verið bent að slík viðmiðun sé gölluð. Snögg hækkun á fasteignaverði er auðvitað ekki innleyst yfir allan fasteignamarkaðinn tafarlaust, en eignaaukningin hefur hins vegar áhrif á mat fólks á eignastöðu sinni og eyðslugetu. Ástæða gæti verið til að yfirfara aðferðir í þessum efnum, t.d. skoða hvort einhver önnur viðmiðun, a.m.k. að hluta til, en eingöngu þróun fasteignaverðs gæti gefið réttari mynd af raunverulegri útgjaldaþróun heimilanna.

5. Skattalækkunum slegið á frest.

Loforð um stórfelldar skattalækkanir voru fyrirferðarmikil fyrir síðustu alþingiskosningar og segja má að allir flokkar sem fengu menn kjörna á þing hafi blandað sér í loforðakórinn nema Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Þá þegar lá fyrir, í ljósi áforma um stórfelldar stóriðjuframkvæmdir, að efnahagslegar aðstæður yrðu væntanlega mjög óhagstæðar slíkum aðgerðum næstu þrjú til fjögur árin. Þessi veruleiki lá svo fyrir með enn afdráttarlausari hætti sl. haust og vetur þegar ríkisstjórnin knúði eigi að síður í gegn og lögfesti skattalækkunarpakka sinn, allt að þrjú ár fram í tímann. Í inngangi að síðasta ársfjórðungsriti Seðlabankans um peningamál á árinu 2004 segir: „Áform um skattalækkanir hafa nú verið staðfest í frumvarpi til fjárlaga. Lækkun skatta mun auka enn á ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Aðhald í útgjöldum hins opinbera er því brýnt. Áform þar um í fjárlögum eru nokkuð metnaðarfull. Í ljósi þeirra umsvifa sem framundan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga."

Í meginumfjöllun Seðlabankans um versnandi verðbólguhorfur til næstu tveggja ára er aftur slegið á svipaða strengi og þar segir m.a.: „Frá því júníspáin var gerð hefur ýmislegt orðið til þess að kynda undir vexti eftirspurnar. Stóriðjuáformin hafa enn færst í aukana, á sama tíma og aðgangur almennings að lánsfé hefur orðið mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra húsnæðisveðlána til langs tíma lækkað. Einnig hefur verið boðað að áformum um lækkun skatta á næstu árum verði framfylgt, sem enn frekar munu auka ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu."

Í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem nú blasa við með vaxandi verðbólguhraða, versnandi afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina og jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum er hreint ábyrgðarleysi annað en að endurmeta þessi áform. Því er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leggja nú í haust fyrir Alþingi tillögur um að falla frá, eða fresta eftir atvikum, a.m.k. hluta hinna fyrirhuguðu almennu skattalækkana sem ekki eru enn komnar til framkvæmda. Fyrir utan hin hagstjórnarlegu rök, sem auðvitað mæla eindregið með því að bæta ekki þensluáhrifum af stórfelldum skattalækkunum ofan á aðra þensluvalda, þá er útfærsla skattalækkunarpakkans mjög umdeild. Ekki verður farið nánar út í þá sálma hér en í fimmta tölulið tillögunnar er gert ráð fyrir því að svigrúm hjá ríkissjóði verði frekar notað til aðgerða sem fyrst og fremst miða að því að bæta hag tekjulægstu hópanna og barnafjölskyldna.

6. Endurnýjuð þjóðarsátt.

Loks er lagt til með sjötta tölulið tillögunnar að ríkisstjórninni verði gert að leita víðtæks samstarfs við aðila vinnumarkaðarins, samtök bænda, neytenda, öryrkja og aldraðra, og aðra þá aðila sem efni standa til um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Slíkt víðtækt samráð er til þess fallið að undirstrika hve mikið er í húfi. Umbjóðendur samtaka launamanna, neytenda o.s.frv., þ.e. fólkið í landinu, eiga þegar öll kurl koma til grafar mest undir

þessu, því að verðbólga og óstöðugleiki í efnahagsmálum bitnar að lokum á almenningi í formi lakari lífskjara, ótryggari atvinnu, þyngri skuldabyrði og þar fram eftir götunum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Strangt peningalegt aðhald lengur en væntingar standa til. Seðlabanki Íslands: (Peningamál 3:2005.)
II. Þróun og horfur í efnahags og peningamálum. Seðlabanki Íslands. (Peningamál 3:2005.)
III. Fjármálamarkaðir og aðgerðir Seðlabankans. Seðlabanki Íslands. (Peningamál 3:2005.)
IV. Seðlabanki Íslands sendir greinargerð til ríkisstjórnar. Seðlabanki Íslands.(19. september 2005.)
V. Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram þolmörk. Seðlabanki Íslands. (19. september 2005.)
VI. Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram þolmörk. Seðlabanki Íslands. (18. febrúar 2005.)
VII. „Stóriðjustefnan er mesta ógnin við lífskjör og atvinnulíf.“ Viðtal við Steingrím J. Sigfússon. Ólafur Teitur Guðnason. (Viðskiptablaðið, 10. júní 2005.)
VIII. Þýðir ekki að reisa fleiri álver án mótvægisaðgerða. Viðtal við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍÚ. Sigurður Már Jónsson. (Viðskiptablaðið, 10. júní 2005.)
IX. Ofurgengi á krónunni – áhyggjur hjá útflutningsgreinum og seðlabankastjóri segir að búast megi við háu gengi næstu tvö árin. Hörður Kristjánsson. (Viðskiptablaðið, 8. desember 2004.)
X. Sterk króna hefur vegið gífurlega að mörgum fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum og eru mörg fyrirtæki rekin með tapi: Kallar á fleiri gjaldþrot hjá útflutningsfyrirtækjum. Gústaf Steingrímsson. (Viðskiptablaðið, 9. febrúar 2005.)
XI. Óbreytt gengi kostar sjávarútveginn á þriðja tug milljarða. Viðtal við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra LÍÚ. Ólafur Teitur Guðnason. (Viðskiptablaðið, 4. mars 2005.)
XII. Efnahagsfregnir – KB-banki, september 2005.
XIII. Þjóðarbúskapurinn 2005–2009. Helstu niðurstöður. Greining Íslandsbanka. (September 2005.)
XIV. Hagspá Landsbankans 2005–2010. Landsbankinn. (September 2005.)

6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans.

Greinargerð.

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddur lífeyrir úr lífeyrissjóði er umfram 50 þús. kr. verði skerðing ⅕ þess sem nú er, eða 9%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 60 þús. kr. verði skerðing ⅖ þess sem nú er, eða 8%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 70 þús. kr. verði skerðing ⅗ þess sem nú er, eða 27%. Fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 80 þús. kr. ⅘ þess sem nú er, eða 36%.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur til fjölda lífeyrisþega eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð í afkomutryggingu allra lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 50 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir smám saman til þess að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

Alþýðusamband Íslands kynnti vorið 2003 tillögur sínar í velferðarmálum þar sem sambandið tók undir það sjónarmið sem kemur fram í þessari þingsályktunartillögu. Í tillögum Alþýðusambandsins segir: „Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega.“ (Velferð fyrir alla – áfangaskýrsla mars 2003, bls. 37.)

Tillaga þessi var áður flutt á 128., 130. og 131. löggjafarþingi. Hún er endurflutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Dæmi um greiðslur frá Tryggingastofnun.

Lífeyrissjóður	Ellilífeyrir	Tekjutrygging	Tekjutryggingarauki	Heimilisuppbót	Samtals 0,45
0	21.993	43.113	21.259	18.080	104.445
10.000	21.993	43.113	16.759	18.080	99.945
20.000	21.993	43.113	12.259	18.080	95.445
30.000	21.993	43.113	7.759	18.080	90.945
40.000	21.993	43.113	3.259	18.080	86.445
50.000	21.993	42.295	0	17.738	82.026
60.000	21.993	37.795	0	15.851	75.639
70.000	21.993	33.295	0	13.964	69.252
80.000	21.993	28.795	0	12.077	62.865
90.000	21.993	24.295	0	10.190	56.478
100.000	21.993	19.795	0	8.303	50.091
110.000	21.993	15.295	0	6.416	43.704
120.000	21.993	10.795	0	4.529	37.317
130.000	21.993	6.295	0	2.642	30.930
140.000	21.993	1.795	0	755	24.543
144.000	21.993	0	0	0	21.933

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um nýtt tækifæri til náms.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson,
Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 128.,130. og 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim nýtt tækifæri sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika. Þekkingu á ýmsum námsörðugleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum. Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi, sem má áætla að sé um 40.000 manns, ný leið til menntunar.

Jöfnun námstækifæra.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn-, framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umræddS átaks og er því um 40.000 manns. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði „brottfallshópur“ framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanáms. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir.

Stéttaskipting framtíðar.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, sbr. t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sæki háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu aðgang og tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefnið sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Sí- og endurmenntun.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnsta menntun hefur nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar en þessar eru taldar helstar:

a. slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu,
b. langur tími liðinn frá því að nám var stundað,
c. lítil námshvatning úr umhverfinu,
d. lág laun og minni skilningur á gildi náms,
e. fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir okkar hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar nefna Svía, Dani, Norðmenn, Finna og Skota sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Átakið byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing geri kröfur um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að:

a. mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin og hana megi ekki vannýta,
b. auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu,
c. tryggja jafnan rétt allra til náms,
d. sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Náms- og starfsráðgjöf.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Efla þarf formlegt matskerfi sem mælir hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri.

Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta menntun út frá formlegu námi en á tímum símenntunar þegar þekkingar er aflað eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt.

Átakinu má skipta eftir hópum, t.d.:

1. þeir sem ekki hafa lokið grunnskólanámi,
2. þeir sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við,
3. þeir sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og eru án grunnmenntunar.

Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.

Þjóðarsátt um nýtt tækifæri.

Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var stigið mikilvægt skref í sömu átt og markmið tillögunnar. Mikilvægt er að sú reynsla sem þar hefur fengist nýtist sem best en ljóst er að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við fræðslumiðstöðina dugar ekki til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er fyrir markhóp tillögunnar. Við endurskoðun þjónustusamningsins er nauðsynlegt að fyrir liggi áætlun um það átak sem tillagan fjallar um svo að taka megi tillit til þess í nýjum þjónustusamningi en samningurinn rennur út í árslok 2006.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og starfsmenntaráð um menntareikninga koma fram ýmsar upplýsingar og rökstuðningur sem tengjast þessari tillögu til þingsályktunar. Í upphafskafla skýrslunnar segir m.a.:

„Almennt er talið að menntun auki hagvöxt og framleiðni og bæti lífskjör fólks, enda er eitt helsta hlutverk ríkisins að tryggja jafnrétti til náms. Kröfur um menntun og starfsþekkingu hafa enn fremur vaxið á síðustu árum í atvinnulífinu og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra breikkað. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til aukinna tækniframfara og alþjóðaviðskipta en hennar gætir um allan hinn vestræna heim. Íslendingar standa að sumu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun áhrærir, einkum hvað varðar fjölda háskólamenntaðs fólks. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um lægri skólastig, en vegna mikils brottfalls úr framhaldsskólum er framhaldsskólamenntun ekki jafn almenn hérlendis og meðal annarra vestrænna ríkja. Á mynd 1 má sjá að hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi á Íslandi er mun lægra en annars staðar á Norðurlöndunum.

Mynd 1. Hlutfall þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólanámi á aldrinum 25–31 árs árið 2001 á Norðurlöndunum.[1]



Þetta hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag þar sem möguleikar og hæfileikar margra einstaklinga eru ekki nýttir sem skyldi vegna skorts á menntun og fagþjálfun. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að nauðsyn sé á nýjum úrræðum í menntamálum sem ná til þeirra sem hafa hætt námi eftir grunnskóla en vildu gjarnan bæta við sig þekkingu. Í þessari skýrslu er stungið upp á sérstökum sparnaðarreikningum – svokölluðum menntareikningum – sem nýrri leið að þessu markmiði.

Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri þá einnig fast hlutfall af launum starfsmanns. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hægt væri að byggja reikningana á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur reynst vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.

Þegar kemur að menntun er lykilatriði að þeir einstaklingar sem ljúka menntun, hvort sem hún er starfstengd eða ekki, hljóti einhverja staðfestingu á áunninni færni. Þar kemur fram nauðsyn þess að samræma skráningu menntunar hjá stofnunum sem bjóða upp á menntun og starfsþjálfun þannig að atvinnurekendur og aðrir geti gengið að því vísu hvaða menntun einstaklingur hefur að loknu námskeiði. Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi, svokallað raunfærnikerfi, þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátttöku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum þörfum vinnumarkað-

[1] Heimild: Eurydice (2002).

arins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Íslendingar standa höllum fæti hvað varðar menntun á framhaldsskólastigi. Í stað þess að halda uppi ósveigjanlegum reglum skólakerfisins væri hægt að koma til móts við þá sem vilja mennta sig frekar. Ljóst er að aðilar á vinnumarkaði eru í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu á Íslandi, þar sem félagsmönnum er þá boðið upp á möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum hina ýmsu starfsmennta- og fræðslusjóði. Stigið hefur verið skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2002 sem er samstarfsverkefni ASÍ og SA, en eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið. Á næstu misserum mun Fræðslumiðstöðin standa fyrir víðtæku átaki í starfs- og endurmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði.

Menntareikningum er ætlað að efla símenntun og byggja á því samstarfi sem nú þegar er milli aðila á vinnumarkaði og fræðsluaðila og þannig sporna gegn aukinni misskiptingu menntunar í landinu. Vorið 1998 gerði Félagsvísindastofnun könnun á símenntun á Íslandi miðað við síðastliðna 12 mánuði, en þar kom í ljós að um helmingur þeirra sem svöruðu hafði hlotið fræðslu eða menntun utan skólakerfisins á umræddu tímabili, um 34% sóttu starfstengd námskeið og um 20% tómstundanámskeið. Í könnun um símenntun, sem IBM gerði fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar 2003, kom fram að um 49,3% aðspurðra höfðu stundað eitthvert nám á síðustu 12 mánuðum sem er svipað hlutfall og var árið 1998. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar sýndu fram á að einkenni þeirra sem sóttu ekki símenntun voru að vera eldri en 45 ára, hafa stutta skólagöngu að baki og vinna sérhæfð störf. Á mynd 2 má sjá að námskeiðssókn var minni meðal þeirra sem hafa aðeins grunnskólanám að baki.

Mynd 2. Námskeiðssókn eftir menntun



Það kom fram að þeir sem hafa stutta skólagöngu að baki og gætu haft mestan ábata af símenntun sækja hana þó aðeins í litlum mæli. Sá hópur ætti hins vegar að vera eins konar forgangshópur hvað varðar símenntun á Íslandi ef hún á að einhverju leyti að koma til móts við þá sem hafa ekki sótt framhaldsskólanám.“

8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson.

1. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stefnt skal að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur og vandað sé til þess sem verða má.

2. gr.

Í stað orðsins „útvarpsráðs“ í 4. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: dagskrárráð.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo:

Í framkvæmdastjórn sitja útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs en hann hefur málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri er formaður framkvæmdastjórnar og er framkvæmdastjóri fjármáladeildar varamaður hans.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins.

4. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar samkvæmt tillögu dagskrárráðs útvarpsstjóra til fimm ára í senn.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar í dagskrárráð Ríkisútvarpsins eftir hverjar alþingiskosningar einn fulltrúa tilnefndan af hverjum þingflokki, tvo fulltrúa tilnefnda af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúa tilnefndan af Neytendasamtökunum, einn fulltrúa tilnefndan af Bandalagi íslenskra listamanna, útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra hljóðvarps og sjónvarps og einn fulltrúa tilnefndan af starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Dagskrárráð skiptir með sér verkum.

6. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Dagskrárráð fjallar um útsenda dagskrá Ríkisútvarpsins og fylgist með að ákvæði 3.–5. gr. séu haldin. Athugasemdum dagskrárráðs skal svara skriflega sé þess óskað.

Dagskrárráð kemur að jafnaði saman mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Dagskrárráð getur einnig haft frumkvæði að dagskrártillögum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.

b. 6. mgr. orðast svo:
Útvarpsstjóri annast ráðningu starfsmanna, þó jafnan að tillögu framkvæmdastjórnar ef um starfsfólk dagskrár er að ræða.

8. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru afnotagjald, þ.e. gjald fyrir hljóðvarp og sjónvarp, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Öllu íbúðar- og atvinnuhúsnæði í landinu fylgir réttur til að nýta þjónustu Ríkisútvarpsins. Gjaldstofn afnotagjalds miðast við íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á.

Um afnotagjöld og innheimtu þeirra fer eftir ákvæðum laga um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

9. gr.

12.–18. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem hafa þann tilgang að renna styrkari stoðum undir rekstur þess og efla lýðræðislega stjórn þess með beinni þátttöku starfsmanna og kjörinna fulltrúa þjóðarinnar á Alþingi í yfirstjórn þess. Frumvarpið var lagt fram á 131. löggjafarþingi á sama tíma og stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið en var aldrei tekið til umræðu.

Flutningsmenn telja að Ríkisútvarpið hafi miklum lýðræðislegum og menningarlegum skyldum að gegna auk þess sem það er öryggistæki fyrir alla landsmenn. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og að það hafi góðar tekjur svo að það rísi undir skyldum sínum. Stöðugur og traustur rekstur þess er kjölfesta í lýðræðislegri umræðu í þjóðfélaginu og tryggir hlutlæga umfjöllun og þátttöku landsmanna í landsmálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu og stjórnarformi Ríkisútvarpsins sem fela í sér að dagskrárráð og framkvæmdastjórn skipi veigamikinn sess í rekstri þess.

Frumvarpið byggist á núgildandi ákvæðum um hlutverk Ríkisútvarpsins en í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skerpt verði á skyldum Ríkisútvarpsins til að sinna innlendri dagskrárgerð.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til ný skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar. Lagt er til að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og í þessari grein er samsetning hennar og valdsvið skilgreint. Lagt er til að fulltrúi dagskrárráðs eigi sæti í framkvæmdastjórn með málfrelsi og tillögurétt til að styrkja tengsl innan stofnunarinnar. Flutningsmenn telja rétt að áhrif starfsmanna í stjórn stofnunarinnar verði efld til þess að stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum, fagmennsku og samábyrgð.

Í 4. gr. er gerð tillaga um að útvarpsstjóri verði skipaður af ráðherra en samkvæmt tillögu dagskrárráðs. Verði frumvarpið að lögum verður tillaga dagskrárráðs bindandi en þannig er lýðræðisleg skipun tryggð betur en nú. Hlutverk dagskrárráðs við mannaráðningar verður því aðeins að gera tillögu um útvarpsstjóra.

Samkvæmt frumvarpinu tekur dagskrárráð yfir flest störf útvarpsráðs. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum þingflokkanna, sveitarfélaga, Neytendasamtakanna og Bandalags íslenskra listamanna auk þess sem útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps og fulltrúi starfsmanna eigi sæti í ráðinu. Dagskrárráð verði ekki umsagnaraðili um mannaráðningar eða skipan mála innan stofnunarinnar eins og útvarpsráð er samkvæmt gildandi lögum ef frá er talin skipun útvarpsstjóra. Höfuðhlutverk þess verði að fjalla um útsenda dagskrá og er brýnt að þannig verði búið um hnútana að gagnrýni og fyrirspurnir fái skriflega afgreiðslu frá stofnuninni. Ráðið á að endurspegla ólík sjónarmið í þjóðfélaginu en ekki valdahlutföll, auk þess sem aðild starfsmanna stuðlar að tengslum við innra starf stofnunarinnar. Við skipun í ráðið skal þess gætt að bæði byggðasjónarmið og kynjasjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Ákvæði gildandi laga um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins í 5. mgr. 9. gr. fellur brott með vísan til 3. gr. frumvarpsins. Þá er einnig gerð tillaga um breytingu á 6. mgr. 9. gr. laganna er fjallar um mannaráðningar að teknu tilliti til efnisákvæða frumvarpsins.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sérstök lög verði sett um afnotagjöld Ríkisútvarpsins þar sem kveðið verði nánar á um gjaldið, stofn þess og innheimtu. Hingað til hafa gjöldin alltaf verið miðuð við skráð viðtæki með þeirri undantekningu að ekki er innheimt nema eitt gjald á hverju heimili þar sem viðtæki er skráð. Hins vegar er lögð til sú grundvallarbreyting frá gildandi lögum að stofn afnotagjalds verði íbúðir og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Með þessu er afnotagjaldinu fundinn nýr farvegur sem tryggir jafnræði milli notenda og Ríkisútvarpinu eðlilegar tekjur af afnotagjaldi. Því er lagt til að gjaldið verði framvegis miðað við fjölda íbúða í landinu og atvinnuhúsnæði eftir því sem við á. Því er slegið föstu að hverri íbúð fylgi réttur til að nýta þá þjónustu sem Ríkisútvarpið veitir landsmönnum. Fyrir þann rétt sé síðan greitt afnotagjald eftir nánari reglum sem settar verða í sér lögum.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um láglendisvegi.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhorni landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suðvesturhornsins og annarra landsvæða, og eins innan landsvæða.

Megináhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi, t.d. við flutning á raforku og heitu vatni, og ávinningur af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna.

Greinargerð.

Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem samtals yrðu um 100 km samanlagt eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern

kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður eins og sést af gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar sem nú hafa verið tekin í notkun.

Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni. Þegar hefur verið unnið að gerð nýrra, góðra fjallvega um Klettsháls, Bröttubrekku og Vatnaleið (í stað leiðarinnar Staðarsveit – Kolgrafarfjörður) og lokið er gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Þá standa eftir eftirfarandi leiðir þar sem gera þyrfti jarðgöng:

Arnarfjörður – Dýrafjörður.
Dynjandisheiði.
Óshlíð.
Ísafjörður – Súðavík.
Eyrarfjall í Djúpi.
Tröllatunguheiði.
Siglufjörður – Ólafsfjörður.
Öxnadalsheiði.
Vaðlaheiði.
Vopnafjörður – Hérað.
Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður.
Norðfjörður – Eskifjörður.
Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður.
Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík.
Skriðdalur – Berufjörður (Öxi).
Undir Berufjörð.
Reynisfjall í Mýrdal.
Hellisheiði.

Á Hellisheiði er nú unnið að verulegum samgöngubótum sem væntanlega reynast vel. Göng úr botni Ísafjarðardjúps yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði yrðu einnig mjög hagkvæm eftir að þverun Gufufjarðar, Djúpafjarðar og Þorskafjarðar væri lokið, enda yrði þá hægt að aka á láglendisvegi milli suðvesturhorns landsins og norðurhluta Vestfjarða. Alls yrðu öll þessi göng um 85–90 km. Jarðgöng til Vestmannaeyja eru ekki inni í þessari áætlun, enda fjármögnun þeirra tengd niðurfellingu á ferjusiglingum við opnun þeirra.

Vissulega eru þessi verkefni í jarðgangagerð misjafnlega brýn og nýjar aðstæður kalla oft fram breytta forgangsröðun. Þessi ályktun um að enn þurfi í það minnsta að gera 15 jarðgöng á landinu, byggist auðvitað á reynslunni sem fengist hefur af bættu umferðaröryggi samfara jarðgöngum og þeirri vissu að hér á landi muni aftur verða snjóþungir vetur. Hinir snjóléttu vetur sem verið hafa undanfarin ár valda því sjálfsagt að margra metra há snjófönnin er mörgum úr minni fallin. En víst er að aftur koma miklir snjóavetur og þá mun enn aukast skilningur manna á jarðgöngum sem varanlegum framtíðarlausnum við vegagerð.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirkomulag á skipun ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins í því skyni að skilja pólitísk störf frá faglega skipuðum embættum Stjórnarráðsins.

Greinargerð.

Í fyrsta bindi sögu Stjórnarráðs Íslands 1964–2004 kemur fram að í stjórnskipulagi Vesturlanda sé að jafnaði gerður skýr greinarmunur á pólitískri yfirstjórn annars vegar og æðstu stjórn embættismannakerfis hins vegar.[1] Með sama hætti er skipunar- eða ráðningafyrirkomulag tvenns konar. Þeir sem tilheyra hinni pólitísku forustu eru valdir af ráðherra án auglýsingar eða sérstakra hæfnisskilyrða. Hér getur verið um að ræða aðstoðarráðherra, aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra. Aðrir starfsmenn ráðuneyta og annarra stjórnarskrifstofa sem tilheyra svokölluðu embættismannakerfi skulu eingöngu skipaðir eða ráðnir á grundvelli verðleika, svo sem starfsreynslu, menntunar eða annarrar skilgreindrar hæfni. Þessi greinarmunur er talinn vera forsenda fyrir vönduðum vinnubrögðum stjórnsýslunnar sem skulu m.a. endurspeglast í kunnáttu, jafnræði, hlutleysi, ráðvendni og ábyrgð.

Í áðurnefndri bók kemur fram að á Íslandi hafi skilin milli embættismanna og stjórnmálamanna verið óljós allt frá stofnun Stjórnarráðsins. Bent er á að staða embættismannavaldsins hafi veikst þegar Íslendingar fengu heimastjórn. Takmarkaður áhugi hafi verið fyrir því hjá Alþingi og ráðherra að efla veg innlendrar embættismannastéttar.[2] Ekki hafi reynst áhugi fyrir því að innleiða danskar hefðir við ráðningar og framgang embættismanna. Í stað þess hafi ráðningar pólitískra samherja orðið áberandi. Ýmsar heimildir styðja þá fullyrðingu að á þeim hundrað árum sem Stjórnarráðið hefur starfað hafi ekki tekist að skilja pólitískar skipanir frá faglegum.[3] Ísland virðist hafa nokkra sérstöðu í alþjóðlegum samanburði hvað varðar mikil ítök ráðherra við skipanir embættismanna.

Með setningu núgildandi laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, var heimilað að ráðherra gæti kvatt mann utan ráðuneytis sér til aðstoðar enda hverfi hann úr starfi um leið og ráðherra. Með þessari heimild skapaðist forsenda til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna. Ekki eru þó vísbendingar um að þetta fyrirkomulag hafi dregið úr afskiptum ráðherra af skipunum ráðuneytisstjóra og annarra embættismanna Stjórnarráðsins.

Líkur eru á að umtalsverðar framfarir hafi orðið í vinnubrögðum stjórnsýslunnar á undanförnum tveimur áratugum. Hér skiptir mestu setning stjórnsýslu- og upplýsingalaga, aukin hagnýting upplýsingakerfa innan Stjórnarráðsins og vaxandi aðhald umboðsmanns Alþingis

---

1 Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson. Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Fyrsta bindi. Skipulag og starfshættir. Reykjavík: Sögufélag, 2004, bls. 417–418.

2 Sama heimild, bls. 422. Tilvitnun í Gunnar Helga Kristinsson. Embættismenn og stjórnmálamenn. Reykjavík: Heimskringla, 1994, bls. 82.

3 Sama heimild. Sjá tilvísanir bls. 439.

og Ríkisendurskoðunar. Það skýtur því skökku við að á sama tíma hafi ekki verið teknir upp vandaðri starfshættir við skipan embættismanna. Á allra síðustu árum virðist umdeildum skipunum í embætti jafnvel hafa farið fjölgandi.

Gera verður þá kröfu til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að þeir tryggi að ávallt sé skipaður hæfasti umsækjandinn í störf æðstu embættismanna þjóðarinnar. Óvenjufáar umsóknir um stöður ráðuneytisstjóra og önnur sambærileg embætti benda til þess að það almenna viðhorf ríki að embætti séu eingöngu auglýst til málamynda og almennt ráði ekki fagleg sjónarmið við stöðuveitingar sem þessar.

Nauðsynlegt er að skoða leiðir til að skýra skilin milli pólitískrar forustu og faglegrar. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 11. september 2004 er bent á þrjár leiðir sem komi til álita.[4]

„1. Óbreytt fyrirkomulag en ráðuneytisstjóri hætti störfum um leið og ráðherra. Þessari leið svipar til fyrirkomulags á flestum stjórnsýslustigum í Bandaríkjunum, þar sem æðstu stjórnendur eru pólitískt ráðnir en fara úr embætti um leið og ráðherra. Gallinn við þetta fyrirkomulag felst í að mikilvæg þekking og reynsla geta farið forgörðum við ráðherraskipti en meginkostur hennar er að pólitísk skilvirkni er betur tryggð en í öðrum kerfum.

2. Pólitísk forusta verði styrkt með því að bæta við pólitískt skipuðum yfirmanni ráðuneytis sem hafi fullt boðvald yfir embættismönnum þess en jafnframt sé starfandi faglegur yfirmaður sem sé æðsti maður stjórnsýslunnar. Þetta fyrirkomulag tíðkast í Noregi og Svíþjóð. Þannig var 1947 sett á laggirnar í Noregi sérstakt embætti „statssekretær" til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna sem þá var talið nauðsynlegt til að vega upp á móti öflugu embættismannakerfi. Starfstími „statssekretær" er sá sami og ráðherra. Æðsti embættismaður/menn ráðuneytisins (í Noregi „departementsråd" og í Svíþjóð „expeditions- og rättschefen" – oftar en ekki tveir eða jafnvel fleiri) sinnir daglegum stjórnsýsluverkefnum og er skipaður með faglegum hætti. Kostur þessarar leiðar er að með því er pólitísk forusta efld án þess að það komi niður á styrk embættismannakerfisins. Galli aðferðar felst í hættu á að skörun verði milli ábyrgðarsviðs þessara æðstu stjórnenda.

3. Ráðuneytisstjórar verði eingöngu skipaðir á grundvelli hæfni („merita") þar sem tekið yrði tillit til faglegrar þekkingar, stjórnunarreynslu og annarra þátta sem skilgreindir væru til hlítar og væru opinberir. Það virðist vera almenn skoðun fræðimanna að í Danmörku sé slíkt fyrirkomulag í gildi, þ.e.a.s. ráðherra skipi ráðuneytisstjóra fyrst og fremst á grundvelli faglegra þátta en ekki pólitískra. Ástæðan er m.a. sú samstöðuáhersla sem einkennir dönsk stjórnmál. Ef íslenskir ráðamenn færu þessa leið gæti verið skynsamlegt að sérstök ráðninganefnd sérfræðinga svo sem þekkist í Bretlandi hefði með mat á umsóknum að gera og gæfi ráðherra álit. Með þessari leið verður pólitísk forusta ráðuneyta hins vegar ekki jafn öflug og með leiðum 1 og 2."

Flutningsmenn leggja til að ríkisstjórnin kanni hvernig reynslan er af þeim leiðum sem lýst er hér að framan og láti meta hvaða leið henti best Stjórnarráði Íslands. Sömuleiðis verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja pólitíska forustu ráðuneytanna og þá með hvaða hætti. Að lokum verði metið með hliðsjón af fyrirkomulagi í nágrannaríkjunum hvernig best sé að standa að faglegum skipunum embættismanna ráðuneytanna.

---

[4] Ómar H. Kristmundsson. Um skipanir ráðuneytisstjóra. Morgunblaðið 11. september 2004.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI
Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 32. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda skv. 2. mgr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingu.

2. gr.

2. og 3. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra þær ákvarðanir Skipulagsstofnunar sem um getur í 1. mgr.

Enn fremur er öllum heimilt að kæra til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar um að frummatsskýrslan uppfylli eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

III. KAFLI
Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta byggist á frumvarpi frá 131. löggjafarþingi (þskj. 807 – 533. mál), en í ljósi breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem gengu í gildi 1. október 2005 hefur málið verið útvíkkað og varðar nú breytingar á tvennum lögum í stað einna áður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og að 2. og 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, verði breytt. Því er ætlað að taka af öll tvímæli um kærurétt vegna ákvarðana Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi og áréttar það löggjafarvilja við setningu laga nr. 7/1998. Sambærilegur kæruréttur gilti samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, fram að því er Alþingi samþykkti breytingar á þeirri löggjöf með lögum nr. 74 24. maí 2005. Fram til þess tíma hafði niðurlagsmálsgrein 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 hljóðað svo: „Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipu-

lagsstofnunar skv. 3. mgr.“ Með breytingunni í maí 2005 var málskotsrétturinn þrengdur og hann bundinn við þá eina sem eiga lögvarða hagsmuni tengda viðkomandi ákvörðunum Skipulagsstofnunar. Þá var málskotsrétti vegna 8. og 9. gr. laganna einnig breytt og hann einvörðungu bundinn við framkvæmdaraðila. Þessar þrengingar málskotsréttarins stríða, að mati flutningsmanna, gegn þeirri þróun sem hefur átt sér stað bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Þróunin hefur verið í þá átt að auka aðkomu almennings að ákvörðunum er varða umhverfismál, bæði aðgang að upplýsingum og rétt til málskots. Sá réttur almennings á að vera tryggður í Árósasamningnum, sem íslensk stjórnvöld undirrituðu 1998, en hafa látið undir höfuð leggjast að fullgilda. Árósasamningurinn gerir ráð fyrir að öllum almenningi sé tryggður aðgangur að upplýsingum, þátttaka í ákvörðunum og aðgangur að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Þetta er gert í því skyni að vernda réttindi hvers einstaklings af núlifandi og komandi kynslóðum til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hans. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að þrenging málskotsréttarins stríði gegn einu af grundvallaratriðum Árósasamningsins. Ekki verður heldur séð að ákvæði 12. gr. laganna, eins og þau hafa verið fram til 1. október 2005, hafi verið til mikilla trafala í málsmeðferð hingað til og því engin haldbær rök fyrir breyttri afstöðu löggjafans.

Greinargerðin sem fylgdi máli þessu á 131. löggjafarþingi fylgir hér óbreytt:

„Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur.

Tilefni þess að frumvarpið er lagt fram er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. janúar 2005 í málinu nr. E-1288/2003, en það er mál Hjörleifs Guttormssonar gegn Alcoa á Íslandi ehf. (áður Reyðarál ehf.), Fjarðaáli sf., Reyðaráli ehf. (áður Alcoa á Íslandi ehf.), fjármálaráðherra, umhverfisráðherra og íslenska ríkinu. Dómkröfur stefnanda voru í fjórum liðum þar sem hann krafðist ómerkingar á eftirfarandi úrskurðum og ákvörðunum. Í fyrsta lagi úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum 1. og 2. áfanga 420 þús. tonna álvers í Reyðarfirði, í öðru lagi úrskurði umhverfisráðherra að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu álvers í Reyðarfirði fyrir allt að 322 þús. tonna ársframleiðslu skuli óbreytt standa, í þriðja lagi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. og í fjórða lagi ákvörðun umhverfisráðherra um að vísa frá kæru stefnanda á ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf.

Nánar tiltekið er tilefni frumvarps þessa afstaða dómsins til kröfu stefnanda um ómerkingu á ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 14. júlí 2003 um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Reyðaráls ehf. á iðnaðarsvæðinu við Hraun í Reyðarfirði, sbr. þriðja lið hér að framan. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði ekki haft stöðu „aðila“ við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. og því hafi honum ekki verið heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Meginrökin voru í fyrsta lagi þau að í lögskýringargögnum væri ekki að finna afstöðu löggjafans til þess hvort almenningur, sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) um starfsleyfi, skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti og í öðru lagi að ekki verði ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi njóti heimildar til stjórnsýslukæru til ráðherra skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Á þessum forsendum komst dómarinn að þeirri niðurstöðu að um stjórnsýslukæru skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 skyldi fara samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt því sé einungis aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og stefnandi í þessu tilfelli hafi ekki þeirra hagsmuna að gæta sem geri hann að aðila máls í skilningi stjórnsýslulaga. Auk þessara

atriða telur dómari stefnanda hvorki geta vísað til Árósasamningsins eða tilskipunar 2003/35/EB til að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998, enda hafi Árósasamningurinn ekki verið fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum og tilskipunin ekki verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Til frekari glöggvunar á þessum atriðum er X. kafli dómsins birtur sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Vilji löggjafans.

Þegar náið er rýnt í umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem varð að lögum nr. 7/1998, verður ekki betur séð en vilji löggjafans sé alveg skýr. Hann byggist á þeirri meginstefnu, sem innleidd er með nútímalegum umhverfisrétti, að almenningi skuli tryggð aðkoma að málum og hlutdeild í ákvarðanatöku. Sú stefna kemur skýrt fram í ræðu umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, þegar hann mælti fyrir frumvarpi til laga um hollustuhætti í október 1997 (194. mál 122. löggjafarþings). Í máli ráðherrans kemur hvað eftir annað fram að hann telur mikilvægt að allur almenningur eigi þess kost að gera athugasemdir við útgáfu starfsleyfa starfsleyfisskyldra framkvæmda. Formaður umhverfisnefndar á þessum tíma var Ólafur Örn Haraldsson og kemur einnig skýrt fram í máli hans hversu mikilvægt sé að aðkoma almennings að starfsleyfisveitingum sé greið. Í annarri umræðu um málið segir hann orðrétt:

„Ég tel líka að kæruferlið hafi verið stórbætt. Þótt endalaust megi segja að það eigi að vera lengra eða annars konar, þá er ljóst hvernig það er núna. Ég vil láta það koma fram hér að átta vikur þurfa að líða frá því að auglýsing Hollustuverndar kemur fram þar til athugasemdafrestur rennur út. Hollustuvernd hefur síðan fjórar vikur til að gaumgæfa og vinna að þeim athugasemdum sem koma fram og kynna mönnum niðurstöður. Síðan hefur sá sem kært hefur eða gert hefur athugasemdir, tvær vikur til að ákveða hvort hann vill kæra áfram og þá til ráðherra og þar tel ég að við séum með mun betri lausn en áður hefur verið á þessum málum, þ.e. að ráðherrann tekur á þessu öllu. Þá hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða um málið. Ég legg áherslu á að kærandanum er í hag að fá úrskurðinn sem fyrst í stað þess að þurfa að bíða lengi eftir honum. Að vísu hefur ráðherrann lengri tíma ef um stórmál er að ræða. Þetta hvort tveggja er grundvallaratriði í þessum málum og lýtur að almannarétti sem mönnum er mjög kær og hefur einmitt komið til mikillar umræðu núna við útgáfu starfsleyfa og starfrækslu stóriðju og reyndar fleiri tegunda atvinnurekstrar. Það er almannarétturinn, réttur hvers einstaklings, réttur hvers Íslendings, réttur félaga, réttur fyrirtækja og stofnana til að gera athugasemdir og hafa áhrif á umhverfi sitt og þróun atvinnulífsins, sem er tryggður þarna og fram hjá þessum grundvallaratriðum megum við aldrei horfa þó við séum ósammála um ýmis atriði.“

Fyrirmynd í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Formaður umhverfisnefndar ítrekar þennan skilning sinn á rétti almennings til kæru í andsvari síðar í annarri umræðu, en þá segir hann:

„Við glímum við grundvallaratriðin, verndun umhverfisins, rétt almennings og uppbyggingu atvinnulífsins. [...] Ég vil þó minna á eitt aðalatriði, eina aðallínu sem við getum fikrað okkur eftir. Við höfum að undanförnu verið að setja lög um áhrif almennings á umhverfismál og ég vil nefna mat á umhverfisáhrifum sem væntanlegt er inn í þingið, bygginga- og skipulagsmál og núna um starfsleyfi. Í öllum þessum lögum er gert ráð fyrir að almenningur komi að með umsagnarrétti, tillögurétti og afskiptum þannig að áður en til starfsleyfis kemur hafa hin stærri mál og mjög mengandi atvinnurekstur eða þar sem grunur er um mjög mengandi atvinnurekstur, þurft að fara í gegnum þrenns konar ferli þar sem okkur gefst tækifæri, al-

mennum borgurum, til að taka á þessum málum. Þetta er þó verulegur réttur sem við skulum ekki gleyma. Við höfum reynt í starfi okkar að tryggja þennan rétt því þegar við erum farin héðan, hvort sem við erum ráðherrar eða almennir þingmenn þá standa lögin eftir og öllum er okkur kær réttur borgaranna til að móta það umhverfi sem við teljum best í landinu, bæði í umhverfismálum og í atvinnumálum.“

Í þessu síðasta andsvari sínu vísaði formaður umhverfisnefndar til laga um mat á umhverfisáhrifum, sem stóð til að endurnýja. Þegar nýtt frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum kom fram á 125. löggjafarþingi gat þar að líta afar skýrt ákvæði er varðar kærurétt til ráðherra. Það er að finna í 12. gr. laganna, sem fjallar um málskot og hljóðar svo:

„Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.“

Til að benda á ósamræmið milli þessarar greinar laga um mat á umhverfisáhrifum og 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skal sú síðarnefnda einnig birt hér (1. og 2. mgr.):

„Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd laga þessara skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um útgáfu starfsleyfa skv. 6. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefnda.“

Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagið úr lögunum um mat á umhverfisáhrifum verði sett inn í lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo að samhljómur sé í því hvernig farið skuli með kærurétt til ráðherra í þessum skyldu lögum.

Almenningur hefur hlutverki að gegna.

Við skoðun þessa máls verður að hafa í huga hvernig umhverfisréttur hefur þróast undanfarin ár, í honum hefur ekki hvað síst verið lögð rík áhersla á andmæla- og upplýsingarétt almennings. Má í því sambandi benda á Ríó-yfirlýsinguna, sem er grundvölluð á samstarfi og samvinnu milli ríkja, mikilvægra atvinnugreina samfélagsins og fólks almennt. 10. regla yfirlýsingarinnar fjallar beinlínis um mikilvægi þess að almenningur hafi trygga aðkomu að öllum þáttum er varða umhverfismál. Hún er svohljóðandi:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum.“

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að líta til Árósasamningsins sem undirritaður var fyrir Íslands hönd 25. júní 1998. Honum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum,

aðild að ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Einnig er rétt að benda á 5. og 6. gr. tilskipunar 85/337/EBE, sem fjalla um skyldur yfirvalda til að upplýsa um áform framkvæmdaraðila og um að aðgangur almennings að þeim upplýsingum sé tryggður, og einnig má benda á tilskipun 97/11/EB en með henni er verið að tryggja þátttöku almennings í ákvarðanatöku stjórnvalda og aðgang almennings að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Byggjast ákvæði tilskipunarinnar á ákvæðum Árósasamningsins. Anda þeirra tilskipana og samninga sem hér hafa verið nefndir er að finna í lögunum um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningnum. Í sömu lögum eru einnig áminningar til þeirra sem með völdin fara um að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða. Einn veigamikill þáttur í slíku er hið virka samspil stjórnvalda og almennings í landinu, en þá þarf líka að vera tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi.“

Fylgiskjal.

Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-1288/2003, X. kafli.

Niðurstaða um ákvörðun umhverfisráðherra 14. júlí 2003.

Eins og áður greinir kærði stefnandi ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis 14. mars 2003 til umhverfisráðherra með bréfi dagsettu og mótteknu 28. sama mánaðar. Með bréfi ráðuneytisins 9. maí 2003 var stefnanda tilkynnt að úrskurður ráðuneytisins um stjórnsýslukæru hans gæti ekki legið fyrir innan fjögurra vikna, en áætlað væri að afgreiða málið fyrir 23. maí 2003. Með bréfi 2. júní 2003, eða rúmum níu vikum eftir móttöku kæru stefnanda, var frávísun kærunnar boðuð vegna skorts stefnanda á heimild til kærunnar og stefnanda gefinn kostur á andmælum. Með bréfi ráðuneytisins 14. júlí 2003 var stefnanda tilkynnt um ákvörðun ráðherra um að vísa kæru hans frá. Voru þá liðnar rúmar 15 vikur frá því ráðuneytið móttók stjórnsýslukæru stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, eins og þeim var breytt með lögum nr. 164/2002, skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögunum, en undir viðaukann fellur meðal annars rekstur álvera. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar skal Umhverfisstofnun vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur Umhverfisstofnunar innan átta vikna frá auglýsingu. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar skal Umhverfisstofnun, innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út, taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim, sem athugasemdir hafa gert, tilkynnt um afgreiðsluna. Í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 segir að kæra megi ákvarðanir Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr. til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því stofnunin tekur þær. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar skal ráðherra kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að honum berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla

taki lengri tíma skal tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.

Af orðalagi framangreindra ákvæða verður engin ályktun dregin um kæruheimild þeirra sem gert hafa athugasemdir við auglýsta tillögu að starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998. Kemur því fyrst til skoðunar hvort leiðbeiningar um lögskýringu með hliðsjón af þessu álitaefni sé að finna í tiltækum lögskýringagögnum.

Í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 7/1998 var upphaflega gert ráð fyrir að heimilt væri að vísa ágreiningi um ákvörðun yfirvalda, annarra en umhverfisráðherra, til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum við frumvarpið var ekki sérstaklega vikið að því hverjir gætu skotið málum til úrskurðarnefndarinnar, en vísað til þess að greinin væri að mestu samhljóða 26. gr. þágildandi laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðishætti. Í tíð þeirra laga hafði tíðkast sú framkvæmd á grundvelli þágildandi stjórnvaldsfyrirmæla, sbr. einkum 2. mgr. 72. gr. og 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, eins og þessum ákvæðum var breytt með reglugerð nr. 26/1997, að þeim sem gert hafði athugasemdir við auglýstar tillögur Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfi var heimilt að kæra álit stjórnar stofnunarinnar til sérstakrar úrskurðarnefndar samkvæmt nefndri 26. gr. laganna. Við umfjöllun um það frumvarp sem varð að lögum nr. 7/1998 gerði meirihluti umhverfisnefndar Alþingis tillögu að þeirri breytingu á ákvæðum frumvarpsins um málsmeðferð og úrskurði, að í stað kæru til sérstakrar úrskurðarnefndar væri heimilt að kæra ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr. frumvarpsins til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá því ákvörðunin var tekin. Þessi breytingatillaga meirihluta nefndarinnar varð að lögum.

Í áliti meirihluta umhverfisnefndar, sem fylgdi framangreindri breytingatillögu, segir að gert sé ráð fyrir að unnt verði að kæra ákvarðanir um útgáfu starfsleyfa, sbr. 6. gr. frumvarpsins, til ráðherra. Segir að nefndinni þyki þetta fyrirkomulag vera meira í samræmi við þróun þá sem orðið hafi í stjórnsýslunni undanfarin ár og þá meginreglu að mál sem snerti mikilvæga hagsmuni fái vandaða meðferð innan stjórnsýslunnar og að þar sé möguleiki á endurskoðun með stjórnsýslukæru. Einnig hafi verið bent á nauðsyn þess, á grundvelli jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna, að allar stjórnsýslukærur, er varði sömu efnisreglur, séu kæranlegar til sama úrskurðaraðila. Í ræðum flutningsmanns frumvarpsins, Guðmundar Bjarnasonar þáverandi umhverfisráðherra, og fyrirsvarsmanns meirihlutaálits umhverfisnefndar, Ólafs Arnar Haraldssonar, þáverandi formanns umhverfisnefndar, koma fram athugasemdir um mikilvægi þess að tryggja almenningi rétt til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi. Hins vegar kemur ekki fram í þessum gögnum afstaða þessara manna til þess hvort almenningur, sem gert hefur athugasemdir við auglýsta tillögu um starfsleyfi, skuli hafa rétt til stjórnsýslukæru til ráðherra og þá með hvaða hætti.

Samkvæmt framangreindu skera lögskýringagögn ekki úr um hvernig skýra skuli 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 með tilliti til kæruheimildar þeirra aðila sem gert hafa athugasemdir við auglýsta tillögu Umhverfisstofnunar um starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laganna. Kemur næst til skoðunar hvort venja hafi myndast um heimild til stjórnsýslukæru til ráðherra að þessu leyti líkt og stefnandi málsins heldur fram.

Í málinu hefur verið lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar, sem starfaði samkvæmt áðurnefndri 26. gr. laga nr. 81/1988, þar sem fjallað var um stjórnsýslukæru stefnanda máls þessa vegna tiltekins úrskurðar stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Þá hafa verið lagðir fram úrskurðir umhverfisráðherra í tveimur málum þar sem fjallað hefur verið efnislega um stjórnsýslukærur einstaklinga vegna útgáfu starfsleyfis. Telur stefnandi umrædd gögn sýna að sú framkvæmd hafi lengi tíðkast að þeim, sem gert hafa athugasemdir við auglýsingu Umhverfisstofnunar um tillögu að starfsleyfi, hafi verið játuð heimild til stjórnsýslukæru til sér-

stakrar úrskurðarnefndar í tíð laga nr. 81/1988 og til umhverfisráðherra eftir gildistöku laga nr. 7/1998.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður sá sem ber fyrir sig venju að leiða tilvist og efni hennar í ljós. Eins og áður greinir var fyrirkomulagi laga um málsmeðferð og úrskurði vegna útgáfu starfsleyfa breytt með lögum nr. 7/1998. Í framhaldi af setningu laganna var þeim stjórnvaldsfyrirmælum einnig breytt sem þáverandi framkvæmd studdist við, sbr. nú reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hafa núgildandi stjórnvaldsfyrirmæli ekki að geyma ítarlegri ákvæði um kæruheimild en lög nr. 7/1998 andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 26/1997 sem áður er getið um. Að mati dómara getur því sú framkvæmd sem tíðkaðist í tíð laga nr. 7/1988 þegar af þessum ástæðum ekki haft þýðingu við skýringu 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998.

Þeir framlögðu úrskurðir umhverfisráðherra, þar sem fjallað hefur verið um kærur vegna útgáfu starfsleyfa eftir gildistöku laga nr. 7/1998, eru óljósir með tilliti til þess atriðis hvort kærendur höfðu lögvarða hagsmuni samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar vegna nábýlis við þá starfsemi sem til stóð að leyfa. Verður engin ályktun dregin af þessum úrskurðum um að heimild til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 sé af umhverfisráðuneytinu talin rýmri en leiðir af almennum reglum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á stjórnsýsluvenju þess efnis að allir, sem gert hafi athugasemd við auglýsingu um starfsleyfi, njóti heimildar til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Þegar af þessari ástæðu getur venja í þessa átt ekki haft þýðingu um skýringu á umræddu lagaákvæði.

Við skýringu 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 getur Árósasamningurinn 30. október 2001, sem ekki hefur verið fullgiltur hér á landi, eða tilskipun nr. 2003/35/EB, sem ekki hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. samnefnd lög nr. 2/1993, ekki haft þýðingu. Er það á valdi löggjafans að ákveða hvort og með hvaða hætti þessar réttarheimildir verða leiddar í íslenskan rétt. Þá telur dómari að þær réttarreglur EES-réttar, sem fjalla um mat á umhverfisáhrifum, hafi ekki þýðingu við skýringu þeirra reglna sem hér um ræðir. Sjónarmið stefnanda um að almennt beri að auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku, sem lýtur að umhverfismálum, eru enn fremur ekki þess eðlis að þau geti haft áhrif á lagalega meðferð þeirra réttarheimilda sem hér eru til umfjöllunar.

Samkvæmt framangreindu verður ekki hjá því komist að skýra 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar um skilyrði fyrir stjórnsýslukæru. Samkvæmt þessu er aðeins aðila máls heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis til umhverfisráðherra, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er almennt viðurkennt að aðilar stjórnsýslumáls séu þeir einir sem hafi verulegra einstaklings legra hagsmuna að gæta af stjórnvaldsákvörðun. Samkvæmt þessu gera lög nr. 7/1998 ráð fyrir því að hver sem er geti gert athugasemdir við auglýsingu um tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna, án þess þó að þessum aðilum sé veitt fullkomin aðilastaða eða heimild til stjórnsýslukæru samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laganna.

Í VI. kafla hér að framan eru rakin tengsl stefnanda við þá starfsemi, sem var andlag þess starfsleyfis, sem stefnandi kærði til umhverfisráðherra. Í samræmi við þau sjónarmið sem þar koma fram telur dómari stefnanda ekki hafa sýnt fram á að umrætt starfsleyfi hafi haft beina eða verulega þýðingu fyrir atvinnuhagsmuni hans eða aðra lögverndaða hagsmuni. Eru tengsl stefnanda við umrædda útgáfu starfsleyfis því eingöngu leidd af heimilisfesti og búsetu hans í því sveitarfélagi, þar sem starfsemin er ráðgerð. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi ríkari hagsmuna að gæta vegna starfsleyfisins en almennt gerist um íbúa þess landssvæðis sem hér um ræðir. Samkvæmt þessu verður að telja að stefnandi hafi ekki haft stöðu aðila

við meðferð og útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi til Reyðaráls ehf. (nú stefnda Alcoa á Íslandi ehf.) 14. mars 2003. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 var stefnanda því ekki heimilt að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til ráðherra. Dómari telur rétt að taka fram að með þessari niðurstöðu er ekki tekin afstaða til réttar stefnanda samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 til að bera undir dómstóla málsmeðferð og ákvarðanir Umhverfisstofnunar sem beindust sérstaklega að honum, en um slíkar kröfur er ekki að ræða í málinu, enda er Umhverfisstofnun ekki aðili að málinu líkt og áður greinir í IX. kafla dómsins.

Í málinu liggur fyrir að stefnanda var ranglega leiðbeint um heimild til kæru af Umhverfisstofnun í bréfi 14. mars 2003 og um það efni vísað til 33. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þessi afstaða stofnunarinnar getur, ein og sér, ekki haggað réttri skýringu á 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Í málinu liggur einnig fyrir að umhverfisráðuneytið braut gegn ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laganna við meðferð stjórnsýslukæru stefnanda, meðal annars með því að draga úr hófi að taka skýra afstöðu til kærunnar. Þessir annmarkar á málsmeðferð, hversu andstæðir góðum stjórnsýsluháttum sem þeir kunna að vera, geta þó ekki heldur leitt til þess að stefnandi teljist hafa heimild til kæru andstætt ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998. Aðrir ætlaðir annmarkar á málsmeðferð stefnda umhverfisráðherra, svo sem brot á upplýsingarétti eða andmælarétti stefnanda undir meðferð málsins, eru sömuleiðis ekki þess eðlis að þeir geti valdið ómerkingu þeirrar stjórnvaldsákvörðunar sem hér um ræðir, jafnvel þótt fallist væri á málsástæður stefnanda þar að lútandi.

Samkvæmt framangreindu verður sýknað af kröfu stefnanda um ómerkingu á umræddri ákvörðun umhverfisráðherra 14. júlí 2003.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Fólksflutningar og afnotagjald eða aðgangseyrir sem innheimtur er fyrir notkun samgöngumannvirkis. Flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, telst til fólksflutninga samkvæmt þessum tölulið.

2. gr.

5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, hvort sem þau eru seld prentuð eða á rafrænu formi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum vegna innheimtu virðisaukaskatts af samgöngumannvirkjum annars vegar og útgáfu blaða og tímarita hins vegar.

Í 1. gr. er gerð tillaga um að sala aðgangs og afnota af samgöngumannvirkjum, t.d. göngum, verði undanþegin virðisaukaskatti. Ósanngjarnt er að ríkið innheimti virðisaukaskatt fyrir gjöld sem reidd eru af hendi fyrir notkun samgöngumannvirkis. Hið opinbera innheimtir veruleg gjöld með ýmsum álagningum á farartæki og eldsneyti. Engin rök mæla með því að sanngjarnt sé að leggja aukaálögur í formi virðisaukaskatts á ferðir slíkra ökutækja þegar þau fara um samgöngumannvirki eða með ferjum.

Eina samgöngumannvirki landsmanna í dag þar sem innheimt eru afnotagjöld (veggjöld) er göngin undir Hvalfjörð. Þau voru tekin í notkun 11. júlí 1998. Hið opinbera endurgreiddi á sínum tíma virðisaukaskatt vegna kostnaðar við gerð ganganna, en hefur frá því þau voru opnuð innheimt 14% virðisaukaskatt af veggjöldum. Taflan sem hér fer á eftir sýnir veggjöld og virðisaukaskatt á þau:

Tímabil	**Veggjöld í millj. kr.**	**Virðisaukaskattur í millj. kr.**
Júlí 1998 til september 1998	202,7	28,4
Október 1998 til september 1999	811,3	113,6
Október 1999 til september 2000	774,1	108,3
Október 2000 til september 2001	844,4	118,2
Október 2001 til september 2002	879,8	123,2
Október 2002 til september 2003	904,8	126,7
Október 2003 til júní 2004	574,2	80,4
Samtals	**4991,3**	**698,8**

Hvalfjarðargöngin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem samgöngubót sem komið hefur landsmönnum öllum til góða. Þau hafa stytt vegalengdir, aukið umferðaröryggi og styrkt byggðarlög. Enginn vafi leikur á því að hið opinbera hefur sparað verulegar fjárhæðir sem annars hefðu einkum runnið til viðhalds og reksturs vegar fyrir Hvalfjörð. Miklir fjármunir hafa einnig sparast vegna þess að slysatíðni á veginum fyrir Hvalfjörð er nú nánast engin. Fyrir tíma Hvalfjarðarganga voru alvarleg umferðarslys sem leiddu til örkumla og dauða árlegur viðburður á þeim vegi. Hvalfjarðargöngin hafa einnig orðið mikilvæg forsenda fyrir því að styrkja Vesturland sem atvinnusvæði. Síðast má geta þess að þau hafa auðveldað íbúum höfuðborgarsvæðisins að nýta sér dýrmæta möguleika til útivistar og ferðalaga um Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Allir þessir jákvæðu þættir gera það að verkum að innheimta virðisaukaskatts af veggjöldum er ósanngjörn og ætti því að leggja hana af. Þetta gæti orðið verulegt skref í þá átt að lækka gjöld í Hvalfjarðargöngin.

Í 2. gr. þessa frumvarps er gerð tillaga um að 5. tölul. 14. gr. laganna verði breytt þannig að sala þeirra blaða og tímarita sem þar er kveðið á um að falli undir 14% virðisaukaskatt verði sú sama hvort sem þau eru gefin út á prenti eða á rafrænu formi.

Nú er 14% virðisaukaskattur lagður á slíka útgáfu ef hún er á pappír en 24% virðisaukaskattur ef hún er á netinu. Þetta ósamræmi styðst ekki við nein rök og rýrir möguleika útgáfufélaga til að selja efni sitt á rafrænu formi með hjálp tölvutækni. Með bættri tækni og aukinni flutningsgetu um internetið verður stöðugt algengara að blöð og tímarit séu boðin til sölu á rafrænu formi. Slíkur dreifingarmáti auðveldar til að mynda neytendum sem búa fjarri

útgáfustöðum, annaðhvort hér á landi eða erlendis, að njóta útgefins efnis um leið og það kemur út.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 sem tekur m.a. mið af uppgjörstímabili virðisaukaskatts.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um skipulagða leit að krabbameini í ristli.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Halldór Blöndal,
Rannveig Guðmundsdóttir, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010, sem samþykkt var af Alþingi og gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 2001, er fjallað um krabbameinsvarnir. Þar segir m.a. að aðalmarkmiðið sé að dánartíðni vegna krabbameina hjá fólki yngra en 75 ára lækki um 10%.

Þá er fjallað almennt um krabbamein en um þriðjungur þjóðarinnar fær krabbamein á lífsleiðinni og nálægt fjórðungur landsmanna deyr af völdum þess. Tíðni krabbameina fer vaxandi upp að ákveðnum aldri. Rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli lífshátta og krabbameina. Einnig eru ýmis efni í umhverfinu krabbameinsvaldandi. Að öllu óbreyttu er búist við áframhaldandi hækkun á tíðni (nýgengi) og dánartíðni krabbameina umfram eðlilegar aldurshækkanir. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð ýmissa tegunda krabbameina þannig að margir fá nú bót meina sinna og öðrum er gert mögulegt að lifa lengur með sjúkdóm sinn en áður þekktist. Þá er að lokum getið þeirra leiða sem beita skal til að ná fyrrgreindum markmiðum:

1. Fræðsla um áhættuþætti krabbameina.
2. Aðgerðir sem hvetja til heilbrigðra lífshátta.
3. Gerð klínískra leiðbeininga er lúta að greiningu og meðferð krabbameina.
4. Skipulögð krabbameinsleit og eftirlit með áhættuþáttum.
5. Efling rannsókna á tengslum krabbameina og lífshátta, umhverfishátta og þjóðfélagsstöðu.

Hér á landi hefur skipulögð leit að leghálskrabbameini verið framkvæmd um 40 ára skeið og leit að brjóstakrabbameini hófst 1986.

Krabbamein í ristli og endaþarmi er annað algengasta krabbameinið meðal Íslendinga og önnur algengasta dánarorsökin af völdum krabbameina en fram til þessa hefur fræðsla og forvarnir gegn því ekki verið forgangsverkefni. Á vegum landlæknisembættisins var þó lögð mikil vinna til gerðar klínískra leiðbeininga um ristilkrabbamein með yfirskriftinni: *Skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi*. Leiðbeiningarnar voru birtar sem drög 11. janúar 2002 og var leitað eftir faglegum ábendingum/breytingartillögum, studdum heimildum. Leið

beiningarnar voru síðan uppfærðar 1. janúar 2003 á vefsíðu landlæknisembættisins (www.landlaeknir.is) með svohljóðandi inngangi:

Framhald greinargerðar er samhljóða greinargerð í tillögu sama efnis á þskj. 838 á 131. löggjafarþingi (553. mál). Sjá A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 4026–4036.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2006.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (724. mál) en var ekki rætt. Greinargerðin sem fylgdi málinu þá var svohljóðandi:

„Brottfall nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi er vandamál. Samkvæmt íslenskum rannsóknum má ætla að hlutfall þeirra sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eða neinu formlegu námi sé rúmlega 40%. (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu ´75 árgangsins til náms. Háskólaútgáfan.)

Brottfall er ferli sem nemandi gengur í gegnum og því er það ekki mælanlegt á einum tímapunkti. Mikilvægt er að geta gripið inn í þetta ferli með markvissum hætti til að koma nemandanum til aðstoðar. Margir þættir hafa áhrif á brottfall og ekki er hægt að einblína á einn frekar en annan. Má þar nefna fyrri námsárangur nemandans, viðhorf til náms, óheppilegt námsval, áhrif foreldra og félagslegan stuðning.

Brottfall er persónulegur vandi en einnig vandi fyrir þjóðfélagið í heild. Á Bretlandi hefur National Audit Office reiknað út að hver einstaklingur á aldrinum 16–19 ára sem ekki er í námi, vinnu eða hefur lokið einhvers konar starfsþjálfun kosti breska þjóðfélagið 98.000 pund eða sem samsvarar tæplega 12,5 millj. ísl. kr. Árið 2002 voru þetta 181.000 einstaklingar á Bretlandi eða 10% ungmenna á aldrinum 16–19 ára. (Department for Education and

skills. Connexions Service. Advice and Guidance for all young people. National Audit Office, mars 2004.)

Náms- og starfsráðgjöf – úrræði gegn brottfalli.

Skipulögð aðstoð innan skólakerfisins sem kemur nemendum til hjálpar er m.a. í höndum kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda. Náms- og starfsráðgjöf er nýleg grein. Frá því að kennsla hófst í námsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 1991 hafa rúmlega 160 námsráðgjafar útskrifast auk þess sem um tíu hafa numið við erlenda háskóla. Ekki eru fyrirliggjandi nákvæmar tölur um fjölda námsráðgjafa í menntakerfinu en ætla má að um 80 starfi á grunnskólastigi, 40 í framhaldsskólum og rúmlega 20 á háskólastigi og á vinnumiðlunum um landið. Í áliti nefndar sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins og fjallaði um eflingu náms- og starfsráðgjafar frá 1998 segir:

„Náms- og starfsráðgjöf hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika, þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Sjálfsþekking gerir fólk hæfara til að takast á við álag og kröfur samfélagsins og auðveldar því að meta hvaða vettvangur hentar best. Aðstoð og ráðgjöf við námsval og aðstoð og ráðgjöf meðan á námi stendur eru tveir meginþættir í starfi náms- og starfsráðgjafa. Fagleg greining á persónulegum vanda nemenda og samráð við sérfræðinga sem vísað er til hjálpar þeim að takast á við líf og störf og búa þeim um leið viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima.“ (Menntamálaráðuneytið (1998). Efling náms- og starfsráðgjafar, bls. 7.)

Þá kemur eftirfarandi fram í áliti nefndar frá 1991 er fjallaði um markmið og leiðir varðandi námsráðgjöf og starfsfræðslu:

„Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum miðar að því að styrkja persónuþroska nemenda og efla trú á eigin færni til að gera hann betur færan að yfirvinna vanda og ná settum markmiðum í námi og starfi. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafar eru: náms- og starfsráðgjöf, persónuleg ráðgjöf, náms- og starfsfræðsla, kannanir, mat, þróunarstarf og fyrirbyggjandi starf.“ (Menntamálaráðuneytið (1991). Námsráðgjöf og starfsfræðsla. Markmið og leiðir, bls. 23–24.)

Opinber stefnumótun.

Í áliti nefndarinnar frá 1998 koma fram ýmsar tillögur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, t.d. að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldunámsgrein í 8.–10. bekk grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði skylduáfanga og valáfanga í náms- og starfsfræðslu. Enn fremur eru nefndar leiðir til að takast á við brottfall í framhaldsskólum, m.a. að kanna skipulega viðhorf nemenda í 10. bekk grunnskóla til náms og starfa, taka upp markvissa kennslu í námstækni og vinnubrögðum og efla stuðning við nemendur í sértækum vanda. Sumar þessara tillagna hafa komið til framkvæmda en þó í mismiklum mæli og mjög mikilvægt er að stjórnvöld hugi að heildarstefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Óskýr lagarammi.

Hvarvetna í menntakerfinu má greina þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf. Í skólastefnu Kennarasambands Íslands 2002–2005 er m.a. fjallað um hlutverk náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Lagalegur rammi um störf náms- og starfsráðgjafa, m.a. í grunnskólum, er óskýr. Í 42. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, þar sem fjallað er um sérfræðiþjónustu, er kveðið á um að námsráðgjöf sé hluti af sérfræðiþjónustu skólans, en ekki er tiltekið neitt nánar um útfærslu né innihald. Önnur mikilvæg tillaga úr áliti nefndarinnar frá 1998 er fjölgun stöðugilda í náms- og starfsráðgjöf í skólum. Þar er lagt til að eitt stöðugildi í námsráðgjöf

verði á hverja 300 nemendur í grunn- og framhaldsskólum, þó þannig að aldrei verði ráðið í starf náms- og starfsráðgjafa undir hálfu stöðugildi. Þessu hefur ekki verið hrundið í framkvæmd og nauðsynlegt er að horfa betur til laga- eða reglugerðarsetningar um málefni náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum og framhaldsskólum.

Efling náms- og starfsfræðslu.

Náms- og starfsfræðsla var skilgreind sem einn af níu lykilþáttum í skólastarfi grunnskóla í aðalnámskrá árið 1989. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 voru markmið náms- og starfsfræðslu sett undir nýja námsgrein sem nefnist lífsleikni. Ekki er ljóst hvert vægi þessa námsþáttar sem skyldunámsgreinar hefur orðið við breytinguna. Margt kallar á aukna fræðslu um nám og störf í nútímasamfélagi og breyttar þjóðfélagsaðstæður kalla á sí- og endurmenntun. Það þarf að búa ungt fólk undir vinnumarkað þar sem skipt er um starf og nám oft á lífsleiðinni. Breytingar á vinnumarkaði, tækniþróun, aukin samkeppni og alþjóðavæðing hafa leitt til víðtækra breytinga og haft áhrif á líf og störf fólks.

Aukið valfrelsi í grunnskóla, breytt inntökuskilyrði og fjölgun námsleiða á framhalds- og háskólastigi, auk mismunandi fornámskrafna eftir námsleiðum, krefst vandlegrar ígrundunar náms- og starfsvals. Fyrir dyrum standa veigamiklar breytingar á framhaldsskólanum með styttingu námsins í þrjú ár. Því er enn meiri nauðsyn að huga að námsvali strax í grunnskóla og fylgja því eftir þegar í framhaldsskólann er komið með öflugri náms- og starfsfræðslu og einstaklingsbundinni ráðgjöf. Þessar leiðir gætu sparað fjármuni og hlíft einstaklingnum við að lenda á reki í kerfinu og bíða jafnvel skipbrot.

Mikilvægar vísbendingar.

Í doktorsritgerð Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2003), lektors í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands, um umfang og árangur af náms- og starfsfræðslu kom eftirfarandi fram:

- Árið 1995 fengu 46% nemenda í grunnskóla enga náms- og starfsfræðslu. Það má ætla að ástandið hafi lítið breyst og því sendir grunnskólinn frá sér 1.700–2.000 nemendur á hverju ári sem ekki fá aðstoð við val á námi í framhaldsskóla.
- Helmingi meiri líkur eru á því að nemandi í 10. bekk sem hefur notið náms- og starfsfræðslu hafi valið sér námsbraut í lok 10. bekkjar.
- 20% af þeim sem fá fræðslu eru óákveðnir (í maí) um val á námsbraut í framhaldsskóla. Þetta segir okkur að náms- og starfsfræðslan gæti verið markvissari.
- Þeir sem fá náms- og starfsfræðslu taka framförum í markvissum ákvarðanastíl umfram hina sem ekki fá slíka fræðslu.
- Þeir sem fylgdu uppgötvunaraðferð með námsefninu „Margt er um að velja“ í náms- og starfsfræðslu taka framförum í skipulagðri hugsun um störf umfram samanburðarhóp.
- Ljóst er að þeir nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu stóðu sig mun betur í mikilvægum leikniþáttum sem varða markvisst náms- og starfsval, svo sem skipulagðri starfshugsun og markvissum ákvarðanastíl ásamt því að vera ákveðnari um framhaldsnám.

Rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur á starfshugsun og kynferði sýnir að kynin hugsa ólíkt um veruleika starfanna, t.d. hafa drengir áhuga á tekjum og þeir nota víðari tekjuskala í hugsun sinni um störf en stúlkurnar.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir vinnur nú að rannsókn á því hvort náms- og starfsfræðsla hafi fyrirbyggjandi áhrif, þannig að nemendur sem hafa notið náms- og starfsfræðslu falli síður brott úr námi. Einnig verður kannað hvort nemendur sem hafa ákveðið við lok 10. bekkjar hvað þeir ætli að læra í framhaldsskóla flosni síður upp úr námi.

Danmörk.

Ný heildarlög um náms- og starfsráðgjöf tóku gildi 1. ágúst 2004 í Danmörku (lov nr. 298 af 30/04/2003) en í þeim felast miklar umbætur á náms- og starfsráðgjöf. Samkvæmt þeim verður hjá sveitarfélögum komið á fót námsráðgjafarmiðstöðvum ungmenna, Ungdommens Uddannelsesvejledning, 46 að tölu, en ráðgjöf á háskólastigi verður á ábyrgð sjö miðstöðva náms- og starfsráðgjafar, Studievalg, sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Helstu nýjungar eru: Börn og ungt fólk upp að 25 ára aldri eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf frá hinum 46 náms- og starfsráðgjafarmiðstöðvum sem sveitarfélögin reka. Ungt fólk og fullorðið á sama rétt á ráðgjöf um framhaldsnám og störf hjá svæðamiðstöðvunum sjö. Námsráðgjafarmiðstöðvarnar eru skyldugar að fylgja eftir fólki yngra en 19 ára sem er ekki í formlegu námi eða á vinnumarkaði. Leitað er leiða til koma viðkomandi til aðstoðar og gera áætlun um að viðkomandi hefji nám, þjálfun eða starf.

Markmiðið með lagasetningunni var að samræma ráðgjafarstarf og koma á heildstæðu kerfi. Fram að þessu hafði náms- og starfsráðgjöf verið með ýmsu móti eftir námssviðum og greinum, auk þess sem einkaaðilar veittu slíka ráðgjöf. Endurbætt námsráðgjöf á að gefa börnum og ungmennum betri grundvöll fyrir raunsætt val á menntun, skóla og framtíðarstarfi og koma í veg fyrir brottfall.

Svíþjóð.

Í aðalnámsskrá grunnskóla frá 1994 í Svíþjóð segir að skólinn eigi að leitast við að tryggja öllum nemendum nægilega þekkingu og reynslu til að:

- vera færir um að skoða mismunandi leiðir og taka ákvarðanir varðandi framtíð sína,
- fá innsýn í nánasta umhverfi, starfs- og menningarlíf,
- vera upplýstir um tækifæri til náms, framhaldsnáms í Svíþjóð og erlendis.

Náms- og starfsráðgjöf ásamt upplýsingagjöf og hópráðgjöf er veitt í grunn- og framhaldsskólum ásamt fullorðinsfræðslu.

Finnland.

Með breytingum á menntalöggjöf 1998 er tryggt að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Nemendur í grunn- og framhaldsskólum eiga allir jafnan rétt á leiðbeiningum og námsráðgjöf. Hver nemandi á rétt á minnst tveimur klukkustundum á viku á skólaárinu (skólaárið er 38 vikur). Náms- og starfsráðgjöfin er venjulega á síðustu þremur árum í skyldunámi í Finnlandi. Farið er yfir námstækni, sjálfsþekkingu, náms- og starfsþjálfunartækifæri, störf og starfsumhverfi og vinnumarkaðinn. Allir nemendur geta einnig fengið persónulega ráðgjöf og/eða hópráðgjöf þegar þess er þörf. Nemendum er kennt að nota mismunandi tæki til upplýsingaleitar og hvar hægt er að leita í náms- og starfsráðgjöf.

Niðurstaða.

Í allri umræðu hér á landi um mikið brottfall er ástæða til að gefa gaum að aðferðum í náms- og starfsráðgjöf sem beinast að því að vísa veginn um flókið upplýsingaumhverfi öllum þeim sem eru núverandi eða væntanlegir þátttakendur í skólakerfi og/eða atvinnulífi. Ljóst er að brottfall nemenda og skortur á úrræðum fyrir þann hóp sem hættir námi kostar einstaklingana mikið, persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hefur í för með sér kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Mikil áhersla er nú lögð á náms- og starfsráðgjöf víða í Evrópu með tilliti til sí- og endurmenntunar. Skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru ein af forsendum þess að fólk geti eflt færni sína til að stunda nám og starf farsæl

lega. Ljóst er að náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þarf að efla á Íslandi.“

Eftir að máli þessu var dreift á síðasta löggjafarþingi fengu flutningsmenn ábendingu um að fleiri sérfræðingar starfi innan grunn- og framhaldsskóla sem sinni náms- og starfsráðgjöf, svo sem sálfræðingar og skólafélagsráðgjafar á grundvelli sérfræðileyfis frá menntamálaráðuneytinu. Af því tilefni vilja flutningmenn undirstrika að markmið máls þessa er að kannað verði gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf sem úrræði gegn brottfalli unglinga og að ekki sé ástæða til að einskorða þá könnun við eina starfsstétt náms- og starfsráðgjafa heldur verði könnuð gildi hvers konar ráðgjafar sem ætla má að sé til þess fallin að draga úr brottfalli nemenda.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um nýskipan í starfs- og fjöltækninámi.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Mörður Árnason, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Margrét Frímansdóttir, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í starfshóp fulltrúa þingflokkanna, atvinnulífsins og skólasamfélagsins sem vinni tillögur um átak til að efla starfsnám í framhaldsskólum, um stofnun nýrra, styttri starfsnámsbrauta og um stofnun fjöltækninámsbrauta innan tiltekinna fjölbrautaskóla.

Greinargerð.

Markmið tillögunnar eru m.a. að efla starfsnám verulega, fjölga valkostum iðnmenntaðra og þeirra með styttri formlega skólagöngu til að bæta við menntun sína og draga úr brottfalli í framhaldsskólum. Enn fremur að stofna styttri námsbrautir sem eru þeirrar gerðar að nemendur geta alltaf bætt nýju námi ofan á, eyða úreltri aðgreiningu milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum með tilliti til verknáms, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð verkmenntaðs fólks á vinnumarkaði. Með starfsnámi er átt við nám sem fellur undir iðn-, verk- og listnám hvers konar í framhaldsskólum.

Sérstaklega verði endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna og hefur m.a. að gert það að verkum að fjölda umsækjenda sem hyggst snúa aftur til náms er vísað frá skólunum vegna fjárskorts þeirra af hálfu ríkisvaldsins.

Fjöltækninám.

Samfylkingin telur áríðandi að efla verkmenntun og koma á fót fjöltækninámi á sérstökum námsbrautum, m.a. til að auka framboð á fjölbreyttu verk- og tækninámi að loknum framhaldsskóla. Fjöltækninám er skólastig sem tekur við af framhaldsskóla og gegnir m.a. hlutverki frumgreinadeilda fyrir þá sem hafa lokið verknámi en ekki stúdentsprófi. Lögð er áhersla á hagnýtt nám í verk- og tæknigreinum.

Með slíku námi gefst tækifæri til sóknar í verk- og tæknimenntun þar sem iðnmenntuðu fólki og öðrum sem hafa styttri formlega skólagöngu að baki opnast greið leið til að bæta við menntun sína.

Lítil þróun hefur verið í almennu verk- og tæknínámi að loknum framhaldsskóla. Að þessu leyti hefur fjölbreytni í framboði á námi að loknum framhaldsskóla verið takmörkuð. Til að efla fjöltækni- og háskólastigin er mikilvægt að auka fjölbreytni varðandi námsleiðir þannig að sem flestir finni sér nám við hæfi. Sérstaklega ber að skoða með hvaða hætti megi byggja upp fjöltækniskóla sem bjóði upp á fjölbreytt verk- og starfsnám að loknum framhaldsskóla. Slíkt nám gæti hentað stórum hópi nemenda og gagnast fjölmörgum starfs- og atvinnugreinum, bæði hefðbundnum og nýjum t.d. þeim sem tengjast vaxtagreinum í verslun og þjónustu af ýmsu tagi.

Tryggja þarf fjölbreyttari aðgangsmöguleika að háskólastiginu þannig að viðurkenndar verið ólíkar leiðir að háskólanámi, svo framarlega sem eðlilegum kröfum um þekkingu og reynslu sé mætt. Hér er mikilvægt að viðurkennt verði að hægt sé að fara ólíkar leiðir að sama marki og að nemendahópur með ólíkan bakgrunn og ólíka reynslu geti auðgað skólastarfið og skilað meiri verðmætum. Setja þarf skilgreind markmið fyrir þessi skólastig um magn og gæði þar sem m.a. verði tekið á framboði á námi, fjölda nemenda og minna brottfalli úr námi.

Hátt brottfall.

Mikilvægt er að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi til að taka sérstaklega á brottfalli úr framhaldsskóla og því mikla vandamáli sem það er fyrir einstaklinga og samfélagið allt enda er brottfall verulega mikið á Íslandi samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Til þess að þau markmið náist verður m.a. að gera sérstakt átak í starfsnámi sem miðar að því að fjölgreind nemenda fái þroskast og gömlu skilin á milli bóknáms og verknáms máist út. Áríðandi er að nemendur eigi alltaf greiða leið aftur inn í skólana hafi þeir hætt námi tímabundið eða vilji bæta við fyrri menntun sína.

Samkvæmt opinberum tölum útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta mikla brottfall er einn stærsti vandi skólakerfis okkar og má rekja það að hluta til lítils framboðs á fjölbreyttu starfsnámi og styttri námsbrautum, skorts á námsráðgjöf í bæði grunn- og framhaldsskólum og lítillar kynningar á kostum verknámsins. Það er mikilvægt að stórauka námsráðgjöf í framhaldsskólum, en með því móti væri hægt að stemma verulega stigu við brottfallinu.

Samhliða starfsnámsátakinu þykir flutningsmönnum tillögunnar rétt að fram fari öflugt kynningarátak á kostum starfsnáms og þeim möguleikum sem það opnar til frekara náms og fjölbreyttra og skemmtilegra starfa. Einnig er lögð áhersla á það að mikilvægt framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn er að iðnmeistaranám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla verði lögð á að samræma það á milli greina.

Styttri námsbrautir.

Mikilvæg viðbót við framhaldsskólamenntun okkar væri fjölbreytt framboð styttri námsbrauta í ýmsum starfsgreinum í þjónustu og öðrum störfum sem heyra ekki undir neinar faggreinar og eru miðaðar við að leið fólks sé alltaf greið til að bæta við nýjum greinum. Fólk geti alltaf með greiðum og augljósum hætti bætt nýju námi við. Dyrnar í skólann þurfa alltaf að vera opnar og námið þannig sniðið að auðvelt sé að byggja ofan á það.

Framboð á slíkum styttri námsbrautum mundi valda miklum breytingum fyrir marga unga og óráðna einstaklinga sem hvorki vilja binda sig við lengra hefðbundið starfsnám né hafa áhuga eða aðstæður til þess að ljúka stúdentsprófi.

Minnkandi aðsókn – skortur á iðnaðarmönnum.

Starfsmenntunin á í vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að mörgum greinanna hefur minnkað og blasir við skortur á fagmönnum í einstökum greinum, t.d. járn- og málmiðnaði. Verknámið er að mörgu leyti hætt að kenna á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Skortur á iðnaðarmönnum kemur til með að standa íslenskum iðnaði fyrir þrifum á næstu árum. Sem dæmi um mikilvægi fólks með starfsmenntun má nefna að iðnaðurinn skapar miklar tekjur og þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í ýmsum greinum iðnaðar, t.d. stóriðju, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, trjávöruiðnaði, pappírsiðnaði, málmiðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniiðnaði o.s.frv., eins og fram kemur í tölum Þjóðhagsstofnunar.

Vandi í reiknilíkaninu.

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar starfsnámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti. Við þessu hefur ekki verið brugðist og hefur það haft þær afleiðingar að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, starfsnám hefur lagst af í mörgum skólum og lítil þróun hefur átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta.

Ein mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki.

Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt reiknilíkanið harkalega og segja það ónothæft mælitæki á fjárþörf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla, eins og fram kom í yfirlýsingu frá samtökunum í nóvember 2002. Reiknilíkanið er óviðunandi vegna þess að það tekur ekki nægjanlegt tillit til þess að starfsmenntun er kostnaðarsamari en bóknámið. Því leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á það að samhliða átakinu fari fram gagnger endurskoðun á reiknilíkaninu.

Samsetning náms í grunnskólum.

Áríðandi er að grípa til markvissra aðgerða til að rétta hlut starfsnámsins samhliða því að tryggja því nauðsynlegt fjármagn. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hnignun starfsnámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróun við. Samhliða átaki í kennslu og kynningu starfsnáms og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólunum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði.

Brottfallið stórt vandamál.

Brottfall úr framhaldsskólum og réttindaleysi á vinnumarkaði hefur slæm áhrif á fólk og sálfræðilegar afleiðingar menntakerfis sem elur það af sér eru slæmar. Kerfið býr til áföll snemma á lífsleiðinni fyrir tæpan þriðjung hvers árgangs. Þetta er óviðunandi enda leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á að komist verði fyrir brottfallið, m.a. með því að efla stórum starfsnámið við fjölbrautaskóla landsins.

Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs frá 2003 kemur fram að „af nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstaklingar, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemend-

ur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingar, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári eru 2.259 en 1.441 brautskráðir nemendur. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%." Þessar tölur tala sínu máli um það hve alvarlegt vandamál brottfall úr framhaldsskólum er og hve brýnt er að vinna gegn því.

Festast á jaðrinum.

Þeir sem ekki eiga kost á að mennta sig og auka færni sína eru líklegri en aðrir til að festast á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og lifa við fátækt. Menntakerfi framtíðarinnar verður því að bjóða upp á sífellda menntun, opinn skóla, þar sem fólk á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að verða gjaldgengt á vinnumarkaði. Þetta er afar brýnt, ekki síst þegar haft er í huga að hér á landi ljúka 40% hvers árgangs ekki framhaldsnámi samkvæmt rannsóknum við Háskóla Íslands. Færri Íslendingar stunda því nám á framhaldsskólastigi en annars staðar á Norðurlöndunum. Einungis 56% Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er 78% annars staðar á Norðurlöndum. Með öflugri sókn í starfsmenntun og fjölgun styttri námsbrauta, sem auðvelt er að bæta við síðar, mun þetta breytast hratt og örugglega til hins betra.

Virðing fyrir starfsnáminu.

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það sé ekki andstæða langskólanáms og vinna þarf gegn því hvernig skilið er á milli iðn- og starfsnáms annars vegar og bóknáms hins vegar. Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga sem opnar nýjar leiðir og skapar fjölmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms, hvort heldur er tækni- eða háskólanáms.

Það er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytilega samsetningu náms og fjöldi starfa felur í sér blöndu af verklegri og bóklegri kunnáttu. Á meðan starfsnámið er fjársvelt, lítið kynnt og lítið kennt í grunnskólum mun því halda áfram að hnigna, samfélaginu öllu til mikils skaða.

Þarfir atvinnulífs skilgreindar.

Til að byggja upp öflugt iðn-, verk- og listnám í framhaldsskólunum þarf að skilgreina vel þarfir atvinnulífsins, sem og einstaklinganna, og móta námskrána með þær að leiðarljósi. Fyrirtæki landsins verða hverju sinni að geta komið hæfniskröfum sínum inn í námskrána, verkmenntaskólarnir þurfa að hafa aðstöðu, tæki og hæfni til að geta kennt samkvæmt námskrám og námsefni þarf að vera aðgengilegt, en útgáfa á námsefni er fjarri því að vera í lagi vegna lítilla fjárframlaga til námsgagnagerðar. Árið 2002 var sú upphæð 18,2 millj. kr. samtals fyrir alla framhaldsskólana í landinu og fær Iðnú ekki nema brot af því. Því leggja flutningsmenn tillögunnar á það ríka áherslu að endurskoðun námsefnis eigi sér stað samhliða átaki til eflingar náminu.

Iðnmeistaranám endurskoðað.

Um leið og starfsmenntun framhaldsskólanna er endurskoðuð og efld er mikilvægt að líta til iðnmeistaranámsins. Það er nauðsynleg viðbót við grunnmenntun í iðngreinum og aðgengi að því þarf að vera gott. Svo er ekki í öllum greinum nú og talsvert misræmi á milli meistara-

náms í einstökum iðngreinum. Námstími er mjög mislangur og áríðandi að samræma hann eins og hægt er. Í núverandi ástandi felst sú hætta að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. Fyrst og fremst er þetta réttlætismál þar sem það er ósanngjarnt að námið sé miklu lengra, og þar með miklu dýrara, hér en annars staðar. Einnig þarf að horfa til samræmis á milli landa. Það er mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaranám verði endurskoðað svo að það verði sambærilegt við það sem best gerist erlendis.

16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Flm.: Hlynur Hallsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi með það að markmiði að einstæðir foreldrar geti fylgt jafnöldrum sínum í námi á framhaldsskólastigi og stundað nám á efri skólastigum til jafns við aðra.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi af Bjarkeyju Gunnarsdóttur sem sat á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í Norðausturkjördæmi. Tillagan var ekki útrædd en efni hennar er enn í fullu gildi og er hún því endurflutt óbreytt.

Þann 1. desember 2003 voru á Íslandi 11.006 einstæðar mæður og 895 einstæðir feður með börn á framfæri, eða 11.901 alls, og hafði þá fjölgað um tæp 400 frá árinu 2002. Í þessum stóra hópi voru 143 einstæðar mæður og einn einstæður faðir 19 ára eða yngri. Samsvarandi tölur fyrir aldurshópinn 20–29 ára 1. desember 2003 eru 3.208 einstæðar mæður með börn og 80 einstæðir feður með börn.

Hér er um gríðarstóran þjóðfélagshóp að ræða sem getur átt harla erfitt um vik þegar kemur að því að sækja sér menntun og stunda sitt nám. Eini stuðningurinn sem stendur þessum hópi til boða eru námsstyrkir úr sjóði sem komið var á fót af Rauða Krossi Íslands í samvinnu við Félag einstæðra foreldra um miðjan síðasta áratug. Úr þessum sjóði er úthlutað fimm til sjö styrkjum tvisvar á ári og eru þeir að upphæð 50–100 þús. kr. hver. Þrátt fyrir að þessir styrkir hafi án vafa komið mörgum yfir ákveðinn hjalla má ljóst vera að svo lítill námssjóður getur engan veginn gegnt því hlutverki að jafna aðstöðu barnafólks og barnlausra í framhaldsskólum eins og hér er lagt til. Undanfarin þrjú ár hafa umsóknir í sjóðinn verið á bilinu 40–60 á hverri önn þrátt fyrir að einungis félagsmenn eigi kost á úthlutunum. Þrátt fyrir allt gefur það vissa hugmynd um þörfina fyrir stuðning við þennan þjóðfélagshóp að umsóknir skuli vera 8–10 sinnum fleiri en veittir styrkir. Þess ber að gæta að rétt til að sækja um stuðning úr þessum sjóði hafa allir félagsmenn sem eru í námi, hvort heldur er á framhalds- eða háskólastigi, í verknámi, starfsnámi eða á styttri námskeiðum. Við þetta bætist að sjóðurinn er nú um það bil að tæmast og framtíð hans óvissu háð.

Ef litið er nánar á fjölda einstæðra foreldra í námi og notast við fyrrnefnda skiptingu í aldurshópa sést að aðgerða er þörf. Einstæðar mæður skila sér illa í framhaldsskólanám, aðeins 32,9% þeirra sem eru 19 ára eða yngri stunda nám á framhaldsskólastigi. Aftur á móti

er tiltölulega stór hópur á aldrinum 20–29 ára enn í framhaldsskóla, eða tæp 16%. Þá eru rúm 4% einstæðra mæðra 30 ára og eldri við nám á framhaldsskólastigi. Ekki verður dregin önnur ályktun af þessari tölfræði en sú að einstæðar mæður dragist verulega aftur úr jafnöldrum sínum í námi. Hlutfall einstæðra foreldra, feðra og mæðra, á aldrinum 20–29 ára sem stunda nám á háskóla- eða sérskólastigi er álíka og í framhaldsskólunum, eða 15,1%.

Fjöldi einstæðra foreldra í nemendaskrá Hagstofu Íslands eftir skólastigi, kyni og aldri 15. október 2003.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

Skólastig	Aldur	Samtals	Feður	Mæður
1 Framhaldsskólastig	19 ára og yngri	**47**	0	47
1 Framhaldsskólastig	20–29 ára	**519**	8	511
1 Framhaldsskólastig	30 ára og eldri	**334**	14	320
2 Sérskóla- og háskólastig	19 ára og yngri	**1**	0	1
2 Sérskóla- og háskólastig	20–29 ára	**496**	7	489
2 Sérskóla- og háskólastig	30 ára og eldri	**653**	29	624
3 Í námi erlendis	20–29 ára	**25**	3	22
4 Í námi erlendis	30 ára og eldri	**26**	2	24
		2.101	**63**	**2.038**
	Samtals í þjóðskrá:	**11.901**	**895**	**11.006**

Kostnaðurinn við að afla sér menntunar getur hæglega orðið mörgum ofviða og þarf þá ekki einstæða foreldra til. Hins vegar gefur auga leið að fjárhagsstaða þeirra er yfirleitt erfiðari en vísitölunámsmannsins ef svo mætti að orði komast. Lánasjóður íslenskra námsmanna hleypur undir bagga með skólafólki upp að vissu marki en það takmarkast við háskólanám og það sérskólanám sem telst lánshæft samkvæmt reglum lánasjóðsins. Út af stendur allt almennt nám á framhaldsskólastigi og kemur það afar illa við einstæða foreldra sem hafa orðið að gera hlé á skólagöngu sinni vegna fjölskylduaðstæðna. Eðlilegt væri að sá starfshópur, sem hér er gerð tillaga um, færi vandlega yfir það hvort ekki þurfi að breyta lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á þann veg að námslán verði einnig veitt til foreldra sem eru að hefja nám á framhaldsskólastigi á nýjan leik.

Að fleiru er að hyggja en fjárhagslegum hliðum þessa máls. Félagslegar aðstæður verða að vera þannig að einstæðir foreldrar geti yfir höfuð sinnt sínu námi. Þar verður einkum að staldra við húsnæðismál, dagvistun og leikskólamál. Verðlag á almennum leigumarkaði hér á landi er með þeim hætti að slíkt húsnæði er engan veginn á færi venjulegra einstæðra foreldra ætli þeir sér að taka nám fram yfir vinnu. Víst er að margir eiga ekki annarra kosta völ en að búa í foreldrahúsum til að láta enda ná saman þótt sú leið sé ekki endilega ávísun á betri aðstæður til að sinna t.d. heimanámi.

Einstæðum foreldrum er víða léttur róðurinn með lægri leikskólagjöldum en almennt tíðkast og er það vel þótt gjaldfrjálsir leikskólar séu markmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til framtíðar litið. Hins vegar þarf ekki síður að huga að leiðum til að auðvelda einstæðum foreldrum í námi að fá inni á leikskólum og í dagvistun fyrir börn sín.

Hér hefur aðeins verið stiklað á helstu þáttum sem þurfa að koma til skoðunar ef jafna á aðstöðu einstæðra foreldra og annarra landsmanna til að afla sér menntunar. Við viljum öll

státa af jafnrétti til náms í okkar þjóðfélagi og það felur m.a. í sér greiðan aðgang að námi á framhalds- og háskólastigi án tillits til efnahags, búsetu eða fjölskylduaðstæðna.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara laga er öllum þeim íslenskum ríkisborgurum sem hafa tilskilin réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar, ef þess er krafist vegna stærðar vélar viðkomandi báts, að stunda fiskveiðar á eigin bát með tveimur sjálfvirkum handfærarúllum. Báturinn skal vera undir 30 brúttórúmlestum að stærð og uppfylla skilyrði um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Báturinn skal hafa viðurkennt haffæri. Á hverjum bát mega vera tveir menn í áhöfn og er hámarksfjöldi sjálfvirkra rúlla þá fjórar rúllur á tvo menn. Að fimm árum loknum skal skoðuð reynslan af þessum veiðum með tilliti til þess hvort setja eigi viðbótartakmarkanir sem taki eingöngu til veiðisvæða bátanna og fjölda veiðidaga.

Veiðar þessara báta eru ekki reiknaðar til aflamarks og hafa ekki áhrif á heildarúthlutun aflamarks til annarra fiskiskipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Össur Skarphéðinsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Halldór Blöndal, Birgir Ármannsson.

1. gr.

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreindrar staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.

2. gr.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Við 1. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi verið staðin skil á hluta fjárhæðar réttilega tilgreinds virðisaukaskatts samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu skulu ákvæði þessarar málsgreinar um lágmark fésektar einungis eiga við um þann hluta skattfjárhæðarinnar sem er í vanskilum.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 35 – 35. mál) en varð ekki útrætt. Engu að síður fékk málið umtalsverða umfjöllun innan Alþingis og var það afgreitt úr efnahags- og viðskiptanefnd með breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar (þskj. 1189) ásamt nefndaráliti (þskj. 1188), og síðan framhaldsnefndaráliti og breytingartillögum (þskj. 1409), en þar afturkallaði nefndin fyrri breytingartillögur sínar. Þrátt fyrir umrædda málsmeðferð náðist ekki að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi fyrir þinglok og er það því lagt fram að nýju með þeim breytingum sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði til við meðferð þess á 131. löggjafarþingi.

Eins og frumvarp það sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi var úr garði gert, þá var gert ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum sem lögfest var árið 1995 skyldi ekki eigi við þegar um svokölluð vanskil á vörslufé væri að ræða hefði brotamaður skilað réttilega skilagrein svo að ljóst mætti vera að ekki væri um að ræða tilraun til undanskots. Gerði frumvarpið annars vegar ráð fyrir að við 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda bættist nýr málsliður, svohljóðandi: „Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu á lögmæltum tíma skal fésektarlág-

mark þessa ákvæðis ekki eiga við.“ Hins vegar gerði frumvarpið ráð fyrir því að við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt bættist nýr málsliður, svohljóðandi: „Hafi brot einskorðast við að skila ekki réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma skal fésektarlágmark þessa ákvæðis ekki eiga við.“

Frumvarpið felur eftir sem áður í sér að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum, sem nú eru að lágmarki tvöföld vangoldin skattfjárhæð, eigi ekki við þegar um vanskil á vörslufé er að ræða en gjaldandi hefur skilað skilagrein á réttum tíma, þannig að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots, og vanskil hafi verið gerð upp áður en til ákvörðunar refsingar kemur. Lagt er til í frumvarpinu að í slíkum tilvikum ráði mat dómara þyngd refsingar, sem getur þá verið allt að tíföld, þó að ekkert lögbundið lágmark verði til staðar.

Vanskil á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika eru nokkuð ólík öðrum skattalagabrotum. Slík brot hafa sjaldnast þau einkenni sem algengt er að fylgi skattsvikum, svo sem vanhöld á færslu bókhalds. Ekki er heldur fyrir að fara þeirri leynd sem að jafnaði einkennir skattsvik og önnur skattalagabrot. Oft eiga brotlegir sér einnig málsbætur umfram þá sem fremja önnur skattalagabrot en skýringa er ósjaldan að leita í því að forsvarsmenn fyrirtækja hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem oft enda með gjaldþroti.

Tilgangur breytingarinnar er einnig sá að gefa dómstólum meira svigrúm til að ákveða refsingu, einkum með hliðsjón af málsbótum sem brotlegir kunna að hafa. Þær breytingarnar sem lögfestar voru árið 1995 miðuðust fyrst og fremst við alvarleg skattalagabrot en undir þau falla vanskil alla jafna ekki nema þau nái yfir langt tímabil, um verulegar fjárhæðir sé að ræða eða ítrekað brot eða aðstæður auki saknæmi verknaðarins en þá varða brotin jafnframt við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Falla þau þá fyrir utan lagabreytingarnar sem hér eru lagðar til.

Það er ekki skilyrði þessa ákvæðis að gjaldskyldur lögaðili eða einstaklingur hafi bætt ríkissjóði eða öðrum rétthafa gjaldanna það tjón sem hann kann að hafa valdið, en slíkt kemur til skoðunar við mat á refsingu. Er það einnig í samræmi við meginreglu 74. gr. almennra hegningarlaga að tekið sé tillit til slíks við refsiákvörðun hjá aðila sem leitast við að bæta af sjálfsdáðum tjónið sem hann hefur valdið og með ákvæðunum sem hér eru lögð til væri tekið af skarið um að slík háttsemi skyldi virt til refsilækkunar. Úr slíku tjóni verður aðeins bætt með því að greiða það sem vanrækt var greiðsla á.

Leggja verður áherslu á að vextir og álag sem leggjast á vangoldna fjárhæð samkvæmt lögum teljast ekki til refsiverðra vanskila. Telja verður að vörslufé aukist ekki þótt því sé haldið tímabundið og því ekki ástæða til að lögfesta að vangreiddir vextir geti orðið grundvöllur refsingar.

Það hefur verið venjubundin framkvæmd hérlendis í allmörg ár, bæði af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins og í gengnum dómum, að ekki er höfðað refsimál vegna yfirstandandi rekstrartímabils þegar aðili fer í þrot enda verður ekki séð að greiðsluskylda hafi myndast þegar þannig stendur á. Sama á við um ógreidda útistandandi reikninga gjaldskylds aðila við gjaldþrot hans, enda er þá ekki unnt að vísa til vangoldins vörslufjár.

Flutningsmenn telja að þeir gjaldendur sem af ýmsum ástæðum skila ekki inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu á réttum tíma hafi því miður engan fjárhagslegan hvata í núgildandi kerfi til að upplýsa um stöðu mála með því að skila inn skilagrein eða virðisaukaskattsskýrslu eftir að frestur er liðinn og gera upp skuldir sínar að hluta vegna þess hvernig núverandi fyrirkomulagi og löggjöf er háttað. Ástæður þess að gjaldendur skila ekki inn upplýsingum geta verið af margvíslegum toga. Má í því sambandi nefna að fyrirtæki geta orðið undir í samkeppni eða markaðir brugðist þannig að rekstur þeirra líði fyrir. Hjá einstaklingum má oft kenna um fjármálaóreiðu, fjárskorti, vanþekkingu, veikindum, óreglu eða einbeittum

brotavilja. Fyrir utan síðustu ástæðuna sem hér var nefnd eru þessum aðilum allar bjargir bannaðar. Samkvæmt núgildandi löggjöf vofir yfir þessum aðilum sekt að lágmarki tvöföld skattfjárhæð hvort sem þeir upplýsa um málið og greiða hluta hins vangoldna skatts eða ekki. Gerir núverandi fyrirkomulag því ekki ráð fyrir neinni aðstoð eða hvatningu til þessara aðila til þess að ráða við þann vanda sem þeir hafa komið sér í. Það hlýtur að teljast allra hagur, jafnt fyrir innheimtuaðila sem gjaldendur, að löggjöfin feli í sér hvatningu fyrir gjaldendur til að upplýsa um stöðu mála og til að gera upp skuldir sínar eins og þeir mögulega geta. Of harðar og ósveigjanlegar reglur sem þessar, sem ekki taka mið af fjölbreytilegum aðstæðum, eru frekar til þess fallnar að brjóta niður í stað þess að vera uppbyggjandi. Við þessu þarf löggjafinn að bregðast með því að gera skattkerfið sveigjanlegra og manneskjulegra án þess að draga úr því markmiði þess að allir greiði þá skatta sem þeir hafa innheimt fyrir ríkið af þriðja aðila.

Flutningsmenn telja jafnframt að breytingin væri mikið réttlætismál fyrir forsvarsmenn atvinnustarfsemi í rekstrarerfiðleikum sem hafa leitt til vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatti. Á hinn bóginn telja flutningsmenn að hafa beri í huga að á undanförnum árum hefur greinilegrar tilhneigingar orðið vart í þá átt að einstaklingar stofni ný fyrirtæki í kringum sama atvinnureksturinn. Æði oft eru einu breytingarnar á rekstrinum þá ný auðkenni og ný kennitala. Þegar þannig hefur háttað til er það oft vörslu- og innheimtufé, eins og staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, sem er í vanskilum og verður eftir sem ógreiddar kröfur í þrotabúunum. Flutningsmenn telja að brýnt sé að sporna áfram við þeirri þróun með öllum ráðum. Endurtekin vanskil sömu rekstrareininga undir mismunandi kennitölu mundu dómstólar að öllum líkindum meta sem meiri háttar brot gegn lögunum og varða þá við 262. gr. almennra hegningarlaga. Fellur slík háttsemi því ekki undir breytingarnar sem hér eru lagðar til.

Ekki verður betur séð en að meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar, sem afgreiddi forvera frumvarps þessa á 131. löggjafarþingi, hafi tekið undir þær röksemdir sem færð hafa fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Sagði meiri hluti nefndarinnar m.a. í framhaldsnefndaráliti sínu:

„Í frumvarpinu er að því stefnt að þeir sem skila inn réttum skýrslum og sýna vilja til að greiða skuldir við ríkið njóti þess að því leyti að vikið verði frá sektarlágmarki og mat dómara ráði þess í stað. Er þar byggt á því að þegar þannig háttar til sé ekki um eiginleg skattsvik að ræða. Þessu markmiði verður ekki náð nema að mjög takmörkuðu leyti samkvæmt fyrri breytingartillögum meiri hlutans. Eftir að hafa skoðað málið nánar telur meiri hlutinn rétt að leggja til breytingar á frumvarpinu sem ekki gera eins miklar kröfur til þess að vikið verði frá sektarlágmarki, m.a. varðandi það hvort skýrslu er skilað á réttum tíma eða ekki.

Meiri hlutinn telur rétt að girða ekki fyrir að þeir sem hafi greiðslugetu og greiðsluvilja sjái sér hag í því að lækka skattfjárhæð áður en til sektarákvörðunar kemur. Megináherslan hlýtur að liggja á því að gjaldandi, eða sá sem ábyrgð ber á greiðslum, sjái hag í því að skila inn réttum skýrslum og greiða eins mikið og unnt er áður en niðurstaða dómstóla eða yfirskattanefndar liggur fyrir.

Lögin taka sérstaklega á síðbúnum skilum með ákvörðun álags og dráttarvaxta og fellur meiri hlutinn frá þeirri tillögu að kveða á um greiðslu þessa hluta kröfunnar í þeim ákvæðum sem lagt er til að breytt verði og fjalla um sakarmat. Af framkvæmd verður ráðið að við ákvörðun refsingar sé tekið tillit til þeirra greiðslna sem inntar hafa verið af hendi og miða tillögur nú að því að ekki verði breyting þar á.“

Með tilvitnuðum orðum lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar til að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu sem eru samhljóða þeim ákvæðum sem fram koma í 1. gr. og 2. gr. frumvarps þessa og að frumvarpið yrði þannig samþykkt sem lög frá Alþingi.

19. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [19. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123. löggjafarþingi 1998–1999 og 131. löggjafarþingi 2004–2005 en varð ekki útrætt og er því endurflutt. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a. var lögð til sambærileg breyting.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Í dag er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á

stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar. Á flokksþingi Framsóknarflokksins 2003 var til að mynda gerð svofelld samþykkt í tengslum við umfjöllun um stjórnsýslu ríkisins: „Auka þarf þrískiptingu ríkisvaldsins. Í því skyni skal stefnt að því að ráðherrar ríkisstjórnar afsali sér þingmennsku". Í stefnuskrá Framsóknarflokksins 2003 segir enn fremur í kaflanum um skilvirka og réttláta stjórnsýslu: „Skilja verður að fullu á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og mun það auka lýðræði og aðhald innan stjórnsýslunnar. Ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmannsstarfi." Þá segir eftirfarandi m.a. í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar 2003 um lýðræðismál: „Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdarvaldshafar og gera á landið að einu kjördæmi."

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um rannsókn á þróun valds og lýðræðis.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fram skuli fara rannsókn á þróun valds og lýðræðis í íslensku samfélagi. Könnuð verði áhrif þeirrar þróunar síðustu 20 árin og metið hvaða áhrif hún kunni að hafa á komandi árum. Markmiðið verði að fá sem gleggsta mynd af því hvort þrískipting ríkisvaldsins sé orðin óljós í framkvæmd og meta áhrif þess á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild. Einnig verði skoðað hvort völd embættismanna hafi aukist meira en eðlilegt getur talist og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagið í heild.

Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna í þjóðfélaginu.

Forsætisráðherra skipi nefnd sem í sitji fimm fulltrúar háskóla. Háskóli Íslands tilnefni tvo fulltrúa og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst tilnefni einn fulltrúa hver. Verkefni nefndarinnar verði að hafa umsjón með verkinu og fái hún heimild til að kalla til sérfræðinga til að vinna að rannsókninni. Nefndin leggi verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins. Nefndin skili áfangaskýrslum eftir því sem verkinu miðar fram og skal rannsókninni lokið eigi síðar en 1. janúar 2008.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur orðið á umliðnum áratugum um þróun valds og lýðræðis og tilfærslur fjármagns í íslensku samfélagi. Þrískipting ríkisvaldsins hefur þótt óljós í framkvæmd og einnig er um það rætt að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs. Þá telja margir að vald embættismanna hafi aukist verulega og að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafi fært þeim meira vald til ákvörðunar en eðlilegt er. Í þessari tillögu er lagt til að þetta sé kannað rækilega. Jafnframt er lagt til að metið sé vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina, en í sambærilegri rannsókn sem unnin hefur verið í þremur öðrum norrænum ríkjum var þessi þáttur einnig hluti viðfangsefnisins. Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé orðið að leggja mat á þessa þróun og fá af henni heildarmynd, þannig að hægt sé að bregðast við ef ástæða þykir til.

Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggist á að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst. Jafnframt yrði varpað skýru ljósi á þróun valda- og eignasamþjöppunar og hvaða áhrif meiri háttar ákvarðanir stórra valdablokka í fjármála- og atvinnulífi hafa haft og geta haft á atvinnulífið, á afkomu heimila og þjóðarbúið í heild. Í framhaldi af þessari rannsókn væri síðan ástæða til að skoða hvort tilfærsla fjármagns og valds hafi leitt til verulegrar gliðnunar á eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni stéttskiptingu.

Hér er um nokkuð viðamikið verk að ræða, sem flutningsmenn telja í ljósi þróunar í samfélaginu á síðustu árum að brýnt sé að ráðast í. Til greina kom að flytja um þetta mál tvær tillögur. Annars vegar um að athuga þrískiptingu ríkisvaldsins, hvort hún sé orðin óglögg í framkvæmd og hvaða áhrif það hafi á lýðræðisþróunina, jafnframt því sem áhrif embættismannavalds og fjölmiðlavalds yrðu metin. Hins vegar um rannsókn á hvort og að hvaða leyti valdatilfærsla hafi orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til stórra valdablokka með samþjöppun eigna, valds og fjármagns og hvaða áhrif það hafi haft og geti haft á atvinnulífið og þjóðarheildina. Þar sem markmið beggja þátta er að leggja mat á valdatilfærslu í samfélaginu og áhrif hennar á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild varð það niðurstaðan að flytja um málið eina tillögu. Mat flutningsmanna er að það skapi betri samfellu í verkið og meiri möguleika á heildarsýn yfir mögulegar valdatilfærslur. Það verður síðan í verkahring þeirrar fimm manna nefndar sem hefur yfirumsjón með verkinu hvernig verktilhögun verður og hvort og hvernig þessi verkefni verða brotin upp í vinnu að þessari rannsókn. Mikilvægt er einnig að nefndin verði sýnileg í störfum sínum, t.d. með því að halda málþing og opna fundi um viðfangsefnið, og að hún skili eins og kostur er áfangaskýrslum um þróun verkefnisins.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Upplýsingaþjónusta Alþingis hefur að beiðni flutningsmanna tekið saman stutta lýsingu á sambærilegum rannsóknum sem fram hafa farið á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Rannsóknirnar í þessum löndum beindust að stöðu valds og lýðræðis við upphaf 21. aldar. Hvati rannsóknanna voru þær miklu breytingar sem hafa orðið á viðkomandi samfélögum með aukinni alþjóðavæðingu og breytingum á skyldum ríkisvaldsins, t.d. vegna minni afskipta af viðskiptalífinu. Norðmenn og Danir fóru mjög líkar leiðir í sínum rannsóknum. Ríkin luku þessum rannsóknum árið 2003. Höfðu þær þá staðið í 5–6 ár. Svíar unnu sína rannsókn í tvennu lagi og nokkru fyrr en í Noregi og Danmörku. Í Noregi hafði Óslóarháskóli yfirumsjón með verkefninu en norska Stórþingið samþykkti ályktun í

desember árið 1997 þess efnis að staða valds og lýðræðis í Noregi yrði rannsökuð og útlistuð. Í Danmörku hafði þingið einnig frumkvæði að rannsókn á stöðu lýðræðis og valds en í rannsóknarhópnum voru fimm fulltrúar sem allir voru prófessorar við háskóla í Danmörku. Áður var skipuð þingnefnd til að hefja athugun á stöðu þessara mála og setja ramma fyrir rannsóknina.

Ein af helstu ástæðum þess að ráðist var í rannsóknina í Danmörku var að þingið óttaðist að það væri að missa völd. Niðurstaða rannsóknarinnar er á annan veg. Þar kemur fram að danska þingið hafi aukið völd sín á kostnað framkvæmdarvaldsins, m.a. með aukinni sérhæfingu þingmanna, auk þess sem fjöldi minnihlutastjórna í Danmörku hefur haft þessi áhrif. Á hinn bóginn hafa dómstólarnir veikt völd þingsins og sama gildir um Noreg. Þannig hafi dómsvaldið styrkst á kostnað löggjafarvaldsins með aukinni þátttöku hins fyrrnefnda í mótun laga og túlkun stjórnarskrár.

Niðurstaða norsku rannsóknarinnar er m.a. að fulltrúalýðræðið sé í tilvistarkreppu. Fram kemur einnig að stéttaskipting hafi aukist, sérstaklega eftir kynþáttum. Athyglisvert er einnig að áhrif ákveðinna hópa hafa breyst með auknum áhrifum sérstakra tengsla milli áhrifamikilla einstaklinga í þjóðlífinu. Jafnframt hafi staða lýðræðisins breyst með meiri áhrifum frá ákveðnum hópum sem ekki eru endilega lýðræðislega kjörnir.

Bæði í norsku og dönsku rannsóknarniðurstöðunum er lögð mikil áhersla á að líta til þeirra breytinga sem einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur haft á lýðræði og völd í þjóðfélaginu. Mikil völd hafa flust til einkaaðila og er leitast við að sjá hvaða áhrif það hefur haft. Í norsku lokaskýrslunni kemur fram að vöxtur markaðarins hafi ekki leitt til dreifingar valds heldur frekar meiri áhrifa af fákeppni. Í dönsku skýrslunni kemur fram að máttur fjöldasamtaka á borð við stjórnmálaflokka og verkalýðsfélög hafi minnkað. Á hinn bóginn hafi ítök samtaka sem myndast um ákveðin málefni aukist. Jafnframt kemur fram að áhrif fjölmiðla hafi aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál, en fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr.

Þrískipting valdsins.

Í þrískiptingu ríkisvaldsins á Alþingi að vera valdamesta stofnunin með fjárveitinga- og löggjafarvaldið. Alþingismenn sækja umboð sitt í lýðræðislegum kosningum til þjóðarinnar. Framkvæmdarvaldið starfar svo í skjóli meiri hluta Alþingis og dómsvaldið er skipað af framkvæmdarvaldinu (dómsmálaráðherra). Verksvið löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds er svo skýrt afmarkað í stjórnarskránni. Á því hafa verið skiptar skoðanir í umræðu undanfarinna ára hvort verulegar breytingar hafi orðið á valdmörkum þessara þriggja stoða stjórnskipunar landsins.

Umræðan snýst um það hvort löggjafarvaldið sé sífellt að veikjast á sama tíma og framkvæmdarvaldið styrkist. Er þar átt við framsal Alþingis á valdi í lögum og víðtækar reglugerðarheimildir framkvæmdarvaldinu til handa, auk þess sem löggjafarvaldinu sé gert stöðugt erfiðara að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Sömuleiðis telja sumir að eðli forsetaembættisins hafi breyst en um það eru mjög deildar meiningar. Þróunin hefur líka verið í þá átt að frumkvæði og undirbúningur laga er að langmestu leyti í höndum framkvæmdarvaldsins. Ýmsir líta svo á að þetta fyrirkomulag sé eðlilegt en aðrir telja þetta merki um veikleika löggjafarvaldsins. Sömuleiðis er það gagnrýnt að vald embættismanna sé orðið meira en eðlilegt er og að þess gæti í alltof ríkum mæli að bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið færi ákvörðunarvald sitt í hendur embættismönnum. Vitnað er til þess að þeir útfæri iðulega stefnu stjórnvalda með því að þeir undirbúi þingmál, séu nefndum lög-

gjafarþingsins til ráðgjafar um breytingar og endanlega gerð laga og séu síðan oft þeir aðilar í stjórnsýslunni sem hafa með höndum framkvæmd og eftirlit. EES-samningurinn hefur einnig verið nefndur og þótt flestir viðurkenni að hann hafi haft mjög jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulíf, þá er það engu að síður ljóst að hann hefur átt sinn þátt í að veikja löggjafarþingið en styrkt jafnframt embættis- og framkvæmdarvaldið.

Skýringarnar á styrk framkvæmdarvaldsins felast vafalaust ekki síst í því að stjórnarmeirihlutinn sem styður ríkisstjórnina á hverjum tíma unir því að framkvæmdarvaldið hafi undirtökin á löggjafarþinginu. Það er því að mestu stjórnarandstaðan ein sem reynir að standa vörð um stöðu löggjafarþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og átökin verða því á hverjum tíma milli stjórnarandstöðu og framkvæmdarvaldsins. Í grein eftir Friðgeir Björnsson í Tímariti lögfræðinga frá í maí 1999 sem ber heitið „Tvískipt ríkisvald?" er m.a. vikið að því að ekki sé fjarri lagi að segja að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu því sem einhverju máli skiptir.

Vissulega má benda á leiðir sem farnar hafa verið til að reyna að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Má þar nefna bætta stöðu þingmanna við störf í fastanefndum Alþingis eftir að nefndasvið þingsins var styrkt verulega með því meðal annars að auka þar mannafla og fá þar lögfræðinga til starfa.

Ýmsar breytingar á þingsköpum voru líka til þess ætlaðar að styrkja stöðu þingsins. Má þar nefna að 1991 var tekið upp í þingsköp að nefndir gætu að eigin frumkvæði fjallað um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Í reynd hefur þetta ákvæði litlu sem engu skilað frekar en 39. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um rannsóknarvald þingnefnda. Þingið þarf að samþykkja að koma á fót rannsóknarnefndum skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Meiri hlutinn hefur nær undantekningarlaust stöðvað tillögur um að settar yrðu á fót slíkar rannsóknarnefndir, enda er þeim oft ætlað að rannsaka gjörðir valdhafa sem þá starfa í skjóli meiri hluta þingsins. Þrátt fyrir að ýmsar aðrar tillögur hafi verið settar fram til að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa þær ekki náð fram að ganga.

Ástæða er einnig til að nefna grein sem fyrrverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, ritar í Tímarit lögfræðinga í mars 1997 um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar fjallar Ólafur um ýmislegt sem lýtur að stjórnsýslu þingsins og segir m.a. að tilhneigingar gæti hjá framkvæmdarvaldinu til að hafa bein afskipti af stofnunum Alþingis, þ.e. Ríkisendurskoðun, umboðsmanni Alþingis og Alþingi sjálfu, með flutningi stjórnarfrumvarpa. Ólafur segir óásættanlegt að fulltrúar framkvæmdarvaldsins flytji lagafrumvörp sem varða innri málefni þingsins og stofnana þess. Ágreiningur sé milli Alþingis og framkvæmdarvalds um fjárhagslegt sjálfstæði Alþingis sem stofnunar. Fram kemur í greininni að oddvitar framkvæmdarvaldsins hafi vilja túlka það svo að Alþingi eigi undir forsætisráðuneytið (framkvæmdarvaldið) að sækja í málefnum er varða stjórnsýslu og rekstur þingsins. Slík túlkun fái ekki staðist, því hún gangi í berhögg við þau grundvallarrök sem búi að baki 2. gr. stjórnarskrárinnar um aðgreining ríkisvaldsins og eigi sér heldur ekki efnislega stoð í lögum um Stjórnarráð Íslands. Ólafur segir að forsætisráðuneytið geti ekki í krafti reglugerðarákvæðis um Stjórnarráð Íslands tekið sér vald sem gefur því rétt til íhlutunar um innri málefni Alþingis.

Einnig má benda á að það hlýtur að ganga í berhögg við þrískiptingu valdsins samkvæmt stjórnarskránni og við sjálfstæði Alþingis sem stofnunar, hinnar valdamestu í hinu þrískipta ríkisvaldi samkvæmt stjórnskipun landsins, að það sé forsætisráðherra sem kallar saman Alþingi og slítur því. Meðan Alþingi hefur ekki fullkomið sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu verða valdmörkin óljós og hingað til hefur framkvæmdarvaldið nýtt sér það til að styrkja stöðu sína gagnvart löggjafarþinginu.

Mikið hefur líka verið rætt og ritað um hvort dómstólarnir séu í auknum mæli að fikra sig inn á verksvið löggjafarvaldsins með íhlutun í gegnum dómsniðurstöður. Því til stuðnings er bent á niðurstöðu dómstólanna í umdeildum málum, svo sem í máli Öryrkjabandalagsins gegn Tryggingastofnun ríkisins, Valdimarsmálinu svokallaða og Vatnseyrarmálinu. Friðgeir Björnsson orðar það svo í Tímariti lögfræðinga í október 2001: „Það eru ekki ýkja mörg ár síðan þær raddir voru uppi að dómstólar væru hallir undir stjórnvöld, þ.e. dæmdu þeim í vil á hæpnum forsendum. Reyndar heyrast þær enn en eru fáar og hjáróma. Blaðið hefur snúist við og nú eru uppi háværar raddir sem segja að dómstólar fari offari gegn öðrum greinum ríkisvaldsins og gæti ekki valdmarka sinna gagnvart þeim. Dómstólar leggi löggjafa og stjórnvöldum skyldur á herðar sem þau beri ekki lögum samkvæmt.“ Í grein Friðgeirs kemur fram að umræðan snúist um það hvort dómstólar, og þá sérstaklega Hæstiréttur sem æðsti dómstóll landsins, taki sér í dómum sínum lagasetningarvald og gangi þannig á stjórnarskrárvarinn rétt löggjafans.

Grundvallarágreiningur er um hvort og að hve miklu leyti dómstólar geta tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur. Til að gefa hér mynd af því er rétt að vitna til skoðana Sigurðar Líndals, fyrrverandi prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmanns og prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Í grein Sigurðar í Tímariti lögfræðinga frá júlí 2002 er gerð grein fyrir því að lengi hafi því verið hafnað að dómstólar ættu hlut að lagasetningu, en nú sé það ekki deilumál lengur; hlutur dómstóla fari vaxandi. Sigurður ræðir um eðlismun á lagasetningu dómstóla og löggjafans og segir orðrétt: „Nú verða dómstólar að eyða óvissu með því að skerpa á óskýrum ákvæðum eða setja nýjar reglur til fyllingar þar sem þörf er.“ Óhjákvæmilegt sé að dómstólar setji reglur, segir Sigurður: „Þá gerist það einnig að löggjafanum séu mislagðar hendur og það komi í hlut dómstóla að lagfæra lögin eða jafnvel í undantekningartilfellum að víkja þeim til hliðar. Óútkljáð er hinsvegar hversu langt dómstólar geta gengið og hvar mörkin liggi að þessu leyti milli lagasetningarvalds og dómsvalds.“

Jafnframt kemur þetta fram í grein Sigurðar Líndals: „Sá sem véfengir lagasetningarvald dómstólanna er að einhverju leyti háður alræðishyggju einveldis- og upplýsingaaldar þar sem sett lög einvaldsins voru eina viðurkennda réttarheimildin. Við lýðræðisskipan hljóta samkvæmt þessu allar réttarheimildir að eiga sér stoð, beint og óbeint, í vilja meirihluta kjósenda – arftaka einvaldsins – eins og hann birtist hverju sinni, en þær svara síðan spurningum um öll álitaefni. Hlutverk dómstóla verður þá ekki annað en að finna svarið sem þar liggur ljóst fyrir eða kann að leynast.“

Í grein í Úlfljóti, 2. tbl., árið 2002 skrifar Jón Steinar Gunnlaugsson um valdmörk dómstóla. Í þeirri grein kemur fram að hlutverk dómstólanna sé að finna réttarheimildina sem við á en ekki að setja nýja reglu, og ekki sé hægt að fallast á kenningar um að hlutverk dómstólanna sé að móta nýjar réttarreglur. Orðrétt segir Jón Steinar: „Að mínu mati felur þetta í sér kjarna þess ágreinings, sem virðist vera fyrir hendi meðal íslenskra lögfræðinga um valdmörk dómstólanna og hlutverk þeirra.“ Jón segir í greininni að starf dómara við úrlausn á réttarágreiningi hljóti að beinast að því að leita uppi réttarheimildina sem við á og beita henni en ekki að búa til nýja, og segir að dómstólar eigi ekki að setja lög. Vísar hann m.a. til 61. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Jón Steinar vísar í greininni til þess að kenningum um heimild dómstóla til að setja nýjar lagareglur fylgdu gjarnan hugmyndir um heimildir þeirra til að breyta túlkun á stjórnarskránni frá einum tíma til annars. Um þetta segir Jón að dómstólar hafi ekki fremur en almenni löggjafinn vald til að breyta stjórnarskránni. Orðrétt kemur þetta fram í greininni: „Þeir, sem tala fyrir þessum kenningum um breytilegar lögskýringar, eru í raun og veru

aðeins að mæla með því að stjórnmálabaráttan og hvers kyns önnur þjóðfélagsleg átök færist inn á vettvang dómstóla."

Það er skoðun flutningsmanna að í rannsókn sem ætlað er að varpa ljósi á hvort skil þrískiptingar ríkisvaldsins séu orðin óljós og ef til vill óæskileg sé full ástæða til að leggja mat á hvaða breytingar hafi orðið á valdmörkum dómstóla og löggjafarþings, og líta til þess grundvallarágreinings sem uppi er um hvort og að hve miklu leyti dómstólarnir hafa tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur sem áhrif hafa á niðurstöðu í dómsmálum.

Í dönsku, norsku og sænsku rannsóknunni um þróun valds og lýðræðis, sem áður var getið, voru völd og áhrif fjölmiðla metin, en fjölmiðlar hafa stundum verið nefndir fjórða valdið. Metin voru áhrif þeirra á samfélagsþróunina og var niðurstaðan sú að áhrif fjölmiðla hafi aukist mikið á undanförnum árum og leggja þeir nú oft línurnar hvað varðar pólitísk baráttumál. Bent er á að fjölmiðlar myndi nú tengsl milli almennings og stjórnmálamanna á sama hátt og stóru stjórnmálaflokkarnir gerðu áður fyrr. Flutningsmenn telja því ástæðu til að áhrif og völd fjölmiðla verði könnuð í þessari rannsókn. Í því sambandi er rétt að nefna að í yfirlýsingu forseta Íslands frá 2. júní þegar hann synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar kemur m.a. fram að fjölmiðlar séu svo mikilvægir í lýðræðisskipan nútímans að þeir séu tíðum nefndir fjórða valdi. Margir telji að fjölmiðlarnir hafi meiri áhrif á hið raunverulega lýðræði sem þjóðir búa við en formlegar reglur um valdmörk helstu stofnana.

Áhrif af tilfærslu valds og fjármagns á samfélagið og lýðræðisþróunina.

Markmið þingsályktunartillögunnar er einnig að lagt verði mat á hvort og að hve miklu leyti valdatilfærsla hefur orðið frá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar yfir til einkaaðila í atvinnulífinu. Þar á að líta til þess hvort samþjöppun eigna, valds og fjármagns hjá einkaaðilum hafi leitt til þess að ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi verulega meiri áhrif en áður á afkomu þjóðarbúsins. Ef svo er þarf að meta hvort þessi þróun sé til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og afkomu þjóðarbúsins og að hve miklu leyti hún skili sér til að bæta stöðu efnahags- og atvinnulífsins almennt og stöðu heimila og velferðarkerfisins.

Þannig verði reynt að draga fram hvort arðsemi við þá miklu samþjöppun eigna og fjármagns sem átt hefur sér stað síðustu ár í viðskiptalífinu skilar sér með ásættanlegum hætti til þjóðarbúsins eða áhrifin séu fyrst og fremst gífurleg eigna- og fjármagnstilfærsla til nokkurra valdablokka sem séu smám saman að eignast Ísland. Hagsmuna- og stjórnunartengsl milli keppinauta verða líka æ algengari í atvinnulífinu og hafa myndast markaðsráðandi fyrirtækjablokkir sem tengjast eigna- og stjórnunarlega í öllum helstu atvinnugreinum, þ.m.t. á fjölmiðlamarkaði. Vöxtur lífeyrissjóðanna hefur líka verið gífurlegur, en eignir þeirra eru nú að nálgast 1.000 milljarða kr. og skiptir fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna gífurlegu máli fyrir allt efnahagslífið og uppbyggingu lífeyriskerfis landsmanna. Tilgangur þessarar tillögu er jafnframt að draga fram hvað ákvarðanir og fjárfestingar valdablokkanna í viðskiptalífinu, þ.m.t. hjá lífeyrissjóðunum, geta haft á efnahagslífið, stöðu smærri fyrirtækja og heimilanna í landinu og hvort þær skipti orðið meira málið fyrir þjóðarbúið en ýmsar aðgerðir stjórnvalda.

Gífurleg breyting hefur orðið í atvinnu- og fjármálalífi á umliðnum árum með sívaxandi alþjóðavæðingu og fjármagnsflutningum milli landa og mikilli einkavæðingu. Má í raun líkja því við byltingu. Íslenskt viðskiptaumhverfi er sífellt að verða alþjóðlegra. Staða valds og eigna í viðskiptalífinu hefur líka breyst frá því að valdablokkirnir í atvinnulífinu voru aðeins tvær og höfðu báðar ítök og áhrif í stjórnmálunum. Þróunin hefur orðið jákvæð að því leyti að dregið hefur úr óeðlilegu samblandi stjórnmála og atvinnulífs með minni þátttöku ríkisins

í atvinnulífinu, en jafnframt hefur almenningur minni möguleika á að hafa áhrif á þróunina gegnum kjörna fulltrúa sína. Þá má ætla að það sé út af fyrir sig jákvæð þróun að valdablokkirnar í atvinnu- og viðskiptalífi eru nú fleiri en áður var, sem ætti að tryggja meiri samkeppni og draga úr óheppilegum tengslum slíkra blokka við einstaka stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn.

Hvaða einkunn sem menn vilja gefa þróuninni síðustu áratugi er ljóst að átt hefur sér stað gífurleg eigna- og valdatilfærsla í þjóðfélaginu, einkum nú í upphafi 21. aldar. Fjárfestingar nokkurra valdablokka í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði eru í stærðum sem fáir hefðu getað gert sér í hugarlund fyrir aðeins örfáum árum. Útrás þeirra fylgir líka gífurlegt fjármagnsflæði milli landa og skipta ákvarðanir Seðlabanka Evrópu orðið meira máli fyrir afkomu þessara fyrirtækja en ákvarðanir Seðlabanka Íslands. Mikilvægt er að hlutlaust mat verði lagt á það hvaða sóknarfæri felast í þessum miklu umbreytingum sem orðið hafa í atvinnulífinu fyrir efnahags- og atvinnulífið og samfélagið í heild.

Sú þróun er eðlileg að ríkisvaldið sé ekki í atvinnurekstri þar sem samkeppni ríkir, en á umliðnum árum hefur ríkið jafnt og þétt verið að losa um eignatök á ríkisfyrirtækjum. Aukin alþjóðleg samkeppni og upplýsingabyltingin hefur auk óheftra fjármagnsflutninga milli landa gjörbreytt viðskiptaumhverfinu hér á landi sem annars staðar og hefur ásamt aukinni markaðsvæðingu stuðlað að auknum hagvexti í þjóðfélaginu. Hér á landi hefur þessi þróun líka komið fram í miklum kaupaukum og kaupréttarsamningum hjá forstjórum og öðrum stjórnendum í efra lagi viðskiptalífsins, og skiptir það fé nú tugum og hundruðum milljóna sem komið getur í hlut hvers og eins. Fjármagnstekjur endurspegla líka þróunina en á sl. ári komu ⅔ allra fjármagnstekna hjá hjónum og sambúðarfólki í hlut 1% fjármagnseigenda og ¾ allra fjármagnstekna einstaklinga komu í hlut 1% allra fjármagnseigenda eða 587 einstaklinga. Launamismunur virðist því hafa margfaldast hér á landi sem annars staðar. Meta þarf hvort söfnun auðs og valds á fárra manna hendur hefur líka aukið misréttið í kjörum fólks.

Markmið þessarar tillögu er því einnig að mat verði lagt á það hvaða áhrif þróun valds og mikil tilfærsla eigna og fjármagns hefur haft í þjóðfélaginu og leggja mat á framhald þessarar þróunar fyrir afkomu þjóðarbús, velferðarþjónustu, heimila og atvinnulífs. Með því að varpa skýrara ljósi á þá þróun sem orðið hefur á tilfærslu á völdum og fjármagni er betur hægt að meta áhrifin á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild sinni.

Þessi tillaga var lögð fram 131. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Nokkrar umræður urðu um hana og tóku þingmenn allra flokka þátt í umræðunni og voru jákvæðir fyrir framgangi hennar.

Umsagnir sem bárust um tillöguna voru mjög jákvæðar, og almennt var hvatt til þess að sú rannsókn sem hér er gert ráð fyrir á þróun valds og lýðræðis verði gerð. ASÍ taldi að hér væri um að ræða mjög brýnt rannsóknarefni fyrir íslenskt samfélag, stofnanir þess, hagsmunasamtök og aðila á markaði. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands taldi að mjög mikilvægt væri að gera ítarlega og vandaða rannsókn á lýðræði og valdi á Íslandi. Slíkar rannsóknir hafi verið gerðar á undanförnum árum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Orðrétt segir síðan í umsögninni: „Ljóst er að norrænu rannsóknirnar varpa mikilvægu ljósi á stöðu lýðræðisins í þessum löndum og eru nauðsynlegur grundvöllur upplýstrar umræðu um framtíð lýðræðiskerfanna og margvíslegan vanda sem ýmsir telja að þau standi frammi fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að sambærilegar upplýsingar sárvantar um Ísland, þó ýmsar rannsóknarniðurstöður íslenskra stjórnmálafræðinga undanfarin ár hafi komið að góðu gagni.“ Í umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að stofnunin telji rannsóknina þarfa í ljósi þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á undanförnum áratugum og álitaefna sem

vaknað hafa um tilfærslu valds, ekki áðeins á milli þriggja þátta ríkisvaldsins heldur einnig frá ríkisvaldinu til annarra sviða samfélagsins. Bent er á þátt sem vert væri að rannsaka, þ.e. hvaða áhrif það hefur á vernd mannréttinda að vald hefur færst í ríkum mæli á hendur annarra en handhafa ríkisvaldsins. Orðrétt segir síðan: „Ljóst er að hætta á því að mannréttindi séu skert stafar því ekki aðeins frá ríkinu heldur einnig frá valdamiklum aðilum á vettvangi einkaréttarins.“ Sigurður Líndal prófessor sendi einnig umsögn um tillöguna en þar kemur fram að hreyft hafi verið mjög þörfu máli, sem Alþingi ætti að gefa fyllsta gaum. Jafnframt er í þeirri umsögn bent á að athuga beri hvort til greina komi að semja við háskólastofnanir um verkið, t.d. Lagastofnun og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sami aðili getur að hámarki verið handhafi réttar til beingreiðslna sem svara til 1% af heildargreiðslumarki. Einkahlutafélag getur því aðeins verið handhafi réttar til beingreiðslna samkvæmt greiðslumarki að ábúandi á viðkomandi lögbýli eigi að minnsta kosti 10% hlutafjár og fari með að minnsta kosti 50% atkvæða í félaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. þingi (þskj. 920, 616. mál) en varð ekki rætt. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á árunum 1996–2004 fækkaði kúabúum á Íslandi úr 1.291 í 854 eða um 34%. Meðalframleiðsla á bú jókst á sama tíma um 67%. Þessari þróun hefur fylgt mikil tilfærsla á greiðslumarki í mjólkurframleiðslu og verð á greiðslumarki hefur að sama skapi hækkað gífurlega á síðustu árum. Mesta hreyfingin á greiðslumarkinu er hjá stærri búunum, eins og sést á því að í árslok 2003 voru þau 140 kúabú sem höfðu hvorki keypt né selt greiðslumark frá árinu 1992 að meðaltali með rúmlega 65.000 lítra, sem er rétt rúmlega helmingur af framleiðslu meðalbúsins árið 2003. Þá var enn um fjórðungur kúabænda í landinu með greiðslumark innan við 100.000 lítra. Af þessu sést greinilega að það eru stærri búin sem stækka mest.

Margar ástæður eru fyrir samþjöppun undanfarinna 10–12 ára á greiðslumarki í mjólk. Þar má nefna kröfur um hagræðingu, ný viðhorf til aðbúnaðar búfjár, auknar gæðakröfur til mjólkurframleiðenda, fólksfækkun í sveitum, fækkun mjólkursamlaga, vélvæðingu í búskap og, síðast en ekki síst, hið geysiháa verð á greiðslumarki og hækkandi verð á bújörðum á frjálsum markaði.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttur til beingreiðslna vegna mjólkurframleiðslu er takmörkuð auðlind. Mikil eftirspurn og hátt verð hafa að undanförnu breytt miklu um möguleika þeirra sem vilja starfa við kúabúskap til að hasla sér völl í greininni. Ekki er

einungis að nýliðun sé nær útilokuð, svo mikið fjármagn þarf til að bæta verulega við greiðslumark hvers starfandi bús að sífellt færri eiga þess kost nema með mikilli skuldsetningu. Þróunin minnir því óneitanlega sífellt meir á framvindu mála í sjávarútvegi eftir að verslun með aflamark var gefin frjáls. Ekki þarf að tíunda hér þær harðvítugu deilur sem urðu um eignarhald á veiðiheimildum í sjávarútvegi og eru í raun enn óleystar.

Ljóst er að viðlíka ástand í landbúnaði mundi gerbreyta viðhorfum landsmanna til stuðnings við innlenda framleiðslu. Sú bærilega sátt sem hefur til þessa ríkt um íslenskan landbúnað vegna atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmiða hvílir fyrst og síðast á þeim grunni að framleiðslan sé á höndum fjölskyldubúa en ekki verksmiðjubúa, sem þekkt eru frá öðrum löndum.

Jafnframt liggur í augum uppi að þróun mjólkurframleiðslunnar í átt til færri og stærri búa fylgir vaxandi áhætta eftir því sem hún gengur lengra. Áföll af einhverju tagi hjá örfáum stórframleiðendum geta sett framboð á innlendum mjólkurvörum í uppnám þegar einstök bú standa undir mjög stórum hluta mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Hér er lagt til að sami handhafi geti að hámarki farið með 1% af heildargreiðslumarki. Velta má fyrir sér hversu hátt slíkt hlutfall á að vera. Markmið frumvarpsins er að takmarka samþjöppun á rétti til beingreiðslna og koma í veg fyrir að hátt verð á greiðslumarki geri minni framleiðendum ókleift að stækka við sig. Enn fremur að stuðla að því að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að treysta undirstöður búvöruframleiðslunnar, byggð og atvinnulíf í dreifbýli skili sér til starfandi bænda en séu ekki teknir til annarra nota af kaupsýslumönnum.

Þessi mál hafa mjög verið til umræðu meðal bænda og má í því sambandi benda á erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga og Svínaræktarfélags Íslands til Búnaðarþings árið 2004. Búnaðarþing ályktaði þá sérstaklega um ákveðna þætti þessa máls. Landssamband sauðfjárbænda ályktaði um málið á aðalfundi sínum í vor og einnig búnaðarþing, sbr. fylgiskjöl.

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Erindi til búnaðarþings frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga. (Janúar 2004.)
II. Erindi til búnaðarþings frá Svínaræktarfélagi Íslands. (Mars 2004.)
III. Ályktun búnaðarþings 2004 um framleiðsluöryggi í íslenskum landbúnaði. (Mars 2004.)
IV. Úr samþykkt aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda, 7.–8. apríl 2005.
V. Samþjöppun á eignarhaldi bújarða og greiðslumarks. Ályktun búnaðarþings 6.–10. maí 2005.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar

og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2007.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægir ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil starfað uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá ríkir mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila.

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði ríkir samt sem áður mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Þá er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir um lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi

inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Af sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins og áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar hefur áður verið flutt en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90 7. maí 2003. Þar segir í 1. mgr.:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Hafi

skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda."

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum þá leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna."

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan

sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar."

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til."

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, meðal annars samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Löggjöf á Norðurlöndum.

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Annmarkar á núgildandi löggjöf.

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Helstu rök fyrir frumvarpinu.

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp

úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja,

framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

Flm.: Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Dagný Jónsdóttir,
Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 126. og 130. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram óbreytt.

Með tillögunni er gert ráð fyrir að árlega verði veitt af fjárlögum fjárhæð í sérstakan ferðasjóð íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir að íþróttafélög geti sótt um ferðastyrki í sjóðinn til að mæta kostnaði við að senda keppnislið á milli byggðarlaga til þátttöku í íþróttamótum. Drjúgur þáttur í rekstri einstakra íþróttadeilda er fjármögnun keppnisferða á viðurkennd mót, svo sem Íslandsmót og bikarkeppni. Félögin standa misvel að vígi hvað þennan kostnaðarlið varðar. Sem dæmi um félög sem tekið hafa þátt í slíkum mótum má nefna keppnislið frá Ísafirði í úrvalsdeild körfuknattleiks, knattspyrnu- og handknattleikslið frá Vestmannaeyjum, blaklið af Austurlandi og knattspyrnu-, körfuknattleiks- og handknattleikslið frá Sauðárkróki og Akureyri. Í einstökum flokkum getur verið um að ræða fjölda ferða utan af landi til höfuðborgarsvæðisins þar sem flest keppnislið í viðkomandi flokkum eru. Félög á suðvesturhorninu þurfa reyndar einnig að leggja í kostnað vegna keppnisferða út á land en í sumum tilvikum getur verið um eina ferð á keppnistímabili að ræða fyrir höfuðborgarlið á móti tíu ferðum sama keppnisflokks af landsbyggðinni. Þetta leiðir til þess að einstök íþróttafélög eru að kikna undan kostnaði og kemur það niður á öllu íþróttastarfi.

Íþróttaástundun er hverju byggðarlagi afskaplega mikilvæg. Um er að ræða eina mestu forvörn fyrir ungt fólk. Að auki eiga keppnislið einstakra sveitarfélaga drjúgan þátt í að efla samkennd og samstöðu íbúa sveitarfélaganna. Íþróttamannvirkjum hefur fjölgað ört á þéttbýlisstöðum á landinu og möguleikar til íþróttaiðkunar eru víða afskaplega góðir. Það eykur mjög áhuga iðkenda ef þeir eiga kost á því að taka þátt í t.d. Íslandsmóti viðkomandi íþróttagreinar. Augljóslega leggst ferðakostnaðurinn þyngra á sum íþróttafélög en önnur af landfræðilegum ástæðum.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna þennan aðstöðumun og stuðla þannig að öflugra íþróttastarfi í landinu. Hér er um eðlilega jöfnunaraðgerð að ræða. Menntamálaráðherra er ætlað að setja sérstakar reglur um úthlutun úr sjóðnum. Benda má á að í slíkum reglum mætti gera ráð fyrir fastri fjárhæð fyrir hvern keppnismann liðs á viðurkenndum mótum, svo sem Íslandsmóti og bikarkeppni á vegum viðkomandi sérsambanda.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um fullorðinsfræðslu.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla og treysta fullorðinsfræðslu í landinu og skýra hlutverk þeirra sem að þessari menntun koma, bæði hvað varðar fjármögnun og námsframboð. Við undirbúning lagafrumvarpsins verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga og menntastofnanir. Lagafrumvarpið verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006.

Greinargerð.

Lykilatriði varðandi uppbyggingu þekkingarsamfélags og mannauðs er stóraukin áhersla á fullorðinsfræðslu og símenntun – menntun alla ævi. Stöðugt hraðari samfélagsbreytingar og ný tækni gera kröfu um stöðuga endurnýjun og nýsköpun þekkingar fyrir einstaklinga, atvinnulífið og samfélagið í heild.

Þróunin.

Á síðustu árum hefur orðið mikill vöxtur á þessu sviði hér á landi. Margt áhugavert hefur komið fram á sjónarsviðið og er vel gert. Mestur hefur vöxturinn verið varðandi endur- og eftirmenntun fyrir háskólamenntaða og tæknifólk af ýmsu tagi. Þótt einnig hafi orðið mikil þróun varðandi framboð á menntun fyrir fólk með minni menntun hefur það ekki náð að fylgja eftir þróuninni á öðrum sviðum. Þannig gildir að þeir fá mesta endur- og eftirmenntun og fullorðinsfræðslu sem hafa mesta menntun fyrir. Þessi þróun er hættuleg og ýtir undir ójöfnuð ef allir hafa ekki jöfn tækifæri.

Móta þarf stefnu varðandi fullorðinsfræðslu almennt. Skilgreina þarf hverjir eigi að bera ábyrgð á hvaða þáttum hennar og hvernig eigi að fjármagna hana. Slík stefna þarf að fela í sér hvata til að boðið sé upp á sem fjölbreyttasta fullorðinsfræðslu og símenntun og hvata til einstaklinga að sækja sér slíka menntun.

Efla þarf fullorðinsfræðslu, endur- og eftirmenntun og gera hana markvissari en nú er, annars vegar út frá almennum þörfum einstaklinga fyrir nýja og breiðari þekkingu og hins vegar út frá þörfum atvinnulífsins fyrir meiri og markvissari þekkingu og hæfni í starfi. Oft fara þessi tvö markmið saman og mikilvægt er að þau fylgist að, en útiloki ekki hvort annað. Þannig styrkir almenn menntun og fristundanám af ýmsu tagi einstaklinga í starfi, um leið og hún eflir þá og eykur möguleika þeirra sem einstaklinga.

Ábyrgð og fjármögnun.

Mikilvægt er að skilgreina hver ber ábyrgð og hvernig fjármagna skuli fullorðinsfræðslu almennt. Hér eru nokkrar hugmyndir nefndar:

- Fullorðinsfræðsla sem miðar að því að efla einstaklinga til að vera fullgildir og virkir þátttakendur í samfélaginu er á sameiginlegri ábyrgð samfélagsins, einstaklinga og atvinnulífsins. Mikilvægt er að samfélagið hafi frumkvæði og hvetji einstaklinga til að sækja sér slíka menntun. Hér geta opinber framlög til fullorðinsfræðslu og einstaklingsbundnir sparnaðarreikningar (menntareikningar) með framlagi frá atvinnurekendum og samfélaginu (í gegnum mótframlög og/eða skattaívilnanir) verið farsæl leið.
- Endur- og eftirmenntun sem miðar að því að efla almenna tækniþekkingu er á sameiginlega ábyrgð atvinnulífsins, samfélagsins og einstaklinga. Gagnvart þeim sem hafa góðan grunn á þessu sviði hlýtur atvinnulífið sjálft að bera meginþungann. Gagnvart þeim sem standa höllum fæti er nauðsynlegt að samfélagið axli ábyrgðina. Hér gegna fræðslusjóðir og fræðslustofnanir atvinnulífsins lykilhlutverki. Jafnframt þarf að tryggja sérstaklega möguleika þeirra sem hafa verið heima vegna umönnunar barna, verið lengi frá vinnu vegna veikinda eða hafa af öðrum ástæðum lítil og veik tengsl við vinnumarkaðinn. Ábyrgðin gagnvart þessum hópi liggur sameiginlega hjá ríki og sveitarfélögum.
- Endur- og eftirmenntun sem miðar að mjög sértækri verk- og tækniþekkingu í einstökum fyrirtækjum verður að vera á ábyrgð og kostnað fyrirtækjanna sjálfra.
- Fullorðinsfræðsla sem miðar að því að jafna menntunarstig fólks sem komið er á vinnumarkaðinn og auka almennt menntunarstigið í landinu kallar á ríka þátttöku og frumkvæði samfélagsins með þátttöku atvinnulífs og einstaklinga.

Þegar vísað er til ábyrgðar og fjármögnunar fullorðinsfræðslu frá samfélaginu er nauðsynlegt að greina hvar ábyrgð og verkaskiptingin á milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna liggur.

Aðferðir.

Raunfærnimat er mikilvægt tæki í fullorðinsfræðslu, ekki aðeins fyrir þá sem hafa litla grunnmenntun og þurfa að bæta sig á því sviði. Raunfærnimat er mikilvæg aðferð til að meta styrkleika og veikleika í þekkingu einstaklinga, hvort heldur þegar þeir vilja afla sér frekari menntunar eða við mat á starfshæfni.

Færnimöppur eru önnur aðferð til að halda utan um þekkingu og reynslu fólks. Þar er safnað saman upplýsingum um menntun og starfsreynslu viðkomandi, úr formlega menntakerfinu, óformlega menntakerfinu og annar staðar frá.

Raunfærnimat og færnimöppur eru þannig mikilvæg verkfæri til að greina þekkingu starfsmanna og mannauðinn í atvinnulífinu og samfélaginu almennt. Þau eru einnig mikilvæg tæki til að efla sjálfsvitund einstaklinga þar sem þessi verkfæri eru til þess fallin að draga fram styrkleika viðkomandi.

Þá er mikilvægt að þróa náms- og kennsluaðferðir sem best henta við fullorðinsfræðslu almennt og fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu eða hafa ekki stundað nám í langan tíma.

26. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum, en varð í hvorugt skiptið útrædd. Tillagan er nú endurflutt óbreytt, en efni greinargerðarinnar er uppfært í samræmi við þróun þessara mála hjá sveitarfélögunum. Frá því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði baráttuna fyrir gjaldfrjálsum leikskóla að einu helsta baráttumáli sínu í aðdraganda síðustu alþingiskosninga hefur heilmikil þróun orðið í málefnum leikskóla. Þeim sveitarfélögum fjölgar ört sem þegar hafa tekið skref í átt að gjaldfrjálsum leikskóla og a.m.k. eitt dæmi er um sveitarfélag sem tekið hefur skrefið til fulls, þ.e. Súðavíkurhrepp. Til að afla upplýsinga um stöðu þessara mála hjá einstökum sveitarfélögum ákvað þingflokkur vinstri-grænna að skrifa öllum sveitarstjórnum í landinu bréf nú í haust, sjá fylgiskjal I, og eru þær upplýsingar sem borist hafa birtar með tillögunni sem fylgiskjal II. Rétt er að taka strax fram að þessar upplýsingar eru örugglega ekki tæmandi, en gefa þó nokkuð skýra mynd af því á hvaða hreyfingu málin eru.

Félagsmálanefnd hefur haft efni tillögunnar til skoðunar undanfarna tvo vetur og í umsögnum sem nefndinni bárust um málið var yfirleitt tekið vel í meginefni tillögunnar. Eðlilega lögðu umsagnaraðilar á það áherslu að sveitarfélögin þyrftu að fá fullnægjandi tekjustofna til að takast á við verkefnið. Sú hefur að sjálfsögðu alltaf verið ætlun flutningsmanna, sbr. upphaflega greinargerð með tillögunni, á þskj. 4 í 4. máli 130. löggjafarþings, en ástæða er til að undirstrika mikilvægi þessa í ljósi bágrar afkomu sveitarfélaganna nú um stundir. Síðla árs 2004 tók Reykjavíkurborg fyrstu skrefin í átt til gjaldfrjáls leikskóla en frá 1. september 2004 hafa öll fimm ára börn átt kost á þriggja tíma leikskóladvöl á dag endurgjaldslaust (sjá fylgiskjal III, Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur).

Nokkuð er um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og starfsheitið leikskólakennari var tekið upp. Þegar af þeirri ástæðu leiðir að fá haldbær rök eru til þess að foreldrar greiði dýrum dómum fyrir skólahaldið sjálft, þ.e. leikskólamenntun, á fyrsta skólastiginu en hætti því svo skyndilega þegar börnin hafa náð grunnskólaaldri. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara er tiltekið að „leikskólinn eigi að vera hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar eins og önnur skólastig og því skuli sveitarfélög vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á 6 tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds“. Að baki liggur það mat leikskólakennara að minnst sex klukkustundir á dag þurfi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum aðalnámskrár leikskóla og sinna öllum námssviðum (hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélagi), þannig að þetta skarist og sé samofið leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikniþjálfun eins og vera ber.

Niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn. Sú

kjarabót mundi skila sér beint til fjölskyldna sem eru í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað. Um leið yrði tekið stórt skref í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er um að ræða yngstu foreldrana sem jafnframt eru að koma sér fyrir í lífinu og margir að koma út úr skólum með námslán á bakinu, eru að leysa húsnæðismál sín o.s.frv. Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar um og yfir 30 þús. kr. fyrir níu tíma á dag. Fjölskyldur með tvö börn á leikskóla borga yfirleitt um 50 þús. kr. á mánuði því að ekki er óalgengt að systkinaafsláttur sé 30–35% með öðru systkini. Dæmi eru um fjölskyldur sem borga upp undir 60 þús. kr. í leikskólagjöld á mánuði fyrir þrjú börn (systkinaafsláttur með þriðja barni 75%) og þarf slík fjölskylda um 100 þús. kr. viðbótartekjur á mánuði til að standa straum af útgjöldunum að teknu tilliti til skatta. Þess ber að geta að sérstakur afsláttur er yfirleitt veittur fyrir börn einstæðra foreldra og öryrkja og námsmenn greiða a.m.k. sums staðar nokkru lægra gjald. Í þessum efnum er þó talsverður munur milli sveitarfélaganna og þess eru jafnvel dæmi að lítill eða alls enginn greinarmunur sé gerður á gjöldum foreldra með tilliti til félagslegra aðstæðna. Til glöggvunar er gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur birt sem fylgiskjal með tillögu þessari en rétt er að hafa í huga það sem áður sagði um mismun milli sveitarfélaga.

Ekki verður um það deilt að það er mikið jafnaðar og jafnréttismál í nútímasamfélagi að allir eigi kost á leikskóladvöl fyrir börn sín án tillits til efnahags. Flutningsmenn tillögunnar líta á breytingar í þessa átt sem lið í því að gera samfélagið fjölskylduvænna og styrkja undirstöður velferðar í landinu. Sérstök ástæða er til að huga að stöðu fjölskyldna nýrra Íslendinga í þessu sambandi.

Nefnd sú sem tillagan gerir ráð fyrir að verði skipuð þarf í starfi sínu að móta stefnu um hvernig réttindi foreldra til leikskóladvalar barna sinna, eða eftir atvikum annarrar sambærilegrar og viðurkenndrar dagvistunar ef um hana er að ræða, verða látin haldast í hendur við skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn. Ljóst er að það mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma að gera leikskólastigið í heild sinni gjaldfrjálst og gera ráðstafanir til að fullnægja eftirspurn í takt við réttindi foreldra og skyldur sveitarfélaga samkvæmt hinni nýju skipan. Því er eðlilegt að verkefnið verði unnið í áföngum, t.d. með því að gera síðasta árið fyrir grunnskóla gjaldfrítt fyrst. Einnig er eðlilegt að veita sveitarfélögunum ákveðinn aðlögunartíma, þeim sem þess þurfa með, þar til þeim verði skylt að anna eftirspurn að fullu. Síðan koll af kolli uns því takmarki er náð að allt leikskólastigið, og eftir atvikum önnur sambærileg og viðurkennd dagvistun, sé gjaldfrjálst.

Tekjustofnar og kostnaður.

Ljóst er að niðurfelling leikskólagjalda kallar á endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Kostnaður sveitarfélaganna vegna leikskóla nam um 11,8 milljörðum kr. á árinu 2004 en á móti komu tekjur vegna leikskólagjalda upp á 3,3 milljarða kr., eða rétt um 28%. Þess ber að geta að með breyttum reikningsskilaaðferðum þar sem húsnæðiskostnaður reiknast með hækka kostnaðartölur nokkuð miðað við árin fram til 2001.

Ljóst er að sveitarfélögin í landinu eru ekki aflögufær eins og afkomu þeirra er háttað heldur þvert á móti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið talsmenn þess að styrkja stöðu sveitarfélaganna og bæta fjárhag þeirra, t.d. með hlutdeild í fleiri og breiðari tekjustofnum en nú. Með auknu hlutverki á sviði velferðarmála og umhverfismála og sökum allrar þeirrar mikilvægu nærþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að inna af hendi er ljóst að barátta fyrir öflugu samábyrgu velferðarsamfélagi er um leið barátta fyrir því að sveitarfélögin hafi fjárhagslegt bolmagn og aðstöðu til að leysa hlutverk sitt vel af hendi. Af þeim sökum er gengið út frá því að tekjustofnar komi á móti þeim kostnaði sem sveitarfélögin bæta smátt og smátt á sig með niðurfellingu leikskólagjalda. Einnig gæti ríkið

létt einhverjum verkefnum af sveitarfélögunum, t.d. greiðslu húsaleigubóta, en það er einmitt stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þær verði færðar til ríkisins og inn í skattkerfið. Því fylgdi sá kostur að hægt væri að taka upp samræmd húsnæðisframlög þar sem samræma mætti á einum stað innan skattkerfisins vaxtabætur annars vegar og stuðning við leigjendur eða húsaleigubætur hins vegar. Útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubóta urðu nálægt 980 millj. kr. árið 2002, 1.280 millj. kr. árið 2003, 1.460 millj. kr. árið 2004 og stefna í að verða um 1.600 millj. kr. á yfirstandandi ári samkvæmt endurskoðaðri áætlun. Ef ríkið tæki að fullu á sig kostnað vegna húsaleigubóta stæðu því eftir nálægt 1.700 millj. kr. sem bæta þyrfti sveitarfélögunum þegar leikskólagjöld hefðu verið felld niður í heild. Hver áfangi á leið til fulls gjaldfrelsis gæti þannig kostað einar 600–9.000 millj. kr. í aukin rekstrarútgjöld ef miðað er við að tekið yrði eitt ár í einu og fjöldi barna í leikskólum héldist svipaður. Með þessu er hins vegar ekki öll sagan sögð. Ljóst er að réttur til gjaldfrjálsrar leikskóladvalar og skyldur sveitarfélaga til að fullnægja eftirspurn þurfa að haldast í hendur. Verður því að gera ráð fyrir talsverðum stofnkostnaði til að anna aukinni aðsókn og samsvarandi auknum rekstrarkostnaði. Engin ástæða er til að draga dul á að um aukin útgjöld verður að ræða að því marki sem eftirspurn vex eftir leikskóladvöl samfara áföngum í átt til fulls gjaldfrelsis. Á móti kemur að um mikilsvert félagslegt og menntunarlegt framfaramál er að ræða. Ástæða er til að ætla að slíkum aðgerðum geti einnig fylgt þjóðhagslegt hagræði sem fram kæmi á öðrum sviðum, svo sem í aukinni framleiðni og samkeppnishæfni í atvinnulífinu. Mest um vert er þó að þetta er réttlætismál sem jafnar lífskjör og framkallar breytingar í átt til fjölskylduvænna samfélags. Hér er sem sagt á ferðinni aðgerð sem treystir undirstöður samábyrgs velferðarsamfélags í landinu og byggir það upp, en af slíku höfum við séð allt of lítið fjöldamörg undangengin ár. Hvað sem áformum um gjaldfrjálsan leikskóla líður hljóta tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að verða til skoðunar á næstunni, þó ekki væri nema vegna þess að skuldasöfnun og bág afkoma of margra sveitarfélaga er vandamál sem taka verður á.

Þess ber að lokum að geta að bæði hérlendis og erlendis má finna dæmi um hreyfingu í þá átt að draga úr eða fella niður gjaldtöku í leikskólum. Þannig er kveðið á um breytingar í þá veru í málefnasamningi Reykjavíkurlistans, núverandi meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur, og er fyrsti áfanginn í þá átt þegar kominn til framkvæmda eins og áður sagði. Í Svíþjóð var ókeypis leikskóladvöl, a.m.k. fyrir eldri leikskólabörn, eitt af baráttumálum vinstri flokkanna í síðustu kosningum og eru fyrstu áfangar breytinga í þá átt nú að koma til framkvæmda þar í landi.

Fylgiskjal I.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

Bréf til sveitarstjórna í landinu.

(14. september 2005.)

Efni: Fyrirspurn um málefni leikskólanna í sveitarfélögum landsins.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur undanfarin ár gert kröfuna um að leikskólinn verði gjaldfrjáls að sérstöku baráttumáli sínu. Þingflokkur VG hefur undanfarin tvö þing (130. og 131. löggjafarþing) flutt tillögu um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um þetta mál, gjaldfrjálsan leikskóla í áföngum, sem eitt af fyrstu þingmálum sínum hvorn

vetur. Í greinargerð tillögunnar hefur verið reynt að draga saman upplýsingar um umfang málsins og líklegan kostnað sem því yrði samfara. Einnig um stöðu málsins og framvindu meðal sveitarfélaganna sem allmörg hafa þegar tekið skref í þessa átt eða jafnvel stigið það til fulls. Þeirri þróun ber að fagna en um leið er ljóst að óviðunandi afkoma allt of margra sveitarfélaga takmarkar mjög möguleika þeirra til að hrinda slíkum framfaramálum úr vör.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur því jafnframt lagt mikla áherslu á aðgerðir til að bæta afkomu sveitarfélaganna og jafnan lagt það viðfangsefni, að koma á gjaldfrelsi á leikskólastiginu, upp sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Gera verði ráðstafanir, sem lið í endurskoðun á tekjulegum samskiptum þessara aðila, til að mæta auknum kostnaði sveitarfélaganna vegna gjaldfrjáls leikskóla auk þess sem til þarf til að bæta afkomu sveitarfélaganna almennt.

Þingflokkur VG hyggst endurflytja tillöguna nú á komandi þingi og fylgja með því eftir þeirri sókn sem þegar er hafin í málinu. Því tengt leyfum við okkur að senda bréf þetta í því skyni að afla upplýsinga meðal sveitarfélaga landsins um hvar málefni leikskólanna eru á vegi stödd. Okkur þætti vænt um að fá upplýsingar um það frá fyrstu hendi, fyrir 25. september, hvort í undirbúningi eru eða þegar hafi verið tekin skref í þessa átt í ykkar sveitarfélagi. Einnig um aðra þætti eins og kostnað sem dagvistunarmálunum er samfara og sérstaklega ef ákvarðanir hafa verið teknar um að hverfa frá gjaldtöku í einhverjum mæli.

Upplýsingar má senda bréfleiðis:
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs
pósthólf 175
Reykjavík
eða í tölvupósti:
vg@vg.is
eða símleiðis í síma 563 0772 hjá Svandísi.

Virðingarfyllst,

Ögmundur Jónasson,
formaður þingfl. VG.

Svandís Svavarsdóttir,
framkvæmdastjóri.

Hjálögð er tillaga til þingsályktunar nr. 25 frá 131. þingi um gjaldfrjálsan leikskóla.

Fylgiskjal II.

Upplýsingar frá sveitarfélögunum um stöðu leikskólamála.

Reykjavíkurborg.

Upplýsingar fengnar af heimasíðu Reykjavíkurborgar:

Í Reykjavík er gjaldfrjálst leikskólanám fyrir 5 ára börn, sem nemur þremur klukkustundum fyrir hádegi. Greitt er fyrir fæði. Gjöldin skiptast í þrjá flokka og eru niðurgreidd að hluta til ákveðinna hópa.

Stefnt er að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan og verður það gert í þrepum.

Stefnt er að sjö stunda gjaldfrjálsri dvöl barna á leikskólum og verði þeim áfanga náð í fjórum skrefum.

1. Þrjár stundir fyrir fimm ára börn sem þegar er komið til framkvæmda.
2. Tvær stundir fyrir öll börn.
3. Tvær stundir til viðbótar fyrir öll börn.
4. Þrjár stundir fyrir börn að fimm ára aldri.

Áfram verður þó greitt fyrir mat.

Kópavogsbær.

Upplýsingar fengnar af heimasíðu Kópavogsbæjar:

Í Kópavogi er leikskólinn ekki gjaldfrjáls. Fyrir 8 tíma dagvistun með fæði eru gjöldin 29.188 kr. „Þeir sem greiða lægra gjald fá 35% afslátt af almennu gjaldi en greiða fullt gjald fyrir hádegisverð og síðdegishressingu. Í þeim hópi eru einstæðir foreldrar, námsmenn, leikskólakennarar í leikskólum Kópavogs og leiðbeinendur með a.m.k. 3ja mánaða starfsaldur í leikskólum Kópavogs. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar fyrir hverja önn.“ Ekki kemur fram á heimasíðunni hvort áform séu um að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

Hafnarfjarðarkaupstaður.

Svar barst 26. september:

Ekki hefur verið tekið skref í þá átt að gera leikskólana gjaldfrjálsa og ekki hafinn undirbúningur að því.

Sveitarfélagið Álftanes.

Svar barst 29. september:

Álftanesbær mun yfirfara gjaldskrá leikskóla og reglur um niðurgreiðslu daggæslu barna í heimahúsum. Skoðað verður hvort veita eigi barnafjölskyldum á Álftanesi sambærilega þjónustu og Reykjavíkurborg hyggst veita sínum íbúum á næstu árum.

Mosfellsbær.

Svar barst símleiðis 10. október:

Gjaldfrjáls leikskóli hefur ekki verið til umræðu í Mosfellsbæ. Þar eru um 458 börn í vistun, flest heilan dag. Tvær nýjar deildir eru fyrirhugaðar í mars 2006. Leikskólarnir rúma öll tveggja ára börn og eldri.

Kjósarhreppur.

Svar barst 21. september:

Sveitarfélagið hefur gert samkomulag við Reykjavíkurborg um vistun barna og fer eftir sömu gjaldskrá.

Reykjanesbær.

Svar barst 21. september:

A. Enn sem komið er þá hefur gjaldfrjáls leikskóli ekki komið í tillöguformi inn í bæjarstjórn en verið er að skoða ýmsa möguleika á stuðningi við barnafólk.
B. Komi ekki fé frá hinu opinbera til þessa verkefnis þarf að leggja enn frekari álögur á íbúa verði í það ráðist.

Grindavíkurbær.

Svar barst 29. september:

Í Grindavík eru reknir tveir leikskólar, annar þeirra er einkarekinn og er fjögurra deilda, en hinn er rekinn af sveitarfélaginu og er tveggja deilda. Kostnaður vegna reksturs þeirra er 96,6 millj. kr. hvert ár, en tekjur þeirra eru 13,8 millj. kr. (Tölur samkvæmt fjárhagsáætlun 2005). Ekki er fyrirhugað að gera leikskólana gjaldfrjálsa enda mundi það kalla á frekari uppbyggingu í kjölfarið.

Sveitarfélagið Garður.

Svar barst 23. september:

Í Garði er starfandi einn tveggja deilda leikskóli, sem heitir Gefnarborg. Sveitarfélagið á húsnæðið en reksturinn er boðinn út. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2005 greiðir sveitarfélagið um 39 millj. kr. í rekstur. Fram undan er stækkun leikskólans um eina deild, en ekki hefur verið rætt um gjaldfrjálsan leikskóla.

Vatnsleysustrandarhreppur.

Svar barst 5. október:

Í Vogum er einn leikskóli, þriggja deilda, með 85 börnum. Samkvæmt áætlun 2005 kostar rekstur leikskólans 45,1 millj. kr. Ekki hefur verið rætt um hvert stefna eigi. Ef ráðist yrði í aðgerðir sambærilegar þeim sem gerist í nágrannasveitarfélögum, að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla fyrir 5 ára börn, þyrfti að hækka vistunaraldurinn upp í 18 mánaða til 2 ára, en nú eru eins árs börn í vistun í leikskólanum.

Akraneskaupstaður.

Svar barst 5. október:

Á Akranesi eru starfandi þrír leikskólar, alls 12 deildir. Greiðslur sveitarfélagsins nema um 169 millj. kr. Rætt hefur verið um að gera hluta af leikskólagöngu gjaldfrjálsan, en niðurstaðan varð sú að forgangsverkefnið væri að jafna kostnað foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra annars vegar og leikskóla hins vegar. Frá næstu áramótum verður því greiðsla foreldra fyrir þjónustu dagforeldra sú sama og hjá leikskólum bæjarins. Öll börn tveggja ára og eldri hafa leikskólavist.

Hvalfjarðarstrandarhreppur.

Svar barst 21. september:

Hvalfjarðarstrandarhreppur rekur leikskóla í samstarfi við Leirár- og Melahrepp og Skilmannahrepp, en Innri-Akraneshreppur nýtir þjónustu leikskólans án eignaraðildar. Í vor, við næstu sveitarstjórnarkosningar, verða áðurnefnd sveitarfélög sameinuð.

Hjá hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hefur málefnið ekki verið til umræðu en mun verða kynnt á næsta fundi í byrjun október.

Skilmannahreppur.

Svar símleiðis 30. september:

Gjald tekið ef foreldrar þurfa að koma með börn fyrir kl. 8. Ef foreldrar sækja ekki börnin á tilsettum tíma hefur skólinn leyfi til að rukka gjald. Greitt er fyrir fæði. Ákvarðanir teknar um framhaldið í þessum mánuði (gildir fram að sameiningu).

Skorradalshreppur.

Svar barst símleiðis 30. september:

Hreppurinn kaupir þjónustu frá Borgarfjarðarsveit.

Borgarfjarðarsveit.

Svar sent 5. október:

Hjá Borgarfjarðarsveit hafa á undanförnum tveimur árum verið tekin stór skref hvað varðar niðurgreiðslur vistunar barna hjá dagmæðrum og á leikskólum. Hingað til hefur Borgarfjarðarsveit verið með lægri gjaldtöku en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Kolbeinsstaðahreppur.

Svar barst símleiðis 3. október:

Lítil deild innan grunnskóla, ekki gjaldfrjáls (yfirleitt tvö börn sem njóta þjónustunnar).

Grundarfjarðarbær.

Svar barst 26. september:

Hjá Grundarfjarðarbæ hafa ekki verið uppi nein áform um að gera dagvistun í leikskóla gjaldfrjálsa, hvorki að hluta til né öllu leyti. Á árinu 2004 voru rekstrargjöld Leikskólans Sólvalla í Grundarfirði rúmar 34 millj. kr. og tekjur voru rúmar 9 millj. kr. Leikskólagjöld stóðu því undir um 26% af rekstrarkostnaði.

Ísafjarðarbær.

Svar barst 28. september:

Ekki er í undirbúningi né hafa verið teknar neinar ákvarðanir um gjaldfrjálsan leikskóla hjá Ísafjarðarbæ.

Rekstrarkostnaður leikskóla Ísafjarðarbæjar er áætlaður 136.259.000 kr. fyrir árið 2005 og eru tekjur af leikskólanum áætlaðar um 6.691.300 kr. Vegna rekstarstöðu sveitarfélagsins er ekki svigrúm til lækkana á gjaldskrám leikskóla.

Reykhólahreppur.

Svar barst 5. október:

Hreppurinn rekur leikskólann Hólabæ á Reykhólum. Enginn leikskólakennari er starfandi á honum en þar eru 12–14 börn í vetur.

Ekki hefur verið rætt um að lækka leikskólagjöldin, en þau eru 18.500 kr. fyrir heilsdagsvistun. Heitur matur í hádeginu kostar 185 kr. á dag.

Tálknafjarðarhreppur.

Svar barst símleiðis 3. október:

Ekki gjaldfrjáls leikskóli. Hlutdeild notanda eru 17% af kostnaði, auk þess sem rukkuð eru fæðisgjöld. Í málefnaskrá sem lá til grundvallar kosningu um sameiningu sveitarfélaganna (Tálknafjarðar og Vesturbyggðar) sagði að skoða skyldi gjaldfrjálsan leikskóla af fullri alvöru.

Súðavíkurhreppur.

Svar barst í pósti 29. september:

Frá og með 1. september 2005 verður leikskólinn í Súðavík að fullu gjaldfrjáls, þ.e. í allt að 8 klst. á dag fyrir börn á leikskólaaldri. Fæðisgjöld eru fyrir morgunmat (2.100 kr. á mánuði), hádegisverð (2.300 kr. á mánuði) og síðdegishressingu (1.600 kr. á mánuði).

Kaldrananeshreppur.

Fjögur börn eru í dagvist. Ekki gjaldfrjálst en einfalt væri að gera þetta gjaldfrjálst, að sögn oddvita. Dvöl frá 8–15 alla daga nema föstudaga, þá til hádegis, kostar 14.592 kr. Engin fæðisgjöld eins og er, en til stendur að taka þau upp.

Broddaneshreppur.

Svar barst símleiðis 3. október:

Eru með samning við Borgarbyggð og Borðeyri. Gjaldskrá eftir bæjarfélögum sem samningur gildir við.

Hólmavíkurhreppur.

Svar barst símleiðis 3. október:

Ekki gjaldfrjáls leikskóli, en einn sá ódýrasti á landinu, að sögn sveitarstjóra (15.498 kr fyrir 8 tíma, hressing 1.050 kr. á mánuði, hádegismatur 2.625 kr. mánuði). Vildu gjarnan hafa leikskólann gjaldfrjálsan en mega ekki missa þann tekjustofn, þótt lítill sé.

Sveitarfélagið Skagafjörður.

Svar barst 29. september:

Umræðan um þessi mál er á frumstigi. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun til frambúðar en fylgst er með því hvaða stefnu málin taka hjá öðrum sveitarfélögum.

Akureyrarkaupstaður.

Svar barst 23. september:

Gjaldskrá leikskóla Akureyrarbæjar breyttist 1. maí sl. Þá lækkaði gjald fyrir gifta og sambúðarforeldra um 25%. Þetta er fyrsta skrefið í átt til þess að gera leikskólana gjaldfrjálsa. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvenær og hvernig næsta skref verður tekið. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að leikskólatekjur bæjarins verði 162 millj. kr., en bærinn leggur á móti 20 millj. kr. vegna afsláttargjalda (til einstæðra foreldra, ef báðir foreldrar eru í námi og vegna systkinaafsláttar).

Húsavíkurbær.

Svar barst 19. september:

Engin tillaga hefur borist um gjaldfrjálsan leikskóla hjá bænum og virðast engin áform vera um slíkt.

Kostnaður við leikskólastarfsemi á vegum Húsavíkurbæjar var samkvæmt ársreikningum 2004 71.000.000 kr. Í því felst rekstur tveggja leikskóla á Húsavík, sérkennsluþjónusta við leikskóla og þátttöka í rekstri leikskóla í Aðaldal fyrir börn í Reykjahverfi.

Dalvíkurbyggð.

Svar barst 20. september:

Engin markmið sett um gjaldfrjálsan leikskóla.

Dalvíkurbyggð rekur beint og óbeint þrjá leikskóla og gæsluvöll að sumri til. Auk þess greiðir byggðin niður vistun hjá dagmæðrum og er um að ræða mismun á þeirra gjaldi og leikskólagjaldi.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2005 er liðurinn 04-1 Leikskólar og dagvistun um 56 millj. kr.

Eyjafjarðarsveit.

Svar barst 22. september:

Einn leikskóli, Krummakot, rekinn í sveitinni og þjónar á milli 50 og 60 börnum. 50 heilsdagsrými.

Gjaldskrá Krummakots hefur til þessa verið einna lægst miðað við aðra leikskóla á Eyjafjarðarsvæðinu þar til bæjaryfirvöld á Akureyri tóku ákvörðun um verulega lækkun á gjaldskrám sinna leikskóla í byrjun þessa árs. Tekjur Eyjafjarðarsveitar af vistgjöldum vegna reksturs leikskólans verða væntanlega um 8,6 millj. kr. árið 2005. Verði leikskólinn gjaldfrír aukast því útgjöld sem því nemur.

Grýtubakkahreppur.

Svar barst 20. september:

Engin áform um gjaldfrjálsan leikskóla nema ríkið komi að málinu.

Skútustaðahreppur

Svar barst 19. september:

Gjaldfrjálst er fyrir fimm ára börn í leikskóla. Aðstæður í Mývatnssveit eru þannig að t.d. kostar eyðing minka svipað og rekstur leikskólans.

Tjörneshreppur

Svar barst 24. september:

Enginn leikskóli er í hreppnum.

Þingeyjarsveit

Svar barst 20. september:

Sveitarstjórn hefur tekið undir með fræðslunefnd um að bjóða megi gjaldfrjálsan leikskóla fyrir síðasta árgang leikskóla en sveitarstjórnarmenn greindi á um tímasetningu. Samþykkt var að hefja gjaldfrjálsan leikskóla fyrir síðasta árgang frá og með 1. janúar 2006.

Öxarfjarðarhreppur.

Svar barst 22. september:

Sveitarstjórn hefur ekki rætt þann möguleika að hafa gjaldfrjálsan leikskóla og því stendur það ekki til á þessum vetri. Nýlega var ákveðið að lengja skóladag leikskólans til að koma til móts við þarfir foreldra. Sveitarfélagið á fullt í fangi með að mæta auknum kostnaði vegna samninga við kennara.

Fjarðabyggð.

Svar barst símleiðis:

Börn á lokaári leikskóla hafa gjaldfrjálsa 4 tíma á dag, frá kl. 8–12, frá síðustu áramótum. Fjarðabyggð er annars með lág leikskólagjöld, með þeim fimm lægstu á landinu. Börn byrja við eins árs aldur og eru engir biðlistar eftir plássi. Í Neskaupstað er leikskóli með fimm deildum, þrjár eru á Eskifirði og fjórar á Reyðarfirði. Síðustu tvö árin hefur verið yfir 90% nýting á leikskólunum. Engin frekari áform eru um niðurfellingu gjaldskrár.

Djúpavogshreppur.

Svar barst 20. september:

Ekki hefur verið fjallað um málið formlega en hreppurinn má ekki við því að missa tekjustofn.

Austurbyggð.

Svar ritað 19. september:

Reknir eru tveir leikskólar, annar á Stöðvarfirði en hinn á Fáskrúðsfirði. Aðeins hefur verið rætt um gjaldfrjálsan leikskóla, en engin ákvörðun tekin enn.

Vestmannaeyjabær.

Svar barst 21. september:

Engin áform eru um gjaldfrjálsan leikskóla.

Rangárþing ytra.

Svar barst 19. september:

Rangárþing ytra hefur tekið þann hátt upp að 5 ára börn fá 4 klst. dvöl í leikskólum sveitarfélagsins gjaldfrítt. Þetta er gert til þess að hvetja alla foreldra til þess að hafa börn sín a.m.k. þennan tíma í leikskóla síðasta árið fyrir upphaf grunnskólagöngu þeirra.

Fyrir utan þetta eru veittir afslættir til forgangshópa sem nema 30% af fullu gjaldi.

Systkinaafslættir eru 40% og 90% með þriðja barni.

Hrunamannahreppur.

Svar barst 20. september:

Hafa ekki fjallað um gjaldfrjálsan leikskóla en telja málefnið gott. Mega þó ekki við því að missa þann tekjustofn sem leikskólagjöldin eru, en til menntamála fara um 65% af tekjum sveitarfélagsins.

Grímsnes- og Grafningshreppur.

Svar barst 29. september:

Málefnið hefur ekki verið rætt í sveitarstjórninni.

Bláskógabyggð.

Svar barst 10. október:

Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um gjaldfrjálsan leikskóla og ekki liggja fyrir neinar tillögur í því sambandi.

Fylgiskjal III.

Leikskólar Reykjavíkur:

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur – leikskólagjöld.
(Gjaldskráin gildir frá 1. september 2005.)

	Kennslugjald			Fæðisgjald			Samtals K+F		
Vistunar-tími	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Morgun-hressing	Hádegis-verður	Nón-hressing	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III
	2.800	2.050	1.160						
4,0 klst.	11.200	8.200	4.640	1.140	0	0	12.340	9.340	5.780
4,5 klst.	12.600	9.225	5.220	1.140	0	0	13.740	10.365	6.360
5,0 klst.	14.000	10.250	5.800	1.140	3.400	0	18.540	14.790	10.340
5,5 klst.	15.400	11.275	6.380	1.140	3.400	0	19.940	15.815	10.920
6,0 klst.	16.800	12.300	6.960	1.140	3.400	0	21.340	16.840	11.500
6,5 klst.	18.200	13.325	7.540	1.140	3.400	0	22.740	17.865	12.080
7,0 klst.	19.600	14.350	8.120	1.140	3.400	1.140	25.280	20.030	13.800
7,5 klst.	21.000	15.375	8.700	1.140	3.400	1.140	26.680	21.055	14.380
8,0 klst.	22.400	16.400	9.280	1.140	3.400	1.140	28.080	22.080	14.960
8,5 klst.	23.800	17.425	9.860	1.140	3.400	1.140	29.480	23.105	15.540
9,0 klst.	25.200	18.450	10.440	1.140	3.400	1.140	30.880	24.130	16.120
9,5 klst.	26.600	19.475	11.020	1.140	3.400	1.140	32.280	25.155	16.700

Skýringar á gjaldflokkum:

I. Samkvæmt I. flokki greiða giftir foreldrar og sambúðarfólk.

II. Samkvæmt þessum flokki greiða foreldrar þar sem annað foreldrið er í námi. Miðað er við að nám sé lánshæft skv. viðmiðunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Skrifstofa LÍN veitir upplýsingar um þá skóla og það nám sem metið er lánshæft. Námsmaður skal vera í a.m.k. 75 % námi á háskólastigi en í 100 % námi sé hann í sérnámi.

Námsmenn við Háskóla Íslands skulu taka a.m.k. 11 einingar á önn.

Þessi gjaldflokkur á einnig við ef stundað er fullt nám í framhalds-, mennta-, fjölbrauta- og iðnskóla. Kvöldnám er ekki tekið gilt.

Skólavottorð berist skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur í janúar og september ár hvert. Námssamningar berist skrifstofu skrifstofu L.R. í byrjun samningstímans.*

III. Samkvæmt III. flokki greiða einstæðir foreldrar, foreldrar þar sem báðir eru í námi sbr. skilgreiningu LÍN á lánshæfu námi og foreldrar ef báðir eða annað eru öryrkjar. Starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur falla einnig undir þennan flokk.

Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur er byggð upp á kennslugjaldi og fæðisgjaldi. Sé barn í leikskólanum þegar morgunverður og/eða síðdegishressing er framreidd er greitt fyrir málsverðina.

Kennslugjaldið er í þremur flokkum eins og fram kemur hér að ofan, en fæðisgjald er það sama í öllum flokkum.

Systkinaafsláttur er 40% af kennslugjaldi með öðru barni og 90% af kennslugjaldi með þriðja barni. Leikskólagjald er greitt eftir fjölda þeirra klukkustunda sem barn dvelur í leikskólanum. Heimilt er að kaupa ½ klst.

Gjaldskrá 5 ára barna 2005.

Gjaldfrjálst leikskólanám fyrir 5 ára börn er þrjár klukkustundir fyrir hádegi. Greitt er fyrir fæði.

Frá 1. september 2005 er greitt fyrir börn fædd árið 2000 samkvæmt gjaldskrá 5 ára barna.

	Kennslugjald			Fæðisgjald			Samtals K+F		
Vistunar-tími	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Morgun-hressing	Hádegis-verður	Nón-hressing	Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III
	2.800	2.050	1.160						
4,0 klst.	2.800	2.050	1.160	1.140	0	0	3.940	3.190	2.300
4,5 klst.	4.200	3.075	1.740	1.140	0	0	5.340	4.215	2.880
5,0 klst.	5.600	4.100	2.320	1.140	3.400	0	10.140	8.640	6.860
5,5 klst.	7.000	5.125	2.900	1.140	3.400	0	11.540	9.665	7.440
6,0 klst.	8.400	6.150	3.480	1.140	3.400	0	12.940	10.690	8.020
6,5 klst.	9.800	7.175	4.060	1.140	3.400	0	14.340	11.715	8.600
7,0 klst.	11.200	8.200	4.640	1.140	3.400	1.140	16.880	13.880	10.320
7,5 klst.	12.600	9.225	5.220	1.140	3.400	1.140	18.280	14.905	10.900
8,0 klst.	14.000	10.250	5.800	1.140	3.400	1.140	19.680	15.930	11.480
8,5 klst.	15.400	11.275	6.380	1.140	3.400	1.140	21.080	16.955	12.060
9,0 klst.	16.800	12.300	6.960	1.140	3.400	1.140	22.480	17.980	12.640
9,5 klst.	18.200	13.325	7.540	1.140	3.400	1.140	23.880	19.005	13.220

Flokkur I 2.800 kr. Útreikningur (2.800 * tímar + fæði = mánaðargjald)
Flokkur II 2.050 kr. Útreikningur (2.050 * tímar + fæði = mánaðargjald)
Flokkur III 1.160 kr. Útreikningur (1.160 * tímar + fæði = mánaðargjald)

Morgunverður 1.140 kr.
Hádegisverður 3.400 kr.
Nónhressing 1.140 kr.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af tímagjaldi.
Yngsta barn fullt gjald.
Annað barn 40% afsláttur.
Þriðja barn 90% afsláttur.
Afsláttur reiknast alltaf á elsta barn.

Dæmi:
Foreldrar eiga tvö börn sem eru í leikskóla í 8 klst. á dag og greiða samkvæmt flokki I.
Fyrir yngra barnið greiða þau fullt gjald: 28.080 kr. á mán.
Systkinaafsláttur fyrir eldra barnið er 40% af kennslugjaldi 22.400*0,6=13.440
Við það bætist fæðisgjald: 1.140+3.400+1.140=5.680
Fyrir eldra barnið greiða þau því 13.440+5.680=19.120 kr. á mán.
Samtals 47.200 kr. á mánuði fyrir bæði börnin.
Systkinaafsláttur er reiknaður út á sama hátt fyrir foreldra sem greiða samkvæmt flokki II og III.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Í nefndinni verði fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi, Háskóla Íslands, sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsráðherra og skipi ráðherra jafnframt formann nefndarinnar. Nefndin skili skýrslu og ráðherra kynni Alþingi niðurstöður hennar eigi síðar en 10. desember 2006.

Greinargerð.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið hefur mikið verið til umræðu undanfarin ár. Færeyingar hafa að ýmsu leyti valið að fara aðrar leiðir í fiskveiðistjórn en aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf. Árangur þeirra og reynsla hefur að mörgu leyti verið athyglisverð þó að deilt sé bæði um meinta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Athygli vekur að svo virðist sem nokkuð almenn sátt ríki um fiskveiðistjórnina í Færeyjum. Fiskstofnar við Færeyjar virðast einnig hafa spjarað sig þokkalega almennt séð undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er við Færeyjar.

Þó að fiskveiðistjórn Færeyinga hafi iðulega vakið umræður á Íslandi hefur aldrei farið fram ítarleg úttekt á því kerfi hér á landi. Fátt liggur fyrir af íslenskum heimildum um það þrátt fyrir að reynsla Færeyinga sé merkileg. Samantekt á henni yrði þarft innlegg í umræðuna um fiskveiðistjórn hér á landi og gæti leitt til þess að Íslendingar drægju gagnlegan lærdóm af henni sem nota mætti við umbætur í fiskveiðistjórn hér.

Ekki er mælst til að neinir fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi hér á landi eigi sæti í nefndinni. Nauðsynlegt er að reyna eftir megni að nálgast viðfangsefnið á hlutlausan hátt og nefndin mundi að sjálfsögðu kalla eftir áliti þessara aðila.

Eðlilegt er að nefndin leggi m.a. mat sitt á tengsl fiskveiðiráðgjafar við heimilaðan afla, brottkast, þjóðhagslegan ávinning, takmörkun afkastagetu fiskveiðiflotans, tengsl landvinnslu og útgerðar, launamál sjómanna, verndun veiðistofna, takmörkun veiðisvæða, takmörkun veiðiskipa, markaðsmál, nýliðun í útgerð, endurnýjun veiðiskipa og fleiri skyld atriði og beri saman við fiskveiðistjórn Íslendinga.

Lagt er til að störf nefndarinnar verði launuð af Verkefnasjóði sjávarútvegsins og að hún skili niðurstöðum sínum í skýrsluformi til sjávarútvegsráðherra sem síðan kynni hana fyrir Alþingi.

28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Örlygsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson, Mörður Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 317 – 294. mál).

Við setningu Alþingis, 131. löggjafarþings, 1. október 2004, vakti athygli alþingismanna hve vel hefur til tekist með lagfæringu, lýsingu og endurbætur á þingsal. Glæsilegt form og nálgun þess sem í upphafi var byggt er öllum þeim sem að komu til sóma.

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins í íslensku þjóðlífi, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum,

í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á svæði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar.“ (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Þess var minnst 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga, að 19. júní ætti hinn fagri íslenski fáni 90 ára afmæli. Hinn 1. júlí sl. voru 124 ár liðin frá því að Alþingi var sett í fyrsta sinn í Alþingishúsinu. Íslendingar státa sig af elsta löggjafarþingi veraldar, eru stoltir af þjóðfána sínum sem í 90 ár hefur af stjórnendum Alþingis þess tíma ekki verið talinn gegn og gildur innan veggja Alþingis.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmálaþátttöku, áhrifa og valda kvenna.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Gunnar Örlygsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni viðhorf til kvenna í stjórnmálum, til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnmálaþátttöku kvenna fyrir samfélagið. Nefndin kanni sérstaklega afstöðu almennra kjósenda, karla og kvenna, en leiti jafnframt eftir sjónarmiðum kvenna sem tekið hafa þátt í stjórnmálastarfi, svo og viðhorfum fjölmiðla, þ.e. blaðamanna og þáttastjórnenda af báðum kynjum.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar og mat á þeim fyrir 1. desember 2006.

Greinargerð.

Þingsályktunartillagan var flutt á 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er hún því endurflutt. Greinargerðin sem fylgdi þá var svohljóðandi:

„Jafnræði með körlum og konum á vettvangi stjórnmálanna snýst, eins og á öðrum sviðum, um að samfélaginu nýtist sá auður sem býr í krafti kvenna. Í orði ríkir um það almenn sátt í íslensku samfélagi að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að konur og karlar komi jafnt að allri stefnumótun og ákvarðanatöku, áhrifum og völdum. Raunin er hins vegar önnur og

eru Íslendingar vel meðvitaðir um það ef marka má Gallup-könnun sem gerð var haustið 2003. Þar kom fram að 83,9% þeirra sem spurðir voru töldu stöðu karla vera betri en stöðu kvenna í íslensku samfélagi. Á vettvangi stjórnmálanna hefur hægt miðað við að ná því markmiði að tryggja jöfn lýðréttindi kvenna og karla og mun hægar á Íslandi en hjá nánustu frændþjóðum okkar, sem hafa í mun meira mæli beitt sérstökum úrræðum, eins og kynjakvótum og fléttulistum, til að tryggja aukinn hlut kvenna. Tölulegar kyngreindar upplýsingar og staðreyndir sýna svart á hvítu hver staða kvenna er, þær sýna afturför á ákveðnum sviðum og vekja jafnframt ugg um hvert stefnir.

Annars vegar eru upplýsingar sem einar og sér sýna mjög sterka og þýðingarmikla stöðu kvenna í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Marktækt fleiri konur en karlar ljúka námi í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum, þar sem hlutur kvenna er 63%. Menntun kvenna vegur því þyngra en karla fyrir mannauðinn sem talinn er grunnurinn að samkeppnishæfni þjóðarinnar. Íslenskar konur eiga hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu en barneignir eru ráðandi þáttur fyrir efnahagslega afkomu vegna aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þá er atvinnuþátttaka kvenna meiri hér en í nokkru öðru OECD-ríki, eða 83%. Enn eru ekki merki um það hér að konur velji að eiga ekki börn til að geta óhindrað einbeitt sér að því að nýta menntun sína og ná frama í starfi, sem er orðið áhyggjuefni í sumum nágrannalöndum okkar.

Hins vegar sýna staðreyndir og tölulegar upplýsingar hve illa konur standa gagnvart öllum áhrifum og völdum í samfélaginu. Innan stjórnsýslunnar eru aðeins tvær konur ráðuneytisstjórar, aðeins 15 deildarstjórar af 60 eru konur og meðaltalshlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta er aðeins 30%. Engin kona er forstjóri eða stjórnarformaður í 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum né 10 stærstu fjármálafyrirtækjunum, en í fyrra tilvikinu eru tvær konur í stjórn af 55 og í því síðara 6 konur af 52. Í 50 stærstu íslensku fyrirtækjunum er aðeins einn kvenforstjóri og einn kvenstjórnarformaður. Af samanlagt 274 stjórnarmönnum í þessum 50 fyrirtækjum eru 25 konur. Ef litið er fram hjá lengd vinnutíma þá námu laun kvenna 2002 aðeins 59% af launum karla og hefur hlutfallið lækkað úr 61% árið 2000. Síðast en ekki síst var hlutur kvenna í sveitarstjórnum 2002 31,1% sem var 3% fjölgun frá kosningunum 1998 en konum fækkaði hins vegar á Alþingi í kosningunum 2003 úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2%.

Í sjálfu sér er enginn ágreiningur um formleg markmið og leiðir í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Jafnréttisáætlanir hafa verið samþykktar einróma af þingheimi og almenn samstaða er um samþættingarleiðina. Lagaleg staða karla og kvenna er orðin jöfn, þ.e. eftir orðanna hljóðan, eftir að karlar fengu sama rétt og konur til fæðingarorlofs. Á hinn bóginn standa eftir fjölmörg ákvæði í lögum sem eru ókynbundin í orði en koma misjafnlega við konur og karla, svo sem ýmis ákvæði kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

Lítið hefur miðað í rétta átt undanfarin ár í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna. Auk þess þykjast margir sjá merki um bakslag á ýmsum sviðum, sem leita þurfi skýringa á, ekki síst því að þingkonum fækkaði í síðustu alþingiskosningum. Markmið þessarar tillögu er að leita að rót vandans, en tillagan er takmörkuð við könnun á stöðu kvenna í stjórnmálum og leit að ástæðum hennar í afstöðu og viðhorfum meðal almennings, kvennanna sjálfra og innan fjölmiðlanna.

Konur hafa sýnt að þær standa körlum hvergi að baki, hvorki á vettvangi stjórnmálanna né annars staðar. Ein eða fleiri kvenfyrirmyndir eru til á nær öllum sviðum íslensks samfélags í hefðbundnum karlastörfum og stöðum. Konur hafa hin síðari ár öðru fremur gert þá kröfu að vera aðeins metnar að verðleikum og almennt ekki reynt að höfða til kjósenda sem konur, vegna kynbundinna verðleika eða sérstakra áherslna á hin svokölluðu mjúku mál.

Hvorki konur né karlar hafa sérstaklega haldið á lofti árangri eða ávinningi samfélagsins af stjórnmálaþátttöku kvenna eða þeim breytingum sem orðið hafa á viðfangsefnum í stjórnmálum með auknum hlut kvenna. Altalað er að konur standi síður saman eða með öðrum konum en karlar með öðrum körlum í stjórnmálabaráttu, í prófkjörum og starfi innan stjórnmálaflokka almennt. Margir halda því fram að rýrari hlutur kvenna í stjórnmálum stafi fyrst og fremst af rýrari hlut þeirra sem félagsmanna í stjórnmálaflokkum og einnig er því oft haldið fram að starf í stjórnmálaflokkum sé allt á forsendum karla og veki mun síður áhuga kvenna og laði þær síður að. Þá er því haldið fram að litlu skipti þó að konum fjölgi á Alþingi, jafnvel þó að þær næðu 40% hlut meðan þær vinni ekki saman þverpólitískt og verði raunverulegt pólitískt afl. Fleiri og fleiri halda því fram að kyrrstaðan undanfarin ár og bakslagið stafi öðru fremur af því að konur, með 30% hlut bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi, séu farnar að ógna stöðu og stólum karla. Aðrir halda því fram að karlar í stjórnmálum noti konur til að sýna kjósendum jákvæða hlið sína og flokksins, þeim sé bara hossað og hampað fyrir kosningar en ýtt til hliðar og frá völdum og áhrifum að kosningum loknum. Þær vanti baklandið, sterkt bakland kvenna sem styðji þær og hvetji þær til að standa fyrir sínu. Þetta síðasta vekur spurninguna um það hvað konur standa fyrir í íslenskri pólitík í augum kjósenda. Sjá kjósendur skýrar ástæður til að styðja aukinn hlut kvenna í stjórnmálum? En óhjákvæmilega yrði það á kostnað karla því að valda- og áhrifastöður eru fyrir fram ákveðin stærð. Viðhorf kjósenda ráða í raun öllu um hvort konur ná jafnræði á við karla.

Fjölmiðlar ráða miklu um viðhorf almennings. Bæði með því hvað þeir fjalla um og hvernig og með því sem þeir fjalla ekki um. Því vaknar áleitin spurning um kynbundin viðhorf blaðamanna og þáttastjórnenda. Hvað réð því í raun að hlutur kvenna sem þátttakenda í umræðuþáttum í undanfara síðustu alþingiskosninga var aðeins 24%, eins og rannsókn Þorgerðar Þorvaldsdóttur sagnfræðings leiddi í ljós? Gaf þessi fjórðungsþátttaka fyrir fram óyggjandi vísbendingu um hver uppskera kvenna yrði? Vegna skoðanamyndandi áhrifa fjölmiðla þykir eðlilegt að tillaga þessi taki til þess að kanna viðhorf á þeim bænum.

Hugmyndin að viðfangsefni þessarar tillögu til þingsályktunar varð til í kjölfar málþings íslenskra, grænlenskra og færeyskra þingkvenna um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum sem haldið var á vegum færeyska þingsins í Þórshöfn á síðastliðnu sumri. Umræðurnar snerust öðru fremur um ástæður þess að ekki eru fleiri konur á þingi svo og um muninn sem er á hlut kvenna á þingum þessara þriggja landa. Gengi þingkvenna er mjög mismunandi í þeim. Konum fækkaði á Alþingi í síðustu alþingiskosningum. Þeim fjölgaði á hinn bóginn mikið á grænlenska þinginu og eru þær nú yfir 30% þingmanna, meðal annars vegna þeirrar breytingar að landið var gert að einu kjördæmi. Hins vegar eru ekki nema þrjár konur á færeyska þinginu, 9% þingmanna. Það stafar einkum af kosningafyrirkomulaginu en þær fengu samtals 20% atkvæða. Við lok málþingsins voru dregnar saman helstu áherslur í inngangserindum og umræðum. Ein þeirra laut að þörf þess að kanna viðhorf meðal kjósenda og hverjar væntingar þeirra væru til stjórnmálaþátttöku kvenna.

Flutningsmönnum þykir vel við hæfi að Alþingi Íslendinga eigi frumkvæði að slíkri könnun sem þessar nánu frændþjóðir okkar geta síðar notið góðs af og haft til hliðsjónar við sambærilega vinnu.“

Þingsályktunartillagan var send til umsagnar á 131. löggjafarþingi og bárust jákvæðar umsagnir. Í umsögn Jafnréttisstofu kom fram að hún teldi að tilgangur hennar þyrfti að vera ljós. Flutningsmenn telja að markmið tillögunnar komi skýrt fram í greinargerð, enda liggur í augum uppi gildi upplýsinga um viðhorf og væntingar kjósenda til stjórnmálaþátttöku kvenna því það eru kjósendur sem hafa einkum í hendi sér að veita konum brautargengi í stjórnmálum.

30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olíugjald.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L Möller, Einar Már Sigurðarson,
Jón Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Valdimar L. Friðriksson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 5,28 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá 1. nóvember 2005 til loka mars 2006.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu 1. nóvember 2005.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingu.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 70/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 37 kr. á hvern lítra af olíu frá 1. nóvember 2005 til loka mars 2006.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra olíubirgða sem til eru í landinu 1. nóvember 2005.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2005.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að bensín- og olíulítrinn lækki tímabundið um 5 kr. Lögð er til 4 kr. tímabundin lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni þannig að það lækki úr 9,28 kr. í 5,28 kr. Auk þess er lögð til sama lækkun á olíugjaldinu þannig að það lækki úr 41 kr. í 37 kr., en olíugjaldið var lækkað tímabundið 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 úr 45 kr. í 41 kr.

Með breytingunni mundi útsöluverð á bensíni og olíu lækka um tæpar 5 kr. þegar virðisaukaskattur hefur verið lagður á eða um 9–10%. Lagt er til að lækkunin verði tímabundin frá 1. nóvember nk. til loka mars 2006 eða í fimm mánuði. Tekjutap ríkisins vegna lækkunar á bensíngjaldi, ásamt lækkun á virðisaukaskattstekjum, yrði um 378 millj. kr. og tekjutap vegna lækkunar á olíugjaldinu um 166 millj. kr. eða samtals rúmar 544 millj. kr. á gildistímanum.

Á móti má nefna að árlegar virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs sem rekja má beint til hækkunar á heimsmarkaðsverði hafa aukist stórlega. Samanburður á heimsmarkaðsverði á bensíni í september 2005 og heimsmarkaðsverði á árunum 2003 og 2004 leiðir í ljós að virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs aukast um yfir 600 millj. kr. á einu ári haldist þetta háa heimsmarkaðs-

verð. Lítrinn af dísilolíu er um þessar mundir ríflega 10 kr. dýrari á heimsmarkaði en í upphafi árs. Miðað við forsendu fjárlaga um selt magn af dísilolíu á ári aukast tekjur af virðisaukaskatti um ríflega 200 millj. kr. vegna þessa, sem ber þó að skoða í því ljósi að í mörgum tilvikum er um að ræða atvinnubíla sem geta innskattað á móti og því eru viðbótartekjurnar eitthvað lægri en 200 millj. kr. Einnig er ljóst að áætlanir um tekjur ríkissjóðs af olíugjaldinu eru vanmetnar. Tekjuforsendur hafa verið miðaðar við 81 milljón lítra en áætla má að magn dísilolíu sé meira en tekjuforsendur fjárlaga miða við, en misvísandi upplýsingar hafa komið fram um selt magn af dísilolíu sem ber olíugjald. Því ætti tímabundin lækkun á dísilolíu ekki að hafa áhrif á fé til vegamála og lækkun á almenna bensíngjaldinu hefur ekki áhrif til skerðingar á vegafé.

Verðlagsáhrifin af því að lækka verð á bensíni og dísilolíu eru 0,2% í vísitölunni en eldsneytið vó um 5,3% af vísitölugrunninum í september. Slík breyting á vísitölunni hefði jákvæð áhrif þegar áhrifin á kjarasamninga eru metin.

Tilgangur breytinganna sem hér eru lagðar til er að vega upp á móti þeirri miklu verðhækkun sem orðið hefur á eldsneyti, en meðalverð á heimsmarkaði á bensíni 2003 og 2004 var um 19 kr. á lítra og er nú um 33 kr. á lítra en fór hæst í 39 kr. 1. september sl. Verð til neytenda er meira en 17 kr. hærra á hvern lítra af bensíni en meðalverð síðustu ára vegna hækkunar á heimsmarkaði og virðisaukaskatts á þá hækkun. Haldist verðið svona hátt aukast bensínútgjöld íslenskra neytenda um meira en 3,2 milljarða kr. á einu ári. Við upptöku olíugjaldsins 1. júlí sl. lækkaði almenna vörugjaldið á bensíni úr 11,34 kr. í 9,28 kr. en á móti hækkaði sérstaka vörugjaldið, bensíngjaldið, úr 30,89 kr. í 32,95 kr.

Sú leið sem hér er valin, þ.e. að leggja til tímabundna lækkun á almenna vörugjaldinu, er sama leið og ríkisstjórnin fór árið 2002 með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverði væru umtalsverð og gætu stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu. Bensínlítrinn hefur hækkað gífurlega frá því að ríkisstjórnin beitti sér fyrir tímabundinni lækkun á bensíni vegna kjarasamninga um mitt ár 2002. Frá þeim tíma eða frá júlí 2002 til september 2005 hefur útsöluverðið á bensínlítra án afsláttar hækkað úr 97 kr. í 121,50 kr. eða um 25%.

Verðbólgan í september var 4,8% og er komin yfir efri vikmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans. Fram hefur komið hjá ASÍ að líkur á að forsendur kjarasamninga haldi í nóvember séu hverfandi. Við undirskrift kjarasamninga á fyrri hluta ársins 2004 var verðbólgan 1,8% og var við það miðað að hún yrði sem næst 2,5% á samningstímanum. FÍB hefur áætlað að eldsneytisútgjöld almennings í landinu aukist um tvo milljarða kr. á heilu ári miðað við verðþróunina á heimsmarkaði frá síðustu áramótum.

Heildarskatttekjur ríkisins af bílum og umferð fara yfir 40 milljarða kr. á þessu ári en voru 31 milljarður kr. á sl. ári. Hér er um að ræða 30% aukningu á tekjum ríkissjóðs af bílum en um helmingur heildarskatttekna ríkisins af bílum er vegna notkunar og um helmingur vegna bílakaupa. Bensínreikningur einnar fjölskyldu á ári er áætlaður 400 þús. kr. og hefur hækkað verulega á þessu ári. Ástæða er til að nefna einnig að 60% af verði hvers bensínlítra fer í skatta, þ.e. almennt vörugjald, sérstakt vörugjald (bensíngjald) og virðisaukaskatt.

FÍB hefur tekið saman eldsneytisverð í Evrópu 4. ágúst sl. og þá kom í ljós að af 31 Evrópulandi er eldsneytið á bílinn dýrast á Íslandi. Yfir 13 þúsund einstaklingar hafa skrifað undir áskorun FÍB um lækkun eldsneytisskatta þar sem skorað er á stjórnvöld að draga úr verðáhrifum þeirrar neikvæðu þróunar sem átt hefur sér stað á heimsmarkaði á umliðnum mánuðum. FÍB hefur jafnframt bent á að á þessu ári verður einungis varið 13 milljörðum kr. til vegagerðar af 40 milljarða kr. heildartekjum ríkisins af bílasköttum.

Flest bendir til að ekki sé von á lækkun eldsneytisverðs á næstu mánuðum og verðið haldist áfram hátt. Í lok september kom fram í fréttum Bloomberg News að hráolíuverð haldi

áfram að lækka. Í fréttinni segir að skemmdir á olíuhreinsunarstöðvum vegna fellibylsins Rítu dragi úr afkastagetu hreinsunarstöðva og þar með eftirspurn eftir hráolíu. Á sama tíma hækkar bensínverð. Ástæðan er mikill samdráttur í olíuhreinsun. Bensín og dísilolía eru unnar olíuvörur og framboð á þessum vörum annar ekki eftirspurn á markaði. Á sama tíma er framboð á hráolíu meira svo að hægt sé að vinna úr því í olíuhreinsunarstöðvum. Það hljómar eins og öfugmæli að hráefnið lækki og á sama tíma hækki unna varan en þarna bitnar minni framleiðslugeta á neytendum. Sjö olíuhreinsunarstöðvar í Port Arthur og Beaumont í Texas og Lake Charles í Louisiana eiga meira en mánuð í að ná upp fyrri framleiðslugetu. Einnig er framleiðslugeta hjá olíuhreinsunarstöðvum eftir að fellibylurinn Katrín gekk yfir enn um 5% minni en venjulega.

Framleiðslusamdrátturinn er meiri en samdrátturinn í framboði á hráolíu eftir hamfarirnar við Mexíkóflóa. Talið er að framleiðsla olíuhreinsunarstöðva hafi dregist saman um tvær milljónir tunna á dag en framboð á hráolíu hefur dregist saman um 1,5 milljónir tunna. Ljóst er að markaðurinn óttast að framleiðslan verði takmörkuð áfram.

Í frumvarpinu er miðað við að sú tímabundna lækkun sem lögð er til gildi til marsloka á næsta ári, en þá þarf að meta hvort ástæða sé til að framlengja hana með tilliti til heimsmarkaðsverðs. Einnig væri eðlilegt að athugað yrði að stytta gildistímann ef heimsmarkaðsverðið lækkaði verulega og bensínlítrinn færi t.d. í um 20 kr. sem var meðalverð á heimsmarkaði á síðastliðnu ári.

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Hlynur Hallsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Í stað orðanna „10% af þeim tekjum“ í 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 18% af þeim tekjum sem eru umfram 120.000 kr. á ári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10% af þessum tekjum“ í 3. mgr. kemur: 18% af þessum tekjum.
b. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skal hann vera 18% af þeim tekjum.
c. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu.
d. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 18% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og koma til framkvæmdar þá þegar vegna tekna á árinu 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (7. mál) en var ekki afgreitt. Málið er nú flutt að nýju óbreytt að undanskildri dagsetningu á gildistöku. Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Miðað við forsendur frumvarpsins má áætla að fjármagnstekjur ársins 2004 hefðu orðið rúmir 10 milljarðar kr. á rekstrargrunni í stað 7 milljarða kr., eða 3 milljörðum kr. hærri.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2006 er gert ráð fyrir 12.300 millj. kr. fjármagnstekjuskatti á rekstrargrunni. Miðað við forsendur frumvarpsins yrðu tekjur af fjármagnsskatti rúmir 17 milljarðar kr., eða sem svarar aukningu upp á rúma 5 milljarða kr.

Greinargerðin sem fylgdi frumvarpinu á 131. löggjafarþingi var að öðru leyti svohljóðandi:

„Lagt er til að sett verði skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingum. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni, sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir.

Vinnandi fólk greiðir af launum sínum rúm 38,5% að samanlögðum tekjuskatti og útsvari og allt að 45% að viðbættum hátekjuskatti. Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem þiggja hluta tekna sinna af hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur. Af þeim greiða þeir, eins og fyrr segir, aðeins 10% skatt.

Flutningsmenn vilja að brugðist verði við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því órétttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Fróðlegt er að líta til skattheimtu af launum og fjármagnstekjum í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku til samanburðar við lög hér á landi og þá breytingu sem flutningsmenn leggja til.

Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 38,6%. Fastur frádráttur er 4.750 bandaríkjadalir fyrir einstakling. Hægt er að draga frá persónuafslátt að upphæð 3.050 dalir. Ef tekið er dæmi af einhleypum einstaklingi líta skattþrepin svona út:

< 6.000	USD	10%
6.001–28.400	USD	15%
28.401–68.800	USD	27%
68.801–143.500	USD	30%
143.501–311.950	USD	35%
> 311.950	USD	38,60%

Við þetta bætast ýmsir svæðisbundnir skattar þar sem skattstofninn er svipaður en persónuafsláttur og frádráttur eru mismunandi eftir einstökum ríkjum. Skatthlutfallið er oftast stighækkandi frá 3% upp í 25%. Fjármagnstekjur aðrar en söluhagnaður eru skattlagðar á

sama hátt og aðrar tekjur. Skatthlutfall er að hámarki 20% af söluhagnaði langtímaeignar, þ.e. eignar sem viðkomandi hefur átt lengur en í 12 mánuði. Ef tekjur einstaklinga eru skattlagðar miðað við 15% skatthlutfall eru fjármagnstekjurnar skattlagðar að hámarki með 10% skatthlutfalli. Ef eignin hefur verið í eigu einstaklings til lengri tíma en fimm ára lækkar skatthlutfallið niður í 18% og 8%.

Í Bretlandi eru þrjú skattþrep í almennum tekjuskatti: 10% á tekjur upp að 1.920 pundum, 22% á tekjur á bilinu 1.921–29.900 pund og 40% á tekjur umfram 29.900 pund. Um fjármagnstekjuskatt gildir að skattprósenta á söluhagnað ræðst af tekjuskattsstofni hvers einstaklings, nema ef fjármagnstekjur eru í milliflokknum en þá bera þær aðeins 20% skatt. Á skattárinu 2002–2003 voru einstaklingar að auki undanþegnir skatti af fyrstu 7.700 pundunum sem þeir höfðu í hagnað af sölu eigna. Fjármagnstekjur af sparifé bera 20% skatt í lægri flokkunum tveimur en 40% í hæsta flokknum. Arðgreiðslur bera 10–32,5% skatt þegar búið er að nýta sérstakan skattafrádrátt.

Í Danmörku leggur ríkið skatt á tekjur sem hér segir:

< 198.000	DKK	5,50%
198.000–295.000	DKK	6%
> 295.000	DKK	15%

Að meðaltali er sá skattur sem greiddur er til sýslna og sveitarfélaga 32,6%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með öðrum tekjum. Innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 41.100 dönskum kr. en 43% af hærri upphæðum.

Í Finnlandi leggur ríkið á tekjuskatt í eftirfarandi þrepum:

< 11.600	EUR	0%
11.600–14.400	EUR	12,50%
14.400–20.000	EUR	16,50%
20.000–31.200	EUR	22,50%
31.200–55.200	EUR	28,50%
> 55.200	EUR	35,50%

Til sveitarfélaga er greiddur skattur á bilinu 15,5–20%. Heildarálögur ríkis og sveitarfélaga mega þó aldrei nema hærra hlutfalli en 70%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með flötum 29% skatti.

Á Írlandi er lagður 20% skattur á tekjur upp að ákveðinni upphæð (28.000 evrur fyrir barnlausa einstaklinga) og þá tekur við 42% skatthlutfall. Fjármagnstekjur bera yfirleitt flatan 20% skatt en í undantekningatilfellum er skattprósentan 40%.

Í Kanada er innheimtur tekjuskattur sem hér segir:

< 32.182	CAD	16%
32.183–63.367	CAD	22%
64.368–104.647	CAD	26%
> 104.647	CAD	29%

Einstök fylki innheimta sína skatta með tekjuskatti alríkisstjórnarinnar og eru þeir því aðeins hluti af heildarskattinum. Fylkin geta líka lagt á sérstaka viðbótarskatta og flata skatta á tekjur umfram tiltekna upphæð. Heildarskattprósenta má þó aldrei vera hærri en á bilinu

39–48,6%. Fjármagnstekjur eru yfirleitt skattlagðar með lægra skatthlutfalli þar sem aðeins þarf að greiða skatt af helmingi hreinna fjármagnstekna.

Í Noregi er lagður að hámarki 28% skattur á hreinar tekjur, skatthlutfall ríkisins er að hámarki 10,35% en sveitarfélaga að hámarki 17,65%. Persónuafsláttur einstaklinga er 310.000 norskar kr. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með almennum tekjum (hreinum tekjum).

Sænska ríkið leggur 20% skatt á tekjur á bilinu 284.300–430.000 sænskar kr. en 25% skatt á tekjur umfram 430.000. Tekjur undir 284.300 sænskum kr. bera ekki skatt. Persónuafsláttur er á bilinu 11.400–25.900 sænskar kr. Sveitarfélögin leggja á flatan skatt sem er yfirleitt um 32% og reiknaður af sama skattstofni og tekjuskattur hjá ríkinu. Fjármagnstekjur í Svíþjóð bera 30% flatan skatt.“

32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu

tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætist 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga öðlast launþeginn lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Þegar þetta frumvarp var lagt fram á sl. hausti, þ.e. í okt. 2004, höfðu kjarasamningar Sjómannasambands Íslands (SSÍ) og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), sem og Alþýðusambands Vestfjarða, verið lausir frá 1. janúar, í níu mánuði, og samningar grunnskólakennara frá 1. apríl, eða í sex mánuði. Í sjómannadeilunni höfðu verið haldnir 30 fundir og 51 fundur í kjaradeilu grunnskólakennara. Kjaradeilu sjómanna lauk 30. okt. 2004 og kennara 29. okt. 2004 með gerð nýs kjarasamnings.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 19 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 19 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjaradeilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

„Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.“

Frumvarp sama efnis var flutt á 126., 127., 128., 130. og 131. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2004*)

Gildistími kjara-samninga eða laga	Undirskrift kjara-samninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	**19.03.01**	397 dagar
19.03.01–01.04.01	**16.05.01**	46 dagar
16.05.01–31.12.03*)	30.10.04	303 dagar
		Alls 2.706 dagar

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem nýr kjarasamningur tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2004, eru 7.285 dagar. Á þessu tímabili eru 2.706 „samningslausir“ dagar eða rúmlega 37% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga sjómanna um 2.622 daga.

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um lífeyrisréttindi hjóna.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Drífa Hjartardóttir,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Sólveig Pétursdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að tryggja með lögum rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað.

Nefndin skili skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi fyrir 1. desember 2006.

Greinargerð.

Samkvæmt 102. gr. hjúskaparlaga getur maki krafist þess við skipti að áunnin lífeyrisréttindi hans komi ekki til skipta við skilnað. Lífeyrisréttindi eru tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Það er álitamál hvort ekki sé eðlilegra að litið sé á öflun lífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Telja má réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun lífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Þessi sjónarmið fá nokkurn hljómgrunn í 2. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga. Þar kemur fram að þyki það ósanngjarnt gagnvart hinum makanum að lífeyrisréttindum sé haldið utan skipta sé heimilt að bæta honum það með fjárgreiðslum sem eftir atvikum má inna af hendi með nánar greindum afborgunum. Á ákvæði þetta reyndi í dómi Hæstaréttar frá 26. apríl 2002 í máli nr. 170/2002. Í málinu krafðist sóknaraðili, sem hafði verið heimavinnandi í þau rúmlega 20 ár sem hjónaband hans stóð yfir, að honum yrði bætt það með fjárgreiðslum að lífeyrisréttindum maka hans væri haldið utan skipta við skilnaðinn að kröfu hans. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfest var af Hæstarétti með vísan til forsendna sagði m.a.:

„Er óumdeilt að sóknaraðili hafi borið hitann og þungann af heimilisstörfum og uppeldi barna þeirra á samvistatímanum, þótt deila megi um nauðsyn þess að hún væri heimavinnandi allan tímann, eins og varnaraðili bendir á máli sínu til stuðnings. Á hitt ber þó að líta að svo virðist sem aðilar hafi verið samhuga um þá tilhögun, á meðan allt lék í lyndi, og verður við það miðað við úrlausn málsins.“

Þegar þetta var metið, ásamt því að sóknaraðili hafði nánast engar tekjur haft og þar með ekki aflað sér lífeyrisréttinda en varnaraðili á hinn bóginn haft háar tekjur og aflað sér verulegra lífeyrisréttinda, taldi dómurinn ósanngjarnt að lífeyrisréttindum varnaraðila væri haldið utan skipta og dæmdi varnaraðila til að greiða sóknaraðila 2,5 millj. kr.

Þessi dómur Hæstaréttar mun án efa hafa fordæmisgildi en langur vegur er hins vegar frá því að hann tryggi jöfn skipti þeirra verðmæta sem í lífeyrisréttindum felast við skilnaði í framtíðinni enda málsatvik iðulega ólík og heimild dómstóla matskennd.

Í Lögmannablaðinu (október, 3/2002) fjallar Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður um framangreindan dóm Hæstaréttar. Í grein sinni vekur hann athygli á þeirri staðreynd að lífeyrisréttindi eru persónubundin réttindi sem koma aðeins til greiðslu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í því ljósi setur hann spurningarmerki við það hvort eðlilegt sé að hinn aðilinn geti fengið eingreiðslu sé slíkum réttindum haldið utan skipta, án tillits til þess hvort nauð-

synleg skilyrði fyrir útgreiðslu réttindanna verði uppfyllt. Telur hann ástæðu til að íhuga hvort rétt sé að breyta lögum með þeim hætti að unnt sé að skipta áunnum lífeyrisréttindum með samningi eða dómi. Með þessu væri tekið tillit til þeirrar óvissu hvort skilyrði fyrir útborgun úr lífeyrissjóði verða uppfyllt eða ekki.

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir að vert væri að skoða slíka breytingu, enda gengur hún í þá átt að tryggja rétt hjóna til hlutdeildar í lífeyrisrétti maka við skilnað. Flutningsmenn telja þó rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga enn lengra með því að skilgreina áunnin lífeyrisréttindi hjóna á hjúskapartímanum sem hjúskapareign þeirra sem kæmi þá til helmingaskipta samkvæmt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skilnað. Með því yrði komið í veg fyrir deilur um skiptingu þessara verðmæta auk þess sem ætla má að slík niðurstaða yrði almennt sanngjörn. Þessa kosti þarf að gaumgæfa vel og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast oft mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á lífeyrisréttindi sem sameiginlega eign eins og aðrar hjúskapareignir.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir að það getur valdið vanda fyrir lífeyrissjóðina þar sem rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Í þingsályktunartillögu þessari er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn lífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, var komið nokkuð til móts við efni tillögu þessarar, sbr. 14. gr. laganna. Þar kemur fram að sjóðfélagi geti á grundvelli samkomulags við maka tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka, í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum skuli verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Framangreind heimildarákvæði eru til bóta. Þó má gagnrýna ýmislegt, t.d. að hafi sjóðfélagi gert samkomulag um að skipta uppsöfnuðum ellilífeyrisréttindum og mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sinn eða fyrrverandi maka skerðast réttindi sjóðfélagans sem því nemur, sem hefur í för með sér að verði sjóðfélagi langlífari færast réttindin ekki aftur til hans. Sjóðfélagi tekur því nokkra áhættu með þessu.

Það er mat flutningsmanna að ekki sé nægjanlegt að sá sem t.d. hefur sinnt heimili og börnum meginhluta starfsævi sinnar verði að eiga það undir góðvild maka síns við skilnað

hvort hann fái hlutdeild í þeirri eignamyndun sem orðið hefur til og felst í lífeyrisréttindum makans. Það er jafnframt ófullnægjandi að mati flutningsmanna að maki sem telur á sér brotið þurfi að ráðast í kostnaðarsöm málaferli til að sækja réttindi sem hann hefur átt þátt í að mynda.

Gert er ráð fyrir að nefndin sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skili skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi fyrir 1. desember 2006.

34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Gunnar Örlygsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jónína Bjartmarz, Magnús Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Greinargerð.

Málið var lagt fyrir á 131. löggjafarþingi en var ekki rætt og er því endurflutt.

Mikilvægt er að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga verði beitt markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leið að því marki væri að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að sjálfsögðu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða næst haldnar vorið 2006. Umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur eflst á undanförnum árum og missirum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2002 var 31,1% og var það 3% fjölgun frá kosningunum 1998.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum hér að aftan. Með svipuðu áframhaldi tekur það um þrjá áratugi að ná því takmarki að konur verið helmingur sveitarstjórnarmanna.

Í síðustu alþingiskosningum árið 2003 varð alvarlegt bakslag í hlut kvenna á Alþingi, en þá fækkaði konum verulega, eða úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2%.

Brýnt er að tryggja að ekki eigi sér stað hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í komandi sveitarstjórnarkosningum, heldur náist sá árangur að hlutur kvenna aukist verulega.

Konur eru í meiri hluta í níu sveitarfélögum, þ.e. í Seltjarnarneskaupstað, Borgarfjarðarsveit, Broddaneshreppi, Akureyrarkaupstað, Aðaldælahreppi, Kelduneshreppi, Raufarhafnarhreppi, Mjóafjarðarhreppi og Mýrdalshreppi.

Þess má geta að engar konur eru aðalmenn í sveitarstjórn í sjö sveitarfélögum: í Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Skagabyggð, Grímseyjarhreppi, Tjörneshreppi, Fáskrúðsfjarðarhreppi og Hrunamannahreppi.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og í þingsályktunartillögu þessari, en Alþingi samþykkti þingsályktun á 122. löggjafarþingi 1997–1998 (592. mál) um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Flutningsmenn tillögunnar voru Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar var komið á fót þverpólitískri opinberri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir slíkum aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn var góður en hlutur kvenna á þingi jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999 m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og þeirrar umræðu sem þær sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma.

Finna má skýrslu nefndarinnar á slóð félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is, en í henni koma fram aðgerðir og verkefni nefndarinnar og árangur af starfi hennar.

Í lokaorðum skýrslunnar kemur m.a. fram eftirfarandi: „Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn?

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmálastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmálum sem annars staðar.
2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmálum en karlar.
3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli.“

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum er góð eins og rakið er hér að framan er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum nú í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofnunni fjármagn til aðgerðanna.

Tölulegar upplýsingar:

Sveitarstjórnarkosningar, hlutur kvenna:		**Alþingiskosningar, hlutur kvenna:**		
1950	0,6%	1979	5,0%	
1962	1,0%	1983	15,0%	
1982	12,4%	1987	20,6%	
1990	22,0%	1991	23,8%	
1994	25,0%	1995	25,4%	
1998	29,0%	1999	34,9%	(36,5% í lok tímabils)
2002	31,1%	2003	30,2%	

35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana, svo sem Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarðanum 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum.

Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið úr hvaða náttúrufarsgögnum skuli vinna á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að upplýsingunum. Miða skal við að þessum þætti málsins verði lokið og viðkomandi reglugerðum breytt í samræmi við niðurstöður fyrir árslok 2006.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið lögð fram á nokkrum fyrri þingum en ekki verið útrædd og er nú endurflutt. Umhverfisnefnd Alþingis sendi málið út til umsagnar á 128. löggjafarþingi og bárust umsagnir frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands, Landmælingum Íslands, Skipulagsstofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Umhverfisstofnun. Álitsgjafar voru almennt mjög jákvæðir og töldu brýnt að ráðast í verkefni af þessu tagi og er því ljóst að málið nýtur stuðnings fagaðila hér á landi.

Í kjölfar Ríó-ráðstefnunnar 1992 breyttust viðhorf til umhverfismála mikið og þjóðir heims hafa lagt áherslu á að endurskoða löggjöf á þessu sviði og þróa nothæfar aðferðir til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa önnur norræn ríki, Evrópusambandsríki og mörg önnur ríki sem aðild eiga að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu beitt með góðum árangri á undanförnum árum.

Um er að ræða aðferðir sem miða að því að greina og kortleggja þá náttúrufarsþætti sem hafa verndargildi og þá sem mikilvægir eru fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Samræmt kerfi til að gera þetta hefur verið þróað í samvinnu Evrópulanda og hvílir það á ákvæðum Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Grunneiningin í þessu kerfi er hugtakið „vistgerð“ en hver vistgerð lýsir svæðum með tilliti til ýmissa sameiginlegra þátta, lífrænna og ólífrænna, svo sem ríkjandi plöntutegunda, smádýra, fugla og jarðvegsgerðar. Skilgreindum verndarviðmiðum er beitt til að meta verndargildi hinna ýmsu vistgerða.

Íslendingar hafa verið samstíga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og búa nú við svipaðan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja er kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þá er mikið af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki aðgengilegt, t.d. í stafrænu formi. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja alþjóðleg-

um skyldum sem við höfum tekið á okkur, t.d. hvað varðar skuldbindingar í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og tengdum verkefnum, svo sem sameiginlegri náttúruverndaráætlun Evrópu (Emerald Network). Íslendingar eiga aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni og þar á bæ byggist gagnaöflun um náttúrufar, mat á ástandi þess og vöktun á samræmdu flokkunar- og skráningarkerfi sem okkur gengur illa að nota vegna skorts á gögnum.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilar ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði, þeir þurfa sjálfir að afla þessara gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í t.d. Svíþjóð og Finnlandi hefur áhersla verið lögð á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann þá fengið án frekari vettvangsathugana upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Sami gagnaskortur háir gerð skipulagsáætlana hér á landi, en þess má geta að nú er allt landið skipulagsskylt. Mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufar. Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa er m.a. að kröfur eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir, t.d. úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Í nýlegum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar kom fram að ekki var í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin teldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta áhrif framkvæmdarinnar. Af þessu leiðir að erfitt er fyrir framkvæmdaraðila að meta hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi vill verða í kröfugerðinni.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrfarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra háð tilviljun og geðþótta sem aftur leiðir til þess að „pólitískar ákvarðanir“ verða ráðandi. Óeining virðist vera meiri hér á landi en í grannríkjunum varðandi úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur hlutfallslega miklu fleiri sem skýrist að hluta til af þessari óvissu.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að bætt verði úr þessum mikla skorti á grunngögnum og að sömu vinnubrögðum verði beitt og þeim sem grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Nokkur reynsla er komin á þessi vinnubrögð hér á landi. Náttúrufræðistofnun hefur lagt grunn að flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistgerðum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið um norðlægar vistgerðir (sjá skýrsluna „Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla“ eftir Sigmund Einarsson o.fl., Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2000). Stofnunin hefur einnig beitt þessum vinnubrögðum við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og við skráningu á náttúrufari miðhálendisins. Flokkun lands í vistgerðir er nú að mestu lokið á miðhálendinu, en allt láglendið er alveg eftir. Í þingsályktunartillögunni er jafnframt lagt til

að kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreindar og samræmdar.

Með náttúrfarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum sem sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegunda sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti, svo og þekjur sem sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra, og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Gert er ráð fyrir að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn til að vinna tiltölulega hratt yfirlitskort af öllu Íslandi er taki til framangreindra náttúrufarsþátta, eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert í tengslum við rofkort af landinu og verkefnið „Nytjaland“. Þess má geta að gervihnattamyndir verða sífellt fullkomnari og góð upplausn þeirra gerir mönnum t.d. kleift að greina með viðunandi nákvæmni helstu gróðurlendi (sjá t.d. niðurstöður úr tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að á Náttúrufræðistofnun sl. tvö ár, 2004–2005). Stefnt skal að því að ljúka þessari grófu kortlagningu í mælikvarðanum 1:250.000 á næstu 3–4 árum í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landbúnaðarháskólans og Landmælinga Íslands. Samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta á sannprófun á fyrirliggjandi gögnum og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á við og dreif hjá mörgum vísindastofnunum. Stefnt skal að því að ljúka þessari ítarlegu kortlagningu landsins í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum. Einnig er brýnt að skýra hvaða stefnu ríkisvaldið hefur í gagnamálum, skilgreina hvaða og hvers konar gögn hið opinbera á að láta í té um náttúru landsins og hver aðgangur að þeim eigi að vera.

36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Hlynur Hallsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu laga sem kveði á um að bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi verði skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar um fjármagnseign og fjármagnstekjur skattgreiðenda. Frumvarp þess efnis verði lagt fram á þessu löggjafarþingi með það að markmiði að lög þessa efnis geti tekið gildi 1. maí 2006.

Greinargerð.

Mál þetta var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi en ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess. Málið er nú endurflutt.

Réttlát skattheimta grundvallast á því að skattgreiðendur telji tekjur sínar rétt fram og að skattyfirvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna virku og eðlilegu skatteftirliti. Hér á landi hafa skattyfirvöld yfirleitt greiðan aðgang að upplýsingum um launatekjur, fasteignir og fasteignaviðskipti, ökutækjaeign og ýmis lánaviðskipti alls almennings. Þegar hins vegar kemur að fjármagnstekjum er allt annað uppi á teningnum. Bankar og fjármálastofnanir á Íslandi hafa tregðast við að veita skattyfirvöldum upplýsingar um fjármagnstekjur skattgreið-

enda og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisskattstjóraembættisins á síðasta ári hafa flest fyrirtækin látið það algerlega undir höfuð leggjast.

Fram hefur komið að Ísland sker sig úr á Norðurlöndum að þessu leyti og er í miklum minni hluta innan OECD þar sem yfirvöld í 20 ríkjum af 30 fá umræddar upplýsingar sjálfkrafa frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Skattyfirvöld nota slíkar upplýsingar bæði við skatteftirlit og við forskráningu skattframtals. Í viðtali við Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu 6. mars sl. kom fram að slík skil hefðu aukist um 20% í Svíþjóð í kjölfar lagasetningar um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu má ætla að skattskil vegna fjármagnstekna mundu einnig aukast um nálega fimmtung ef sama verklag væri viðhaft hér á landi. Í skýrslu starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi (þskj. 664, 442. mál 131. löggjafarþings) kemur fram sú skoðun að tímabært sé að leiða í lög afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar þeirra um eignir og tekjur viðskiptavina bankans og þeirra sem þeir annast einhvers konar fjársýslu fyrir.

Í 1. tölublaði 19. árgangs Tíundar, fréttablaði ríkisskattstjóra, kemur fram, í grein sem ber heitið Forskráning upplýsinga og skatteftirlit eftir Jóhannes H. Karlsson, að hluti íslenskra banka og annarra fjármálastofnana, 14 talsins, hafi látið ríkisskattstjóra í té upplýsingar um heildarviðskipti sín við einstaklinga árið 2003. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í gagnasöfnum ríkisskattstjóra. Samanburðurinn leiddi í ljós að fjármálastofnanirnar 14 keyptu hlutabréf fyrir 24 milljarða kr. í eigin nafni af einstaklingum. Þegar litið er til uppgefins kaupverðs hinna 14 fjármálastofnana á hlutabréfum frá einstaklingum annars vegar og framtalins söluverðs einstaklinga vegna sölu til sömu fjármálastofnana kemur í ljós að kaup fjármálastofnana námu um 24 milljörðum kr. en framtalin sala einstaklinga við þessar sömu fjármálastofnanir nemur um 19 milljörðum kr. Lítur því út fyrir að 5 milljarða kr. vanti upp á að einstaklingar telji sölutekjur af hlutabréfum rétt fram. Í greininni er einnig bent á að mun færri telji sig eiga hlutabréfaviðskipti við fjármálastofnanirnar en þær sjálfar telja, eða 11 þúsund einstaklingar á móti tæplega 17 þúsundum sem er fjöldinn sem fjármálastofnanirnar gefa upp. Er það niðurstaða greinarhöfundar að verulega vanti upp á að söluhagnaður af hlutabréfum sé talinn fram. Með hliðsjón af framangreindu og því að framtalið heildarsöluverð hlutabréfa einstaklinga var um 58 milljarðar kr. reiknast honum til að vanframtalið söluverð kunni að vera um 15 milljarðar kr. Á grundvelli þess að samkvæmt framtölum er stofnverð hlutabréfa að jafnaði um 55% söluverðs en söluhagnaður um 45% reiknast honum til að undandreginn skattstofn gæti verið nærri 7 milljörðum kr. Skatthlutfall fjármagnstekna er 10% hér á landi og því bendir allt til þess að 700 millj. kr. sé skotið undan fjármagnstekjuskatti á ári hverju.

Auðveldlega má koma í veg fyrir þess háttar skattsvik með einfaldri lagasetningu eins og hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa.

Með tillögunni var fylgiskjal: Mun minni hætta á svikum ef yfirvöld fengju upplýsingar frá bönkum. (Frétt úr Morgunblaðinu 6. mars 2005.)

37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130. og 131. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2007.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um úttekt á gerð göngubrúar yfir Ölfusá við Selfoss.

Flm.: Kjartan Ólafsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Úttekt á framkvæmdinni og kostnaðarmat liggi fyrir 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Í þessari tillögu er lagt til að Alþingi feli samgönguráðherra að láta meta kosti þess að gera göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss og meta kostnað við slíka framkvæmd. Lagt er til að úttektin og kostnaðarmat liggi fyrir 1. janúar 2006.

Þegar Ölfusá var brúuð við Selfoss myndaðist strax byggð sunnan árinnar og þar er meginíbúðarbyggðin nú auk þess sem aðalatvinnustarfsemin hefur verið sunnan árinnar. Þó hefur alla tíð verið nokkur íbúðarbyggð norðan Ölfusár og má ætla að um 200 íbúar sem tilheyra Selfossi búi þar, auk íbúa úr Árbæjarbyggð í Ölfusi. Atvinnurekstur hefur einnig verið norðan árinnar í fjölda ára og hefur Sláturfélag Suðurlands verið fjölmennasti vinnustaðurinn. Hin síðari ár hefur atvinnurekstur norðan Ölfusár aukist og ætla má að nú séu um 250–300 störf í þeim fjölbreyttu fyrirtækjum sem starfrækt eru á svæðinu. Þá hefur sveitarfélagið Árborg skipulagt stærra svæði norðan Ölfusár fyrir atvinnustarfsemi. Einnig má benda á að Hellisskógur, sem er eitt aðalútivistarsvæði Selfoss, er einmitt norðan Ölfusár.

Með síaukinni umferð um Ölfusárbrú, ekki hvað síst þungaflutningum, er ljóst að þrengt hefur verið að gangandi umferð á brúnni. Því miður hafa oftsinnis orðið óhöpp við handrið sem aðskilur gangandi vegfarendur og ökutæki á Ölfusárbrú en hingað til hafa ekki orðið slys á fólki í þessum óhöppum.

Nú hefur um alllangt skeið legið fyrir í aðalskipulagi að ný brú yrði byggð yfir Ölfusá við Laugardæli og þar með yrði þungaflutningum beint norður og austur fyrir Selfoss. Þessi brú er enn ekki komin á samræmda samgönguáætlun, en vegna mikillar umferðaraukningar mun þess líklega ekki langt að bíða. Þar sem ný brú við Laugardæli er ekki væntanleg allra næstu ár má ætla að göngubrú yfir Ölfusá við Selfoss sé brýnt verkefni þar sem umferð gangandi vegfarenda hefur aukist og mun aukast verulega á næstu árum.

39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um skilgreiningu á háskólastigi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Dagný Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að skilgreina stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi. Nefndin fjalli um hlutverk skólanna út frá kennsluhlutverki, rannsóknarskyldu, stjórnun, samþættingu, verkaskiptingu og öðrum þáttum er máli skipta. Niðurstöður nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. apríl 2006. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af menntamálaráðherra. Nefndin leiti álits og samráðs starfandi háskóla, rannsóknarstofnana, samtaka námsmanna og annarra er tengjast háskólastarfi.

Greinargerð.

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað að frá árinu 2000 hefur nemendum á háskólastigi fjölgað um yfir 50%. Markviss menntastefna virðist skila árangri og má ætla að hækkað menntunarstig þjóðarinnar skili framförum á flestum sviðum mannlífs á komandi árum. Þá hefur skólum á háskólastigi fjölgað á allra síðustu árum og munu nú vera níu talsins. Af umræðunni má ráða að nokkuð sé á reiki hvernig skólar á háskólastigi séu skilgreindir og hvert hlutverk þeirra sé talið. Þannig er á stundum gerður greinarmunur á háskóla í merkingunni kennslu- og rannsóknarstofnun og háskóla með áherslu á kennslu til hagnýtra starfa. Mark-

mið tillögunnar er að láta skoða þessar skilgreiningar og draga fram tillögur til breytinga, sé þeirra talin þörf. Mikilsvert er að menntastefna þjóðarinnar á þessu sviði sé skýr og skilvirk þannig að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað. Þá gerir tillagan jafnframt ráð fyrir því að skoðað verði hvort auka megi verkaskiptingu, samþættingu eða jafnvel sameiginlega stjórn eins eða fleiri skóla á háskólastigi þannig að starf skólanna, fjármögnun og stjórnun verði sem skilvirkust og fjármunum til háskólastigsins sé varið á sem skynsamlegastan hátt. Mikilvægt er í þessari vinnu að líta til og virða sem mest sjálfstæði einstakra skóla.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd án tilnefningar til að gera fyrrgreinda úttekt og leggi niðurstöður þeirrar nefndar fyrir Alþingi fyrir 1. apríl 2006. Lögð er áhersla á að nefndin leiti eftir umsögnum og áliti sem flestra er tengjast háskólastarfi þannig að sem gleggst mynd fáist af stöðunni.

40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um opinbera nefnd um öryggi og varnir Íslands.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson.

Alþingi ályktar að kjósa skuli níu manna nefnd til þess að gera úttekt á stöðu öryggis- og varnarmála á Íslandi í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í heiminum frá lokum kalda stríðsins. Nefndarmenn verði níu og tilnefndir af þingflokkum í samræmi við þingstyrk hvers flokks, þó þannig að hver þingflokkur tilnefni minnst einn fulltrúa í nefndina.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að gera úttekt á stöðu Íslands á alþjóðlegum vettvangi og skilgreina þá vá sem kann að steðja að landinu, hvort sem er óbeint af völdum hernaðar annarra ríkja, af hugsanlegum árásum annarra ríkja, af völdum hryðjuverka eða af annars konar ógnum, svo sem mengunarslysum.
2. Að kanna hvernig sams konar úttekt hefur farið fram í nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi og á Írlandi, með það fyrir augum að nýta það sem vel er gert. Nefndin kalli til sérfræðinga á sviði utanríkismála eftir því sem þörf þykir.
3. Að greina stöðu Íslands að alþjóðalögum, þ.e. gildi varnarsamningsins, hlutverk Íslands í Atlantshafsbandalaginu og hlutverk Íslands í Sameinuðu þjóðunum. Sérstaklega verði fjallað um sögulega arfleifð Íslendinga sem þátttakenda í samstarfi á alþjóðavettvangi og hvert framlag Íslendinga til þjóðaréttar og alþjóðasamfélagsins skuli vera í því ljósi.
4. Að fjalla sérstaklega um erindi og stefnu Íslands í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna með tilliti til framboðs Íslands til ráðsins árin 2009–2010.
5. Að gera tillögur um ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að tryggja nauðsynlegan viðbúnað og öryggi landsins.

Nefndin skili niðurstöðum sínum innan árs frá samþykkt þessarar tillögu með skýrslu til Alþingis. Nefndin ráði til sín starfsmann sem jafnframt verði ritari hennar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt. Tillagan miðar að því að skapa þverpólitíska sátt um það hvernig öryggis- og varnarmálum Íslands verði best háttað. Flutningsmenn telja það skilyrði þess að slík umræða verði með upplýstum og uppbyggilegum hætti að til starfa taki nefnd sem skili niðurstöðum sínum í formi skýrslu til löggjafans. Nefndin skuli skipuð níu nefndarmönnum, tilnefndum af þingflokkum í samræmi við þingstyrk hvers flokks, þó þannig að hver þingflokkur tilnefni minnst einn fulltrúa í nefndina. Gert er ráð fyrir að þingflokkarnir skipi sérfræðinga á sviði utanríkismála í nefndina innan eða utan þings.

Sjálfstæð og framsýn utanríkisstefna á sviði varnar- og öryggismála þarf að taka mið af nýjum ógnum og hættum sem að Íslendingum kunna að steðja í breyttri veröld. Hún verður einnig að vera í samræmi við önnur meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu, t.d. á sviði viðskipta, menningar og þróunarsamvinnu.

Árið 1979, fyrir rúmum aldarfjórðungi, skipaði ríkisstjórn Íslands öryggismálanefnd, með fulltrúum allra þingflokka. Í skýrslu um utanríkismál frá sama ári segir að verkefni nefndarinnar verði „að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins“. Nefndinni var falið að gera ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar. Öryggismálanefnd starfaði í tólf ár og í henni sátu átta menn tilnefndir af þingflokkunum, auk þess sem nefndin hafði starfsmenn. Á hennar vegum voru gefin út ein 20 rit um öryggis- og varnarmál.

Á undanförnum áratug hafa verið gefnar út skýrslur um ákveðin viðfangsefni Íslands í utanríkismálum. Þannig skilaði sérstök nefnd um öryggis- og varnarmál skýrslu til utanríkisráðherra árið 1993 eftir að hafa starfað í tæpt ár. Sú nefnd var hins vegar eingöngu skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. Þá hafa á liðnum áratug starfað sérstakar nefndir á vegum utanríkisráðuneytisins um tiltekin viðfangsefni, t.d. um áhrif hnattvæðingarinnar og þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að fullt tilefni sé til þess að koma á fót annarri slíkri nefnd með þátttöku allra þingflokka, þverpólitískri nefnd sem rannsakar og metur stöðu Íslands með tilliti til öryggis landsins og varnarþarfa. Með slíku samstarfi skapast grundvöllur almennrar umræðu í samfélaginu og með því væri stigið skref í átt frá átakahefð íslenskra stjórnmála í átt til samræðu og sátta um utanríkismál.

Gildi þess að rannsaka og meta stöðu okkar í breyttum heimi er augljóst. Hvert sem litið er blasa verkefnin við. Almennt má segja að fólk sé enn að átta sig á afleiðingum loka kalda stríðsins, á nýjum ógnum, t.d. vegna hryðjuverka, á gjörbreyttum valdahlutföllum á alþjóðavettvangi og, að því er virðist, minnkandi gildi hernaðarbandalaga og vaxandi vægi viðskiptasamninga, að ógleymdum öðrum samskiptum ríkja, m.a. á sviði menningar.

Á næstu árum mun stækkun Atlantshafsbandalagsins og stækkun Evrópusambandsins hafa mikil áhrif á stöðu okkar og hagsmunavörslu gagnvart vinaþjóðum í vestri og austri. Um leið og NATO stækkar í austur verður staða okkar á vesturjaðri Evrópu sýnilegri og ef til vill erfiðari við að eiga, en eins og kunnugt er hefur aðgerðastjórn Bandaríkjaflota á austanverðu Atlantshafi, og þar með yfirstjórn aðgerða á Íslandi, Grænlandi og Azoreyjum, verið flutt frá Norfolk í Bandaríkjunum til Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi.

Samningaviðræður við bandarísk stjórnvöld um starfsemi hersins á Keflavíkurflugvelli standa yfir. Bandaríkjastjórn hefur gert kröfu um að dregið verði úr viðbúnaði í Keflavík. Um framkvæmd varnarsamningsins ríkir óvissa en ljóst er að breytingar eru fyrirsjáanlegar á viðbúnaði Bandaríkjahers hér á landi í náinni framtíð.

Einnig er full ástæða til þess fyrir nefndina að skoða stöðu Atlantshafsbandalagsins í ljósi hlutverks þess í deilum og átökum umliðinna missira. NATO virðist skipta minna máli en áður á alþjóðlegum vettvangi. Það gegndi hvorki hlutverki í stríðinu í Afganistan né í Írak. Í baráttunni gegn margs konar hryðjuverkahópum virðist hlutverk þess vera óljóst. Atlantshafsbandalagið er ekki sterk stofnun sem slík en auðvitað standa að því gífurlega sterk herveldi. Þá virðist öryggis- og varnarstoð Evrópusambandsins enn sem komið er aðallega gegna táknrænu hlutverki. Aðildarríkjunum hefur reynst erfitt að koma á fót 60 þúsund manna hraðliði þrátt fyrir samkomulag þar um.

Staða Íslands í þessari deiglu er staða herlauss lands á jaðri Evrópu. Hún virðist veik en í henni felast jafnframt tækifæri, jafnt í sérstöðu okkar sem í hefðbundnu samstarfi og einnig á nýjum sviðum og í fjarlægum heimsálfum.

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna markar tímamót í stjórnmálasögu okkar og samskiptum við önnur lönd. Undirbúningur er hafinn og ljóst að eigi sætið að nást þarf að halda vel á málum. Framboð sem þetta krefst þó ekki síður málefnalegs undirbúnings. Sterkt framboð byggist á trúverðugri og traustri utanríkisstefnu. Ísland hefur margt fram að færa á alþjóðlegum vettvangi, fyrir utan það sem segir sig sjálft, að vera herlaust smáríki, eiga aðild að NATO og vera eitt af auðugustu löndum heims. Þess vegna er nauðsynlegt að utanríkisstefnan í heild sinni sé hvort tveggja í senn metnaðarfull og raunsæ. Önnur ríki munu að öllum líkindum spyrja um framlög Íslands til þróunarsamvinnu, um umhverfisvernd, um aðstoð við flóttamenn, um viðhorf til frjálsrar verslunar og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um atkvæðagreiðslur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og framlög til stofnana þeirra. Þetta þarf nefndin að hafa hugfast við störf sín.

Á umliðnum missirum hefur áhersla verið lögð á þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum. Það er mat flutningsmanna að gera þurfi skýran greinarmun á friðargæsluverkefnum, sem eru í raun verkefni herliðs, og uppbyggingarstarfi í kjölfar ófriðar. Fjöldi frjálsra félagasamtaka um allan heim starfar að mannúðarmálum með ýmsum hætti. Samtök eins og Rauði krossinn eru sérhæfð í að veita neyðaraðstoð á átakasvæðum eða eftir náttúruhamfarir. Aðrar stofnanir, t.d. Sameinuðu þjóðirnar og þróunarsamvinnustofnanir ýmissa landa, eru best til þess fallnar að skipuleggja og standa fyrir uppbyggingarstarfi á sviði menntunar, heilsugæslu og annarra verkefni sem miða að því að styrkja innviði samfélags að loknum átökum.

Skilgreina þarf verkefni íslensku friðargæslunnar betur og marka stefnu sem tekur tillit til annarrar starfsemi íslenska ríkisins og íslenskra mannúðarsamtaka erlendis. Breyta þarf þeim hugsunarhætti að Íslendingar séu aðeins að leggja eitthvað að mörkum af því að hart er lagt að þeim, t.d. á vettvangi NATO. Við eigum sjálf að hafa frumkvæði að aðgerðum í samræmi við stefnu okkar og markmið.

Til þess að treysta öryggi landsins á nýrri öld er ekki nóg að einblína á landvarnir eða hernaðarmátt. Vesturlandabúar eiga mikilla hagsmuna að gæta þegar kemur að því að draga úr fátækt í heiminum og minnka hina gríðarlegu misskiptingu tekna og auðlinda sem við blasir í upphafi 21. aldar. Því er það einnig verkefni okkar á Íslandi að skilgreina þær ógnir sem að landinu kunna að steðja, ekki bara í ljósi hefðbundinnar herfræði, heldur einnig í ljósi þeirra ógna sem kunna að felast í umhverfisslysum, náttúruhamförum og síðast en ekki síst í afleiðingum örbirgðarinnar sem stór hluti mannkyns má búa við.

Eins og hér hefur verið rakið hefur öryggishugtakið ekki aðeins hernaðarlega þýðingu. Þekking á stöðu efnahagsmála, umhverfismála, mannréttinda og þjóðfrelsisbaráttu minnihlutahópa víða um heim og áhrifum þeirra á öryggi okkar í viðsjárverðum heimi er ekki síður nauðsynleg. Hið sama má segja um áhrif glæpastarfsemi sem teygir anga sína víða, svo sem

til ólöglegrar vopna- og eiturlyfjasölu og ekki síður til verslunar með konur og börn til kynlífsþrælkunar.

Hryðjuverkaárásir síðustu ára hafa afhjúpað varnarleysi okkar gagnvart slíkum ódæðisverkum og hafa leitt okkur fyrir sjónir að órói, átök og kúgun í fjarlægum löndum, svo ekki sé talað um gamlar syndir stórveldanna, geta haft bein áhrif á öryggi okkar og lífsafkomu. Öryggi okkar sem almennra borgara grundvallast ekki síst á því að búa við félagslegt réttlæti, frelsi og virðingu fyrir mannréttindum. Þetta þarf einnig að hafa hugfast þegar meta á öryggi Íslands og stöðu landsins í alþjóðasamfélaginu.

Það er löngu tímabært að skoða öryggismál í mun víðara samhengi en gert hefur verið. Öryggismál Íslands snúast ekki eingöngu um það hvort hér séu táknrænar varnir heldur einnig hvað Íslendingar sjálfir geta lagt af mörkum. Það þarf að sýna frumkvæði sem byggist á vel ígrundaðri utanríkisstefnu. Þverpólitísk nefnd um öryggismál sem fengi það verkefni að meta stöðu Íslands í upphafi 21. aldarinnar væri mikilvægt skref í rétta átt. Slíkt starf gæti stuðlað að opinni umræðu um þessi mál og vakið fleiri til vitundar um mikilvægi þeirra.

41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega að skipa nefnd til að gera tillögur um breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða og sumarbústaðalóða, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og á reglum um álagningarstofn og álagningu fasteignaskatts samkvæmt lögum nr. 4 1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Nefndin leiti leiða til að finna nýjan álagningargrundvöll fasteignaskatts svo að álagning endurspegli kostnað sveitarfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða. Þannig verði tengsl álagningarstofns við skyndilegar breytingar á markaðsverði fasteigna rofin en í stað þessi taki álagning fasteignaskatts breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2006.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá. Fyrsti flutningsmaður hennar var Atli Gíslason. Síðan þá hefur Fasteignamat ríkisins kynnt endurmat á sumarbústöðum og sumarbústaðalóðum og tekur tillagan mið af því og er nú flutt á ný, aukin og endurbætt.

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á þágildandi lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat á fasteignum, með lögum nr. 47/2000 og í kjölfarið voru þau endurútgefin með áorðnum breytingum. Á sama tíma hófst Fasteignamat ríkisins handa við endurmat á öllu íbúðarhúsnæði í landinu og síðar á mati sumarbústaða og sumarbústaðalóða. Leiddi endurmatið til verulegra hækkana á áður gildandi fasteignamati þessara fasteigna. Bæði ríkisstjórnin og sveitarstjórnir lýstu því yfir að endurmatið mundi ekki leiða til hækkana á eignarskatti og fasteignaskatti. Raunin varð önnur. Við álagningu gjaldárið 2002 greiddu framteljendur sem

áttu ekki aðrar eignir en skuldlausar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir eignarskatt í fyrsta skipti. Fasteignaskattar hafa einnig hækkað vegna endurmatsins og enn frekar á grundvelli verulegra hækkana á markaðsverði íbúðarhúsnæðis, en skv. 27. gr. laga nr. 6/2001 skal matsverð fasteignar vera gangverð hennar umreiknað til staðgreiðslu. Íbúðaverð hækkaði á öllu landinu, að Vestfjörðum undanskildum, milli áranna 2003 og 2004. Verð á íbúðarhúsnæði á Austurlandi hækkaði mest, um tæp 35%. Í Reykjavík nam hækkunin tæpum 14%, á Norðurlandi vestra 12,1% og á Norðurlandi eystra 10,6%. Í öðrum landshlutum nam hækkunin 9–10%, nema á Vestfjörðum, eins og áður segir, þar sem íbúðaverð lækkaði um 1,7%. Almennt má segja að hækkun matsverðs íbúðarhúsnæðis milli áranna 2003 og 2004 hafi numið að meðaltali rúmum 10% umfram almennar verðlagshækkanir samkvæmt vísitölu neysluverðs og hefur haft í för með sér sambærilega hækkun fasteignaskatta. Allt bendir til þess að matsverð fasteigna muni hækka verulega umfram almennt verðlag á þessu ári vegna mikillar eignaverðbólgu sem hófst á síðasta ári. Það sýna m.a. skýrslur Hagtíðinda Hagstofu Íslands frá 3. maí 2005 og vorskýrsla ASÍ 2005, en þar er að finna tölur um hækkun íbúðaverðs fram til apríl á þessu ári. Upplýsingar liggja fyrir um að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um rúm 38% á rúmu ári miðað við maí 2005. Þar af hafi sérbýli hækkað mun meira en fjölbýli, eða um 54% á móti 34%.

Í sumar lauk Fasteignamat ríkisins endurmati sumarbústaða og óbyggðra sumarbústaðalóða og tók hið nýja mat gildi 1. september sl. Breytingar á matinu eru mjög mismunandi eftir stærð og staðsetningu en meðalhækkun á mati sumarhúsa samkvæmt því er 23,8%. Dæmi eru um 685% hækkun á lóðamati í Eyja- og Miklaholtshreppi (sjá fylgiskjal II).

Fasteignaskattar eru í eðli sínu gjöld sem er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélaga við að þjónusta fasteignaeigendur og eru lögð á eignir óháð tekjum. Útsvar er hins vegar lagt á sem hlutfall af tekjum, tekjuskattsstofni. Veruleg hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðustu mánuði og fyrirsjáanleg hækkun á þessu ári umfram almennar verðlagshækkanir ætti að mati flutningsmanna ekki að hafa áhrif á stofn til álagningar fasteignaskatts. Kostnaður sveitarfélaga af þjónustu við íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða eykst ekki í réttu hlutfalli við hækkun á markaðsverði þessara fasteigna. Þessi eignaverðbólga hefur bitnað og mun bitna harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, svo sem eldri borgurum og einstæðum foreldrum. Þá má halda því fram með gildum rökum að viðmiðun fasteignamats við gangverð, markaðsverð, mismuni sveitarfélögum. Er þannig ljóst að sveitarfélög á Vestfjörðum standa afar höllum fæti og er fjárhagsstaða þeirra þó nógu slæm fyrir vegna fólksfækkunar. Er brýnt að setja nýjar reglur um álagningarstofn fasteignaskatts og styrkja tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti en síhækkandi fasteignasköttum sem, eins og fyrr segir, eru lagðir á óháð tekjum. Í því skyni þarf að breyta álagningargrundvelli fasteignaskatts fyrir álagningu árið 2007 svo að íbúðar- og sumarbústaðaeigendur og eigendur sumarbústaðalóða þurfi ekki að sæta álögum umfram almennar verðlagshækkanir og að sveitarfélögum sé ekki mismunað.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur fullan skilning á þörfum sveitarfélaganna í landinu til að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag sinn. Það sýnir málflutningur þingmanna flokksins á undangengnum þingum. Í því sambandi má t.d. nefna frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem þingflokkurinn flutti á síðasta löggjafarþingi (þskj. 194 – 194. mál) og umræðu utan dagskrár um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, sem þingflokkurinn stóð fyrir 16. apríl 2004. Í málflutningi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa komið fram raunhæfar tillögur sem eru til þess fallnar að efla fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til langs tíma, þær tillögur taka heildstætt á vanda sveitarfélaganna og ganga út frá því að ríkisvaldið beri þar talsverða ábyrgð. Það er því mat flutnings-

manna þessarar tillögu að tillögur fjármálaráðuneytisins um skyndihækkun fasteignamats í því skyni að efla fjárhag sveitarfélaganna séu vanhugsaðar og taki ekki á rótum vandans.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Fasteignamat ríkisins hefur endurmetið verðmæti sumarbústaða. Egill Ólafsson. (Morgunblaðið, 30. júlí 2005.)
II. Mikil hækkun á mati sumarhúsa og óbyggðra sumarhúsalóða. (Bændablaðið, 30. ágúst 2005.)
III. Sumarhús sem tekjustofn sveitarfélaga. Hörður Bergmann. (Morgunblaðið, 7. ágúst 2005.)

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um textun.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sigurjón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn.

2. gr.
Gildissvið.

Eftirtöldum aðilum er skylt að texta allt efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa:

1. sjónvarpsstöðvum sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum,
2. framleiðendum íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, hvort sem efnið verður sýnt í kvikmyndahúsum eða sett á myndbönd eða stafrænt form,
3. framleiðendum íslenskra kvikmynda, óháð lengd og útgáfuformi kvikmyndar,
4. öðrum aðilum sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem efnið er til sölu eða leigu.

3. gr.
Textun efnis.

Allt efni sem aðilar skv. 2. gr. senda út, framleiða eða dreifa skal textað með íslenskum texta óháð því á hvaða tungumáli efnið er.

Ef um beina útsendingu er að ræða, svo sem fréttir, dægurmálaþætti, viðtalsþætti, stjórnmálaumræður, íþróttakappleiki eða mót, skal sá er útsendingu annast leitast við að texta jafnóðum. Ef ekki er unnt að texta útsendingu samtímis skal efnið endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er óskylt að texta efni ef um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar. Sama gildir ef sjónvarpsstöð hefur fengið leyfi til út sendingar á öðru tungumáli en íslensku.

4. gr.

Aðlögunartími.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal aðilum sem falla undir lög þessi veittur fimm ára aðlögunartími frá gildistöku laganna til að uppfylla kröfur um textun efnis til samræmis við markmið 1. gr. Nýir aðilar sem koma inn á markaðinn á aðlögunartímanum skulu uppfylla sömu skyldur og þeir sem fyrir eru og njóta sömu réttinda til styrkja úr Textunarsjóði.

Aðlögunartími skal vera sem hér segir:

1. eftir 1 ár frá gildistöku laganna skulu 40% af öllu innlendu efni textuð,
2. eftir 2 ár frá gildistöku laganna skulu 60% af öllu innlendu efni textuð,
3. eftir 3 ár frá gildistöku laganna skulu 80% af öllu innlendu efni textuð,
4. eftir 4 ár frá gildistöku laganna skulu 90% af öllu innlendu efni textuð og
5. eftir 5 ár frá gildistöku laganna skal allt innlent efni textað í samræmi við ákvæði laganna.

Á meðan á aðlögunartíma stendur er aðilum skv. 2. gr. heimilt að sækja um styrk til uppbyggingar á nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiðingar nýrrar tækni til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Textunarsjóður annast styrkveitingar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Textunarsjóður.

Stofnaður skal Textunarsjóður sem hafi það að markmiði að styrkja aðila skv. 2. gr. til að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og innleiða nýja tækni við textun efnis sem þeir senda út, framleiða eða dreifa.

Styrkir sem Textunarsjóður veitir eru óafturkræfir og geta numið allt að 80% af stofnkostnaði búnaðar.

Textunarsjóður skal almennt ekki veita styrki til textunar á efni en er þó heimilt að veita styrki til að kosta textun á ótextuðu efni sem til hefur orðið fyrir gildistöku laga þessara og getur hámarksstyrkur numið allt að 50% af kostnaði við textun.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Textunarsjóðs til fimm ára frá gildistöku laga þessara. Ráðherra tilnefnir einn mann sem jafnframt skal vera formaður stjórnar, samtök myndbandaframleiðenda tilnefna einn, samtök kvikmyndaframleiðenda einn, einn stjórnarmaður skal vera fulltrúi hagsmunasamtaka heyrnarlausra og heyrnarskertra og einn skal vera fulltrúi einkarekinna sjónvarpsstöðva á Íslandi.

Stjórnin setur úthlutunarreglur og nánari skilyrði fyrir styrkveitingu.

Stjórnin skal kanna fjárþörf sjóðsins í samræmi við markmið 1. gr. og gera tillögur til menntamálaráðherra um fjárþörf hvers árs. Tekjur sjóðsins eru föst framlög ríkisins af fjárlögum hvers árs. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli áætlunar sjóðstjórnar og skulu fjárveitingar miðast við að markmið laga þessara nái fram að ganga á aðlögunartíma skv. 4. gr.

Þegar aðlögunartími skv. 4. gr. er liðinn skal Textunarsjóður lagður niður. Ríkið tekur við öllum réttindum og skyldum sjóðsins frá þeim tíma. Jafnframt fellur umboð stjórnarmanna niður.

6. gr.
Viðurlög.

Nú vanrækir aðili skv. 2. gr. skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga þessara og er menntamálaráðherra þá heimilt að leggja á dagsektir uns aðilinn færir starfsemi sína í lögmætt horf.

Dagsektir eru aðfararhæfar og skulu renna til Textunarsjóðs.

7. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Frumvarp þetta var áður flutt á 131. löggjafarþingi og er nú lagt fram aftur óbreytt. Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Í apríl 2003 ákvað menntamálaráðherra að hækka verulega framlag til textunar á innlendu sjónvarpsefni í Ríkissjónvarpinu (RÚV). Forsætisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti lögðu saman 4,5 millj. kr. aukalega til RÚV til að auka við textaða dagskrá sjónvarpsins. Fimm mánuðum síðar, höfðu aðeins tveir þættir (hálftími hvor) verið textaðir á viku. Efni líðandi stundar hefur ekki verið textað og er það mjög bagalegt. Um tímabundna fjárveitingu var að ræða og ekki er gefið að sams konar fjárveiting fáist aftur.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þúsund manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og er það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleika. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir voru 90 árið 2002. BBC hefur verið í fararbroddi á þessu sviði í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð og var gefinn átta

ára aðlögunartími til að ná markmiðinu, sem á að nást árið 2004. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru til dæmis allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu (House of Common) textaðar, en unnið hefur verið að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli og stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni og aldursbilið mun breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.

BBC hefur mikla reynslu af því að senda út texta í beinni útsendingu. Það gera þeir með hraðritun með svokölluðu hljóðritunarlyklaborði. Samkvæmt upplýsingum frá yfirmanni textunardeildar BBC í Bretlandi, Martin Davies, hefur tækni sem breytir tali í texta verið prufukeyrð í beinum útsendingum af íþróttakappleikjum og þingfundum.

Í Bandaríkjunum hefur allri textun fleygt fram vegna svokallaðra ADA-laga (Americans with Disabilities Act) um aðgengi. Nú má sjá textun á nærri öllum sjónvarpsstöðvum þar, bæði stórum og smáum. Bandaríkjamenn nota aðra tækni en Evrópumenn. Á sjónvarpstækjunum sjálfum er takki þannig að áhorfendum er í sjálfsvald sett hvort það horfir á mynd með texta eða ekki. Ef sjónvarpsstöð þar í landi býður upp á textun er allt efnið textað, þar á meðal kappleikir í beinni útsendingu og jafnvel auglýsingar. ADA-lögin um aðgengi tóku gildi 1985 og hafa verið endurskoðuð. Þau fjalla um aðgengi hvers konar, allt frá upplýsingum til aðgengis að opinberum stofnunum. Við endurskoðun hafa þau tekið stakkaskiptum og ná núna einnig til einkafyrirtækja. Gefinn var aðlögunartími til að koma á aðgengi án hnökra, en eftir það beitt sektum. Aðlögunartímabilið rann út árið 2004. Textun í Evrópu er orðin það mikil að jafnvel fyrrum austantjaldslönd eru farin að nota textun og finnst það sjálfsagt. Í austurríkskri könnun sem Landssamtök heyrnarlausra í Austurríki gerðu í 16 Evrópulöndum og var gefin út 18. maí 2003 kemur eftirfarandi fram um fjölda tíma í textun á mánuði:

Land:	*Textun á mánuði (ríkisstöðvar):*
Albanía	Enginn, aðeins textun fyrir erlent mál
Austurríki	170 tímar
Belgía	5 tímar
Danmörk	189 tímar
England	80% af öllu efni á BBC, ITV og C4 20% í stafrænum útsendingum (nýtt)
Finnland	15% af öllu innlendu efni
Grikkland	14 tímar
Írland	23 tímar
Ísland	1 tími
Ítalía	80 tímar
Pólland	30 tímar
Spánn	446 tímar
Sviss	240 tímar
Þýskaland	387 tímar

Þegar þessi tafla er skoðuð hlýtur fólk að spyrja hvað sé eiginlega að gerast hér á landi. Í landi þar sem hagvöxtur er það mikill að Ísland er í 3.–5. sæti yfir ríkustu lönd í heiminum. Hvort virkilega sé enginn áhugi á að koma á fullu aðgengi að upplýsingum í landinu. Hjá þingmönnum er fullur vilji til að koma textun í framkvæmd. Umræður um málið á síðustu þingum sýna það og sanna vel. Það sem stöðvað hefur málið er að einblínt hefur verið á Ríkisútvarpið – sjónvarp sem einu stöðina sem á að texta, hinum stöðvunum er ekki skylt að texta. Eins og taflan sýnir er eflaust mjög lítill metnaður hjá RÚV að texta ef aðeins einn tími á viku er textaður. Textun er illframkvæmanleg þrátt fyrir góðan vilja æðsta yfirmanns RÚV, þ.e. menntamálaráðherra, en það vantar sama metnað hjá undirmönnum hans. Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning til að koma textun á innlendu efni í framkvæmd. Með tímanum mun textun festast í sessi og verða sjálfsagður hluti rekstrar stöðvanna sjálfra.

Þetta stóra verkefni verður þó ekki unnið án nokkurs kostnaðar. Því meira sem sjónvarpsstöðvar texta því minni verður kostnaðurinn og reynsla BBC hefur sýnt að eftir að farið var að texta sjónvarpsefni fundu aðrar sjónvarpsstöðvar einnig þörf hjá sér að texta. Textun var því boðin út og samkeppni um verkefnin jókst smám saman þannig að nú er kostnaðurinn minni. Því er ekki hægt að tala um dýra fjárfestingu. Þegar allt kemur til alls verður hagur notenda sennilega einna mestur. Það hefur verið sparað á aðgerðaleysinu einu í textunarmálum undanfarin missiri. Á sama tíma hafa verið veittir alls konar styrkir og fjárframlög til tónlistar en þeir sem ekki heyra hafa lítið sem ekkert fengið til að uppfylla sínar þarfir, þ.e. til textunar eða túlkunar.

Í 1. gr. er markmið laganna skilgreint en það er að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og þeim sem heyrandi eru. Markmiðsgreinina ber að túlka rúmt og almenn regla laganna er sú að allt efni sem framleitt er, sent er út eða dreift skuli veita heyrandi og heyrnarskertum sömu möguleika til að meðtaka og skilja efnið.

Í 2. gr. er gildissvið laganna afmarkað. Samkvæmt henni skulu allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi samkvæmt útvarpslögum til sjónvarpsreksturs, kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahús, framleiðendur auglýsinga-, fræðslu- og kynningarefnis, myndbanda- og myndiskaframleiðendur og aðrir þeir sem dreifa slíku efni sjá til þess að efnið sé textað. Dreifingaraðilum hér á landi ber m.a. að sjá til þess að efni sé textað og tekur það m.a. til alls efnis sem framleitt er erlendis, óháð tungumáli, og sýnt eða dreift á Íslandi. Ekki skiptir máli hvort efni er selt eða leigt. Sú mikilvæga takmörkun er þó á gildissviði laganna að þeim er aðeins ætlað að ná til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa á annan hátt efni í atvinnuskyni.

Í 3. gr. er kveðið nánar á um skyldu til textunar. Minni kröfur eru gerðar til efnis sem sýnt er beint (bein útsending) enda getur það stundum verið örðugt tæknilega. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að texta efni jafnóðum, t.d. með aðstoð textavélar en þessi tækni er í stöðugri þróun. Ef ekki er unnt að texta efnið jafnóðum skal það endursýnt innan 48 klst. með íslenskum texta. Í 3. mgr. 3. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu frá textun ef um er að ræða beint endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem ekkert er unnið með dagskrána að öðru leyti. Ef efnið væri hins vegar tekið upp og sýnt síðar í sjónvarpi, á myndbandi eða sem kvikmynd væri skylt að texta. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Í 4. gr. er kveðið á um sérstakan fimm ára aðlögunartíma frá gildistöku laganna. Í samræmi við markmið laganna er stefnt að því að allt efni verði textað fimm árum eftir frá gildistöku þeirra. Gera verður ráð fyrir því að í upphafi fylgi aukinni textun nokkur kostnaðarauki og er því kveðið á um að ríkið leggi til fjármuni með stofnun Textunarsjóðs sem auðveldi fyrirtækjum að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og þekkingu til að upp-

fylla markmið laganna. Komi nýir aðilar inn á markaðinn eftir gildistöku laganna skulu þeir uppfylla sömu kröfur og þeir sem fyrir eru þar sem þeir eru þá staddir í aðlögunarferlinu.

Í 5. gr. er kveðið á um stofnun Textunarsjóðs. Mjög mikilvægt er að nægileg fjárveiting fáist til sjóðsins svo markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að um tímabundið fjárframlag sé að ræða og að markaðsaðilar hafi náð að laga sig að breyttu umhverfi að loknum aðlögunartíma.

Í 6. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum en ráðherra er veitt heimild til að beita aðila þvingunarúrræði í formi dagsekta ef ekki er uppfyllt skylda um textunarhlutfall efnis.

Í 7. gr. er tekið fram að lögin skuli aðeins gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna. Eldra efni sem orðið hefur til er því ekki skylt að texta ef það hefur þegar verið framleitt eða því dreift. Eldra ótextað efni væri hins vegar skylt að texta ef senda ætti það út að nýju, hefja dreifingu á ný eða endurgera það. Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður geti styrkt textun á eldra ótextuðu efni svo að hægt sé að gera það aðgengilegt heyrnarskertum og heyrnarlausum.

43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um vegagerð um Stórasand.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson,
Birkir J. Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Örlygsson,
Einar Már Sigurðarson, Sigurður Kári Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum rannsóknum og mælingum til þess að hægt sé að setja veg frá Norðurárdal í Skagafirði um Stórasand til Borgarfjarðar í mat á umhverfisáhrifum svo fljótt sem kostur er. Vegurinn verði í flokki C1, sem er 7,5 metra breiður vegur með bundnu slitlagi. Hafa skal í huga að þessi framkvæmd sé öll eða að hluta unnin sem einkaframkvæmd og að kostnaður við hana greiðist með veggjöldum eftir því sem eðlilegt er. Vegurinn sé tekinn inn í næstu samgönguáætlun eins og hún verður lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um veg frá Norðurárdal um Stórasand til Borgarfjarðar var lögð fyrir 130. löggjafarþing 2003–2004 með ítarlegri greinargerð, sem ekki er endurprentuð hér, þar sem hún er öllum tiltæk á netinu, og vísast til hennar (þskj. 1322, 864. mál). Rétt er þó að fara nokkrum orðum um tillöguna.

Fyrr á þessu ári var stofnað hlutafélag á Akureyri, Norðurvegur, sem hefur það að markmiði að leggja veg bundnu slitlagi yfir Kjöl niður í Skagafjörð í Norðurárdal sunnan Blöndulóns og sé staðið undir kostnaði með veggjöldum, eftir því sem eðlilegt getur talist. Sunnlendingar hafa sýnt þessari framkvæmd mikinn áhuga.

Undirbúningur að vegi frá Gjábakka um Lyngdalsheiði til Laugarvatns er á lokastigi. Gera verður ráð fyrir því, að umferðin um Kjöl fari um þennan nýja veg um Þingvöll til Reykjavíkur, sem mun kalla á vegabætur um þjóðgarðinn nema annað komi til. Í þessu sambandi skiptir ekki máli, þótt gámaumferð verði beint frá þessu svæði og látin fara Hellisheiði. Eftir

sem áður munu einkabílar og hópferðabílar fara um Þingvöll af augljósum ástæðum, enda styst.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að byggja upp veginn um Uxahryggi og í samgönguáætlun er gert ráð fyrir uppbyggðum vegi með bundnu slitlagi um Kaldadal. Er ekkert nema gott um það að segja, enda liggur í augum uppi, að það kallar á nýjan veg eftir vesturbakka Almannagjár og síðan sunnan í Ármannsfelli norður á bóginn. Vegurinn mun þá að mestu leyti liggja utan þjóðgarðsins í staðinn fyrir að fara niður í hann eins og nú er.

Vegur um Stórasand styttir leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um u.þ.b. 40 km og 40 km til viðbótar, ef farið er um Kaldadal. Þetta verður falleg leið og einn af kostum hennar er, að hún mun hlífa þjóðgarðinum á Þingvöllum við gegnumakstri. Þess er því að vænta, að tillaga þessi fái góðar undirtektir.

Loks er þess að geta, að þess er víða krafist nú, að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Fyrirséð er, að áætlunarflug milli Akureyrar og Reykjavíkur leggst niður um leið eða því sem næst.

Vafalaust er, að vegur um Stórasand er sú vegaframkvæmd utan nábýlis Reykjavíkur, sem mesta arðsemi hefur. Að því ber að hyggja.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Yfirstjórn Seðlabanka Íslands er í höndum forsætisráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. 24. gr. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og ef um er að ræða stöðu formanns bankastjórnar skal það tekið fram. Bankastjórar skulu hafa reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.

3. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr., ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum.

Í peningastefnunefnd situr stjórn bankans og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Formaður bankastjórnar er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða tveir nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur, sem bankaráð staðfestir, um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gera grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. D-liður orðast svo: Staðfesta starfsreglur peningastefnunefndar um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.
b. Við bætast tveir nýir liðir sem verða e- og f-liðir, svohljóðandi:
   e. Fylgjast með framkvæmd starfsreglna og starfsháttum peningastefnunefndar.
   f. Staðfesta setu þriggja yfirmanna í peningastefnunefnd að fenginni tillögu bankastjóra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það frumvarp sem hér er lagt fram hefur það að markmiði að tryggja að faglega sé staðið að ráðningu Seðlabankastjóra og beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum. Þannig verði stuðlað að sjálfstæði bankans bæði í reynd og ásýnd. Gerð er tillaga um að stöður Seðlabankastjóra verði auglýstar og gerðar kröfur um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Þá er gerð tillaga um að ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum verði flutt til sérstakrar peningastefnunefndar sem í sitji bankastjórn og þrír af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum. Að öðru leyti verði stjórn bankans í höndum bankastjórnar. Nefndin haldi fundi a.m.k. átta sinnum á ári og opinberlega verði gerð grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Með þessu móti verður komið til móts við þá gagnrýni, sem m.a. hefur heyrst frá greiningadeildum bankanna og ýmsum hagfræðingum, að of langur tími líði milli vaxtaákvarðana bankans og ekki sé nægilega gegnsætt hvaða forsendur búi að baki þeim ákvörðunum. Efnislega byggist frumvarpið að hluta til á breytingartillögum sem þingmenn Samfylkingarinnar fluttu við umræðu um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands á 126. löggjafarþingi og hins vegar á frumvarpi sem flutt var af þingmönnum Samfylkingarinnar á 130. löggjafarþingi.

Árið 2001 voru sett ný lög um Seðlabanka Íslands en meginmarkmið þeirra var að auka sjálfstæði bankans og gera honum kleift að vinna markvisst og faglega að stjórnun peningamála. Þegar frumvarpið var til umfjöllunar á Alþingi lögðu þingmenn Samfylkingarinnar fram tillögu um að bankastjóri yrði einn en ekki þrír og ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum yrðu teknar af peningastefnunefnd. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Engu síður studdu þingmenn Samfylkingarinnar frumvarpið og hin nýju lög um Seðlabankann nutu víðtæks stuðnings á Alþingi enda var þeim talið það helst til tekna að nú

væru gerðar hliðstæðar kröfur til Seðlabanka Íslands og annarra seðlabanka um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði. Bankinn stefnir nú að ákveðnu verðbólgumarkmiði og gengi krónunnar ákvarðast á markaði. Ákvarðanir í peningamálum eru því að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið er viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og kemur gleggst fram í því að flestir seðlabankastjórar víðs vegar um heiminn eru menntaðir hagfræðingar.

Ákvörðunarvaldið í peningamálum er núna í höndum stjórnar Seðlabankans en þar sitja þrír bankastjórar, skipaðir samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra. Völd og ábyrgð bankastjórnarinnar er mikil og því nauðsynlegt að hún hafi tiltrú og njóti trausts sem fagleg og sjálfstæð stofnun. Ljóst er að nokkuð hefur skort á þetta eins og kom fram í BS-ritgerð Bertu M. Jansdóttur við Háskólann í Reykjavík. Þar kom m.a. fram að flestir þeirra innlendu sérfræðinga sem leitað var til voru sammála þeirri breytingu sem gerð var á stöðu Seðlabankans árið 2001 en töldu núverandi fyrirkomulag engu síður tryggja nægilega vel sjálfstæði Seðlabankans við stjórn peningamála. Lögðu þessir sérfræðingar m.a. áherslu á mikilvægi þess að fagleg sjónarmið fremur en pólitísk væru ráðandi við val á bankastjórum.

Frá því að ný lög um Seðlabankann tóku gildi hafa tveir nýir bankastjórar verið skipaðir, sá fyrri í ágúst 2003 og sá síðari nú í september 2005. Ljóst er að verulegu máli skiptir fyrir trúverðugleika og ímynd bankans hvernig að skipan bankastjóra er staðið. Mikilvægt er að taka af allan vafa um sjálfstæði bankans og sýna að honum sé stjórnað á faglegum forsendum en ekki pólitískum. Engum má blandast hugur um að þeir sem skipaðir eru í embætti séu ekki aðeins hæfir til að gegna því heldur megi færa rök fyrir því að þeir séu hæfastir í hópi þeirra sem völ er á.

Til að kalla eftir þeim rökum sem lágu að baki ráðningu bankastjóra árið 2003 sendu fulltrúar Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans fyrirspurn í þremur liðum til þáverandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar. Þar var m.a. spurt:

1. Með hvaða hætti var gengið úr skugga um að sá sem skipaður var í embættið væri sá hæfasti sem völ var á?
2. Með hvaða hætti er jafnræðisreglunnar, sem er grundvallarregla í stjórnsýslu, gætt við skipan í embætti seðlabankastjóra nú þegar ekki er lengur skylt að auglýsa embættið?
3. Hvaða hæfniskröfur voru lagðar til grundvallar við nýlega ráðningu í embætti seðlabankastjóra?

Í svarbréfi sem barst frá þáverandi forsætisráðherra fengust engin svör við þessum spurningum sem gætu varpað ljósi á hvort stjórnvöld hefðu raunverulegan áhuga á að auka tiltrú á Seðlabankanum sem stofnun sem lúti sjálfstæðri og faglegri forustu en ekki pólitískri forustu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Bréfið varpaði hins vegar ljósi á að við skipan Seðlabankastjóra fer forsætisráðherra með ákvörðunarvald án aðhalds frá einstaklingum, stofnunum eða almannavaldi þar sem ekki þarf að auglýsa starfið, ekki eru gerðar til þess sérstakar kröfur, ekkert mat fer fram á þeim sem ætlað er að gegna starfinu og ekki þarf að rökstyðja ráðningu. Formlegir aðilar að málinu eru bara tveir – forsætisráðherra og sá sem ráðinn er til starfans.

Í framhaldi af þessu máli fluttu þingmenn Samfylkingarinnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem hafði það að markmiði að tryggja eins og kostur væri að fagleg sjónarmið réðu við skipan í embætti seðlabankastjóra og að ráðherra gæti ekki komið sér undan því að rökstyðja ráðninguna. Þess vegna var gerð tillaga um að starf seðlabankastjóra yrði auglýst þrátt fyrir að víðtæk sátt hafi verið um það, þegar núgildandi lög voru sett, að undanskilja þetta embætti auglýsingaskyldu. Sú sátt byggðist m.a. á því að margir þingmenn vildu láta á það reyna hvort sú grundvallarbreyting sem gerð var á Seðla-

bankanum mundi ekki endurspeglast í breyttum viðhorfum ráðherra til embættis seðlabankastjóra. Sú virðist ekki raunin heldur er enn litið svo á að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur fari með pólitískt eignarhald á embættunum. Og eftir höfðinu dansa limirnir því í opinberri umræðu í samfélaginu var litið svo á að skipun í embætti seðlabankastjóra hefði verið á forræði Framsóknarflokksins árið 2003 og nú á þessu ári hafi skipunin verið á forræði Sjálfstæðisflokksins.

Standi vilji Alþingis til þess að bankastjórastöðum í Seðlabankanum sé skipt milli stjórnmálaflokka verður að gera það á grundvelli einhverra gagnsærra meginreglna eða skipta um bankastjóra með nýrri ríkisstjórn. Flutningsmenn þessa frumvarps telja rangt að fara inn á þá braut og algjörlega í ósamræmi við það sem tíðkast í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja nú fullreynt að ekki sé vilji til þess hjá núverandi stjórnarflokkum að hverfa frá þeim pólitísku sjónarmiðum sem áður giltu um ráðningu Seðlabankastjóra þrátt fyrir að ný lög um bankann hafi gefið fyrirheit um annað. Þess vegna er nú enn og aftur lagt til að störf bankastjóra verði auglýst og gerðar til umsækjenda kröfur um reynslu og víðtæka þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að ráðning formanns Sjálfstæðisflokksins í stöðu seðlabankastjóra hafi ekki verið heppileg með tilliti til trúverðugleika bankans sem faglegrar, sjálfstæðrar stofnunar. Til að ráða bót á þessu og freista þess að auka trúverðugleika bankans hvað varðar stjórn peningamála er því lagt til, eins og þingmenn Samfylkingarinnar gerðu þegar frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands var til umfjöllunar á 126. löggjafarþingi, að sett verði á fót peningastefnunefnd sem taki ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Það sjónarmið hefur komið fram í opinberri umræðu að undanförnu að nauðsynlegt sé að oftar séu haldnir fundir um stýrivaxtabreytingar og að fundirnir séu fyrirframákveðnir og fundargerðir birtar opinberlega. Flutningsmenn frumvarpsins taka undir þessa skoðun og leggja því til að peningastefnunefnd fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári og opinberlega verði gerð grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra.

45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

4. og 5. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Upplýsingaskylda.

Jafnréttisstofa getur krafið opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar og athugunar á einstökum málum. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofan setur.

Jafnréttisstofa getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Jafnréttisstofa getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

Jafnréttisstofa getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða fyrirmælum Jafnréttisstofu.

Við framkvæmd lagagreinar þessarar skal fylgja ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála skv. 5. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Kærunefnd jafnréttismála getur við meðferð kærumála falið Jafnréttisstofu að afla allra tiltækra upplýsinga og gagna skv. 4. gr.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Í sérhverju fyrirtæki og stofnun þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu þeir kjósa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisáætlun, að jafnréttis sé gætt í starfsmannastefnu og að farið sé að öðru leyti að lögum þessum. Jafnréttisfulltrúarnir skulu njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og trúnaðarmenn samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og kjarasamningum sem um störf þeirra gilda.

5. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir og skulu tilnefningaraðilar tilnefna einn karl og eina konu í þær.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 96 22. maí 2000 og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Hér er endurflutt frumvarp sem fyrst var lagt fram á vorþingi 2004 (þskj. 844, 565. mál á 130. löggjafarþingi) og síðan endurflutt vorið 2005 (þskj. 930, 620. mál á 131. löggjafarþingi). Atli Gíslason varaþingmaður var fyrsti flutningsmaður í bæði skiptin og hefur haft frumkvæði að málinu.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 96/2000 í þeim tilgangi að vinna gegn kynbundnum launamun og öðru misrétti kynjanna.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Engu síður er það staðreynd að kynbundinn launamunur er talinn vera á bilinu 14–18% þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og engin teikn á lofti um breytingar. Með kynbundnum launamun er að sjálfsögðu brotið í bága við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og enn fremur við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hann misbýður réttlætiskennd fólks. Þessi mismunun leiðir til annars misréttis og hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, efnahags-, félags- og menningarlífi. Fleiri staðreyndir um misrétti kynjanna liggja fyrir. Heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla, heildaratvinnutekjur kvenna meðal opinberra starfsmanna eru um 86% af atvinnutekjum karla, um 30% einstæðra mæðra hafa framfærslu af tekjum undir fátæktarmörkum og konur eru aðeins um 20% af forstöðumönnum ráðuneyta og ríkisstofnana svo að fátt eitt sé nefnt. Verk karla eru meira metin en verk kvenna. Kvennastörf eru hvorki metin að félagslegum né fjárhagslegum verðleikum. Karlar eru „viðmið“ (norm) en konur „frávik“ og á þeim hugmyndum byggist óskráður kynbundinn og karllægur samfélagssamningur sem stjórnar aðstæðum kynjanna félagslega, efnahagslega og pólitískt. Allt eru þetta þekktar staðreyndir og það er einnig staðreynd að vilji er allt sem þarf til að koma á raunverulegu jafnrétti.

Í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi kemur í ljós að á Íslandi er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur annars vegar og launakannanir Reykjavíkurborgar hins vegar. Þetta skýrist að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er að miðstýrðir kjarasamningar séu hafðir til viðmiðunar á opinbera vinnumarkaðnum. Starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt algengara er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli. Þessar staðreyndir ásamt landlægri launaleynd gera það að verkum að sífellt erfiðara verður að fylgjast með launum, launaþróun og launamisrétti. Ýmsar vísbendingar eru um að kynbundið launamisrétti hafi fundið sér nýjan farveg í aukagreiðslum, svo sem bílahlunnindum, óunninni yfirvinnu og dagpeningum, en slíkt má meðal annars lesa út úr launakönnun Reykjavíkurborgar frá árinu 2001. Engin ráð eru nú til að fylgjast með því hvernig körlum er hyglað með greiðslum af þessu tagi og slíkar upplýsingar eru takmarkaðar hjá kjararannsóknarnefndum. Ekkert bendir hins vegar til þess að launamunur fari minnkandi, alþjóðlegar rannsóknir benda þvert á móti til þess að kynbundinn launamunur aukist á næstu árum með auknum einstaklingslaunasamningum verði ekkert að gert.

Ljóst er að lagasetningar hafa ekki dugað til og sértækar aðgerðir hafa heldur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að. Jafnréttissinnar hafa því í auknum mæli beint sjónum sínum að kerfislægri mismunun kynjanna en góð stjórnvaldstæki þarf til að vinna á rótgrónum stöðumun kynjanna á vinnumarkaði. Heimild fyrir opinbera stofnun til að afla gagna og vinna úr þeim upplýsingar er nauðsynlegt tæki til að greina stöðuna til að geta gripið til aðgerða.

Frumvarpið felur í sér að Jafnréttisstofu verði veittar heimildir til að ganga úr skugga um það með rannsókn og gagnaöflun hvort réttindum og skyldum skv. III. kafla jafnréttislaganna sé fullnægt, svo sem um launajafnrétti, og tryggt sé að bannákvæðum IV. kafla þeirra sé framfylgt. Er gert ráð fyrir að Jafnréttisstofa geti hafið rannsókn og gagnaöflun að eigin

frumkvæði, að mótteknum kvörtunum eða í kjölfar kæru til kærunefndar jafnréttismála. Um viðlíka heimildir er til að mynda mælt fyrir í skattalögum, samkeppnislögum og lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi. Sýnu veigameiri eru rökin fyrir því að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að tryggja konum stjórnarskrárbundin mannréttindi.

Í nýrri fjórðu grein laganna samkvæmt frumvarpinu yrði mælt fyrir um nýmæli í anda heimilda og úrræða sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. gildandi laga um skipun jafnréttisfulltrúa hjá sérhverju ráðuneyti og hlutverk þeirra, en þó yrði mælt fyrir um aukin verkefni jafnréttisfulltrúa hjá einkafyrirtækjum. Að mati sérfróðra aðila um jafnréttismál og samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum er staða kvenna hjá einkafyrirtækjum verri en hjá ríki og sveitarfélögum og jafnréttisáætlanir þeirra virðast ekki skila tilætluðum árangri. Þar er bæði kynbundinn launamunur og munur á heildartekjum karla og kvenna meiri. Valdaleysi kvenna í stjórnum einkafyrirtækja, einkum stórfyrirtækja, er einnig sláandi og endurspeglar í engu menntun þeirra, hæfni og reynslu. Þá er þess að geta að starfsmenn ríkis og sveitarfélaga njóta réttinda og meiri verndar gegn mismunun samkvæmt stjórnsýslulögum og upplýsingalögum sem ekki hafa verið yfirfærð á einkarekstur.

Í 5. gr. er lögð til breyting á 20. gr. gildandi laga um þátttöku í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum hins opinbera. Ákvæðið er að gefnu tilefni gert markvissara og lagt til að sami háttur verði á hafður við skipun og tilnefningu í nefndir, ráð og stjórnir ríkis og sveitarfélaga og við tilnefningar og skipun í Jafnréttisráð skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Lagt er til að tilnefningaraðilar tilnefni einn karl og eina konu þannig að veitingarvaldið hafi val og geti við það gætt þess að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Með lögfestingu þessarar tillögu má ætla að það muni heyra sögunni til að nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga verði eingöngu eða að miklum meiri hluta skipaðar körlum.

Á vorþingi 2004 var frumvarp sama efnis tekið til 1. umræðu og vísað til félagsmálanefndar sem fjallaði ekki um málið. Því miður virðist vera enn brýnni nauðsyn á þeim úrræðum sem frumvarpið felur í sér nú en fyrir ári. Rökin standa öll óhögguð. Það hefur ekkert þokast í þjóðfélaginu í átt til launajafnréttis. Mannréttindabrot á konum, viðvarandi kynbundinn launamunur og fákvenni í nefndum, stjórnum og ráðum eru jafnóþolandi og fyrr. Það er yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar allt frá árinu 1998 að jafna launamun kynjanna og gæta að jafnrétti við opinbera stefnumótun. Frumvarpið samræmist þeim markmiðum. Þeir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa einnig gefið ítrekuð fyrirheit um að jafna stöðu kvenna. Hér gefst þeim tækifæri til að efna loforð sín og rétta hlut kvenna verulega með stjórnsýsluúrræðum og rjúfa kyrrstöðuna í jafnréttismálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi 4. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um skyldu opinberra stofnana, atvinnurekenda og félagasamtaka til að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar. Lagt er til að málsgreinin verði felld niður sem 4. mgr. 3. gr., en umorðuð sem ný 4. gr. laganna og taki bæði til almennrar og sértækrar upplýsingaskyldu opinberra stofnana, sveitarfélaga, atvinnurekenda og félagasamtaka, sbr. almennar athugasemdir við lagafrumvarpið og 2. gr. þess. Samhengis vegna þykir rétt að 5. mgr. 3. gr. verði 6. mgr. nýrrar 4. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru Jafnréttisstofu veittar heimildir til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur almennt og félagasamtök um allar almennar og sértækar upplýsingar

sem nauðsynlegar eru vegna verkefna hennar skv. 3. gr. laganna og vegna athugunar einstakra mála, sbr. einnig III., IV. og V. kafla laganna. Jafnréttisstofu eru með frumvarpinu veittar heimildir bæði til að krefjast upplýsinga munnlega og skriflega, til að krefjast afhendingar gagna og hún getur við rannsókn máls, þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brot hafi verið framin gegn lögunum eða fyrirmælum hennar, gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöðvum atvinnurekenda og lagt hald á gögn. Hér er mælt fyrir um víðtækari heimildir fyrir Jafnréttisstofu en núgildandi 4. mgr. 3. gr. hefur veitt henni. Um tilgang þessara breytinga er vísað til almennra athugasemda um frumvarpið. Er frumvarpið samið í anda þeirra heimilda sem skattyfirvöldum, Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirliti og fleiri opinberum eftirlitsstofnunum er veitt lögum samkvæmt til eftirlits með skattgreiðslum, samkeppni og fjármálum. Vísað er til rökstuðnings í frumvörpum til laga um þessar eftirlitsstofnanir fyrir þeim heimildum sem þeim hafa verið veittar. Það er því rökrétt og varla tiltökumál að veita Jafnréttisstofu sambærilegar heimildir til að vinna gegn mannréttinda- og stjórnarskrárbrotum gegn konum. Það gefur auga leið að Jafnréttisstofa verður að gæta lagaákvæða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga við rannsókn mála og gagnaöflun. Verður Jafnréttisstofa þannig að gæta þess að vinna persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Jafnréttisstofu er í lófa lagið að afla gagna og gera athuganir og samanburð á launakjörum til að staðreyna mismunun og afla sannana án þess að nafngreina þá einstaklinga sem bornir eru saman í launakjörum. Sama gildir um haldlagningu og leit. Ekki hefur vafist fyrir opinberum eftirlitsaðilum, sem veittar eru sömu heimildir, að halda sig innan ramma laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um meðferð opinberra mála. Í 3. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um almennar heimildir sem ekki þarfnast skýringa. Í 6. mgr. 2. gr. er kveðið á um málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu sem nú er mælt fyrir um í 5. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Nefndin hefur iðulega staðið frammi fyrir sönnunarvanda við úrlausnir kærumála. Hér eru lagðar til breytingar til að bregðast við þessum sönnunarvanda, eins og nánar er rökstutt í almennum athugasemdum við frumvarp þetta og í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um kosningu jafnréttisfulltrúa í sérhverju fyrirtæki og stofnun, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, til eftirlits með jafnréttisáætlun, með því að jafnrétti sé fylgt í starfsmannastefnu og með lögum nr. 96/2000 að öðru leyti, sbr. einnig 13. gr. laganna. Reiknað er með að jafnréttisfulltrúar starfi í nánu samstarfi við trúnaðarmenn viðkomandi fyrirtækis. Í störfum sínum geta jafnréttisfulltrúar tekið saman upplýsingar og fjallað bæði um almenn og sértæk jafnréttismál í samræmi við réttindi og skyldur skv. III. kafla laganna og gætt þess að ákvæði IV. kafla um bann við mismunun á grundvelli kynferðis séu virt. Jafnréttisfulltrúar geta í því skyni bæði beint tilmælum til stjórnenda, leitað til viðkomandi stéttarfélags og nýtt sér önnur úrræði sem kveðið er á um í lögunum. Ætla má að tilgangi jafnréttislaga verði náð mun fyrr með öflugu starfi jafnréttisfulltrúa. Vegna eðlis og mikilvægis starfa jafnréttisfulltrúa þykir rétt að tryggja starfsöryggi þeirra og stöðu að öðru leyti með því að veita þeim sambærilega stöðu eftir því sem við á og trúnaðarmönnum er veitt með lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og ákvæðum kjarasamninga.

Um 5. gr.

Um skýringar á greininni er vísað til greinargerðar hér að framan. Henni er ætlað að koma í veg fyrir að nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera verði einvörðungu eða að miklum meiri hluta til skipaðar körlum eins og alkunna er og nýleg dæmi sanna.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 2007 þannig að ríkisstjórninni gefist ráðrúm til að gera ráð fyrir þeirri breytingu sem verður á starfsskyldum Jafnréttisstofu í fjárlögum. Einnig er þörf á að lögin þannig breytt verði kynnt vandlega fyrir atvinnurekendum, samtökum þeirra, stéttarfélögum og öðrum þeim sem málið varðar.

46. Frumvarp til laga [46. mál]

um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 1. mgr. 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmtistöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði.

Hinn 8. ágúst 2001 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til að fara yfir gildandi lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu um störf sín 11. júlí 2002. Í skýrslunni kemur m.a. fram að reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi byggist á ótraustum lagagrundvelli og að umboðsmaður Alþingis hafi oftar en einu sinni gert athugasemdir við gildandi fyrirkomulag. Bent er á að nauðsynlegt sé að setja skýrari lagaramma á þessu sviði.

Helstu reglur um þessi atriði er að finna í reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, sem sett var í gildistíð laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, sem lögreglulög, nr. 90/1996, leystu síðar af hólmi, og laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Skemmtana- og mótshald Íslendinga hefur breyst verulega síðan þessi ákvæði voru lögfest. Þá er að finna ákvæði í lögum nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, þess efnis að í lögreglusamþykkt skuli kveðið á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem að tryggja öryggi fólks, reglu og velsæmi á almannafæri, hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími o.fl. Jafnframt er kveðið á um að í lögreglusamþykkt skuli vera ákvæði um það hvernig greiða

skuli þau útgjöld sem ákvæði hennar hafi í för með sér. Í lögreglusamþykktum er almennt ekki tekið á þátttöku almennings í löggæslukostnaði og reglugerð um lögreglusamþykktir hefur ekki verið sett þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 36/1988. Dómsmálaráðherra mun hins vegar hafa sett viðmiðunarreglur um leyfi fyrir útisamkomur.

Sumarið 2003 var Ungmennafélag Íslands krafið um greiðslu fyrir löggæslu á íþróttamóti á Ísafirði sem haldið var um verslunarmannahelgina, þrátt fyrir að aðgangur væri ókeypis, en um var að ræða unglingalandsmót. Ungmennafélag Íslands telur innheimtuna óréttmæta og stefndi sýslumanninum á Ísafirði vegna innheimtu á löggæslukostnaðinum.

Sumarið 2004 var mikil rekistefna út af innheimtu löggæslukostnaðar vegna landsmóta ungmennafélaganna á Sauðárkróki og lauk þeirri deilu með því að sýslumaðurinn á Sauðárkróki ákvað að innheimta ekki umrætt gjald. Síðastliðið sumar komu aftur upp deilur um innheimtulöggjöf löggæslukostnaðar, bæði í Vestmannaeyjum og á Seyðisfirði og eru allar líkur á því að deilan um innheimtuna á Seyðisfirði endi fyrir dómstólum. Nú er svo komið að ekki er nokkurt samræmi í innheimtu löggæslukostnaðarins og orðið löngu tímabært að fella úr gildi heimild sýslumanna til þess að innheimta hann og leysa með öðrum hætti óregluleg útgjöld lögregluembætta vegna íþróttamóta og skemmtanahalds.

Grundvöllur kröfu lögreglustjóra um greiðslu fyrir löggæslukostnað virðist byggjast á því að um skemmtun sé að ræða sem skemmtanaleyfi þurfi fyrir og þá jafnframt að um „skemmtistað“ sé að ræða. Í lögunum er ekki skilgreint hvers konar skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi eða hvað sé „skemmtistaður“ í skilningi laganna. Ákvæði reglugerðarinnar mæla svo fyrir um hvaða skemmtanir þurfi skemmtanaleyfi og teljist þar með gjaldskyldar samkvæmt lögunum.

Lagaramminn um þátttöku í löggæslukostnaði er því mjög ótraustur og reglugerð nr. 587/1987 byggist vægast sagt á mjög hæpinni lagastoð. Dómsmálaráðherra hefur ekkert aðhafst til að gera nauðsynlegar breytingar þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar umboðsmanns Alþingis og niðurstöðu skýrslu starfshóps sem hann skipaði sjálfur fyrir tveimur árum. Nauðsynlegt er að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir á þessu sviði.

Flutningsmaður frumvarpsins telur rétt að ríkið beri allan löggæslukostnað eins og aðalregla 33. gr. lögreglulaga gerir ráð fyrir og leggur því til að 1. mgr. 34. gr. laganna verði felld brott. Samkvæmt lögum er það íslenska ríkið sem á að halda uppi allsherjarreglu í landinu og lögreglustjórum er falið að meta hvað til þurfi hverju sinni. Af þeim sökum er rétt að ríkið beri eitt þann kostnað.

Frumvarp til laga um breytingar á lögreglulögunum var áður flutt á 130. löggjafarþingi og var þá sent út til umsagnar. Frumvarpið var á þá leið að fella brott 34. gr. laganna, sem veitir heimild til innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar.

Almennt voru umsagnir um frumvarpið jákvæðar en þó voru uppi vissar efasemdir um að rétt væri að fella brott 2. mgr. 34. gr., sem veitir heimild til innheimtu löggæslukostnaðar vegna gæslustarfa við framkvæmdir á almannafæri og flutning á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu. Nú þegar frumvarpið er endurflutt hefur verið tekið tillit athugsemda er varða 2. mgr. 34. gr. og er ekki gerð tillaga um að hún verði felld brott.

47. Frumvarp til laga [47. mál]

um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson,
Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Pétur H. Blöndal, Birkir J. Jónsson, Einar Már Sigurðarson,
Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Gunnar Örlygsson, Ásta Möller,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „áfengi“ í 1. mgr. kemur: sterku áfengi, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að dreifa áfengi sem í er minna en 22% af vínanda að rúmmáli sem og sterkara áfengi í heildsölu og smásölu innan lands samkvæmt samningum við birgja.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Útsöluverð áfengis er frjálst en þó skal fjármálaráðherra ákveða útsöluverð á sterku áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
b. Við bætist nýr málsliður, er verði 3. málsl., svohljóðandi: Óheimilt að selja áfengi undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt innkaupsverð að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts.

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innflutningur, heildsala, smásala, veitingar eða framleiðsla áfengis í atvinnuskyni er háð leyfi samkvæmt áfengislögum.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Um sölu og dreifingu áfengis fer samkvæmt áfengislögum.

5. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á og gera upptækar til ríkissjóðs vörur sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

6. gr.

25. tölul. 11. gr. laganna orðast svo: Áfengissmásöluleyfi 30.000 kr.

III. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir orðinu „heildsölu“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: smásölu.

8. gr.

Orðin „annað en leyfi til smásölu“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

9. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu sterks áfengis, þ.e. sem í er meira en 22% af vínanda að rúmmáli.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal setja eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu smásöluleyfis:

a. Afgreiðslutími skal ekki vera lengri en til kl. 20.00.
b. Starfsmenn sem afgreiða áfengi mega ekki vera yngri en 20 ára.
c. Önnur málefnaleg atriði, svo sem um staðsetningu verslunar, aðgengi, afgreiðslutíma, sbr. þó ákvæði a-liðar, merkingar o.fl.

Sveitarstjórn er óheimilt að veita smásöluleyfi fyrirtækjum sem stunda blandaða smásöluverslun aðra en rekstur stórmarkaða eða matvöru- eða nýlenduvöruverslunar, svo sem starfsemi sem fellur undir eftirfarandi ÍSAT-flokka: 50.11.4 (söluturnar), 50.11.5 (söluturnar með ís eða samlokugerð), 50.11.6 (matsöluvagnar) og 52.12 (önnur blönduð smásala). Þá er sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til blaðsöluturna, sbr. ÍSAT-flokk 52.26, og myndbandaleiga, sbr. ÍSAT-flokk 71.40.1.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er lagt til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Á undanförnum árum og áratugum hefur hið opinbera dregið sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti stundað viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum

drykkjum til einstaklinga en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun auk heildsöludreifingar á tóbaki og tóbaksgerðar.

Lengi framan af var sala áfengis algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel. Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2002 reifar stjórnin helstu röksemdina fyrir ríkiseinkasölu, en á bls. 9 í skýrslunni segir: „Forvarnarhlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi". Þá segir að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til að „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis". Þetta verða að teljast afar haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Rétt er að benda á að einkaaðilum er treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak og hið sama ætti þá væntanlega að gilda um sölu áfengis. Þá verður að spyrja hvort það sé hlutverk ríkisins að hlúa að tiltekinni vínmenningu í landinu með ærnum tilkostnaði. Um rökin gegn ríkiseinkasölu skal í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni; ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fastafjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru á bókfærðu verði í efnahagsreikningi 31. desember 2002 um 1 milljarður kr. en eignir alls ríflega 3,2 milljarðar kr. Eigið fé fyrirtækisins var ríflega 2,1 milljarður kr. Fjármunir sem fengjust með sölu eigna fyrirtækisins mundu nýtast ríkissjóði vel. Eftir sem áður gæti ríkisvaldið náð öllum þeim markmiðum sem það hefur sett sér í áfengismálum. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfin til að selja áfengi yrðu veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til er að aðrir en ríkið fái að sjá um smásölu léttvíns og bjórs eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu, áherslum í tóbaksvörnum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Þó er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái eitt um sölu sterks áfengis en verði áfram heimilt að dreifa öllu áfengi í heildsölu og smásölu.

Á 123. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps tillögu til þingsályktunar um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis og urðu töluverðar umræður um málið í þinginu. Þá hefur fyrrverandi þingmaður, Vilhjálmur Egilsson, ítrekað lagt fram frumarp til laga um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það hefur ekki náð fram að ganga.

Fróðlegt er að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og fyrir einungis um 15

árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessum höftum hefur sem betur fer öllum verið aflétt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina. Þá er gert ráð fyrir að óheimilt verði að selja áfengi og tóbak undir kostnaðarverði en með því er átt við endanlegt kaupverð dreifingaraðila að viðbættum opinberum gjöldum, svo sem áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi, að viðbættum virðisaukaskatti. Er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda af þessari vöru og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð. Hins vegar ætti þetta fyrirkomulag ekki að raska eðlilegri samkeppni á markaðnum fyrir einstakar vörutegundir.

Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum takmörkunum á veitingu smásöluleyfis. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði afgreiðslutíma, svo sem verið hefur, þó þannig að verslanir með áfengi mega ekki vera opnar lengur en til kl. 20.00. Þá er það gert að skilyrði að starfsmenn sem afgreiða áfengi skuli vera a.m.k. 20 ára. Sveitarstjórnum verður eftir sem áður heimilt að binda smásöluleyfi frekari skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslana, aðgengi, merkingar o.fl. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði leyft að selja áfengi í tilteknum tegundum verslana. Eru hér einkum hafðir í huga söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar. Leitast er við að skilgreina þessa starfsemi nánar með vísan til ÍSAT-flokkunarkerfisins. Gert er ráð fyrir að áfengissmásalar greiði gjald til ríkissjóðs fyrir leyfi til að selja áfengi í smásölu, líkt og gildir um innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir áfengi.

Lagt er til að heimild ráðherra í 12. gr. áfengislaga til að ákveða hámarksafgreiðslutíma og önnur sérstök skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð verði felld brott enda er gert ráð fyrir að ákvörðun um leyfisveitingu færist til sveitarstjórna.

Flutningsmenn telja jafnframt að taka þurfi til skoðunar áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, til dæmis með því að lækka áfengisgjald í þremur áföngum, um allt að 50%, fram til ársins 2007.

Áfengisgjald hefur farið lækkandi í nágrannalöndunum að undanförnu en hér á landi hefur gjaldið stöðugt farið hækkandi. Ljóst er að of hátt áfengisverð leiðir til þess að ákveðinn hópur fólks leitar annarra úrræða. Heimabruggun og smygl á áfengi hefur verið vandamál og ljóst er að ákveðin fylgni er milli áfengisverðs og heimabruggunar og smyglaðs áfengis. Samkvæmt könnun sem IBM gerði fyrir Samtök verslunarinnar hafði tæplega fjórðungur landsmanna neytt heimabruggs sl. tólf mánuði og um þriðjungur fólks á aldrinum 20–29 ára. Þá fer markaður fyrir efni til heimavíngerðar ört stækkandi. Ekki þarf að fjölyrða um hættuna sem getur stafað af heimabruggi og fjölmörg dæmi eru um að fólk hafi veikst alvarlega eftir að hafa drukkið slíkt.

Svo virðist sem smygl á sterku áfengi hafi aukist að undanförnu. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni jókst haldlagt sterkt áfengi um 30% á árunum 2002–2003. Árið 2003 var áætlað að haldlagt sterkt áfengi næmi um 1.500 lítrum, létt vín um 700 lítrum og bjór ríflega 800 lítrum. Haldlagt sterkt áfengi nam 1.147 lítrum árið 2002 og hafði magnið því aukist um a.m.k. 350 lítra.

Þá hafa samtök ferðaþjónustunnar bent á að ferðamenn kvarti undan háu áfengisverði hér á landi. Leiða má líkur að því að ferðamannastraumur og ráðstefnuhald mundi aukast að einhverju marki með lækkuðu áfengisgjaldi. Ólíklegt verður að telja að heildarneysla áfengis aukist með lækkuðu áfengisgjaldi enda er talið að um 15–30% af heildarneyslunni sé heimabruggað eða smyglað áfengi. Ef áfengisgjaldið yrði lækkað eru verulegar líkur á að neysla

á löglega keyptu áfengi mundi aukast á kostnað hins ólöglega. Tekjur ríkissjóðs munu því ekki lækka sem neinu nemur enda verður að gera ráð fyrir að mun meiri hluti af verslun með áfengi flytjist inn í landið, að ekki sé minnst á verulega minni sölu og neyslu á ólöglegu áfengi.

Oft hefur því verið haldið fram að mikil lækkun áfengisgjalds kalli á stóraukna neyslu. Reynslan í nágrannalöndum okkar sýnir að fólk neytir ekki meira áfengis heldur skýrist aukin sala af því að meira er keypt innan lands en í aðliggjandi löndum.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldi yrðu rúmir 7 milljarðar kr. Framlag ríkisins til Forvarnasjóðs skv. 7. gr. laga nr. 95/1996, um gjald af áfengi og tóbaki, er 1% af innheimtu áfengisgjaldi eða um 70 millj. kr. fyrir árið 2005 og að óbreyttum forsendum mundi það lækka um helming. Ef áfengisgjald yrði lækkað væri rétt að hækka framlag til Forvarnasjóðs í samræmi við lækkun áfengisgjalds og við það miðað að hlutfallið verði 2% af innheimtu áfengisgjaldi þegar lækkun hefur að fullu komið til framkvæmda.

Þrátt fyrir að áfengisgjald hér á landi yrði lækkað um helming yrði það svipað og í Svíþjóð og áfram það langhæsta innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Áfengisgjöld á Íslandi í samanburði við ESB-lönd og önnur lönd sem hafa sótt um aðild. Samtök verslunarinnar. (5. apríl 2004.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 252 (241. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 2004–2005. bls. 1099–1100.

48. Frumvarp til laga [48. mál]

um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Samkomudagur reglulegs Alþingis, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinnar, skal vera 15. september ár hvert.

2. gr.

Reglulegum störfum Alþingis skal ljúka 15. júní.

3. gr.

Beri þær dagsetningar, sem tilgreindar eru í 1. og 2. gr., upp á laugardag eða sunnudag skal í 1. gr. miða við fyrsta almennan vinnudag eftir 15. september og í 2. gr. síðasta vinnudag fyrir 15. júní.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 15. september 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á tveimur þingum en eigi fengist útrætt. Flutningsmenn eru fyrrverandi og núverandi þingflokksformenn Samfylkingarinnar og telja þeir að starfstími síðasta Alþingis hafi leitt í ljós úrelt starfsfyrirkomulag, sýnt að þörf sé á breyttri vinnutilhögun Alþingis og undirstrikað nauðsyn þess að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfstími Alþingis verði lengdur, bæði að hausti og að vori. Haustþing hefjist hálfum mánuði fyrr en nú er, 15. september í stað 1. október, og þingstörfum á vorþingi ljúki um miðjan júní, í stað miðs maímánaðar eins og verið hefur að jafnaði undanfarin ár.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra, eða nær allra, nú orðið. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði, og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður sá sami og hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku (a.m.k. yfir þingtímann). Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Með frumvarpi þessu er ekki beinlínis stefnt að því að fjölga þingfundum eða lengja þá heldur fremur að gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, einkum nefndum þingsins. Forsætisnefnd Alþingis gæfist meira svigrúm til að skipuleggja þinghaldið og tryggja ásættanlega umfjöllun allra þingmála, líka þingmannamála. Með því fyrirkomulagi sem nú viðgengst hefur ekki reynst unnt að taka á dagskrá þingmannamál né afgreiða þau. Ætla má að aflétt yrði þeim þrýstingi sem oft er á afgreiðslu stjórnarfrumvarpa þeirra sem koma seint fram en afgreiða á fyrir þinglok. Engin sérstök rök eru fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða þau liðlega 100 frumvörp og 20–30 ályktanir sem venja hefur verið hingað til. Með breyttu fyrirkomulagi gefst jafnframt rýmri tími til umfjöllunar um fjárlagafrumvarpið og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins með nýjum hætti væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og að gefa þingmönnum rýmri tíma og skipulegri til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin og halda fundi, m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert sem mælir með því að þingið sé sent heim um miðjan maí og komi ekki aftur saman fyrr en eftir fjóra og hálfan mánuð. Nægir að benda á bættar samgöngur, fjarskiptaþróun og tölvuvæðingu sem gjörbreytt hafa allri vinnutilhögun þingmanna. Oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og er sú umræða orðin áberandi neikvæð. Þingmenn eru að störfum þó að sumarhlé sé hjá Alþingi en það er eðlilegra að dreifa ólíkum starfsþáttum þingmanna á lengri tíma eins og hér er lagt til.

Vinnutími þingsins sem hér er lagt til að taka upp er áþekkur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þingið komi saman 15. september. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir að reglulegt Alþingi komi saman 1. október ár hvert en samkomudegi Alþingis megi breyta með lögum. Það hefur einu sinni verið gert eftir að stjórnarskránni var breytt 1991, en þingið 1992–1993 hófst 17. ágúst til þess að fjalla um og afgreiða hinn

viðamikla EES-samning. Í eldri stjórnarskrárákvæðum (fram til 1991) var samkomudagurinn 15. febrúar, en sett höfðu verið lög um (samkvæmt sambærilegri heimild í stjórnarskránni) að samkomudagurinn yrði 10. október. Var svo fram til 1991.

Í 2. gr. eru sett ákvæði um að reglubundnum störfum Alþingis skuli ljúka 15. júní. Ákvæði þetta hefur ekki sömu stöðu og 1. gr. því að Alþingi verður því aðeins frestað að fyrir liggi samþykki þess sjálfs, og slíkt samþykki er og skilyrði þess að ákvæði greinarinnar verði framfylgt. Forseti Íslands hefur að vísu rétt til að fresta fundum Alþingis tímabundið, en ekki hefur reynt á það ákvæði fram að þessu. Samkvæmt þessu ber fremur að líta á efni 2. gr. frumvarpsins sem stefnuyfirlýsingu þingsins sjálfs um hver hinn reglubundni starfstími þess skuli vera. Þannig má stuðla að meiri festu í þingstörfunum sem er til hagsbóta fyrir þingmennina, stjórnsýsluna og allan almenning. Eigi að síður verður Alþingi, að óbreyttum stjórnlögum, að samþykkja formlega þingfrestun, svo sem verið hefur fram að þessu.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 131. löggjafarþingi og var þá send út til nokkurs fjölda umsagnaraðila. Segja má að umsagnirnar séu tvenns konar; stofnanir umhverfisráðuneytisins og náttúruverndarsamtök eru fylgjandi breytingunni sem tillagan felur í sér, en orkufyrirtæki og stofnanir iðnaðarráðuneytisins ekki. Í ljósi þess að hér virðast hagsmunir skiptast nokkuð hreint milli fagsviða telja flutningsmenn fullt tilefni til að endurflytja tillöguna.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – framkvæmdaáætlun til aldamóta* (júní 1997) var greint frá því að gerð yrði áætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Fyrirmyndin var fengin frá Noregi þar sem lokið var vinnu við að flokka vatnsföll og gerð hafði verið áætlun um verndun þeirra og nýtingu. Í upphafi var ljóst að íslensk stjórnvöld vikju frá aðferðarfræði Norðmanna í a.m.k. einu veigamiklu atriði þar sem hér yrði áætlunin á forræði iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra eins og í Noregi. Þetta fyrirkomulag var frá upphafi gagnrýnt, enda um náttúruvernd og skipulagsmál að ræða sem eðli málsins samkvæmt eru á forræði umhverfisráðherra. Umhverfis- og náttúruverndarsinnar voru þó almennt jákvæðir gagnvart því að hefja ætti vinnu við rammaáætlunina og létu í ljósi vonir um að hún yrði notuð til að friða þau vatnsföll og þau jarðhitasvæði sem ekki væri ásættanlegt að fórna til orkuvinnslu vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Einnig var það gagnrýnt að ekki væri ljóst fyrir fram hvernig farið yrði með niðurstöður áætlunarinnar.

Í nóvember 2003 voru gerðar opinberar niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar. Um líkt leyti lagði iðnaðarráðherra fram skýrslu á Alþingi um niðurstöðurnar (þskj. 648, 454. mál

130. löggjafarþings). Í þeirri skýrslu segir að líta megi á niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana og að stjórnvöld geti nýtt niðurstöðurnar sem grundvöll að stefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum. Þá segir einnig að iðnaðarráðherra muni geta notfært sér niðurstöðurnar við stefnumörkun í frumrannsóknum ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana. Af þessu má ljóst vera að iðnaðarráðherra ætlar sér að taka ákvarðanir á grundvelli fyrirliggjandi vinnu og að stjórnvöld hafa ekki í hyggju að gefa flokkun þeirri sem fólgin er í niðurstöðum fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar neitt skuldbindandi vægi eða lagagildi. Einnig þar fara íslensk stjórnvöld allt aðra leið en í Noregi en Stórþingið tók rammaáætlunina til ítarlegrar umfjöllunar og samþykkti loks endanlega flokkun þeirra vatnsfalla sem hún náði til. Flokkarnir voru fjórir og gildi þeirra eftirfarandi:

1. Þeir kostir sem orkufyrirtæki gátu sótt um heimildir til að virkja.
2. Þeir kostir sem settir voru í biðstöðu á þeirri forsendu að ekki lægju fyrir nægjanleg gögn til að taka afstöðu til þeirra.
3. Þeir kostir sem ekki voru taldir standa orkufyrirtækjum til boða vegna óásættanlegra umhverfisárifa en þó var ekki útilokað að þeir kæmu einhvern tíma til álita.
4. Þeir kostir sem voru taldir verðmætastir og voru því friðlýstir.

Engin slík aðferðafræði hefur verið kynnt af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fráleitt verður að teljast að forræði þessa máls verði áfram á hendi eins af atvinnumálaráðuneytunum sem eðli máls samkvæmt hefur nýtingar- og framkvæmdaáform í fyrirrúmi.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir að forræði þeirra niðurstaðna rammaáætlunar sem þegar liggja fyrir og áframhaldandi vinna verði undir yfirstjórn og á ábyrgð umhverfisráðuneytisins. Auk umhverfis- og náttúruverndar fer það ráðuneyti með skipulagsmál sem tengjast náið þeim ákvörðunum sem vinna að rammaáætlun á að leggja grunn að. Sú formbreyting á yfirstjórn rammaáætlunar er einnig brýn vegna framhaldsvinnu að verkefninu.

Í niðurlagi skýrslu iðnaðarráðherra sem getið var hér að framan kemur fram að áætlað sé að vinna annan áfanga áætlunarinnar á næstu þremur til fjórum árum. Þeirri vinnu muni stýrt af fámennari verkefnisstjórn en þeirri sem vann fyrsta áfangann og verkefnisstjórnin verði eingöngu skipuð fulltrúum frá iðnaðar- og umhverfisráðuneyti auk helstu hagsmunaaðila.

Af því sem hér hefur verið fært fram má ljóst vera að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar verður ekki það tæki sem henni var ætlað nema hún láti forræði þess ráðherra sem fer með umhverfisvernd og skipulagsmál og Alþingi fjalli um hana og taki ákvarðanir með hliðsjón af niðurstöðunum.

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Birkir J. Jónsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128., 130. og 131. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd og er því lagt fram að nýju.

51. Frumvarp til laga [51. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 126. löggjafarþingi, aftur á 127., 128., 130. þingi og að nýju á síðasta löggjafarþingi og hefur því verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Málið hefur ekki hlotið afgreiðslu úr nefnd en á 130. löggjafarþingi samþykkti nefndin að leita eftir lögfræðilegu áliti á efni frumvarpsins utan þings, en vegna umfangs málsins reyndist það ekki unnt fjárhagslega.

Hér á eftir er því haldið fram og færð fyrir því rök að ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það er í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það er enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr., sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi.“

Umrædd málsgrein á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í henni felst í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Einnig kann þetta ákvæði að brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í 65. gr. því að þeir sem ekki vilja gerast félagar í stéttarfélagi eru ekki jafnsettir félagsmönnum þó að þeim sé gert að greiða sama gjald til félagsins.

Ákvæðið kann enn fremur að brjóta gegn ákvæði stjórnarskrárinnar um að skatta skuli leggja á með lögum og að ekki skuli fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Félagsfundur í stéttarfélagi getur samþykkt hvaða félagsgjald sem er, án hámarks, það er innheimt af stjórnvöldum með stuðningi í þessum lögum og rennur til aðila sem ekki er opinber aðili. Sá sem á að greiða gjaldið samkvæmt þessum lögum þarf ekki að vera félagsmaður og kemur því ekki að ákvörðun þess en honum ber að greiða það. Gjaldið hefur því öll einkenni skatts.

Umsagnir.

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram var það sent 21 aðila til umsagnar 8. mars 2001. Umsagnir bárust frá níu aðilum og voru þrjú meginþemu í umsögnunum:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Líta má á þetta eina löggilta stéttarfélag viðkomandi stéttar sem opinbert stéttarfélag sem nýtur velþóknunar og verndar stjórnvalda. Ekki er tekin afstaða til þessa í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu. Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landssamband lögreglumanna og *Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar* lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga. Varðandi hugsanlega tilvistar-

kreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds og lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að Alþingi hefur samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1998 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Frumvarpið var sent að nýju til umsagnar á 128. löggjafarþingi 21. febrúar 2003 og vísuðu aðilar almennt til fyrri umsagna sinna. Málið var ekki sent til umsagnar á 130. og 131. löggjafarþingi.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24.gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn dómstóll, sem er sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá, sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæsti-

réttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls og að aðrir dómstólar vísi slíkum málum ávallt beint til Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó ályktа að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það er hins vegar merkilegt og má setja við það spurningarmerki að Félagsdómur hafi talið sig þess umkominn að kveða á um hvort tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni eður ei.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur því að mati flutningsmanna ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum, 1% eða 1,5% samkvæmt ákvörðun félagsfundar í viðkomandi stéttarfélagi, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 300 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 150 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því í engum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 2. mgr 7. gr. getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin í lögum og

það þarf að renna til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna er laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru þjónustugjöld lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Hvorki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur né hugtakinu opinber aðili. Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að laga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningarvalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands. Með sömu rökum og talin voru upp hér að framan getur ekki nema hluti búnaðargjalds verið þjónustugjald. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 73/1972, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem réttarhafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita eða ljósmynda sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Afnotagjald til RÚV. Samkvæmt lögum nr. 122/2000 bera eigendur viðtækja ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins. Útvarpsgjaldið er varla þjónustugjald þar sem einstaklingur þarf að greiða gjaldið jafnvel þó að hann vilji alls ekki horfa á Ríkissjónvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Afnotagjaldið til RÚV fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fiskræktarsjóður. Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er ákvæði um að greitt sé af 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér gildir að viðtakandinn er ekki opinber aðili. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Virðist sú lagasetning ganga þvert á ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þetta gjald vatnsaflsstöðva til fiskræktarsjóðs fer í gegnum fjárlög.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Þá má einnig nefna sem dæmi skyldu húseigenda til að eiga aðild að húsfélagi skv. 13. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi skylda fylgir því að eiga hlut í fjöleignarhúsi.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagsskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða gjald í félögin er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (agency shop), sé brot á ákvæðinu.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um fiskverndarsvæði við Ísland.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir,
Mörður Árnason, Jón Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að setja á stofn net fiskverndarsvæða við Ísland í þeim tilgangi að efla fullnýttar og ofnýttar nytjategundir og til að vernda mikilvæg búsvæði. Á þeim verði veiðar bannaðar alfarið. Markmið fiskverndarsvæða verði að auka afrakstur fiskveiða á Íslandsmiðum. Svæðin verði valin með tilliti til fjölbreytileika og mikilvægis fyrir klak og nýliðun tegundanna sem verndin beinist að.

Samhliða stofnun svæðanna verði hafnar rannsóknir til að fylgjast með viðgangi lífríkis innan þeirra. Árangurinn verði metinn eftir fimm ár og aftur þegar tíu ár eru liðin frá stofnun svæðanna. Í framhaldi af því verði ákveðið hvort heppilegt sé að nýta fiskverndarsvæði til frambúðar sem hluta af stjórnkerfi fiskveiða.

Greinargerð.

Fræðileg undirstaða.

Óhefðbundnar kenningar um að nota megi fiskverndarsvæði til að byggja upp fiskstofna sem ýmist hafa hrunið eða eru ofveiddir hafa notið vaxandi athygli á allra síðustu árum. Ástæðan er sú að andspænis vaxandi fiskveiðiþunga í öllum höfum heims og í kjölfarið ofnýtingu og hruni mikilvægra fiskstofna hefur vísindamönnum jafnt sem stjórnvöldum orðið ljóst að nauðsynlegt er að endurmeta aðferðir við stjórn fiskveiða og grípa til nýrra og óhefðbundinna aðferða við uppbyggingu stofna.

Athyglin beindist að fiskverndarsvæðum í kjölfar þess að rannsóknir á hafsvæðum þar sem fiskveiðar voru bannaðar sýndu verulega aukningu á lífmassa og í fjölbreytni búsvæða. Verndarsvæðin urðu til bæði vegna viðleitni til að vernda stofna en afar sterkar vísbendingar fengust þó af svæðum þar sem stórum svæðum var lokað af öðrum ástæðum, svo sem vegna nálægðar við herstöðvar eða skotsvæði geimflauga. Allar upplýsingar frá þessum svæðum hnigu í þá átt að fiskverndarsvæði hefðu mjög jákvæð áhrif á lífríki og gengd nytjastofna. Þetta hefur vakið mikla athygli innan fiskifræðinnar á síðustu árum. Fjölmargar vísindagreinar hafa birst um málið í viðurkenndum vísindaritum á síðustu fimm árum svo segja má að ófáum greinum fiskivísinda fleygi jafnhratt fram um þessar mundir.

Fræðilegar kenningar um gildi fiskverndarsvæða höfðu þó verið settar fram löngu fyrr. Inntak þeirra er í stuttu máli að varanleg vernd sem stofnar njóta leiði til þess að einstaklingar tegundanna lifi lengur, þeim fjölgi ört, þeir verði stærri og hlutfallslega miklu meira verði í stofninum af stórum, kynþroska einstaklingum. Samanlagt leiðir þetta til þess að æxlunargeta stofnsins margfaldast. Verndin styrkir jafnframt og eykur framboð á fjölbreyttum búsvæðum fyrir mismunandi æviskeið. Innan fiskverndarsvæða verður nýliðun því miklu meiri en annars staðar. Samkvæmt kenningum vísindamanna leiðir þetta til þess að fyrr eða síðar eykst fiskgengd utan verndarsvæðanna, annars vegar vegna flutnings hrogna og fiskilirfa með straumum og hins vegar vegna þess að vaxandi þéttleiki innan svæðanna leiðir til þess að einstaklingar færa sig á ný mið. Niðurstaðan er því sú að fiskveiðar aukast og áhrifanna gætir ýmist í næsta nágrenni ef um lítt hreyfanlegar tegundir er að ræða eða þau koma

fram hundruðum kílómetra frá verndarsvæðinu ef um mjög hreyfanlegar tegundir er að ræða, svo sem túnfisk, ýsu og þorsk.

Rétt er að geta þess að í nýlegri grein staðhæfðu vísindamenn sem höfðu unnið yfirgripsmikla samantekt um fjölda fiskverndarsvæða að árangurinn væri svo góður að ef stofnuð yrðu víðfeðm fiskverndarsvæði um allan heim yrði hægt að snúa við niðursveiflu nytjastofna á heimsvísu.

Íslensk hefð.

Segja má að á Íslandi hafi vísar að fiskvernd skyldri þeirri sem hér er reifuð verið til í formi árlegra tímabundinna veiðibanna á svæðum sem álitin eru sérlega mikilvæg fyrir hrygningu þorsks, svo sem innarlega í Breiðafirði. Tímabundnu veiðibanni hefur einnig verið beitt með lokun svæða þar sem mikinn smáfisk er að finna eða á svæðum þar sem hrygning þorsks og annarra nytjategunda er talin mikilvæg.

Frumkvæði að slíku hefur yfirleitt komið frá sjómönnum. Þótt reynslan af þessu hafi ekki verið vísindalega metin með traustum aðferðum hefur hún verið álitin það góð að fiskvernd af þessu tagi hefur verið viðhaldið. Sérstök fiskverndarsvæði, þar sem veiðar eru alfarið bannaðar um margra ára skeið beinlínis í þeim tilgangi að styrkja veiðar nytjastofna og efla lífríki í hafinu, hafa þó aldrei verið stofnuð hér á landi með þeim hætti sem hér er lagt til.

Erlend þróun.

Annars staðar í heiminum, t.d. á Fiji-eyjum, hefur veiðibann á uppeldisstöðvum verið notað frá aldaöðli til að efla veiðar nytjastofna á nálægum miðum. Reynslan af því hefur að mati þarlendra sjómanna, og síðar líffræðinga, verið góð. Þar eru fiskverndarsvæði nú nýtt sem hluti af stjórnkerfi veiða.

Fiskverndarsvæði, án sterkrar vísindalegrar undirstöðu, voru víða sett á stofn á síðustu öld þar sem stofnar dvínuðu eða hrundu. Í sumum tilvikum urðu þau til af ástæðum alls óskyldum fiskvernd eins og fyrr er getið. Til dæmis má nefna að 1964 var miklu hafflæmi, alls 17 þúsund km^2, lokað af öryggisástæðum í grennd við geimskotsstöðina á Canaveral-höfða í Flórída. Allar veiðar hafa verið bannaðar á svæðinu í fjóra áratugi. Óvíða er að finna jafn stórt hafsvæði sem hefur verið jafn lengi án nokkurra veiða. Undir lok síðustu aldar hófust rannsóknir á áhrifum veiðibannsins á lífríkið og samanburður var gerður á gengd nytjastofna við svipuð veiðisvæði í grenndinni. Miklar og jákvæðar upplýsingar fengust við það um afleiðingar fiskverndarinnar sem hlaust af öryggislokun svæðisins.

Á allra síðustu árum, ekki síst eftir hrun stórra stofna á mikilvægum miðum, svo sem við Nýfundnaland og annars staðar í Kanada, hafa jafnframt mikil hafflæmi verið sett undir fiskvernd. Tilgangurinn hefur verið sá einn að byggja upp stofna til að auka fiskveiðar síðar. Þetta hefur reynst vel í tilviki sumra stofna, en langlífir stofnar, svo sem þorskur, hafa verið lengur að taka við sér. Vísbendingar um að fiskvernd sé einnig fallin til að auka þorskveiðar hafa þó undir það síðasta komið fram með afdráttarlausum hætti í kanadískri lögsögu.

Sláandi samantekt.

Í yfirgripsmikilli samantekt á gögnum um áhrif fiskverndarsvæða frá árinu 2002 tóku vísindamennirnir Benjamin S. Halpern og Robert R. Warner saman niðurstöður 112 ótengdra mælinga á áhrifum 80 mismunandi fiskverndarsvæða. Niðurstaðan var sláandi: Í samanburði við viðmiðunarsvæði var fiskurinn 91% þéttari á verndarsvæðunum, lífþyngd var 192% meiri, og meðalstærð einstaklinga og fjölbreytileiki tegundanna var 20–30% meiri.

Niðurstöðurnar leiddu enn fremur í ljós þá athyglisverðu staðreynd að aukningin í mælistærðum var óháð stærð verndarsvæðisins. Það gefur til kynna að jafnvel lítil svæði geti skipt töluverðu máli við að byggja upp staðbundnar veiðar. Sökum þess hversu skammt er liðið frá því að reglubundnar rannsóknir og eftirlit hófust með fiskverndarsvæðum liggur ekki ljóst fyrir hversu langan tíma það tekur að ná umtalsverðum árangri. Þó virðist einsýnt að áhrifa taki að gæta strax eftir 2–3 ár og veruleg aukning geti orðið á aðeins 3–5 árum.

Mjög jákvæð reynsla.

Eitt elsta skipulagða fiskverndarsvæðið er að finna í Tsitsikamma-þjóðgarðinum í Suður-Afríku sem var stofnaður árið 1964. Þar er að finna mikilvæga nytjategund. Þéttleiki tegundarinnar – fjöldi fiska á rúmmálseiningu – er þar 42 sinnum meiri en á veiðisvæðum í grennd. Fræðimenn álíta verndarsvæðið mjög mikilvægt fyrir nýliðun vegna veiðisvæðanna umhverfis. Eftir 13 ár var þéttleiki 11 fiskitegunda á Scandola-verndarsvæðinu við Korsíku fimm sinnum meiri en umhverfis. Magn humars á fiskverndarsvæði við Columbreta-eyjarnar við Spán var 6–58 sinnum meira en á viðmiðunarsvæðum. Nytjaskeljar voru í 12 sinnum meira magni. Á verndarsvæði við Apo-eyjar á Filippseyjum voru sérstakir ránfiskar á kóralrifum sjö sinnum fleiri en utan svæðanna.

Meðalstærð virðist einnig aukast mjög innan fiskverndarsvæða. Á þremur verndarsvæðum við Nýja-Sjáland sem höfðu verið undir veiðibanni í 5–13 ár fjölgaði fiskum yfir löglegri veiðistærð fjórtánfalt. Eftir fimm ára vernd voru 35% bláþorsks á svæðinu Long Island – Kokomohua við Nýja-Sjáland yfir löglegri veiðistærð en aðeins 1% á veiddum svæðum. Eftir sex ára vernd við hina tasmanísku Maríueyju var hlutfall stórs bláþorsks þrisvar sinnum hærra innan svæðis en utan. Sama var uppi á teningnum með smávaxinn nytjafisk í Everglade-þjóðgarðinum í Flórída í Bandaríkjunum.

Aukning á lífþyngd stofna er mikil og ör eftir að vernd er komin á. Lífþyngd fimm stofna kóralfiska við St. Lucia í Karíbahafinu þrefaldaðist á fimm árum eftir að fiskverndarsvæði var stofnað þar. Eftir fjögur ár fimmtánfaldaðist lífþyngd gulstirtlustofns á verndarsvæði við Flórída Keys, og að sjö árum liðnum hafði hún tífaldast á De Hoop fiskverndarsvæðinu við Suður-Afríku. Aukningin getur haldið áfram áratugum saman eins og í Merritt Island National Wildlife Refuge í Flórída þar sem lífþyngd stofna langlífra fiska hélt áfram að vaxa í fjóra áratugi.

Aukin meðalstærð einstaklinga og fjölgun þeirra eykur æxlunargetu stofnsins. Á verndarsvæðum við Nýja-Sjáland óx hrognaframleiðsla humarstofnsins um 9,1% á ári og hjá fiskitegund sem þar er veidd var hún þrisvar sinnum meiri innan svæðisins en á miðum í grennd. Þegar 20 ár voru liðin frá stofnun fiskverndarsvæðisins í Edmunds Underwater Park í Washington-ríki í Bandaríkjunum var hrognaframleiðsla tveggja nytjafiska 20 sinnum og 100 sinnum meiri en annars staðar. Á Mombasa-verndarsvæðinu við Kenía fundu vísindamenn út að 70% af lífmassa fiskstofna voru virk í æxluninni en aðeins 20% á nálægum svæðum.

Í hnotskurn má því segja að á síðustu árum hafi streymt fram sterkar vísbendingar um mikilvægi þess að stofna sérstök fiskverndarsvæði til að styrkja lífríki hafsins, og nýliðun og viðgang nytjastofna.

Stakt dæmi: George-banki, Maine-flóa, Bandaríkjunum.

George-banki í Maine-flóa við Bandaríkin var áður fyrr eitt gjöfulasta strandsvæði í heimi. Ofveiði eftir seinni heimsstyrjöldina leiddi til þess að afli þvarr og nytjastofnar hrundu. Árið 1994 var þremur svæðum á George-banka, samtals 17 þúsund km^2, lokað fyrir veiðum á botnfiski. Ákveðnar veiðiaðferðir voru þó leyfðar áfram, aðallega á línu. Samhliða

var gripið til annarra verndaraðgerða. Árangurinn varð slíkur að aðeins fimm árum síðar voru fiskverndarsvæðin þrjú prísuð sem dæmi um árangursríka fiskveiðistjórn.

Margir stofnar höfðu á hinum skamma verndartíma stækkað, sérstaklega ýsa, gulstirtla og leistakoli. Þorskstofninn varð að sönnu seinni til að sýna merki um bata, líklega af því að þorskurinn er hreyfanlegri og stofninn var nánast gjöreyddur þegar verndin hófst. Nýlega hafa þó birst vísindagreinar um rannsóknir sem sýna að hann er líka á uppleið. Sjómenn eru þegar farnir að merkja breytinguna í aflaaukningu á miðum í grennd. Langmestrar breytingar varð þó vart á ýmsum skeljum sem veiddar eru til manneldis. Í lok fimm ára tímabilsins hafði skeljum af veiðanlegri stærð fjölgað ní- til fjórtánfalt miðað við viðmiðunarsvæði. Tímgunargeta skeljastofnanna stórjókst og lirfurnar bárust fyrir straumum á nærliggjandi mið, þar sem þær uxu upp í veiðanlega stærð. Skelbátar þyrptust því á jaðra verndarsvæðisins og veiðarnar jukust. Í praxís verkaði því verndarsvæðið eins og teorían spáði – sem eins konar útungarstöð fyrir ungviði tegundanna.

Tilmæli leiðtogafundar 2002.

Það er athyglisvert að á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002 var sérstaklega rætt um brýna nauðsyn þess að stofna sem víðast verndarsvæði í hafinu. Um þetta urðu töluverðar umræður og flestir á einu máli um mikilvægi þess fyrir búsvæði hafsins, líffræðilegan fjölbreytileika og eflingu nytjanlegra fiskstofna. Þar samþykktu þjóðir heims metnaðarfull markmið um stofnun verndaðra hafsvæða, ekki síst með það fyrir augum að efla fiskveiðar. Í lokasamþykkt fundarins var sérstaklega vísað í yfirlýsingu Reykjavíkurfundarins 2001 sem bar yfirskriftina *Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar*. Tillagan sem hér er reifuð er því í rökréttu framhaldi af alþjóðlegum skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa axlað.

Tillaga um íslensk fiskverndarsvæði.

Með vísan í þessa reynslu er hér lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið að beita sér fyrir því að net fjölbreyttra fiskverndarsvæða verði sett upp við strendur Íslands í þeim tilgangi að auka fiskafla á miðum í grennd og styrkja lífríkið í hafinu. Kostnaður við að setja upp slík svæði ætti að vera mjög lítill ef frá er talinn nauðsynlegur rannsóknarkostnaður sem tengist vali og afmörkun svæðanna í upphafi. Hins vegar má gera ráð fyrir að svo mikil þekking sé nú þegar til staðar á lífríki og aðstæðum á stöðum sem koma til álita sem fiskverndarsvæði að ekki þyrfti að leggja í sérstakar rannsóknir af þeim ástæðum.

Æskilegast væri að hafa fiskverndarsvæðin sem fjölbreytilegust strax frá upphafi með tilliti til tegunda, staðarvals og búsvæða. Þannig væri hægt að kanna samhliða á mismunandi svæðum áhrif verndar á annars vegar mjög hreyfanlegar tegundir, svo sem þorsk, minna hreyfanlegar eins og ýmsa flatfiska, staðbundnari tegundir á borð við humar og á lífríkið almennt. Rannsóknir erlendis sýna að árangur af fiskverndarsvæðum kemur fljótt í ljós, oft innan 2–3 ára. Því má ætla að áratugur dugi vel til að meta hversu vel aðferðin gefst við að byggja upp nytjastofna á einstökum svæðum, og hvort rétt sé að þætta hana inn í þann hluta stjórnkerfis fiskveiða sem beinist að verndun og uppbyggingu.

53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „110. gr. b“ í d-lið 98. gr. laganna kemur: 110. gr. c.

2. gr.

Fremst í XIII. kafla A laganna kemur ný grein, 110. gr. a, og breytast greinanúmer kaflans samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Heimilt er lögreglu að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á.

Brottvísun og heimsóknarbann skv. 1. mgr. getur gilt í tíu sólarhringa og ber að skilgreina til hvaða svæðis það nær. Lögregla skal innan eins sólarhrings vísa ákvörðuninni til héraðsdómara sem skal kanna ástæður fyrir henni og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella niður eða breyta að öðrum kosti.

Komi fram krafa frá brotaþola um framlengingu skal beina henni til héraðsdómara sem getur heimilað framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Um meðferð máls vegna framlengingar á brottvísun og heimsóknarbanni fer samkvæmt reglum þessa kafla um nálgunarbann.

3. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla A laganna verður: **Brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann.**

II. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 232. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varðar sektum eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi og var þá vísað til allsherjarnefndar sem sendi það nokkrum fjölda aðila til umsagnar. Þeir sem sendu umsagnir voru barna-

verndarnefnd Reykjavíkur, Fangelsismálastofnun ríkisins, Femínistafélag Íslands, barnaverndarnefnd Ísafjarðarbæjar, Kvennakirkjan, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lögmannafélag Íslands, félagsmálanefnd Mosfellsbæjar, ríkissaksóknari, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, Samtök um kvennaathvarf og umboðsmaður barna. Voru umsagnir almennt jákvæðar gagnvart hugmyndum frumvarpsins. Örfáar breytingar voru lagðar til og hafa flutningsmenn tekið tillit til þriggja atriða. Þar ber fyrst að telja breytingu á niðurlagi 2. mgr. 2. gr. þar sem bætt hefur verið inn orðunum „eða barns“, sem er skýrara. Í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. hefur tíminn sem lögregla hefur til að vísa ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara verið styttur í einn sólarhring og loks hefur 4. gr. frumvarpsins verið breytt til samræmis við 97. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en þar er kveðið á um að refsing fyrir brot gegn 37. gr. barnaverndarlaga, sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi á heimilum með því að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu og banna heimsóknir á heimilið og í nánasta umhverfi þess í tíu daga til þrjá mánuði. Með lögfestingu frumvarpsins telja flutningsmenn að stigið yrði mjög mikilvægt skref í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Þannig þyrftu þeir sem beittir eru ofbeldi á heimilum ekki lengur að flýja heimili sitt heldur yrði þeim sem brýtur af sér gert að yfirgefa heimilið samkvæmt ákvörðun utanaðkomandi aðila og skipti þá ekki máli hvert eignarhald íbúðar væri. Mikilvægt er að samhliða brottvísun og heimsóknarbanni fengju viðkomandi aðilar hjálp til þess að vinna sig út úr ofbeldinu og afleiðingum þess.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á réttarfarslögum um það hvenær heimilt er að beita brottvísun og heimsóknarbanni og lagt til að ákvæðið verði í sama kafla og ákvæði um nálgunarbann, enda náskylt úrræði þótt vægara sé, og kaflaheitið breytist samhliða. Tillaga um breytingu á almennu hegningarlögunum snýst um refsingu við brotum á ákvæðinu.

Frumkvæði Austurríkis.

Frumvarpið tekur mið af norskum lögum frá 10. janúar 2003 og sænskum frá 5. júní 2003 sem tóku gildi 1. september 2003. Fyrirmyndin að þeim er frá Austurríki sem lögfesti úrræðið árið 1997 og hefur reynslan þar verið afar jákvæð. Þar urðu miklar umræður um lögin og var deilt um hvort þau brytu gegn friðhelgi heimilisins og rétti heimiliseigenda en þar skiptir eignarhald íbúðar ekki máli. Stjórnarskrárnefnd landsins samþykkti lögin á grundvelli mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um rétt einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili. Um málið náðist almenn pólitísk sátt sem byggðist á svipaðri hugsun og rauða spjaldið í knattspyrnu, þ.e. þeim sem brýtur af sér er vísað af leikvelli og hann þarf þannig að gjalda fyrir brot sitt en ekki fórnarlambið. Þannig er heimilt að fjarlægja ofbeldismann af heimili sínu ógni hann öryggi sambýlisfólks síns og er þeirri brottvísun fylgt eftir með nálgunarbanni í tiltekinn tíma. Ofbeldismaðurinn fær upplýsingar um mögulega gististaði utan heimilisins og hjálp til þess að vinna bug á ofbeldishneigð sinni með viðeigandi meðferðarúrræðum og fórnarlömb ofbeldisins fá einnig mikla aðstoð. Þetta mikla stuðningsnet í Austurríki er talið grundvallarforsenda þess hve vel úrræðið hefur gefist þar.

Norsk og sænsk löggjöf.

Svo sem fyrr segir hafa Norðmenn og Svíar tekið sambærileg ákvæði við þau austurrísku upp í sína löggjöf og hafa þingmenn frá ýmsum Evrópulöndum sýnt málinu áhuga. Þá settu Norðmenn sér áætlun um að berjast sérstaklega gegn ofbeldi á konum árin 2002–2003.

Áætlunin gekk út á að styrkja alla sem tengjast þessum málum, svo sem lögreglu, starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, í athvörfum, í barnaverndarráðum, í félagsþjónustunni o.fl., til að gera starfsmenn hæfari til að meðhöndla ofbeldismál. Markmiðin voru að styrkja þau úrræði sem fyrir voru, veita ofbeldismönnum meðferð, aðstoða börn sem alast upp við fjölskylduofbeldi og loks átak til að styrkja sérstaka aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi og tilheyra minnihlutahópum. Heilbrigðisráðuneytið, barna- og fjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa unnið saman að þessu verkefni sem felur m.a. í sér að setja á fót sérstaka ofbeldis- og áfallamiðstöð til að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla sem tengjast meðferð þessara mála, þ.e. jafnt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, félagslegu og lögfræðilegu.

Ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.

Í 71. gr. íslensku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó eru í 3. mgr. gerðar undantekningar á þeirri meginreglu þannig að með sérstakri lagaheimild má takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, er sambærilegt ákvæði um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, og skulu opinber stjórnvöld ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, meðal annars til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Friðhelgi eins á því ekki að vera ríkari en réttur annars til persónufrelsis og eru það þessi öryggissjónarmið sem styðja það.

Hvað varðar þann hluta frumvarpsins sem snýr að því að banna ofbeldismanni heimsóknir á heimili sitt sem er jafnvel hans eign, þá er ætlunin einungis að takmarka afnot hans af eigninni í ákveðinn tíma vegna hagsmuna annarra sem búa þar. Þar búa öryggissjónarmið að baki sem snúa að því að vernda líf, heilsu og frið annarra.

Almennt um frumvarpið.

Á síðustu árum hefur verið reynt að bæta réttarstöðu þolenda afbrota, m.a. með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála í tengslum við nálgunarbann og réttarstöðu brotaþola í opinberum málum. Einnig hafa ákvæði í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota verið lagfærð. Nálgunarbann er úrræði sem ekki er beitt fyrr en rökstudd ástæða er til að ætla að viðkomandi brotamaður muni fremja afbrot eða á annan hátt stofna friði þess sem í hlut á í hættu. Frumvarp það sem hér er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta ákvæði um brottvísun og heimsóknarbann fjallar um vægara úrræði, sem tæki til skemmri tíma, en um leið má ætla að það tæki á vandanum á fyrstu stigum.

Ákvæðið mundi veita lögreglu heimild til þess að vísa brott þeim sem beitir ofbeldi á heimili og banna heimsóknir hans á heimilið í tiltekinn tíma og er fyrst og fremst hugsað með sambúðarfólk í huga en getur átt við aðra á heimilinu, svo sem unglinga sem beita eða hóta að beita foreldra eða systkini sín ofbeldi. Einungis yrði heimilt að nota úrræðið við sérstakar kringumstæður þegar fjölskyldu ofbeldismanns eða öðrum stafar bein hætta af veru hans á heimilinu. Þannig þyrfti að fara fram hagsmunamat hjá lögreglu á því hvort viðkomandi mundi valda öðru heimilisfólki, hvort sem það væri sambúðarmaki, börn eða aðrir, alvarlegu tjóni, líkamlegu eða andlegu, eða brjóta á friðhelgi þeirra. Sérstaklega alvarlegar teljast kringumstæður þegar börn eiga í hlut enda hluti af markmiðinu með ákvæðinu að tryggja börnum fullnægjandi öryggi í uppeldi og forða þeim frá því að vera beitt ofbeldi eða þurfa að verða vitni að ofbeldi á eigin heimili. Hafa ber í huga þær afleiðingar sem slíkt getur haft á líðan þeirra og hegðun síðar á ævinni.

Nauðsynlegt þykir að heimildin nái til þess að banna heimsókn á heimili og í nánasta umhverfi þess og ber að ákvarða svæðið miðað við kröfur um raunhæfa, fyrirbyggjandi vernd og ekki ríkari en nauðsynlegt er. Við ákvörðunina skal gæta meðalhófs og skal lögregla gefa hinum brottvísaða tækifæri til að taka með sér nauðsynlega muni til einkanota.

Þá er einnig til þess að líta að með þessu móti væri það utanaðkomandi aðili, lögreglan, sem tæki ákvörðun um að sá sem beitir ofbeldi viki af heimili og fengi ekki að koma aftur í tiltekinn tíma. Það væri ekki brotaþoli sem tæki ákvörðunina eins og þegar óskað er eftir nálgunarbanni, enda getur verið erfitt að fara fram á það, sérstaklega þegar börn eru á heimilinu.

Þá þyrfti lögregla innan eins sólarhrings að beina ákvörðuninni um brottvísun og heimsóknarbann til héraðsdómara sem kanna skyldi ástæður brottvísunarinnar og breyta henni ef rökstuðningur væri ekki fullnægjandi. Brotaþoli gæti lagt fram kröfu um framlengingu ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, svo sem skilnaður eða alvarlegt andlegt eða líkamlegt ofbeldi.

Í frumvarpinu eru jafnframt lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem lúta að refsingum við brotum á brottvísun og heimsóknarbanni. Skipti þar ekki máli hvort það væri hinn brotlegi sem ryfi bannið eða brotaþolinn sem heimsóknarbanninu væri ætlað að vernda. Brotaþoli gæti þannig ekki hleypt hinum brotlega heim áður en tíminn sem banninu er ætlað að ná yfir væri liðinn.

Verði frumvarpið að lögum er líklegt að upp komist um fleiri heimilisofbeldismál en nú og að auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Þannig yrði hugsanlega dregið úr því margháttaða tjóni sem þolendur heimilisofbeldis verða fyrir. Frumvarpið gefur raunhæfan möguleika á að brjóta upp félagslegan arf, þ.e. endurtekna hegðun, og veita brotamanni viðeigandi meðferð. Telja flutningsmenn því nauðsynlegt að tryggja að aðilar fái viðeigandi meðferðarúrræði til að vinna sig út úr vandanum, ofbeldinu og afleiðingum þess.

Reynsla Austurríkismanna.

Á ráðstefnunni „Hinir óbifanlegu – ofbeldismenn“, sem haldin var í Reykjavík 25.–27. ágúst 2001 á vegum samtakanna Norrænar konur gegn ofbeldi, talaði austurrískur sérfræðingur, Rosa Logar, um austurrísku lögin, hvernig þeim var komið á og hver reynslan af þeim hefur verið. Austurríkismenn tóku að hugsa sinn gang þegar kvennaathvörf í landinu voru orðin 20 talsins og talsverð umræða var um að þau væru of fá. Þá fóru menn að skoða gaumgæfilega hvort eitthvað mætti ekki betur fara í þessum málaflokki, hvort eðlilegt væri að þúsundir kvenna og barna væru flóttamenn í eigin landi vegna heimilisofbeldis. Rosa Logar segir að lögin í Austurríki hafi orðið til fyrir kraftaverk og hún hælir austurrísku lögreglunni fyrir hversu ötul hún hefur verið við að fræða og þjálfa lögregluþjóna sem þurfa að taka á heimilisofbeldi. Kvennasamtökin WAVE (Women against violence in Europe) hafa unnið mjög ötullega í baráttunni gegn heimilisofbeldi og beittu sér m.a. í Austurríki. WAVE skilgreinir heimilisofbeldi sem mannréttindabrot og með það að leiðarljósi náðu konurnar til ríkisstjórnarinnar, sem ákvað að leggja sitt af mörkum til að mannréttindabrot af þessu tagi væru ekki stunduð í þeirra landi. Að sögn Rosu Logar varð austurríska lögreglan loks óvæntur bandamaður í þessari baráttu, hún viðurkenndi vanmátt sinn gagnvart ofbeldismönnunum og þótti skjóta skökku við að þurfa að skipa fórnarlömbunum að yfirgefa heimilið í lögreglufylgd meðan ofbeldismaðurinn fengi að hreiðra um sig í sófanum framan við sjónvarpið. Í maí 1997 gengu lögin svo í gildi og Rosa Logar segir þau hafa reynst vel. Hún segir sérstaklega mikilvægt að með þessu úrræði sé það ekki fórnarlambið sem ber ábyrgð á því sem gert er heldur er ábyrgðin alfarið lögreglunnar. Það er lögreglan sem tekur húslykilinn af ofbeldis-

manninum og kemur honum í hendur dómara. Og svo á konan sekt yfir höfði sér ef hún hleypir ofbeldismanninum inn á heimilið á „lyklalausa“ tímabilinu. Lögreglan hefur mikil völd í þessum málum og er lögð á það rík áhersla að hún fari ávallt þannig með vald sitt að fórnarlömbin séu vernduð. Ofbeldismenn í Austurríki þurfa að gefa upp nýtt heimilisfang svo hægt sé að birta þeim stefnu. Rosa Logar segir að samkvæmt könnunum sé algengast að þeir fari heim til mömmu. En þá er líka mikilvægt að lögreglan segi mæðrunum að þeim beri engin skylda til að hýsa þá – þeir eigi rétt á að fá athvarf í skýlum fyrir heimilislausa. Í Austurríki eru níu slík skýli í hverri sýslu. Hjálpin frá starfsfólki athvarfanna er mjög mikilvæg, þar fá mennirnir lögfræðiaðstoð og áfallahjálp, jafnvel fjárhagsaðstoð, segja má að fyrsta stig meðferðarinnar hefjist þar. Reynsla Austurríkismanna af lögunum er sú að 90% ofbeldismannanna samþykkja mótþróalaust að vera fjarlægðir af heimilunum. Dæmi eru um að þeir þakki lögreglunni beinlínis fyrir að vera fjarlægðir.

Eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamálið.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur lýst því yfir í skýrslum sínum að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum heimsins. Í upplýsingum frá stofnuninni kemur fram að fleiri konur missa heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja má til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt. Vandamálið er alþjóðlegt og viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum. Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður. Bandarískar rannsóknir sýna að 22–35% kvenna á barneignaraldri sem koma á slysavarðstofur eru með áverka sem rekja má til heimilisofbeldis. Í grein eftir blaðakonuna Gretelise Holm sem birtist í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 4. tbl. 76. árg. 2000, er getið um bandarískar rannsóknir sem sýna að um þriðjungur kvenna, sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu, glími við þunglyndi og að um fjórðungur kvenna sem reyna sjálfsvíg hafi verið fórnarlömb ofbeldis. Í greininni er einnig getið um áhrif heimilisofbeldis á börn og fjallað um hættuna á því að drengir feti í fótspor feðra sinna þegar þeir setja á stofn fjölskyldu, sem og að stúlkur eigi á hættu að verða fórnarlömb á sama hátt og mæður þeirra. Til þess að vinna gegn ofbeldinu er nauðsynlegt að rjúfa þennan vítahring félagslegra erfða og það verður vart gert nema með samfélagslegri ábyrgð.

Ástandið á Íslandi.

Ástandið á Íslandi er að öllum líkindum svipað og í nágrannalöndunum. Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Kvennaathvarfsins 2002 voru komur þangað 435 árið 2002 og á bak við þá tölu eru 250 konur. 55 þessara kvenna voru með líkamlega áverka við komuna. Í skýrslunni kemur einnig fram að 93% kvennanna eru fæddar á Íslandi og 91% gerendanna. Yngstu konurnar sem leituðu til athvarfsins 2002 voru 16 ára og sú elsta var 71 árs. Og hverjir eru gerendurnir? Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur í ljós að þeir eru eiginmenn eða sambýlismenn í helmingi tilfella og fyrrverandi eiginmenn eða sambýlismenn í 36% tilfella. Árið 2002 dvaldi 41 barn í Kvennaathvarfinu, það yngsta var 5 mánaða og það elsta 19 ára. 39% þessara barna höfðu verið beitt ofbeldi samkvæmt skráningu athvarfsins, en í ársskýrslunni er tekið fram að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að börn og unglingar sem búa við heimilisofbeldi fari aldrei varhluta af því þótt þau hafi ekki verið beinir þolendur þess. Í flestum tilfellum var ofbeldismaðurinn faðir barnanna eða í 76% tilfella.

Árið 2003 komu nokkuð færri konur í athvarfið en árið áður, en í ársskýrslunni fyrir 2004 blasir við umtalsverð fjölgun. Þar segir: „Aldrei hafa fleiri konur sótt í Kvennaathvarfið en árið 2004 ef talin eru bæði viðtöl og fjöldi dvalarkvenna. Alls voru skráðar komur í athvarfið 531 en á bak við þessa tölu eru 254 konur. Sumar koma oftar en einu sinni í viðtal og jafnvel dvöl, en meðaltal viðtala á hverja konu eru 2,2. Börn sem dvöldu í athvarfinu á árinu voru 55 talsins og alls voru dvalardagar kvenna og barna 1.568.

Þessi mikla aukning stafar ekki endilega af auknu ofbeldi gagnvart konum og börnum, heldur frekar af mikilli og öflugri umræðu um kynbundið ofbeldi og úrræðum við því. Árið 2004 urðum við vör við skelfilegar afleiðingar ofbeldis gegn konum og hefur þetta ýtt við konum og aðstandendum þeirra að leita sér aðstoðar. Því má þó aldrei gleyma að ábyrgðin á ofbeldinu er alltaf hjá þeim sem beitir því [...]."

Af þeim upplýsingum sem lesa má í ársskýrslu Kvennaathvarfsins sést glöggt hversu alvarlegt ástandið er hér á landi og er skýrslan öll sterk hvatning til stjórnvalda um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi.

54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á útvarpslögum, lögum um tekjuskatt og eignarskatt og brottfall laga um Ríkisútvarpið.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Birgir Ármannsson.

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000.

1. gr.

Í stað „14. gr." í a-lið 5. gr. laganna kemur: 19. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið" í lok 1. mgr. falla brott.
b. Í stað „IX. kafla." í d-lið 4. mgr. kemur: X. kafla.
c. Í stað „7. gr." og „10. gr." í 2. málsl. 5. mgr. kemur: 12. gr., og:15. gr.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Útvarpsráð**, með fimm nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist tölusetning greina og kafla samkvæmt því:

a. (7. gr.)

Útvarpsráð.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

b. (8. gr.)

Skyldur útvarpsráðs.

Útvarpsráð annast útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Það skal sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði send út til landsins alls og næstu miða árið um kring.

Útvarpsráð skal tryggja að dagskrár þessar nái til allra íbúa landsins og að þær lúti ákvæðum 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Útvarpsráði er heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Dagskrár skv. 1. mgr. skulu m.a. fela í sér almenna fréttaþjónustu og vettvang fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenning. Þær skulu innihalda fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og þess skal gætt sérstaklega að á boðstólum sé fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Enn fremur skal m.a. vera á dagskrá efni á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Veita skal almenna fræðslu og sjá til þess að send sé út fræðsludagskrá í samráði við fræðsluyfirvöld og gerðir sjálfstæðir dagskrárþættir er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Efni sem sent er út skv. 4. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Veitt skal öll sú þjónusta sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

Tryggt skal að frumflutt dagskrárefni sem kostað er af útvarpsráði verði varðveitt til frambúðar.

Útvarpsráð skal árlega gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skv. 2. mgr. 10. gr.

c. (9. gr.)

Útboðsskylda.

Útvarpsráð skal bjóða út skipulag starfs síns, gæðaeftirlit og gerð og rekstur einstakra þátta þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr. Enn fremur skal það bjóða út útsendingu, dreifingu og öryggisþjónustu.

Útvarpsráð skal skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera kröfulýsingu og setja gæðastaðla.

Útboðin skulu vera til þriggja ára lengst. Við útboðin skal farið eftir lögum um framkvæmd útboða. Útvarpsráð skal fylgjast með framkvæmd útboða og leggja mat á gæði þeirra. Fyrir liggi hver á höfundarrétt hverju sinni.

d. (10. gr.)

Fjárhagur.

Kostnaður við störf útvarpsráðs og útboð þeirrar dagskrár sem það er ábyrgt fyrir er greiddur af ríkissjóði. Miða skal við að árleg fjárveiting nemi allt að tekjuauka ríkissjóðs af lækkun persónuafsláttar skv. 17. gr. laga þessara, þ.e. 13.476 kr. á mann, sbr. 1. mgr. A-liðar 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Menntamálaráðherra gerir árlega tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar útvarpsráðs.

Þeim sem taka að sér gerð, framkvæmd og útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár skv. 9. gr. er heimilt að afla annarra tekna í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara um tekjustofna útvarpsstöðva.

e. (11. gr.)

Að öðru leyti en segir í kafla þessum gilda ákvæði V. kafla um skyldur útvarpsstöðva.

4. gr.

Í stað „1. mgr. 7. gr.“ í lokamálslið 2. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 13. gr., kemur: 1. mgr. 12. gr.

5. gr.

1. málsl. 9. gr. laganna, sem verður 14. gr., verður svohljóðandi: Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

6. gr.

Í stað „2. mgr. 7. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna, sem verður 15. gr., kemur: 2. mgr. 12. gr.

7. gr.

Í stað „9. og 11. gr.“ í fyrirsögn og 1. málsl. 12. gr. laganna, sem verður 17. gr., kemur: 14. og 16. gr.

8. gr.

Í stað „19. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., kemur: 24. gr.

9. gr.

Í stað „18. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna, sem verður 24. gr., kemur: 23. gr.

10. gr.

Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. 27. gr. laganna, sem verður 32. gr., kemur: 31. gr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 28. gr. laganna sem verður 33. gr.:

a. Í stað „1. mgr. 8. gr.“ í b-lið kemur: 1. mgr. 13. gr.
b. Í stað „13. gr.“ í c-lið kemur: 18. gr.
c. Í stað „1. mgr. 14. gr.“ og „2. mgr. 14. gr.“ í d-lið kemur: 1. mgr. 19. gr., og: 2. mgr. 19. gr.
d. Í stað „23. gr.“ í e-lið kemur: 28. gr.
e. Í stað „24. gr.“ í f-lið kemur: 29. gr.
f. Í stað „25. gr.“ í g-lið kemur: 30. gr.
g. Í stað „1. mgr. 27. gr.“ í h-lið kemur: 1. mgr. 32. gr.
h. Í stað „32. gr.“ í i-lið kemur: 37. gr.
i. Í stað „33. gr.“ í j-lið kemur: 38. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna sem verður 34. gr.:

a. Í stað „33. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 38. gr.
b. Í stað „32. gr.“ í 2. mgr. kemur: 37. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna sem verður 35. gr.:

a. Í stað „9. og 11. gr. og VI. kafla“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 14. og 16. gr. og VII. kafla.
b. Í stað „VI. kafla“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: VII. kafla.

14. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 34. gr. laganna, sem verður 39. gr., fellur brott.

15. gr.

Í stað „I–IV. kafla“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: I.–III. kafla og V. kafla.

16. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I.

Stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins.

Stofna skal hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2006. Hlutverk félagsins er að annast þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Við gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra þriggja manna nefnd sem annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags skv. 1. mgr. Nefndin undirbýr löggerninga er varða stofnun hlutafélagsins og fyrirhugaða starfsemi og aflar nauðsynlegra leyfa til útvarpsrekstrar í umboði menntamálaráðherra og í samráði við útvarpsráð. Löggerningar þessir skulu hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu veita nefndarmönnum nauðsynlega aðstoð.

Útvarpsráð skal skilgreina verkefni sem því ber að vinna samkvæmt lögum þessum og semja fjárhagsáætlun til að standa undir þeim verkefnum tímanlega fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007. Skal því heimilt að ráða sérfræðinga til þess verks að undangengnu útboði ef þörf er á.

Hinn 1. janúar 2007 tekur Ríkisútvarpið hf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og skal Ríkisútvarpið þá lagt niður. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal starfandi útvarpsráð gera samning við Ríkisútvarpið hf. um rekstur dagskrár skv. 8. gr. sem hér segir: Á árinu 2007 fyrir allar fjárveitingar ríkisins skv. 10. gr., á árinu 2008 fyrir ⅔ fjárveitinganna og á árinu 2009 fyrir ⅓ fjárveitinganna. Enn fremur skal útvarpsráð fyrir hönd ríkissjóðs gera samning við Ríkisútvarpið hf. um innheimtu ógreiddra útvarpsgjalda út árið 2010 í samræmi við 15., 17. og 18. gr. laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

II.

Hlutafé, hlutir og meðferð hlutafjár.

Við stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs. Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Ríkisútvarpsins við stofnun. Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár. Ráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Stefnt skal að sölu hlutafjár ríkissjóðs fyrir 1. janúar 2007 og skulu starfsmenn hafa forkaupsrétt á allt að 50% hlutafjár á gengi sem er 30% hagstæðara en aðrir greiða enda taki þeir við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III. Forkaupsrétturinn skal vera í hlutfalli við launagreiðslur árið 2006. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um innborgun hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Ríkisútvarpinu hf.

III.
Réttindi starfsmanna.

Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. við yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins.

Maður sem gegnir starfi hjá Ríkisútvarpinu og tekur við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skal njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Ríkisútvarpinu fellur niður er hann tekur við starfinu.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem verða til vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins áður en rekstur þess er yfirtekinn af Ríkisútvarpinu hf. Hið sama gildir um aðrar lífeyrisskuldbindingar.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélags og yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins greiðist af Ríkisútvarpinu hf.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

17. gr.

Í stað „356.180 kr.“ í 1 mgr. A-liðar 67. gr. laganna, sbr. 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða XIII í lögunum, sbr. lög nr. 129/2004, kemur: 342.704 kr.

Brottfall laga nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

18. gr.

Lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falla úr gildi 1. janúar 2007. Þó skulu ákvæði 15., 17. og 18. gr. þeirra laga halda gildi sínu til 31. desember 2010.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var upphaflega flutt á 127. þingi. Við samningu þess naut flutningsmaður aðstoðar nefndasviðs Alþingis. Ábendingar bárust þá frá Hauki Erni Birgissyni laganema, Hafsteini Þór Haukssyni laganema, Pétri Árna Jónssyni laganema og Ragnari Jónassyni lögfræðingi. Frumvarpið var endurflutt nokkuð breytt á 130. þingi, sérstaklega er varðaði útvarpsgjaldið sem falla skyldi niður en í stað þess skyldi persónuafsláttur lækkaður samsvarandi. Málið var sent til umsagnar á báðum fyrrnefndum þingum og af þeim sem tóku afstöðu voru Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands hlynnt samþykkt frumvarpsins. Ríkisútvarpið o.fl. aðilar lögðust eindregið gegn einkavæðingu þess en sögðu að skoða mætti hvort það yrði gert að hlutafélagi.

Frumvarpið er núna flutt lítið breytt. Fjárhæðir hafa verið uppfærðar. Lagt er til að persónuafslátturinn verði lækkaður um 13.476 kr. á ári í stað 12.000 kr. í fyrra frumvarpi eða um 1.123 kr. á mánuði í stað 1.000 kr. og tekur sú breyting mið af hækkun mánaðarlegs útvarpsgjalds úr 2.408 kr. í 2.705 kr. eða um 12,3% frá því að frumvarpið var lagt fram á 130. þingi. Þá hafa dagsetningar verið uppfærðar og einnig hefur nýjum kafla um frumvarp menntamálaráðherra frá 131. löggjafarþingi verið bætt við greinargerðina.

Megininntak frumvarps þessa er:

Útvarpsgjaldið aflagt. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falli úr gildi 1. janúar 2007 og þar með væri skylduáskrift landsmanna að fjölmiðlum lokið. Í staðinn verði persónuafsláttur í staðgreiðslu og við álagningu tekjuskatts lækkaður um 1.123 kr. á mánuði eða 13.476 kr. á ári, en það er talið gefa ríkissjóði sömu tekjur og Ríkisútvarpið hefur af innheimtu útvarpsgjalds að frádregnum kostnaði við innheimtu útvarpsgjaldsins. Þessi breyting kemur vel við alla skattþegna nema þá sem ekki eiga viðtæki og greiða hækkaðan tekjuskatt, þá sem ekki hafa greitt þó að þeir eigi að greiða og svo fjölskyldur með þrjá eða fleiri skattgreiðendur. Þetta er rökstutt ítarlega í athugasemdum við 17. gr.

Útvarpsráð fær fjárveitingar á fjárlögum. Það fé sem lækkun persónuafsláttar gefur ríkissjóði í auknar tekjur og svarar til tekna af útvarpsgjaldi verði veitt til útvarpsráðs með fjárveitingum frá Alþingi.

Einkavæðing RÚV. Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi 1. janúar 2007, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu, þeir sem þess óska, og njóta þá forgangs um kaup á hlutafé í því á lækkuðu verði. Réttindi þeirra verði tryggð. RÚV njóti forgangs til verkefna fyrstu þrjú árin.

Breyting á starfi útvarpsráðs. Útvarpsráð starfi áfram. Það verði tilnefnt af Alþingi og því verði ætlað að standa vörð um íslenska menningu og íslenska dagskrárgerð sem hingað til. Því verði áfram ætlað að tryggja dreifingu útvarpsefnis til allrar þjóðarinnar og tryggja öryggi þjóðarinnar. Í stað þess að stjórna stofnun, sem framkvæmir þau markmið sem ríkisvaldið hugðist ná fram með rekstri Ríkisútvarpsins, fær útvarpsráð fjármuni til að bjóða út gerð, framkvæmd og útsendingu dagskrár sem hefur nákvæmlega sömu markmið. Til viðbótar skal útvarpsráð skilgreina eiginleika einstakra þátta dagskrárinnar og koma á gæðaeftirliti með þeim. Það er nýmæli sem einnig er heimilt að bjóða út.

Nái frumvarpið fram að ganga verður útvarpsráði skylt að bjóða út þá dagskrá sem það er ábyrgt fyrir og skal það hafa til þess fjárveitingu sem ákveðin verður á fjárlögum ár hvert. Allar útvarpsstöðvar og aðrir aðilar geta boðið í verkefnin sem útvarpsráð býður út, þar á meðal Ríkisútvarpið hf.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að bætt verði við útvarpslögin sérstökum kafla sem beri heitið Útvarpsráð og þar verði að finna ákvæðin sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Í lögum nr. 122/2000 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli:

1. leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð,
2. gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis,
3. flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti,
4. flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn,
5. útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu,
6. tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu,
7. gegna öryggishlutverki á hættutímum.

Rök fyrir frumvarpinu.

Ríkisrekstur.

Helstu röksemdir fyrir frumvarpinu eru þær að óþarft virðist að ríkið standi í útvarpsrekstri, gerð þátta, útsendingu, uppbyggingu dreifikerfis og innheimtu útvarpsgjalds til þess að ná fram þeim markmiðum sem Ríkisútvarpinu eru sett. Þeim er öllum hægt að ná með

útboðum þar sem allar útvarpsstöðvar, sem bolmagn hafa, keppa um að bjóða bæði góðar og hagkvæmar lausnir á þessum markmiðum. Enn fremur gætu leikhús og leikhópar, kórar og söngvarar, kvikmyndagerðarfólk og annað listafólk og fjölmiðlafólk blandað sér í leikinn. Þannig yrði samkeppnin virk og einstakir aðilar gætu sérhæft sig á ákveðnum sviðum, t.d. í gerð barnaefnis. Hægt yrði að koma á gæðaeftirliti og eftirliti með framkvæmd sem væri erfitt við núverandi aðstæður þegar sami aðilinn hefur alla þessa þætti á einni hendi. Þarf ekki að fara í grafgötur um þvílík lyftistöng útboð í þessum mæli yrði íslenskri menningu um allt land. Þessi breyting mundi skapa jafnræði á milli þeirra aðila sem keppa á markaði um gerð, framkvæmd og útsendingu útvarpsefnis. Samkeppnin og gæðaeftirlitið mundi stuðla að betra útvarpsefni og styrkja íslenska menningu.

Það er enn fremur umhugsunarefni hvers vegna ríkið á að standa í þessum rekstri fjölmiðlunar. Hvers vegna gefur það ekki út ríkisdagblað, ríkistímarit, ríkisbækur, gerir ríkiskvikmyndir og ríkispopptónlist og leggur undir sig netið sem sameinar þetta allt? Nýverið er búið að einkavæða ríkissímann og þetta frumvarp fylgir þeirri þróun.

Innlend dagskrárgerð.

Þegar útvarpsráð býður út verkefni samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er við því að búast að stærri hluti fjármagnsins fari til innlendrar dagskrárgerðar en nú. Það væri ekki í anda þessa frumvarps að útvarpsráð ráðstafaði fjármunum úr ríkissjóði til kaupa á erlendu barnaefni eða til kaupa á dýrum erlendum íþróttaviðburðum þegar litið er til markmiða frumvarpsins. Slíkt yrðu útvarpsstöðvar að fjármagna með auglýsingum eða afnotagjöldum af læstri dagskrá. Þannig má búast við að innlend dagskrárgerð eflist og dafni, sérstaklega þegar hún verður að keppa um verkefnin.

Læst dagskrá.

Rök mæla með því og móti að dagskrá á vegum útvarpsráðs verði í læstri útsendingu. Rökin með því eru að landslýður hefur alla tíð þurft að greiða fyrir dagskrá Ríkisútvarpsins. Einungis þurfi að tryggja að almenningur hafi möguleika til að kaupa sér aðgang að dagskránni. Hins vegar má segja að þegar flestir greiða til útvarpsráðs með lækkun persónuafsláttar eigi þeir rétt á að fá efnið sem þeir eru búnir að „greiða" fyrir ókeypis. Þetta eru sjónarmið sem útvarpsráð mun þurfa að taka mið af en augljóst er að tilboð verða miklu lægri í útsendingu og jafnvel gerð dagskrárefnis ef útsendingin er læst.

Starfsmenn.

Í frumvarpinu er gætt sérstaklega að hagsmunum starfsmanna. Þeir halda öllum réttindum sínum á sama hátt og gert var þegar ríkisbankarnir voru hlutafjárvæddir og einkavæddir. Þá njóta starfsmenn forgangskaupréttar að hlutafé í nýju fyrirtæki á lægra verði en aðrir enda taki þeir við starfi hjá því. Þannig er tekið mið af því að starfsmenn eru veigamesta eign Ríkisútvarpsins og án þeirra hefur það enga reynslu eða þekkingu og hefur ekkert virði umfram nýstofnað fyrirtæki. Fyrir starfsmenn hlýtur enn fremur að vega þungt að þeir starfi ekki lengur í skjóli skylduaðildar heldur á grundvelli færni sinnar og mikilla hæfileika.

Margir starfsmenn Ríkisútvarpsins starfa sem verktakar. Enn fremur hafa aðilar utan Ríkisútvarpsins framleitt dagskrárefni fyrir það. Má í því sambandi benda á tengslin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska dansflokkinn. Þannig er fordæmi fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til nema miðað er við að útboð sé ætíð viðhaft og gefur það fleirum kost á að spreyta sig og eykur fjölbreytni menningarlífsins.

Í útvarpslögum er ákvæði um að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem berlega hefur komið í ljós á síðustu árum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans.

Útvarpsgjaldið.

Skylduáskrift að Ríkisútvarpinu hefur runnið sitt skeið á enda. Hún skekkir allan markaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það er fráleitt að skylda fólk til að greiða áskrift til aðila A þegar það ætlar að kaupa eða jafnvel ná ókeypis í þjónustu hjá aðila B. Vilji unglingur, sem nýfluttur er að heiman og býr einn í herbergi, nýta sér ókeypis dagskrá Skjás 1 verður hann að greiða til Ríkisútvarpsins sem hann hefur kannski engan áhuga á. Þegar öryggisrökin eru auk þess ekki lengur til staðar er fráleitt að skylda landsmenn til þess að borga af dagskrá sem þeir hafa e.t.v. engan áhuga á að færa sér í nyt. Útvarpsgjaldið er þess vegna trauðla þjónustugjald heldur nokkurs konar nefskattur. Sem skattur stingur þetta gjald mjög í stúf við aðra skatta sem með réttu eða röngu eru sniðnir að greiðslugetu fólks. Þessi skattur er mjög ófélagslegur því að allir verða að greiða hann óháð tekjum eða greiðslugetu. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt.

Það má svo velta upp þeirri spurningu hvort heimilt sé að framselja skattlagningar- og álagningarvaldið með þessum hætti eftir breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar 1995.

Útvarpsgjaldið er núna 2.705 kr. á mánuði fyrir hverja fjölskyldu eða 32.460 kr. á ári. Það kemur sérstaklega illa við einstaklinga sem hafa lágar tekjur og búa einir eða með börn á framfæri. Það kemur betur við heimili þar sem fyrirvinnur eru tvær en best kemur það við heimili með mörgum fyrirvinnum, t.d. hjón með tvö fullorðin fullvinnandi börn og góðar tekjur. Með frumvarpi þessu er aðstöðumunurinn minnkaður með því að persónuafsláttur einstaklings er lækkaður um 1.123 kr. á mánuði, 13.476 kr. á ári, á móti niðurfellingu útvarpsgjalds. Þetta á að gefa ríkissjóði sömu tekjur og veittar yrðu til útvarpsráðs en bætir stöðu einstaklingsins um tæp 19 þús. kr. á ári, hjónin græða 5.500 kr. en fjölskyldur með margar fyrirvinnur þurfa að greiða meira. Þær fjölskyldur sem vegna tekjuleysis greiða enga skatta komast best frá þessari breytingu því að þær spara allt útvarpsgjaldið, tæpar 32.500 kr. á ári. Sama gildir um fyrirtæki. Þeir sem hvorki eiga sjónvarp né útvarp þurfa hins vegar að greiða meira nú og einnig þeir sem hafa svikist um að greiða útvarpsgjald. Núverandi fyrirkomulag þar sem einstæð móðir með þrjú börn, ein fyrirvinna, borgar það sama fyrir sjónvarpið og hjón með tvö fullorðin börn, öll fullvinnandi, er í hæsta máta ósanngjarnt.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapítuli út af fyrir sig. Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann og minna á lögregluríki eða sovétskipulag. Á heimasíðu RÚV kemur eftirfarandi fram undir liðnum tækjaleit: „Tækjaleitin fer þannig fram að öllum þeim sem ekki eru á skrá með viðtæki, og eru ekki tengdir með fjölskyldunúmeri við annan greiðanda, eru send fyrirspurnarbréf. Berist ekki svar við fyrirspurn afnotadeildarinnar fer tækjaleitarfólk á staðinn og spyr um viðtæki á heimilinu. Í flestum tilvikum er tekið vel á móti tækjaleitarfólkinu en komi sú staða upp að rökstuddur grunur er um að tæki sé á heimilinu en heimilisfólk neitar því og vill þess utan ekki sýna fram á að heimilið sé tækjalaust verður tæki skráð á heimilið og gíróseðlar sendir fyrir afnotagjöldunum.“

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1757/1996 segir: „Þá tel ég, að í þeim tilvikum, er maður neitar að vera eigandi eða vörslumaður viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, og neitar jafnframt að sýna starfsmönnum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins fram á það, en starfsmennirnir hafa engu að síður rökstuddan grun um, að á heimilinu sé slíkt tæki að finna, geti innheimtudeildin allt að einu beint kröfu um greiðslu útvarpsgjalds að þeim einstaklingi, sem í hlut á, og látið reyna á réttmæti kröfunnar, eftir atvikum fyrir dómi."

Í Bretlandi og Danmörku sleppa fæstir við greiðslu afnotagjalda eða 5–6%. Framkvæmd tækjaleitar og viðurlög eru önnur og strangari í þessum löndum en á Íslandi þar sem talið er að um 9% notenda sleppi við að greiða afnotagjald. Bretar með sitt heimsfræga BBC eru t.d. mjög framarlega í notkun leitartækja og því komast fáir hjá að greiða afnotagjald í Bretlandi. Finnar hafa nýlega tekið upp hertar reglur og beita sektum þannig að þegar þeir finnast sem ekki greiða afnotagjald í Finnlandi þurfa þeir að greiða tvöfalt afnotagjald auk sektar fyrir þann tíma sem þeir hafa vanrækt greiðslu. Þá má nefna að í Danmörku er kerfið þannig að hlaðist upp skuld hjá greiðanda afnotagjalda er hún send til gjaldheimtunnar dönsku sem tekur síðan fyrir skuldinni beint af launum fólks, rétt eins og skatturinn gerir hér á landi.

Hér þarf borgarinn að hleypa ókunnu fólki inn á heimili sitt og sanna þannig að hann eigi ekki tæki. Ella getur hann þurft að sanna það fyrir dómi að hann sé ekki sekur um að eiga tæki. Þetta gengur gegn þeirri reglu að fólk sé saklaust nema sekt þess sé sönnuð.

Samkeppni.

Þar sem Ríkisútvarpið hf. og aðrar útvarpsstöðvar fengju greitt fyrir þau verkefni, sem þau hlytu í útboði, sem nemur nokkurn veginn núverandi útvarpsgjaldi gæti það þýtt að áskrift að sjónvarpsstöðvum ætti að lækka í verði eða dagskrá stöðvanna að batna. Samkeppni ætti einnig að stuðla að betra og ódýrara efni.

Undanfarið hafa frjálsar útvarpsstöðvar sem verða að lifa á auglýsingatekjum, stundum jafnvel án áskriftargjalda, kvartað undan samkeppninni við „stóra bróður" sem í krafti skylduaðildar og ríkisábyrgðar er sagður undirbjóða auglýsingar. Þessi „samkeppni" verður sérstaklega sársaukafull þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu og auglýsingamarkaðurinn dregst saman. Umræðan hefur snúist um þá lausn að Ríkisútvarpinu verði bannað að taka þátt í auglýsingamarkaðnum og fái í staðinn fé á fjárlögum. Þetta óttast auglýsendur af því að samkeppnin minnkar þegar einn aðili hverfur af markaði. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði sjálfstæður óháður aðili á markaði sem eftir hæfilega aðlögun, þrjú ár, þarf að standa sig í samkeppninni, m.a. um verkefni frá útvarpsráði og auglýsingar.

Netið.

Stórfelldar tæknibreytingar hafa dunið yfir þjóðina á síðustu sjö árum. Netnotkun er orðin mjög almenn og þar getur fólk fylgst með dagskrá sjónvarps og hljóðvarps á mismunandi tímum sem henta hverjum og einum. Þar er hægt að kaupa, leigja eða njóta ókeypis bæði tónlistar og kvikmynda og reyndar er einnig hægt að lesa nýjustu fréttir dagblaða og jafnvel heilu bækurnar og njóta nánast allra tegunda fjölmiðlunar alls staðar að úr heiminum. Ekki verður hægt að setja afnotagjald á þennan miðil þar sem hann er í eðli sínu ókeypis. Vandi Ríkisútvarpsins sem og annarra útvarpsstöðva mun vaxa þegar mynd- og tóngæði þessara netmiðla hafa batnað en þróunin er afar ör í þá veru um þessar mundir.

Ríkisrekstur.

Rekstur Ríkisútvarpsins líður fyrir þá annmarka sem há ríkisrekstri almennt. Ekki er hægt að gera vel við afburðastarfsmenn og þeir fara annað eða missa móðinn. Stjórnendur standa ekki og falla með ákvörðunum sínum og bera ekki fjárhagslega ábyrgð. Þegar reksturinn er gagnrýndur er alltaf borið við skorti á fjárveitingum eða of lágu afnotagjaldi; viðbárur sem neytanda koma ekkert við í einkarekstri.

Menningarmótun.

Útvarpsráð og Ríkisútvarpið hafa alla tíð verið í forustu í mótun menningar og lista. Það hefur jafnvel verið ljóst og leynt markmið sumra sem setið hafa í útvarpsráði eða verið forustumenn á Ríkisútvarpinu að ala þjóðina upp í „góðri" menningu að þeirra mati. Þetta var mjög áberandi um miðbik síðustu aldar. Sumir hafa gagnrýnt að menningu sé stýrt þannig ofan frá og bent á að menning sé í víðasta skilningi allt það sem menn stunda, hvort sem það er „hámenning" eins og sinfóníur eða „lágmenning" eins og „popp-hljómleikar" svo dæmi sé tekið af tónlist. Annað hefur verið stórlega styrkt af ríki og sveitarfélögum, hitt ekki. Þessi stýring lýsir vanmati á getu einstaklingsins til að skapa sér menningu út frá eigin forsendum eða hreinlega stjórnunar-, forsjár- og valdatilburðum ríkisvaldsins, enda eru ríkisfjölmiðlar mikilvæg tæki í einræðisríkjum og frjáls fjölmiðlun eitur í beinum slíkra valdhafa.

Ekki er ætlunin að hverfa alveg frá þessari stýringu á menningu samkvæmt þessu frumvarpi en hún er milduð í þeim skilningi að sami aðilinn mundi ekki bæði taka ákvörðun um hvaða menningar og hvernig frétta þjóðin á að njóta og sjá svo um framkvæmdina á því hvernig það er gert. Mikilvægi þessarar stýringar hefur reyndar dvínað verulega eftir að Ríkisútvarpið fékk samkeppni og brást við henni, t.d. með Rás 2.

Lausn.

Sú lausn sem hér er stungið upp á leysir öll framangreind vandamál. Aðilum fækkar ekki á útvarpsmarkaði því að Ríkisútvarpið verður verðugur þátttakandi en samkeppnin verður tryggð með útboðum á þeim verkefnum sem Ríkisútvarpið hefur séð um í tímans rás. Útvarpsráð mun áfram sjá um að þessum verkefnum verði sinnt. Samkeppni er sömuleiðis tryggð á auglýsingamarkaði þar sem keppendum fækkar ekki.

Hlutverk útvarpsráðs.

Hlutverk hins nýja útvarpsráðs yrði í meginatriðum þetta: Útvarpsráð skilgreinir afmarkað dagskrárefni, t.d. barnaefni (kvikmyndir, leikrit, tónlist, viðtalsþætti, fræðsluefni, spurningakeppni o.s.frv.). Það setur upp tímaramma og gæðastaðla. Svo eru einstakir þættir boðnir út. Sumir eru boðnir út einu sinni, t.d. ákveðið leikrit. Aðrir þættir, t.d. framhaldsþættir, eru boðnir út til lengst þriggja ára.

Útvarpsráð skilgreini enn fremur hvað felst í útsendingu og dreifingu efnis um allt land. Í það geta aðilar boðið sem sérhæfa sig á því sviði. Ný stafræn tækni mun gera þessa þætti bæði miklu ódýrari og auðveldari til útboðs en nú. Um þessa dreifileið verði dagskrárnar sendar.

Þá þarf útvarpsráð að skilgreina hvað felst í öryggishlutverki þess. Það felst væntanlega í því að einhver útvarpsstöð sendir út allan sólarhringinn um fyrrgreint dreifinet, er í nánum tengslum við almannavarnakerfið, er reiðubúin til að rjúfa dagskrá sína hvenær sem er og kynnir hlutverk sitt ítarlega fyrir almenningi.

Útvarpsráð skilgreini hvaða gæði skuli nást á einstökum útboðsþáttum og hvernig fylgst sé með að þeim gæðum sé náð.

Eðlilegt er að útvarpsráð bjóði einnig út það starf sem nefnt er hér að framan, þ.e. að skilgreina ýmsa þætti dagskrár, gerð gæðaeftirlits og eftirfylgni.

Frumvarp menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra flutti á síðasta þingi frumvarp um Ríkisútvarpið sem gekk mikið skemur en þetta frumvarp. Þar er þó gert ráð fyrir að leggja af núverandi kerfi útvarpsgjalds og taka upp sérstaka skattlagningu sem tengist gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra. Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins segir:

„Tekjustofnar Ríkisútvarpsins sf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra."

Gallar á þessari skattlagningarhugmynd eru eftirfarandi:

1. Hún flækir skattakerfið og lagasafnið.
   a. Í lög um Ríkisútvarpið sf., sem **ekki** eru skattalög, er sett sérstakt skattaákvæði eins og því miður er víða í lögum. Þeim sem ætlar að kynna sér skattkerfið sést yfir þennan skatt.
   b. Gjaldið er sérstakur skattur með sér innheimtu.
   c. Skattskylda er samkvæmt skattalögum með tengingu við gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem kemur fram í lögum um málefni aldraðra! Ekki er það beint augljós lagasetning um gjald til Ríkisútvarpsins sf.
   d. Skatturinn krefst sér línu í álagningu skattstjóra. Allir skattþegnar spyrja sig: Hvaða skattur er nú þetta? Upphæðin er mjög lítil eða 13.500 kr. á ári.
   e. Gert er ráð fyrir að skattskyld fyrirtæki greiði gjaldið. Hér er um alveg nýja skattlagningu að ræða og ekki er hægt að tengja hana við gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þetta þýðir ný verkefni fyrir skattstofur landsins við að hanna nýtt kerfi og annast nýja framkvæmd.
2. Skattheimtan er ósanngjörn. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra (5.738 kr. á ári (með gjalddaga 2005)) er ekki lagt á þá sem eru yngri en 16 ára, eldri en 70 ára eða voru með tekjur undir skattleysismörkum (855.231 kr. eða 71.269 kr. á mánuði árið 2004). Útvarpsgjaldið, 13.500 kr., leggst með sama hætti á sama hóp. Við slíka skattheimtu er ýmislegt að athuga:
   a. Skiljanlegt er að þeir sem eru 70 ára eða eldri greiði ekki gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem gjaldinu er ætlað að bæta stöðu aldraðra, þeirra sjálfra, þó að ekki sé réttlátt að leggja fast gjald á t.d. þá sem eru vinnandi og hafa tekjur sem eru rétt yfir skattleysismörkum og hafa jafnvel fyrir börnum að sjá en ekki á aldraða sem hafa mjög miklar tekjur (t.d. fjármagnstekjur eða sérstakar lífeyristekjur) og eiga miklar eignir. Er það spurning um jafnræði. Reyndar er gjaldið það lágt (500 kr. á mánuði) að það kollvarpar varla fjárhag nokkurs manns en samt hlýtur að muna um það hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

b. Engin rök eru til þess né réttlætanlegt að sleppa þeim sem er eldri en 70 ára en með háar tekjur við að greiða gjald til Ríkisútvarpsins sf. á meðan lágtekjufólk með tekjur rétt yfir skattleysismörkum greiðir bæði gjöldin, alls 19.238 kr. Eldra fólk notar útvarp ekki síður en yngra fólk. Þó að bæði gjöldin séu miklu lægri en núverandi útvarpsgjald fyrir einstakling hlýtur það samt að vera þungbært þeim sem þurfa að lifa á mjög lágum atvinnutekjum.

c. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki greiði þennan sérstaka skatt. Hætt er við að eitthvað heyrist í litlum fyrirtækjum með einfaldan rekstur og ekkert útvarp þegar þau eiga að fara að greiða þennan skatt. Sum þessara fyrirtækja hafa litlar tekjur og lítinn hagnað eða jafnvel tap. Þau eru ekki í stakk búin til að greiða viðbótarálögur.

Því má enn fremur halda fram að fyrirtæki sem slík hlusti ekki á útvarp eða horfi á sjónvarp. Starfsmenn þeirra og viðskiptamenn njóta útvarpsins og þeir eru búnir að greiða gjaldið með lækkun persónuafsláttar nema kannski erlendir ferðamenn.

3. Bæði gjöldin, útvarpsgjaldið og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, eru nefskattar sem greiðast að fullu ef tekjur fara eina krónu umfram frítekjumark. Hækkun á launum um t.d. 5 kr. getur verið dýrkeypt ef viðkomandi fær nærri 20 þús. kr. skattlagningu fyrir bragðið. Bæði gjöldin brjóta þá sjálfsögðu reglu að jaðarskattar (skattar á hverja viðbótarkrónu í tekjur) fari ekki upp fyrir 100% þannig að skattþegninn tapi á að hafa viðbótartekjur. (Skattaferillinn fær á sig hnökra!)
4. Í tekjuskattskerfinu má líta á persónuafsláttinn sem neikvæðan nefskatt, þ.e. fasta upphæð sem hver skattþegn „fær" frá ríkinu til að greiða tekjuskatta sína. Þess vegna er eðlilegt og til mikillar einföldunar að sameina þessa tvo nefskatta, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og hið nýja útvarpsgjald, þeim þriðja, persónuafslættinum. Í frumvarpi þessu er lagt til að seinni nefskatturinn, útvarpsgjaldið, komi til lækkunar á persónuafslættinum og núllist þannig út.

Sú hugmynd sem lögð er til í þessu frumvarpi, að lækka persónuafsláttinn um upphæð sem gæfi ríkissjóði sömu tekjur og núverandi útvarpsgjald, kostar ekkert í framkvæmd. Það flækir ekki lagasafnið heldur einfaldar það. Lítið mál er að merkja þennan tekjuauka útvarpsráði (eða Ríkisútvarpinu sf.) þannig að allir megi vita hvað hver skattþegn er að greiða til þessarar starfsemi. Sama mætti reyndar gera með gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og væri það mjög til einföldunar. Sá skattur er reyndar svo lágur að varla er verjandi að hafa um það sérákvæði í álagningu hvers skattborgara. Svo má ekki líta fram hjá því að sameining þessara nefskatta í einn mundi gera skattkerfið flatara (eins og það í reynd er því nánast allar fjölskyldur þurfa að greiða útvarpsgjald) og miklu einfaldara. Það endurspeglar ákveðna þróun í skattamálum víða um heim.

Eini „gallinn" við þá hugmynd sem hér hefur verið stungið upp á, öndvert við frumvarp menntamálaráðherra, er að þeir sem eru rétt neðan skattleysismarka greiða ekki neitt samkvæmt frumvarpi menntamálaráðherra en þeir fara að greiða tekjuskatt af 3.234 kr. lægri tekjum á mánuði. Skattleysismörkin mundu lækka um 38.802 kr. frá 1. janúar 2007. Þessi galli er þó léttvægur miðað við að komið er í veg fyrir þá hnökra á skattaferlinum sem lýst er í 3. lið hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 2. gr.

Hér er felld úr lögum undanþága fyrir Ríkisútvarpið um að það þurfi ekki að fá leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps. Eðlilegt er að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., þurfi að sækja um slíkt leyfi eins og aðrar útvarpsstöðvar.

Enn fremur er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að nýr kafli með fimm nýjum greinum, 7.–11. gr., sem hafi fyrirsögnina Útvarpsráð, verði tekinn upp í lögin.

A-liður (7. gr.) hefur að geyma ákvæði um að sjö manna útvarpsráð verði kosið af Alþingi með nákvæmlega sama hætti og segir í 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið og menntamálaráðherra skipi formann og varaformann sem hingað til.

Engin breyting verður því á skipan útvarpsráðs heldur breytist hlutverk þess þannig að í stað þess að stýra stofnun sem sér um framkvæmd þeirra markmiða sem löggjafinn hefur sett sér býður útvarpsráð þessa framkvæmd út, sjá b- og c-liði hér á eftir.

Í b-lið (8. gr.) er taldar upp skyldur útvarpsráðs.

Í 1. mgr. segir að útvarpsráð annist útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara. Núna annast Ríkisútvarpið, sjálfstæð stofnun, þetta hlutverk undir stjórn útvarpsráðs skv. 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga. Hlutverk útvarpsráðs breytist því úr því að vera stjórn yfir Ríkisútvarpinu og sjá þannig um rekstur í það að sjá um útboð á öllum þeim rekstri sem Ríkisútvarpið annast núna.

Útvarpsráð á að sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði sendar út til landsins alls og næstu miða árið um kring. Ekki er kveðið á um að þessar dagskrár verði endilega sendar út hjá sama fyrirtæki allt árið eða allan daginn en þó verður að telja eðlilegt að útboðum verði þannig hagað að auðvelt verði fyrir landsmenn að finna dagskrárnar. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum (1. mgr. 4. gr.) nema hér er kveðið á um að hljóðvarpsrásin verði ein í stað tveggja.

Í 2. mgr. segir að útvarpsráð eigi að sjá til þess að dagskrárnar nái til allra íbúa landsins. Þetta ákvæði er óbreytt frá 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nema þar segir að senda eigi út til alls landsins. Framkvæmd þessa ákvæðis er ætlað að verða eins og hingað til eða nærri 100%. Enn fremur er áréttað að gætt sé ákvæða 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Í 3. mgr. er óbreytt ákvæði 3. mgr. 4. gr. gildandi laga um að útvarpsráði sé heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Í 4. mgr. eru tekin upp ákvæði 3. og 4. mgr. 3. gr. laganna auk ákvæða 7. mgr. 4. gr., um fræðsluútvarp, nema nú segir að útvarpsráð skuli sjá til þess að dagskrárnar verði sendar út og fari eftir þessum ákvæðum en Ríkisútvarpið undir stjórn útvarpsráðs hefur séð um framkvæmdina á þessum ákvæðum.

Í 5. mgr. segir að útvarpsráð skuli miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs og að það skuli standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þetta er óbreytt frá 1. og 4. mgr. 3. gr. gildandi laga en útvarpsráði er ekki jafnframt ætlað að standa í rekstri til þess að sinna þessu hlutverki heldur á það með útboðum að sjá um að þessu hlutverki sé sinnt.

Í 6. mgr. segir að útvarpsráð tryggi að dagskrárefni sem það kostar verði varðveitt til frambúðar. Það er í samræmi við 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en þó er sterkar að orði kveðið því nú skal varðveislan tryggð en ekki stuðlað að því að efnið verði varðveitt.

Í 7. mgr. er kveðið á um að útvarpsráð geri árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár en þetta hefur verið verkefni útvarpsstjóra skv. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. c-liðar (9. gr.) er gert ráð fyrir að útvarpsráð bjóði út gerð, rekstur, öryggisþátt og útsendingu þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir að send verði út samkvæmt ákvæðum kaflans auk þess að bjóða út skipulag starfsemi sinnar og gæðaeftirlit með einstökum þáttum.

Í 2. mgr. segir enn fremur að útvarpsráð eigi að skilgreina einstaka þætti dagskránna, gera lýsingu á kröfum sem gera skal til hvers þáttar og setja staðla um gæði þáttanna. Síðustu tvö atriðin eru nauðsynleg nýmæli til að hægt sé að beita gæðaeftirliti. Starf útvarpsráðs við að skipuleggja starf sitt og skilgreina þætti dagskránna, kröfur og gæðastaðla á jafnframt að bjóða út.

Í 3. mgr. er tekið fram að útboð verði ekki til lengri tíma en þriggja ára. Það er gert til að raunveruleg samkeppni myndist á þessu sviði og nýir aðilar geti tekið þátt í útboðum. Það er nýmæli að útvarpsráð skuli fylgjast með útboðum og leggja mat á gæði einstakra dagskrárliða. Þá er kveðið á um að við öll útboð liggi fyrir hvernig höfundarrétti sé háttað, hvort hann liggur hjá einstaklingnum sem vinnur verkið, fyrirtækinu sem hann vinnur hjá og fékk verkið á grundvelli útboðs eða verkkaupa, þ.e. útvarpsráði. Áskilnaður um höfundarrétt ætti að hafa mikil áhrif á fjárhæð tilboða enda um eign að ræða.

1. mgr. d-liðar (10. gr.) segir að útvarpsráð fái fjárveitingu frá ríkinu til þess að standa undir kostnaði við útboð á dagskránum. Lagt er til að með útboðum verði tryggð samkeppni og möguleiki til gæðaeftirlits og eftirfylgni. Útvarpsráð mun því koma fram sem nokkurs konar framkvæmdastjórn útvarps.

Samkvæmt 2. mgr. á menntamálaráðherra að óska eftir fjárveitingu frá Alþingi á grundvelli áætlunar sem útvarpsráð gerir eða lætur gera í útboði.

Í 3. mgr. er kveðið skýrt á um að þeir sem bjóða í og fá verkefni samkvæmt þessum kafla þurfi ekki að sinna því verkefni einu saman heldur geti þeir aflað annarra tekna jafnframt, t.d. auglýsingatekna eða áskriftartekna. Þannig má búast við að hægt verði að fá hagkvæmari tilboð en ella.

Í e-lið (11. gr.) er ítrekað að allt starf útvarpsráðs og þeirra sem tilboð gera í verkefni þess verði að hlíta almennum reglum útvarpslaga.

Um 4. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 5. gr.

Hér er hnykkt á ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, sem segir að halda skuli í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Sleppt er ákvæði um að gætt skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Slíkt gæti stundum reynst erfitt, t.d. þegar lýsa á landsleik.

Eðlilegt er að ákvæði þessa efnis eigi við um allar útvarpsstöðvar samkvæmt útvarpslögum. Ákvæði um tjáningarfrelsi er þegar til staðar í 2. málsl. 9. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og því ekki ástæða til að fjalla nánar um það.

Um 6.–13. gr.

Hér er breytt tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 14. gr.

Hér er felld brott tilvísun í lögbundið útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins þar sem það verður ekki lengur til staðar nái frumvarpið fram að ganga.

Um 15. gr.

Hér er breytt tilvísun í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til.

Um 16. gr.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eru sniðin eftir ákvæðum I., II. og III. kafla laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997. Þau fjalla um stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2006, upphæð hlutafjár, hluti og meðferð hlutafjár og réttindi starfsmanna. Hlutabréfin verða í umsjá fjármálaráðherra í samræmi við 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands þar til þau verða seld en það skal gert fyrir 1. janúar 2007.

Í ákvæði til bráðabirgða I segir að stofna skuli hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., um rekstur Ríkisútvarpsins 1. júlí 2006. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem annist undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélagsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. annist alla þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum og að það taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins 1. janúar 2007.

Útvarpsráð skilgreini verkefni sín samkvæmt frumvarpi þessu og semji fjárhagsáætlun til að standa undir þeim og sæki tímanlega um fjárveitingu til menntamálaráðuneytis til að standa straum af þeim á árinu 2007. Þetta starf er útvarpsráði heimilt að bjóða út. Gert er ráð fyrir að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., taki við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins 1. janúar 2007 og þá verði Ríkisútvarpið lagt niður.

Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. fái sem tannfé einkaleyfi fyrstu árin sem deyr út á þremur árum, þ.e. 100% fyrsta árið, 66,7% annað árið og 33,3% þriðja árið. Ríkisútvarpið hf. verður að keppa um verkefni útvarpsráðs eins og önnur útvarps- og dagskrárgerðarfélög að öðru leyti.

Í ákvæði til bráðabirgða II er sagt fyrir um fjárhæð hlutafjár í fyrirhuguðu hlutafélagi og hver skuli ákvarða það og hvernig. Allt hlutaféð verði upphaflega í eigu ríkisins en stefnt skuli að sölu þess alls fyrir árslok 2006 og starfsfólk sem ákveður að starfa áfram hjá Ríkisútvarpinu hf. njóti ákveðins forgangs og afsláttarkjara við kaup á hlutafé. Það fái 30% afslátt umfram aðra og eigi kauprétt á helmingi hlutafjár á þeim kjörum í hlutfalli við laun sín hjá stofnuninni og hlutafélaginu á árinu 2006. Þá eru ákvæði um að ekki þurfi að uppfylla viss skilyrði hlutafjárlaga eins og gert var við hlutafjárvæðingu bankanna.

Í ákvæði til bráðabirgða III eru réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins tryggð við yfirtöku Ríkisútvarpsins hf. á stofnuninni. Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem fá laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. og þeir eiga að halda öllum réttindum samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningum. Einnig eru ákvæði um lífeyrisréttindi og biðlaunarétt. Fram kemur að ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber að öðru leyti ekki ábyrgð á hinu nýja hlutafélagi nema með hlutafé sínu. Kostnaður við stofnun hlutafélagsins verði greiddur af því.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að persónuafsláttur verði lækkaður um 1.123 kr. á mánuði eða 13.476 kr. á ári þegar útvarpsgjaldið fellur niður 1. janúar 2007.

Útvarpsgjald er núna 2.705 kr. á mánuði eða 32.460 kr. á ári fyrir hvert heimili. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá 20% afslátt og greiða því 2.164 kr. á mánuði. Ýmsar stofnanir fá 50%

afslátt af aukasjónvarpstækjum. Fram kemur á heimasíðu Ríkisútvarpsins að 9,1% þeirra sem eiga að greiða útvarpsgjald geri það ekki.

Lauslegir útreikningar sýna ef persónuafsláttur yrði lækkaður um 1.123 kr. á mánuði eða 13.476 kr. á ári gæfi það ríkissjóði sömu tekjur og útvarpsgjaldið skilar Ríkisútvarpinu að teknu tilliti til innheimtukostnaðar. Ekki er talið að kostnaður við innheimtu staðgreiðslu eða tekjuskatts mundi aukast við þessar breytingar.

Þessi lækkun á persónuafslætti samhliða niðurfellingu á útvarpsgjaldi kemur þannig út eftir fjölskyldumynstri:

Einstaklingar og einstæðir foreldrar, sem greiða útvarpsgjald, standa mun betur en nú af því að þeir fá 1.123 kr. minni persónuafslátt (ef þeir hafa tekjur yfir skattleysismörkum) en þurfa ekki að greiða 2.705 kr. útvarpsgjald. Þetta á líka við um örorku- og ellilífeyrisþega sem búa einir og greiða 2.164 kr. í útvarpsgjald.

Fjölskyldur með tvær fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útvarpsgjald, standa betur af því að þær fá 2.246 kr. minni persónuafslátt en þurfa ekki að greiða 2.705 kr. útvarpsgjald.

Fjölskyldur með þrjár eða fleiri fyrirvinnur (skattgreiðendur), sem greiða útvarpsgjald, standa verr af því að persónuafsláttur þeirra lækkar samanlagt um 3.369 kr. sem er 664 kr. umfram núverandi útvarpsgjald. Það er svo verðug spurning hvort eðlilegt sé að fjölskylda með svo margar fyrirvinnur borgi það sama fyrir sjónvarp og einstaklingur sem býr einn.

Fjölskyldur eða einstaklingar sem ekki greiða skatt sökum lágra tekna hagnast á þessari breytingu því þeir greiða útvarpsgjald núna sem fellur niður.

Fjölskyldur sem ekki hafa sjónvarp koma verr út úr þessari breytingu af því að persónuafsláttur þeirra lækkar um 1.123 kr. á hvern vinnandi mann í fjölskyldunni en þær greiða ekkert útvarpsgjald.

Þeir sem koma sér hjá greiðslu útvarpsgjalds nú (9,1% notenda) tapa að sjálfsögðu á breytingunni en það mun flestum þykja sjálfsagt.

Fyrirtæki og stofnanir græða á breytingunni af því að fyrirtæki hafa ekki persónuafslátt og stofnanir greiða ekki tekjuskatt en losna við að greiða útvarpsgjaldið enda má segja að fyrirtækin sjálf njóti ekki útvarps heldur starfsmenn og viðskiptavinir sem eru þegar búnir að greiða fyrir afnotin í gegnum skattkerfið með lækkun persónuafsláttar.

Um 18. og 19. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi þegar við samþykkt. Þá yrði strax hægt að fara að undirbúa stofnun hlutafélags sem stofna ætti 1. júlí 2006 og selja fyrir árslok 2006 en þann dag ættu að falla úr gildi lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, og þar með álagning og innheimta útvarpsgjalds. Þó er gert ráð fyrir að þau ákvæði gildandi laga um Ríkisútvarpið sem fjalla um innheimtu á útvarpsgjaldi í vanskilum haldi gildi sínu til ársloka 2010, en þá eru gjöldin fyrnd, til að tryggja að sá innheimtuferill sem þar er lýst haldi áfram í eðlilegan tíma eftir breytinguna sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ríkissjóður er að sjálfsögðu eigandi þeirra krafna en mun greiða Ríkisútvarpinu hf. hæfilega þóknun fyrir innheimtu þeirra.

Gert er ráð fyrir að 1. janúar 2007 taki hlutafélagið yfir rekstur Ríkisútvarpsins en útvarpsráð geri einkasamning við hlutafélagið um rekstur fyrir alla fjárveitingu ársins 2007. Fyrir árslok 2007 geri útvarpsráð einkasamning við Ríkisútvarpið hf. fyrir ⅔ fjárveitingar ársins 2008 en bjóði afganginn út og Ríkisútvarpið hf. geti boðið í þau verk sem aðrir. Fyrir árslok 2008 geri útvarpsráð einkasamning við Ríkisútvarpið hf. fyrir ⅓ fjárveitingar ársins 2009 en bjóði afganginn með sama hætti út. Eftir það verði öll verk boðin út.

Viðauki:

Tímaáætlun.

Apríl 2006	Frumvarp samþykkt.
1. júlí 2006	Hlutafélag, RÚV hf., stofnað.
Fyrir árslok 2006	Útvarpsráð skilgreinir verkefnin og vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2007. Gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd allra verkefna þess árið 2007.
Fyrir árslok 2006	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2007.
Fyrir árslok 2006	RÚV hf. gerir samning við og ræður starfsmenn RÚV. Fær leyfi til útvarpsrekstrar skv. 6. gr.
Fyrir árslok 2006	RÚV hf. selt.
1. janúar 2007	Innheimta útvarpsgjalds hættir en RÚV hf. tekur að sér innheimtu ógreiddra útvarpsgjalda út árið 2010 gegn innheimtuþóknun. Um leið verður persónuafsláttur lækkaður um 1.123 kr. á mánuði fyrir einstakling en 2.246 kr. á mánuði fyrir hjón eða sambýlisfólk eða 13.476/26.952 kr. á ári.
1. janúar 2007	RÚV hf. tekur yfir réttindi og skyldur RÚV og sinnir öllum verkefnum sem eru á ábyrgð útvarpsráðs.
Fyrir árslok 2007	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2008 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd ⅔ verkefna þess árið 2008. Býður út ⅓ verkefna fyrir 2008.
Fyrir árslok 2007	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2008.
Fyrir árslok 2008	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun fyrir 2009 og gerir samning við RÚV hf. um framkvæmd ⅓ verkefna þess árið 2009. Býður út ⅔ verkefna fyrir 2009.
Fyrir árslok 2008	Útvarpsráð fer á fjárlög fyrir 2009.
Hvert ár eftir 2008	Útvarpsráð vinnur fjárhagsáætlun og býður út öll verkefni fyrir næsta ár og fær fjárveitingu til þess á fjárlögum hvers árs.

55. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [55. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Hjörvar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Einar Már Sigurðarson, Lúðvík Bergvinsson, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson.

1. gr.

Við 21. gr. stjórnarskrárinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samþykki Alþingis þarf að liggja fyrir áður en heitið er þátttöku eða stuðningi Íslands í stríði gegn öðru ríki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfundar stjórnarskrár lýðveldisins Íslands settu ekki í hana ákvæði um stuðning við eða aðild að stríðsrekstri. Hefur það trúlega þótt þarflaust fyrir herlausa þjóð. Síðan hefur Ísland gerst aðili að alþjóðastofnunum og undirgengist skuldbindingar í þessu efni. Má þar nefna aðild að Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum auk herstöðvarsamningsins við Bandaríkin. Þær skuldbindingar hafa hlotið umfjöllun og samþykki meiri hluta Alþingis.

Á síðustu árum hefur Ísland stutt eða komið að stríðsrekstri umfram þessar alþjóðlegu skuldbindingar. Aðgerðir í Kosovo 1999 og stuðningur við innrásina í Írak 2003 eru dæmi um þetta. Um þessar aðgerðir var ekki tekin ákvörðun á Alþingi, en þó lá fyrir að ríkur þingmeirihluti væri fyrir aðgerðunum í Kosovo. Reyndist hann verulegur, enda full samstaða innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins um aðgerðirnar, sem og hjá öllum sjö ríkjunum sem landamæri eiga að svæðinu. Engu af þessu er til að dreifa um stuðning Íslands við innrásina í Írak. Þær miklu og langvinnu deilur sem orðið hafa um þá ákvörðun og hvernig að henni var staðið eru staðfesting þess að skýra þarf lög og heimildir í þessum efnum.

Lög nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, kveða skýrt á um samráðsskyldu framkvæmdarvaldsins um meiri háttar utanríkismál við utanríkismálanefnd Alþingis. Fyrir því samráði er rík hefð og var hún ef til vill fullnægjandi fyrstu áratugi lýðveldissögunnar. Nú hafa hins vegar einn eða tveir menn skuldbundið Ísland til að styðja innrásina í Írak án samráðs við nefndina. Skilyrðislaus stuðningur ríkisstjórnarinnar við innrásina leiddi til þess að Ísland var umræðulaust sett á lista „hinna viljugu þjóða“. Með því hafa stjórnvöld brotið þingskapalög og gengið gegn vilja meiri hluta íslensku þjóðarinnar. Er af þessu ljóst að ákvæði almennra laga nægja hér ekki heldur er nauðsynlegt að takmarka valdheimildir til jafnalvarlegra aðgerða og stríðs með skýru ákvæði í stjórnarskrá.

Á svipaðan hátt hafa fjölmargar þjóðir, svo sem Danmörk, Þýskaland, Holland og Svíþjóð, takmarkað heimildir ríkisstjórna til stríðsaðgerða. Í Ungverjalandi er krafist aukins meiri hluta á þjóðþinginu til að unnt sé að heimila slíkar aðgerðir, enda talið að breið samstaða þurfi að vera um svo afdrifaríkar ákvarðanir. Leynd og á stundum skortur á lýðræði hefur víða um lönd einkennt öryggis- og varnarmál. Þau viðhorf eru arfur frá tíma einvaldskonunga sem þáðu vald sitt frá guði. Þvert á móti eiga öryggis- og varnarmál ekki aðeins að lúta leikreglum lýðræðis, þeim er ætlað að verja og varðveita lýðræðisskipan okkar. Alþjóðavæðingin hefur hér valdið nokkrum vandkvæðum, því hún kallar á að ríki framselji vald þjóðþinga til alþjóðlegra stofnana. Þeim mun mikilvægara er að ákvarðanir sem þjóðirnar taka umfram alþjóðlegar skuldbindingar séu teknar með lýðræðislegum hætti. Afar brýnt er að sem víðtækust samstaða sé um grundvallarákvarðanir af þessu tagi. Til þess er árangursríkast að opna svo sem kostur er umræðu og umfjöllun um hættur og hættumat og aðgerðir sem á því byggjast.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði í stjórnarskipunarlögum að forseti Íslands geti ekki með yfirlýsingu eða með samningi við önnur ríki lofað þátttöku eða stuðningi Íslands við stríðsrekstur gagnvart öðru ríki.

Forsetinn gerir samninga við önnur ríki, sbr. fyrri málslið 21. gr. stjórnarskrárinnar, en lætur ráðherra framkvæma það vald, sbr. 13. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta vald forseta er takmarkað að því leyti að honum er óheimilt án samþykkis Alþingis að gera samninga sem geta falið í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir geta breytt stjórnarhögum ríkisins,

sbr. núgildandi ákvæði síðari málsliðar 21. gr. stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn leggja til að vald þetta verði takmarkað frekar hvað varðar rétt forseta til að semja við önnur ríki um nokkurs konar þátttöku eða stuðning ríkisins við stríð gegn öðru ríki. Alþingi getur veitt samþykki sitt, sbr. 21. stjórnarskrárinnar, með þingsályktun.

Sérstaða Íslands í samfélagi þjóðanna markast að nokkru leyti af því að það er herlaust ríki. Ísland hefur þó tekið afstöðu til öryggis- og varnarmála með aðild að Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu og herstöðvarsamningi við Bandaríkin. Alþingi hefur fjallað um og veitt samþykki sitt fyrir þátttöku landsins í þessu samstarfi og hefði efni þessa frumvarps ekki áhrif á það. Þannig yrði ekki skylt að bera undir Alþingi ákvarðanir um stríð sem teknar væru með réttum hætti innan stofnana sem Ísland er fullgildur aðili að, svo sem skv. 5. gr. Atlantshafssamningsins eða á vegum Sameinuðu þjóðanna með samþykki öryggisráðsins. Þannig hefur Alþingi þegar skuldbundið Ísland til aðildar að átökum ef á eitt eða fleiri aðildarríki Atlantshafsbandalagsins er ráðist. Ákvörðun um stuðning eða nokkurs konar aðild Íslands að stríði sem háð væri á öðrum grundvelli yrði aftur á móti að hljóta samþykki Alþingis. Hefði ákvæði þetta verið í gildi sl. áratug hefði samþykki Alþingis þurft fyrir árásum NATO-ríkja í Júgóslavíu í tengslum við Kosovo árið 1999. Slíkt samþykki hefði hins vegar ekki þurft þegar Atlantshafsbandalagið lýsti því yfir á grundvelli 5. gr. Atlantshafssamningsins að árásirnar á Bandaríkin í september 2001 væru árásir á öll aðildarríki bandalagsins.

Ákvörðun um stríð eða stuðning ríkis við stríð getur haft veruleg áhrif á stöðu þess og því eðlilegt að vald til að taka slíka ákvörðun verði skipt þannig að samþykki Alþingis þurfi að liggja fyrir áður en loforð um stuðning Íslands er veitt af ráðherra.

Við gerð frumvarpsins hefur m.a. verið tekið mið af skipan þessara mála hjá nokkrum nágrannaríkjum okkar með þeim fyrirvara þó að sum þeirra eru hervædd konungsríki.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á stjórnarskránni skal fara eftir ákvæði 1. mgr. 79. gr. hennar verði frumvarpið samþykkt.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöður nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú endurflutt óbreytt. Á 130. löggjafarþingi bárust umsagnir frá eftirtöldum ellefu aðilum: Árvekni (átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga), Eyþingi, Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Landssamtökum hjólreiðamanna, Landvernd, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Umferðarráði og Umferðarstofu. Umsagnir voru afar jákvæðar og var lýst öflugum stuðningi við efni tillögunnar, auk þess sem fróðlegar upplýsingar komu fram í umsögnum, t.d. Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Brýnt er að þessi tillaga og umsagnir um hana verði teknar til umfjöllunar samhliða.

Tillagan styðst við hugmyndafræði um sjálfbærar samgöngur sem byggist á því að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins, og að við alla áætlunargerð sé megináhersla lögð á að leita leiða til að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki. Þannig verði við skipulagningu þéttbýliskjarna samþætt í auknum mæli íbúðarsvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði og frá upphafi verði gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum í hverfum ásamt öruggum almenningssamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð. Varðandi hlut hjólreiða sérstaklega í stefnumörkun um sjálfbærar samgöngur þarf að huga að möguleikum samgöngukerfisins til að taka við auknum fjölda hjólreiðafólks. Því ber að leggja áherslu á hjólreiðabrautir í þéttbýli og tengingar milli þéttbýliskjarna.

Stefna þessi er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og henni er lýst í útgefinni stefnumörkun stjórnvalda til 2020 „Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“. Í stefnumörkuninni segir að sjálfbærar samgöngur séu eitt af fjórum höfuðmarkmiðum samgönguáætlunar stjórnvalda.

Í nýrri stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun, sem gefin var út 2001 og hefur verið samþykkt á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, kemur fram í kaflanum um samgöngumál að þjóðunum beri að stuðla að umhverfis- og heilbrigðisvænum samgönguháttum, ekki síst í þéttbýli þar sem einkum beri að styðja við almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu. Þar er einnig lögð áhersla á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum, því að öryggisleysi í umferðinni hafi letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta. Þá beri sérstaklega að stuðla að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum Norðurlandanna með því að skapa samfelld grunnkerfi fyrir hjólreiðar.

Loks má geta þess að samgönguráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykktu árið 1999 áætlun sem miðar að því að tekið verði tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar í stefnu í samgöngumálum. Í þeim kafla sem ber yfirskriftina „Aðrar nauðsynlegar aðgerðir“ í áætluninni er bent á nokkur svið þar sem aðgerða er þörf. Þar er getið um nauðsyn þess að styrkja almenningssamgöngur og leggja áherslu á fjölþættar og samsettar samgöngur og samgönguhætti sem menga minna en nú er.

Af því sem nú hefur verið upp talið sést að tillaga þessi er í fullu samræmi við stefnumörkun hér innan lands og einnig er í henni samhljómur við skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Hjólreiðastígar í vegalögum.

Vegalögum var breytt á 125. löggjafarþingi með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar (þskj. 572, 322. mál). Í meðförum samgöngunefndar tók málið nokkrum

breytingum. Þannig lagði nefndin til í áliti sínu á þskj. 990 að hjólreiða- og göngustígar yrðu sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild yrði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Einnig lagði nefndin til að þar sem slíkir stígar væru í þéttbýli kæmi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Að öðru leyti fjallaði nefndin ekki efnislega um þýðingu hjólreiðastíga og ekki heldur þingið þar sem engar umræður urðu um breytingartillögur nefndarinnar. Vegna þessara breytinga er hjólreiðastíga getið í vegalögum en án alls rökstuðnings. Enda hafa málefni hjólreiðamanna í umferðinni ekki verið fyrirferðarmikil við vegalagningu eða gerð umferðarmannvirkja. Má halda því fram að þótt hjólreiðastíga sé getið í vegalögum, þá séu þeir hálfmunaðarlausir í kerfinu.

Á 121. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breytingu á vegalögum þar sem gert var ráð fyrir því að hjólreiðastígar yrðu teknir inn í vegalög og þar með tekið fyrsta skrefið í þá átt að koma á samfelldu neti hjólreiðastíga. Samgöngunefnd fjallaði um frumvarpið og taldi ljóst að huga þyrfti að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlis. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga (þskj. 1159, 197. mál) og þess óskað að Vegagerðinni yrði falið að meta kostnað við þær breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin yrðu að bera. Ekki er vitað til að slíkt kostnaðarmat hafi farið fram.

Á síðasta kjörtímabili flutti umhverfisnefnd Alþingis að frumkvæði Ísólfs Gylfa Pálmasonar tillögu til þingsályktunar um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta (126. löggjafarþing, þskj. 771, 485. mál, og 127. löggjafarþing, þskj. 284, 248. mál). Var tillögunni vísað til samgöngunefndar og send út til umsagnar vorið 2001. Umsagnir bárust frá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Landssamtökum hjólreiðamanna, ÍFA – Íþróttir fyrir alla, Umferðarráði, Vegagerðinni og samgönguráðuneytinu.

Stefna stjórnvalda.

Samgönguáætlun 2003–2014 var samþykkt á 128. löggjafarþingi og tekur hún mið af vinnu stýrihóps samgönguráðherra sem skipaður var í maí 2000. Í skýrslu stýrihópsins, sem gefin var út af ráðuneyti samgöngumála í desember 2001, kemur fram mjög ákveðinn vilji til að móta stefnu um sjálfbærar samgöngur og er beinlínis tekið fram að stjórnvöldum beri að tryggja það að samgöngugeirinn leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun. Í kaflanum um umhverfismál eru talin upp markmið sem leiða eiga til sjálfbærra samgangna og segir þar að til að takmarka megi CO_2-losun frá samgöngum þurfi að beina umferð inn á umhverfisvænni svið og eru þar nefndar almenningssamgöngur og hjólreiðar. Í kaflanum um val á samgöngumáta er tekið fram að ekki sé völ á vistvænni samgöngumáta en þeim að hjóla eða ganga. Og í framhaldinu segir að með góðri skipulagningu og gerð stíga megi auka vægi hjólreiða í samgöngum. Þannig gerir skýrslan beinlínis ráð fyrir því að hjólreiðar séu raunverulegur valkostur í samgöngumálum, þótt ekki sé farið dýpra í að fjalla um hjólreiðar í henni en hér greinir.

Þáttur hjólreiðanna er nokkuð meiri í skýrslu sem samgönguráðuneytið og Vegagerðin gáfu út í maí 2001 og fjallar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Þar er m.a. fjallað um sérstakar aðgerðir í skipulagsmálum og gert ráð fyrir að samspil samgöngumála og orkusparnaðar sé haft ofarlega í huga í svæðis- og aðalskipulagsvinnu með það að markmiði að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Þess er sérstaklega getið að hjólreiða- og göngustígar séu hluti þessarar vinnu og lagt til að viðkomandi yfirvöld fjalli um þetta álitaefni sérstaklega sem fyrst.

Í riti samgönguráðuneytisins „Samgöngur á nýrri öld“, sem gefið var út vorið 2003, er að finna yfirlýsingu þess efnis að bæta þurfi aðstöðu hjólreiðamanna eins og kostur er og huga

verði að gerð hjólreiðastíga samhliða fjölförnustu umferðaræðunum (bls. 33). Að öðru leyti er ekki fjallað um þátt hjólreiða í samgöngum á nýrri öld. Hins vegar kemur skýrt fram hvert skilgreint hlutverk Vegagerðarinnar sé, nefnilega að „sjá samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veita þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð". Enn fremur segir að það sé brýnasta verkefni Vegagerðarinnar að bæta úr ágöllum vegakerfisins, viðhalda því og bæta þjónustu þess. Í ljósi þessara yfirlýsinga verður að telja fremur dapurlegt hversu lítið er horft til hjólreiða í framtíðarstefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

Hjólreiðar verði alvöruvalkostur.

Sjálfbærar samgöngur eru til umræðu í öllum nágrannalöndum okkar í tengslum við skuldbindingar landanna vegna Kyoto-bókunarinnar. Bókunin hefur að geyma bindandi töluleg markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þótt íslensk stjórnvöld hafi fengið gífurlegar ívilnanir í Kyoto, þá er útlit fyrir að búið sé að ráðstafa þeim öllum í þágu stóriðju. Eins og málum er háttað um þessar mundir má gera ráð fyrir að ⅓ CO2-losunar okkar komi frá samgöngum. Úr þeirri losun verður ekki dregið nema að til komi sérstakt átak til að auka hlut þeirra samgöngutækja sem ekki losa CO_2. Það er því augljóst að í hjólreiðum er fólgið eitt öflugasta sóknarfærið á leið til sjálfbærra samgangna, en til þess að nýta megi það sóknarfæri er nauðsynlegt að fara að líta á reiðhjól sem samgöngutæki.

Hingað til hafa hjólreiðar fremur verið flokkaðar með útivist og heilsusamlegri hreyfingu en síður verið litið svo á að reiðhjól sé samgöngutæki. Þess vegna hefur verið talið eðlilegt að hjólreiðamenn nýttu sér útivistarstíga til að stunda hjólreiðar. Það er gott svo langt sem það nær, en í því sambandi verður að hafa í huga að slíkir stígar hafa fremur verið lagðir með hliðsjón af útivistargildi en gildi þeirra sem tenginga milli staða. Þess utan finnast slíkir stígar nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og þá helst innan borgarmarkanna. Það kemur til af því að litið hefur verið á það sem hlutverk sveitarfélaganna að sjá borgurunum fyrir stígum af þessu tagi. Að hluta til má telja það réttlætanlegt, en að öðru leyti er það óásættanlegt út frá sjónarmiði þeirra sem vilja nota reiðhjól sem samgöngutæki. Þannig er það til vansa að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuli ekki tengd með hjólreiðabrautum. Sem dæmi má nefna að hjólreiðamenn, sem eiga heima á Álftanesi og sækja vinnu í Mjódd, geta með engu móti nýtt reiðhjólið til að fara til vinnu. Þótt samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sé nokkuð öflugt þá má heita óraunhæft að þau taki upp hjá sér að leggja í nauðsynlegan kostnað við að tengja sveitarfélögin þannig að hjólreiðamenn eigi greiða leið milli þeirra. Til að svo megi verða þarf ríkisvaldið að koma inn í stefnumótunina og taka ábyrgð á framkvæmdunum eins og um akbrautir væri að ræða. Sama má segja um umferð hjólreiðamanna um stofnbrautir í þéttbýli, það þarf að vera skilgreint hlutverk ríkisvaldsins að slíkar brautir séu aðgengilegar fyrir hjólreiðamenn. Nauðsynlegt er að taka þessa þætti til rækilegrar skoðunar og gera raunhæfa áætlun um úrbætur. Þegar slík áætlun liggur fyrir verður hægt að segja að hjólreiðar séu viðurkenndur og fullgildur kostur í samgöngumálum og fyrst þá verður stefnan á sjálfbærar samgöngur trúverðug.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Landeigendum er óheimilt að selja skotveiðimönnum heimild til að skjóta fugla á landareign sinni. Þá er skotveiðimönnum óheimilt að bjóða fé fyrir slíka heimild.

2. gr.

Á eftir orðunum „eða merktum vegaslóðum“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem taldir eru upp í reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Frá 1. september til 31. desember: stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
b. 3. tölul. 1. mgr., er verður 4. tölul., orðast svo: Frá 1. september til 31. mars: fýll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, hvítmáfur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa og skúm nærri æðarvarpi.
c. Í stað dagsetningarinnar „15. október“ í 5. tölul. 1. mgr., er verður 6. tölul., kemur: 15. nóvember.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „og lunda“ í 4. mgr. kemur: lunda, silfurmáfs og hettumáfs.
c. Í stað orðanna „selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: selja né kaupa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 131. löggjafarþingi lagði flutningsmaður fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (386. mál) auk breytingartillögu við frumvarp ráðherra til breytinga á sömu lögum (495. mál). Frumvarp þetta gengur í sömu átt og fyrri tillögur.

Í 1. gr. er því slegið föstu að landeigendum sé óheimilt að þiggja fé fyrir að leyfa skotveiði á villtum fuglum á landareign sinni og skotveiðimönnum sömuleiðis óheimilt að bjóða fram fé fyrir slíka heimild. Fuglar himinsins eru ekki einkaeign eins eða neins. Og nú er svo komið að dauðar rjúpur mega ekki ganga kaupum og sölum sem væri þó nær en að selja skotveiði-

leyfi á þær lifandi. Ekki er hægt að bera saman laxveiði og fuglaveiði af augljósum ástæðum. Og rétt er að nefna til viðbótar að laxinum klekjum við ef þess er talin þörf og gerum sitthvað annað til að tryggja viðgang hans. Engin slík ráð eru til fyrir villta fugla.

Í 17. gr. laganna eru not vélknúinna farartækja takmörkuð við vegi og merkta vegaslóða. Þessi grein er merkingarlaus nema fyrir liggi við hvað er átt með „merktum vegaslóðum“ en því er ekki til að dreifa og er 2. gr. frumvarpsins ætlað að ráða bót á því.

Í d-lið 3. gr. er lagt til að óheimilt sé að veiða fugla frá sólarlagi til sólaruppkomu sem er óhjákvæmilegt þar sem komin er ný tækni, nefnilega næturSjónaukar. Það hefur færst í vöxt að skotveiðimenn liggi fyrir gæsum við vötn og fljót eftir að fer að rökkva og dimmt er orðið. Þegar gæsirnar koma síðan fljúgandi ofan af heiðunum eru þær auðveld bráð, sumar falla, aðrar flögra burt helsærðar og enn aðrar sleppa eins og gengur. Atgangur eins og þessi á ekkert skylt við íþróttir eða frjálsa útivist fremur en að skríða eftir bökkum áveituskurða og skjóta endur sem þar hafa leitað skjóls.

Í 3. mgr. 20. gr. laganna kemur fram að í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skuli heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert. Í a-lið 4. gr. frumvarpsins er lagt til að málsgreinin falli brott.

Að öðru leyti vísast til þess sem flutningsmaður sagði við umræður um frumvarp ráðherra um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á síðasta þingi og tiltækar eru á netinu.

58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Kristján L. Möller, Jón Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vextir sem greiddir eru af yfirdráttarheimild af tékkareikningi, svo og sambærilegum neytendalánssamningum með breytilegum höfuðstól, skulu aldrei vera hærri en samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana (grunnur yfirdráttarlána) auk sjö hundraðshluta álags (yfirdráttarálag).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ellefu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: níu.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Seðlabankanum er heimilt að ákveða lægra vanefndaálag, þó að lágmarki sjö hundraðshlutar.

3. gr.

Á eftir orðunum „óverðtryggðum og verðtryggðum útlánum“ í 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna bætist við: og yfirdráttarlánum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 2. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en við birtingu ákvörðunar Seðlabanka Íslands um dráttarvexti sem tekur gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að draga úr kostnaði skuldugra fyrirtækja og heimila vegna óhóflega hárra dráttarvaxta, sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika og raunar komið í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar geti komið sér út úr tímabundnum eða langvarandi fjárhagsvanda.

Með vaxtalögum, nr. 25/1987, var staðfest almennt frelsi til samninga manna á milli um vexti, þó ekki um dráttarvexti sem áfram voru ákveðnir af Seðlabanka. Með lögunum var Seðlabanka gert að birta opinberlega upplýsingar um vexti hjá bönkum og sparisjóðum og ákveða dráttarvexti innan tiltekinna marka. Vaxtalögunum var nokkrum sinnum breytt og árið 2001 komu ný lög í stað þeirra, lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Með þeim lögum varð sú breyting að í stað þess að Seðlabankinn ákvæði einhliða dráttarvexti af öllum peningakröfum varð aðilum heimilt að semja um dráttarvexti upp að vissu marki í lánssamningum. Þeim varð heimilt að semja um tiltekinn fastan hundraðshluta sem vanefndaálag ofan á ákveðinn grunn dráttarvaxta sem tæki mið af vöxtum algengra skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana, auk þess að geta samið um fasta dráttarvexti. Með þessum lögum var stefnt að því að hægt væri í ríkari mæli en áður að semja um vexti í stað þess að nota almennar vaxtaviðmiðanir á markaðnum. Samkvæmt núgildandi lögum eru dráttarvextir myndaðir af grunni dráttarvaxta, sem eru nú stýrivextir Seðlabankans, og við bætist vanefndaálag sem ákveðið er af Seðlabanka Íslands.

Þegar ákvæðum laga var breytt árið 2001 og heimilað ákveðið frjálsræði í töku dráttarvaxta upp að vissu marki, treysti enginn sér til að hafa skoðun á því hvaða áhrif breytingin hefði á dráttarvaxtatöku. Nokkuð víst má þó telja að aukið frjálsræði í ákvörðun dráttarvaxta gagnaðist mest stórum fyrirtækjum og fjárfestum, sem og betur stæðum einstaklingum, sem eru í góðri aðstöðu til að semja niður dráttarvexti. Dráttarvextir sem Seðlabankinn ákveður eru trúlega í flestum tilvikum notaðir gagnvart þeim sem eru í lakari samningsstöðu eins og smærri fyrirtækjum og einstaklingum með lágar tekjur eða meðaltekjur. Frá júlí 2001, þegar breytingarnar tóku gildi, hafa dráttarvextir lækkað úr 23,50% í 20,50% eða um þrjú prósentustig. Vanefndaálag er í lögum ákveðið ellefu hundraðshlutar en Seðlabankinn hefur þó heimild til að ákveða annað vanefndaálag, að lágmarki sjö hundraðshluta en að hámarki fimmtán hundraðshluta. Vanefndaálag hefur frá júlí 2001 til júlí 2005 verið á bilinu 11–12,60% og er nú 11%. Að undanförnu hafa dráttarvextir hækkað verulega frá því sem þeir voru í ágúst 2003 eða úr 17% í 20,5% í ágúst sl.

Núgildandi lagaákvæði um dráttarvexti byggjast m.a. á tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum. Í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar segir:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjárhæð vaxta af greiðsludrætti („lögboðnir vextir"), sem skuldunaut ber að greiða, skuli vera samtala vaxta sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerð sem átti sér stað fyrir fyrsta almanaksdag á umræddu missiri („viðmiðunarvextir"), að viðbættum a.m.k. sjö prósentustigum („vaxtaálag"), nema kveðið sé á um annað í samningum."

Athyglisvert er að í þessari tilskipun er einungis kveðið á um lágmark en ekki hámark, en frá 2001 hefur vanefndaálagið hér á landi ekki farið niður fyrir 11%. Þegar bornir eru saman dráttarvextir hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum kemur í ljós að vanefndaálagið í

Danmörku og Noregi er 7% og í Svíþjóð 8%. Á Íslandi er því vanefndaálag nú 3–5 prósentustigum hærra en í þessum löndum. Dráttarvextir hér á landi eru nú 20,5%. Í Danmörku eru þeir 9,15%, í Noregi 9% og í Svíþjóð 9,50%. Dráttarvextir hér á landi, sem ekki er samið um sérstaklega, eru því meira en helmingi hærri hér en í þessum samanburðarlöndum. Einnig vekur athygli að í dönsku lögunum er kveðið á um að vanefndaálagið sé 7% og í sænsku lögunum 8%. Í þessum löndum er ekki heimild til hærra vanefndaálags og því ekki sett efri mörk líkt og hér á landi.

Ljóst er að á umliðnum árum hafa dráttarvextir vegið þungt í fjárhag skuldugra heimila og iðulega komið í veg fyrir að þau gætu unnið sig út úr fjárhagskröggum, því að dráttarvextirnir skapa ákveðinn vítahring. Þannig hefur fjöldi skuldugra heimila í miklum fjárhagserfiðleikum lent í því að geta ekkert greitt niður af höfuðstól skulda og einungis getað með striti og erfiði greitt niður dráttarvexti, en hlutfall dráttarvaxta af höfuðstól lána er oft gríðarlega hátt.

Vextir hér á landi eru háir í samanburði við nágrannaríkin og hefur nokkur umræða orðið um það á síðustu missirum. En vaxtamunur innan lands er einnig mjög mikill. 1. september sl. voru almennir vextir verðtryggðra lána þannig 4,15% og vextir óverðtryggðra lána 11,5%. Dráttarvextir eru aftur á móti 20,5% og hæstu vextir yfirdráttarlána banka til neytenda eru, samkvæmt vaxtatöflum bankanna, 18,6–19,2% á meðan gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana eru 9,5%. Þannig eru dráttarvextir hér á landi 1,3–1,9 prósentustigum hærri en yfirdráttarvextir einstaklinga hjá viðskiptabönkunum. Ótrúlegur munur er líka á hæstu og lægstu óverðtryggðum vöxtum, en þeir lægstu voru 1. júlí 2005 9,3% og þeir hæstu 17,55%. Þetta er ótrúlegur munur á skuldabréfavöxtum eða 8,25 prósentustig, þar sem viðskiptavinum er raðað í einhvers konar kjörvaxtaflokka eftir mati bankans á greiðsluþoli og ábyrgðum sem lántakendur leggja fram. Samkvæmt upplýsingum Samtaka banka og verðbréfasjóða er ákvörðun um álag á kjörvexti m.a. tekin af viðskiptasögu, öðrum viðskiptum við bankana, tryggingum, greiðslugetu og eignastöðu. Erfitt er að skilja að þetta séu réttlætanleg rök fyrir svo gífurlegum vaxtamun á óverðtryggðum skuldabréfum og raunar óþolandi að þeir sem verr eru settir í þjóðfélaginu skuli þurfa að sæta allt að 8,25 prósentustiga hærri vöxtum en þeir sem betur eru settir.

Með þeirri leið sem lögð er til í frumvarpi þessu er reynt að stilla dráttarvöxtum í hóf en um leið er skapað ákveðið svigrúm til vanefndaálags sem t.d. er ekki að finna í dönskum og sænskum lagaákvæðum um dráttarvexti. Þrátt fyrir þessa breytingu er skoðun flutningsmanna að áfram sé skapaður nægjanlegur hvati til skilvísi, sem stuðlar að lægri fjármagnskostnaði fyrir alla. Með þessari leið er reynt að koma í veg fyrir að dráttarvextir séu svo óhóflegir að tímabundnir greiðsluerfiðleikar hjá einstaklingum eða lögaðilum setji þá sem lenda í vanskilum í óleysanlegan vítahring.

Jafnframt því sem lagt er til lægra vanefndaálag en núgildandi lög kveða á um er skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að ná niður vöxtum yfirdráttarlána, en hæstu yfirdráttarvextir, 19,2%, eru nú nálægt þeim 20,5% dráttarvöxtum sem Seðlabanki ákveður.

Frá lokum júlí 2004 til loka júní 2005, eða á einu ári, hafa yfirdráttarlán heimilanna hækkað um tæp 25% eða um tæplega 13,5 milljarða kr. Í lok júlí 2004 voru þau um 54,5 milljarðar kr. en ári síðar, í lok júní 2005, voru þau tæpir 68 milljarðar kr. Á þessum tíma hafa vextir af yfirdráttarlánum hækkað um 3,5 en hæstu yfirdráttarvextir eru eins og áður er getið 19,2%. Áætla má, miðað við 17% meðalvexti, að vaxtataka bankanna á 12 mánaða tímabili hafi verið um 10 milljarðar kr. vegna yfirdráttarlána heimilanna. Í júlí sl. voru yfirdráttarlán fyrirtækja um 85 milljarðar kr. og má áætla að yfirdráttarvextir af þeim lánum á 12 mánaða tímabili hafi verið um 12 milljarðar kr., en fyrirtæki eru almennt með lægri yfir-

dráttarvexti en einstaklingar. Líkt og hjá einstaklingum fer það þó eftir áhættu lánveitandans og viðskiptum viðkomandi fyrirtækis við innlánsstofnunina. Bankarnir ákveða sjálfir yfirdráttarvextina og hafa haldið þeim mjög háum. Eðlilegt er að bönkunum verði settar ákveðnar skorður í töku yfirdráttarvaxta, enda svo komið að mikill fjöldi fólks hefur lent í vítahring með fjárhag sinn og er illmögulegt að losna við yfirdráttarlánin vegna mikillar vaxtabyrði. Að meðaltali voru yfirdráttarlán í júní sl. um 330 þús. kr. á mann, miðað við hvern Íslending á aldrinum 18–80 ára. Ef reiknað er með 19% yfirdráttarvöxtum þarf að greiða um 62 þús. kr. á ári af 330 þús. kr. yfirdráttarláni.

Mikilvægt er að það markmið verði sett að ná niður vöxtum yfirdráttarlána. Eðlilegt er að þeir vextir séu nær hæstu vöxtum óverðtryggðra skuldabréfa enda ljóst að bæði bankar og neytendur líta gjarnan á slík lán á svipaðan hátt. Eðlilegt er að samhliða lækkun á vanefndaálagi vegna dráttarvaxta sé töku yfirdráttarlána settar ákveðnar skorður en hæstu vextir yfirdráttarlána hafa verið nálægt dráttarvöxtum og eðlilegt að samræmis sé gætt þar á milli.

Í fyrstu grein frumvarpsins er lagt til að lögfest verði hámark vaxta af yfirdráttarlánum og öðrum sambærilegum lánum til neytenda. Við ákvörðun þess hámarks er tekið mið af ákvörðun dráttarvaxta, skv. 6. gr. laganna þannig að miðað er við samtölu gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana auk álags sem ákveðið er í lögunum að hámarki sjö hundraðshlutar. Til aðgreiningar frá ákvörðun dráttarvaxta er lagt til að grunnur vaxta yfirdráttarlána verði hér kallaður grunnur yfirdráttarlána þó svo að um sama grunn sé að ræða og þann sem stuðst er við þegar dráttarvextir eru ákvarðaðir.

Flutningsmenn þessa frumvarp eru sammála því að samningsfrelsi skuli áfram vera meginregla í gildandi vaxtalögum, en í frumvarpinu er lögð til sama leið og í Danmörku og Svíþjóð, þ.e. að kveðið verði á um í lögum að vanefndaálag dráttarvaxta skuli vera 7% sem er til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB. Engu að síður er gengið skemur og lagt til að lögfest verði efri mörk sem stillt yrðu við 9% í stað 15% hámarks í núgildandi lögum. Með þessari leið yrði áfram heimild í lögum til að semja um dráttarvexti, sem eins og áður er getið hefur fyrst og fremst gagnast stórfyrirtækjum og betur stæðum einstaklingum. Þessi breyting mundi því fyrst og fremst gagnast smærri skuldsettum fyrirtækjum og skuldugum einstaklingum og fjölskyldum sem minna hafa milli handanna og eru í erfiðri samningsstöðu til að semja um lægri dráttarvexti en Seðlabankinn ákvarðar.

Seðlabanki Íslands birtir ákvörðun um dráttarvexti tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Grunnur dráttarvaxta er gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana en við bætist vanefndaálag, sem nú er ákveðið 11 hundraðshlutar nema um annað sé samið og er bankanum heimilt að ákveða það annað eða á bilinu 7–15 hundraðshlutar. Í frumvarpinu er lagt til að heimild bankans til að ákveða vanefndaálag verði þrengd og það miðist almennt við níu hundraðshluta en bankanum verði heimilt að ákveða það lægra eða niður að sjö hundraðshlutum. Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en 2. gr. þeirra komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2006 þegar Seðlabanki Íslands birtir nýtt viðmið dráttarvaxta.

Áætlað er að ákvæðin sem lögð eru til með frumvarpinu geti leitt til þess að dráttarvextir og vextir yfirdráttarlána lækki um tvö prósentustig. Það hefði þau áhrif að vextir af yfirdráttarlánum heimilanna eins og þau voru í júlí sl. mundu á 12 mánaða tímabili lækka um 1–1,2 milljarða kr. og af lánum fyrirtækja um 1,3–1,5 milljarða kr. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu voru álag og dráttarvextir af staðgreiðslusköttum, virðisaukaskatti, vörugjaldi og öðrum skattgreiðslum liðlega 3 milljarðar kr. á árinu 2004. Áætla má að dráttarvextir séu um tveir þriðju hlutar þeirra fjárhæðar eða um 2 milljarðar kr. Þá eru ótaldir dráttarvextir hjá stórum aðilum eins og sveitarfélögunum, greiðslukortafyrirtækjum o.fl. að

ógleymdum lánastofnunum. Hjá KB-banka, Íslandsbanka og Landsbanka voru hreinar vaxtatekjur liðlega 33 milljarðar kr. á fyrstu sex mánuðum þessa árs og höfðu aukist frá fyrstu sex mánuðum ársins 2004 um tugi prósenta, mest hjá KB-banka um tæp 107%. Bankarnir gefa ekki upp hve stór hluti þessara vaxtatekna er dráttarvextir, en reikna má með að þeir séu umtalsverðir. Tveggja prósentustiga lækkun á dráttarvöxtum gæti skipt sköpum fyrir smærri fyrirtæki og heimili í fjárhagserfiðleikum.

59. Frumvarp til laga [59. mál]

um breytingu á lögum um háskóla, nr. 136/1997.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum er óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna bætist: sbr. þó 2. mgr. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi en var ekki útrætt, það er því endurflutt óbreytt.

Ekki þarf að deila um það að háskólamenntun verður sífellt mikilvægari í þjóðfélagi okkar. Æ fleiri atvinnugreinar gera kröfu um háskólapróf og sívaxandi hluti hvers kyns náms hérlendis er á háskólastigi. Allt bendir til að sú þróun haldi áfram og að með tímanum verði háskólanám af einhverju tagi lokaáfangi í allri almennri menntun. Af þessu leiðir að menntun verður stöðugt mikilvægari sem lykill að fjölbreyttum atvinnutækifærum og að sama skapi enn þýðingarmeiri fyrir atvinnulíf og samfélag. Jafnrétti til náms er því lykillinn að jöfnum tækifærum.

Skólagjöld eru í eðli sínu andstæð þessari jafnréttishugsjón og sé litið á þær námsleiðir sem nú eru í boði á háskólastigi hérlendis er ljóst að þar vantar þónokkuð upp á jafnrétti í þessu tilliti. Tilefni frumvarpsins er einkum sú ákvörðun menntamálayfirvalda að leggja Tækniháskóla Íslands niður og færa stærstan hluta þess náms sem þar er í boði undir einkahlutafélag sem leggur skólagjöld á nemendur. Með þessari breytingu verður jafnrétti til náms í tæknigreinum á Íslandi skert verulega.

Þá verður ekki fram hjá því litið að í Listaháskóla Íslands, sem er sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins, þarf að greiða umtalsverð skólagjöld. Á yfirstandandi skólaári nema þau 195 þús. kr. fyrir þriggja til fjögurra ára nám í tónlist, myndlist, leiklist, hönnun og arkitektúr, sem ýmist lýkur með BA- eða BFA-gráðu. Því má gera ráð fyrir að hver nemandi í Lista-

háskóla Íslands verði að reiða fram um 600–800 þús. kr. í skólagjöld fyrir háskólagráðu sína. Rétt þykir að hafa einnig hliðsjón af því við endurskoðun þessa þáttar í lögum um háskóla svo að sama gildi um alla opinbera háskóla í þessum efnum.

Flutningsmenn telja brýnt að skólagjöld á háskólastigi verði ekki til þess að stýra vali nemenda á námsleiðum og hrekja fólk frá því námi sem hugur þess stendur helst til. Markmiðið með þessu frumvarpi er að tryggja þennan mikilvæga þátt í raunverulegu jafnrétti til náms.

60. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Endurskoðun reikninga annarra stofnana, félaga og verkefna en getið er í 1. og 2. mgr. sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hluta skal boðin út eftir ákvæðum laga um opinber innkaup og skal Ríkisendurskoðun í umboði Alþingis hafa umsjón með og annast slík útboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007 og gilda um endurskoðun reikninga vegna rekstrarársins 2007 og síðar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (þskj. 253, 242. mál) en varð ekki útrætt.

Í 6. gr. laga nr. 86/1997 er Ríkisendurskoðun falið að annast endurskoðun reikninga stofnana, félaga og sjóða sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þá er Ríkisendurskoðun jafnframt falin endurskoðun sérstakra rekstrarverkefna.

Flutningsmenn telja að Ríkisendurskoðun gegni mjög veigamiklu hlutverki og að stofnunin njóti almenns trausts bæði hjá hinu opinbera og meðal almennings. Á hinn bóginn má segja að Ríkisendurskoðun sinni nú ýmsum verkefnum sem aðrir geta unnið og jafnvel æskilegt að sjálfstætt starfandi endurskoðendur vinni. Eðlilegra þykir í því viðskiptaumhverfi sem ríkir á íslenskum markaði að endurskoðun reikninga félaga í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar og mörg hver standa í samkeppni við einkaaðila og þar sem eignarhaldi félaga og stofnana er skipt milli ríkis og einkaaðila fari fram með sama hætti og almennt gerist, þ.e. að sjálfstætt starfandi endurskoðendur annist hana. Af þeim sökum telja flutningsmenn rétt að leggja til breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun.

Hluti þeirra sem 2. mgr. 6. gr. laganna nær til starfar á samkeppnismarkaði. Ekki verður séð að rök standi til þess að láta ríkisstofnun annast endurskoðun reikninga sem sjálfstætt starfandi löggiltir endurskoðendur geta sinnt. Um endurskoðendur gilda lög nr. 18/1997 og um mörg verk þeirra gilda bindandi reglur og staðlar. Því þarf vart að efast um að sjálfstætt starfandi endurskoðendur geti sinnt þeim verkum sem hér er lagt til að þeim verði falin.

Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að hluti þeirra verka sem Ríkisendurskoðun sinnir nú verði boðinn út. Flutningsmenn leggja til að útboð verkanna fari fram undir umsjá Ríkisendurskoðunar. Telja flutningsmenn útboð líklegustu leiðina til að ná fram hagræðingu samfara öðrum breytingum sem hér eru lagðar til.

Miðað er við að núgildandi ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna falli brott þar sem verkefnin sem Ríkisendurskoðanda er þar veitt heimild til að taka gjald fyrir skulu boðin út samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007 og taki til endurskoðunar reikninga frá og með rekstrarárinu 2007. Með því móti ætti Ríkisendurskoðun að vera skapað svigrúm til að bjóða út þjónustu í samræmi við efni laganna.

61. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um verkefnið Djúpborun á Íslandi.

Flm.: Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að semja áætlun um það hvernig ljúka megi verkefninu Djúpborun á Íslandi á fimm til tíu árum. Í áætluninni, sem samin verði í samráði við forsvarsmenn verkefnisins og óháða sérfræðinga, verði gerð grein fyrir fjármagni sem til þyrfti og hversu mikið fé er líklegt að leggja þyrfti til í fjárlögum. Ráðherra kynni Alþingi þessa áætlun í formi skýrslu eða frumvarps á vorþingi 2006.

Greinargerð.

Tækniframfarir eru nú að skapa nýja vídd í orkumálum Íslendinga. Gangi eftir vonir manna um svokallaða djúpborun, sem nú er á tilraunastigi, má vinna um 3–5 sinnum meiri orku úr háhitasvæðum en menn hafa hingað til talið gerlegt. Þessi straumhvörf geta, ef rétt er á haldið, fært okkur nær viðunandi málamiðlun milli orkunýtingar- og náttúruverndarsjónarmiða en verið hefur um hríð. Jarðvarmavirkjanirnar yrðu mun vistvænni en áður miðað við orkuöflunargetu þar sem miklu meiri orka fengist úr hverri borholu en nú. Jarðvarmavirkjanir yrðu mun hagkvæmari kostur til orkuframleiðslu á Íslandi en nú er miðað við vatnsaflsvirkjanir.

Rannsóknarverkefnið Djúpborun á Íslandi er nú komið á fullt skrið með fyrstu tilraunaholu á Reykjanesi. Aðstandendur verkefnisins gera ráð fyrir að um 15 ár kunni að líða þar til víst er um árangur í þremur tilraunaholum sem boraðar yrðu hver á eftir annarri ef fjármagn fæst til. Þeim áfanga mætti þó ná á mun skemmri tíma ef fjármagn væri tryggt, með því að bora tilraunaholurnar með styttra millibili.

Rannsóknarverkefnið Djúpborun á Íslandi (IDDP).

Rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi var hrundið úr vör árið 2000. Það gerðu þrjú helstu orkufyrirtæki landsins, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur í samráði við Orkustofnun og sérfræðingar hennar á þáverandi rannsóknasviði. Verkefnisstjóri er Guðmundur Ómar Friðleifsson jarðfræðingur.

Verkefnið felst í því að skera úr um hvort unnt er að bora 4–5 km eftir jarðhitavatni í svokölluðu yfirmarksástandi í rótum háhitasvæða, 400–600° C heitu, og koma því í nýtanlegu horfi upp á yfirborðið. Til samanburðar er venjuleg háhitahola um 2 km djúp og gefur af sér 240–340° C heita blöndu af vatni og gufu. Það sem úr djúpholunni kemur er yfirhituð þurrgufa með miklum mun meira orkuinnihald en venjuleg jarðgufa. Í slíkri gufu myndast engir vatnsdropar og því engin sýra þannig að tæring á ekki að vera vandamál. Til nýtingar þarf að ná yfirmarksvatninu úr iðrum jarðar þannig að það blandist ekki efra jarðvatni, og þarf því stálfóðringar í holurnar niður á hið æskilega dýpi. Djúphola af þessu tagi er talin geta gefið allt að tífalt afl „venjulegrar“ holu (líklega allt að 50 MW í stað 4–5 MW nú), og einsog áður segir kynni að vera unnt að vinna 3–5 sinnum meiri orku en nú úr hverju háhitasvæði sem tekið er til virkjunar. Borholur á hverju svæði, til rannsókna og vinnslu, verða talsvert færri en nú er þörf á og sjálf jarðvarmavinnslan er því umhverfisvænni þar sem rask minnkar við vegi og borteiga.

Forathugun stóð árin 2001–2003 og lauk með ítarlegri skýrslu. Áformað er að bora þrjár tilraunaholur alls, og bauð Hitaveita Suðurnesja fram hina fyrstu þeirra haustið 2004, á Reykjanesi (RN-17). Þess er vænst að hinar holurnar tvær verði á Hengilssvæðinu og við Kröflu. Fyrsta holan er boruð í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga er boruð venjuleg vinnsluhola, um 2,7 km djúp. Í öðrum áfanga er holan dýpkuð í 4 km og í hinum þriðja í 5 km.

Ef fé rennur ekki hraðar til verkefnisins en nú er gert ráð fyrir kann að þurfa að bíða til um 2020 eftir niðurstöðum, þ.e. ef nægilegar vísbendingar fást ekki fyrr en að fullboruðum öllum þremur rannsóknarholunum. Hugsanlegt er þó að fyrsta holan gæti skilað árangri að liðnum tveimur til þremur árum. Framkvæmdahraði og forgangsröð áfanga stjórnast nú að nokkru af því hvernig ástatt er hjá orkufyrirtækjunum við virkjunarframkvæmdir.

Með meira fjármagni kann að vera hægt að flýta verulega fyrir þannig að víst yrði um árangur að liðnum fimm til tíu árum. Að því ber ríkisvaldinu að stuðla, í félagi við orkufyrirtækin íslensku og erlenda rannsóknasjóði, þar sem sannkallaðir þjóðarhagsmunir liggja við. Heildarkostnaður við verkefnið er nú talinn munu verða um 5–6 milljarðar kr. Áætlað er að um þriðjungur kostnaðar við fyrstu holuna berist frá erlendum rannsóknastofnunum og -sjóðum en tveir þriðju hlutar fáist innan lands, frá orkufyrirtækjunum og af almannafé. Verulegt fé hefur þegar fengist handan landsteina.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra semji áætlun um það hvernig ljúka megi rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi á fimm til tíu árum. Í áætluninni sé gerð rækileg grein fyrir fjármagni sem til þyrfti og sagt til um hversu mikið fé er líklegt að leggja yrði til í fjárlögum næstu ár auk þess framlags sem væntanlega verður samþykkt með fjárlögum fyrir árið 2006. Til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir er eðlilegt að stefna að því að áætlunin liggi fyrir nú á vorþinginu, enda eiga allflestar upplýsingar að vera tiltækar og aðgengilegar hjá verkefnisstjórninni og aðstandendum verkefnisins.

62. Frumvarp til laga [62. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

1. og 2. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til starfa hér á landi.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi til að ráða sig til starfa hér á landi í tiltekinni starfsgrein.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt útlendingi til að ráða sig til starfa í tiltekinni starfsgrein.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Heimilt er útlendingi að ráða sig til nýs atvinnurekanda innan þriggja mánaða frá starfslokum að uppfylltum skilyrðum skv. 1. mgr. en óháð tiltekinni starfsgrein ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær skilnað að borði og sæng, lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram af Atla Gíslasyni á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi tekið á dagskrá. Á 131. löggjafarþingi var mælt fyrir því og var það sent út til umsagnar. Umsagnir voru nokkuð á einn veg svo flutningsmenn telja fullt tilefni til að endurflytja málið óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Er frumvörpunum til samans ætlað að taka á ágöllum sem alvarlegastir eru í núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Í núgildandi lögum er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Hér er um að ræða eins konar vistarband útlendings í anda átthagafjötra fyrri alda

og samræmist ekki mannréttindahugsun nútímans. Í krafti atvinnuleyfisins er atvinnurekanda veitt staða húsbónda gagnvart hjúi og komi til starfsloka útlendings með tímabundið atvinnuleyfi vofir brottvísun úr landi yfir honum eins og mara samþykki atvinnurekandi ekki starfslok. Það er reynsla stéttarfélaga að útlendingar í þessari stöðu neyðist oftar en ekki til að sætta sig við alvarleg brot á kjarasamningum og ráðningarsamningum, bæði hvað laun varðar og önnur starfskjör. Þeir leita sjaldan til stéttarfélaga og vilja sem minnst gera úr mismununinni hafi stéttarfélagið frumkvæði að því að kanna launakjör þeirra og stöðu að öðru leyti. Með frumvarpinu er tímabundið atvinnuleyfi skilgreint á nýjan leik þannig að miðað er við að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda og leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf. Sambærileg breyting er gerð á 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. en ekki eru á þessu stigi lagðar til breytingar á skilyrðum sem tiltekin eru í málsgreininni. Óbreyttar skyldur eru lagðar á þann atvinnurekanda sem útlendingurinn ræðst til starfa hjá.

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að útlendingur með tímabundið atvinnuleyfi geti ráðið sig til starfa hjá nýjum atvinnurekanda komi til starfsloka hjá þeim fyrri burtséð frá ástæðum starfsloka. Þessi breyting hefur sama tilgang og 1. gr. og a-liður 2. gr. frumvarpsins og tryggir réttarstöðu útlendings gagnvart atvinnurekanda sem hann hefur upphaflega ráðist til starfa hjá.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. sem hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar, fyrst og fremst konur, hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Lögð er til breyting á 2. mgr. 11. gr. og veitt heimild til að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar og lögheimilis ef skilnað má rekja til ofbeldis maka útlendingsins. Allt of mörg dæmi eru um að erlendar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim flestar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi skákað í því skjólinu í sambúðinni með því að gera þessum konum ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu. Margar þeirra hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og ómannúðlegar í þeim tilvikum þegar umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru konur af erlendu bergi brotnar en þær eru 3,75% af konum búsettum á Íslandi. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar ekki vegna vanþekkingar um réttarstöðu sína og af ótta um að verða vísað úr landi. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi hér á landi og að tryggja þeim framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið leitað ráðgjafar og upplýsinga hjá Alþjóðahúsi og hefur lögfræðingur þess, Katla Þorsteinsdóttir, veitt mikilsverða aðstoð. Telur Alþjóðahúsið brýnt að frumvarpið verði að lögum. Enn fremur hefur verið leitað upplýsinga hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamótum en bæði samtökin hafa talið brýnt að bæta réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi meðal annars í þá veru sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ástæða er til að benda á að í nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þskj. 970, 338. mál, er vakin athygli á því að félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti telji þörf á að gera breytingar meðal annars á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga. Leggur

nefndin áherslu á að vinnu við þau frumvörp og fleiri verði hraðað þannig að nauðsynlegar lagabreytingar hafi tekið gildi á undan samningi um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins hinn 1. maí 2004. Er bæði rétt og eðlilegt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu verði lögfestar um leið.

Frumvarpi þessu fylgir bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum þau vandamál sem tekið er á í frumvarpi þessu en einnig um skort á upplýsingum til þeirra um réttarstöðuna. Er vísað til bréfsins til frekari rökstuðnings fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu. Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 1068 (719. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 4055–4057.

63. Frumvarp til laga [63. mál]

um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

Í stað fjárhæðanna „165.000 kr.“ í 1. tölul., „82.500 kr.“ í 2. tölul., „165.000 kr.“ í 3. tölul., „44.000 kr.“ í 4. tölul., „55.000 kr.“ í 5. tölul., „82.500 kr.“ í 7. tölul. og „66.000 kr.“ í 9. tölul. 13. gr. laganna kemur: 40.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð, sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkunin yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga og skráningu erlendra félaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 165.000 kr. í 40.000 kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40.000 kr. Þá mundi skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs lækka úr 66.000 kr. í 40.000 kr.

Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn er hér hár í samanburði við þessi lönd. Nemur kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi um 3,7% af vergri

landsframleiðslu á mann en er enginn í Danmörku svo að dæmi sé tekið. Í Finnlandi telst kostnaðurinn vera 1,1%, í Svíþjóð 0,7% og 0,6% í Bandaríkjunum.

Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags hefur verið tekið gjald sem nemur nú 165.000 kr. Fyrir skráningu einkahlutafélags er þetta gjald 82.500 kr. Gjald fyrir aðrar skráningar hefur verið allt að 82.500 kr. Þá hefur umskráning einkahlutafélags í hlutafélag kostað 82.500 kr.

Framangreind gjöld eru bein skattheimta og varða ekki sjálfa skráninguna. Kostnaði af skráningum fyrirtækja er mætt með skráningargjaldi sem kveðið er á um í reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, með stoð í lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Hár kostnaður við stofnun fyrirtækja er hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og kemur mest niður á nýsköpun. Ekki er óvarlegt að ætla að svo há gjöld sem nefnd hafa verið hér hafi fælt einhverja frá stofnun t.d. einkahlutafélags. Það er bagalegt því að hlutafélagaformið er tvímælalaust æskilegra í atvinnurekstri heldur en t.d. rekstur manns í eigin nafni. Með frumvarpinu er leitast við að ryðja úr vegi þessari hindrun og búa þannig betur í haginn fyrir væntanlegt athafnafólk og nýsköpunarstarf.

64. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Guðjón A. Kristjánsson,
Hlynur Hallsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu og geymslu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Nefndina skipi fulltrúi landlæknisembættisins, Læknafélags Íslands, Siðfræðistofnunar, Prestafélags Íslands, vísindasiðanefndar, læknadeildar Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúss, vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðisráðuneytisins. Fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins verði formaður nefndarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 2007. Niðurstöður nefndarinnar þar sem fram komi m.a. skýrt skilgreindir kostir og gallar á málinu ásamt tillögum um frekari málsmeðferð skulu lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Víða um heim fer nú fram umræða um notkun stofnfrumna úr fósturvísum manna í læknisfræðilegum tilgangi og fer umræðan fram á vettvangi siðfræði, vísinda, trúar og stjórnmála. Um er að ræða unga vísindagrein, en rannsóknir innan hennar hófust á níunda áratugnum. Þegar hefur náðst góður árangur í rannsóknum á eiginleikum stofnfrumna í því markmiði að nýta þær til rannsókna á sjúkdómum, til lyfjaþróunar og til lækninga á alvarlegum sjúkdómum í náinni framtíð. Þó að miklar vonir séu bundnar við notkun þessara frumna til lækn-

inga ber þess að geta að enn er óvíst hvernig og í hversu miklum mæli þær koma til með gagnast sjúklingum með ólæknandi sjúkdóma.

Hér á landi er ekki heimilt samkvæmt lögum að gera rannsóknir á fósturvísum manna. Lög um tæknifrjóvganir frá 1996 banna hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum manna ef þær eru ekki liður í glasafrjóvgunarmeðferð eða greiningu arfgengra sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Það er því leyfilegt að nýta fósturvísa til framfara við tæknifrjóvganir og til greininga arfgengra sjúkdóma en ekki til rannsókna og lækninga annarra illvígra sjúkdóma. Á það hefur þó verið bent að þessi lög voru sett tveimur árum áður en tókst að einangra stofnfrumur úr fósturvísum manna í fyrsta skipti árið 1998.

Íslenskir vísindamenn hafa unnið að rannsóknum á stofnfrumum um nokkurt skeið og þá einkum vefjasértækum stofnfrumum en ekki er siðfræðilegur ágreiningur um notkun þeirra. Í Blóðbankanum hefur verið unnið með blóðmyndandi stofnfrumur frá árinu 1995. Nýlega er hafin hér á landi stofnfrumumeðferð sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, en Íslendingar höfðu fram að því þurft að sækja slíka meðferð til útlanda. Komið hefur fram í fjölmiðlum að eigin stofnfrumur hafi verið græddar í sjúklinga hér á landi eftir lyfjameðferð við illkynja blóðsjúkdómum. Slíkri meðferð er beitt í baráttunni gegn ýmsum illkynja blóðsjúkdómum og hafa batavonir sjúklinga aukist til muna við meðferðina. Hjá Krabbameinsfélagi Íslands eru stundaðar rannsóknir á stofnfrumum í brjóstkirtli í tengslum við brjóstakrabbamein og hefur sú vinna skilað mikilvægum upplýsingum um tilurð og þróun brjóstakrabbameins. Slíkar vefjasértækar stofnfrumur hafa þó ekki eins fjölbreytilega möguleika til sérhæfingar og stofnfrumur úr fósturvísum og því ólíklegt að þær verði hentugar til lækninga á fjölmörgum sjúkdómum eins og talið er að stofnfrumur úr fósturvísum geti orðið.

Nýlega eru hafnar rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum músa á rannsóknastofu lífefna- og sameindalíffræði við læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknirnar, sem miða að því að auka skilning á þroskun og sérhæfingu æðaþels, eru undir stjórn doktors Guðrúnar Valdimarsdóttur frumulíffræðings. Guðrún fékk í sumar heimild vísindasiðanefndar fyrir innflutningi á stofnfrumulínu úr fósturvísi manna en reglugerðin frá 1996 nær ekki til innflutnings frumna.

Rannsóknir vísindamanna á stofnfrumum úr fósturvísum miða fyrst og fremst að því að hægt verði, með upplýstu samþykki kynfrumugjafa, að nýta umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvganir. Nú eru umframfósturvísar geymdir í frysti í fimm ár og óski kynfrumugjafarnir ekki eftir að nýta þá til glasafrjóvgunarmeðferðar innan þess tíma er þeim eytt. Enn sem komið er hefur ekki fengist nein niðurstaða um það hvort hægt sé að nota stofnfrumur til lækninga, en vísindamenn beina sjónum sínum að sjúkdómum á borð við alzheimer, sykursýki, mænuskaða og parkinsonsveiki og mögulegri lækningu við þeim.

Í nýlegu viðtali við Þórarin Guðjónsson, doktor í frumulíffræði, kemur fram að stofnfrumurannsóknir miði að því að nýta slíkar frumur til lækninga á ýmsum vefjarýrnunarsjúkdómum þar sem frumur hafa skemmst. Sérstaklega hafi sjónum verið beint að stofnfrumum úr fósturvísum manna, þ.e. fósturvísum sem verða til við glasafrjóvganir og er ekki ætlað að verða að fóstrum og því eytt. Rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum eru umdeildar, ekki síst út frá siðfræðilegum sjónarmiðum. Til marks um það má nefna að stofnfrumurannsóknir voru eitt helsta kosningamál í Bandaríkjunum fyrir síðustu forsetakosningar en Bush forseti hefur bannað opinberan fjárstuðning ríkisins við rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum sem búnir voru til eftir 9. ágúst 2001. Hins vegar hafa ýmis ríki Bandaríkjanna farið sínar eigin leiðir í þessum efnum, þar á meðal Kalifornía sem ver miklu fé til rannsókna á stofnfrumum úr fósturvísum.

Í nýlegri grein í hinu virta vísindatímariti Nature Biotechnology kemur fram að í mörgum löndum hafi verið losað um hömlur á rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum. Í Evrópu hafa Svíar og Bretar átt frumkvæði að rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum, en nýting umframfósturvísa til stofnfrumurannsókna er nú leyfð í flestum löndum Evrópu, m.a. Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Belgíu og Grikklandi. Hins vegar eru þær ekki leyfðar í Noregi, Austurríki, Þýskalandi og Frakklandi og á Ítalíu og Írlandi. Mikil umræða fer fram um þessi mál í þessum löndum og eru Frakkar um þessar mundir að endurskoða reglugerðir sínar.

Þórarinn Guðjónsson segir í nýlegri grein í Læknablaðinu að til sé að verða ný vísindagrein innan lífvísindanna sem nefna megi vefjaverkfræði. Standi rannsóknir innan þessarar greinar undir væntingum séu í raun lítil takmörk fyrir því til hvers megi nota stofnfrumur. Þar á hann bæði við viðgerðir á vefjum og uppbyggingu heilla líffæra en auk þess geta stofnfrumur nýst afar vel til prófana á virkni og sérhæfni lyfja. Með því móti sé hægt að stytta tímann sem nú fer í lyfjaprófanir á mönnum og dýrum og þá draga verulega úr kostnaði við lyfjaþróun. Einnig geta rannsóknir á stofnfrumum aukið skilning okkar á tilurð og framþróun ýmissa sjúkdóma, svo sem krabbameina. Ástæða er til að ítreka að ekki liggur enn fyrir hvort hægt verði að nota þessar stofnfrumur til lækninga. Sumir vara líka við of mikilli bjartsýni í þessum efnum og aðrir eru réttilega mjög gagnrýnir og benda á ýmis siðferðileg álitamál.

Í Læknablaðinu í janúar 2003 er grein um eiginleika stofnfrumna, frumusérhæfingu og ný meðferðarúrræði, eftir Þórarin Guðjónsson og Eirík Steingrímsson. Þar kemur eftirfarandi fram í samantekt þeirra um efnið: „Ekki leikur nokkur vafi á að rannsóknir á stofnfrumum hafa veitt mikilvægar upplýsingar um þroskun og sérhæfingu frumna. Auk þess er ljóst að miklar vonir eru bundnar við notkun stofnfrumna til lækninga. Vara skal þó við of mikilli bjartsýni enda oft erfitt að yfirfæra niðurstöður sem fást í frumurækt eða dýramódelum yfir á manninn.“ Síðar í samantektinni segir: „Sem stendur er ómögulegt að svara spurningunni um það hvort frekar eigi að nota stofnfrumur úr fósturvísum eða fullorðinsstofnfrumur til lækninga enda eru frekari rannsóknir nauðsynlegar áður en þeirri spurningu verður svarað. Enn fremur er enn ekki ljóst hvort hentugra verði að græða stofnfrumurnar sjálfar í sjúklinga eða leyfa þeim að sérhæfast að hluta eða öllu leyti í rækt fyrir ígræðslu.“

Umræðan um stofnfrumurannsóknir hefur blandast saman við umræðuna um einræktun sem hófst að ráði árið 1997 þegar vísindamönnum í Skotlandi tókst að þróa aðferð til að einrækta ána Dolly. Kjarni líkamsfrumu var fluttur yfir í kjarnalaust egg og til varð fósturvísir sem síðar var settur upp í leg annarrar ær og á þann hátt var hægt að einrækta einstakling sem innihélt sama erfðaefni og líkamsfruman. Síðan þá hefur vísindamönnum tekist að einrækta ýmis dýr og í júlí síðastliðnum greindu suðurkóreskir vísindamenn frá því að þeim hefði tekist að einrækta hundinn Snuppy sem þeir segja að muni nýtast til rannsókna á ýmsum sjúkdómum manna og dýra. Þeir vísindamenn sem hafa fengist við einræktun dýra eiga það sameiginlegt að þeir telja líffræðilega útilokað að hægt verði að einrækta mann í náinni framtíð; til þess sé fórnarkostnaðurinn allt of mikill. Heimtur úr einræktun dýra eru afar litlar og tölu-vert um ýmiss konar vansköpun. Til dæmis þurftu suðurkóresku vísindamennirnir um 1.000 fósturvísa til einræktunar á Snuppy. Þessir vísindamenn, og vísindaheimurinn í heild fyrir utan örfáa einstaklinga, hafa hvatt til þess að ríki heimsins setji lög sem banna einræktun manna á grunni siðfræðilegra og líffræðilegra vandamála sem tengjast einræktuninni.

Þegar talað er um einræktun er afar brýnt að gera greinarmun á einræktun til æxlunar (eins og með Dolly og Snuppy) og einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Í seinna tilfellinu er fruman sem verður til við kjarnaflutning einungis ræktuð fram á kímblöðrustig en þá er hægt að einangra stofnfrumur til rannsókna og/eða lækninga. Rannsóknahópur í Newcastle í Englandi hefur nýlega fengið grænt ljós til einræktunar í læknisfræðilegum tilgangi. Áætlun

hópsins gengur út á að flytja kjarna úr líkamsfrumu sykursýkisjúklings yfir í kjarnalaust egg og einangra síðan stofnfrumur úr kímblöðrunni sem myndast. Á þann hátt er vonast til að sérhæfa megi frumurnar til þess að framleiða insúlín og græða þær aftur í sjúklinginn. Með þessu móti er hægt að komast fram hjá þeim stóra vanda sem læknavísindin eiga oft við að etja, þ.e. að líkaminn hafni frumum sem komið er fyrir í honum. Þess ber að geta að flest nágrannalönd okkar hafa sett lög sem banna einræktun manna til æxlunar en eru með til umfjöllunar möguleikann á einræktun í læknisfræðilegum tilgangi.

Nýverið var gerð könnun hér á landi þar sem spurt var um viðhorf til notkunar stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga meðal íslenskra lækna, lögfræðinga og presta. 284 læknar, 293 lögfræðingar og allir starfandi prestar voru markhópurinn í þessari viðhorfskönnun. Markmiðið var að fá fram viðhorf þessara stétta til málsins, og var niðurstaðan athyglisverð. Einungis 8% þátttakenda lýstu sig algjörlega mótfallin slíkum lækningum og mikill meiri hluti áleit þær réttlætanlegar. Í fræðigrein um þetta efni í Læknablaðinu frá 2003 er niðurstöðunni lýst svo: „Rúmlega 60% þátttakenda taldi að fósturvísir hefði ákveðna siðferðilega sérstöðu umfram aðrar lífverur á sambærilegu þroskaskeiði. Þeir sem töldu fósturvísi hafa siðferðilegt gildi á við manneskju voru um 20% og tæplega 18% að fósturvísar nytu ekki siðferðisréttar umfram aðra frumuklasa. Munur var á milli stétta. Mikill meiri hluti áleit notkun stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga réttlætanlega, en í huga margra skipti það máli með hvaða hætti fósturvísirinn hefði orðið til. Tæplega 8% þátttakenda settu sig alfarið á móti lækningum með stofnfrumum. Af þeim sem álitu notkun stofnfrumna í læknisfræðilegum tilgangi réttlætanlega töldu 71% að eðli sjúkdómsins skipti máli og að aðeins eigi að beita slíkum aðferðum þegar fengist er við alvarlega sjúkdóma. 64% lækna og 68% lögfræðinga taldi einræktun í því skyni að meðhöndla Parkinsonssjúkling réttlætanlega samanborið við 40% presta og heldur fleiri karlar en konur, 64% karla borið saman við 52% kvenna. Mikill meiri hluti (87%) taldi þörf á þjóðfélagslegri umræðu um þessi mál.“ Ályktanir sem dregnar af þessari niðurstöðu í greininni eru þessar: „Almennt eru þátttakendur frjálslyndir gagnvart notkun stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga. Frjálslyndi gagnvart einræktun í lækningaskyni er athyglisvert, en mikill styr hefur staðið um slíkar aðgerðir í flestum ríkjum. Þörf er á upplýsingu og umræðu.“

Megintilgangur og markmið með flutningi þessarar tillögu er að Alþingi móti stefnu um hvort heimila eigi með lögum að nota stofnfrumur úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma, en sú úttekt sem hér er lögð til ætti að auðvelda ákvarðanir í þessu efni. Mikilvægt er að slík ákvörðun verði tekin á grundvelli ítarlegrar og upplýstrar umræðu í þjóðfélaginu, á Alþingi og innan heilbrigðis- og vísindasamfélagsins.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Greinargerð þessarar tillögu er nokkuð breytt frá því að málið var lagt fram á síðasta þingi að teknu tilliti til umsagna og ýmissa viðbótarupplýsinga sem flutningsmönnum hafa borist sem skýra málið betur, m.a. frá Þórarni Guðjónsson doktor í frumulíffræði á rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði og læknadeild HÍ, og Guðrúnu Valdimarsdóttur doktor í frumulíffræði á rannsóknastofu í lífefna- og sameindalíffræði við læknadeild HÍ.

Fjöldi umsagna barst um málið og var nær undantekningarlaust hvatt til samþykktar á tillögunni. Örfáir umsagnaraðilar tóku ekki afstöðu, en engin umsögn var neikvæð. Þvert á móti var mikill áhugi á því að ítarleg úttekt færi fram á kostum og göllum þess að heimila nýtingu á stofnfrumum úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði. Mjög margir umsagnaraðila, sem ekki er gert ráð fyrir að eigi sæti í þeirri nefnd sem skipa á samkvæmt tillögunni, óskuðu eftir aðild. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að vísindasiðanefnd Vísinda- og tækni-

ráðs verði beinn aðili að nefndarstarfinu og bætist í hóp þeirra sem lagt var til að skipuðu nefndina á síðasta þingi. Flutningsmenn leggja einnig áherslu á að nefndin hafi í starfi sínu samráð við helstu fagaðila innan heilbrigðis- og vísindasamfélagsins, þ.m.t. fagfélög. Í umsögn stjórnar Prestafélags Íslands var tekið undir það sjónarmið að ekki yrði lengur vikist undan því að fjalla um þetta viðamikla og viðkvæma mál.

Vísindanefnd benti á í sinni umsögn að International Stem Cell Forum, sem stofnað var í ársbyrjun 2003 og rannsóknarráð 14 landa eiga aðild að, hefði hvatt til alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum manna og um fjármögnun þeirra. Meginmarkmiðið væri að stuðla að góðum leikreglum um allan heim og flýta framþróun þessa mikilvæga sviðs í líf- og læknisfræði. Vísindasiðanefnd benti í sinni umsögn á ýmsar gagnlegar heimildir í málinu, t.d. rannsóknir á fósturstofnfrumum sem norræna vísindasiðanefndin hélt ráðstefnu um fyrir nokkrum árum. Í bók sem gefin var út um erindi sem haldin voru á þeirri ráðstefnu má finna ályktun norrænu vísindasiðanefndarinnar sem endurspeglar vel siðferðileg álitamál þá og nú þótt þekkingu á möguleikum og takmörkunum á notkun stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga hafi fleygt fram, eins og segir í viðauka við umsögn vísindasiðanefndar um tillöguna frá síðasta þingi.

Víða í umsögnum um tillöguna kom fram það álit að löngu væri orðið tímabært að umræða um nýtingu stofnfruma færi fram hér á landi, ekki einungis í vísindasamfélaginu heldur líka á vettvangi stjórnmálanna og innan heilbrigðisstétta og -stofnana. Ljóst er að sú úttekt sem hér er lögð til að fari fram yrði veigamikil undirstaða slíkrar umræðu. Þeir sem málið varðar mundu þá móta afstöðu sína á grundvelli upplýstrar umræðu um kosti og galla nýtingar stofnfrumna til rannsókna og lækninga. Samþykkt tillögunnar nú felur einungis í sér vilja Alþingis til að skapa umræðunni vettvang til að auðvelda stefnumótun og ákvörðun í málinu.

65. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um átaksverkefni í ferðamálum í Norðvesturkjördæmi.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að hefja skuli stórátak til uppbyggingar á grunnstoðum sjálfbærrar ferðaþjónustu í Norðvesturkjördæmi og verja til þess umtalsverðu fjármagni ár hvert næstu fimm árin. Samgönguráðuneyti skal skipa fimm manna faghóp sem beri ábyrgð á framgangi átaksins og úthlutunum styrkja til verkefna undir merkjum átaksins. Skal einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), einn af Fjórðungssambandi Vestfjarða (FSV), einn af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), einn af ferðamálabraut Hólaskóla og einn skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því lögð fram að nýju. Ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur landsmanna sem nú vex hvað hraðast og skilar mestri aukningu gjaldeyristekna til þjóðarbúsins ár hvert. Frá árinu 1990 til 2002 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 96 af hundraði. Fjölgunin milli ára 2002–2003 var 14,2% og sú sama fyrstu tíu mánuði ársins 2004. Nú er búist við að fjöldi erlendra ferðamanna þrefaldist á næstu 10 árum.

Enginn vafi leikur á því að ef ferðaþjónustan á að geta brugðist við svo mikilli fjölgun erlendra gesta á svo skömmum tíma verður að dreifa ferðamannastraumnum um landið í mun meiri mæli en nú gerist. Það kallar á víðtæka uppbyggingu, aukna afþreyingarmöguleika og öflugra markaðssetningarstarf í öðrum landshlutum en þeim sem hingað til hafa státað af fjölsóttustu áfangastöðum ferðamanna á Íslandi. Þau landsvæði sem eru til umfjöllunar í þessari tillögu hafa samanlagt einungis 10,4% markaðshlutdeild þegar litið er til heildarfjölda skráðra gistinátta á árinu 2003 og aðeins 7,4% ef litið er til erlendra ferðamanna eingöngu. Það gefur því augaleið að álagið á byggðir Norðvesturkjördæmis er lítið í þessu tilliti og mælir það mjög með því að ráðist verði í aðgerðir þannig að þessi hluti landsins geti með góðu móti tekið við umtalsverðum hluta ferðamannastraumsins á komandi árum.

Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dalir, Snæfellsnes og Borgarfjörður hafa upp á mikla möguleika að bjóða í þjónustu við ferðamenn. Margir þeirra hafa lítið sem ekkert verið nýttir þótt annars staðar sé uppbyggingin lengra á veg komin. Svæðið státar af fjölbreyttri náttúru og lífríki sem laðar nú þegar til sín ferðafólk í vaxandi mæli. Jafnframt er þar að finna fjölmarga merka sögustaði og menningarlandslag sem ekki á sína líka í öðrum landshlutum. Til þess að þessar auðlindir geti nýst svæðinu sem best á sjálfbæran hátt er nauðsynlegt að gera samræmda úttekt á möguleikunum. Skilgreina þarf gildi og aðdráttarafl einstakra sögustaða eða náttúruvætta og þolmörk þeirra til að taka á móti gestum, búa þá staði út og markaðssetja á samræmdan, fyrir fram ákveðinn hátt. Lenging ferðamannatímans er sérstakt átaksverkefni á þessu svæði.

Mikil vinna hefur þegar verið unnin af samtökum og einstaklingum á svæðinu þannig að hægt er að ráðast í aðgerðir þegar á næsta ári ef ákvörðun er tekin um það. Ferðaþjónusta á dreifbýlum svæðum eins og Norðvesturlandi byggist á mörgum en smáum einingum, oft hlutastörfum eða sem árstíðabundin viðfangsefni. Ekki er því hægt að ætlast til að einstaklingar eða lítil fyrirtæki geti lagt fram fjármagn til slíks grunnstarfs sem er þó forsenda fyrir heildina til að byggja upp atvinnuveginn. Má minna á að grónir atvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður búa að gríðarlegum höfuðstól í markaðsstarfi, vöruþróun, rannsóknum og annarri stoðþjónustu sem samfélagið í heild hefur byggt upp með þessum atvinnugreinum. Sama má segja um ýmsar iðngreinar, svo sem stóriðju, þar sem miklir fjármunir hafa verið lagðir til af hálfu hins opinbera og fyrirtækja í eigu þess til að byggja upp þann atvinnuveg.

Ýmsir hlutar Norðvesturkjördæmis standa höllum fæti í hinum hefðbundnu atvinnugreinum og er ekki séð að þangað verði sótt veruleg aukning tækifæra. Hins vegar er ljóst að ferðaþjónustan á mikla ónýtta möguleika á svæðinu. Efling hennar er því nærtækasta úrræðið til að auka staðbundna fjölbreytni í atvinnulífi sem og svæðisins í heild. Í þessu sambandi má vitna til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, *Flug og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli*, en þar segir: „Ferðaþjónustan skapar aukna fjölbreytni í bæði afþreyingu og atvinnulífi fyrir þjóðina sjálfa, sér í lagi á landsbyggðinni. ... Um leið og ferðamönnum fjölgar skapast aukið svigrúm að þessu leyti og verslunar- og þjónustufyrirtæki spretta upp sem þjóna heimamönnum en ættu samt ekki tilverugrundvöll ef ferðamenn væru ekki til staðar. Þessi áhrif ferðamennskunnar hafa byggst upp á undanförnum árum og eru mjög auðsjáanleg um leið og komið er út fyrir Reykjavík, með veitingastöðum, kaffihúsum, söfnum og ýmsum afþreyingarfyrirtækjum sem hafa auðgað mannlífið með ýmsum hætti jafnframt því að skapa fjölbreytni í atvinnulífi. Ferðaþjónustan er í þessu tilliti mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun staðbundinna aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, svo sem

náttúrufegurð. Búseta á landsbyggðinni var upphaflega grundvölluð á einhverju hagræði í nýtingu staðbundinna framleiðsluhátta.“

Vægi þessara staðbundnu framleiðsluhátta, svo sem fengsælla fiskimiða og blómlegra landbúnaðarhéraða, hefur minnkað allmikið í seinni tíð samfara aukinni vélvæðingu og bættum samgöngum. Framtíð margra þéttbýliskjarna sem byggðust upp í kringum landbúnað og sjávarútveg á sínum tíma veltur á því að þeir nái að nýta og varðveita sérstöðu af einhverju tagi. Um þetta segir í fyrrnefndri skýrslu: „Lausnirnar hljóta að felast í því að styrkja hlutfallsyfirburði viðkomandi staða með aðgerðum sem hvorki fela í sér nauðung eða óhagkvæmni. Þetta er hægt að gera með því að auðvelda stöðunum að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluþætti og styðja við sérhæfingu. Ferðaþjónusta er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð víða um landið. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr mun hefðbundin vinnsla og atvinnulíf í tengslum við landbúnað og sjávarútveg ekki nægja ein og sér til þess að fólki fjölgi aftur á landsbyggðinni.“

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að það gæti verið „verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld niðurgreiddu ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar. Og þá einkum til að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Ef það heppnaðist væri jafnað álagið á innviðum landsins og búsetuskilyrði á landsbyggðinni bætt með hagkvæmum hætti.“

Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið sem rakið hefur verið hér að framan. Þessari tillögu er ætlað að taka á því máli af alvöru.

Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands 1971–2004.



Heimild: Útlendingaeftirlitið og Kynnisferðir hf.

Tafla 1. Markaðshlutdeild einstakra landshluta í gistinóttum á Íslandi 2003.

Landshluti	Íslendingar	Útlendingar	Alls
Höfuðborg	22,6%	59,7%	51,6%
Suðurnes	4,4%	2,6%	3,0%
Vesturland	9,7%	4,5%	5,7%
Vestfirðir	6,5%	1,1%	2,3%
Norðurland vestra	4,3%	1,8%	2,4%
Norðurland eystra	18,3%	10,1%	11,9%
Austurland	10,7%	8,1%	8,7%
Suðurland	23,4%	12,0%	14,5%

Tafla 2. Hlutfall útlendinga af gistinóttum 1998–2003.

Landshluti	1998	2003	Breyting
Landið	71,90%	78,20%	6,30%
Höfuðborg	83,40%	90,40%	7,00%
Suðurnes	70,40%	67,90%	–2,50%
Vesturland	57,00%	62,60%	5,60%
Vestfirðir	26,40%	37,40%	11,00%
Norðurland vestra	53,30%	60,50%	7,10%
Norðurland eystra	61,80%	66,40%	4,60%
Austurland	61,20%	73,10%	12,00%
Suðurland	57,60%	64,80%	7,10%

Tafla 3. Tekjur af erlendum ferðamönnum 1985–2003 í millj. kr.

Ár	Tekjur alls	Neysla innan lands	Fargjalda-tekjur
1985	3.101		
1986	4.122		
1987	5.379		
1988	7.370		
1989	9.373		
1990	13.572	8.806	4.766
1991	14.157	8.684	5.473
1992	13.362	8.124	5.238
1993	15.747	9.764	5.983
1994	17.804	10.595	7.209
1995	19.915	12.004	7.911
1996	20.755	11.722	9.033
1997	22.006	12.021	9.985
1998	26.336	14.633	11.703
1999	27.498	16.070	11.428
2000	30.459	17.967	12.492

Ár	Tekjur alls	Neysla innan lands	Fargjalda-tekjur
2001	37.720	22.881	14.839
2002	37.137	22.835	14.302
2003	37.305	24.531	12.774

Heimild: Samtök ferðaþjónustunnar.

Fylgiskjal.

Ályktun aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi um ferðamál í Norðvesturkjördæmi.

(30. október 2004.)

Aðalfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi leggur til að hafin verði stórsókn í uppbyggingu á kjördæminu sem sérstöku ferðaþjónustusvæði. Gerð verði sérstök átaksáætlun til næstu 5 ára sem hafi það að markmiði að treysta grunnstoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu. Þingið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita til þessa verkefnis a.m.k. 1 milljarði króna árlega næstu fimm árin.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex nú hvað hraðast og skilar mestri árlegri aukningu í nettó gjaldeyristekjum til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan er nú orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og skilar 40–50 milljörðum króna í gjaldeyristekjur á ári.

Gert er ráð fyrir þreföldun ferðamanna til landsins á næstu 10 árum. Skagafjörður, Húnavatnssýslur, Vestfirðir allir suður um Breiðafjörð, Dali, Snæfellsnes og Borgarfjörð eru auðug af náttúruperlum, sögu og menningararfi. Þessa fjölbreyttu kosti má nýta enn betur á sjálfbæran hátt til eflingar þessari atvinnugrein. Þar má nefna Jökulvötnin í Skagafirði með heimsfrægum fljótasiglingum, jöklaferðir, gjöfular veiðiár, eyjar og lífríki Breiðafjarðar, ægifegurð Vestfjarða, Þjóðgarður á Snæfellsnesi svo nokkuð sé nefnt. Hér er vagga sagnaritunar og sögusvið Íslendingasagna.

Styrking ferðaþjónustunnar er eitt nærtækasta verkefnið til að auka fjölbreytta atvinnu á svæðinu sem heild. Til þess að svo megi verða þarf að styrkja grunnstoðirnar og markaðsstarfið, en þar vantar fjármagn sem eðlilegt er að hið opinbera leggi til. Fyrir einn milljarð á ári í fimm ár má lyfta Grettistaki í atvinnumálum þeirra landshluta sem mynda kjördæmið.

66. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, einnig að kanna hvort þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 717, 465. mál). Þá fylgdi henni svohljóðandi greinargerð:

„Stofnunum ríkisins hefur fjölgað og rekstur þeirra orðið æ umfangsmeiri á undanförnum árum. Sökum umfangs síns hefur rekstur ríkisins mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Ýmsar vísbendingar hafa komið fram um það á síðustu missirum að ríkisstofnanir séu að teygja anga sína inn á fleiri svið sem einkafyrirtæki hafa eða geta alfarið sinnt. Stundum má rekja verkefni þessara stofnana til aukinna skyldna sem á þau eru lagðar samkvæmt lögum. Dæmi eru þó um að aukin verkefni ríkisstofnana stafi af rúmri túlkun á þeim lögum sem þær starfa eftir. Í sumum tilvikum hafa ríkisstofnanir þannig farið í beina samkeppni við einkaaðila um verkefni. Þá hefur þess gætt að ríkisstofnanir hafi í auknum mæli tekið yfir eða falið annarri ríkisstofnun verkefni sem þær hafa áður falið einkaaðilum. Ríkisstofnanir virðast jafnframt bjóða minna út en áður.

Með þessari útvíkkun á starfsemi opinberra fyrirtækja standa stjórnvöld beint eða óbeint að því að þrengja að starfsemi einkafyrirtækja í landinu í stað þess að hlúa að þeim og skapa þeim eðlilegt svigrúm til að vaxa og dafna í heilbrigðu samkeppnisumhverfi. Það gætu þau m.a. gert með því að leitast við að skipta við einkafyrirtæki sé þess nokkur kostur og efla þannig atvinnulíf á Íslandi.

Skoða þarf hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana er hægt að fela einkaaðilum. Það væri í samræmi við innkaupastefnu ríkisins. Í formála að riti fjármálaráðuneytisins *Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi*, frá nóvember 2002, segir fjármálaráðherra eftirfarandi:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á framkvæmd innkaupa, þannig að tryggt verði að öll opinber innkaup verði hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Tilhögun innkaupanna miði að því að efla samkeppni á markaði ... Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu og aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.“

Hægt er að nefna mörg dæmi þar sem opinber fyrirtæki eru í beinni samkeppni við einkafyrirtæki.

Landmælingar Íslands eiga að sinna ákveðinni grunnvinnu eins og viðhaldi og upplýsingagjöf. Stofnunin hefur þó aukið umsvif sín m.a. í framleiðslu gagna í samkeppni við einkafyrirtæki. Verði framhald á aukinni starfsemi Landmælinga munu þau einkafyrirtæki sem hafa sérhæft sig á þessu sviði hugsanlega leggja upp laupana og fjölbreytt þekking einkaaðila hverfa.

Á vegum ríkisins eru starfandi ýmsar rannsóknastofur í samkeppni við einkaaðila. Þannig eru rannsóknastofur Landspítala – háskólasjúkrahúss í beinni samkeppni við einkareknar rannsóknastofur lækna um verkefni. Vorið 2004 lagði Heilsugæslan í Reykjavík niður rannsóknastarfsemi sína en samdi, án undangengins útboðs, við aðra ríkisstofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, um framkvæmd rannsókna á hennar vegum. Heilsugæslan hafði um langt árabil keypt hluta af rannsóknastarfsemi sinni frá einkaaðila, sem missti því stóran hluta af viðskiptum sínum við þennan gjörning. Þessi samningur hefur verið kærður til Samkeppnisstofnunar. Að sama skapi eru ríkisreknar rannsóknastofur á sviði örveru- og efnagreiningar í þjónustu við matvæla- og fóðuriðnað í beinni samkeppni við sambærilegar einkareknar

rannsóknastofur, t.d. Rannsóknarþjónustuna Sýni ehf. Það fyrirtæki hefur opinberlega gert athugasemdir við skerta samkeppnisstöðu sína gagnvart opinberum rannsóknastofum.

Siglingastofnun Íslands heyrir undir samgönguráðuneyti, sbr. lög nr. 6/1996. Stofnuninni er skipt upp í sex svið og eru starfsmenn hennar um 70. Skipurit stofnunarinnar er tiltölulega skýrt og ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að koma verkefnum hennar á annarra hendur. Verkefni stofnunarinnar eru þau helst að annast framkvæmd ýmissa laga er lúta að höfnum og sæfarendum og að hafa umsjón með ríkisstyrktum sjóvarna- og hafnarframkvæmdum. Ýmsar verklegar framkvæmdir, auk þróunarvinnu, eru því á ábyrgð stofnunarinnar að ótöldum ýmsum áætlunum um öryggismál. Rekstur hennar kostar tæpar 770 millj. kr. á ári. Mörg einkafyrirtæki geta sinnt ýmsum verkefnum Siglingastofnunar. Þannig hefur einkafyrirtæki lýst yfir áhuga á að taka að sér starfsemi hafnasviðs stofnunarinnar en sviðinu er ætlað að hafa umsjón með hafnarframkvæmdum og vinna að uppbyggingu sjóvarna og hafna.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun er stofnuninni heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að fela öðrum að annast tiltekin verkefni sín. Sú heimild hefur ekki verið nýtt til þessa nema að afar takmörkuðu leyti. Ávinningur slíkrar einkavæðingar væri einkum sá að minnka kostnað af þessum verkefnum því gera má ráð fyrir að samlegðaráhrif í einkarekstri yrðu einhver. Ekki síður mikilvægt markmið er þó það að með því að fela einkaaðilum svo tæknileg verkefni sem Siglingastofnun hefur með höndum er hin fjölbreytta þekking sem til er á einkamarkaði nýtt til hins ýtrasta og um leið væri það einkaaðilum hvatning til frekari þróunar á viðkomandi sviði. Ávinningur þjóðfélagsins af því er ótvíræður.

Vinnueftirliti ríkisins er með lögum gert að fylgjast með aðbúnaði á vinnustöðum og til að geta rækt þá skyldu sína er m.a. könnun á afstöðu starfsmanna til vinnustaðarins nauðsynlegur hluti rannsókna Vinnueftirlitsins. Slíkar kannanir væri hæglega hægt að fela einkaaðilum.

Skilgreina þarf hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss í þá veru að sjúkrahúsið sjái fyrst og fremst um sérhæfða sjúkrahússþjónustu. Bjóða þarf út rekstur sem flestra þjónustuþátta sem falla utan kjarnastarfsemi Landspítalans. Sem dæmi má nefna rekstur þvottahúss, saumastofu, eldhúss, mötuneytis, apóteks, röntgen- og rannsóknaþjónustu, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sótthreinsun og umsjón fasteignar. Góð reynsla, bæði fagleg og fjárhagsleg, er af einkarekstri í starfsemi sem áður var eingöngu veitt á vegum heilbrigðisstofnana ríkisins. Má þar meðal annars nefna Læknisfræðilega myndgreiningu og Orkuhúsið. Frá því að starfsemi hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu hófst árið 1993 hafa sparast rúmlega 580 millj. kr., auk þess sem þjónusta við sjúklinga hefur aukist til mikilla muna.

Í nýlegu útboði Sorpu bs. vegna gámaþjónustu á þremur endurvinnslustöðvum voru meðal þátttakenda í útboðinu einkafyrirtæki með mikla og langa reynslu á viðkomandi sviði sem hafa jafnvel sérhæft sig í umræddri þjónustu. Vélamiðstöðin ehf., sem aldrei hefur stundað slíkan rekstur, tók jafnframt þátt í útboðinu. Fyrirtækið er í eigu borgarinnar og Orkuveitunnar og er stjórn fyrirtækisins skipuð m.a. borgarverkfræðingi Reykjavíkur og forstjóra Orkuveitunnar. Vélamiðstöðin hefur notið góðs af þeirri eignaraðild með margvíslegum hætti, einkum við uppbyggingu þess með hundruð milljóna króna í heimanmund. Fyrirtækið leigir Reykjavíkurborg, Orkuveitunni og ýmsum borgarfyrirtækjum út bifreiðar og tæki og vinnur verk fyrir hundruð milljóna króna á ári án nokkurra útboða.

Fjöldi dæma um samkeppni fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga og ríkisstofnana við rekstur einkaaðila gefur vísbendingu um að til markvissra aðgerða verði að grípa til að tryggja að stefna ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og aukið samstarf ríkis og einkaaðila um framkvæmd verkefna á vegum ríkisins nái raunverulega fram að ganga á öllum sviðum. Nauðsynlegt er því að umfang rekstrar ríkis og sveitarfélaga í samkeppni liggi fyrir.“

67. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um mat á framtíðarhorfum og mannaflaþörf í atvinnugreinum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Ögmundur Jónasson, Einar Már Sigurðarson, Magnús Þór Hafsteinsson, Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Katrín Júlíusdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum með það að markmiði að meta atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla þannig ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi.

Verkefnið verði samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Samtaka atvinnulífsins. Samráð verði haft við náms- og starfsráðgjafa í háskólum og Félag náms- og starfsráðgjafa um tilhögun og framtíðarþróun verkefnisins.

Félagsmálaráðherra leggi eigi síðar en á haustþingi 2006 skýrslu fyrir Alþingi um tilhögun verkefnisins og kostnað við það sem greiðist af ríkissjóði.

Greinargerð.

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnulífinu á undanförnum árum, ekki síst með tilliti til aukinnar tækniþróunar og alþjóðavæðingar. Samfara því hefur fjölbreytni í atvinnulífinu stöðugt vaxið og gífurlegar umbreytingar orðið á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Frumkvöðlastarf og nýsköpun atvinnulífsins hefur átt mikinn þátt í að bæta lífskjörin og auka atvinnuöryggi landsmanna. Aukin menntun, hvort sem er í bók-, iðnaðar-, tækni- eða starfsnámi, verður sífellt mikilvægari í þekkingarsamfélagi nútímans og eykur á fjölbreytileika atvinnulífsins, skapar ný verkefni og tækifæri í atvinnuuppbyggingu og framþróun samfélagsins. Í þessari öru þróun er mikilvægt að hafa heildarsýn yfir framtíðarhorfur og mannaflaþörf í einstakum atvinnugreinum. Það hefði mikið gildi bæði fyrir atvinnulífið og skipulega uppbyggingu menntakerfisins og væri ekki síst mikilvægur stuðningur við námsmenn til að meta atvinnumöguleika með hliðsjón af námsvali.

Með þeirri miklu breytingu sem orðið hefur á atvinnulífinu á umliðnum árum hefur námsráðgjöf innan allra háskóla farið vaxandi, en mest áhersla er þar lögð á leiðbeiningar í náminu og að sinna margvíslegum sérþörfum nemenda. Sú námsráðgjöf sem er til staðar er auðvitað ákaflega mikilvæg til að leiðbeina nemendum og einnig sú veigamikla kynning á námsleiðum sem háskóladeildir standa fyrir í framhaldsskólunum. Mikilvægt er að framhaldsskólanemendur hafi haft tækifæri til að ígrunda vel náms- og starfsval sitt þegar kemur að háskólanámi. Félag náms- og starfsráðgjafa hafa lagt áherslu á að innan framhaldsskólans vanti meira svigrúm til að sinna náms- og starfsvali, en það gæti einmitt verið liður í námsferli framhaldsskólastigsins að kynna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í ýmsum starfsgreinum.

Einnig má benda á að gerðar hafa verið skýrslur um tekjur eftir atvinnugreinum. Mikið hefur þó skort á allar tölfræðilegar upplýsingar um framtíðarhorfur í mismunandi starfsgreinum. Alla heildaryfirsýn og samvinnu við samtök atvinnulífsins vantar og skort hefur að skipulega hafi verið farið í að þróa líkan eða leggja mat á framtíðarhorfur í einstökum starfsgreinum sem hugsanlega væri hægt að endurmeta með ákveðnu millibili með tilliti til framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði bæði innan lands og utan.

Skortur á framtíðarsýn í hverri atvinnugrein gerir það að verkum að fólk sem stendur frammi fyrir námsvali getur ekki gert sér ljósa grein fyrir atvinnumöguleikum sínum að námi

loknu né heldur á hvaða starfssviðum menntun þeirra getur nýst og færni komið að gagni. Ljóst er að slík framtíðarsýn væri mikill fengur fyrir þá sem ætla að velja sér nám eða starf, sem og fyrir atvinnulífið og þjóðfélagið í heild. Með aðgengilegum upplýsingum um þarfir atvinnulífsins fyrir menntað vinnuafl væri stuðlað að meira jafnvægi á eftirspurn í ýmsar atvinnugreinar og menntun og mannauður nýttist þannig betur, bæði fyrir námsmenn og þjóðarbúið í heild. Upplýsingar um mannaflaþörfina eru afar mikilvægar og mundu leiða til þess að öll náms- og starfsráðgjöf skilaði meiri árangri og yrði markvissari. Upplýsingar og ráðgjöf sem byggðust á spá um þróun mannaflaþarfar í einstökum atvinnugreinum mundu gagnast til að beina menntuðu vinnuafli í þær greinar þar sem mest er þörf fyrir það í framtíðinni.

Við undirbúning þessarar tillögu var m.a. leitað til námsráðgjafar Háskóla Íslands en þar hefur starfsfólk gegnum árin sárlega fundið fyrir skorti á upplýsingum um þróun vinnumarkaðarins. Á það var m.a. bent að hvergi væri til á einum stað upplýsingar um hversu margir eru starfandi í einstökum atvinnugreinum og hverjar þarfirnar yrðu eftir einhvern tiltekinn tíma í einstökum atvinnugreinum, en val einstaklinga um framhaldsnám væri nátengt starfsupplýsingum og þekkingu á vinnumarkaðnum. Fram til þessa hafi einstaklingar ekki getað reitt sig á áreiðanlegar upplýsingar heldur frekar fylgt tilfinningu um hvort og hvar yrði þörf fyrir þeirra þekkingu í framtíðinni. Námsráðgjöf Háskóla Íslands taldi því brýnt að láta kanna reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Á vegum OECD hefur sérstök áhersla verið lögð á starfsráðgjöf og stefnumörkun á því sviði. Í handbók OECD um starfsráðgjöf kemur m.a. fram að í sumum löndum séu starfsupplýsingar hvorki nægilega yfirgripsmiklar né vandaðar. Það komi í veg fyrir að fólk geti tekið vel ígrundaðar ákvarðanir er varða starfsferil þeirra. Víða í starfsgreinum sé skortur á sérhæfðu vinnuafli og í mörgum tilfellum viti fólk ekki um manneklu eða skort á starfsfólki í einhverjum atvinnugreinum. Í upplýsingum OECD um starfsráðgjöf er lögð áhersla á að upplýsingar liggi ávallt fyrir um störf á vinnumarkaði í því skyni að nýta þær til leiðbeiningar við starfsval.

Þar er líka lögð áhersla á að skoða hvernig samstarf opinberra aðila og einkafyrirtækja geti komið að notum við gerð starfsupplýsinga og hvert sé hlutverk aðila vinnumarkaðarins í þróun og framboði á slíkum upplýsingum. Í handbók OECD er bent á árangursríkar leiðir til að þróa starfsráðgjöf og mat á mannaflaþörf í atvinnugreinum og bent á Holland sem dæmi en þar hefur verið gerður gagnagrunnur sem inniheldur áætlaða eftirspurn eftir vinnuafli í 2.500 starfsgreinum og hann tengdur viðeigandi námi eða starfsþjálfun.

Einnig er bent á að hægt sé að þróa eða aðlaga staðla fyrir starfsupplýsingar í hverju landi og tengja saman evrópskar eða alþjóðlegar starfsupplýsingar við innlendar upplýsingar um framtíðarhorfur og mannaflaþörf í atvinnugreinum. Gögn frá 29 Evrópulöndum sýna einnig að ráðgjöf og markvissar upplýsingar um starfsval eru að aukast og einsýnt að það gagnist ekki aðeins einstaklingunum sjálfum heldur þjóðfélaginu í heild. Ráðgjöfin sé því mjög góð leið til að ná fram ákveðnum markmiðum í almannaþágu. Í því sambandi er bent á að markviss ráðgjöf sem byggist á framtíðarhorfum í atvinnugreinum geri menntun og þjálfun skilvirkari og tengi betur saman menntun og atvinnu, bæði á innlendum vettvangi og um alla Evrópu. Þessi jákvæða þróun opni augu fólks fyrir nýjum möguleikum og geri því kleift að taka vel ígrundaðar ákvarðanir, sem skili sér í bættum lífskjörum. Þessi leið stuðli að jafnvægi í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli og bæti þannig stöðugleika á vinnumarkaði og nýtist í baráttunni við atvinnuleysi og auki hreyfanleika á vinnumarkaðnum. Þannig megi bæta afköst og skilvirkni vinnumarkaðarins, auk þess að nýtast vel við vinnumarkaðsaðgerðir

hins opinbera, m.a. í því skyni að efla menntun og þjálfun þeirra hópa sem lakast standa á vinnumarkaðnum.

Loks er ástæða til að nefna sem rökstuðning fyrir gagnsemi þessarar tillögu, komist hún til framkvæmda, að Evrópusambandið hefur lagt mikla áherslu á ráðgjöf um nám og starfsval og haldið því fram að slík ráðgjöf væri lykill að framþróun fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild. Í ályktun frá námsstefnu Félags náms- og starfsráðgjafa frá maí á þessu ári kemur líka fram að víða um heim sé litið á markvissa náms- og starfsráðgjöf sem lykil að framþróun í mennta- og vinnumarkaðsmálum, almenningi til heilla. Jafnframt kemur fram í ályktuninni að stórefla þurfi vinnumarkaðsrannsóknir til að spá fyrir um framtíðarþróun og þörf fyrir vinnuafl.

68. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal, Siv Friðleifsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Friðlýsingin taki til alls vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum að Kreppu og öðrum þverám meðtöldum með náttúrlegum rennslisháttum, þar sem hvers kyns röskun og mannvirkjagerð er bönnuð. Sérstaklega verði hugað að því við undirbúning málsins hvernig friðlýsing Jökulsár á Fjöllum skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stofnun frekari þjóðgarða eða verndarsvæða norðan jökla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 129., 130. og 131. löggjafarþingi en varð í ekkert skiptið útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt. Frá því að tillagan var flutt á 130. löggjafarþingi hefur sérstök nefnd, sem fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, skipaði um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls skilað ráðuneytinu skýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfi og niðurstöðum nefndarinnar. Var skýrslan gefin út af umhverfisráðuneytinu í maí 2004. Í megintillögum nefndarinnar segir orðrétt: „Nefndin leggur til að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og taki yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, *Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám eins og Kreppu, Kverká, Svartá og vatnasviði öllu eins og við verður komið, Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkasvæðið.*“ [Leturbreyting flm.] Þá hefur ríkisstjórn samþykk, í kjölfar kynningar á tillögum nefndarinnar, að áfram verði unnið að undirbúningi málsins. Þessi staða málsins breytir engu um og dregur síst úr mikilvægi þess að Alþingi sjálft taki af skarið um efni tillögunnar. Hvað rökstuðning varðar vísast að öðru leyti til greinargerðar sem fylgdi tillögu þessari á 130. löggjafarþingi:

„Enginn vafi er á því að Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Jökulsárgljúfur, að meðtöldu hinu stórbrotna umhverfi árinnar allt frá upptökum við jaðra Dyngjujökuls og Brúarjökuls til sjávar í Öxarfirði, er einstæð náttúrugersemi. Fyrst skal frægan telja Dettifoss, sem oft er

titlaður aflmesti eða voldugasti foss í Evrópu, þá hin miklu gljúfur, Hafragilsfoss og Selfoss og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum að meðtöldu Ásbyrgi. Ævi sinni lýkur Jökulsá með því að flæmast um sandana fyrir botni Öxarfjarðar og hefur þá grafið í sand eitt af háhitasvæðum landsins. Umhverfið við efri hluta árinnar er ekki síður stórbrotið allt frá upptökum við Dyngjujökul vestan Kverkfjalla þar sem áin flæmist um hina miklu sandauðn norðan jökulsins með Kverkfjallarana og Krepputungu austan við. Tröllladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið með Ódáðahraun að baki skapa stórbrotna umgjörð í vestri. Undan vesturjaðri Brúarjökuls koma svo Kverká og Kreppa og sameinast Jöklu norðan Krepputungu eftir að hafa runnið á leið sinni til móðurelfunnar um land sem ekki er síður stórbrotið. Um svæðið má segja að Jökulsá á Fjöllum sé bandið sem tengir saman og gerir að einni heild eitthvert stórkostlegasta náttúrufyrirbæri jarðarinnar. Samspil elds og ísa, landmótun og jarðfræði sem einkennist af mikilli eldvirkni og m.a. móbergsmyndunum frá ísaldartímum sem eiga enga sína líka í veröldinni, ummerki gríðarlegra hamfarahlaupa, gróðurvinjar, úfin hraun og eyðimerkur, dýralíf og vatnafar.

En það er ekki aðeins landið umhverfis Jökulsá á Fjöllum sem hluti af stórbrotinni landslagsheild sem gefur ánni mikið gildi, heldur og sjálft vatnasviðið í heild sinni, stórbrotið samspil jökulvatna og lindáa og rennslishættir allra þessara vatna. Á Íslandi hefur það að vísu fram undir síðustu ár ekki verið mikið til umræðu að náttúrulegir rennslishættir fallvatna gætu haft verndargildi í sjálfu sér en sú umræða er fyrir löngu vel þekkt í ýmsum nálægum löndum. Víða hefur rennslisháttum vatna fyrir löngu verið raskað í umtalsverðum mæli, t.d. í þágu samgangna á vatni og við gerð skipaskurða, stíflumannvirkja og vatnaflutninga til áveitu eða jafnvel með mannvirkjum sem tengdust timburfleytingum. Virkjanir, uppistöðulón, vatnsmiðlun og vatnaflutningar eru hins vegar þær framkvæmdir sem á seinni áratugum eru algengustu ástæður þess að náttúrulegum rennslisháttum fallvatna hefur verið raskað. Ef svo heldur fram sem horfir á Íslandi verða nokkur af stærstu jökulvötnum landsins miðluð og náttúrulegum rennslisháttum þeirra gjörbreytt innan fárra ára. Hér er átt við Þjórsá og Tungnaá sem þegar má heita að séu fullmiðlaðar og síðan bætast Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal í hópinn. Í þessu ljósi verður verndargildi Jökulsár á Fjöllum og Kreppu með óbreyttum rennslisháttum enn þá meira en ella. Allt stefnir í að Jökulsá á Fjöllum verði eina verulega korguga jökulfljótið í þessum stærðarflokki sem ekki hefur enn verið hróflað við. Um er að ræða næstlengstu á landsins, stærsta vatnasviðið, um 8.000 ferkílómetra, og fjórða vatnsmesta fallvatnið miðað við meðalrennsli. Umhverfi árinnar ber merki gríðarlegra hamfarahlaupa og enn vekja hlaup í Jökulsá undrun og aðdáun þeirra sem þau líta augum, ekki síst að sjá Dettifoss í tröllslegum ham þegar vatnsmagnið hefur margfaldast. Allt ber að sama brunni; hin einstæðu verðmæti sem fólgin eru í Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar, hvoru tveggja óröskuðu af manna völdum, eru miklu meira en fullgild rök fyrir alfriðun.

Í merkri samantekt sinni um fossa á Íslandi setur Sigurður Þórarinsson fossaröðina í Jökulsá á Fjöllum í hæsta verndarflokk og segir að fossana eigi tvímælalaust að friðlýsa ásamt nánasta umhverfi og því fyrr því betra. (Sjá: Sigurður Þórarinsson 1978. Fossar á Íslandi. Náttúruverndarráð, Fjölrit nr. 2.) Um fossaröðina segir Sigurður: „... stórvirkjun í Jökulsá eyðileggur röð fossa: Selfoss, Dettifoss og Hafragilsfoss, sem samanlagt eiga enga sína líka hérlendis og í Evrópu allri". Í sama riti lýsir Sigurður viðhorfum sem ekki eiga síður við í dag. Hann segir: *„Því er nú mjög á lofti haldið, og vissulega með veigamiklum rökum, að í fossum landsins búi nokkuð af framtíð okkar þjóðar, er byggist á þeim verðmætum, sem mæld eru í kílówattstundum. En þar við liggur einnig brot af framtíðarhamingju þjóðarinnar, að hún gleymi því ekki, að í fossum landsins búa einnig verðmæti, sem ekki verða metin til fjár, en mælast í unaðsstundum."*

Ýmsar hugmyndir hafa verið og eru á kreiki sem tengjast frekari verndun þess svæðis sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Vinna stendur yfir við gerð náttúruverndaráætlunar og við að skoða mögulega stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan jökla þar sem sjónir hljóta m.a. að beinast mjög að Jökulsá á Fjöllum. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga virkjanaáform á svæðinu og að bæði eldri og yngri ráðagerðir um virkjun Jökulsár á Fjöllum eru til staðar og hafa greinilega ekki verið afskrifaðar af öllum.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að tímabært sé og þarft að Alþingi sjálft taki af skarið í þessu máli. Eðlilegt er að láta nú reyna á yfirlýsingar sem fallið hafa á undanförnum mánuðum og missirum um vilja til að ekki verði hróflað við Jökulsá á Fjöllum. Rétt er að taka fram að lokum að tillaga þessi er hugsuð sem algerlega sjálfstætt innlegg í hina almennu náttúruverndarumræðu og þá vinnu sem nú stendur yfir við gerð nýrrar náttúruverndaráætlunar. Sama gildir um vinnu fyrrgreindrar nefndar um þjóðgarð eða verndarsvæði norðan Vatnajökuls. Með því einu að friða Jökulsá á Fjöllum, þótt stórt skref væri, er langt í frá að fullnægjandi árangri sé náð á þessu sviði náttúruverndar. Að sjálfsögðu koma mörg önnur vatnsföll stór og smá og vatnasvið þeirra til greina með alveg sama hætti. Þess ber að geta að áður hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi svipaðs efnis og sú sem hér er fram borin og skal sérstaklega minnt á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Hvítár/Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum sem flutt var á 113. og 120. löggjafarþingi.“

69. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Ásta Möller.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Nefndin kanni hvort núgildandi skattalög hafi áhrif á að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti.

Skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2006.

Greinargerð.

Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Á vef Hagstofu Íslands er þess getið að árið 2004 hafi 1.472 pör gengið í hjónaband hér á landi. Lögskilnaðir voru 552. Samkvæmt hjónavígsluskýrslum 2004 höfðu 87% hjónaefna verið í óvígðri sambúð og nær helmingur þeirra verið í sambúð lengur en fimm ár.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit eru vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Gert er ráð fyrir að skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2006.

70. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um endurmat á störfum láglaunahópa og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingunni. Könnuð verði tekjuþróun þessara hópa og hlutdeild þeirra í heildartekjum, sundurliðað eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og hjúskaparstöðu á sl. tíu árum, í samanburði við aðra launþega. Úttektin endurspegli einnig kjör sambærilegra hópa á almenna vinnumarkaðnum og hinum opinbera.

Í þessu skyni skipi félagsmálaráðherra fimm manna nefnd sérfróðra aðila á sviði vinnumarkaðsmála, sem skal kveðja sér til ráðuneytis eins og þörf krefur aðila vinnumarkaðarins.

Markmiðið er að skilgreina hvað láglaunahópur sé og hverjir skipi slíka hópa. Einnig að greina hvað skýri lök kjör láglaunafólks og hvernig auka megi hlut þess í tekjuskiptingunni og bæta kjör þess og aðbúnað með stjórnvaldsaðgerðum og í kjarasamningum.

Ráðherra flytji Alþingi skýrslu um niðurstöðu nefndarinnar sem ljúki störfum eigi síðar en í upphafi næsta þings.

Greinargerð.

Með aukinni markaðs- og alþjóðavæðingu og miklum breytingum í atvinnulífi, ekki síst á fjármálamarkaðnum, hafa orðið miklar breytingar á tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Þetta hefur líkt og hjá mörgum vestrænum þjóðfélögum leitt til aukins ójafnaðar og aukinnar fátæktar. Aukin fátækt, hvort sem er hjá láglaunahópum á vinnumarkaði eða fólki sem lifir á lífeyristekjum og bótum velferðarkerfisins, er víða mikið áhyggjuefni. Margir tengja þessa þróun við aukna samkeppni, aukið flæði fjármagns, fyrirtækja og vinnuafls á tímum hnattvæðingar og aukinnar markaðsvæðingar. Þá er einnig sums staðar þrengt að velferðarkerfum sem eiga þar með erfiðara með að bæta hag skjólstæðinga sinna til samræmis við bættan hag á vinnumarkaði. Ljóst virðist að staða sumra þjóðfélagshópa, t.d. fólks með minni menntun og starfsþjálfun, hefur versnað verulega.

Breytingarnar má m.a. rekja til þess að eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli hefur aukist verulega og ör tækniþróun hefur haft í för með sér hagræðingu og breytta starfshætti í atvinnulífinu sem bitnað hefur mjög á tekjulægri hópunum. Bilið á milli ríkra og fátækra hefur því breikkað og m.a. komið fram í meiri stéttaskiptingu og barnafátækt.

Þessari þróun hefur ekki verið fylgt eftir af stjórnvöldum sem skyldi með auknum möguleikum tekjulægstu hópanna til endurmenntunar og aðlögunar að breyttum starfsháttum á vinnumarkaði. Oft hefur líka kostnaður við endurmenntun og starfsþjálfun komið í veg fyrir að lágtekjuhópar geti nýtt sér námsframboðið. Ljóst er einnig að öryggisnet velferðarkerfisins hefur gliðnað og ójöfnuður vaxið mikið þrátt fyrir efnahagsuppsveiflu á liðnum árum, m.a. vegna þess að skattbyrði lágtekjufólks- og millitekjufólks hefur aukist.

Áhrif þessarar þróunar hafa glöggt komið fram að undanförnu því að mjög illa hefur gengið að manna láglaunastörfin í þjóðfélaginu og á það ekki síst við um umönnunar- og uppeldisstörf. Mannekla hefur háð m.a. leikskólum, frístundaheimilum grunnskóla og illa hefur líka gengið að ráða í umönnunarstörf við aldraða og í störf ófaglærðra á sjúkrahúsum, enda eru þessi störf allt of lágt launuð og vanmatið mikið miðað við það álag sem þessar stéttir búa við og þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Á það bæði við um faglærða og ófaglærða starfsmenn. Áætla má að í almennum umönnunarstörfum séu nú um 1.200 manns á höfuðborgarsvæðinu og er talið að félagsmenn Eflingar á leikskólum séu um 1.000 manns.

Umönnunar- og uppeldisstörfum fylgir líka mikið álag og ábyrgð, enda um að ræða umönnun barna, aldraðra og sjúkra. Íslendingar vinna langan vinnudag og oftast eru báðir foreldrar á vinnumarkaðnum. Vinnuálag á foreldrum barna er oft gífurlega mikið og það ræður iðulega úrslitum um afkomu heimilanna að báðir foreldrar hafi möguleika til að vera á vinnumarkaðnum. Hinu opinbera ber skylda til að búa vel að umönnunar- og uppeldisstörfum og greiða mannsæmandi laun fyrir þau svo að þar geti ríkt öryggi og festa. Ljóst er að langur vegur er frá því að laun og kjör endurspegli það mikla álag og ábyrgð sem störfunum fylgja eða hve mikil verðmæti felast í þeim fyrir þjóðfélagið. Laun og kjör umönnunarstétta eru í raun til skammar og langt undir öllum velsæmismörkum. Skattgreiðslur þessara hópa hafa líka aukist verulega á umliðnum árum líkt og annarra hópa með lágar eða meðaltekjur.

Fram hefur komið í umræðunni um manneklu sem nú hefur ríkt að kröfur sem gerðar eru til fólks í umönnunarstörfum séu sífellt að aukast en það sé ekki metið í launum. Um miðjan septembermánuð sl. vantaði um 200 starfsmenn á leikskóla og frístundaheimili borgarinnar. Þar hafa myndast langir biðlistar, en á Reykjavíkursvæðinu voru um miðjan september um 400 börn á biðlista. Á sumum leikskólum hefur þurft að senda börn heim þannig að þau hafa ekki fengið fulla þjónustu. Mikið vantar af menntuðu starfsfólki á leikskólana, leikskólakennarar eru allt of fáir og eru nú einkum ráðnir ófaglærðir starfsmenn í þeirra störf. Staðan er sú að um 60% starfsmanna á leikskólum er ófaglært starfsfólk og er nauðsynlegt að gert

verði sérstakt átak til að fjölga leikskólakennurum. Stjórn Eflingar hefur nýverið bent á að það sé orðið staðreynd sem ekki verði litið fram hjá að almennir starfsmenn leikskólanna halda uppi starfsemi þeirra í ríkum mæli og starfsemin væri nánast lömuð ef ekki kæmi til vinnuframlags þessara starfsmanna. Ljóst er að ekki væri hægt að halda úti starfsemi leikskóla ef ekki kæmi til starfskraftar ófaglærðs fólks, sem svo mjög er vanmetið til launa.

Ástæða er til að nefna að Efling – stéttarfélag hefur beitt sér fyrir átaki til að auka menntun almennra starfsmanna leikskóla. Boðið er upp á starfsnám fyrir leikskólastarfsmenn sem er athyglisvert. Markmið þessa verkefnis, eins og fram kom í yfirlýsingu Eflingar nýverið, er að ná til þess hóps sem hefur lengstan starfsaldur og þar með reynslu og þekkingu af starfi á leikskólum. Efling hefur líka lagt áherslu á að meginatriðið nú sé að taka strax á launakjörum og réttindum almennra starfsmanna leikskólanna þannig að starfið verði eftirsóknarverðara og metið að þeim verðleikum sem eiga að felast í menntunar- og uppeldisstörfum.

Fram hefur komið að mannabreytingar eru mjög tíðar ekki síst á leikskólum en til marks um hve illa starfsfólk helst á leikskólum hefur verið nefnt að hvert barn umgangist að jafnaði á milli 25–30 starfsmenn á aðeins fjögurra ára leikskólaferli. Foreldrar sem bæði þurfa að vinna langan vinnudag setja allt traust sitt á leikskólana og brýnt er að öryggi og festa ríki í öllu starfi og uppbyggingu á leikskólunum.

Neyðarástand hefur líka myndast á dvalarheimilum aldraðra vegna manneklu, en fólk flýr þessi lágt launuðu umönnunarstörf þegar betur árar á vinnumarkaði. Fram hefur komið opinberlega að dvalarheimili aldraðra hafi skert þjónustu sína, innlagnir hafi verið stöðvaðar og biðlistar lengst. Lágu launin eru meginskýring þess að fólk fæst ekki til starfa. Ljóst er að það þarf að ráðast í endurmat á störfum láglaunahópanna og auka hlut þeirra í tekjuskiptingunni. Fram kom í Morgunblaðinu nú nýverið, og var þar byggt á gögnum Hagstofu Íslands, að jafnvel þótt átak hafi verið gert til að hækka kjör lægst launaða fólksins og lægstu launin hafi hækkað talsvert, m.a. umtalsvert umfram lífeyri almannatrygginga, hafa laun almenns verkafólks ekki haldið í við launaskriðið í þjóðfélaginu og almenna launaþróun. Ef skoðuð er t.d. launaþróun verkafólks frá 1998–2004, eða á sex ára tímabili, kemur í ljós að meðallaun verkafólks hafa hækkað minna en annarra stétta. Byrjunarlaun á leikskólum, svo að dæmi sé tekið, hafa þó hækkað umfram launavísitölu á árunum 2000–2005. Vinnutími verkafólks hefur líka staðið í stað en meðalvinnutími hefur almennt styst.

Annað sem breytt hefur tekjuskiptingunni og ráðstöfunartekjum á vinnumarkaði eru gífurlegar breytingar á skattbyrðinni þar sem hún hefur í auknum mæli færst frá fyrirtækjum og fjármagni yfir á laun og lífeyrisgreiðslur. Á stuttum tíma hefur orðið til hópur nýríkra Íslendinga sem algengt er að hafi í tekjur 2–6 millj. kr. á mánuði og sumir hverjir töluvert meira á sama tíma og lágmarkslaunin í landinu eru um 103.000 kr. Stór hluti þeirra efnameiri í þjóðfélaginu hefur líka verulegan hluta tekna sinna af fjármagni og arði og skatthlutfall þeirra er verulega lægra en lágtekjuhópanna. Allt þetta hefur leitt til þess að þeir fátæku hafa orðið fátækari og þeir ríku ríkari, enda hefur myndast hyldýpisgjá milli lágtekju- og meðaltekjuhópanna og þeirra sem fylla hóp þeirra efnuðu í þjóðfélaginu.

Nýleg skýrsla forsætisráðherra um fátækt sýnir að tekjur í lægsta tekjuhópnum hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá hinum efnameiri. Tekjur þeirra lægst launuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002 um 17% á meðan hækkunin var 45% meðal hinna tekjuhæstu. Bilið milli ríkra og fátækra fer því sívaxandi í þjóðfélaginu og hópur þeirra sem lifa þurfa á af tekjum sem eru langt undir kostnaði við brýnustu nauðþurftir hefur farið stækkandi. Á sama tíma eykst skattbyrði láglaunafólks. Í dag greiðir fólk með 110.000 kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995.

Markmið þessarar tillögu er að stjórnvöld láti vinna hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingunni, þ.e. hvert er hlutfall láglaunahópa í heildartekjum allra, sundurliðað eftir kjördæmum, atvinnugreinum, kyni og aldri. Lögð er áhersla á að umönnunar- og uppeldisstörf verði skoðuð sérstaklega. Markmiðið er að skilgeina hverjir skipa láglaunahópana, jafnframt því að koma með tillögur um hvernig auka megi hlut þeirra í tekjuskiptingunni og launakjörum og bæta aðbúnað þeirra í þjóðfélaginu. Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsyn fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Slíkar upplýsingar eru líka mikilvægar fyrir stjórnvöld, því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum er hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Hér er þó á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis í slíkri rannsókn.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að rannsóknin verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem hafa betri aðstöðu til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri það eingöngu í höndum aðila vinnumarkaðarins er ákveðin hætta á að hlutlægar niðurstöður fengjust. Þessi úttekt gæti síðan orðið grundvöllur aðgerða af hálfu bæði ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins til að bæta kjör lágtekjuhópa og færa laun umönnunar- og uppeldisstétta í það horf að mannsæmandi geti talist.

71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson, Guðjón Hjörleifsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Með sterku áfengi er í lögum þessum átt við neysluhæfan vökva sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Við auglýsingar á áfengi og aðrar markaðssetningaraðferðir sem beinast að almenningi er skylt að vara við skaðlegum áhrifum áfengis á heilsu manna. Auglýsingar og aðrar aðferðir við markaðssetningu áfengis mega ekki á neinn hátt höfða til barna og ungmenna eða hvetja til óhóflegrar neyslu áfengis.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannað er með öllu að auglýsa sterkt áfengi samkvæmt lögum þessum, sbr. 2. mgr. 2. gr. Bannið tekur einnig til auglýsinga á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt

áfengi. Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum sem flutt eru til landsins eru undanþegnar þessu banni, nema megintilgangur ritsins eða innflutningsins sé að auglýsa áfengi.

Auglýsing og aðrar markaðssetningaraðferðir áfengis skv. 2. mgr. sæta enn fremur eftirfarandi takmörkunum:

1. Óheimilt er að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi.
2. Óheimilt er að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, í félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, á útivistarstöðum og í opinberum byggingum.
3. Óheimilt er að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Framleiðendum og innflytjendum áfengis er þó heimilt að halda skrá yfir vörur sínar á eigin heimasíðum og kynna þar eiginleika varanna. Skylt er að birta notendum fyrirvara áður en þeir fara á síðuna um að þar sé að finna efni sem ekki er ætlað börnum eða ungmennum undir 20 ára aldri.

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu setja sér siðareglur um auglýsingar á áfengi sem byggjast skulu á ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis skulu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara setja sér siðareglur skv. 5. efnismgr. 2. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er frumvarpið því endurflutt.

Samkvæmt 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem er samhljóða 16. gr. a í eldri gerð áfengislaga, nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 94/1995, eru hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum bannaðar. Í 2. mgr. greinarinnar er auglýsing meðal annars skilgreind svo að átt sé við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar séu í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni. Í 2. gr. áfengislaga er áfengi skilgreint sem hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Bann við áfengisauglýsingum í innlendum fjölmiðlum hefur verið í lögum hér á landi allt frá 1928, en þá gilti hér áfengisbann. Eftir að innflutningur áfengis var leyfður á ný árið 1935 hélt auglýsingabannið áfram gildi sínu. Lengst af var einungis skilgreint í reglugerð hvað teljast skyldi áfengisauglýsing. Þegar núgildandi ákvæði var fyrst lögfest með lögum nr. 94/1995 var ekki gert ráð fyrir slíkri skilgreiningu í upphaflegu frumvarpi heldur var hugtakið skilgreint að tillögu meiri hluta allsherjarnefndar í meðförum Alþings. Til að eyða réttaróvissu þótti nauðsynlegt að taka slíka skilgreiningu í lög en hún var nær samhljóða þeirri sem áður hafði verið að finna í reglugerð. Var ákvæðið tekið óbreytt upp við setningu núgildandi laga og hafa engar breytingar verið gerðar á því eftir gildistöku þeirra laga.

Á ákvæði 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, sem og tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu, reyndi fyrir Hæstarétti í máli nr. 415/1998. Í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 25. febrúar 1999, var ekki fallist á að bann gegn auglýsingum sem þess-

um fæli í sér brot gegn 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi né sambærilegu ákvæði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sagði rétturinn að ljóst væri að tilgangur bannsins væri að vinna gegn misnotkun áfengis og þeim vandamálum sem af henni hlytust. Þau rök sem byggju að baki banninu ættu sér því efnislega stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, en þar er fjallað um skilyrði þess að tjáningarfrelsið sé skert.

Í marsmánuði árið 2000 setti ríkislögreglustjóri á fót vinnuhóp til að gera úttekt á brotum gegn 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Niðurstöður úttektarinnar er að finna í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum sem kom út í nóvember 2001. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Segir í skýrslunni að auglýsendur séu mjög ósáttir við þau ákvæði áfengislaganna sem banna auglýsingar á áfengi. Einnig kemur fram í skýrslunni að handhöfum rannsóknar- og ákæruvalds þyki ákvæði 20. gr. áfengislaga ekki nægilega ítarlegt og ótvírætt og reynslan hafi sýnt að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst lögreglu og ákæruvaldi nokkuð erfið. Helsta niðurstaða vinnuhópsins var sú að taka þyrfti 20. gr. áfengislaga til skoðunar og gera ákvæðið ítarlegra, nákvæmara og ótvíræðara. Virðist sú niðurstaða í fullu samræmi við sjónarmið bæði lögregluyfirvalda og auglýsenda, enda óþolandi fyrir þessa aðila að búa við þá réttaróvissu sem skortur á skýrleika núgildandi refsiákvæðis 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 virðist valda.

Með frumvarpi þessu er lögð til grundvallarbreyting á ákvæðum áfengislaga um auglýsingar á áfengi. Í stað auglýsingabanns núgildandi laga og ónákvæmra og tvíræðra undantekninga á því banni er lagt til að auglýsingar á áfengi verði frjálsar með ítarlegum, nákvæmum og ótvíræðum undantekningum. Þrátt fyrir þessa grundvallarbreytingu er áfram byggt á þeirri meginreglu að auglýsing og önnur markaðssetning áfengis sæti verulegum takmörkunum í þeim tilgangi að vinna gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir til að hindra að auglýsingum og annars konar markaðssetningu sé beint að börnum og ungmennum. Rétt er að taka fram að auglýsingar á léttöli, þ.e. sem er að rúmmáli minna en 2,25% af hreinum vínanda, eru nú leyfðar á öllum tímum dags og í öllum fjölmiðlum. Börn og ungmenni gera lítinn greinarmun á slíku léttöli og því sem óheimilt er að auglýsa. Samkvæmt frumvarpi þessu verður þessi greinarmunur afnuminn og verulegar hömlur lagðar við auglýsingum á áfengi sem einkum er ætlað að koma í veg fyrir að þær komi fyrir sjónir barna og ungmenna án þess að þau séu undir eftirliti foreldra eða annarra forráðamanna. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið leggja flutningsmenn frumvarpsins til að óheimilt verði að auglýsa léttöl með þeim hætti sem nú er gert á ákveðnum tímum dags og í ákveðnum fjölmiðlum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þær áfengisauglýsingar sem heimilaðar eru samkvæmt lögunum verði ekki birtar milli klukkan 5 að morgni og 20 að kvöldi. Markmið núgildandi auglýsingabanns er að sporna við óæskilegum áhrifum sem neysla áfengis kann að hafa í för með sér. Þetta markmið var lagt til grundvallar þegar Hæstiréttur sagði í áðurnefndum dómi í máli nr. 415/1998 að auglýsingabannið bryti ekki í bága við stjórnarskrá. Í frumvarpi þessu er áfram byggt á þessu markmiði og í raun gengið lengra í því að koma í veg að hvers kyns auglýsingar á áfengi komi fyrir sjónir barna og ungmenna.

Önnur meginbreytingin með frumvarpi þessu er sú að gerður verður skýr greinarmunur í lögum á því sem kallað er „sterkt“ áfengi og því sem nefnt er „létt“ áfengi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessi breyting endurspeglar fyrst og fremst þá þróun sem átt hefur sér stað í neysluvenjum Íslendinga síðustu árin. Frá því að sala á áfengu öli hér á landi var leyfð með lögum nr. 38/1988, sem tóku gildi 1. mars 1989, hefur neyslumynstur Íslendinga gjörbreyst. Léttvín og bjór skipa mun ríkari sess í matarmenningunni en áður tíðkaðist og verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu sterkara áfengis. Samkvæmt frumvarpi þessu verður áfram óheimilt

með öllu að auglýsa sterkt áfengi. Farin hefur verið sú leið í frumvarpi þessu að miða við að sterkt áfengi teljist sá neysluhæfi vökvi sem í er að rúmmáli meira en 22% af hreinum vínanda, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í lögum um gjald á áfengi, nr. 96/1995, er gerður greinarmunur á öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli og öðru áfengi. Í finnskum lögum er hins vegar gerður sá greinarmunur á sterku og léttu áfengi þegar kemur að auglýsingum að markið er sett við 22% af af hreinum vínanda. Eins og fyrr segir hafa neysluvenjur Íslendinga tekið miklum breytingum frá því að sala á áfengu öli var leyfð hér á landi árið 1989. Verulega hefur dregið úr hlutfallslegri neyslu á sterku áfengi en neysla á léttvíni og bjór hefur farið vaxandi. Hafa stjórnvöld stutt við þessa þróun, m.a. með því að gera greinarmun á sterku áfengi og léttu áfengi þegar kemur að álagningu gjalda. Með breytingu á lögum nr. 96/1995, sem tók gildi 29. nóvember 2004, var gjald á sterkt áfengi skv. 3. gr. laganna hækkað um 7% en engin hækkun varð á gjöldum á létt áfengi, þ.e. öli og víni með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli. Kom fram í athugasemdum með frumvarpinu að gjald á léttvín hefði ekki hækkað síðan 1998. Er það ótvíræð vísbending um þann vilja löggjafans að ofangreind þróun haldi áfram og nýtt neyslumynstur festi sig í sessi. Sambærileg rök eru fyrir því að leyfa auglýsingar á léttu áfengi en banna alfarið og undantekningalaust auglýsingar á sterku áfengi, eins og gert er ráð fyrir með frumvarpi þessu. Í frumvarpi 23 þingmanna úr fjórum af fimm þingflokkum sem lagt var fram á 131. löggjafarþingi er gerður sá greinarmunur á léttu og sterku áfengi að létt áfengi telst vera sá neysluhæfi vökvi sem inniheldur allt að 22% af hreinum vínanda að rúmmáli. Þykir eðlilegt að að sambærilegt viðmið gildi um auglýsingar á áfengi.

Ísland er eitt örfárra Evrópulanda þar sem almennt bann gildir við auglýsingum á áfengi en í flestum Evrópuríkjum eru þó í gildi einhvers konar takmarkanir á áfengisauglýsingum. Þar sem áfengisauglýsingar eru ekki bannaðar er meginefni áfengislaga og reglna þar að lútandi að mæla fyrir um hvað má koma fram í áfengisauglýsingum og að hverjum þær mega beinast, að því er fram kemur í áðurnefndri skýrslu vinnhóps ríkislögreglustjóra. Norðurlöndin, að Finnlandi frátöldu, skera sig nokkuð úr í hópi Evrópuríkja og eru takmarkanir þar mun strangari en annars staðar í Evrópu. Nýlega hefur reynt á bannákvæði norsku og sænsku áfengislaganna gagnvart skuldbindingum þessara ríkja samkvæmt EES-samningnum í tilviki Noregs og gagnvart ESB-sáttmálanum í tilviki Svíþjóðar. Þann 8. mars 2001 kvað Evrópudómstóllinn upp forúrskurð sinn í máli sem undirréttur í Svíþjóð (Stockholms Tingsrätt) skaut til hans og varðaði gildi auglýsingabanns gagnvart reglum Evrópusambandsins um frjálst flæði vöru og þjónustu innan sambandsins. Bannákvæði sænsku laganna er svipaðs efnis og 20. gr. áfengislaganna íslensku. Niðurstaða Evrópudómstólsins var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum sem hafi minni áhrif á markaðsfrelsið. Dómstóllinn eftirlét síðan sænskum dómstólum að meta hvort meðalhófs væri gætt með þágildandi bannákvæði. Í nóvember árið 2003 féll síðan dómur í þessu sama máli í Svíþjóð. Komst yfirréttur að þeirri niðurstöðu að áfengisbannið bryti gegn reglum um frjálst flæði vöru og þjónustu. Taldi rétturinn að hægt væri að halda áfengisneyslu niðri með aðferðum sem hefðu minni áhrif á markaðsfrelsi. Auglýsingabannið væri með öðrum orðum brot á reglunni um meðalhóf.

Þann 25. febrúar 2004 komst EFTA-dómstóllinn að sömu niðurstöðu og Evrópudómstóllinn í máli nr. E-4/04 (Pedicel AS vs. Sosial- og helsedirektoratet) er dómstóllinn veitti norskum undirrétti ráðgefandi álit um sömu álitaefni og uppi voru í sænska málinu. Niðurstaðan var sú að reglur um frjálst flæði á vörum og þjónustu komi ekki í veg fyrir auglýsingabann nema hægt sé að ná markmiðum bannsins, sem eru heilsuverndarmarkmið, með aðferðum

sem hafi minni áhrif á markaðsfrelsið og það kæmi síðan í hlut dómstóla í einstökum aðildarríkjunum að úrskurða um hvort meðalhófi væri fylgt í landslögum. Gekk EFTA-dómstóllinn lengra en Evrópudómstóllinn að því leyti að hann setti fram nokkur viðmið sem dómstólar aðildarríkjanna ættu að hafa leiðarljósi við slíkt mat. Í fyrsta lagi benti dómstóllinn á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins væri það ekki brot á meðalhófi að banna auglýsingar á áfengi sem væri sterkara en 23%. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að talið yrði heimilt að banna auglýsingar sem beindust að ungmennum eða ökumönnum. Í þriðja lagi var bent á að Evrópudómstóllinn hefði nýlega fallist á að bann við áfengisauglýsingum í sjónvarpi væri ekki brot á meðalhófsreglunni. Í frumvarpi þess er tekið mið af þessum viðmiðum EFTA-dómstólsins.

Í áðurnefndri skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra er vísað til þess álits Evrópudómstólsins um hvort hægt sé að ná markmiðum auglýsingabannsins um að vernda heilsu almennings fyrir skaðvænlegum afleiðingum áfengisneyslu með öðrum aðferðum sem minni áhrif hafi á innri markað aðildarríkjanna. Segir um þetta í skýrslunni: „Þessi spurning er allrar athygli verð og fyllsta ástæða fyrir löggjafann að skoða málið frá þessari hlið ef til endurskoðunar ákvæðis laga um bann við áfengisauglýsingum kemur.“ Telja flutningsmenn frumvarpsins mikilvægt í ljósi tilvitnaðra orða úr áðurnefndri skýrslu ríkislögreglustjóra, þeirra dóma sem gengið hafa í nágrannalöndunum um málið og þeirra álita Evrópudómstólsins sem fyrir liggja að núgildandi reglur um auglýsingar á áfengi í íslenskum fjölmiðlum verði teknar til endurskoðunar á Alþingi Íslendinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ný grein komi í stað 20. gr. núgildandi laga þar sem nú er kveðið á um bann við auglýsingum á áfengi.

Með 1. mgr. er lagt til að bann við auglýsingum á áfengi verði afnumið að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem fram koma í 4. mgr. Samkvæmt ákvæðinu er lögð sú skylda á herðar þeirra sem auglýsa áfengi að í þeim auglýsingum sé ávallt og undantekningarlaust varað við skaðlegum áhrifum sem neysla áfengis getur haft. Þar er í öðru lagi skýrt kveðið á um að auglýsingar og aðrar markaðssetningaraðferðir skuli ekki beinast að börnum og ungmennum. Er það í samræmi við löggjöf annarra Evrópuþjóða sem leyfa takmarkaðar auglýsingar á áfengi.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Ekki er talin þörf á því að endurskoða þessa skilgreiningu þar sem sú grundvallarbreyting sem lögð er til í 1. mgr. kemur í veg fyrir að vafi leiki á því hvort verið sé að auglýsa óáfengt eða áfengt öl, en mest hefur reynt á þessi mörk í tíð núgildandi laga og um þetta hefur ríkt hvað mest óvissa.

Í 3. mgr. kemur fram sú fortakslausa regla að bannað er að auglýsa sterkt áfengi sem skilgreint verður í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þá eru enn fremur teknar upp í þetta ákvæði tillögur vinnuhóps ríkislögreglustjóra sem vitnað er til hér að ofan og lagt til bann við auglýsingum á vörum sem bera sömu merki eða einkenni og sterkt áfengi til þess að ekki sé hætta á ruglingi á milli áfengis sem óheimilt er samkvæmt lögum þessum að auglýsa og þeirrar vöru sem auglýst er vegna nafns á vörunni, umbúða og annarra einkenna.

Í 4. mgr. koma fram veigamiklar takmarkanir við auglýsingum á áfengi umfram megin-

reglur 1. mgr. Hefur við samningu þessara takmarkana verið tekið mið af reglum sem gilda í þeim Evrópulöndum þar sem áfengisauglýsingar eru leyfðar að einhverju marki. Miðaðst takmarkanirnar almennt við að halda áfengisauglýsingum frá börnum og ungmennum. Í 1. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi í ljósvakamiðlum, þ.e. útvarpi og sjónvarpi, frá klukkan 5 að morgni til klukkan 20 að kvöldi. Í 2. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á stöðum þar sem ungt fólk kemur saman, svo sem íþróttasvæðum, félagsheimilum, mennta- og menningarstofnunum, útivistarstöðum og opinberum byggingum. Er þessi upptalning ekki tæmandi. Markmið þessa ákvæðis koma enn frekar í veg fyrir að auglýsingar á áfengi nái til barna og ungmenna. Í 3. tölul. er lagt til að óheimilt verði að auglýsa áfengi á íslenskum vefsíðum innan þeirra tímamarka sem gilda um áfengisauglýsingar í sjónvarpi. Ástæðan fyrir þessu er sú að aðgengi barna og ungmenna að netinu er mjög mikið og afar erfitt að stjórna því hvaða síður þau geta skoðað. Með íslenskum vefsíðum er átt við vefsíður sem hýstar eru hér á landi eða síður sem með öðrum hætti heyra undir íslensk lög. Með fjöldatölvupósti er átt við póst sem sendur er á fjölda netfanga í þeim tilgangi að koma á framfæri kynningu eða annars konar auglýsingu á tiltekinni vöru eða þjónustu.

Í 5. mgr. er lagt til að fjölmiðlar, samtök auglýsenda, áfengisframleiðendur og innflytjendur áfengis setji sér siðareglur um auglýsingar á áfengi sem byggist á ákvæðum laga þessara. Víðast hvar í Evrópu þar sem áfengisauglýsingar eru að einhverju marki leyfðar er kveðið á um slíkar siðareglur viðkomandi aðila í lögum. Markmiðið með slíkum reglum er að þeir aðilar sem í hlut eiga komi sér saman um viðmið sem gilda um áfengisauglýsingar þannig að leikreglurnar á markaði séu skýrar. Er það til hagsbóta fyrir alla sem að málum koma. Í slíkum siðareglum mætti vitaskuld ekki víkja frá lágmarksákvæðum laga þessara en ofangreindir aðilar mundu með siðareglunum setja sér ítarlegri viðmið.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. (Nóvember 2001.)

72. Frumvarp til laga [72. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Helgi Hjörvar.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga.

Í flestum þjóðþingum sem við berum okkur saman við er hægt að koma á fót rannsóknarnefndum og hafa þær flestar mjög víðtækt vald til rannsókna og heimildar til að afla gagna. Veikleiki löggjafarþingsins hér á landi er sá að þau úrræði sem þó eru til staðar þegar upp koma mál sem kalla á sérstaka rannsókn eru nánast óvirk eins og reynslan sýnir, en þau er að finna í 39. gr. stjórnarskrárinnar og 26. gr. þingskapalaga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Oft hefur verið látið á það reyna á undanförnum áratugum þegar upp hafa komið mál sem einstakir þingmenn eða stjórnmálaflokkar hafa talið ástæðu til stofna til rannsókna, mál sem snert hafa meðferð fjármuna, meðferð framkvæmdarvaldsins á einstaka málum og annað sem varðað hefur almannaheill og almannahagsmuni. Á síðustu áratugum hafa komið fram á milli 50–60 þingmál þar sem reynt hefur á ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar en einungis eitt þeirra hefur náð fram að ganga en þar var um að ræða rannsókn á okri. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Meiri hluta þingmanna þarf til að samþykkja tillögur um slíkar rannsóknarnefndir og hefur stjórnarmeirihlutinn séð til þess að þær nái ekki fram að ganga. Nauðsynlegt er að auðvelda þingmönnum eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu þannig samþykki þingsins þurfi ekki þegar stofnað er til sérstakra rannsókna í tilteknum málum, heldur geti einstaka nefndir sjálfar ákveðið að rannsaka mál og þá með víðtækum rannsóknarheimildum. Það hlýtur líka að koma til greina að gera minni hluta þingmanna kleift að samþykkja að koma á fót slíkum

rannsóknarnefndum og að stjórnarmeirihlutinn hafi ekki stöðvunarvald í því. Flutningsmenn leggja til að sá möguleiki verði sérstaklega skoðaður í þeirri þingnefnd sem málið fær til umfjöllunar. Slíkt mundi styrkja löggjafarþingið og auðvelda þingmönnum eftirlit og aðhald með framkvæmdarvaldinu. Eftir sem áður mundi meiri hlutinn stýra slíkri rannsókn þótt hann geti ekki hindrað að rannsóknarnefnd verði á komið fót.

Nái þetta frumvarp fram að ganga verður það nefndanna sjálfra að ákveða hvort stofnað verði til rannsókna í einstaka málum. Ákvæði frumvarpsins er að því leyti frábrugðið ákvæði núverandi 26. gr. þingskapalaga að nefndir hefðu miklu víðtækari rannsóknarheimildir en nefndir þingsins hafa nú. Þær fengju vald og heimild til að krefjast nauðsynlegra gagna um mál og heimta munnlegar og skriflegar skýrslur af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum sem þeir geta ekki neitað að afhenda.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu með mikilli einkavæðingu og aukinni alþjóðavæðingu. Miklar tilfærslur hafa líka orðið á fjármagni í íslensku samfélagi. Þrískipting ríkisvaldsins hefur þótt óljós í framkvæmd og einnig telja margir að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs, auk þess sem vald embættismanna hefur verið að aukast. Allt þetta styður það að löggjafarþingið fái meiri heimildir til eftirlits og aðhalds eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Þá er of mikið um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslunni. Að mati flutningsmanna ber þinginu skylda til að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða og að valdi sé ekki misbeitt og að farið sé með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins í samræmi við lög og reglur. Því er það mikilvægt fyrir löggjafarvaldið að festa í sessi slíkar rannsóknarnefndir ef eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt því að reynslan sýnir að ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar er nánast dauður bókstafur.

Með flutningi frumvarpsins er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu á framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt

tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Frumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Á vegum Evrópubandalagsins hefur verið tekið saman hvernig rannsóknarvaldi þingnefnda er háttað í ýmsum löndum. Í yfirliti yfir tólf Evrópuríki kemur fram að í öllum þessum löndum fyrirfinnast slíkar rannsóknarnefndir og valdsvið þeirra er mjög víðtækt og rúmt og nær raunverulega miklu lengra en sú tillaga sem hér er lögð til. Rannsóknarnefndir þjóðþinga í öllum aðildarríkjunum hafa mjög víðtækt starfssvið. Þær eiga rétt á að rannsaka málefni eða atriði er varða almenna hagsmuni eða málefni sem skipta almennt miklu máli.

Í nær öllum aðildarríkjum eru völd rannsóknarnefnda hin sömu og völd rannsóknardómara í sakamáli. Í sumum tilvikum er ákvæðum sem gilda um rannsókn sakamála beitt með lögjöfnun. Rannsóknarnefndum er í öllum löndum Evrópubandalagsins heimilað að stefna vitnum og yfirheyra þau og hlýða á sérfræðinga. Í Frakklandi og Benelux-löndunum er beinlínis kveðið á um yfirheyrslu eiðsvarinna vitna. Ríkisstarfsmenn og opinberir starfsmenn eru einnig að meginstefnu til skyldugir til að mæta fyrir nefndina og bera vitni.

Rangur framburður fyrir rannsóknarnefnd er almennt tilefni til saksóknar af hálfu dómstóla. Að auki hafa rannsóknarnefndir í nær öllum aðildarríkjunum rétt til að leggja hald á skjöl eða krefjast aðgangs að skrám sem gætu komið að notum við rannsókn þeirra. Neitun er hér einungis möguleg í undantekningartilvikum.

Í flestum aðildarríkjanna er það enn á ábyrgð dómstólanna að framfylgja því valdi sem nefndunum er veitt. Nefndin getur þannig farið fram á að vitnum sé stefnt, hald sé lagt á skjöl eða húsleit framkvæmd en slíkt er þó háð samþykki dómara. Í sumum tilfellum hafa nefndirnar þó heimild til að beita þvingunum til þess að fást við vitni sem vanrækja að mæta eða neita að bera vitni. Einungis í Frakklandi er rannsóknarnefndum heimilað að stefna vitnum eða framkvæma rannsókn á vettvangi á eigin ábyrgð. Í Belgíu er enn fremur sá möguleiki fyrir hendi að senda lokaskýrslu nefndarinnar beint til dómstólanna þannig að unnt verði að höfða mál. Þegar öllu er á botninn hvolft tryggir þessi tegund málsmeðferðar að yfirleitt er gripið til ráðstafana á grundvelli niðurstaðna nefndarinnar. Þó að smáatriði varðandi málsmeðferð kunni að vera breytileg er verkefni rannsóknarnefnda þjóðþinga í öllum aðildarríkjum, að Bretlandi undanskildu, að framkvæma allar rannsóknir sem fylgja eftirliti með starfsemi ríkisvaldsins eða framkvæmdarvaldsins.

Í mörgum þessara landa er raunin sú að rannsóknarnefndir geta tekið til umfjöllunar og rannsakað mál, jafnvel þó að þau séu fyrir dómstólum á sama tíma. Eins og fram kemur í þessari greinargerð er ekki gert ráð fyrir að þingnefnd geti tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum. Það sýnir að þrátt fyrir verulegar breytingar til að auðvelda þingmönnum störf sín og eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu verður samt ekki gengið eins langt og í mörgum öðrum löndum.

Helsta nýmæli frumvarpsins er að þingnefnd getur tekið mál er varða framkvæmd laga um meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar sem að öllu jöfnu fer fram fyrir opnum tjöldum. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri síðari er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt síðari málsgrein og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mun þingnefnd t.d. ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fram á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Greinargerð frumvarpsins hefur verið endurbætt þar sem fram kemur enn frekari rökstuðn-

ingur fyrir því að þetta mál nái fram að ganga. Það mun tryggja betur hagsmuni og réttarstöðu almennings, styrkja lýðræðið, valddreifingu og stjórnsýsluna í heild, auk þess að efla löggjafarþingið gagnvart framkvæmdarvaldinu.

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um breytingu á lögum nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

86. gr. laganna orðast svo:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Tilnefni kjósandi engan til þess að veita honum aðstoð til þess að kjósa í kjörklefa, en er engu síður eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf, skal honum heimilt að fá aðstoð þess úr kjörstjórninni sem hann nefnir til þess að veita sér slíka aðstoð, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Slíka aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi lögum um kosningar til Alþingis.

Samkvæmt ákvæði 86. gr. núgildandi laga um kosningar til Alþingis er þeim sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt gildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem

aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að sá réttur sem ákvæði núgildandi 86. gr. laganna verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa að nefna til þess að aðstoða sig við kosningar til Alþingis, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 86. gr. laga um kosningar til Alþingis mælir fyrir um. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Kosningarréttur felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með frumvarpi þessu telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum öðlist þau þegar gildi.

74. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um veiting virkjunarleyfa.

Flm.: Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að þar til fyrir liggja skýrar vísbendingar um niðurstöður rannsóknarverkefnisins Djúpborunar á Íslandi (IDDP) og Alþingi hefur samþykkt stefnuyfirlýsingu um virkjanir á grundvelli rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma skuli ekki án staðfestingar Alþingis veita virkjunarleyfi til raforkuvera með uppsettu afli yfir 10 MW.

Greinargerð.

Hér er lagt til að Alþingi álykti að breytingar verði við veitingu frekari virkjunarleyfa þar til fyrir liggur stefna í orkumálum sem byggist á rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma annars vegar og tekur hins vegar tilliti til niðurstaðna djúpborunarrannsókna sem líklegt er að breyti verulega framtíðarhorfum við orkuvinnslu á Íslandi. Í tillögunni felst sá vilji að ekki verði að sinni veitt leyfi til frekari virkjunarframkvæmda nema ríkar ástæður þyki til, umræða hafi farið fram um framkvæmdirnar á þingi og meðal þjóðarinnar og þokkaleg sátt náðst um verkefnið.

Þáttaskil.

Á undanförnum árum hefur orkuframleiðsla hérlendis aukist verulega og með þeim virkjunum sem nú eru í smíðum eykst orkuvinnslugeta enn um 66%. Þar munar mest um hina umdeildu Kárahnjúkavirkjun. Jafnframt eru fjölmargar virkjunarframkvæmdir á undirbúnings-, rannsókna- eða hugmyndastigi. Flestar þeirra byggjast á því að stóriðjuver kaupi orkuna.

Nýlegar lagabreytingar hafa leitt til þess að Alþingi veitir ekki lengur heimild til virkjunar. Hin nýja samkeppnisskipan á orkusviði samkvæmt breyttum raforkulögum virðist á hinn bóginn gera handhafa framkvæmdarvalds í orkumálum erfiðara fyrir en áður að meta þau heildaráhrif sem ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og orkuframleiðslu hafa, bæði á þjóðarhag og á náttúru landsins, þar sem aðrir nýtingarkostir koma alla jafna ekki til álita við ákvörðun um hverja framkvæmd.

Lög um mat á umhverfisáhrifum skipta miklu við ákvarðanir í þessum efnum og gefa almenningi og haghöfum öllum mikilsverðan rétt til ábendinga, athugasemda og mótmæla. Matsferillinn tekur þó hverju sinni aðeins til einnar framkvæmdar og við matið er hvorki hægt að styðjast við orkustefnu til langs tíma né samræmt heildaryfirlit um þá kosti sem til greina koma, þar til samstaða hefur náðst um nýtingu náttúrugæða og forgangsröð framkvæmda með fullu tilliti til umhverfis- og verndarsjónarmiða. Virkjunaráform hafa oftar en ekki verið rökstudd með tilvísun til hagsmuna byggðarlaga, raunverulegra eða meintra, umfram heildarhagsmuni og framtíðarhorfur. Ýmsar ákvarðanir á þessu sviði eiga sér einnig rætur í flokks- eða persónupólitískum skammtímahagsmunum – en afleiðinga þeirra sér þó stað um aldir. Meðal annars af þessum ástæðum hafa orkumál og einstakar virkjunarákvarðanir oft orðið tilefni mikilla deilna í landinu. Þótt lögin um umhverfismat gefi almenningi nokkurn kost á að hafa áhrif á matsferlið geta þau ekki nema að takmörkuðu leyti leiðbeint stjórnvöldum hverju sinni við lokaákvörðun sem byggist á heildarhagsmunum til framtíðar og tilliti til allra nýtingarkosta.

Árekstrar og deilur um framkvæmdir við raforkuver hafa aukist sífellt hin síðari ár. Umhverfismál eru einn meginþátta í stjórnmálum og hugmyndaheimi okkar tíma. Íslensk náttúra er bæði einstæð og afar viðkvæm fyrir hnjaski. Flest nýtanleg virkjanasvæði landsins liggja í tiltölulega ósnortinni náttúru og aðeins fáein á þeim litla hluta landsins sem telja má til mannmótaðrar náttúru eða menningarlandslags. Deilur um virkjunarframkvæmdir hafa með tímanum orðið harðari og óvægnari og ríkir nú andrúmsloft tortryggni milli virkjunariðnaðarins, stjórnvalda og áhugamanna um stóriðju annars vegar og hins vegar umhverfissinna og fulltrúa byggða og atvinnugreina sem eiga náttúruverndarhagsmuna að gæta. Það eykur á erfiðleikana í þessum efnum að hefðbundnar stjórnmálaaðferðir við málamiðlun eiga oft illa við í umhverfismálum af þessu tagi þar sem oft er um að ræða óafturkræfar ákvarðanir sem illa verða ‚bættar' með fé eða öðrum framkvæmdum. Fari sem horfir má búast við auknum átökum næstu ár og áratugi um virkjunarframkvæmdir og aðrar ákvarðanir í orkumálum. Sennilegt er að hlutur erlendra manna, samtaka og stofnana á náttúruverndarvæng eigi eftir að aukast verulega í þeim deilum, jafnvel svo að Íslendingar kynnu að eiga undir högg að sækja af þeim völdum í öðrum málatilbúnaði á alþjóðavettvangi.

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Stjórnvöld ákváðu árið 1997 að hefja störf við „rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma". Vinna við áætlunina hófst 1999 og voru niðurstöður fyrsta áfanga kynntar í nóvember 2003. Vinna við annan áfanga rammaáætlunarinnar er nýlega hafin og virðist því miður ekki hafa verið í forgangi hjá viðkomandi ráðherrum en iðnaðarráðherra taldi í ársloK 2003 að hún gæti tekið 3–4 ár. Þá hafa hvorki iðnaðar- né umhverfisráðherra skýrt frá áform-

um um það hvernig nýta eigi rammaáætlunina við ákvarðanir á þessu sviði í framtíðinni umfram almenn not við stefnumörkun og leyfisútgáfu (sjá þskj. 648 frá 130. löggjafarþingi).

Í sambærilegum ríkjum hafa svipaðar áætlanir hins vegar lagagildi eða ákveðinn sess í ákvarðanaferlinu. Þar ber sérstaklega að nefna Noreg. Þar er í gildi svokölluð „rammaáætlun fyrir vatnasvið“ (Samlet plan for vassdrag) sem Stórþingið samþykkti í þremur áföngum, árin 1986, 1988 og 1993. Samhliða er í gildi „verndaráætlun fyrir vatnasvið“ (Verneplan for vassdrag), fyrst samþykkt 1973 en síðast endurnýjuð á vorþingi 2005. Verndaráætlunin tekur nú til 341 vatnasvæðis í landinu en í rammaáætluninni er fjallað um öll önnur vatnsföll sem teljast nýtileg til orkuframleiðslu. Í síðustu áætlun eru hugsanlegar virkjunarframkvæmdir flokkaðar í tvennt, þær sem án frekari umfjöllunar geta farið í leyfisveitingarferil (þar á meðal og einkum mat á umhverfisáhrifum) og þær sem af ýmsum ástæðum er ákveðið að ákvarða ekki um að svo stöddu, m.a. vegna ónógra rannsókna. Vatnasvið í síðarnefnda bálknum bíða þess ýmist að flytjast í fyrrnefnda bálkinn eða fara að hluta eða í heild inn í verndaráætlunina. – Rammaáætlunin íslenska var hafin að þessari norsku fyrirmynd en stjórnskipunarleg staða hennar hefur hins vegar frá upphafi verið í lausu lofti. (Sjá um norsku áætlanirnar m.a. skýrslu Þorkels Helgasonar, Sveinbjörns Björnssonar og Árna Bragasonar frá desember 1998: Frásögn af kynnisferð til Oslóar 23.–26. nóv. 1998. Rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið.)

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að Alþingi móti stefnu á grundvelli rammaáætlunarinnar og gefi flokkun í niðurstöðum hennar skuldbindandi vægi eða lagagildi líkt og í Noregi. Þar sem sérstök skipan um veitingu virkjunarleyfis stendur samkvæmt tillögunni þar til rammaáætlunin hefur verið nýtt til slíkrar stefnumörkunar er brýnt að búa svo um hnúta, bæði að fjárhag og skipulagi, að sem fyrst ljúki þeim áföngum áætlunarinnar sem nauðsynlegastir eru. Þetta er í ágætu samræmi við þá lýsingu rammaáætlunarinnar í greinargerð þáverandi iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar, sem stefna og verklag við áætlunarstarfið byggðist á (Maður – nýting – náttúra, mars 1999), að með henni ætti að skapa „grundvöll að forgangsröðun virkjunarkosta“. Eins og í Noregi á stefnumörkun á grunni slíkra áætlana að geta skilað af sér skýrum leikreglum við nýtingu vatnsfalla og vatnasvæða.

Djúpborunarverkefnið.

Á síðustu árum hafa tækniframfarir skapað nýja vídd í orkumálum Íslendinga. Vísindamenn standa á þröskuldi merkilegs áfanga við nýtingu jarðvarma, og ef svo fer sem horfir er líklegt að jarðvarmavirkjanir verði miklu vænlegri kostur til orkuframleiðslu á Íslandi en vatnsaflsvirkjanir. Rannsóknarverkefninu Djúpborun á Íslandi (e. skst. IDDP) er ætlað að skera úr um það hvort tæknilega er unnt að nýta jarðvarma með því að bora 4–5 kílómetra eftir vatni í svokölluðu yfirmarksástandi í rótum háhitasvæða, 4–600 gráðna heitu. Ef þetta tekst – sem líkur benda til – má vinna 3–5 sinnum meiri orku úr háhitasvæðum en menn hafa talið hingað til. Borhola af þessu tagi gæti fræðilega gefið af sér tífalt afl ‚venjulegrar‘ borholu en ylli ekki meira raski. Núverandi áætlun gerir ráð fyrir þremur tilraunaholum sem fullkannaðar verði um það bil árið 2020. Fyrsta holan gæti þó skilað árangri strax að liðnum tveimur til þremur árum. Með meira fjármagni er hægt að flýta verulega fyrir þannig að sýnt yrði um árangur að liðnum þremur til fimm árum. Ríkisvaldið hlýtur að stuðla að því – í félagi við orkufyrirtækin íslensku og erlenda rannsóknarsjóði – að sem allra fyrst fáist niðurstöður úr þessari rannsókn þar sem þær gætu í einu vetfangi gjörbreytt stöðunni í íslenskum orkumálum og skapað til framtíðar samstöðu um forgangsröð við virkjun, verndun og aðra nýtingarkosti sem nú er ekki í sjónmáli.

Til að sýna hverju djúpborun getur áorkað má nefna að af jarðvarmavirkjunum í 1. áfanga rammaáætlunarinnar falla 12 kostir í þann umhverfisflokk þar sem skaði er talinn minnstur. Sé miðað við að þær fari af stað með hefðbundnum aðferðum og meðal-orkuframleiðsla sé um 840 GWst á ári yrði ársframleiðslan 12 × 840 = 10.080 GWst. Fimmföldun þessarar framleiðslu með djúpborun gæfi 50.400 GWst (úr bæklingnum Ísland örum skorið, 2005). Þetta er rúmlega þreföld áætluð heildarframleiðsla raforku á Íslandi árið 2007, eftir að Kárahnjúkavirkjun og öðrum virkjunum í smíðum er lokið.

Nánar um tillöguna.

Í tillögunni er einsog fyrr segir gert ráð fyrir sérstakri skipan um veitingu virkjunarleyfa þar til: a) Alþingi hefur samþykkt stefnu sem byggist á rammaáætluninni, annaðhvort þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir eða þeim sem fyrir liggja eftir frekari vinnu á næstunni, og b) fyrir liggja vísbendingar um niðurstöður djúpborunarverkefnisins. Með þingsályktun af þessum toga tekur Alþingi ekki af ráðherra rétt hans til veitingar virkjunarleyfis samkvæmt 4. gr. raforkulaga. Eðlilegt er þó að ráðherra virði slíka ályktun Alþingis með þeim hætti að veita ekki leyfi án þess að ráðfæra sig við þingið, t.d. með sérstakri þingsályktunartillögu um leyfi sem telst brýnt og eðlilegt að veita. Ella þyrfti Alþingi að taka aftur leyfisveitingarvald ráðherrans með lagabreytingu.

Einnig er eðlilegt að framkvæmdaraðilar sem þegar hafa virkjunarleyfi fresti framkvæmdum eða fallist á að verkefnið komi til umræðu á Alþingi og til athugunar í iðnaðarráðuneytinu áður en framkvæmdir hefjast. Sjálfsagt er þó að engan er hægt að skylda til slíks.

Í tillögunni felst að sjálfsögðu áhersla á að síðari áföngum rammaáætlunarinnar ljúki sem fyrst og í samþykkt hennar fælist einnig sérstakur stuðningur Alþingis við djúpborunarverkefnið.

Í tillögugreininni er gert ráð fyrir því að virkjanir með uppsett afl undir 10 MW séu undanþegnar þessari breyttu skipan en slíkar virkjanir eru almennt flokkaðar sem smávirkjanir. Framkvæmd af þessu tagi getur vissulega verið allstór í ýmissa augum og valdið umhverfisspjöllum. Slíkar framkvæmdir hafa þó ekki veruleg áhrif á heildarstefnu í orku- og umhverfismálum.

Viðauki: Staðan í orkumálum.

Raforkuvinnsla í vatnsaflsvirkjunum á Íslandi nam árið 2004 7.131 gígavattstund og í jarðvarmavirkjunum 1.483 GWst, samtals 8.614 GWst. Uppsett afl þessara virkjana er samtals 1.357 MW (vatnsafl 1.155, jarðhiti 202). Rúm 63% af orkunni fara til stóriðju (5.449 GWst) en tæp 37% til annarra atvinnugreina, heimila o.s.frv. (3.171 GWst).

Fjögur stór orkuver eru nú í smíðum, vatnsaflsver kennt við Kárahnjúka og þrjú jarðvarmaver, á Nesjavöllum (stækkun), á Hellisheiði og við Reykjanes. Áætlað uppsett afl, orkuvinnslugeta og verklok eru sem hér segir:

	Uppsett afl	Orkuvinnslugeta	Verklok
Nesjavellir	30 MW	240 GWst	fyrir árslok 2005.
Reykjanes	100 MW	800 GWst	í upphafi 2006.
Hellisheiði	80 MW	640 GWst	haustið 2006.
Kárahnjúkar	690 MW	4600 GWst	vor 2007.

Samtals er um að ræða 900 MW og 6280 GWst á ári. Áætlað er að raforkan fari öll til stóriðju nema frá Nesjavallastækkun (um fimmtungur af orku Reykjanesvirkjunar er samningur um stóriðjunot þó aðeins til fimm ára).

Þegar þessar fjórar virkjanir eru komnar í gang verður raforkuvinnsla í vatnsaflsvirkjunum hérlendis væntanlega um 11.731 GWst og í jarðvarmavirkjunum 3.163 GWst, samtals 14.894 GWst. Aukning á uppsettu afli er tæp 73%. Uppsett afl verður 1.845 MW í vatnsaflsvirkjunum, 412 MW í jarðvarmavirkjunum, samtals 2.257 MW. Aukning á áætlaðri orkuvinnslugetu er rúm 66%.

Virkjunarleyfi hafa að auki verið veitt til framkvæmda við Búðarhálsvirkjun (100 MW, 630 GWst) og við Norðlingaölduveitu (um 570 GWst). Ráðherra hefur ekki nýtt gamla heimild Alþingis til að veita leyfi til framkvæmda við Villinganes í Skagafirði (allt að 40 MW) og til nýframkvæmda við Kröflu (40 MW). Veruleg óvissa er um a.m.k. tvær þessara virkjana, Villinganesvirkjun og Norðlingaölduveitu, m.a. vegna þess að sveitarstjórnir hafa lagst gegn framkvæmdum.

Virkjanir sem nú eru á undirbúnings-, rannsóknar- eða umræðustigi eru þessar helstar:

- Tvær rennslisvirkjanir neðarlega í Þjórsá, kenndar við Núp (allt að 150 MW, 1.030 GWst) og Urriðafoss (allt að 150 MW, 920 GWst). Í stað Núpsvirkjunar hefur einnig verið rætt um tvær smærri virkjanir, Holta- og Hvammsvirkjun.
- Stækkun Hellisheiðarvirkjunar um 40 MW.
- Hitaveita Suðurnesja hefur áætlanir um aukna raforkuframleiðslu í Svartsengi (30 MW).
- Undirbúningur jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi er langt kominn.
- Leyfi hefur verið veitt til rannsókna vegna jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum.
- Tvö orkufyrirtæki hafa sýnt áhuga á virkjun í Skjálfandafljóti.
- Áhugi er á Skatastaðavirkjun á Hofsárafrétti og er hún sögð á frumhönnunarstigi.
- Landsvirkjun hefur ekki enn gefist upp á áformum um að hækka stífluna efst í Laxárgljúfri.
- Nýtt vinnslusvæði við Kröflu er í athugun. Þá er til athugunar jarðvarmavirkjun í Gjástykki.
- Hitaveita Suðurnesja hefur hafið rannsóknir á Trölladyngju.
- Skaftárveita er til athugunar hjá Landsvirkjun.
- Landsvirkjun hefur sýnt áhuga á Hágöngusvæði sunnan Vonarskarðs.
- Orkufyrirtæki hafa sýnt Brennisteinsfjöllum áhuga og sótt um rannsóknarleyfi.

(Heimildir: Orkufyrirtækin, iðnaðarráðuneytið o.fl.)

75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 6. mars 1998, um kosningar til sveitarstjórna, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Hjörleifsson, Ásta Möller, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim sem aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Tilnefni kjósandi engan til þess að veita honum aðstoð til þess að kjósa í kjörklefa, en er engu síður eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf, skal honum heimilt að fá aðstoð þess úr kjörstjórninni sem hann nefnir til þess að veita sér slíka aðstoð, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Slíka aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á núgildandi lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Samkvæmt ákvæði 63. gr. núgildandi laga um kosningar til sveitarstjórna er þeim sem ekki er fær um að neyta kosningarréttar síns með þeim hætti sem önnur ákvæði laganna kveða á um sakir sjónleysis eða þess að hendur kjósenda eru ónothæfar tryggður réttur til þess að nefna sér til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn til þess að aðstoða sig við að kjósa. Sá sem aðstoðina veitir er samkvæmt gildandi lögum bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem á milli hans og kjósandans fer þegar kosið er. Þá gerir núgildandi löggjöf ráð fyrir að um aðstoðina og ástæður hennar sé bókað í kjörbók ásamt því að það skilyrði er sett að sá sem aðstoðina hlýtur geti með ótvíræðum hætti greint frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að sá réttur sem ákvæði núgildandi 63. gr. laganna verði skertur heldur verði meginregla ákvæðisins sú að þeim sem vegna sjónleysis eða vegna þess að hendur þeirra eru ónothæfar til þess að þeir geti án aðstoðar kosið á þann hátt sem ákvæði laganna kveða á um skuli heimilað að nefna hvern þann sem þeir kjósa að nefna til

þess að aðstoða sig við kosningar til sveitarstjórna, svo sem maka, afkomendur eða aðra nákomna aðila, svo dæmi séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga er kjósendum úr þeim hópi sem hér um ræðir óheimilt að ráða því sjálfir hver aðstoðar þá við að neyta kosningarréttar síns. Gerir löggjöfin ráð fyrir því að þeir kjósendur sem um ræðir geti einungis nefnt til aðstoðar fulltrúa úr viðkomandi kjörstjórn.

Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir því að hafi kjósandi ekki uppi neinar sérstakar kröfur eða óskir um það hvaða aðili aðstoði sig við að neyta kosningarréttar síns sé honum engu síður tryggður sami réttur til aðstoðar og núgildandi ákvæði 63. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna mælir fyrir um. Felur frumvarpið því í sér aukin réttindi fyrir þá borgara sem ýmist vegna sjónleysis eða fötlunar er ókleift að neyta kosningarréttar síns án aðstoðar.

Kosningarréttur felur í sér einhver mikilvægustu einstaklingsbundnu og borgaralegu réttindi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þá er það jafnframt viðurkennt að eðlilegt og sanngjarnt sé að stjórnmálaskoðanir borgaranna fari leynt. Með frumvarpi þessu telja flutningsmenn að þessi réttindi séu tryggð umfram það sem núgildandi löggjöf gerir.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum öðlist þau þegar gildi.

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.
c. 5.–7. mgr. orðast svo:
   Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess. Ekki skal krafist ábyrgðarmanns á námslán.
   Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.
   Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Um námslán og námsstyrki.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Þá er nauðsynlegt að hluti af endurgreiðslum námslána verði frádráttarbær frá skatti og munu þingmenn Samfylkingarinnar flytja um það sérstakt mál.

Að lokum skal þess getið að lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistaskólann í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

77. Frumvarp til laga [77. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 8. og 9. tölul., svohljóðandi:

8. *Veltuhraði*: Velta skráðra bréfa í einum eða fleiri flokkum hlutabréfa á skráðum markaði. Veltuhraði er fundinn þannig að fyrir hvern mánuð á 12 mánaða tímabili er reiknað hlutfall veltu með bréf félags í viðkomandi mánuði og markaðsvirði þess í lok mánaðarins. Þetta hlutfall er síðan margfaldað með 12 til að finna veltuhraðann í viðkomandi mánuði á ársgrundvelli. Veltuhraði síðustu 12 mánaða er síðan fundinn með því að taka meðaltal þessa hlutfalls síðustu 12 mánuði.
9. *Skyldir aðilar:* Einstaklingur telst skyldur öðrum einstaklingi ef hann er maki hans eða barn. Lögaðili telst skyldur öðrum lögaðila ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum eða ef eigendur að minnsta kosti 30% hlutafjár í báðum eru hinir sömu eða skyldir aðilar.

2. gr.

Á eftir orðunum „enda hafi yfirtakan haft í för með sér að hann“ í 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: einn eða ásamt skyldum aðilum.

3. gr.

Á eftir 33. gr. laganna bætist við ný grein, 33. gr. a, svohljóðandi:

Skilmálar tilboðs um yfirtöku á félagi með takmarkaðan veltuhraða.

Nú myndast skylda til að gera yfirtökutilboð skv. 32. gr. í félagi þar sem veltuhraði skráðra hlutabréfa síðustu 12 mánuði áður en skyldan myndast er innan við 50% og skal verð sem setja skal fram í yfirtökutilboði skv. 32. gr. þá ákvarðað af þremur dómkvöddum matsmönnum.

Við mat á verði hlutabréfa skv. 1. mgr. skulu matsmenn gæta hlutleysis og m.a. leita álits stjórnar hlutafélagsins sem boðin er yfirtaka í og taka mið af verði skráðra bréfa í félaginu á markaði og, ef mögulegt er, verði skráðra bréfa sambærilegra félaga þar sem veltuhraði er yfir 50% á sama 12 mánaða tímabili og miðað er við skv. 1. mgr.

Tilboðsgjafi greiðir kostnað við vinnu dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á tveimur síðustu þingum, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Frumvarp þetta er lagt fram með það að markmiði að bæta löggjöfina sem mótar íslenskt viðskiptalíf með tilliti til hagsmuna smærri fjárfesta.

Breytingar sem lagðar eru til á 2. gr. laga nr. 33/2003 tengjast beint öðrum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Flutningsmenn leggja til að bætt verði inn skilgreiningu á því hverjir teljist skyldir aðilar og að skylt verði að taka tillit til tengsla aðila við ákvörðun á því hvort myndast hefur skylda til að gera yfirtökutilboð skv. VI. kafla laganna. Lagt er til að hugtakinu „skyldir aðilar“ verði bætt við 2. gr. laganna og það skilgreint þannig að maki og börn verði taldin skyld viðkomandi einstaklingi. Flutningsmönnum þykir ekki rétt að ganga lengra en það. Þá er lagt til að tveir lögaðilar verði taldir skyldir ef eigendur 30% hlutafjár hið minnsta eru hinir sömu eða ef annar á að minnsta kosti 30% hlutafjár í hinum. Á síðustu árum hefur komið í ljós að reglur laganna um yfirtökutilboð geta misst marks sökum þess að eignarhaldið dreifist á tvo eða fleiri einstaklinga og lögaðila sem tengdir eru innbyrðis. Hægt hefur verið að nýta sér orðalag núgildandi reglna og koma sér hjá yfirtökutilboðsskyldu með því að skipta eignarhaldi niður á fleiri aðila. Flutningsmenn telja að við þessu verði að bregðast. Með frumvarpinu er lagt til að eignarhald skyldra aðila verði lagt að jöfnu í skilningi yfirtökureglna. Með því móti er komið í veg fyrir að stærri hluthafar víki sér undan þeim skyldum sem yfirtökureglur laganna leggja þeim á herðar.

Í félögum þar sem takmörkuð velta er á skráðum bréfum er sá möguleiki fyrir hendi að verð hlutabréfa í félaginu á ákveðnu tímabili fari undir verðmæti félagsins að teknu tilliti til ýmissa verðmæta sem liggja í félaginu, svo sem eigna, viðskiptavildar, þekkingar og réttinda. Þar sem velta bréfa á markaði hefur verið takmörkuð eru líkur á að raunverulegt verðmæti félags endurspeglist ekki í því verði sem greitt hefur verið fyrir skráð bréf á markaði. Flutningsmönnum þykir því rétt að tryggt verði betur en nú er gert að verð sem boðið er í yfirtökutilboði sé nær raunvirði þess félags sem um ræðir. Í frumvarpinu er lagt til að þegar veltuhraði bréfa í félagi er takmarkaður verði það falið dómkvöddum matsmönnum að ákvarða hvaða verð skuli boðið í yfirtökutilboði að teknu tilliti til m.a. ákveðinna grunnþátta sem mælt er fyrir um í lögunum, svo sem álits stjórnar félagsins sem boðin er yfirtaka í og skráðs verðs bréfa í sambærilegum félögum.

Flutningsmenn leggja til að slíkt mat skuli fara fram þegar veltuhraði skráðra bréfa í félagi er innan við 50% síðustu 12 mánuðina áður en skylda til yfirtöku myndast. Með hugtakinu „veltuhraði“ og skilgreiningu þess í 1. gr. frumvarpsins er horft til þess sem á ensku er kallað „turnover velocity“.

Rétt þykir að tilboðsgjafi greiði kostnað við vinnu matsmanna.

Í frumvarpi þessu er miðað við að áfram verði öðrum en þeim sem er skylt að bjóða yfirtöku skv. 1. mgr. 32. gr. frjálst að bjóða yfirtöku á öðru verði en því sem ákvarðað er af matsnefnd eða dómkvöddum matsmönnum.

78. Frumvarp til laga [78. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. þó 3. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: sbr. þó 2. mgr. 31. gr.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 31. gr. laganna kemur ein ný málsgrein, svohljóðandi:

Við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við slit sambúðar foreldra sem skráð hefur verið í þjóðskrá, skulu þeir ákveða með samningi hvar barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu. Ef eigi er um annað samið fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns. Ákvæði 5. mgr. 32. gr. á við um samninga samkvæmt þessari málsgrein.

3. gr.

Í stað orðanna „samningur um sameiginlega forsjá“ í 2. mgr. 32. gr. laganna kemur: sameiginleg forsjá.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. löggjafarþingi (31. mál) til breytingar á þágildandi barnalögum, nr. 20/1992, en varð þá ekki útrætt. Með frumvarpinu var lagt til að sameiginleg forsjá yrði meginregla við skilnað foreldra og sambúðarslit. 1. nóvember 2003 tóku gildi ný barnalög, nr. 76/2003, án þess að nokkrar efnisbreytingar væru gerðar á þessu atriði, þ.e. meginregla nýju laganna er enn sem fyrr sú að forsenda sameiginlegrar forsjár við skilnað og sambúðarslit er ætíð samkomulag foreldra.

Í greinargerð sem fylgdi eldra frumvarpi sagði m.a.:

„Hinn 1. júlí 1992 voru í fyrsta sinn lögtekin hér á landi ákvæði sem heimila foreldrum sem ekki eru í samvist að fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Heimild þessi er bundin því skilyrði að foreldrar séu sammála um þessa skipan mála og er staðfesting sýslumanns skilyrði fyrir gildi slíks samkomulags. Í samningi foreldra verður einnig að ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli hafa lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Eins og reglurnar eru uppbyggðar er miðað við að það foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá hafi réttarstöðu einstæðs foreldris. Í því felst réttur til að taka við meðlagsgreiðslum úr hendi hins foreldrisins, réttur til barnabóta og réttur til bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Nokkrar umræður hafa orðið um hvort rétt sé að breyta þessu fyrirkomulagi með þeim hætti að sameiginleg forsjá verði meginregla við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Í júní 1999 skilaði forsjárnefnd, skipuð af dómsmálaráðherra, af sér áfangaskýrslu þar sem m.a. er fjallað um reynsluna af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Kemur þar m.a. fram að bæði í Finnlandi og Svíþjóð hafi sameiginleg forsjá verið gerð að meginreglu við hjónaskilnað foreldra og er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé að feta í fótspor þeirra.

Ein meginröksemd forsjárnefndar fyrir sameiginlegri forsjá sem meginreglu er sú að slíkt fyrirkomulag samrýmist best 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt.

1. mgr. 18. gr. samningsins hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.“

Flutningsmenn þessa frumvarps taka undir þessa röksemd og telja að með því að gera sameiginlega forsjá að meginreglu eins og hér er lagt til sé íslenska ríkið að gera það sem í þess valdi stendur til að tryggja sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er réttlætismál og á sama hátt er það réttlætismál fyrir barnið að njóta forsjár þess þótt foreldri geti vissulega fyrirgert þessum rétti sínum með því að bregðast skyldum sínum. Löggjafanum ber því að stuðla að því að réttur beggja foreldra sé tryggður svo sem framast er unnt. Réttur foreldris til að fara með forsjá barns síns er jafnframt tilfinningamál. Það skiptir máli fyrir foreldri tilfinningalega að hafa eitthvað að segja um framtíð barns síns. Sameiginleg forsjá tryggir rétt beggja foreldra hvað þetta varðar, að því marki sem unnt er. Þá má ætla að sameiginleg forsjá sé til þess fallin að efla ábyrgðarkennd foreldra gagnvart barni og hvetja þá til að ná samkomulagi um ráðstafanir sem varða hagsmuni þess.“

Við endurskoðun barnalaga, sem lyktaði með setningu nýrra barnalaga, nr. 76/2003, var fyrrnefnd tillaga forsjárnefndar rædd en komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að hverfa frá ríkjandi skipan þessara mála. Flutningsmenn benda á að forsjárnefnd skilaði í mars 2005 lokaskýrslu til dómsmálaráðherra þar sem hún ítrekar fyrri tillögu sína um að sameiginleg forsjá verði meginreglan við skilnað og sambúðarslit foreldra. Sú niðurstaða undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að ráðist verði í lagabreytingu hið fyrsta. Með frumvarpi þessu er því lagt til að við hjónaskilnað eða sambúðarslit foreldra fari þeir áfram sameiginlega með forsjá barna sinna nema um annað sé samið. Foreldrar verða þó að ná samkomulagi um það hvar barnið skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu.

Grundvöllur sameiginlegrar forsjár samkvæmt gildandi lögum er að foreldrar séu sammála um þá skipan mála. Það mun í raun ekki breytast verði frumvarp þetta að lögum. Foreldrar þurfa, eins og áður sagði, að ná samkomulagi um það hvar barnið skuli eiga lögheimili með þeim réttaráhrifum sem því fylgir. Náist ekki samkomulag um þetta er grundvöllur sameiginlegrar forsjár brostinn og verður þá að ákvarða hvort foreldrið skuli fara með forsjá barnsins eftir þeim leiðum sem lögin gera ráð fyrir. Þannig mun sameiginleg forsjá eftir sem áður byggjast á samkomulagi. Breytingin hefur þannig ekki síst huglæga þýðingu þar sem löggjafinn sendir þau skilaboð að sameiginleg forsjá sé sú skipan mála sem þjóni hagsmunum barns og beggja foreldra best, sé hún á annað borð möguleg.

Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laganna fer móðir ein með forsjá barns ef foreldrar eru hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu þess. Ekki er lögð til breyting á þessu fyrirkomulagi enda aðstæður í slíkum tilvikum oft aðrar en við skilnað eða sambúðarslit foreldra.

79. Frumvarp til laga [79. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (þskj. 770, 505. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Er það því endurflutt.

Frumvarp þetta er lagt fram í tilefni af bókun útvarpsréttarnefndar í máli sem höfðað var árið 2004 fyrir nefndinni á hendur Íslenska sjónvarpsfélaginu hf., sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá einn. Í málinu var því haldið fram að Íslenska sjónvarpsfélagið hf. hefði gerst brotlegt við ákvæði 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, með því að senda út í beinni útsendingu frá knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu þula á ensku á sjónvarpsstöðinni Skjá einum.

Við túlkun á inntaki 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga komst útvarpsréttarnefnd að þeirri niðurstöðu að útsendingar Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu á ensku samræmdist ekki því ákvæði útvarpslaga sem kveður á um að efni á erlendu máli, sem sýnt sé á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku. Segir í niðurstöðu útvarpsréttarnefndar að tilgangurinn að baki útvarpslögum sé sá að vernda og efla íslenska tungu og beri að hafa hliðsjón af því við skýringu á 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga. Geti útsending á knattspyrnuleik í heild sinni í ensku úrvalsdeildinni hvorki talist frétt né fréttatengt efni heldur sé eingöngu um að ræða útsendingu frá erlendum íþróttaviðburði sem ekki sé undanþeginn skyldu útvarpslaga til að láta tal eða texta á íslensku fylgja með í útsendingunni.

Í 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga kemur fram sú meginregla laganna að efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Frá þeirri meginreglu er gerð sú undantekning í ákvæðinu að krafan um að íslenskt tal eða íslenskur texti fylgi slíku sjónvarpsefni skuli ekki eiga við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl eða móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerist í sömu andrá. Við slíkar aðstæður skuli sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa og skal við slíka endursögn lögð áhersla á að allt tal og texti sem fluttur er sé á lýtalausu íslensku máli. Í 2. mgr. 8. gr. segir síðan að kvöðin um íslenskt tal og textaskýringar eigi ekki við þegar sjónvarpsstöðvar endurvarpa sjónvarpsefni frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

Deila má um niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og þær forsendur sem að baki henni liggja. Halda má fram með góðum rökum að þeir atburðir sem áhorfendur verða vitni að í beinum útsendingum frá íþróttaviðburðum teljist til frétta eða fréttatengds efnis í skilningi ákvæðis 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga. Þeir atburðir eru og hafa á síðustu áratugum verið uppspretta umfangsmikils fréttaflutnings fjölmiðla um allan heim. Hið sama má segja um ýmsa viðburði á menningarsviðinu, svo sem þegar listamenn eru verðlaunaðir vegna afreka sinna. Á hinn bóginn má halda því fram að tilgangurinn sem býr að baki núgildandi útvarpslögum sé göfugur, þ.e. að vernda og efla íslenska tungu, en á þeirri röksemd byggist úrskurður nefndarinnar meðal annars. En hvort sem fallist er á þær röksemdir sem útvarpsréttarnefnd byggir niðurstöðu sína á eða ekki, er ljóst að ákvæði núgildandi útvarpslaga þjóna ekki tilgangi sínum enda heimila núgildandi lög dreifingu erlends sjónvarpsefnis án þess að slíkum útsendingum fylgi íslensk textun, íslensk lýsing, kynning eða endursögn á atburðum, svo lengi sem slík dreifing er viðstöðulaus og felur í sér óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva. Gerir núgildandi löggjöf því ráð fyrir að heimilt sé að dreifa ótextuðu erlendu sjónvarpsefni og án þess að íslenskt tal fylgi í heild, en ekki að hluta. Telja flutningsmenn frumvarpsins að slíkt fyrirkomulag leiði til mismununar og ójafnræðis milli þeirra aðila sem stunda sjónvarpsrekstur á Íslandi. Túlkun útvarpsréttarnefndar á inntaki 1. mgr. 8. gr. núgildandi útvarpslaga leiðir í framkvæmd til þeirrar niðurstöðu að tilteknum sjónvarpsstöðvum er heimilt á grundvelli núgildandi laga að senda út erlent sjónvarpsefni allan sólarhringinn, án þess að íslenskt tal eða texti fylgi útsendingunni, en öðrum er óheimilt að senda út 90 mínútna sjónvarpsefni án íslenskrar talsetningar eða textunar. Telja flutningsmenn frumvarpsins ljóst að slíka mismunun þurfi nauðsynlega að leiðrétta.

Nú um stundir er mögulegt að ná útsendingum erlendra sjónvarpsstöðva á erlendu sjónvarpsefni, þar á meðal íþróttaviðburðum, á Íslandi í gegnum gervihnetti og annan móttökubúnað. Jafnframt er mögulegt að ná slíkum útsendingum með aðstoð tölvutækninnar í gegnum netið. Skyldur núgildandi útvarpslaga um íslenska textun og íslenska endursögn eða lýsingu ná ekki til slíkra útsendinga. Jafnframt standa íslensk sjónvarps- og fjarskiptafyrirtæki fyrir endurvarpi erlends sjónvarpsefnis hér á landi án þess að þurfa að uppfylla kröfur um íslenska lýsingu og textun. Þannig býður Landssími Íslands hf. viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Breiðband Símans, en þær eru m.a.:

- DR1,
- BBC Prime,
- Discovery Channel,
- Sky News,
- Cartoon Network,
- MTV,
- Eurosport.

Að sama skapi býður fyrirtækið 365 ljósvakamiðlar ehf. (áður Norðurljós hf.), sem m.a. rekur sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Sýn, viðskiptavinum sínum upp á endurvarp dagskrár 36 erlendra sjónvarpsstöðva í gegnum Digital Ísland, en þær eru:

Adventure One,	Arsenal TV,
Animal Planet,	Extra Music,
BBC Food,	Extreme Sports,
BBC Prime,	Jetix (áður Fox Kids),
Cartoon Network,	Fox News,
Club TV,	Hallmark,

CNBC,	MGM Movie Channel
CNN International,	Motor TV,
Discovery Channel,	MTV,
DR1,	National Geographic Channel,
DR2,	Polsat,
E!,	SVT1,
ESPN Classic,	Private Blue,
Eurosport,	Reality Channel,
Eurosport 2,	Sky News,
Manchester United TV,	TCM,
Chelsea TV,	Travel Channel,
Liverpool TV,	VH1.

Með endurvarpi dagskrár þeirra sjónvarpsstöðva sem að framan er getið er ljóst að íslenskum sjónvarpsáhorfendum stendur til boða að fylgjast með erlendu dagskrárefni í stórum stíl, án þess að þeir aðilar sem standa að dreifingu slíks dagskrárefnis þurfi að uppfylla kröfur um að sjónvarpsefninu fylgi íslenskur texti eða íslensk lýsing. Gildir þá einu hvort um er að ræða erlent barnaefni, afþreyingarefni, fræðsluefni, fréttatengt efni, auglýsingar eða íþróttaefni hvers konar, sambærilegt því sem leiddi til niðurstöðu útvarpsréttarnefndar í máli sem tilkomið var vegna beinna útsendinga Skjás eins á knattspyrnuleikjum í ensku úrvalsdeildinni með lýsingu enskra þula.

Tilgangur flutningsmanna þessa frumvarps er ekki sá að hefta endurvarp sjónvarpsefnis án íslenskrar textunar og lýsingar sem núgildandi útvarpslög heimila. Flutningsmenn frumvarpsins telja á hinn bóginn að markmiði laganna um að efla og vernda íslenska tungu stafi ekki meiri ógn af útsendingum erlendra viðburða á íslenskum sjónvarpsstöðvum án íslensks texta eða lýsingar heldur en af endurvarpi því sem þegar er heimilað. Telja flutningsmenn jafnframt óeðlilegt og andstætt jafnræðissjónarmiðum að banna endurvarp erlends sjónvarpsefnis án texta eða lýsingar, sé það einungis hluti af dagskrá þeirra sjónvarpsstöðvar sem að endurvarpinu stendur, þegar slíkt er heimilt ef endurvarpað er erlendu sjónvarpsefni í heild. Telja flutningsmenn nauðsynlegt að leiðrétta þá galla sem eru á núverandi útvarpslögum og er frumvarp þetta lagt fram með það að markmiði.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum taki lögin þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, orðist svo: „Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum, fréttatengdu efni og íþróttaviðburðum sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá.“

Nýja ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sú undantekning sem ákvæðið heimilar nái einnig til íþróttaviðburða sem sýna að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Helgast breytingin af nýlegri túlkun útvarpsréttar nefndar á inntaki ákvæðisins þar sem talið var að íþróttaviðburðir teldust ekki til frétta eða fréttatengds efnis. Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæðið verði rýmkað þannig að undantekningarregla ákvæðisins nái jafnframt til slíkra viðburða. Eftir sem áður telja flutningsmenn frumvarpsins að innan undantekningarákvæðis greinarinnar rúmist sýningar frá menningarviðburðum ýmiss konar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

80. Frumvarp til laga [80. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Pétur H. Blöndal, Gunnar Örlygsson, Jónína Bjartmarz, Ágúst Ólafur Ágústsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: upplýsinga um greiðslur til einstaklinga fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnum.

2. gr.

Við fyrri málslið 5. gr. laganna bætist: sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sú regla 5. gr. upplýsingalaga að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á, taki ekki til þeirra sem tekið hafa sæti í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Forsaga málsins er sú að 27. júlí 2004 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp úrskurð í málinu nr. A-183/2004 þar sem staðfest var ákvörðun forsætisráðuneytis að synja kæranda um aðgang að lista yfir greiðslur til þeirra sem sátu í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins 2001–2003. Beiðni kæranda kom í framhaldi af fyrirspurn til forsætisráðherra um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins (549. mál á 130. löggjafarþingi). Í svari forsætisráðherra var eingöngu tilgreindur fjöldi þeirra einstaklinga sem áttu sæti í fleiri en tíu nefndum, en nöfn þeirra ekki látin uppi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að það höfuðmarkmið upplýsingalaga að sjálfsagt sé að almenningur eigi þess kost að fylgjast með því sem stjórnvöld hafast að og að einstaklingar og lögaðilar eigi lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnsýslunnar gangi framar hagsmunum einstaklinga af því að fjárhagsmálefni þeirra skuli fara leynt. Þetta á við án þess að viðkomandi þurfi að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess, eða hagsmuni af því að fá eða nota umbeðnar upplýsingar. Flutningsmenn leggja áherslu á að sem flestar athafnir stjórnvalda, sem og kostnaður við þær, eigi að vera almenningi ljósar. Leynd varðandi slík mál er til þess eins fallin að valda grunsemdum og ýta undir tortryggni gagnvart stjórnsýslunni. Með því að stjórnsýslan starfi fyrir eins opnum tjöldum og mögulegt er eru stoðir hennar styrktar, traust byggt upp og tortryggni eytt.

Réttur almennings til að fá að vita hversu miklu fé er varið til starfa nefnda á vegum hins opinbera gengur að mati flutningsmanna framar hagsmunum þeirra einstaklinga sem sæti eiga í nefndum á vegum opinberra aðila um að fjárhagsmálefni þeirra fari leynt. Greiðslur

fyrir nefndastörf eru innt af hendi af almannafé og bæði sanngjarnt og eðlilegt að borgarar í lýðræðisþjóðfélagi geti aflað sér vitneskju um slíkar greiðslur hafi þeir áhuga á að kynna sér þær. Með þessu móti er þeim sem starfa í opinberum nefndum jafnframt veitt ákveðið aðhald við störf sín. Að auki má benda á að greiðslur fyrir nefndastörf eru að jafnaði ekki nema óverulegur hluti tekna viðkomandi einstaklings. Þótt þær séu gerðar almenningi kunnar liggja upplýsingar um heildarlaun viðkomandi ekki fyrir. Í þessu sambandi má vísa til 5. gr. upplýsingalaga, en á grundvelli þeirrar greinar er það undanþegið aðgangi almennings hver heildarlaun hver opinber starfsmaður hefur haft, sbr. greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga (361. mál á 120. löggjafarþingi).

Mál þetta var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga. Umsagnir sem bárust um málið voru jákvæðar. M.a. lýsir Blaðamannafélag Íslands eindregnum stuðningi við málið og telur eðlilegt og sjálfsagt að þær upplýsingar sem frumvarpið tekur til séu aðgengilegar. Stjórn Siðmenntar styður málið og telur að ákvæði frumvarpsins séu til þess fallin að treysta lýðræðislegan rétt almennings til þess að fá upplýsingar um opinberar greiðslur fyrir setu í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkisins.

81. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við launþegasamtök og samtök atvinnurekenda um að gera launþegum kleift að ljúka störfum og fá lífeyri fyrr en reglur lífeyrissjóða gera nú ráð fyrir.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er hún því endurflutt.

Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og miklar breytingar í atvinnulífinu raska oft högum fólks. Fyrirtæki eru sameinuð til hagræðingar eða starfsemi lögð niður og kröfur til menntunar og starfsþjálfunar breytast hratt. Þeir sem hafa aflað sér sérþekkingar í einhverri atvinnugrein og unnið lengi við hana geta lent í verulegum erfiðleikum vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Þeir sem í slíkum vanda lenda seint á starfsævinni geta staðið frammi fyrir því að hafa unnið sér inn fullan rétt til lífeyris sem tekur gildi við t.d. 67 ára aldur en þurfa að hefja vonlitla atvinnuleit og lifa á atvinnuleysisbótum í nokkur ár áður en lífeyristaka getur hafist.

Alþingi ákvað þarsíðasta vetur að koma til móts við ráðherra og þingmenn af svipuðum ástæðum og hér hefur verið getið. Sú ákvörðun var umdeild og kröfur launþegasamtaka um samræmingu lífeyrisréttinda voru settar á oddinn í framhaldi af því.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að leita leiða til að aðrir geti notið svipaðra möguleika við óvænt starfslok og Alþingi taldi nauðsynlegt að tryggja ráðherrum og þingmönnum. Möguleikar til að koma áformum um lækkaðan eftirlaunaaldur af sérstökum ástæðum til framkvæmda ættu að vera góðir.

Lífeyrissjóðir hafa eflst mjög og launþegar sem nálgast eftirlaunaaldur eru nú flestir búnir að greiða í lífeyrissjóði svo lengi að þeir eiga töluverð lífeyrisréttindi þó að þeir hafi ekki náð tilskildum aldri. Það er því eðlilegt að lífeyrissjóðir leggi mikið af mörkum til að koma til móts við vanda sjóðfélaga sem á þurfa að halda. Atvinnuleysistryggingasjóður hlýtur að hafa skyldu til að koma til móts við þetta mál enda fengju viðkomandi greiðslur úr honum ef þeir gætu ekki tekið eftirlaun. Það eru því sterk rök fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður gangi myndarlega fram í þessu máli. Samtök launþega hafa sett fram kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda og munu örugglega vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang þessa máls. Engin ástæða er til að halda að samtök atvinnurekenda séu mótfallin því að jafna lífeyrisréttindi með þessum hætti. Komist tillagan til framkvæmda þarf að móta skýrar reglur um hvaða skilyrði þurfi til svo að viðkomandi launþegi geti hafið töku lífeyris.

Flutningsmönnum er kunnugt um að sveigjanleg starfslok hafa verið til skoðunar í nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafa skoðað tillögur hennar. Þar er ekki lagt til að fara þá leið sem hér er nefnd. Einnig flutti Ásta R. Jóhannesdóttir ásamt fleiri þingmönnum á 126. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í frumvarpinu var lagt til að opinberum starfsmönnum yrði gert kleift að fresta starfslokum. Sú tillaga sem hér er sett fram snýr hins vegar eingöngu að því að flýta starfslokum við sérstakar aðstæður og fjármögnun vegna þeirra. Ef tillagan verður samþykkt felur það í sér einföld og skýr skilaboð Alþingis til launþega um vilja til þess að auka og jafna rétt launþega til að hefja töku lífeyris ef sérstakar ástæður valda atvinnumissi seint á starfsævinni.

82. Frumvarp til laga [82. mál]

um breytingu á einkamálalögum, nr. 91/1991 (gjafsókn).

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag hans sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,
b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um skilyrði fyrir gjafsókn. Meginreglurnar um gjafsókn er að finna í XX. kafla laga um meðferð einkamála. Um skilyrði gjafsóknar er fjallað í 126. gr. laganna en þar er kveðið á um að einstaklingi megi veita gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé. Með frumvarpinu er lögð til almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Þar koma einkum til álita mál þar sem fjallað er um mikilvæga hagsmuni almennings eða mál sem hefur verulega þýðingu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Sambærileg heimild var áður í lögum en var felld niður með lögum nr. 7/2005.

2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 126. gr. í gildandi lögum.

83. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um varðveislu Hólavallagarðs.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Sólveig Pétursdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Jónína Bjartmarz, Guðmundur Hallvarðsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson,
Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Helgi Hjörvar,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á 130. löggjafarþingi. Þá var hún ekki afgreidd úr nefnd en send til umsagnar og hefur verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum sem allar voru mjög fylgjandi samþykkt hennar. Tillagan var lögð fram að nýju í örlítið breyttri mynd á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Kirkjugarðurinn.

Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, er „stærsta og elsta minjasafn“ Reykjavíkur bendir Björn Th. Björnsson listfræðingur á í bók sinni Minningarmörk í Hólavallagarði.

Garðurinn var aðalkirkjugarður Reykjavíkur frá árinu 1838 en árið 1932 var búið að úthluta öllum leiðum í garðinum og hafin ný úthlutun í Fossvogsgarði. Enn er þó jarðsett í frátekin leiði í Suðurgötugarði og er fyrirsjáanlegt að svo verði enn um sinn. Á síðasta ári voru teknar 28 grafir í Hólavallagarði, þar af 27 duftgrafir. Reiknað er með að svipaður fjöldi grafa verði tekinn árlega næstu áratugi og þeim fari fjölgandi ef líkbrennsla eykst.

Mikilvægt er að varðveita kirkjugarðinn fyrir komandi kynslóðir. Það er jafnframt þýðingarmikið fyrir sögu Íslands og menningu. Minningarmörkin segja sína sögu um þróun bæj-

arins og fólkið sem lifði þar og bjó fyrrum. Margir legsteinar hljóta að hafa kostað stórfé þegar þeir voru settir upp og sýna hvernig fyrri kynslóðir mátu minningu látinna. Hverfi minnismerkin hverfur einnig hluti sögunnar.

Í janúar 2003 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag sem þróunarhópur Hólavallagarðs hafði látið vinna. Í því er gert ráð fyrir að Hólavallagarður njóti hverfisverndar skv. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og ákvæðum skipulagsreglugerðar, nr. 400/1998. Hverfisvernd er ekki formleg friðlýsing en hana ber að skoða sem viljayfirlýsingu borgaryfirvalda um að fara að öllu með gát sem umsjónaraðili garðsins. Með hverfisverndinni voru settar reglur um umgengni og þróun garðsins. Við undirbúning deiliskipulagsins var gerð úttekt á minningarmörkum í garðinum og úttekt á trjágróðri, en hvort tveggja er mikilvæg forsenda frekari friðunar.

Í umsögn um málið bendir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður á að segja megi að garðurinn sé merkt „minjasafn" þar sem saga okkar birtist í hnotskurn. Gildi Hólavallagarðs frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar felist ekki síst í þeirri heildarmynd sem þar er varðveitt með einstökum hætti í evrópsku samhengi. Þjóðminjasafnið muni leggja áherslu á nálægðina við hinn merka minjagarð. Nálægð garðsins muni gera Þjóðminjasafninu kleift að flétta slíkri miðlun inn í starfsemi sína og byggja þar á rannsóknum sínum.

Í skýrslu sem gerð var um minningarmörk í Hólavallagarði segir að á því leiki vart vafi að garðurinn sé með merkustu kirkjugörðum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað í Norður-Evrópu. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að engin meiri háttar röskun hefur orðið á garðinum frá því að hann var vígður ef frá er talin lagning stígs gegnum garðinn frá Ljósvallagötu að Suðurgötu, en sú framkvæmd var nauðsynleg til að bæta aðkomu að garðinum. Garðurinn heldur því sínum upphaflega svip frá því að fyrst var grafið og þar til lokið var við síðustu stækkun hans í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Ólíkt því sem sjá má í eldri kirkjugörðum á Norðurlöndum hefur elsti hluti garðsins verið látinn algerlega óhreyfður, stígar ekki verið skipulagðir og engir hlutar hans sléttaðir til að koma fyrir bekkjum eða öðru slíku. Heildarsvip garðsins hefur því ekki verið raskað og gönguferð milli minningarmarka í garðinum er því sem ferð í tíma þar sem sjá má þróunina í gerð þeirra, auk þess sem garðurinn er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, auk annars sem nefna mætti.

Hólavallagarður er einnig mjög gróinn og mun vera þar að finna hátt á annað hundrað plantna, og er grasafræðin eitt af því sem full ástæða væri að rannsaka og þá gildi garðsins sem grasagarðs. Í deiliskipulagi fyrir garðinn segir um gróðurinn: „Hin röksemdin fyrir hverfisvernd garðsins er vegna gróðursins í garðinum. Trjárækt á Íslandi varð ekki almenn fyrr en eftir aldamótin 1900. Gróðursetning í garðinum hófst að marki á árunum milli stríða. Í elsta hluta garðsins eru tegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá þeim tíma. Í öðrum hluta garðsins er að finna einkennandi gróður frá eftirstríðsárunum. Auk þess er í garðinum ákaflega fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur sínar að rekja til heimilisgarða á síðustu öld."

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, gerði úttekt á trjágróðri í garðinum árið 2000: „Á horni Suðurgötu og Hringbrautar er grenilundur sem er frá því 1951, elsti sitkagrenilundur í Vesturbænum. Hann ber að varðveita vegna þess að trén eru um margt einstök sem kvæmi. Þau lifðu t.d. af frostið 1963."

Annað sem gerir Hólavallagarð mjög merkan er að þar er að finna tiltölulega mikið af járnsteyptum minningarmörkum, aðallega krossum, auk fjölda járnsteyptra grindverka. Hlutfallslega eru mörg slík minningarmörk varðveitt hér á landi en erlendis hafa pottjárnskrossar

og -girðingar oft farið forgörðum af ýmsum ástæðum og víða var öllu járni í kirkjugörðum safnað saman í styrjöldum og það brætt til hergagnagerðar.

Fjölmörg grindverk úr smíðajárni eru einnig í garðinum og eru þau merk heimild um handverk og hönnun gömlu íslensku járnsmiðanna. Garðurinn er því merk söguleg heimild um ýmsar iðngreinar, svo sem járnsmíði. Í deiliskipulagi fyrir garðinn segir: „Önnur meginrökin fyrir því að lýsa garðinn hverfisverndaðan er að í garðinum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Þau gefa mjög gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs sem nær yfir nærri 170 ára tímabil. Garðurinn hefur enn fremur verið skilgreindur sem eitt mesta útiminjasafn landsins. Einstök minnismerki eru auk þess mikilvæg sem sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar)."

Á mörgum legsteinum frá því um miðbik síðustu aldar er að finna lágmyndir af þeim sem þar hvíla og eru margar þeirra eftir listamennina Einar Jónsson og Ríkarð Jónsson. Eru þessar lágmyndir því merkar heimildir um list þeirra.

Ástand minningarmarkanna í Hólavallagarði er á heildina litið gott. Af öllum hinum mikla fjölda minningarmarka í garðinum eru örfá brotin eða stórskemmd. Mikill meiri hluti legsteinanna og járnkrossanna er í góðu ástandi. Það þarf að huga að því vernda og viðhalda garðinum svo að komandi kynslóðir fái notið þeirrar þjóðargersemar sem hann er.

Skipan nefndarinnar og verksvið.

Flutningsmenn telja ekki óeðlilegt að í nefndinni sem skipuð yrði eigi sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, Þjóðminjasafni, Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Reykjavíkurborg, en ráðherra skipi formann. Einnig hefur Fornleifavernd bent á mikilvægi þess að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera tillögur um hvernig best megi varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningarmarka, heildarmyndar hans og ræktunarsögu svo að hann fái að lifa sem minjasafn fyrir komandi kynslóðir. Henni ber að líta til annarra landa um verndun og nýtingu gamalla sögulegra kirkjugarða í ljósi þess að þessi garður er elsti óspillti kirkjugarður í Norður-Evrópu og jafnvel Evrópu allri. Margvíslegar úttektir hafa verið unnar á ýmsum þáttum garðsins á vegum Þjóðminjasafns Íslands, skipulagsnefndar kirkjugarða (nú kirkjugarðaráðs), Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifaverndar ríkisins, þróunarnefndar Hólavallagarðs og jafnvel fleiri, svo sem á gróðri, járnverki og minningarmörkum, auk þess sem gert hefur verið kort. Rétt er að nefndin kynni sér og nýti framangreind gögn í vinnu sinni.

Nefndin skal gera tillögur að breytingum á lögum sem garðinn varða í ljósi verndunar hans, þó svo að hann sé enn í notkun og geti verið áfram um einhver ár eða áratugi, svo sem undir duftker. Einnig skal nefndin gera tillögur að lagabreytingum, m.a. í þá veru að hægt verði að friða garðinn og aðra gamla merka garða, t.d. Alþingishússgarðinn. Samkvæmt íslenskum lögum er unnt að friða gömul hús en ekki er að finna skýra heimild um friðun garða. Þó er ekki loku fyrir það skotið að unnt sé að friðlýsa kirkjugarða. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til garða í þjóðminjalögum, nr. 107/2001, þá veiti lögin svigrúm til að friðlýsa slíka garða og bendir á að þeir geti fallið undir minjar „sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: a. búsetulandslag ... h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar," sbr. 9. og 11. gr. laganna. Þá er rétt að benda á að í lögunum er að finna skýra heimild til að friðlýsa minningarmörk

í kirkjugörðum, sbr. 21. gr. laganna. Á meðan grafið er í kirkjugarð er hann ekki verndaður og leiði má slétta 75 árum eftir að gröf var tekin, eins og lög eru nú. Til var merkur garður í miðri höfuðborginni, Víkurgarður, en hann er að mestu glataður. Því er mikilvægt að grípa til lagasetningar og aðgerða á meðan Hólavallagarður er enn í svo upprunalegu horfi.

Nefndin meti hvort ástæða er til að breyta lögum um minjar eins og garðinn í ljósi fyrirkomulags í öðrum löndum, en kirkjugarðar hér á landi sem grafið er í eru á ábyrgð og undir stjórn viðkomandi kirkjugarðsstjórnar. Í sumum nágrannalöndum heyra sögufrægir kirkjugarðar undir stjórn menningararfs, svo sem í Danmörku, eða undir lög um þjóðararf, eins og í Bretlandi (National Heritage Act). Í Noregi heyra slíkir garðar undir lög um menningarminjar og eru undir yfirstjórn umhverfisráðuneytisins þar.

Huga þarf að því hvernig garðurinn getur nýst sem grasagarður fyrir almenning til að njóta fjölbreytileikans og námsmenn til að læra um flóru landsins. Í garðinum eru ljóslifandi dæmi um fjölbreytilegt handverk, steinsmíði, myndhögg, járnsmíði og fleiri list- og iðngreinar. Nefndin geri tillögur um það hvernig hægt er að varðveita, kynna og kenna námsmönnum sögu og eðli þessara greina og hvernig hægt væri að gera kynnisferðir í garðinn að lið í list- og iðnnámi. Sama á við um söguna sem hefur víða skírskotun í garðinum og ætti nefndin að gera tillögur um hvernig gera mætti garðinn hluta af sögukennslu og bókmenntafræðslu. Í garðinum er hinsta hvíla marga þjóðskálda, stjórnmálamanna, embættismanna, presta og biskupa, listamanna og fleiri sögufrægra manna.

Einnig ber að huga að nýtingu garðsins sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn eins og gert er víða erlendis þar sem gamlir og sögulegir kirkjugarðar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega. Það eru mörg dæmi um kynningarferðir undir mismunandi formerkjum og ljóst að áhuga skortir ekki hjá Íslendingum eins og sýndi sig þegar Þjóðminjasafnið bauð upp á kynnisferðir um garðinn. Fornleifavernd ríkisins hefur einnig veitt hópum leiðsögn um garðinn, t.d. yfirmönnum erlendra kirkjugarða. Vegna þess hve garðurinn er einstakur er ekki ólíklegt að hann hafi einnig aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn. Í ljósi þess hve sérstæður Hólavallagarður er í Evrópu ætti að huga að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ (e. European Heritage Program).

Hólavallagarður er undir yfirumsjón Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem höfðu frumkvæði að stofnun þróunarnefndar Hólavallagarðs árið 1999. Hún hefur það verkefni að varðveita sem best þau menningarverðmæti sem í garðinum eru. Þróunarnefndin er skipuð fulltrúum frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma, Fornleifavernd ríkisins, Reykjavíkurborg og kirkjugarðaráði og er til ráðgjafar við að móta verndarstefnu í garðinum. Mikilvægt er að nefndin sem skipuð yrði vinni samhliða og í góðu samstarfi við þróunarnefnd Hólavallagarðs og að fjármagn verði tryggt svo að unnt verði að setja kraft í þá vinnu sem nauðsynleg er til að Hólavallagarður standi undir nafni sem einn af merkustu kirkjugörðum í Norður-Evrópu.

Vel væri við hæfi að samþykkja tillögu sem þessa nú þegar 100 ár eru liðin frá upphafi heimastjórnar í ljósi þess sögulega mikilvægis sem garðurinn gegnir, en þar hvíla ýmsir af helstu baráttumönnum og sjálfstæðishetjum Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseti og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, auk ýmissa annarra frammámanna þjóðarinnar.

Í greinargerð þessari er m.a. stuðst við skýrsluna „Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu: Skráning og rannsókn minningarmarka“ sem kom út í röð rannsóknarskýrslna Þjóðminjasafns árið 2002, eftir Gunnar Bollason, rit Björns Th. Björnssonar „Minningarmörk í Hólavallagarði“, ýmsar greinar úr Bautasteini, riti Kirkjugarðasambands Íslands, og fundargerðir og fleiri gögn sem garðinn varða.

84. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera samanburð á bestu kostum á legu þjóðvegar nr. 1 um Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Skýrslu um samanburðinn verði lokið á hausti komanda og verði höfð til hliðsjónar við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Er tillagan flutt að nýju óbreytt.

Samgöngur á landi eru einn mikilvægasti þátturinn í að tryggja búsetu og jákvæða byggðaþróun í landinu öllu og þjóðvegur nr. 1 gegnir þar lykilhlutverki.

Breytingar á legu þjóðvegar nr. 1 í Austur-Húnavatnssýslu hafa verið til umfjöllunar hjá Vegagerðinni. Þær breytingar hafa allar miðað að því að vegurinn liggi áfram um sömu héruð og hann gerir nú.

Uppbygging vegar yfir Þverárfjall hefur beint sjónum manna að því hvort ekki sé skynsamlegt að láta aðalþjóðveginn liggja um Þverárfjall, um Hegranes og Hjaltadal og loks í gegnum Tröllaskaga með jarðgöngum. Þessir kostir hafa verið nokkuð skoðaðir af heimamönnum. Athuganir þeirra benda til að viðlíka stytting næðist og nú er fyrirhuguð samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Aðalkostir Þverárfjallsleiðarinnar eru að hún liggur í námunda við alla stærstu þéttbýlisstaðina á þessum slóðum og mjög nærri mikilvægum stöðum, t.d. háskólanum á Hólum. Þá liggur leiðin um Blönduós, umtalsvert nær Skagaströnd en nú er og í gegnum Sauðárkrók. Með henni mundu þessi byggðarlög tengjast betur en áður og styrkjast vegna áhrifa af meiri umferð og greiðari samgöngum. Byggðaleg áhrif þessarar leiðar yrðu og mikil og þarf að meta þau sérstaklega sem mikilvægan þátt málsins. Sú leið sem fyrirhuguð hefur verið fram að þessu liggur í öllum tilvikum fjær nefndum stöðum og auk þess yfir Vatnsskarð og Öxnadalsheiði. Jarðgöng hljóta síðar meir að leysa veginn af hólmi á þeim fjallvegum. Þverárfjallsvegur liggur miklu lægra en Öxnadalsheiði og líka lægra en Vatnsskarð. Þjóðhagslegur arður af þessari framkvæmd þarf einnig að metast og er eðlilegur hluti þess samanburðar á leiðunum sem hér er lagður til.

Með tillögunni var fylgiskjal: Bréf til Jóhanns Ársælssonar alþingismanns frá Lendisskipulagi ehf. (10. nóvember 2003.). Sjá samhljóða fylgiskjal með þskj. 880 (588. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 4211–4214.

85. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson,
Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Mörður Árnason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna, áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild og mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Jafnframt skal við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni af nýtingu einstakra veiðistofna.

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið í samræmi við markmið laganna skv. 1. gr. að afli sem veiddur er með tilteknum veiðarfærum, úr tilteknum fiskstofnum eða á tilteknum svæðum skuli reiknaður með álagi allt að 10% þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (þskj. 250 – 239. mál) en varð ekki útrætt. Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá sjö aðilum. Frumvarpið er nú flutt að nýju óbreytt. Greinargerðin sem fylgdi málinu á 131. löggjafarþingi var svohljóðandi:

„Lífríki hafsins og fiskstofnarnir sem þar þrífast eru mesta auðsuppspretta Íslendinga. Nýting þessara auðlinda í sem mestri sátt við lífríkið með mesta þjóðhagslegan ávinning að leiðarljósi ætti að vera hafin yfir deilur í landinu. Er ákvæði 1. gr. laganna sniðið að þessu en þar segir m.a. að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár rekið þá stefnu að úthluta skuli veiðirétti til útgerða eingöngu á grundvelli aflahlutdeilda. Ekkert tillit er tekið til mismunandi áhrifa veiðiaðferða á viðkomandi nytjastofna og á lífríki hafsins að öðru leyti. Því síður er við úthlutun á veiðirétti tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni við nýtingu stofna.

Þessi stefna stjórnvalda stríðir í eðli sínu gegn framangreindu markmiði 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um verndun og hagkvæma nýtingu. Öllum ætti að vera ljóst að það er mögulegt að gera betur að þessu leyti. Þrátt fyrir framangreinda galla taldi sjávarútvegsráðherra sérstaka ástæðu til að árétta ríkjandi stefnu stjórnvalda á síðasta aðalfundi Landssambands smábátaeigenda en þar kom fram í máli hans að ekki stæði til að mismuna útgerðaraðilum eftir veiðiaðferðum hér við land. Má ætla að þessi yfirlýsing ráðherra hafi verið sett fram til að sefa ótta áhrifamanna í sjávarútvegi við að þeir gætu misst spón úr aski sínum við slíkar breytingar.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn leita atbeina Alþingis til að beina stjórnvöldum inn á skynsamlegri brautir við úthlutun fiskveiðiheimilda og stjórn veiða. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeim sé umbunað sem veiða með vistvænum veiðarfærum, ganga vel um fiskimiðin og hafa minnst óæskileg áhrif á nytjastofnana og vistkerfi hafsins. Til að fylgja slíkri stefnu fram til fulls þurfa að fara fram margvíslegar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra og umgengni við lífríki hafsins á nytjastofna sem og þjóðhagsleg áhrif mismunandi nýtingar og veiðiaðferða. Mikið vantar á að slíkar rannsóknir hafi verið gerðar. Fjármunir til rannsókna á áhrifum veiðarfæra og áhrifum mismunandi nýtingar einstakra stofna hafa verið skornir við nögl og möguleikar Hafrannsóknastofnunarinnar til að takast á við verkefni af þessu tagi hafa engan veginn verið nýttir eins og skyldi. Ástæður þessa háskalega sinnuleysis stjórnvalda við að afla slíkra upplýsinga verður að skoða í ljósi þeirrar stefnu sem þau hafa fylgt.

Þó að mikið vanti á að nægilegar rannsóknir hafi verið gerðar sem nýst gætu til að meta hvernig unnt sé að ná fram bestri nýtingu fiskstofna eru engu að síður til upplýsingar sem unnt er að styðjast við til bráðabirgða þegar áhrif veiðarfæra og mismunandi nýtingaraðferða eru metnar. Má ætla að unnt sé að byggja úthlutun veiðiheimilda og stjórnun veiða á þeim grundvelli að nokkru á meðan frekari rannsóknir eru gerðar. Við slíka ákvarðanatöku verður þó ávallt að leggja áherslu á að nytjastofnarnir og vistkerfi hafsins fái að njóta vafans þar sem slíkur vafi er á annað borð uppi.

Það er eðli stjórnunaraðferða af því tagi sem hér um ræðir að vera í sífelldri þróun, einkum vegna breytileika í lífkerfinu, þróunar veiðarfæra og breytinga sem orðið geta á hagkvæmni nýtingar einstakra stofna vegna verðþróunar á mörkuðum. Flutningsmenn leggja áherslu á að varlega verði farið við upptöku þessara stjórnunaraðferða þó að markvisst skuli stefnt að eðlilegri mismunun milli veiðarfæra á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma.“

86. Frumvarp til laga [86. mál]

um breytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Þór Hafsteinsson.

1. gr.

Við síðari málslið 1. mgr. 18. gr. laganna bætist: eða að þeim stafi ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra.

2. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um sértæka friðun og aukna vernd friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef þeim stafar ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra.

Samkvæmt 2. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, er óheimilt að flytja dýr inn til landsins nema með sérstöku leyfi ráðherra og að fyrir liggi meðmæli yfirdýralæknis. Þá er

óheimilt að sleppa innfluttum dýrum í villta náttúru nema með sérstöku leyfi umhverfisráðherra, sbr. 41. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Kanínur hafa verið fluttar inn til Íslands og verið ræktaðar vegna ullarinnar og kjötsins auk þess sem þær hafa einnig verið vinsælar sem gæludýr. Með hlýnandi veðurfari hafa kanínur sem sloppið hafa út í náttúruna náð að lifa veturna af og mynda stofn hér á landi, t.d. í Öskjuhlíðinni og í Vestmannaeyjum.

Eyjarnar umhverfis Íslands, t.a.m. Vestmannaeyjar, njóta nokkurrar sérstöðu sem búsvæði fyrir sjófugla. Við eyjarnar eru auðug fiskimið og grónar brekkur við bratta hamra sem mynda kjörið búsvæði fyrir lundann, sem er friðaður. Þá eru eyjarnar einangraðar og hefur lundinn því átt auðvelt uppdráttar á svæðinu þar sem rándýr eins og minnkar og refir eru ekki þar. Ekki er heldur mikið um vargfugl á borð við skúm eða kjóa þar sem þeir verpa ekki í eyjunum. Samkvæmt 17. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum getur ráðherra aflétt friðun lundans og heimilað veiðar á tímabilinu frá 1. september til 10. maí ár hvert og hefur lundaveiði verið stunduð í Vestmannaeyjum í gegnum árin. Síðustu ár hefur ný ógn steðjað að lundanum þar sem kanínur hafa náð að mynda stofn sem hefur aðlagast umhverfinu á Heimaey, m.a. með því að nýta lundaholur til hýbýlis, breyta þeim, stækka og sameina. Þær hafa ekki eingöngu neikvæð áhrif á lundabyggðina í Heimaey með því að veita lundanum samkeppni um búsvæði heldur einnig á gróðurþekju og jarðveg. Kanínur naga rætur grass inni í lundaholunum sem ásamt venjulegri beit getur haft þær afleiðingar að festan í jarðveginum hverfur svo að hætta eykst á jarðskriði.

Talið er að heildarstofnstærð lundans sé um 15 milljónir fugla og að íslenski stofninn sé um 60% af honum, eða um 9 milljónir fugla. Þar af eru um 2–3 milljónir varpfugla og eru um 1,5 milljónir þeirra í Vestmannaeyjum. Lundastofninn í Vestmanneyjum er einn stærsti fuglastofn Íslands. Lundinn er sjófugl og tilheyrir ætt svartfugla. Hann lifir aðallega á sandsíli og loðnu. Hann er farfugl og kemur á íslenskar varpstöðvar í lok apríl eftir vetrarlanga dvöl á rúmsjó. Þá finnur hann maka sinn sem í langflestum tilfellum er sá sami ár eftir ár og holu sína sem einnig er sú sama ár eftir ár. Hann verpir einu eggi um miðjan maí sem klekst út eftir 40 daga og er unginn fleygur og fer úr holunni um miðjan ágúst. Rannsóknir sýna að fjórðungur varptilrauna mistekst ár hvert í lundabyggð og um 65% þeirra pysja sem komast á legg ná ekki kynþroskaaldri fyrr en eftir fimm ár.

Kanínan er félagsdýr sem lifir gjarnan í stórum byggðum neðan jarðar sem lýsa má sem völundarhúsi með mismunandi göngum, hólfum og herbergjum sem geta náð um 30–60 cm lofthæð. Hún lifir aðallega á grasi og öðru jurtakenndu, svo sem rótum, trjáberki og plöntum. Í Norður-Evrópu fær hún fang um fimm sinnum á ári, frá febrúar til september, og oftar ef aðstæður leyfa og eru allt frá 5–12 ungar í hverju goti. Kvendýr getur fengið fang allt frá sex mánaða aldri. Kanínur geta náð 10 ára aldri í villtri náttúru. Erlendis eru fjölmörg dæmi um að kanínur hafi orðið að plágu þar sem þær hafa sloppið út í náttúruna, t.d. í Ástralíu þar sem þær hafa keppt um fæðu og búsvæði við lítil og meðalstór pokadýr, t.a.m. „macrotis lagotis“ sem er tegund í útrýmingarhættu og „bettongia leseur“ sem nú er útdauð á meginlandi Ástralíu. Þá hefur rándýrum þar sem lifa á kanínum fjölgað mjög og í árum þegar kanínustofninn hefur verið í lágmarki hafa þau lagst á önnur dýr sem fjölga sér mun hægar.

Talið er að kanínustofninn í Vestmannaeyjum telji nú um 300–500 dýr en honum hefur verið haldið nokkuð í skefjum. Kanínur finnast víða á eyjunum en hafast mest við í lundabyggðinni í Sæfjalli. Í rannsóknarverkefni frá febrúar 2004, sem Freydís Vigfúsdóttir vann um áfhrif kanína á lundabyggð í Sæfjalli á Heimaey, kemur fram að lundaholur í Sæfjalli skiptust þannig að 16% þeirra voru enn lundaholur, 10% voru orðnar kanínuholur, nýjar holur voru 10% og óvirkar lundaholur eru 64% samanborið við Stórhöfða sem er kanínulaust svæði en þar voru lundaholur 64%, nýjar holur 32% og óvirkar holur einungis 4%. Bendir

munurinn á óvirku holunum til þess að viðvera kanínanna hafi neikvæð áhrif á búsetu lundans á svæðinu.

Samkvæmt 18. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, sem bætt var við lögin með lögum nr. 94/2004, er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, að kveða á um sértæka friðun villra fugla og spendýra með reglugerð ef brýn ástæða er til. Ákvæðin um sértæka friðun voru sett með breytingarlögunum. Í greinargerð með þeim kemur fram að ætlunin hafi verið að kveða á um frekari vernd tegunda sem eru alfriðaðar samkvæmt lögunum. Í nefndaráliti umhverfisnefndar sem fjallaði um málið kemur fram að með breytingunum sé verið að auka heimildir til að bregðast við stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum. Í reglugerðinni er ráðherra heimilt að kveða á um að strangari reglur gildi um búsvæði þessara tegunda ef sýnt þykir að tegundunum stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða þær séu sérstaklega viðkvæmar fyrir hnjaski.

Með frumvarpinu er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 18. gr. laganna að ráðherra sé einnig heimilt að kveða á um aukna vernd ef friðuðum stofnum stafar ógn af öðrum tegundum dýra sem óheimilt er að sleppa í villta náttúru en hafa myndað stofn á búsvæði þeirra. Markmiðið með frumvarpinu er að vernda hina villtu og viðkvæmu íslensku náttúru og koma í veg fyrir að t.d. kanínur, sem eru aðskotadýr þar, fjölgi sér á kostnað dýrategunda sem lifað hafa í einangrun á eyjunum umhverfis Ísland um aldir eins og lundinn hefur gert, t.d. í Vestmannaeyjum. Flutningsmaður telur að sýnt hafi verið fram á það í fyrrnefndu rannsóknarverkefni að verði ekkert gert geti búseta lundans, sérstaklega í Heimaey í Vestmannaeyjum, verið í hættu ásamt aukinni hættu á gróðureyðingu vegna skriðuhættu. Þá telur flutningsmaður enn fremur nauðsynlegt að farið verði út í sértækar aðgerðir samhliða friðuninni til þess að útrýma eða hamla frekari fjölgun kanína í Vestmannaeyjum á kostnað lundans.

87. Fyrirspurn [87. mál]

til viðskiptaráðherra um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra nauðsynlegt að breyta lögum, reglum eða leiðbeinandi fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins til að koma í veg fyrir að lykilstjórnendur fjármálafyrirtækja geti hagnast á sölu hlutabréfa í viðkomandi fyrirtæki skömmu eftir að þau voru keypt?
2. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að fruminnherjar geti ekki keypt hlutabréf í eigin fyrirtæki, þar sem hagsmunir þeirra vegna innri vitneskju um stöðu og afkomu gætu verið teknir fram yfir hagsmuni annarra hluthafa?
3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að lykilstjórnendur fyrirtækja þurfi að tilkynna opinberlega sölu á hlutabréfum sínum með tilteknum fyrirvara og lengja verulega eignarhaldstíma fruminnherja á hlutabréfum í eigin fyrirtæki?
4. Telur ráðherra rétt að sett verði sambærileg ákvæði í lög og reglur um fjármálafyrirtæki og gilda um heimildir til lánveitinga til stjórnenda lífeyrissjóða þess efnis að óheimilt verði að veita lán til stjórnenda og stjórnarmanna?

5. Telur ráðherra rétt að sett verði ákvæði í lög eða reglur um kjör og ábyrgðir sem lykilstjórnendur verði að lúta ef þeir fá lánafyrirgreiðslu í eigin fjármálastofnun, og að skylt verði að upplýsa í ársreikningum um lánafyrirgreiðslu stjórnenda, ábyrgðir vegna þeirra og lánakjör?

Skriflegt svar óskast.

88. Fyrirspurn [88. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslu á tannlæknakostnaði barna og unglinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu há var endurgreiðsla vegna tannlæknakostnaðar barna og unglinga á árunum 2003 og 2004, sundurliðað eftir þessum aldurshópum:
   a. að 6 ára aldri,
   b. 7–12 ára,
   c. 13–17 ára?
2. Hver hefði endurgreiðslan orðið ef kostnaðurinn hefði verið að fullu endurgreiddur, sundurliðað á sama hátt?
3. Hversu mörg börn fengu endurgreiðslu á árunum 2003 og 2004 í hverjum aldurshópi og hvað er það hátt hlutfall barna í þessum aldurshópum?
4. Liggur fyrir rannsókn á tannheilsu barna og unglinga sem ráðherra boðaði að hrundið yrði af stað árið 2004?
5. Eru uppi áform hjá ráðherra um frekari endurgreiðslur á tannlæknakostnaði barna?

Skriflegt svar óskast.

89. Fyrirspurn [89. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 2003 og 2004, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvaða breytingar hafa orðið milli þessara ára, sundurliðað á sama hátt?
2. Telur ráðherra að hægt væri að ná fram sparnaði, og þá hve miklum, í ofangreindum útgjöldum ríkisins, sundurliðað eftir bifreiða-, ferða og risnukostnaði, og hyggst ráðherra

beita sér sérstaklega í því efni, t.d. með sérstakri sparnaðarkröfu á ráðuneyti og ríkisstofnanir?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til félagsmálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve miklar heildargreiðslur vegna fæðingarorlofs hafa sparast fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs, sundurliðaðar eftir ákvæðum nýrra fæðingarorlofslaga sem leiða áttu til sparnaðar, t.d. ákvæðum um þak á fæðingarorlofsgreiðslur og breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við?
2. Hve mikið hafa breyttar viðmiðunarreglur um tekjur vegna greiðslu fæðingarorlofs lækkað fæðingarorlofsgreiðslur sem hlutfall af launum að meðaltali, miðað við að raungildi þeirra væri 80% af meðaltali heildarlauna og miðað við sömu viðmiðunarreglu um tekjur og gilti fyrir gildistöku nýrra laga um fæðingarorlof?
3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að fjárhæðir fæðingarorlofsgreiðslna haldi raungildi sínu miðað við að foreldrar í fæðingarorlofi fái 80% heildartekna sem taki breytingum í samræmi við launavísitölu á hverjum tíma og að útreikningar á meðaltali heildarlauna taki tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingu á þessu þingi sem tryggi að fæðingarorlofsgreiðslur skerði ekki rétt til umönnunar- og lífeyrisgreiðslna?
5. Telur ráðherra rétt að gera breytingar á fæðingarorlofslögum til að tryggja betur rétt einstæðra foreldra og rétt ófeðraðra barna?

Skriflegt svar óskast.

91. Fyrirspurn [91. mál]

til félagsmálaráðherra um aðgerðir í málefnum heimilislausra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur samráðshópur um úrlausn í málefnum heimilislausra skilað niðurstöðu og þá hvaða, en skýrsla hópsins átti að liggja fyrir eigi síðar en 15. janúar sl.?
2. Liggur fyrir tímasett áætlun eða tillögur að aðgerðum til að taka á vanda heimilislausra og hefur verið gert ráð fyrir fjármagni til úrlausna?

92. Fyrirspurn [92. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbúnaðaráætlun vegna fuglaflensu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig eru Íslendingar í stakk búnir til að verjast fuglaflensu? Hefur verið gerð samræmd viðbúnaðaráætlun á vegum íslenskra heilbrigðisyfirvalda og annarra þar til bærra yfirvalda til að mæta hugsanlegum faraldri? Ef svo er, í hverju er hún fólgin?
2. Hefur borist beiðni til stjórnvalda frá heilbrigðisyfirvöldum um fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða gegn fuglaflensu og hversu miklu fé hefur verið varið eða verður varið til forvarna?

93. Fyrirspurn [93. mál]

til forsætisráðherra um samráðsvettvang stjórnvalda og samtaka aldraðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur samráði verið háttað milli stjórnvalda og samtaka aldraðra á samráðsvettvangi þessara aðila sl. þrjú ár, eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá 19. nóvember 2002 þar sem áréttaður var vilji til samráðs um aðgerðir sem snúa að aðbúnaði og skipulagi öldrunarþjónustu og hækkun á greiðslum almannatrygginga?
2. Hve margir fundir hafa verið haldnir á þessum samráðsvettvangi frá 19. nóvember 2002? Hafa samtök aldraðra óskað eftir slíkum fundi? Ef svo er, hve oft? Hefur verið orðið við þeim óskum og hver voru viðfangsefni þeirra funda?
3. Hverjum af þeim tillögum að aðgerðum stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra, sem undirritaðar voru 19. nóvember 2002 og koma áttu til framkvæmda á næstu 2–3 árum þar á eftir, hefur ekki verið hrundið í framkvæmd? Óskað er eftir sundurliðun á hverjum einstökum þætti í tillögunum sem ekki hefur komið til framkvæmda, skýringa á ástæðum þess og upplýsingum um hvers er að vænta í þeim efnum.

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til félagsmálaráðherra um úrbætur í málefnum atvinnulausra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Er að vænta úrbóta í málefnum atvinnulausra á yfirstandandi þingi, m.a. varðandi hækkun bóta og tekjutengingu þeirra, og er fyrirhugað að atvinnulausir fái desember- og orlofsuppbót eins og aðrir á vinnumarkaði sem og lífeyrisþegar?

95. Fyrirspurn [95. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um gleraugnakostnað barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvaða tillögur um úrbætur hefur starfshópur gert sem endurskoða átti lög og reglur um endurgreiðslu á gleraugnakostnaði barna 18 ára og yngri, en starfshópurinn átti að skila niðurstöðum til ráðherra í maí 2005?

96. Fyrirspurn [96. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsumhverfi dagmæðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta starfsumhverfi dagmæðra?

97. Fyrirspurn [97. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatta einstaklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju áranna 2002–2004, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?
2. Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 2002–2004 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum,

fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypra annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstar heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.

3. Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:
   a. lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,
   b. hækkun persónuafsláttar,
   c. lækkun sérstaka tekjuskattsins,
   d. hækkun fjármagnstekjuskatts?

   Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu? Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 10 milljarða kr. breytingu? Fjárhæðir og hlutfallstölur óskast miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarár 2005).

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [98. mál]

til forsætisráðherra um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvernig hefur verið framfylgt ályktun Alþingis frá 14. maí 1997 um að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjanesshrygg að Færeyjahrygg?

Skriflegt svar óskast.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til heilbrigðisráðherra um spilafíkn.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margir hafa farið í meðferð vegna spilafíknar á sl. þremur árum, annars vegar hjá SÁÁ og hins vegar á geðdeild Landspítalans eða öðrum stofnunum?
2. Hvernig er skiptingin eftir kynjum og hvernig er aldurssamsetningin?
3. Hver hafa úrræðin verið og hvað varir meðferð að jafnaði lengi?
4. Hvers konar spilamennska er helsta orsök spilafíknar?
5. Hve margir hafa náð bata á fyrrnefndu tímabili?

100. Fyrirspurn [100. mál]

til fjármálaráðherra um gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Er fyrirhugað að kaupa eða leigja tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma, farartæki, pallavöru o.fl. við innflutning til að herða eftirlit með innflutningi fíkniefna?

101. Fyrirspurn [101. mál]

til iðnaðarráðherra um móttöku ferðamanna við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hefur ráðherra, í samstarfi við Landsvirkjun, samgönguráðuneyti og ferðamálasamtök, hugað að því hvernig best verði staðið að móttöku ferðamanna við Kárahnjúkavirkjun eftir að framkvæmdum lýkur?

102. Fyrirspurn [102. mál]

til iðnaðarráðherra um útflutning á íslensku vatni í neytendaumbúðum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi á sl. tíu árum með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn?
2. Hve mikið magn drykkjarvatns í neytendaumbúðum hefur verið flutt út árin 2003, 2004 og 2005 og til hvaða landa?
3. Þurfa þeir sem ætla að hefja útflutning á neysluvatni að sækja um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi? Ef svo er, hversu margir hafa sótt um slík leyfi?
4. Hefur ráðuneytið eða annar aðili unnið að markaðskönnun varðandi frekari möguleika á útflutningi íslensks drykkjarvatns?
5. Hve háa styrki hafa ráðuneytið, Byggðastofnun og Iðnþróunarsjóður veitt vegna neysluvatnsútflutnings sl. tíu ár og til hvaða fyrirtækja (sundurgreindar fjárhæðir)?
6. Hvert er álit ráðherrans á frekari útrás og á útflutningi neysluvatns í neytendaumbúðum?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [103. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 27. maí 2004 þar sem ríkisstjórninni var falið að kanna kosti og hagkvæmni þess að byggt verði upp veglegt sædýrasafn og skila skýrslu til Alþingis um kosti og galla slíks safns ásamt kostnaðarútreikningi og tillögu að mögulegri fjármögnun, rekstrarformi, eignarhaldi og staðsetningu fyrir 1. mars 2005?

104. Fyrirspurn [104. mál]

til umhverfisráðherra um kanínubyggð í Vestmannaeyjum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum kanína á fuglalíf í Vestmannaeyjum og ef svo er, hverjar eru þá helstu niðurstöður þeirra?
2. Hafa stjórnvöld aðhafst eitthvað til að stemma stigu við útbreiðslu kanína í Vestmannaeyjum?
3. Hyggjast stjórnvöld grípa til aðgerða til að útrýma kanínum í Vestmannaeyjum?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til umhverfisráðherra um kóngakrabba.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hyggjast stjórnvöld grípa til einhverra fyrirbyggjandi aðgerða til að hindra að kóngakrabbi (*Paralithodes camtschaticus*) berist frá ströndum Noregs yfir í landhelgi Íslands?

106. Fyrirspurn [106. mál]

til umhverfisráðherra um kadmínmengun í Arnarfirði.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að kanna ástæður og útbreiðslu kadmínmengunar í Arnarfirði?
2. Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir frekari rannsóknum á þessari mengun?

107. Fyrirspurn [107. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til að jafna flutningskostnað.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður aðgerðum til að jafna flutningskostnað, sbr. loforð ríkisstjórnarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar?

108. Fyrirspurn [108. mál]

til landbúnaðarráðherra um jörðina Saurbæ í Eyjafjarðarsveit.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvernig hefur verið brugðist við þeirri ósk sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar að sveitarfélaginu verði afhent jörðin Saurbær í Eyjafjarðarsveit og hver er staða þess máls nú?

109. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað eru margir aldraðir á biðlista á landinu öllu, skipt eftir kjördæmum, annars vegar í brýnni þörf eftir dvöl á hjúkrunarheimilum og hins vegar í mjög brýnni þörf.
2. Hvað eru mörg hjúkrunarrými í landinu á hverja þúsund íbúa skipt eftir sveitarfélögum og hvert er landsmeðaltalið?

Skriflegt svar óskast.

110. Fyrirspurn [110. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða í samstarfi við einkaaðila, sveitarfélög eða félagasamtök á næsta fjárlagaári?

2. Hvað er áætlað að þjónustuíbúðum fjölgi mikið næstu þrjú árin, skipt eftir árum, sveitarfélögum og kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

111. Fyrirspurn [111. mál]

til heilbrigðisráðherra um stofnanir fyrir aldraða.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hversu margir undir 67 ára aldri dvelja á stofnunum fyrir aldraða?
2. Eru á næsta fjárlagaári áætlanir um uppbyggingu deilda fyrir fólk með heilabilun?
3. Ef svo er, hvar er sú uppbygging fyrirhuguð?

112. Fyrirspurn [112. mál]

til menntamálaráðherra um nemendaráð í grunnskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig er starfsemi nemendaráða háttað í grunnskólum?
2. Hverjir eiga rétt á sæti í þeim?
3. Fulltrúar hverra sitja í slíkum ráðum, skipt eftir grunnskólum?
4. Hvernig er eftirliti með starfsemi ráðanna háttað?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [113. mál]

til menntamálaráðherra um frávísanir í framhaldsskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hve mörgum sem sóttu um skólavist í framhaldsskóla í haust var vísað frá, sundurliðað eftir skólum?
2. Hve margir sóttu um skólavist í framhaldsskóla eftir að hafa hætt tímabundið námi?
3. Hve margir þeirra fengu ekki inni í neinum skóla?
4. Er það viðurkennd stefna stjórnvalda að þeir sem sækja um framhaldsskólavist eftir námshlé eigi ekki skýlausan rétt á skólavist?

114. Fyrirspurn [114. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að opinberum háskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hve mörgum sem sóttu um skólavist var vísað frá haustið 2005 í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum og skorum?

115. Fyrirspurn [115. mál]

til menntamálaráðherra um einkarekna grunnskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Er von á almennri löggjöf um einkarekna grunnskóla, þ.e. skóla sem reknir eru af öðrum en opinberum aðilum, utan ramma hverfisskólanna?
2. Ef svo er, ætti í slíkri löggjöf að mati ráðherra að samræma framlög til einkarekinna grunnskóla og takmarka eða banna innheimtu skólagjalda til viðbótar við opinbera framlagið?

116. Fyrirspurn [116. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsingar og kostun í grunnskólum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Stendur til að setja samræmdar reglur um auglýsingar og kostun fyrirtækja í grunnskólum landsins?

117. Fyrirspurn [117. mál]

til samgönguráðherra um háhraðanettengingar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Eru fyrirætlanir um að tryggja þeim rúmlega 20.000 íbúum landsbyggðarinnar, sem eru án háhraðanettengingar, aðgang að slíkri tengingu á næsta fjárlagaári? Ef svo er, hver er sú áætlun, skipt eftir landsvæðum?

118. Fyrirspurn [118. mál]

til félagsmálaráðherra um rétt nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær er að vænta leiðréttingar á stöðu þeirra nemenda í framhalds- og háskólanámi sem verða að búa á heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar frá skóla, en eiga lögheimili innan sama sveitarfélags og hafa því ekki rétt til húsaleigubóta samkvæmt þeim reglum er nú gilda?

119. Fyrirspurn [119. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árin 2003, 2004 og það sem af er árinu 2005 vegna fasteignaviðskipta?
2. Hve stór hluti þessara tekna er vegna endurfjármögnunar lána vegna fasteignakaupa?

Skriflegt svar óskast.

120. Fyrirspurn [120. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hversu mikið hefur einstökum framkvæmdaþáttum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar seinkað nú þegar?
2. Hefur áhættan sem fylgir fyllingu Hálslóns og rekstri virkjunarinnar verið metin upp á nýtt í ljósi þess að mun meiri sprungur og misgengi hafa komið í ljós í stíflustæðinu og í jarðgöngum en ráð var fyrir gert?
3. Hver er umframkostnaður Landsvirkjunar við Kárahnjúkavirkjun nú þegar orðinn og hvaða áhrif mun hann hafa á fjárhag Landsvirkjunar og raforkuverð í landinu?

121. Fyrirspurn [121. mál]

til utanríkisráðherra um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hve mikill er kostnaðurinn við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna orðinn og hvað er áætlað að hann verði hár?

Skriflegt svar óskast.

122. Fyrirspurn [122. mál]

til dómsmálaráðherra um stofnun stjórnsýsludómstóls.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað líður hugmyndum ráðherra um stofnun stjórnsýsludómstóls?

123. Fyrirspurn [123. mál]

til menntamálaráðherra um námsefni framleitt af aðilum utan skólakerfisins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Telur ráðherra það samrýmast ákvæðum aðalnámsskrár grunnskóla um gagnkvæmt traust skóla og foreldra að aðilar utan skólakerfisins framleiði námsefni fyrir grunnskólabörn í skyldunámi eða að börnunum sé boðin þátttaka í umdeildum verkefnum?

124. Fyrirspurn [124. mál]

til fjármálaráðherra um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum og um skattlagningu vaxta til erlendra aðila.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að endurskoðuð verði heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum með það fyrir augum að koma í veg fyrir flutning á óskattlögðum söluhagnaði í erlend hlutabréf og hlutabréf í eigu einkahlutafélaga, sbr. skýrslu skattsvikanefndar frá desember 2004? Er samsvarandi ákvæði um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum að finna í öðrum löndum?

2. Hvaða áhrif hefði það á tekjur ríkissjóðs og stöðu fyrirtækja ef óheimilt yrði að flytja óskattlagðan söluhagnað í erlend hlutabréf og hlutabréf í eigu einkahlutafélags?
3. Er hægt að áætla hvaða áhrif það hefur á skatttekjur ríkissjóðs að Ísland skuli ekki leggja skatt á vexti sem greiddir eru úr landi og hvaða áhrif það hefur á skattasniðgöngu og ósamræmi í skattlagningu vaxta hér á landi?
4. Hefur verið kannað hvort sparnaðartilskipun ESB (Council Directive 2003/48/EC) tekur einnig til Íslands sem EES-ríkis og hvort skylt sé að innleiða hana hér á landi? Kemur til álita að taka upp hliðstæðar reglur hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

125. Fyrirspurn [125. mál]

til fjármálaráðherra um upplýsingaskyldu í ársreikningum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skoðun ráðherra á tillögu skattsvikanefndar frá desember 2004, sbr. 442. mál frá 131. löggjafarþingi, um að auka kröfur um að í ársreikningum félaga verði gerð grein fyrir öllum greiðslum og samskiptum félagsins við eigendur og stjórnendur, svo og að þar verði að finna samantekt á öllum greiðslum til eða frá öðrum löndum?
2. Er hægt að áætla hve mikil brögð eru að tilflutningi fjármagns milli félags og eigenda og stjórnenda fyrirtækja til að komast hjá skattgreiðslum?
3. Hve oft hafa skattyfirvöld árlega á síðastliðnum þremur árum gert athugsemdir við að eftirfarandi sé gert í þeim tilgangi að dylja tekjur og hve háar fjárhæðir má áætla að um sé að ræða:
   a. hluti launa stjórnenda, einkum í formi bónusa eða kauprétta, hefur ekki verið gefinn upp,
   b. stjórnendum eða hluthöfum hafa verið veitt vaxtalaus lán eða lán með lægri vöxtum en tíðkast í viðskiptum ótengdra aðila eða lánin eru ekki endurgreidd?

Skriflegt svar óskast.

126. Fyrirspurn [126. mál]

til fjármálaráðherra um saksókn og ákæruvald í skattamálum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg mál hafa borist yfirskattanefnd árlega á síðastliðnum þremur árum og hver er meðalafgreiðslutími til lúkningar málum?

2. Hve mörg mál hafa árlega á síðastliðnum þremur árum sætt skattrannsókn og hversu mörg þeirra hafa farið til lögreglurannsóknar?
3. Hve oft hafa mál sem kærð hafa verið vegna ætlaðra skattsvika farið til ákæruvaldsins árlega á síðastliðnum þremur árum og hve mörgum þeirra hefur lokið með sakfellingu? Hver var meðalafgreiðslutími mála frá því að skattrannsókn hófst og í hve mörgum tilvikum hafa mál fyrnst í kæru- og dómsmeðferð?
4. Hver er skoðun ráðherra á því að færa saksókn og ákæruvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra og málsforsvar í dómsmálum um ágreining í skattamálum til embættis ríkisskattstjóra, sbr. tillögur skattsvikanefndar frá desember 2004, og hvaða áhrif hefði það á málsmeðferð og skilvirkni í skattsvikamálum?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [127. mál]

til fjármálaráðherra um skatteftirlit með stórfyrirtækjum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mörg af 100 stærstu fyrirtækjum landsins, mælt í veltu, hafa sætt skatteftirliti á síðustu tíu árum og hvaða árangri hefur það skilað, m.a. í auknum skattskilum?
2. Hvernig hefur skatteftirliti með stórfyrirtækjum verið háttað á tímabilinu og hvernig hefur verið búið að skattyfirvöldum til þeirra verka?
3. Hvert er mat ráðherra á tillögu sem fram kemur í skýrslu skattsvikanefndar frá desember 2004, um að koma á fót sérhæfðri eftirlitsdeild með stórfyrirtækjum, t.d. við embætti Ríkisskattstjóra, eða sérstakri miðlægri skattstofu, en slík deild eða skattstofa annaðist eftirlit og aðra framkvæmd á skattalögum fyrir stórfyrirtæki um land allt? Hafa verið gerðar áætlanir um mannaflaþörf eða kostnað við þetta?
4. Er í undirbúningi frumvarp um eftirlitsdeild eða skattstofu af þessu tagi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að það verði lagt fram á Alþingi?
5. Hver er reynslan af starfrækslu sérstaks skatteftirlits með stórfyrirtækjum annars staðar á Norðurlöndunum.

Skriflegt svar óskast.

128. Fyrirspurn [128. mál]

til iðnaðarráðherra um háspennulínur í jörðu.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Í hve miklum mæli hafa háspennulínur verið lagðar í jörð á vegum:
   a. Rariks,
   b. Landsvirkjunar?
2. Eru til áætlanir um lagningu háspennulína í jörð hjá:
   a. Rarik,
   b. Landsvirkjun?
3. Er kostnaður við að leggja háspennulínur í jörð annars vegar og loftlínur hins vegar sambærilegur?
4. Hver er kostnaður við jarðlínur á vegum:
   a. Rariks,
   b. Landsvirkjunar?
5. Hver er alþjóðleg þróun í flutningi raforku eftir jarð- og loftlínum?
6. Hvernig er orkutapi við flutning eftir jarðlínum annars vegar og loftlínum hins vegar háttað?

Skriflegt svar óskast.

129. Fyrirspurn [129. mál]

til landbúnaðarráðherra um ríkisjarðir.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?
2. Hvernig skiptast þær eftir sýslum?
3. Hversu margar þeirra eru
   a. nýttar af embættismönnum ríkisins,
   b. nýttar af bændum,
   c. nýttar af öðrum,
   d. í eyði?
4. Hversu margar ríkisjarðir voru seldar árin 2000–2004?
5. Hversu margar jarðir keypti ríkið á sama tíma?
6. Er áætlað að selja einhverjar ríkisjarðir, og þá hverjar?
7. Hversu miklar tekjur hafði ríkissjóður af ríkisjörðum árin 2000–2004?
8. Hver voru gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum árin 2000–2004?

Skriflegt svar óskast.

130. Fyrirspurn [130. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning dilkakjöts.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu mikið var flutt út af fullunnu dilkakjöti á árunum 2000–2004, sundurliðað eftir löndum?
2. Hversu mikið var flutt út af óunnu dilkakjöti á árunum 2000–2004, sundurliðað eftir löndum?
3. Hvert var skilaverð til bænda fyrir þennan útflutning á árunum 2000–2004?

Skriflegt svar óskast.

131. Fyrirspurn [131. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 2001 til 1. október 2005, sundurgreint eftir landsvæðum?
2. Hve miklu fé er áætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn árin 2005 og 2006?

Skriflegt svar óskast.

132. Fyrirspurn [132. mál]

til landbúnaðarráðherra um garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver eru áform ráðherra um garðyrkjumenntun að Reykjum í Ölfusi, sem heyrir nú undir Landbúnaðarháskóla Íslands?
2. Hver eru áform ráðherra varðandi endurbætur og uppbyggingu húsnæðis skólans að Reykjum og hvenær hefjast framkvæmdir?

133. Fyrirspurn [133. mál]

til heilbrigðisráðherra um skiptingu kostnaðar vegna viðbyggingar við sjúkrahúsið á Selfossi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ágreiningur um skiptingu kostnaðar milli ríkisins og sveitarfélagsins Árborgar vegna viðbyggingar við sjúkrahúsið á Selfossi verið leystur? Ef svo er, á hvern hátt? Ef ekki, hver er tillaga ráðherra að lausn deilunnar?

134. Fyrirspurn [134. mál]

til félagsmálaráðherra um lengingu fæðingarorlofs.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Telur ráðherra að til greina komi að lengja fæðingarorlof enn frekar, t.d. í 12 mánuði þar sem móðir fengi fimm mánuði, faðir fimm mánuði og sameiginlega fengju foreldrar tvo mánuði?
2. Hver yrði útgjaldaauki fæðingarorlofssjóðs við slíka framkvæmd?
3. Hver er núverandi kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna dagvistunarúrræða fyrir börn að 12 mánaða aldri?

135. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um úrbætur í málefnum barna og unglinga sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna stöðu barna og unglinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og gera tillögur um að bæta stöðu þeirra.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu barna og unglinga sem eru þolendur kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega verði skoðuð lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig leggi nefndin fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Jafnframt verði kannað hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir eru mögulegar, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Að auki leitist nefndin við að benda á leiðir til að hvetja þá sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Ráðherra skili skýrslu með niðurstöðum og tillögum nefndarinnar til Alþingis innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda er ljóst að kynferðislegt ofbeldi getur eyðilagt líf þolenda.

Það er alvarlegt áfall fyrir þjóðina ef 17% barna eru misnotuð fyrir 18 ára aldur, eins og kom fram í rannsókn á umfangi kynferðislegrar misnotkunar á börnum. Þegar í stað þarf að bregðast við þessu, en í rannsókninni kemur fram að fjórðungur þolenda sé sex ára eða yngri og að í 67% tilvika sé misnotkunin gróf eða mjög gróf. Jafnframt þarf að leita skýringa á því hvers vegna þessar tölur eru hærri hér en í rannsóknum annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er því að kalla til færustu sérfræðinga í þá nefnd sem hér er gerð tillaga um að skipa.

Fyrir nokkrum árum komu fram á Alþingi upplýsingar um fjölda barna og unglinga sem beitt höfðu verið kynferðislegu ofbeldi, í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns tillögu þessarar. Tölurnar vekja óhug. Fram kom að á árunum 1992–1996 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og þeim tengdust 560 börn yngri en 16 ára. Í sumum tilvikum voru þolendur sama ofbeldismanns fleiri en einn. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Á yfirstandandi ári hafa líka komið fram nýjar upplýsingar um að í rúmlega helmingi tilfella þar sem kynferðisbrot gegn barni hafa verið kærð til lögreglu er málið látið niður falla án þess að til ákæru komi þar sem ekki þykja næg sönnunargögn fyrir hendi til sakfellingar. Ástæður þessa verður að brjóta til mergjar og fara yfir allt kæruferli í réttar- og dómskerfinu frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Sömuleiðis verður að finna markvissar leiðir til að hvetja þá sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Fram hefur komið að ákærum ríkissaksóknara vegna kynferðisbrota gegn börnum hefur fjölgað mikið sl. tvö ár. Ný rannsókn sem sýnir hve óhugnanlega mörg börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi staðfestir að stjórnvöld verða að veita meira fé til stuðnings- og meðferðarúrræða fyrir þolendur kynferðisbrota. Framtíð fjölda barna er þar í húfi.

Í fyrrnefndu svari ráðherra kom fram að búast mætti við að árlega þyrftu ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Væru fjölskyldur þeirra teknar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða og áfallahjálp og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar. Búast má við að sá hópur sem þarf á sérhæfðum meðferðar- og stuðningsúrræðum að halda hafi stækkað verulega frá því að þessar upplýsingar komu fram. Fyrirspurnin leiddi til stofnunar Barnahúss en starfsemi þess hefur vakið mikla athygli erlendis.

Alþingi kemst ekki hjá því að taka upp alvarlega umræðu um herta refsingu fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og skoða sérstaklega hvernig fyrningu í þessum málum er háttað. Sérstaklega þarf að kanna réttarstöðu þeirra fjölmörgu barna og unglinga sem hafa mátt þola kynferðislegt ofbeldi. Má þar nefna atriði eins og skýrslutöku af börnum yngri en 18 ára, hvaða sérbúnaður skuli standa þeim til boða og hvort unnt sé að koma upp fjarfundabúnaði við héraðsdómstóla landsins. Rannsaka verður hvort þörf sé á að herða refsiúrræði og hverju það kunni að skila, hvort sýknudómum verði áfrýjað til Hæstaréttar í meira mæli en nú og hvernig dómstólar nýta þann refsiramma sem til staðar er í núgildandi löggjöf. Kanna þarf hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og

ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferlið eins og kostur er. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn, auk þess sem kanna þarf hvaða möguleiki er á því að skilgreina tímafresti og forgang mála við rannsókn mála hjá lögregluyfirvöldum. Jafnframt verður að telja nauðsynlegt að skoðaðar verði þær skyldur sem hvíla á barnaverndarnefndum. Sálfræðingafélag Íslands hefur t.d. viljað leggja áherslu á að gagnkvæm tilkynningarskylda ríki á milli barnaverndarnefndar og lögreglu og að barnaverndarnefndum verði gert skylt að óska opinberrar rannsóknar allra mála sem varða meint kynferðisbrot gegn börnum. Enn fremur verður að athuga starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað er um kynferðisbrot gegn börnum.

Ástæða er til að endurskoða lagaákvæði um kynferðisbrot gagnvart börnum. Í þeim er engin lágmarksrefsing en hámarksrefsing er 12 ára fangelsi, eftir aldri barns og skyldleika geranda við barnið. Aftur á móti er ákvæði í lögunum um lágmarksrefsingu fyrir nauðgun og er hún eitt ár, en hámarksrefsing 16 ár. Það ákvæði gildir óháð aldri þolanda ef ofbeldi er beitt eða því hótað. Erfitt er að sjá af hverju ekki er sambærilegt lágmarksákvæði hérlendis vegna kynferðisofbeldis gagnvart börnum. Í Noregi er lágmarksrefsing eitt ár og í Svíþjóð liggur að lágmarki tveggja ára fangelsisvist við í slíkum málum. Það skýrir væntanlega að einhverju leyti væga dóma hér á landi að hér er engin lágmarksrefsing vegna kynferðisbrota gegn börnum.

Einnig verður að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir að börn og unglingar verði þolendur kynferðisofbeldis. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á. Rannsóknir hafa sýnt að kynferðisbrotamenn hafi takmarkaða samhygð með öðrum og eigi erfitt með að setja sig í spor annarra. Þeir eiga það jafnframt til að líta á börn sem hluti (e. objects) fremur en manneskjur. Samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum eru um 20% kynferðisbrotamanna yngri en 18 ára. Telja verður mikilvægt að unnt sé að stöðva þá og reyna að veita þeim aðstoð. Þannig gæti verið unnt að koma í veg fyrir áframhaldandi brotahegðun þeirra. Í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2003 kemur fram að meintir gerendur í málum þeirra barna sem greindu frá kynferðisofbeldi í skýrslutöku fyrir dómi hafi verið á aldrinum 15–59 ára og hafi meðalaldur þeirra verið um 30 ár, sem er um 15 árum lægri meðalaldur en á árinu 2002. Þegar tengsl geranda og þolanda eru skoðuð, kemur í ljós að í 84% tilvika þekkir gerandi til barnsins, er t.d. tengdur því fjölskylduböndum. Sjaldgæft er að gerendur séu barni ókunnugir með öllu.

Mikilvægt er að þeir sem koma að kynferðisbrotamálum verði meðvitaðri um hvernig bregðast eigi við. Talið er að í einungis 1,6% tilfella hafi börn leitað aðstoðar hjá starfsfólki skóla. Telja verður að átak þurfi að gera í menntun fagfólks þannig að stöðugt sé minnt á ábyrgð og skyldur þegar kynferðisbrot gegn börnum eru annars vegar. Bent hefur verið á dæmi þess að starfsfólk skóla hafi veigrað sér við að taka á alvarlegum kynferðisbrotamálum vegna óöryggis og því hafi málum ekki verið sinnt eins og best væri á kosið.

Jafnframt má benda á að mjög brýnt er orðið að gera úttekt á breytingum sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála og tóku gildi 1. maí 1999, einkum er varðar skýrslutökur dómara af börnum. Í því sambandi er ástæða til að benda á þá mismunun sem börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi búa við. Þeim börnum sem njóta aðstöðu Barnahúss er tryggð besta fáanleg þjónusta og tryggt er að þau fái læknisskoðun og meðferð þegar ástæða er til. Þetta er ekki unnt að tryggja ef skýrslutaka fer fram í dómhúsum. Þá er ekki tryggt að sérfræðingar annist skýrslutöku og hvorki er börnunum tryggð meðferð né læknisskoðun.

Það er líka alvarlegt að lögreglan skuli nú koma að rannsókn mun færri mála en áður. Skýringin er sú að lögreglan verður að kalla til dómara ef meintu kynferðisbroti er vísað til hennar og nauðsynlegt er að ræða við barn. Dómaraviðtalið er mjög viðurhlutamikil aðgerð og því eru mál aðeins kærð til lögreglu ef augljóst þykir að kynferðisofbeldi hafi átt sér stað og ákveðinn einstaklingur er grunaður um verknaðinn. Meiri hluti málanna er hins vegar svo óljós að ekki þykir ástæða til að efna til eins viðurhlutamikillar athafnar og dómaraviðtal er. Í þeim tilvikum einskorðast rannsókn málsins við barnaverndarnefndir með hjálp starfsfólks Barnahúss (þá eru tekin svonefnd könnunarviðtöl) og lögregla kemur þar hvergi nærri.

Á fyrstu fimm starfsárum Barnahúss komu alls 678 börn í rannsóknarviðtöl og af þeim voru einungis 203 dómaraviðtöl, eða um 30%. Þetta merkir að í 70% tilvika kom lögregla ekki að rannsókn málanna. Sjálfsagt er engin ástæða til að lögregla komi að öllum þessum málum, t.d. þegar meintur gerandi er ósakhæfur eða grunur er á mjög veikum rökum reistur. Hins vegar eru þessar tölur áhyggjuefni þar sem búast má við að í nokkrum hluta þessara mála sé full ástæða til að lögregla komi að rannsókninni.

Þegar mál er kært til lögreglu er yfirleitt fyrsta skrefið að ræða við barnið til að fá fram sögu þess. Þá er efnt til dómþings þar sem verjandi sakbornings og jafnvel sakborningur sjálfur á rétt á að vera viðstaddur. Þetta gerist áður en sakborningur er sjálfur yfirheyrður. Því er það svo að þegar skýrsla er tekin af sakborningi veit hann nákvæmlega hvað barnið hefur sagt í rannsóknarviðtalinu. Hann getur því undirbúið sig með hjálp lögmanns áður en hann gefur framburð sinn, haft skýringar á reiðum höndum og jafnvel undirbúið framburð sem dregur trúverðugleika barnsins í efa. Þetta er afleitt og dæmi eru um að þetta hafi eyðilagt mál, ýmist þannig að þetta hafi komið í veg fyrir sakfellingu eða dómar orðið vægari en efni stóðu til.

Í fyrrgreindri ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að á árinu 2003 hafi verið tekin 210 rannsóknarviðtöl í Barnahúsi, sem er 26% fjölgun frá árinu 2002. Þess ber að geta að fjöldi rannsóknarviðtala felur hvorki í sér fjölda barna né fjölda mála þar sem sum börn koma í fleiri en eitt rannsóknarviðtal vegna sama máls, önnur börn koma oftar en einu sinni vegna ólíkra mála og enn önnur greina frá fleiri en einu máli í sama viðtali. Um 51% þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtal var innan við 10 ára. Alls var 110 börnum vísað í greiningar- og meðferðarviðtöl, og er það 21% fjölgun frá árinu 2002. Stúlkur voru í miklum meiri hluta þeirra barna sem komu í Barnahús á árinu 2003 eða um 70% þeirra sem komu í rannsóknarviðtal.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að m.a. verði skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta, lögregluyfirvalda og lögfræðinga eða dómara.

Tillaga þessi var áður flutt á 125., 128. og 130. löggjafarþingi. Tillagan var lögð fram á síðasta þingi í örlítið breyttri mynd, þar sem tekið var tillit til athugasemda í umsögnum sem bárust á 125. og 130. löggjafarþingi. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Skoðun flutningsmanna er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um úttekt af þessu tagi, enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

136. Frumvarp til innheimtulaga [136. mál]

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir,
Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.

1. gr.
Heimildir til að annast innheimtu.

Sá sem í atvinnuskyni annast innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi skal hafa fengið innheimtuleyfi frá ráðherra. Kallast sá innheimtuaðili í lögum þessum.

Lög þessi taka ekki til innheimtustarfa lögmanna, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, né heldur innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, sem þeir annast sjálfir.

2. gr.
Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI
Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr.
Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðili má því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

a. að hann hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.,
b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi, nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland, og
c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

4. gr.
Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta,
b. hefur ekki hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,
c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland,
e. er ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en fimm ára í senn.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef einstaklingur eða lögaðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slælegra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.

7. gr.

Innheimtuviðvörun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörunar.

Í viðvörun komi fram:

a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila,
b. lýsing á kröfu,
c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun,
d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast,
e. greiðslustaður og
f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þá telst krafa greidd ef greiðsla hefur borist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.
Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu.

Við lok innheimtustarfs samkvæmt lögum þessum skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.
Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.
Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki efnislega tilgangi sínum.

12. gr.
Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrareða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.
Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi.

Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers vátryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna.

Falli vátrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það vátryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti vátryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Fjármálaeftirlit í umboði viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt getur það varðað sviptingu innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða
b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. verður þó að vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

20. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara orðast 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, svo:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi. Heimild ráðherra takmarkast af heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt innheimtulögum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 128. og 130. löggjafarþingi, í kjölfar fyrirspurnar Jóhönnu Sigurðardóttur á 127. löggjafarþingi, en var ekki afgreitt úr nefnd. Frumvarpið var einnig lagt fyrir á 131. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt. Þá lagði viðskiptaráðherra fram sambærilegt frumvarp á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Þrátt fyrir mikilvægi þess að sett verði lög um innheimtu virðast stjórnarflokkarnir ekki hafa náð að leysa ágreining sinn um málið. Það er skoðun flutningsmanna að málið sé brýnt og því verði að leggja það fyrir Alþingi á ný. Greinargerðin sem fylgdi á 131. löggjafarþingi var svohljóðandi:

„Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum og þá fyrst og fremst á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur.

Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft farið fram á að sett yrðu lög um innheimtu. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtuaðilar geti hagað sér frjálslega við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Fyrirtækjum sem sérhæfa sig í innheimtum hefur fjölgað mikið hér síðustu ár og er lögum þessum m.a. ætlað að tryggja eftirlit með starfsemi þeirra og þá ekki síður með hagsmuni kröfuhafa í huga en skuldara. Þannig eru gerðar ítarlegar hæfiskröfur til innheimtuaðila og þeim gert að gæta góðra innheimtuhátta og að hafa starfsábyrgðartryggingu í gildi.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum milli þinga að teknu tilliti til umsagna sem borist hafa frá aðilum utan þings.

Í þessu frumvarpi er lagt til að innheimtur sem lögmenn, sem starfa á lögmannsstofum, annast verði undanskildar lögunum. Í fyrri frumvörpum hefur verið lagt til að lögin næðu til innheimtu þeirra á frumstigi jafnt sem annarra innheimtuaðila en að sérreglur giltu um eftirlit með störfum þeirra. Lög um lögmenn taka til starfa þeirra og er þar m.a. kveðið á um skyldu þeirra til að fara að siðareglum í störfum sínum, hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu og ítarleg ákvæði um vörslu fjármuna umbjóðenda þeirra og eftirlit með störfum þeirra.

Lagt var til í frumvarpinu, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi, og einnig í þessu frumvarpi að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, yrði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra yrði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim væri hæfilegt

að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu.

Í fyrri frumvörpum hafa opinberir aðilar og bankar og sparisjóðir verið undanþegnir en flutningsmenn leggja til að sú undanþága verði nú takmörkuð við opinbera aðila og innheimtu þeirra á sköttum og gjöldum. Bankar og sparisjóðir verða, samkvæmt því sem hér er lagt til, að hafa innheimtuleyfi og falla undir kröfur laganna ef þeir innheimta eigin kröfur eða annarra í atvinnuskyni. Vel þekkist að fjármálastofnanir eigi og reki sérstök innheimtufyrirtæki og því telja flutningsmenn takmarkaðar ástæður til að undanskilja banka og sparisjóði frá ákvæðum laga þessara.

Í frumvarpinu er fremur horft til þess hver það er sem innheimtir og hvort innheimta er framkvæmd í atvinnuskyni í stað þess að í fyrri frumvörpum var horft til þess á hvaða stigi innheimta er. Má telja líklegt að með þessu aukist líkurnar á því að lögin geti fylgt hugsanlegri þróun á þessu sviði.

Flutningsmenn telja að hér sé einnig tekið skref í þá átt að bæta stöðu skuldara við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga með tillögu þeirra um breytingu á lögum um lögmenn, en þó þurfi að huga hið fyrsta að frekari bótum á því sviði.

Eins og áður segir er frumvarp þetta byggt á eldri frumvörpum ráðherra um sama efni þar sem að hluta var stuðst við norsk innheimtulög og til hliðsjónar höfð löggjöf annarra nágrannalanda um þetta efni.

Í eldri mynd frumvarpsins var að finna nokkuð ítarleg ákvæði um hvenær og hvernig innheimtuaðili mætti snúa sér beint til skuldara, þ.e. það sem kallað var að snúa sér persónulega til skuldara. Þetta var nokkuð gagnrýnt í umsögnum með vísan til þess að slíkt ákvæði tæki einna helst til háttsemi svokallaðra „handrukkara“ sem stunduðu sína starfsemi utan lagarammans. Eðlileg tengsl innheimtuaðila og skuldara hljóti að falla undir ákvæði frumvarpsins um eðlilega innheimtuhætti. Að teknu tilliti til þessarar gagnrýni er frumvarpið nú lagt fram í breyttri mynd. Það er þó e.t.v. rétt að nefnd sem fær málið til meðferðar skoði hvort tilefni sé til að hafa slíkt ákvæði í lögum enda hafa nokkrir aðilar mælt með því, þar á meðal Neytendasamtökin sem telja slíkt ákvæði nauðsynlegt og vísa m.a. til danskra innheimtulaga.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða skal í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Inn-

heimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum. Tekið skal fram að innheimtur sem opinberir aðilar fela einkaaðilum, sem tíðkast m.a. varðandi ýmis gjöld fyrirtækja í eigu sveitarfélaga, eru hér ekki undanþegnar.

Innheimtur lögmanna sem starfa á lögmannsstofum eru undanþegnar lögunum með rökum sem þegar hafa verið rakin í greinargerð. Þá er í greininni áréttað gildissvið laganna gagnvart réttarfarslögum.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. þarf sá innheimtuleyfi sem annast innheimtu í atvinnuskyni. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt fyrri málslið þessarar greinar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sín á milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi nema þeir reki innheimtuna í atvinnuskyni þannig að innheimtukostnaðar sé krafist af skuldara.

Samkvæmt c-lið nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi. Í þessu frumvarpi er ákvæðið fyllra en í eldri frumvörpum sama efnis. Ákvæðið samsvarar nú að miklu leyti ákvæðum 52. gr. laga nr. 161/2002. Þá er sett það skilyrði að ekki séu fyrir hendi vanskil á opinberum gjöldum og vörslusköttum en hliðstæð krafa er í dönsku innheimtulöggjöfinni.

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Þá má ekki veita innheimtuleyfi til lengri tíma en fimm ára í senn.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafan um góða innheimtuhætti gildir bæði um sam-

skipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Þrátt fyrir að í greininni sé beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni eða óþægindum er eingöngu um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti án þess að um tæmandi talningu tilvika sé að ræða.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. Á innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögunum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur talist brot á góðum innheimtuháttum að breiða út persónulegar upplýsingar um skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda. Um skilgreiningu á hugtakinu persónulegar upplýsingar vísast til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviðvörun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörun. Sé skylduviðvörun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubréf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviðvörunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi uppi á skuldara á öðru heimilis-

fangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörunina á það heimilisfang sem skuldarinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Ef innheimta fer fram á grundvelli réttarfarslaga gilda ekki ákvæði þessara laga. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubréf gilda almennar reglur laganna um viðvörun.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviðvörun. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviðvörunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki með því brotið í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Við lok innheimtustarfs skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., segir í 1. gr. að lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skuli halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin nafni og jafnframt sé honum skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar sé kveðið á um í reglugerðinni. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt lögunum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. Þar sem í síðari málsliðnum segir „efnislega“ er hnykkt á því að kröfuhafi ber ábyrgð á því að í innheimtubréfi komi það fram sem krafist er í 7. gr. en þarf ekki að sanna birtingu þess fyrir skuldara.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. málsl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmanna vegna aðfarar eða nauðungaruppboðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu innheimtuaðila.

Um 15. gr.

Kveðið er á um það í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um almenna reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Lagt er til að við gildistöku laga þessara verði jafnframt gerð sú breyting á 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, að dómsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óbreytt lögmannalög skylda ekki dómsmálaráðherra til setningar leiðbeininganna. Sú heimild sem hann nú hefur er víðtækari en skylda viðskiptaráðherra samkvæmt lögum þessum þar sem leiðbeiningar dómsmálaráðherra eiga auk þess að ná til þess kostnaðar sem kann að leiða af innheimtuaðgerðum á grundvelli réttarfarslaga, svo fremi sem dómsmál hefur ekki verið höfðað til heimtu kröfu, og þykir því rétt að breyta heimild dómsmálaráðherra í skyldu. Skylda dómsmálaráðherra mun þó augljóslega nú takmarkast af skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem til fellur á frumstigi innheimtu samkvæmt lögum þessum.

137. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Eftirtaldir aðilar tilnefni einn fulltrúa hver til setu í nefndinni: mannfræðiskor Háskóla Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og utanríkisráðuneytið en fulltrúi þess gegni jafnframt formennsku. Nefndin ráði sér starfsmann og utanríkisráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður hennar innan árs frá samþykkt tillögu þessarar.

Nefndin hafi fimm atriði að leiðarljósi við störf sín, stefnumótun og forgangsröðun verkefna á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki:

1. Nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim.
2. Nauðsyn þess að styðja við uppbyggingu almennrar heilsugæslu í fátækum löndum og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir algenga sjúkdóma, svo sem alnæmi, berkla og malaríu.
3. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um þróun sem samþykkt voru árið 2000.
4. Hvernig megi efla samvinnu við frjáls félagasamtök með reglulegum framlögum samkvæmt rammasamningum.
5. Þörf þess að endurskoða lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands í ljósi niðurstaðna nefndarinnar, tillögur verði gerðar þar um.

Nefndin taki í störfum sínum mið af því sem best gerist í svipaðri stefnumótun í nágrannalöndum, t.d. á vegum annarra norrænna þróunarsamvinnustofnana. Einnig hafi hún til hliðsjónar niðurstöður álitsgerðarinnar Ísland og þróunarlöndin sem kom út 1. september 2003.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt. Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd fimm sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki.

Til þess að þróunarsamvinna við fátæk ríki skili mælanlegum og góðum árangri þurfa markmið að vera skýr og verkefni vel skilgreind. Til grundvallar þarf að liggja mótuð stefna stjórnvalda til langs tíma sem er í samræmi við samþykkt alþjóðleg markmið. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar samkvæmt lögum nr. 43 frá árinu 1981. Hingað til hefur ÞSSÍ, lögum samkvæmt, einungis getað tekið þátt í tvíhliða verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að huga þurfi betur að kostum þess að íslenska ríkið leggi meira af mörkum á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og þá einnig með hvaða hætti slík samvinna ætti að fara fram. Þeir telja einnig brýnt að koma á samvinnu við frjáls félagasamtök og nýta þekkinguna sem í þeim býr. Þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum ellegar beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka koma einnig til greina.

Hinn 28. maí 1985 ályktaði Alþingi um þróunaraðstoð Íslands. Þá var samþykkt að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Sem kunnugt

er hefur þetta markmið ekki náðst. Árið 1996 (á 121. löggjafarþingi) fluttu þingmennirnir Steingrímur J. Sigfússon og Margrét Frímannsdóttir tillögu til þingsályktunar um aukið framlag til þróunarsamvinnu en hún var aldrei afgreidd frá utanríkismálanefnd Alþingis.

Fjárframlög til þróunarmála hafa þokast í rétta átt en samt eiga Íslendingar mjög langt í land með að ná viðmiði Sameinuðu þjóðanna um að framlög til þróunarmála verði 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 2001 voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála 0,12% af vergri þjóðarframleiðslu en árið 2004 náðu þau 0,19%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 fer hlutfallið upp í 0,21% og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 fer hlutfallið upp í 0,239%. Í munnlegri skýrslu til Alþingis í nóvember 2004 lýsti utanríkisráðherra því yfir að ríkisstjórnin hefði sett sér það markmið að stighækka framlögin til þróunarsamvinnu þannig að árið 2009 næðu þau 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu.

Eðli þróunarsamvinnu krefst þess að markmið séu sett til langs tíma, t.d. til 5–10 ára, en endurskoðuð með jöfnu millibili. Í ljósi markmiðs ríkisstjórnarinnar þykir flutningsmönnum skynsamlegt að stefna að því að framlög til þróunarsamvinnu nái viðmiði Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu á einum áratug, eða á árabilinu 2005–2015.

Forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og að þarfir þeirra stýri för. Samstarfsverkefni sem byggjast einvörðungu á hagsmunum gefandans reynast oft gagnslítil eins og dæmin sanna. Þróunarsamvinnuverkefni sem skila raunverulegum árangri einkennast af mikilli undirbúningsvinnu og nánu samstarfi við fólkið sem tekur þátt í þeim. Það ber vott um fagleg og góð vinnubrögð að kanna fyrst hvar þörfin er mest í einhverju tilteknu landi áður en menn bjóða fram aðstoð sína. Stundum getur líka þurft að ljúka verkefnum sem aðrir hófu eða ganga inn í samvinnu sem þegar er fyrir hendi. Matið á því hvað best sé að gera hlýtur alltaf að byggjast á hagsmunum heimamanna. Val samvinnuverkefna verður því að byggjast á skýrri stefnu og raunsæjum langtímamarkmiðum. Gæta þarf jafnvægis á milli tvíhliða og fjölhliða aðstoðar og þeirra fjármuna sem varið er í gegnum frjáls félagasamtök. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á þróunarverkefnum og neyðaraðstoð.

Og verkefnin eru að sönnu næg. Menntun stúlkubarna og kvenna í þriðja heiminum er að áliti flutningsmanna algjört forgangsmál, einnig uppbygging heilsugæslu og forvarnafræðsla á þeim svæðum þar sem alnæmisfaraldurinn geisar. Þá má finna fjölmörg brýn verkefni á öðrum sviðum, t.d. á sviði umhverfis- og orkumála eða við uppbyggingu stjórnsýslu.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu svokölluð þúsaldarmarkmið árið 2000, markmið sem eiga að nást árið 2015 (sjá fylgiskjal I). Þetta eru skýr, tölusett markmið sem öll ríki verða að taka mið af í utanríkisstefnu sinni og þróunarverkefnum. Og verkefnin eru nærtæk. Efst á blaði er baráttan gegn fátækt, gegn barna- og mæðradauða. Grunnmenntun öllum til handa og jafn réttur karla og kvenna eru einnig grundvallaratriði í markmiðunum. Það er vel við hæfi að íslensk stjórnvöld setji sér markmið á sviði þróunarsamvinnu sem eru hluti af þúsaldarverkefnum Sameinuðu þjóðanna. Aðeins þannig má ætla að raunhæfur árangur náist í þróunarsamvinnu á milli ríkra og snauðra landa.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Þúsaldarmarkmið um þróun.

II. Úr skýrslunni „Ísland og þróunarlöndin – Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana“ Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz. (28. júlí 2003).

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 881 (589. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 4216–4219.

138. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um staðbundna fjölmiðla.

Flm.: Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Sigurjón Þórðarson, Hlynur Hallsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 240, 234. mál). Markmið hennar er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla en slík úttekt getur lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Í skýrslu, sem nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi skilaði í apríl 2004, kom fram að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Skýrslan fjallaði nær eingöngu um málefni þeirra fjölmiðla sem hafa útbreiðslu um land allt en að litlu leyti um staðbundna fjölmiðla. Þótt finna megi dæmi um öflugan fjölmiðlarekstur utan höfuðborgarsvæðisins hafa staðbundnir fjölmiðlar átt undir högg að sækja hér á landi. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara miðla svo ræða megi hvort sérstakra aðgerða er þörf til að efla stöðu þeirra.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til þess að standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Er þar vísað til tilmæla Evrópuráðsins um að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar, sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin.

Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúanna eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2006.

139. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Flm.: Birkir J. Jónsson, Halldór Blöndal, Kristján L. Möller,
Steingrímur J. Sigfússon, Sigurjón Þórðarson, Dagný Jónsdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Hlynur Hallsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra undirbúning að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Haft verði að markmiði að bjóða upp á nám til stúdentsprófs auk þess sem skólinn sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun.

Ráðherra skipi undirbúningshóp sem í sitji fulltrúi menntamálaráðherra, sem veiti hópnum forustu, fulltrúi ráðherra byggðamála, fulltrúi sjávarútvegsráðherra, fulltrúi Dalvíkurbyggðar, fulltrúi Ólafsfjarðarbæjar og fulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 146, 146. mál.).

Við utanverðan Eyjafjörð búa um 4.500 manns en þar er enginn framhaldsskóli. Ljóst er, samkvæmt skýrslu Hermanns Tómassonar frá árinu 2001, að afgerandi meirihluti foreldra á svæðinu kysi að hafa þar framhaldsskóla og samkvæmt könnun sem gerð var á sama tíma hefði meiri hluti nemenda áhuga á framhaldsskólanámi á svæðinu. Kannanir sýna einnig að brottfall nemenda þaðan í framhaldsskólum á Akureyri er meira en gengur og gerist.

16–18 ára fólk telst börn eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður en fólk á þessum aldri af svæðinu á einungis kost á framhaldsskólanámi fjarri heimili sínu. Æskilegt væri að hægt væri að stunda nám í heimabyggð fram að 18 ára aldri. Einnig mundi framhaldsskóli sinna sí- og endurmenntun á svæðinu, til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf.

Sérhæfing skólans, auk náms til stúdentsprófs, væri á sviði sjávarútvegs. Vagga útgerðar og fiskvinnslu í landinu er við Eyjafjörð og því eðlilegt að þar fari fram menntun skipstjórnarmanna og fiskvinnslufólks. Framhaldsskólahefð er fyrir á svæðinu, t.d. eiga fiskvinnsluskóli og stýrimannaskóli sér langa hefð í Dalvíkurbyggð.

Mikill stuðningur er við stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð hjá sveitarfélögunum Dalvíkurbyggð, Ólafsfirði og Siglufirði og ljóst að með jarðgöngum um Héðinsfjörð mun samstarf sveitarfélaganna eflast til muna á öllum sviðum. Í tengslum við hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna níu í Eyjafirði komst samstarfsnefnd verkefnisins, sem var skipuð 18 sveitarstjórnarmönnum af svæðinu, að þeirri niðurstöðu að stefna beri að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjarfjörð. Það er því ljóst að stuðningur er víðtækur á Eyjafjarðarsvæðinu við stofnun framhaldsskólans. Ljóst er að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð er mjög mikilvægt verkefni í byggðalegu tilliti enda er fjallað um málið í skýrslu sem verkefnisstjórn um byggðaáætlun Eyjafjarðar hefur skilað iðnaðarráðherra.

140. Beiðni um skýrslu [140. mál]

frá forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra.

Frá Helga Hjörvar, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fátækt barna og hag þeirra. Í skýrslunni verði lagt mat á umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar barna og hvernig hún hefur þróast síðastliðinn áratug.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve stór hluti barna á Íslandi býr við fátækt samkvæmt eftirfarandi mælikvörðum:
   a. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 40% meðaltekna,
   b. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 50% meðaltekna, sbr. skilgreiningu OECD,
   c. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 60% meðaltekna, sbr. viðmiðunarmörk Evrópusambandsins,
   d. börn sem alast upp á heimilum sem hafa lægri tekjur en 70% meðaltekna?
2. Hve stór hluti barna á Íslandi býr á heimilum sem þiggja fjárhagsaðstoð? Gerður verði greinarmunur á þeim sem þegið hafa fjárhagsaðstoð einu sinni eða oftar og þeim sem þegið hafa fjárhagsaðstoð í fimm mánuði eða lengur. Þá komi einnig fram hve mörg börn alast upp hjá örorkulífeyrisþegum er njóta fulltrar tekjutryggingar.
3. Hvert er hlutfall barna sem búa annars vegar á heimilum sem teljast fátæk samkvæmt skilgreiningu OECD (lægri tekjur en 50% meðaltekna) og hins vegar á heimilum sem fá fjárhagsaðstoð, þegar litið er til eftirfarandi þátta:
   a. hjúskaparstöðu foreldra:
      1. einstætt foreldri,
      2. foreldri í sambúð eða hjónabandi,
   b. menntunar aðalframfæranda:
      1. grunnskólapróf eða samsvarandi,
      2. framhaldsskólamenntun,
      3. háskólamenntun,
   c. aldurs aðalframfæranda:
      1. yngri en 30 ára,
      2. 30–39 ára,
      3. 40 ára og eldri,
   d. fjölda barna á heimili:
      1. eitt barn,
      2. tvö börn,
      3. þrjú börn,
      4. fjögur börn,
      5. fimm börn eða fleiri,
   e. upprunalands aðalframfæranda:
      1. Ísland,
      2. önnur lönd?

4. Hvernig er tekjuöflun háttað hjá þeim hópum sem nefndir eru í 1. lið, hverjum fyrir sig, þ.e. er um að ræða launatekjur, atvinnuleysisbætur, örorkubætur, fjárhagsaðstoð o.s.frv.?
5. Hvert er hlutfall barna sem búa á heimilum sem:
   a. þiggja fjárhagsaðstoð,
   b. eru fátæk,
   c. þiggja fjárhagsaðstoð og eru fátæk,
   d. hvorki þiggja fjárhagsaðstoð né eru fátæk?
   Miða skal við skilgreiningu OECD á fátækt (lægri tekjur en 50% meðaltekna).
6. Hvernig skiptist fátækt milli barna á landsvísu? Skiptir íbúafjöldi einhverju máli í því sambandi? Miða skal við skilgreiningu OECD á fátækt (lægri tekjur en 50% meðaltekna).
7. Hvernig skiptist hlutfall barnafjölskyldna sem fá fjárhagsaðstoð á landsvísu? Skiptir íbúafjöldi einhverju máli í því sambandi?
8. Hvaða áhrif hefur fátækt á andlega og líkamlega heilsu barna? Gerð verði grein fyrir rannsóknum á tengslum efnahags og heilsufars barna sem og helstu orsökum heilsubrests hjá börnum.
9. Hvaða tengsl eru milli efnahags barna og leikskólavistar, tómstundaiðkunar, svo sem í heilsdagsskóla, þátttöku í tónlistarnámi, íþróttastarfsemi o.s.frv.? Leitað verði eftir upplýsingum um hvort merkjanleg breyting hafi orðið á hópi þátttakenda í þeim sveitarfélögum sem boðið hafa upp á endurgjaldslaust íþrótta-, tónlistar- og tómstundastarf.
10. Hver er staða okkar gagnvart öðrum Norðurlandaþjóðum? Er fátækt barna hér á landi algengari eða fátíðari? Hve miklu verjum við í krónutölu á íbúa í stuðning við barnafjölskyldur og hve miklu verja hinar Norðurlandaþjóðirnar?
11. Hver er opinber stuðningur við barnafjölskyldur (barnabætur og aðrar greiðslur) hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu í samanburði við önnur OECD-ríki?
12. Hafa verið gerðar rannsóknir á orsökum fátæktar barna og ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra?
13. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um að draga úr fátækt barna?

Greinargerð.

Vaxandi misskipting í iðnríkjum hefur leitt til þess að stærri hluti barna elst upp við fátækt. Svo virðist sem draga megi úr fátækt meðal barna og neikvæðum afleiðingum hennar án þess að auka ríkisútgjöld. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á þessu mikilvæga efni í nágrannalöndum okkar og samanburðarlöndum innan OECD en samanburðarupplýsingar skortir fyrir Ísland. Forsenda þess að skapa megi jöfn tækifæri til allra í samfélaginu er að draga úr fátækt barna og er það því eitthvert brýnasta verkefni stjórnmálamanna. Þá valda endurteknar fréttir af slæmu heilsufari, einkum andlegu, meðal barna og unglinga áhyggjum og vert er að skoða efnalegar aðstæður þeirra með það í huga að fátækt er algeng orsök heilsubrests.

Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 18/1992, skal tryggja börnum borgaraleg, stjórnmálaleg, fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Í nýlegri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, *Child Poverty in Rich Countries 2005,* er fjallað um hagi barna í 24 aðildarlöndum Efnahags- og framfararstofnunarinnar, OECD. Þar kemur fram að í sautján þessara landa hafi hlutfall barna sem búa undir fátæktarmörkum hækkað síðasta áratuginn. Fram kemur einnig að fátækt barna er minnst meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndunum. Ekki eru birtar sambærilegar tölur fyrir Ísland.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa verið gerðar skýrslur um fátækt barna sem rétt er að hafa til hliðsjónar, sbr. dönsku skýrslurnar *Børnefattigdom i danske kommuner 1984–2001* (Soacialforskningsinstituttet 2003) og *Børnefattigdom i Danmark 2002* (Soacialforskningsinstituttet 2004), norsku skýrsluna *Fattige barn i Norge. Hvem er de og hvor bor de?* (Fafo 2004) og sænsku skýrsluna *Barns ekonomiska utsatthet* (Rädda Barnen, 2003). Þá benda flutningsmenn einnig á danska skýrslu sem gerð hefur verið um fátækt og félagslega einangrun, *Fattigdom og social eksklusion* (Soacialforskningsinstituttet 2004).

Eina rannsóknin sem gerð hefur verið á fátækt almennt og fátækt barna sérstaklega hér á landi og byggist á svipaðri aðferð og notuð er hjá UNICEF og OECD er rannsókn Stefáns Ólafssonar og Karls Sigurðssonar og var hún birt í bókinni *Poverty and Low Income in the Nordic Countries,* í ritstjórn Björn Gustafsson og Peder J. Pedersen (Aldershot: Ashgate Publishers, 2000), sjá einnig bók Stefáns Ólafssonar (1999), *Íslenska leiðin,* en þar er umfjöllun um fátækt og lífskjör í fjölþjóðlegum samanburði. Í þessum verkum eru vísbendingar um að fátækt meðal barna sé ívið algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum og að fátækt barna einstæðra foreldra sé mun algengari en barna sem alast upp hjá fjölskyldum með tvær fyrirvinnur. Rannsókn Hörpu Njáls (*Fátækt á Íslandi,* 2003) byggist á annarri aðferð en notuð er hjá UNICEF og OECD. Mikilvægt er að fá nýrri tölur sem eru sambærilegar við nýjustu tölur áðurnefndra fjölþjóðastofnana og einnig til að meta þróun fátæktar meðal barna á Íslandi hin síðari ár og áhrif hennar á heilsufar og félagslega og menningarlega stöðu.

141. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Í stað „13,03%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 14,03%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einföldu breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að rýmka heimildir þeirra til álagningar útsvars um eitt prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Frumvarpið er flutt í beinum tengslum við þegar lögfest áform ríkisstjórnarinnar um að halda áfram lækkun tekjuskatts um sama hundraðshluta, þ.e. eitt prósentustig um næstu áramót. Samanlagt álagningarhlutfall tekjuskatts og hámarks útsvarsheimildar mun því haldast óbreytt nái frumvarpið fram að ganga og vera 37,78%. Hvergi yrði því um skattahækkun að ræða en lækkunin réðist af því í hve miklum mæli sveitarfélögin nýttu sér aukið svigrúm til útsvarshækkunar á móti lækkun á tekjuskatti til ríkissjóðs. Sams konar frumvarp var flutt á síðasta þingi (þskj. 194 á 131. löggjafarþingi) í tengslum við þá skattalækkun sem þá var framundan og tók gildi 1. janúar 2005. Það frumvarp náði ekki fram

að ganga. Ekki er síður þörf nú en þá að gripið verði til róttækra aðgerða til að bæta óviðundi afkomu sveitarfélaganna. Engin varanleg úrlausn er fólgin í þeim takmörkuðu og tímabundnu aðgerðum sem niðurstaða síðustu endurskoðunarnefndar um tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, þá loksins hún leit dagsins ljós í marsmánuði 2005, felur í sér. Þær tillögur eru að mestu bundnar við ráðstafanir sem hanga á því að sveitarfélög sameinist og framlögin verði að stærstum hluta tímabundin.

Það er skoðun flutningsmanna að ekki verði undan því vikist að grípa til ráðstafana til að bæta stöðu sveitarfélaganna. Afkoma þeirra, sem vissulega er mismunandi, er í það heila tekið óviðunandi og hefur verið svo lengi. Þannig hafa sveitarfélögin sem heild verið gerð upp með halla og safnað skuldum nokkurn veginn samfellt í einn og hálfan áratug. Teljist ríkissjóður aflögufær um skatttekjur, sem vissulega má deila um, hlýtur því að vera nærtækast að færa þær tekjur a.m.k. að einhverjum hluta yfir til sveitarfélaganna. Á sveitarfélögunum standa miklar og vaxandi kröfur um þjónustu, þau hafa tekið við ýmsum nýjum verkefnum og fengið á herðar sínar nýjar skyldur, svo sem á sviði umhverfismála sem snerta eftirlit og leyfisveitingar svo dæmi sé tekið, sem ekki hafa fylgt auknir tekjumöguleikar. Í samskiptum við ríkisvaldið virðist sífellt sækja í það far að það halli á sveitarfélögin. Með yfirtöku kostnaðarsamra málaflokka hafa sveitarfélögin, hvað sem líður deilum um fullnægjandi tekjustofna á móti, óumdeilanlega fengið með í kaupunum miklar væntingar um úrbætur og aukin útgjöld, eins og sannast í tilviki grunnskólans. Í ýmsum samstarfsverkefnum hallar á sveitarfélögin með því að ríkið bindur kostnaðarþátttöku sína við framlög á fjárlögum sem oftar en ekki hrökkva hvergi nærri fyrir því kostnaðarhlutfalli sem ríkinu er að nafninu til ætlað að standa straum af. Dæmi um þetta eru húsaleigubætur og eyðing refa og minka. Svipaða sögu er einnig að segja af ákveðnum stofnkostnaðarverkefnum þar sem ætlunin er að ríki og sveitarfélög deili kostnaðinum. Óraunhæf kostnaðarviðmið eða norm valda því að ríkið leggur iðulega minna af mörkum hlutfallslega að lokum en ætlunin er, jafnvel samkvæmt lögbundnu kostnaðarhlutfalli. Loks er þess að geta að sveitarfélögin hafa orðið fyrir tekjutapi vegna ákvarðana um mál, óskyld þeim, svo sem um hagstæðara skattalegt umhverfi einkahlutafélaga sem leitt hefur til mikillar fjölgunar þeirra og tekjutaps sveitarfélaganna í formi minni útsvarstekna á móti sem talið er nema milljarði króna eða liðlega það.

Svigrúm sveitarfélaganna til sjálfstæðra ákvarðana í uppbyggingu og rekstri og til umbóta, t.d. í félags- og umhverfismálum eða til að hlúa að nýsköpun í almennu atvinnulífi, er afar takmarkað eins og að líkum lætur í ljósi bágrar fjárhagsstöðu þeirra upp til hópa. Tilvist sveitarfélaganna einkennist af varnarbaráttu og sóknarfæri verða fá. Slíkt er óviðunandi því auðvitað þurfa sveitarfélögin að geta þróað og byggt upp þjónustu sína og tekið skref fram á við til eflingar velferðarsamfélagsins sem þau leggja ekki síst grunn að. Sem dæmi um slík verkefni má nefna það baráttumál Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að leikskóladvöl verði gerð gjaldfrjáls með sérstöku samstarfsverkefni sveitarfélaganna og ríkisins, en flutningsmenn þessa frumvarps flytja jafnframt um það tillögu á yfirstandandi þingi. Sama gildir um möguleika þeirra til að bæta kjör starfsmanna sinna og koma til móts við kröfur um launahækkanir, þó réttmætar og nauðsynlegar séu til að sveitarfélögin geti verið samkeppnisfær um hæft starfsfólk. Sú spennitreyja sem sveitarfélögin eru í að þessu leyti kristallaðist í kennaradeilunni á síðasta ári. Alvarlegast er þó auðvitað að áframhaldandi fjárhagsvandi sveitarfélaganna grefur almennt séð undan þeirri mikilvægu nærþjónustu og þeim umhverfis- og velferðarverkefnum sem sveitarfélögin hafa með höndum. Þannig veikjast undirstöður velferðarsamfélagsins og sveitarstjórnir sjá sig jafnvel knúnar til óyndisúrræða eins og að selja eignir og láta af hendi aðstöðu sem þó er ómissandi fyrir undirstöðu samfélagsþjónustu á þeirra vegum.

Tekjutap ríkissjóðs vegna áformaðrar eins prósentustigs lækkunar tekjuskatts verður væntanlega nálægt fimm og hálfum milljarði kr. brúttó en fjórum og hálfum milljörðum kr. nettó. Sé heimild sveitarfélaganna til hækkunar útsvars aukin að sama skapi og fari úr 13,03% í 14,03%, þá gæfi það sveitarfélögunum svigrúm af sömu stærðargráðu til að auka útsvarstekjur sínar, sbr. fylgiskjal I. Það ber þó að taka skýrt fram í þessu sambandi að ónotaðar eru hjá sveitarfélögunum heimildir til álagningar útsvars nálægt þrjú hundruð millj. kr. Er það talsverð breyting frá fyrra ári en þá námu ónýttar heimildir samtals yfir milljarði kr. Breytingin stafar af því að allmörg sveitarfélög hækkuðu útsvar sitt á árinu, flest með því að fara upp í þakið 13,03%. Óvíst er í hve ríkum mæli þau sveitarfélög sem eiga ónýttar heimildir fyrir mundu nýta sér aukið svigrúm. Einnig er ekki víst að öll sveitarfélög sem fullnýta heimildir sínar nú mundu nota sér aukið svigrúm til útsvarsinnheimtu, a.m.k. ekki þegar í stað. Hér ber einnig að leggja áherslu á mismunandi stöðu sveitarfélaganna, samspil eigin tekna þeirra og úthlutunar úr jöfnunarsjóði og fleira sem máli skiptir. Því fer fjarri að flutningsmenn telji þá ráðstöfun sem frumvarpið gengur út á einhverja allsherjarlausn. Æskilegast væri að breytingar af þessu tagi væru liður í heildarendurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem nauðsynlega þarf að fara fram og er forsenda þess að hægt sé í framhaldinu að ráðast í áfanga til eflingar sveitarstjórnarstiginu. Auknar heimildir til innheimtu útsvars væru þó skref í rétta átt fyrir sveitarfélögin. Þær mundu auka nokkuð svigrúm þeirra og sjálfstæði hvað varðar tekjuöflun og ef slíkri aðgerð yrði fylgt eftir með breytingum á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs, þannig að framlög sjóðsins nýtist til enn frekari tekjujöfnunar og jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaganna, þá gæti það orðið til umtalsverðra bóta. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að auðvitað nýtast sveitarfélögunum misvel eðli málsins samkvæmt heimildir til hækkunar útsvars. Útsvarið er eftir sem áður langstærsti einstaki tekjustofn sveitarfélaganna, og skilar yfir 60% af tekjum þeirra, þannig að eigi að gera umtalsverðar ráðstafanir til að auka tekjur þeirra er erfitt annað en útsvarið komi þar a.m.k. við sögu.

Fylgiskjal I.

Samband íslenskra sveitarfélaga:

Útsvarstekjur sveitarfélaga.

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2005	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2003	Vægi svfél. í stofni	
0000	Reykjavíkurborg	13,03%	12,70%	Hækkun	0,33	1		196.693.554.456	0,41103997183	0,0535585083
1000	Kópavogsbær	13,03%	12,94%	Hækkun	0,09	1		44.278.712.256	0,0925313526	0,0120568352
1100	Seltjarnarneskaupstaður	12,46%	12,46%					9.116.301.397	0,0190507731	0,002373726
1300	Garðabær	12,46%	12,46%					17.235.238.549	0,0360173061	0,004487756
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		34.489.985.645	0,0720753802	0,009391422
1603	Sveitarfélagið Álftanes	13,03%	13,03%			1		3.111.506.519	0,006502265	0,00084725
1604	Mosfellsbær	12,94%	12,94%					10.595.985.828	0,0221429407	0,002865297
1606	Kjósarhreppur	13,03%	13,03%			1		205.792.004	0,00043005	0,000056
2000	Reykjanesbær	12,70%	12,70%					17.127.549.466	0,0357922631	0,004545617
2300	Grindavíkurbær	13,03%	13,03%			1		3.739.109.304	0,007813796	0,001018138
2503	Sandgerðisbær	12,70%	12,70%					1.972.862.206	0,004122785	0,00052359
2504	Sveitarfélagið Garður	12,70%	12,70%					1.853.624.392	0,003873608	0,00049195
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	13,03%	13,03%			1		1.256.268.118	0,002625284	0,00034207
3000	Akraneskaupstaður	13,03%	13,03%			1		9.010.391.084	0,0188294472	0,002453477
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	11,24%	11,24%				1	221.133.881	0,00046211	0,0000519
3502	Skilmannahreppur	11,24%	11,24%				1	209.473.601	0,00043775	0,0000492
3503	Innri-Akraneshreppur	12,87%	12,85%	Hækkun	0,02			179.302.943	0,0003747	0,0000482
3504	Leirár- og Melahreppur	13,03%	13,03%			1		157.528.983	0,0003292	0,0000429
3506	Skorradalshreppur	11,24%	11,24%				1	77.697.257	0,00016237	0,0000183
3510	Borgarfjarðarsveit	13,03%	13,03%			1		861.307.658	0,001799916	0,00023453
3601	Hvítársíðuhreppur	13,03%	13,03%			1		80.081.666	0,00016735	0,0000218
3609	Borgarbyggð	13,03%	13,03%			1		3.612.179.812	0,007548546	0,00098358
3701	Kolbeinsstaðahreppur	12,20%	12,20%					93.990.132	0,00019642	0,000024
3709	Grundarfjarðarbær	13,03%	13,03%			1		1.309.999.361	0,002737569	0,00035671
3710	Helgafellssveit	11,24%	11,24%				1	68.233.830	0,00014259	0,000016
3711	Stykkishólmsbær	13,03%	13,03%			1		1.816.120.237	0,003795234	0,00049452
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	12,80%	12,70%	Hækkun	0,10			172.559.619	0,00036061	0,0000462

Svnr.	Sveitarfélag	Útsvar 2005	Útsvar 2004	Breyting	Hækkun pr.stig	Hám. 13,03%	Lágm. 11,24%	Útsvarsstofn des.v/launa 2003	Vægi svfél. í stofni	
3714	Snæfellsbær	13,03%	13,03%			1		2.679.075.816	0,005598593	0,0007295
3809	Saurbæjarhreppur	13,03%	13,03%			1		91.936.920	0,00019213	0,000025
3811	Dalabyggð	13,00%	13,00%					848.576.762	0,001773312	0,00023053
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	13,03%	13,03%			1		1.522.365.241	0,00318136	0,00041453
4200	Ísafjarðarbær	13,03%	13,03%			1		6.425.221.234	0,0134270935	0,00174955
4502	Reykhólahreppur	13,03%	13,03%			1		390.748.246	0,00081657	0,0001064
4604	Tálknafjarðarhreppur	13,03%	12,99%	Hækkun	0,04	1		489.917.546	0,001023804	0,0001334
4607	Vesturbyggð	13,03%	13,03%			1		1.582.460.536	0,003306944	0,00043089
4803	Súðavíkurhreppur	13,03%	13,03%			1		357.022.449	0,00074609	0,0000972
4901	Árneshreppur	13,03%	13,03%			1		69.761.040	0,00014578	0,000019
4902	Kaldrananeshreppur	13,03%	13,03%			1		180.580.294	0,00037737	0,0000492
4908	Bæjarhreppur	12,50%	12,30%	Hækkun	0,20			122.988.732	0,00025702	0,0000321
4909	Broddaneshreppur	12,70%	12,70%					77.101.713	0,00016112	0,0000205
4910	Hólmavíkurhreppur	13,03%	13,03%			1		657.127.049	0,00137323	0,00017893
5000	Siglufjarðarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		2.288.883.274	0,004783189	0,00062325
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	13,03%	13,03%			1		6.025.880.632	0,0125925723	0,001640812
5508	Húnaþing vestra	13,03%	13,03%			1		1.543.737.093	0,003226022	0,00042035
5601	Áshreppur	12,45%	12,45%					82.605.433	0,00017262	0,0000215
5602	Sveinsstaðahreppur	12,80%	12,41%	Hækkun	0,39			112.582.392	0,00023527	0,0000301
5603	Torfalækjarhreppur	12,80%	12,80%					117.597.255	0,00024575	0,0000315
5604	Blönduósbær	13,03%	13,03%			1		1.421.930.101	0,002971476	0,00038718
5605	Svínavatnshreppur	12,20%	12,20%					144.509.187	0,00030199	0,0000368
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	12,75%	12,75%					99.941.641	0,00020885	0,0000266
5609	Höfðahreppur	13,03%	13,03%			1		1.006.411.710	0,002103147	0,00027404
5611	Skagabyggð	12,40%	12,40%					87.335.963	0,00018251	0,0000226
5706	Akrahreppur	13,03%	13,03%			1		263.996.571	0,00055169	0,0000719
6000	Akureyrarkaupstaður	13,03%	13,03%			1		24.928.521.887	0,05209433	0,006787891
6100	Húsavíkurbær	13,03%	13,03%			1		3.683.568.028	0,007697729	0,001003014
6200	Ólafsfjarðarbær	13,03%	13,03%			1		1.733.942.496	0,003623503	0,00047214
6400	Dalvíkurbyggð	13,03%	13,03%			1		2.891.951.054	0,006043449	0,00078746
6501	Grímseyjarhreppur	13,03%	13,03%			1		185.838.652	0,00038836	0,0000506
6506	Arnarneshreppur	13,00%	13,00%					259.146.193	0,00054155	0,0000704
6513	Eyjafjarðarsveit	13,03%	13,03%			1		1.277.369.506	0,00266938	0,00034782

Einnig var með frumvarpinu fylgiskjal II: Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 29. september 2004.)

142. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um sívinnslu við skil skattframtala.

Flm.: Valdimar L. Friðriksson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að stefnt skuli að sívinnslu við skil á skattframtölum fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur. Núverandi fyrirkomulag verði með öllu aflagt og í stað þess komi jöfn skil skattframtala febrúar til nóvember ár hvert.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur skattkerfi landsins tölvuvæðst á sviði framtalsgerðar og skattskila. Hefur tekist vel til með öryggi kerfisins og má segja að nú sé vinnuumhverfið gerbreytt nema hvað varðar fyrirkomulag á framtalsskilum. Þar eru enn í gildi vinnureglur löngu liðins tíma handvinnslu og árstíðabundinna starfshátta. Sjálfstæðir atvinnurekendur í landinu eru um 17–18 þúsund talsins, án þess að taldir séu með svokallaðir lögaðilar, þ.e. hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög. Endurskoðendum og bókurum er ætlað að ljúka uppgjörs- og framtalsvinnu fyrir þessa 17–18 þúsund aðila á 60 vinnudögum frá mars til maíloka. Á sama tíma þarf að vinna uppgjör og framtöl lögaðila en þeirri vinnu þarf að vera lokið í september ár hvert.

Afleiðing þessa úrelta fyrirkomulags er sú að ekki tekst að ljúka framtalsgerð fyrir einstaklinga með rekstur á tilskildum tíma og er því skattur áætlaður á allt að 25% þessara aðila með afleiðingum sem eru mikil og alvarleg óþægindi, ásamt verulegum kostnaði. Því er bæði tímabært og nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi skattskila og taka upp jöfn skil atvinnurekstrarframtala frá febrúar til nóvember ár hvert og hverfa alfarið frá núverandi skipulagi.

Núverandi fyrirkomulagi fylgir gífurlegt álag á endurskoðendur og bókara, sérstaklega á tímabilinu mars–maí. Síðan fá skattstofurnar bylgjuna yfir sig og eru fram á haust að komast fram úr þeirri vinnu sem þær eiga að inna af hendi lögum samkvæmt.

Það sem vinnst við það að taka upp sívinnslu er fyrst og fremst eftirfarandi:

Jöfn vinnsla uppgjörs og framtala ætti að tryggja vandaðri framtalsgerð og skapa eðlilegt vinnuumhverfi, en nú er það með öllu óviðunandi og engum bjóðandi. Síðast en ekki síst leiða jöfn skil framtala til þess að hægt verður að taka upp reglubundið og skipulegt skatteftirlit sem síðan tryggir öruggari og betri skattskil.

Sá sem hefur mestan ávinning af því að taka upp nútímavinnubrögð við framtalsskil er ríkissjóður, þannig að sú breyting eða þróun sem hér er lögð til felur í sér marga mjög jákvæða þætti til hverrar áttar sem litið er. Komið hefur fram bæði í ræðu og riti hjá fjármálaráðherra, ríkisskattstjóra, skattstjórum landsins, endurskoðendum og bókurum að þessir aðilar vilja taka upp sívinnslu í skattskilum og falla frá núverandi fyrirkomulagi sem er í raun löngu orðið úrelt og því sem næst ónothæft.

143. Frumvarp til laga [143. mál]

um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneytið“ í 10. gr. laganna kemur: umhverfisráðuneytið.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn, þar af þrír án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: umhverfisráðherra.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðherra“ í upphafi 3. gr. laganna kemur: Umhverfisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá skipa nýja stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nái þessi breyting fram að ganga mun umhverfisráðuneyti ákvarða heildaraflamark ár hvert, hafa umsjón með rannsóknum og gera tillögur varðandi almennt skipulag veiða innan efnahagslögsögunnar, ekki síst þeirra sem tengjast hafsbotninum. Þá mun ráðuneytið veita ráðgjöf um friðunaraðgerðir og notkun veiðarfæra, jafnframt því að setja almennar reglur um notkun veiðarfæra. Sjávarútvegsráðuneyti mun eftir sem áður annast stjórn veiðanna innan framangreindra marka og hafa yfirumsjón með eftirliti með veiðum og mati á sjávarafurðum.

Nauðsynlegt þykir að gera umrædda breytingu og leggja þannig ríkari áherslu en verið hefur á umhverfisþátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna. Þetta er ítrekað með því að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum beinna hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis. Ekki er eðlilegt að hagsmunaaðilar geti ráðið miklu um ákvörðun

sem þá varðar miklu fjárhagslega þegar í húfi eru náttúruauðlindir sem þjóðin byggir afkomu sína á í svo ríkum mæli sem raun ber vitni. Það skiptir miklu máli að við ákvarðanir um hagnýtingu auðlindar sé litið til langs tíma og þjóðarhags.

Frumvarp þetta er nú flutt í fjórða sinn og verði það að lögum er rétt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, en efni þess fellur vel að þeim sjónarmiðum að rétt sé að sameina atvinnuvegaráðuneytin í eitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á 10., 13., 15. og 18. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem leiðir af þeirri tilhögun að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar á þann veg að hagsmunaaðilar skipi ekki lengur fulltrúa í stjórnina heldur einvörðungu ráðherra, Fiskifélag Íslands og starfsmenn stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd um 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 3. gr. laga um stjórn fiskveiða að í stað sjávarútvegsráðherra ákvarði umhverfisráðherra heildaraflamark ár hvert á þeim stofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Þessi breyting er nauðsynleg til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga. Þar sem orðið ráðherra kemur fyrir síðar í greininni er þá samkvæmt frumvarpinu vísað til umhverfisráðherra í stað sjávarútvegsráðherra.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku laganna og að skipuð verði ný stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum.

144. Frumvarp til laga [144. mál]

fyrir árið 2005.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2005, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**26.862,5**	**26.748,8**
Skattar á tekjur og hagnað	11.816,0	11.717,7
Tryggingagjöld	600,1	582,8
Eignarskattar	4.980,0	4.980,0
Skattar á vörur og þjónustu	9.456,7	9.458,6
Aðrir skattar	9,7	9,7
Aðrar rekstrartekjur	6.597,1	6.477,6
Sala eigna	57.500,0	57.500,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**90.959,6**	**90.726,4**
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	851,1	851,1
Menntamálaráðuneyti	933,4	933,4
Utanríkisráðuneyti	499,3	499,3
Landbúnaðarráðuneyti	509,7	509,7
Sjávarútvegsráðuneyti	55,0	55,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	160,5	160,5
Félagsmálaráðuneyti	731,4	731,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.299,1	1.299,1
Fjármálaráðuneyti	10.679,4	6.679,4
Samgönguráðuneyti	1.315,9	1.232,9
Iðnaðarráðuneyti	405,0	405,0
Viðskiptaráðuneyti	22,8	22,8
Hagstofa Íslands	6,0	6,0
Umhverfisráðuneyti	-160,7	-160,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-1.340,0	140,0
Gjöld samtals	**15.967,9**	**13.364,9**
Tekjujöfnuður	**74.991,7**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

m.kr.	
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	74.991,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-59.172,6
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	3.959,4
Viðskiptaskuldir, (breyting)	83,0
Handbært fé frá rekstri	**19.861,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	250,0
Afborganir veittra lána	800,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	66.700,0
Fjármunahreyfingar samtals	**66.750,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**86.611,5**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	-26.500,0
Afborganir lána	-27.500,0
Fjármögnun samtals	**-54.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**32.611,5**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

1. Í stað orðanna „allt að 40.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 13.500 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.890 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 4.640 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 4.700 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 4.600 m.kr.
   c. Liður 2.3 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 26.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 27.600 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 60.800 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 65.400 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 18.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 8.700 m.kr.
   d. Liður 3.4 fellur brott.
   e. Liður 3.5 fellur brott.
   f. Liður 3.6 fellur brott.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

Nýir liðir:

1.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld vegna endurfjármögnunar á lánum Spalar ehf.

3.26 Að heimila Atvinnuleysistryggingarsjóði að selja hluta af fasteigninni Bolholt 4, Reykjavík.

5.4 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Hjaltadals.

6.27 Að heimila Atvinnuleysistryggingarsjóði að kaupa húsnæði fyrir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins að Engjateigi 11, Reykjavík.
6.28 Að heimila Atvinnuleysistryggingarsjóði að kaupa hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun á Akureyri.
6.29 Að kaupa flugskýli á Vestmanneyjarflugvelli.
6.30 Að kaupa flugskýli á Reykjavíkurflugvelli
6.31 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Fiskistofu.
6.32 Að kaupa húsnæði fyrir þekkingarsetur á Egilsstöðum.
6.33 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík.

7.12 Að heimila Landgræðslu ríkisins að afhenda Þristavinafélaginu landgræðsluflugvélina Pál Sveinsson til afnota og varðveislu og flugvélaskrokkinn TF-ISB til eignar.
7.13 Að afsala til Reykjavíkurborgar eignarhluta ríkisins í húsnæði Safamýrarskóla, Öskjuhlíðarskóla, Vörðuskóla og Vesturhlíðarskóla í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og ríkisins frá 31. maí 2005.
7.14 Að kaupa eignarhluta sveitarfélaga í Landsvirkjun.
7.15 Að taka þátt í hlutafjáraukningu í Fiskeldi Eyjafjarðar hf. fyrir allt að 38,6 m.kr.
7.16 Að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli fyrirliggjandi útboðs.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	1.700,0	1.632,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-400,0	-400,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.200,0	4.164,7
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**5.500,0**	**5.396,7**
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	6.292,0	6.297,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	24,0	24,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**6.316,0**	**6.321,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**11.816,0**	**11.717,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	530,9	515,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	69,2	67,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**600,1**	**582,8**
	Tryggingagjöld	**600,1**	**582,8**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	4,4	4,4
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	580,0	580,0
4.4.1	Stimpilgjöld	4.400,0	4.400,0
	Eignarskattar	**4.980,0**	**4.980,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	7.000,0	7.000,0
5.1.2.1	Vörugjöld	-207,4	-207,4
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.293,0	3.293,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-15,0	-15,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-32,8	-32,8
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-142,6	-140,7
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-567,0	-567,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**9.328,2**	**9.330,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	145,0	145,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-180,0	-180,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-10,0	-10,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	168,5	168,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	5,0	5,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**128,5**	**128,5**
	Skattar á vörur og þjónustu	**9.456,7**	**9.458,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	5,3	5,3
	Skatttekjur, samtals	**26.862,5**	**26.748,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-230,0	-230,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	4.572,0	4.572,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**4.342,0**	**4.342,0**
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	760,0	567,4
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**5.102,0**	**4.909,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.5	Skólagjöld	-16,9	-16,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-11,5	-11,5
9.1.3.35	Ýmislegt	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-28,4**	**-28,4**
	Ýmsar tekjur	**-28,4**	**-28,4**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	1.523,5	1.596,6
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**6.597,1**	**6.477,6**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	57.500,0	57.500,0
	Sala eigna, samtals	**57.500,0**	**57.500,0**
	Heildartekjur samtals	**90.959,6**	**90.726,4**

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

01 Forsætisráðuneyti

m.kr.

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni 750,0
1.18 Stjórnarskrárnefnd 22,0
1.90 Ýmis verkefni 42,0
Almennur rekstur samtals 814,0

Gjöld samtals **814,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 814,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 14,6

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis ..... -14,6

Gjöld samtals **0,0**

01-255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini

Almennur rekstur:
1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini ..... -27,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald ..... -4,6

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.21 Framkvæmdir	32,5
Gjöld samtals	**0,0**

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	27,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**851,1**
Greitt úr ríkissjóði	**851,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.13 Háskólasjóður	7,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,8

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	20,0
1.03 Rannsóknastofur	34,1
Almennur rekstur samtals	54,1
Gjöld samtals	**54,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,1

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Orðabók Háskólans	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	110,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	110,0

02-211 Tækniháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniháskóli Íslands	-239,4
1.02 Rannsóknastarfsemi	-28,1
Almennur rekstur samtals	-267,5
Gjöld samtals	**-267,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	5,3
Gjöld umfram tekjur	**-262,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-245,3
Innheimt af ríkistekjum	-16,9

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	297,5
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	28,1
Almennur rekstur samtals	325,6
Gjöld samtals	**325,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**320,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,3

m.kr.

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 104,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,0

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.61 Norræna eldfjallastöðin ..... -34,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -34,1

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

02-367 Snæfellsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 12,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,3

m.kr.

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 17,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,6

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,1

02-908 Kvikmyndasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasafn Íslands 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbætur menningarstofnana 376,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 376,0

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

m.kr.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.90 Listir 1,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.13 Útvarpsréttarnefnd 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 933,4
Greitt úr ríkissjóði 950,3
Innheimt af ríkistekjum ..... -16,9
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands 276,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 276,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Þróunaraðstoð 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 31,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:
1.85 Alþjóðleg friðargæsla 87,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,0

	m.kr.
03-611 Útflutningsráð Íslands	
Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	5,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,3
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**499,3**
Greitt úr ríkissjóði	**494,0**
Innheimt af ríkistekjum	**5,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	120,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,0

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	38,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	22,3
Gjöld samtals	**60,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,8

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:	
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	90,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi	35,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar	60,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull	24,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	24,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	3,0
Almennur rekstur samtals	111,0
Gjöld samtals	**111,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,0

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	55,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,2

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	11,0
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	3,5
1.93 Búrekstraráætlanir	1,1
1.96 Búfjárrækt	3,7
Almennur rekstur samtals	19,3
Gjöld samtals	**19,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**509,7**
Greitt úr ríkissjóði	**509,7**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	5,0
1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	6,0
Almennur rekstur samtals	11,0
Gjöld samtals	**11,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	44,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,0

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	83,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-28,2
Gjöld samtals	**55,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-55,7
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-36,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	38,8

	m.kr.
Gjöld samtals	**2,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**55,0**
Greitt úr ríkissjóði	**55,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Almennur rekstur:	
1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis	33,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,8

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	15,0
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	7,0
Almennur rekstur samtals	22,0
Gjöld samtals	**22,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	38,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,0

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	15,0
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	10,0
Almennur rekstur samtals	25,0
Gjöld samtals	**25,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 9,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,8

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:
1.05 Innheimta sekta ..... -15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -15,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.11 Útgáfa ökuskírteina ..... -14,8
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins ..... -19,1
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna ..... -6,7
Almennur rekstur samtals ..... -40,6

Gjöld samtals ..... **-40,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -40,6

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 37,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,0

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 3,6

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,6

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	31,8
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	9,2
Almennur rekstur samtals	41,0
Gjöld samtals	**41,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	5,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,9

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**160,5**
Greitt úr ríkissjóði	**160,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 12,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,2

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 602,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 602,0

m.kr.

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur ..... -42,0

Gjöld umfram tekjur ..... **-42,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -42,0

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.13 Kjararannsóknarnefnd 42,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... -100,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -100,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -518,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 42,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -42,0
1.41 Framlög og styrkir 15,0
Almennur rekstur samtals ..... -503,0

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 93,2

Gjöld samtals ..... **-409,8**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-409,8
07-989 Fæðingarorlof	
Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	350,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	15,0
Almennur rekstur samtals	365,0
Gjöld samtals	**365,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0
Innheimt af ríkistekjum	350,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	
Almennur rekstur:	
1.31 Félagasamtök, styrkir	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**731,4**
Greitt úr ríkissjóði	**891,2**
Innheimt af ríkistekjum	**-159,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 17,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,8

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -402,6
Innheimt af ríkistekjum 402,6

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.45 Brýn meðferð erlendis ..... -5,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,2

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

m.kr.

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 657,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 657,7

08-376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans

Stofnkostnaður:
6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans 300,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 300,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ..... -4,5

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 60,0

Gjöld samtals **55,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,5

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 7,5
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis 41,3
Almennur rekstur samtals 48,8

Gjöld samtals **48,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,8

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt 17,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,0

08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -24,0
Innheimt af ríkistekjum 24,0

08-471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík ..... -54,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -54,2

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 34,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald, óskipt ..... -11,0

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
Gjöld samtals	**48,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,4

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	-9,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-9,4

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	10,0
1.11 Sjúkrasvið	10,0
Almennur rekstur samtals	20,0
Gjöld samtals	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	20,5
1.11 Sjúkrasvið	20,5
Almennur rekstur samtals	41,0
Gjöld samtals	**41,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,0

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	40,0

	m.kr.
1.11 Sjúkrasvið	30,0
Almennur rekstur samtals	70,0
Gjöld samtals	**70,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	70,0

08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	44,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.299,1**
Greitt úr ríkissjóði	**872,5**
Innheimt af ríkistekjum	**426,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-103 Fjársýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	35,0
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	-35,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	27,4
Stofnkostnaður samtals	-7,6
Gjöld samtals	**27,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,4

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	210,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	4.000,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	6.292,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.292,0

m.kr.

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.11 Rekstur fasteigna 252,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 167,7

Gjöld samtals **420,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -420,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.679,4**
Greitt úr ríkissjóði **6.679,4**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **4.000,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Útgáfa ökuskírteina	14,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,8

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	83,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	30,0
Almennur rekstur samtals	113,0
Gjöld samtals	**113,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	30,0
Viðskiptahreyfingar	83,0

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	236,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,4
Gjöld umfram tekjur	**173,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	173,5

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	1,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,9

m.kr.

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 5,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,2

10-521 Fjarskiptasjóður

Stofnkostnaður:
6.41 Fjarskiptasjóður 1.000,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.000,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 7,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,5

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.315,9**
Greitt úr ríkissjóði **1.029,4**
Innheimt af ríkistekjum **203,5**
Viðskiptahreyfingar **83,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 275,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 275,0

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **405,0**
Greitt úr ríkissjóði **405,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Fastanefndir	0,8
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	25,0
Almennur rekstur samtals	25,8
Gjöld samtals	**25,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,8

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	-115,2
Sértekjur:	
Sértekjur	4,5
Gjöld umfram tekjur	**-110,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-31,7
Innheimt af ríkistekjum	-79,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	-8,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**-11,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-11,5

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	68,9

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,9
12-421 Neytendastofa	
Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	137,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**132,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,7
Innheimt af ríkistekjum	79,0
12-902 Samkeppnisstofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppnisstofnun	-88,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-88,9
12-999 Ýmis viðskiptamál	
Almennur rekstur:	
1.15 Talsmaður neytenda	6,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**22,8**
Greitt úr ríkissjóði	**34,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-11,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.50 Þjóðskráin 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur **6,0**
Greitt úr ríkissjóði **6,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.36 Rannsóknir og útrýming á mink	45,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	9,9
Almennur rekstur samtals	54,9
Gjöld samtals	**54,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	54,9

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	2,0
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	10,5
Almennur rekstur samtals	12,5
Gjöld samtals	**12,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,5

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	-487,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**-497,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-497,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	50,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	50,0
14-381 Ofanflóðasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	180,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	180,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.02 Setur í Reykjavík	38,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,9
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-160,7**
Greitt úr ríkissjóði	**106,3**
Innheimt af ríkistekjum	**-267,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-1.340,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,0
Viðskiptahreyfingar	-1.480,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-1.340,0**
Greitt úr ríkissjóði	**140,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-1.480,0**

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2005

		m.kr.
01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	824,1
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	12,4
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	413,0
	Samtals	**1.249,5**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	81,0
	Samtals	**81,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	38,9
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	15,0
	Samtals	**53,9**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	6,0
	Samtals	**6,0**
Almenn opinber þjónusta samtals		**1.390,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	59,2
	03.1.2 Brunavarnir	50,0
	Samtals	**109,2**
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	242,9
Löggæsla og öryggismál samtals		**352,1**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	112,3
	04.2.2 Sérskólastig	112,7
	Samtals	**225,0**

	m.kr.
04.3 Æðra skólastig	
04.3.1 Háskólastig	360,7
Samtals	**360,7**
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	35,0
Fræðslumál samtals	**620,7**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	1.154,2
05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	-32,7
Samtals	**1.121,5**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	109,5
Samtals	**109,5**
05.6 Önnur heilbrigðismál	50,3
Heilbrigðismál samtals	**1.281,3**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	365,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	0,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-409,8
Samtals	**-44,8**
06.2 Velferðarmál	
06.2.3 Málefni fatlaðra	259,2
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	32,8
Samtals	**292,0**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**247,2**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.2 Skipulagsmál	94,4
Samtals	**94,4**

	m.kr.
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	-497,0
Samtals	**-497,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**-402,6**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	3,0
08.0.2 Söfn, listir o.fl.	430,5
08.0.3 Fjölmiðlar	5,0
08.0.4 Kirkjumál	50,5
Samtals	**489,0**
Menningarmál samtals	**489,0**
09. Eldsneytis- og orkumál	
09.2 Orkumál	
09.2.1 Raforkumál	100,0
Samtals	**100,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals	**100,0**
10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	201,6
10.1.5 Dýralæknisþjónusta	120,0
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	37,3
Samtals	**358,9**
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	44,0
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	11,0
Samtals	**55,0**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**413,9**

	m.kr.
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	275,0
Iðnaðarmál samtals	**275,0**
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	83,0
12.1.2 Umferðarmál	188,3
Samtals	**271,3**
12.7 Önnur samgöngumál	1.030,0
Samgöngumál samtals	**1.301,3**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	7,5
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	48,1
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	-100,0
13.6 Önnur atvinnumál	30,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**-14,4**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	-1.340,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	602,0
14.0.3 Önnur þjónusta	10.652,0
Samtals	**9.914,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**9.914,0**
Heildargjöld samtals	**15.967,9**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2005

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	1.663,3
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	8.210,3
Sértekjur	-538,4
Rekstrargjöld samtals	**9.335,2**
Fjármagnskostnaður	**-1.340,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Afskriftir skattkrafna	4.000,0
Fjarskiptasjóður	1.000,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	602,0
Fæðingarorlofssjóður	365,0
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	275,0
Ofanflóðasjóður	180,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	166,2
Niðurgreiðslur á húshitun	100,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	50,5
Ábyrgðasjóður launa	-100,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-503,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	-802,6
Neyslu og rekstrartilfærslur samtals	**5.333,1**
Viðhald	
Vegakerfi	0,0
Annað	137,5
Viðhald samtals	**137,5**
Fjárfesting	
Heilbrigðisstofnanir	396,0
Annað	2.106,1
Fjárfesting samtals	**2.502,1**
Gjöld samtals	**15.967,9**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2005

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	5,3
	Greitt úr ríkissjóði	5,3
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	4,4
	Greitt úr ríkissjóði	-100,0
	Viðskiptahreyfing	104,4
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	65,7
	Greitt úr ríkissjóði	-409,8
	Viðskiptahreyfing	475,5
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	2,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	2,1
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	111,5
	Greitt úr ríkissjóði	350,0
	Viðskiptahreyfing	-238,5
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	402,6
	Greitt úr ríkissjóði	402,6
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	24,0
	Greitt úr ríkissjóði	24,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	
	Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	220,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til reksturs Vegagerðarinnar	-137,0
	Þungaskattur, fast árgjald, til reksturs Vegagerðarinnar	-43,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	-4,0
	Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	-6,0
	Greitt úr ríkissjóði	30,0

10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	-32,8
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	-427,4
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-460,2
10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	168,5
	Umferðaröryggisgjald	5,0
	Greitt úr ríkissjóði	173,5
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,8
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	0,1
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	0,1
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	-567,0
	Greitt úr ríkissjóði	-497,0
	Viðskiptahreyfing	-70,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	50,0
	Viðskiptahreyfing	-50,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	180,0
	Viðskiptahreyfing	-180,0
	Heildartekjur	**-207,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**208,6**
	Mismunur	**-415,8**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-415,8**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2005

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-211	**Tækniháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Tækniskóli Íslands	-16,9
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Ríkistekjur Löggildingarstofu árið 2005	-79,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	-11,5
12-421	**Neytendastofa**	
	Ríkistekjur Neytendastofu árið 2005	79,0
	Heildartekjur	**-28,4**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-28,4**
	Mismunur	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**0,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2005

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	7,8
	Greitt úr ríkissjóði	7,8
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	3,6
	Greitt úr ríkissjóði	3,6
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	41,0
	Greitt úr ríkissjóði	41,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	5,9
	Greitt úr ríkissjóði	5,9
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	602,0
	Greitt úr ríkissjóði	602,0
	Lögbundin framlög alls	**660,3**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**660,3**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2005. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2005. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 10 milljarða kr. tekjuafgangi ríkissjóðs árið 2005. Heildartekjur voru áætlaðar 306,4 milljarðar kr. og gjöld 296,4 milljarðar kr. Í ljósi framvindu ríkisfjármála og efnahagsmála eru lagðar fram endurskoðaðar áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs. Sala á eignarhlut ríkissjóðs í Landssímanum hf. hefur veruleg áhrif á ríkisfjármálin 2005 og er því í eftirfarandi töflu sýnd áætluð afkoma með og án sölunnar.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2005	Áætlun [1] 2005	Áætlun [2] 2005	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	306,4	334,1	397,3	27,7
Gjöld	296,4	304,4	312,3	8,0
Tekjujöfnuður	**10,0**	**29,7**	**85,0**	**19,7**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10,9	-7,1	-64,6	3,8
Handbært fé frá rekstri	**-0,9**	**22,6**	**20,4**	**23,5**
Fjármunahreyfingar	11,0	12,0	77,7	1,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**10,1**	**34,6**	**98,1**	**24,5**

[1] Áætlun að frátöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

[2] Áætlun að meðtöldum áhrifum af sölu Landssímans hf.

Áætlað er að tekjuafgangur ríkissjóðs verði tæplega 30 milljarðar kr. á árinu 2005 án áhrifa af sölu Landssímans hf. og 85 milljarðar kr. að sölunni meðtalinni. Þegar áhrif sölunnar eru frátalin er hvorki talinn með tekjum ríkissjóðs hagnaður af sölunni né greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs af hagnaðinum. Þá er fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs af hagnaðinum er ekki talinn með gjöldum né heldur kostnaður við söluna og ráðstöfun á hluta af söluandvirðinu árið 2005. Er áætlað að handbært fé frá rekstri verði rúmlega 20 milljarðar króna en var áætlað neikvætt um tæplega milljarð kr. í fjárlögum. Hækkun handbærs fjár frá rekstri stafar af betri afkomu ríkissjóðs en áætlað var í fjárlögum. Áætlað er að fjár-

munahreyfingar skili 12 milljörðum kr. án áhrifa af sölu Landssímans hf. í stað 11 milljarða kr. eins og áætlað var í fjárlögum. Skýrist það af auknum innheimtum afborgunum af veittum lánum ríkissjóðs og minni lánveitingum en gert var ráð fyrir. Að meðtöldu söluandvirði Landssímans verða fjármunahreyfingar 77,7 milljarðar kr. Lánsfjárjöfnuður verður samkvæmt framansögðu tæplega 35 milljarðar kr. án söluandvirðis Landssímans en rúmir 98 milljarðar að því meðtöldu. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafgangi ríkissjóðs annars vegar í að greiða niður skuldir ríkissjóðs um 57,7 milljarða kr. og hins vegar bæta stöðuna við Seðlabanka um 36,5 milljarða kr. til ráðstöfunar síðar. Loks verða 4 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og eru það óbreytt áform frá fjárlögum.

Vakin er athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til: Annars vegar er í frumvarpinu sótt um fjárheimildir vegna umframgjalda fyrri ára sem þegar hafa verið færð í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframgjöld bætt á árinu og færast til frádráttar fjárveitingum næsta árs eða stofnanir ganga á ónýttar fjárheimildir fyrri ára. Með sama hætti er gert ráð fyrir að fjárheimildir verði ekki að fullu nýttar á árinu og færist á næsta ár.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög 2005 og þær breytingar á fjárlögum 2005 sem lagðar eru til með frumvarpinu.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2005. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2005 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum.

Tekjuhorfur 2005. Í fjárlögum fyrir árið 2005, sem afgreidd voru í lok síðasta árs, voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 306 milljarðar króna. Endurskoðuð áætlun, sem byggist meðal annars á spá um þróun helstu hagstærða, bráðabirgðaniðurstöðu ríkisreiknings 2004 og innheimtuþróun á árinu 2005, gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði rúmlega 397 milljarðar króna. Það er 91 milljarðs króna hækkun frá fjárlögum og munar þar mest um hagnað af sölu Landssímans sem nemur 57,5 milljörðum króna. Aukin umsvif í efnahagslífinu og aukin neysla hafa einkennt yfirstandandi ár og hafa tekjur ríkissjóðs, sem rekja má til einkaneysluútgjalda heimilanna, aukist, svo sem tekjur af virðisaukaskatti og vörugjöldum af ökutækjum. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar nokkuð frá áætlun fjárlaga samhliða auknum hagvexti eða úr 29,1% í 31,2% og er þá fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði ekki reiknaður með.

	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	5,1	9,5	4,4
Samneysla	2,0	2,4	0,4
Fjárfesting	18,0	28,5	10,5
Þjóðarútgjöld alls	7,5	12,8	5,3
Útflutningur vöru og þjónustu	4,0	1,4	-2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	10,4	18,2	7,8
Verg landsframleiðsla	4,9	6,0	1,1
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-10,9	-13,3	-2,4
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	6,8	7,6	0,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	3,2	3,7	0,5
Vísitala neysluverðs	3,5	3,9	0,4
Gengisvísitala	2,5	-9,2	-11,7
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,7	2,2	-0,5

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði svipaður og í fyrra eða um 6% og hækki um rúmt 1% frá forsendum fjárlaga 2005. Spáð er tæplega 13% aukningu þjóðarútgjalda á þessu ári. Einkaneyslan hefur aukist töluvert samhliða auknum hagvexti og er nú reiknað með að hún vaxi um 9,5% í ár og er það hækkun um 4,4% frá haustspá fjármálaráðuneytisins. Styrking krónunnar og aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna um 3,7% hefur átt stóran þátt í vexti einkaneyslu. Gert ráð fyrir að fjárfesting aukist um 28,5% og reiknað er með að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 48%. Mikil fjárfesting er vegna stóriðjuframkvæmda sem nú standa yfir við Kárahnjúkavirkjun, álverksmiðju á Reyðarfirði og vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði, ásamt jarðvarmavirkjana vegna stækkunar Norðuráls. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 12% en fjárfesting hins opinbera dragist saman um liðlega 12%. Samneysla ríkis og sveitarfélaga er talin aukast um 2,4% en það er aðeins minni vöxtur en á árinu 2004.

Viðskiptahalli er talinn verða 13,3% af landsframleiðslu í ár og má rekja þennan halla að stórum hluta til áhrifa vegna stóriðjuframkvæmda og hefur hátt gengi krónunnar einnig ýtt undir innflutning neysluvarnings en innflutningur hefur aukist um liðlega 18% frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1,4% og er það lækkun um 2,6% frá forsendum fjárlaga. Helsta ástæða þessarar lækkunar er vegna minni vaxtar í útflutningi á annarri iðnaðarvöru.

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi liðlega 102 milljörðum króna en það er hækkun um tæpa 12 milljarða króna frá fjárlögum. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af 10,5 milljarða króna meiri tekjum af fjármagnstekjuskatti en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þar af eru 6,3 milljarðar króna aukning í fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði en ríkissjóður greiðir fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði hlutabréfa. Vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu er nú gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði 1,3 milljörðum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum en tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósentustig frá árinu áður og er nú 24,75%. Þá lækkar sérstakur tekjuskattur úr 4% í 2%.

Tryggingagjöld. Áætlaðar tekjur af tryggingagjaldi hækka um 600 milljónir frá fjárlögum 2005 og má rekja þessa hækkun til meiri umsvifa og minna atvinnuleysis en fjárlög gerðu ráð fyrir á yfirstandandi ári.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Áætlun [1] 2005	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**281.157**	**308.019**	**26.863**	**9,6**
Skattar á tekjur og hagnað	90.620	102.436	11.816	13,0
Einstaklingar	75.700	81.200	5.500	7,3
Lögaðilar	13.500	13.500	0	0,0
Ótalið annars staðar	1.420	7.736	6.316	444,8
Tryggingagjöld	31.724	32.324	600	1,9
Eignarskattar	9.250	14.230	4.980	53,8
Skattar á vörur og þjónustu	148.687	158.144	9.457	6,4
Virðisaukaskattur	101.400	108.400	7.000	6,9
Aðrir skattar	876	886	10	1,1
II Aðrar rekstrartekjur	**23.679**	**30.276**	**6.597**	**27,9**
Arðgreiðslur	3.457	7.799	4.342	125,6
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	12.452	13.212	760	6,1
Neyslu- og leyfisgjöld	6.759	6.731	-28	-0,4
Annað	1.011	2.535	1.524	150,7
III Sala eigna	**540**	**58.040**	**57.500**	-
V Fjárframlög	**1.006**	**1.006**	**0**	**0,0**
Heildartekjur ríkissjóðs	**306.382**	**397.342**	**90.960**	**29,7**
Sjóðshreyfing	**293.986**	**384.712**	**90.726**	**30,9**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Eignarskattar. Endurskoðaðar tekjur af eignarskatti hækka um tæpa 5 milljarða króna. Hækkunin stafar að mestu leyti af auknum tekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum eða

rúmlega 4 milljarða króna hækkun frá fjárlögum og það má m.a. rekja til mikilla umsvifa á fasteignamarkaði. Einnig er gert ráð fyrir að tekjur af eignarskatti einstaklinga hækki um 580 milljónir króna og það má einkum rekja til hækkunar á fasteignamati í lok síðasta árs.

Skattar á vöru og þjónustu. Endurskoðuð áætlun tekna af sköttum á vöru og þjónustu gerir ráð fyrir hækkun um rúma 9 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Hana má að stórum hluta rekja til aukinna einkaneysluútgjalda heimilanna. Virðisaukaskattur er áætlaður 108,4 milljarðar króna og hækkar um 7 milljarða króna umfram fjárlög. Innflutningur ökutækja hefur aukist mikið það sem af er ári og er nú áætlað að flutt verði inn 24.000 ökutæki á árinu. Þessi aukning gefur rúmlega 3 milljarða króna tekjuauka í ríkissjóð. Þess má geta að á síðasta ári voru innflutt ökutæki samtals um 16.500. Olíugjald á dísileldsneyti var tekið upp um mitt ár 2005 og þáverandi þungaskattskerfi lagt niður. Í forsendum fjárlaga 2005 var gert ráð fyrir að olíugjald á hvern seldan dísillítra yrði 45 krónur. Heimsmarkaðsverð á dísil hefur hækkað mikið undanfarið og í maí síðastliðnum var tekin sú ákvörðun að lækka olíugjaldið tímabundið í 41 krónur á hvern seldan lítra af dísil.

Aðrar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur hækki um 6,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar meðal annars af 4 milljarða króna viðbótararðgreiðslum frá Landssímanum og hækkun á vaxtatekjum af endurlánum ríkissjóðs um tæpar 800 milljónir króna. Sektargreiðslur frá olíufélögunum, sem nema um 1,5 milljarði króna, skýra hækkun annarra tekna en olíufélögin gera ágreining um réttmæti álagðra sekta og hafa vísað málunum til dómstóla.

Sala eigna. Landssíminn var seldur á árinu og nemur tekjufærður söluhagnaður hlutabréfanna 57,5 milljörðum króna.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Miðað er við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, kjarasamningar og úrskurðir. Einnig eru hagrænar forsendur endurmetnar, svo sem vaxtagjöld og atvinnuleysi ásamt því að útgjöld almannatrygginga eru endurmetin. Tekið er tillit til áhrifa nýrrar lagasetningar á útgjöld ríkissjóðs og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er í nokkrum tilvikum lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Með frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir ríkissjóðs verði auknar um tæplega 16 milljarða kr. á árinu 2005. Þar af er sótt um 10,7 milljarða kr. útgjöld hjá fjármálaráðuneyti, einkum 6,3 milljarða kr. vegna fjármagnstekjuskatts sem ríkissjóður greiðir og 4 milljarða kr. vegna endurskoðunar á áætlun um afskrifaðar skattkröfur, þá má nefna 210 m.kr. til að fjármagna aukin útgjöld heimildargreinar fjárlaga 2005 og 150 m.kr. vegna áhrifa kjarasamninga. Útgjöld samgönguráðuneytisins aukast um rúmlega 1,3 milljarða kr. samkvæmt frumvarpinu, þar af er sótt um 1 milljarð kr. vegna ráðstöfunar af söluandvirði Landssímans hf. í fjarskiptasjóð og 173 m.kr. er hækkun á útgjöldum Umferðarstofu. Útgjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis aukast um 1,3 milljarða kr., þar af eru 600 m.kr. til að koma til móts við uppsafnaðan halla Landspítala – háskólasjúkrahúss, 300 m.kr. vegna ráðstöfunar af söluandvirði Símans til byggingar hátæknispítala, 134 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum halla sjúkrastofnana og 120 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla og stofnkostnaði við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útgjöld menntamálaráðuneytis aukast um rúmlega 930 m.kr., þar af eru 250 m.kr. til endurbóta á Þjóðleikhúsinu, 126 m.kr. til uppgjörs á endurbótasjóði menningarbygginga, 110 m.kr. til að greiða umframgjöld Háskólans á Akureyri, 100 m.kr. til að mæta nemandafjölgun í framhaldsskólum og rúmar 80 m.kr. til að mæta kostnaði við hæstaréttardóm um úthlutun úr ritlauna- og rannsóknarsjóði prófessora. Útgjöld forsætisráðuneytis aukast um rúmar 850 m.kr. samkvæmt frumvarpinu, þar af eru 750 m.kr. kostnaður við sölu Landssímans hf. og 35 m.kr. vegna sjúkraflugs vegna hamfaranna í SA-Asíu. Útgjöld félagsmálaráðuneytis aukast um rúmar 730 m.kr., þar af eru 600 m.kr. endurmat framlaga í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 365 m.kr. endurskoðuð útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og 200 m.kr. til búsetuúrræða fyrir geðfatlaða af söluandvirði Landssímans hf. Á móti lækka útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um tæplega 520 m.kr. og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa um 100 m.kr. Útgjöld landbúnaðarráðuneytis hækka um rúmlega 500 m.kr., þar af eru rúmar 220 m.kr. vegna stuðnings við landbúnað, 150 m.kr. til landbúnaðarskóla og 120 m.kr. umframgjöld og tapaðar kröfur embættis yfirdýralæknis. Útgjöld utanríkisráðuneytis aukast um tæplega 500 m.kr., þar af eru 274 m.kr. uppsafnaður halli sendiráða og 137 m.kr. vegna flutninga fyrir NATO og til uppbyggingar og þróunarstarfs á Srí Lanka. Útgjöld iðnaðarráðuneytis aukast um rúmar 400 m.kr., þar af eru 275 m.kr. endurgreiddur kostnaður við kvikmyndagerð á Íslandi og 100 m.kr. auknar niðurgreiðslur á rafhitun. Útgjöld annarra ráðuneyta aukast minna, þó má nefna 180 m.kr. aukin útgjöld umhverfisráðuneytisins vegna ofanflóðasjóðs. Vaxtagjöld ríkissjóðs lækka um rúmlega 1,3 milljarða kr. einkum vegna lækkunar skulda og útgjöld Úrvinnslusjóðs lækka um tæplega 500 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2005	Heimildir 2005	Breyt.frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	84.450	86.113	1.663	2,0
Lífeyrisskuldbindingar	4.798	4.798	0	0,0
Önnur gjöld	68.704	76.914	8.210	12,0
Sértekjur	-20.145	-20.684	-538	2,7
Rekstrargjöld samtals	**137.807**	**147.142**	**9.335**	**7,4**
Fjármagnskostnaður	**15.450**	**14.110**	**-1.340**	**-8,7**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	31.397	31.397	0	0,0
Sjúkratryggingar	15.584	15.584	0	0,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	7.145	7.747	602	8,4
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.726	7.892	166	2,2
Fæðingarorlofssjóður	6.468	6.833	365	5,6
Barnabætur	5.600	5.600	0	0,0
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	6.577	6.577	0	0,0
Afskriftir skattkrafna	4.000	8.000	4.000	100,0
Vaxtabætur	4.900	4.900	0	0,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.050	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	4.171	3.668	-503	-12,1
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.863	2.913	51	1,8
Ríkisútvarpið	2.516	2.516	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	20.753	21.406	652	3,1
Rekstrar- og neyslutilf. samtals	**123.749**	**129.082**	**5.333**	**4,7**
Viðhald				
Vegakerfi	2.625	2.625	0	0,0
Annað	1.993	2.131	138	6,9
Viðhald samtals	**4.618**	**4.756**	**138**	**3,3**
Fjárfesting				
Vegakerfi	6.318	6.318	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir	1.905	2.301	396	20,8
Hafnarframkvæmdir	1.039	1.039	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar	1.247	1.257	10	0,8
Flugvellir	336	336	0	0,0
Annað	3.911	6.007	2.096	53,6
Fjárfesting samtals	**14.757**	**17.259**	**2.502**	**15,5**
Gjöld samtals	**296.381**	**312.348**	**15.968**	**5,8**

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, lækki úr 40.000 m.kr. í 13.500 m.kr. í samræmi við endurskoðuð lántökuáform ársins 2005.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Lagt er til að heimildirnar lækki um alls 250 m.kr., þar af 100 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 150 m.kr. heimild vegna Alþjóðaflugþjónustunnar fellur brott.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru sex talsins en í heildina tekið er lögð til 15.600 m.kr. lækkun á þessum heimildum. Í fyrsta lagi er lögð til 1.600 m.kr. hækkun á heimild Landsvirkjunar, í öðru lagi 4.600 m.kr. hækkun á heimild íbúðalánadeildar Íbúðalánasjóðs, í þriðja lagi 9.600 m.kr. lækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða, í fjórða lagi að 8.700 m.kr. heimild Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána falli brott, í fimmta lagi að 800 m.kr. heimild Lánasjóðs landbúnaðarins falli brott og í sjötta lagi að 2.700 m.kr. heimild Byggðastofnunar falli brott.

Aukin lántökuþörf Landsvirkjunar stafar aðallega af því að horfur eru á að fjárfestingar fyrirtækisins verði 2.000 m.kr. umfram forsendur fjárlaga og afborganir af teknum lánum 2.100 m.kr. umfram fyrri áætlanir.

Aukin lánsfjárþörf íbúðalánadeildar Íbúðalánasjóðs skýrist aðallega af því að horfur eru á að lánveitingar verði 12,8 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga en á móti kemur að horfur eru á að sjóðurinn fái um 2 milljarða króna í yfirverð fyrir seld íbúðabréf á árinu en í forsendum fjárlaga var reiknað með rúmlega 5 milljarða króna afföllum af seldum bréfum. Minni lánsfjárþörf vegna leiguíbúða skýrist af því að útlit er fyrir að veitt lán verði 7,6 milljörðum króna innan áætlunar fjárlaga og afborganir og vextir af teknum lánum 2 milljörðum króna lægri en áætlað var. Lagt er til að 8.700 m.kr. lánsfjárheimild Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána falli brott. Með breytingum, sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004, var lánshlutfall almennra íbúðalána hækkað í 90% og um leið var gert ráð fyrir að veitingu viðbótarlána yrði hætt. Í fjárlögum 2005 var hins vegar áætlað að 7 milljarða króna ný viðbótarlán yrðu veitt á árinu.

Lög um Lánasjóð landbúnaðarins falla úr gildi í lok þessa árs og lánsfjárheimild sjóðsins verður ekki nýtt og er því lagt er til að hún falli brott. Einnig er lagt til að lánsfjárheimild Byggðastofnunar falli niður því að hún verður ekki nýtt. Helstu ástæður þess eru að horfur eru á að lánveitingar stofnunarinnar verði 1.700 m.kr. innan áætlunar fjárlaga og innheimtar afborganir af veittum lánum verði 1.200 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Í milljónum króna	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**-882**	**20.395**	**21.277**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400	0
Veitt löng lán	-4.890	-4.640	250
Afborganir veittra lána	16.150	16.950	800
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-400	-1.400	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540	67.240	66.700
Fjármunahreyfingar samtals	**11.000**	**77.750**	**66.750**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**10.118**	**98.145**	**88.027**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	40.000	13.500	-26.500
Afborganir af teknum lánum	-43.700	-71.200	-27.500
Fjármögnun samtals	**-3.700**	**-57.700**	**-54.000**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000	-4.000	0
Breyting á handbæru fé	**2.418**	**36.445**	**34.027**

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði tæpir 20,4 milljarðar króna en það er 21,3 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga. Að frátöldum 57,5 milljarða króna söluhagnaði af Landssíma Íslands hf. er útlit fyrir að tekjur á greiðslugrunni verði 33,2 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga en gjöldin tæpum 12 milljörðum umfram áætlun.

Reiknað er með að fjármunahreyfingar ársins skili tæplega 77,8 milljörðum króna en það er tæpum 66,8 milljörðum króna umfram það sem gert var ráð fyrir á fjárlögum. Munar þar mest um 66,7 milljarða króna söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem greitt var fyrr í haust. Aðrar breytingar eru mun smærri en eru þær helstar að gert er ráð fyrir að endurlán ríkissjóðs verði 250 m.kr. lægri en áætlað var á fjárlögum, eins og áður hefur verið rakið, og að afborganir af endurlánum verði 800 m.kr. umfram áætlanir en þar munar mest um uppgreiðslu á skuldum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 1.000 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í ár.

Hreinn lánsfjárjöfnuður er áætlaður 98,1 milljarður króna og er það 88 milljörðum króna meiri afgangur en áætlað var í fjárlögum. Áformað er að ráðstafa lánsfjárafganginum með því að greiða skuldir ríkissjóðs niður um 57,7 milljarða króna, greiða 4 milljarða króna inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og styrkja stöðu ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands um 36,4 milljarða króna.

4 Heimildir

Sótt er um 15 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein er vegna eftirgjafar gjalda, ein er vegna sölu eignarhluta í húsi, ein er vegna sölu eignarhluta í félagi, sjö eru vegna kaupa eða leigu fasteigna, ein er til að afhenda flugvélar, ein til afsals á eignarhlutum í fasteignum, ein til kaupa á félagi og ein til að taka þátt í hlutafjáraukningu í félagi og ein til að ganga til samninga um einkaframkvæmdarverkefni.

Heimild 1.2 er til að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld vegna endurfjármögnunar á lánum Spalar ehf. fyrr á árinu í samræmi við samkomulag þar um.

Heimild 3.26 er til að selja hluta Atvinnuleysistryggingarsjóðs í fasteigninni Bolholti 4, Reykjavík en sjóðurinn hafði áður leigt kjararannsóknarnefnd eignarhlutann.

Heimild 3.27 er til að Atvinnuleysistryggingarsjóður geti keypt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun á Akureyri.

Heimild 5.4 er til sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Hjaltadals en viðræður hafa staðið yfir við Skagafjarðarveitur um kaup á hlutnum.

Heimild 6.29 er til að Flugmálastjórn geti keypt flugskýli á Vestmannaeyjaflugvelli til nota fyrir saltgeymslu.

Heimild 6.30 er til að Flugmálastjórn geti keypt flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna skipulagsmála á flugvellinum í Reykjavík.

Heimild 6.31 er vegna Fiskistofu en núverandi húsnæði, sem er leiguhúsnæði, hefur verið selt og því nauðsynlegt að flytja stofnunina.

Heimild 6.32 er vegna kaupa ríkisins á eignarhlut Framkvæmdasjóðs fatlaðra í fasteigninni Vonarlandi á Egilsstöðum en þar er verið að koma upp þekkingarsetri.

Heimild 6.33 er vegna Miðstöðvar heimahjúkrunar en núverandi húsnæði við Grensásveg hefur verið sagt upp þannig að flytja þarf stofnunina.

Heimild 7.12 skýrir sig sjálf.

Heimild 7.13 er til að unnt sé að ganga frá tiltekinni eignaumsýslu sem leiddi af samningi ríkis og borgar um ýmis eigna- og sameignamál þessara aðila.

Heimildir 7.14 og 7.15 skýra sig að mestu sjálfar.

Heimild 7.16 er til að ganga til samninga um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík á grundvelli útboðs sem fram fór fyrr á árinu. Hlutur ríkisins í samningsgreiðslum er 54% eða um 324 m.kr. á ári frá því húsið verður tekið í notkun, en áætlað er að það verði á árinu 2009. Heildargreiðslur ríkisins á hinum 35 ára samningstíma nema því um 6,5 milljörðum króna að núvirði.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 851,1 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 10,1 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við ráðningu lögfræðings á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi í ráðuneytinu í kjölfar ráðherraskipta haustið 2004 og tilfærslu á starfsfólki milli forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Sótt er um fjárveitingu af sama tilefni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 750 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við einkavæðingarverkefni á árinu. Áætlað er að heildarkostnaður verði um 777 m.kr. og munar þar mest um 696 m.kr. þóknun til Morgan Stanley fyrir ráðgjöf við sölu á Landssíma Íslands hf. Á móti þessum útgjöldum kemur 17,3 m.kr. fjárveiting í fjárlögum yfirstandandi árs og ónotuð fjárheimild frá fyrra ári.

1.18 Stjórnarskrárnefnd. Gerð er tillaga um 22 m.kr. fjárveitingu til að mæta útgjöldum vegna starfa stjórnarskrárnefndar og sérfræðinganefndar stjórnarskrárnefndar á árinu 2005. Stjórnarskrárnefnd var skipuð af forsætisráðherra í upphafi árs 2005 og hefur það hlutverk að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í nefndinni eiga sæti níu manns en fjórir í sérfræðinganefndinni. Kostnaður nefndarinnar felst aðallega í launakostnaði, ráðstefnuhaldi, kynningarstarfi og ferðakostnaði ásamt öðrum rekstrarkostnaði. Kostnaður sérfræðinganefndar skiptist m.a. í þóknun, aðkeypta sérfræðiþjónustu, ferða- og útgáfukostnað, kostnað við gagnaöflun og annan rekstrarkostnað. Gert er ráð fyrir að starfstími nefndarinnar verði frá janúar 2005 fram í byrjun árs 2007. Forsætisráðuneytið veitir nefndunum ritaraþjónustu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er jafnframt sótt um fjárveitingu vegna nefndarinnar.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 42 m.kr. framlag á liðinn. Annars vegar er sótt um 35 m.kr. vegna kostnaðar við sjúkraflug frá SA-Asíu til Svíþjóðar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 7. janúar 2005. Um er að ræða aðstoð íslenskra stjórnvalda við að koma slösuðum Svíum frá hamfarasvæðunum í Asíu. Flugvél frá Loftleiðum

Icelandic ásamt áhöfn og hjúkrunarfólki hélt til Bangkok hinn 2. janúar og flutti 38 slasaða Svía til Svíþjóðar.

Hins vegar er tillaga um 7 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum vegna starfa nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar. Nefndin var skipuð af forsætisráðherra í upphafi árs 2005 og ætlað að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar og koma með tillögur í því augnamiði að styrkja stöðu hennar. Ekki eru tímamörk á störfum nefndarinnar en í henni sitja 12 fulltrúar auk tveggja starfsmanna frá félagsmálaráðuneyti og forsætisráðuneyti. Jafnframt er sótt um framlag í fjárlagafrumvarpi 2006.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Lagt er til að 14,6 m.kr. fjárheimild verði millifærð á rekstrarviðfangið af *5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis* til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda. Í fjárlögum 2004 var rekstrarfjárveiting hækkuð um 6,3 m.kr. til að ná jafnvægi í rekstri en fram til þess tíma náði rekstrarfjárveiting ekki að mæta föstum útgjöldum en afgangur myndaðist hins vegar á viðhaldsviðfangi.

255 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini.

1.01 Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Lagt er til að 27,9 m.kr. afgangur á rekstrarviðfangi, sem stafar af seinkun á opnun safnsins, verði millifærður á stofnkostnaðarviðfang *6.21 Framkvæmdir* til að standa straum af kostnaði við endurbætur á Gljúfrasteini og 4,6 m.kr. afgangur á viðhaldsviðfangi *5.21 Viðhald* verði sömuleiðis millifærður á stofnkostnaðarviðfangið.

261 Óbyggðanefnd.

1.01 Óbyggðanefnd. Gerð er tillaga um 27 m.kr. fjárveitingu til að mæta hluta af útgjöldum vegna úrskurða óbyggðanefndar á árinu 2004 og áætlaðri fjárvöntun 2005. Um er að ræða kostnað umfram fjárheimildir vegna úrskurða og málflutningslauna en illmögulegt er að áætla kostnað vegna þeirra mála er koma til afgreiðslu nefndarinnar á ári hverju. Heildarkostnaður úrskurðaðra málflutningslauna á svæði III, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu frá Þjórsá austur fyrir Lómagnúp, frá hafi upp að vatnaskilum jökla, nam 15,2 m.kr. og þar af eru 5,5 m.kr. ógreidd málflutningslaun í árslok 2004. Að auki hefur verið greiddur umtalsverður kostnaður, s.s. vegna skjalarannsókna, kortagerðar og hnitsetningar á jökuljöðrum.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 933,4 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Óskað er eftir 25 m.kr. fjárveitingu á liðinn. Annars vegar er sótt um 20 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að íslensk stjórnvöld bjóði til heimsfundar kvenkyns menningarráðherra sem haldinn var í haust.

Hins vegar er farið fram á 5 m.kr. fjárheimild í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að mæta kostnaði vegna nefndar um málefni fjölmiðla.

201 Háskóli Íslands.

1.13 Háskólasjóður. Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 7,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 2003 og 2004 var 7,3%.

203 Raunvísindastofnun Háskólans.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu til þess að koma til móts við uppsafnaðan halla á rekstri stofnunarinnar.

1.03 Rannsóknastofur. Norræna eldfjallastöðin var sameinuð Raunvísindastofnun á árinu og er óskað eftir því að 34,1 m.kr. fjárveiting stöðvarinnar á lið 02-299-1.61 Norræna eldfjallastöðin verði millifærð yfir á fjárlagalið Raunvísindastofnunar.

206 Orðabók Háskólans.

1.01 Orðabók Háskólans. Óskað er eftir 15 m.kr. aukafjárveitingu vegna útgáfu á nýrri rafrænni orðabók með um 50.000 uppflettiorðum ásamt skýringum á sænsku, norsku og dönsku. Áætlað er að verkið taki 5–6 ár og að íslenski hlutinn kosti um 138 m.kr. Ríkisstjórnin samþykkti að fara fram á 65 m.kr. sérstakt framlag til verkefnisins á verktímanum þannig að auk 15 m.kr. framlags í ár verði 10 m.kr. veittar árlega til verkefnisins árin 2007–2011. Annan kostnað mun Orðabók Háskólans bera og afla meðal annars til þess styrkja innanlands og erlendis.

210 Háskólinn á Akureyri.

1.01 Háskólinn á Akureyri. Farið er fram á 110 m.kr. aukafjárveitingu til að koma til móts við uppsafnaðan halla á rekstri skólans en hann hefur vaxið hraðar en gert var ráð fyrir. Auk þess varð skólinn fyrir auknum útgjöldum þegar hann flutti starfsemi sína úr

húsi í eigu ríkisins, sem selt var á yfirstandandi ári, yfir í nýtt rannsóknarhús sem hann greiðir leigu fyrir. Skólinn vinnur með stuðningi menntamálaráðuneytisins að ýmsum breytingum í rekstri sínum sem eiga að leiða til þess að hallinn verði jafnaður á næstu árum.

211 Tækniháskóli Íslands.

1.01 Tækniháskóli Íslands. Farið er fram á 75 m.kr. aukafjárveitingu til skólans. Skiptist hún þannig að 50 m.kr. eru vegna uppsafnaðs halla á rekstri skólans en hann var lagður niður um mitt yfirstandandi ár og 25 m.kr. eru vegna biðlaunagreiðslna til fyrrverandi starfsmanna skólans.

Einnig er lagt til að 320,4 m.kr., eða helmingur þeirrar 640,8 m.kr. fjárveitingar sem heimilt er að greiða til Tækniháskóla Íslands í fjárlögum 2005, verði millifærðar yfir á Háskólann í Reykjavík í samræmi við samkomulag menntamálaráðuneytisins við skólann. Þar af eru 292,2 m.kr. millifærðar af *1.01 Tækniháskóli Íslands* og 28,1 m.kr. af *1.02 Rannsóknastarfsemi.* Að lokum er lagt til að niður falli 16,9 m.kr. fjárheimild á *1.01 Tækniháskóli Íslands* sem gert var ráð fyrir í fjárlögum að skólinn fjármagnaði með því að innheimta skráningargjöld af nemendum á seinni hluta ársins en tekjur af slíkum gjöldum eru bókfærðar sem ríkistekjur.

223 Námsmatsstofnun.

1.01 Námsmatsstofnun. Farið er fram á 10 m.kr. framlag vegna kostnaðar sem féll á stofnunina á árinu 2004 er hún flutti á milli húsa og hún hefur ekki bolmagn til að greiða af fjárveitingum sínum.

227 Háskólinn í Reykjavík.

1.01 Kennsla. Lagt er til að 292,2 m.kr. verði millifærðar af 211 Tækniháskóla Íslands eins og getið er um í athugasemdum að framan.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lagt er til að 28,1 m.kr. verði millifærð af 211 Tækniháskóla Íslands eins og áður segir.

234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Sótt er um 104 m.kr. aukafjárveitingu vegna sjóðsins. Fjárveiting til Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora í fjárlögum hefur miðast við að standa bæði undir útgjöldum vegna úthlutunar til prófessora og launatengdum gjöldum vegna úthlutunar. Hæstiréttur kvað upp dóm þann 26. maí sl. um að óheimilt hefði verið að draga frá úthlutun til prófessors við Háskóla Íslands úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora, fjárhæð sem nam launatengdum gjöldum. Af þessu tilefni er annars vegar er farið fram á 82 m.kr. til að koma til móts við útgjöld háskólastofnana vegna launatengdra gjalda sem leiða af hæstaréttardómnum og varða

fyrri ár. Hins vegar er sótt um 22 m.kr. vegna launatengdra gjalda sem tengjast úthlutun kjaranefndar á fjárveitingu sjóðsins í ár. Fjárhæðinni verður skipt á háskólastofnanir þegar upplýsingar um skiptingu útgjaldanna liggja fyrir.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Stofnkostnaður. Farið er fram á 10 m.kr. framlag vegna óvæntra kostnaðarhækkana við byggingu matsalar og frágang lóðar við Kennaraháskóla Íslands. Talið var nauðsynlegt að ljúka verkinu í ár enda þótt lægsta tilboð hefði verið hærra en kostnaðaráætlun og fjárveiting.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.61 Norræna eldfjallastöðin. Óskað eftir því að 34,1 m.kr. fjárveiting stöðvarinnar í fjárlögum verði millifærð yfir á 203 Raunvísindastofnun Háskólans eins og áður var greint frá.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Óskað er eftir 100 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða aukin útgjöld sem leiða af nemendafjölgun í haust. Menntamálaráðuneytið skiptir fjárhæðinni á milli skóla með tilliti til áætlaðra viðbótarútgjalda.

367 Snæfellsskóli.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 12,3 m.kr. til þess að mæta húsaleigu við Snæfellsskóla á árinu 2005. Að hluta er tekið tillit til leigu í framlögum til framhaldsskóla, þ.e. leigu án fjárbindingarkostnaðar. Þegar um húsnæði í eigu annarra en ríkisins er að ræða þarf einnig að taka tillit til fjárbindingarþáttarins. Samkvæmt samningi við sveitarfélögin greiðir ráðuneytið 60% af reiknaðri leigu.

506 Vélskóli Íslands.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 17,6 m.kr. til að greiða biðlaun fyrrverandi starfsmanna skólans en Fjöltækniskóli Íslands annast verkefni hans samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Óskað er eftir 5,1 m.kr. til að greiða biðlaun fyrrverandi starfsmanna skólans en Fjöltækniskóli Íslands annast verkefni hans samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

908 Kvikmyndasafn Islands.

1.01 Kvikmyndasafn Íslands. Farið er fram á 25 m.kr. aukafjárveitingu til að kaupa og gera við kvikmyndasafn Ósvaldar og Vilhjálms Knudsens en það hefur að geyma heimildir um gengna þjóðþekkta menn og þjóðhátta- og atvinnulífsmyndir frá árunum 1948-1977.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Farið er fram á 376 m.kr. aukafjárveitingu á liðinn. Annars vegar er sótt um 250 m.kr. vegna viðhalds og endurbóta á Þjóðleikhúsinu. Sá hluti hússins, sem snýr að gestum, er í góðu ástandi eftir að endurnýjun var lokið á árinu 1991 nema hvað aðgengi fatlaðra er ófullnægjandi. Baksviðs innandyra er flest með sama hætti og við opnun hússins árið 1950 og þarfnast því endurnýjunar. Að utan hefur húsið látið mjög á sjá.

Hins vegar er sótt um 126 m.kr. vegna uppgjörs á Endurbótasjóði menningarbygginga. Á árunum 2000 og 2001 var gjaldaheimild á fjárlagaliðnum lækkuð um samtals 260 m.kr. miðað við áætlaða álagningu á mörkuðum tekjustofni. Endurbótasjóður menningarbygginga var lagður niður árið 2003 og í framhaldinu kom áðurnefnd skerðing á framlögum til uppgjörs. Í fjáraukalögum 2004 voru veittar 134 m.kr. vegna þessa en sú fjárhæð byggðist á þeirri forsendu að bundið eigið fé í efnahagsreikningi væri hægt að leysa upp án þess að til kæmi sérstök fjárveiting. Svo er ekki og því er óhjákvæmilegt að veita 126 m.kr. aukafjárveitingu ef gera á endanlega upp eftirstöðvar Endurbótasjóðsins. Jafnframt þessu þarf að leysa upp allt bundið eigið fé í ársreikningi 2004. Fjárheimildinni verður að stærstum hluta varið til að fjármagna framkvæmdir við Þjóðminjasafnið sem þegar hafa farið fram.

973 Þjóðleikhúsið.

1.01 Þjóðleikhúsið. Farið er fram á 25 m.kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs halla á rekstri Þjóðleikhússins en unnið er að aðgerðum sem eiga að duga til að koma rekstrinum á réttan kjöl.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Farið er fram á 3,5 m.kr. hækkun á fjárframlagi vegna samþykktar ríkisstjórnarinnar um að styðja það að hljómsveitin ráði tónskáld tímabundinni ráðningu árin 2005-2007. Í fjárlagafrumvarpi 2006 er áætlað fyrir sömu fjárhæð í verkefnið.

982 Listir, framlög.

1.90 Listir. Farið er fram á 1 m.kr. framlag til Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, Ísafirði en til stóð að framlagið yrði veitt skólanum við afgreiðslu fjárlaga 2005 en það fórst fyrir.

989 Ýmis íþróttamál.

1.22 Launasjóður stórmeistara í skák. Farið er fram á 3 m.kr. fjárframlag til Launasjóðs stórmeistara í skák. Lenka Ptacnikova bættist í hóp íslenskra stórmeistara á miðju ári 2005 og eru þá fjórir stórmeistarar á launum hjá sjóðnum. Í fjárlagafrumvarpi 2006 er áætlað fyrir hækkun af sama tilefni.

999 Ýmislegt.

1.13 Útvarpsréttarnefnd. Sótt er um 5 m.kr. aukafjárveitingu til að fjármagna uppsafnaðan halla útvarpsréttarnefndar. Gert er ráð fyrir hækkun til nefndarinnar í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 499,3 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veittar verði 50 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum halla á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

300 Sendiráð Íslands.

1.01 Sendiráð Íslands. Samtals er óskað eftir 276 m.kr. framlagi til sendiráða. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 274 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum halla vegna reksturs sendiráða Íslands. Í öðru lagi er óskað eftir 2 m.kr. framlagi vegna húsnæðiskostnaðar sendiráðsprests í London. Við mannaskipti í stöðu sendiráðsprests á síðasta ári láðist að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna húsnæðismála prestsins.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.11 Þróunaraðstoð. Sótt er um 50 m.kr. viðbótarframlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til uppbyggingar- og þróunarstarfs á Srí Lanka á árinu 2005, skv. ákvörðun ríkisstjórnar, dags. 7. janúar 2005.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Óskað er eftir 31 m.kr. framlagi til stuðnings við fórnarlömb fellibylsins Katrínar. Ráðgert er að framlagið verði veitt í sérstakan sjóð, Bush-Clinton sjóðinn, sem stofnaður var til styrktar fórnarlömbum fellibylsins.

401 Alþjóðastofnanir.

1.85 Alþjóðleg friðargæsla. Óskað er eftir 87 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna hjálparflugs fyrir NATO á árunum 2004-2005. Um er að ræða hjálparflug til Afganistans í samvinnu við hollensk yfirvöld og hjálparflug til Íraks.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Óskað er eftir 5,3 m.kr. viðbótarframlagi til Útflutningsráðs í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 509,7 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 8 m.kr. vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins af tveimur tilefnum. Annars vegar er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu vegna átaks í markaðssetningu á íslenskum búvörum. Átak þetta mun einkum beinast að markaðsöflun fyrir dilkakjöt og mjólkurafurðir í tengslum við almenna landkynningu og markaðsstarf fyrir aðrar íslenskar afurðir og ferðaþjónustu.

Hins vegar er farið fram á 3 m.kr. vegna ófyrirséðs kostnaðar við endurskoðun laga um lax- og silungsveiði. Nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði til að endurskoða gildandi löggjöf um lax- og silungsveiði, hefur unnið drög að frumvörpum er þennan málaflokk varða. Þar er um að ræða frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskeldi, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og frumvarp til laga um íslenskar vatnarannsóknir. Stefnt er að framlagningu frumvarpa um efnið á þessu haustþingi.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi rannsókna á gönguleiðum lax í sjó. Rannsóknirnar hafa staðið yfir frá árinu 2003 og er ekki lokið. Verði rannsóknum hætt nú myndu verðmæti sem liggja í nokkurra ára rannsóknavinnu tapast.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Farið er fram á 120 m.kr. aukafjárveitingu til embættisins af tveimur tilefnum. Annars vegar er sótt um 60 m.kr. vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára. Að stærstum hluta er um að ræða halla sem myndaðist á árinu 2000 og fyrr.

Rekstur embættisins fór t.d. verulega fram úr fjárveitingum á árinu 2000 sem var fyrsta heila gildistökuár nýrra laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Hins vegar er farið fram á 60 m.kr. fjárveitingu til að mæta töpuðum kröfum á hendur sláturleyfishöfum fyrir vinnu við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum en eftirlitsgjöldin eru lögð á samkvæmt lögum um heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Eins og kunnugt er hafa miklir erfiðleikar verið í rekstri þessara aðila á umliðnum árum og mörg þessara fyrirtækja hafa orðið gjaldþrota og skilið eftir sig skuldir.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands. Farið er fram á 38,5 m.kr. framlag vegna kostnaðar við sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins í Landbúnaðarháskóla Íslands. Er hér aðallega um að ræða kostnað við launað leyfi fyrrverandi forstöðumanna, biðlaun og síma- og tölvukerfi.

6.01 Tæki og búnaður. Farið er fram á 22,3 m.kr. framlag vegna greiðslu virðisaukaskatts við fjósbyggingu á Hvanneyri. Í upphaflegum áætlunum var ranglega gert ráð fyrir að virðisaukaskattur vegna framkvæmdanna fengist endurgreiddur.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lögð er til 90 m.kr. fjárveiting til lausnar á uppsöfnuðum rekstrarhalla skólans og viðbótarfjárþörf ársins í ár. Tillagan er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar og samkomulag milli forsætisráðherra, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra um fjárhagsmálefni skólans. Um er að ræða hluta tillagna til lausnar á fjárhagsvanda skólans og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er jafnframt sótt um 36 m.kr. fjárveitingu til lausnar þeirra mála. Einnig er sótt um heimild í þessu frumvarpi til að kaupa reiðskemmu, sem skólinn hefur nú á leigu, á lið 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi. Farið er fram á 35,4 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af framlögum til Bændasamtaka Íslands vegna kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt í samræmi við ákvæði nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur yfir eldri samning frá og með 1. september 2005. Samkvæmt reiknilíkani verður framlagið 35,4 m.kr. á árinu 2005.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar. Lögð er til 60 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppreiknuðum magn- og verðforsendum sauðfjársamnings árin 2004 og 2005.

1.05 Niðurgreiðslur á ull. Lögð er til 24 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppreiknuðum magn- og verðforsendum sauðfjársamnings árin 2001 til 2005.
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður. Lögð er til 24 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppreiknuðum magn- og verðforsendum sauðfjársamnings árin 2001 til 2005.
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með uppreiknuðum magn- og verðforsendum sauðfjársamnings árin 2001 til 2005.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt. Lagt er til að veitt verði 55,2 m.kr. fjárveiting til að niðurgreiða raforkuverð til garðyrkjubænda. Samkvæmt samkomulagi um raforkudreifingu til gróðurhúsalýsingar milli landbúnaðarráðuneytis, RARIK og Sambands garðyrkjubænda skulu magnliðir í gjaldskrá RARIK fyrir flutning og dreifingu greiddir niður um 95% en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða 5%. Með nýju raforkulögunum féll niður eftirgjöf Landsvirkjunar og RARIK af aflgjaldi til garðyrkjubænda, sem áætluð var um 45 m.kr. við breytinguna, en munurinn skýrist af aukinni raforkunotkun í gróðurhúsum. Í fjárlögum 2005 var 34,8 m.kr. veitt til þessara niðurgreiðslna þannig að með þessari fjárveitingu yrði 90 m.kr. varið til þeirra á árinu.

811 Bændasamtök Íslands.
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Lögð er til 11 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum fyrir árin 2004 og 2005.
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Lögð er til 3,5 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum fyrir árin 2004 og 2005.
1.93 Búrekstraráætlanir. Lögð er til 1,1 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum fyrir árin 2004 og 2005.
1.96 Búfjárrækt. Lögð er til 3,7 m.kr. fjárveiting í samræmi við niðurstöður reiknilíkans með endurmetnum verðlagsforsendum fyrir árin 2004 og 2005.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 55 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna meiri kostnaðar við kynningu erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins á árinu 2003 en reiknað var með í fjárlögum þess árs. Til stóð að ganga á 11,7 m.kr. ónotaða fjárheimild á öðru viðfangsefni undir fjárlagaliðnum í þessu skyni en það var ekki gert tímanlega og féll því ónotaða heimildin niður í lokafjárlögum 2003.

1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits. Sótt er um 6 m.kr. framlag vegna meiri útgjalda á árinu 2003 við gerð hugbúnaðar sem Landhelgisgæslan og Fiskistofa nota við eftirlit á úthafinu og aðildarríki NEAFC hafa skuldbundið sig til að nota. Til stóð að ganga á 11,7 m.kr. ónotaða fjárheimild á fjárlagaliðnum í þessu skyni en það fórst fyrir og féll hin ónotaða fjárheimild niður í lokafjárlögum 2003.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Almenn starfsemi. Lagt er til að stofnuninni verði veittar 44 m.kr. vegna tveggja mála. Annars vegar 25,0 m.kr. vegna kostnaðar við vísindaveiðar á hrefnu sem fram fóru í sumar. Ráðuneytið hefur undanfarin tvö ár gert samning við Félag hrefnuveiðimanna um veiðarnar og skuldbindur það sig til að veiða allt að 40 hrefnur á árinu 2005 í vísindaskyni í samræmi við rannsóknar- og framkvæmdaáætlanir undir yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar. Hins vegar 19 m.kr. vegna útgjalda stofnunarinnar við nokkra loðnuleitarleiðangra utan rannsóknaráætlunar á árinu 2005.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Leitað er eftir samþykki við að millifæra ónotaða 83,9 m.kr. uppsafnaða fjárheimild af *6.01 Tæki og búnaður* yfir á rekstrarviðfangsefnið sem er með útgjöld umfram fjárheimild.

204 Fiskistofa.

1.11 Eftirlit með úthafsveiðum. Leitað er eftir samþykki við að millifæra ónotaða 36,6 m.kr. fjárheimild af rekstrarviðfangsefninu yfir á *6.01 Tæki og búnaður* sem er með útgjöld umfram fjárheimild.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 160,5 m.kr.

104 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

1.01 Tölvumiðstöð dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Lagt er til að millifæra samtals 33,8 m.kr. yfir á þennan nýja fjárlagalið. Rekstri tölvumiðstöðvarinnar hefur verið sinnt af Umferðarstofu en í kjölfar breyttrar verkaskiptingar dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis hefur reksturinn verið fluttur frá Umferðarstofu til ráðuneytisins. Í fyrsta lagi verði 19,1 m.kr. fluttar af safnlið 490-1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Í öðru lagi 8 m.kr. af 490-1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna. Í þriðja og síðasta lagi 6,7 m.kr. af 491-1.01 Upplýsingakerfi sýslumanna.

190 Ýmis verkefni.

1.10 Fastanefndir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag vegna halla á rekstri örorkunefndar sem starfar samkvæmt skaðabótalögum. Málum hefur fækkað og þar með hafa tekjur dregist saman auk þess sem kostnaður við hvert mál hefur aukist verulega en gjaldskrá nú verið hækkuð með tilliti til þess.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til að unnt verði að ljúka við endurnýjun á björgunarskipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar kringum landið á þessu ári.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Sótt er um 38 m.kr. aukafjárveitingu til embættisins af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur lögreglan þurft að viðhafa sólarhringsvakt við vinnusvæði álversframkvæmda á Austfjörðum til að afstýra skemmdarverkum og koma í veg fyrir að vinna verktaka verði stöðvuð með ólögmætum aðgerðum. Áætlaður kostnaður er 20 m.kr. og var ekki gert ráð fyrir þessum útgjöldum við gerð fjárlaga 2005 og ekki er svigrúm til þess að mæta kostnaðarauka af fjárveitingum ársins. Embætti Ríkislögreglustjóra mun sinna uppgjöri til þeirra embætta sem lögðu til aukamannskap í þetta verkefni.

Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til sérsveitar ríkislögreglustjóra. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar fyrr á þessu ári um eflingu löggæslu á Norður- og Austurlandi var ákveðið að ráðast í sambærilegar skipulagsbreytingar á störfum sérsveitarmanna hjá sýslumanninum á Akureyri og þegar hafa verið gerðar í Reykjavík. Með þessari breytingu verður lögreglumönnum á Akureyri fjölgað um fjóra en þeir fjórir sérsveitarmenn, sem þar hafa gengið vaktir, leystir undan vaktaskyldu. Þeir munu

þess í stað sinna almennri löggæslu og sérstökum verkefnum. Lögreglumennirnir verða eins og aðrir sérsveitarmenn starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra en með aðsetur á Akureyri og undir daglegri stjórn sýslumannsins þar. Sérsveitarmennirnir munu hins vegar sinna verkefnum utan lögregluumdæmis sýslumannsins eftir því sem nauðsyn krefst hverju sinni. Með þessari ráðstöfun fjölgar almennum lögreglumönnum á Akureyri um fjóra. Felur þessi breyting því í sér mikla eflingu löggæslu á Akureyri, sem og í nærliggjandi umdæmum. Fyrirkomulag þetta mun taka gildi um mitt þetta ár og verða til reynslu í eitt ár.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. aukaframlag vegna áfallins kostnaðar við ferð fulltrúa kennslanefndar ríkislögreglustjóra til Taílands í kjölfar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu. Ferð þessi var farin að beiðni Norðmanna og í samráði við forsætisráðuneytið til aðstoðar þarlendum stjórnvöldum. Heildarkostnaður við ferðina nam rúmum 3 m.kr.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Lagt er til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild af viðfangsefninu 1.05 Innheimta sekta hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Millifærslan er gerð vegna breytinga á fyrirkomulagi sektarinnheimtu í samræmi við ný lög þar um. Um er að ræða sparnað í innheimtu sem er aðallega fólginn í lægri útsendingarkostnaði við ítrekun á sektarboðum og miðast við hálft ár. Lækkunin var sett á þennan safnlið í fjárlögum 2005 þar sem samþykkt laganna lá þá ekki fyrir.

1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði. Lagt er til að veita aukafjárveitingu að fjárhæð 10 m.kr. til rannsóknamiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði til rannsókna á áhrifum Suðurlandsskjálfta. Fyrri áfanga verksins er þegar lokið og nam kostnaður við hann um 10 m.kr. en kostnaður við seinni áfanga er talinn nema svipaðri fjárhæð og er við það miðað að verkinu ljúki 2007. Rannsóknirnar taka m.a. til skemmda á byggingum og tæknikerfum, áhrifa á daglegt líf fólks og svo til efnahagslegra áhrifa.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði aukin um 9,8 m.kr. vegna hreinsunar sprengjusvæðis á svokölluðu Patterson-svæði á Miðnesheiði. Þar hefur fundist nokkuð magn af sprengjum og er talið að almenningi gæti stafað hætta af. Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar mun annast þessa hreinsun en nauðsynlegt er að bæta við starfsmönnum tímabundið.

431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.

1.05 Innheimta sekta. Lagt er til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild á viðfangsefnið 06-390-1.10 Ýmis löggæslukostnaður eins og greint er frá að framan.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.11 Útgáfa ökuskírteina. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 14,8 m.kr. framlag til útgáfu ökuskírteina færist af þessu viðfangsefni yfir á 10-190-1.19 Útgáfa ökuskírteina hjá samgönguráðuneytinu í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ráðuneytanna. Embætti ríkislögreglustjóra mun eftir sem áður sinna framleiðslu skírteina.

1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að millifæra 19,1 m.kr. af safnliðnum yfir á nýjan fjárlagalið 104 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins eins og greint var frá í umfjöllun um þann lið.

1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna. Lagt er til að millifæra 6,7 m.kr. af safnlið vegna þjónustu við upplýsingakerfi sýslumanna á nýjan fjárlagalið 104 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins eins og áður var greint frá.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna. Í fyrsta lagi er óskað eftir 30 m.kr. aukafjárveitingu vegna flutnings tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins í nýtt húsnæði. Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnar um breytta verkaskiptingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis og samgönguráðuneytis var ákveðið að flytja rekstur tölvumiðstöðvarinnar í Skógarhlíð 14. Kostnaðurinn liggur aðallega í frágangi og búnaði vegna nýs tölvurýmis en miklar öryggiskröfur eru gerðar í starfseminni, m.a. vegna Schengen-samstarfs.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 15 m.kr. aukaframlag vegna viðbótarkostnaðar við lögreglukerfi sem ekki var séður fyrir en lögreglukerfið er hluti af upplýsingakerfi sýslumanna. Heildarkostnaður við verkið er um 93 m.kr. og hefur verið fjármagnaður af framlagi til annarra kerfa sýslumanna með hagræðingu og aðhaldi. Þær áætlanir hafa ekki að fullu gengið eftir, m.a. vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á búnaði. Nýja lögreglukerfið leysir af hólmi nokkur þeirra kerfa sem fyrir eru og hafa verið í þróun frá árinu 1994. Markmið með nýju lögreglukerfi eru m.a. að auka skilvirkni og öryggi í upplýsingamiðlun innan lögreglunnar, svara aukinni upplýsingaþörf vegna fjölbreyttari verkefna, auka afköst, þ.e. lækka kostnað, og jafnframt auka sjálfvirkni í upplýsingamiðlun.

Í þriðja lagi er lagt til að millifæra 8 m.kr. af safnlið vegna upplýsingakerfa sýslumanna á nýjan fjárlagalið 104 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins eins og greint var frá að framan.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 3,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 2003 og 2004 var 7,3%.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 31,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 2003 og 2004 var 7,3%.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 9,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 5,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 731,4 m.kr.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 2 m.kr. fjárheimild til að styrktar hjónum sem annast alvarlega veik börn sín.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Farið er fram á 12,2 m.kr. fjárheimild vegna uppgjörs á kostnaði við starfsmat sem samið var um í kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins frá 2001 vegna starfsmanna sem sinna þjónustu við fatlaða. Uppgjör þetta nær yfir tímabilið desember 2002 til desember 2004.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.

1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Farið er fram á 45 m.kr. fjárheimild vegna uppgjörs á kostnaði við starfsmat sem samið var um í kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og stéttarfélaga starfsmanna Akureyrarkaupstaðar sem sinna þjónustu við fatlaða. Uppgjör þetta nær yfir tímabilið desember 2002 til desember 2004.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Lagt er til að 200 m.kr. verði varið til undirbúnings og uppbyggingu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um að leggja fram frumvarp á Alþingi þessa efnis. Í samræmi við tillögu ríkisstjórnarinnar er áformað að verja 1.000 m.kr. til þess að hefja nú þegar uppbyggingu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða. Gert er ráð fyrir kaupum eða byggingu á húsnæði og uppbyggingu dagvistunar eða endurhæfingarúrræða fyrir geðfatlaða um land allt á fimm ára tímabili, frá árinu 2006 til ársins 2010.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 602 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2005. Áætlunin miðast við að skatttekjur verði 299.805 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 526.822 m.kr. árið 2005.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til 42 m.kr. verði millifærðar af liðnum yfir á 984 Atvinnuleysistryggingasjóður og aukist við það hlutdeild sjóðsins í rekstri svæðisvinnumiðlana.

981 Vinnumál.

1.13 Kjararannsóknarnefnd. Lagt er til að flytja 42 m.kr. fjárheimild á 984-1.31 Kjararannsóknarnefnd í fjárlögum yfir á nýtt fjárlagaviðfangsefni í kjölfar samkomulags að færa starfsemi nefndarinnar til Hagstofu Íslands.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lagt er til að fjárheimild Ábyrgðasjóðs launa lækki um 100 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði nokkru lægri en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að fjárheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta lækki um 518 m.kr. þar sem stefnir í minna atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir 2,7% atvinnuleysi á árinu en spár gera nú ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2005 verði 2,3%.

1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar. Lagt er til að 42 m.kr. verði millifærðar af 980 Vinnumálastofnun eins og áður er getið.

1.31 Kjararannsóknarnefnd. Lagt er til að flytja 42 m.kr. fjárheimild Kjararannsóknarnefndar á þessu viðfangsefni yfir á 981-1.13 Kjararannsóknarnefnd, eins og áður kom fram.

1.41 Framlög og styrkir. Farið er fram á 15 m.kr. fjárheimild til Sjómenntar, fræðslusjóðs sjómanna, í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Landssambands ísl. útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands um starfsmenntamál sjómanna frá 31. maí 2002. Í kjarasamningi Sjómannasambandsins og LÍÚ sem undirritaður var haustið 2004 var ákveðið að framlengja starfsemi Sjómenntar til ársloka 2007 og leita eftir 15 m.kr. árlegu framlagi árin 2005 til og með 2007. Í frumvarpi til fjárlaga 2006 er farið fram á 15 m.kr. vegna verkefnisins.
6.10 Fasteign. Lagt er til að fjárheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 93,2 m.kr. vegna kaupa sjóðsins á húsnæði í Reykjavík sem er leigt Vinnumálastofnun undir Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lögð er til 350 m.kr. hækkun fjárheimildar frá því sem ráð er fyrir gert í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda sem af er árinu 2005.
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að fjárheimild hækki um 15 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er yfirstandandi ári.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Farið er fram á 15 m.kr. fjárveitingu til liðarins þar sem framlag til Sjónarhóls féll niður í fjárlögum 2005. Ríkisstjórnin samþykkti haustið 2003 að veita Sjónarhóli 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu til þriggja ára. Fyrsta greiðslan var innt af hendi árið 2004.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.299,1 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 1,5 m.kr. fjárheimild þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var falið að úrskurða í tveimur málum vegna vanhæfis félagsmálaráðherra. Í báðum tilvikum þurfti að leita utanaðkomandi sérfræðilegrar aðstoðar.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir 17,8 m.kr. aukafjárveitingu á liðinn. Annars vegar 15 m.kr. til að mæta umsýslukostnaði við endurreikning og uppgjör bóta

í kjölfar breytinga á lögum um almannatryggingar frá 26. apríl 2002. Samkvæmt kostnaðarmati var rekstrargrunnur stofnunarinnar hækkaður um 10 m.kr. í fjárlögum 2003 en þegar fyrsta uppgjör samkvæmt ákvæðum laganna er afstaðið kemur í ljós að verkefnið er mun flóknara og viðameira en reiknað var með. Hins vegar er óskað eftir 2,8 m.kr. til að ráða sjúkraþjálfara til starfa við stofnunina. Kostnaður sjúkratrygginga vegna sjúkraþjálfunar hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár og er ætlunin að efla eftirlit og umsjón með framkvæmd samnings við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Fjárveiting miðast við hálft ár og er sótt um heils árs fjárveitingu til verkefnisins í fjárlagafrumvarpi 2006.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 402,6 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi, sem varið er til þessara verkefna, hækki um sömu fjárhæð frá forsendum fjárlaga 2005.

206 Sjúkratryggingar.

1.45 Brýn meðferð erlendis. Lagt er til að millifærðar verði 5,2 m.kr. af þessu fjárlagaviðfangsefni yfir á fjárlagalið 08-373-1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús til að mæta kostnaði spítalans við upptöku á nýrri meðferð sem felst í lokun á opi milli hjartagátta með svonefndu Ampatzerneti.

340 Málefni fatlaðra.

1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal. Lagt er til að 4,5 m.kr. verði millifærðar af fjárlagaliðnum 08-379-1.01 Sjúkrahús, óskipt til styrktar sumardvöl fatlaðra barna í Reykjadal vegna breytinga á framsetningu og skilgreiningu safnliða í fjárlögum til samræmis málaflokkun.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 30 m.kr. framlag vegna uppsafnaðs rekstrarhalla í árslok 2004. Rekstur sjúkrahússins var í jafnvægi á árinu 2004 og er áætlað að svo verði einnig á árinu 2005.

373 Landspítali - háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús. Farið er fram á 657,7 m.kr. aukafjárveitingu á liðinn af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er beðið um 600 m.kr. til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla fram til ársloka 2004. Útkomuspá gerir ráð fyrir að hámarki 200 m.kr. halla í ár sem að mestu má rekja til vaxtagreiðslna vegna erfiðrar fjárhagsstöðu spítalans frá fyrri árum. Að þessum þætti frátöldum er gert ráð fyrir að rekstur spítalans verði í jafnvægi á árinu 2005.

Í öðru lagi er millifærð 54,2 m.kr. fjárveiting af 08-471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að standa undir þjónustusamningi við Fosshótel ehf. um rekstur sjúkrahótels. Samkvæmt samningnum skipuleggur sjúkrahúsið faglega starfsemi á sjúkrahótelinu en verksali útvegar húsnæði, fæði og húsvörslu.

Í þriðja lagi er lagt til að millifærðar verði 5,2 m.kr. af fjárlagalið 08-206-1.45 Brýn meðferð erlendis til að mæta kostnaði spítalans við upptöku á nýrri meðferð sem felst í lokun á opi milli hjartagátta með svonefndu Ampatzerneti.

Í fjórða og síðasta lagi er lagt til að millifærð verði 1,7 m.kr. fjárheimild af liðnum yfir á 08-795 St. Jósefsspítali vegna flutnings á ferliverkum á milli sjúkrahúsanna.

376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

6.21 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans. Lagt er til að 300 m.kr. fari til hönnunar og uppbyggingar nýs hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut í samræmi við tillögu ríkisstjórnar um að leggja fram frumvarp á Alþingi þessa efnis. Undirbúningur framkvæmda er nokkuð á veg kominn. Dómnefnd um skipulagstillögur í alþjóðlegri samkeppni fyrir Hringbrautarsvæðið mun skila áliti sínu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í byrjun október. Þá hefst deiliskipulagsvinna með það fyrir augum m.a. að svæðið nýtist sem best, háskólabyggingar og sjúkrahús tengist, aðgengi og samgöngur verði greiðar og gætt verði fyllstu rekstrarhagkvæmni.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að 4,5 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefninu yfir á 08-340-1.30 Málefni fatlaðra, Sumardvalarheimili í Reykjadal, samanber umfjöllun um þann lið hér að framan.

6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar. Farið er fram á 60 m.kr. fjárheimild til undirbúnings uppbyggingar nýrrar spítalabyggingar á lóð Landspítalans við Hringbraut. Á fundi ríkisstjórnar í upphafi þessa árs var samþykkt að hefja undirbúning nýrra byggingar fyrir Landspítala við Hringbraut. Gert er ráð fyrir að í ár verði efnt til hönnunarsamkeppni um skipulag Hringbrautarlóðarinnar og að gengið verði frá deiliskipulagi lóðarinnar. Er framlaginu ætlað að standa undir þeim kostnaði.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Í fyrsta lagi er farið fram á 50 m.kr. til framkvæmda við Heilbrigðisstofnunina Suðurnesjum.

Í öðru lagi er lagt til að millifærð verði á liðinn 11 m.kr. fjárheimild af safnlið heilsugæslustöðva 08-500-5.01 Viðhald, óskipt vegna byggingar á bílskúr fyrir sjúkrabifreið í Borgarnesi en núverandi aðstaða er of lítil fyrir þá bifreið sem notuð er.

Í þriðja lagi er millifærð 50 m.kr. fjárheimild af viðfangsefninu lið 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt sem var samþykkt með fjáraukalögum 2003 til flutnings heilsugæslustöðvar í Kópavogi. Er 25 m.kr. annars vegar ætlað að mæta kostnaði við húsaleigu og sömu fjárhæð hins vegar til að mæta kostnaði við kaup á búnaði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit. Farið er fram á 7,5 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við samning við Krabbameinsfélag Íslands um starfsemi leitarsviðs Krabbameinsfélags Íslands. Við gerð samningsins var miðað við 200.000 sérfræðieiningar vegna sérskoðana á ári með vikmörkum frá 93% í 107%. Fjöldi sérfræðieininga 2002 var 249.689 og er því farið fram á fjárveitingu fyrir 35.689 einingum.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Í fyrsta lagi er farið fram á 16,3 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði við samning um rekstur sjúkrahótels.

Í öðru lagi er farið fram á 15 m.kr. fjárheimild til að styðja aðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmisvandanum en á ráðherrafundi, sem haldinn var í tengslum við alsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í byrjun júní 2005, var lýst yfir stuðning landsins við verkefnið „Global Fund against Aids".

Í þriðja og síðasta lagi er sótt um 10 m.kr. fjárheimild sem framlag Íslands til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna náttúruhamfaranna við Indlandshaf.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Gert er ráð fyrir 17 m.kr. hækkun á þessum lið í til að mæta auknum kostnaði í kjölfar kjarasamninga á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Framlagið er ætlað öldrunarstofnunum en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun millifæra fjárheimildir á liði viðkomandi stofnana þegar endanlegar fjárhæðir liggja fyrir.

402 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Lagt er til að gerð verði 24 m.kr. leiðrétting á fjármögnun sjóðsins frá fjárlögum 2005 en þá var hluti framlaga í sjóðinn ranglega færður sem greiðslur úr ríkissjóði en útgjaldaheimild sjóðsins breytist þó ekki.

471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík.

1.10 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík. Millifærð er 54,2 m.kr. fjárveiting af 08-471 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að standa undir þjónustusamningi um rekstur sjúkrahótels eins og áður er getið.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Annars vegar er millifærð 25 m.kr. fjárheimild af 08-381-6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, samanber skýringar við þann lið.

Hins vegar er millifærð 9,4 m.kr. fjárveiting af 08-517 Læknavaktinni vegna uppgjörs á einingum í samræmi við samning við Læknavaktina en í uppgjöri var afgangsheimild 9,4 m.kr. í árslok 2004.

5.01 Viðhald, óskipt. Millifærð er 11 m.kr. fjárheimild yfir á 08-381-6.90 til að mæta kostnaði við að byggja bílskúr fyrir sjúkrabifreið í Borgarnesi eins og áður kom fram.

6.01 Tæki og búnaður. Millifærð er 25 m.kr. fjárheimild af 08-381-6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða vegna búnaðar í heilsugæslustöðina í Kópavogi eins og áður kom fram.

517 Læknavaktin.

1.01 Læknavaktin. Millifærð er 9,4 m.kr. fjárveiting yfir á 08-500 Heilsugæslustöðvar almennt vegna uppgjörs við Læknavaktina eins og áður var greint frá.

761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en stofnunin hefur glímt við talsverðan rekstrarvanda undanfarin ár í kjölfar sameiningar heilsugæslustöðva í Þingeyjarsýslum.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla fyrri ára en stofnunin hefur glímt við talsverðan rekstrarvanda undanfarin ár í kjölfar sameiningar heilsugæslustöðva í Þingeyjarsýslum.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 20,5 m.kr. fjárveitingu til að koma til móts við uppsafnaðan halla fyrri ára. Á árinu 2004 var gripið til aðgerða innan stofnunarinnar til að lækka útgjöld og koma rekstri hennar í jafnvægi og hefur nokkur árangur náðst.

1.11 Sjúkrasvið. Farið er fram á 20,5 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefnið af sama tilefni.

791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að veitt verði 40 m.kr. fjárveiting til greiðslu uppsafnaðs halla heilbrigðissviðs Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum en fjárveiting til heilsugæslusviðs hefur verið áætluð of lág miðað við íbúafjölda á svæðinu.

1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. fjárveiting til greiðslu uppsafnaðs halla sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum og til að mæta auknum rekstrarkostnaði D-álmu sjúkrahússins en á þessu ári fékk stofnunin 20 m.kr. fjárveitingu í rekstur hennar.

795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði. Annars vegar er farið fram á 43 m.kr. aukafjárveitingu til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum en hann nam 98 m.kr. í árslok 2004. Á þessu ári hefur verið gripið til aðgerða til að ná niður útgjöldum sjúkrahússins og á það að tryggja að rekstur verði í samræmi við staðfesta rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir hallalausum rekstri á árinu.

Hins vegar er lagt til að millifærð verði 1,7 m.kr. fjárheimild af viðfangsefninu yfir á fjárlagalið 08-795 St. Jósefsspítali vegna flutnings á ferliverkum á milli Landspítala – háskólasjúkrahúss eins og áður er greint frá.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 10.679,4 m.kr.

103 Fjársýsla ríkisins.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að framlög til almenns reksturs stofnunarinnar verði aukin um 35 m.kr. á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaði á viðfangsefni *6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi.*

6.47 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Óskað er eftir 27,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að standa straum af þjónustusamningi við Skýrr hf. um þjónustu á Oracle-fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Gerður var þjónustusamningur í upphafi árs sem rennur út á þessu ári. Samningurinn er um þjónustu sem veitt er vegna Oracle-kerfisins, ýmsa almenna þjónustu við þróun hugbúnaðarins og stuðning við notkun hans.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Annars vegar er tillaga um 150 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar þar sem ætlun um nýtingu þessara heimilda er jafnan háð töluverðri óvissu.

Hins vegar er sótt um 60 m.kr. aukafjárveitingu í samræmi við samkomulag um fjárhagsmálefni Hólaskóla til kaupa á reiðskemmu á Hólum af eignarhaldsfélaginu Þrá ehf. enda er sá kostur talinn fjárhagslega hagkvæmari en leiga á reiðskemmu.

711 Afskriftir skattkrafna.

1.11 Afskriftir skattkrafna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka áætlun um afskrifaðar skattkröfur um 4 milljarðar króna. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta

sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Nær ógerlegt er að reikna út eða áætla fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum en lögð er til hækkun á fjárheimildinni í ljósi þess að fjárhæðin hefur reynst vera vanmetin síðustu árin, t.d. er gjaldfærslan tæplega 10 milljarðar króna í reikningi ársins 2004. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er einnig gert ráð fyrir hækkun á þessari áætlun. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð alls um 6.292 m.kr. Skýrist það í fyrsta lagi af því að lögum samkvæmt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu Landssíma Íslands hf. Söluhagnaðurinn er mismunurinn á söluverðmætinu, um 66,7 milljarðar króna, og bókfærðu verðmæti, um 9,2 milljarðar, þ.e. mismunurinn nemur 57,5 milljörðum. Eðli málsins samkvæmt var ekki unnt að segja fyrir um þessa niðurstöðu við afgreiðslu fjárlaga.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af rúmlega 6 milljarða arðgreiðslu frá Landssímanum en í fjárlögum var gengið út frá að arðgreiðslan yrði um 2 milljarðar króna.

Í þriðja og síðasta lagi er gert ráð fyrir 92 m.kr. fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum en þær verða meiri en reiknað var með í fjárlögum vegna bættrar stöðu í kjölfar sölunnar á Landssímanum. Fjármagnstekjuskatturinn, sem gjaldfærður er á þennan fjárlagalið, færist einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

1.11 Rekstur fasteigna og *5.21 Viðhald fasteigna.* Í frumvarpinu er farið fram á 420 m.kr. hækkun á fjárheimild og sértekjum stofnunarinnar vegna viðhaldskostnaðar og annarra útgjalda og leigutekna af húsnæði sem hún hefur umsjón með. Framlag úr ríkissjóði er óbreytt eftir sem áður. Í áætlun fjárlaga hefur ekki verið tekið nægilega mikið mið af aukinni veltu hjá Fasteignum ríkisins í kjölfar þess að stofnunin hefur tekið við miklu húsnæði á undanförnum árum, einkum vegna stofnana sem heyra undir ráðuneyti menntamála, landbúnaðar og heilbrigðismála.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 150 m.kr. Í fjárlögunum var almennt reiknað með 3% hækkun á launaliðum rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði. Við afgreiðslu fjárlaganna voru kjarasamningar flestra stéttarfélaga útrunnir, að undanskildum samningum ófaglærðra, og nýir kjarasamningar lágu ekki fyrir. Til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum vegna nýrra

kjarasamninga var gert ráð fyrir 2.140 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagslið fjárlaganna. Eftir að niðurstöður kjarasamninga þessa árs lágu fyrir voru launaforsendur allra rekstraraðila endurmetnar í launa- og verðlagslíkani fjárlaganna og er útkoman sú að auka þarf þessar fjárheimildir um 150 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 1.315,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Útgáfa ökuskírteina. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 14,8 m.kr. framlag til útgáfu ökuskírteina færist á þennan lið af viðfangsefninu 06-490-1.11 Útgáfa ökuskírteina hjá dómsmálaráðuneytinu í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ráðuneytanna. Embætti ríkislögreglustjóra mun eftir sem áður sinna framleiðslu skírteinanna.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að veitt verði 60 m.kr. fjárveiting án greiðslu úr ríkissjóði vegna gjaldfærslu á tekjum sem ekki innheimtast og eru því afskrifaðar. Þetta er gert til að bæta samræmi við ríkisreikning þar sem afskrifaðar tekjur eru færðar til gjalda. Með breytingunni fæst samræmi á fjárheimildastöðu í fjárlögum og reikningi. Einnig er lagt til að veitt verði 23 m.kr. fjárveiting vegna verðbóta á ferjulán án greiðslu úr ríkissjóði. Er það gert til samræmis við reikninga Vegagerðarinnar þar sem verðbæturnar eru gjaldfærðar. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til, eru einnig gerðar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006.

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa. Farið er fram á 30 m.kr. framlag vegna fjölgunar áætlunarferða Herjólfs til Vestmannaeyja. Undanfarin ár hafa verið teknar ákvarðanir um að fjölga ferðum Herjólfs um 35% frá árinu 2000 til ársins 2004.

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Gert er ráð fyrir 236,9 m.kr. meiri umsvifum stofnunarinnar en í fjárlögum. Á móti hækka sértekjur um 63,4 m.kr. og verða þá gjöld umfram tekjur 173,5 m.kr. sem eru að fullu fjármögnuð með ríkistekjum af skráningargjöldum ökutækja og umferðaröryggisgjaldi.

381 Rannsóknarnefnd sjóslysa.

1.01 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Farið er fram á 1,9 m.kr. framlag til viðfangsefnisins vegna sérstakrar rannsóknar á afdrifum gúmmíbjörgunarbáts sem skilaði sér ekki upp á yfirborð sjávar þegar tog- og netabátur sökk út af Langanesi hinn 4. júní 2004. Skipið

var búið tveimur gúmmíbjörgunarbátum með sjálfvirkum sleppibúnaði en aðeins annar björgunarbáturinn skilaði sér upp á yfirborðið þegar skipið sökk.

481 Rannsóknarnefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknarnefnd flugslysa. Farið er fram á 5,2 m.kr. framlag til viðfangsefnisins. Um er að ræða ófyrirséðan rannsóknarkostnað umfram það sem fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, annars vegar vegna eldra máls sem Rannsóknarnefnd flugslysa lauk rannsókn á fyrir nokkrum árum en sérstök rannsókn og málaferli standa þar enn yfir. Jafnframt er mikill ófyrirséður kostnaður vegna rannsóknar á flugslysi þotu Air Atlanta í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og óvenjumörg slys og óhöpp hér á landi.

521 Fjarskiptasjóður.

6.41 Fjarskiptasjóður. Lagt er til að 1.000 m.kr. af söluandvirði Landssímans verði varið til uppbyggingar á sviði fjarskiptamála í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans. Meginmarkmiðin eru annars vegar uppbygging GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum. Hins vegar verður auðvelduð dreifing stafræns sjónvarps um gervihnött, með bætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi og öfluga uppbyggingu á háhraðatengingum á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin hafa ekki treyst sér til að þjóna á markaðslegum forsendum hingað til. Í þessu skyni verður settur á fót sérstakur fjarskiptasjóður sem stuðli að þessari uppbyggingu. Fyrsti áfangi hefst á yfirstandandi ári og verður varið til hans 1.000 m.kr. Áformað er að eftirstöðvarnar, 1.500 m.kr., verði greiddar með jöfnum greiðslum á árunum 2007-2009.

651 Ferðamálaráð.

1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis. Lagt er til að veittar verði 7,5 m.kr. til uppbyggingar á vetrarferðamennsku á Íslandi. Verkefnið nefnist „Seljum Norðurljósin" þar sem lögð er áhersla skoðun norðurljósa samhliða ónýttum tækifærum sem Ísland hefur upp á að bjóða að vetrarlagi.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 405 m.kr.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lagt er til að veitt verði 275 m.kr. fjárveiting til að unnt verði að greiða kostnað við þau verkefni sem þegar hafa verið samþykkt vegna ársins 2005. Nokkrum stórum verkefnum í kvikmyndagerð lýkur á þessu ári og er lagt til að lokið verði við endurgreiðslu kostnaðar vegna þeirra

þar sem lög um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar falla að óbreyttu úr gildi í lok næsta árs. Er nú til athugunar hvort framlengja eigi lögin og endurskoða þau í ljósi reynslu undanfarinna ára.

373 Niðurgreiðslur á húshitun.

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. fjárveiting til niðurgreiðslu rafhitunarkostnaðar. Ástæða þessarar hækkunar er meðal annars sú að ekki eru lengur fyrir hendi sérstakir taxtar fyrir rafhitun sem voru greiddir niður af öðrum raforkunotendum. Að auki falla niður sérstakir afslættir sem raforkufyrirtækin hafa veitt til rafhitunarnotenda.

401 Byggðaáætlun.

1.10 Byggðaáætlun. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag til að gera vaxtarsamninga á Norðurvestur- og Vesturlandi. Vaxtarsamningum er ætlað að greina styrkleika atvinnulífs á viðkomandi svæði og vinna að eflingu þess.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 22,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Fastanefndir. Lagt er til að veitt verði 0,8 m.kr. framlag vegna áfrýjunarnefndar neytendamála sem sett var á laggirnar 1. júlí sl. þegar ný lög um Neytendastofu tóku gildi.

1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. framlag vegna niðurlagningar Samkeppnisstofnunar. Verða fjármunirnir nýttir til að greiða biðlaun og uppsagnarfrest þeirra starfsmanna er létu af störfum við breytinguna.

302 Löggildingarstofa.

1.01 Löggildingarstofa. Lagt er til að millifærðar verði 110,7 m.kr. til 12-421 Neytendastofu sem tók við verkefnum Löggildingarstofu þann 1. júlí síðastliðinn.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lagt er til að útgjaldaheimild fjármálaeftirlitsins, sem fjármögnuð er með innheimtu ríkistekna, verði lækkuð um 11,5 m.kr. til samræmis við kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999.

411 Samkeppniseftirlitið.

1.01 Samkeppniseftirlitið. Lagt er til að millifærðar verði 68,9 m.kr. frá 902 Samkeppnisstofnun þar sem Samkeppniseftirlitið tók við starfsemi samkeppnishluta Samkeppnisstofnunar þann 1. júlí 2005.

421 Neytendastofa.

1.01 Neytendastofa. Lagt er til að millifærðar verði samtals 130,7 m.kr. til Neytendastofu. Þar af komi 110,7 m.kr frá 302 Löggildingarstofu og 20 m.kr. frá 902 Samkeppnisstofnun. Að auki er óskað eftir 2 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings á starfsemi yfir á Neytendastofu.

902 Samkeppnisstofnun.

1.01 Samkeppnisstofnun. Lagt er til að millifærðar verði samtals 88,9 m.kr. frá Samkeppnisstofnun. Þar af færist 68,9 m.kr. til 411 Samkeppniseftirlit og 20 m.kr. á 421 Neytendastofa.

999 Ýmis viðskiptamál.

1.15 Talsmaður neytenda. Lagt er til að veitt verði 6,5 m.kr. framlag til að koma á fót embætti talsmanns neytenda. Neytendastofa annast dagleg störf og undirbúning mála fyrir embættið.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 6 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.50 Þjóðskráin. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar er óskað eftir 3 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar Hagstofunnar við gerð kjörskrárstofna fyrir sveitarstjórnir vegna sameiningarkosninga sveitarfélaga sem halda skal þann 8. október 2005 og haldnar voru í nokkrum sveitarfélögum í Borgarfirði 23. apríl sl. samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Einnig er sótt um 3 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við samhæfingu þjóðskrár að samnorrænum rafrænum flutningsvottorðum. Þann 1. nóvember 2004 undirrituðu samstarfsráðherrar Norðurlandanna samning um almannaskráningu milli landanna. Á árinu 2005 þurfa ríkin að gera breytingar á löggjöf sinni og ýmist fullgilda samninginn eða taka hann upp í löggjöf til að hann geti komið til framkvæmda á árinu 2006. Meginbreytingin með þessum nýja samningi er að samnorræn flutningsvottorð á pappírsformi verða lögð niður en í staðinn verða tekin upp rafræn samskipti milli aðalskráningarskrifstofa Norðurlandanna.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 160,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.36 Rannsóknir og útrýming á mink. Lögð er til 45 m.kr. fjárveiting í tilraunaverkefni til útrýmingar minks á þremur afmörkuðum landsvæðum þar sem saman færu veiðar, skipuleg vöktun og rannsóknir á meðan á átakinu stendur. Markmið aðgerðanna er að kanna hvort möguleikar séu á að útrýma mink eða fækka honum verulega og hvaða aðferðir henti best í því skyni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er jafnframt sótt um 45 m.kr. framlag til málsins, tímabundið til tveggja ára.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Farið er fram á 9,9 m.kr. fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla nefndarinnar.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Lögð er til 2 m.kr. fjárveiting til gerðar miðlægs gagnagrunns um íslenska refinn og námsefnis fyrir veiðimenn. Um er að ræða hluta af aðgerðum til að endurmeta stöðu refastofnsins, m.a. með hliðsjón af upplýsingum úr stofnstærðarlíkani sem Náttúrufræðistofnun Íslands mun standa fyrir, ásamt því að afla upplýsinga um tjón af völdum refa með skráningu í miðlægan gagnagrunn þannig að nýta megi þessa vitneskju við ákvörðun um fyrirkomulag refaveiða í framtíðinni.

1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Gerð er tillaga um 10,5 m.kr. fjárveitingu með það fyrir augum að endurgreiðslur ríkisins á kostnaði sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink verði hliðstæðar við það sem þær voru árið 2003. Annars vegar er um að ræða 5,5 m.kr. vegna refaveiða og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er sótt um jafn hátt framlag til málsins, tímabundið í fjögur ár. Hins vegar er um að ræða 5 m.kr. vegna minkaveiða og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er sótt um jafn hátt framlag til málsins, tímabundið í tvö ár.

287 Úrvinnslusjóður.

1.10 Úrvinnslusjóður. Lögð er til 497 m.kr. lækkun fjárheimildar í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að gjaldið skili 538 m.kr. tekjum á árinu. Það eru 567 m.kr. lægri tekjur en reiknað var með í fjárlögum og 497 m.kr. innan fjárveitingar í fjárlögum. Áætlað er að kostnaður við úrvinnslu úrgangs og rekstur sjóðsins lækki um 273 m.kr. frá áætlun fjárlaga og verði 762 m.kr. Umframgjöld ársins verða fjármögnuð af óráðstöfuðu eigin fé sjóðsins. Að auki er lagt til að sjóðnum verði heimilað að ráðstafa 10 m.kr. vaxtatekjum af inneign hjá ríkissjóði á árinu til starfsemi sinnar en þær eru færðar sem sértekjur.

321 Brunamálastofnun ríkisins.

1.01 Brunamálastofnun ríkisins. Lagt er til að heimila Brunamálastofnun að verja 50 m.kr. tekjum af brunavarnargjaldi til fjárstuðnings við sveitarfélög sem sameinast hafa um rekstur eldvarnareftirlits og/eða slökkviliðs samkvæmt ákvæði til bráðabirgða nr. I í lögum um brunavarnir.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Lögð er til 180 m.kr. fjárveiting vegna aukins kostnaðar við ofanflóðaverkefni og uppkaup húsa. Um er að ræða viðbótarkostnað vegna aukaverka á grundvelli breyttra samningsforsendna og stuðning við uppkaup húsa á snjóflóðahættusvæði í Bolungarvík í samræmi við lög um sjóðinn.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.02 Setur í Reykjavík. Lögð er til 38,9 m.kr. fjárveiting af tveimur tilefnum. Annars vegar er farið fram á 36,5 m.kr. fjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla Náttúrufræðistofnunar. Um er að ræða halla sem aðallega er til kominn vegna lækkunar sértekna á síðustu árum ásamt fyrirsjáanlegum rekstrarhalla ársins í ár. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er jafnframt lagt til að fjárhagsrammi stofnunarinnar verði styrktur um 25 m.kr. í samræmi við niðurstöður úr nýlegi úttekt Ríkisendurskoðunar á stofnuninni en þar kemur fram að miðað við núverandi umfang vanti 25 m.kr. inn í fjárhagsramma stofnunarinnar.

Hins vegar er lögð til 2,4 m.kr. fjárveiting til gerðar stofnstærðarlíkans um íslenska refastofninn. Markmið aðgerðanna er að endurmeta megi stöðu refastofnsins með hliðsjón af upplýsingum úr stofnstærðarlíkani og nýta þá vitneskju við ákvörðun um fyrirkomulag refaveiða í framtíðinni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er jafnframt sótt um 2,4 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við gerð líkansins.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði lækkuð um 1.340 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2005, sem miðast við forsendur í lok ágúst, bendir til þess að gjaldfærðir vextir lækki um 1.340 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2005 og verði 14.110 m.kr. en að greiddir vextir hækki um 140 m.kr. og verði 18.260 m.kr.

145. Fyrirspurn [145. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðismál geðfatlaðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var niðurstaðan af samstarfi félagsmálaráðuneytisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um húsnæðismál geðfatlaðra, en tillögur um aðgerðir áttu að liggja fyrir í lok síðasta árs eða byrjun árs 2005?
2. Er það rétt sem fram hefur komið opinberlega að félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið komi sér ekki saman um hver eigi að greiða fyrir þjónustu við geðfatlaða? Ef svo er, hvaða hugmyndir eru uppi um úrlausnir og hefur ágreiningurinn verið tekinn fyrir í ríkisstjórninni?

146. Fyrirspurn [146. mál]

til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu o.fl. í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um jafnréttismál?
2. Hefur verið gerð úttekt á námskrám og kennslubókum í grunn- og framhaldsskólum með hliðsjón af jafnréttislögum? Ef svo er, hvenær?
3. Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

Skriflegt svar óskast.

147. Fyrirspurn [147. mál]

til dómsmálaráðherra um nauðgunarmál.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu mörg nauðgunarmál hafa farið fyrir dómstóla landsins á sl. 10 árum? Óskað er eftir sundurliðun á fjölda mála og niðurstöðum þeirra eftir dómstólum.
2. Hve margar kærur hafa borist lögregluyfirvöldum á tímabilinu og hve margar þeirra leiddu til ákæru?
3. Í hve mörgum tilvikum var um að ræða hópnauðganir (sbr. 2. lið)?
4. Hve oft hafa sömu aðilar verið ákærðir í nauðgunarmálum á tímabilinu og hvaða refsingu hafa þeir fengið?

Skriflegt svar óskast.

148. Fyrirspurn [148. mál]

til fjármálaráðherra um sveigjanlegan vinnutíma í ríkisstofnunum og ráðuneytum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvernig er staðið að því að gefa starfsfólki í ríkisstofnunum og ráðuneytum möguleika á sveigjanlegum vinnutíma?
2. Hversu margar og hvaða stofnanir hafa nýtt sér þennan möguleika og hversu margir starfsmenn? Hvert er kynjahlutfallið í hópi starfsmanna?
3. Hefur möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma áhrif á launagreiðslur? Ef svo er, hvaða?

Skriflegt svar óskast.

149. Fyrirspurn [149. mál]

til umhverfisráðherra um kostnað við aðal- og svæðisskipulag.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hver hafa heildarútgjöld Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga verið við aðal- og svæðisskipulag á árunum 1997–2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hve há má ætla að þessi útgjöld verði árin 2001–2008?
3. Hvernig hefur kostnaður við aðal- og svæðisskipulag skipst milli ríkisins og sveitarfélaganna?
4. Hve hátt hlutfall hafa einstök sveitarfélög greitt af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulags á árunum 1997–2000?
5. Hve hátt hlutfall munu einstök sveitarfélög greiða af kostnaði við aðal- og svæðisskipulag árin 2001–2008, miðað við óbreyttar reglur?

Skriflegt svar óskast.

150. Fyrirspurn [150. mál]

til samgönguráðherra um veggjöld.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvað líður stefnumörkun um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra hefur ítrekað boðað að sé í vændum?

2. Hvenær kemur til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum?

151. Fyrirspurn [151. mál]

til dómsmálaráðherra um dánarbætur.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru uppi áform um að endurskoða ákvæði um dánarbætur í skaðabótalögum?

152. Fyrirspurn [152. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um afsláttarkort vegna lækniskostnaðar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða aðgerða er þörf svo að afsláttarkort vegna lækniskostnaðar berist fólki sjálfkrafa þegar hámarksgreiðslum er náð?
2. Eru uppi áform um að Tryggingastofnun ríkisins taki upp slíkt kerfi?
3. Hvað mundi kosta að koma slíku kerfi á?

153. Fyrirspurn [153. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstöfun hjúkrunarrýma.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telur ráðherra eðlilega staðið að ráðstöfun hjúkrunarrýma fyrir hjúkrunarsjúklinga undir 67 ára aldri?

154. Fyrirspurn [154. mál]

til iðnaðarráðherra um leyfi til olíuleitar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu langt er undirbúningur leyfisveitinga til olíuleitar á íslensku hafsvæði kominn?
2. Í hverju er undirbúningurinn fólginn og hvenær er gert ráð fyrir að hægt verði að veita leyfin?

155. Fyrirspurn [155. mál]

til dómsmálaráðherra um viðbúnað Landhelgisgæslunnar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur farið fram sérstakur undirbúningur hjá Landhelgisgæslunni fyrir aukið eftirlit með skipaflutningum og siglingum þegar siglingaleiðir opnast um norðurheimskautið?
2. Hvernig er Landhelgisgæslan í stakk búin til að bregðast við ef slys eða óhöpp verða, t.d. við olíuflutninga?

156. Fyrirspurn [156. mál]

til umhverfisráðherra um afleiðingar hlýnunar og viðbrögð við þeim.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að bregðast við afleiðingum hlýnunar á norðurskautinu og aukinni skipaumferð um heimskautasvæðið?
2. Hafa áhrif hlýnunarinnar á Ísland verið metin?

157. Fyrirspurn [157. mál]

til forsætisráðherra um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. maí 2005 um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu?

158. Fyrirspurn [158. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraflutninga í Árnessýslu.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru ástæður þess að ekki var gengið til samninga við Brunavarnir Árnessýslu um að annast sjúkraflutninga í sýslunni?
2. Er það stefna ráðherra að fela heilbrigðisstofnunum á landinu að sjá um sjúkraflutningana?

3. Hver er áætlaður heildarkostnaður Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna þessa verkefnis, sundurliðað á einstaka þætti þess og er tekið tillit til þeirrar íbúafjölgunar sem er á svæðinu vegna sumarbústaðabyggðar? Hefur verið gengið frá samningum við Heilbrigðisstofnunina um fjármögnun sjúkraflutninganna?

159. Fyrirspurn [159. mál]

til heilbrigðisráðherra um kjarabætur til vistfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru áform um að bæta kjör þeirra sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarstofnunum?

160. Fyrirspurn [160. mál]

til menntamálaráðherra um óhollt mataræði í skólum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hefur komið til umræðu að ráðherra beiti sér fyrir því að óhollur matur verði ekki á boðstólum í skólum landsins?

161. Fyrirspurn [161. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu íslenskra friðargæsluliða eða hermanna í Afganistan.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig skýrir ráðherra þátttöku íslenskra friðargæsluliða, svokallaðra, í hernaðarverkefnum innan endurreisnarsveita alþjóðlega öryggisliðsins í Afganistan (ISAF) í ljósi vopn- og herleysisstefnu Íslands hingað til?
2. Hverju sætir að starf íslenskra hópa eða teyma í Afganistan, sem sinna jöfnum höndum hernaðarlegum verkefnum og upplýsingaöflun og uppbyggingarstarfi, hefur ekki verið kynnt sem slíkt og borið undir utanríkismálanefnd?
3. Lítur ríkisstjórnin svo á að enn séu í gildi stefnan um herleysi og vopnleysi, og fyrirvarar þar um, sem voru grundvöllur aðildar Íslands að Sameinuðu þjóðunum 1946 og einnig voru ítrekaðir þegar Ísland gerðist aðili að NATO 1949? Ef svo er, hvernig samrýmist vísir að íslenskum herdeildum á erlendri grund óbreyttri stefnu að þessu leyti?

162. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Valdimar L. Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Ráðherra leitist í þessu skyni m.a. við að ná samstöðu með framleiðendum, innflytjendum og auglýsendum um að þessar vörur verði ekki auglýstar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin.

Greinargerð.

Offita er hratt vaxandi heilbrigðisvandamál, einkum í hinum vestræna heimi og er Ísland engin undantekning þar á. Hafa rannsóknir sýnt að offita er í raun orðin faraldur í íslensku þjóðfélagi en hún eykur stórlega líkur á ýmsum sjúkdómum, t.d. sykursýki 2 eða svokallaðri áunninni sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómum, ristilkrabbameini, kæfisvefni og stoðkerfissjúkdómum, auk þess sem fullyrða má að sálrænir fylgikvillar offitu séu verulegir. Þrátt fyrir framangreint hefur lítið farið fyrir beinum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við þróuninni. Alþingi tók þó umræðu um vandann og samþykkti á 131. löggjafarþingi þingsályktunartillögu heilbrigðis- og tryggingaefndar um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Í þessu sambandi er sérstaklega brýnt að stjórnvöld beini sjónum að aukinni offitu meðal barna og ungmenna en rannsóknir hafa sýnt svo ekki verður um villst að tíðni offitu hjá þeim eykst hröðum skrefum. Sú staðreynd hlýtur að valda verulegum áhyggjum enda eykur offita á unga aldri verulega líkur á offitu á fullorðinsárum. Í skýrslu sem ber heitið „Markaðssetning óhollrar fæðu sem beint er að börnum í Evrópu“ og fjallar um 1. áfanga verkefnisins „Börn, offita og tengdir langvinnir sjúkdómar sem má forðast“ sem samtökin Hjartavernd og systrasamtök þeirra í 20 löndum vinna að kemur fram að verulega skortir reglur um slíka markaðssetningu en aðeins sex lönd í Evrópu hafi sett slíkar reglur. Einnig sé mikilvægt að skilgreina annars vegar hollan mat og hins vegar óhollustu. Flutningsmenn telja mikilvægt að ráðherra beiti sér fyrir slíkri skilgreiningu í tengslum við þessa vinnu. Einnig þarf að huga að auglýsingum á óhollustu á vefnum sem beint er sérstaklega að börnum og hvort unnt er að takmarka þær.

Með tillögu þessari er lagt til að Alþingi feli heilbrigðisráðherra að kanna grundvöll fyrir setningu reglna um takmörkun auglýsinga á matvöru sem inniheldur mikla fitu, sykur eða salt með það að markmiði að sporna við offitu, einkum meðal barna og ungmenna. Er í þessu skyni lagt til að ráðherra reyni að ná samstöðu með framleiðendum og innflytjendum þessarar vöru sem og auglýsendum um að slíkar auglýsingar verði ekki sýndar í sjónvarpi fyrr en eftir klukkan níu á kvöldin en með því móti ætti að mestu að vera tryggt að börn sjái þær ekki. Nauðsynlegt er að horfast í augu við að áhrifamáttur auglýsinga er mikill og þegar um börn er að ræða er hann verulegur. Með auglýsingum eru umræddar matvörur gerðar eftirsóknarverðar í augum barnanna og með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna sem sýna sífellt aukna sykur- og fituneyslu meðal barna og ungmenna má ályktа að auglýsingarnar nái tilætluðum árangri. Það er von og trú flutningsmanna að framleiðendur, innflytjendur og auglýsendur taki ábyrgð á þessum málum þannig að unnt verði að koma slíku auglýsingabanni á án

beinnar lagasetningar. Með framangreindu er ekki gert lítið úr ábyrgð foreldra í þessu efni. Þvert á móti er það skoðun flutningsmanna að þar sé ábyrgðin mest. Hins vegar kemur það ekki í veg fyrir aðrir axli þá ábyrgð sem þeim ber í þessum málum. Að ota í sífellu óhollum mat að börnum og ungmennum án þess að hirða um afleiðingarnar er ábyrgðarleysi.

Flutningsmenn vekja í þessu sambandi athygli á þeim aðgerðum sem bresk heilbrigðisyfirvöld hafa gripið til en tillaga þessi hefur þær að nokkru sem fyrirmynd. Þá vekja flutningsmenn athygli á að á síðasta ári birti landlæknisembættið klínískar leiðbeiningar um offitu barna og unglinga þar sem settar eru fram upplýsingar um greiningu, forvarnir og meðferð við offitu. Það er mat flutningsmanna að með þessu hafi þarft og mikilvægt starf verið unnið. Hins vegar er nú þörf á markvissum aðgerðum þar sem vegið er að rótum vandans og er tillaga þessi hugsuð sem þáttur í slíkum aðgerðum.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Offitufaraldur krefst samfélagslegra lausna. Laufey Steingrímsdóttir. (Læknablaðið 90 (6), 2004.)
II. Bretland – Bannað að auglýsa ruslfæði. (Fréttir Ríkisútvarpsins, 14. nóvember 2004.)
III. Óhollustan mun oftar auglýst en hollmetið. Jóhanna Ingvarsdóttir. (Morgunblaðið 22. september 2005.)

163. Fyrirspurn [163. mál]

til utanríkisráðherra um fyrri störf sendiherra.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu margir af þeim sem skipaðir hafa verið sendiherrar frá árinu 1995:

a. störfuðu áður innan utanríkisþjónustunnar og hlutu framgang í embætti sendiherra,
b. gegndu öðrum störfum, og þá hvaða störfum?

Skriflegt svar óskast.

164. Fyrirspurn [164. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu mörg hjúkrunarrými eru í notkun í Suðvesturkjördæmi?

2. Hversu mörg ný hjúkrunarrými verða tekin í notkun á árunum 2005 til og með 2008 í Suðvesturkjördæmi?

Skriflegt svar óskast.

165. Fyrirspurn [165. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað Íslenskum söfnunarkössum og Háskóla Íslands á árunum 2003, 2004 og á þessu ári:
a. í heild,
b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

166. Fyrirspurn [166. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur og barnabótaauka.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint sem hér segir:
a. ótekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
b. tekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
c. barnabætur alls í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
d. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Skriflegt svar óskast.

167. Fyrirspurn [167. mál]

til fjármálaráðherra um þjóðlendumál.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver er heildarkostnaður ráðuneytisins vegna þjóðlendumála, sundurliðað eftir ári og einstökum liðum?

Skriflegt svar óskast.

168. Fyrirspurn [168. mál]

til forsætisráðherra um óbyggðanefnd.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver er heildarkostnaður af störfum óbyggðanefndar frá upphafi, sundurliðað eftir ári og einstökum liðum?

Skriflegt svar óskast.

169. Fyrirspurn [169. mál]

til forsætisráðherra um leyfisveitingar til fyrirtækja.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að einfalda leyfisveitingar til fyrirtækja, svo sem veitingahúsa?

170. Fyrirspurn [170. mál]

til umhverfisráðherra um kjarnorkuvinnslustöðina í Sellafield.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hefur skýrsla breskra stjórnvalda, sem ráðherra óskaði eftir í bréfi til breskra yfirvalda þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum af starfrækslu kjarnorkuvinnslustöðvarinnar í Sellafield og leka geislavirkra efna frá henni, borist íslenskum stjórnvöldum?

2. Hyggst ráðherra fylgja málinu frekar eftir, og þá hvernig?

171. Frumvarp til laga [171. mál]

um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði laganna gilda um alla erlenda launamenn sem starfa hér á landi, hvort sem er á vegum íslenskra eða erlendra atvinnurekenda, starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtækjum skv. 2. mgr. 1. gr. og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu þeirra er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélaga aðgang að ráðningarsamningum og upplýsa um launakjör viðkomandi launamanna.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og dæma má þeim miskabætur sem misgert er við.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 55/1980, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

Greinargerð.

Hinn 30. ágúst 2004 skipaði Árni Magnússon félagsmálaráðherra nefnd sem ætlað var að semja frumvarp um aðkomu starfsmannaleigna að íslenskum vinnumarkaði. Nefndin hefur ekki lokið störfum. Frá því að nefndin var skipuð hefur þeim fyrirtækjum stöðugt fjölgað sem notfæra sér þjónustu starfsmannaleigna eða gera hliðstæða samninga um störf erlendra launamanna í þeirra þágu. Þetta frumvarp var flutt á 131. löggjafarþingi af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og var Atli Gíslason fyrsti flutningsmaður. Þörfin á þessum lagabreytingum er orðin jafnvel enn brýnni en þá var.

Það hefur verið staðreynt að margir hinna erlendu launamanna sem hingað koma njóta ekki samsvarandi kjara og réttinda og íslenskir launamenn. Eru laun og önnur starfskjör þeirra iðulega lakari en aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um sem lágmarkskjör. Enn fremur liggur fyrir að mikill fjöldi erlendra launamanna kemur hingað til lands sem ferðamenn og starfar hér án tilskilinna atvinnu- og dvalarleyfa. Leikur rökstuddur grunur á því að opinberum gjöldum, bæði staðgreiðslu og launatengdum gjöldum, af launum margra þessara starfsmanna sé ekki skilað. Frá þessum staðreyndum hefur ítrekað verið greint í fjöl-

miðlum og hefur verkalýðshreyfingin ítrekað krafist þess að gripið verði í taumana. Alþýðusamband Íslands ítrekaði kröfur um þetta efni í lok september. Því miður hafa stjórnvöld ekki orðið við ítrekuðum tilmælum verkalýðshreyfingarinnar um að grípa í taumana.

Það hefur verið dregið í efa að lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, taki til allra erlendra launamanna sem hér starfa. Þá er ljóst að ákvæði laga nr. 54/2001 taka aðeins til lágmarksréttinda skv. 1. gr. laga nr. 55/1980, þ.e. til lágmarkslauna, yfirvinnugreiðslna, orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma. Er úr því bætt með frumvarpi þessu og lagt til að öll ákvæði laga nr. 55/1980 taki til erlendra launamanna sem starfa hér á landi.

Það ástand sem hér hefur verið lýst er til þess fallið að valda harðvítugum deilum og upplausn á íslenskum vinnumarkaði. Gæti svo farið að hér kæmi til svipaðra átaka og á upphafsárum verkalýðsbaráttunnar fyrir setningu laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér eru afar mikilsverðir hagsmunir í húfi fyrir aðildarsamtök vinnumarkaðarins, launamenn, atvinnurekendur, ríki og sveitarfélög.

Það er grundvallaratriði að skipulag og leikreglur á vinnumarkaði haldist í því friðsamlega horfi sem verið hefur síðastliðna áratugi. Frumvarpinu er ætlað að taka á þessu vandamáli og því er beint gegn viðkomandi starfsmannaleigum og hliðstæðum fyrirtækjum og atvinnurekendum sem við þær skipta, burtséð frá samningum þeirra á milli. Að sama skapi mun lögfesting frumvarpsins vernda kjör og réttindi viðkomandi launamanna. Einnig er lögfesting frumvarpsins til þess fallin að tryggja samkeppnisstöðu atvinnurekenda. Má ljóst vera að þeir fjölmörgu atvinnurekendur sem fara að lögum í einu og öllu standa höllum fæti í samkeppni við atvinnurekendur sem greiða laun undir lágmarkskjörum og standa ekki eða illa skil á opinberum gjöldum. Um frekari rökstuðning er vísað til frumvarps til laga um útsenda starfsmenn, sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi, þskj. 885, 573. mál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni eru tekin af öll tvímæli um það að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla erlenda launamenn sem hér starfa á Íslandi, einnig þá sem starfa á grundvelli leigu- eða þjónustusamninga starfsmannaleigna, og að lög nr. 55/1980 taki til þeirra í einu og öllu. Leigusamningar, þjónustusamningar og aðrir samningar um lakari ráðningarkjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

Um 2. gr.

Vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi fyrir íslenskan vinnumarkað þykir rétt að kveða á um heimild til eftirlits trúnaðarmanna stéttarfélaga með umræddum fyrirtækjum, starfsmannaleigum sem öðrum, og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu þeirra. Ber þessum aðilum að afhenda ráðningarsamninga hinna erlendu launamanna. Komi ekki fram upplýsingar um launakjör í ráðningarsamningum geta trúnaðarmenn kallað eftir öðrum gögnum sem upplýsa um þau.

Um 3. gr.

Mælt er fyrir um sektar- og miskabótaheimildir. Gert er ráð fyrir að sektum verði beitt þegar brot eru alvarleg eða ítrekuð og að þeir launamenn sem lögin eru brotin á geti krafist miskabóta. Það er lagt í vald dómstóla að ákveða hvenær rétt sé að verða við kröfum um miskabætur og fjárhæð þeirra eftir eðli máls hverju sinni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

172. Frumvarp til laga [172. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon, Hlynur Hallsson.

1. gr.

6. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Uppsögn skal vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:
Fyrir brot gegn lögum þessum má dæma þeim miskabætur sem misgert er við.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var áður flutt á 131. löggjafarþingi (628. mál) af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og var Atli Gíslason þá fyrsti flutningsmaður.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður ritaði grein í Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 1975, sem ber heitið Uppsögn vinnusamninga. Í greininni segir hann meðal annars orðrétt:

„Tilkynning um slit á vinnusamningi, uppsögn, getur haft í för með sér margvísleg óþægindi fyrir þann, sem fyrir verður, hvort sem það er vinnuveitandinn eða launþeginn. Það er auðvitað augljóst, hvaða ástæður valda reglum um uppsagnarfrest, sem sé þær að draga sem mest úr óþægindum og tjóni, sem kunna að leiða af fyrirvaralausri eða fyrirvaralítilli uppsögn. Fyrirvaralaus uppsögn getur valdið mikilli röskun í lífi launþegans, sem fyrir verður, svo að ekki sé talað um þá móðgun, sem getur falist í henni. Launþegar eru sjaldnast svo vel fjáðir, að þeir þoli að missa af þeim tekjum, sem stöðug vinna skapar. Það er því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir eigi rétt á rúmum uppsagnarfresti, svo þeim gefist færi á að útvega sér atvinnu í tæka tíð. Það getur og verið mjög bagalegt fyrir vinnuveitanda, ef launþegi stekkur fyrirvaralaust úr vistinni, og því eðlilegt að uppsagnarfrestur sé gagnkvæmur.“

Guðmundur Ingvi Sigurðsson ritar hér af næmum skilningi á stöðu launafólks grein sem fjallar fyrst og fremst um rétt til uppsagnarfrests. Hann var lögfestur fjórum árum síðar með lögum nr. 19/1979 en umsaminn áður í mörgum kjarasamningum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um lengd uppsagnarfrests og að uppsagnir skuli vera skriflegar. Í sérlögum er að finna ákvæði sem takmarka rétt atvinnurekanda til uppsagna, svo sem þegar trúnaðarmenn eiga í hlut og launafólk í fæðingarorlofi. Einnig eru sérákvæði sem takmarka uppsagnarrétt, svo sem í jafnréttislögum, nr. 96/2000, lögum nr. 27/2000, um bann við

uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, og í lögum um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Almennt er ekki lögð sú skylda á atvinnurekendur og launafólk að tilgreina ástæður uppsagnar. Einber tilkynning um uppsögn nægir og atvinnurekandi getur leyst starfsmann þegar í stað undan starfsskyldum en ber eðlilega að greiða laun á uppsagnarfresti. Um það eru fjölmörg gömul sem ný dæmi. Uppsagnir, svo ekki sé talað um geðþóttauppsagnir, valda enn sem fyrr mikilli röskun í lífi launamanna. Þær eru særandi og álitshnekkir og til þess fallnar að meiða æru launafólks þegar ráðningarsamband hefur staðið lengi. Þær eru jafnframt til þess fallnar að torvelda möguleika þess sem sagt er upp að fá nýtt starf. Bak við órökstuddar uppsagnir geta búið og búa oft ástæður sem fela í sér mismunun, einnig samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar um bann við mismunun vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Alkunna er sú mismunun sem konur sæta í íslensku þjóðfélagi. Þær sæta órökstuddum uppsögnum vegna kynferðis síns auk þess að vera mismunað við ráðningar. Önnur staðreynd blasir einnig við. Hún er sú að það gerist æ algengara að miðaldra og eldra fólki með langan starfsaldur sé sagt upp og yngra starfsfólk ráðið í staðinn eða það heldur fremur störfum sínum. En leyndin, sú staðreynd að ekki þurfi að rökstyðja uppsagnir, útilokar einatt alla sönnun þess að þeim sem sagt er upp hafi verið mismunað eða að fyrrnefnd lög sem takmarka uppsagnir hafi verið brotin.

Reynslan virðist sú að harka og óbilgirni í samskiptum atvinnurekenda við starfsfólk færist í vöxt. Svo er að sjá að ný kynslóð auðmanna, sem hafa á undanförnum árum keypt eða yfirtekið hvert stórfyrirtækið af öðru, gjarnan að frumkvæði og fyrir fjármagn einokunarbankanna, beri meiri virðingu fyrir arði af fjármagni sínu og bankanna en fólki. Það er til að mynda þyngra en tárum taki að horfa til þess að starfsfólki sé sagt upp fyrirvaralaust og gert að hirða persónuleg gögn sín og hypja sig af vinnustað samdægurs undir eftirliti eins og um glæpamenn væri að ræða. Í því felast dylgjur um hæfni og eiginleika starfsmanns sem hann hefur lítil tök á að leiðrétta.

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi þar sem heiðarleg gegnsæ samskipti atvinnurekanda og starfsfólks eiga að vera aðalsmerki. Það er engum ofraun að haga uppsögn með málefnalegum og rökstuddum hætti eins og lagt er til í frumvarpi þessu. Það er einfaldlega lagt til að komið sé fram við launafólk af virðingu.

Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO-158 frá 1982 um uppsögn og ráðningarsamninga er kveðið á um það að sú meginregla gildi að atvinnurekandi megi ekki segja starfsmanni upp, nema ákvörðunin sé byggð á atvikum er varða hæfni og háttsemi hans eða ástæðum sem varða atvinnureksturinn. Gerð er krafa um gildar ástæður, „valid reasons“. Í samþykktinni er að finna upptalningu á ástæðum sem aldrei geta talist gildar, svo sem mismunun í blóra við mannréttindaákvæði, stéttarfélagsaðild o.fl. Svipaðar reglur hafa verið teknar upp í alþjóðasáttmála, svo sem félagsmálasáttmála Evrópu, og ýmis ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu eiga samhljóm í samþykktinni. Samþykkt ILO hefur ekki verið innleidd hér á landi og aðeins í fáum Evrópuríkjum. Í löggjöf flestra Evrópuríkja, meðal annars Norðurlanda, hafa engu að síður verið sett lög sem takmarka uppsagnarrétt atvinnurekanda. Þau hafa lögleitt skilyrði um það að gildar og málefnalegar ástæður verði að liggja til grundvallar ákvörðun um uppsögn. Þessi skilyrði hafa ekki raskað starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu fyrirtækja í viðkomandi löndum Evrópu. Verður ekki annað ætlað en að íslensk fyrirtæki geti starfað, vaxið og dafnað við sömu skilyrði. Það er aðeins verið að fara fram á að uppsögn byggist á málefnalegum og gildum rökum. Uppsögn starfsmanns skiptir litlu sem engu fyrir afkomu fyrirtækis og kostnaður af rökstuddri og málefnalegri uppsögn er enginn

eða hverfandi í hlutfalli við það fjártjón og miska sem starfsfólk má þola vegna ómálefnalegra uppsagna. Lífsafkoma hvers launamanns stendur og fellur með reglulegum vinnutekjum. Í þessu samhengi verður að taka fram að flestir atvinnurekendur gera sér grein fyrir því að ánægt starfsfólk, sem býr við starfsöryggi og góðan aðbúnað, er forsenda ábatasams reksturs. Í vel reknum fyrirtækjum eru uppsagnir rökstuddar og ekki gripið til þeirra nema önnur úrræði séu tæmd. Þegar fækka þarf starfsmönnum á samdráttarskeiði vel rekins fyrirtækis er því til dæmis mætt með því að ráða ekki í störf sem losna eða með því að útvega starfsmönnum vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Það eru fyrst og fremst forsvarsmenn illa rekinna fyrirtækja sem koma ekki fram við starfsfólk af virðingu og sjálfsagðri kurteisi þegar grípa þarf til uppsagna. Þeir gera sér ekki grein fyrir þeirri auðlegð sem felst í ánægðu og reyndu starfsfólki. Það má því færa gild rök fyrir því að það komi atvinnurekendum til góða, ekki síst þegar til lengri tíma er litið, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Fjölmargir dómar hafa gengið þar sem launafólki hafa verið játaðar skaðabætur vegna ólögmætra uppsagna. Dómstólar hafa hins vegar verið afar tregir til að dæma þeim miskabætur sem misgert hefur verið við, jafnvel í þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að sýna fram á dómgreindarleysi, hörku og óbilgirni atvinnurekanda. Hafa dómstólar vísað til þess að lagaheimild skorti. Reyndar er fyrir hendi nýlegt dæmi um miskabætur greiddar opinberum starfsmanni í hárri stöðu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er full ástæða til að lögleiða ótvíræða heimild til að greiða almennu launafólki miskabætur og einnig í tilvikum þegar 26. gr. laga nr. 50/1993 á ekki við, eins og nánar er rökstutt í skýringum með greininni. Sérregla um miskabætur vegna órökstuddra og eða ómálefnalegra uppsagna almenns launafólks hefur auk þess rík varnaðaráhrif.

Síðustu 10–15 árin hafa verið ár einkavæðingar og frelsis í viðskiptum. Þjóðfélagsgerð okkar hefur tekið stórstígum breytingum. Því miður er það svo að auknu frelsi hefur að bestu manna yfirsýn ekki fylgt ábyrgð. Með frumvarpi þessu er leitast við að sporna gegn ábyrgðarlausu frelsi við uppsagnir og einkavæða ábyrgðina.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal uppsögn vera skrifleg. Með frumvarpinu er lagt til að uppsögn skuli jafnframt vera rökstudd og málefnaleg, þ.e. að fyrir uppsögn séu gildar ástæður. Hér er fyrst og fremst horft til uppsagna atvinnurekenda. Almennt má segja að það eigi ekki að vefjast fyrir atvinnurekanda eða starfsmanni að haga uppsögn þannig að hún uppfylli kröfur um málefnalegar og gildar ástæður svo sannað sé. Rökin verða fyrst og fremst að varða hæfni eða framgöngu starfsmanns eða rekstrarlegar ástæður. Í dæmaskyni má nefna að atvinnurekandi verður að líta til starfsreynslu, færni og menntunar og gæta þess almennt séð að segja fremur upp starfsmanni með styttri starfsaldur. Kjósi hann engu að síður að segja upp starfsmanni með lengri starfsaldur og reynslu verða að vera til þess málefnaleg rök. Þau geta verið margvísleg og átt sér rekstrarlegar forsendur. En ljóst er að veigameiri rök þarf til að segja upp starfsmanni sem á að baki langan starfsferil hjá atvinnurekanda og önnur og veigaminni ef starfsmanni er til að mynda sagt upp á reynslutíma eða skömmu eftir að honum lauk, ráðning var tíma- eða verkefnabundin eða starfið tilfallandi um stuttan tíma. Þá má ljóst vera að uppsögn verður aldrei rökstudd með stéttarfélagsaðild starfsmanns eða þátttöku hans í starfsemi stéttarfélaga, vegna kæru á hendur atvinnurekanda eða þátttöku í málaferlum vegna brota á lögum eða reglum, vegna jafnréttissjónarmiða, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, og annarra mannréttindaákvæða. Þá verða að koma fram veigamikil rök ef segja á launamanni upp störfum sem er tímabundið frá vinnu vegna veikinda eða slyss. Það teljast mál-

efnaleg rök ef starfsmaður uppfyllir ekki þær kröfur sem voru forsendur ráðningar, er áhugalaus um starfið, óstundvís og þar fram eftir götunum. Í slíkum tilvikum verður þó að reikna með að atvinnurekandi áminni viðkomandi starfsmann um að bæta ráð sitt, ella megi búast við uppsögn. Áður en til þess kemur er mikilvægt að atvinnurekandi gefi starfsmanni kost á að tjá sig. Alvarleg brot í starfi réttlæta uppsögn og jafnvel fyrirvaralausa ef þannig stendur á. Skýr starfsmannastefna og leiðbeinandi reglur um framkvæmd starfa og annað það sem viðkemur starfsemi atvinnurekanda eru til þess fallnar að auðvelda allar ákvarðanir um uppsagnir, þar með talið val á þeim starfsmanni eða starfsmönnum sem segja á upp.

Um 2. gr.

Um skýringar á greininni vísast aðallega til umfjöllunar hér að framan. Dómstólum er treyst til að ákvarða í hvaða tilvikum miskabætur eru réttlætanlegar og kveða á um fjárhæð þeirra. Til hliðsjónar mati á fjárhæð miskabóta verður meðal annars að horfa til starfsaldurs, til möguleika starfsmanns á að fá annað starf, til uppsagnarástæðna og rökstuðnings og almennt til sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

173. Frumvarp til laga [173. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem eru verðtryggð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var áður flutt á 130. og 131. löggjafarþingi en ekki afgreitt úr nefnd. Á meðal þeirra sem sendu inn umsagnir um frumvarpið á 130. þingi voru Neytendasamtökin sem mæltu eindregið með samþykkt þess. Samtök verslunar og þjónustu bentu hins vegar í sinni umsögn á verðtrygginguna sem meginvanda innlends lánamarkaðar og töldu að fremur ætti að afnema hana en takmarka samningsfrelsi varðandi vexti. Seðlabankinn og fleiri byggðu umsagnir sínar á grein sem birtist í Peningamálum, í maí 2004, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða fyrir bankann að beita heimild laga til að fyrirskipa að vextir verðtryggðra skuldbindinga væru ætíð fastir. Sjónarmið umsagnaraðila voru því nokkuð skipt.

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda

eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir.

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna, sem heimilar Seðlabanka Íslands að ákveðið að fengnu samþykki ráðherra að vextir verðtryggðra innstæðna og lána skuli vera óbreytanlegir á lánstíma, þó svo að efnislega feli frumvarpið í sér nokkra þrengingu á þeirri heimild.

Sérstaða íslensks lánamarkaðar er allnokkur. Þannig tíðkast hér á landi verðtrygging í lánsfjárviðskiptum í ríkari mæli en í flestum öðrum ríkjum. Verðtrygging sparifjár og lánsfjár hefur almennt verið heimiluð hér á landi frá árinu 1979. Í lögum sem sett voru það ár var kveðið á um að almennt skyldi stefnt að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almannasjóða og grunnur lagður að lánskjaravísitölu. Allan áttunda áratuginn hafði geisað mikil verðbólga í landinu. Á þessum tíma voru stjórnvöld treg að heimila vaxtahækkanir og við þær aðstæður voru raunvextir neikvæðir. Með verðtryggingunni var lagður grunnur að tryggari sparnaði og meiri stöðugleika í fjármála- og efnahagslífinu. Nú er svo komið að flestar langtímaskuldbindingar, þar á meðal skuldir heimilanna, eru verðtryggðar.

Enda þótt verðtrygging sé mjög útbreidd hér á landi er ekki svo að skilja að hún fyrirfinnist ekki annars staðar. Tekin var upp verðtrygging hér á landi sem vörn fyrir sparendur og fjármagnseigendur og hefur hið sama verið uppi á teningnum í Argentínu, Brasilíu, Chile og Ísrael. Í þessum ríkjum var verðtrygging talin nauðsynleg til að vinna traust fjárfesta á fjármagnsmörkuðum. Víðast hvar annars staðar hefur verðtrygging ekki tíðkast að neinu marki. Allvíða hafa verðtryggð skuldabréf þó verið í boði og má þar nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin. Verðtryggð skuldabréf til langs tíma hafa þótt æskilegur kostur og líkleg leið til að lækka vaxtakostnað.

Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa allar verið á einn veg. Raunvaxtabyrði verðtryggðra lána er að jafnaði minni en óverðtryggðra lána á hverjum tíma og lánin viðráðanlegri fyrir bragðið hvað sem líður heildaruppgjöri. Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a.: „Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ... Í öðru lagi veldur verðbólguáhætta því að lánveitendur eru hikandi við að veita óverðtryggð lán til eins langs tíma og verðtryggð með föstum vöxtum.“

Einmitt þarna liggur hundurinn grafinn. Íslenskir lánveitendur vilja hafa allt sitt á þurru. Ekki aðeins krefjast þeir verðtryggingar heldur einnig breytilegra vaxta en erlendis tíðkast einmitt að nota breytilega vexti í sama augnamiði og verðtryggingin upphaflega var hugsuð hér á landi: Til að bregðast við breytingum sem kynnu að eiga sér stað á lánstímabilinu og tryggja þannig að umsamdar lánsfjárupphæðir yrðu ekki étnar upp af verðbólgu. Þegar tvenns konar trygging fyrir áhrifum verðbólgunnar eru komnar til sögunnar, verðbætur og breytilegir vextir, hefur verið haft á orði að íslenskir fjármagnseigendur hafi tryggt sig bæði með belti og axlaböndum.

Fjármagnseigendur með belti og axlabönd.

Enda þótt þetta frumvarp komi fram fyrst núna var það upphaflega boðað í blaðagrein 27. ágúst árið 2001 undir þessari fyrirsögn. Þar sagði m.a.:

„Eitt alvarlegasta efnahagsmein sem við búum við hér á landi er hár fjármagnskostnaður. Í rauninni er það afar kurteislegt heiti yfir þau okurkjör sem heimili og fyrirtæki eru knúin til að undirgangast á lánsfjármarkaði ... Ekki er óalgengt að fólk greiði vel á aðra milljón króna á ári í vexti. Það er vert fyrir allt samfélagið að hugsa um það alvarlega hvað það þýðir í raun að gera efnalitlum fjölskyldum að greiða slíkar upphæðir á ári hverju í vexti. Og takið eftir, við erum aðeins að tala um vexti, ekki einu sinni afborganir af lánunum. Nú er það svo að lánin sem bera hæstu vextina eru óverðtryggð ... Að mínum dómi stendur slagurinn því ekki um að berjast gegn verðtryggingu sem slíkri heldur klyfjum okurlánastefnunnar almennt. Í rauninni er það ekkert undarlegt að lán sem bera verðtryggingu séu á lægri vöxtum en hin sem enga slíka tryggingu hafa. Í útlöndum tíðkast það hjá lánveitendum að tryggja sig með breytilegum vöxtum. Ef verðbólgan eykst hefur lánveitandinn heimild til að hækka vextina. Ef hins vegar dregur úr verðbólgu eru þeir lækkaðir ... Á Íslandi nægir þetta fjármagnseigendum ekki. Þeir vilja geta haldið uppi um sig brókunum bæði með belti og axlaböndum. Þeir heimta verðtryggingu auk breytilegra vaxta. Verðtryggingin þýðir að eign fjármagnseigandans rýrnar aldrei hvert sem verðbólgustigið verður. Þá áhættu tekur lántakandinn hins vegar á sínar herðar. En í ofanálag heimtar lánveitandinn breytilega vexti. Hann vill geta ákveðið einhliða og samkvæmt eigin geðþótta hve mikið hann skammtar sjálfum sér upp úr vasa lántakandans hverju sinni. Þetta er ósiðlegt og mun ég á komandi þingi kynna lagafrumvarp sem reisir við þessu skorður.

Lántakandi ofurseldur lánveitanda.

Enn er þörf að leggja fram frumvarp sem ætlað er að koma í veg fyrir að lánveitendur geti að vild hækkað vexti á verðtryggðum lánum. Nú kann einhver að segja sem svo að mönnum sé í sjálfsvald sett að semja um lánskjörin og sé óþarfi að setja frumvarp um bann við tilteknu lánsformi. Við því er það að segja að lántakendur eru iðulega ofurseldir lánveitendum sem þegar á heildina er litið bjóða viðskiptavinum sínum upp á mjög sambærileg kjör.

Iðulega er því haldið fram að vextir séu nauðsynlegt stýritæki við hagstjórn. Vöxtum megi beita sem stýritæki til að slá á þenslu eða örva hana eftir atvikum. Þegar hins vegar um það er að ræða að vöxtum er breytt á skuldbindingum langt aftur í tímann hafa slíkar aðhaldsaðgerðir snúist upp í andhverfu sína. Skuldarinn er ekki aðeins í hættu vegna verðbólguþróunar heldur stafar honum einnig ógn af duttlungum lánardrottins síns, með öðrum orðum, hann á erfitt með að skipuleggja sig á fyrirsjáanlegum forsendum vegna þess að lánveitandinn hefur öll ráð í hendi sér.

Á að endurskoða verðtryggingu?

Verðtrygging lána hefur sætt mikilli andstöðu í landinu allar götur frá því að henni var komið á, ekki síst eftir að verðtrygging launa var afnumin. Réttilega hefur verið bent á í því sambandi að á sama tíma og launafólk er háð verðlagsþróun og á stöðugt á hættu að verðgildi launa rýrni af völdum verðbólgu þá hafi fjármagnseigendur jafnan allt sitt á þurru. Þetta eru eðlilegar ábendingar sem byggjast á sanngirnisrökum. Af hálfu stjórnvalda hefur verið fylgt þeirri stefnu að draga smám saman úr vægi verðtryggingar og hefur sú viðleitni fyrst og fremst beinst að lánum til skemmri tíma. Athygli vekur að enda þótt raunvextir verðtryggðra lána séu almennt lægri en óverðtryggðra hefur sá munur farið minnkandi á síðari árum (sbr. áður ívitnaða skýrslu viðskiptaráðuneytis). Eðlilegt er að taka verðtryggingu lána til endurskoðunar með hagsmuni lántakenda ekki síður en lánveitenda í huga en svo virðist sem hagur fjármagnseigenda sé jafnan hærra metinn þegar þessi mál hafa komið til álita. Þeirri forgangsröðun þarf að breyta.“

174. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.738 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 6.075 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 5,87% eða 337 kr. og nemi 6.075 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.738 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 5,87% frá verðlagi í desember 2003 til desember 2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 6.075 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.738 kr. í gildandi lögum. Á árinu 2006 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði um 170.700 og tekjur sjóðsins hækki um 98 m.kr. á greiðslugrunni og verði 1.002 m.kr. miðað við 96,6% innheimtuhlutfall. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir þeirri hækkun.

175. Fyrirspurn [175. mál]

til umhverfisráðherra um vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða niðurstöður liggja fyrir úr verkefni því er hófst 1998 og lýtur að vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland?
2. Er ráðherra kunnugt um hvað líður áformum breskra stjórnvalda um að takmarka losun teknesíum-99 frá kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield?

3. Er rannsókn á óhappi því er varð í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield fyrr á árinu lokið og ef svo er, hverjar eru niðurstöður rannsóknarinnar?
4. Er ráðherra kunnugt um hvort áætlanir Breta um að loka kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay 2006 ganga eftir?
5. Hafa umhverfisráðherrar Norðurlandanna áform um aukinn þrýsting á bresk yfirvöld vegna losunar teknesíum-99 frá kjarnorkuendurvinnslustöðvum?

176. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í sveitarfélaginu með það að markmiði að skólinn taki til starfa haustið 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi (þskj. 248, 238. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Á síðustu árum hefur fjöldi framhaldsskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu aukist mjög líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Á árunum 2000–2004 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum á Íslandi úr 20.332 í 22.629 eða um rúm 11,2% samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni var rétt 18,5% á sama tímabili eða úr 4.593 í 5.443 nemendur. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í uppbyggingu framhaldsskóla. Skemmst er að minnast þess hve tæpt stóð að allir nýir umsækjendur fengju inni í framhaldsskóla á nýliðnu hausti.

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með um 7.000 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 130 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 11.500 á næstu fimm árum og verði um 13.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum stofnkostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næst sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur auga leið að sú staðreynd ýtir undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur umferð um Vesturlandsveg á álagstímum.

Jafnframt er Borgarholtsskóli, sem var þegar með um 1.200 nemendur skólaárið 2003–2004, að mörgu leyti sérskóli þótt þar séu almennar bóknámsbrautir í boði. Borgarholtsskóli státar til dæmis af fjölmenntabraut, félagsþjónustubraut, námsbrautum í margmiðlunarhönn-

un, bílgreinum, málmiðnum og verslunarþjónustu auk þess að sjá um nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta fjölbreytta námsframboð á tvímælalaust sinn þátt í mikilli aðsókn að skólanum og hefur að öllum líkindum laðað marga til framhaldsnáms sem ella hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum eins og fulltrúar hennar hafa greint frá á fundi með fjárlaganefnd. Gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins og slíkur skóli mundi vafalaust styrkja innviði sveitarfélagsins verulega. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sína sérstöðu með samstarfi við skólana.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Mikið brottfall úr framhaldsskólum á Ísland er áhyggjuefni þar sem nálega helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki því skólastigi þrátt fyrir að það hefji þar nám. Eitt af því sem taka verður á til að sporna gegn brottfalli er að unglingum bjóðist sem víðast samfellt nám í heimabyggð til 18 ára aldurs. Flutningsmaður telur því einboðið að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast handa um uppbyggingu framhaldsskóla í svo stóru og vaxandi sveitarfélagi sem Mosfellsbæ með það að markmiði að sá skóli taki til starfa haustið 2006.

177. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Nú er ein eða fleiri skuldir sem stimplaðar hafa verið, sbr. 24. gr., endurnýjaðar eða leystar af hólmi með nýju bréfi, skuld eða krafa færð yfir á nafn annars aðila og greiðist þá ekkert stimpilgjald.

2. gr.

Við 35. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 157/1998, bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimildarbréf sveitarfélaga, félaga og félagasamstaka fyrir húseignum sem Íbúðalánasjóður hefur veitt lán til kaupa á sem leiguhúsnæði skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er stefna Samfylkingarinnar að afnema beri stimpilgjöld og hefur á fyrri þingum verið flutt um það þingmál. Það frumvarp sem hér er flutt felur í sér rýmkun á undanþágum frá gjaldheimtunni. Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta slíka rýmkun sem fyrst, þar sem gera má ráð fyrir að nokkurn tíma taki að afgreiða og ná samstöðu um að fella að fullu niður öll stimpilgjöld. Þessi rýmkun snýst í fyrsta lagi um að leiguíbúðir verði undanþegnar stimpilgjaldi og í öðru lagi um að stimpilgjöld verði ekki innheimt þegar um er að ræða endurfjármögnun lána sem áður hefur verið greitt af stimpilgjald.

Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram frumvarp um stimpilgjald (543. mál, þskj. 818). Það mál var ekki afgreitt úr nefnd en umsagnir sem bárust um málið voru nær allar jákvæðar. Málið var endurflutt á 131. löggjafarþingi (69. mál, þskj. 69) að viðbættri nýrri grein sem fól í sér útvíkkun á 26. gr. laganna þannig að bréf til endurnýjunar eða endurfjármögnunar eldri skulda, sem þegar hafði verið greitt stimpilgjald af, yrði stimpilfrjálst. Málið hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og flytja flutningsmenn nú málið að nýju.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 26. gr. laganna er innheimt hálft stimpilgjald ef skuld samkvæmt skuldabréfi eða tryggingarbréfi er endurnýjuð með nýju bréfi og um sama skuldarsamband er að ræða. Skuldaraskipti eru stimpilfrjáls. Flutningsmenn leggja til að ákvæðinu verði breytt þannig að ný bréf, skuldabréf eða tryggingarbréf, sem nýtt eru til endurnýjunar eða uppgreiðsla eldri bréfa, verði undanþegin stimpilskyldu. Þannig verði það ekki skilyrði að skuldarsamband haldist óbreytt heldur geti nýr kröfuhafi verið að yngra bréfi. Sömuleiðis felst í tillögu flutningsmanna að ekki þarf nýtt bréf á móti hverju eldra bréfi heldur verði hægt að endurnýja eða leysa af hólmi fleiri en eitt eldra bréf með einu yngra og krefjast stimpilfrelsis af því yngra að því marki að það samsvari eldri bréfum sem þegar hafa verið greidd stimpilgjöld af á grundvelli 24. gr. laganna. Þannig skipti tegund og staða eldri bréfa meira máli en aðildin að kröfusambandinu þegar metin er stimpilskylda yngra bréfs. Ef yngri skuld er hærri en sú eða þær sem leystar eru af hólmi yrði áfram að greiða stimpilgjald af þeirri fjárhæð sem eftir stendur. Flutningsmenn telja að með þessu verði einstaklingum og fyrirtækjum gert léttara að endurfjármagna eldri og óhagstæðari skuldir eftir því sem hagstæðari kjör bjóðast á lánamarkaði. Núverandi skattheimta, sem felst í stimpilgjaldi, getur vegið þungt þegar metinn er möguleikinn á endurfjármögnun lána og hindrað fólk í að leita sér hagstæðari lánakjara. Í tillögu flutningsmanna felst í raun að heimilum og fyrirtækjum verði auðveldað að hagræða hjá sér með því að felld verði niður stimpilgjöld af því sem í daglegu tali er fellt undir endurfjármögnun lána.

Þá er með þessu frumvarpi lagt til að heimildarbréf, þ.e. kaupsamningar og afsöl, vegna íbúða sem sveitarfélög, félög og félagasamtök kaupa í þeim tilgangi að leigja þær út, sbr. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, verði stimpilfrjáls. Fyrir árið 1999 voru heimildarbréf vegna félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Þá var farið að krefjast stimpilgjalda af heimildarbréfum slíkra íbúða á grundvelli breytinga sem gerðar voru með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, og lögum nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Við athugun á þessum lögum virðist sem mistök við lagasetningu hafi valdið því að skýr lagaheimild fyrir stimpilfrelsi þessara bréfa féll niður frekar en að þar hafi vilji löggjafans komið fram.

Niðurfelling stimpilskyldu af heimildarbréfum leiguhúsnæðis getur auðveldað félögum, meira en nú er, að ráðast í fjárfestingar sem miða að því að auka og bæta leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa á húsnæði til þeirra nota, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Skuldabréf sem

gefin eru út til Íbúðalánasjóðs í þessum tilgangi, sbr. VIII. kafla sömu laga, eru stimpilfrjáls, sbr. 4. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Stimpilgjalda er aftur á móti krafist af heimildarbréfum vegna þessa húsnæðis sem er umdeilanleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Fyrir gildistöku laga um húsnæðismál, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, voru heimildarbréf félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Sú framkvæmd byggðist á ákvæði 4. mgr. 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem segir: „Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.“

Með lögum um húsnæðismál, voru verulegar breytingar gerðar á húsnæðislöggjöfinni. Í 46. gr. þeirra laga, um þinglýsingu og stimpilgjöld, var kveðið á um að skuldabréf sem gefin væru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laganna, væru undanþegin stimpilgjaldi en ekki getið heimildarbréfa vegna þeirra eigna. Í bráðabirgðaákvæðum laganna kom aftur á móti fram að nokkur ákvæði laga nr. 97/1993 skyldu halda gildi sínu og þar á meðal var 78. gr.

Við gildistöku laga nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, voru ákvæði ýmissa sérlaga, sem kváðu á um undanþágur frá stimpilskyldu, felld brott og færð í lög um stimpilgjald. Þar á meðal var ákvæði 46. gr. laga nr. 44/1998 en efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 4. og 5. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978. Við þessar lagabreytingar skapaðist óvissa um stimpilskyldu heimildarbréfa fyrir húseignum sem voru keyptar í því skyni að vera leiguíbúðir. Sveitarfélög og félög í þeirra eigu hafa talið að heimildarbréf fyrir slíku húsnæði eigi að njóta stimpilfrelsis á grundvelli 78. gr. laga nr. 97/1993 en þeirri kröfu hefur verið hafnað af fjármálaráðuneyti á grundvelli túlkunar á 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að eyða þessari óvissu með því að bæta nýjum tölulið við 35. gr. laga nr. 36/1978 sem kveður skýrt á um stimpilfrelsi heimildarbréfa fyrir leiguhúsnæði sem Íbúðalánasjóður veitir lán til kaupa á skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998. Samkvæmt lögum um stimpilgjöld eru skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, stimpilfrjáls.

Stimpilgjöld sem innheimt eru vegna kaupa á húsnæði geta skipt sveitarfélög, félög og félagasamtök, og þá sérstaklega þau sem smærri eru, allnokkru máli enda um nokkrar fjárhæðir að ræða. Má í því sambandi nefna að Félagsbústaðir hafa frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2004 greitt tæpar 20 millj. kr. í stimpilgjöld vegna leiguíbúða. Því er eðlilegt að heimildarbréf sem þinglýst er við kaup eða byggingu þessara eigna séu stimpilfrjáls.

178. Frumvarp til laga [178. mál]

um brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

Brottfall laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

Breyting á lögum nr. 41/1919, um landamerki o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjaldi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þinglýsingargjaldi.

Breyting á lögum nr. 51/1924, um ríkisskuldabréf.

3. gr.

Orðið „stimpilgjalds“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á víxillögum, nr. 93/1933, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum“ í 2. mgr. 52. gr. laganna falla brott.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

5. gr.

Orðið „stimpilgjaldi“ í 80. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

6. gr.

Í stað orðanna „veð- og stimpilgjöldum“ í f-lið 34. gr. laganna kemur: veðgjöldum.

Breyting á lögum nr. 54/1973, um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

7. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.

8. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Að lækka þinglýsingargjöld vegna stofnlána sem félagið tekur í sambandi við byggingu verksmiðjunnar.

Breyting á lögum nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

9. gr.

Í stað orðanna „veðmála- og stimpilgjöldum“ í f-lið 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: og veðmálagjöldum.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

10. gr.

Orðið „stimpilgjöldum“ í 5. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum.

11. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

12. gr.

Orðin „stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur eða vegna eignaafsala til fyrirtækisins“ í 16. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 4/1987, um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

13. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 14/1989, um norrænan þróunarsjóð.

14. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 102/1990, um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar.

15. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og öðrum“ í 4. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjald og þinglýsingar“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: þinglýsingargjald.

Breyting á lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð, með síðari breytingum.

17. gr.

Orðin „stimpil- og“ í 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með síðari breytingum.

18. gr.

2. málsl. 22. gr. laganna fellur brott.

Breyting á gildandi ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum.

19. gr.

78. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

20. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

21. gr.

Orðin „stimpilgjöldum og“ í 14. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., með síðari breytingum.

22. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

23. gr.

Síðari málsliður 17. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

24. gr.

7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, með síðari breytingum.

25. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingar- og stimpilgjöld“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breyting á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

26. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

27. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 20. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 105/2001, um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

28. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

29. gr.

Orðin „stimpilgjöld eða“ í 26. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

30. gr.

Lokamálsliður 10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 40/2002, um fasteignakaup.

31. gr.

Í stað orðsins „stimpilgjöld“ í síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: þinglýsingargjöld.

Breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

32. gr.

Síðari málsliður 5. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

33. gr.

2. málsl. 4. mgr. 106. gr. laganna fellur brott.

34. gr.

115. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, með síðari breytingu.

35. gr.

8. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

36. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað orðanna „stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað“ í 1. tölul. 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: þinglýsingarkostnað og opinber gjöld.

Breyting á lögum nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með síðari breytingum.

38. gr.

Orðið „stimpilgjald“ í e-lið 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

39. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Greinargerð.

Mál þetta var áður lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi.

Í gildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Gjaldið er mishátt eftir skjölum.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur neikvæð áhrif, t.d. mismunar hún aðilum innan lands og veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem

hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Þá er einnig á það að líta að stimpilgjöld geta lagst mjög þungt á þá sem kaupa sér húsnæði, sérstaklega þá sem eru að festa sér húsnæði í fyrsta sinn og þurfa að teygja sig svo langt sem þeir geta, t.d. ungt barnafólk. Þá benda flutningsmenn jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt hvað eftir annað. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi eru samkvæmt fjárlögum þessa árs áætlaðar á greiðslugrunni 4.600 millj. kr. og 6.000 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2006.

Undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda er víða að finna í lögum og hefur það gert innheimtu þeirra flókna. Þá getur aukning rafrænna viðskipta einnig gert innheimtu gjaldanna vandasama og í sumum tilfellum nokkuð hjákátlega þar sem engin eiginleg stimplun fer fram í slíkum viðskiptum.

Við niðurfellingu laga um stimpilgjald er nauðsynlegt að breyta með bandormi ákvæðum fjölmargra annarra laga sem kveða á um greiðslu stimpilgjalds. Í flestum þeirra lagaákvæða sem bandormurinn snertir er veitt undanþága frá greiðslu stimpilgjalda. Í nokkrum þeirra er þó kveðið á um að krafa um stimpilgjald skuli miðast við annað hlutfall en ákveðið er í lögum um stimpilgjald og er þá oftast um að ræða ívilnanir til handa erlendum aðilum vegna beinna fjárfestinga hér á landi. Þessir aðilar munu því njóta verulegrar ívilnunar líkt og aðrir verði frumvarp þetta að lögum og því geta stjórnvöld í einstaka tilfellum þurft að taka samninga við slíka aðila til endurskoðunar.

179. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna:

a. Í stað 2.–4. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem hljóða svo: Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur sem ráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum frá Úrvinnslusjóði. Reiknireglurnar skulu byggjast á mati á hlutfalli nettóþyngdar pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru og fylgja tollskrárnúmerum.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:

3923.1001	3923.3000	4819.1001	4819.3001	4819.5009
3923.1009	3923.4000	4819.1009	4819.3009	4819.6000
3923.2101	3923.5000	4819.2011	4819.4001	4822.1000
3923.2109	3923.9001	4819.2019	4819.4009	4822.9000

3923.2901	3923.9002	4819.2091	4819.5001	4823.9004
3923.2909	3923.9009	4819.2099	4819.5002	4823.9006

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd niðurfellingar úrvinnslugjalds.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af gjaldskyldum aðila, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vöru. Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. málsl. skal tilgreina í sérstakri skýrslu til skattstjóra um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt. Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu.

3. gr.

1. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Viðauki XVI við lögin orðast svo:

Hjólbarðar.

Á hjólbarða sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 40., 84. og 87. kafla tollskrárinnar:

4011	**Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmíi:**	
4011.1000	– Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	20,00 kr./kg
4011.2000	– Fyrir almenningsvagna og vörubifreiðar	20,00 kr./kg
4011.3000	– Fyrir flugvélar	20,00 kr./kg
4011.4000	– Fyrir bifhjól	20,00 kr./kg
4011.5000	– Fyrir reiðhjól	20,00 kr./kg
	– Aðrir, beinteinóttir eða með áþekku mynstri:	
4011.6100	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	20,00 kr./kg
4011.6200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.6300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.6900	– – Annars	20,00 kr./kg
	– Aðrir:	
4011.9200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	20,00 kr./kg
4011.9300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.9400	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.9900	– – Annars	20,00 kr./kg

4012	**Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðahjólbarðar, hjólbarðaslitfletir og felgubönd úr gúmmíi:**	
	– Sólaðir hjólbarðar:	
4012.1100	– – Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	20,00 kr./kg
4012.1200	– – Fyrir almenningsvagna eða vörubifreiðar	20,00 kr./kg
4012.1300	– – Fyrir flugvélar	20,00 kr./kg
4012.1900	– – Aðrir	20,00 kr./kg
4012.2000	– Notaðir lofthjólbarðar	20,00 kr./kg
4012.9000	– Annað	20,00 kr./kg
8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	2.000 kr./stk.
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	2.800 kr./stk.
	– Aðrir vagnar:	
8427.9001	– – Á hjólbörðum úr gúmmíi	2.800 kr./stk.
Úr 8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	16.000 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	12.000 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	12.000 kr./stk.
8429.5901	– – Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni að heildarþyngd	500 kr./stk.
8429.5909	– – Aðrar	16.000 kr./stk.
Úr 8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	9.000 kr./stk.
8701.2019	– – – Notaðar	9.000 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	9.000 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	9.000 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	4.000 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	4.000 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	4.600 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	4.600 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	10.500 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	10.500 kr./stk.
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	4.600 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	4.600 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	10.500 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	10.500 kr./stk.

Úr 8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm³ sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2121	– – – – Ný	700 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	700 kr./stk.
	– – Með meira en 1000 cm³ til og með 1500 cm³ sprengirými:	
8703.2210	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2221	– – – – Ný	900 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	600 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2321	– – – – – Ný	900 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	600 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2341	– – – – – Ný	1.200 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	1.200 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2410	– – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2491	– – – – Ný	1.500 kr./stk.
8703.2499	– – – – Notuð	1.500 kr./stk.
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:	
8703.3110	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3121	– – – – Ný	900 kr./stk.
8703.3129	– – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.3210	– – – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3221	– – – – – Ný	900 kr./stk.
8703.3229	– – – – – Notuð	1.000 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3250	– – – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3291	– – – – – Ný	1.200 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	1.200 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3321	– – – – Ný	1.500 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	1.500 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	1.000 kr./stk.
8703.9019	– – – Notuð	1.000 kr./stk.

	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	1.000 kr./stk.
8703.9099	– – – Notuð	1.000 kr./stk.
Úr 8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	18.000 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2121	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	12.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	10.500 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2221	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2291	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	18.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	18.000 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	18.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	18.000 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	18.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	18.000 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	18.000 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	2.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.

	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	2.800 kr./stk.
8704.9019	– – – Notuð	2.800 kr./stk.
Úr 8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	20.000 kr./stk.
	– Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	20.000 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.000 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	14.000 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	10.500 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	2.800 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	2.000 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	14.000 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	10.500 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	10.500 kr./stk.
Úr 8708	**Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701–8705**	
	– Ökuhjól og hlutar til þeirra:	
8708.7001	– – Með hjólbörðum	10 kr./kg
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna:	
8711.1001	– – Sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.1009	– – Önnur	160 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm^3 sprengirými til og með 250 cm^3	240 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm^3 sprengirými til og með 500 cm^3	240 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm^3 sprengirými til og með 800 cm^3	240 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm^3 sprengirými	320 kr./stk.
	– Annað:	
8711.9010	– – Hliðarvagnar	800 kr./stk.
	– – Annars:	
8711.9021	– – – Lítil rafknúin ökutæki, fyrir 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.9029	– – – Önnur	160 kr./stk.

	– – Bifhjól, ót.a.:	
8711.9031	– – – Lítil vélknúin ökutæki, fyrir 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.9039	– – – Önnur	160 kr./stk.
8711.9090	– – Annað	160 kr./stk.
8712.0000	**Reiðhjól og önnur hjól (þar með talin þríhjól til vöruflutninga), án vélar**	40,00 kr./stk.
Úr 8716	**Tengivagnar og festivagnar; önnur ökutæki ekki vélrænt knúin; hlutar til þeirra:**	
	– Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga:	
8716.1001	– – Nýir	200 kr./stk.
8716.1009	– – Notaðir	200 kr./stk.
	– Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota:	
	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.2011	– – – Nýir	800 kr./stk.
8716.2019	– – – Notaðir	800 kr./stk.
	– – Aðrir:	
8716.2091	– – – Nýir	800 kr./stk.
8716.2099	– – – Notaðir	800 kr./stk.
	– Aðrir tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga:	
	– – Tanktengivagnar og tankfestivagnar:	
8716.3101	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna	1.200 kr./stk.
8716.3109	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	12.000 kr./stk.
	– – Annars:	
	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.3911	– – – – Nýtt	800 kr./stk.
8716.3919	– – – – Notað	800 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5 tonnum:	
8716.3921	– – – – Nýtt	1.200 kr./stk.
8716.3929	– – – – Notað	1.200 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8716.3991	– – – – Nýtt	12.000 kr./stk.
8716.3999	– – – – Notað	12.000 kr./stk.
8716.4000	– Aðrir tengivagnar og festivagnar	9.000 kr./stk.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um úrvinnslugjald. Í fyrsta lagi að nýjar reiknireglur verði teknar upp vegna útreikninga á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru, í öðru lagi breytingar á reglum um niðurfellingu og endurgreiðslu úrvinnslugjalds og að lokum er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða. Frumvarpið var unnið í samráði við fjármálaráðuneytið með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Það er sameiginleg niðurstaða fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis að umhverfisráðherra leggi frumvarpið fram á Alþingi.

Nýjar reiknireglur vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á reglum um útreikning á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru við innflutning þegar innflytjandi fær ekki upplýsingar frá framleiðanda eða birgjum um raunverulegt hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um hana. Hér er eingöngu lögð til breyting á reglum sem munu gilda ef innflytjandi getur ekki fengið staðfestingu um magn pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru. Meginreglan verður áfram sú að innflytjanda ber að gefa upp í tolli magn umbúða utan um

vöru sem flutt er inn en gera má ráð fyrir að með tímanum verði auðveldara fyrir innflytjendur að nálgast slíkar upplýsingar enda gilda sömu skuldbindingar varðandi söfnun pappa-, pappírs- og plastumbúða á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Á vorþingi 2005 samþykkti Alþingi að fresta gildistöku ákvæðis í 7. gr. a, sbr. ákvæði til bráðabirgða II og III í lögunum, þar sem ljóst var að ekki gæfist tími til að leggja fram tillögur um nýjar reiknireglur á því þingi. Hér verður gerð grein fyrir forsögu málsins og farið yfir forsendur fyrir meginreglunni sem gildir um greiðslu úrvinnslugjalds á pappa-, pappírs- og plastumbúðir. Farið er yfir hvers vegna lagt er til að gildandi undanþágur frá meginreglunni séu feldar niður og að lokum farið yfir forsendur hinnar nýju reiknireglu.

Með lögum nr. 37/2005 var samþykkt að gildistöku ákvæðis sem heimilar gjaldtöku á pappa-, pappírs- og plastumbúðir verði frestað til 1. janúar 2006, eða um fjóra mánuði. Mat Úrvinnslusjóðs á þörfinni á því að fresta framangreindu ákvæði byggðist á samráði við sérstaka verkefnisstjórn með fulltrúum hagsmunaaðila hvað varðar framkvæmd gjaldtöku á pappa-, pappírs- og plastumbúðir. Verkefnisstjórnina skipa fulltrúar frá Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, tollstjóra, fyrir hönd tollmiðlara fulltrúi frá TVG-Ziemsen, LÍÚ og Félagi fiskvinnslustöðva auk fulltrúa frá Úrvinnslusjóði. Fyrsti fundur verkefnisstjórnarinnar var haldinn 31. mars 2005 og hefur hún hist reglulega síðan. Eru þær tillögur sem lagðar eru fram hér unnar í samráði við framangreinda verkefnisstjórn og er hún að fullu samþykk þeim. Tillögur þessar hafa einnig verið teknar fyrir á fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og er hún samþykk þeim.

Meginreglan um greiðslu úrvinnslugjalds vegna pappírs-, pappa- og plastumbúða er að gjaldið er ákvarðað á grunni upplýsinga sem innflytjendur og framleiðendur gefa upp við tollafgreiðslu um þyngd umbúða. Meginkostur þessarar aðferðar er að hún er til þess fallin að minnka magn umbúða utan um vöru þar sem greitt er á grunni raunþyngdar umbúða. Gera má ráð fyrir að innflytjandi muni sjá sér hag í að flytja inn vörur með lágmarksumbúðum til að lækka kostnað. Þetta breytta innkaupamunstur mun síðan hafa áhrif á framleiðendur til að minnka umbúðir um vöru. Lög um úrvinnslugjald gera ráð fyrir að ef innflytjandi getur ekki gefið nákvæmar upplýsingar um umbúðir utan um vöru má hann beita ákveðnum reiknireglum sem kveða á um að 15% af þyngd vöru teljist umbúðir sem greitt skuli af. Ráðuneytið telur eftir samráð við Úrvinnslusjóð og framangreinda verkefnisstjórn að setja þurfi fleiri reiknireglur þar sem gera má ráð fyrir að stór hluti innflytjenda geti ekki veitt upplýsingar um raunþyngd umbúða í vörusendingu en 15% reglan er mjög ónákvæm. Þessi afstaða byggist á nánari skoðun á magni umbúða utan um vöru sem unnin er út frá reiknimódeli Logisys A/S sem er danskt ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki sem í u.þ.b. 15 ár hefur mælt hlutfall umbúða utan um vöru á dönskum markaði. Reiknimódelið sýnir að magn umbúða utan um vöru liggur að meginhluta til á bilinu 1–5% af nettóþyngd vöru. Mælingar á umbúðanotkun Íslendinga geta því orðið nokkuð óáreiðanlegar ef margir innflytjendur nýta sér reiknireglur, sérstaklega í upphafi álagningar þegar innflytjandi er að leita sér upplýsinga frá framleiðendum vöru.

Þær reiknireglur sem lagt er til með frumvarpi þessu að ráðherra verði heimilt að setja með reglugerð byggjast á útreikningum frá Logisys A/S. Logysis hefur notað tollskrárnúmer, þar sem fyrstu sex stafir af átta eru alþjóðlegir, til að aðgreina vörur sem mældar eru innbyrðis í flokka. Vörur innan hvers tollskrárnúmers eru skoðaðar og þær vegnar og metnar til að finna út meðaltal á þyngd umbúða sem notaðar eru utan um viðkomandi vöru. Niðurstöður mælinga Logisys eru notaðar á margvíslegan hátt í Danmörku, m.a. notar danska umhverfisstofnunin, Miljöstyrelsen, útreikninga þeirra til að ákvarða umbúðamagn sem fellur til sem úrgangur í Danmörku á hverju ári. Úrvinnslusjóður hefur í nánu samstarfi við Logisys notast

við sams konar útreikninga og danska umhverfisstofnunin notar til að ákvarða magn umbúða er fellur til á Íslandi. Úrvinnslusjóður hefur yfirfært upplýsingar sem unnar eru af Hagstofu Íslands upp úr íslensku tollnúmeraskránni. Tollstjóri sér um að halda til haga upplýsingum sem Hagstofan styðst við um árlegan innflutning vara. Innflutningurinn fer eftir átta stafa tollskrárnúmerum þar sem fyrstu sex stafirnir eru alþjóðlegir. Úvinnslusjóður hefur notað þessar upplýsingar til að reikna út áætlað hlutfall umbúða í hverju tollskrárnúmeri fyrir sig.

Vinna við reiknireglur sem lagt er til að heimilt verði að setja með reglugerð er á lokastigi og hefur framangreind verkefnisstjórn og stjórn Úrvinnslusjóðs fallist á þá aðferðafræði sem beitt er. Samkvæmt henni er tollskránni skipt í kafla og innan hvers kafla er áætlað magn umbúða í hverju tollskránúmeri fyrir sig. Tekin var sú ákvörðun að taka saman pappa- og pappírsumbúðir í einn flokk til að einfalda greiðslu úrvinnslugjalds. Sameinuð eru tollskrárnúmer sem hafa sama hlutfall pappa- og pappírsumbúða, sem og plastumbúða. Við að sameina tollskrárnúmer sem bera sama hlutfall umbúða með 0,5% nákvæmni (á við vörur er hafa hlutfall umbúða af nettóþyngd innan við 1%) og síðan með 1% nákvæmni eftir það hefur tekist að fækka umtalsvert tollskrárnúmerum og létta leitarskilyrði fyrir innflytjendur vara úr u.þ.b. 8.000 tollskrárnúmerum í 1.700. Reikniregla þessar verða kynntar fyrir hugbúnaðarhúsum sem sjá um hugbúnað fyrir tollskýrslugerð til að viðkomandi fyrirtæki geti gert uppfærslur á sínum hugbúnaði í tíma. Ofangreind reikniregla er því listi númera þar sem byrjað er að leita hvort átta stafa tollskrárnúmer vörunnar er fyrir hendi og það notað ef finnst. Ef svo er ekki er næst athugað hvort fyrstu sex stafir tollskrárnúmers passa og síðan fjórir og að lokum tveir stafir þannig að valið er það sem næst kemst viðkomandi tollskrárnúmeri. Hefur framangreind verkefnisstjórn fallist á að þetta sé ásættanlegur fjöldi númera og ekki séð að hægt verði að fækka þeim frekar, nema að auka á ónákvæmni innheimtu úrvinnslugjalds og upplýsinga um magn umbúða er berst til Íslands með innflutningi.

Endurgreiðslur eða niðurfelling úrvinnslugjalds.

Í b-lið 1. gr. og 2.–3. gr. frumvarpsins er lögð til breytt framkvæmd varðandi endurgreiðslur eða niðurfellingu úrvinnslugjalds í þeim tilfellum þegar gjaldskyld vara er flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi. Í núgildandi 3. mgr. 15. gr. laga um úrvinnslugjald, sem lagt er til að falli brott í 3. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóður hlutist til um að endurgreiða útflytjanda úrvinnslugjald þegar gjaldskyld vara er flutt úr landi og ekki kemur til úrvinnslu hennar hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Úrvinnslusjóði hafa þessar endurgreiðslur hingað til verið fáar á ári og helst vegna sölu á smurolíu og kælimiðlum í erlend skip. Hefur því framkvæmdin verið einföld en ljóst er að það muni breytast verulega eftir að pappírs-, pappa- og plastumbúðir verða úrvinnslugjaldsskyldar frá 1. janúar 2006.

Með hliðsjón af þessari þróun er það mat umhverfisráðuneytis, Úrvinnslusjóðs, fjármálaráðuneytis og innheimtumanna ríkissjóðs að æskilegt sé að í stað þess að slíkar endurgreiðslur séu á hendi Úrvinnslusjóðs sé farið með þær líkt og aðrar endurgreiðslur hjá skattstjórum og niðurfellingarheimildir verði í tolli. Við upptöku úrvinnslugjalds á pappa-, pappírs- og plastumbúðir er fyrirséð að nokkuð verði um að við innflutning tiltekinna gjaldskyldra vara sé þegar ljóst að viðkomandi vara verði síðar flutt úr landi og komi því ekki til úrvinnslu á henni hér á landi. Sem dæmi um slíkt er innflutningur umbúða sem ætlaðar eru til útflutnings. Í stað þess að sækja þurfi sérstaklega um endurgreiðslu í slíkum tilfellum er í b-lið 1. gr. frumvarpsins lagt til að nánar tilgreindir vöruflokkar pappa-, pappírs- og plastumbúða verði undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að lýst sé yfir að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og að ekki komi til úrvinnslu hennar hér á landi. Reglugerð

yrði síðan sett með fyllri ákvæðum um framkvæmdina í samráði við tollstjóra og skattstjóra.

Rétt er að benda á að ekki er lagt úrvinnslugjald á drykkjarvöruumbúðir sem bera skilagjald, sbr. 7. gr. laga um úrvinnslugjald. Hér er um undanþágu að ræða en ekki stendur til að breyta núverandi kerfi um skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir samkvæmt lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, né að setja tvöfalda gjaldheimtu á þær umbúðir.

Til nánari skýringar er hægt að setja upp eftirfarandi dæmi um endurgreiðslu eða niðurfellingu úrvinnslugjalds vegna útflutnings gjaldskyldrar vöru:

1. Beinn útflutningur í kjölfar innflutnings.

Ef gjaldskyld vara er flutt inn og fyrir liggur að hún verði flutt út aftur, án þess að varan fari til ráðstöfunar innan lands, er úrvinnslugjald fellt niður í tolli í samræmi við almenna framkvæmd við önnur aðflutningsgjöld. Er því ekki um endurgreiðslu að ræða í slíkum tilfellum heldur niðurfellingu úrvinnslugjalds í tolli. Þessi heimild á við um allar vörur sem úrvinnslugjald er lagt á þó svo gera megi ráð fyrir að heimildin verði oftast notuð vegna pappírs-, pappa- og plastumbúða. Samkvæmt 2. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, er heimilt að fella niður tolla af vörum sem eru til flutnings hingað um stundarsakir. Nýta má þessa grein til að fella niður úrvinnslugjald ef gjaldskyld vara er hér til tímabundins innflutnings og lýst er yfir að hún verði flutt úr landi með sannanlegum hætti. Hér gæti verið um umbúðir utan um fisk að ræða sem ekki eru til meðferðar innan lands en eigandi vill hafa birgðir hér á landi vegna starfsemi fyrirtækis erlendis. Vörusending verður því send í heilu lagi aftur úr landi.

Einnig má benda á heimild í 6. tölul 6. gr. tollalaga ef varan er endurseld óbreytt til útlanda að heimilt er að endurgreiða toll og sömuleiðis er heimilt að endurgreiða af vöru sem er send aftur til útlanda ef hún er ónotuð, sbr. reglugerð um endursendingar, nr. 545/1990, með síðari breytingum.

2. Fyrirséð að vara verður á endanum flutt úr landi.

Ef fyrirséð er að gjaldskyld vara sem flutt er inn verði síðar meir flutt úr landi og komi því ekki til úrvinnslu hér er lagt til í b-lið 1. gr. frumvarpsins að slíkir vöruflokkar verði fyrirframskilgreindir af tollayfirvöldum. Hér er því lögð til sérstök undanþáguregla vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða til að torvelda ekki vinnslu hér á landi. Skilyrði fyrir þessari heimild er að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og að ekki verði unnið úr henni hér á landi. Úrvinnslugjald er því ekki lagt á viðkomandi vöru í tolli heldur er varan flutt inn á tilgreindum undanþáguheimildum. Með þessu móti sparast mikil umsýsla með álagt úrvinnslugjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir í formi inn- og útgreiðslu hjá innheimtumönnum ríkissjóðs við útflutning vöru. Að mati framleiðenda og innflytjenda umbúða má gera ráð fyrir að um 75–80% pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á íslenskan markað fari til notkunar utan um framleiðslu til útflutnings. Stór hluti plastumbúða fer sömu leið. Dæmi um umbúðir sem falla mundu undir þessa reglu eru umbúðir utan um íslenska framleiðsluvöru eins og fisk sem keyptar eru erlendis. Sömu reglur munu gilda um innlenda framleiðslu, þ.e. innlendir framleiðendur þurfa ekki að greiða úrvinnslugjald vegna umbúða sem fara til notkunar utan um framleiðslu sem er flutt út. Heimild til niðurfellingar úrvinnslugjalds vegna útflutnings verður nánar útfærð í reglugerð. Nú þegar liggja fyrir hugmyndir um útfærslu þessa ákvæðis en gera má ráð fyrir að heimild þessi verði nýtt með því að vísa í veitta heimild, sem sótt hefur verið um fyrir fram, við tollafgreiðslu á þeim hluta sendingar sem ljóst er að fer aftur úr landi og viðkomandi getur sýnt fram á útflutning ef um það er beðið á síðari stigum. Í þessu tilviki gæti sama varan verið tvískipt á tollskýrslu milli þess sem á að fara á innanlandsmarkað og þess sem verður nýtt til útflutnings.

Þessi undanþága á ekki við um aðföng vegna innlendrar framleiðslu á pappa- og pappírsumbúðum þar sem úrvinnslugjald er ekki lagt á aðföng fyrir gerð umbúða heldur mun innlendi framleiðandinn gera upp úrvinnslugjald hjá viðkomandi skattstjóra af framleiddum umbúðum sem ætlaðar eru á innanlandsmarkað. Ekki verður um endurgreiðslu úrvinnslugjalds að ræða vegna umbúða sem framleiddar eru innan lands þar sem úrvinnslugjald hefur aldrei verið greitt af vörunni. Dæmi um aðföng sem ekki bera úrvinnslugjald eru tilbúnar arkir úr pappa- og pappírsefnum. Sama gildir um aðföng vegna framleiðslu umbúða úr plasti.

3. Gjaldskyld vara sem farið hefur til ráðstöfunar innan lands flutt út.

Í þeim tilvikum þegar greitt hefur verið úrvinnslugjald af gjaldskyldri vöru við innflutning og sú vara hefur farið í umferð innan lands, en þar á eftir verið flutt úr landi þannig að ekki kemur til úrvinnslu hér á landi, á skv. 2. gr. frumvarpsins gjaldskyldur aðili, eða sá sem keypt hefur vöruna af gjaldskyldum aðila, rétt á endurgreiðslu þess úrvinnslugjalds. Í reglugerð verður nánar kveðið á um framkvæmd slíkra endurgreiðslna en í frumvarpinu er lagt til að endurgreiðslubeiðandi sæki um endurgreiðslu með sérstakri skýrslu til skattstjóra, á svipaðan hátt og í lögum um vörugjald. Í gildandi lögum er Úrvinnslusjóði falið að sjá um endurgreiðslur en hér er lagt til að það verði á hendi viðkomandi skattsjóra.

Vara sem ber úrvinnslugjald við innflutning og ekki fellur undir tilvik 1 eða 2 sem lýst var hér að framan, eða ber úrvinnslugjald við framleiðslu innan lands, getur fengið endurgreiðslu við uppgjör samkvæmt sérstakri skýrslu til skattstjóra. Í þessu tilviki er ekki ljóst við innflutning vöru að henni verði ráðstafað til útflutnings. Vegna útflutnings innfluttrar gjaldskyldrar vöru þarf að sækja um endurgreiðslu hjá skattyfirvöldum þegar ljóst er hvaða hluti hennar fór úr landi með viðeigandi staðfestingum á því. Ef framleiðandi flytur út gjaldskylda vöru dregur hann útflutta vöru frá í uppgjöri tímabils til skattstjóra enda hafi hann sönnun fyrir útflutningnum. Kaupandi gjaldskyldrar vöru innan lands sem er innflutt eða framleidd hér á landi og gjald hefur sannanlega verið greitt af getur sótt um endurgreiðslu til skattyfirvalda enda hafi hann staðfestingu frá seljanda um að gjaldið hafi verið greitt og sýni fram á að varan var flutt út. Þessi heimild á við um allar úrvinnslugjaldsskyldar vörur.

Lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða, sbr. viðauka XVI.

Lagðar eru til í 4. gr. frumvarpsins breytingar á úrvinnslugjaldi á hjólbarða í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs sem send var umhverfisráðuneyti með bréfi dagsettu 5. september 2005. Er tillagan byggð á fenginni reynslu, fjárhagslegri stöðu hinna ýmsu völuflokka og þeim aðgerðum, öðrum en úrvinnslugjaldsbreytingum, sem gripið hefur verið til. Úrvinnslugjald var fyrst lagt á hjólbarða 1. janúar 2003. Við ákvörðun gjaldsins var við það miðað að greiða þyrfti fyrir úrvinnslu vegna álíka mikils magns hjólbarða og lagt yrði á. Greiðslur Úrvinnslusjóðs hófust hins vegar ekki fyrr en 1. apríl sama ár enda við það miðað að til yrði sjóður í upphafi. Tiltölulega lítið kom til úrvinnslu það ár og á síðasta ári var greitt fyrir úrvinnslu hjólbarða sem jafngiltu ríflega 60% þess magns sem lagt var á það ár. Innflutningur hefur einnig verið mun meiri en áætlað var og reyndar hefur aldrei verið flutt inn eins mikið af hjólbörðum og að undanförnu. Því hafa safnast upp verulegir fjármunir í sjóð til úrvinnslu hjólbarða. Tilkostnaður við úrvinnslu mun þó aukast töluvert eftir mitt ár 2006 þegar ekki verður lengur heimilt að urða hjólbarða og má þá gera ráð fyrir að hlutfallslega meira skili sér til úrvinnslu af hjólbörðum en verið hefur. Til þess að koma jafnvægi á sjóð hjólbarða miðað við framangreindar forsendur er lagt til að úrvinnslugjald, sem nú er 30 kr./kg, verði lækkað í 20 kr./kg sem leiðir af sér breytingar á viðauka XVI, sbr. 4. gr. Með þessum breytingum á upphæðum gjaldsins má gera ráð fyrir að jöfnuður komist á sjóð hjólbarða á næstu fjórum árum.

Lagt er til að bætt verði við einu nýju tollskrárnúmeri í núverandi viðauka XVI um hjólbarða, 8708.7001, Ökuhjól og hlutar til þeirra. Tollskrárnúmerið 8708.7001 var búið til 1. janúar 2004 að ósk Úrvinnslusjóðs en þá var ekki talið eðlilegt að leggja úrvinnslugjald á vöru í því tollskrárnúmeri þar sem upplýsingar skorti um hlutfall þyngdar hjólbarðans annars vegar og felgunnar hins vegar, en í tollskrárnúmerinu eru hjólbarðar á stálfelgum, álfelgum og léttmálmsfelgum. Eftir að hafa leitað álits innflutningsaðila hjólbarða á felgum varð niðurstaðan sú að Úrvinnslusjóður leggur til að úrvinnslugjald verði 50% af fullu úrvinnslugjaldi á hjólbarða í þessu tollskrárnúmeri eða 10 kr./kg af þyngd vöru sem flutt er inn frá og með 1. janúar 2006.

Gildistaka.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2006 en miklu skiptir að frumvarpið hljóti afgreiðslu þingsins sem fyrst þar sem nokkurn tíma tekur fyrir atvinnulífið, hugbúnaðarhús og yfirvöld tolla og skattamála að gera nauðsynlegar breytingar á sínum kerfum. Þær breytingar sem þarf að gera verði frumvarpið samþykkt eru kostnaðarsamar og tímafrekar og því mikilvægt að sem fyrst liggi fyrir samþykkt lög til að þessir aðilar geti hafið undirbúningsvinnu sína.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að nýjar reiknireglur verði teknar upp við útreikning á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða þegar ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða utan um vöru. Í öðru lagi eru breytingar á reglum um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna útflutnings. Í þriðja lagi er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða þar sem upp hefur safnast sjóður í þeim vöruflokki.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er reiknað með að tekjur af úrvinnslugjaldi á hjólbarða lækki um 72 m.kr. á ársgrundvelli.

180. Frumvarp til laga [180. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eftir 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistökuna:

a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m^2 eða meira,
b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m^3 eða meiri,
c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m^2 eða meira,
d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga þessara.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.

Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Þann 20. júní 2003 skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem skyldi gera tillögur til ráðuneytisins um það með hvaða hætti væri hægt að binda leyfum töku efna úr námum sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. áður en ákvæði laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, tóku gildi, og fyrir 1. janúar 1998 áður en skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, tóku gildi. Í 27. gr. þeirra laga er kveðið á um að framkvæmdaleyfi þurfi fyrir meiri háttar framkvæmdum sem geta haft áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingu lands með jarðvegi eða efnistöku, séu þær ekki háðar byggingarleyfum skv. IV. kafla laganna.

Í starfshópinn voru skipuð: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, formaður, Níels Árni Lund, skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu, Edda Lilja Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, tilnefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Sigurrós Friðriksdóttir, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Gunnar Bjarnason, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, tilnefndur af Vegagerðinni, Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, tilnefnd af frjálsum félagasamtökum um náttúruvernd, og dr. Helgi Torfason, jarðfræðingur og sviðsstjóri jarðfræðisviðs Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands. Jafnframt var Kristján Jónasson, jarðfræðingur, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu, skipaður starfsmaður og ritari starfshópsins. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra 2. mars 2004.

Frumvarp þetta byggist á tillögum starfshópsins og var lagt fram á 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Almennt um verkefni starfshópsins.

Ný ákvæði um efnistöku voru tekin upp við setningu núgildandi laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þar er mælt fyrir um að öll efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, gerð skuli áætlun um efnistöku og gengið snyrtilega frá efnistökusvæði. Áður en leyfi til efnistöku er veitt skal afla umsagnar náttúruverndarnefndar og Umhverfisstofnunar í þeim tilgangi að tryggja að efnistaka fari ekki fram á stöðum sem hafa augljóst náttúruverndargildi, nema fyrir

liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laganna sem þessir aðilar hafa gefið umsögn um. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skulu efnistökusvæði koma fram í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Efnistaka er auk þess tilkynningarskyld og eftir atvikum matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, ef umfang hennar er yfir tilteknum mörkum. Framkvæmd þessa málaflokks hefur því eftir gildistöku laga nr. 44/1999 komist í ákveðinn farveg þar sem aðkoma yfirvalda er tryggð og efnistaka lýtur ákveðnum reglum.

Í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarlaga kemur fram að ákvæði laga um framkvæmdaleyfi séu að mati nefndarinnar íþyngjandi fyrir landeigendur og rétthafa efnistökusvæða og feli í sér skerðingu á hagnýtingarrétti þeirra. Því verði ekki talið að slík ákvæði geti tekið til framkvæmda sem hafnar voru fyrir gildistöku laganna, enda sé hvergi í skipulags- og byggingarlögum kveðið á um slíka afturvirkni. Er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í samræmi við þau sjónarmið sem almennt hafa verið uppi um að hinar nýju reglur um efnistöku nái ekki til eldri náma sem enn eru í notkun. Hins vegar getur verið vafamál hvenær efnistaka telst hafa hafist, t.d. þegar gamlar námur sem ekki hafa verið nýttar lengi eru opnaðar á ný. Á sama hátt hafa lög um mat á umhverfisáhrifum ekki verið talin ná til náma sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. fyrir gildistöku eldri laga um mat á umhverfisáhrifum.

Vegna þess sem hér hefur verið rakið hefur ekki tekist, þrátt fyrir gildistöku nýrra reglna um efnistöku, að koma böndum á stóran hluta af þeim námum sem í landinu eru. Var því starfshópnum, eins og áður segir, falið að gera tillögur að því með hvaða hætti væri hægt að binda leyfum töku efna úr eldri námum.

Staða efnistökumála.

Áætlað er að heildarnotkun jarðefna hér á landi sé um 8 milljónir rúmmetra á ári og að þar af séu um 60% notuð til vegagerðar. Auk vegagerðar eru jarðefni t.d. notuð við stíflugerð, hafnargerð, í steinsteypu og í hvers konar fyllingar við gerð mannvirkja. Efnið er að mestu tekið úr námum en talsvert magn fellur einnig til úr skeringum, t.d. í vegagerð. Flokka má jarðefni í tvo meginflokka, annars vegar efni sem unnin eru úr lausum jarðlögum og hins vegar efni sem unnin eru úr föstum berggrunni. Sandur og möl eru algengustu jarðefni sem unnin eru úr lausum jarðlögum en auk þeirra má nefna jökulruðning, skriðuefni, vikur, gjall og jarðveg. Efni sem unnin eru úr berggrunni eru að mestu úr basalti en einnig má nefna líparít og gabbró. Talsvert er enn um að efni séu tekin úr hraunum frá nútíma, móbergi (m.a. bólstrabergi) og jafnvel úr eldgígum. Meginhluti jarðefna, eða um 80–90%, er unninn úr lausum setlögum en einungis um 10–20% úr berglögum. Efnistaka í sjó nemur líklega 1–1,4 milljón rúmmetra á ári af uppdældum sand- og malarefnum. Erlendis er talsvert gert af því að endurnota og endurvinna frákastsefni við mannvirkjagerð, m.a. frákast úr verksmiðjum og efni sem fellur til við niðurrif bygginga. Slík endurunnin efni hafa fremur lítið verið notuð hér á landi, þó helst til uppfyllingar.

Í námuskrá Vegagerðarinnar eru nú skráðar 3.040 námur og eru um 55% af þeim eða 1.658 námur skráðar ófrágengnar. Um helmingur ófrágenginna náma er talinn vera í notkun en auk þess má gera ráð fyrir að lítils háttar efnistaka, m.a. af hendi landeigenda, sé úr mörgum fleiri námum. Ekki eru til upplýsingar um stærð efnistökusvæða eða magn efnis sem tekið hefur verið úr námum. Þó er ljóst að langflestar námur eru litlar. Í grennd við þéttbýlisstaði eru tiltölulega fáar stórar námur þar sem fram fer nokkuð stöðug efnisvinnsla. Langflestar námanna hafa verið í notkun síðan fyrir gildistöku laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, 1. júlí 1999, og hefur framkvæmdaleyfis almennt ekki verið aflað fyrir þær.

Niðurstaða starfshópsins.

Eins og áður hefur komið fram gilda um alla nýja efnistöku ákveðnar reglur. Þessar reglur hafa hins vegar að takmörkuðu leyti verið taldar ná til eldri náma og því hefur ekki tekist að koma böndum á stóran hluta af þeim námum sem í landinu eru. Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd að skipulag og eftirlit með efnisvinnslu hafi verið í miklum ólestri á undanförnum árum og áratugum. Mörgum merkum náttúrufyrirbrigðum hafi verið spillt og þær gjörðir verði ekki aftur teknar. Efnisnámur skilji eftir sig ljót sár í umhverfinu og beri að fækka þeim sárum með færri námum og vönduðum frágangi. Þá segir að tilgangur lagaákvæða um efnistöku sé ekki að koma í veg fyrir efnistöku heldur fyrst og fremst að tryggja virkt eftirlit af hálfu náttúruverndaryfirvalda og vönduð vinnubrögð þannig að efnistaka verði eins og kostur er í sátt við umhverfið.

Nýting jarðefna er mikilvæg forsenda byggðar í landinu og eru veruleg verðmæti fólgin í jarðefnum og virðisauki í vinnslu þeirra og flutningi. Margt má hins vegar betur fara í skipulagi efnisvinnslu og eftirliti með henni. Að mati starfshópsins hefur reynslan sýnt að tilgangur ákvæða náttúruverndarlaga um efnistöku hefur ekki náðst nema að hluta til og þau ekki virkað sem skyldi þar sem eftirlitslítil efnistaka hefur áfram viðgengist á hinum gömlu námusvæðum. Fyrri efnistaka verður ekki bætt. Ljóst er að ef efnistöku er haldið áfram á gömlu efnistökusvæði fer nýtt land undir efnistökuna. Áframhaldandi óheft efnistaka á gömlu efnistökusvæði getur valdið umhverfisspjöllum sem æskilegt er að sporna við. Nauðsynlegt er því að ákvæði um umgengni og frágang efnistökusvæðis nái einnig til efnistöku í eldri námum.

Starfshópurinn er, með hliðsjón af framangreindu, sammála um að eðlilegt sé að öll efnistaka í landinu lúti sömu reglum. Hér er þó einungis átt við efnistöku til framtíðar, en að sjálfsögðu er ekki unnt að binda leyfum efnistöku sem þegar hefur farið fram. Telja verður ótvírætt að setning reglna sem ná til allra starfandi náma á landinu sé almenn takmörkun sem heimilt er að setja eignarréttindum án þess að bótaskylda skapist á grundvelli eignarréttarákvæða stjórnarskrár, en meiri hluti náma í landinu mun vera í einkaeign. Samkeppnissjónarmið mæla með því að allir sem vinna efni úr námum sitji við sama borð. Hins vegar telur starfshópurinn rétt að þeim sem stunda efnistöku nú á svæðum þar sem framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir sé veittur sanngjarn frestur til að sækja um slíkt leyfi og laga sig þannig að breyttu lagaumhverfi.

Eins og fram kemur hér að framan skal í skipulagsáætlunum sveitarfélags gera grein fyrir allri efnistöku í sveitarfélaginu. Í þeim sveitarfélögum þar sem skipulag liggur fyrir á því að vera ljóst hvar efnistaka á sér stað. Vegagerðin heldur jafnframt skrá um allar námur í landinu. Starfshópurinn telur því að ekki eigi að vera miklum vandkvæðum bundið að binda hinar eldri námur leyfum á sama hátt og þær nýju. Jafnframt telur hann nauðsynlegt að í framkvæmdaleyfi skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Efnistökunni sé þannig markaður rammi fyrir fram sem auðvelda á alla framkvæmd og eftirlit. Gera þarf breytingar á skipulagsreglugerð til að ná þessu markmiði. Í skipulags- og byggingarlögum eru þvingunarúrræði sem grípa má til ef ekki er farið að skilmálum framkvæmdaleyfisins eða látið hjá líða að sækja um slíkt leyfi.

Ný efnistaka er í dag ekki einungis háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar heldur þarf í mörgum tilvikum að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum sem tekur ákvörðun um matsskyldu hennar. Umfangsmesta efnistakan er sjálfkrafa matsskyld. Starfshópurinn telur nauðsynlegt að fram geti farið mat á umhverfisáhrifum allrar efnistöku sem áætluð er í framtíðinni. Fari efnistaka fram á svæði sem þegar

hefur verið raskað kann það að leiða til þess að umhverfisáhrif hennar verði talin minni en ella. Það kemur þó ekki sjálfkrafa í veg fyrir að umhverfismat geti farið fram.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að efnistaka á eldri efnistökusvæðum verði gerð framkvæmdaleyfisskyld í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga verði sjónum beint að þeirri efnistöku sem væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum ef um nýja efnistöku væri að ræða. Þar er bæði um að ræða stór efnistökusvæði og efnistöku á verndarsvæðum. Að mati starfshópsins er hér um að ræða þá efnistöku sem mest hætta er á að valdi umhverfisspjöllum og mikilvægast er að koma böndum á sem fyrst. Gert er ráð fyrir að mat á umhverfisáhrifum geti einnig farið fram vegna slíkrar efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Starfshópurinn leggur síðan til að í seinni áfanga verði öll efnistaka í gömlum námum gerð framkvæmdaleyfisskyld óháð stærð, á sama hátt og öll ný efnistaka.

Um 1. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um að eftir 1. júlí 2008 verði efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af þeim atriðum sem talin eru upp í a–d-liðum eiga við um efnistökuna. Þannig er gert ráð fyrir að ef fyrirhuguð efnistaka nær tilteknu umfangi, sbr. a–c-liði, þurfi að afla framkvæmdaleyfis fyrir henni. Með tilgreindu efnismagni er átt við heildarmagn þess efnis sem tekið verður á viðkomandi efnistökusvæðum eftir 1. júlí 2008. Einnig þarf skv. d-lið 1. mgr. að afla framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku á verndarsvæðum eins og það hugtak er skilgreint í lögum um mat á umhverfisáhrifum, óháð umfangi hennar. Þessi mörk eru sambærileg við ákvæði a-liðar 2. tölul. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem gerð er grein fyrir því hvaða efnistöku skal tilkynna til Skipulagsstofnunar sem síðan metur hvort ástæða sé til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Að auki er í d-lið kveðið á um að afla þurfi framkvæmdaleyfis á þeim svæðum sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem Alþingi hefur samþykkt, sbr. 65. og 66. gr. laga um náttúruvernd. Slík efnistaka er ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, en í þeim tilvikum þegar Alþingi hefur staðfest mikilvægi landsvæðisins út frá náttúruverndarsjónarmiðum þykir rétt að kveða á um að efnistaka á slíkum svæðum þurfi framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Tilgangur 2. og 3. mgr. er að tryggja að sömu reglur gildi um efnistöku á gömlu efnistökusvæði og nýju. Þannig skal við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. náttúruverndarlaga þar sem er að finna almenn ákvæði um leyfisveitingar vegna efnistöku, frágang efnistökusvæðis o.fl. Til að taka af allan vafa er í 3. mgr. kveðið á um að ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum skuli gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.

Í lokamálsgreininni er síðan kveðið á um að eftir 1. júlí 2012 skuli afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2012 eiga þannig sömu reglur að gilda um alla efnistöku á landi og á hafsbotni innan netlaga sem fram fer hér á landi. Frá þeim tíma verður því öll efnistaka framkvæmdaleyfisskyld.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

Frumvarpið miðar að því að efnistaka úr eldri námum verði háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og að ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum gildi um efnistökuna.

Ekki liggur fyrir með neinni vissu hversu margar námur gætu orðið tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar en áætlað hefur verið að það gætu verið um 100 námur. Ef til mats á umhverfisáhrifum kemur ber framkvæmdaraðili þann kostnað og er ekki lagt mat á hann hér. Skipulagsstofnun ber hins vegar sjálf kostnað sem hlýst af vinnu við ákvörðun matsskyldu. Reiknað er með að sá kostnaður rúmist innan núverandi fjárhagsramma stofnunarinnar.

181. Fyrirspurn [181. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hversu mikið fjármagn fer til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landinu, sundurliðað eftir landshlutum og stofnunum?
2. Hvað ræður mismunandi stuðningi við einstakar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar?
3. Hversu mikill er kostnaður einstakra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva við fjarkennslu á háskólastigi og hver er hlutur ráðuneytisins í þeim kostnaði?
4. Hversu margir stunda háskólanám hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, sundurliðað eftir stofnunum?
5. Hversu mikið fjármagn er ætlað til þekkingar- og háskólasetra á landinu vegna kennslu á háskólastigi?

Skriflegt svar óskast.

182. Fyrirspurn [182. mál]

til iðnaðarráðherra um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðuneytið styrkt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar? Ef svo er, hversu háir hafa styrkirnir verið sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og stofnunum, og til hvaða verkefna fóru þeir?

183. Fyrirspurn [183. mál]

til menntamálaráðherra um háskólanám sem stundað er í fjarnámi.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra bregðast við fjárhagslegum vanda fræðslumiðstöðvanna á Suðurlandi, Vesturlandi og á Suðurnesjum sem halda úti háskólanámi í fjarnámi, en allt stefnir í að það leggist af? Ef svo er, hvernig?

184. Fyrirspurn [184. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áhrif veiða á erfðagerð þorsksins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Telur sjávarútvegsráðherra að vísbendingar séu um að veiðar á þorski hafi hugsanlega breytt erfðum stofnanna þannig að fiskur verði kynþroska fyrr en áður og vaxi hægar?
2. Ef svo er, hvaða áhrif gæti það haft á afrakstur stofnanna til frambúðar?

185. Fyrirspurn [185. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eldi á villtum þorskseiðum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig metur ráðuneytið reynsluna af veiði villtra þorskseiða af 0-árgangi í Ísafjarðardjúpi og áframeldi þeirra annars staðar?
2. Telur ráðherra ekki rétt að heimila enn frekari veiðar slíkra seiða til að ala til manneldis?

186. Fyrirspurn [186. mál]

til menntamálaráðherra um styrki til erlendra doktorsnema.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvenær hyggst ráðherra taka upp styrki til erlendra doktorsnema á sviðum þar sem Íslendingar skara fram úr, eins og hann hefur boðað?
2. Hvaða mælikvarða hyggst hann nota til að skilgreina þau svið?
3. Stenst það jafnræðisreglu að veita slíka styrki einungis til ákveðinna fræðasviða en ekki annarra?

4. Telur ráðherra ekki að jafnframt verði að taka upp styrki til íslenskra doktorsefna við erlenda háskóla?

187. Fyrirspurn [187. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um skuldir eftir aldri.

Frá Helga Hjörvar.

Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árið 2004 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?

Skriflegt svar óskast.

188. Fyrirspurn [188. mál]

til menntamálaráðherra um dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir stafrænt sjónvarp.

Frá Sigurrós Þorgrímsdóttur.

Er fyrirhugað að Ríkisútvarpið setji upp eigið dreifikerfi fyrir stafrænt sjónvarp, og ef svo er:

a. hver eru helstu rökin fyrir því á svæðum þar sem slík dreifikerfi eru til staðar, t.d. á höfuðborgarsvæðinu,
b. hafa aðrir kostir verið athugaðir, t.d. að fá aðgang að einhverju hinna dreifikerfanna,
c. hver er áætlaður heildarkostnaður við uppsetningu dreifikerfisins?

189. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

a. kenninafn, eiginnöfn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
c. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,

d. kynferði,
e. ríkisfang,
f. hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta,
g. ástæðu fyrir skráningu,
h. aðgerðir sem farið er fram á,
i. tegund brots, þegar upplýsingar eru skráðar skv. a-lið 1. mgr. 6. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

a. vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum, skip, báta og loftför, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
b. eftirvagna með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, atvinnutæki, utanborðsvélar og gáma sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
d. óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
e. útgefin persónuskilríki, svo sem vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini, dvalarleyfi og ferðaskilríki, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt.
f. skráningarskírteini og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
g. peningaseðla með skráðum númerum,
h. verðbréf og aðrar tegundir greiðslu, svo sem ávísanir, greiðslukort, skuldabréf eða hlutabréf, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga, ökutæki, báta, skip, loftför og gáma í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, er orðast svo:

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar, sem skráðir hafa verið í kerfið, finnast. Ekki má nota slíkar upplýsingar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar eða beiðni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Fyrir framan orðið „lögreglan“ í a-lið 1. mgr. kemur: ríkissaksóknari og.
b. Á eftir orðinu „grundvelli“ í b-lið 1. mgr. kemur: d- og e-liðar 2. mgr. 5. gr. og.
c. Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður er orðast svo: Umferðarstofa við skráningu ökutækja; aðgangurinn takmarkast þó við upplýsingar um ökutæki á grundvelli a-liðar 2. mgr. 5. gr., um eftirvagna og hjólhýsi á grundvelli b-liðar 2. mgr. 5. gr. og um skráningarskírteini og skráningarmerki á grundvelli f-liðar 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Orðin „og ökutæki“ í b-lið 2. mgr. falla brott.
b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður er orðast svo: upplýsingar um hluti skv. 7. gr. innan fimm ára frá skráningu.

c. 4. mgr. orðast svo:

Aðrar upplýsingar sem skráðar eru í kerfið skulu ekki standa lengur en í tíu ár frá skráningu.

6. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo:

Viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a má einungis geyma í þann tíma sem er nauðsynlegur í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár eftir að samsvarandi skráningu, sem varðar sömu einstaklinga eða hluti, í Schengen-upplýsingakerfinu hefur verið eytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi í samræmi við fjórar gerðir Evrópusambandsins. Tvær þeirra, reglugerð (EC) nr. 871/2004, frá 29. apríl 2004, birt í stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004 (hér eftir kölluð reglugerð nr. 871/2004) og ákvörðun 2005/211/JHA frá 24. febrúar 2005, birt í stjórnartíðindum EB 15. mars 2005 (hér eftir kölluð ákvörðun 2005/211) kveða á um nokkrar efnisbreytingar á Schengen-samningnum, meðal annars vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum. Sú þriðja, ákvörðun 2005/451/JHA, frá 13. júní 2005, hefur að geyma gildistökuákvæði reglugerðar nr. 871/2004). Hin fjórða, reglugerð (EC) nr. 1160/2005, frá 6. júlí 2005, birt í stjórnartíðindum EB 22. júlí sama ár (hér eftir kölluð reglugerð nr. 1160/2005) kveður á um breytingu á Schengen-samningnum vegna heimildar yfirvalda í aðildarríkjunum, er sjá um skráningu ökutækja, til aðgangs að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu.

Breytingarnar á Schengen-samningnum sem framangreindar gerðir hafa í för með sér felast einkum í að fjölgað er tegundum upplýsinga sem hægt er að skrá inn í Schengen-upplýsingakerfið, miðlun nauðsynlegra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu í kerfið er auðvelduð og fleirum er veittur aðgangur að því en áður. Að sama skapi eru ákvæði um eyðingu upplýsinga einfölduð, sérstök ákvæði sett um eyðingu viðbótarupplýsinga og eftirlit með aðgangi að kerfinu hert.

Með samningi Íslands og Noregs við ráð Evrópusambandsins sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999 gerðust Íslendingar aðilar að Schengen-samstarfinu sem miðar að því að fella niður landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen-svæðisins. Schengen-upplýsingakerfið er hluti af Schengen-samningnum og er nauðsynlegt tæki til að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu þegar eftirlit er ekki lengur á innri landamærum. Upplýsingakerfið greinist annars vegar í staðbundinn hluta kerfisins sem starfræktur er í hverju þátttökuríkjanna og hins vegar miðlægan hluta þess sem staðsettur er í Strassborg í Frakklandi. Vegna stækkunar Evrópusambandsins stendur nú fyrir dyrum stækkun á Schengen-upplýsingakerfinu. Fyrirhugað er að breytingar vegna stækkunarinnar taki gildi á árinu 2007. Þó voru nokkrar breytingar sem auðvelt var að framkvæma fyrir hina fyrirhuguðu stækkun og ekki talið æskilegt að bíða með. Áðurnefndar gerðir taka til þeirra breytinga.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi í því skyni að laga lögin að umræddum gerðum að því leyti sem þær varða staðbundna hluta kerfisins. Helstu breytingarnar eru í fyrsta lagi að fjölgað er tegund-

um þess sem hægt er að skrá í kerfið. Með breytingunum bætast við fleiri tegundir farartækja og hluta, t.d. skip, bátar, loftför, atvinnutæki og gámar, og einnig fleiri tegundir skjala, svo sem ferðaskilríki, dvalarleyfi, hlutabréf og skuldabréf.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir miðlun sérstakra viðbótarupplýsinga í tengslum við skráningu í kerfið. Slíkar upplýsingar eru ekki skráðar í kerfið sjálft heldur geta verið til í skrám hjá þar til bærum yfirvöldum í hverju aðildarríki. Þær geta reynst nauðsynlegar þegar einstaklingur eða hlutur sem skráður hefur verið í kerfið finnst svo að hægt sé að grípa til viðeigandi aðgerða. Mikilvægt er að upplýsingar sem eru gefnar eða þegnar með slíkri lögreglusamvinnu standi ekki í skrám móttökuríkis lengur en nauðsyn krefur og er sérstaklega kveðið á um hvenær beri að eyða þeim.

Í þriðja lagi verði fleirum bætt í hóp þeirra er hafa beinlínuaðgang að upplýsingakerfinu. Gerðirnar kveða á um að heimilt sé að veita dómsmálayfirvöldum í aðildarríkjum beinlínuaðgang, þar með talið þeim sem fara með saksókn. Í samræmi við það er lagt til að ríkissaksóknari fái slíka heimild. Þá er einnig í einni gerðanna kveðið á um að þeim yfirvöldum sem sjá um skráningu bifreiða verði heimilaður beinlínuaðgangur að kerfinu. Sá aðgangur er þó takmarkaður við þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort ökutækjum hefur verið stolið, þau seld ólöglega eða þau hafi horfið. Ákvæðið er tilkomið til að sporna við skipulögðum bílþjófnuðum, en sú starfsemi teygir sig yfir landamæri og því nauðsynlegt að samvinna milli aðildarríkjanna sé skilvirk. Lagt er til að Umferðarstofa fái slíka heimild.

Í fjórða lagi verði þeim sem sjá um útgáfu vegabréfa og skilríkja veittur rýmri aðgangur að upplýsingum í kerfinu sem tengjast störfum þeirra.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að reglur sem gilda um tímamörk eyðingar gagna verði einfaldaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á 1. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um upplýsingar sem skrá má um einstaklinga, eru lagðar til þær breytingar að c-liður er kveður á um að rita skuli fyrsta bókstaf annars eiginnafns verði felldur niður en í staðinn verði kveðið á um í a-lið að rita skuli öll eiginnöfn viðkomandi einstaklings. Þá verði tveimur nýjum skráningaratriðum bætt við ákvæðið er taki til þess annars vegar að skrá skuli hvort viðkomandi sé á flótta undan réttvísinni og hins vegar að stafi skráning af beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn eða framseldur þá skuli skrá tegund brots. Eru þessar breytingar í samræmi við áskilnað 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Á 2. mgr. 5. gr. laganna eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

Við upptalninguna í a-lið verði bætt við fleiri hlutum sem eru grundvöllur skráningar. Samkvæmt breytingunni mun verða hægt að skrá í kerfið upplýsingar um skip, báta og loftför. Er breytingin í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Á b-lið verði sú breyting að skilyrðið um að hjólhýsi þurfi að vera að ákveðinni þyngd verði fellt niður og fleiri farartæki og hlutir bætist við. Er breytingin í samræmi við áskilnað b-liðar 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Í e-lið verði bætt við fleiri skilríkjum sem geta verið grundvöllur skráningar, þ.e. auk vegabréfa, nafnskírteina og ökuskírteina verði nú bætt við dvalarleyfum og ferðaskilríkjum. Einnig verði bætt við þær ástæður sem geta verið grundvöllur skráningar þannig að auk þess að skrá skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið skuli nú einnig skrá skilríki sem hafa verið ógilt. Breytingin er í samræmi við áskilnað e-liðar 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Þá bætist við nýr stafliður, j-liður, sem kveði á um að skrá skuli verðbréf og aðrar tegundir greiðslna, svo sem ávísanir, greiðslukort, skuldabréf og hlutabréf sem hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið. Er breytingin í samræmi við áskilnað h-liðar 7. mgr. 1. mgr. ákvörðunar 2005/211.

Um 2. gr.

Á 7. gr. laganna er lögð til sú breyting að heimilt verði að skrá fleiri hluti í upplýsingakerfið þannig að fram geti farið eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn. Auk upplýsinga um einstaklinga og ökutæki verði einnig heimilt að skrá upplýsingar um báta, skip, loftför og gáma. Er þessi breyting í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Um 3. gr.

Lagt er til að nýrri grein verði bætt við lögin sem veiti ríkislögeglustjóra heimild til að gefa þar til bærum yfirvöldum í aðildarríki Schengen-samningsins frekari upplýsingar í tengslum við skráningu. Nú þegar hafa lögregluyfirvöld slíkar heimildir til að gefa upplýsingar vegna lögreglusamvinnu milli landa en lagagrundvöllur fyrir þeirri upplýsingagjöf er í lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984. Ekki hefur hingað til verið talið nauðsynlegt að lögfesta sérstaklega heimild af þessu tagi í tengslum við upplýsingar er varða skráningu í Schengen-upplýsingakerfið. Nú þykir hins vegar rétt að kveða á um slíka heimild í lögunum um Schengen-upplýsingakerfið í þeim tilgangi að flýta og einfalda alla samvinnu í tengslum við upplýsingagjöf og ekki síst í ljósi þess að umræddar gerðir gera ráð fyrir sérstökum ákvæðum um eyðingu slíkra upplýsinga.

Með þar til bærum yfirvöldum í ákvæðinu er átt við yfirvöld í Schengen-ríki sem hafa beinan aðgang að Schengen-upplýsingakerfinu.

Breytingin er í samræmi við áskilnað 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Um 4. gr.

Á a-lið 1. mgr. 10. gr. laganna er lögð til sú breyting að ríkissaksóknara verði fengin beinlínutenging við Schengen-upplýsingakerfið. Er þetta í samræmi við 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Nú þegar hafa saksóknarar sem heyra undir lögreglustjóra í hverju umdæmi landsins þessa heimild samkvæmt a-lið gildandi laga. Eðlilegt þykir að ríkissaksóknari hafi heimild til jafns við lögreglu í þessum efnum.

Í b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna eru heimildir Útlendingastofnunar til aðgangs að upplýsingum úr kerfinu rýmkaðar nokkuð í samræmi við starfssvið stofnunarinnar. Með breytingunni er lagt til að stofnunin fái aðgang að upplýsingum skv. d- og e-liðum 2. mgr. 5. gr. sem taka til óútfylltra skilríkja, útgefinna persónuskilríkja og ýmissa annarra skilríkja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt. Breytingin er í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004.

Þá er gert ráð fyrir að nýjum staflið verði bætt við greinina sem veiti Umferðarstofu beinlínuaðgang að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu. Breyting þessi er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. EB reglugerðar nr. 116/2005. Reglugerð þessi er tilkomin vegna sívaxandi bílþjófnaða innan aðildarríkjanna. Schengen-upplýsingakerfið getur reynst öflugt tæki til að sporna við þeirri starfsemi þar sem um er að ræða sameiginlegan gagnagrun sem öll aðildarríkin hafa aðgang að. Reglugerðin veitir yfirvöldum sem annast skráningu bifreiða í aðildarríkjunum beinlínuaðgang að ákveðnum upplýsingum í upplýsingakerfinu. Hér á landi er það Umferðar-

stofa sem fer með það hlutverk og er því lagt til í ákvæðinu að henni verði fengin slík heimild.

Samkvæmt reglugerðinni er skráningaryfirvöldum einungis veittur aðgangur að skráðum upplýsingum er varða ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum, eftirvögnum með eigin þunga yfir 750 kg og hjólhýsum ásamt skráðum upplýsingum um skráningarskírteini og skráningarmerki ökutækja. Skráningaryfirvöld hafa aðgang að nefndum upplýsingum í þeim tilgangi að kanna hvort viðkomandi ökutækjum hefur verið stolið, hvort þau hafa verið seld án heimildar eða hvort þau hafa horfið.

Um 5. gr.

12. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211 gerir ráð fyrir einföldun á þeim reglum er gilda um eyðingu upplýsinga úr kerfinu. Breytingar sem lagðar eru til á 17. gr. laganna eru í samræmi við þann áskilnað og kveða á um að eyða skuli upplýsingum sem skráðar hafi verið um einstaklinga skv. 6. gr laganna innan þriggja ára frá skráningu. Upplýsingum sem hafi verið skráðar um einstaklinga á grundvelli 7. gr. laganna, þ.e. þegar fram skal fara eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn, skuli eytt innan árs frá skráningu en upplýsingum um hluti á grundvelli sömu lagagreinar skuli eytt innan fimm ára frá skráningu. Öllum öðrum upplýsingum skuli eytt innan tíu ára frá skráningu.

Um 6. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir eyðingu þeirra viðbótarupplýsinga sem verða til við lögreglusamvinnu milli Schengen-ríkja á grundvelli 3. gr. frumvarpsins. Slíkar upplýsingar megi ekki geyma lengur en nauðsynlegt sé í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár eftir að skráningu um viðkomandi einstakling eða hlut hefur verið eytt í upplýsingakerfinu. Breyting þessi er í samræmi við áskilnað 7. og 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 11. og 13. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Um 7. gr.

Miðað er við að lögin taki þegar gildi. Gildistökuákvæði gerðanna kveða á um mismunandi gildistöku einstakra ákvæða en þau fyrstu munu taka gildi 10. desember 2005. Rétt þykir að ákvæði laganna taki öll gildi á sama tíma, enda horfir það til einföldunar og veldur ekki vandkvæðum í framkvæmd laganna.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um upplýsingar sem má skrá um einstaklinga og hluti í Schengen-upplýsingakerfi íslenskra stjórnvalda, hverjum sé það heimilt og hve lengi megi varðveita slíkar upplýsingar. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til skráningar sérstakrar viðbótarupplýsingar og hvenær eigi að eyða þeim upplýsingum. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

190. Fyrirspurn [190. mál]

til iðnaðarráðherra um Byggðastofnun.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað líður gerð úttektar á starfsemi Byggðastofnunar sem ráðherra boðaði í svari við fyrirspurn í máli nr. 714 20. apríl 2005?
2. Liggi niðurstöður fyrir, hvernig er þá fyrirhugað að nýta þær og hefur sú vinna hafist?
3. Hvar eru niðurstöður aðgengilegar fyrir þingmenn, liggi þær fyrir?

191. Frumvarp til laga [191. mál]

um fjarskiptasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Fjarskiptasjóður.

Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

3. gr.

Stjórn.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.

Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar og skal hún skila skýrslu um starfsemi sjóðins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

4. gr.

Fjármögnun verkefna.

Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu

þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

5. gr.
Umsýsla og eftirlit.

Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Um framkvæmd útboða og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga.

6. gr.
Tekjur.

Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

7. gr.
Kostnaður af rekstri.

Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni.

8. gr.
Reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok árið 2011, inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samgönguráðherra lagði fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem samþykkt var 11. maí sl. Með samþykkt fjarskiptaáætlunar var lagður grunnur að stefnumótun stjórnvalda og aðkomu þeirra að uppbyggingu ýmissa þátta upplýsingasamfélagsins til næstu ára. Samhliða samþykkti Alþingi breytingar á fjarskiptalögum sem lögfesta gerð fjarskiptaáætlunar og endurskoðun hennar í ljósi þróunar og breyttra aðstæðna.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem forsætisráðherra leggur fram. Með því er skotið stoðum undir ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum með stofnun sérstaks sjóðs til að ráðstafa fjármunum til framkvæmda á þessu sviði, svo og til að setja sjóðnum stjórn og skipulag. Gerð er tillaga um að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir samgönguráðuneytið.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé að fjárhæð 2.500 millj. kr., sbr. framangreint frumvarp. Stjórn sjóðsins ákveður greiðslu fjárins til einstakra verkefna í samræmi við fjarskiptaáætlun og ákvæði fjarskiptalaga.

Samgönguráðherra skipar stjórn sjóðsins sem jafnframt skipar verkefnastjórn. Verkefnastjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd fjarskiptaáætlunar fyrir hönd ráðuneytisins og ber ábyrgð á störfum hennar. Verkefnisstjórnina skipar fimm manna hópur, auk þess sem til-

nefndir verða tengiliðir frá stofnunum eða öðrum ráðuneytum vegna framkvæmdar einstakra verkefna sem undir þau heyra.

Meginreglan verður að framlög taki mið af fjarskiptaáætlun og verði í samræmi við nánari útfærslu verkefna hverju sinni. Mikilvægt er að stjórn sjóðsins setji sér skýrar reglur um greiðslur úr sjóðnum, m.a. í samræmi við forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 2.500 millj. kr. til uppbyggingar á sviði fjarskiptamála er í samræmi við um fjarskiptaáætlun sem skilgreinir aðkomu og markmið stjórnvalda á þessu sviði til næstu ára. Með áætluninni er stefnt að því að auka samkeppnishæfni Íslands og stuðla að framþróun atvinnulífsins. Í þessum tilgangi er stofnaður sérstakur sjóður til að halda utan um fjárveitingar ríkisins til fjarskiptaáætlunar.

Meginmarkmiðin eru m.a. stóraukin uppbygging GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum, dreifing stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi og öflug uppbygging á háhraðatengingum á þeim svæðum sem fjarskiptafyrirtækin hafa ekki þjónað út frá markaðslegum forsendum hingað til.

Um 2. gr.

Í greininni er hlutverk sjóðsins skýrt en honum er ætlað að standa straum af kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptakerfis í samræmi við fjarskiptaáætlun. Áætlað er að greiða fyrir verkefni fjarskiptaáætlunar sem eru til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum og ætla má að skili ekki arði. Hér er fyrst og fremst miðað við stofnkostnað en ekki þjónustu.

Um 3. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins sem hefur umsjón með ráðstöfun fjármuna í samræmi við fjarskiptaáætlun. Auk þess er stjórninni ætlað að vera í náinni samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun og aðra sem hafa með framkvæmd einstakra verkefna að gera.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins, sem jafnframt skipar verkefnisstjórn um framkvæmd fjarskiptaáætlunar, skili skýrslu um starfsemi sjóðsins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi ár hvert.

Um 4. gr.

Stjórn sjóðsins er ætlað að ákveða framlög úr honum í samræmi við fjarskiptaáætlun og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og þær reglur sem hún setur sér.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórnin semji áætlun um greiðslur úr sjóðnum sem taki mið af innstæðu sjóðsins og stöðu einstakra verkefna. Í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga sér Póst- og fjarskiptastofnun um framkvæmd útboða, samningsgerð og eftirlit með þeim.

Um 6. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnframlag 1.000 millj. kr. og auk þess 500 millj. kr. fyrir árin 2007, 2008 og 2009, í samræmi við frumvarp til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn njóti ávaxta af inneign sinni.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er sólarlagsákvæði þar sem sjóðnum er markaður tími til ársloka 2011. Þá rennur inneign í honum eftir uppgjör verkefna til ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að áður liggi fyrir mat á starfsemi sjóðsins og að þá verði tekin ákvörðun um framtíð hans.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem forsætisráðherra leggur fram. Ráðgert er að verja samtals 2.500 m.kr. af söluandvirði Landssímans í fjarskiptasjóð. Á árinu 2005 verða veittar 1.000 m.kr. og á árunum 2007–2009 verða veittar 500 m.kr. árlega. Í frumvarpinu er fjallað um hlutverk sjóðsins, stjórnsýslu og fjármögnun. Samgönguráðherra skipar stjórn sjóðsins, formann, varaformann og þrjá aðalmenn auk varamanna þeirra. Áætlað er að kostnaður við rekstur sjóðsins geti numið á bilinu 10–15 m.kr. eftir umfangi aðkeyptrar þjónustu, t.d. vegna útboðs. Kveðið er á um að fjarskiptasjóður beri allan kostnað af starfsemi sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 2.500 m.kr. á árunum 2005–2009.

192. Fyrirspurn [192. mál]

til félagsmálaráðherra um kostnað við sameiningarkosningar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hver var heildarkostnaður annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar sveitarfélaga við nýafstaðnar sameiningarkosningar og átakið allt um sameiningu sveitarfélaga? Hver er kostnaðurinn sundurgreindur eftir verkefnum og sameiningartillögum?

Skriflegt svar óskast.

193. Fyrirspurn [193. mál]

til menntamálaráðherra um fjárframlög til grunnskólastigsins.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hver voru heildarútgjöld sveitarfélaganna til grunnskólastigsins árið 2004? Hver var nemendafjöldi sama ár?
2. Hver voru heildarútgjöld ríkisins til grunnskólastigsins á verðlagi ársins 2004 síðasta heila árið áður en sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskólanna? Hver var nemendafjöldi sama ár?

Skriflegt svar óskast.

194. Fyrirspurn [194. mál]

til menntamálaráðherra um könnun á fjarsölu og kostun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður könnun á fjarsölu og kostun í útvarps- og sjónvarpsstöðvum, sem útvarpsréttarnefnd mun hafa látið framkvæma? Liggja niðurstöður könnunarinnar fyrir?

195. Fyrirspurn [195. mál]

til félagsmálaráðherra um kynbundið ofbeldi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hyggst ráðherra verða við tilmælum um aukin félagsleg úrræði til
   a. fórnarlamba heimilisofbeldis,
   b. þeirra sem beita slíku ofbeldi?
2. Hvaða verkefnum er unnið að á vegum ráðuneytisins til að fyrirbyggja kynbundið ofbeldi, svo sem á sviði almennrar fræðslu?

196. Fyrirspurn [196. mál]

til félagsmálaráðherra um Íbúðalánasjóð.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver má áætla að markaðshlutdeild nýrra lána Íbúðalánasjóðs sé á þessu ári samanborið við síðasta ár, sundurliðað eftir höfuðborgarsvæði og landsbyggð?
2. Hversu margir lántakendur eru með eru 4,15% vexti á íbúðalánum eða lægri og hversu margir eru með hærri vexti, þ.e. annars vegar 4,15–4,9% og hins vegar 5% eða hærri?
3. Hve stór hluti lántakenda hefur greitt upp lán sín vegna endurfjármögnunar frá 1. ágúst 2004 til 1. október 2005, skipt eftir mánuðum og eftir landsbyggð og höfuðborgarsvæði, og um hve háar fjárhæðir er að ræða?
4. Hve miklar voru brúttó- og nettótekjur af vaxtaálagi á sl. ári og áætlaðar tekjur á yfirstandandi ári og hve mikið af tekjunum hefur farið til að greiða rekstrarkostnað annars vegar og tap af útlánum hins vegar?
5. Telur ráðherra að svigrúm sé til að lækka vaxtaálag og þar með vexti af lánum Íbúðarlánasjóðs? Ef svo er, hvert er svigrúmið?

Skriflegt svar óskast.

197. Fyrirspurn [197. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess að greiðslur barnabóta verði ótekjutengdar og hver yrði kostnaðurinn fyrir ríkissjóð?
2. Hve mörg lönd innan OECD greiða ótekjutengdar barnabætur og hve mörg tekjutengdar?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að greiða barnabætur til 18 ára aldurs og hvaða útgjöld hefði það í för með sér fyrir ríkissjóð?

198. Fyrirspurn [198. mál]

til samgönguráðherra um tvöföldun Vesturlandsvegar.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvenær hefjast framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Skarhólabraut að Langatanga í Mosfellsbæ og hvenær er áætlað að þeim ljúki?

199. Fyrirspurn [199. mál]

til dómsmálaráðherra um undirbúning nýrrar fangelsisbyggingar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi nýrrar fangelsisbyggingar?
   a. Hefur verið gengið endanlega frá staðarvali?
   b. Er unnið samkvæmt tímasettri verkáætlun?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að starfsemi verði hætt í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi?

200. Fyrirspurn [200. mál]

til umhverfisráðherra um vöktun og bókhald yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður vinnu við undirbúning vöktunar og bókhalds vegna útstreymis og bindingar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi?
2. Hverjar eru nýlegar athugasemdir úttektarnefndar skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda og hverjar eru tillögur þeirra til útbóta?

201. Fyrirspurn [201. mál]

til forsætisráðherra um veggjald vegna seinni áfanga Sundabrautar.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hefur ríkisstjórnin til skoðunar að leggja á veggjald til að standa straum af kostnaði við seinni áfanga Sundabrautar, sbr. yfirlýsingu ráðherra í umræðum um ráðstöfun á söluandvirði Símans?

202. Fyrirspurn [202. mál]

til samgönguráðherra um herflugvélar yfir Reykjavík 16. september 2005.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hafa stjórnvöld brugðist með einhverjum hætti við hávaðaflugi fjögurra breskra herflugvéla fyrir lendingu á Reykjavíkurflugvelli 16. september síðastliðinn, og þá hverjum?

2. Má eiga von á frekara lágflugi herflugsveita yfir miðborg Reykjavíkur og íbúðarsvæðin umhverfis?

203. Fyrirspurn [203. mál]

til landbúnaðarráðherra um Lánasjóð landbúnaðarins.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þeir bændur sem eru í viðskiptum við Lánasjóð landbúnaðarins við sölu hans þurfi ekki að greiða 1,5% stimpilgjald til ríkissjóðs ef þeir flytja lán sín frá nýjum eiganda sjóðsins til annars banka?

204. Fyrirspurn [204. mál]

til samgönguráðherra um ráðstafanir vegna hugsanlegs Kötlugoss.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja vegasamgöngur ef til eldgoss kemur í Kötlu?
2. Telur ráðherra skynsamlegt að flýta brúargerð yfir Jökulsá á Fjöllum vegna hættu á að vegasamband um Suðurland rofni í slíkum eldsumbrotum?

205. Fyrirspurn [205. mál]

til utanríkisráðherra um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er ráðuneytinu kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn, sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum, hafi farið um íslenska lofthelgi eða notað Keflavíkurflugvöll? Ef svo er, hver voru viðkomandi flugnúmer (N-númer), hvaðan var flogið og hvert og hvaða upplýsingar voru veittar um farm og á hvers vegum flugið væri?
2. Telur ráðherra meðferð fanga sem hvorki njóta verndar og réttinda sem venjulegir borgarar né sem stríðsfangar, eins og gildir um fanga í Guantanamo-fangabúðum Bandaríkjamanna á Kúbu, vera brot á alþjóðalögum? Ef svo er, munu íslensk stjórnvöld meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem þannig eru meðhöndlaðir aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum?

206. Fyrirspurn [206. mál]

til dómsmálaráðherra um hælisleitendur.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margir hælisleitendur eru nú hér á landi og hvernig skiptast þeir eftir kyni og aldri?
2. Hversu mörg börn eru meðal hælisleitenda?
3. Hvaðan koma þeir, sundurgreint eftir löndum?
4. Hversu lengi hafa þeir dvalið hér?
5. Hvernig er framfærslu þeirra háttað?
6. Hvernig er samningi Reykjanesbæjar og félagsmálaráðuneytis um móttöku hælisleitenda háttað og hvaða stuðning veitir Reykjanesbær?
7. Fá hælisleitendur lögfræðiaðstoð?

Skriflegt svar óskast.

207. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um að meta kosti og galla þess að flytja innanlandsflug úr Vatnsmýri.

Flm.: Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Grétar Mar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa starfshóp til að meta kosti og galla þess að flytja innanlandsflug úr Vatnsmýri. Hópurinn verði skipaður einum fulltrúa Flugmálastjórnar, tveimur frá flugrekstraraðilum, einum frá Flugkef, einum frá Reykjavíkurborg, einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum án tilnefningar. Hópurinn skili áliti fyrir 1. mars 2006.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu þessari er ætlað að setja af stað vinnu er dragi fram helstu kosti og galla þess að flytja innanlandsflug úr Vatnsmýrinni í Reykjavík. Umræða þess efnis hefur verið æði fyrirferðarmikil undanfarin missiri og sýnist þar sitt hverjum. Fullyrðingar hafa gengið á víxl um afleiðingar þess að færa innanlandsflugið úr Vatnsmýrinni og þá ekki síður um hugsanlega staðsetningu nýs flugvallar fyrir innanlandsflugið. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að starfshópurinn dragi fram á sem hlutlægastan hátt þá kosti sem í stöðunni eru.

Fyrir liggur að frambjóðendur til borgarstjórnar í Reykjavík í næstu kosningum hafa á stefnu sinni að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýri. Við því verður að bregðast. Velta þarf upp spurningunni um hvar ný miðstöð innanlandsflugs verði best staðsett með hliðsjón af öryggi, kostnaði, samgöngum og þjónustu.

Fram hefur komið að varnarliðið setur fram þá kröfu að Íslendingar taki á sig rekstrarkostnað Keflavíkurflugvallar í kjölfar minnkandi herflugs og vaxandi umferðar farþegaflugs. Því hafa sjónir ýmissa beinst að Keflavíkurflugvelli sem heppilegum innanlandsflugvelli þar eð ná megi samlegðaráhrifum af rekstri innanlands- og alþjóðaflugs. Skoða þarf hins vegar hvort grípa þurfi til samgöngubóta við höfuðborgarsvæðið sem og staðsetningu flugstöðvar fyrir innanlandsflug á Keflavíkurflugvelli. Þá þarf að taka af allan vafa um hvort Keflavíkurflugvöllur geti tekið við aukinni flugumferð. Samgönguráðherra hefur lýst því yfir opinberlega að komi til þess að innanlandsflug flytjist úr Reykjavík verði það staðsett á Keflavíkurflugvelli.

Aðrir kostir hafa verið nefndir, svo sem Löngusker í Skerjafirði, Álftanes og Mosfellsbær. Starfshópnum er ætlað að líta til allra þessara möguleika út frá fyrrgreindum forsendum.

208. Fyrirspurn [208. mál]

til fjármálaráðherra um Gini-stuðul.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árið 2004?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Gini-kvarðinn er einn algengasti mælikvarði tölfræðinnar á tekjudreifingu. Hann tekur gildi frá 0 og upp í 1, en því hærri sem hann er þeim mun ójafnari er dreifing teknanna. Ef tekjur allra væru jafnháar tæki Gini-kvarðinn gildið 0.

Þjóðhagsstofnun birti upplýsingar um hann árlega en því var hætt eftir að stofnunin var lögð niður og því er óskað eftir því að fjármálaráðuneytið reikni hann út. Farið er fram á að útreikningar byggist á öllum tekjum en ekki einungis launatekjum.

209. Frumvarp til laga [209. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Jón Gunnarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.

2. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 130. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Það var lagt fram að nýju á síðasta þingi, því 131. á þskj. 72 í 72. máli. Frumvarpið hlaut afgreiðslu í allsherjarnefnd en nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þess. Meiri hluti nefndarinnar lagði til þá breytingu að fyrningarfrestur brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga teldist frá þeim degi er brotaþoli næði 18 ára aldri en einn nefndarmanna lagði til að alvarlegustu brotin yrðu gerð ófyrnanleg. Minni hlutinn lagði hins vegar til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Þrátt fyrir afgreiðslu allsherjarnefndar á málinu hlaut það ekki afgreiðslu í þingsal. Frumvarpið er því lagt fram að nýju nánast óbreytt.

Fjöldi umsagna barst um málið á 130. löggjafarþingi og ein greinargerð á því 131. Umboðsmaður barna lýsti m.a. yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni frá 30. mars 2004. Umboðsmaður hefur lengi hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum og kom sú hvatning fyrst fram í skýrslu hans árið 1997. Með þessu frumvarpi er farið eftir tilmælum hans. Barnaverndarstofa styður frumvarpið eindregið og barnaverndarnefnd Reykjavíkur fagnar því og telur nauðsynlegt að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Stjórn Barnaheilla fagnar sömuleiðis frumvarpinu í sinni umsögn. Samtök um kvennaathvarf hvöttu til að frumvarpið yrði samþykkt og telur Femínistafélag Íslands einnig að afnema eigi þessa fyrningarfresti. Mannréttindaskrifstofa Íslands telur í umsögn sinni að sterkar röksemdir séu fyrir samþykkt þessa frumvarps.

Átakshópurinn Blátt áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Á heimasíðu þessa hóps, www.blattafram.is, er fólk hvatt til að senda ráðherrum bréf með áskorun um að samþykkja frumvarpið. Skemmst er frá því að segja að um 16.000 manns skrifuðu undir slíka áskorun og voru undirskriftirnar afhentar allsherjarnefnd. Ungliðahreyfingar allra stjórnmálaflokka ályktuðu einnig til stuðnings frumvarpinu. Þing unga fólksins með þátttöku fólks úr öllum stjórnmálaflokkum ályktaði sömuleiðis um að fara bæri þessa leið. Það er því ljóst að frumvarpið nýtur víðtæks stuðnings, jafnt á meðal fagaðila og stjórnmálahreyfinga sem almennings.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins skrifaði 7. febrúar 2004 að frumvarpið væri „því án efa mikilvægt skref í þá átt að koma lögum yfir sem flesta þeirra sem gerst hafa sekir um jafn alvarlegan og afdrifaríkan glæp og að beita börn kynferðisofbeldi.“ Þar stóð enn fremur: „fyrningarfrestir, eins og þeim er nú háttað, eru iðulega of skammir fyrir þennan viðkvæma hóp brotaþola, sem oft áttar sig ekki á brotinu eða treystir sér til að kæra það fyrr en langt er um liðið. Dómar þar sem einstaklingar hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisafbrot gegn börnum, þrátt fyrir að sekt þeirra hafi verið sönnuð, eru staðfesting á því.“

Sérstaða kynferðisafbrota gegn börnum.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra. Sakir þessarar sérstöðu vilja flutningsmenn afnema fyrningarfrest brota skv. 194.–202. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, sem framin eru gegn einstaklingum yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er hvorki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma og telur sig jafnvel sjálfan bera sök. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandi á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola.

Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolar hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar gerandi er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2004 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til brotaþolinn er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Um 50% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 0–10 ára en tæplega 63% á aldrinum 0–15 ára. Sé hins vegar litið á hvenær fólk leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum kemur í ljós að rúmlega 40% eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn barni sem er 14 ára eða yngra fyrnd þegar viðkomandi fórnarlamb hefur náð 29 ára aldri.

Um 47% þeirra sem leita til Stígamóta eru á aldursbilinu 19–29 ára en sé um kynferðisbrot gegn barni að ræða eru sum slík brot fyrnd þá þegar þar sem fyrningarfrestir vegna þeirra eru frá 5 árum til 15 ára og byrjar fresturinn að líða á 14 ára afmæli brotaþolans. Ljóst er því að fyrningarfrestir eru of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð staðfesta þetta.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta bárust einungis 6% af þeim málum sem komu til kasta Stígamóta til opinberra aðila. Í skýrslunni er tekið fram að gildandi fyrningarreglur séu ein af ástæðunum fyrir því að svo fá mál komast til umfjöllunar opinberra aðila.

Flutningsmenn telja rétt að miða við afnám fyrningarfrests í kynferðisafbrotum gegn börnum við 14 ára aldur barnsins í ljósi þeirrar staðreyndar að skv. 202. gr. almennra hegningarlaga eru lögleg aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka miðuð við 14 ára aldur. Þær röksemdir sem eru að baki afnáms fyrningarfrests eiga sömuleiðis fyrst og fremst við einstaklinga undir 14 ára aldri fremur en brotaþola á aldursbilinu 14–18 ára. Þolendur á aldrinum 14–18 ára eru í mun betri aðstöðu til að skilja að um afbrot sé að ræða. Þeir eru jafnframt líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisbrota bjóðast en brotaþoli sem er yngri en 14 ára. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára njóta því áfram óbreyttra fyrningarfresta verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Kynferðisafbrot þar sem barn er snert í kynferðislegum tilgangi.

Flutningsmenn telja rétt að afnema fyrningu í öllum kynferðisbrotum gegn börnum sakir þess að hér er um sérlega viðkvæman hóp brotaþola að ræða. Ekki er talið rétt að gera greinarmun á kynferðisafbrotum gegn börnum eftir verknaðaraðferð þegar kemur að fyrningarreglum. Kynferðisbrot gegn börnum eru í öllum tilvikum alvarleg og fela í sér gróft brot á þeim verndarhagsmunum sem um ræðir.

Sömuleiðis hefur dómaframkvæmd leitt í ljós að gróf kynferðisafbrot gegn barni geta átt við þau ákvæði almennra hegningarlaga sem lögð er vægari refsing við og má þar nefna 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. um kynferðislega áreitni.

Breyting á 200.–202. gr. laganna frá árinu 1991 fjallaði um kynferðislega áreitni sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt, þ.e. „önnur kynferðismök".

Hugtakið önnur kynferðismök ber að skýra fremur þannig að átt sé við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju er kemur í stað hefðbundins samræðis eða hefur gildi sem slíkt. Þar er átt við athafnir sem veita eða eru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu. Með kynferðislegri áreitni er hins vegar átt við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga.

Í greinargerð með frumvarpinu frá árinu 1991 segir að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður með þessu sérákvæði og taka harðar á brotum. Vilji löggjafans stóð því til þess að minnka þann greinarmun sem var gerður á samræði og annars konar kynferðislegri áreitni gegn barni.

Ef kynferðisathafnir falla ekki undir neina af framangreindum verknaðarlýsingum, þ.e. samræði, önnur kynferðismök eða aðra kynferðislega áreitni, kann 209. gr. að eiga við um þær (brot gegn blygðunarsemi). Frumvarp þetta tekur ekki til 209. gr. almennra hegningarlaga. Á 115. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Af skýringum í greinargerð sem fylgdi því frumvarpi (þskj. 59 í máli 58) má gera ráð fyrir að undir ákvæði 209 gr. laganna falli háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð, og klúrt orðbragð í síma. Við samþykkt þessa frumvarps mundu slík brot því eftir sem áður fyrnast.

Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot þar sem gerandi snertir barn með kynferðislegum hætti eða ljósmyndar það í kynferðislegum tilgangi, sbr. 200.–202. gr., skuli eftir sem áður aðgreinast frá þeirri háttsemi sem fellur undir ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga með tilliti til fyrningar.

Sömu verndarhagsmunir að baki kynferðislegri áreitni og kynferðismökum.

Af dómum má ráða að mörkin milli annarra kynferðismaka og kynferðislegrar áreitni séu oft óljós og verður engan veginn ætlað að á þessum brotum sé slíkur grundvallarmunur að réttlætanlegt sé að gera þar greinarmun með tilliti til fyrningar. Þannig hafa mismunandi dómar fallið í málum þar sem gerandi hefur gerst sekur um að sleikja kynfæri stúlkubarna. Sú háttsemi að sleikja kynfæri stúlkubarns utanverð hefur verið talin til kynferðislegrar áreitni en sú háttsemi að sleikja innanverð kynfæri stúlku hins vegar talin til annarra kynferðismaka. Telja verður þennan greinarmun hæpinn og afar óeðlilegt að aðskilja þessi brot með tilliti til fyrningar.

Ljóst er því að afar erfitt er að setja skýr mörk milli svokallaðra vægra kynferðisafbrota annars vegar og grófra hins vegar. Reyndin er sú að kynferðisafbrot gegn börnum brjóta gegn sömu verndarhagsmunum og eru líkleg til að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolanda, hvort sem um samræði, önnur kynferðismök eða kynferðislega áreitni er að ræða. Í öllum tilvikum snertir hinn brotlegi barn á kynferðislegan hátt.

Breytingartillögur meiri hlutans á 131. löggjafarþingi lutu að því að láta fyrningarfrestinn hefjast við 18 ára aldur í stað 14 ára aldurs. Það lengir fyrningarfrest kynferðisbrota því aðeins um 4 ár. Verði slík tillaga samþykkt munu því öll kynferðisafbrot gegn börnum vera fyrnd við 33 ára aldur og mörg þeirra mun fyrr. Þannig munu mörg alvarleg kynferðisbrot

gegn börnum verða fyrnd þegar þolandinn hefur náð 23 ára aldri, en af upplýsingum úr ársskýrslu Stígamóta má ráða að fjölmargir þolendur leita sér hjálpar eftir þann aldur.

Ljóst er að breytingartillögur meiri hlutans frá því á síðasta þingi munu ekki mæta þörfum stórs hóps þolenda. Enn munu margir þolendur ekki geta leitað réttar síns fyrir dómstólum sakir þess að brotin verða fyrnd. Eftir sem áður munu dómstólar því sýkna gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum, jafnvel þótt sekt þeirra sé talin sönnuð. Af þessum sökum telja flutningsmenn að breytingartillögur meiri hlutans hefðu ekki unnið gegn þeim aðstöðumun sem er á þolanda og geranda kynferðisbrota. Tillögurnar mundu ekki ná fram markmiði frumvarpsins, sem er að auka refsivernd barna sem verða fyrir kynferðisbrotum.

Fyrningarfrestir.

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Aðeins þeir glæpir þar sem hámarksrefsing er ævilangt fangelsi fyrnast aldrei skv. IX. kafla almennra hegningarlaga. Þetta eru landráð skv. 86. og 87. gr. laganna, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess skv. 98. og 100. gr., hryðjuverk skv. 100. gr. a, manndráp skv. 211. gr., mannrán skv. 226. gr. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Samkvæmt 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök á 2 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum. Sök fyrnist á 5 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi. Þetta á t.d. við um 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni gagnvart barni sínu eða öðrum niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um kynferðislega áreitni skv. 2. mgr. 201. gr. við barn eða ungmenni sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er undir 16 ára aldri.

Fimm ára fyrningarfrestur á einnig við um kynferðislega áreitni við barn undir 14 ára aldri, sbr. 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, og þegar blekkingum, gjöfum og öðru slíku er beitt til að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. laganna. Sé barni undir 18 ára aldri greitt endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök skv. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfresturinn einnig 5 ár.

Sök fyrnist á 10 árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi. Þessi fyrningarfrestur á t.d. við það sem fram kemur í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja sem kominn er yfir 16 ára aldur. Samkvæmt því sem fram kemur í 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga gildir sami fyrningarfrestur um samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis og er á aldursbilinu 16–18 ára.

Að lokum fyrnist sök á 15 árum þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi. Þetta er lengsti tímabundni fyrningarfresturinn og á hann t.d. við það sem tilgreint er í 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga um samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja undir 16 ára aldri. Sama má segja um samræði eða önnur kynferðismök, samkvæmt því sem tilgreint er í 1. mgr. 201. gr. laganna, við barn eða ungmenni, sem er kjörbarn geranda, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, og er undir 16 ára aldri. Þessi fyrningarfrestur á einnig við nauðgun skv. 194. gr. almennra hegningarlaga og við samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára skv. 1. mgr. 202. gr. laganna. Í stuttu máli sagt fyrnast

kynferðisafbrot gegn börnum frá 5 árum til 15 ára og fer lengd fyrningarfrestsins eftir alvarleika brotsins.

Í núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Fyrningarfrestur telst því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk nema brotaþoli hafi ekki náð 14 ára aldri en þá telst fresturinn frá þeim degi er brotaþoli nær þeim aldri.

Þetta ákvæði var lögfest árið 1998 í kjölfar tillögu þingmanna jafnaðarmanna um að fyrningarfrestur brota á 200., 201. og 202. gr. laganna hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri. Þótt lögfesting þessa ákvæðis hafi verið til bóta telja flutningsmenn að dómar og tölfræði um aldur brotaþola þegar hann sækir sér hjálp sýni að ekki er nóg að gert. Því er lagt til í frumvarpi þessu að fyrning kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði afnumin með öllu í ljósi sérstöðu þessara brota og hagsmuna barnanna.Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá pólitísku ákvörðun að hafa sum afbrot ófyrnanleg.

Í norrænum rétti hefur verið gengið út frá því að brot geti verið ófyrnanleg þegar um er að ræða alvarlegustu brotin samkvæmt refsimati löggjafans. Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot gegn börnum eigi heima í þessum flokki alvarlegustu afbrota hvað varðar fyrningu.

Réttarstaða barna verði tryggð.

Hugtakið fyrning í refsirétti felur í sér að réttur ríkisvaldsins til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum við broti fellur niður að ákveðnum tíma liðnum. Fyrning getur verið af tvennum toga, fyrning sakar annars vegar og hins vegar fyrning refsingar. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir því sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem metur hvort það sem fram er komið sé nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. sömu laga. Hins vegar má telja að sú vitneskja að sönnun verði erfiðari eftir sem lengri tími líður hvetji brotaþola til að leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma.

Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki að líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar lagalegur áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu. Það er einnig fráleitt að telja að löggæsluaðilar muni ekki sinna þessum afbrotum af sama krafti og þeim er ætlað verði þau ófyrnanleg. Eins og áður hefur verið nefnt eru mörg afbrot í íslenskum rétti ófyrnanleg, svo sem manndráp, og ekki er hægt að benda á að löggæsluaðilar sinni þeim málum verr vegna fyrningarreglna þeirra.

Víða í löggjöfinni er tekið tillit til sérstöðu barna og telja flutningsmenn að svo beri einnig að gera í þessu tilviki. Alls staðar á Norðurlöndum, nema í Finnlandi, hafa verið teknar upp sérreglur er varða fyrningu kynferðisafbrota gegn börnum. Því yrði jafnvægi eða meginreglum almennra hegningarlaga ekki raskað með nokkru móti með samþykkt þessa frumvarps.

Flutningsmenn telja hins vegar að taka verði aukið tillit til barna sem þolenda kynferðisbrota svo að unnt sé að tryggja börnum tilhlýðilega refsivernd að þessu leyti.

Flutningsmenn telja að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi þyngra en þau hagkvæmnis- og sanngirnisrök sem búa að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta að rangt sé að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður að telja að með fyrningarfresti sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið miðar að því að fyrningarfrestir vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. almennra hegningarlaga verði afnumdir með öllu með vísan í sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna.

Um 2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri.“ Með afnámi fyrningarfrests vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. sem eru framin gagnvart brotaþola undir 14 ára aldri, sbr. 1. gr. þessa frumvarps, verður þessi málsliður óþarfur.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Rétt er að taka fram að ákvæði frumvarpsins geta einungis átt við þau brot sem eru framin eftir gildistöku þessara lagabreytinga og er það í samræmi við ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga um bann við afturvirkni refsilöggjafar og 69. gr. stjórnarskrárinnar.

210. Frumvarp til laga [210. mál]

um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Halldór Blöndal.

1. gr.

Í stað orðanna „12 vikna innlausnarfresti“ í 1. málsl. 4. mgr. 59. gr. laganna, kemur: fjögurra vikna innlausnarfresti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 557, 423. mál) af Einari K. Guðfinnssyni en málið varð ekki útrætt.

Með frumvarpinu er ætlunin að gera breytingar á reglum um meðferð óskilapenings, hrossa og nautgripa, sem samkvæmt gildandi lögum er heimilt að selja að kröfu hreppstjóra

við nauðungarsölu með tólf vikna innlausnarfresti án þess að sérstakrar áskorunar sé þörf til eiganda.

Með gildistöku reglugerðar nr. 289/2005, um merkingu búfjár, er skylt að örmerkja eða frostmerkja hross en samkvæmt bráðabirgðaákvæði er ekki gerð krafa um að hross sem fædd eru fyrir 1. janúar 2003 séu merkt nema sérstakar markaðsaðstæður krefjist. Enn fremur er skylt að merkja alla nautgripi með plötumerki og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða þarf ekki að merkja nautgripi sem fæddir eru fyrir 1. september 2003 fyrr en 1. janúar 2006. Þá hefur nokkuð verið gert sl. ár í að merkja eldri hross sérstaklega og hefur því tilvikum fækkað þar sem þurft hefur að selja óskilapening á uppboði.

Tólf vikna innlausnarfrestur fyrir eigandann er því ekki lengur nauðsynlegur og afar langur sé litið til hagsmuna þess er kaupir óskilapeninginn á uppboði og getur átt von á því í tólf vikur að eigandinn komi og nýti sér brigðarétt. Breytingin mun einnig virka hvetjandi á eigendur hrossa og nautgripa til að vera með fullnægjandi merkingar.

211. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Flm.: Jónína Bjartmarz, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Bjarnason,
Magnús Þór Hafsteinsson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að fé verði veitt til kaupa og reksturs á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu.

Greinargerð.

Málið var lagt fyrir á 131. löggjafarþingi en var ekki rætt og er því endurflutt.

Árið 2002 ályktaði Alþingi síðast um deilur Ísraels og Palestínumanna. Lýst var áhyggjum af því ófriðarástandi sem þá ríkti fyrir botni Miðjarðarhafs og lagði Alþingi m.a. áherslu á virðingu fyrir mannréttindum.

Þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og áskoranir, hvatningar og stuðning einstakra ríkja og ríkjasambanda við lausn deilunnar virðist sem ekki sjái fyrir endann á því dapurlega ástandi sem þarna ríkir.

Heilbrigðisþjónusta telst almennt til sjálfsagðra mannréttinda og á ófriðarsvæðum eykst þörfin fyrir hana til muna. Aðgerðir Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum, vegatálmanir og varðstöðvar og aðskilnaðarmúrinn, sem þeir eru að reisa um byggðir Palestínumanna í trássi við alþjóðalög, hindra eðlilegan aðgang fjölda Palestínumanna jafnt að almennri heilsugæslu og hvers konar bráðaþjónustu. Þessar aðstæður ógna ekki aðeins heilsu fjölda manna heldur hafa þær kostað fjölmörg mannslíf. Við þessum aðstæðum er reynt að bregðast með endurskipulagningu svæðisbundinnar heilbrigðisþjónustu fyrir þorp og dreifbýli utan múrsins og stærri þéttbýlissvæði. Annars staðar er erfiðara að koma slíkri miðlægri heilbrigðisþjónustu við og þar er færanleg sjúkrastöð talin best til þess fallin að bæta úr þeirri brýnu þörf sem aðskilnaðarmúrinn og aðrar ráðstafanir hafa skapað.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld beini sérstaklega sjónum að aðstæðum Palestínumanna og leiti leiða til að takmarka það tjón sem aðgerðir Ísraelsmanna valda palestínsku samfélagi og velferðarþjónustu í samræmi við auknar áherslur stjórnvalda og

Alþingis á alþjóðlega þróunarsamvinnu og þátttöku í friðargæslu. Með því að Alþingi veiti fé til kaupa á færanlegri sjúkrastöð getur Ísland lagt sitt af mörkum til að bæta úr brýnni þörf fyrir heilsugæslu á hluta af sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna á meðan ófriðarástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins varir.

212. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að kanna orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis og mögulegar leiðir til að draga úr honum og auka í staðinn fullvinnslu innan lands. Ráðherra birti Alþingi niðurstöður sínar og tillögur eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi og er nú lögð fram lítið breytt en fylgiskjöl hafa verið uppfærð.

Útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis jókst frá árinu 2002 úr rúmlega 21 þús. tonnum í rúm 43 þús. tonn árið 2004 og nam á fyrstu sex mánuðum þessa árs tæpum 27 þús. tonnum. Útflutningur þessi hefur verulega neikvæð áhrif á þjóðarbúið enda ljóst að unnt væri að auka útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn hér á landi. Hráefnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskri fiskvinnslu, ekki síst hjá þeim fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar og treysta því algjörlega á nægt framboð af fiski á íslenskum fiskmörkuðum. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis hafa íslenskir fiskverkendur enga möguleika til að bjóða í hann. Segja má að jafnræði íslenskra fiskkaupenda gagnvart erlendum fiskkaupendum, sem og samkeppnisstaða þeirra, sé skert að þessu leyti. Þegar útflutningur á óunnum fiski er orðinn eins mikill og raun ber vitni hefur hann mjög neikvæð áhrif á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til viðgangs og vaxtar. Þetta er sérstaklega bagalegt í því ljósi að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu án útgerðar auk þess sem þessi fyrirtæki hafa í mörgum tilvikum verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki.

Spyrja má hvað valdi því að óunninn fiskur sé fluttur úr landi í þessum mæli. Margir hafa haldið því fram að orsakanna megi leita í ólíkum vigtunarreglum og svokallaðri yfirvigt sem tíðkast á erlendum fiskmörkuðum. Að minnsta kosti virðist ekki eingöngu unnt að skýra hinn mikla útflutning með vísan til þess að hærra verð fáist fyrir fiskinn á erlendum mörkuðum enda hefur fiskverð verið mjög hátt á fiskmörkuðum hérlendis undanfarin ár. Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra kanni hvaða undirliggjandi ástæður og orsakir séu fyrir þessum mikla útflutningi og komi með tillögur til úrbóta.

Í sjávarútvegsstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er komið inn á þetta, m.a. með eftirfarandi hætti: „Auk þess sem hér er talið upp má nefna að skoða þarf sérstaklega aðstöðumun landvinnslu og sjóvinnslu með það fyrir augum að finna leiðir til að jafna þann mun, auka alhliða menntun á sviði sjósóknar og fiskvinnslu og stuðla að fullvinnslu alls

sjávarfangs. Þá þarf að tryggja nýliðun í greininni og huga sérstaklega að þjálfun verðandi sjómanna. Einnig ber að setja reglur um að allur afli, sem ekki fer beint til vinnslu hjá sama aðila og veiðarnar stundar, skuli fara á markað til að auðvelda aðgang innlendrar fiskvinnslu að öllu því hráefni.“

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er nú unnt að stunda viðskipti á honum með hjálp netsins, hvar sem er í heiminum. Þannig standa kaupendur erlendis jafnfætis öðrum þegar uppboð fara fram. Er það álit flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu að eðlilegast væri að allur sá fiskur sem nú er fluttur á erlenda fiskmarkaði færi þess í stað á íslenskan fiskmarkað enda væru möguleikar erlendra fiskkaupenda til að bjóða í og kaupa íslenskan fisk og flytja hann út óunninn til vinnslu eða sölu ekki skertir. Hins vegar hefðu íslenskir fiskkaupendur þá alltaf möguleika á að bjóða í fiskinn í samkeppni við aðra.

Ótvírætt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi. Alþingi og stjórnvöldum ber að haga lögum og reglum þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg til að svo geti orðið.

Fylgiskjal I.

Hagstofa Íslands:

Verðmæti sjávarafla janúar–nóvember 2005.
(www.hagstofa.is)

Verðmæti útflutts óunnins afla eykst um 23% milli ára.

Á fyrri helmingi ársins 2005 var aflaverðmæti íslenskra skipa af öllum miðum 36,7 milljarðar króna samanborið við 36,2 milljarða á sama tímabili 2004. Aflaverðmæti hefur því aukist um 1,4% frá fyrra ári eða um tæpar 520 milljónir króna. Verðmæti botnfiskaflans var rúmir 25,2 milljarðar og jókst um ríflega 570 milljónir króna (2,3%). Verðmæti þorsks var rúmlega 14,1 milljarður og dróst saman um 1,7 milljarða króna (-10,8%). Verðmæti ýsuaflans nam 4,6 milljörðum króna og jókst um tæpan 1,1 milljarð (31%). Verðmæti karfa var 2,9 milljarðar króna og er það aukning um rúmlega 800 milljónir frá fyrra ári (37%). Verðmæti flatfiskaflans var 2,8 milljarðar króna og dróst saman um ríflega 730 milljónir milli ára (-21%). Aflaverðmæti síldar á þessu tímabili jókst töluvert og var tæplega 1,5 milljarðar króna og er það aukning um rúmar 530 milljónir (56%). Í heild nam aflaverðmæti uppsjávaraflans 7,9 milljörðum sem er aukning um 1,3 milljarða milli ára (20%). Verðmæti skel- og krabbadýraafla var tæplega 770 milljónir sem er ríflega 640 milljóna króna samdráttur frá 2004 (-46%), þar af nam verðmæti rækjuafla einungis um 280 milljónum sem er samdráttur um tæpar 800 milljónir frá fyrra ári (-74%).

Verðmæti afla í beinni sölu útgerða til vinnslustöðva var á tímabilinu 16,7 milljarðar króna samanborið við 17,6 milljarða á árinu 2004 og er það samdráttur um 5,3%. Verðmæti sjófrysts afla var 10,4 milljarðar króna samanborið við 9,1 milljarð á árinu 2004 sem er aukning um 15%. Verðmæti afla sem seldur var á fiskmörkuðum til vinnslu innan lands dróst saman um 3,9%, var 5,2 milljarðar króna samanborið við 5,5 milljarða á sama tímabili 2004. Í gámum var fluttur út ferskur fiskur fyrir 3,5 milljarða króna sem er aukning frá fyrra ári um rúmar 650 milljónir (23%).

Á Suðurnesjum var unnið úr afla að verðmæti 6,7 milljarðar króna sem er samdráttur upp á hálft prósent milli ára. Hlutfallslega er aukning aflaverðmætis til vinnslu mest á Suðurlandi eða 21% en mest aukning milli ára í krónum talið varð á höfuðborgarsvæðinu, tæpar 890 milljónir króna eða sem nemur 18%. Mestur varð samdráttur hins vegar á Vesturlandi, tæpir 1,3 milljarðar (-45%).

Upplýsingar um afla og aflaverðmæti janúar–maí 2005[1] er að finna í talnaefni.

Verðmæti afla janúar–júní 2005

Milljónir kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2004	2005	2004	2005	Jan.–júní
Verðmæti alls	**5.971,7**	**5.141,1**	**36.223,1**	**36.741,7**	**1,4**
Botnfiskur	**3.186,8**	**2.669,7**	**24.658,4**	**25.231,3**	**2,3**
Þorskur	1.682,5	1.344,9	15.767,8	14.060,1	-10,8
Ýsa	316,9	375,1	3.545,4	4.637,5	30,8
Ufsi	121,3	95,8	977,4	1.103,0	12,9
Karfi	217,1	237,6	2.140,5	2.941,8	37,4
Úthafskarfi	664,5	367,3	903,7	846,2	-6,4
Annar botnfiskur	184,5	249,1	1.323,5	1.642,6	24,1
Flatfiskur	**1.129,9**	**801,9**	**3.559,5**	**2.825,0**	**-20,6**
Uppsjávarafli	**1.219,6**	**1.482,2**	**6.589,1**	**7.918,0**	**20,2**
Síld	576,2	1.011,4	952,5	1.484,0	55,8
Loðna	61,3	0,5	3.669,3	4.746,8	29,4
Kolmunni	582,0	470,3	1.460,6	1.246,7	-14,6
Annar uppsjávarafli	0,0	0,0	506,7	440,6	-13,1
Skel- og krabbadýraafli	**435,4**	**187,2**	**1.406,2**	**765,5**	**-45,6**
Rækja	317,7	40,3	1.075,2	279,5	-74
Annar skel- og krabbadýraafli	117,7	146,9	331,0	486,0	46,8
Annar afli	**0,0**	**0,1**	**9,9**	**1,9**	**-81,3**

Verðmæti afla eftir tegund löndunar janúar–júní 2005

Milljónir kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2004	2005	2004	2005	Jan.–júní
Verðmæti alls	**5.971,7**	**5.141,1**	**36.223,1**	**36.741,7**	**1,4**
Til vinnslu innan lands	2.588,6	1.970,7	17.654,6	16.714,4	-5,3
Í gáma til útflutnings	440,8	487,5	2.884,9	3.538,4	22,7
Landað erlendis í bræðslu	0,0	0,0	89,6	33,3	-62,9
Sjófryst	2.034,4	1.954,5	9.095,2	10.423,9	14,6
Á markað til vinnslu innan lands	745,3	634,7	5.453,5	5.241,5	-3,9
Á markað, í gáma til útflutnings	81,0	83,1	492,6	558,7	13,4
Sjófryst til endurvinnslu innan lands	50,1	0,0	159,2	44,4	-72,1
Selt úr skipi erlendis	11,0	0,0	252,5	54,6	-78,4

[1] Þessar upplýsingar byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum. Fyrir árið 2005 er stuðst við bráðabirgðatölur en endanlegar tölur liggja að baki talna fyrir árið 2004. Athuganir benda til þess að endanlegar tölur séu að hámarki 1–2% hærri en bráðabirgðatölur þegar á heildina er litið en fyrir örfáar fisktegundir getur munurinn þó orðið meiri.

Milljónir kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2004	2005	2004	2005	Jan.–júní
Fiskeldi	6,1	0,8	17,4	4,7	-73,1
Aðrar löndunartegundir	14,5	9,8	123,6	127,9	3,5

Verðmæti afla eftir staðsetningu verkunarstaðar janúar–júní 2005

Milljónir kr.	Júní		Janúar–júní		Breytingar frá fyrra ári í %
	2004	2005	2004	2005	Jan.–júní
Verðmæti alls	**5.971,7**	**5.141,1**	**36.223,1**	**36.741,7**	**1,4**
Höfuðborgarsvæði	785,9	646,5	5.000,1	5.889,6	17,8
Suðurnes	664,1	698,1	6.733,2	6.708,5	-0,4
Vesturland	515,7	173,2	2.812,4	1.562,1	-44,5
Vestfirðir	421,1	282,5	2.266,6	1.973,2	-12,9
Norðurland vestra	492,0	430,9	2.581,0	2.493,3	-3,4
Norðurland eystra	1.248,3	1.138,1	5.338,8	5.715,9	7,1
Austurland	839,3	697,9	4.839,5	4.681,5	-3,3
Suðurland	563,8	614,8	3.458,7	4.179,8	20,8
Útlönd	441,4	459,2	3.192,8	3.537,9	10,8

Fylgiskjal II.

Hagstofa Íslands:

Afli af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar- og fisktegundum.[1]
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings			
	2002	**2003**	**2004**	**2005**[2]
Heildarafli	**21.114**	**27.831**	**43.430**	**26.549**
Botnfiskafli	**19.084**	**24.919**	**39.900**	**24.586**
Þorskur	3.485	4.944	7.498	3.531
Ýsa	3.447	8.208	16.410	9.799
Ufsi	117	219	1.399	328
Karfi	9.031	8.085	9.532	7.370
Úthafskarfi	53	417	83	128
Steinbítur	1.355	1.521	2.649	2.266
Hlýri	32	63	309	151
Langa	142	176	268	193
Blálanga	217	125	284	176
Keila	17	26	33	15
Langhali	-	1	-	-
Tindaskata	1	1	-	-
Skötuselur	173	474	719	307
Skata	3	2	12	16
Lýsa	732	442	526	266
Gulllax	-	-	-	-

	Í gáma til útflutnings			
	2002	**2003**	**2004**	**2005[2]**
Háfur	253	192	132	24
Hákarl	-	-	-	-
Annar botnfiskur	26	22	45	14
Flatfiskafli	**2.030**	**2.912**	**3.530**	**1.963**
Lúða	108	120	104	56
Grálúða	283	1.121	1.176	505
Skarkoli	1.224	1.313	1.536	869
Þykkvalúra	324	319	678	509
Langlúra	7	4	18	12
Stórkjafta	5	9	12	9
Sandkoli	78	23	5	2
Skrápflúra	-	2	1	2
Annar flatfiskur	-	-	1	-

[1] Í tonnum.
[2] Tölur fyrir árið 2005 eru fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

Fylgiskjal III.

Hagstofa Íslands:

Verðmæti afla af Íslandsmiðum eftir tegund löndunar- og fisktegundum.[1]
(Heimild: Vigtarskýrslur.)

	Í gáma til útflutnings			
	2002	**2003**	**2004**	**2005[2]**
Heildarafli	**3.608.606**	**4.127.199**	**6.378.577**	**3.538.426**
Botnfiskafli	**3.070.503**	**3.409.401**	**5.429.284**	**3.071.168**
Þorskur	680.446	929.170	1.395.707	606.009
Ýsa	566.385	967.832	2.024.559	1.167.382
Ufsi	8.755	13.399	89.460	20.572
Karfi	1.385.263	1.011.941	1.251.233	846.006
Úthafskarfi	6.879	44.184	9.242	12.778
Steinbítur	221.732	215.532	337.167	270.753
Hlýri	5.621	11.152	46.339	18.663
Langa	15.428	14.704	20.653	14.276
Blálanga	21.274	11.539	26.539	13.611
Keila	1.241	1.505	2.128	887
Langhali	2	88	-	-
Tindaskata	9	57	-	-
Skötuselur	55.446	126.219	164.014	73.021
Skata	246	244	1.857	2.794
Lýsa	53.704	30.606	36.790	20.021
Gulllax	-	-	-	-
Háfur	44.993	29.399	17.872	2.600
Hákarl	8	-	-	4
Annar botnfiskur	3.073	1.828	5.726	1.792

	Í gáma til útflutnings			
	2002	2003	2004	2005[2]
Flatfiskafli	**538.103**	**717.798**	**949.293**	**467.258**
Lúða	58.084	58.938	59.446	27.240
Grálúða	69.596	275.149	338.431	134.603
Skarkoli	296.404	276.203	361.285	183.016
Þykkvalúra	107.075	104.835	186.290	119.530
Langlúra	543	436	2.023	1.549
Stórkjafta	677	701	1.300	716
Sandkoli	5.698	1.390	255	56
Skrápflúra	-	105	73	514
Annar flatfiskur	27	41	191	34

[1] Í þús. kr.
[2] Tölur fyrir árið 2005 eru frá fyrstu sex mánuðum ársins.

Með tillögunni var einnig fylgiskjal IV, Útflutningur á óunnum fiski hefur aukist mikið. (Morgunblaðið 11. október, 2005.)

213. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Dagný Jónsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jónína Bjartmarz, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að setja reglur um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Styrkupphæðir og reglur taki mið af því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Styrkir verði greiddir eftir komu barns til landsins og verði jafnframt skattfrjálsir. Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu styrkjanna, eins og um annan kostnað við meðgöngu og fæðingu sé að ræða, og sjái jafnframt um nánari útfærslu á styrkjum þessum.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 130. löggjafarþingi, það var flutt aftur á 131. þingi og er nú lagt fram að nýju. Breytingar voru gerðar við síðustu framlagningu og var sú veigamesta að lagt var til að Tryggingastofnun ríkisins sæi um ferðastyrki vegna ættleiðingar frá útlöndum en ekki dómsmálaráðuneyti eins og var í fyrri tillögu. Þessi breyting er í samræmi við umsagnir sem bárust um málið á 130. löggjafarþingi og til samræmis við aðra styrki og kostnað Tryggingastofnunar ríkisins varðandi meðgöngu og fæðingu. Því er eðlilegt að þetta verði með sama hætti varðandi þennan hóp foreldra og barna þeirra.

Það er ljóst að ekki geta allir eignast börn á hefðbundinn hátt. Ástæður þessa geta verið margvíslegar en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða áhrif það getur haft á fólk sem á sér engan draum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár

hafa læknavísindin hjálpað mjög mörgum til barneigna með glasafrjóvgun. Sú aðferð dugar þó ekki öllum, og oft lukkast hún ekki. Kostur þeirra fjölskyldna þar sem svo háttar til er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi en afar fá slík tilvik eru á ári hverju. Jafnframt eiga sumir kost á að taka fósturbörn en það er langt í frá að allir foreldrar treysti sér í það þar sem oft er um að ræða þung og erfið barnaverndarmál. Í mun fleiri tilvikum hefur verið um að ræða ættleiðingu frá útlöndum. Á undanförnum árum og áratugum hafa allmargar íslenskar fjölskyldur nýtt sér þann möguleika. Sem dæmi má nefna að allmörg börn voru á sínum tíma ættleidd frá Sri Lanka og Indónesíu og undanfarið hafa fjölmörg börn verið ættleidd frá Indlandi. Nýlega gafst kostur á ættleiðingu frá Kína. Þau lönd sem nú eru formleg tengsl við í þessu sambandi eru Indland, Kína, Kólumbía og Taíland. Mikilvægt er líka að reyna að leita fleiri leiða til ættleiðingar. Ættleidd hafa verið á bilinu 15–24 börn á ári að jafnaði, alls um 400 börn.

Kostnaður við ættleiðingu er mismunandi eftir löndum. Greiða þarf uppihald barnsins, lögfræði- og dómskostnað og ferðakostnað en væntanlegir kjörforeldrar fara oftast sjálfir til að sækja barn sitt. Þó býður félagið Íslensk ættleiðing upp á þjónustu á þessu sviði ef væntanlegir kjörforeldrar treysta sér ekki í slík ferðalög. Ekki er fjarri lagi að ætla að lágmarkskostnaður sé um 1 millj. kr. fyrir hverja fjölskyldu/einstakling vegna þessa. Þá fjármuni þurfa foreldrar að reiða fram á skömmum tíma. Mikilvægt er því að gefa kost á ferðastyrkjum til þess að tryggja að fólk úr öllum þjóðfélagshópum, en ekki einungis hinir efnameiri, hafi möguleika á því að ættleiða börn að utan.

Mikilvægt er líka að hafa í huga að á sama tíma og þátttaka ríkisins mundi koma til hvað varðar kostnað við ættleiðingar sem sjálfsagður og eðlilegur hluti samtryggingar og velferðar, er hún jafnframt framlag okkar til þess að bæta aðstæður barna í fátækum löndum, sem annars bíður í mörgum tilvikum ekki annað en sár fátækt og stofnanavist til langframa. Þannig leggjum við af mörkum þann mikilvæga skerf að bæta hag margra barna sem búa við erfiðar aðstæður, þótt það liggi ekki endilega til grundvallar óskum foreldra um að ættleiða börn frá útlöndum, þar ræður fyrst og fremst þráin eftir að eignast barn og annast það sem sitt eigið.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn um ættleiðingar frá útlöndum og hvernig þeim væri háttað annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom m.a. fram í svari dómsmálaráðherra:

a. Að samkvæmt upplýsingum frá félaginu Íslenskri ættleiðingu eiga kjörforeldrar sem fá börn til ættleiðingar frá öðrum löndum ekki kost á styrkjum vegna ættleiðingarinnar úr ríkissjóði.
b. Að samkvæmt upplýsingum sem gefnar eru á heimasíðum ættleiðingarfélaga í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, svo og samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri ættleiðingu, fá kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá öðrum ríkjum fjárstyrki vegna ættleiðinganna fyrir hvert barn sem hér segir:

Danmörk: Árið 2001: 36.154 danskar kr.
Árið 2003: 38.138 danskar kr.
Finnland: Árið 2003: 1.900–4.500 evrur eftir því frá hvaða landi barnið er ættleitt.
Noregur: Árið 2002: 22.500 norskar kr.
Árið 2003: 23.400 norskar kr.
Svíþjóð: Árið 2002: 40.000 sænskar kr. (í október).

Hér er því um að ræða styrki sem nema 170–400 þús. ísl. kr. eftir því hvaðan er ættleitt.

Jafnframt var spurt um ýmsar skattaívilnanir og hvort slíkir möguleikar væru fyrir hendi hér.

Í svari ríkisskattstjóra kemur eftirfarandi fram:

„1. Í skattalöggjöf og skattframkvæmd er réttarstaða ættleiddra barna öldungis sú sama og barna sem fæðast inn í fjölskyldu.

Þannig eru greiddar barnabætur til kjörforeldra frá og með því ári þegar ættleiðing á sér stað og til fulls 16 ára aldurs barnsins.

Reglur um ívilnun í skatti á grundvelli þeirra ákvæða 66. gr. laga nr. 75/1981 [nú l. nr. 90/2003] er varða börn taka til ættleiddra barna á sama hátt og annarra barna, þ.e. ef barn er háð langvinnum sjúkdómi eða fötlun eða foreldri ber kostnað vegna náms þess eftir að það nær 16 ára aldri.

Ekki er nein heimild í lögum til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar barns erlendis frá.

Gerð var sérstök athugun á viðhorfum skattyfirvalda til slíkra mála og á skattframkvæmd þeirra fyrir nokkrum árum. Liggur fyrir álit umboðsmanns Alþingis vegna þessa. Var það niðurstaðan að skattaívilnun væri ekki veitt á grundvelli þess að foreldrar bæru kostnað við ættleiðingu. Slíkt samrýmdist ekki lögum. Fram kom við umrædda athugun að til voru dæmi úr skattframkvæmd um hið gagnstæða þannig að skattstjóri virtist hafa ívilnað í skattstofnum vegna ættleiðingar en talið var að þar hefði ekki rétt verið staðið að málum.

2. Lausleg athugun af hálfu ríkisskattstjóra á lögum og reglum í nágrannaríkjunum sem varða skattaleg viðhorf til ættleiðingar leiðir í ljós að þar virðast ekki vera fyrir hendi heimildir til að taka tillit til kostnaðar vegna ættleiðingar við ákvörðun skatta. Uppbygging skattkerfanna á Norðurlöndunum er nokkuð svipuð frá landi til lands og virtust skattaleg viðhorf keimlík því sem áður greinir um reglur á Íslandi. Á það er að líta í þessu samhengi að félagsleg kerfi í öðrum norrænum ríkjum eru nokkuð frábrugðin hinu íslenska að því er varðar tilvik sem snerta félagslegar greiðslur, bætur, styrki, niðurgreiðslu og þátttöku í kostnaði. Hugsanlegt er að í einhverjum tilvikum taki hið opinbera þátt í að hliðra til fyrir ættleiðingum í formi slíkrar fyrirgreiðslu. Skattlagning þannig tekna og tekjuígildis frá félagslegum aðilum til fjölskyldna er síðan með ýmsu móti í þessum ríkjum. Í fljótu bragði var þó ekki fundið að gert væri ráð fyrir sérmeðferð einhverra bóta er tengdust ættleiðingum.“

Af framansögðu má vera ljóst að við skerum okkur úr hvað varðar ferðastyrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum. Finnar hafa nýlega gengið frá reglum um slíka styrki og þá erum við ein Norðurlandaþjóða eftir. Því er brýnt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji sem allra fyrst reglur þar að lútandi. Mikilvægt er að þær séu skýrar og gegnsæjar.

Ýmis verkalýðsfélög hafa látið sig þetta mál varða og sum stéttarfélög greiða styrki í tengslum við ættleiðingar, þó ekki þannig að um samræmdar reglur sé að ræða milli hinna ýmsu félaga.

Nýlega ályktaði Verkalýðsfélag Húsavíkur eftirfarandi og sendi jafnframt eftirfarandi bréf til alþingismanna:

„Um leið og Verkalýðsfélag Húsavíkur óskar nýkjörnum þingmönnum velfarnaðar í starfi á komandi árum vill félagið benda á ályktun og greinargerð um stöðu fólks sem ættleiða vill börn og samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins. Með ályktuninni vonast félagið til að hægt verði að opna augu ráðamanna fyrir því óréttlæti sem viðgengst gagnvart þeim sem vilja ættleiða börn. Í flestum tilvikum er um að ræða verulega háar fjárhæðir sem fólk, ekki síst verkafólk, á mjög erfitt með að standa straum af. Það er von félagsins að þingmenn taki málið upp á Alþingi í haust með það að markmiði að jafna aðstöðu fólks í þessari stöðu, við aðstöðu þeirra sem eignast börn eftir hefðbundnari leiðum.“

Ályktunin var svohljóðandi:

„Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur stjórnmálaflokkana sem bjóða fram til Alþingis og væntanlega alþingismenn til að tryggja að bætt verði aðstaða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna – eins og eðlilegt er – en engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrannalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglaunafólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis – ef það á að rísa undir nafni.

Um leið skorar félagið á önnur verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands að beita sér í málinu og jafna jafnframt rétt fólks til greiðslu úr sjúkrasjóðum, hvort sem um er að ræða tæknifrjóvgun eða ættleiðingu frá útlöndum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðsfélags Húsavíkur 2. maí 2003.“

Á 131. löggjafarþingi náðist ekki að mæla fyrir málinu á nýjan leik en á 130. löggjafarþingi bárust eftirfarandi umsagnir um málið og góður stuðningur við það. Eru þær látnar fylgja hér með þar sem þar er m.a. að finna góðar og gagnlegar tillögur um framhaldsvinnu málsins ef samþykkt verður.

Með tillögunni var fylgiskjal: Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um styrki til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum (85. mál á 130. löggjafarþingi):

Umsögn Alþýðusambands Íslands. (20. mars 2004.)

Umsögn Íslenskrar ættleiðingar.

Umsögn ríkisskattstjóra. (20. febrúar 2004.)

214. Fyrirspurn [214. mál]

til menntamálaráðherra um raunfærnimat.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvað líður mati á óformlegu námi og starfsreynslu og gerð kerfis til að meta raunfærni sem unnið er að á vegum ráðuneytisins?
2. Taka fulltrúar framhaldsskólanna þátt í þessari vinnu?
3. Hvernig er fyrirhugað að nýta eða samþætta kerfið íslensku skólakerfi?
4. Hvenær er reiknað með að afrakstur vinnunnar geti nýst?

215. Fyrirspurn [215. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu í Kennaraháskóla Íslands um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fullnægjandi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði tekin upp í námskrá Kennaraháskóla Íslands?

216. Fyrirspurn [216. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fullnægjandi fræðsla um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum verði tekin upp í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla?

217. Fyrirspurn [217. mál]

til menntamálaráðherra um framlög til framhaldsskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvert hefur framlag hins opinbera verið til framhaldsskóla á hvern nemanda árin 1995–2005, sundurliðað eftir árum, á verðgildi ársins 2005?

Skriflegt svar óskast.

218. Fyrirspurn [218. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda nemenda í starfsnámi.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hve margir nemendur hafa stundað nám í hvers konar starfs-, verk- og listnámi við íslenska framhaldsskóla árin 2004 og 2005, sundurgreint eftir skólum, brautum og árum?
2. Hve margir hafa stundað bóknám sömu ár?
3. Hve margir útskrifuðust af starfs-, verk- og listnámsbrautum vorið 2005, sundurliðað eftir skólum og brautum?

4. Hve margir útskrifuðust með stúdentspróf úr íslenskum framhaldsskólum vorið 2005?

Skriflegt svar óskast.

219. Fyrirspurn [219. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur ríkissjóðs árið 2004.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hverjar hefðu tekjur ríkissjóðs orðið af tekjuskatti einstaklinga vegna tekjuársins 2004 ef skatturinn hefði numið 18% af öllum launatekjum að undanteknum atvinnuleysisbótum, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar en vaxta- og barnabætur hefðu verið óbreyttar frá því sem var?
2. Hverjar voru tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga af tekjuskatti einstaklinga vegna tekjuársins 2004?
3. Hve miklu skilaði núverandi virðisaukaskattskerfi vegna ársins 2004?
4. Hverju hefði virðisaukaskattur skilað hefði hann verið í einu þrepi og numið 21,95%, þ.e.18% af útsöluverði, þó með þeim undanþágum sem nú eru í gildi?
5. Hve miklu skilaði núverandi fjármagnstekjuskattur árið 2004 og hve miklu hefði 18% fjármagnstekjuskattur skilað að óbreyttum skattstofni?
6. Hve miklu hefði 18% skattur af dagpeningum og bifreiðastyrkjum skilað?
7. Hve hárri fjárhæð námu vörugjöld af öðrum vörum en áfengi, eldsneyti, bifreiðum og tóbaki árið 2004?
8. Hve miklu hefði 10% sérstakur tekjuskattur á tekjur yfir 500 þús. kr. á mánuði skilað?

Skriflegt svar óskast.

220. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Gunnar Örlygsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undibúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í janúar 2006.

Greinargerð.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, vægi hreyfingar í meðferð sjúklinga í grannlöndum okkar aukist. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun þar sem sjúklingurinn getur tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast stöðugt hér á landi. Ný, dýrari og fullkomnari lyf koma á markað sem kalla á notkun og launakostnaður heilbrigðisstofnana verður sífellt meiri. Eftir því sem tækninni fleygir fram verða aðgerðir sífellt dýrari og heilbrigðisstofnunum reynist erfitt að halda sig innan fjárlaga. Leita þarf leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða læknisaðgerð því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu (BMI > 30) og telur stofnunin offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið, næst á eftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin, sem hér er lagt til að verði skipuð þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf nefndin að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun svo að dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Afleiðingar samfélagsbreytinga.

Miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2005, þar sem árangursrík meðferð við offitu býðst, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta- og æðasjúkdómar þrefaldast, og sama á við um stoðkerfisverki og slitgigt, ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Marga algengustu sjúkdómana má rekja til óheilbrigðra lífshátta, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, sykursýki eldra fólks og áunna sykursýki sem hefur aukist hjá börnum. Offita er ekki aðeins vandi fullorðinna heldur fer tíðni hennar vaxandi hjá börnum þannig að sá vandi er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er leið til að sporna við þeirri þróun.

Reynsla annarra þjóða.

Svíar, Danir og Norðmenn hafa í nokkur ár gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Í leiðbeiningabók sem nefnd um aukna upplýsingagjöf um heilbrigðismál gaf út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnist best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða að meta í hverju tilfelli hvort þessi leið gagnist viðkomandi sjúklingi þar sem ekki er hægt að alhæfa að hreyfing henti öllum. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurfti ekki að fara í skurðaðgerð sem kemur sér vel fyrir sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, auk þess sem það sparar samfélaginu mikla fjármuni þegar unnt er að ná heilsu á þennan hátt. Þessi leið hefur einhvern kostnað í för með sér, en þó mun minni en dýr lyf og skurðaðgerðir.

Frá árinu 2002 hafa dönsku ömtin hvert af öðru boðið íbúum sínum, sem hafa átt við heilsuleysi að stríða, að takast á við sjúkdóm sinn með því að læknir ávísi á hreyfingu („motion på recept"). Tilboðið hefur yfirleitt verið til hópa með lífsstílssjúkdóma, svo sem sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Vísað var á fjögurra mánaða þjálfun hjá sjúkraþjálfara. Í tengslum við þetta átak tóku íþróttaog líkamsræktarfyrirtæki upp samstarf og svo fyrirtæki og stofnanir sem buðu starfsmönnum sínum að taka þátt í átakinu. Mest hefur þetta verið líkamsrækt innan dyra en einnig hefur verið boðið upp á stafgöngu í þessu átaki.

Í upplýsingariti frá því í ágúst 2004 um stöðu átaksins segir að árangurinn hafi verið mjög góður. Þeir sem hafa boðið þessa leið hvað lengst eru í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn, íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar til að tryggja framboð við hæfi sem flestra. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við stéttarfélög og fyrirtæki sem styðja félaga og starfsmenn sína til að fara þessa leið. Hreyfingaráætlanirnar eru misvíðtækar eftir ömtum, en víða eru þær boðnar í nokkra mánuði og síðan halda menn áfram á eigin vegum.

Sumir hafa tekið upp hreyfingaráætlun fyrir almenning í forvarnaskyni, bæði fyrir börn og fullorðna, eins og Århus-amtið sem er með þriggja ára átak undir heitinu „Líkami, matur og hreyfing". Einnig eru læknar hvattir til að láta fólk í áhættuhópum hreyfa sig.

Árið 2003 tóku gildi í Noregi lög um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til, á sama hátt og lyfja- eða læknismeðferð. Þessi lagabreyting hefur gengið undir heitinu „græn ávísun" þar í landi. Náði heimildin þar í fyrstu til sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Tilgangurinn var að minnka lyfjanotkun og auka áherslu á að hvetja sjúklinga til að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og ýta undir getu þeirra til að hafa áhrif á hana með eigin atorku þar sem það var talið forsvaranlegt út frá læknisfræðilegu mati. Heimilaðar voru greiðslur til lækna fyrir grænar ávísanir sambærilegar við greiðslur fyrir lyfseðla eða aðrar tilvísanir. Nú hefur sjúklingum með áunna sykursýki, sykursýki 2, verið bætt við þann hóp sem getur fengið ávísun á hreyfingu. Fyrsta árið, þ.e. 2003, voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi.

Svíar hófu að beita þessu úrræði 2001 og hefur það gefist vel.

Kjöraðstæður á Íslandi.

Hér á landi eru kjöraðstæður til að bjóða þennan valkost. Hvergi eru fleiri sundlaugar en hérlendis og íþróttaaðstaða góð og ekki fullnýtt alls staðar. Hér er vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða auk þess sem hér eru margar vel búnar líkamsræktarstöðvar.

Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu.

Þingmál þetta kom fyrst fram á 131. löggjafarþingi en var ekki afgreitt þá. Nú þegar þingmálið er endurflutt þykir flutingsmönnum ástæða að vekja athygli á vinnu sem hefur farið fram í því að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni frá því að þingmálið kom fyrst fram.

Síðastliðinn vetur gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heillbrigðisþjónustunni. Verkefnið nefndu þau „Hreyfiseðill" – ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig unnt væri að koma á tilraunaverkefni á þessu sviði.

Hugmyndir nemendanna gengu út á að hefjast handa hið fyrsta við undirbúning og öflun fjármagns til að setja tilraunaverkefnið af stað hjá fjórum heilsugæslustöðvum, tveimur í dreifbýli og tveimur í þéttbýli. Í viðauka við skýrsluna er áætlun fyrir verkefnið sem sett hefur verið upp fyrir Heilsugæsluna í Garðabæ en hvaða heilsugæslustöð sem er getur í raun tekið þá áætlun og aðlagað hana að sínu starfsumhverfi.

Stutt samantekt höfunda á verkefninu er á fylgiskjali með tillögunni.Vinnan sem að baki þessu verkefni liggur ætti að auðvelda til muna vinnuna sem tillaga þessi um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu gerir ráð fyrir og leggja flutningsmenn til að nefnd ráðherra nýti sér skýrsluna við vinnu sína.

Fylgiskjal.

„HREYFISEÐILL“ – ávísun á hreyfingu.

(Reykjavík, 20. september 2005.)

Undirritaðir nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands veturinn 2004–2005 völdu sem viðfangsefni „Motion på recept“, sem hlotið hefur íslenska heitið „Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu“. Hreyfiseðill er ákveðið meðferðarform við tilgreindum sjúkdómum sem getur komið að hluta til eða alveg í stað lyfja.

Í náminu var nemendum ætlað að taka fyrir raunverulegt verkefni sem hægt væri að setja af stað og framkvæma. Markmiðið með verkefni þessa hóps var að móta tillögu og gera líkan að tilraunaverkefni sem hægt verður að koma af stað hér á landi. Leitað var til Tryggingastofnunar ríkisins um að verða bakhjarl þessa verkefnis og samþykkti stofnunin það.

Í tengslum við verkefnið fór fram mikil upplýsingaöflun. Leitað var fanga víða á Norðurlöndum þar sem þessi aðferðafræði hefur verið í gangi í nokkur ár. Jafnframt var rætt við fjölmarga innlenda aðila sem koma að heilbrigðismálum með einum eða öðrum hætti, svo sem Lýðheilsustöð, landlæknisembættið, Hjartavernd, Reykjalund, lækna, sjúkraþjálfara, starfsmenn heilsugæslustöðva og fleiri. Sýndu þessir aðilar mikinn áhuga og eru jákvæðir gagnvart tilraunaverkefni um hreyfiseðil enda sú þekking og reynsla sem þarf til að koma slíku verkefni á hér á landi fyrir hendi. Niðurstöður rannsókna sýna að hreyfing er árangursrík bæði sem forvörn og sem meðferð við fjölmörgum sjúkdómum. Meðal annars við því sem nefnt hefur verið efnaskiptavilla eða „Metabolic Syndrome“, þ.e. þegar saman er komin fullorðinssýkursýki, hár blóðþrýstingur, offita, og röskun á blóðfitu.

Skýrslan, sem hópurinn hefur lagt fram, er vörðuð leið til að koma af stað tilraunaverkefni á þessu sviði hér á landi, þannig að sjúklingum sé ávísað á hreyfingu í stað lyfja eða ásamt lyfjum. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að ráðherra skipi nefnd til að kanna hvort hægt sé að koma á slíku meðferðarformi hér á landi. Hér er gengið skrefi lengra en þingsályktunartillagan gerir með því að mótuð er tillaga að tilraunaverkefni, „Hreyfiseðill“, sem við teljum mögulegt að framkvæma hér á landi. Þeir sem hafa áhuga á skýrslunni er beðnir um að hafa samband við einhvern undirritaðra.

Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun er 15 eininga nám við Endurmenntun Háskóla Íslands. Nemendur hafa notið liðsinnis hæfustu leiðbeinenda í faginu sem hafa lagt metnað sinn í kennsluna og að þau verkefni sem unnin eru uppfylli ströngustu kröfur um aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Með bestu kveðjum,

Anna K. Vilhjálmsdóttir, frkvstj. fræðslu- og útbreiðslusviðs ÍF.	Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar.	Hulda Finnbogadóttir, tryggingafulltrúi, Tryggingastofnun ríkisins.
Jóhannes Bekk Ingason, verkefnisstjóri UST, Grunnskóla Seltjarnarness.	Júlíana Guðmundsdóttir, almannatengslafulltrúi, Orkuveitu Reykjavíkur.	Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri, Vinnueftirliti ríkisins.

221. Frumvarp til laga [221. mál]

um upplýsingarétt um umhverfismál.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

2. gr.
Skilgreining á stjórnvöldum sem falla undir lögin.

Lög þessi gilda um:

1. öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga,
2. lögaðila sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul.,
3. lögaðila sem gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. tölul. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. 1. tölul. tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.

Einvörðungu upplýsingar sem til verða eða aflað er í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra sem ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. taka til falla undir lögin.

Lögin gilda ekki um Alþingi, umboðsmann Alþingis, Ríkisendurskoðun eða dómstóla.

3. gr.
Skilgreining á upplýsingum um umhverfismál.

Með upplýsingum um umhverfismál er átt við hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um:

1. ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta,
2. þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í 1. tölul.,
3. ráðstafanir í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála sem hafa eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í 1. og 2. tölul., auk kostnaðar- og ábatagreiningar eða annars konar hagkvæmnigreiningar sem notuð er í tengslum við ákvarðanir um slíkar ráðstafanir,
4. ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun matvæla, lífsskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða líklegt

er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í 1. tölul. eða vegna þeirra atriða sem um getur í 2. tölul.

4. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Ákvæði annarra laga sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum halda gildi sínu.

Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum víkur fyrir lögvörðum réttindum samkvæmt höfundalögum.

II. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.

5. gr.

Upplýsingaréttur almennings um umhverfismál.

Stjórnvöldum þeim sem falla undir 2. gr. er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

Upplýsingarétturinn tekur bæði til gagna sem eru í vörslum stjórnvalds og gagna sem annar aðili geymir fyrir hönd þess.

6. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti.

Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál tekur ekki til:

1. gagna sem undanþegin eru aðgangi skv. 4.–6. gr. upplýsingalaga,
2. efnis sem er í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna, en þá skal jafnframt upplýst hvenær ætla má að gögnin verði tilbúin, eða
3. upplýsinga sem sérstök lagaákvæði um þagnarskyldu taka til.

Áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum um umhverfismál getur það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Stjórnvald skal veita sjö daga frest til þess að svara erindinu.

7. gr.

Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Veita skal aðgang að gögnum sem 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til eftir ákvæðum 8. gr. upplýsingalaga.

Veita skal aðgang að gögnum sem 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til jafnskjótt og viðkomandi skjöl eða gögn hafa verið fullgerð nema önnur undantekningarákvæði taki jafnframt til þeirra.

Veita skal aðgang að gögnum sem 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögnin urðu til nema upplýsingarnar varði viðkvæma einkahagsmuni.

8. gr.

Upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. og 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara á almenningur rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.

9. gr.

Aðgangur að hluta skjals.

Ef ákvæði 6. gr. á aðeins við um hluta skjals skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingarnar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem beðið er um. Sama regla á við um önnur gögn eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Almenn miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Stjórnvöld, sem undir lög þessi falla, skulu vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi. Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um miðlun slíkra upplýsinga.

III. KAFLI
Málsmeðferð.

11. gr.

Beiðni um aðgang að upplýsingum og málsmeðferð.

Sá sem fer fram á aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 5. gr. skal tilgreina þær upplýsingar sem hann óskar eftir að fá.

Stjórnvald getur vísað frá beiðni ef tilgreining þeirra upplýsinga sem óskað er eftir aðgangi að er of óljós til að hægt sé að afgreiða beiðnina. Áður en til þess kemur ber að veita málsaðila leiðbeiningar þar um og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar.

Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að upplýsingum sé skrifleg og komi fram á eyðublaði sem það leggur til.

Þegar farið er fram á aðgang að upplýsingum í máli þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslum sínum.

12. gr.

Málshraði og málsmeðferð.

Stjórnvald skal taka ákvörðun um hvort það verður við beiðni um aðgang að upplýsingum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 15 daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Hafi beiðni um aðgang að upplýsingum ekki verið afgreidd 60 dögum eftir að hún barst stjórnvaldi er aðila heimilt að kæra afgreiðsluna til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurðar um upplýsingarétt hans.

Þegar afgreitt er erindi um aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem höfundaréttur tekur til skal veita upplýsingar um nafn rétthafa liggi þær fyrir.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

13. gr.

Ljósrit eða afrit af gögnum.

Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Þegar skjöl eru mörg getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

Umhverfisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

14. gr.

Rökstuðningur og tilkynning ákvörðunar.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að hluta eða í heild, skal rökstudd og tilkynnt skriflega. Hið sama gildir ef synjað er beiðni um ljósrit eða afrit af umbeðnum gögnum.

IV. KAFLI
Stjórnsýslukæra.

15. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun stjórnvalds á beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Um meðferð slíkra mála gilda ákvæði 14.–19. gr. upplýsingalaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, sem tekin var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003.

17. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sbr. 2. og 3. tölul. 25. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Ákvæði laganna gilda um allar upplýsingar um umhverfismál án tillits til þess hvenær þær urðu til eða hvenær þær hafa borist stjórnvöldum.

18. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á upplýsingalögum, nr. 50/1996:
   a. Við 6. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera.
   b. Við 8. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
      Veita skal aðgang að upplýsingum sem 5. tölul. 6. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.
2. Lokamálsliður 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, orðast svo: Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingarétt um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.
3. 2. málsl. 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, orðast svo: Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til, skal mælt fyrir um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.
4. 22. gr. a í höfundalögum, nr. 73/1972, orðast svo:
   Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum mála samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum lögum með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum.
   Upplýsingaréttur skv. 1. mgr. er þó háður því skilyrði að verkin verði ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti nema með samþykki höfundar.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita hinum skráða upplýsingar skv. 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í þeim tilgangi að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB, en hún var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003. Samkvæmt 10. gr. tilskipunarinnar skal hún hafa verið innleidd eigi síðar en 14. febrúar 2005.

II.

Í alþjóðlegum umhverfisrétti hefur aukin áhersla verið á það lögð að almenningur hljóti fræðslu um umhverfismál og hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sl. áratugi. Þannig var mikilvægi þess að almenningur hlyti fræðslu um umhverfismál áréttað í 19. gr. Stokkhólmsyfirlýsingarinnar, sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins 16. júní 1972. Þar var áhersla lögð á að miðla upplýsingum um umhverfismál sem leið til þess að hafa áhrif á breytni borgaranna en ekki á rétt þeirra til aðgangs að upplýsingunum. Í Ríó-yfirlýsingunni frá 14. júní 1992 er á hinn bóginn skýrt kveðið á um rétt einstaklinga til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál. Í 10. gr. hennar segir m.a.:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum. Í hverju ríki skal sérhver einstaklingur hafa aðgang, eftir því sem við á, að upplýsingum um umhverfið sem eru í vörslu opinberra aðila, þar á meðal upplýsingum um hættuleg efni og hættulega starfsemi í samfélagi þeirra, svo og tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku. Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum."

Mælt er fyrir um sams konar rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál í nokkrum öðrum yfirlýsingum og samningum sem gerðir hafa verið á síðustu árum.

III.

Með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, var lagður grundvöllur að fullgildingu EES-samningsins og meginmáli hans ljáð lagagildi hér á landi. Á grundvelli EES-samningsins voru tekin upp í íslensk lög fyrstu almennu ákvæðin um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál. Í 74. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka XX sem fjallar um umhverfið. Í viðaukanum er að finna tilskipun 90/313/EB um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Með 3. gr. laganna var almenningi tryggður réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem fram koma í 5. gr. laganna. Þegar upplýsingalög, nr. 50/1996, voru sett, voru m.a. gerðar þær breytingar á lögum nr. 21/1993, að um aðgang að fyrirliggjandi gögnum um umhverfismál færi samkvæmt upplýsingalögum.

25. júní 1998 var af hálfu stjórnvalda undirritaður alþjóðasamningur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, þ.e. hinn svonefndi Árósasamningur. Samningurinn hefur hins vegar ekki verið fullgiltur af hálfu Íslands.

Evrópubandalagið undirritaði einnig Árósasamninginn og af því tilefni hefur Evrópuþingið og ráðið sett tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003, um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB. Tilskipunin hefur það að markmiði að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf bandalagsins, sbr. 5. tölul. formálsorða hennar, en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin er nákvæmari og gengur lengra um nokkur atriði heldur en Árósasamningurinn. Þessi tilskipun var tekin inn í EES-samninginn 26. september 2003 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003. Eins og áður segir er markmið frumvarpsins að lögleiða þessa tilskipun.

IV.

Helsti munurinn á tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, í samanburði við tilskipun 90/313/EB, um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, er fólginn í eftirfarandi atriðum:

a. Víkkuð hefur verið skilgreiningin á því hvaða upplýsingar teljast til „upplýsinga um umhverfismál".
b. Nýja tilskipunin tekur til fleiri aðila, þ.e. ekki bara stjórnvalda í hefðbundnum skilningi, heldur einnig til fyrirtækja sem rækja opinbert hlutverk að ákveðnum skilyrðum.
c. Rétturinn til aðgangs að upplýsingum tekur ekki aðeins til upplýsinga sem eru í vörslu stjórnvalda heldur einnig til upplýsinga sem aðrir aðilar geyma fyrir þeirra hönd.

d. Helstu takmarkanir á aðgangi almennings að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið eru felldar niður.
e. Meginreglan er sú að stjórnvöldum beri að veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar rafrænt getur aðili valið milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Ef ákvæði frumvarpsins eru borin saman við ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, má segja að helsti munurinn felist í eftirfarandi atriðum:

1. Ákvæði frumvarpsins taka ekki bara til upplýsinga í gögnum mála eins og upplýsingalögin heldur einnig til upplýsinga um umhverfismál í skrám og gagnagrunnum.
2. Lögin sem setja á samkvæmt frumvarpinu hafa að því leyti víðtækara gildissvið en upplýsingalögin að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 6. gr. frumvarpsins á almenningur almennt rétt á að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.
3. Frumvarpið hefur víðtækara gildissvið en upplýsingalögin hvað varðar skilgreiningu á því til hvaða stjórnvalda frumvarpið tekur.
4. Frumvarpið hefur takmarkaðra gildissvið en upplýsingalögin því að það tekur aðeins til upplýsinga um umhverfismál, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 3. gr. frumvarpsins. Þá kemur fram ein undanþága frá upplýsingarétti í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins sem ekki er að finna berum orðum í upplýsingalögunum.

V.

Ráðuneytið sendi frumvarpið til umsagnar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, landbúnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og samgönguráðuneytisins, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Brunamálastofnunar, Landmælinga Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Skipulagsstofnunar, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Úrvinnslusjóðs, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála. Umsagnir bárust frá níu aðilum og að auki var haldinn fundur með fulltrúum Samorku og Samtaka atvinnulífsins. Farið var yfir frumvarpið og tekið tillit til þeirra athugasemda sem hægt var að verða við í ljósi þess svigrúms sem tilskipun 2003/4/EB veitir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins lýsa markmiðum þess. Ákvæðið er byggt á a-lið 1. gr. tilskipunar 2003/4/EB svo og 1. tölul. formálsorða hennar.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB svo og 11. tölul. formálsorða hennar. Ákvæði greinarinnar taka einvörðungu til íslenskra stjórnvalda og lögaðila, sem hafa staðfestu hér á landi.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekur frumvarpið til allra stjórnvalda sem falla undir gildissvið upplýsingalaga. Með ákvæðinu er vísað til skilgreiningar á stjórnvöldum, sem notuð er t.d. bæði í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og upplýsingalögum, nr. 50/1996, og vísast til umfjöllunar þessa laga hvaða stjórnvöld falla undir gildissvið þeirra.

Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að lögin taka ekki aðeins til stjórnvalda í þeirri hefðbundinni skilgreiningu stjórnsýsluréttar sem hér að framan var vísað til, heldur einnig til

ákveðinna hlutafélaga, sameignarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra einkaréttarlegra aðila sem annast opinbera stjórnsýslu sem varðar umhverfið, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Til einföldunar á framsetningu frumvarpstextans eru allir þeir aðilar sem falla undir gildissvið laganna skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. nefndir stjórnvöld.

Framangreind afmörkun tilskipunarinnar leiðir óhjákvæmilega til þess að þau hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem falla undir tilskipunina og þar með frumvarp þetta geta verið undirseld upplýsingagjöf um umhverfismál en hlutafélög í eigu einkaaðila eru það ekki. Hjá þessum aðstöðumun er ekki hægt að komast vegna fyrirmæla b- og c-liða 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Sambærilegur aðstöðumunur verður á rekstrarskilyrðum hlutafélaga í opinberri eigu og einkaeigu í öðrum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum.

Ástæða þess að upplýsingarétturinn er ekki einvörðungu látinn taka til upplýsinga um umhverfismál hjá hefðbundnum stjórnvöldum skv. tilskipun 2003/4/EB svo og Árósasamningnum er að fyrirkomulag og skipulag stjórnsýslu er mjög mismunandi á milli landa. Til þess að aðgangur almennings að opinberum upplýsingum um umhverfismál sé ekki háður því hvaða form hefur verið valið á rekstri opinberrar þjónustu var þessi leið valin.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. tekur frumvarpið til lögaðila sem hefur fengið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul. Ákvæðið er byggt á b-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Við fyrstu sýn virðist ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins efnislega víðtækara en ákvæði tilskipunarinnar því hið síðarnefnda tekur aðeins til lögaðila sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt innlendum lögum. Ákvæði frumvarpsins tekur hins vegar til lögaðila sem falið hefur verið að annast opinbert hlutverk eða þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings. Þar sem almennt er óheimilt að fela lögaðilum að rækja opinbert hlutverk með reglugerð nema reglugerðin eigi sér viðhlítandi lagastoð fyrir slíku ytra valdframsali, er í raun ekki um að ræða víðara gildissvið að þessu leyti. Hvað varðar samninga um rekstur opinberra verkefna, þá er heimilt að gera samninga við lögaðila um opinber rekstrarverkefni á grundvelli 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í lokamálslið 2. mgr. þeirrar greinar er áréttað að ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gildi um slíka verktaka og upplýsingamiðlun hans. Ákvæði frumvarpsins hefur því ekki að geyma nýmæli að þessu leyti. Af þeim sökum var ákveðið að leggja til að ákvæði 2. tölul. 2. gr. væri svo úr garði gert þar sem það þykir lýsa á nákvæmari hátt gildissviði frumvarpsins að íslenskum rétti en ef fylgt væri nákvæmlega orðalagi b-liðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Einvörðungu þeir lögaðilar sem fengið hefur verið opinbert hlutverk eða falið að veita almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið falla undir gildissvið laganna. Með orðunum „varðar umhverfið“ er vísað til skilyrðis um að opinbera verkefnið eða þjónustan hafi áhrif á umhverfið, svo sem not náttúruauðlinda, mengandi losun út í umhverfið eða önnur áhrif, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð. Dæmi um opinbera þjónustu af þessum toga er t.d. sorphirða sem sveitarfélag hefur falið verktaka að rækja á grundvelli samnings.

Í 3. tölul. greinarinnar kemur fram að lögin taki til lögaðila sem bera opinbera ábyrgð, gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta opinberri stjórn. Ákvæðið er í samræmi við c-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Undir ákvæðið falla einvörðungu aðilar sem hafa á hendi hlutverk eða þjónustu sem talist getur til opinberrar stjórnsýslu. Undir þetta ákvæði fellur því t.d. ekki orkuframleiðsla eða sala til notenda á raforku, en þessi starfsemi hefur verið flutt úr rekstrarumhverfi hins opinbera yfir á almennan samkeppnismarkað samkvæmt ákvæðum raforkulaga, nr. 65/2003. Annað mál er að upplýsingar um umhverfismál sem berast frá slíkum fyrirtækjum til stjórnvalda falla hins vegar

undir frumvarpið, ef að lögum verður, og eru þá aðgengilegar hjá stjórnvöldum að svo miklu leyti sem undantekningarákvæði frumvarpsins eiga ekki við.

Þar sem deila má um hvað felist í því að lúta opinberri stjórn í skilningi tilskipunarinnar er í ákvæðinu tekin upp skilgreining um það að norskri fyrirmynd. Þannig er kveðið á um að lögaðili sé talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. 1. tölul. tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum. Undir ákvæðið fellur á hinn bóginn ekki þegar athöfnum manna er stjórnað með reglustjórn, svo sem lögum og reglugerðum eða með stjórnvaldsákvörðunum, t.d. skilyrðum í opinberum leyfum.

Áréttað er að einvörðungu upplýsingar sem til verða eða aflað er í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu sem ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar taka til falla undir lögin. Hafi upplýsinga um umhverfismál því ekki verið aflað í tengslum við rækslu hins opinbera hlutverks falla þær ekki undir gildissvið laganna.

Frumvarpið tekur eingöngu til handhafa framkvæmdarvalds. Á grundvelli 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB eru lögin hvorki látin taka til Alþingis og undirstofnana þess né dómstóla.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar er byggt á 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 10. tölul. formálsorða hennar. Í ákvæðinu er hugtakið „upplýsingar um umhverfismál“ skilgreint. Ákvæðið markar í raun efnislegt gildissvið frumvarpsins þar sem það veitir einvörðungu aðgang að upplýsingum um umhverfismál verði það að lögum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvæði annarra laga sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum haldi gildi sínu. Af ákvæði þessu leiðir að í engu er þrengdur sá réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál sem til staðar er skv. 3. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, og öðrum gildandi lögum. Ákvæðið er í samræmi við þá löggjafarstefnu sem t.d. hefur verið fylgt í Danmörku og Noregi og tekið er mið af í 24. tölul. formálsorða tilskipunar 2003/4/EB.

Í 2. mgr. er tekið fram að almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum. Í lögum eru mörg ákvæði um þagnarskyldu. Skipta má þeim ákvæðum í tvo flokka eftir því hvort þau sérgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um. Finna má fjölmörg þagnarskylduákvæði sem nefna má almenn ákvæði laga um þagnarskyldu. Dæmi um slíkt ákvæði er 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Einkenni þessara almennu ákvæða er að þau sérgreina ekki þær upplýsingar sem þagnarskyldan gildir um heldur tilgreina aðeins „atriði“, „upplýsingar“ eða „það“ sem starfsmaður fær vitneskju um í starfi og leynt skal fara. Slík almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka sem fyrr segir ekki aðgang að gögnum skv. 4. gr. frumvarpsins. Það sama á við um almenn ákvæði um þagnarskyldu sem fram koma í stjórnvaldsfyrirmælum. Þeir hagsmunir sem þessum almennu þagnarskylduákvæðum er ætlað að vernda eru almennt hinir sömu og ákvæði 6. gr. frumvarpsins taka til. Það fer því eftir túlkun 6. gr. frumvarpsins hvort aðgangur að gögnum er óheimill eða takmarkaður. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í 3. tölul. 6. gr. er á hinn bóginn tekið fram að réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál taki ekki til upplýsinga sem sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu banna að miðlað sé til óviðkomandi manna.

Í 3. mgr. kemur fram að ákvæði frumvarpsins, verði það að lögum, gildi ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Ákvæðið er í samræmi við niðurlag 1. mgr. 2. gr. upplýsinga-

laga. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/4/EB þar sem það er fært á vald aðildarríkjanna að taka afstöðu til þess hvort reglur tilskipunarinnar verði látnar gilda um dómstóla. Í c-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er síðan einnig að finna heimila takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum um umhverfismál ef hann hefði alvarleg áhrif á meðferð mála fyrir dómstólum, möguleika einstaklinga til að hljóta réttláta meðferð fyrir dómi eða möguleika opinbers yfirvalds til að láta fara fram rannsókn sem varðar refsiverðan verknað eða agabrot.

Í 4. mgr. greinarinnar er mælt svo fyrir að réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, víki fyrir lögvörðum höfundarétti samkvæmt höfundalögum. Ákvæðið er byggt á e-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB og er sett fram á svipaðan hátt og 2. mgr. 3. gr. norskra laga um upplýsingarétt um umhverfismál sem sett voru til að innleiða fyrrnefnda tilskipun. Íslenska ríkið hefur undirgengist þjóðréttarlegar skuldbindingar til þess að vernda bókmenntir og listaverk. Þar má t.d. nefna Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971, sbr. lög nr. 80/1972 og samninga Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) frá árinu 1996, höfundaréttarsamning WIPO og grannréttindasamning WIPO.

Af ákvæði 4. mgr. leiðir að höfundalög ganga framar reglum frumvarps þessa, verði það að lögum, rekist ákvæði þeirra á.

Samkvæmt 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, á höfundur eignarrétt á verki sínu með þeim takmörkunum sem í lögunum greinir. Samkvæmt 3. gr. sömu laga hefur hann einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að höfundaréttur tekur til einstaklingsbundinnar gerðar verksins en ekki þeirrar hugmyndar sem að baki býr. Þessu er á hinn bóginn öðruvísi farið með einkaleyfi þar sem sjálf hugmyndin að baki nýtur réttarverndar en ekki búningur hennar sem slíkur. Að tilteknum skilyrðum fullnægðum veita einkaleyfislögin vernd hugverki sem er fólgið í lausn á tæknilegum vanda og verður hagnýtt í iðnaði. Bæði höfundaréttindi og einkaleyfisréttur geta tengst árangri af sömu nýsköpun. Þegar uppfinningamaður lýsir uppfinningu sinni í máli og myndum nýtur sú lýsing að öllu jöfnu verndar samkvæmt höfundalögum.

Svo að um hugverk sé að ræða sem réttarverndar nýtur verður m.a. að birtast í því tiltekið sjálfstæði, viss frumleiki og einhver sérkenni sem réttlætt geta þörf fyrir slíka vernd. Þetta þýðir að söfnun upplýsinga um staðreyndir telst almennt ekki hugverk (sbr. þó það sem síðar segir um gagnagrunna). Þannig telst bókhald og tölfræðilegar upplýsingar um umhverfismál ekki til hugverka. Hafi hins vegar uppdrættir eða líkön verið útbúin á grundvelli hinna tölfræðilegu upplýsinga til þess að skýra þær, geta slík verk notið höfundaréttar falli þau undir 3. mgr. 1. gr. höfundalaga. Því falla staðreyndaupplýsingar sem safnað hefur verið um varpstöðvar ákveðinnar fuglategundar ekki undir höfundalög. Uppdrættir og teikningar sem sýndu hins vegar helstu varpstöðvar gætu hins vegar fallið undir höfundalög, sbr. 3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. höfundalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2000, getur gagnagrunnur notið höfundaréttarlegrar verndar skv. 1. gr. höfundalaga að því er tekur til niðurröðunar og samsetningar að fullnægðum almennum skilyrðum höfundaréttar um frumleik og skapandi vinnu í vali og niðurröðun efnis í gagnagrunninn.

Samkvæmt 50. gr. höfundalaga, sbr. 10. gr. laga nr. 60/2000, hefur sá einkarétt til eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipað verk sem hefur að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða er

árangur verulegrar fjárfestingar. Verndin nær einnig til endurtekins og kerfisbundins útdráttar eða endurnýtingar óverulegs hluta gagnagrunna ef gengið er óhæfilega gegn réttmætum hagsmunum framleiðanda. Ákvæði 50. gr. höfundalaga er byggt á tilskipun 96/9/EB, um lögverndun gagnagrunna. Þeir gagnagrunnar sem falla undir 50. gr. höfundalaga eru frábrugðnir þeim sem falla undir 6. gr. laganna að því leyti að þess er ekki krafist að fullnægt sé skilyrðum um frumleik og skapandi vinnu í vali og niðurröðun efnis í þá gagnagrunna sem undir 50. gr. falla. Réttlæting þessarar verndar felst í vinnuframlagi og fjárfestingu þeirri sem framleiðendur leggja í við gerð slíkra heimildabanka. Hér er um að ræða svokallaðan „sui generis" rétt, óháðan höfundarétti skv. 1. gr. laganna.

Höfundaréttur hins opinbera er takmarkaðri en einkaaðila um nokkur atriði skv. 9. gr. höfundalaga. Þannig njóta lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, ekki verndar eftir höfundalögum, og ekki heldur opinberar þýðingar á slíkum gögnum.

Í II. kafla höfundalaga eru síðan lögfestar aðrar takmarkanir á höfundarétti. Lagt er til að með 18. gr. frumvarpsins verði 22. gr. höfundalaga breytt og hljóði þá svo:

„Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum mála samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum lögum með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum.

Upplýsingaréttur skv. 1. mgr. er þó háður því skilyrði að verkin verði ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti nema með samþykki höfundar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita hinum skráða upplýsingar skv. 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga."

Í grófum dráttum verður samspil ákvæða höfundalaga og ákvæða frumvarps þessa, verði það að lögum, á fjóra vegu:

1. Höfundalög standa því ekki í vegi að veita megi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem ekki eru háðar höfundarétti skv. 1. gr. höfundalaga eða lögvernd gagnagrunna skv. 50. gr. sömu laga.
2. Höfundalög standa því ekki í vegi að veita megi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem háðar eru höfundarétti sé litið til eðlis verksins skv. 1. gr. höfundalaga eða lögvernd gagnagrunna skv. 50. gr. sömu laga, falli verkið undir þau opinberu gögn, sem undanþegin eru höfundarétti skv. 9. gr. höfundalaga.
3. Höfundalög standa því ekki í vegi að veita megi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem háðar eru höfundarétti skv. 1. gr. höfundalaga eða lögvernd gagnagrunna skv. 50. gr. sömu laga, heimili 22. gr. a höfundalaga afhendingu ljósrita eða afrita af verkinu.
4. Óheimilt er að afhenda ljósrit eða afrit af gögnum sem háð eru höfundarétti skv. 1. gr. höfundalaga eða lögvernd gagnagrunna skv. 50. gr. sömu laga, falli verkin hvorki undir ákvæði 9. gr. eða 22. gr. a höfundalaga. Almennt væri hér um að ræða höfundarverk eða önnur lögvernduð verk sem ekki lægju fyrir í gögnum stjórnsýslumáls eða í öðru máli. Um gæti verið að ræða höfundarverk sem lægi fyrir í skrá eða gagnagrunni, t.d. kort og myndir af Íslandi sem Landmælingar Íslands hafa útbúið, sbr. 8. gr. laga nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð.

Enda þótt ákveðnar upplýsingar um umhverfismál hjá hinu opinbera verði undanþegnar aðgangi almennings á grundvelli 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ekki þar með sagt að almenningur geti ekki átt möguleika á að fá aðgang að upplýsingunum á öðrum lagagrundvelli. Ástæðan er sú að hið opinbera kostar oft opinbera gagnaöflun og miðlun upplýsinga með fé sem innheimt er á grundvelli höfundaréttar ríkisins. Þótt kort og myndir af Íslandi í vörslum

Landmælinga Íslands, sem ekki tilheyra stjórnsýslumáli eða öðrum málum, séu þannig oftast undanþegin upplýsingarétti samkvæmt frumvarpinu er almennt hægt að fá aðgang að þeim á grundvelli III. kafla laga nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, gegn greiðslu enda sé í hvívetna virtur höfundaréttur ríkisins að efni sem höfundaréttar nýtur og Landmælingar Íslands hafa tekið saman. Í þessu sambandi má minna á dóm Hæstaréttar í máli nr. 124/2002 frá 19. september 2002 en þar var viðurkennt að útgefanda sem keypt hafði þrjár þekjur úr stafrænum kortagrunni Landmælinga Íslands og gefið síðan út kort án birtingarleyfis væri skylt að greiða Landmælingum Íslands fyrir þessa nýtingu á upplýsingunum á grundvelli 50. gr. höfundalaga.

Um 5. gr.

Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 8. tölul. formálsorða hennar. Samkvæmt ákvæðinu hefur almenningur rétt til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld skv. 2. gr. frumvarpsins hafa í vörslum sínum eða eru geymd fyrir þeirra hönd. Sá sem setur fram slíka beiðni þarf ekki að tiltaka ástæður fyrir henni eða sýna fram á að hann hafi hagsmuna að gæta. Upplýsingarétturinn tekur einvörðungu til fyrirliggjandi upplýsinga. Ekki er hægt að krefjast þess á grundvelli ákvæðisins að stjórnvöld afli upplýsinga eða taki þær sérstaklega saman til að geta látið þær í té.

Stjórnvaldi ber að synja beiðni um upplýsingar um umhverfismál ef það ræður ekki yfir umbeðnum upplýsingum eða þær eru ekki geymdar á vegum þess, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Þetta á þó ekki við ef því er kunnugt um að upplýsingarnar séu í vörslu annars stjórnvalds eða geymdar á vegum þess. Þegar svo stendur á ber að framsenda erindið til þess stjórnvalds í samræmi við ákvæði 7. gr. stjórnsýslulaga, sbr. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins, og greina málsaðila frá því.

Í 2. mgr. 5. gr. er tekið fram að upplýsingarétturinn taki bæði til gagna sem séu í vörslum stjórnvalds og gagna sem annar aðili geymi fyrir hönd þess. Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 8. tölul. formálsorða hennar. Ákvæðinu er ætlað að taka til upplýsinga sem tilheyra stjórnvaldinu en öðrum hefur af einhverri ástæðu verið falið að geyma. Um getur t.d. verið að ræða grunngögn sem verktaki hefur safnað saman á grundvelli samnings við stjórnvöld. Ef hið opinbera á eignarrétt að grunngögnunum en um hefur verið samið að þær skuli varðveittar hjá verktakanum, falla upplýsingarnar undir upplýsingarétt almennings á grundvelli 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. tölul. leiða til þess að réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál tekur ekki til upplýsinga sem falla undir 4.–6. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Þar sem frumvarpið tekur ekki aðeins til mála og gagna eiga takmarkanir og undantekningar frá upplýsingarétti, sem fram koma í 4.–6. gr. upplýsingalaga, við hvort sem um er að ræða upplýsingar um umhverfismál í ákveðnu máli, skýrslu, skrá eða gagnagrunni. Varðveisluháttur upplýsinganna skiptir því ekki máli.

Þeir hagsmunir, sem oft standa í vegi fyrir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál eru veigamiklir framleiðslu- eða viðskiptahagsmunir stjórnvalda skv. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Þegar óskað er eftir aðgangi að upplýsingum er lúta að viðskiptum stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sem falla undir 1. tölul. 2. gr. frumvarpsins, er heimilt að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum lúti þau að þeim hluta af rekstri þeirra sem rekinn er í samkeppni á markaði, sbr. 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga. Þannig verður t.d. að telja að rannsóknir sem Íslenskar orkurannsóknir vinna að gegn greiðslu á samkeppnismarkaði séu ekki

aðgengilegar almenningi á grundvelli frumvarps þessa, verði það að lögum. Annað mál er að eftir að vinnslufyrirtæki sem keypt hefur slíkar rannsóknir hefur t.d. lagt þær fram í stjórnsýslumáli þegar sótt er um virkjunarleyfi stæði 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga ekki í vegi fyrir aðgangi almennings að slíkum upplýsingum vegna viðskiptahagsmuna Íslenskra orkurannsókna.

Þegar óskað er aðgangs að upplýsingum hjá þeim stjórnvöldum sem undir 2. eða 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. falla, gæti hlutaðeigandi stjórnvald hafnað aðgangi að upplýsingunum, varði þær t.d. veigamikla framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni þess, á grundvelli 5. gr. upplýsingalaga.

Það er skilyrði fyrir því að heimilt sé að halda upplýsingum sem varða veigamikla framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni leyndum að upplýsingarnar séu almenningi ekki þegar aðgengilegar. Þá verður að liggja fyrir að verði aðgangur veittur að upplýsingunum sé það til þess fallið að valda hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki óréttmætu tjóni.

Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Í þessu sambandi skal minnt á að í f-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB er áréttað að tryggja verði að uppfylltar séu kröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þannig er tekið fram að aðildarríkin geti synjað beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál ef birting þeirra getur haft alvarleg áhrif á vernd persónuupplýsinga eða skjala sem varða einstakling, hafi viðkomandi ekki veitt samþykki sitt fyrir birtingu upplýsinganna.

Með ákvæði 1. tölul. 6. gr. frumvarpsins, sbr. 5. gr. upplýsingalaga, er tekið af skarið um að frumvarpið hafi ekki að geyma lagaheimild eða lagafyrirmæli í skilningi 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er veitir almenningi aðgang að persónuupplýsingum, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, svo sem heilsufarsupplýsingum nafngreindra manna, þegar óskað er eftir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Ávallt verður því að meta í hvert skipti hvort synja beri beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál eða takmarka hann á grundvelli 5. gr. upplýsingalaga, séu upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, samofnar upplýsingum um umhverfismál. Standi 5. gr. upplýsingalaga í vegi fyrir því að veita megi aðgang að upplýsingum um umhverfismál ætti engu að síður oft að vera hægt að veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 8. gr. frumvarpsins með því að afmá persónuupplýsingar en afhenda að öðru leyti ópersónugreinanlegar upplýsingar um umhverfismál.

Ákvæði 2. tölul. eru byggð á d-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Samkvæmt ákvæðinu tekur réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál ekki til efnis sem er í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna. Þegar synjað er beiðni um upplýsingar á grundvelli þessa ákvæðis ber að upplýsa viðkomandi aðila um hvenær ætla má að gögnin verði fullgerð. Ef annað stjórnvald annast vinnslu upplýsinganna skal jafnframt upplýsa um það á grundvelli 7. gr. stjórnsýslulaga, sbr. lokamálslið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Ákvæði 2. tölul. er byggt á svipuðum sjónarmiðum og 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga en þar segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til vinnuskjala stjórnvalda. Sá er þó munurinn að ákvæði 2. tölul. er ekki bundið við að skjal sé ritað til eigin afnota. Þannig getur undantekningin tekið til skýrslna, skráa og gagnagrunna ef ætlunin er að þetta verði almenningi aðgengilegt eftir að það hefur verið fullgert eða þegar vinnslan er komin á ákveðið stig. Hið sama á við um gögn sem ekki hefur verið unnið úr og geta talist villandi þar sem kerfisbundnar leiðréttingar hafa ekki verið gerðar.

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins undanþiggur upplýsingar sem sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu banna að miðlað sé til óviðkomandi manna. Ákvæðið er í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Sérstök þagnarskylduákvæði tilgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um. Almenn þagnarskylduákvæði, sem ekki tilgreina þær upplýsingar sem þagnarskylda á að ríkja um, víkja hins vegar fyrir ákvæðum frumvarps þessa, sbr. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Í fylgiskjali I eru tekin nokkur dæmi um sérstök þagnarskylduákvæði sem ganga munu framar ákvæðum frumvarpsins, verði það að lögum. Tekið skal fram að sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu ganga einnig fram ákvæðum upplýsingalaga með gagnályktun frá 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Þegar tekin er ákvörðun um hvort takmarka skuli aðgang almennings á grundvelli allra matskenndra ákvæða þessarar greinar skal í sérhverju tilviki vega og meta þá hagsmuni almennings sem fylgja birtingu upplýsinganna á móti verndarhagsmunum ákvæðanna. Vegi hagsmunir af birtingu upplýsinganna sýnilega þyngra skal afhenda upplýsingarnar.

Oft getur verið vandkvæðum bundið fyrir stjórnvöld að meta hvort upplýsingar um umhverfismál varða viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Í fyrsta lagi þarf að meta hvort upplýsingarnar séu almenningi þegar aðgengilegar. Ef svo er ekki þarf að meta hvaða áhrif aðgangur að upplýsingunum getur haft á samkeppnisstöðu fyrirtækis, hvort hann er til þess fallinn að valda því óréttmætu tjóni. Af þessum sökum er mælt svo fyrir í 2. mgr. að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um hvort veittur verður aðgangur að upplýsingum um umhverfismál geti það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Veita skal sjö daga frest til þess að svara erindinu. Þegar stjórnvaldi hafa borist svör ber því að leggja sjálfstætt mat á það hvort skilyrði séu til þess að undanþiggja upplýsingarnar aðgangi á grundvelli 5. gr. eða 3. tölul. 6. gr. upplýsingalaga eða á grundvelli 3. tölul 6. gr. frumvarps þessa.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. felur í sér reglu um álitsumleitan sem segja má að sé í raun nánari útfærsla á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Sjálfstæð lagaleg þýðing reglunnar felst í því að þeim sem upplýsingarnar varða er skylt að svara fyrirspurn stjórnvaldsins.

Frumvarpið er á því byggt að einvörðungu sá sem óskar eftir aðgangi að upplýsingum teljist aðili þess máls þar sem tekin verður ákvörðun um rétt hans til aðgangs að upplýsingunum. Aðild að málinu breytist ekki þótt óskað sé upplýsinga frá þeim sem upplýsingarnar varða á grundvelli 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar hafa sömu markmið og 8. gr. upplýsingalaga og eru byggð á sömu löggjafarsjónarmiðum. Þannig er á því byggt að aðgangur að upplýsingum um umhverfismál verði öllum heimill að tilteknum tíma liðnum enda er það í samræmi við þá framkvæmd sem víðast er tíðkuð. Stærstur hluti upplýsinga er þess eðlis að hagsmunirnir að baki vernd þeirra dvína með tímanum. Á sama tíma vex oft áhugi sagnfræðinga á þeim málum sem til meðferðar hafa verið og varpað geta ljósi á söguna. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að leggja til að þrenns konar tímamörk gildi gagnvart aðgangi að upplýsingum sem háðar eru takmörkunum skv. 1.–3. tölul. 6. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að veita skuli aðgang að gögnum sem 1. tölul. 6. gr. tekur til eftir ákvæðum 8. gr. upplýsingalaga, enda byggjast takmarkanir 1. tölul. 6. gr. á eyðutilvísun til 4.–6. gr. upplýsingalaga.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að veita skuli aðgang að gögnum sem 2. tölul. 6. gr. tekur

til jafnskjótt og skjöl og gögn hafa verið fullgerð, nema önnur undantekningarákvæði taki jafnframt til þeirra.

Í þriðja lagi er byggt á sömu löggjafarstefnu og fram kemur í 2. mgr. 8. gr. upplýsingalaga um að þagnarskyldar upplýsingar um umhverfismál verði almenningi aðgengilegar þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögnin urðu til nema upplýsingarnar varði viðkvæma einkahagsmuni, en í því tilviki verða þær ekki aðgengilegar fyrr en að áttatíu árum liðnum frá því þær urðu til, sbr. 2. mgr. 8. gr. upplýsingalaga.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar er byggt á 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB, en þar er mælt svo fyrir að aðildarríkin megi ekki, með skírskotun til a-, d-, f-, g- og h-liðar 2. mgr., kveða á um að beiðni verði synjað ef beiðnin varðar upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.

Hugtakið „mengandi losun“ er ekki skilgreint í tilskipun 2003/4/EB. Á því er byggt að undir hugtakið falli m.a. losun fastra og fljótandi efna, svo og lofttegunda sem skaðað geta umhverfið.

Af ákvæði 8. gr. frumvarpsins leiðir að ekki er heimilt að takmarka aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið enda þótt slíkar upplýsingar geti skaðað ímynd eða samkeppnisstöðu þess fyrirtækis sem í hlut á. Ákvæði tilskipunar 2003/4/EB og frumvarps þessa er byggt á því að fyrirtæki eigi ekki réttmætra hagsmuna að gæta af því að halda slíkum upplýsingum leyndum þar sem þeir hagsmunir vegi þyngra að veita almenningi rétt til þess að fá aðgang að slíkum upplýsingum.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nánast samhljóða 7. gr. upplýsingalaga og er á því byggt að það verði skýrt á sambærilegan hátt. Ákvæði greinarinnar á sér að öðru leyti fyrirmynd í 4. tölul. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 17. tölul. formálsorða hennar.

Um 10. gr.

Ákvæði 10. gr. er ætlað að innleiða 1.–2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 21. tölul. formálsorða hennar. Vinna ber að því að stjórnvöld komi skipulagi á upplýsingar um umhverfismál sem tengjast starfsemi þeirra þannig að hægt sé að miðla þeim til almennings, t.d. á heimasíðu hlutaðeigandi stjórnvalds. Þannig er ætlunin að upplýsingar um umhverfismál verði smám saman aðgengilegar í rafrænum gagnagrunnum sem almenningur á auðvelt með að nálgast.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um form- og efniskröfur til beiðna um aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Í 1. mgr. segir að sá sem fari fram á aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 5. gr. skuli tilgreina þær upplýsingar sem hann óskar eftir aðgangi að. Frumvarpið er frábrugðið upplýsingalögum að því leyti að ekki þarf að tilgreina þau gögn eða mál sem óskað er eftir aðgangi að. Samkvæmt frumvarpinu þarf einungis að tilgreina þær upplýsingar um umhverfismál sem óskað er eftir aðgangi að.

Í 2. mgr. kemur fram að stjórnvald geti vísað frá erindi ef tilgreining þeirra upplýsinga sem óskað er eftir aðgangi að er of óljós til að hægt sé að afgreiða erindið. Áður en það er gert skal veita málsaðila leiðbeiningar þar um og gefa honum færi á að tilgreina beiðni sína nánar. Ákvæðið er byggt á 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

Í 3. mgr. 11. gr. kemur fram sambærilegt ákvæði og er að finna í 2. mgr. 10. gr. upplýsingalaga. Þar segir að stjórnvald geti sett það skilyrði að beiðni um aðgang að upplýsingum sé skrifleg og komi fram á eyðublaði sem það leggur til.

Í 4. mgr. 11. gr. kemur fram sama regla og í 3. mgr. 10. upplýsingalaga um það til hvaða stjórnvalds beri að beina beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Þykir það til einföldunar að byggja á sömu reglu í frumvarpi þessu og upplýsingalögum.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins fjalla um málshraða og eru samhljóða ákvæðum 11. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, að öðru leyti en því að lagt er til að afgreiðslufrestur verði 14 dagar. Um útreikning frests fer skv. 8. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Ástæða þess að hafður er lengri afgreiðslufrestur samkvæmt frumvarpi þessu en í upplýsingalögunum er sú að stjórnsýslumál er varða umhverfismál geta verið mikil að vöxtum og skjöl mörg og því getur tekið lengri tíma að afgreiða erindi um ljósrit og afrit gagna en mál sem falla undir upplýsingalögin. Tekið skal fram að skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB skal afgreiða erindi um aðgang að upplýsingum um umhverfismál svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en innan mánaðar frá móttöku erindis. Ef upplýsingar eru umfangsmiklar eða flókið að afgreiða erindið skal það afgreitt innan tveggja mánaða, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr. sömu tilskipunar. Í samræmi við þennan tveggja mánaða frest, svo og fyrirmæli 6. gr. tilskipunarinnar, er mælt svo fyrir í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins að hafi beiðni um aðgang að upplýsingum ekki verið afgreidd 60 dögum eftir að hún barst stjórnvaldi sé aðila heimilt að kæra afgreiðsluna til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurði þá um upplýsingarétt hans. Hunsi stjórnvald beiðni um aðgang að upplýsingum í 60 daga frá móttöku hennar leiðir af ákvæði 2. mgr. 12. gr. að farið er með málið eins og fyrir liggi synjun um aðgang að upplýsingunum.

Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/98/EB um endurnot opinberra upplýsinga er mælt svo fyrir að þegar erindi er afgreitt um aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem höfundaréttur tekur til skuli veita upplýsingar um nafn rétthafa liggi þær fyrir. Standi 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins í vegi fyrir því að veita megi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, þar sem þriðji maður eða hið opinbera á höfundarétt að þeim, skulu stjórnvöld greina frá nafni rétthafa sem aðili máls getur þá snúið sér til.

Í 4. mgr. 12. gr. er kveðið svo á að um málsmeðferð fari að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum. Á stjórnvöldum hvílir því t.d. leiðbeiningar- og rannsóknarskylda skv. 7. og 10. gr. stjórnsýslulaga. Þá ber stjórnvöldum ávallt að veita leiðbeiningar um kæruheimild til úrskurðarnefndar um upplýsingamál þegar ákvörðun er tilkynnt aðila máls ef beiðni er synjað, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. eru byggð á 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB og 5. gr. tilskipunar 2003/98/EB. Ákvæðið byggist á því að stjórnvöldum beri að veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Séu upplýsingarnar þegar aðgengilegar almenningi á öðru formi eða með öðru sniði, t.d. á heimasíðu stjórnvaldsins eða á annarri vefslóð, í útgefinni skýrslu eða riti er almennt fullnægjandi að vísa á upplýsingarnar þar, sbr. a-lið 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

Af ákvæði 1. mgr. 13. gr. leiðir að hægt er að óska eftir því að fá upplýsingarnar veittar munnlega eða fá að skoða þær. Ef upplýsingarnar liggja fyrir í skjölum er hægt að óska eftir ljósriti af þeim. Ef þær liggja fyrir á rafrænu formi er hægt að óska eftir afriti af þeim. Ef um er að ræða myndbandsspólu er hægt að óska eftir afriti af henni o.s.frv.

Þegar þær upplýsingar um umhverfismál sem óskað er eftir aðgangi að eru fyrirliggjandi í fleiri gögnum er nægilegt að afhenda afrit eða ljósrit af einni gerð, enda sé með því komið til móts við þarfir málsaðila á viðhlítandi hátt.

Í ákvæðum laganna felst engin skylda til þess að búa til gögn eða taka saman upplýsingar heldur aðeins að veita aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum, sbr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/98/EB.

Almenningi er ávallt heimilt að skoða umbeðnar upplýsingar um umhverfismál sér að kostnaðarlausu, sbr. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Á hinn bóginn er heimilt að taka gjald fyrir ljósrit og afrit á grundvelli gjaldskrár. Í 3. mgr. 13. gr. segir að umhverfisráðherra ákveði með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst. Ákvæðið er á því byggt að heimilt sé í reglugerð að mæla fyrir um að allur kostnaður af gerð ljósrita og frumrita verði greiddur. Heimilt er þannig að reikna inn í verðið efniskostnað, launakostnað og eðlilegar afskriftir af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Á hinn bóginn er ekki heimilt að taka hærra gjald en hlýst af því að veita umrædda þjónustu þar sem ekki er um að ræða skattlagningarheimild heldur heimild til töku þjónustugjalda. Er það og í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/4/EB, sbr. 18. tölul. formálsorða hennar, svo og 6. gr. tilskipunar 2003/98/EB.

Um 14. gr.

Þar sem gerður er áskilnaður um að synjun á beiðni um aðgang að upplýsingum sé ávallt rökstudd samhliða því að tilkynnt er um hana, sbr. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB, verður ekki hjá því komist að taka upp í frumvarpið ákvæði þessa efnis, þar sem stjórnsýslulögin gera stjórnvöldum einungis skylt að veita eftirfarandi rökstuðning eftir að tilkynnt hefur verið um synjunina að framkominni sérstakri beiðni aðila máls þar um. Af þessum sökum er svo fyrir mælt að ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að hluta eða í heild, skuli rökstudd og tilkynnt skriflega. Tekið er fram að hið sama gildi ef synjað er beiðni um að láta aðila í té ljósrit eða afrit af gögnum. Þar sem stjórnsýslulögin gilda um meðferð slíkra mála ber að veita málsaðila leiðbeiningar um kæruheimild o.fl. skv. 2. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 15. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/4/EB er skylt að tryggja að lögum kæruheimild á ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Í 15. gr. er lagt til að ákvörðun um synjun beiðni um aðgang að upplýsingum, hvort heldur er að hluta eða í heild, verði kæranleg til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Ótvíræðir kostir fylgja því að setja ekki á fót nýja úrskurðarnefnd heldur fela úrskurðarnefnd um upplýsingamál að úrskurða í slíkum málum, enda þótt hún heyri ekki stjórnarfarslega undir málefnasvið umhverfisráðherra eins og frumvarpið, ef að lögum verður, mun að öðru leyti gera. Ekki verður séð að vandamál eigi að fylgja slíku fyrirkomulagi þar sem úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum, sbr. 2. mgr. 14. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Í 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins er áréttað að um meðferð mála gildi ákvæði 14.–19. gr. upplýsingalaga.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku og lagaskil.

Í 2. mgr. eru lagaskilin ákveðin með sama hætti og gert var í 2. mgr. 24. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Um 18. gr.

Í greininni koma fram ákvæði sem breyta öðrum lögum.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um að bætt verði við upplýsingalög heimild til að takmarka aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Lagt er til að við 6. gr. upplýsingalaga bætist nýr töluliður þar sem tekið verði af skarið um að réttur almennings taki ekki til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál ef birting þeirra getur haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera. Ákvæðið er byggt á h-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB. Á grundvelli ákvæðisins er t.d. heimilt að undanþiggja upplýsingar um varpstöðvar fágætra fugla ef hætta er talin á að upplýsingarnar verði notaðar til lögbrota, svo sem ólögmætrar eggjatöku. Jafnframt er lagt til að við 8. gr. upplýsingalaga bætist ný málsgrein þar sem þessar takmarkanir falli niður þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinga geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Í 2. tölul. greinarinnar er lagt til að 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, verði breytt þannig að ákvæðið vísi ekki til eldri laga um efnið heldur til nýrra laga sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu.

Í 3. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands. Markmið frumvarpsins er að ákvæði laganna taki einnig til upplýsinga um umhverfismál sem eru í vörslum safnsins.

Í 4. tölul. er lögð til breyting á höfundalögum, nr. 73/1972. Með 5. tölul. 25. gr. upplýsingalaga var tekið í höfundalög ákvæði um að fyrirmæli laganna um höfundavernd girði ekki fyrir að upplýsingar séu látnar í té, hvort heldur samkvæmt upplýsingalögum eða öðrum lögum, t.d. stjórnsýslulögum. Hins vegar var skýrt tekið fram að þeim sem fengi aðgang að upplýsingunum væri óheimilt að hagnýta sér þær þannig að það færi í bága við almenn fyrirmæli höfundalaga um rétt höfunda yfir verkum sínum.

Þegar lögin voru sett voru gildandi lagareglur um upplýsingarétt almennt þannig úr garði gerðar að þær veittu einvörðungu aðgang að upplýsingum í tilteknum málum en ekki aðgang að skrám eða gagnagrunnum. Frá þessu var þó sú undantekning að 9. gr. þágildandi laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, sbr. nú 18. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, veitti hinum skráða samkvæmt framangreindum lögum aðgang að upplýsingum um hann sjálfan í skrám og gagnagrunnum þótt frá því væru ákveðnar undantekningar. Þar sem sá aðgangsréttur veitir almennt aðeins aðgang að upplýsingum um hinn skráða en hvorki að skrám né gagnagrunnum í heild né heldur heimild til þess að afrita þá í heild eða að stórum hluta, skerðir sá aðgangsréttur yfirleitt ekki lögvarinn höfundarétt, enda tekur höfundaréttur ekki til upplýsinga um staðreyndir.

Þar sem frumvarp þetta hefur þær breytingar í för með sér að aðgangur verður ekki aðeins veittur að upplýsingum um umhverfismál, sem finna má í stjórnsýslumálum og öðrum málum, heldur einnig skrám og gagnagrunnum verður ekki hjá því komist að breyta ákvæði 22. gr. a í höfundalögum þannig að tekið sé af skarið um að ákvæðið takmarkist við upplýsingar í málum (n. dokumentinnsyn), líkt og gert er í 27. gr. norsku höfundalaganna. Að öðr-

um kosti skerðist verulega höfundarvernd gagnagrunna skv. 3. mgr. 6. gr. höfundalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2000 og 50. gr. höfundalaga, sbr. 10. gr. laga nr. 60/2000, varði efni gagnagrunnsins upplýsingar um umhverfismál. Breytingin er einnig nauðsynleg til að stjórnvöld geti virt þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar á sviði höfundaréttar, svo sem tilskipun 96/9/EB um lögverndun gagnagrunna.

Rétt þykir í lokamálslið ákvæðisins að taka af skarið um að fyrirmæli höfundalaga um höfundarvernd girði ekki fyrir aðgang hins skráða að upplýsingum um hann sjálfan á grundvelli 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæðið felur í sér mjög óverulega takmörkun á höfundarétti þar sem sjaldan reynir á hann þegar veittur er aðgangur að persónuupplýsingum.

Fylgiskjal I.

Dæmi um sérákvæði laga um þagnarskyldu.

Lög nr. 9/1940, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenskra eða erlendra skipa.

Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.

91. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 82/1998.

Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin.

Sömu refsingu skal enn fremur hver sá sæta, sem falið hefur verið á hendur af íslenska ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenska ríkisins í þeim erindrekstri.

Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

115. gr., sbr. 38 gr. laga nr. 82/1998.

Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefur farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur, eða því, sem gerst hefur á fundum eða starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

230. gr., sbr. 122 gr. laga nr. 82/1998.

Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu varðar einnig sams konar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

Lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

63. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

Hjúkrunarlög, nr. 8/1974.

6. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 32/1975.

Hjúkrunarfræðingum er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnarskyldan, þótt þeir láti af starfi.

Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

Lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

27. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

Lög nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

12. gr.

Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr., skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meinatækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna.

Tollalög, nr. 55/1987.

141. gr.

Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

44. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989 og 2. gr. laga nr. 51/2002.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands upplýsingar er varða skýrslugerð hennar.

Læknalög, nr. 53/1988.

15. gr.

Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanna.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Lög nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

9. gr.

Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins, svo og starfsmönnum þeirra bókhaldsstofa sem sjá um uppgjör búreikninga, er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn að skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag, tekjur eða gjöld einstakra manna eða stofnana. Skulu þeir ætíð gæta þess að fara með upplýsingar og gögn frá bændum sem trúnaðarmál.

Lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

60. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 34/1997.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn skulu varðveita málsgögn, er varða persónulega hagi einstaklinga, með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Hafi þeir kynnst einkamálum skjólstæðinga í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki skjólstæðings eða forráðamanna hans.

Lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

14. gr.

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsumsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánsjóði í té nauðsylega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið með sem trúnaðarmál.

Lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

19. gr.

Starfsmönnum yfirskattanefndar er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um tekjur og efnahag skattaðila. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Hafi óviðkomandi aðili lagaheimild til að krefja yfirskattanefnd ofangreindra upplýsinga skal sama þagnarskylda hvíla á þeim sem fær slíkar upplýsingar nema ríkari þagnarskylda hvíli á honum að lögum.

Lög nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

15. gr.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Samkeppnislög, nr. 8/1993.

27. gr.

Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýs-

ingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.

Lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

3. mgr. 25. gr.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

Lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

2. mgr. 45. gr.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita fræðsluyfirvöldum þessar upplýsingar og öðrum vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Lög nr. 93/1995, um matvæli.

2. mgr. 24. gr.

Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd er þeir kunna að komast að við leyfisveitingar, sbr. VIII. kafla, og framkvæmd eftirlits.

Lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

26. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 68/2004.

Starfsmenn skoðunarstofu og tilnefndra aðila, Löggildingarstofu og eftirlitsstjórnvalda eru bundnir þagnarskyldu um atriði er viðskiptaleynd hvílir yfir og fram koma við rannsókn og meðferð máls.

Lög nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

26. gr.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

Lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

1. mgr. 18. gr.

Allar upplýsingar, sem svæðisvinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1 mgr. 16. gr.

Þeir sem starfa samkvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

1. mgr. 17. gr.

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem sjávarafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

13. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 11/2000.

Þagnarskylda.

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

Þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um atriði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr. Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar.

Lög nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

3. mgr. 3. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 57/2003.

Rannsóknarnefnd sjóslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Um aðgang að rannsóknargögnum fer samkvæmt ákvæðum 13. gr.

Lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

35. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til löggreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að sá sem óskar upplýsinga sé háður samsvarandi þagnarskyldu.

Seðlabanki Íslands skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið skulu gera með sér samstarfssamning þar sem m.a. er kveðið nánar á um samskipti stofnananna.

Barnaverndarlög, nr. 80/2002.

8. mgr. 4. gr.

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

Raforkulög, nr. 65/2003.

29. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn stofnana sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

Lög nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

8. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Póst- og fjarskiptastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum skal ekki vera því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gefi fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA sem fjalla um póst- og fjarskiptamál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum við sambærilegar stofnanir innan Evrópska efnahagssvæðisins og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Lög nr. 81/2003, um fjarskipti.

47. gr.

Öryggi og þagnarskylda.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þjónustunnar í samráði við rekstraraðila fjarskiptaneta ef við á. Ef sérstök hætta er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandinn upplýsa áskrifendur um hættuna.

Öllum sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, er skylt, bæði meðan þeir gegna starfi og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Lög nr. 83/2003, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

7. gr.

Starfsfólki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ber að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga, upplýsingagjöf og afhendingu gagna fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga og lögum um heilbrigðisstarfsmenn. Um upplýsingaskyldu og afhendingu gagna fer jafnframt eftir barnalögum og barnaverndarlögum.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

117. gr.

Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þótt menn þessir láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands skýrslur, í því formi er Hagstofa Íslands ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð hennar. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

Lög nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

19. gr.

Þagnarskylda.

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að umboð þeirra skv. 1. og 2. mgr. er á enda.

Lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa.

1. mgr. 9. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa, starfslið hennar og aðrir sem starfa í þágu nefndarinnar skulu virða þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Lög nr. 50/2004, um siglingavernd.

4. mgr. 4. gr.

Áður en Siglingastofnun Íslands staðfestir áhættumat og verndaráætlun skv. 3. mgr. skal hún leita umsagnar ríkislögreglustjóra. Siglingastofnun skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Siglingastofnun annast öll samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina um siglingavernd, þ.m.t. að senda lögboðnar tilkynningar o.s.frv.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnvöldum verði skylt að veita almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál með ákveðnum takmörkunum þó. Miðað er við að aðgangur sé veittur að upplýsingum á því formi sem þær eru varðveittar á. Óski aðili eftir afriti af skjölum eða öðrum gögnum skal hann greiða kostnað við afritunina eftir gjaldskrá sem umhverfisráðherra setur og er gert ráð fyrir að gjaldið standi undir afritunarkostnaði.

Miðað við framangreindar forsendur munu tekjur ríkissjóðs fyrir afritun gagna standa undir útgjöldum vegna þess og frumvarpið því ekki hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

222. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á undan 11. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

Einkaréttur höfundar skv. 3. gr., sbr. 2. gr., gildir ekki um gerð eintaka sem

1. eru til skamms tíma eða tilfallandi,
2. eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli,
3. hafa þann tilgang einan að gera mögulega sendingu af hálfu milliliðar milli þriðju aðila um net eða löglega notkun á verki eða öðru efni og
4. hafa enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tölvuforrit og gagnagrunna.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er einstaklingum að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má nota slík eintök í neinu öðru skyni.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Setja má í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

5. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

6. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur eintak af verki með samþykki höfundar verið selt eða með öðrum hætti framselt til annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins, og er þá frekari dreifing þess heimil. Ef um er að ræða dreifingu í formi láns eða leigu verður ákvæði 1. málsl. einnig beitt um sölu eða annars konar framsal til annarra utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að dreifa eintökum af verkum til almennings með því að leigja þau án þess að samþykki höfundar liggi fyrir. Þetta gildir þó ekki um byggingar og nytjalist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt án samþykkis höfundar að dreifa til almennings eintökum af kvikmyndaverkum og tölvuforritum í stafrænu formi með því að lána þau út. Þetta gildir þó ekki þegar eintak af tölvuforriti í stafrænu formi er hluti af bókmenntaverki og er lánað með því.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki í för með sér skerðingu á rétti til úthlutunar samkvæmt lögum um Bókasafnssjóð höfunda.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Síðasti málsliður 3. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

8. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 46. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er óheimilt að birta slíkar ljósmyndir án samþykkis rétthafa.
b. Í stað orðanna „25 ár“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: 50 ár.

12. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli A, **Tæknilegar ráðstafanir o.fl.**, með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (50. gr. a.)

Óheimilt er að eiga viðskipti með eða hafa undir höndum í fjárhagslegum tilgangi tæki eða gögn sem hafa þann tilgang einan að auðvelda með ólöglegum hætti að fjarlægja eða komast fram hjá tæknilegum búnaði ætluðum til þess að koma í veg fyrir ólögmæta eftirgerð tölvuforrits.

b. (50. gr. b.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að sniðganga tæknilegar ráðstafanir, sbr. 4. mgr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, dreifa, selja, leigja, auglýsa til sölu eða leigu eða eiga í viðskiptalegum tilgangi búnað, vörur eða íhluti sem

1. eru kynnt eða auglýst sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum,
2. hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum eða
3. eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðvelda að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um þjónustu.

Með tæknilegum ráðstöfunum í 1. og 2. mgr. er átt við hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir sem samkvæmt eðlilegri notkun eru ætlaðar til þess að vernda verk og annað efni verndað með lögum þessum.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um vernd tölvuforrita.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru því ekki til fyrirstöðu að gerðar séu rannsóknir á dulritun.

c. (50. gr. c.)

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b, að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b, að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, til að mynda samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja að notandinn geti nýtt sér hin tilvitnuðu ákvæði í 1. mgr. hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

d. (50. gr. d.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að

1. fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu eða
2. dreifa eintökum, flytja inn í því skyni að dreifa eintökum eða miðla til almennings verkum og öðru efni þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að sá sem að gerningi stóð hafi vitað eða mátt vita að með gerningnum komi hann til leiðar, geri kleift, auðveldi eða leyni broti gegn rétti til verks eða annars efnis sem verndar nýtur samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „1. mgr. 50. gr.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 50. gr. b, varðar eftirtalin eintakagerð einstaklinga til einkanota ekki refsingu:

1. eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda,
2. eintakagerð sem fram fer andstætt 1. mgr. 50. gr. b.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 25. gr. b taka til verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings annarra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir.
c. 2. mgr. orðast svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar hafa verið í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í öðrum ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

d. 3. mgr. orðast svo:

Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Hjóðritaðs listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er ríkisborgari eða aðili búsettur í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

e. Í stað orðanna „hér á landi“ í 1. og 2. tölul. 4. mgr. kemur: í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frumvarp til endurskoðunar á ákvæðum b- og c-liðar 12. gr. laga þessara (50. gr. b og 50. gr. c laganna) skal lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á löggjafarþinginu 2006–2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Höfundaréttarnefnd, sem er menntamálaráðherra til ráðuneytis í höfundaréttarmálefnum skv. 58. gr. höfundalaga, hefur farið yfir drög að frumvarpinu og gert á því ýmsar breytingar. Er frumvarpið lagt fram á Alþingi eins og höfundaréttarnefnd leggur til að það verði samþykkt.

Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 131. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er það nú lagt fram að nýju í lítt breyttri mynd.

Megintilefni frumvarps til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, nú er setning tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (hér eftir kölluð tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu eða tilskipunin (e. „InfoSoc“ Directive). Af hálfu menntamálaráðuneytisins og höfundaréttarnefndar er litið á frumvarp þetta sem fyrsta áfanga í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna lagaþróunar á sviði höfundaréttar. Talið er að heildarendurskoðun höfundalaga muni taka allnokkurn tíma og því var ákveðið að draga þá þætti út úr endurskoðuninni er snúa að innleiðingu tilskipunarinnar og mæla fyrir þeim sérstaklega í frumvarpi þessu, enda bar EES/EFTA-ríkjunum að leiða tilskipunina í landslög fyrir 10. janúar 2005 eins og nánar greinir hér á eftir.

Hugtakið upplýsingasamfélag er víðtækt og erfitt að skilgreina það nákvæmlega, en orðuð hefur þó verið sú skilgreining að upplýsingasamfélag sé samfélag þar sem þjónusta, samskipti og upplýsingar eru ráðandi þættir (Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, útg. af ríkisstjórn Íslands 1996). Tölvutækni, fjarskiptatækni og rafeindatækni eru áberandi þættir í upplýsingasamfélaginu.

Með frumvarpinu er meðal annars ætlunin að breyta íslenskum lögum til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar.

Helstu atriði tilskipunarinnar, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, eru þessi:

- Höfundum og rétthöfum svonefndra skyldra réttinda (listflytjendum, framleiðendum hljóðrita, kvikmyndaframleiðendum og útvarpsfyrirtækjum) skal tryggður einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna og nánar tiltekins efnis. Skal einkarétturinn þannig ekki aðeins ná til áþreifanlegra eintaka, heldur einnig til dæmis til eintaka á stafrænu formi.
- Höfundum skal tryggður einkaréttur til hvers konar svokallaðrar „miðlunar verka sinna til almennings“ (e. communication to the public). Þessi réttur er skilgreindur svo að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem

miðlunin fer fram. Undir þetta fellur meðal annars gagnvirk pöntunarþjónusta á netinu (e. on-demand service).
- Rétthöfum skyldra réttinda skal tryggður einkaréttur til þess að nánar tiltekið efni þeirra verði gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs. Samkvæmt þessu geta til dæmis rétthafar hljóðrita og kvikmynda heimilað eða bannað miðlun efnis síns um netið og sett skilyrði fyrir notkun þess.
- Höfundum skal tryggður einkaréttur til dreifingar til almennings á verkum sínum með sölu eða á annan hátt.
- Í tilskipuninni er að finna tæmandi upptalningu á heimilum undantekningum og takmörkunum á einkaréttinum til eftirgerðar og/eða miðlunar til almennings, sem og á dreifingarréttinum. Aðeins eina þeirra er skylt að taka upp í landslög, en tuttugu þeirra eru valfrjálsar.
- Skylt er að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá tæknilegum ráðstöfunum (e. technical protection measures – TPM) sem gerðar eru til þess að vernda verk og annað efni sem fellur undir höfundarétt og skyld réttindi, sem og lögvernd gegn því að rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu (e. digital rights management – DRM) séu fjarlægðar eða þeim breytt.

Nánari grein er gerð fyrir einstökum ákvæðum tilskipunarinnar síðar.

Eins og yfirlitið að framan um efni tilskipunarinnar ber með sér tekur hún sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda, fyrst og fremst að því er varðar tónlist og kvikmyndir og þá ekki síst vegna möguleika til dreifingar slíkra verka á netinu. Af þessum sökum er tilskipunin kennd við upplýsingasamfélagið, en allt eins mætti kenna hana við hina stafrænu tækni eins og gert var t.d. í Bandaríkjunum við innleiðingu svonefndra Internet-sáttmála Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) með svonefndum „Digital Millennium Copyright Act“ lagabálki árið 1998. Þessi tækni gefur möguleika til svo fullkominnar afritunar verka og annars efnis á stafræna miðla, t.d. á geisladiska (CD-ROM/DVD-ROM), að afrit ná fullum gæðum frumrita. Með tilkomu netsins skapast ný tækifæri til víðtækrar dreifingar efnis sem nýtur höfundaréttarverndar. Í því felast hættur fyrir höfunda og útgefendur því unnt er að miðla útgefnum verkum á stafrænu formi á augabragði heimshorna á milli með slíkum gæðum að ekki verður greint á milli frumrita og afrita verkanna. Er sú hætta einkum fyrir hendi með svonefndum skráardeiliforritum og skráarsvæðum sem gefa notendum netsins og annarra netkerfa kost á að deila sín á milli afritum verndaðra verka um jafningjanet, samhliða vistun þeirra á opnum skráarmiðlurum án samþykkis rétthafa. Talið er að verk sem þannig er miðlað á milli aðila án heimildar rétthafa séu einkum tónlistar- og kvikmyndaverk, auk hugbúnaðar. Það gefur augaleið að sporna verður við því að hin nýja tækni, sem gagnast höfundum, öðrum rétthöfum og öllum almenningi með margvíslegum hætti, sé notuð til óheimillar hagnýtingar á efni sem nýtur höfundaréttarverndar. Hagsmunir rétthafanna eru að sjálfsögðu kveikjan að því að hamlað sé gegn óheimilli nýtingu verka þeirra og annars efnis því að vernd réttinda þeirra er forsenda fyrir skapandi vinnu þeirra og fjárfestingum í fyrirtækjum sem byggjast á höfundarétti. En þjóðhagslegir hagsmunir skipta einnig miklu máli. Í nútímaþjóðfélögum er framlag vöru og þjónustu, sem byggist á höfundarétti, til þjóðarframleiðslunnar mikið og fer sífellt vaxandi. Þannig sýndi finnsk rannsókn, sem gerð var fyrir nokkrum árum, að þetta framlag næmi að minnsta kosti 4% af vergri þjóðarframleiðslu Finna. Í Evrópusambandsríkjunum í heild er hlutfallið áætlað um 6%. Sem dæmi um þýðingu höfundaréttarefnis í bandarísku efnahagslífi má nefna að á árinu 2000 urðu útflutningstekjur Bandaríkjanna af hljóð-

og myndefni hærri en tekjurnar af útflutningi flugvéla. Í nýlegri bók (Hagræn áhrif tónlistar eftir Ágúst Einarsson prófessor, útg. viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 2004) kemur fram að framlag menningar til landsframleiðslu sé 4%, sem sé meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísilframleiðsla hins vegar. Jafnframt kemur þar fram að 5.000 manns starfi við menningu hérlendis, sem sé álíka fjöldi og starfi í útgerð annars vegar og hótel- og veitingarrekstri hins vegar.

Það er ekki eingöngu svo að hin nýja tækni feli í sér hættur fyrir hagsmuni rétthafanna. Þvert á móti skapar hún einnig möguleika fyrir þá til þess að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli notkun með tæknilegum ráðstöfunum, svo sem aðgangsstýringum að vefsvæðum og afritunarvörnum vegna efnis á geisladiskum. Notkun þess háttar tæknilegra ráðstafana er þegar orðin allútbreidd, og reiknað er með enn frekari notkun þeirra í framtíðinni. Um leið og tæknilegar ráðstafanir hafa þau jákvæðu áhrif að auðvelda vernd höfundaréttar geta þær haft þá skuggahlið að notendum sé gert erfitt um vik að hagnýta sér lögheimilaðar takmarkanir á réttindum höfunda og annarra rétthafa samkvæmt höfundarétti. Í þessu efni, eins og víðar í höfundaréttinum, þarf því að leita jafnvægis milli hagsmuna rétthafa og notenda.

Með tilkomu netsins hefur höfundarétturinn orðið enn alþjóðlegri en áður, og hafa þó lengi verið í gildi alþjóðlegir samningar á sviði höfundaréttarins. Í desembermánuði 1996 í Genf samþykktu 120 þjóðir á ráðstefnu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) tvo samninga til þess að takast á við þau vandamál sem fylgja hinni nýju tækni, og eru þeir af þeim sökum í daglegu tali kallaðir Internet-samningar WIPO. Annars vegar er samningur um réttindi höfunda (WIPO Copyright Treaty, WCT) og hins vegar samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita (WIPO Performances and Phonograms Treaty, WPPT). Báðir samningarnir gengu í gildi á árinu 2002 (WCT 6. mars 2002 og WPPT 20. maí 2002) þar sem tilskilinn fjöldi ríkja (30) hafði þá fullgilt samningana. Með tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gefa ESB-ríkin og EFTA-ríkin innan EES forskrift að samræmingu höfundaréttar síns til þess að mæta kröfum Internet-samninga WIPO. Þegar ríkin hafa leitt ákvæði tilskipunarinnar í lög sín geta þau fullgilt WIPO-samningana. Evrópusambandsríkin áttu að hafa lögleitt ákvæði tilskipunarinnar 22. desember 2002, en aðeins tvö ESB-ríkjanna náðu að standa við þá tímasetningu (Danmörk og Grikkland).

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tilskipunina sem breytingu á XVII. viðauka EES-samningsins um hugverkaréttindi á fundi sínum 9. júlí 2004 og varð tilskipunin hluti af EES-samningnum 10. júlí 2004. Ástæðu fyrir drætti á upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn má rekja til afstöðu framkvæmdastjórnar ESB til bókunar, sem EES/EFTA-ríkin höfðu lagt til að tekin yrði upp sem viðauki við tilskipunina, þess efnis að EFTA-ríkin væru óbundin af reglu 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um svæðisbundna tæmingu höfundaréttar. Lausn hefur nú fengist í framangreindri deilu sem stóð yfir um þriggja ára skeið og hefur sameiginlega EES-nefndin tiltekið sex mánaða frest til innleiðingar tilskipunarinnar sem reiknast frá 10. júlí 2004. Á síðasta þingi (131. löggjafarþingi) var samþykkt tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreindrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (438. mál, þskj. 1177). Tilgangurinn með samþykkt tillögunnar var að afla heimildar Alþingis fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta breytingu á EES samningnum fyrir Íslands hönd og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29 frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Auk þess að laga EES-réttinn að ákvæðum WIPO-samninganna er tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu almennt ætlað að samræma frekar höfundarétt á EES-svæð-

inu til þess að misræmi í löggjöf ríkjanna hafi ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins. Frá árinu 1991 og fram til marsmánaðar 2005 hafa verið samþykktar átta tilskipanir til þess að samræma ákvæði höfundalaga innan ESB og EES, og er tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu sú sjötta í röðinni og hin umfangsmesta. Hinar fyrri varða lögvernd fyrir tölvuforrit (91/250/EBE), leigu- og útlánsrétt (92/100/EBE), útsendingar um gervihnött og endurvarp um kapal (93/83/EBE), verndartíma höfundaréttar og skyldra réttinda (93/98/ EBE) og lögvernd gagnagrunna (96/9/EB). Allar þessar tilskipanir hafa verið lögleiddar hér á landi með breytingu á höfundalögum. Búið er að samþykkja tilskipanir númer sjö og átta í framangreindri röð, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks 2001/84/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um framfylgni hugverkaréttinda 2004/48/EB. Tilskipun 2001/84/EB var tekin upp í EES-samninginn 1. ágúst 2003. Frestur til lögleiðingar ákvæða þeirrar tilskipunar er til 1. janúar 2006 svo að ákveðið var að sleppa því við samningu þessa frumvarps að taka tillit til hennar. Frestur aðildarlanda EB til lögleiðingar tilskipunar 2004/48/EB er til 29. apríl 2006 en hún verður þó ekki tekin upp í EES-samninginn þar sem hún telst falla utan gildissviðs hans. Tilskipun 2001/84/EB mun leiða til breytinga á ákvæðum 25. gr. b í höfundalögunum þar sem mælt er fyrir um svonefnt fylgiréttargjald til höfunda listaverka (f. Droit de Suite) við endursölu á verkum þeirra í atvinnuskyni. Tilskipunin um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu á ekki að hafa nein áhrif á þau efni sem eldri tilskipanirnar gilda um nema það sé sérstaklega ákveðið (2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, sbr. 11. gr.).

Þá er bætt við nokkrum ákvæðum um takmörkun á höfundaréttinum og önnur ákvæði þar að lútandi skerpt og skýrð.

Aðrar breytingartillögur frumvarpsins eru fyrst og fremst til skýringar á einstökum ákvæðum laganna.

Við undirbúning breytinganna á höfundalögum vegna ákvæða tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu og nokkur önnur atriði hafa þau ráðuneyti hjá Norðurlandaþjóðunum, sem með höfundaréttarmálefni fara, haft með sér samráð. Er löng hefð fyrir því að Norðurlandaþjóðirnar leitist við að hafa sem mest samræmi í höfundalöggjöf sinni. Við samningu frumvarpsins hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af ýmsum ákvæðum í frumvarpi Dana til breytinga á höfundalögum þeirra sem lagt var fram í danska þjóðþinginu 2. október 2002 og varð að lögum 11. desember sama ár.

Tekið er fram að víða í frumvarpinu, þar sem einungis er talað um höfundarétt, er einnig átt við hin skyldu réttindi, sem að framan eru nefnd, þ.e. réttindi listflytjenda, hljóðritaframleiðenda o.s.frv. Með sama hætti er víðast þar sem talað er um höfunda einnig átt við listflytjendur o.s.frv.

II. Efni tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu.

1. Einkaréttur til eftirgerðar. Rétturinn til eftirgerðar er þýðingarmestur af einkaréttindunum samkvæmt höfundarétti. Í einkaréttinum felst að öðrum en höfundum er óheimilt að gera eftirgerðir af verkum nema til komi samningar þar um eða sérstök lagafyrirmæli. Um hugtakið eftirgerð eru oft notuð önnur orð, svo sem eintak, afrit og eftirrit. Hugtakið eintak er sennilega oftast notað í íslensku höfundalögunum, en þar er það skilgreint sem eintakagerð þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri (2. gr. laganna). Eintak er með öðrum orðum áþreifanlegt. Eftirgerð samkvæmt tilskipuninni er miklu víðtækara hugtak því að í 2. gr. hennar er rétthöfunum áskilinn einkaréttur „til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætt, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta“. Nær einkarétturinn til eftirgerðar

þannig ekki aðeins til þess að gera áþreifanleg eintök, heldur einnig til þess að gera óáþreifanlegar eftirgerðir, til dæmis til hvers konar stafrænna afrita sem verða til við vinnslu í tölvum og netkerfum, þar á meðal tímabundinna afrita sem ekki koma fyrir augu nokkurs manns.

Einkarétturinn til eftirgerðar er veittur höfundum vegna verka þeirra, listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra, framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra, framleiðendum frumupptakna kvikmynda vegna frumrita og afrita af kvikmyndum þeirra og útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útvarpi þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött.

Nánar er fjallað um einkaréttinn til eftirgerðar samkvæmt tilskipuninni í niðurlagskafla frumvarpsins.

2. Réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi. Í 3. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um einkarétt til miðlunar verka til almennings (e. „communication to the public“) og einkarétt til að gera annað efni aðgengilegt almenningi (e. „making available to the public“). Síðargreindi rétturinn er talinn vera hluti af hinum fyrrgreinda. Höfundum er veittur víðtækari rétturinn, en rétthöfum hinna skyldu réttinda hinn þrengri. Ástæðan er sú að í 8. gr. tilskipunarinnar um leigu- og útlánsrétt er mælt fyrir um einkarétt til miðlunar til almennings til handa listflytjendum og útvarpsfyrirtækjum, þó ekki eins víðtækan rétt og höfundum er veittur í 3. gr. þessarar tilskipunar.

Í einkarétti höfunda til miðlunar verka sinna til almennings felst skv. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar réttur höfunda „til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs“. Í tilskipuninni (23. skýringargrein) er rétturinn til miðlunar til almennings skilgreindur nánar, en þar segir að þennan rétt beri að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þá segir að þessi réttur skuli ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Loks segir að þessi réttur skuli ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir. Ekki er fyllilega ljóst hversu víðtækur einkarétturinn til miðlunar til almennings er. Þó er skýrt að í ákvæðinu er gert ráð fyrir einhverri fjarlægð milli þess staðar þar sem miðlunin fer fram og þeirra sem á móti miðluninni taka („almennings, sem er ekki staddur á þeim stað, þar sem miðlunin fer fram“). Þannig nær ákvæðið til dæmis ekki til milliliðalauss flutnings á verkum höfunda frammi fyrir áhorfendum eða áheyrendum. Að því leyti nær einkaréttur höfunda til miðlunar verka til almennings skemmra en einkaréttur höfunda til birtingar verka sinna samkvæmt íslensku höfundalögunum, en verk telst meðal annars birt þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega (3. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr., höfundalaga).

Einkaréttur til þess að gera annað efni en höfundaverk aðgengilegt almenningi er veittur rétthöfum hinna skyldu réttinda (listflytjendum o.s.frv.) með 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Þar er þessum rétthöfum áskilinn einkaréttur til þess að heimila eða banna að efni þeirra verði gert aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Í þessum rétti felst ákveðinn fjarlægðarþáttur eins og í miðlunarréttinum (sbr. 24. skýringargrein tilskipunarinnar). Það er skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að hið verndaða efni sé boðið almenningi til afnota á þann hátt að það sé í valdi hvers og eins að ákveða hvar og hvenær hann

nálgast efnið. Með ákvæðinu er til dæmis verndaður einkaréttur hljóðritaframleiðenda og kvikmyndaframleiðenda til pöntunarþjónustu (e. „on-demand service“) á netinu með efni þeirra.

Í miðlun verka til almennings og því að gera annað efni aðgengilegt almenningi felst ekki dreifing áþreifanlegra eintaka, heldur fellur hvort tveggja undir veitingu þjónustu.

Um einkaréttinn til miðlunar verka til almennings og réttinn til að gera annað efni aðgengilegt samkvæmt tilskipuninni er nánar fjallað síðar.

3. Dreifingarréttur. Tilskipunin áskilur höfundum einkarétt til þess að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings á frumritum eða afritum verka þeirra með sölu eða á annan hátt (1. mgr. 4. gr.). Þetta ákvæði gildir eingöngu um höfunda, eins og berum orðum er fram tekið, en ekki um rétthafa skyldra réttinda, svo sem listflytjendur, hljóðritaframleiðendur, kvikmyndaframleiðendur og útvarpsfyrirtæki. Hinum síðargreindu er áskilinn einkaréttur til dreifingar á efni sínu í 9. gr. tilskipunarinnar um leigu- og útlánsrétt. Einnig hefur höfundum tölvuforrita og gagnagrunna verið tryggður einkaréttur til dreifingar á verkum sínum með fyrri tilskipunum (c-liður 4. gr. tölvuforritatilskipunar og c-liður 5. gr. gagnagrunnatilskipunar). Ákvæðið um einkarétt höfunda til dreifingar á verkum sínum í tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu hefur þá þýðingu fyrst og fremst að dreifingarréttur höfunda annarra tegunda verka, bókmenntaverka, tónverka o.s.frv., er samræmdur.

Samkvæmt gildandi íslenskum höfundalögum má líta svo á að dreifingarréttur höfundar sé talinn vera hluti af einkarétti hans til birtingar á verki (3. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. höfundalaga).

Í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að dreifingarréttur tæmist ekki innan bandalagsins (og EES) að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins (EES) eða það sé gert með leyfi hans. Með þessu ákvæði er tekin upp svokölluð evrópsk tæmingarregla. Í tæmingu (e. „exhaustion“, d. „konsumption“) dreifingarréttar felst í reynd að réttur höfundar til þess að hamla dreifingu verka sinna á markaði fellur niður þegar búið er að selja fyrsta eintakið af verkinu, enda standi höfundur sjálfur að sölunni (eða annars konar framsali eignarréttarins) eða framsalið fari að minnsta kosti fram með samþykki hans. Þannig getur til dæmis bókarhöfundur ekki stöðvað frekari sölu bókar sinnar á markaði eftir að hún er á annað borð komin í sölu (þ.e. fyrsta eintakið selt) þó að hann hafi ráðið því hvort verk hans var yfirleitt sett á markað.

Yfirleitt er litið svo á að tæming dreifingarréttarins sé alþjóðleg, nema annað sé sérstaklega ákveðið, þ.e. að ef verk er komið löglega í dreifingu einhvers staðar í heiminum geti höfundur ekki stöðvað frekari dreifingu. Svæðisbundin tæmingarregla, eins og hin evrópska tæmingarregla samkvæmt tilskipuninni, hefur það hins vegar í för með sér að höfundi er áskilinn réttur til þess að hamla dreifingu innan svæðisins (í þessu tilviki innan EES) nema fyrsta eintak þess hafi verið selt eða með öðrum hætti framselt innan svæðisins. Sem dæmi um beitingu hinnar evrópsku tæmingarreglu má nefna að höfundur, sem sett hefur eintök verks síns á markað í Bandaríkjunum, getur ákveðið að þeim eintökum megi ekki dreifa á EES-svæðinu.

Í norrænum höfundarétti hefur til þessa verið byggt á reglunni um alþjóðlega tæmingu, en nú ber að taka upp evrópska tæmingarreglu. Það er ráðandi viðhorf innan Evrópusambandsins að alþjóðleg tæmingarregla í höfundaréttinum skuli vera háð gagnkvæmni í alþjóðlegum samningum eða alþjóðlegum sáttmálum. Í WIPO-samningunum var ákveðið að ein-

stökum samningsaðilum skuli vera heimilt að ákveða hvaða skilyrði, ef einhver, gildi um tæmingu dreifingarréttarins (2. mgr. 6. gr. WCT og 2. mgr. 8. gr. WPPT).

Sérstök ákvæði um tæmingu dreifingarréttar eru í tilskipunum um tölvuforrit (c-lið 4. gr.), gagnagrunna (c-lið 5. gr.) og leigu- og útlánsrétt (2. mgr. 9. gr.). Allnokkur ríki innan EES, þar á meðal Norðurlöndin, töldu lengi vel vafa leika á því að ákvæðin í tilskipununum um höfundarétt að tölvuforritum og gagnagrunnum kvæðu afdráttarlaust á um evrópska tæmingarreglu. Ríkisstjórnir Íslands, Liechtenstein og Noregs höfðu lýst yfir fyrirætlun sinni um að innleiða ekki evrópska tæmingarreglu við lögleiðingu tilskipunarinnar í höfundalög sín. Var sú fyrirætlun rökstudd með því að EES-samningurinn fæli ekki í sér tollabandalag EES/EFTA-ríkjanna og aðildarríkja ESB. Því bæri þeim ekki að fylgja eftir fyrirmælum 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/29/ EB. Enn fremur var talið að upptaka svæðisbundinnar tæmingar gæti takmarkað svigrúm EFTA til að gera fríverslunarsamninga við þriðju ríki þar sem innleiða þyrfti hömlur í slíka samninga um tollmeðferð vöru sem háð væri höfundarétti. Um framangreind atriði stóð um árabil deila á milli framkvæmdastjórnar ESB og EFTA þar sem framkvæmdastjórnin sætti sig ekki við upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn með fyrirvara um gildi 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Endi var hins vegar bundinn á þennan ágreining með samkomulagi aðila, dags. 14. júní 2004. Það samkomulag var svo staðfest með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 9. júlí 2004 um upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, ásamt bókun um aðild EES/EFTA-ríkjanna að svonefndri tengslanefnd skv. 3. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu gildir tæming dreifingarréttarins aðeins um áþreifanleg eintök höfundaverks, en kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu (29. skýringargrein). Í samræmi við þetta er svo kveðið á í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar að einkaréttindin til miðlunar til almennings (1. mgr. 3. gr.) og til þess að gera efni aðgengilegt almenningi (2. mgr. 3. gr.) tæmist ekki. Til dæmis felur afhending verks á stafrænu formi til notanda með rafrænum hætti ekki það í sér að einkaréttur höfundar til frekari dreifingar hins stafræna eintaks tæmist við hina rafrænu miðlun.

4. Undantekningar og takmarkanir. Í tilskipuninni (5. gr.) eru ákvæði um þær takmarkanir sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda þurfa að sæta eða geta þurft að sæta á þeim einkaréttindum sem þeim eru tryggð með tilskipuninni. Takmarkanirnar þjóna þeim megintilgangi að auðvelda notendum, í sérstökum tilvikum, aðgang að efni sem fellur undir vernd höfundaréttar.

Í forsendum tilskipunarinnar er lögð á það áhersla að endurmeta þurfi gildandi undantekningar frá réttindum og takmarkanir á þeim með hliðsjón af hinu nýja rafræna umhverfi. Bent er á að sá munur sem er á undantekningum og takmörkunum í ríkjunum hafi bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins beri að skilgreina slíkar undantekningar og takmarkanir á samræmdari hátt. En hversu langt skuli gengið í að samræma þær skuli miðast við áhrif þeirra á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

Ekki tókst við gerð tilskipunarinnar nema að hluta til að samræma undantekningarnar frá einkaréttindunum. Einstök ríki reyndust fastheldin á þær undantekningar sem hjá þeim hafa tíðkast og fyrst og fremst eiga sér menningarleg rök og styðjast við lagahefðir. Samræmingin að því er lýtur að undantekningunum er því aðallega fólgin í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi var tekin upp ein undantekning frá einkaréttindunum sem skylt er að gera (1. mgr. 5. gr.). Þessi undantekning heimilar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, tímabundnar og tilfallandi eftirgerðir, sem verða til í tækniferli, til dæmis við umferð gagna á netinu, og var nauðsynleg

vegna þess að einkarétturinn til eftirgerðar í 2. gr. tilskipunarinnar var skilgreindur svo víðtækur að hann nær meðal annars til þess háttar eftirgerða. Í öðru lagi var sett í tilskipunina skrá um tuttugu valfrjálsar undantekningar á einkaréttinum til eftirgerðar og einkaréttinum til miðlunar til almennings (2. og 3. mgr. 5. gr., sbr. 4. mgr.). Þessi skrá er tæmandi. Undantekningar í landslögum, sem ekki falla undir þessa skrá, ber því að fella úr gildi eða breyta þeim. Ekki verða heldur teknar upp í landslög nýjar undantekningar nema þær rúmist innan heimilda skrárinnar. Þess mun ekki gerast þörf að fella alveg niður neinar undantekningarheimildir sem nú eru í höfundalögunum, en í ýmsum tilvikum þarf að laga undantekningar að skilyrðum sem áskilin eru í tilskipuninni.

Valfrjálsu undantekningarnar eru margbreytilegar, til dæmis vegna fræðslu- eða vísindastarfsemi, í þágu opinberra stofnana, svo sem bóka- og skjalasafna, vegna fréttamennsku, vegna tilvitnana, til notkunar fyrir fatlað fólk, vegna almannaöryggis og vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs fyrir dómi (34. skýringargrein). Margar undantekninganna eru háðar því skilyrði að þeim sé ekki beitt í fjárhagslegum tilgangi, beint eða óbeint. Þetta á til dæmis við um afritun einstaklinga til einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.), eftirgerðir almenningsbókasafna, menntastofnana o.fl. (c-liður 2. mgr. 5. gr.), upptökur félagslegra stofnana (svo sem sjúkrahúsa og fangelsa) á útvarpsefni (e-liður 2. mgr. 5. gr.) og notkun í þágu fatlaðra (b-liður 3. mgr. 5. gr.).

Tilteknum undantekningum verður því aðeins beitt að rétthafar fái það sem kallað er sanngjarnar bætur eða sanngjarnt gjald (e. fair compensation). Þetta skilyrði gildir til dæmis um heimild einstaklinga til afritunar til einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.) og upptökur félagslegra stofnana á útvarpsefni (e-liður 2. mgr. 5. gr.). Ekki eru í tilskipuninni sett bindandi fyrirmæli um það hvernig sanngjarnt gjald verði ákveðið. Er einstökum ríkjum því nokkuð í sjálfsvald sett með hvaða hætti þau haga gjaldinu til rétthafanna, en gjald þarf að koma fyrir og það þarf að vera sanngjarnt. Þó rúmast það innan hugtaksins að ekki sé um neina greiðsluskyldu að ræða ef tjón rétthafa af eftirgerð er metið óverulegt (35. skýringargrein), svo sem vegna ljósritunar einstaklinga til einkanota. Í tilskipuninni er kveðið á um það hvaða sjónarmið hafa beri í huga við ákvörðun sanngjarns gjalds fyrir tilteknar tegundir eftirgerðar á hljóðefni, myndefni og hljóð- og myndefni til einkanota (38. og 39. skýringargrein). Líta verður svo á að ákvæði íslensku höfundalaganna (3.–6. mgr. 11. gr. gildandi laga) um gjöld af auðum segulböndum o.fl. til upptöku á efni sem útvarpað hefur verið eða gefið hefur verið út á hljóðriti eða myndriti, fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar í þessu efni.

Fleiri en ein undantekningarheimild samkvæmt tilskipuninni getur átt við um tiltekna undantekningu í landslögum. Unnt er að víkja frá öllum valfrjálsu undantekningunum með samningum milli rétthafa og notenda.

Þó að skránni í heimildarákvæðunum um undantekningar sé ætlað að vera tæmandi er þó fyrirvari á því gerður ef um er að ræða notkun í ákveðnum öðrum tilvikum sem hafa óverulega þýðingu og þar sem landslög kveða þegar á um undantekningar og takmarkanir, að því tilskildu að aðeins sé um að ræða hliðræna notkun og þetta hafi ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu innan EES (o-liður 3. mgr. 5. gr.). Þetta ákvæði hefur ekki mikla þýðingu við endurskoðun á undantekningarákvæðum höfundalaganna. Þó verður að telja að það veiti svigrúm til þess að halda í lögum ákvæði laganna um heimild til prentunar söngtexta til afnota fyrir áheyrendur á opinberum hljómleikum (1. mgr. 20. gr.).

Allar undantekningarnar frá þeim einkaréttindum sem tilskipunin áskilur rétthöfum eru háðar svokölluðu „þriggja þrepa skilyrði“ (d. „tre-trinstest“, e. „three-step test“). Hér er um að ræða almenna takmörkun á undantekningunum samkvæmt tilskipuninni (öllum undantekningum 1.–4. mgr. 5. gr.), ákvæði af því tagi sem í þýsku lagamáli er nefnt „schranken-

schranke“ eða takmörkun á takmarkanir. Í reglunni felst að undantekningum og takmörkunum verður því aðeins beitt að þær fullnægi þremur skilyrðum: 1) að þær varði tiltekin sértilvik, 2) að þær stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og 3) að þær skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa (5. mgr. 5. gr.). Ber við mat á lögmæti tiltekinna undantekninga að mæla þær á mælikvarða þriggja þrepa skilyrðisins. Upphaf reglunnar er rakið til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, en hana er að finna í 2. mgr. 9. gr. Parísargerðar hans frá 1971 sem Ísland er aðili að (sbr. lög nr. 80/1972). Regluna er einnig að finna í ýmsum öðrum alþjóðasamningum á sviði höfundaréttar, svo sem í WIPO-samningunum, WCT (1. mgr. 10. gr.) og WPPT (2. mgr. 16. gr) og í svokölluðum TRIPS-samningi (e. Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights) (13. gr.) sem er einn af viðaukasamningum við svonefndan GATT-stofnsamning um Heimsviðskiptastofnunina (e. World Trade Organization – WTO) frá 1994.

Samkvæmt skilgreiningu tilskipunarinnar teljast ákvæði í landslögum um svokölluð heildarleyfi (samningskvaðir) ekki undantekning frá einkaréttindum höfunda, heldur fyrirkomulag sem varðar umsýslu réttindanna (18. skýringargrein). Eru því ákvæði um heildarleyfi heimil, og koma þau til viðbótar undantekningunum til þess að auðvelda aðgang að verkum höfunda og öðru efni og tryggja rétthöfum endurgjald fyrir not af réttindum þeirra.

Undantekningarheimildir tilskipunarinnar þykja ekki í sjálfu sér gefa tilefni til þess að teknar verði upp nýjar undantekningar í íslensku höfundalögin.

5. Vernd tæknilegra ráðstafana. Hin stafræna tækni skapar rétthöfum möguleika á því að vernda verk sín og annað efni með tæknilegum ráðstöfunum, og er talið að notkun þess háttar ráðstafana eigi eftir að færast í vöxt á komandi árum. Með beitingu slíkra ráðstafana er ætlun rétthafa að koma í veg fyrir óheimil not af efni. Dæmi um tæknilega ráðstöfun er afritunarvörn á hljómdiskum og mynddiskum. Annars konar tæknileg ráðstöfun er til dæmis aðgangsstýring að efni á netinu, en allmikið er tíðkað að aðgangur að efni sé háður samningsskilmálum, meðal annars um greiðslu áskriftar, og ekki veittur öðrum en þeim sem hafa fengið úthlutað lykilorði.

Óheimilt rof á tæknilegum verndarráðstöfunum og óheimil eftirgerð tæknilega verndaðs efnis hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt er talið að veita tæknilegum ráðstöfunum rétthafa sérstaka vernd. Er þetta gert með 6. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu. Þar er sú skylda lögð á ríkin að þau kveði á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum, enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki (1. mgr. 6. gr.). Eins og sést á ákvæðinu er brot gegn því háð því huglæga skilyrði að sá sem sniðgengur skilvirka tæknilega ráðstöfun sé í vondri trú. Þannig er til dæmis ekki um brot að ræða ef fyrir liggur samþykki rétthafa fyrir rofi á afritunarvörn.

Það er ekki aðeins sá verknaður að fara fram hjá skilvirkri tæknilegri ráðstöfun sem lýstur er ólögmætur. Tilteknar ráðstafanir til undirbúnings því að fara fram hjá þess háttar ráðstöfunum skulu einnig vera óheimilar. Þannig á að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í fjárhagslegum tilgangi, á tækjum, vörum eða íhlutum eða veitingu þjónustu: a) sem eru auglýst sem leið til þess að fara fram hjá ráðstöfununum, eða b) hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið í þessu skyni, eða c) eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd eða aðlöguð í því skyni að gera kleift eða auðveldara að fara fram hjá ráðstöfununum (sjá nánar 2. mgr. 6. gr.).

Hugtakið „tæknilegar ráðstafanir“ er skilgreint mjög víðtækt, en það er hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg

fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa (3. mgr. 6. gr.).

Þrátt fyrir víðtæka skilgreiningu á því hvað teljast vera „tæknilegar ráðstafanir“ eru það þó ekki allar þess háttar ráðstafanir, sem verndar eiga að njóta. Það skilyrði er sett að ráðstafanirnar teljist vera „skilvirkar“ þannig að tæknilegar ráðstafanir, sem naumast eru nema til málamynda og auðvelt er að sniðganga, njóta ekki verndar. Í tilskipuninni er kveðið svo á að tæknilegar ráðstafanir teljist vera „skilvirkar“ ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn (3. mgr. 6. gr.). Getur það sjálfsagt orðið matsatriði í einstökum tilvikum hvort tæknileg ráðstöfun telst vera skilvirk eða ekki. Þá er tekið fram í tilskipuninni (48. skýringargrein) að við réttarvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana beri að virða meðalhófsregluna og ekki megi banna tæki eða starfsemi sem hafa annan fjárhagslega mikilvægan tilgang eða eru notuð til annars en að fara fram hjá hinni tæknilegu vernd, og einkum má þessi vernd ekki hindra rannsóknir á dulritun.

Í skilgreiningunni á tæknilegum ráðstöfunum kemur fram að það eru ekki aðeins tæknilegar ráðstafanir höfunda og rétthafa hinna skyldu réttinda sem verndar eiga að njóta samkvæmt ákvæðinu, heldur einnig rétthafar svokallaðra sinnar tegundar (sui generis) gagnagrunna skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Þar er um að ræða gagnagrunna, sem ekki uppfylla skilyrði þess að geta talist höfundarverk (árangur andlegrar sköpunar, er beri vott um einstaklingsbundin höfundareinkenni), en svo mikil vinna eða fjármunir eru lagðir í að rétt þykir að láta þá njóta verndar samkvæmt höfundarétti.

Ákvæðið gildir ekki um tæknilegar ráðstafanir til verndar tölvuforritum. Um þær ráðstafanir gildir tilskipun 91/250/EBE (c-liður 1. mgr. 7. gr).

Við beitingu rétthafa á tæknilegum ráðstöfunum til verndar réttindum sínum kann að koma upp sú staða að notendur fái ekki hagnýtt þær undantekningar frá höfundaréttinum sem tilskipunin kveður á um. Hvort verður þá rétthærra, vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana eða notendaheimildirnar samkvæmt undantekningunum? Geta rétthafarnir með tæknilegum ráðstöfunum í reynd fellt undantekningarnar úr gildi? Eða eiga notendurnir að hafa úrræði til þess að nota undantekningarnar þrátt fyrir vernd hinna tæknilegu ráðstafana? Almennt er svo fyrir mælt í tilskipuninni að ríkin skuli hvetja til þess að rétthafar geri af sjálfsdáðum ráðstafanir til þess að unnt sé að ná markmiðunum með tilteknum undantekningum eða takmörkunum, þar á meðal gerð og framkvæmd samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila (51. og 52. skýringargrein). Í tilskipuninni (4. mgr. 6. gr.) er greint á milli undantekningarinnar vegna eftirgerðar einstaklinga til einkanota og annarra undantekninga þegar rétthafar hafa ekki af sjálfsdáðum gert ráðstafanir til þess að gera notkun undantekningar mögulega.

Ljóst er að sú lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem ákvæðum frumvarpsins er ætlað að tryggja tekur eingöngu til þeirra atriða er falla undir einkaréttindi höfunda og annarra rétthafa. Ákvæðum frumvarpsins um vernd tæknilegra ráðstafana er með öðrum orðum ekki ætlað að vernda ýmsar ráðstafanir útgefenda hljóð- og myndrita til að skipta heiminum upp í tiltekin markaðssvæði eða stjórna því að endurmiðlun slíkra verka geti aðeins fram farið í tölvum með stýrikerfi af tiltekinni gerð. Þvert á móti nær lögvernd tæknilegra ráðstafana er tengjast áþreifanlegum eintökum hljóð- og myndrita eingöngu til þess að varna óheimilli eftirgerð þeirra. Hafi eigandi hljóð- eða myndrits eignast það með lögmætum hætti og tæknilegar ráðstafanir varna honum að nýta það vegna framangreindra atriða telst vera um óheimila aðgangsstýringu að ræða sem ekki nýtur verndar að höfundarétti. Við slíkar aðstæður kann eigandanum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að vera heimilt að sniðganga

hinar tæknilegu ráðstafanir. Ef útgefendur hljóð- og myndrita beita tæknilegri ráðstöfun bæði til þess að varna afritun verka sinna og stjórna notkun þeirra í afspilunartækjum sem læst eru inn á ákveðin markaðssvæði eða í tölvum með tiltekið stýrikerfi eiga þeir á hættu að missa lögvernd hinna tæknilegu ráðstafana að því er varðar afritunarvörn verkanna. Af þessu er ljóst að útgefendur hljóð- og myndrita verða að beita skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum af skynsemi og jafnframt leitast við að tryggja að réttir eigendur lögmætra hljóð- og myndrita geti notið þeirra án tillits til gerðar afspilunarbúnaðar.

Þrátt fyrir vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar – og hafi rétthafar ekki gert ráðstafanir af sjálfsdáðum – skulu ríkin gera nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir (e. „appropriate measures“) til þess að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undantekningu eða takmörkun kost á að nýta hana, enda sé um að ræða eftirgreindar undantekningar og þær séu teknar upp í landslög: ljósritun; eftirgerðir almenningsbókasafna, menntastofnana o.fl.; bráðabirgðaupptökur útvarpsstöðva; eftirgerðir félagslegra stofnana á útvarpssendingum; notkun til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir; notkun í þágu fatlaðra; notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða fyrir dómstólum (sjá nánar 1. málsl. 4. mgr. 6. gr., sbr. a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr.). Skilyrði er að sá sem nýtir undantekninguna hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ekki er það skýrt til hlítar í tilskipuninni hvað átt er við með „nauðsynlegum ráðstöfunum“, en fram kemur að ríki getur meðal annars gengist fyrir því að tæknilegri ráðstöfun sé breytt (51. skýringargrein). Hins vegar er þeim sem heimild hafa til þess að nýta hinar tilteknu undantekningar ekki rétt að rjúfa sjálfir tæknilegar varnir.

Að því er varðar undantekninguna um eftirgerð einstaklinga vegna einkanota (b-liður 2. mgr. 5. gr.) er hún ekki eins sterk samkvæmt tilskipuninni og framangreindar undantekningar sem bera meiri keim af sjónarmiðum um almannaþörf, svo sem þarfir bókasafna, menntastofnana o.s.frv. Ríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir til þess að undantekningin vegna einkanota verði nýtt ef rétthafar gera ekki slíkar ráðstafanir af sjálfsdáðum, en ríkjunum er það ekki skylt. Þó að ríki ákveði að gera ráðstafanir til þess að undantekningin verði nýtt útilokar það ekki að rétthafar geti til dæmis notað afritunarvörn er takmarkar fjölda afrita til einkanota (sjá nánar 2. málsl. 4. mgr. 6. gr. og 52. skýringargrein).

Sérstaklega er tekið fram í tilskipuninni að heimildirnar til rofs á tæknilegum ráðstöfunum gildi ekki um svokallaða gagnvirka pöntunarþjónustu (4. málsl. 4. mgr. 6. gr. og 53. skýringargrein). Hér er til dæmis átt við margs konar gagnvirka þjónustu á netinu sem í té er látin samkvæmt samningsskilmálum þess sem þjónustuna veitir og notandi verður að samþykkja til þess að fá aðgang að þjónustunni. Meginreglan er sú að samningsákvæði hefur forgang fyrir lögheimilaðri undantekningu frá höfundaréttinum, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Stundum koma upp álitamál um það hvort samningar, sem gerðir eru á grundvelli slíkra einhliða samningsskilmála, teljast vera bindandi samningar, en um það fer eftir reglum samningaréttar hverju sinni.

Ákvæðum 6. gr. tilskipunarinnar um vernd tæknilegra ráðstafana er ætlað að útfæra í EES-réttinum ákvæði WIPO-samninganna um sama efni (11. gr. WCT og 18. gr. WPPT).

6. Vernd upplýsinga um réttindaumsýslu. Í 7. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu eru verndaðar rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu sem höfundar og aðrir rétthafar, sem ákvæðið verndar, setja á verk sín og annað efni. Með upplýsingum um réttindaumsýslu er átt við upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verk eða annað efni og auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir

notkun verka eða annars efnis og um allar tölur og kóta sem tákna slíkar upplýsingar og geta verið hluti af lýsigögnum (e. metadata) verksins. Verndin tekur til þeirra verka og annars efnis sem tilskipunin á við eða falla undir sinnar tegundar rétt skv. III. kafla gagnagrunnatilskipunarinnar 96/9/EB (sjá nánar 2. mgr. 7. gr).

Æskilegt þykir að rétthafar setji rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu (e. „rights-management information") á efni sitt. Slíkar upplýsingar eru hluti af ráðstöfunum rétthafa til að varna ólömætum aðgangi að verkum og efni sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum og varna ólögmætri eftirgerð þess, jafnframt sem þær eru til þess fallnar að greiða fyrir samningum um afnot og eins til þess að fylgjast með notkun efnis (sjá til dæmis 55. skýringargrein).

Af þessum sökum er sú skylda lögð á ríkin að þau kveði á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar, fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu – eða dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni, sem verndar nýtur, þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar (sbr. nánari skilyrði í 1. mgr. 7. gr.).

Ákvæðum 7. gr. tilskipunarinnar um vernd upplýsinga um réttindaumsýslu er ætlað að útfæra í EES-réttinum ákvæði WIPO-samninganna um sama efni (12. gr. WCT og 19. gr. WPPT).

III. Aðrar helstu breytingar.

Hér undir falla nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um skilyrði réttarverndar varðandi útgáfu verka og listflutnings hér á landi og atriði sem ráða því hvort verk njóta vernda eða eigi (tengslaskilyrði).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – skammvinnar, tilfallandi eftirgerðir sem eru liður í tæknilegum ferli.

Í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar kemur fram að tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar, sem um getur í 2. gr. tilskipunarinnar, sem séu til skamms tíma eða tilfallandi og séu órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tilgangi einum að gera mögulega: a) sendingu af hálfu milliliðar í neti milli þriðju aðila, eða, b) löglega notkun á verki eða öðru efni en hafi ekkert sjálfstætt efnahagslegt vægi, skuli undanþegnar réttinum til eftirgerðar sem kveðið sé á um í 2. gr. tilskipunarinnar.

Í 33. skýringargrein tilskipunarinnar segir að einkaréttur til eintakagerðar sé háður undanþágu sem heimili tilteknar tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegar og mikilvægur liður í tækniferli og eiga sér stað einungis í þeim tilgangi að gera mögulega annaðhvort skilvirka útsendingu af hálfu milliliðs í neti á milli þriðju aðila eða löglega notkun verks eða annars efnis. Tekið er fram að sjálfar aðgerðirnar skuli ekki hafa sjálfstætt efnahagslegt gildi. Svo fremi að aðgerðir til eftirgerðar uppfylli þessi skilyrði skuli undanþágan taka til aðgerða sem gera það kleift að vafra á vefnum og skyndivista, þar á meðal aðgerðir til að tryggja að útsendingarkerfi starfi á skilvirkan hátt, að því tilskildu að milliliðurinn breyti ekki upplýsingum og grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem sé viðurkennd og notuð í atvinnugreininni, í þeim tilgangi að afla sér gagna um notkun upplýsinganna. Notkun telst lögleg ef hún er heimiluð af rétthafa eða ekki takmörkuð með lögum.

Um 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. felur í sér innleiðingu á 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sem er eina skyldubundna takmörkun tilskipunarinnar gagnvart einkarétti höfundar. Ákvæðið undanþiggur frá einkarétti höfunda til eftirgerðar skv. 3. gr. laganna þá eintakagerð sem er tæknilega óhjákvæmileg vegna miðlunar verka í tölvum, netkerfum og gagnasamskiptum um netið. Þegar verki er miðlað á netinu deilist það upp í eins konar pakka, sem hver um sig getur getur farið frá sendanda til viðtakanda eftir mismunandi fjarskiptaleiðum, í gegnum vefþjóna sem geta verið staðsettir á ólíkum stöðum í heiminum. Á áfangastað hjá þjónustuveitanda viðtakanda er framangreindum pökkum raðað saman að nýju í upprunalega mynd verksins eins og það fór frá sendanda. Á hverjum vefþjóni á framangreindri leið verður til afrit vegna skyndivistunar (e. caching) af þeim pökkum sem þar fóru í gegn. Eftirgerðir verka sem þannig verða til eru í eðli sínu skammlífar eða tilfallandi og hafa þann eina tilgang að greiða fyrir miðlun verkanna í netkerfi á milli þriðju aðila fyrir atbeina milliliðs, þ.e. fjarskiptafyrirtækis og þjónustuveitanda, eða fela í sér lögmæt afnot verks sem hafa ekki sjálfstætt fjárhagslegt gildi.

Í ljósi 3. gr. höfundalaga og með tilliti til 2. gr. tilskipunarinnar verður talið að eintök sem eru til skamms tíma og tilfallandi og aðrar gerðir tímabundinnar afritunar falli undir einkarétt höfundar til eftirgerðar. Víðtæk skilgreining á einkarétti höfunda til eintakagerðar kallar á innleiðingu undantekningar varðandi ýmsa tilfallandi og tímabundna eintakagerð, þ.m.t. sjálfvirka afritun sem verður í tölvum vegna notkunar vafra á netinu (e. temporary internet folders; cache) sem hefur í sjálfu sér litla þýðingu fyrir rétthafana. Undantekning 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins leiðir því til þess að framangreind eintakagerð verður heimil þrátt fyrir víðtækan einkarétt höfunda til eintakagerðar.

Ákvæðið veitir eingöngu heimild til gerðar eftirrita sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og felur ekki í sér heimild til annarrar eintakagerðar til bráðabirgða. Ekki er gerður áskilnaður um að frumeintakið hafi sætt opinberri birtingu en að jafnaði má ganga út frá þeirri forsendu að svo sé þar sem um er að ræða notkun verka á netinu.

Í svonefndri tilskipun um „rafræn viðskipti", þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðinum, felast ýmis úrræði sem ætlað er að varna höfundaréttarbrotum í tengslum við rafræna þjónustu. Í 50. skýringargrein með tilskipuninni um „rafræn viðskipti" er lögð á það áhersla að tilskipanir um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu annars vegar og framangreind tilskipun um „rafræna þjónustu" öðlist gildi á svipuðum tíma svo unnt verði að setja skýran ramma reglna um ábyrgð milliliða með tilliti til brota á sviði höfundarréttar og réttinda sem tengjast honum.

Gera verður þann fyrirvara við undantekningarreglu 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að hún tekur ekki til eintakagerðar vegna miðlunar ólögmætra eintaka á netinu. Slík miðlun er hins vegar andstæð einkarétti höfunda og rétthafa til opinbers flutnings. Slík höfundaréttarbrot varða refsingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 54. gr. höfundalaga og kunna að gefa rétthafa kost á beitingu réttarúrræða eins og lögbanns eða stöðvunartilkynningu til þjónustuveitanda skv. 15. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar um „rafræn viðskipti" og 59. skýringargrein þeirrar tilskipunar.

Ákvæðið veitir heimild til gerðar skammvinnra eða tilfallandi eintaka sem eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tveimur tilvikum sem tiltekin eru í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í fyrra tilvikinu er um að ræða rekstraraðila gagnaflutningsneta og þjónustuveitendur á netinu. Eðlilegt þykir að þessir aðilar beri ekki ábyrgð á því efni sem

miðlað er um netkerfi þeirra þegar þeir gegna eingöngu hlutverki milliðar. Þau eintök sem verða til þegar efni háð höfundarétti er flutt í gegnum netkerfi, sem rekstraraðili leggur til, eru undanþegin einkarétti höfunda til eintakagerðar eins og að ofan greinir. Þetta á jafnframt við um þau eintök sem verða til vegna varðveislu þjónustuveitanda á afritum heimasíðna með skyndivistun á netþjóni (e. proxy caching) sem hefur þann eina tilgang að auka hraða og virkni við miðlun á vinsælum heimasíðum sem eru þannig sóttar beint á vefþjón þjónustuveitanda innan lands en ekki alla leið til upphaflegs erlends efnisveitanda.

Með hliðsjón af skýringargrein nr. 33 við tilskipunina er framangreind undantekning háð því skilyrði að milliliðurinn breyti ekki upplýsingunum og grípi ekki inn í lögmætt tækniferli í þeim tilgangi að afla sér vitneskju um notkun upplýsinganna. Um nánari skýringu þessa fyrirvara vísast til 12. gr. tilskipunar EB um rafræn viðskipti sem hefur verið innleidd með 13. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Í síðara tilvikinu sem um ræðir í 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er um að ræða löglega notkun hins endanlega notanda. Undir það fellur notkun stafrænna verka í tölvum. Þegar slíkt verk er framkallað eða því endurmiðlað í tölvu verða sjálfkrafa til nokkur bráðabirgðaeintök í vinnsluminni eða skyndiminni tölvunnar. Ákvæðið felur í sér að endurmiðlun verka á stafrænum miðlum eins og hljómdiskum og mynddiskum, auk notkunar vafra og þess háttar, getur farið fram án þess að leita þurfi samþykkis rétthafanna til að framkalla þau skammvinnu og tilfallandi eintök sem verða til við notkunina. Engu að síður er áskilið að um lögmæta notkun sé að ræða í þeim skilningi að rétthafar hafi heimilað notkun verks eða að engar takmarkanir fylgi notkun þess, sbr. skýringargrein nr. 33.

Samþykki rétthafa getur bæði falist í beinu samþykki og ætluðu samþykki. Um beint samþykki er að ræða þegar rétthafi tilgreinir samþykki fyrir notkun í einhliða skilmálum sem fram koma með verkinu, samningi milli rétthafa og notanda, sem notandi verður að staðfesta áður en veittur er aðgangur að efninu eða þegar skilmálum er komið á framfæri við notanda með öðrum sambærilegum hætti. Um óbeint eða ætlað samþykki telst vera að ræða þegar ekkert er tekið fram um heimildir notenda en veittur kostur á því að endurmiðla efni á tölvu notanda eða gera eintak í þágu notanda, t.d. með útprentun, niðurfærslu efnis á tölvu notanda eða með því að óska eftir að rétthafi miðli efninu með tölvupósti til einhvers netfangs sem notandi tilgreinir.

Notanda er rétt að líta svo á að notkun verks sé ekki háð lagalegum takmörkunum ef notkun þess fellur algerlega utan einkaréttarákvæða höfundalaga (höfundaréttarvernd er t.d. útrunnin) eða ef notkunin fellur undir einhverja af undantekningarreglunum.

Sú athöfn að vafra um netið er varðar í sjálfu sér ekki höfundaréttindi, að svo miklu leyti sem notandi brýtur ekki á einkarétti höfundar. Slík athöfn er því ekki háð lagalegum takmörkunum.

Heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er ávallt háð því að eftirgerðin hafi ekki neina sjálfstæða fjárhagslega þýðingu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. Skýra ber ákvæðið til samræmis við hið svonefnda þriggja þrepa skilyrði, sem skýrt er í almennum athugasemdum hér að framan, sbr. 5. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, en í því felst að undantekningar frá einkarétti höfundar mega m.a. ekki skerða með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa. Skilyrðin í 1.–4. tölul. 1. mgr. 1. gr. eru samverkandi. Árétta ber að hluti af þeirri afritun sem heimiluð er í 1. mgr. 1. gr. fellur þegar innan heimillar eintakagerðar til einkanota skv. 11. gr. laganna.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins tekur til allra gerða af verkum höfunda, að undanskildum tölvuforritum og gagngrunnum, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Vegna vísunar í V. kafla

höfundalaganna til ákvæða II. kafla höfundalaganna munu ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins einnig taka til réttinda flytjenda, framleiðenda hljóð- og myndrita og annarra.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins fela í sér að undantekningarákvæði 1. mgr. 1. gr. um skammvinna eintakagerð taka ekki til tölvuforrita og gagnagrunna. Ástæða þessa er sú að um réttarstöðu þessara verka hefur áður verið mælt fyrir í tveimur tilskipunum EB; tilskipun um höfundarétt að tölvuforritum frá 1991 og tilskipun um lögvernd gagnagrunna frá 1996, og að ekki var talin ástæða til að breyta ákvæðum fyrrgreindra tilskipana með tilskipuninni um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar. Þegar eru í gildi ákvæði í 1. og 2. mgr. 11. gr. a í gildandi lögum sem heimila gerð afrita sem eru tæknilega nauðsynleg vegna löglegrar notkunar tölvuforrita og gagnagrunna. Fyrrgreind ákvæði ná yfir stóran hluta þeirra athafna sem heimilaðar eru fyrir önnur verk skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Jafnframt ber að líta til þess að ákvæði 13. og 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, sem byggist á tilskipun EB um rafræn viðskipti, fela í sér að þjónustuveitendur á netinu bera, með vissum skilyrðum, ekki ábyrgð á sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu upplýsinga. Undanþága þessara aðila frá ábyrgð hefur hagnýta þýðingu að svo miklu leyti sem viðkomandi athöfn getur talist vera brot á höfundarétti, þ.m.t. eintakagerð án heimildar höfundar. Þrátt fyrir að skyndivistun (e. proxy caching) þjónustuveitanda kynni að vera óheimil skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að svo miklu leyti sem hún fæli í sér afritun gagnagrunna bæri þjónustuveitandinn ekki ábyrgð á grundvelli fyrrgreindra ákvæða laga um rafræn viðskipti o.fl. Að teknu tilliti til þessa má draga þá ályktun að gerð skammvinnra eintaka tölvuforrita og gagnagrunna lúti svipuðum lögmálum og gilda fyrir verk skv. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að svo miklu leyti sem hún er nauðsynlegur hluti af tæknilegu ferli.

Um 2. gr.

Hér er lögð til breyting á 1. mgr. 11. gr. laganna sem miða að því að settar verði skýrar reglur um heimild einstaklinga til eintakagerðar eftir birtum verkum til einkanota eingöngu.

Ákvæði tilskipunarinnar – heimild einstaklinga til eftirgerðar.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar geta aðildarríkin kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttinum til eftirgerðar sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða eftirgerðir einstaklinga með hvers konar miðli til einkanota og í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, hvorki beint né óbeint, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur þar sem tekið sé mið af því hvort þeim tæknilegu ráðstöfunum, sem um getur í 6. gr. tilskipunarinnar, hafi verið beitt vegna viðkomandi verks eða efnis eða ekki.

Í 35. skýringargrein við tilskipunina er áréttaður fyrirvari um að tryggja beri rétthöfum sanngjarnar og fullnægjandi bætur, vegna afnota af vernduðum verkum þeirra eða öðru efni, þegar undanþágur eða takmarkanir eru lögfestar. Við ákvörðun á formi, fyrirkomulagi og fjárhæð bóta skal tekið mið af aðstæðum í hverju tilviki. Við mat á ætluðu tjóni rétthafa ber að leggja mat á þann skaða sem viðkomandi aðgerð gæti hugsanlega valdið honum. Ekki er sjálfgefið að slíkt mat leiði til þess að rétthöfum verði ákveðnar bætur. Nægilegt kann að vera talið að rétthafar fái greiðslu með öðrum hætti, t.d. sem hluta af höfundarþóknun. Jafnframt kann beiting tæknilegra verndarráðstafana skv. 6. gr. tilskipunarinnar af hálfu rétthafa að leiða til þess að eintakagerð til einkanota sé ekki möguleg og því beri rétthafa ekki að fá bætur. Í öðrum tilvikum, eins og t.d. ljósritun til einkanota, er skaði rétthafa svo óverulegur, að ekki stofnast til greiðsluskyldu.

Þrátt fyrir framangreind sjónarmið um bótarétt rétthafa er tekið fram í 36. skýringargrein að aðildarríkin geti mælt fyrir um sanngjarnar bætur til rétthafa þegar þau beita valfrjálsum ákvæðum um undanþágur eða takmarkanir sem innihalda ekki kröfur um slíkar bætur.

Í 37. skýringargrein við tilskipunina er tekið fram að innlendar reglur um ljósritun, sem kunni að vera fyrir hendi, valdi ekki miklum hindrunum fyrir innri markaðinn. Aðildarríkjunum skuli þannig vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun að því er varðar ljósritun.

Í 52. skýringargrein við tilskipunina segir að þegar undanþága eða takmörkun vegna afritunar til einkanota, í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr., komi til framkvæmda skuli aðildarríkin með sama hætti hvetja til notkunar valfrjálsra ráðstafana til að unnt sé að ná markmiðunum með undanþágunni eða takmörkuninni. Hafi slíkar valfrjálsar ráðstafanir í tengslum við eftirgerð til einkanota ekki verið gerðar innan sanngjarns tíma geti aðildarríkin gert ráðstafanir til að gera þeim sem eiga rétt á undanþágunni eða takmörkuninni kleift að nýta sér hana. Enn fremur segir að valfrjálsar ráðstafanir rétthafa, þ.m.t. samningar milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, og ráðstafanir aðildarríkjanna komi ekki í veg fyrir að rétthafar geti gripið til tæknilegra ráðstafana sem samrýmist þeim undanþágum eða takmörkunum sem ákveðnar hafi verið í landslögum í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til skilyrðis um sanngjarnar bætur samkvæmt því ákvæði og hugsanlegs greinarmunar sem gerður er á mismunandi skilyrðum um notkun í samræmi við 5. mgr. 5. gr., svo sem eftirliti með fjölda eftirgerða. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir verði misnotaðar skuli allar tæknilegar ráðstafanir til framkvæmdar þeim njóta lögverndar.

Um ákvæði 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins sem svarar til b-liðar 2. mgr. 5. í tilskipuninni er fjallað um heimild til eintakagerðar vegna einkaafnota, t.d. með ljósritun, hljóðritun, upptöku og afritun á hljóðbönd og myndbönd og eintakagerð á stafræna miðla, svo sem geisladiska, minniskort og þess háttar búnað. Samkvæmt gildandi lögum er í 1. mgr. 11. gr. heimilað að gera eintök af birtu verki til einkanota, eingöngu. Ekki er þó heimilt að gera eða láta gera fleiri en þrjú eintök til notkunar í atvinnu sinni. Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilt að lögfesta takmarkanir á einkarétti höfunda til eintakagerðar þegar um er að ræða eintak á hliðrænu eða stafrænu formi sem einstaklingur hefur gert til einkanota og í tilgangi sem er hvorki beint né óbeint tengdur atvinnurekstri, að því gefnu að rétthafarnir fái sanngjarnar bætur eða sanngjarnt gjald (e. fair compensation). Breytingar frá 1. mgr. 11. gr. gildandi laga fela í sér að heimildin til eftirgerðar af birtu verki til einkanota er nú bundin við einstaklinga eingöngu. Jafnframt er lagt til að óheimilt verði að nýta eintök sem þannig eru gerð í þágu atvinnurekstrar en gildandi ákvæði heimilar að nýta megi allt að þrjú eintök sem þannig eru fengin í atvinnuskyni. Ákvæðið tekur bæði til hliðrænnar eintakagerðar (þ.e. ljósritunar og upptöku verka úr hljóðvarpi og sjónvarpi á hliðræn tón- og myndbönd) og stafrænnar eintakagerðar (þ.e. annarra verka en tölvuforrita og gagnagrunna, sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna).

Í 38. skýringargrein tilskipunarinnar er gerður greinarmunur á hliðrænni og stafrænni eintakagerð til einkanota. Lýsir þessi munur sér m.a. í því að ekki er talin ástæða til að bæta höfundum það tjón er hljótast kann af ljósritun einstaklinga til einkanota en aftur á móti er talin ástæða til þess að höfundar verka sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóð- eða myndriti eigi rétt á gjaldi vegna þeirrar eintakagerðar af verkum þeirra sem fram fer á auð bönd, diska og aðra geymslumiðla, óháð því hvort sú eintakgerð styðst við hliðræna eða stafræna tækni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Heimildin til eintakagerðar til einkanota hefur verið skýrð svo að hún feli í sér heimild til eintakagerðar í eigin þágu og fyrir aðra einstaklinga sem eftirgerðarmaðurinn er í persónulegu sambandi við, þ.e. fyrir fjölskyldu, vini, kunningja og jafnvel nána starfsfélaga. Af þessum ástæðum er talið nauðsynlegt að takmarka heimild til eintakagerðar skv. 1. mgr. 11. gr. laganna á þann veg að hún sé því aðeins heimil að hún fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Líta verður þó til þess að því veikari sem hin persónulegu tengsl eru á milli aðila, því meiri líkur eru á því að eintakagerðin teljist vera í fjárhagslegum tilgangi. Skýra ber hugtakið „í fjárhagslegum tilgangi“ rúmt þannig að undir það falli allar athafnir sem eru liður í einkaréttarlegri atvinnustarfsemi eða starfsemi sem jafna má við slíkt. Burtséð frá þessu getur afritun talist vera í fjárhagslegum tilgangi ef hún leiðir t.d. til lækkunar rekstrarkostnaðar hjá fyrirtæki. Aftur á móti er ekki um eintakagerð í fjárhagslegum tilgangi að ræða þegar hún fer fram gegn táknrænni greiðslu eða þátttöku í kostnaði við eintakagerðina. Ákvæði frumvarpsins leiðir ekki til breytinga á réttarstöðu hvað varðar eintakagerð hjá ríki eða sveitarfélögum, þ.m.t. hjá skólum og menntastofnunum, að svo miklu leyti sem sú starfsemi er ekki skilgreind þannig að hún fari fram „í fjárhagslegum tilgangi“ skv. 2. gr. frumvarpsins. Jafnframt er ljóst að stór hluti af eintakagerð hjá stjórnvöldum og stofnunum er þegar heimilaður á grundvelli 22. gr. og 22. gr. a í gildandi lögum. Sú eintakagerð á þeirra vegum sem fellur utan reglunnar um eintakagerð til einkanota getur fallið undir heildarleyfi (samningskvaðir) sé fyrir hendi samningur við rétthafasamtök um slíka eintakagerð. Að öðrum kosti er um ólögmæta eintakagerð að ræða.

Heimild 2. gr. frumvarpsins til eintakagerðar er sem fyrr segir bundin við einstaklinga og rís þá spurning hvort túlka beri ákvæðið svo að utanaðkomandi aðstoð sé óheimil við eintakagerðina, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Fyrrgreint ákvæði tilskipunarinnar er hins vegar skýrt svo að það feli jafnframt í sér heimild til að þiggja aðstoð við eintakagerðina þegar uppfyllt hefur verið bótaskilyrði (endurgjaldsskilyrði) sama ákvæðis með innheimtu sérstaks gjalds á auð hljóð- og myndbönd og auða diska, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. laganna. Er því ljóst að heimilt er að þiggja aðstoð annarra utanaðkomandi við eintakagerðina að svo miklu leyti sem það er ekki bannað skv. 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna. Að því er varðar ljósritun einstaklinga til einkanota er talið að tjónið sem af henni hlýst sé svo hverfandi að ekki beri að tryggja gjald til rétthafa, sbr. lokamálslið 35. skýringargreinar tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – heimild bókasafna til eftirgerðar.

Í c-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttinum til eftirgerðar þegar um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings.

Í a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum skv. 2. og 3. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis.

Í n-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum skv. 2. og 3. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða að verkum eða öðru efni í söfnum almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna er miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með til þess gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna enda

falli verkin og efnið ekki undir kaup- eða nytjaleyfisskilmála. Samkvæmt tilskipunarákvæðinu er aðildarríkjunum þannig heimilt að innleiða takmarkanir á einkarétti höfunda til eintakagerðar, með hliðsjón af sérstökum eintökum sem gerð eru í framangreindum söfnum, enda sé ekki um að ræða eintakagerð í fjárhagslegum tilgangi.

Skv. 40. skýringargrein tilskipunarinnar er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Slík undanþága eða takmörkun skal þó einskorðuð við tiltekin sértilvik sem falla undir réttinn til eftirgerðar og má ekki taka til afnota í tengslum við rafræna miðlun verndaðra verka eða annars efnis. Tekið er þó fram að tilskipunin skuli ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings í samræmi við 5. gr. tilskipunar 92/100/EBE um leigu- og útlánsrétt. Því er í tilskipuninni hvatt til þess að gerðir verði sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.

Skv. 42. skýringargrein tilskipunarinnar skal þess gætt þegar undanþágu eða takmörkun er beitt vegna fræðslu eða vísindarannsókna sem fara ekki fram í fjárhagslegum tilgangi, þar með talið fjarnám, að það ákvarðist af starfseminni sem slíkri hvort hún fari fram í fjárhagslegum tilgangi. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir viðkomandi stofnunar séu ekki úrslitaþættir í þeim efnum.

Ákvæðið felur í sér áréttingu á inntaki 12. gr. gildandi laga, þó með breyttu orðalagi. Markmiðið með henni er að laga reglur um eintakagerð hjá skjalasöfnum, bókasöfnum, minjasöfnum og menntastofnunum að ákvæði c-liðar 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Í gildandi 12. gr. er heimild fyrir menntamálaráðherra að mæla fyrir um eintakagerð í tilgreindum bóka- og skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum með reglugerð en hún mun ekki hafa verið sett. Með 3. gr. frumvarpsins er áréttað að framangreind eintakagerð sé því aðeins heimil að hún fari ekki fram í fjárhagslegum tilgangi. Samkvæmt hinu nýja orðalagi ákvæðisins tekur það bæði til hliðrænnar og stafrænnar eintakagerðar. Sem fyrr er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerð um heimildir safna samkvæmt ákvæðinu. Brýnt er að sú reglugerð verði sett verði frumvarpið að lögum.

Um 4. gr.

Í a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar mælt fyrir um að aðildarríkin geti kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkaréttindunum sem kveðið er á um í 2. og 3. gr. tilskipunarinnar ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er fjárhagslegs eðlis.

Skv. 18. skýringargrein tilskipunarinnar hefur hún ekki áhrif á fyrirkomulag í aðildarríkjunum er varðar umsýslu réttinda, svo sem með heildarleyfum (samningskvöðum).

Ákvæðið felur í sér breytingar á 14. gr. gildandi laga sem ætlað er að færa ákvæðið til samræmis við fyrrgreindan a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Í breytingunni felst að endurmiðlun listaverka vegna listgagnrýni og birting verka skv. 3. mgr. 1. gr. laganna, þ.e. uppdrátta, teikninga, líkana og þess háttar hugverka í þágu vísindarannsókna, er háð fyrirvara um að ekki sé um fjárhagslegan tilgang að ræða og heimildar sé getið.

Samkvæmt gildandi lögum, 2. mgr. 14. gr., er heimilt að birta listaverk vegna listgagnrýni og verk er falla undir 3. mgr. 1. gr. laganna vegna vísindarannsókna, enda sé kynning og

meðferð í samræmi við hinn yfirlýsta tilgang. Gildir þessi heimild óháð því hvort um fjárhagslegan tilgang er að ræða eða ekki.

Með vísan til framangreinds ákvæðis tilskipunarinnar þykir nauðsynlegt að takmarka gildissvið 2. mgr. 14. gr. gildandi laga, þannig að heimildin eigi ekki við þegar um birtingu og umfjöllun þar tilgreindra verka í fjárhagslegum tilgangi er að ræða, án þess að fyrir liggi samþykki rétthafa. Í 42. skýringargrein við tilskipunina segir að við beitingu undanþágu eða takmörkunar í þágu fræðslu eða vísindarannsókna sem ekki fara fram í fjárhagslegum tilgangi, þar með talið fjarnám, skuli líta til þess hvort starfsemin sem slík fari fram í fjárhagslegum tilgangi. Jafnframt kemur fram að það hafi ekki úrslitaáhrif í þessu sambandi hvernig viðkomandi stofnun er stjórnað eða rekstur hennar fjármagnaður.

Hugtakið „fjárhagslegur tilgangur“ í 4. gr. frumvarpsins er notað í víðum skilningi og tekur bæði til beinnar og óbeinnar atvinnustarfsemi. Hugtakið tekur þannig til athafna sem teljast vera liður í atvinnustarfsemi einstaklinga eða lögaðila eða hliðstæðri starfsemi. Birting kann að teljast fara fram í fjárhagslegum tilgangi ef hún fer fram í því augnamiði að skila rekstrarafgangi. Hins vegar yrði ekki talið um birtingu í fjárhagslegum tilgangi að tefla þegar birting fer fram gegn táknrænni greiðslu eða endurgjaldi sem hefur það eitt að markmiði að mæta útgjöldum sem hljótast af birtingunni. Ekki er gert er ráð fyrir að sú breyting sem hér er lögð til hafi áhrif á rannsóknarstarfsemi hjá háskólum og öðrum stofnunum og því geti þær áfram birt myndir af listaverkum og verkum er falla undir 3. mgr. 1. gr. laganna, í tengslum við listgagnrýni og vísindastarfsemi.

Um 5. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar – takmörkun á einkarétti vegna safnaverka til kennslu o.fl.

Varðandi umfjöllun um a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar vísast til athugasemda með 4. gr. frumvarps þessa.

Hér er mælt fyrir um breytingar á 1. mgr. 17. gr. gildandi laga vegna samræmingar við a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Skv. a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar geta aðildarríkin innleitt undanþágur eða takmarkanir á rétti höfunda til eftirgerðar, miðlunar verka sinna til almennings, auk réttar til að gera annað efni aðgengilegt almenningi, þegar um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er fjárhagslegs eðlis.

Skv. 1. mgr. 17. gr. gildandi laga er heimilt að birta í safnverkum, sem ætluð eru til trúarathafna, kennslu í skólum eða í útvarpi, hluta úr bókmenntaverkum og tónverkum margra höfunda þegar liðin eru fimm ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra. Jafnframt er heimilt að birta með sömu skilmálum myndir og gögn skv. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga sem eru hluti af meginmáli. Fyrir þessi afnot á hver höfundur rétt til þóknunar. Umrædd heimild á þó ekki við í þeim tilvikum þegar frumverkið er sérstaklega samið fyrir kennslu í skólum. Að öðru leyti eru ekki takmarkanir í gildandi lögum á beitingu reglu 1. mgr. 17. gr. Til að gæta samræmis við a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er nauðsynlegt að takmarka gildissvið 1. mgr. 17. gr. laganna þannig að heimildin takmarkist við notkun sem telst ekki vera birting í fjárhagslegum tilgangi. Af breytingunni leiðir að óheimilt er að nýta hluta úr verkum margra höfunda í safnverk sem ætluð eru til kennslu ef útgáfan telst vera í fjárhagslegum tilgangi. Jafnframt á við skilyrði a-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um að geta skal heimildar, nema það sé ógerlegt.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um nýtt ákvæði um tæmingu réttinda að fyrirmynd 19. gr. dönsku höfundalaganna eins og henni hefur nú verið breytt með innleiðingu tilskipunarinnar í dönsk höfundalög.

Ákvæði tilskipunarinnar um einkarétt til dreifingar og tæmingu hans.

Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings með sölu eða á annan hátt að því er varðar frumrit eða afrit verka þeirra.

Í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar segir svo að dreifingarrétturinn tæmist ekki innan bandalagsins, þ.e. innri markaðarins, að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins eða það sé gert með leyfi hans.

Tæmingarreglan kemur jafnframt fyrir í c-lið 4. gr. tilskipunar 91/250/EBE um lögvernd tölvuforrita og c-lið 5. gr. tilskipunar 96/6/EB um lögvernd gagnagrunna. Í tilskipun 91/100/EBE um útlán felast engar almennar reglur um tæmingu réttinda, nema hvað varðar grannréttindi höfundaréttar, sbr. 2. mgr. 9. gr. þeirrar tilskipunar. Í 1. mgr. 1. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 2. gr. hennar er fjallað um útleigurétt og í 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. og 4. mgr. 5. gr. er fjallað um útlánarétt.

Um tæmingu dreifingarréttar.

Svonefnd tæmingarregla er reglan sem segir til um hvort einkaréttur höfundar til að ráða yfir eintökum verks tæmist (d. konsumptionsprincippet, e. consumption of rights) þegar höfundurinn hefur sjálfviljugur látið eintakið af hendi með sölu þess til kaupanda. Meginreglan er að kaupandinn öðlast frjálsan ráðstöfunarrétt yfir eintakinu með frekari sölu, skiptum, láni, leigu o.s.frv. Í tæmingarreglunni felst því í samræmi við framangreint, að handhöfn eignarréttarins að eintakinu gengur framar rétti höfundar til verksins. Tæmingarreglan felur í sér takmörkun á einkarétti höfundar með tilliti til 24. og 25. gr. laganna, þ.e. dreifingarrétti og sýningarrétti, en hefur ekki áhrif á einkarétt höfunda til eintakagerðar og opinbers flutnings.

Sú regla sem hér er lögð til er eftir fyrirmynd 1. mgr. 19. gr. dönsku höfundalaganna eins og ákvæðinu hefur nú verið breytt vegna innleiðingar tilskipunarinnar í dönsku lögin.

Í 6. gr. frumvarpsins, sem verður 24. gr. laganna, er að finna meginreglu höfundalaganna um réttindatæmingu sem mælir svo fyrir að sala eða annað varanlegt form eignaryfirfærslu eintaks viðkomandi verks, sem fram fer með samþykki höfundarins, felur í sér að eigandi eintaksins má dreifa því áfram með sölu, leigu, útláni o.s.frv. Fram til þessa hefur í norrænum höfundarétti verið á byggt á svonefndri „alþjóðlegri tæmingarreglu“. Í henni felst að eftir fyrstu sölu eintaks af verki frá höfundi til fyrsta kaupanda er för þess frjáls um heiminn, óháð því hvar verkið var upphaflega selt. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er hins vegar mælt fyrir um svæðisbundna tæmingu á innri markaði Evrópusambandsins. Samkvæmt því ákvæði tæmist dreifingarrétturinn aðeins þegar rétthafinn (höfundurinn) sjálfur selur eintak verks eða eignarréttur að því yfirfærist með öðrum hætti, innan Evrópusambandsins, með hans samþykki. Sama regla gildir um önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem auk aðildarríkja ESB teljast vera Noregur, Ísland og Liechtenstein. Ekki er að finna í gildandi höfundalögum almennt ákvæði um tæmingu réttinda en samkvæmt norrænni lagahefð má telja að alþjóðleg réttindatæming hafi fram til þessa verið meginreglan samkvæmt gildandi rétti hér á landi að því er varðar höfundarétt.

Hvað varðar listflytjendur, hljóð- og myndframleiðendur, ásamt útvarpsfyrirtækjum eru fyrir hendi reglur um svæðisbundna tæmingu á grundvelli tilskipunar 92/100/EBE um leigu-

og lánsréttindi og önnur atriði varðandi höfundarétt þrátt fyrir að slík regla hafi ekki verið innleidd í íslensku höfundalögin þegar framangreind tilskipun var tekin upp í íslensk lög.

Ekki var full eining meðal ríkja ESB um ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar og vildu m.a. Danir, Finnar og Svíar halda í hina norrænu reglu um alþjóðlega tæmingu. Mál þróuðust hins vegar svo að hin svæðisbundna tæmingarregla varð ofan á og verður hún því innleidd í landslög á innri markaðinum.

Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar kveður ákvæði 1. mgr. þannig á um að sala og annars konar framsal á eintaki verks í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins leiði til tæmingar réttinda og þar með réttinum til dreifingar eintaka til almennings með sölu, gjafagerningi og öðru þess háttar. Af þessu leiðir að það er ekki aðeins forsenda að rétthafarnir hafi veitt samþykki fyrir sölu eintaka, eða annars konar eignaryfirfærslu, heldur einnig að eintakið sé sett á markað í EES-ríki.

Ákvæðið gildir fyrir allar tegundir verka. Að því er varðar dreifingu verka með útláni og útleigu er lagt til í 2. málsl. 1. mgr. að viðhalda áðurgreindri undantekningu frá reglunni um tæmingu réttinda innan EES.

Áhrifin af innleiðingu reglu um svæðisbundna tæmingu dreifingarréttar innan EES verða þau m.a. að dreifing eintaka sem flutt hafa verið á innri markaðinn frá landi utan EES án samþykkis rétthafa verður óheimil frá og með gildistöku ákvæðisins. Þetta á t.d. við um eintök bóka sem settar hafa verið á markað í Bandaríkjum Norður-Ameríku en er síðar dreift innan EES án samþykkis rétthafa. Dreifing slíkra eintaka er því aðeins heimil að rétthafinn hafi veitt samþykki sitt. Þrátt fyrir þetta má vænta þess að rétthafinn, t.d. bókaforlag eða hljómplötuútgáfa, hafi hagsmuni að því að heimila innflutning þegar um er að ræða sérpöntun á einstökum eintökum. Þannig má t.d. gera ráð fyrir að þegar um er að ræða beinan innflutning innlends bóksala frá erlendum útgefanda geti hinn erlendi útgefandi veitt nauðsynlegt samþykki sitt um leið og bækurnar eru pantaðar. Framangreindar reglur eiga eingöngu við um verk sem njóta verndar að höfundarétti. Dreifing verka sem ekki njóta verndar að höfundarétti getur farið fram óhindrað. Af 29. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að tæming hefur eingöngu þýðingu við dreifingu á áþreifanlegum miðlum, en ekki þegar um er að ræða þjónustu, þ.m.t. rafræna miðlun verka. Tæming verður heldur ekki þegar um er að ræða eintök sem verða til hjá notendum með samþykki rétthafa vegna rafrænnar miðlunar, t.d. afrit af gagnagrunni á netinu þar sem heimild til dreifingar til almennings byggist á samningi rétthafa og notenda.

Um 7. gr.

Um a-lið.

Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, varðandi tæmingu réttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nægilegt er að fjallað sé um tæmingu réttinda á einum stað í lögunum, þ.e. í 24. gr. eins og hún mun hljóða skv. 6. gr. frumvarpsins. Af 1. mgr. 24. gr. mun leiða að tæming réttinda vegna upptöku listflutnings kemur aðeins til álita þegar upptaka listflutnings er seld eða eignarréttur að eintaki yfirfærist með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þessu felst ekki nein breyting á gildandi rétti að því er varðar listflytjendur, sbr. síðasta málslið 3. mgr. 45. gr. gildandi laga.

Um b-lið.

Hér er mælt fyrir um einkarétt listflytjenda til eintakagerðar og dreifingar að því er varðar þjóðmenningarlegt efni. Með þjóðmenningarlegu efni í þessu sambandi er átt við hefðbundna menningarlega tjáningu (e. traditional cultural expressions) sem kennd er við menningu

frumbyggja eða ættflokka eða tilheyrir ákveðnu landsvæði. Dæmi um slíkan listfluting er t.d. hefðbundin sönglist Samaþjóðarinnar (e. yoke).

Um 8. gr.

Hér sambærileg breyting þeirri sem lögð er til í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins varðandi réttindi listflytjenda. Breytingin felur í sér að sérregla 2. málsl. 2. mgr. 46. gr. laganna um tæmingu á réttindum framleiðenda er varða útlán og leigu á upptökum listflutnings fellur brott. Í þess stað stendur eftir tilvísun í fyrri málslið 2. mgr. 46. gr. laganna til 24. gr. eins og lagt er til að henni verði breytt í 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar í íslensk lög í þágu listflytjenda og framleiðenda hljóð- og myndrita. Skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem grundvallast á 10. og 14. gr. WPPT-sáttmálans, skulu aðildarríkin kveða á um einkarétt til handa m.a. listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra og framleiðendum vegna hljóðrita þeirra til að heimila eða banna að slík verk verði gerð almenningi aðgengileg, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Tilskipunin heimilar ekki að gera almenna takmörkun á framangreindum einkarétti, þ.m.t. með afnotakvöð. Í 1. mgr. 47. gr. gildandi laga felst afnotakvöð vegna opinbers flutnings á útgefnum hljóðritum. Í ákvæðinu felst að útvarpsstöðvar og aðrir aðilar geta, án þess að gera um það samning fyrir fram við listflytjendur og framleiðendur hljóðrita, sent út hljóðrit listflutnings gegn greiðslu þóknunar. Um fjárhæð þóknunar fer eftir heildarsamningi á milli innheimtusamtaka listflytjenda og framleiðenda og viðkomandi notanda, þ.e. útvarpsstöðvar. Sérstök úrskurðarnefnd sem starfar eftir 57. gr. laganna fjallar um ágreining um þóknun skv. 47. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um rétt listflytjenda til að gera hljóðrit listflutnings aðgengilegt almenningi, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að hljóðritinu á þeim stað og á þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs sem er sérstakur réttur sem óháður er heimild til notkunar hljóðrits til flutnings í útvarpi og annarrar þess háttar opinberrar dreifingar. Afnotakvöð samkvæmt gildandi lögum tekur einnig til pöntunarþjónustu á netinu þar sem slík þjónusta fellur undir hugtakið opinber flutningur.

Með ákvæðinu er listflytjendum og framleiðendum hljóðrita færður einkaréttur á að heimila aðgang að sköpun sinni í gegnum pöntunarþjónustu á netinu og öðrum tölvunetum.

Þegar um er að ræða annað form opinbers flutnings, þ.m.t. útsendingar útvarps og sjónvarps og beinn flutningur útgefinna hljóðrita, gildir áfram afnotakvöð skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaganna. Ekki er talin ástæða til að taka upp að þessu sinni fyrirkomulag heildarleyfa (samningskvaða) vegna slíkrar notkunar en rétt þykir að horfa til þess við síðari endurskoðun laganna.

Um 10. gr.

Um a-lið.

Ákvæðið felur í sér nánari afmörkun á 4. tölul. 1. mgr. 48. gr. gildandi laga. Markmið með breytingunni er að innleiða d-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sem mælir svo fyrir að aðildarríkin skuli kveða á um einkarétt útvarpsfyrirtækja til að heimila eða banna að upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem um útsendingar um þráð eða þráðlaust er að ræða, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött, séu gerðar aðgengilegar almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að upptökunum á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. gildandi laga hafa útvarpsfyrirtæki vernd gegn samtímisútvörpun (e. simulcasting) þráðlaust og annars konar dreifingu um þráð, ásamt upptöku á endurflutningi á útvörpun þeirra. Skv. 4. tölul. 1. mgr. 48. gr. er eftirgerð áður framkvæmdrar upptöku útvarps óheimil. Framangreint bann hefur þá þýðingu að ekki má flytja slíka upptöku yfir á annan miðil þaðan sem unnt er að endurmiðla henni, dreifa eintökum til almennings o.s.frv. Í þessu felst að óheimilt er án samþykkis útvarpsfyrirtækja að nýta upptökur af útsendingum þeirra sem felur þar með í sér óbeina og almenna vernd gegn því að upptökurnar séu gerðar aðgengilegar almenningi, þ.m.t. með opinberum flutningi í gegnum netið. Þrátt fyrir þennan skilning á 48. gr. laganna þykir með tilliti til tilskipunarinnar ástæða til að kveða skýrt á um einkarétt útvarpsfyrirtækja til miðlunar á útsendu efni sínu um netið.

Hugtökin upptaka og eftirgerð falla bæði undir hugtakið eintakagerð. Útvarpsfyrirtæki hafa einkarétt til eintakagerðar áður útvarpaðs efnis og þess að gera slíkt efni aðgengilegt almenningi, þ.m.t. að gera upptökur útsendinga aðgengilegar í gegnum netið með sama hætti og framleiðendur hljóð- og myndrita.

Um b-lið.

Samkvæmt 48. gr. gildandi laga er verndartími útvarpsstöðva vegna eftirgerðar á upptökum útsendinga þeirra takmarkaður við 25 ár. Virðist hafa láðst við lögleiðingu tilskipunar 93/98/EBE um samræmingu verndartíma höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda með lögum nr. 50/1996 um breytingu á höfundalögum, að taka tillit til ákvæða tilskipunarinnar um verndartíma útsendinga útvarpsstöðva. Skv. 4. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar skulu réttindi útvarpsstöðva renna út 50 árum eftir fyrstu útsendingu án tillits til þess hvort sent er út í gegnum þráð eða um ljósvakann, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött. Þykir rétt að breyta nú þessu ákvæði höfundalaga til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Rétt er talið að veita ljósmyndum, sem ekki njóta verndar höfundalaga sem listaverk, aukna vernd með því að láta vernd slíkra mynda fylgja hinni almennu stefnu laganna að láta einkarétt rétthafa ná til þess að birta þær. Enn fremur er talið rétt að lengja verndartíma slíkra ljósmynda úr 25 árum í 50 ár til samræmis við ákvæði annarra norrænna höfundalaga.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að við bætist nýr kafli, V. kafli A, með fjórum greinum, 50. gr. a – 50. gr. d, er fær kaflaheitið Tæknilegar ráðstafanir o.fl. Ákvæðum hins nýja kafla er m.a. ætlað innleiða III. kafla tilskipunarinnar varðandi „verndun tæknilegra ráðstafana og upplýsinga fyrir réttindaumsýslu“ er hefur að geyma ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar um „skyldur að því er varðar tæknilegar ráðstafanir“ og ákvæði 7. gr. tilskipunarinnar um „skyldur að því er varðar upplýsingar vegna réttindaumsýslu“.

Um a-lið (50. gr. a).

Hér er lagt til að leitt verði í íslensk lög ákvæði er svarar til c) liðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit, en í 7. gr. þeirrar tilskipunar er m.a. svo fyrir mælt að kveða beri í landslögum á um úrræði gagnvart þeim sem sekur er um að setja í umferð eða hafa í fórum sínum í hagnaðarskyni hvers konar búnað sem einungis miðar að því að auðvelda að sneiða hjá eða fjarlægja með ólöglegum hætti tæknibúnað sem notaður hefur verið til að vernda tölvuforrit. Með frumvarpsgreininni er sú háttsemi, sem nefnt tilskipunarákvæði tekur til, lýst óheimil, og brot gegn greininni er lýst refsivert með tillögu til breytingar á 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. (sjá 13. gr. frumvarps þessa).

Í lögum nr. 57/1992, sem lögfestu gildi tilskipunar 91/250/EBE um lögvernd tölvuforrita, var ekki innleitt sérstakt ákvæði til verndar ráðstöfunum er miða að því að koma í veg fyrir ólögmæta eintakagerð hugbúnaðar líkt og gert var í 1. mgr. 78. gr. í dönsku höfundalögunum frá 1995. Ákvæði þetta samsvarar nú 75. gr. b í dönsku höfundalögunum eins og þeim var breytt við innleiðingu tilskipunarinnar í Danmörku í desember 2002. Vegna skyldleika 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar við 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu þykir hins vegar rétt að lögfesta nú bann við fyrrgreindum ráðstöfunum sem eru til þess fallnar að stuðla að ólögmætri dreifingu hugbúnaðar en 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar tekur ekki til tæknilegra ráðstafana gegn ólögmætri eintakagerð hugbúnaðar. Um lögvernd tæknilegra ráðstafana annarra verka á stafrænu formi er fjallað í b–d-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b – 50. gr. d). Jafnframt er lagt til að ákvæðið verði talið upp meðal þeirra ákvæða í 54. gr. höfundalaganna þar sem sektarrefsing eða fangelsi, allt að tveimur árum, liggur við broti sem framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Þær ráðstafanir sem ákvæðinu er ætlað að vernda eru hvers konar varnir gegn ólögmætri afritun hugbúnaðar, þ.m.t. afritunarvarðir CD-ROM/DVD-ROM diskar sem hafa að geyma hugbúnað, sérstakir hugbúnaðarlyklar sem gera löglegum notendum notkun slíkra diska mögulega og aðrar þess háttar ráðstafanir.

Um b-lið (50 gr. b).

Ákvæði tilskipunarinnar – verndun skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Í b-lið 12. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um nýtt ákvæði vegna innleiðingar 1.–3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Þar er í 1. mgr. mælt fyrir um að aðildarríkin skuli kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir séu markvisst og af ásetningi sniðgengnar. Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu aðildarríkjanna til að kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu í þremur tilvikum:

- í fyrsta lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta eru kynnt eða auglýst sem leið til að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir,
- í öðru lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika aðra en sem leið til að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir, og
- í þriðja lagi þegar slík tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að sniðganga hvers konar skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir.

Hugtakið „skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir“ er skilgreint svo í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að það taki til hvers konar tækni, tækja eða íhluta sem hannaðir eru með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem skyld eru höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa „sinnar tegundar réttar“ (e. sui generis) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Með hugtakinu „skilvirkar“ er átt við þær ráðstafanir sem til þess eru fallnar að rétthafa takist að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórnun, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með stjórnun eintakagerðar. Um nánari skýringu hugtaksins skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir vísast til 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b).

Lagt er til að 1.–3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með b-lið 12. gr. frumvarpsins (1.–4. mgr. 50. gr. b).

Um 1. mgr. b-liðar (1. mgr. 50. gr. b).

Ákvæðið felur í sér innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Við orðalag þess hefur verið höfð hliðsjón af 75. gr. c í dönsku höfundalögunum sem á rætur að rekja til 2. mgr. 78. gr. dönsku laganna frá 1995 en þar var mælt fyrir um lögvernd tæknilegra ráðstafana fyrir hvers konar verk á stafrænu formi. Með tilliti til 6. gr. tilskipunarinnar er lögvernd tæknilegra ráðstafana ætlað að ná til allra tækja og aðferða sem unnt er að beita til sniðgöngu slíkra ráðstafana og tekur það jafnframt til þess verknaðar að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir.

Í ákvæðinu felst að óheimilt er að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir án samþykkis rétthafa. Bannið gildir einnig um sniðgönguverknaðinn sjálfan, jafnvel þótt sniðgangan fari fram í þeim tilgangi að gera t.d. sjónskertum notanda kleift að nýta sér takmarkanir á einkarétti höfundar í II. kafla höfundalaganna. Um sambandið á milli reglna um sniðgöngu tæknilegra ráðstafana og undantekningarákvæðanna í II. kafla höfundalaganna vísast til athugasemda við c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c).

Reglur b-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b) eiga að stuðla að því að koma í veg fyrir skipulögð og stórfelld höfundaréttarbrot, m.a. vegna ólöglegrar dreifingar tónlistar og kvikmynda, sem eru til þess fallin að valda fjárhagstjóni fyrir listflytjendur og framleiðendur. Litið er á vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem eina mikilvægustu stoðina fyrir höfundarréttarvernd verka á stafrænu formi.

Lagt er til að brot gegn 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b) varði sektum skv. 54. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að refsinæmi verði bundið við brot framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Um 2. mgr. b-liðar (2. mgr. 50. gr. b).

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar og hefur að geyma bann við ýmsum undirbúningsathöfnum sem geta leitt til þess að tæknilegar ráðstafanir verði sniðgengnar. Hér er um að ræða framleiðslu, innflutning, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingu til sölu eða leigu, eignarhald í fjárhagslegum tilgangi á búnaði, vörum eða íhlutum er nota má til sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana. Slíkur búnaður getur m.a. verið hugbúnaður. Framangreindar athafnir eru óheimilar í eftirfarandi tilvikum:

- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir eru markaðssettir til sniðgöngu á skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum,
- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir hafa takmarkað fjárhagslegt gildi umfram það að nýtast til sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana, og
- ef búnaðurinn, vörurnar eða íhlutirnir eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd eða aðlöguð í því augnamiði að gera kleift eða undirbúa sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana.

Nægilegt er að um sé að tefla brot gegn einu af framangreindum tilvikum til þess að refsiábyrgð í formi sektargreiðslu verði beitt, að því tilskildu að hin huglægu saknæmisskilyrði séu uppfyllt. Af 48. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að bannákvæðin í 2. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. mgr. 50. gr. b) fela ekki í sér skyldu til að hanna búnað, vörur eða íhluti eða veita þjónustu með þeim hætti að þau séu samhæfð hinum tæknilegu ráðstöfunum, svo framarlega sem slíkur búnaður, íhlutir eða þjónusta fellur að öðru leyti ekki undir bannákvæði 2. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. mgr. 50. gr. b). Enn fremur er tiltekið að verndin megi ekki standa í vegi fyrir rannsóknum á sviði dulritunar.

Framangreindar reglur fela ekki í sér að bannað verði að þróa og dreifa frjálsum hugbúnaði (e. „open source“) sem gerir mögulegt að spila og afrita mynddiska og aðra miðla, m.a. vegna þess að slíkur hugbúnaður hefur annan löglegan tilgang en að komast hjá afritunarvörn. Hins vegar er lagt bann við þróun og dreifingu hugbúnaðar sem hefur það eina markmið að komast hjá afritunarvörn sem felst í tæknilegum ráðstöfunum.

Um 3. mgr. b-liðar (3. mgr. 50. gr. b).

Samkvæmt ákvæðinu eiga ákvæði 2. mgr. er fjalla um búnað, vörur og íhluti einnig við um þjónustu. Í því felst að óheimilt er að veita þjónustu sem:

- markaðssett er í því augnamiði að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir,
- hefur aðeins í takmörkuðum mæli annan fjárhagslegan tilgang en sniðgöngu skilvirkra, tæknilegra ráðstafana, og
- fyrst og fremst er hönnuð, framleidd eða aðlöguð til þess að gera kleift eða undirbúa sniðgöngu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Nægilegt er að brotið felist í einu af þremur framangreindum atriðum til þess að refsiábyrgð skapist. Einstaklingar og fyrirtæki sem bjóða fram aðstoð sína til að sniðganga afritunarvarnir o.fl. geta þannig sætt refsiábyrgð með sama hætti og þeir sem framleiða, markaðssetja o.fl. búnað og vörur sem hafa það að meginmarkmiði að sniðganga skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir. Leiða má líkum að því að sama eigi við þegar einstaklingur gerir aðgengilegar á sinni heimasíðu á netinu leiðbeiningar sem nýta má til þess að sniðganga skilvirkar tæknilegar ráðstafanir.

Um 4. mgr. b-liðar (4. mgr. 50. gr. b).

Í ákvæðinu er kveðið á um að skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir njóti verndar skv. 1. og 2. mgr., svo fremi þeim sé beitt í þeim tilgangi að vernda verk og annað efni sem er háð höfundarétti. Í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er umfang lögverndarinnar afmarkað með skilgreiningu hugtaksins skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir. Skv. 1. málsl. 3. mgr. 6. tilskipunarinnar merkir „tæknilegar ráðstafanir“ „hvers konar tækni, tæki eða íhluti sem hannaðir eru með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (e. sui generis) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB“.

Samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar teljast tæknilegar ráðstafanir skilvirkar „ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulritun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn“.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lögð áhersla á að þrátt fyrir vernd tæknilegra ráðstafana verði einstaklingum í sem flestum tilvikum gert kleift að gera eintök til einkaafnota á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Lagt er til að framleiðendur verka á stafrænu formi hagi afritunarvörnum sínum þannig að þær hindri eða takmarki ólögmæta eintakagerð og þess háttar, jafnframt því sem þær heimili lögmæta notkun samkvæmt undantekningarákvæðum höfundalaganna.

Áhersla er lögð á að heimilt er, að svo miklu leyti sem höfundur hefur ekki lagt við því bann, að gera eintök af hljóm- og mynddiskum til einkanota innan heimilisins. Ef afritunarvörn ef fyrir hendi í upprunaeintaki er óheimilt að fara fram hjá henni í því skyni að gera afrit en vænta má þess að í framtíðinni verði afritunarvörnum þannig hagað að mögulegt verði að gera eitt eða fleiri afrit til einkanota; að því er a.m.k. stefnt með lögum þessum.

Túlka ber 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b) í samræmi við framangreindar skilgreiningar í 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Af því leiðir að til þess að tæknilegar ráðstafanir megi njóta verndar þurfa þær að hafa það að markmiði að hindra eða takmarka aðgerðir sem höfundur eða annar rétthafi hefur ekki heimilað. Það merkir að nota skal hinar tæknilegu ráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem falla undir einkaréttindi höfunda skv. 2. gr. höfundalaga. Í þeim tilvikum sem hinum tæknilegu ráðstöfunum er beitt í þágu verka

sem njóta ekki verndar eða annarra hugverka njóta tæknilegar ráðstafanir ekki verndar gegn sniðgöngu og þess háttar aðgerðum á grundvelli b-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b).

Sama regla á við þegar tæknilegum ráðstöfunum er beitt til að hindra eða takmarka athafnir eða notkun sem er óviðkomandi höfundarétti, t.d. þegar vafrað er á netinu.

Sem dæmi um tæknilegar ráðstafanir sem njóta verndar má nefna afritunarvarnir sem felldar eru inn í stafrænt verk og þess háttar (hljómdiska, mynddiska o.fl.) í því augnamiði að koma í veg fyrir eintakagerð án samþykkis rétthafa. Þær tæknilegu ráðstafanir sem tengjast afritunarvörðum hljómdiskum og mynddiskum og falla undir ákvæðið taka eingöngu til tæknilegra ráðstafana upprunaeintaks sem geymir verk eða efni. Auðir tölvudiskar af gerðinni DVD+R sem hafa að geyma tæknilegar ráðstafnir sem koma í veg fyrir að þeir séu nýttir til að afrita efni sem verndað er að höfundarétti falla þannig ekki undir ákvæðið.

Sumar afritunarvarnir kunna að hafa þá eiginleika að heimill fjöldi afrita er takmarkaður, t.d. þannig að einungis er unnt að gera eitt eða tvö afrit. Framangreindar reglur vernda þannig eingöngu þær tæknilegu ráðstafanir sem beinast gegn eða takmarka athafnir er fela í sér brot á höfundarétti, þ.e. gegn óheimilli eintakagerð.

Að því marki sem nauðsynlegt kann að vera að sniðganga tæknilega ráðstöfun, t.d. til að geta nýtt hljóm- eða mynddisk eða netútvarp til einkaafnota, falla slíkar athafnir ekki undir lögvernd tæknilegra ráðstafana. Ákvæði 4. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (4. mgr. 50. gr. b) felur ekki í sér lögvernd fyrir þær tæknilegu ráðstafanir sem útgefandi kann að hafa komið fyrir í t.d. hljómdiski eða mynddiski og varnað geta lögmætum eiganda að njóta hans. Ákvæðinu er ætlað að tryggja lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir ólögmæta eintakagerð og dreifingu slíkra eintaka. Þegar svo stendur á að lögmætur eigandi hljómdisks eða mynddisks getur ekki spilað hann kann eigandinn að öðlast rétt til að sniðganga kóta í hljóm- eða mynddiski sem þjónar hlutverki tæknilegrar ráðstöfunar.

Undir slíka heimild félli t.d. sniðganga svæðisskiptingar sem tengist DVD-mynddiskum, sem þjónar því hlutverki einu að skipta veröldinni upp í sex notkunarsvæði (e. region 1-6), með tilheyrandi svæðisstýringu mynddiska og mynddiskaspilara. Tæknilegar ráðstafanir varðandi svæðisskiptingu njóta ekki verndar að höfundarétti. Slíkar ráðstafanir miða einvörðungu að því að framleiðendur kvikmynda geti markaðssett þær á mismunandi tíma í hverjum heimshluta fyrir sig og selt mynddiska til neytenda á mismunandi verði eftir mörkuðum.

Tæknilegar ráðstafanir, sem hindra eða gera erfiðara um vik t.d. afspilun og afritun hljómdiska eða mynddiska í einkaafnotum, falla enn fremur ekki undir vernd tæknilegra ráðstafana. Það á t.d. við um tæknilegar ráðstafanir sem valda því endurmiðlun hljóm- eða mynddisks verður aðeins möguleg í tölvu með tilteknu stýrikerfi en ekki t.d. í tölvu með svonefndu „opnu“ stýrikerfi (e. „open source“). Það er því undir rétthöfunum komið að tryggja það að unnt verði að endurmiðla efni af afritunarvörðum hljóm- og mynddiskum í tölvum með „opnu“ stýrikerfi og að koma þannig í veg fyrir að notendur þurfi að „brjóta upp“ kótann til að endurmiðla tónlist eða kvikmynd á slíkum tölvum notenda.

Hins vegar verður talið að sniðganga tæknilegra ráðstafana á afritunarvörðum hljómdiski í þeim tilgangi einum að afrita efni hans yfir á MP3 spilara eða tölvu, þ.e. að gera eintak á *.mp3, *.wav, *.wma eða *.ogg sniði, sé óheimil sniðganga og feli þar með í sér brot gegn 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b). Hins vegar er lagt til að samhliða verði gerð breyting á 54. gr. laganna, sbr. b-lið 13. gr. frumvarpsins, sem felur það í sér að refsinæmi kemur ekki til álita þegar um er að ræða sniðgöngu tæknilegra ráðstafana við eintakagerð einstaklinga til eigin nota.

Ráðstafanir sem fela í sér aðgangsstjórnun að verkum og annað þess háttar falla undir b-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b) ef markmið þeirra er að hindra eða takmarka afritun eða aðrar athafnir sem háðar eru höfundarétti. Gera verður þó þann fyrirvara að nánari afmörkun verndar hinna tæknilegu ráðstafana heyrir endanlega undir EFTA-dómstólinn en jafnframt munu úrlausnir Evrópudómstólsins hafa ákveðið fordæmisgildi fyrir EES/EFTA-ríkin að þessu leyti. Rétt þykir að benda á að skv. 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er ekki öllum tæknilegum ráðstöfunum veitt lögvernd eftir ákvæðinu, heldur aðeins þeim sem teljast „skilvirkar“. Afritunarvarnir og þess háttar, sem felldar eru inn í verk á stafrænu formi, skulu þannig fullnægja verndartilgangi ákvæðisins. Þær tæknilegu ráðstafanir sem hindra í raun ekki athafnir sem háðar eru einkarétti höfunda teldust ekki fullnægjandi og nytu þar með ekki verndar á grundvelli ákvæðisins.

Um 5. mgr. b-liðar (5. mgr. 50. gr. b).

Um skýringu á 5. mgr. b-liðar 12. gr. (5. mgr. 50. gr. b) er vísað til athugasemda við a-lið 12. gr. (50. gr. a) hér að framan.

Um 6. mgr. b-liðar (6. mgr. 50. gr. b).

Í 6. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (6. mgr. 50. gr. b) er tekið fram að vernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1.–4. mgr. ákvæðisins standi því ekki í vegi að gerðar séu rannsóknir á dulritun. Með hugtakinu „dulritun“ er átt við hvers konar gögn og upplýsingar á stafrænu formi sem varin eru með reikniriti (algórithma) þannig að úr verður dulmál.

Um c-lið (50. gr. c).

Ákvæði tilskipunarinnar – lögmæt sniðganga tæknilegra ráðstafana.

Skv. 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undanþágu eða takmörkun, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr., kost á að nýta þessa undanþágu eða takmörkun í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að nýta undanþáguna eða takmörkunina, að því tilskildu að sá sem nýtir hana hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni. Þetta á við, þrátt fyrir lögvernd skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, þegar rétthafar hafa ekki gripið til valfrjálsra ráðstafana, svo sem samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, til að veita aðilum sem rétt eiga á að nýta sér undanþágu eða takmörkun.

Í 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar segir enn fremur að aðildarríkjunum sé heimilt að gera nefndar ráðstafanir með tilliti til undanþágu eða takmörkunar sem kveðið er á um í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar nema rétthafi hafi þegar gert eftirgerð til einkanota mögulega að því marki sem nauðsynlegt er til að nýta viðkomandi undanþágu eða takmörkun og í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. en án þess að koma í veg fyrir að rétthafar beiti fullnægjandi ráðstöfunum að því er varðar fjölda eftirgerða í samræmi við þessi ákvæði.

Tæknilegar ráðstafanir sem rétthafar beita af frjálsum vilja, þar á meðal ráðstafanir vegna framkvæmdar valfrjálsra samninga, og tæknilegar ráðstafanir vegna framkvæmdar ráðstafana sem aðildarríkin hafa gripið til skulu njóta lögverndar skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar ber rétthöfum að tryggja eftir því sem unnt er að verka þeirra og annars efnis verði notið af ólíkum notendum, á grundvelli hinna lögbundnu undantekninga. Hvað varðar íslensku höfundalögin hefur 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar þannig þýðingu fyrir eftirtaldar undantekningar í II. kafla laganna:

- 12. gr.,
- 1. mgr. 14. gr.,
- 1. mgr. 17. gr. að því er kennslu varðar,

- 18. gr. 1. og 2. mgr. um framleiðslu kennslueintaka,
- 1. tölul. 1. mgr. 21. gr.,
- 5. mgr. 23. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum jafnframt samhliða skylt að gera viðeigandi ráðstafanir þar sem ekki nást samningar milli hlutaðeigandi aðila. Til þess að tryggja ásættanlega lausn á ágreiningi sem upp kann að koma á þessu sviði þykir rétt að gefa hvorum/hverjum aðila um sig færi á því að vísa mögulegum ágreiningi til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. höfundalaga. Nefndin er óháð þriggja manna úrskurðarnefnd sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd tilnefnir og felur niðurstaða hennar í sér endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Um störf nefndarinnar gildir reglugerð nr. 97/1996.

Í niðurlagi 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar kemur fram að ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda ekki um verk eða annað efni sem gert er aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

Loks er tekið fram að við beitingu 6. gr. með skírskotun til tilskipana 92/100/EBE og 96/9/EB gildi 4. mgr. hennar að breyttu breytanda.

Ákvæði c-liðar 12. gr.

Ákvæðið er nýmæli og felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar sem varðar sambandið á milli bannákvæða og 4. mgr. 6. gr. gegn því að skilvirkar tæknilegar ráðstafanir séu sniðgengnar og ýmissa undantekninga frá einkaréttinum. Í samræmi við 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b), sem felur í sér lögfestingu á 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, er sérhver sniðganga eða brottnám afritunarvarna og þess háttar óheimil, óháð tilgangi, án samþykkis rétthafa. Þannig getur hin nýja tækni komið rétthöfum til hjálpar við að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli nýtingu. Á móti getur slík tækni staðið því í vegi að notendur geti nýtt sér takmarkanir á einkarétti höfunda skv. II. kafla höfundalaganna, sbr. 5. gr. tilskipunarinnar, en þar er ráð fyrir því gert að tilteknar athafnir séu heimilar án þess að fyrir liggi samþykki rétthafa. Á þetta m.a. við um undantekningar í þágu sjón- og heyrnarskertra, menntastofnana, almenningsbókasafna o.fl. Sameiginlegt með þessum undantekningum er að þær taka tillit til annars vegar hagsmuna rétthafa og hins vegar hagsmuna hins opinbera til óhindraðrar nýtingar á höfundarréttarvernduðu efni. Af samhenginu á milli þessara tvenns konar hagsmuna leiðir að rétthafar geta ekki einhliða vikið til hliðar undantekningarákvæðunum í II. kafla höfundalaganna, heldur þarf slíkt að eiga sér stað með gagnkvæmum samningi rétthafa og hagsmunaaðila.

Um 1. mgr. c-liðar (1. mgr. 50. gr. c).

Samkvæmt 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. c) getur úrskurðarnefndin eftir kröfu notanda gert rétthafa að veita notanda úrræði til fá aðgang, þrátt fyrir skilvirkar tæknilegar ráðstafanir, svo að notandinn eða tilteknir notendahópar megi nýta sér heimildir sínar á grundvelli ákvæðanna í 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr. að því er kennslu varðar, 1.–4. mgr. 19. gr., 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Nefndin getur í því sambandi kveðið á um skilmála fyrir nýtingunni, þ.m.t. að rétthafar leggi til eintak á stafrænu eða hliðrænu formi sem ekki hefur að geyma afritunarvörn eða þess háttar búnað. Á hinn bóginn getur nefndin lagt fyrir rétthafana að afhenda kóta, lykla, afbrenglunarbúnað og þess háttar til viðkomandi notenda. Við úrlausn sína getur nefndin m.a. lagt mat á hvort raunverulegar samningaumleitanir hafi farið fram á milli rétthafa og viðkomandi notenda. Nefndinni ber jafnframt að taka tillit til hins svonefnda þriggja þrepa skilyrðis í 5. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sem kveður svo á að takmarkanir á

einkarétti megi aðeins leggja á í sérstökum tilvikum, þær megi ekki stríða gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og þær megi ekki með ósanngjörnum hætti leiða til skerðingar á lögmætum hagsmunum rétthafa. Á móti hafa rétthafarnir rétt til þess, að svo miklu leyti sem ákvörðun nefndarinnar veitir þeim svigrúm, að beita öðrum tæknilegum ráðstöfunum sem til að mynda takmarka fjölda afritaðra eintaka sem notanda er heimilt að framkalla á grundvelli undantekningarreglu. Forræði nefndarinnar nær til allra verka og annars efnis, án tillits til þess hvort heimilisfesti rétthafans er hérlendis, í öðru EES-ríki eða ríki utan EES. Er það í samræmi við almenna reglu höfundalaganna að þau taki til allra tilvika á íslensku yfirráðasvæði. Á þeim grundvelli er þannig unnt að beita c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c) um tilvik þar sem notandi nýtur undantekningarregla á íslensku yfirráðasvæði. Ákvarðanir nefndarinnar eru því bindandi fyrir alla rétthafa án tillits til tengsla þeirra við Ísland. Skv. 2. málsl. 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. málsl. 1. mgr. 50. gr. c) getur sá notandi sem fengið hefur úrlausn hjá nefndinni sniðgengið sjálfur tæknilega ráðstöfun ef rétthafinn hefur ekki veitt honum aðgang innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar. Um slíka heimild vísast til 51. skýringargreinar tilskipunarinnar þar sem fram kemur að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rétthafar, með því að breyta tæknilegri ráðstöfun sem hefur verið gerð eða með öðrum hætti, veiti þeim sem eiga rétt á slíkum undanþágum eða takmörkunum viðeigandi tækifæri til að nýta þær. Almenn forsenda fyrir úrlausnarhæfi nefndarinnar er að þeir notendur sem bera fyrir sig undantekningu hafi lögmætan aðgang að þeim verkum og öðru efni sem fyrirhugað er að nýta á grundvelli undantekningarinnar. Í því felst t.d. að notandinn hafi á lögmætan hátt keypt eintak verks eða samið um aðgang að verki t.d. í formi heildarleyfis (samningskvaðar). Hins vegar má gera ráð fyrir því að í heildarleyfum (samningskvöðum), áskriftarsamningum og þess háttar sé mælt fyrir um rétt einstakra notenda gagnvart tæknilegum ráðstöfunum sem beitt verður til að takmarka gerð eintaka. Ákvæði 1. mgr. c-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. c) verður ekki beitt þegar kveðið er á um beitingu undantekninga í samningi. Taka ber fram að unnt er að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dómstóla. Í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttar frestar málshöfðun ekki framkvæmd á ákvörðun nefndarinnar.

Ákvæði c-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c) tekur ekki til undantekninga í 11. gr. höfundalaga um eintakagerð til einkanota. Skv. 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. skýringargrein nr. 52, eru aðildarríkin ekki skyld til að innleiða ráðstafanir gagnvart rétthöfunum þegar um er að tefla heimildina til eintakagerðar til einkanota. Við samningu frumvarps þessa hefur komið til álita hvort veita eigi úrskurðarnefnd skv. 57. gr. heimild, hvað varðar 11. gr. laganna um eintakagerð til einkanota, til að mæla fyrir um að rétthafar veiti einstaklingum aðgang að verkum sínum og öðru efni. Er það einkanlega í því ljósi að rétthafar hafa í töluverðum mæli tekið upp tæknilegar ráðstafanir til að vernda verk sín og annað efni gegn óheimilli afritun o.fl. þess háttar. Markmið 6. gr. tilskipunarinnar er að hvetja rétthafana til að beita tæknilegum ráðstöfunum sem komið geta í veg fyrir afritun stafrænna verka. Það er álit menntamálaráðuneytisins að þessum tilgangi verði ekki náð ef almennt verður lagt fyrir rétthafana að fjarlægja afritunarvarnir á verkum þeirra. Sú staða að rétthöfunum verði gert að veita einstaklingum sem þess óska aðgang að verkum sínum á stafrænu formi í því skyni að gera stafrænt eintak til eigin nota getur hæglega unnið gegn markaðssetningu slíkra verka, jafnframt því að hindra stjórnun hinnar ólöglegu stafrænu eintakagerðar. Á sama tíma gæti lögþvingaður afritunarréttur unnið gegn útbreiðslu tæknilegra ráðstafana og þróun þeirra. Með tilliti til þessara sjónarmiða telur menntamálaráðuneytið útilokað að fallast á tillögur í framangreinda veru. Með hliðsjón af eðli hinna nýju reglna um tæknilegar ráðstafanir o.fl.

er talið nægilegt að fylgjast með þróuninni á því sviði þannig að ákvæðin verði endurskoðuð síðar í ljósi fenginnar reynslu.

Um 2. mgr. c-liðar (2. mgr. 50. gr. c).

Í ákvæðinu er gerð grein fyrir skilyrðum við beitingu 1. mgr. Gengið er út frá því að rétthafar geri sjálfviljugir ráðstafanir í formi samninga o.s.frv. sem veita einstökum notendum aðgang á grundvelli þeirra heimildarákvæða sem upp eru talin í 1. mgr. Felur það í sér að ekki er unnt að leggja ágreining fyrir nefndina á grundvelli 1. mgr., nema reynt hafi verið með sannanlegum hætti að leysa ágreining aðila með samningi og þess háttar. Af skýringargrein 51 í tilskipuninni leiðir að rétthöfum ber að hafa frumkvæði að valfrjálsum ráðstöfunum, t.d. með því að leggja til og ljúka samningum á milli rétthafa og viðkomandi hagsmunaaðila, þannig að þau markmið náist sem að er stefnt með undantekningarákvæðunum. Af hálfu menntamálaráðuneytisins er talið nægilegt að fylgjast með því og staðreyna að gengið sé til nauðsynlegra samninga þannig að tæknilegar ráðstafanir standi ekki í vegi fyrir nýtingu á grundvelli undantekningarákvæðanna.

Um 3. mgr. c-liðar (3. mgr. 50. gr. c).

Í ákvæðinu er lagt til að 1. mgr. taki ekki til þeirra verka og annars efnis sem boðið er upp á í pöntunarþjónustu á grundvelli samningssambands. Skýring þessa er sú að í 4. málsl. 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar segir að skylda aðildarríkjanna til þess að gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki takast samningar á milli rétthafa og notenda gildi ekki þegar um er að ræða gagnvirka pöntunarþjónustu, þ.e. þegar efni er gert aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Er þessi skilningur áréttaður í 53. skýringargrein tilskipunarinnar. Með framangreindri tilvísun er átt við þjónustu á netinu og sambærilega þjónustu, svo sem gagnvirkt sjónvarp, þar sem samningsákvæði mæla fyrir um skilyrði aðgangs og afnota af þjónustunni. Í orðalagi ákvæðisins felst jafnframt að unnt er að bera þá þjónustu á netinu sem ekki er gagnvirk undir úrskurðarnefnd skv. 57. gr. laganna.

Um d-lið (50. gr. d).

Ákvæði tilskipunarinnar – vernd upplýsinga um réttindaumsýslu.

Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um skyldur aðildarríkjanna til að veita fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til eftirfarandi aðgerða:

a. fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu,
b. dreifa, flytja inn til dreifingar, útvarpa, miðla eða gera aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt tilskipuninni eða skv. III. kafla tilskipunar um lögvernd gagnagrunna 96/9/EB þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar.

Eins og í 6. gr. er refsinæmi bundið við að viðkomandi viti eða hafi fulla ástæðu til að vita að með þessum aðgerðum hvetji hann til brota á höfundarétti samkvæmt lögum eða hvers konar réttindum, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt lögum eða til brota á sinnar tegundar (sui generis) rétti, sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar um lögvernd gagnagrunna 96/9/EB, eða gerir brotin möguleg, auðveldar þau eða leynir þeim.

Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er hugtakið „upplýsingar um réttindaumsýslu“ skýrt sem: upplýsingar, sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar (sui generis) rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóta sem tákna slíkar upplýsingar.

Ákvæði d-liðar 12. gr.

Ákvæðið sem felur í sér innleiðingu á 7. gr. tilskipunarinnar er nýmæli.

Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til þess að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu. Sama gildir um hvern þann sem dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt tilskipuninni eða skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB þótt rafrænar upplýsingar um réttindastjórn hafi verið fjarlægðar eða verkunum eða efninu breytt án heimildar.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar geta „upplýsingar um réttindaumsýslu“ verið upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í tilskipuninni eða sem fellur undir sinnar tegundar (sui generis) rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóta sem tákna slíkar upplýsingar.

Að baki ákvæðinu liggja væntingar EB- og EES-ríkjanna um að rétthafar muni í töluverðum mæli nýta sér nýjar aðferðir við stjórn réttinda sinna. Af tækniþróun hefur leitt að rétthafar geta nú stjórnað og framfylgt notkun á vernduðum verkum sínum og öðru efni. Slíkt er m.a. unnt með því að setja stafræn vatnsmerki á vernduð verk sem tryggir að aðeins lögmætir notendur geti fengið að því aðgang og afnot. Önnur aðferð við réttindastjórnun er notkun rafrænna undirskrifta þar sem rétthafinn dulritar innihaldið á þann hátt að aðeins lögmætur notendur fá í hendur lausnarorð, kóta og þess háttar sem afbrenglar innihaldið. Einn ávinningur af stafrænni réttindastjórnun er að rétthafarnir geta tryggt réttindi sín og gefið út afnotaleyfi miðað við einstaka notendur. Eins og við á um hvers konar dulritun er samt sem áður hætta á því að hinar rafrænu upplýsingar verði fjarlægðar eða þeim breytt í því skyni að brjóta á rétti höfundar verndaðs efnis. Markmiðið með 7. gr. tilskipunarinnar er að styðja við notkun stafrænnar réttindastjórnunar með því að leggja bann við því að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum, auk dreifingar og framsal verka þar sem upplýsingar hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt.

Um 1. mgr. d-liðar (1. mgr. 50. gr. d).

Samkvæmt ákvæðinu er bannað að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu. Í 2. tölul. 1. mgr. er jafnframt lagt bann við að dreifa, flytja inn til dreifingar eða miðla til almennings verkum eða öðru efni þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar.

Um 2. mgr. d-liðar (2. mgr. 50. gr. d).

Hér er mælt fyrir um skilyrði fyrir beitingu 1. mgr. á þann veg að þar til greindar athafnir eru því aðeins refsinæmar að hlutaðeigandi einstaklingur sem þeim beitti eða stóð að gerningi hafi vitað eða mátt vita að með gerningnum hafi hann komið til leiðar, gert kleift, auðveldað eða leynt broti gegn rétti til verndaðs verks eða annars efnis. Í þessu felst skilyrði um huglæga afstöðu geranda til þeirra athafna sem 1. mgr. leggur bann við.

Af 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar leiðir að með hugtakinu „upplýsingar um réttindaumsýslu“ er átt við „upplýsingar, sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar (sui generis) rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar um lögvernd gagnagrunna 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóta sem tákna slíkar upplýsingar“.

Í 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er svo fyrir mælt: „Fyrsta undirgrein gildir ef eitthvert þessara upplýsingaatriða tengist afriti af verkinu eða birtist í tengslum við miðlun á verkinu eða efninu eða birtist í tengslum við miðlun til almennings á verkinu eða öðru efni sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar (sui generis) rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB.“

Af þessu leiðir að til þess að rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu njóti verndar á grundvelli 7. gr. tilskipunarinnar í tengslum við verk eða annað efni þurfa þær að njóta verndar samkvæmt höfundalögum. Í þeim tilvikum sem upplýsingar um réttindaumsýslu eru notaðar í tengslum við verk eða annað efni sem ekki nýtur verndar veitir 7. gr. ekki lögvernd gegn því að upplýsingum sé breytt eða þær fjarlægðar o.fl. þess háttar. Rétt þykir að benda á að nánari afmörkun á lögvernd rafrænna upplýsinga um réttindaumsýslu heyrir að síðustu undir EFTA-dómstólinn. Ákvæði d-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. d) verður beitt um öll vernduð verk, þ.m.t. tölvuforrit og önnað verndað efni. Brot gegn d-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. d) geta varðað refsiábyrgð skv. 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Um a-lið.

Skv. 6. og 7. gr. tilskipunarinnar, sbr. 1. mgr. 8. gr., skulu aðildarríkin innleiða viðeigandi refsingar og úrræði vegna brota gegn þeim réttindum sem veitt eru í framangreindum ákvæðum tilskipunarinnar.

Markmiðið með breytingunni er að að lögfesta sameiginlegt refsiákvæði fyrir brot gegn ákvæðum 12. gr. frumvarpsins sem verður að V. kafla A í lögunum. Lagt er til að nýjum ákvæðum, 50. gr. a, 50. gr. b og 50. gr. d, verði bætt við í upptalningu í 5. tölul. 1. mgr. 54. gr. laganna.

Skv. 54. gr. gildandi laga geta brot gegn þar til greindum ákvæðum laganna sem framin eru af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sömu saknæmisskilyrði mundu því eiga við brot gegn ákvæðum a- og b-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. a og 50. gr. b). Hvað varðar saknæmisskilyrði brota gegn d-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. d) gengur 2. mgr. þess ákvæði framar 54. gr., aðeins yrði refsað fyrir slíkt brot ef hinn brotlegi vissi eða mátti vita að með verknaði sínum kom hann til leiðar, gerði kleift, auðveldaði eða leyndi broti gegn rétti rétthafa til verks eða annars efnis sem nýtur verndar samkvæmt lögunum.

Um bótarétt rétthafa vegna brota á framangreindum ákvæðum V. kafla A fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. 56. gr. gildandi laga.

Unnt er að krefjast upptöku og eyðileggingar þeirra tækja og búnaðar sem lagt er hald á vegna opinberrar rannsóknar ætlaðra brota gegn ákvæði 2. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (2. mgr. 50. gr. b), sbr. 55. gr. gildandi laga.

Um b-lið.

Hér er lagt til að ný málsgrein, 4. mgr., bætist við 54. gr. laganna að fyrirmynd sambærilegs ákvæðis 2. mgr. 56. gr. a í finnsku höfundalögunum eins og lagt hefur verið til að því verði breytt með finnsku stjórnarfrumvarpi til innleiðingar á tilskipun 2001/29/EB (RP 28/2004 rd) þar í landi. Samkvæmt ákvæðinu er nánar tilgreind eintakagerð einstaklinga til einkanota undanþegin refsinæmi skv. 2. mgr. 54. gr. Hér er um að ræða eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda. Enn fremur fellur hér undir eintakagerð sem fram fer með sniðgöngu tæknilegra ráðstafana,

andstætt 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b). Framangreindar athafnir eiga það sameiginlegt að þær fara fram innan veggja heimilisins og eru ætlaðar til einkanota eingöngu. Með undantekningunum er einstaklingum gert kleift að nýta sér ýmsan tæknibúnað sem í sjálfu sér er ekki ólögmætur en notkun hans kann að orka tvímælis vegna ákvæða 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. gildandi laga, sem og 1. mgr. b-liðar 12. gr. frumvarpsins (1. mgr. 50. gr. b). Dæmi um slíkan búnað eru tölvur, mp3-spilarar og annar þess háttar búnaður sem er þeim eiginleikum búinn að eintakagerð eftir vernduðu eintaki tölvuforrits, eintaki véllæsilegs gagnagrunns eða hljómdiski er nauðsynlegur þáttur í löglegri notkun búnaðarins. Undantekningar eiga þó aðeins við um ráðstafanir sem hafa það að markmiði að gera einstaklingi kleift að njóta löglegra eintaka verka. Dæmi um slíka notkun, sem er refsilaus samkvæmt ákvæðinu, er til að mynda sniðganga afritunarvarnar á hljómdiski í því skyni að gera eintak til notkunar í tölvu eða mp3-spilara. Það er mat menntamálaráðuneytisins að framangreindar undantekningar, eins og þeim er lýst hér, stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verndaðra verka og efnis og skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

Um 14. gr.

Hér er um tæknilega breytingu að ræða. Af EES-rétti leiðir að Ísland er skuldbundið til að vernda verk aðila frá öðrum löndum innan hins Evrópska efnahagssvæðis (EES), þ.e. landa Evrópusambandsins, auk Noregs og Liechtenstein, með sama hætti og um verk íslenskra höfunda væri að ræða. Af því leiðir að reglan um innlenda meðferð (e. national treatment) gildir innan EES. Um þetta atriði er nú fjallað í 4. tölul. 1. mgr. 60. gr. gildandi laga sem lagt er til að verði leyst af hólmi með ákvæði þessu. Nauðsynlegt þykir að jafngildi allra EES-verka leiði beint af texta laganna og er að því stefnt með þeim breytingum sem felast í a-lið 14. gr. frumvarpsins sem jafnframt fellir í einn tölulið ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 60. gr. gildandi laga. Samsvarandi breyting er svo lögð til á 2. mgr. 60. gr., sbr. c-lið 14. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæðið felur í sér breytingu á gildandi reglum 61. gr. höfundalaga um svonefnd tengslaskilyrði (e. points of attachment, d. tilknytningskriterier) hvað varðar rétthafa skyldra réttinda (grannréttinda), þ.e. listflytjenda og framleiðenda hljóð- og myndrita. Markmiðið með breytingunum er að færa skilyrði verndar til samræmis við þá alþjóðlegu sáttmála sem gerðir hafa verið á þessu sviði, þ.e. Rómarsáttmálann frá 1961 og WIPO-sáttmálann um vernd listflytjenda og framleiðenda – WPPT (WIPO Performances and Phonograms Treaty) frá 1996. Fullgilding Íslands á síðarnefnda sáttmálanum verður í kjölfar lögfestingar frumvarps þessa, ásamt hinum EES/EFTA-ríkjunum, þ.e. Noregi og Liechtenstein. Í mars 2005 höfðu 79 ríki fullgilt Rómarsáttmálann en 51 ríki hafa gerst aðilar að WCT og 49 ríki hafa gerst aðilar að WPPT. Jafnframt þessu er markmiðið að taka beint fram í lagatextanum að upptökur sem gerðar eru í öðrum EES-ríkjum njóti sömu réttarverndar og upptökur sem gerðar eru hér á landi.

Ákvæði gildandi laga um listflytendur og framleiðendur hljóð- og myndrita byggjast á svonefndu upptökuskilyrði, sbr. 61. gr., sbr. 47. gr. gildandi laga. Í því felst að hin íslensku lög vernda listflutning flytjenda, auk hljóð- og myndrita, sem fram fara hér á landi, án tillits til ríkisfangs framleiðanda. Með breytingum skv. 16. gr. laga nr. 60/2000 var verndin einnig veitt listflutningi og hljóðupptökum sem fram fóru í öðrum EES-ríkjum og öðrum aðildar-

löndum Rómarsáttmálans. Beiting upptökuskilyrðisins byggist á aðildartilkynningu Íslands vegna 17. gr. Rómarsáttmálans við fullgildingu hans 15. júní 1994.

Hvað varðar vernd fyrir útvarps- og sjónvarpsfyrirtæki var upptökuskilyrðið útvíkkað með valkvæðu ríkisfangsskilyrði þannig að fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi (eða í öðru EES-ríki eða aðildarlandi Rómarsáttmálans) fellur undir verndina, sbr. 4. mgr. 61. gr.

Í WPPT, sem fjallar um vernd listflytjenda og framleiðenda hljóðrita, eru engin sjálfstæð tengslaskilyrði, heldur er vísað til Rómarsáttmálans að þessu leyti. Með tilliti til annarra landa er Ísland eitt af fáum löndum sem beitir eingöngu upptökuskilyrðinu. Flest önnur ríki beita jafnframt ríkisfangsskilyrðinu um framleiðendur hljóðrita. Nokkur ríki sameina ríkisfangsskilyrðið með útgáfuskilyrði í stað upptökuskilyrðisins. Vegna samræmis við aðildina að WPPT í gegnum tilskipunina og EES-samstarfið er talið skynsamlegt að EES-ríkin beiti öll sömu tengslaskilyrðunum, eftir því sem kostur er. Jafnframt þykir rétt að jöfn staða flutnings og upptaka frá öðrum EES-ríkjum við íslenskan flutning og upptökur komi fram með skýrum hætti í lagatextanum eins og nú er kveðið á um í 3. og 4. mgr. 61. gr. Í ljósi þessa er lagt til að í 3. mgr. 61. gr. bætist ríkisfangsskilyrði við upptökuskilyrðið. Hins vegar er talið of langt gengið að beita báðum skilyrðum samhliða. Af breytingum á 61. gr. í ákvæðinu leiðir að leggja verður til að listflytjendur njóti verndar óháð aðstæðum ef listflutningi þeirra er endurmiðlað af hljóðriti sem verndað er á grundvelli 61. gr. Hefur þetta raunhæfa þýðingu ef hljóðritið er verndað vegna hins nýja ríkisfangsskilyrðis í 2. eða 3. tölul. 3. mgr. Hugtakið „búsettir“ merkir að viðkomandi aðilar hafi hér heimilisfesti í skilningi lögheimilislaga og að sú búseta fullnægi að öðru leyti skilyrðum einkamálalaga um heimilisvarnarþing. Orðalagið aðalstöðvar í 61. gr. ber að skilja þannig að félag hafi höfuðstöðvar í því landi, með tilliti til reglna viðkomandi lands þar sem félagið er stofnað og þar sem félagið hefur höfuðstöðvar sínar, hefur lögheimili eða þar sem verulegur hluti starfseminnar fer fram. Ef tengsl fyrirtækis við ríki eru aðeins í gegnum stofnun þess og lögheimili í sama ríki getur þó verið um höfuðstöðvar að ræða ef um raunverulega starfsemi er að ræða og fyrirtækið hefur tengsl við efnahagskerfi viðkomandi ríkis. Félag getur þó aðeins haft einar höfuðstöðvar.

Með tilliti til orðalagsins hljóðrit í 61. gr. leiðir af svonefndri samþykktri yfirlýsingu (e. Agreed Statement) við 2. mgr. 3. gr. WPPT að með upptöku er átt við undirbúning frumupptöku (e. masterband). Hvað varðar vernd fyrir framleiðendur myndrita, sbr. 2. mgr. 61. gr., er talið eðlilegast að láta tengslaskilyrðin fylgja sömu atriðum og lagt er til að vernd fyrir framleiðendur hljóðrita fylgi. Ákvæði 2. mgr. 61. gr. eiga því jafnt við um hljóð- og myndrit.

Samkvæmt lögunum er flutningur og upptökur sem hafa tengsl við Ísland og önnur EES-ríki verndaðar. Sama gildir einnig um aðildarríki Rómarsáttmálans að sumu leyti, þ.e. réttur til endurgjalds. Skv. 2. mgr. 61. er verndin sem fyrr skilyrt við ríki sem veita íslenskum rétthöfum gagnkvæman rétt. Þegar Ísland gerist aðili að WPPT mun verndin jafnframt ná til annarra landa sem gerst hafa aðilar að samningnum. Þar sem vernd myndrita fellur ekki undir Rómarsáttmálann eða aðra alþjóðlega sáttmála mun verndin að því leyti einvörðungu ná til EES-ríkja.

Á afmörkuðum sviðum nær verndin yfir allan flutning, hljóðrit o.fl., án tillits til hvort tengsl eru við aðildarríki Rómarsáttmálans.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ljósi hraðrar þróunar í notkun tæknilegra ráðstafana og upplýsinga um réttindaumsýslu til að vernda efni á stafrænu formi sem er háð höfundarétti er æskilegt að endurskoðun ákvæða b- og c-liðar 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b og 50. gr. c) sæti endurskoðun að tveimur árum liðnum með tilliti til þess tjóns er hlýst af eintakagerð til einkanota og efnahagslegum áhrifum fyrrgreindra verndarráðstafana í því sambandi.

Fylgiskjal I.

Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi höfundalögum.

GILDANDI LÖG	BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM
II. KAFLI **Takmarkanir á höfundarétti.**	II. KAFLI **Takmarkanir á höfundarétti.**
	10. gr. a. *Einkaréttur höfundar skv. 3. gr., sbr. 2. gr. gildir ekki um gerð eintaka sem* *1. eru til skamms tíma eða tilfallandi,* *2. eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli,* *3. hafa þann tilgang einan að gera mögulega sendingu af hálfu milliliðar milli þriðju aðila um net eða löglega notkun á verki eða öðru efni og* *4. hafa enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu.* *Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tölvuforrit og gagnagrunna.*
11. gr. Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu. Enginn má þó gera eða láta gera fleiri en þrjú slík eintök til notkunar í atvinnu sinni.	11. gr. *Heimilt er einstaklingum að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má nota slík eintök í neinu öðru skyni.*
Ákvæði 1. mgr. veita ekki rétt til: 1. mannvirkjagerðar eftir verki sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, 2. eftirgerðar verka sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna, 3. eftirgerðar verndaðra tónverka og bókmenntaverka sé leitað til hennar aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni, 4. eftirgerðar verndaðra tölvuforrita, 5. eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns.	Ákvæði 1. mgr. veita ekki rétt til: 1. mannvirkjagerðar eftir verki sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist, 2. eftirgerðar verka sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist, nytjalist eða dráttlist ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna, 3. eftirgerðar verndaðra tónverka og bókmenntaverka sé leitað til hennar aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni, 4. eftirgerðar verndaðra tölvuforrita, 5. eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns.
Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða	Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða

myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Gjöld þessi skulu greidd hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og framleiðendum.

Gjöld skv. 3. mgr. skulu nema:

1. Af tækjum skal endurgjaldið vera 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða.
2. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku hljóðs eingöngu skal gjaldið nema 35 kr.
3. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku mynda, eftir atvikum ásamt hljóði, skal gjaldið nema 100 kr.
4. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru miðuð við að lengd flutningstíma sé allt að 180 mínútur fyrir hluti til hljóðupptöku og allt að 240 mínútur fyrir hluti til myndupptöku. Sé flutningstími lengri hækkar gjaldið hlutfallslega sem því nemur.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjöld skv. 3. og 4. mgr., þar á meðal af hvaða hlutum og tækjum gjöldin skuli greidd. Lækka má fjárhæðir, sem greindar eru í 4. mgr., af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum ef ætla má að einungis hluti þeirra sé ætlaður til upptöku skv. 3. mgr.

Samtök höfundaréttarfélaga, þar með talin félög listflytjenda og framleiðenda, sjá um innheimtu á gjöldum skv. 3. mgr. og ráðstafa þeim. Samtökunum er heimilt að fela tollyfirvöldum innheimtu á gjöldum þeim sem innflytjendur skulu standa skil á. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og eru þær háðar staðfestingu þess. Í samþykktunum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveislu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum

myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Gjöld þessi skulu greidd hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og framleiðendum.

Gjöld skv. 3. mgr. skulu nema:

1. Af tækjum skal endurgjaldið vera 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða.
2. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku hljóðs eingöngu skal gjaldið nema 35 kr.
3. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku mynda, eftir atvikum ásamt hljóði, skal gjaldið nema 100 kr.
4. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru miðuð við að lengd flutningstíma sé allt að 180 mínútur fyrir hluti til hljóðupptöku og allt að 240 mínútur fyrir hluti til myndupptöku. Sé flutningstími lengri hækkar gjaldið hlutfallslega sem því nemur.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjöld skv. 3. og 4. mgr., þar á meðal af hvaða hlutum og tækjum gjöldin skuli greidd. Lækka má fjárhæðir, sem greindar eru í 4. mgr., af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum ef ætla má að einungis hluti þeirra sé ætlaður til upptöku skv. 3. mgr.

Samtök höfundaréttarfélaga, þar með talin félög listflytjenda og framleiðenda, sjá um innheimtu á gjöldum skv. 3. mgr. og ráðstafa þeim. Samtökunum er heimilt að fela tollyfirvöldum innheimtu á gjöldum þeim sem innflytjendur skulu standa skil á. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og eru þær háðar staðfestingu þess. Í samþykktunum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

12. gr.

Setja má í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má ekki án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.

14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum

tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr., í tengslum við meginmál skv. 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

24. gr.

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks sem út hefur verið gefið. Útleiga og lán á eintökum tónverka er þó óheimil án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar taka einnig til kvikmyndaverka, þar á meðal myndbanda, en útleiga og lán þeirra til almennings er þó óheimil án samþykkis rétthafa. Sama gildir um útleigu tölvuforrita.

tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr., *enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.*

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu, skólakennslu eða útvarpskennslu, *enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða*:

1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. mgr. 1. gr., í tengslum við meginmál skv. 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

24. gr.

Nú hefur eintak af verki með samþykki höfundar verið selt eða með öðrum hætti framselt til annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins, og er þá frekari dreifing þess heimil. Ef um er að ræða dreifingu í formi láns eða leigu verður ákvæði 1. málsl. einnig beitt um sölu eða annars konar framsal til annarra utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að dreifa eintökum af verkum til almennings með því að leigja þau án þess að samþykki höfundar liggi fyrir. Þetta gildir þó ekki um byggingar og nytjalist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt án samþykkis höfundar að dreifa til almennings eintökum af kvikmyndaverkum og tölvuforritum í stafrænu formi með því að lána þau út. Þetta gildir þó ekki þegar eintak af tölvuforriti í stafrænu formi er hluti af bókmenntaverki og er lánað með því.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki í för með sér skerðingu á rétti til úthlutunar samkvæmt lögum um Bókasafnssjóð höfunda.

V. KAFLI
Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.
45. gr.

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6.

V. KAFLI
Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.
45. gr.

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. *[...]*

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6.

mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

47. gr.

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps

mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. *[...]*

47. gr.

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin. *Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita, sem í því felst, að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti, að hver og einn geti fengið aðgang að hljóðriti á þeim stað og á þeirri stundu, sem hver og einn sjálfur kýs.*

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:

1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar og dreifing þess um þráð.
2. Upptaka endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. *Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps*

hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkvæmt þessum tölulið helst, uns liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. mgr. 23. gr.

49. gr.

Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. mgr. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmyndar samkvæmt þessari grein skal haldast, uns liðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. mgr. getur, eftir því sem við á.

hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. mgr. 23. gr.

Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

49. gr.

Eftirgerð ljósmynda, sem ekki njóta verndar laga þessara sem listaverk, sbr. 2. mgr. 1. gr., er óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. *Enn fremur er óheimilt að birta slíkar ljósmyndir án samþykkis rétthafa.* Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmyndar samkvæmt þessari grein skal haldast, uns liðin eru *50 ár* frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. mgr. getur, eftir því sem við á.

V. KAFLI A

Tæknilegar ráðstafanir o.fl.

50. gr. a.

Óheimilt er að eiga viðskipti með eða hafa undir höndum í fjárhagslegum tilgangi tæki eða gögn, sem hafa þann tilgang einan að auðvelda með ólöglegum hætti að fjarlægja eða komast fram hjá tæknilegum búnaði ætluðum til þess að verja tölvuforrit.

50. gr. b.

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að sniðganga tæknilegar ráðstafanir, sbr. 4. mgr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, dreifa, selja, leigja, auglýsa til sölu eða leigu eða eiga í viðskiptalegum tilgangi búnað, vörur eða íhluti, sem

1. *eru kynnt eða auglýst sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum,*
2. *hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum, eða*
3. *eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðvelda að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.*

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um þjónustu.

Með tæknilegum ráðstöfunum í 1. og 2. mgr. er átt við hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir, sem samkvæmt eðlilegri notkun eru ætlaðar til þess að vernda verk og annað efni verndað með lögum þessum.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um vernd tölvuforrita.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru því ekki til fyrirstöðu, að gerðar séu rannsóknir á dulritun.

50. gr. c.

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b., að veita notanda aðgang að þeim úrræðum, sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 1. mgr. 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr. að því er kennslu varðar, 1.–4. mgr. 19. gr., 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a. og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar, er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b., að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur, sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt, að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, t.a.m. samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja, að notandinn geti nýtt sér hin tilvitnuðu ákvæði í 1. mgr., hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni, sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt, að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu, sem hann sjálfur kýs, sbr. síðari hluta 1. tölul. 4. mgr. 2. gr.

50. gr. d.

Óheimilt er án samþykkis rétthafa, að

1. *fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu, eða*
2. *dreifa eintökum, flytja inn í því skyni að dreifa eintökum eða miðla til almennings verkum og öðru efni, þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án samþykkis.*

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt, að sá, sem að gerningi stóð hafi vitað eða mátt vita, að með gerningnum komi hann til leiðar, geri kleift, auðveldi eða leyni broti gegn rétti til verks eða annars efnis, sem verndar nýtur samkvæmt lögum þessum.

VII. KAFLI

Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sektum eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

VII. KAFLI

Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sektum eða fangelsi, allt að 2 árum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar skv. 3. gr.
2. Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk skv. 4. mgr. 25. gr. b.
3. Brot á 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. mgr. 31. gr.
4. Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.
5. Brot á 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.
6. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.
7. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

VIII. KAFLI
Gildissvið laganna.
60. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:
1. Verka íslenskra ríkisborgara.
2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.
3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
4. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. mgr. 2. gr.
5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar skv. 3. gr.
2. Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk skv. 4. mgr. 25. gr. b.
3. Brot á 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 26. gr., 1. mgr. 28. gr., 1. mgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. mgr. 31. gr.
4. Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.
5. Brot á 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., *50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d,* 51. gr. og 52. gr.
6. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.
7. Innflutningur og framleiðsla tækja og hljóð- eða myndbanda í því skyni að dreifa þeim til almennings og dreifing slíkra tækja eða banda til almennings án þess að greitt sé af þeim höfundaréttargjald skv. 6. og 7. mgr. 11. gr. eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, sbr. 10. mgr. 11. gr.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 50. gr. b, varðar eftirtalin eintakagerð einstaklinga til einkanota ekki refsingu:
1. *eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns, sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda,*
2. *eintakagerð sem fram fer andstætt 1. mgr. 50. gr. b.*

VIII. KAFLI
Gildissvið laganna.
60. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:
1. *Verka manna, sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*
2. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
3. Verka, sem fyrst hafa verið gefin út hér á landi, sbr. og 2. mgr. 2. gr.
4. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og

listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.
6. Kvikmyndaverka, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda þeirra hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.

Ákvæði 25. gr. b taka til verka íslenskra ríkisborgara og erlendra manna sem búsettir eru hér á landi. Enn fremur til verka erlendra ríkisborgara þeirra ríkja sem veita íslenskum verkum hliðstæða vernd.

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 51.–53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

61. gr.

Ákvæði 45. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.

2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir:
   a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
   b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. 3. mgr.
   c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun sem verndar nýtur eftir ákvæðum í 4. mgr.

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.

2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenskur ríkisborgari eða fyrirtæki sem hefur aðsetur hér á landi.

Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.

2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.
5. Kvikmyndaverka, ef atvinnufyrirtæki framleiðanda þeirra hefur aðalstöðvar sínar hér á landi eða framleiðandinn sjálfur á hér fast aðsetur.

Ákvæði 25. gr. b. taka til verka manna, sem ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Enn fremur til verka erlendra ríkisborgara þeirra ríkja sem veita íslenskum verkum hliðstæða vernd.

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 51.–53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

61. gr.

Ákvæði 45. gr. taka til:

1. *Listflutnings manna, sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*
2. *Listflutnings annarra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir:*
   a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
   b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. 3. mgr.
   c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun sem verndar nýtur eftir ákvæðum í 4. mgr.

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum, sem gerðar hafa verið í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í öðrum ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

Ákvæði 47. gr. taka til:

1. *Hljóðritaðs listflutnings manna, sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*
2. *Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er maður, sem er ríkisborgari eða búsettur í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu *í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*
2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu *í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir helstu ákvæði tilskipunarinnar og samanburður þeirra við gildandi lög.

Gildandi höfundalög eru að mörgu leyti í samræmi við tilskipunina. Hér að neðan er gerð grein fyrir ákvæðum tilskipunarinnar um höfundarétt og skyld réttindi í upplýsingasamfélaginu í samanburði við gildandi höfundalög. Í umfjöllun um einstök lagaákvæði er þess jafnframt getið hvort tilskipunin gefi tilefni til lagabreytinga.

Rétt þykir að vekja athygli á nokkrum hugtökum sem fyrir koma í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar en valið var að nota ekki í frumvarpinu. Hugtakið „réttindaþurrð“ er notað í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar um það sem nefnt er í frumvarpinu „tæming réttinda“, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Hugtakið „að fara fram hjá“ er notað í 6. gr. íslenskrar þýðingar tilskipunarinnar en í frumvarpinu er rætt um „sniðgöngu“ tæknilegra ráðstafana í b-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. b). Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar er notað hugtakið „að rápa“ um þá athöfn að framkalla heimasíður og annað efni á netinu í vafra í tölvu. Í frumvarpinu er hugtakið „að vafra“ notað um þessa athöfn. Í tilskipuninni eru ýmis hugtök notuð um notkun sem fer fram í fjárhagslegum tilgangi við afmörkun undantekninga og takmarkana á einkarétti höfunda skv. 2. og 3. mgr. 5. gr., t.d. „efnahagslegt vægi“, „efnahagslegur eða viðskiptalegur ávinningur“, „í hagnaðarskyni“ og „viðskiptalegt eðli“. Í frumvarpinu er hins vegar notað hugtakið „fjárhagslegur tilgangur“ um framangreint og telst það fela í sér allt framangreint.

1. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um gildissvæði og samhengi við aðrar tilskipanir á sviði höfundaréttar gefur ekki tilefni til breytinga á höfundalögum.

2. gr. tilskipunarinnar um einkarétt höfunda til eftirgerðar felur í sér að bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er fellur undir einkaréttindi höfundar. Sambærilegt ákvæði í 1. mgr. 2. gr. gildandi laga hefur ekki að geyma svo víðtæka skilgreiningu á einkarétti höfundar til eintakagerðar en hefur þó verið túlkað svo að það feli í sér öll þau réttindi sem talin eru upp í 2. gr. tilskipunarinnar. Af hálfu menntamálaráðuneytisins er lagt til að ekki verði gerðar breytingar á 1. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. gildandi laga af þessu tilefni, heldur verði lagt mat á þetta atriði við heildarendurskoðun höfundalaga. Að því er varðar listflytjendur og framleiðendur hljóð- og myndrita, ásamt útvarpsfyrirtækjum, hafa þeir sambærileg réttindi skv. 2. gr. tilskipunarinnar. Um einkarétt þessara aðila til eftirgerðar hljóðrita, myndrita o.fl. fer eftir 3. mgr. 45. gr. laganna.

1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar fjallar um opinberan flutning, þ.e. einkaréttinn til miðlunar verks til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal þegar það er sent út í útvarpi og þegar það er gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn getur fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs. Þessu ákvæði tilskipunarinnar er ætlað að taka af allan vafa um einkarétt höfunda til miðlunar verka sinna á netinu. Að mati menntamálaráðuneytisins er skilgreining hugtaksins birting í 3. mgr. 2. gr. gildandi laga svo víðtæk að hún er til þess fallin að fela í sér réttinn til að miðla verki til almennings, þ.m.t. að gera verk aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og þeirri stundu er hann sjálfur kýs (e. on-demand). Af þessum sökum er lagt til að ekki verði gerðar breytingar á 3. mgr. 2. gr. laganna vegna tilskipunarinnar, heldur verði fjallað um þörf á breytingum við heildarendurskoðun höfundalaga.

2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem fjallar um einkarétt flytjenda, framleiðenda hljóð- og myndrita og útvarpsfyrirtækja til að gera efni aðgengilegt almenningi, er í höfuðatriðum í samræmi við gildandi rétt. Þó er talið nauðsynlegt að gera breytingar á 1. mgr. 47. gr. gildandi laga þannig að tekið sé fram að listflytjendur og framleiðendur hljóðrita eigi óskilyrtan einkarétt á því að gera hljóðrit aðgengileg með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að hljóðriti á þeim stað og þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs (e. on-demand). Enn fremur mun 3. mgr. 45. gr. gildandi laga tryggja að rétthafar svonefndra skyldra réttinda muni njóta sambærilegs réttar og höfundar á einkarétti til opinbers flutnings skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga. Í a-lið 2. gr. WPPT-sáttmálans kemur fram að listflytjendur skuli njóta verndar vegna opinbers flutnings bókmenntaverka eða listaverka eða tjáningar þjóðmenningarlegs efnis (e. expressions of folklore/traditional cultural expressions). Að mati menntamálaráðuneytisins samsvarar þetta gildandi lögum. Almennt verður talið að þjóðmenning falli undir hugtökin bókmenntaverk og listaverk. Hins vegar er talið rétt að taka upp tilvísun til þjóðmenningarlegs efnis í 5. mgr. 45. gr. höfundalaga til að taka af allan vafa um vernd þess að höfundarétti.

1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um einkarétt til dreifingar á eintökum verks til almennings með sölu eða öðrum hætti samsvarar hinum almenna dreifingarrétti skv. 2. mgr. 2. gr. í gildandi höfundalögum. Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði breyting á 1. mgr. 24. gr. laganna til innleiðingar á ákvæði 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar um tæmingu dreifingarréttarins innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), sbr. 6. gr. frumvarpsins. Eftirleiðis getur frjáls dreifing verka, svo sem hljómdiska og bóka, aðeins farið fram ef fyrsta sala innan EES er gerð með samþykki rétthafa.

1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér skyldubundna undantekningu vegna tímabundinna eintaka sem eru skammvinn eða tilfallandi, sem eru órjúfanlegur hluti af tæknilegu ferli og hafa eingöngu þann tilgang að gera annaðhvort mögulega sendingu af hálfu milliliðar í neti á milli þriðju aðila eða löglega notkun á verki eða öðru efni sem hefur ekki sjálfstæða efnahagslega þýðingu. Lagt er til að undantekningin verði lögfest með í nýju ákvæði í 1. mgr. 10. gr. a, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

A-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi eintakagerð á pappír eða með ljósmyndatækni eða annarri sambærilegri aðferð. Samkvæmt gildandi lögum er engin sambærileg undantekning fyrir eintakagerð í stofnunum og fyrirtækjum þar sem slík eintakagerð fellur undir ákvæði laganna um heildarleyfi (samningskvaðir). Af 18. skýringargrein tilskipunarinnar leiðir að ekki er litið á heildarleyfi (samningskvaðir) sem undantekningu frá einkarétti höfunda, heldur er það fyrirkomulag um stjórnun réttinda.

B-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna eintakagerðar sem gerð er af einstaklingi til einkanota og til notkunar sem hvorki telst beint né óbeint vera í atvinnuskyni, að því gefnu að rétthafarnir fái sanngjarnar bætur í þess stað. Af þeirri takmörkun ákvæðisins að notkun sé ekki í atvinnuskyni er lagt til að gildandi ákvæði 1. mgr. 11. gr. höfundalaga verði framvegis takmörkuð við eintakagerð vegna notkunar sem ekki er í fjárhagslegum tilgangi, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Krafa tilskipunarinnar um að rétthafar fái sanngjarnar bætur telst vera uppfyllt með 3. og 4. mgr. 11. gr. gildandi laga.

B-liður 2. mgr. 5. gr. heimilar jafnframt að aðstoð verði fengin við eintakagerðina. B-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar tekur ekki til lögaðila. Ákvæðið varðar 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. laganna og gefur ekki tilefni til breytinga á því.

C-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi eintakagerð sem fram fer á opinberum bókasöfnum eða söfnum eða skjalasöfnum og sem ekki fer fram beint eða óbeint í viðskiptalegum tilgangi. Ákvæðið veitir heimild til að útfæra

nánar ákvæði 12. gr. gildandi höfundalaga. Lagt er til að 12. gr. verði löguð að tilskipuninni þannig heimildin verði bundin við eintakagerð sem ekki fer fram í fjárhagslegum tilgangi, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Áhersla er lögð á að reglugerð um framangreinda heimild safna hefur ekki verið sett og brýnt er að bæta úr því verði frumvarpið að lögum.

Í c-lið 2. mgr. 5. mgr. tilskipunarinnar er jafnframt talin felast heimild til varðveislu útvarpsstofnunar á eigin útvarps- og sjónvarpsútsendingum eins og mælt er fyrir um í 10. gr. laga um skylduskil til safna, nr. 20/2002.

D-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi bráðabirgðaupptöku á hljóð- og myndrit til eigin nota og er sú heimild í samræmi við 5. mgr. 23. gr. höfundalaga.

E-liður 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi heimild félagslegra stofnana, svo sem fangelsa og sjúkrahúsa, til að taka upp útvarps- og sjónvarpsútsendingar gegn því að rétthafar fái sanngjarnar bætur og að slík upptaka fari ekki fram í hagnaðarskyni. Ekki er lagt til í frumvarpinu að sambærileg heimild verði tekin upp í höfundalög.

A-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu vegna kennslu og vísindarannsókna. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar sem er þegar í 1. og 2. mgr. 14. gr. Lagt er til að heimild 2. mgr. 14. verði framvegis bundin við að notkun sé ekki í viðskiptalegum tilgangi, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

B-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu verka og annars efnis í þágu fatlaðra. Ákvæðið veitir heimild fyrir framhaldi sambærilegs ákvæðis og nú er í 19. gr. laganna, er veitir heimild til útgáfu bókmenntaverka og tónverka á blindraletri, ásamt heimild til notkunar slíkra verka í heyrnleysingaskólum. Samkvæmt tilskipuninni eru undantekningar í þágu fatlaðra háðar því skilyrði að ekki sé um að ræða notkun í atvinnuskyni.

C-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun verka og annars efnis í tengslum við umfjöllun og frásögn í fréttum af atburðum líðandi stundar. Tilskipunin veitir heimild fyrir framhaldi sambærilegs ákvæðis í 2. mgr. 15. gr. laganna.

D-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi heimild til tilvitnunar vegna gagnrýni eða ritdóma að því tilskildu að þeir tengist verki eða öðru efni sem gert hefur verið aðgengilegt almenningi á löglegan hátt og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar. Sambærilega heimild er að finna í 1. mgr. 14. gr. höfundalaga og ekki er talið tilefni til breytinga á því ákvæði.

E-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða dómstólum. Ákvæðið heimilar framhald sambærilegs ákvæðis í 22. gr. a í gildandi lögum.

F-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun á pólitískum ræðum og útdráttum úr opinberum fyrirlestrum eða svipuðum verkum eða efni, að því marki sem talið er eðlilegt í upplýsingaskyni. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 22. gr. gildandi laga varðandi endurmiðlun umræðna á opinberum vettvangi í 1. mgr. og umræðna m.a. í útvarpi í 2. mgr. Í 3. mgr. 22. gr. höfundalaga er þó tekið fram að höfundur eigi einkarétt á að gefa út safn af framlagi sjálfs sín til umræðna og þeim gögnum er hann hefur þar lagt fram.

G-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna hagnýtingar verka og annars efnis í tengslum við trúarathafnir eða opinberar athafnir. Ákvæðið

heimilar framhald undantekningar í 2., 3. og 4. tölul. 21. gr. gildandi laga um opinberan flutning í tengslum við góðgerðarsamkomur, mannfundi og samkomur sem ekki fara fram í atvinnuskyni og guðsþjónustur.

H-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu höggmynda, bygginga o.fl. verka sem eru staðsett á opinberum stöðum. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 16. gr. gildandi laga varðandi myndbirtingu af byggingum og listaverkum.

I-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu vegna tilfallandi hlutdeildar birts verks í verki eða öðru efni. Ákvæðið heimilar framhald undantekningar í 15. gr. gildandi laga um sambærileg atriði.

J-liður 3. mgr. 5. gr. felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu listaverka í því skyni að flytja fréttir af opinberri sýningu eða listmunauppboði. Sambærilega undantekningu er að finna í 3. og 4. mgr. 25. gr. gildandi laga. Ákvæði tilskipunarinnar tekur einnig til sýningarskráa listaverkasýninga þar sem slíkum skrám er ætlað að kynna sýningar eða einstök listaverk sem þar kunna að vera til sölu. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 25. gr. gildandi laga tekur ákvæðið einnig til bæklinga um listaverkasöfn, svonefndra safnmunaskráa. Eftir hljóðan j-liðar 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er ekki heimilt að nota framangreindar skrár í öðrum viðskiptalegum tilgangi en þeim er varðar kynningu atburðar. Í athugasemdum með sambærilegu ákvæði dönsku höfundalaganna er á það bent að stilla beri upplagi kynningarefnis í hóf þannig að það nýtist eingöngu til kynningar viðkomandi atburðar. Ekki er lögð til breyting á 25. gr. gildandi laga af framangreindu tilefni.

K-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu verka og annars efnis vegna skopmynda, skopstælingar og annarrar stælingar. Sambærileg undantekning er ekki í gildandi lögum og ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í þau.

L-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun verka eða annars efnis í tengslum við sýningu eða viðgerð á búnaði. Sambærileg undantekning er ekki í gildandi lögum og ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í þau.

M-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu um notkun listaverks í formi byggingar eða teikningar eða uppdráttar af byggingu í því skyni að endurgera bygginguna. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi höfundalögum og ekki er lagt til að slík heimild verði tekin upp í lögunum.

N-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálsa undantekningu varðandi miðlun verka eða annars efnis í söfnum til almennings eða að þau verði gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með þar til gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna, enda falli verkin og efnið ekki undir kaup eða nytjaleyfisskilmála. Ekki er lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í höfundalög.

O-liður 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar felur í sér valfrjálst uppsöfnunarákvæði sem veitir aðildarlöndunum heimilt til að við halda gildandi undantekningum að landsrétti, sem hafa minni háttar þýðingu, svo framarlega að um sé að ræða hliðræna nýtingu sem ekki hefur áhrif á vöru- og þjónustufrelsi á innri markaðinum. Ákvæðið veitir heimild til að hafa áfram í lögum ákvæði 1. mgr. 20. gr. gildandi laga um opinberan flutning söngtexta fyrir áheyrendur á hljómleikum.

Í 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að þeim tilvikum sem aðildarríkjunum sé heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna réttar til eftirgerðar skv. 2. og 3. mgr. sé þeim á sama hátt heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna dreifingarréttar, eins og kveðið sé á um í 4. gr. að því marki sem réttlætanlegt sé miðað við tilganginn

með hinni leyfilegu eftirgerð. Gildandi höfundalög hafa ekki að geyma skýrar undantekningar af þessum toga en almennt er viðurkennt að undantekningar frá einkaréttinum til eintakagerðar í II. kafla laganna feli jafnframt í sér undantekningu frá dreifingarréttinum að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn með undantekningunni.

Í *5. mgr. 5. gr.* tilskipunarinnar er ákvæði um svonefnt þriggja þrepa skilyrði sem beita ber við útfærslu undantekninga og takmarkana á einkarétti höfunda og annarra rétthafa. Þegar hefur verið gerð grein fyrir þriggja þrepa reglunni í almennum athugasemdum við frumvarp þetta. Ekki er talið nauðsynlegt að lögfesta regluna í höfundalög.

Í *6. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um réttarvernd tæknilegra ráðstafana sem lagt er til að verði lögfestar sem nýr kafli í höfundalögum, V. kafli A, 50. gr. a – 50. gr. d, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í *7. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um réttarvernd rafrænna upplýsinga um réttindaumsýslu sem lagt er til að verði lögfest í c-lið 12. gr. frumvarpsins (50. gr. c).

Í *1. og 2. mgr. 8. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um viðurlög og úrræði gegn brotum sem teljast vera uppfyllt með 54. og 55. gr. höfundalaga, auk bótareglu í 56. gr. laganna. Lagt er til að brot gegn ákvæðum í nýjum kafla, V. kafla A, verði bætt við í upptalningu 5. tölul. 2. mgr. 54. gr., sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Í *3. mgr. 8. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um það úrræði rétthafa að fá lagt lögbann gegn þjónustu sem milliliður veitir þriðja manni og kann að fela í sér brot á höfundarétti. Ákvæðið telst þegar uppfyllt með úrræðum sem fram koma í V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. IV. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 31/1990. Af 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr. a í lögunum, mun leiða að tiltekin tilfallandi tæknileg eintök birtra verka, sem verða til fyrir sendingu gagna af hálfu milliliðar í neti á milli þriðju aðila, verða framvegis lögleg eintök.

Í *9. gr.* tilskipunarinnar kemur fram að henni sé ekki ætlað að hafa áhrif á ákvæði á öðrum réttarsviðum, þ.m.t. landsreglur um skylduskil safna, aðgang að opinberum upplýsingum o.fl.

Í *10. gr.* tilskipunarinnar er fjallað um tímafrest aðildarlanda EB til innleiðingar ákvæða hennar í landslög. Ákvæðið hefur ekki áhrif á innleiðingu tilskipunarinnar hér landi, sbr. almennar athugasemdir með lagafrumvarpi þessu.

1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar um tæknilega aðlögun gefur ekki tilefni til lagabreytinga hér á landi.

Í *2. mgr. 11. gr.* tilskipunarinnar um er mælt fyrir um breytingu á útreikningi verndartíma hljóðrita skv. 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE.

Ákvæði *12.–15. gr.* tilskipunarinnar um innleiðingu og gildistöku gefa ekki tilefni til breytinga á gildandi lögum.

Fylgiskjal III.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/29/EB

frá 22. maí 2001

um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar og innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming laga aðildarríkjanna um höfundarétt og skyld réttindi stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

2. Á fundi sínum á Korfu, dagana 24. og 25. júní 1994, lagði leiðtogaráðið áherslu á nauðsyn þess að móta almennan og sveigjanlegan lagaramma á vettvangi bandalagsins með það fyrir augum að stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu. Ein af forsendum þessa er að fyrir hendi sé innri markaður fyrir nýjar vörur og þjónustu. Mikilvæg bandalagslöggjöf til að tryggja slíkan lagaramma hefur þegar verið sett eða er í þann mund að verða samþykkt. Höfundaréttur og skyld réttindi gegna veigamiklu hlutverki í þessu samhengi þar eð þau vernda og ýta undir þróun og markaðssetningu nýrra vara og þjónustu sem og sköpun og hagnýtingu frumlegs inntaks þeirra.

3. Fyrirhuguð samræming greiðir fyrir því að fjórfrelsi innri markaðarins verði komið á og tengist því að farið sé að meginreglum laga og þá sérstaklega að því er varðar eignarrétt, þar á meðal á hugverkum, tjáningarfrelsi og almannaheill.

4. Samræmdur lagarammi um höfundarétt og skyld réttindi mun, í krafti aukins réttaröryggis og víðtækrar hugverkaverndar, ýta undir verulegar fjárfestingar í hugviti og nýsköpun, þar á meðal í netgrunnvirkjum, og hafa í för með sér vöxt og aukna samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, bæði á sviði efnisframboðs og upplýsingatækni og almennt á ýmsum sviðum iðnaðar og menningar. Þetta mun tryggja atvinnu og hvetja til sköpunar nýrra starfa.

5. Tækniþróunin hefur margfaldað og aukið fjölbreytni þeirra þátta sem stuðla að sköpun, framleiðslu og hagnýtingu. Þótt ekki sé þörf á nýjum hugtökum er varða vernd hugverka er rétt að aðlaga og auka við gildandi lög um höfundarétt og skyld réttindi til að þau samsvari á fullnægjandi hátt hinum efnahagslega veruleika, svo sem nýjum formum hagnýtingar.

6. Án samhæfingar innan bandalagsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, en hún er þegar hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, leitt til verulegs munar á réttarvernd og takmarkað þar með frjálsa þjónustustarfsemi og völuflutninga sem fela í sér hugverk eða byggjast á hugverki en það gæti aftur leitt til skiptingar innri markaðarins og ósamræmis í lagasetningu. Áhrif þessa lagaósamræmis og réttaróvissu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast en sú þróun hefur þegar aukið að mun hagnýtingu hugverka yfir landamæri. Þessi þróun heldur áfram og er ástæða til að efla hana. Veigamikill munur á löggjöf og óvissa í réttarvernd getur komið í veg fyrir að unnt sé að nýta hagkvæmni stórreksturs að því er varð-

---

[1] Stjtíð. EB C 108, 7.4.1998, bls. 6 og áfram.
Stjtíð. EB C 180, 25.6.1999, bls. 6.

[2] Stjtíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 30.

[3] Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 171), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. september 2000 (Stjtíð. EB C 344, 1.12.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 9. apríl 2001.

ar nýjar vörur og þjónustu með inntaki sem heyrir undir höfundarétt og skyld réttindi.

7. Því verður að aðlaga og auka við lagaramma bandalagsins um vernd höfundaréttar og skyldra réttinda í þeim mæli sem nauðsynlegt er fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Í þessu skyni er því rétt að breyta þeim *ákvæðum landslaga um höfundarétt og skyld* réttindi sem eru mjög ólík milli aðildarríkja eða valda réttaróvissu sem hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu og forðast ber ósamræmi í því hvernig aðildarríkin bregðast við þróun tækninnar en hins vegar er ekki ástæða til að afnema eða koma í veg fyrir þann mun sem hefur ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

8. Mismunandi félagslegir, samfélagslegir og menningarlegir þættir upplýsingasamfélagsins útheimta að tekið sé mið af sérkennum í inntaki vara og þjónustu.

9. Öll samræming höfundaréttar og skyldra réttinda verður að byggjast á víðtækri vernd þar eð slík réttindi eru afar mikilvæg fyrir sköpun hugverka. Vernd þeirra stuðlar að því að tryggja framhald og þróun sköpunarstarfs en það kemur höfundum, listflytjendum, framleiðendum, neytendum, menningarstarfsemi, iðnaði og öllum almenningi til góða. Hugverkaréttur hefur því verið viðurkenndur sem órjúfanlegur hluti eignarréttar.

10. Eigi höfundar og listflytjendur að halda áfram skapandi og listrænu starfi sínu verða þeir að fá viðeigandi þóknun fyrir afnot af verkum sínum og sama máli gegnir um framleiðendur til að þeir geti fjármagnað þetta starf. Verulegrar fjárfestingar er þörf við framleiðslu á vörum, eins og hljóðritum, kvikmyndum eða margmiðlunarvörum, og við þjónustu eins og pöntunarþjónustu. Fullnægjandi lögvernd hugverkaréttinda er nauðsynleg til að tryggja slíka þóknun og gefa kost á viðunandi arði af fjárfestingunum.

11. Nákvæmt, skilvirkt kerfi til að vernda höfundarétt og skyld réttindi er ein helsta leiðin til að tryggja að sköpun og framleiðsla menningarverka í Evrópu fái nægilegt fjármagn og til að standa vörð um sjálfstæði og reisn listrænna höfunda og listflytjenda.

12. Einnig er mjög mikilvægt frá menningarlegu sjónarmiði að vernda á fullnægjandi hátt verk, sem njóta höfundaréttar, og efni sem nýtur skyldrar verndar. Skv. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið í aðgerðum sínum taka tillit til menningarlegra þátta.

13. Það hefur grundvallarþýðingu að leitað sé í sameiningu að tæknilegum ráðstöfunum sem beitt skal á samræmdan hátt á evrópskum vettvangi og miða að því að vernda verk og annað efni og tryggja nauðsynlegar upplýsingar um réttindi á þessu sviði, svo fremi að lokamarkmiðið með þessum ráðstöfunum sé að tryggja raunverulega framkvæmd þeirra meginreglna og ábyrgða sem mælt er fyrir um í lögunum.

14. Með þessari tilskipun er stefnt að því að efla menntun og menningu með því að vernda verk og annað efni en gefa um leið kost á undanþágum eða takmörkunum í þágu almennings með nám og kennslu fyrir augum.

15. Á ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í desember 1996, voru samþykktir tveir nýir samningar: samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðritun og fjallar sá fyrri um vernd höfunda og sá seinni um vernd listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Í sáttmálum þessum er vernd höfundaréttar og skyldra réttinda uppfærð umtalsvert, ekki síst að því er varðar hina svokölluðu stafrænu verkaskrá, auk þess sem gefinn er kostur á fleiri úrræðum til að berjast gegn stuldi á vernduðu efni um heim allan. Bandalagið og meirihluti aðildarríkjanna hafa þegar undirritað sáttmálana og hafið undirbúning að fullgildingu þeirra. Tilskipunin miðar einnig að því að koma í framkvæmd ýmsum nýjum, alþjóðlegum skuldbindingum.

16. Skaðabótaskylda fyrir starfsemi í netumhverfi varðar ekki einungis höfundarétt og skyld réttindi heldur einnig önnur málefni, svo sem ærumeiðingar, villandi auglýsingar eða brot á vörumerkjarétti, og því er fjallað um hana á breiðum grundvelli í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([4]) en þar eru útskýrð og samræmd ýmis lögfræðileg úrlausnarefni sem varða þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þar á meðal rafræn viðskipti. Ákvæði þessarar tilskipunar

[4] Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

ber að framkvæma samkvæmt svipaðri tímaáætlun og tilskipunina um rafræn viðskipti enda er í þeirri tilskipun mótaður rammi meginreglna og ákvæða sem varða m.a. mikilvæga hluta þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um skaðabótaskyldu í fyrrnefndu tilskipuninni.

17. Nauðsynlegt er, einkum með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í hinu stafrænu umhverfi, að ná fram meiri hagræðingu og gagnsæi hjá innheimtusamtökum að því er varðar samræmi við samkeppnisreglur.

18. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulag í aðildarríkjunum er varðar umsýslu réttinda, svo sem með samningskvöðum.

19. Siðferðileg réttindi rétthafa skulu sótt í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum og samninga Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og um flutning og hljóðritanir. Slík siðferðileg réttindi falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

20. Þessi tilskipun byggist á meginreglum og öðrum reglum sem hafa þegar verið settar í tilskipunum sem nú eru í gildi á þessu sviði, einkum í tilskipunum 91/250/EBE ([5]), 92/100/EBE ([6]), 93/83/EBE ([7]), 93/98/EBE ([8]) og 96/9/EB ([9]), og í henni eru þessar reglur mótaðar frekar og tengdar upplýsingasamfélaginu. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á ákvæði framangreindra tilskipana nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

21. Í þessari tilskipun ber að skilgreina gildissvið aðgerða, sem falla undir réttinn til eftirgerðar, með tilliti til mismunandi rétthafa. Þetta skal gert í samræmi við réttarreglur bandalagsins. Aðgerðirnar þarf að skilgreina á víðtækan hátt til að tryggja réttaröryggi á innri markaðinum.

22. Því markmiði, að veita tilhlýðilegan stuðning við útbreiðslu menningar, má ekki ná með tilslökunum á strangri vernd réttinda eða með því að umbera ólögleg viðskipti með fölsuð listaverk eða ólöglegar eftirgerðir.

23. Með þessari tilskipun skal samræmdur frekar réttur höfundar til miðlunar til almennings. Þennan rétt ber að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þessi réttur skal ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Þessi réttur skal ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir.

24. Réttinn til að gera efnið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., aðgengilegt almenningi skal skilja með þeim hætti að hann nái yfir allar aðgerðir sem felast í að gera slíkt efni aðgengilegt almenningi sem er ekki staddur á þeim stað þar sem efnið er gert aðgengilegt, en að hann nái ekki yfir neinar aðrar aðgerðir.

25. Með því að kveða á um samræmda vernd innan bandalagins skal eytt réttaróvissu um eðli og stig verndar á aðgerðum á borð við útsendingar um net eftir pöntun á verkum sem njóta höfundaréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar. Það skal koma skýrt fram að allir, sem eru viðurkenndir sem rétthafar samkvæmt þessari tilskipun, skulu njóta einkaréttar til að gera verk, sem njóta höfundaréttar, eða annað efni aðgengilegt almenningi með gagnvirkum útsendingum eftir pöntun. Einkenni slíkra gagnvirkra útsendinga eftir pöntun eru þau að hver og einn getur fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

26. Þegar útvarpsrekendur bjóða pöntunarþjónustu fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem tónlist, hljóðrituð í hagnaðarskyni, er órjúfanlegur hluti af skal hvetja til heildarsamninga um nytjaleyfi til að auðvelda afgreiðslu réttindamála.

---

[5] Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtíð. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

[6] Tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

[7] Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

[8] Tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á [verndartíma] höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9).

[9] Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

27. Það eitt, að útvega aðstöðu þar sem miðlun fer fram eða getur farið fram, telst ekki í sjálfu sér miðlun í skilningi þessarar tilskipunar.

28. Samkvæmt þessari tilskipun felur höfundaréttarvernd einnig í sér einkarétt til að stjórna dreifingu verks sem er hluti af efnislegri vöru. Eftir fyrstu sölu í bandalaginu á frumverki eða afritum þess af hálfu rétthafa eða með leyfi hans er rétturinn til að stjórna endursölu þessa verks í bandalaginu tæmdur. Ekki kemur til réttindaþurrðar að því er varðar frumrit verks og afrit þess sem rétthafi selur eða eru seld með samþykki hans utan bandalagsins. Leigu- og útlánsréttur höfunda hefur verið ákveðinn með tilskipun 92/100/EBE. Dreifingarrétturinn, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur ekki áhrif á ákvæði um leigu- og útlánsrétt í I. kafla þeirrar tilskipunar.

29. Réttindaþurrð kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu. Þetta á einnig við um afrit verks eða annars efnis sem notandi slíkrar þjónustu hefur tekið með samþykki rétthafa. Það sama gildir því um útlán og leigu á frumriti og afritum verka eða öðru efni en hvorttveggja er í eðli sínu þjónusta. Ólíkt því sem gildir um geisladiska eða gagnvirka geisladiska, þar sem hugverkaréttur er fólginn í efnislegum hlut, með öðrum orðum vöru, er beinlínutengd þjónustustarfsemi í raun aðgerð sem skal háð leyfi enda sé gert ráð fyrir því í höfundaréttinum eða skyldum réttindum.

30. Heimilt er að framselja réttindin, sem um getur í þessari tilskipun, ánafna þeim eða veita öðrum samkvæmt samningsleyfi án þess að það hafi áhrif á viðeigandi innlenda löggjöf um höfundarétt og skyld réttindi.

31. Nauðsynlegt er að viðhalda réttlátu jafnvægi, að því er varðar réttindi og hagsmuni, milli mismunandi flokka rétthafa og einnig milli mismunandi flokka rétthafa og notenda verndaðs efnis. Endurmeta þarf gildandi undanþágur frá réttindum og takmarkanir á þeim í aðildarríkjunum með hliðsjón af hinu nýja, rafræna umhverfi. Sá munur, sem er á undanþágum og takmörkunum að því er varðar tilteknar aðgerðir sem heyra undir einkaréttindi, hefur bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Slíkur munur gæti hæglega aukist við frekari þróun í hagnýtingu verka yfir landamæri og starfsemi yfir landamæri. Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins ber að skilgreina slíkar undanþágur og takmarkanir á samræmdari hátt. Hversu langt skal gengið í að samræma þær skal miðast við áhrif þeirra á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

32. Í þessari tilskipun er tæmandi skrá yfir undanþágur og takmarkanir er varða réttinn til eftirgerðar og réttinn til miðlunar til almennings. Sumar af þessum undanþágum og takmörkunum gilda eingöngu um réttinn til eftirgerðar eftir því sem við á. Í skránni er tekið tilhlýðilegt tillit til mismunandi lagahefða í aðildarríkjunum og um leið stefnt að því að tryggja starfhæfan innri markað. Aðildarríkjunum ber að beita þessum undanþágum og takmörkunum á samræmdan hátt og það verður metið þegar kemur að endurskoðun framkvæmdarlöggjafarinnar.

33. Einkaréttur til eftirgerðar skal háður undanþágu sem heimilar tilteknar tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli og eiga sér einungis stað í þeim tilgangi að gera mögulega annaðhvort skilvirka útsendingu af hálfu milliliðs í neti milli þriðju aðila eða löglega notkun verks eða annars efnis. Sjálfar aðgerðirnar skulu ekki hafa sjálfstætt efnahagslegt gildi. Svo fremi að aðgerðir til eftirgerðar uppfylli þessi skilyrði skal undanþágan taka til aðgerða sem gera það kleift að rápa á vefnum og skyndivista, þar á meðal aðgerðir til að tryggja að útsendingarkerfi starfi á skilvirkan hátt, að því tilskildu að milliliðurinn breyti ekki upplýsingunum og grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem er viðurkennd og notuð í atvinnugreininni, í þeim tilgangi að afla sér gagna um notkun upplýsinganna. Notkun telst lögleg ef hún er heimiluð af rétthafa eða ekki takmörkuð með lögum.

34. Aðildarríkjunum skal gefinn kostur á að kveða á um tilteknar undanþágur eða takmarkanir, t.d. vegna fræðslu- eða vísindastarfsemi, í þágu opinberra stofnana, svo sem bóka- og skjalasafna, vegna fréttamennsku, vegna tilvitnana, til notkunar fyrir fatlað fólk, vegna almannaöryggis og vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs fyrir dómi.

35. Þegar um er að ræða ákveðnar undanþágur eða takmarkanir ber rétthöfum sanngjarnar bætur til að þeim verði bætt afnot af vernduðum verkum sínum eða öðru efni með fullnægjandi hætti. Við ákvörðun á formi þessara sanngjörnu bóta og nánara fyrirkomulagi varðandi þær og hugsanlegri fjárhæð þeirra skal tekið mið af

sérstökum aðstæðum í hverju tilviki. Við mat á þessum aðstæðum er við hæfi að hafa sem viðmiðun þann skaða sem viðkomandi aðgerð gæti hugsanlega valdið rétthafa. Í tilvikum, þar sem rétthafar hafa þegar fengið greiðslu með öðrum hætti, t.d. sem hluta af höfundarþóknun, er ekki víst að þeim beri tiltekin eða sérstök greiðsla. Við ákvörðun á fjárhæð sanngjarnra bóta skal tekið fullt tillit til þess í hve miklum mæli beitt hefur verið þeim tæknilegu verndarráðstöfunum sem um getur í þessari tilskipun. Í ákveðnum tilvikum, þar sem skaði rétthafa er óverulegur, kann að vera að ekki liggi fyrir greiðsluskylda.

36. Aðildarríkin geta einnig kveðið á um sanngjarnar bætur til rétthafa þegar þau beita valfrjálsum ákvæðum um undanþágur eða takmarkanir sem innihalda ekki kröfur um slíkar bætur.

37. Innlendar reglur um ljósritun, sem kunna að vera fyrir hendi, valda ekki miklum hindrunum fyrir innri markaðinn. Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun að því er varðar ljósritun.

38. Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttinum til eftirgerðar fyrir tilteknar tegundir eftirgerðar á hljóðefni, myndefni og hljóð- og myndefni til einkanota gegn sanngjörnum bótum. Þetta getur falið í sér að tekin verði upp þóknunarkerfi eða að núverandi kerfum verði haldið til að bæta skaða rétthafa. Þótt munurinn á þessum þóknunarkerfum hafi áhrif á starfsemi innri markaðarins ætti hann ekki að hafa marktæk áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins að því er viðvíkur hliðrænni eftirgerð til einkanota. Líklegt er að stafræn afritun til einkanota verði almennari og hafi meiri áhrif í efnahagslegu tilliti. Því ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess munar sem er á stafrænni og hliðrænni afritun til einkanota og í tilteknum tilvikum skal gerður greinarmunur á þeim.

39. Þegar aðildarríkin beita undanþágu eða takmörkun viðvíkjandi afritun til einkanota ber þeim að taka tilhlýðilegt tillit til tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar, einkum að því er varðar stafræna afritun til einkanota og þóknunarkerfi, ef völ er á skilvirkum tæknilegum verndarráðstöfunum. Slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu hvorki hindra að tæknilegum ráðstöfunum sé beitt né að komið sé í veg fyrir að farið sé fram hjá þeim.

40. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Það skal þó takmarkað við tiltekin sértilvik sem falla undir réttinn til eftirgerðar. Slík undanþága eða takmörkun skal ekki ná til afnota í tengslum við beinlínuafhendingu á vernduðum verkum eða öðru efni. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings í samræmi við 5. gr. tilskipunar 92/100/ EBE. Því er rétt að hvetja til að gerðir verðir sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.

41. Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt gagnvart upptökum til skamms tíma hjá útvarpsfyrirtæki telst eigin búnaður útvarpsfyrirtækisins einnig ná yfir búnað aðila sem kemur fram fyrir hönd útvarpsfyrirtækisins og á þess ábyrgð.

42. Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt vegna fræðslu eða vísindarannsókna sem fara ekki fram í hagnaðarskyni, þar með talið fjarnám, skal það ákvarðast af starfseminni sem slíkri hvort hún er í hagnaðarskyni. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir viðkomandi stofnunar eru ekki úrslitaþættir í þessum efnum.

43. Í öllum tilvikum er mikilvægt fyrir aðildarríkin að samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda aðgang að verkunum fyrir einstaklinga, sem eru fatlaðir á þann hátt að það geri þeim erfitt um vik að njóta verkanna sjálfra, og gefa sérstakan gaum að aðgengilegum framsetningarhætti.

44. Þegar beitt er undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun skal það gert í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Þessum undanþágum og takmörkunum skal ekki beitt á neinn þann hátt sem skaðar lögmæta hagsmuni rétthafa eða brýtur í bága við eðlilega hagnýtingu verka hans eða annars efnis. Ákvæði aðildarríkjanna um slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu einkum endurspegla á tilhlýðilegan hátt aukin efnahagsleg áhrif sem undanþágurnar eða takmarkanirnar geta haft í tengslum við hið nýja rafræna umhverfi. Því verður gildissvið tiltekinna undanþágna eða takmarkana að vera jafnvel enn takmarkaðra að því er viðvíkur tiltekinni, nýrri

notkun verka, sem njóta höfundaréttar, og annars efnis.

45. Undanþágurnar og takmarkanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 5. gr., skulu þó ekki koma í veg fyrir skilgreiningu á samningsbundnum tengslum sem ætlað er að tryggja rétthöfum sanngjarnar bætur að því marki sem það er heimilt samkvæmt landslögum.

46. Sáttaumleitanir gætu komið að gagni við lausn ágreiningsmála milli notenda og rétthafa. Framkvæmdastjórninni ber, í samvinnu við aðildarríkin, að kanna ný lagaúrræði innan tengslanefndarinnar í því skyni að leysa ágreiningsmál um höfundarétt og skyld réttindi.

47. Tækniþróunin mun einnig gera rétthöfum kleift að nýta sér tæknilegar ráðstafanir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) að gagnagrunni. Þó er sú hætta fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi til að gera það kleift eða auðveldara að fara fram hjá þeirri tæknilegu vernd sem þessar ráðstafanir veita. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn því að farið sé fram hjá skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum og gegn sölu tækja og vara eða þjónustu í sama tilgangi.

48. Kveða ber á um slíka lögvernd að því er varðar tæknilegar ráðstafanir sem takmarka, á skilvirkan hátt, aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar að gagnagrunni, án þess þó að hindra eðlilega notkun rafeindabúnaðar og tæknilega þróun hans. Slík lögvernd felur ekki í sér skyldur til að hanna tæki, vörur, íhluti eða þjónustu sem samsvara hinum tæknilegu ráðstöfunum, svo framarlega sem þessi tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta falla ekki á annan hátt undir bannákvæði 6. gr. Í slíkri réttarvernd ber að virða meðalhófsregluna og ekki má banna tæki eða starfsemi sem hafa annan efnahagslega mikilvægan tilgang eða eru notuð til annars en að fara fram hjá hinni tæknilegu vernd. Einkum má þessi vernd ekki hindra rannsóknir á dulkóðun.

49. Lögvernd tæknilegra ráðstafana hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem kunna að banna einkaeign tækja, vara eða íhluta sem gera það kleift að fara fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.

50. Þessi samræmda lögvernd hefur ekki áhrif á sérákvæði um vernd í tilskipun 91/250/EBE. Einkum skal hún ekki taka til verndar tæknilegra ráðstafana sem er beitt í tengslum við tölvuforrit sem fjallað er eingöngu um í þeirri tilskipun. Hún skal hvorki hamla né koma í veg fyrir þróun eða notkun neins konar úrræða til að fara fram hjá tæknilegri ráðstöfun ef slíkt er nauðsynlegt til að framkvæma aðgerðir í samræmi við skilmála 3. mgr. 5. gr. eða 6. gr. tilskipunar 91/250/EBE. Í ákvæðum 5. og 6. gr. þeirrar tilskipunar eru eingöngu tilgreindar undanþágur frá einkarétti að tölvuforritum.

51. Lögvernd tæknilegra ráðstafana gildir með fyrirvara um allsherjarreglu, í samræmi við ákvæði 5. gr., eða almannaöryggi. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að gripið verði til valfrjálsra ráðstafana af hálfu rétthafa, þar á meðal gerð og framkvæmd samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, til að unnt sé að ná markmiðunum með tilteknum undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við þessa tilskipun. Hafi ekki verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir eða samningar innan eðlilegs tíma skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rétthafar, með því að breyta tæknilegri ráðstöfun sem hefur verið gerð eða með öðrum hætti, veiti þeim sem eiga rétt á slíkum undanþágum eða takmörkunum viðeigandi tækifæri til að nýta þær. Til að koma í veg fyrir misnotkun á slíkum ráðstöfunum sem rétthafar gera, m.a. innan ramma samninga, eða sem aðildarríki gerir skulu þó allar tæknilegar ráðstafanir njóta lögverndar ef þeim er beitt til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

52. Þegar undanþága eða takmörkun vegna afritunar til einkanota, í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr., kemur til framkvæmda skulu aðildarríkin með sama hætti hvetja til notkunar valfrjálsra ráðstafana til að unnt sé að ná markmiðunum með undanþágunni eða takmörkuninni. Ef ekki hafa verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir innan sanngjarns tíma til að gera eftirgerð til einkanota mögulega geta aðildarríkin gert ráðstafanir til að gera þeim sem eiga rétt á undanþágunni eða takmörkuninni kleift að nýta sér hana. Valfrjálsar ráðstafanir rétthafa, þar á meðal samningar milli rétthafa og annarra

hagsmunaaðila, og ráðstafanir aðildarríkjanna koma ekki í veg fyrir að rétthafar geti gripið til tæknilegra ráðstafana sem samrýmast þeim undanþágum eða takmörkunum í landslögum, viðvíkjandi afritun til einkanota, sem eru í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til skilyrðis um sanngjarnar bætur samkvæmt því ákvæði og hugsanlegs greinarmunar sem gerður er á mismunandi skilyrðum um notkun í samræmi við 5. mgr. 5. gr., svo sem eftirliti með fjölda eftirgerða. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir verði misnotaðar skulu allar tæknilegar ráðstafanir til framkvæmdar þeim njóta lögverndar.

53. Vernd tæknilegra ráðstafana skal tryggja öruggt umhverfi fyrir veitingu gagnvirkrar pöntunarþjónustu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkum eða öðru efni á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Ef slík þjónusta fellur undir samningsbundin tengsl gildir fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 6. gr. ekki. Beinlínunotkun, sem er ekki gagnvirk, skal áfram heyra undir þessi ákvæði.

54. Miklar framfarir hafa orðið í alþjóðlegri stöðlun tæknikerfa til að auðkenna verk og verndað efni sem er með stafrænu sniði. Í umhverfi, sem verður sífellt netvæddara, getur munur á tæknilegum ráðstöfunum leitt til ósamrýmanleika milli kerfa í bandalaginu. Hvetja skal til samræmis og rekstrarsamhæfis milli mismunandi kerfa. Mjög æskilegt væri að stuðlað yrði að þróun hnattrænna kerfa.

55. Tækniþróunin mun auðvelda dreifingu verka, einkum um netkerfi, en það hefur í för með sér að rétthafar verða að auðkenna betur verkin eða annað efni og höfundinn eða annan rétthafa og veita upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis með það fyrir augum að auðvelda umsýslu réttindanna sem fylgja þeim. Rétthafar skulu hvattir til að nota merkingar, þegar verk eða annað efni er sett á netin, þar sem fram kemur heimild þeirra ásamt upplýsingunum sem um getur hér að framan.

56. Sú hætta er þó fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi í þeim tilgangi að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um umsýslu höfundaréttinda eða til að dreifa með öðrum hætti, flytja inn til dreifingar, útvarpa, miðla til almennings eða gera aðgengileg almenningi verk eða annað verndað efni sem slíkar upplýsingar hafa verið fjarlægðar úr í heimildarleysi. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn hvers konar starfsemi af þessu tagi.

57. Öll slík kerfi upplýsinga um réttindaumsýslu, sem um getur hér að framan, geta um leið unnið persónuupplýsingar um neyslumynstur einstaklinga í tengslum við verndað efni, ef þau eru hönnuð þannig, og gert það kleift að kortleggja hegðun þessara einstaklinga á netum. Þessi tæknibúnaður skal m.a. innihalda tæknilega tálma til að vernda friðhelgi einkalífsins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([10]).

58. Aðildarríkin skulu kveða á um skilvirk viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og í þeim skal kveðið á um möguleika á því að fara fram á skaðabætur og/eða lögbann og, þar sem það á við, að ólöglega efnið verði gert upptækt.

59. Þriðju aðilar geta í auknum mæli nýtt sér þjónustu milliliða til brotlegrar háttsemi, einkum í hinu stafræna umhverfi. Í mörgum tilvikum eru slíkir milliliðir í bestri aðstöðu til að binda enda á brotlega háttsemi af þessu tagi. Með fyrirvara um önnur viðurlög og úrræði sem bjóðast skulu rétthafar eiga þess kost að fara fram á lögbann gegn millilið sem miðlar um net afrakstri af broti þriðja aðila á rétti að vernduðu verki eða öðru efni. Þessi kostur skal einnig vera fyrir hendi þótt aðgerðir milliliðarins séu undanþegnar skv. 5. gr. Aðildarríkin skulu setja skilyrði og nánari ákvæði um slíkt lögbann í landslög sín.

60. Verndin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á ákvæði í landslögum eða bandalagslögum á öðrum sviðum, svo sem ákvæði um hugverkarétt á sviði iðnaðar, gagnavernd, skilyrtan aðgang, aðgang að opinberum skjölum og regluna um tímaröðun á nýtingu miðla, sem geta haft áhrif á höfundarétt eða skyld réttindi.

---

[10] Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

61. Til að fara að ákvæðum samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðritun ber að breyta tilskipunum 92/100/EBE og 93/98/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun varðar lögvernd höfundaréttar og skyldra réttinda innan ramma innri markaðarins með sérstakri áherslu á upplýsingasamfélagið.

2. Ef ekki er um að ræða tilvik sem um getur í 11. gr. skal þessi tilskipun ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á núverandi bandalagsákvæði er varða:

a) lögvernd tölvuforrita;

b) leigurétt, útlánsrétt og tiltekin réttindi, sem eru skyld höfundarétti, á sviði hugverkaréttar;

c) höfundarétt og skyld réttindi vegna útsendinga um gervihnött og endurvarps um kapal;

d) verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda;

e) lögvernd gagnagrunna.

II. KAFLI

RÉTTINDI OG UNDANÞÁGUR

2. gr.

Réttur til eftirgerðar

Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta:

a) til handa höfundum vegna verka þeirra;

b) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

c) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

d) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

e) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. gr.

Réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa eftirtöldum aðilum til að heimila eða banna að eftirtalin verk verði gerð aðgengileg almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs:

a) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

b) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

c) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

d) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. Réttindi, sem um getur í 1. og 2. mgr., tæmast ekki við neins konar miðlun til almennings eða við það að almenningi sé veitt aðgengi eins og kveðið er á um í þessari grein.

4. gr.

Dreifingarréttur

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings með sölu eða á annan hátt að því er varðar frumrit eða afrit verka þeirra.

2. Dreifingarréttur tæmist ekki innan bandalagsins að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins eða það sé gert með leyfi hans.

5. gr.

Undanþágur og takmarkanir

1. Tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar, sem um getur í 2. gr., sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tilgangi einum að gera mögulega:

a) sendingu af hálfu milliliðar í neti milli þriðju aðila, eða

b) löglega notkun

á verki eða öðru efni en hafa ekkert sjálfstætt efnahagslegt vægi, skulu undanþegnar réttinum til eftirgerðar sem kveðið er á um í 2. gr.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttinum til eftirgerðar, sem kveðið er á um í 2. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða eftirgerð á pappír, eða svipaðan miðil, með hvers konar ljósmyndatækni eða öðru vinnsluferli sem gefur svipaðan árangur, að hljóðfæranótum undanskildum, svo fremi að rétthafar fái sanngjarnar bætur;

b) þegar um er að ræða eftirgerð einstaklings með hvers konar miðli til einkanota og í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, hvorki beint né óbeint, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur þar sem tekið er mið af því hvort þeim tæknilegu ráðstöfunum, sem um getur í 6. gr., hafi verið beitt vegna viðkomandi verks eða efnis eða ekki;

c) þegar um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings;

d) þegar um er að ræða upptökur til skamms tíma á verkum hjá útvarpsfyrirtæki með eigin búnaði og til eigin útsendinga; heimilt er að leyfa varðveislu á þessum upptökum í opinberum skjalasöfnum vegna sérstaks heimildargildis þeirra;

e) þegar um er að ræða eftirgerðir félagslegra stofnana á útvarpssendingum, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur, enda séu þessar stofnanir, svo sem sjúkrahús eða fangelsi, ekki reknar í hagnaðarskyni.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttindunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis;

b) ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar;

c) ef um er að ræða að birtar dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál eða útvarpsefni eða annað efni af sama toga sé tekið upp í fréttamiðlum, miðlað til almennings eða gert aðgengilegt almenningi í tilvikum þar sem slík notkun er ekki bönnuð berum orðum og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, eða, ef um er að ræða notkun verka eða annars efnis í tengslum við fréttir af dægurmálum, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

d) ef um er að ræða tilvitnanir vegna gagnrýni eða ritdóma, að því tilskildu að þær tengist verki eða öðru efni sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi á löglegan hátt og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og notkun þeirra sé í samræmi við góðar starfsvenjur og að því marki sem nauðsynlegt er í þessum sérstaka tilgangi;

e) ef um er að ræða notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða fyrir dómstólum;

f) ef um er að ræða notkun á pólitískum ræðum og útdráttum úr opinberum fyrirlestrum eða svipuðum verkum eða efni, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

g) ef um er að ræða notkun við trúarhátíðir eða opinber hátíðahöld sem opinbert yfirvald skipuleggur;

h) ef um er að ræða notkun verka, svo sem byggingarlistaverka eða höggmyndaverka, sem gerð eru með það fyrir augum að vera til frambúðar á almannafæri;

i) ef um er að ræða að verk eða annað efni sé tilfallandi tekið með í enn annað efni;

j) ef um er að ræða notkun í því skyni að auglýsa

opinbera sýningu eða sölu á listaverkum, að því marki sem nauðsynlegt er til að kynna atburðinn og að undanskilinni hvers konar annarri notkun í viðskiptaskyni;

k) ef um er að ræða notkun vegna skopmyndar, skopstælingar eða annarrar stælingar;

l) ef um er að ræða notkun í tengslum við sýningu eða viðgerð á búnaði;

m) ef um er að ræða notkun listaverks í formi bygginga eða teikningar eða uppdráttar af byggingu í því skyni að endurgera bygginguna;

n) ef um er að ræða að verkum eða öðru efni í söfnum stofnananna, sem um getur í c-lið 2. mgr., sé miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með til þess gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna enda falli verkin og efnið ekki undir kaup- eða nytjaleyfisskilmála;

o) ef um er að ræða notkun í ákveðnum öðrum tilvikum sem hafa óverulega þýðingu og þar sem landslög kveða þegar á um undanþágur og takmarkanir, að því tilskildu að aðeins sé um að ræða hliðræna notkun og þetta hafi ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu í bandalaginu, sbr. þó aðrar undanþágur og takmarkanir samkvæmt þessari grein.

4. Í tilvikum þar sem aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna réttar til eftirgerðar, skv. 2. og 3. mgr., er þeim á sama hátt heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna dreifingarréttar, eins og kveðið er á um í 4. gr., að því marki sem réttlætanlegt er miðað við tilganginn með hinni leyfilegu eftirgerð.

5. Undanþágum og takmörkunum, sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. mgr., skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

III. KAFLI

VERNDUN TÆKNILEGRA RÁÐSTAFANA OG UPPLÝSINGA FYRIR RÉTTINDAUMSÝSLU

6. gr.

Skyldur að því er varðar tæknilegar ráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu:

a) sem eru kynnt eða auglýst sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

b) hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

c) eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðveldara að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum.

3. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „tæknilegar ráðstafanir“ sem hér segir: hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Tæknilegar ráðstafanir teljast „skilvirkar“ ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulkóðun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn.

4. Þrátt fyrir lögverndina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og hafi rétthafar ekki gripið til valfrjálsra ráðstafana, svo sem samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undanþágu eða takmörkun, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr., kost á að nýta þessa undanþágu eða takmörkun í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að nýta undanþáguna eða takmörkunina, að því tilskildu að sá sem nýtir hana hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að gera slíkar ráðstafanir með tilliti til undanþágu eða takmörkunar sem kveðið er á um í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. nema rétthafi hafi þegar gert eftirgerð til einkanota mögulega að því marki sem nauðsynlegt er til

að nýta viðkomandi undanþágu eða takmörkun og í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. en án þess að koma í veg fyrir að rétthafar beiti fullnægjandi ráðstöfunum að því er varðar fjölda eftirgerða í samræmi við þessi ákvæði.

Tæknilegar ráðstafanir, sem rétthafar beita af frjálsum vilja, þar á meðal ráðstafanir vegna framkvæmdar valfrjálsra samninga, og tæknilegar ráðstafanir vegna framkvæmdar ráðstafana, sem aðildarríkin hafa gripið til, skulu njóta lögverndar sem kveðið er á um í 1. mgr.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda ekki um verk eða annað efni sem gert er aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

Þegar þessari grein er beitt með skírskotun til tilskipana 92/100/EBE og 96/9/EB gildir þessi málsgrein að breyttu breytanda.

7. gr.

Skyldur að því er varðar upplýsingar vegna réttindaumsýslu

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til eftirfarandi aðgerða:

a) fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu;

b) dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt þessari tilskipun eða skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar,

ef viðkomandi veit eða hefur fulla ástæðu til að vita að með þessum aðgerðum hvetur hann til brota á höfundarétti samkvæmt lögum eða hvers konar réttindum, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt lögum eða til brota á sinnar tegundar rétti, sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, eða gerir brotin möguleg, auðveldar þau eða leynir þeim.

2. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „upplýsingar um réttindaumsýslu“ sem hér segir: upplýsingar, sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóða sem tákna slíkar upplýsingar.

Fyrsta undirgrein gildir ef eitthvert þessara upplýsingaratriða tengist afriti af verkinu eða efninu eða birtist í tengslum við miðlun til almennings á verkinu eða öðru efni sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

8. gr.

Viðurlög og úrræði

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar geti höfðað skaðabótamál og/eða krafist lögbanns, ef brotleg háttsemi á yfirráðasvæði þess skaðar hagsmuni þeirra, og krafist þess, þar sem það á við, að ólöglega efnið, sem og tæki, vörur eða íhlutir, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., verði gert upptækt.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rétthafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti.

9. gr.

Áframhaldandi beiting annarra lagaákvæða

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði sem varða einkum einkaleyfisréttindi, vörumerki, hönnunarréttindi, nytjamynstur, svæðislýsingar hálfleiðara, leturgerð, skilyrtan aðgang, aðgang að kapli til útvarpsútsendinga, vernd þjóðarverðmæta, skilaskyldu, lög um samkeppnishömlur og óréttmæta samkeppni, viðskiptaleyndarmál, öryggi, trúnaðarskyldu, gagnavernd og friðhelgi einkalífsins, aðgang að opinberum skjölum og samningalög.

10. gr.

Tímamörk

1. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda að því er varðar öll verk og annað efni sem um getur í þessari tilskipun og njóta verndar 22. desember 2002 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar og skyldra réttinda eða sem fullnægja viðmiðunum

fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar eða ákvæðunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á aðgerðir sem hafa verið samþykktar fyrir 22. desember 2002 og réttindi sem hefur verið aflað fyrir framangreindan dag.

11. gr.

Tæknileg aðlögun

1. Tilskipun 92/100/EBE er breytt sem hér segir:

a) 7. gr. falli brott.

b) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Takmörkununum skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu efnisins og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.“

2. Í stað 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE komi eftirfarandi:

„2. Réttindi framleiðenda hljóðrita falla niður 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef hljóðritið er gefið út á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin þó niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar útgáfu. Ef ekki á sér stað lögleg útgáfa á tímabilinu sem nefnt er í fyrsta málslið og ef hljóðritinu hefur verið miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar miðlunar til almennings.

Ef réttindi framleiðenda hljóðrita eru ekki lengur vernduð 22. desember 2002, vegna þess að þá er runninn út verndartíminn sem veittur var samkvæmt þeirri útgáfu þessarar málsgreinar sem er í gildi fyrir samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (*), felur þessi málsgrein þó ekki í sér að hljóðritið njóti verndar á ný.

(*) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.“

12. gr.

Lokaákvæði

1. Eigi síðar en 22. desember 2004 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar þar sem hún fjallar sérstaklega, m.a. á grundvelli tiltekinna upplýsinga sem aðildarríkin veita, um beitingu 5., 6., og 8. gr. í ljósi þróunarinnar á stafræna markaðinum. Að því er varðar 6. gr. skoðar framkvæmdastjórnin sérstaklega hvort sú grein veiti nægilega vernd og hvort aðgerðir, sem eru leyfðar samkvæmt lögum, verði fyrir skaðlegum áhrifum vegna notkunar skilvirkra tæknilegra ráðstafana. Ef nauðsyn krefur, einkum til að tryggja starfsemi innri markaðarins skv. 14. gr. sáttmálans, skal hún leggja fram tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

2. Vernd réttinda, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt þessari tilskipun skal ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á vernd höfundaréttar.

3. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

4. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

a) að rannsaka áhrif þessarar tilskipunar á starfsemi innri markaðarins og vekja athygli á öllum vandkvæðum;

b) að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

c) að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um viðeigandi þróun á sviði efnahags-, félags-, menningar- og tæknimála;

d) að vera vettvangur mats á stafræna markaðinum fyrir verk og annað efni, þar með talið afritun til einkanota og notkun tæknilegra ráðstafana.

13. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 22. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. WINBERG
forseti.

Fylgiskjal IV.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 110/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu ([2]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70, skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2003, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarákvæðunum í 7. lið (tilskipun ráðsins 92/100/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 93/98/EBE):

„ , eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0029:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70.“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB):

„9e. **32001 L 0029:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkjunum skal boðið að senda fulltrúa á fundi tengslanefndarinnar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/29/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 70, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að leiða í lög ýmis atriði úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/29/EB frá 22. maí 2001 sem varða samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélagi þar sem beita má stafrænni tækni til að framleiða, afrita, breyta og dreifa ýmiss konar efni á nýjan hátt.

Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið að öðru óbreyttu í för með sér aukin útgjöld notenda vegna efnis sem fellur undir höfundarétt. Ástæðan er sú að óheimilt verður að beita stafrænni tækni til að miðla efninu og gera afrit af því án samþykkis höfundar og annarra rétthafa efnisins nema þá til einkanota, þ.e. að segja eintökin séu ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Takmarkanir á afritun og notkun efnis eða hugsanlega aukin gjaldtaka fyrir aðgang að efninu getur þó leitt til breyttrar eða minni notkunar, m.a. vegna viðleitni til að draga úr kostnaði við að útvega efnið. Á þessum forsendum telur fjármálaráðuneytið að samþykkt frumvarpsins hefði óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins.

223. Tillaga til þingsályktunar [223. mál]

um stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á sviði landverndar og landgræðslu.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á hnignun lands, jarðvegsrofi og endurheimt landgæða. Rannsóknamiðstöðin hafi jafnframt

það hlutverk að miðla þekkingu á þessu sviði, m.a. til vísindamanna frá þróunarlöndum. Rannsóknamiðstöðin verði í Gunnarsholti.

Greinargerð.

Ísland hefur þá sérstöðu að hafa glatað stærri hluta af þeim auðlindum sem felast í gróðri og jarðvegi en flestar ríkar þjóðir. Íslendingar eiga sér jafnframt óvenjulanga sögu hvað varðar stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landgæða. Landgræðsla ríkisins er elsta stofnun heims á þessu sviði, en skipuleg barátta gegn uppblæstri lands hófst hér á landi árið 1907, áratugum fyrr en í öðrum löndum. Mikil þekking og reynsla hefur safnast saman um leiðir til að stöðva jarðvegsrof og endurreisa landkosti. Við eigum því miklu að miðla til annarra þjóða á þessum sviðum. Það kom m.a. vel í ljós þegar verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um rannsóknir á jarðvegsrofi og leiðir til að „lesa landið" fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1998.

Hnignun landgæða er gríðarlegt vandamál í heiminum. Þessi vandi vex stöðugt og mun hafa mikil áhrif á ástand heimsmála næstu árin ef ekki tekst að efla varnir gegn eyðingaröflunum og vinna af meiri krafti að landbótum. Vandamálin eru erfiðust þar sem hagur íbúanna er bágastur, á jaðarsvæðum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Vegna aðstæðna hér á landi hafa Íslendingar óvenjugóða möguleika á að rannsaka landhnignun og leiðir til úrbóta miðað við t.d. aðrar Evrópuþjóðir. Ísland staðfesti sáttmálann um varnir gegn eyðimerkurmyndun árið 1997. Íslendingar hafa samt sem áður ekki tekið nægjanlega virkan þátt í slíku starfi á alþjóðavettvangi sem er í mótsögn við mikla þekkingu okkar á þessu sviði. Íslendingar eru öflugir þátttakendur í alþjóðlegu starfi á öðrum sviðum þar sem sérstaða landsins er mikil, t.d. í tengslum við eldvirkni, jarðhita og fiskveiðar. Þetta samstarf veitir bæði hvatningu og leiðsögn um það hvernig unnt er að nýta sérstöðu Íslands hvað varðar vernd og endurreisn landkosta í alþjóðlegu samstarfi. Mikils er um vert að búa svo að faglegu landgræðslustarfi á Íslandi að unnt sé að taka þátt í öflugu alþjóðlegu vísindasamstarfi á þessu sviði. Einkum er mikilvægt að hingað geti komið sérfræðingar frá þróunarlöndunum til að afla sér þekkingar og nýrra viðhorfa á sviði endurheimtar landgæða.

Til þess að svo megi verða þarf að auka og samræma faglegt starf við verndun og endurreisn landkosta á Íslandi með áherslu á alþjóðlegt samstarf. Því er hér lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri rannsóknamiðstöð á þessu sviði. Rannsóknamiðstöðin hefði m.a. bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríksins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Slík miðstöð gæti lagt mikla þekkingu af mörkum til þjóða sem berjast gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs.

224. Tillaga til þingsályktunar [224. mál]

um opinbera nefnd sem vinni gegn kynbundnum launamun.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Jónína Bjartmarz, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót þverpólitískri nefnd sem skipuð verði fulltrúum stórnmálaflokkanna ásamt fulltrúa Jafnréttisstofu og hafi það verkefni að vinna gegn kynbundnum launamun.

Nefndin verði vistuð hjá Jafnréttisstofu og ráði til sín starfsmann sem jafnframt verði framkvæmdastjóri hennar.

Verkefni nefndarinnar verði:

a. að vinna að áætlanagerð og aðgerðum til að minnka launamun kynjanna,
b. að vera í nánu samstarfi og samráði við hagsmunasamtök og þá aðila sem áhrif hafa á launaþróun í landinu,
c. að standa fyrir ráðstefnuhaldi og skoðanakönnunum og að framleiða efni til opinberrar birtingar sem stuðli að launajafnrétti kynjanna,
d. að kanna til hvaða aðgerða nágrannar okkar á Norðurlöndunum hafa gripið til að minnka kynbundinn launamun.

Nefndin vinni í fimm ár og gefi út áfangaskýrslu um störf sín á miðju starfstímabilinu.

Greinargerð.

Kynbundinn launamunur er ranglæti sem ekki er hægt að líða í nútímasamfélagi.

Reglulega hafa einstaklingar og samtök, sérstaklega meðal kvenna, vakið athygli á ranglæti gagnvart konum. Á svokölluðum Kvennafrídegi árið 1975 lögðu konur niður vinnu til að sýna fram á verðmæti vinnuframlags kvenna fyrir íslenskt efnahagslíf og héldu fjöldafund til að krefjast jafnréttis. Nú, 30 árum seinna, ríkir enn mismunun gagnvart konum. Hinn 24. október nk. munu konur því leggja niður störf til að sækja fjöldafund og krefjast jafnréttis enn á ný.

Um langt skeið hefur verið ljóst að ekki ríkir launajafnrétti milli kynjanna á Íslandi. Í rannsóknum og launakönnunum hefur margítrekað verið sýnt fram á að kynbundinn launamunur á Íslandi er á bilinu 7,5–18%. Margar launakannanir hafa einnig sýnt að kynbundinn launamunur er meiri hérlendis en í nágrannalöndum okkar.

Kynbundinn launamunur hefur verið til umræðu lengi. Fyrstu lög um jöfn laun karla og kvenna í tilteknum starfsstéttum voru sett árið 1945 og árið 1961 voru samþykkt á Alþingi lög um launajöfnuð karla og kvenna. 1975 litu fyrstu jafnréttislögin dagsins ljós og nýjasta endurskoðun þeirra laga er frá árinu 2000. Ríkisstjórnin hefur sömuleiðis gert jafnréttisáætlanir, þá fyrstu 1986. Núgildandi jafnréttisáætlun var samþykkt á síðasta ári en þar segir „Markmið ríkisstjórnarinnar er að uppræta launamun kynjanna þannig að jafnrétti náist á þessu sviði.“

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Engu síður er það staðreynd að kynbundinn launamunur er fyrir hendi þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og lítil teikn á lofti um breytingar. Með kynbundnum launamun er farið á svig við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og enn fremur við lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði um 60% af atvinnutekjum karla en ef tekið er tillit til vinnutíma þá er hlutfallið komið í 79%. Ástæða þess að margar konur stunda launavinnu í skemmri tíma en karlar er tengd barneignum og fjölskylduábyrgð. Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem teljast „eðlilegir“ skýringarþættir á mismunandi launum stendur eftir kynbundinn launamunur upp á 7,5–18%.

Í samræmdri könnun sem gerð var í sex Evrópulöndum árið 2002 og dr. Þorgerður Einarsdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, hafði umsjón með hér á landi, kemur í ljós að hér er kynbundinn launamunur á almenna vinnumarkaðnum meiri en á hinum opinbera. Þetta er í samræmi við annars vegar launakannanir sem Félagsvísindastofnun hefur gert

fyrir Verslunarmannafélag Reykjavíkur og hins vegar launakannanir Reykjavíkurborgar. Þetta skýrist að hluta til af því að kjaraákvarðanir eru í meira mæli einstaklingsbundnar á almennum vinnumarkaði en algengara er að miðstýrðir kjarasamningar séu hafðir til viðmiðunar á opinbera vinnumarkaðnum. Starfsfólki á almennum vinnumarkaði fer fjölgandi og sífellt algengara er að samið sé um laun á einstaklingsgrundvelli.

Niðurstaða launakönnunar sem nefnd um efnahagsleg völd kvenna lét gera í samvinnu við Jafnréttisstofu Íslands sýndi eins og aðrar kannanir að aðgerða er þörf.

Á heimasíðu forsætisráðuneytisins er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar og þar segir m.a.: „Meginniðurstaða launakönnunarinnar var að konur hefðu 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnudag. Könnunin sýnir að skýra má 21–24% af þessum launamun með ólíkum starfsvettvangi, starfi, menntun og ráðningarfyrirkomulagi kynjanna. Það sem eftir stendur (7,5–11% launamunur) stafar af því að hjónaband, barneignir og fleira hefur önnur áhrif á laun kvenna en karla. Föst dagvinnulaun karla eru t.d. 4–5% hærri en ella ef þeir eru í sambúð eða hjúskap en sambúð hefur lítil áhrif á laun kvenna.“ Í þessari sömu skýrslu kemur einnig fram að hlutur kvenna í stjórnunarstöðum er ákaflega rýr. Um þessar mundir er hlutfall kvenna í æðstu stjórnunarstöðum hjá ríkinu um 20% og einungis 4% framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækja landsins eru kvenkyns.

Launamunur kynjanna er flókið fyrirbæri og hafa margir þættir, missýnilegir, áhrif á hann. Þættir sem áhrif hafa á kynbundinn launamun eru t.d. misjöfn viðhorf til hlutverkaskiptingar kynjanna, flokkun hluta vinnumarkaðarins í karla- og kvennastörf, misjafnt aðgengi kynjanna að stjórnunarstöðum í fyrirtækjum, launaleynd og misjöfn fjölskylduábyrgð kynjanna.

Engar töfralausnir eru til sem eytt geta launamun kynjanna hratt og örugglega. Aðgerðir á borð við ný fæðingarorlofslög, sem réttu hlut karla í fæðingarorlofi, vitundarvakning og viðhorfsbreytingar, m.a. vegna herferða gegn launamun kynjanna á vegum samtaka launafólks, og almennar framfarir í jafnréttismálum, ásamt fleiri þáttum, ættu að hafa jákvæð áhrif, þ.e. kynbundinn launamunur ætti að minnka. Flestar rannsóknir sýna þó að sú hefur ekki verið raunin, svo neinu nemi, hin seinni ár. Vegna þessa er brýnt að staðið verði fyrir átaki til að minnka launamun kynjanna.

225. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason.

1. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óski alþingismaður upplýsinga um rekstur eða stjórnsýslu Alþingis er honum heimilt að gera það með fyrirspurn til forseta. Um slíka fyrirspurn fer eins og fyrirspurn til ráðherra. Sé óskað munnlegs svars skal fyrirspurnin borin fram á sérstökum fyrir fram ákveðnum fundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að þingmenn geti fengið upplýsingar um rekstur og stjórnsýslu Alþingis með svipuðum hætti og um rekstur og stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins. Samkvæmt þingsköpum er nú aðeins hægt að bera slíkar fyrirspurnir fram í umræðum um störf þingsins eða með fyrirspurn til forsætisráðherra. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að forseti svari skriflegum og munnlegum fyrirspurnum á svipaðan hátt og ráðherrar. Eðlilegt þykir að munnleg fyrirspurn til forseta sé tekin fyrir á sérstökum fundi en síður í sama fyrirspurnatíma og handhafar framkvæmdarvaldsins sitja fyrir svörum þingmanna.

226. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um að fækka kvótabundnum fisktegundum.

Flm.: Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson og Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að vinna að því að fækka kvótabundnum fisktegundum þegar á næsta fiskveiðiári. Einkum verði horft til fisktegunda sem eru oftast meðafli við aðrar veiðar (aukategundir) eða fisktegunda sem aflamark hefur ekki náðst í.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið rík tilhneiging til þess að fjölga fisktegundum í kvótakerfinu sem valdið hefur ýmsum erfiðleikum við framkvæmd veiða, svo sem auknu brottkasti og óhagræði við fiskveiðar skipa með mismunandi veiðarfæri. Fyrst ber að athuga hvort afnema eigi kvótasetningu á keilu, löngu, skötusel, sólkola og steinbít. Jafnframt verði skoðað hvort fella eigi niður kvótasetningu ýsu og ufsa, þar sem ufsinn er flökkutegund í íslenskri lögsögu og aflaheimildir á ýsu eru það rúmar að kvótasetning ætti að vera óþörf.

227. Fyrirspurn [227. mál]

til samgönguráðherra um breikkun Suðurlandsvegar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Var gert ráð fyrir því við hönnun á breikkun Suðurlandsvegar að víraleiðari yrði notaður til að skilja á milli akreina þar sem vegurinn verður þríbreiður (2+1)?
2. Hve breiðar verða vegaxlirnar og hve mikill verður hallinn niður af veginum á hverja 6 metra út?
3. Hver er meðalbreidd vegaxla á þríbreiðum vegum með víraleiðara í Svíþjóð og hver er meðalhallinn niður af vegunum á hverja 6 metra út?
4. Liggur fyrir áætlun um hvenær breikkun Suðurlandsvegar lýkur?

228. Fyrirspurn [228. mál]

til samgönguráðherra um Hvalsnes- og Þvottárskriður.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna stórvaxandi hættu fyrir vegfarendur um Hvalsnes- og Þvottárskriður?

229. Fyrirspurn [229. mál]

til sjávarútvegsráðherra um byggðakvóta fyrir Bíldudal.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra veita byggðarlaginu Bíldudal byggðakvóta innan skamms?

230. Fyrirspurn [230. mál]

til landbúnaðarráðherra um styrki til kúabænda.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hve mikla beina styrki frá ríkissjóði fær hver af fimm stærstu kúabændum landsins til mjólkurframleiðslu árlega?

231. Fyrirspurn [231. mál]

til forsætisráðherra um aldur og menntun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hversu hátt hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar er á aldrinum:
   a. 20–29 ára
   b. 30–39 ára?
2. Hvaða menntun hafa íbúar landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðisins hins vegar, sundurliðað eftir sömu aldursflokkum og eftirfarandi menntun:
   a. grunnmenntun,
   b. starfsnámskeið/gagnfræðapróf,
   c. framhaldsskólamenntun,

d. sérskólamenntun,
e. háskólamenntun?

Skriflegt svar óskast.

232. Fyrirspurn [232. mál]

til umhverfisráðherra um viðskipti með hunda.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margir hundar eru skráðir á Íslandi, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hversu margir stunda sölu á hundum, hver er áætluð árleg velta þeirra viðskipta og hversu margir hundar eru seldir árlega?
3. Hvaða skilyrði þurfa seljendur hunda að uppfylla og hvernig er eftirliti með þeim háttað?

Skriflegt svar óskast.

233. Fyrirspurn [233. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgengi að hollum matvælum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, innflutningsgjöldum og sköttum á matvælum verði breytt og þeim beitt til þess að lækka verð, auka framboð og auðvelda þannig aðgengi að hollum matvælum fyrir almenning hér á landi?

234. Fyrirspurn [234. mál]

til iðnaðarráðherra um ábyrgð Byggðastofnunar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er ábyrgð Byggðastofnunar á fyrirtækjum sem hún á hlutabréf í?

235. Frumvarp til laga [235. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Þuríður Backman, Björgvin G. Sigurðsson, Dagný Jónsdóttir, Mörður Árnason, Þórarinn E. Sveinsson.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst. Þingmál þetta var lagt fram á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. Nóvember 2001. (Birt á vef Lýðheilsustöðvar.)

236. Frumvarp til laga [236. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „reglugerð dómsmálaráðuneytisins“ í 1. tölul. kemur: lög og reglugerðir sem fjalla.
b. 2. tölul. fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 55. gr. laganna skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi á viku að yfirvinnu meðtalinni ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili fram til 31. júlí 2007. Á tímabilinu 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2009 skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi skv. 1. málsl. ekki vera umfram 56 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Vinnuveitandi skal hafa samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður við komið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartímabilinu. Hlutaðeigandi samtökum aðila vinnumarkaðarins er jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu. Að öðru leyti gildir 55. gr. laganna um lækna í starfsnámi.
8. Reglur þær sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setti fyrir gildistöku laga nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglur eru settar af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

3. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 32. lið h XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 45/2004, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þær felast meðal annars í innleiðingu á efni tilskipunar Evrópubandalagsins nr. 2003/88/EB, frá 4. nóvember 2003, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (hér eftir nefnd vinnutímatilskipunin) að því er varðar vinnutíma lækna í starfsnámi, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB, um breytingu á

tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

Ákveðnar starfsstéttir voru undanþegnar gildissviði tilskipunar nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, en 22. júní 2000 gaf Evrópubandalagið út tilskipun nr. 2000/34/EB um breytingu á eldri tilskipun þar sem þær starfsstéttir sem áður voru utan gildissviðsins voru felldar undir það. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 31. maí 2002 að fella þá tilskipun undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 58/2002. Skv. 2. gr. tilskipunarinnar bar aðildarríkjunum að innleiða efni hennar eigi síðar en 1. ágúst 2003 að undanskildum ákvæðum er fjalla um vinnutíma lækna í starfsnámi sem innleiða bar ári síðar. Hefur efni tilskipunar þessarar verið innleitt inn í íslenskan rétt með lögum nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 31/2003, um breytingu á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna, og reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, sbr. umferðarlög, nr. 50/1987. Enn fremur hefur efni hennar verið nánar útfært í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Með vinnutímatilskipuninni frá árinu 2003 var efni framangreindra tilskipana sameinað í eina tilskipun. Hún var felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 23. apríl 2004 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd er var falið að fjalla um hugtakið „læknir í starfsnámi“. Nefndin skilaði áliti sínu til ráðherra en nefndin reyndist ekki vera einróma í niðurstöðu sinni. Eftir að hafa ígrundað niðurstöður nefndarinnar hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu að hin faglega skilgreining á hugtakinu er eftirfarandi:

„Læknar í starfsnámi eru:

a. Læknakandídatar sem hafa lokið læknaprófi en eru ekki komnir með lækningaleyfi og starfa í kandídatsstöðu sem er viðurkennd til öflunar lækningaleyfis.
b. Læknar sem starfa í stöðum sem auglýstar eru sérstaklega sem námsstöður vegna sérnáms og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 305/1997, um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa.“

Læknar í starfsnámi eru undanskildir meginefni IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem fjallar um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma, en meginreglan um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma hefur gilt um vinnutíma þeirra, sbr. 2. tölul. 52. gr. a laganna. Er því lagt til með frumvarpi þessu að aðrar meginreglur vinnutímatilskipunarinnar, svo sem um hlé á vinnu, hámarksvinnutíma á viku og vinnutíma næturvinnustarfsmanna, gildi einnig um vinnutíma lækna í starfsnámi. Að því er varðar lækna í starfsnámi er aðildarríkjum engu síður veittur sérstakur aðlögunartími þannig að heimilt er að innleiða meginreglu vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda vikulegan hámarksvinnutíma í þrepum á allt að átta árum samkvæmt sérstökum skilyrðum og er veitt tiltekið svigrúm með tilliti til viðmiðunartíma vikulegs hámarksvinnutíma, sbr. 5. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Er lagt til í frumvarpi þessu að meginreglan um vikulegan hámarksvinnutíma verði innleidd hér á landi í þrepum á fimm árum. Önnur ákvæði laganna um vinnutíma koma að fullu til framkvæmda við gildistöku laganna verði frumvarpið samþykkt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 1. tölul. 52. gr. a laganna sem eru til samræmis við lög nr. 132/2003, um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum, þar sem málaflokkurinn var færður frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Enn fremur þykir eðlilegra að vísa jafnframt til þeirra laga sem reglugerðir um þetta efni eiga sér lagastoð í.

Með frumvarpi þessu er lagt til að IX. kafli um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma gildi einnig um vinnutíma lækna í starfsnámi, sbr. þó bráðabirgðaákvæði. Er því lagt til að 2. tölul. 52. gr. a laganna falli brott.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að sá aðlögunartími sem veittur er samkvæmt vinnutímatilskipuninni verði nýttur að því er varðar vikulegan hámarksvinnutíma fram til 31. júlí 2009. Þó er lagt til að sömu reglur gildi um viðmiðunartímabilið eins og um aðrar starfsgreinar sem lögin taka til. Þannig er gert ráð fyrir að miðað verði við fjögurra mánaða tímabil þegar reiknaður er út vikulegur hámarksvinnutími lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að reikna hámarksvinnutíma þeirra út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir komist hlutaðeigandi samtök aðila vinnumarkaðarins að samkomulagi um það efni. Jafnframt er gert ráð fyrir að samtökum aðila vinnumarkaðarins sé heimilt að ákveða með samningum að hámarksvinnutími lækna í starfsnámi skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 55. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að vinnuveitandi hafi samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður við komið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartímabilinu. Slíkt samkomulag getur tekið til meðalfjölda vinnustunda á viku á tímabilinu eða ráðstafana til að fækka vinnustundum á viku í 48 klukkustundir í lok tímabilsins, sbr. 5. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunarinnar. Þá er hlutaðeigandi samtökum aðila vinnumarkaðarins jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu innan ramma ákvæðis þessa.

Með lögum nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, var félagsmálaráðherra falið að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Áður hafði stjórn Vinnueftirlits ríkisins sett reglurnar sem félagsmálaráðherra síðan staðfesti. Nokkur óvissa hefur orðið um gildi þeirra reglugerða sem settar voru fyrir gildistöku laga nr. 68/2003 og þykir því ástæða til að taka af allan vafa um að þær reglur sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setti fyrir gildistöku laganna haldi gildi sínu þar til nýjar reglur eru settar af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Um 3. og 4. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með frumvarpinu er innleitt efni tilskipunar nr. 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma lækna í starfsnámi, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB. Með tilskipuninni eru felldar úr gildi undanþágur ákveðinna starfsstétta er varða skipulag vinnutíma. Efni eldri tilskipunar nr. 2000/34/EB hefur verið innleitt með lögum nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, auk annarra lagaákvæða, en læknar í starfsnámi voru undanskildir meginefni IX. kafla laganna, sbr. 2. tölul. 52. gr. a. Frumvarpið sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að þær undanþágur verði felldar niður og að meginreglur vinnutímatilskipunarinnar gildi einnig um vinnutíma lækna í starfsnámi. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að hámarksvinnutími lækna í starfsnámi verði í samræmi við almennar reglur frá miðju ári 2009 en breytist í áföngum þannig að vikulegar vinnustundir verði ekki umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili fram til 31. júlí 2007 og lækki eftir það um 2 klukkustundir fram til júlíloka 2009.

Erfitt er að meta fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á ríkissjóð þar sem lögleiðing þess hefur í för með sér breytingu á skipulagi vinnu lækna í starfsnámi innan stærstu sjúkrahúsanna. Þá er óvíst hversu marga lækna þarf að ráða þegar lögin eru komin til framkvæmda að fullu, þar sem hvorki liggur fyrir hver verður þróun innan tiltekinna sérgreina né hvaða möguleikar eru á að breyta starfsskipulagi með kjarasamningum. Að óbreyttu er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að stöðum unglækna við sjúkrahúsin fjölgi um 10 ár hvert næstu ár vegna innleiðingar tilskipunarinnar og verði um 160 til 170 í lok árs 2008. Árleg aukning útgjalda ríkissjóðs næmi þá um 35 m.kr. Þá er ekki tekið tillit til breytinga sem gætu orðið á starfsskipulagi með kjarasamningum til lækkunar á framangreindum útgjöldum, svo sem breytinga á vaktakerfi.

237. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar og uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi samhliða brottför hersins.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka auk formanns sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar til að hafa yfirumsjón með og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar samhliða brottför hersins. Nefndin kanni einnig rækilega möguleika á að auka hvers kyns borgaralega atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn og geri tillögur um aðgerðir í því skyni. Nefndin leiti eftir hugmyndum og þátttöku heimamanna á Suðurnesjum í starfi

sínu og eigi við þá náið samstarf. Nefndin skili ráðherra skýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Hún er því endurflutt enda efni hennar í fullu gildi.

Síðastliðin 15 ár hafa bandarísk stjórnvöld dregið mjög úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Áhugi bandarískra hermálayfirvalda á því að draga enn frekar saman seglin og leggja herstöðina jafnvel niður hefur komið skýrt fram á allra síðustu árum. Slíkt þarf ekki að koma neinum á óvart í ljósi þess hve mikið hefur dregið úr spennu í okkar heimshluta frá því sem var undir lok 9. áratugarins. Í reynd er staðan sú að herinn er og hefur verið að fara í áföngum á undanförnum árum og ekkert bendir til annars en að sú þróun haldi áfram. Samhliða henni er eðlilegt að afnot af landsvæðum, húsnæði og annarri aðstöðu verði borgaraleg og að þeir möguleikar sem þannig skapast verði nýttir til að byggja upp annars konar umsvif sem efla atvinnulíf á svæðinu.

Gildistími síðustu bókunar sem gerð var af ríkisstjórnum Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamningsins frá 1951 rann út í apríl 2001. Engum hefur dulist að íslensk stjórnvöld þrýsta á um áframhaldandi rekstur herstöðvarinnar og hafa gert að sérstöku baráttumáli að halda hér í fjórar herþotur. Þessar kröfur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til þess að hvorki gengur né rekur í viðræðum um framhaldið og óvissan hangir yfir heimamönnum á Suðurnesjum og öðrum sem sótt hafa vinnu sína á völlinn. Á meðan fara Bandaríkjamenn sínu fram og segja upp fólki og gera breytingar í rekstri alfarið á sínum forsendum. Nýleg dæmi eru uppsagnir í slökkviliðinu og skert þjónusta við brautir flugvallarins.

Eins og fram kemur í fylgiskjali IV hefur hermönnum á Keflavíkurflugvelli fækkað um 56% frá árinu 1990 og flugvélum herliðsins þar um 70% á sama tímabili. Þessari þróun í átt til afvopnunar ber að fagna. Jafnvel fylgismenn herstöðvarinnar hljóta að viðurkenna að þessi þróun er rökrétt í ljósi þess að sá óvinur sem notaður var til að réttlæta veru Bandaríkjahers á Íslandi er ekki lengur til staðar.

Það gefur augaleið að fyrrgreindar breytingar hafa haft mikil áhrif á atvinnu Íslendinga af þjónustu við herinn og starfsemi sem honum tengist. Íslenskir starfsmenn hersins voru 674 um áramótin 2004–2005 og hafði þá fækkað um tæp 40% frá árinu 1990. Ef litið er til heildarfjölda þeirra starfa sem herinn ber kostnað af, þ.e. bæði starfsmanna hans og starfsfólks verktaka og stofnana sem þjónusta herinn, þá hefur þeim fækkað gríðarlega á síðustu tveimur árum. Þannig nam fækkunin á tímabilinu 30. apríl 2003 til 31. desember 2004 a.m.k. 535 störfum. Í því sambandi er afar eftirtektarvert að þessa sér ekki eins stórlega stað og ætla mætti í atvinnuleysistölum á Suðurnesjum án þess að lítið sé gert úr þeim vanda sem þetta hefur skapað, sérstaklega fyrir viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur.

Samdrátturinn í starfsemi herstöðvarinnar á undanförnum 15 árum og sterkar vísbendingar um enn frekari samdrátt sýna að engin framtíð er í því fyrir Suðurnesjamenn að horfa til hersins sem einnar af undirstöðum atvinnulífs á svæðinu. Þrátt fyrir að ekki séu öll kurl komin til grafar varðandi afleiðingarnar af hinni miklu fækkun frá því í apríllok 2003 má segja að skammtímaáhrif hennar bendi í það minnsta til þess að atvinnulífið á suðvesturhorninu þurfi ekki eins tilfinnanlega á herstöðinni að halda og margir hafa viljað halda fram.

Flutningsmenn telja að nú séu nánast sögulegar aðstæður til þess að binda endi á veru herliðsins á Keflavíkurflugvelli og þær harðvítugu deilur sem um herstöðina hafa staðið á Íslandi í meira en hálfa öld. Hin langa herseta hefur markað sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af

gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. En verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar. Gjaldeyristekjur sem leitt hefur af henni hafa minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi. Þar að auki er enginn vafi á því að ýmiss konar atvinnustarfsemi gæti komið í stað þjónustu við herstöðina og auðveldað þær breytingar sem brottför hersins hefur í för með sér. Ef stjórnvöld og heimamenn taka höndum saman og skapa hagstæð skilyrði til atvinnuþróunar og nýsköpunar, m.a. með því að bjóða fram þá aðstöðu sem losnar til borgaralegrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli samhliða áframhaldandi samdrætti og síðan brottför hersins er ekki ástæða til annars en bjartsýni í þeim efnum. Ljóst er að bæta þarf fyrir ýmis spjöll á íslenskri náttúru og leggja í vinnufrekar aðgerðir til að hreinsa þau svæði sem hafa orðið fyrir mengun af völdum hersetunnar og eðlilegt að semja um þátttöku Bandaríkjamanna í þeim kostnaði.

Borgaraleg flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist mjög á síðustu árum. Þannig fjölgaði t.d. komufarþegum úr 514 þús. árið 2002 í 573 þús. árið 2003 og aftur í 693 þús. á síðasta ári samkvæmt upplýsingum á vef Samtaka ferðaþjónustunnar. Heildarfjöldi farþega sem fór um Flugstöð Leifs Eiríkssonar jókst um 20% milli áranna 2003 og 2004, úr 1.370 þús. í 1.640 þús. manns. Ný spá breska fyrirtækisins BAA Plc. gerir ráð fyrir að þessi fjöldi tvöfaldist á næstu tíu árum og verði um 3,1 milljón manns árið 2015. Þetta er 10% meiri fjöldi en síðasta spá BAA hljóðaði upp á og hlýtur að vera til marks um bjarta tíma fram undan í þjónustu við borgaralega flugumferð á Keflavíkurflugvelli. Líklegt verður að telja að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst á ýmsan hátt í því sambandi.

Þó svo að flest bendi til að miðstöð innanlandsflugs verði áfram á Reykjavíkurflugvelli, a.m.k. fram um 2016, er einnig líklegt að vaxandi þrýstingur verði á uppbyggingu innanlandsflugs af landsbyggðinni sem tengist millilandafluginu í Keflavík. Slíkt tengiflug mundi gagnast mjög vel í uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni og mæta þörf fyrir að dreifa álagi af ört vaxandi ferðamannastraumi um landið. Slík tenging mundi einnig nýtast þeim íbúum landsbyggðarinnar sem ferðast til og frá landinu og eiga ekki annað erindi til Reykjavíkur en að fara þar í gegn á leið sinni til Keflavíkur.

Vaxtarmöguleikarnir liggja þó ekki aðeins í farþegaflugi. Rétt er að vekja athygli á því að með væntanlegri aðild Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) munu þarlend stjórnvöld að öllu óbreyttu heimila flug yfir Síberíu. Þar með opnast möguleikar á nýjum og hagkvæmari leiðum fyrir alþjóðlegt fraktflug yfir norðanverða Síberíu. Keflavíkurflugvöllur gæti þá orðið tengiflugvöllur fyrir fraktflutninga milli Ameríku, Asíu og Evrópu. Einnig hefur verið bent á möguleika sem gætu falist í uppbyggingu viðhaldsaðstöðu og lagerþjónustu fyrir flug þegar mikið af hentugu húsnæði til slíkra hluta losnar með minnkandi umsvifum og að endingu brottför hersins. Ýmis annar iðnaður og þjónusta tengd flugi og ferðaþjónustu gæti án efa dafnað á flugvallarsvæðinu og nýtt aðstöðu sem losnar til borgaralegra nota þegar um slíkt semst. Enn aðrir benda á möguleika Keflavíkurflugvallar og svæðisins sem miðstöðvar fyrir hraðflutningaþjónustu.

Loks er rétt að nefna hugmyndir sem komnar eru frá Flugvirkjafélagi Íslands um nýtingu á aðstöðu í flugskýli nr. 885, sem áður hýsti ratsjárflugvélar hersins, til þess að annast breytingar á stórum flugvélum, sbr. fylgiskjal VI. Allt sem þarf til slíkrar starfsemi er til staðar hér á landi nema nógu stórt flugskýli en kostnaður við að reisa slíka byggingu hleypur á milljörðum. Því hafa flugvirkjar horft til þess möguleika að nýta umrætt flugskýli, enda svo komið að einungis þyrlusveit hersins hefur þar aðstöðu og nýtir húsnæðið ekki nema að litlum hluta.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa ávallt talað fyrir því að Ísland yrði herlaust land og hvatt til þess að Bandaríkjamönnum yrði gert að hverfa með herlið sitt af landi brott enda er herstöðin á Miðnesheiði hluti af heildarvígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og NATO. Kjarnorkuvopnastefna Bandaríkjamanna og NATO er óbreytt, þ.e. að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði (e. first use policy). Einnig er sú stefna óbreytt að veita ekki neinar upplýsingar um þann vígbúnað sem er til staðar á Keflavíkurflugvelli eða hvers konar vopn Bandaríkjaher flytur um flugvöllinn þegar svo ber undir.

Nú er svo komið að íslensk yfirvöld sækjast eftir áframhaldandi veru herliðsins á Miðnesheiði fyrst og síðast af efnahagslegum ástæðum þótt annað sé látið í veðri vaka. Rök fyrir nauðsyn þess að hér séu fjórar gamlar óvopnaðar herþotur til loftvarna, hvað sem það kostar, halda auðvitað ekki vatni. Því þykir flutningsmönnum ástæða til að beina sjónum að efnahags- og atvinnuþættinum umfram aðra. Aldrei hefur þótt hátt risið á þeim málflutningi að hér ætti að vera erlendur her í landinu til þess eins að græða á honum peninga. Sá þáttur er nú hvort eð er orðinn óverulegur og engin ástæða til annars en bjartsýni um framtíðina á Suðurnesjum, þ.e. ef menn snúa sér að því að takast á við hana í stað þess að ríghalda í óbreytt ástand með tilheyrandi óvissu. Öll önnur rök fyrir tilvist herstöðvarinnar eru löngu fallin hafi þau einhver verið.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum og vinnu sem hefst í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Með tillögunni voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.
II. Bókun 1994. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
III. Bókun 1996. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
IV. Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins. (Febrúar 2005.)
V. Viðskipti við varnarliðið. Seðlabanki Íslands. (Febrúar 2005.)
VI. Minnisblað um atvinnutækifæri fyrir flugvirkja og eflingu atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Guðjón Valdimarsson. (Maí 2004.)

Fylgiskjöl I–III eru samhljóða fylgiskjölum I–III í þskj. 9 Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar (9. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 488–495.

Fylgiskjöl IV–VI eru samhljóða fylgiskjölum IV–VI í samhljóða þskj. 979 (237. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 4642–4646.

238. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt. Upplýsingar í greinargerð hafa verð uppfærðar.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum frá árinu 1994 og fram á mitt þetta ár samkvæmt tölum frá Umferðarstofu:

Ár	Slys	Banaslys	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án meiðsla
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	123
1999	4	0	1	4	122
2000	2	0	0	2	206
2001	5	0	7	3	145
2002	8	0	1	12	246
2003	5	0	1	6	259
2004	7	0	1	7	241
2005*	2	0	0	2	40

* Tölurnar fyrir árið 2005 ná yfir tímabilið 1. janúar til og með 30. júní.

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár meira en fjórfaldast á þessu tíu ára tímabili sem upplýsingar liggja fyrir um. Alls hafa 76 manns slasast í þessum óhöppum, þar af 40 á árunum 2001–2005.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem litið hefur verið til, er að setja upp girðingar meðfram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar meðfram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fé er rekið um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Þá kemur sama staða víða upp á

sauðfjárbúum að vori og hausti þegar fé er á beit heima við en vegir skilja að beitarhólf og vatnsból eða fjárhús. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja framantöldum vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum undir alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að hafin verði vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung, reka þarf kýr yfir vegi til mjalta eða bithagar nytjaðir beggja vegna vega. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá hættu sem af þessu getur stafað fyrir alla hlutaðeigandi, bæði menn og skepnur. Sú þróun sem nú stendur yfir í mjólkurframleiðslunni, og mun að öllum líkindum halda áfram næstu árin, einkennist af stækkandi búum og vaxandi tækniváðingu. Þessi þróun kallar á stærri beitarhólf í næsta nágrenni kúabúa og því vart við öðru að búast en að rekstur nautgripa yfir þjóðvegi aukist frá því sem nú er. Með aukinni notkun sjálfvirkra mjaltaþjóna verður þörfin fyrir vegrásir af þessu tagi enn meiri en áður þar sem kýr verða að hafa greiðan aðgang að fjósi allan sólarhringinn.

Flutningsmaður gerir ekki tillögu að sérstakri viðmiðun umferðarþunga í þessu sambandi enda getur reynst erfitt að draga mörkin aðeins við ákveðinn bílafjölda. Hins vegar er rétt að benda á að umferðaröryggisnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraness hefur ályktað um girðingar með fram vegum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að girt verði meðfram vegum þar sem 300 bílar eða fleiri fara að meðaltali um á dag að sumarlagi.

Víða um land er góð reynsla af umræddum búfjárrásum, sérstaklega hjá þeim kúabændum sem ella þyrftu daglega að reka kýrnar yfir þjóðvegi til mjalta eða beitar. Móta þarf samræmda stefnu í uppsetningu búfjárrása við alla vegagerð. Sömuleiðis þarf að setja upp framkvæmdaáætlun um uppsetningu rása þar sem umferð er þung og rásirnar því nauðsynlegar til að auka öryggi í umferðinni. Bændur hafa tekið þátt í kostnaði við gerð búfjárrása, en ósamræmi hefur verið í kostnaðarskiptingunni. Líta má á rásirnar sem öryggisbúnað á vegum landsins og eiga þær því að falla undir kostnað Vegagerðar ríkisins.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.



239. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um vernd samgönguminja.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa þriggja manna nefnd til að kanna hvernig tryggja megi betur en nú er skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Vegagerðinni, öðrum tilnefndum af Fornleifavernd ríkisins og þeim þriðja tilnefndum af ráðherra og verði hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili niðurstöðu sinni fyrir 1. október 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur.

Víða um land er að finna merkar samgönguminjar sem liggja undir skemmdum, svo sem brýr, hlaðna vegi og hafnargarða, símamannvirki, sæluhús símamanna frá öndverðri 20. öld og vörður á gömlum þjóðleiðum. Þá eru ýmsar slíkar þjóðleiðir að leggjast af og falla í gleymsku svo að brýnt er að hefja skipulega vinnu við skráningu þeirra og kortlagningu. Samgönguminjum er vissulega víða sinnt og þeim safnað, bæði af opinberum aðilum og áhugasömum einstaklingum, en stjórnvöld hafa ekki markað ákveðna stefnu í þessum málaflokki. Ekki er hægt að ætlast til þess að áhugamenn sinni einir þessu mikilvæga varðveislu- og skráningarstarfi enda krefjast mörg verkefni á því sviði umtalsverðra fjármuna ef vel á að vera. Þar að auki hlýtur árangurinn í heild að vera undir því kominn að verkið sé unnið eftir einu samræmdu skipulagi sem byggist á góðri yfirsýn.

Samgöngur og samgöngubætur hafa alla tíð verið geysilega mikilvægar fyrir fólk á Íslandi enda landið dreifbýlt og víða erfitt yfirferðar. Óhætt er að fullyrða að 20. öld, sem var öld vélvæðingar hér á landi, hafi verið tímabil meiri og hraðari breytinga í samgöngumálum en nokkurt annað skeið í sögu Íslands. Á slíkum framfaraskeiðum er eðlilega hvað hættast við því að minjar og minningar um samgönguhætti fyrri tíma lendi í glatkistunni og gildi þeirra verði ekki fyllilega ljóst fyrr en um seinan.

Í ljósi þess hve saga samgangna er snar þáttur í Íslandssögunni er afar mikilvægt að vernd samgönguminja verði efld og skipulega að henni unnið. Þess vegna er hér lagt til að Alþingi feli ráðherra að skipa þriggja manna nefnd er kanni hvernig söfnun og vernd þessara minja verði best tryggð og undirbúi gerð samgönguminjaáætlunar.

240. Fyrirspurn [240. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd stúdentspróf.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er í athugun í ráðuneytinu að falla frá samræmdum stúdentsprófum í framhaldsskólum?

241. Fyrirspurn [241. mál]

til umhverfisráðherra um umferð vélknúinna farartækja í ósnortinni náttúru landsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið vegna aukinnar umferðar utan merktra slóða á hálendinu?
2. Kæmi til álita að setja sérstakar reglur um umferð vélknúinna báta á ám og vötnum?

242. Fyrirspurn [242. mál]

til sjávarútvegsráðherra um togveiði á botnfiski á grunnslóð.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Gilda einhverjar samræmdar reglur um togveiði á botnfiski á grunnslóð innan tólf mílna frá landi?
2. Telur ráðherra koma til greina að setja frekari takmarkanir en nú er gert við togveiðum á botnfiski innan tólf mílna frá suðurströndinni?

243. Fyrirspurn [243. mál]

til samgönguráðherra um framtíð Siglufjarðarvegar um Almenninga.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýjum upplýsingum um jarðsig og hættu á stórfelldu jarðfalli og berghlaupi á veginum milli Skagafjarðar og Siglufjarðar um Almenninga?
2. Hve langan undirbúningstíma þyrfti til að hefja gerð jarðganga úr Fljótum til Siglufjarðar ef brýn nauðsyn krefði og hvað mundu slík göng kosta?

244. Fyrirspurn [244. mál]

til samgönguráðherra um alþjónustu í fjarskiptum.

Frá Þórarni E. Sveinssyni.

1. Hvernig hefur Póst- og fjarskiptastofnun framfylgt ákvæði a-liðar 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 en samkvæmt því skal stofnunin m.a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu í fjarskiptum?

2. Eiga einhver svæði eða lögbýli ekki kost á alþjónustu og ef svo er, hver eru þau?
3. Ef þörf er á úrbótum, er þá ljóst hvenær af þeim verður? Er ætlunin að nota tekjur af sölu Símans í þær?
4. Er sama gjald tekið fyrir alþjónustu um allt land?

Skriflegt svar óskast.

245. Fyrirspurn [245. mál]

til félagsmálaráðherra um skammtímaatvinnuleyfi ungmenna.

Frá Þórarni E. Sveinssyni.

1. Er Ísland aðili að samkomulagi sem auðveldar ungmennum að fá skammtímaatvinnuleyfi í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. í námshléum eða námsleyfum?
2. Ef svo er, við hvaða ríki hefur þá verið gert slíkt samkomulag?
3. Ef svo er ekki, stendur þá til að gera slíkt samkomulag við einhver ríki?

Skriflegt svar óskast.

246. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um mat á stöðu og framtíð íslensku krónunnar.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhann Ársælsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi skýrslu um stöðu og framtíð íslensku krónunnar. Í skýrslunni verði gerður samanburður við þann möguleika að taka upp annan gjaldmiðil hér á landi.

Yfirstjórn og ábyrgð verkefnisins verði falin Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Seðlabanka Íslands með sérstöku samkomulagi þar sem kveðið verði á um umfang þess og aðkomu fræðimanna, stofnana og samtaka að verkefninu til ráðgjafar eða beinnar þátttöku.

Skýrsluna skal leggja fram á Alþingi fyrir 15. október 2006.

Greinargerð.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem samþykktur var á Alþingi 5. maí 1993, og þeim margháttuðu breytingum sem sigldu í kjölfar hans, var aukið til muna frelsi í viðskiptum milli Íslands og annarra landa sem eiga aðild að samningnum. Segja má að með

þeirri ákvörðun hafi íslensk stjórnvöld ákveðið að láta á það reyna til fullnustu hvort þau sjálfstæðu stjórntæki sem tiltæk eru í peninga- og efnahagsmálum geti dugað til að halda viðunandi jafnvægi í viðskiptum og atvinnulífi hér á landi þrátt fyrir örsmæð íslenska hagkerfisins. Reynsla þeirra 12 ára sem liðin eru ætti að mati flutningsmanna að nægja til að meta hvernig til hefur tekist.

Öllum er ljóst að við mjög veruleg hagstjórnarvandamál hefur verið að glíma á þeim tíma sem liðinn er. Hér hafa verið talsvert hærri vextir en tíðkast í löndunum sem samningurinn nær til. Ef aðeins er tekið mið af evrusvæðinu var raunvaxtamunurinn, sé miðað við þriggja mánaða ríkisvíxla, að jafnaði 1,7% frá 1994–2002 og fór hátt í 6% á tímabili. Eftir síðustu vaxtahækkun Seðlabankans er raunvaxtamunurinn nú um 3,2%. Auk viðvarandi og afar íþyngjandi vaxtabyrðar almennings og fyrirtækja hafa miklar sveiflur í gengi gert mönnum erfitt fyrir og er skemmst að minnast þess þegar krónan lækkaði um 30% frá vormánuðum 2000 til nóvember 2001. Í kjöfarið fylgdi umtalsverð verðbólga og samdráttur þjóðarútgjalda. Í mars 2003 var þessum miklu sveiflum í efnahagslífinu líkt við hamfarir í tímaritinu Peningamálum, sem gefið er út af Seðlabanka Íslands, og því haldið fram að þær mundu tæpast nokkurs staðar í þróuðum ríkjum teljast „mjúk lending“ nema á Íslandi.

Staða mála nú er sú að gríðarháir vextir keyra upp gengi krónunnar þó að allir sem hafa þekkingu á hagstjórn séu sammála um að svo hátt gengi standist ekki til lengdar. Þetta veldur fjölda fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði gríðarlegum vanda og hefur gert til margra ára. Atvinnurekendur í útflutnings- og samkeppnisgreinum eru flestir sammála um að þetta sé helsti og alvarlegasti vandinn í rekstri þeirra. Þetta ástand hafi staðið mest í vegi nýsköpunar og eflingar þessara greina og valdið því að fjöldi fyrirtækja hafi komist í þrot á undanförnum árum. Þá hefur hátt gengi krónunnar m.a. leitt til aukinnar einkaneyslu og innflutnings á neysluvörum með tilheyrandi viðskiptahalla.

Fátt bendir til að betri stjórn þessara mála sé í vændum. Ráðherrar eru að vísu aftur teknir til við að tala um „mjúka lendingu“ en flestir munu þó sammála um að verulegur órói sé fram undan hvað varðar gengi krónunnar og að vextir verði áfram mjög háir. Eigi útflutnings- og samkeppnisgreinar að blómstra og bera uppi mannaflaaukninguna í landinu og hagvöxtinn í framtíðinni má ekki við svo búið standa. Eftir þá reynslu sem Íslendingar hafa fengið af opnun hagkerfisins á undanförnum árum er flestum ljóst að það verður að búa íslenskum fyrirtækjum sambærilegar aðstæður við þær sem gerast í samkeppnislöndunum. Traustur gjaldmiðill sem sveiflast ekki verulega úr takti við gjaldmiðla helstu viðskiptalanda okkar og sambærilegir vextir hér á landi og þar, eru mikilvægar forsendur þess að þetta takist.

Flest fyrirtæki sem teljast stór á íslenskan mælikvarða reyna nú að tryggja sig með tilliti til viðskipta sinna erlendis. Þau treysta ekki íslensku krónunni. Flóttinn frá krónunni er því hafinn. Hvorki almenningur né smærri fyrirtæki eða einstaklingsrekstur í landinu á hins vegar greiðar flóttaleiðir frá háum vöxtum og kjaraskerðingum sem fylgja mikilli lækkun á gengi krónunnar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að nú sé kominn tími til að meta árangur hagstjórnarinnar á síðustu árum með sérstöku tilliti til gjaldmiðilsins og vaxtaþróunar. Talsvert hefur verið fjallað um mögulega upptöku evru eða tengingu krónunnar við hana og fræðimenn hafa sett fram röksemdir með og á móti hagkvæmni þess fyrir íslenskt efnahagslíf að taka upp annan gjaldmiðil. Sýnishorn af þeirri umfjöllun má sjá í fylgiskjali.

Markmið tillögunnar er að stjórnvöld og landsmenn allir geti gert sér sem ljósasta grein fyrir þróun þessara mála á liðnum árum og í framtíðinni að óbreyttu. Til að hægt sé að leggja skynsamlegt mat á hvernig til hefur tekist og hvort óbreytt stjórntæki í hagstjórninni skili þjóðinni mestum ávinningi er nauðsynlegt að bera þá leið saman við aðra kosti, svo sem

upptöku evru. Þá þarf einnig þarf að huga að öðrum leiðum sem til greina koma að mati þeirra sem besta þekkingu hafa í peninga- og efnahagsmálum.

Flutningsmenn telja skynsamlegt að fela Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Seðlabankanum að hafa með höndum forustu og ábyrgð verkefnisins og leggja til að gert verði sérstakt samkomulag við þessar tvær stofnanir um verkið.

Við gerð samkomulagsins er nauðsynlegt að tryggja aðkomu annarra sjálfstæðra fræðimanna sem og mikilvægra stofnana og samtaka. Í því sambandi gæti t.d. verið um að ræða innlenda sem erlenda fræðimenn og stofnanir ásamt helstu aðilum vinnumarkaðar og viðskipta hér í landinu sem stjórnendur verkefnisins telja mikilvægt að sækja ráðgjöf og þekkingu til.









Með tillögunni var fylgiskjal, Hagkvæmt gjaldmiðlasvæði. Hversu smátt er of smátt? Arnór Sighvatsson. (Fjármálatíðindi, 51. árg., síðara hefti, 2004.)

247. Fyrirspurn [247. mál]

til viðskiptaráðherra um svörun í þjónustusíma.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hafa verið settar eða kemur til álita að setja þjónustukvaðir á fyrirtæki eða þjónustuaðila með almannaskyldur eða ráðandi markaðshlutdeild þar sem kveðið yrði á um hámarksbiðtíma eftir svörun í þjónustusíma?

248. Fyrirspurn [248. mál]

til utanríkisráðherra um svæði sem hafa lotið forræði varnarliðsins.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve mörg svæði á Íslandi lúta nú forræði bandaríska varnarliðsins, hversu stór eru þau, hvar á landinu og hvaða breytingar hafa orðið á þessum svæðum frá árinu 1960?
2. Hverjir hafa tekið við forræði svæða sem færst hafa frá varnarliðinu og hafa þeir haft af því einhvern kostnað? Ef svo er, hver hefur kostnaðurinn verið?
3. Hefur landi sem fallið hefur til ríkisins á þennan hátt verið ráðstafað til þriðja aðila? Ef svo er, hvaða svæði eru það og hvaða tekjur hefur ríkið haft af einstökum svæðum?
4. Gilda samræmdar reglur um meðferð lands sem áður hefur heyrt undir varnarliðið?

Skriflegt svar óskast.

249. Fyrirspurn [249. mál]

til menntamálaráðherra um mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu margir og hvaða starfsmenn hafa verið ráðnir án auglýsingar til Ríkisútvarpsins til þess að sjá um dagskrárgerð og fréttatengt efni í sjónvarpi á sl. 10 árum? Óskað er eftir að sundurgreint verði í svarinu til hvaða þátta fólk hefur verið ráðið.

Skriflegt svar óskast.

250. Frumvarp til laga [250. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Á eftir orðunum „sameiningu þeirra“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða aðskilnað.

2. gr.

Á eftir orðunum „vegna sameiningar“ í 4. gr. kemur: eða aðskilnaðar.

3. gr.

Á eftir 99. gr. laganna kemur nýr kafli, X. kafli, **Aðskilnaður sveitarfélaga**, með þremur nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytist tölusetning greina og kafla samkvæmt því:

a. (100. gr.)

Heimild til aðskilnaðar sveitarfélaga.

Íbúar svæðis, sem áður var sjálfstætt sveitarfélag, geta sagt skilið við sameinað sveitarfélag og endurreist sitt gamla sveitarfélag ef 40% kosningabærra íbúa svæðisins óska þess með undirskrift sinni, að því tilskildu að ekki séu liðin meira en 12 ár frá sameiningunni.

Séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skylt að boða til atkvæðagreiðslu um tillögu um aðskilnað innan þriggja mánaða frá því að hún tók við undirskriftum. Atkvæðagreiðslan tekur eingöngu til íbúa umrædds svæðis og gilda um hana ákvæði 7. mgr. 90. gr.

b. (101. gr.)

Skipun aðskilnaðarnefndar.

Við samþykkt tillögu um aðskilnað skal ráðuneytið skipa þriggja manna nefnd er í sitji tveir menn samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags ásamt fulltrúa ráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Nefndin skal taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni og önnur atriði sem nauðsynleg eru til að aðskilnaður geti farið fram. Nefndinni er heimilt að ráða sérfræðinga til aðstoðar og greiðist kostnaður við störf nefndarinnar úr sveitarsjóði. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá því að hún var skipuð. Ákvarðanir nefndarinnar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir aðskilnaðinn.

c. (102. gr.)

Birting ákvörðunar um aðskilnað.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest aðskilnaðinn skv. 101. gr. skal það gefa út tilkynningu um aðskilnaðinn sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni þess sveitarfélags sem nú er orðið sjálfstætt að nýju, frá hvaða tíma aðskilnaðurinn taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort efnt skuli til kosninga í hinu aðskilda sveitarfélagi, þ.m.t. kjördag slíkra aukakosninga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að íbúar sveitarfélaga sem hafa sameinast á sl. 12 árum geti tekið þá ákvörðun með lýðræðislegri atkvæðagreiðslu að endurreisa sveitarfélag sem hefur sameinast í stærra sveitarfélag, enda fullnægi viðkomandi svæði öllum nauðsynlegum skilyrðum til að teljast sjálfstætt sveitarfélag, hvað varðar íbúatölu o.þ.h. Frumvarpið opnar íbúum viðkomandi svæðis þann möguleika að endurreisa fyrri stjórnsýslueiningu hafi aðstæður þróast með þeim hætti að umtalsverður hluti íbúa viðkomandi svæðis telji það óviðunandi. Á það hefur verið bent að núverandi fyrirkomulag, og sú staðreynd að ákvörðun um sameiningu sé óafturkræf, hafi virkað hamlandi varðandi það að menn þyrðu að láta á sameiningu reyna. Því má færa fyrir því gild rök að það að hafa öryggisákvæði af því tagi sem hér er lagt til geti í framtíðinni aukið líkurnar á því að menn treysti sér til þess að láta reyna á kosti sameiningar. Frumvarpið mun einnig auka lýðræðislegan rétt landsmanna til þess að ákveða sjálfir hvernig þeir vilja stjórna og haga þeirri stjórnsýslueiningu sem sveitarstjórn er.

Á liðnum árum hefur stefna stjórnvalda verið að sameina sveitarfélög í því augnamiði að gera þau að stærri og öflugri einingum. Stefnan á rætur að rekja til þeirrar kenningar að stærri einingar séu hagkvæmari en litlar, auk þess sem hægt sé að veita borgurunum vandaðri stjórnsýslu og sömuleiðis betri og fjölbreyttari þjónustu í stærra sveitarfélagi.

Stærð stjórnsýslueininga ræðst af þeim verkefnum sem einingin á að sinna og einnig af þeim lögum sem stjórnsýslan vinnur eftir.

Bent hefur verið á að íslensk sveitarfélög séu fámennari en sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndunum en að sama skapi er hlutur íslensku sveitarfélaganna af samneyslunni mun minni en hlutur sveitarfélaganna annars staðar á Norðurlöndunum. Í riti Gunnars Helga Kristinssonar, Staðbundin stjórnmál, kemur fram að íslensku sveitarfélögin eru ekki nema hálfdrættingar á við norrænu sveitarfélögin. Stærstur hluti opinberrar þjónustu annars staðar á Norðurlöndunum er í höndum sveitarfélaganna, annaðhvort grunnsveitarfélaganna eða millistjórnsýslustigsins. Í sömu bók er birt sú niðurstaða úr könnun sem gerð var árið 2000 að íbúar smæstu sveitarfélaga landsins væru miklum mun ánægðari en Reykvíkingar með alla þjónustu sveitarfélagsins. Þá var sama hvort spurt var almennt út í þjónustuna, félagsþjónustuna, skólamálin eða bygginga- og skipulagsmál.

Helsti rökstuðningur við sameiningu sveitarfélaga er vel að merkja ekki að sveitarfélögin ráði ekki við núverandi verkefni og reglur stjórnsýslunnar heldur miklu frekar að fjölga eigi verkefnum sveitarfélaganna. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að stjórnsýslulög hafa tekið litlum breytingum frá árinu 1993 og sama á við um upplýsingalög frá árinu 1996. Ekki hefur borið á því að sveitarfélög sem á að sameina sækist mjög eftir auknum verkefnum. Miklu meiri áhersla er hjá minni sveitarfélögum á að fá aukið fé til núverandi verkefna.

Það sem félagsmálaráðuneytið hefur haft fram að færa hefur ekki verið neitt handfast um hvaða verkefni eigi að flytja til sveitarfélaganna, heldur meira verið vangaveltur um flutning á hinum og þessum verkefnum og minna um hvernig eigi að fjármagna ný verkefni sveitarfélaganna. Helstu verkefni sem eru til skoðunar eru nærþjónustuverkefni á sviði heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og málefni fatlaðra.

Það er tímabært að taka tillit til þess augljósa munar sem er á sveitarfélögum í landinu og að þeim ekki ætlandi að leysa af hendi sömu verkefni með sama hætti. Mörg sveitarfélög hafa gert með sér verkefna- og þjónustusamninga án þess að sameinast. Aðstaða og geta fámennra og dreifbýlla sveitarfélaga til að taka að sér verkefni er allt önnur en borgarsamfélagsins Reykjavíkur. Það er einfaldlega óskynsamlegt að þessum gjörólíku stjórnsýslueiningum sé ætlað að starfa eftir sama regluverki og leysa sömu verkefni af hendi.

Ljóst er að þó að boðaðar sameiningar nái fram að ganga skiptir það litlu máli um getu sveitarfélaga til að taka við auknum verkefnum. Í þessu sambandi má benda á að mjög vafasamt er að íbúar Hólmavíkurhrepps, sem eru 462, og hinir 117 íbúar Kaldrananeshrepps, þar sem þorpið Drangsnes er, geti vænst þess að nýtt sameinað sveitarfélag geti tekið að sér ný verkefni þó svo að tillaga nefndar félagsmálaráðherra um sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu verði að veruleika. Þá yrðu íbúarnir 579 í sameinuðu sveitarfélagi. Í góðri færð tekur um þrjár klukkustundir að keyra sveitarfélagið enda á milli. Hafa verður í huga að umrædd sameining getur einungis leitt til þess að sveitarstjórnirnar verða óskilvirkari vegna þess að fulltrúar í nefndum og ráðum yrðu að ferðast um langan veg. Þess vegna gæti verið jafnvitlegt að sameinast lengra suður og jafnvel alla leið til Reykjavíkur, en úr botni Hrútafjarðar til höfuðborgarinnar er um tveggja klukkustunda akstur.

Tillögur eru uppi um að til verði ný sveitarfélög þar sem liðlega 200 km verða á milli byggðakjarna. Einhvers staðar hljóta að vera skynsamleg mörk fyrir því hve langt getur verið á milli byggðakjarna innan sama sveitarfélags.

Ef stóra sameiningin á Eyjafjarðarsvæðinu verður samþykkt mun það að öllum líkindum leiða til þess að ekki verði kjörnir fulltrúar frá öllum kaupstöðum og byggðarlögum í nýrri sameinaðri sveitarstjórn og örugglega margir byggðakjarnar sem ekki munu eiga neina fulltrúa í nefndum og ráðum hins nýja sveitarfélags. Þetta getur leitt til þess að minni byggðakjarna skorti málsvara og að ekki verði tekið tillit til sérhagsmuna þeirra. Má nefna í þessu sambandi að dæmi eru um að mjög óhönduglega hafi tekist til við úthlutun byggðakvóta í stóru nýlega sameinuðu sveitarfélagi þar sem enginn sveitarstjórnarfulltrúi hefur komið frá því byggðarlagi sem umræddur byggðakvóti var ætlaður. Leiddi ókunnugleiki til þess að aflaheimildum var ráðstafað að mestu leyti til aðila sem búsettir voru utan viðkomandi byggðakjarna.

Yfirlýst markmið sameiningar sveitarfélaga er að færa völd og ákvarðanatöku heim í hérað og þess vegna ætti að gera að einhverju leyti ráð fyrir hverfastjórnsýslu við mjög stórar landfræðilegar sameiningar.

Komið hafa fram tillögur um starfrækslu svæðisbundinna hverfafélaga og bæjarfélaga til þess að tryggja staðbundna hagsmuni. Hætt er við að það leiði til þriðja stjórnsýslustigs, þ.e. að til yrðu stór sveitarfélög með fjölda landsvæðabundinna hagsmunasamtaka með óskilgreint hlutverk í stjórnkerfinu.

Ef framangreind markmið stjórnvalda um öflugri og betri stjórnsýslueiningar ganga eftir með sameiningu sveitarfélaga eru litlar líkur á að meiri hluti íbúa vilji slíta vel heppnaðri sameiningu. Ef hins vegar þessi yfirlýstu markmið nást ekki er nauðsynlegt að hafa ákvæði í lögum þar sem íbúum verður gefinn kostur á að komast út úr skipulagi sem þeir telja að sé byggðarlaginu ekki til framdráttar.

Við lögfestingu þessa frumvarps yrði þeim sveitarfélögum sem hafa sameinast veitt aðhald til þess að þau gæti hagsmuna fámennra byggðarlaga sem hafa gengið til sameiningar. Samþykkt frumvarpsins mun án nokkurs efa leiða til þess að íbúar sem standa frammi fyrir kosningu um að sameinast inn í stórt sveitarfélag munu verða jákvæðari í garð sameiningar en ella.

251. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman,
Sigurjón Þórðarson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi og er nú lögð fram lítið breytt frá þeirri framlagningu. Flestar umsagnir sem borist hafa um tillöguna hafa verið jákvæðar.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi strax til aðgerða.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram tillaga til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta sem þar voru nefndir.

Tillagan sem nefndarmenn leggja nú fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafi komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa nýlega verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist nú stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og öðrum siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að hér á landi er talið að ending vega í sumum landshlutum minnki um helming ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið

2006. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 2006.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Eimskipafélagið – einkavæðing og gamall Morgunblaðsleiðari. Ögmundur Jónasson. (Morgunblaðið, 4. ágúst 2004.)
II. Flutningar á sjó og landi. Ritstjórnargrein. (Morgunblaðið, 5. ágúst 2004.)
III. Fjölþættur ávinningur strandsiglinga. Landvernd. (Fréttir, 3. ágúst 2004.)
IV. Af óskabarni þjóðarinnar og hremmingum þess. Jón Bjarnason. (Morgunpóstur VG, 8. ágúst 2004.)

252. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Gunnarsson, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Þuríður Backman, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Dagný Jónsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Valdimar L. Friðriksson.

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tannlæknum skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega, sem og breytingar á henni, jafnóðum og þær eru gerðar. Skulu tannlæknar einnig senda Tryggingastofnun ríkisins gjaldskrána ásamt breytingum. Þá er tannlæknum skylt að hafa gjaldskrána sýnilega sjúklingum á biðstofu. Um aðgengi að upplýsingum um gjaldskrár, birtingu gjaldskrár og takmörkun auglýsingaskyldu við algengustu liði gjaldskrár fer nánar samkvæmt reglugerð ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (656. mál. á þskj. 996) en var ekki rætt og er því lagt fram á ný. Markmiðið með frumvarpinu er að gera neytendum kleift að afla sér upplýsinga um gjaldskrár tannlækna. Í frumvarpinu er því gerð tillaga um að tannlæknum verði skylt að auglýsa gjaldskrá sína árlega og jafnframt þegar gerðar eru á henni breytingar. Einnig er gerð tillaga um að gjaldskrá tannlækna skuli vera sýnileg á biðstofum þeirra til kynningar fyrir þá sjúklinga sem þar koma.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að þeir sem hyggjast leita sér tannlæknaþjónustu geti haft greiðari aðgang að gjaldskrám einstakra tannlækna. Í gildandi lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, eru starfandi tannlæknum bannaðar hvers konar auglýsingar á starfsemi sinni, þ.m.t. auglýsingar um gjaldskrá. Í frumvarpinu er lagt til að tannlæknum verði ekki lengur bannað að auglýsa gjaldskrá sína heldur gert skylt að auglýsa hana árlega og að nýju ef henni er breytt.

Þá er lagt til að ráðherra verði heimilað að takmarka auglýsingaskylduna við algengustu liði gjaldskrár í stað þess að auglýsa alla liði hennar þar sem kostnaður við slíkar auglýsingar gæti reynst óhóflegur og íþyngjandi. Hægt væri að fela Tryggingastofnun ríkisins að skilgreina hvaða liði gjaldskrár væru auglýstir hverju sinni eða styðjast við 4. gr. reglna Samkeppnisstofnunar um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna, nr. 446/2004, um útdrátt úr gjaldskrá. Einnig er lagt til að ráðherra ákveði hvar birta beri auglýsingu um gjaldskrá og hvar best sé að safna upplýsingunum saman þannig að aðgengi almennings að þeim sé tryggt. Þar mætti hugsa sér að Tannlæknafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samkeppnisstofnun eða Tryggingastofnun gætu haldið utan um þessar upplýsingar og haft þær aðgengilegar á netinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að Tryggingastofnun geti birt upplýsingar tannlækna um gjaldskrá á upplýsingavef sínum fyrir þá sem rétt eiga á endurgreiðslum samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þá telja þeir einnig mikilvægt að þar sem gjaldskrá tannlækna á Íslandi er algjörlega frjáls sé nauðsynlegt að einstaklingar, sem lög og reglur um endurgreiðslu á kostnaði vegna tannlækninga gilda ekki um, verði gert kleift á skjótan og auðveldan hátt að bera saman gjaldskrá einstakra tannlækna áður en ákvörðun er tekin um að sækjast eftir þjónustu tannlæknis. Verulegur munur er á gjaldskrám einstakra tannlækna og því verulegur munur á því gjaldi sem sjúklingar greiða fyrir sambærileg læknisverk. Því er nauðsynlegt að tryggja aðgang neytenda að upplýsingum um þjónustuna til þess að veita aðhald og auka samkeppni.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, greiðir Tryggingastofnun ríkisins hlut sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu sem nánar er útfært í reglugerð nr. 815/2002, um þátttöku Tryggingastofnunar í kostnaði vegna tannlækninga. Þá greiðir stofnunin sjúkratryggðum einstaklingum til baka kostnað vegna tannlækninga sem nemur ákveðnu hlutfalli af útgefinni gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nr. 898/2002, með síðari breytingum.

Endurgreiðslan byggist á 1. gr. reglugerðarinnar:

„Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkratryggðum vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt 37. grein almannatryggingalaga eða gildandi samningum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hefur gert á hverjum tíma.“

Hlutfallsleg endurgreiðsla af umræddri gjaldskrá er skv. 2. gr. reglugerðarinnar:

„Geiðslur til sjúkratryggðra samkvæmt þessum kafla skulu vera það hlutfall af gjaldskrá ráðherra sem hér segir:

1. 100%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. þó 5. gr.
2. 75%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr.
3. 75%: Vegna barna og unglinga, yngri en 18 ára. Þó skal ein skoðun á ári greidd að fullu samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 50%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar, sbr. þó 5. gr.“

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns á 131. löggjafarþingi (þskj. 566, 261. mál) kom fram að stór hluti tannlækna og sérfræðinga í tannlækningum er með gjaldskrá sem er talsvert hærri en sú sem ráðherra setur og er grundvöllur endurgreiðslna til þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslum frá hinu opinbera samkvæmt almannatryggingalögum.

Svarið leiðir í ljós að þrátt fyrir að Tryggingastofnun greiði sjúkratryggðum í samræmi við ákvæði reglugerðar fá þeir ekki endurgreitt það hlutfall af heildarreikningi sem reglugerðin kveður á um þar sem gjaldskrá tannlækna er mun hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðherra sem endurgreiðslurnar eru grundvallaðar á. Hér gildir einu hvort um er að ræða elli- og örorkulífeyrisþega eða börn og unglinga yngri en 18 ára.

Ef tannlæknir er með gjaldskrá sem er 35% hærri en viðmiðunargjaldskrá ráðherra þýðir það eftirfarandi endurgreiðslu til mismunandi hópa (samkvæmt svari ráðherra eru 64 tannlæknar með gjaldskrá sem er 30–40% yfir ráðherragjaldskrá).

100% endurgreiðsla verður 74% af reikningi tannlæknis.

75% endurgreiðsla verður 56% af reikningi tannlæknis.

50% endurgreiðsla verður 37% af reikningi tannlæknis.

Meiru munar hjá þeim 30 tannlæknum sem eru með gjaldskrá á bilinu 40–65% yfir ráðherragjaldskránni. Af 43 sérfræðingum í tannlækningum sem svarið fjallaði um reyndust 13 þeirra með gjaldskrá sem var á bilinu 40–106% yfir viðmiðunargjaldskrá ráðherra.

Ef reikningur fyrir aðgerð hjá tannlækni eða sérfræðingi er 50.000 kr., gjaldskrá hans 40% yfir viðmiðunargjaldskrá og sjúklingurinn sjúkratryggður er munurinn á endurgreiðslu og raungreiðslum eftirfarandi:

Endurgreiðsla á að vera	Endurgreiðsla er	Á að vera kr.	Er kr.	Mismunur kr.
100%	71%	50.000	35.700	14.300
75%	54%	37.500	27.000	10.500
50%	36%	25.000	18.000	7.000

Við útreikning á fyrrgreindum dæmum er ekki tekin nein afstaða til þess hvaða gjaldskrá er „rétt“ en hann er gerður til að sýna fram á að vegna misræmis í gjaldskrá sem ráðherra setur og gjaldskrá starfandi tannlækna greiða sjúkratryggðir hærra hlutfall af reikningum sínum en ef ráðherra og tannlæknar kæmust að niðurstöðu um eina gjaldskrá sem gilda ætti fyrir sjúkratryggða. Meðan misræmis gætir, og einnig til upplýsingar fyrir sjúklinga utan sjúkratrygginga, hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir neytendur tannlæknaþjónustu að geta séð hver gjaldskrá tannlækna er í raun og veru.

Samkeppnisstofnun hefur gefið út reglur nr. 446 frá 14. maí 2004, um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna. Þar segir að markmið reglnanna sé að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Í 2. gr. segir: „Gjaldskrá sem sýnir verð á öllum aðgerðaliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni skal liggja frammi á tannlæknastofu. Tannlækni sem reglur þessar taka til er skylt að hafa útdrátt úr gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu sinni.“

Það er ljóst af reglum Samkeppnisstofnunar að verið er að reyna að auka upplýsingaflæði til neytenda tannlæknaþjónustu innan ramma gildandi laga, en ljóst er þó öllum að erfitt er að bera saman verð einstakra tannlækna nema með ferðalögum milli tannlæknastofa eða miklum hringingum til að fá upplýsingar um gjaldskrá og þá um leið hugsanlegt endurgreiðsluhlutfall af heildargreiðslu sjúklings frá Tryggingastofnun ef um sjúkratryggðan einstakling er að ræða.

Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa í auknum mæli sett reglur um skyldur tannlækna til að upplýsa sjúklinga sína um verð þjónustunnar. Tannlæknum þar er almennt gert skylt að gera skriflegar kostnaðaráætlanir og leggja fyrir sjúklinga áður en aðgerð hefst og er jafnvel í bígerð sums staðar að þeir verði að kynna væntanlegan kostnað þegar sjúklingar eru kallaðir inn í reglubundið eftirlit með tannheilsu. Samkeppnisstofnun hefur tekið á skyldu til að framvísa kostnaðaráætlun í reglum sínum en miðar þá við 100.000 íslenskar krónur sem er talsvert hærra en gengur og gerist í þeim nágrannalöndum okkar þar sem þetta er tíðkað.

Samanburður milli landa.

Ísland.

Íslenskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á áberandi stað á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 100.000 kr. (Reglur Samkeppnisstofnunar nr. 446/2004.)

Danmörk.

Dönskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 2.500 danskar kr. (25.000 ísl. kr.).

Danska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni meðal tannlækna.

Ríkisstjórnin ætlar að gera breytingar á ýmsum lögum og reglum til þess að gera samkeppnisumhverfi í Danmörku með því besta sem gerist innan OECD fyrir árið 2010. Meðal annars er ætlunin að auka gegnsæi á tannlæknamarkaðnum.

(www.ks.dk/publikationer/konkurrence/2004/konk-strategi-hov/fak-generelt.)

Noregur.

Norskum tannlæknum er skylt að hafa gjaldskrá á biðstofu og gefa skriflega kostnaðaráætlun ef kostnaður mun fara yfir 2.000 norskar kr. (20.000 ísl. kr.).

Samkeppnisstofnun Noregs álítur að skortur á verðupplýsingum sé ein meginskýringin á því hvers vegna verð tannlækna hefur hækkað eins mikið og raun ber vitni frá því að gjaldskrá tannlækna var gefin frjálst árið 1995. (KonkurranseNytt, 6, 6/2004.)

Svíþjóð.

Sænska samkeppnisstofnunin telur að skortur sé á verðsamkeppni meðal tannlækna.

Stofnunin leggur til að upplýsingar til neytenda um verð verði bættar og tekur undir tillögur sænsku neytendasamtakanna um að skylda verði tannlækna til að gefa skriflega kostnaðaráætlun og birta verðskrá sína á biðstofu. Einnig er lagt til að tannlæknar verði skyldaðir til að senda sænsku tryggingastofnuninni, „Försäkringskassan“, verðlista og að stofnunin ákveði hvenær og hvernig slíkir listar verði settir fram og sendir. Stofnunin birti listana á heimasíðu sinni. Sektir verði við brotum á að afhenda rétta lista.

Neytendasamtökin leggja enn fremur til að tannlæknum verði skylt að geta um væntanlegan kostnað þegar þeir kalla sjúklinga inn í reglubundið eftirlit og hvaða meðferð sé fyrirhuguð.

Samanburður á gjaldskrám tannlækna á milli landa.

Heimild: Rapport vedr. Konkurrencebegrænsende love og regler på tandområdet, útg.: fjármála-, heilbrigðis- og viðskiptaráðuneyti Danmerkur, júní 2004. Verð í skýrslunni er fyrir árið 2003.

Breskar tölur í skýrslunni eru úr einkarekstri og einnig þýskar tölur sem eru frá Slésvík-Holtsetalandi.

Tölur í skýrslunni eru í dönskum krónum og er reiknað með að 1 dönsk kr. jafngildi 10 ísl. kr.

Tölur fyrir Ísland eru úr gjaldskrá nr. 898/2002, frá árinu 2003.

	Frjálst verð Ísl.*	Danmörk	Bretland	Ísland	Þýskaland	Noregur	Svíþjóð
Áfangaeftirlit með röntgenskoðun	4.758	2.200	3.990	3.660	960	3.350	3.270
Röntgenmynd	1.274	1.100	1.660	980	390	580	260
Plastviðgerð, 1 flötur	6.734	3.620	7.030	5.180	1.900	3.520	3.830
Fylling, 2 fletir	8.567	7.860	10.140	6.590	5.700	5.930	5.430
Úrdráttur tannar, deyfing innifalin	3.328	1.970	4.090	2.560	1.840	4.650	4.830
Rótfylling, tönn með 1 rótargang	16.653	10.070	19.660	12.810	9.000	15.700	13.700
Steypt króna, gull eða postulín	62.530	53.660	42.300	48.100	39.000	36.200	28.200
Þriggja liða brú úr gulli eða postulíni	163.540	156.440	126.900	125.800	119.000	107.520	72.520
Samtals	**267.384**	**236.920**	**215.770**	**205.680**	**177.790**	**177.450**	**132.040**

* Meðalverð íslenskra tannlækna er um 30% hærra en gjaldskrá nr. 898/2002.

Megintilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er sá að auðvelda neytendum tannlæknaþjónustu að bera saman gjaldskrár tannlækna sem eru afar mismunandi og í mörgum tilfellum hærri en opinber gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem er grundvöllur endurgreiðslna ríkisins á tannlæknakostnaði til sjúkratryggðra. Þar sem gjaldskrár einstakra tannlækna eru algjörlega frjálsar er það sjálfsagður réttur neytenda að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um þær og ekki verður séð að unnt sé að ná því takmarki nema með opinberri birtingu gjaldskránna og aðgengi að þeim á einum stað.

253. Svar [166. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um barnabætur og barnabótaauka.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint sem hér segir:

a. ótekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
b. tekjutengdar barnabætur í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
c. barnabætur alls í millj. kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
d. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

a. Ótekjutengdar barnabætur á verðlagi hvers árs:

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Millj. kr.	3.622	2.525	2.555	2.602	2.673	2.684	2.693	947	963	1.014	1.032	1.051	1.068	1.100
Hlutfall af VLF, %	0,92	0,64	0,63	0,60	0,60	0,56	0,52	0,17	0,16	0,15	0,14	0,13	0,13	0,12

b. Tekjutengdar barnabætur á verðlagi hvers árs:

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Millj. kr.	1.197	1.874	1.903	1.986	2.058	2.169	1.952	3.220	2.979	2.688	3.527	3.705	4.289	4.330
Hlutfall af VLF, %	0,30	0,48	0,47	0,46	0,46	0,45	0,38	0,56	0,48	0,40	0,47	0,47	0,53	0,49

c. Barnabætur alls á verðlagi hvers árs:

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Millj. kr.	4.819	4.400	4.458	4.588	4.731	4.853	4.645	4.167	3.942	3.702	4.559	4.756	5.357	5.430
Hlutfall af VLF, %	1,22	1,12	1,10	1,06	1,06	1,02	0,90	0,73	0,64	0,55	0,61	0,61	0,66	0,61

d. Barnabætur alls á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs, 2004=100:

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Millj. kr.	7.275	6.403	6.233	6.320	6.408	6.429	6.044	5.333	4.878	4.362	5.036	5.012	5.529	5.430

254. Svar [148. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um sveigjanlegan vinnutíma í ríkisstofnunum og ráðuneytum.

1. *Hvernig er staðið að því að gefa starfsfólki í ríkisstofnunum og ráðuneytum möguleika á sveigjanlegum vinnutíma?*

Gildandi lagareglur um sveigjanlegan vinnutíma er að finna í 13. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 17. gr. sömu laga.

„13. gr.

Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning.

Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

17. gr.

Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.“

„2.1.2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila.

Samningsaðilum er heimilt að semja um rýmkun dagvinnutíma á virkum dögum, umfram þau tímamörk sem um getur í gr. 2.2.1.

2.2.1 Dagvinna skal unnin á tímabilinu 08:00–17:00 frá mánudegi til föstudags.

2.2.2 Forstöðumanni stofnunar er heimilt að verða við óskum einstakra starfsmanna um sveigjanlegan vinnutíma á tímabilinu kl. 07:00–18:00 á virkum dögum. Leita skal samþykkis samningsaðila þegar slíkar heimildir eru veittar.

2.2.3 Dagvinnumaður sem vinnur hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils skv. gr. 2.2.1, skal fá greitt álag skv. gr. 1.6.1 á þann hluta starfs síns. Hafi verið samið um rýmkun á dagvinnutímabili, skv. 2. mgr. gr. 2.1.2 eða gr. 2.2.2, greiðist ekki álag utan þeirra tímamarka sem greinir í gr. 2.2.1.“

Reglur gera því ráð fyrir því annars vegar að einstakir starfsmenn geti sótt um sveigjanlegan vinnutíma og hins vegar að stofnun geti gert almennt samkomulag við starfsmenn sína um frávik frá ákvæðum kjarasamninga.

2. *Hversu margar og hvaða stofnanir hafa nýtt sér þennan möguleika og hversu margir starfsmenn? Hvert er kynjahlutfallið í hópi starfsmanna?*

Umbeðnar upplýsingar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu. Til þess að unnt væri að svara þessum lið fyrirspurnarinnar þyrfti því að leita upplýsinga hjá hverju ráðuneyti og ríkisstofnun fyrir sig og vinna síðan úr þeim upplýsingum. Slík upplýsingaöflun og úrvinnsla yrði bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Ógjörningur er því að afla umbeðinna upplýsinga innan þess tímafrests sem þingsköp setja svörum við fyrirspurnum.

3. *Hefur möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma áhrif á launagreiðslur? Ef svo er, hvaða?*

Samkvæmt fyrrgreindum reglum ætti sveigjanlegur vinnutími ekki að hafa nein áhrif á laun.

255. Svar [206. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um hælisleitendur.

1. *Hversu margir hælisleitendur eru nú hér á landi og hvernig skiptast þeir eftir kyni og aldri?*

Hælisleitendur hér á landi eru nú 26 talsins. Af þeim bíða 15 eftir niðurstöðu Útlendingastofnunar en 9 þeirra hafa fengið úrlausn sinna mála hjá stofnuninni og bíða annaðhvort eftir niðurstöðu ráðuneytisins eða framkvæmdar frávísunar eða brottvísunar lögreglu. Skipting þeirra eftir kyni og aldri er sem hér segir:

Karlar:	Fæðingarár	Fjöldi
	1950–1959	2
	1960–1969	3
	1970–1979	11
	1980–1987	2
	Alls	**18**

Konur:	Fæðingarár	Fjöldi
	1960–1969	1
	1970–1979	3
	1980–1987	1
	Alls	**5**

Börn:	Fæðingarár	Fjöldi
	1996	1
	2001	1
	2002	1
	Alls	**3**

2. *Hversu mörg börn eru meðal hælisleitenda?*
Þrjú börn eru meðal hælisleitenda hérlendis. Ekkert þeirra er án fylgdar foreldris eða forsjáraðila.

3. *Hvaðan koma þeir, sundurgreint eftir löndum?*
Hælisleitendur koma frá eftirfarandi löndum:

Þjóðerni	Fjöldi
Rússland	7
Íran	3
Litháen	2
Armenía/ríkisfangslausir	2
Afganistan	2
Máritanía	1
Eþíópía/Erítrea	1
Erítrea	1
Georgía	1
Líbería	1
Kosovo/Serbía	1
Kína	1
Palestína/Sýrland/ríkisfangslaus	1
Vestur-Sahara	1
Moldóva	1
Samtals	**26**

4. Hversu lengi hafa þeir dvalið hér?

Það er mjög mismunandi hversu lengi hver hælisleitandi hefur dvalist hérlendis. Í eftirfarandi samantekt er miðað við hversu lengi hver einstaklingur hefur dvalist hélendis á hverju þriggja vikna tímabili eða á hverju þriggja mánaða tímabili:

Dvalartími:	**Fjöldi**
1–3 vikur	5
3–6 vikur	4
6–9 vikur	1
9–12 vikur	2
3–7 mánuðir	7
7–10 mánuðir	2
10–13 mánuðir	3
Meira en 13 mánuðir	2
Samtals	**26**

5. Hvernig er framfærslu þeirra háttað?

Útlendingastofnun ber ábyrgð á að framfærsla hælisleitenda hérlendis sé tryggð, sbr. fyrirmæli dómsmálaráðuneytis þar um. Útlendingastofnun gerði samning við Reykjanesbæ í byrjun árs 2004 þess efnis að framfærsla og húsnæði hælisleitenda væri í höndum Reykjanesbæjar. Samningurinn var endurnýjaður í mars 2005 og framlengist hann í eitt ár í senn frá því tímamarki, nema honum sé sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

6. Hvernig er samningi Reykjanesbæjar og félagsmálaráðuneytis um móttöku hælisleitenda háttað og hvaða stuðning veitir Reykjanesbær?

Eins og áður segir hefur félagsmálaráðuneytið ekkert með framfærslu hælisleitenda að gera. Framfærslan er alfarið á höndum dómsmálaráðuneytisins sem hefur falið Útlendingastofnun það verkefni.

Í samningi Útlendingastofnunar og Reykjanesbæjar um húsnæði og framfærslu hælisleitenda kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Reykjanesbær tekur að sér að annast um erlenda ríkisborgara/ríkisfangslausa sem leita hælis á Íslandi. Félagsþjónusta Reykjanesbæjar sér um að útvega hælisleitanda gistingu, fæði og almenna aðstoð, svo sem ferðakostnað hælisleitanda innan lands, komugjald til læknis, val á lögmanni o.fl. sem tengist hælisumsókn viðkomandi.
- Reykjanesbær er með samning við tvö gistiheimili í Reykjanesbæ sem sjá hælisleitanda fyrir fæði og húsnæði. Hælisleitandi fær greidda vasapeninga og miðast greiðsla þeirra við að viðkomandi hafi dvalið hérlendis a.m.k. í fjórar vikur.
- Umönnun Reykjanesbæjar varir meðan mál hælisleitanda er til afgreiðslu hjá stjórnvöldum nema Útlendingastofnun tilkynni um annað.
- Útlendingastofnun greiðir Reykjanesbæ árlegt fastagjald fyrir umönnun hælisleitenda og er því ætlað að standa straum af launa- og rekstrarkostnaði starfsmanna Reykjanesbæjar. Útlendingastofnun greiðir daggjald fyrir hvern hælisleitanda.

Þjónusta Reykjanesbæjar:

Um þjónustu Reykjanesbæjar má bæta við að á vegum félagsþjónustu Reykjanesbæjar starfar umsjónarmaður hælisleitenda. Helstu hlutverk umsjónarmanns eru að taka á móti

hælisleitendum, tryggja þeim gistingu og fæði og aðstoða hælisleitendur við alla aðra þjónustu sem þeir kunna að þurfa, svo sem læknis- og sérfræðiaðstoð. Hælisleitendur hafa óheftan aðgang að umsjónarmanninum og jafnframt aðgang að öðru starfsfólki félagsþjónustunnar eftir þörfum. Umsjónarmaður tryggir börnum hælisleitenda aðgang að leik- og grunnskólum í þeim tilvikum þegar viðkomandi hafa dvalið í landinu lengur en þrjá mánuði. Umsjónarmaður er tengiliður hælisleitenda gagnvart Útlendingastofnun varðandi vinnslu og meðferð umsókna þeirra um hæli, viðtöl eða birtingu úrskurða og í tilvikum þar sem hælisleitandi fær dvalarleyfi til bráðabirgða. Jafnframt er umsjónarmaður tengiliður við Útlendingastofnun ef óvænt tilvik verða vegna umönnunarþáttarins og þörf er á afskiptum stofnunarinnar. Þar fyrir utan er umsjónarmaður tengiliður við lögreglu og Rauða kross Íslands.

Stuðningur Reykjanesbæjar:
- Reykjanesbær sér hælisleitendum fyrir læknisaðstoð, lyfja- og sérfræðiþjónustu, hvort sem er í Reykjanesbæ eða á höfuðborgarsvæðinu.
- Hælisleitendur hafa aðgang að bókasafni þar sem þeir komast á internetið, geta fengið bækur og notið þeirrar þjónustu sem þar er í boði.
- Hælisleitendur fá ókeypis sundkort og frían aðgang að strætisvagnaþjónustu innan Reykjanesbæjar.
- Allur ferðakostnaður sem til fellur vegna umsóknar hælisleitandans um hæli, til og frá höfuðborgarsvæðinu, og vegna sjálfboðastarfa í fataflokkun Rauða kross Íslands er greiddur af Reykjanesbæ.
- Hælisleitendur fá símkort og annað tilfallandi sem upp kann að koma hverju sinni.

7. *Fá hælisleitendur lögfræðiaðstoð?*

Hælisleitendur eiga rétt á lögfræðiaðstoð á öllum stigum máls síns hjá íslenskum stjórnvöldum. Hælisleitanda er tryggð ókeypis lögfræðiaðstoð í eftirfarandi tilvikum (34. gr. útlendingalaga, nr. 96/2002):

> Þegar kærð er ákvörðun í máli vegna umsóknar um hæli. Þetta gildir þó ekki í málum þegar kærð er synjun á meðferð umsóknar um hæli sem byggð er á d- og e-lið 1. mgr. 46. gr. útlendingalaga (mál sem eiga undir reglur norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eða Dyflinnarreglugerðar ESB nr. 343/2003) eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. útlendingalaga.

Fulltrúar Rauða kross Íslands hafa ávallt aðgang að hælisleitendum vegna málsvarahlutverks þeirra í málefnum flóttamanna og hælisleitenda.

256. Svar [129. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um ríkisjarðir.

1. *Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?*

Ráðuneytið heldur utan um upplýsingar um þær ríkisjarðir og jarðaparta sem eru á forræði þess og undirstofnana þess. Langflestar jarðirnar eru lögbýli, en auk þess eru jarðir, spildur og lóðir sem ekki eru lögbýli á forræði þess. Unnið er að gerð gagnagrunns með það að

markmiði að halda utan um þessar eignir og er vinna við skráningu lögbýla að mestu lokið og miðast svörin við fjölda lögbýla á forræði ráðuneytisins og undirstofnana þess.

Á forræði ráðuneytisins eru nú 437 lögbýli.

Þar af eru 62 lögbýli í umsjá undirstofnana ráðuneytisins, þ.e. Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla.

2. *Hvernig skiptast þær eftir sýslum?*

Gullbringu- og Kjósarsýsla	16
Borgarfjarðarsýsla	23
Mýrasýsla	5
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	14
Dalasýsla	10
Barðastrandarsýslur	32
Ísafjarðarsýslur	7
Strandasýsla	6
Húnavatnssýslur	17
Skagafjarðarsýsla	23
Eyjafjarðarsýsla	27
Þingeyjarsýslur	31
N-Múlasýsla	41
S-Múlasýsla	51
A-Skaftafellssýsla	14
V-Skaftafellssýsla	36
Rangárvallasýsla	42
Árnessýsla	42

3. *Hversu margar þeirra eru*
   a. *nýttar af embættismönnum ríkisins,*
   b. *nýttar af bændum,*
   c. *nýttar af öðrum,*
   d. *í eyði?*

Embættismenn ríkisins nýta ekki með beinum hætti jarðir á forræði ráðuneytisins, þó búa forstöðumenn eða starfsmenn á sumum þeirra jarða sem undirstofnanirnar hafa umráð yfir, enda er þá starfsemi á vegum stofnunarinnar á viðkomandi lögbýli.

Lögbýli skráð í ábúð eru 280. Ekki er haldin skrá yfir búrekstur ábúenda eða hvort einhver þeirra hafi landbúnað að aðalatvinnu eður ei, en lögbýli er skráð úr ábúð og í eyði, ef það hefur ekki verið setið í fimm ár eða lengur, sbr. 2. gr. jarðalaga, nr. 81/2004.

Lögbýli skráð í eyði samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. jarðalaga eru 157. Mörg þeirra eru leigð eigendum eða ábúendum nágrannajarða til nytja, einnig heyra hér undir býli sem eru á forræði undirstofnana til uppgræðslu, skógræktar og annarra verkefna.

4. *Hversu margar ríkisjarðir voru seldar árin 2000–2004?*

Á tilgreindum fimm árum hefur verið seld 101 jörð og jarðapartar.

5. *Hversu margar jarðir keypti ríkið á sama tíma?*
Jarðadeild ráðuneytisins hefur haft milligöngu um kaup á þremur jörðum.

6. *Er áætlað að selja einhverjar ríkisjarðir, og þá hverjar?*
Flestar ríkisjarðir sem seldar hafa verið á undanförnum árum hafa ábúendur þeirra eða sveitarfélög keypt, sbr. 35. og 36. gr. jarðalaga, sbr. einnig söluheimildir á grundvelli laga um Jarðasjóð, nr. 34/1992.

Miðað við reynslu undanfarinna ára má áætla að u.þ.b. 20 jarðir verði seldar árlega næstu ár.

Einnig eru jarðir seldar á frjálsum markaði samkvæmt heimild í fjárlögum. Í frumvarpi til fjárlaga 2006 er lagt til að heimiluð verði sala á 30 jörðum og jarðapörtum sem eru á forræði ráðuneytisins og í fumvarpinu eru umræddar jarðir taldar upp, sbr. listann hér á eftir. Um er að ræða heimildir, ekki endanlega ákvörðun um að jarðirnar verði seldar. Miðað við reynslu má áætla að 5–10 jarðir fari í frjálsa sölu árlega næstu ár.

Jarðir og jarðapartar sem óskað er eftir heimild til sölu á í fjárlagafrumvarpi 2006:

Hluti af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
Land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
Jörðin Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
Jörðin Kollafjörður, Kjalarnesi, Reykjavík.
Jörðin Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
Jörðin Þjótandi, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
Jörðin Brúar í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Hluti af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
Jörðin Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
Jörðin Stóri-Bakki, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
Jörðin Kvíarhóll, Ölfusi, Árnessýslu.
Hluti af jörðinni Álftagróf, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
Jörðin Skriða í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
Jörðin Glaumbær, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
Hluti jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
Hluti jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
Jörðin Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
Jörðin Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
Hluti jarðarinnar Hólma, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
Jörðin Bakki, Ólafsfjarðarbæ.
Jörðin Fornhagi II, Hörgárbyggð.
Jörðin Staður, Grindarvíkurbæ.
Hluti af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
Hluti af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
Hluti af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.
Hluti af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.

Hluti af jörðinni Brjánslæk, Vesturbyggð.
Hluti af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
Hluti af jörðinni Gröf í Hrunamannahreppi.
Fasteignir í Flatey á Skjálfanda.

7. *Hversu miklar tekjur hafði ríkissjóður af ríkisjörðum árin 2000–2004?*
8. *Hver voru gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum árin 2000–2004?*

Tekjur og gjöld Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins árin 2000 til 2004 eru sem hér segir:

Ár	Tekjur samtals	Gjöld samtals
2004	257.841	176.714
2003	147.106	117.913
2002	157.823	138.401
2001	269.993	127.115
2000	176.103	125.487
	1.008.866	**685.630**

257. Svar [168. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um óbyggðanefnd.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er heildarkostnaður af störfum óbyggðanefndar frá upphafi, sundurliðað eftir ári og einstökum liðum?

Heildarkostnaður af störfum óbyggðanefndar á tímabilinu 1999–2004 var 281.612 þús.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig kostnaður skiptist í rekstur skrifstofu og kostnað við úrskurði nefndarinnar, sundurliðað eftir árum.

	Kostnaður skrifstofu	Kostnaður við úrskurði	Samtals
1999	16.787	1.555	18.342
2000	22.554	6.239	28.793
2001	27.637	13.228	40.865
2002	35.045	19.881	54.926
2003	36.889	25.965	62.854
2004	45.328	30.504	75.832
	184.240	**97.372**	**281.612**

258. Svar [93. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um samráðsvettvang stjórnvalda og samtaka aldraðra.

1. *Hvernig hefur samráði verið háttað milli stjórnvalda og samtaka aldraðra á samráðsvettvangi þessara aðila sl. þrjú ár, eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara frá 19. nóvember 2002 þar sem áréttaður var vilji til samráðs um aðgerðir sem snúa að aðbúnaði og skipulagi öldrunarþjónustu og hækkun á greiðslum almannatrygginga?*

Hinn 25. september 2002 skipaði ríkisstjórnin starfshóp sem ætlað var að verða farvegur formlegs samráðs stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um breytingar á almannatryggingalögum og endurskoðun á lífeyrisgreiðslum er komi til framkvæmda á næstu árum. Þá var starfshópnum einnig ætlað að fjalla um uppbyggingu hjúkrunarheimila og þjónustu við aldraða með það að markmiði að stytta biðlista og bæta þjónustu.

Ríkisstjórnin samþykkti 19. nóvember 2002 tillögur starfshópsins í níu liðum um aðgerðir stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra næstu tvö til þrjú árin.

Heilbrigðisráðherra hefur haft forgöngu um að hrinda tillögunum í framkvæmd í samráði við fjármálaráðherra og hlutaðeigandi aðila. Samtök aldraðra hafa fylgst með og fylgt eftir tillögum starfshópsins eftir því sem ástæða hefur verið til. Á þeim þremur árum sem liðin eru frá samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur tekist að koma í framkvæmd flestum áhersluatriðunum. Nánar er greint frá framgangi tillagnanna í svari við 3. tölulið fyrirspurnarinnar hér á eftir.

2. *Hve margir fundir hafa verið haldnir á þessum samráðsvettvangi frá 19. nóvember 2002? Hafa samtök aldraðra óskað eftir slíkum fundi? Ef svo er, hve oft? Hefur verið orðið við þeim óskum og hver voru viðfangsefni þeirra funda?*

Stjórnvöld hafa kappkostað að halda samtökum aldraðra upplýstum um framgang samkomulagsins frá 19. nóvember 2002. Heilbrigðisráðherra svo og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa átt fundi með fulltrúum samtaka aldraðra þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála og horft til næstu áfanga. Fundir þessara aðila hafa ekki verið skráðir með formlegum hætti og fundargerðir ekki ritaðar.

3. *Hverjum af þeim tillögum að aðgerðum stjórnvalda til að bæta aðstæður og lífskjör aldraðra, sem undirritaðar voru 19. nóvember 2002 og koma áttu til framkvæmda á næstu 2–3 árum þar á eftir, hefur ekki verið hrundið í framkvæmd? Óskað er eftir sundurliðun á hverjum einstökum þætti í tillögunum sem ekki hefur komið til framkvæmda, skýringa á ástæðum þess og upplýsingum um hvers er að vænta í þeim efnum.*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði samstarfsnefnd Landssambands eldri borgara og þriggja ráðuneyta þann 31. maí 2005 til þess m.a. að fara yfir efndir á samkomulaginu frá 19. nóvember 2002.

Nefndin er að störfum og mun skila í byrjun nóvember skýrslu um stöðu mála, þar sem farið verður nákvæmlega yfir einstaka þætti samkomulagsins og gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig. Hér á eftir fer stutt greinargerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um framvindu þeirra níu liða sem voru í áðurnefndu samkomulagi.

1. Lífeyrismál.

Tryggðar lágmarkstekjur aldraðra verði hækkaðar til viðbótar við umsamdar launahækkanir í ársbyrjun 2004 og dregið úr jaðaráhrifum tekjutenginga. Greiðslurnar hækki sem hér segir:

- 1. janúar 2003 hækki tekjutrygging um 3.028 kr. og verður frá þeim tíma 38.500 kr. í stað 34.372 kr. sem nú er.
- Frá sama tíma hækki tekjutryggingarauki um 2.255 kr. og verður frá þeim tíma 18.000 kr. fyrir einhleypa í stað 15.257 kr. sem nú er. Tekjutryggingarauki hjóna og sambýlisfólks hækkar um sömu krónutölu og verður 14.066 kr. í stað 11.445 kr. sem nú er.
- Frá sama tíma breytist ákvæði laga um tekjutengingu þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækki úr 67% í 45%.
- 1. janúar 2004 kemur til framkvæmda almenn hækkun samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.

Því til viðbótar og frá sama tíma hækki:

- tekjutrygging um 2.000 kr. og verði 40.500 kr. auk hækkunar samkvæmt framanskráðu;
- tekjutryggingarauki um 2.000 kr. og verði 20.000 kr. fyrir einhleypinga og 16.066 kr. fyrir hjón og sambýlisfólk auk áður talinnar almennrar hækkunar.

Efndir: Að því er varðar hækkanir bóta frá Tryggingastofnun ríkisins þá var með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fjárhæð tekjutryggingar og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins hækkuð 1. janúar 2003. Frá sama tíma var ákvæðum almannatryggingalaga um tekjutengingu breytt þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækkaði úr 67% í 45%.

Framlög ársins 2003 hækkuðu um 1.600 millj. kr. vegna þessara breytinga.

Tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkaði um 2.000 kr. hvort um sig þann 1. janúar 2004 í samræmi við reglugerð sem sett var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hinn 22. nóvember 2002.

Framlög ársins 2004 hækkuðu um 1.090 millj. kr. vegna þessara breytinga.

2. Heimaþjónusta við aldraða verði efld.

Heimaþjónusta við aldraða verði efld verulega frá því sem nú er með það að markmiði að aldraðir geti dvalið sem lengst á eigin vegum utan stofnana. Til að ná þessu marki er mikilvægt að einn aðili sé ábyrgur fyrir þjónustunni, hvort sem um er að ræða hjúkrun, aðhlynningu eða aðstoð við heimilishald, sem nú er ýmist á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Lagt er til að stjórnvöld beiti sér fyrir samtvinnun þessarar þjónustu undir sameiginlegri stjórn þar sem einn aðili verði ábyrgur fyrir framkvæmd og fjárhag. Æskilegt er að öldrunarstofnanir og aðrir þjónustuaðilar geti tekið að sér sveðisbundna þjónustu innan þessa ramma. Lagt er til að ríkið leggi 150 millj. kr. til þessa verkefnis á næstu þremur árum til viðbótar þeim fjárveitingum sem nú ganga til verkefnanna. Til lengri tíma er eðlilegt að taka þetta upp í samningaviðræður um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga. Á þeim vettvangi þarf einnig að fjalla um hlutverk sveitarfélaga í rekstri dvalarheimila og sambýla fyrir aldraða, en það síðarnefnda þykir hafa reynst vel.

Efndir: Samtvinnun þjónustu heimahjúkrunar og heimaþjónustu sveitarfélaga var talin brýnust á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 18. nóvember 2003 gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkomulag við Reykjavíkurborg um samtvinnun félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík. Samkomulagið fól í sér að sett var af stað tilraunaverkefni um sameiginlega stýringu heimaþjónustu í Reykjavík. Sameiginleg stýring heimaþjónustu felst í því að einstaklingur getur

hvort heldur sem er leitað eftir heimaþjónustu hjá heilsugæslustöð, félagsþjónustunni í Reykjavík eða Miðgarði í Grafarvogi. Beiðnum um þjónustu er komið til sameiginlegs heimaþjónustuhóps sem setur upp sameiginlega þjónustuáætlun sem getur falið í sér félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun eða hvort tveggja. Tilraunin hófst þann 1. febrúar 2004 og stendur í tvö ár.

Kostnaður við tilraunina er greiddur af fjárveitingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Framlög til heimahjúkrunar hækka um 50 millj. kr. á tímabilinu 2003–2005 hvert ár, eða samtals um 150 millj. kr., og er það í samræmi við samkomulag við aldraða.

3. Dagvistun og hvíldarinnlagnir verði aukin.

Lagt er til að á næstu tveimur árum verði fjölgað dagvistarrýmum aldraðra, einkum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sinna megi 100 manns sem þessarar þjónustu þarfnast. Jafnframt er lagt til að tryggt verði aukið framboð á rýmum til hvíldarinnlagna á hjúkrunarheimili og öldrunardeildir sem svarar 20 rúmum á næstu 12–15 mánuðum. Leitað verði samninga við rekstraraðila um báða þessa þætti og valið úr á grundvelli hagkvæmni, öryggis og gæða. Áætla má að árlegur rekstrarkostnaður þessara nýju þjónustuþátta geti numið 170 millj. kr.

Efndir: Að því er varðar hvíldarinnlagnir þá var á árinu 2003 ótímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir fjölgað um 30 og tímabundnum rýmum fyrir hvíldarinnlagnir á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um 6. Fjölgun ótímabundinna hvíldarinnlagnarýma er eftirfarandi:

Helgafell, Djúpavogi	1 rými	
Lundur, Hellu	3 rými	
Dalbær, Dalvík	1 rými	
Hlíð, Akureyri	2 rými	
Klausturhólar, Hvolsvelli	1 rými	
Kumbaravogur, Stokkseyri	2 rými	
Landspítali – háskólasjúkrahús	20 rými	*

* Heilsárshjúkrunar- og hvíldarrými frá og með árinu 2005.
Áður voru þessi rými tímabundin í þrjá mánuði yfir sumartímann.

Fjölgun tímabundinna rýma (þrír mánuðir yfir sumartímann) er eftirfarandi:

St. Jósefsspítali	6 rými

Framlög vegna fjölgunar á hvíldarinnlagnarrýmum námu 90 millj. kr. á árinu 2003.

Dagvistunarrýmum fjölgaði um 94 á árunum 2003–2005. Fjölgun dagvistarrýma er eftirfarandi:

Hvammur, Húsavík	3 rými	
Eir, Reykjavík	20 rými	(fyrir minnissjúka)
Hulduhlíð, Eskifirði	4 rými	
Naust, Þórshöfn	2 rými	
Jaðar, Ólafsvík	2 rými	
Hlíð, Akureyri	4 rými	(fyrir minnissjúka)
Holtsbúð, Garðabæ	10 rými	
Sæborg, Skagaströnd	2 rými	
Dagvistun Skagafjarðar	3 rými	
Hlaðhamrar, Mosfellsbæ	5 rými	
Dagvistun Árborgar	3 rými	

Dagvistun Grindavíkur	5 rými	
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	2 rými	
Dagvistun, Blönduósi	2 rými	
Dagvistun, Seltjarnarnesi	5 rými	
Helgafell, Djúpavogi	2 rými	
Roðasalir, Kópavogi	20 rými	(fyrir minnissjúka)

Til viðbótar framangreindu hefur fjórum dagvistarrýmum hjá Dagvistun aldraðra í Reykjanesbæ verið breytt í dagvistarrými fyrir minnissjúka. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að 20 ný dagvistarrými fyrir minnissjúka bætist við í Hafnarfirði og 15 ný almenn dagvistarrými sem ekki er búið að ákveða hvar verði staðsett.

Í samræmi við samkomulag við aldraða hækkuðu framlög til dagvistarrýma um 40 millj.kr. hvort ár, 2003 og 2004, eða samtals um 80 millj. kr. Í fjárlögum 2005 hækkaði framlag til dagvistunar um 40 millj. kr. vegna reksturs Roðasala í Kópavogi og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er til viðbótar gert ráð fyrir 54 millj. kr. hækkun framlags til dagvistarrýma í Hafnarfirði og annars staðar á landinu. Samtals hækka framlög til dagvistunar um 174 millj. kr. á tímabilinu 2003 til 2006.

Þann 1. janúar 2004 kom til framkvæmda sú breyting á almannatryggingalögum að lengt var það tímabil sem ellilífeyrisþegi getur verið á sjúkrahúsi án þess að missa lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Markmið með lagabreytingunni var að auðvelda öldruðum að njóta hvíldar á hjúkrunarheimili og sjúkrahúsi án þess að missa bætur og stuðla þar með að því að aldraðir geti búið sem lengst í heimahúsi.

4. Vífilsstaðaspítala breytt í hjúkrunarheimili.

Húsnæði Vífilsstaðaspítala verði breytt hið allra fyrsta í hjúkrunarheimili án verulegra breytinga. Aldraðir hjúkrunarsjúklingar á sjúkrahúsum komast þar með í aðstæður sem henta betur þörfum þeirra og spítalanna. Unnt verður að veita þar allt að 70 manns þjónustu og má reikna með að árlegur rekstrarkostnaður verði þá allt að 330 millj. kr. Þess er vænst að hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum geti hafið starfsemi í upphafi árs 2003.

Efndir: Húsnæðið þurfti mun meiri lagfæringa við en í upphafi var ætlað þar sem það var ekki talið fullnægja ýmsum öryggiskröfum laga og reglugerða sem gerðar eru til húsnæðis hjúkrunarheimila. Lagfæringar tóku lengri tíma en áætlað var og var 50 rýma hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum tekið í notkun 30. janúar 2004 eftir endurbætur sem kostuðu rúmar 300 millj. kr.

Nýting húsnæðis Hólsins reyndist þegar til kom ekki henta starfseminni. Fjárveiting til þeirra rýma var því færð af Vífilsstöðum og rýmum fjölgað í staðinn á eftirfarandi hjúkrunarheimilum:

Holtsbúð, Garðabæ	12 rými
Hrafnista, Hafnarfirði	2 rými
Hrafnista, Reykjavík	3 rými
Skógarbær, Reykjavík	2 rými

Samtals hækkuðu framlög um 330 millj. kr. vegna reksturs ofangreindra rýma, þar af um 240 millj. kr. vegna Hjúkrunarheimilisins að Vífilsstöðum.

5. Breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra fái formlega það hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag, leiguígildi sem standi undir viðhaldskostnaði og stærstum hluta af fjárfest-

ingarkostnaði nýrra hjúkrunarheimila. Á næstu árum verði samið við starfandi stofnanir um húsnæðisframlag sem annars vegar taki mið af áður fengnum opinberum fjárstuðningi til uppbyggingar en hins vegar áætlaðri viðhaldsþörf. Sjóðurinn fái að fullu álögð gjöld og geri samkomulag við rekstraraðila öldrunarstofnana um húsnæðisframlag sjóðsins. Nánari viðmið þarf að setja um hlutfall greiðslna af heildarkostnaði eftir fjármögnun, sem og hlutverki og þátttöku annarra opinberra aðila. Með þessum hætti á að fást aukið svigrúm til uppbyggingar öldrunarstofnana.

Efndir: Með breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sem samþykktar voru á vorþingi 2004 er komið til móts við þessa tillögu. Lögin heimila Framkvæmdasjóði aldraðra að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili sem samþykkt hefur verið að byggja eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins, að undangengnu útboði.

Tekin hefur verið upp greiðsla húsnæðisgjalds, en því gjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi öldrunarheimila. Var greiðsla þessa gjalds tekin upp á árinu 2003. Á því ári námu greiðslur á húsnæðisgjaldi til öldrunarheimila samtals um 280 millj. kr. Þar af var þátttaka Framkvæmdasjóðs aldraðra 188 millj. kr.

Þá hefur þátttaka Framkvæmdasjóðs aldraða í almennum rekstri hjúkrunarheimila verið lækkuð frá árinu 2002 úr 409,5 millj. kr. í 231,5 millj. kr. á árinu 2006 (frumvarp 2006). Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds hjá Framkvæmdasjóði aldraðra námu 312,5 millj. kr. á árinu 2002, 696,5 millj. kr. á árinu 2005 og munu nema 770,5 millj. kr. á árinu 2006. Á árinu 2002 var 56,7% af fjárveitingu Framkvæmdasjóðs aldraðra varið til reksturs hjúkrunarheimila en á árinu 2006 verður 23,1% fjárveitingarinnar varið til reksturs hjúkrunarheimila.

6. Bygging hjúkrunarheimila.

Heilbrigðisyfirvöld leiti eftir samningum við rekstraraðila um 150–200 ný vistrými sem komist í notkun á næstu 2–3 árum. Ætla má að viðbótarrekstrarkostnaður vegna þessa geti orðið allt að 900 millj. kr. miðað við heilt ár.

Efndir: Að því er varðar fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum gerði samkomulagið við aldraða ráð fyrir fjölgun hjúkrunarrýma um 150–200 rými á næstu 2–3 árum, þ.e. árunum 2003 til 2005, auk 69 hjúkrunarrýma á Vífilsstöðum (sjá svar við 4. tölul. fyrirspurnarinnar).

Á tímabilinu 2003 til 2006 fjölgar hjúkrunarrýmum sem hér segir:

Eir, Reykjavík	40 rými	jan. 2004	
Hrafnista, Reykjavík	60 rými	september–október 2004	
Roðasalir, Kópavogi	8 rými	nóvember 2004	
Naust, Þórshöfn	5 rými	2005	(framkvæmdir tafist)
Droplaugarstaðir, Reykjavík	14 rými	október 2005	(framkvæmdir tafist)
Hlíð, Akureyri	30 rými	2004 og 2005	(framkvæmdir tafist)
Hlíð, Akureyri	30 rými	október 2006	
Fellsendi, Búðardal	11 rými	2005	

Hjúkrunarrýmum fjölgar samtals um 198 rými á árunum 2004 til 2006. Árlegur rekstrarkostnaður þessara 198 rýma nemur 1.017 millj. kr. á verðlagi ársins 2005.

Auk fyrrgreindrar fjölgunar hefur dvalarrýmum verið breytt í hjúkrunarrými og hjúkrunarrýmum með þeim hætti fjölgað um 28 rými á árunum 2003 og 2004 og um 23 rými á árinu 2005. Gert er ráð fyrir frekari breytingum á dvalarrýmum í hjúkrunarrými á árinu 2006 eða að u.þ.b. 20 dvalarrýmum verði breytt í jafnmörg hjúkrunarrými.

Í fjárlögum ársins 2004 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir 437,5 millj. kr. stofnframlagi til uppbyggingar öldrunarþjónustu eða samtals 875 millj. kr. Framlagi þessu yrði annars vegar varið til uppbyggingar öldrunarþjónustu á Akureyri (nýbygging við Hlíð), en sú framkvæmd er í gangi. Hins vegar til uppbyggingar öldrunarþjónustu í Reykjavík, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að næsti áfangi í uppbyggingu öldrunarþjónustu verði í Reykjavík, enda biðlistar þar lengstir og þörfin mest. Áformað er að hefja framkvæmdir við uppbyggingu rúmlega 100 hjúkrunarrýma í Reykjavík á næsta ári, rýma sem þá ættu að vera komin í notkun á árinu 2007.

7. Ný rekstrar- og eignarform öldrunarstofnana.

Skoðað verði samband hefðbundinna öldrunarstofnana og eiginfjármögnunar á íbúðarhúsnæði í tengslum við slíkar stofnanir. Áhugi á uppbyggingu fjölþjónustukjarna með öldrunaríbúðum eða vistrýmum í einkaeigu fer vaxandi. Settar verði skýrari reglur um réttarstöðu, einkum hvað varðar samhengi vistunarmats og forgang að þjónustu og möguleikann á að fá þjónustu í eigin þjónustukjarna.

Efndir: Þessi tillaga er til skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

8. Samningar um rekstur.

Gerðir verði formlegir samningar um rekstrarstyrki til dvalar- og hjúkrunarheimila sem kveði á um viðmið þjónustu, sem og réttindi og skyldur aðila. Óljósar reglur um viðmið fyrir rekstrarstuðning ríkissjóðs draga úr rekstrarábyrgð á sama tíma og þörf er á auknu sjálfstæði öldrunarstofnana. Mikill hallarekstur á öldrunarstofnunum dregur úr áhuga rekstraraðila á frekari uppbyggingu og vinnur því gegn markmiðum í öldrunarþjónustu. Rekstraraðilar verði valdir á grundvelli viðurkenndra viðmiða um gæði, reynslu og hagkvæmni.

Efndir: Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hefur verið farið yfir allt verklag að því er varðar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Einnig hefur verið farið yfir hlutverk og ábyrgð þeirra sem nú koma að ákvarðanatöku um úthlutun fjár til uppbyggingar öldrunarþjónustunnar með það að markmiði að skerpt verði á hlutverka- og ábyrgðarskiptingu þeirra sem að því ferli koma.

Ráðuneytið hefur yfirfarið og endurskoðað allt ferli umsókna um framkvæmda- og rekstrarleyfi öldrunarstofnana. Um áramót 2004/2005 var tekið í notkun staðlað umsóknarblað um framkvæmda- og rekstrarleyfi og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Sérstakt skilmálablað er hluti umsóknar og er ígildi samnings verði umsókn samþykkt. Þá hefur ráðuneytið gert flæðirit sem sýnir fyrirhugaða meðferð umsóknar um framkvæmda- og rekstrarleyfi innan ráðuneytis og afgreiðslu framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Flæðiritið sýnir annars vegar verkferla og hins vegar hlutverka- og ábyrgðarskiptingu allra þeirra sem að umsókn koma.

Af hálfu ráðuneytis er gengið út frá því að skilmálar umsóknar um rekstrarleyfi verði ígildi samnings. Á sérstöku skilmálablaði sem er hluti umsóknar um framkvæmda- og rekstrarleyfi eru skilmálar raktir. Þar er m.a. gerð grein fyrir valkostum við fjármögnun öldrunarstofnana, fjármögnun rekstrar og greiðslutilhögun, kröfum til þjónustu og skyldum rekstraraðila.

Tekið hefur verið upp samræmt greiðslukerfi fyrir öll hjúkrunarheimili og -deildir í landinu. Greiðslur til hjúkrunarrýma ákvarðast af reiknilíkani sem tekur mið af umönnunarþyngd íbúa og er stuðst við alþjóðlegt matskerfi (RAI) sem gefur vísbendingar um ástand og þarfir þeirra. Greiðslur eru í formi daggjalda og miðast við rými í notkun.

Með tilkomu sérstaks reiknilíkans, sem er grundvöllur greiðslu fyrir þjónustu öldrunarstofnana, eru í reynd ekki lengur forsendur fyrir umfangsmiklum og tímafrekum samningaviðræðum við einstakar öldrunarstofnanir um kaup á þjónustu. Það er hins vegar nauðsynlegt að skilmálar fyrir uppbyggingu og rekstri öldrunarstofnana og skyldur rekstraraðila og ríkis, sem kaupanda þjónustunnar, séu öllum ljósar áður en leyfi fyrir framkvæmd og rekstri er gefið út.

Það er mat ráðuneytisins að framangreint fyrirkomulag uppfylli fullkomlega þær væntingar sem bundnar voru við formlega samninga um rekstrarstyrki til öldrunarstofnana, sbr. umrætt samkomulag.

9. Sveigjanleg starfslok.

Almannatryggingalögum verði breytt á þann veg að fólk hafi af því skýran ávinning að fresta töku lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, eigi það þess kost og kjósi. Lagt er til að lífeyrisþegi, sem frestað hefur töku ellilífeyris og tengdra bóta almannatrygginga, fái álag á lífeyri sem svarar 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris hefur verið frestað fram yfir 67 ára aldur. Álagið reiknist á alla bótaflokka sem viðkomandi á rétt á við lífeyristöku en greiðist sérstaklega. Til að frestunin hafi örugglega þýðingu þarf að taka mið af henni við útreikning á áhrifum annarra tekna og er því lagt til að frítekjumörk hlutaðeigandi hækki sem því svarar þannig að ekki komi til skerðingar annarra bóta vegna áunnins álags á lífeyri.

Efndir: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur þetta mál til skoðunar og mun hann skipa nefnd á næstunni sem ætlað er að leiða málið til lykta.

259. Svar [187. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Helga Hjörvar um skuldir eftir aldri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru meðalskuldir landsmanna árið 2004 og hve stór hluti þeirra var vegna húsnæðisöflunar, skipt eftir aldri sem hér segir: 20 ára og yngri, 21–25 ára og áfram í fimm ára aldursbilum upp í 75 ára, og 76 ára og eldri?

Eftirfarandi tafla sýnir meðalskuldir landsmanna og hversu stór hluti þeirra er vegna íbúðarhúsnæðis í árslok 2004.

Meðalskuldir í árslok 2004, millj. kr.

	Meðalskuldir	Hlutfall skulda vegna húsnæðis
Hjón og sambýlisfólk		
16–20 ára	5,9	92,5%
21–25 ára	8,1	81,9%
26–30 ára	11,3	73,3%
31–35 ára	12,4	73,0%
36–40 ára	13,0	68,3%
41–45 ára	11,9	66,5%
46–50 ára	10,1	65,6%

	Meðalskuldir	Hlutfall skulda vegna húsnæðis
51–55 ára	8,9	59,2%
56–60 ára	6,9	57,6%
61–65 ára	5,4	57,5%
66–70 ára	4,1	58,0%
71–75 ára	2,6	62,6%
76 ára og eldri	1,6	68,3%
Alls	**8,7**	**66,2%**
Einhleypir og einstæðir foreldrar		
16–20 ára	0,2	66,3%
21–25 ára	1,7	65,4%
26–30 ára	4,0	67,6%
31–35 ára	5,3	69,4%
36–40 ára	5,6	68,5%
41–45 ára	5,6	67,7%
46–50 ára	5,0	70,2%
51–55 ára	4,4	69,8%
56–60 ára	3,7	70,9%
61–65 ára	2,9	71,1%
66–70 ára	2,1	76,5%
71–75 ára	1,5	76,8%
76 ára og eldri	0,8	77,0%
Alls	**2,7**	**69,0%**

Skýringar:
Hjá hjónum og sambýlisfólki miðast aldur við aldur þess sem er eldra.

260. Svar [167. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um þjóðlendumál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarkostnaður ráðuneytisins vegna þjóðlendumála, sundurliðað eftir árum og einstökum liðum?

Tegund	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
Ritföng, pappír, bréfabindi		1.083	5.908			3.591		**10.582**
Filmur, kort og annað myndefni	25.299	18.490	5.064		6.515	26.972		**82.340**
Dvalarkostnaður innan lands	18.540	142.660	195.285	67.110	289.695			**713.290**
Fargjöld og dagpeningar erlendis	398.251							**398.251**
Lögfræðingar	922.000	3.600.910	2.821.489	1.805.625	5.138.174	7.414.997	3.248.263	**24.951.458**

Tegund	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
Verkfræðingar, tæknifræðingar og arkitektar	109.237	251.665				161.177		**522.079**
Náttúru-, eðlis- og efnafræðingar		119.650	443.125	160.800		952.467		**1.676.042**
Bensín		11.177	14.690					**25.867**
Tölvuvinnsla			41.075					**41.075**
Birting auglýsinga		62.250						
Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun	53.600	200.041		5.395		1.998		**261.034**
Samtals	**1.526.927**	**4.407.926**	**3.526.636**	**2.038.930**	**5.434.384**	**8.563.206**	**3.248.263**	**28.746.272**

261. Svar [165. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað Íslenskum söfnunarkössum og Háskóla Íslands á árunum 2003, 2004 og á þessu ári:

a. í heild,

b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Dómsmálaráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslandsspili (Íslenskir söfnunarkassar) og Happdrætti Háskóla Íslands vegna fyrirspurnarinnar. Byggjast meðfylgjandi tölur á þeim upplýsingum.

Ekki reyndist unnt að fá tölur fyrir árið 2005.

	Íslandsspil	Happdrætti HHÍ
Tekjur í heild:		
2003	1.268.000.000	1.528.000.000
2004	1.278.000.000	1.874.000.000
Tekjur að frádregnum vinningum og kostnaði:		
2003	870.000.000	433.000.000
2004	857.000.000	528.000.000

262. Svar [88. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um endurgreiðslu á tannlæknakostnaði barna og unglinga.

1. *Hversu há var endurgreiðsla vegna tannlæknakostnaðar barna og unglinga á árunum 2003 og 2004, sundurliðað eftir þessum aldurshópum:*
   a. *að 6 ára aldri,*
   b. *7–12 ára,*
   c. *13–17 ára?*

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins greiddi stofnunin eftirfarandi upphæðir vegna tannlæknaþjónustu barna á tilgreindum aldri:

Ár	Aldursbil	Hlutur TR í kr.
2003:	0–3 ára	21.432.784
	4–8 ára	175.099.379
	9–12 ára	151.317.840
	13–17 ára	195.021.081
2004:	0–3 ára	20.877.196
	4–8 ára	165.411.403
	9–12 ára	143.817.795
	13–17 ára	198.398.138

2. *Hver hefði endurgreiðslan orðið ef kostnaðurinn hefði verið að fullu endurgreiddur, sundurliðað á sama hátt?*

Tryggingastofnun ríkisins skráði ekki heildarupphæðir á reikningum tannlækna á þessum árum og því er ekki hægt að sjá hver heildarkostnaður var.

3. *Hversu mörg börn fengu endurgreiðslu á árunum 2003 og 2004 í hverjum aldurshópi og hvað er það hátt hlutfall barna í þessum aldurshópum?*

Ár	Aldursbil	Fjöldi	Hlutfall, %
2003:	0–3 ára	3.099	18,5
	4–8 ára	16.176	75,5
	9–12 ára	14.967	81,9
	13–17 ára	15.870	71,8
2004:	0–3 ára	2.969	17,8
	4–8 ára	15.563	72,7
	9–12 ára	14.304	78,9
	13–17 ára	16.236	71,5

4. *Liggur fyrir rannsókn á tannheilsu barna og unglinga sem ráðherra boðaði að hrundið yrði af stað árið 2004?*

Landsrannsókn á munnheilsu Íslendinga, MUNNÍS, var hleypt af stokkunum á skólaárinu 2004–2005. Skoðað var slembiúrtak 20% barna á aldrinum 6, 12 og 15 ára á Íslandi. Samtals voru 2.254 börn skoðuð.

Áformað var að hefja skoðanir á haustmissiri 2004. Sjö vikna verkfall grunnskólakennara setti hins vegar strik í reikninginn, og varð til þess að fresta varð skoðunum þar til á vormissiri. Síðustu skoðunum lauk í lok aprílmánaðar 2005. Gagnainnsláttur var í höndum Félagsvísindastofnunar og er nýlokið. Úrvinnsla er nú að hefjast og er fyrstu niðurstaðna að vænta fyrir áramót.

5. *Eru uppi áform hjá ráðherra um frekari endurgreiðslur á tannlæknakostnaði barna?*

Þegar niðurstöður landsrannsóknarinnar MUNNÍS liggja fyrir verður farið yfir hvort breyta þarf núverandi endurgreiðslukerfi vegna tannlækninga. Þá verður hægt að skoða hvort tannheilsa barna í landinu hefur batnað eða versnað. Ef niðurstöður sýna slæma tannheilsu meðal barna kemur í ljós í hvaða hópum vandinn er mestur og verða ákvarðanir um framhaldið byggðar á faglegum forsendum.

263. Svar [110. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um uppbyggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða í samstarfi við einkaaðila, sveitarfélög eða félagasamtök á næsta fjárlagaári?*
2. *Hvað er áætlað að þjónustuíbúðum fjölgi mikið næstu þrjú árin, skipt eftir árum, sveitarfélögum og kjördæmum?*

Ráðherra skipaði stýrihóp um stefnumótun í málefnum aldraðra hinn 12. apríl 2000. Var hópnum falið það hlutverk að móta stefnu í málefnum aldraðra til ársins 2015 og skyldi hann fyrst og fremst byggja starf sitt á fyrirliggjandi upplýsingum um málaflokkinn. Stýrihópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í mars 2003.

Í upphafi skýrslunnar er kafli með helstu tillögum um stefnumótun í málefnum aldraðra. Þar segir að það sé grundvallaratriði að aldraðir haldi sjálfstæði sínu eins lengi og kostur er þannig að sem minnst röskun verði á högum þeirra þegar aldurinn færist yfir. Forsenda þess sé að tekið sé mið af þörfum aldraðra á öllum sviðum samfélagsins, svo sem varðandi heilbrigði, félagslega þjónustu, efnahag, húsnæði og aðrar aðstæður.

Í VI. kafla skýrslunnar er fjallað um húsnæðismál aldraðra en þar segir að markmið tillagna stýrihópsins sé að tryggja öldruðum húsnæði sem hentar þörfum þeirra með tilliti til félagslegra, heilsufarslegra og fjárhagslegra aðstæðna. Tilgangurinn sé að tryggja sjálfstæði aldraðra sem lengst með sjálfstæðri búsetu á eigin heimili og á eigin forsendum.

Um stefnumótun segir í skýrslunni:

„Móta þarf framtíðarstefnu þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt úrræði í húsnæðismálum aldraðra þannig að aldraðir geti búið sem lengst á eigin vegum. Leggja þarf mat á kosti og galla þeirra valmöguleika sem nú standa öldruðum til boða og endurskoða áherslur í ljósi

fenginnar reynslu. Við stefnumótun þarf að taka mið af ólíkum fjárhagslegum, félagslegum og heilsufarslegum þörfum og aðstæðum aldraðra. Tryggja þarf náið samráð og samstarf þeirra aðila sem fara með stofnanamál aldraðra, húsnæðismál aldraðra og þjónustu við aldraða í heimahúsum. Öll úrræði á hverju þessara sviða skulu saman miða að því að aldraðir geti búið sem lengst í heimahúsum. Gera þarf ráðstafanir sem fyrirbyggja að stjórnun og fjármögnun úrræða leiði til togstreitu á milli þessara þriggja sviða heldur verði það sameiginlegt markmið þeirra að veita öldruðum þjónustu og tryggja þeim úrræði sem henta best hagsmunum hvers og eins á hverjum tíma.“

Stýrihópurinn lagði áherslu á eftirtalin atriði að því er varðar húsnæðismál:

- Að fram fari mat á eignarhaldi og rekstri íbúða fyrir aldraða.
- Að gerð verði úttekt á þörf fyrir byggingar næstu 10 árin og gerð framkvæmdaáætlun í kjölfarið.
- Að stuðlað verði að aðgerðum til að auðvelda eldri borgurum að aðlaga húsnæði sitt að breyttum þörfum á efri árum.
- Að gerð verði úttekt á fjármögnun og byggingarkostnaði með það fyrir augum að lækka rekstrarkostnað íbúða og heimila fyrir aldraða.
- Að kannaðir verði kostir þess að Íbúðalánasjóði verði falið aukið hlutverk við stefnumótun.
- Að efnt verði til tilraunaverkefna með það fyrir augum að efla nýsköpun varðandi hönnun, rekstur og fjármögnun íbúða og heimila fyrir eldri borgara.
- Að eflt verði fræðslustarf fyrir eldri borgara um valkosti í húsnæðismálum.

Samkvæmt framansögðu hefur stýrihópur um stefnumörkun í málefnum aldraðra ekki lagt til að ríkið beiti sér fyrir byggingu á þjónustuíbúðum. Í skýrslunni kemur fram að valkostir í húsnæðismálum fyrir aldraða séu margir og að mikill vöxtur sé í uppbyggingu húsnæðis þar sem sérstaklega sé hugað að þörfum aldraðra. Sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki hafi byggt íbúðir til sölu eða leigu eða látið þær í té með búseturétti, afnotarétti eða með hlutareign. Stýrihópurinn telur að skortur sé á greinargóðum upplýsingum um þessa valkosti í húsnæðismálum svo að unnt sé að meta þá reynslu sem fengist hefur af mismunandi fyrirkomulagi við byggingu, rekstur og eignafyrirkomulag íbúða fyrir aldraða og til að meta hvaða áhrif þessi þróun í húsnæðismálum aldraðra hefur haft á aðstæður fólks á efri árum.

Ýmsir þættir sem fram komu í skýrslu stýrihópsins hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu en þess má geta að stefnumótun í málaflokknum nær til 15 ára. Í samræmi við skýrsluna hafa ekki verið uppi áform af hálfu ráðherra um að byggja þjónustuíbúðir fyrir aldraða.

Að lokum skal þess getið að ráðherra hefur skipað samstarfsnefnd þriggja ráðuneyta og Landssambands eldri borgara til að ræða um ýmsa þætti er tengjast sérstaklega öldruðum. Er lögð áhersla á að hafa samráð við Landssamband eldri borgara um málefni er tengjast þeim. Nefndin tók til starfa vorið 2005 og hefur ekki lokið störfum.

264. Svar [164. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um hjúkrunarrýmí í Suðvesturkjördæmi.

1. *Hversu mörg hjúkrunarrými eru í notkun í Suðvesturkjördæmi?*

Í Suðvesturkjördæmi eru samtals 398 hjúkrunarrými fyrir aldraða á hjúkrunarheimilum og sambýlum í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi. Á Hlein á Reykjalundi eru sjö hjúkrunarrými fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga. Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær hafa gert samkomulag við hjúkrunarheimilið Eir í Reykjavík um vistun ákveðins fjölda einstaklinga en þau rými eru ekki talin með hér þar sem þau tilheyra öðru kjördæmi en fyrirspurnin tekur til.

2. *Hversu mörg ný hjúkrunarrými verða tekin í notkun á árunum 2005 til og með 2008 í Suðvesturkjördæmi?*

Ekki er fyrirsjáanlegt að tekin verði í notkun ný hjúkrunarrými í Suðvesturkjördæmi á árunum 2005–2008. Hins vegar er hafinn undirbúningur að deiliskipulagi svokallaðrar Lýsislóðar í Reykjavík þar sem á næstu árum mun rísa hjúkrunarheimili í samvinnu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar. Á vegum ráðuneytisins og sveitarfélaga í Suðvesturkjördæmi, í samvinnu við einkaaðila, eru hafnar umræður um fjölbreyttari úrræði til að mæta hjúkrunarþörf aldraðra. Tekin hefur verið ákvörðun um byggingu 104 svonefndra öryggisíbúða á Álftanesi og svipaðar hugmyndir eru uppi í Mosfellsbæ. Í Kópavogi eru til skoðunar nýir valkostir í vistun fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga í stað vistunar á hefðbundnu hjúkrunarheimili. Hugsunin að baki er aukin áhersla á sjáfstæði og sjálfræði hinna öldruðu.

265. Svar [87. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði.

1. *Telur ráðherra nauðsynlegt að breyta lögum, reglum eða leiðbeinandi fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins til að koma í veg fyrir að lykilstjórnendur fjármálafyrirtækja geti hagnast á sölu hlutabréfa í viðkomandi fyrirtæki skömmu eftir að þau voru keypt?*

Um verðbréfaviðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja eru í gildi reglur 14. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, og 4. kafla leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins, nr. 1/2001. Ákvæði þessi miða að því að fyrirbyggja að viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækis rekist á við hagsmuni fyrirtækisins eða viðskiptavina þess, þ.e. að starfsmaðurinn taki ekki eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni fyrirtækisins eða viðskiptavina þess. Þannig er ákvæðunum ætlað að koma í veg fyrir að starfsmenn misnoti aðstöðu sína og upplýsingar sem þeir kunna að búa yfir í eigin viðskiptum, en slík háttsemi er til þess fallin að rýra traust og trúverðugleika viðkomandi fjármálafyrirtækis og markaðarins í heild.

Í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins til fjármálafyrirtækja kemur fram að starfsmenn skuli eiga verðbréf, sem þeir kaupa, í þrjá mánuði að lágmarki. Heimilt er að kveða á um að starfsmenn geti selt verðbréf sín áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn ef markaðsverð þeirra fer niður fyrir upphaflegt kaupverð. Sambærilega reglur í Danmörku kveða á um sex mánaða eignarhaldstíma en í Noregi er kveðið á um tólf mánaða eignarhaldstíma.

Ráðuneytið hefur nú til skoðunar hvort rétt sé að lögbinda tiltekinn eignarhaldstíma hér á landi og eftir atvikum lengja hann, en eins og áður segir er kveðið á um tímalengd í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins en ekki í lögum.

2. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að fruminnherjar geti ekki keypt hlutabréf í eigin fyrirtæki, þar sem hagsmunir þeirra vegna innri vitneskju um stöðu og afkomu gætu verið teknir fram yfir hagsmuni annarra hluthafa?*

Um viðskipti fruminnherja gilda ákvæði IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti. Reglur þessar voru endurskoðaðar á síðasta þingi með lögum nr. 31/2005, sem tóku gildi 1. júlí sl. Hinar nýju reglur taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB, frá 28. janúar 2003, um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun. Innherja er m.a. óheimilt að eiga í viðskiptum búi hann yfir innherjaupplýsingum. Þá ber fruminnherja að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá útgefanda og tilkynna það regluverði áður en viðskipti eiga sér stað. Útgefanda ber einnig að senda Fjármálaeftirlitinu innherjaskrá.

Ákvæði IX. kafla laga um verðbréfaviðskipti setja viðskiptum fruminnherja miklar skorður en ganga ekki svo langt að banna slík viðskipti með öllu. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að innherjar misnoti upplýsingar um hlutabréf í viðkomandi félagi. Eru veigamikil rök fyrir því að banna ekki með öllu viðskipti fruminnherja þar sem æskilegt er að tengja hagsmuni þeirra og hluthafanna. Kannað var hvernig þessum málum er háttað annars staðar á Norðurlöndum. Leiddi sú könnun í ljós að hvergi er þar að finna reglur sem banna alfarið viðskipti fruminnherja eða kveða á um lágmarkseignarhaldstíma þeirra. Svíar hafa þó nýverið afnumið reglu sem gerði stjórnendum skráðra félaga skylt að eiga bréf í þrjá mánuði ef um hagnað var að ræða.

Með hliðsjón að framansögðu telur ráðuneytið ekki rétt að setja í lög bann við viðskiptum fruminnherja eða kveða á um lágmarkseignarhaldstíma. Telja verður að þær nýju reglur sem Alþingi samþykkti fyrr á þessu ári um viðskipti innherja séu fullnægjandi og í samræmi við þær reglur sem tíðkast í grannríkjunum.

3. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að lykilstjórnendur fyrirtækja þurfi að tilkynna opinberlega sölu á hlutabréfum sínum með tilteknum fyrirvara og lengja verulega eignarhaldstíma fruminnherja á hlutabréfum í eigin fyrirtæki?*

Telja verður að skylda lykilstjórnenda til að kynna opinberlega sölu á hlutabréfum sínum með tilteknum fyrirvara feli í sér óviðunandi kvaðir á viðkomandi aðila sem stríði gegn meginreglum verðbréfaviðskiptalaga. Slík ráðstöfun gæti einnig haft óeðlileg og skaðleg áhrif á verðmyndun á markaði. Ráðuneytið telur því ekki tilefni til að setja slíka reglu í lög hér á landi. Varðandi eignarhaldstíma fruminnherja á hlutabréfum er vísað til umfjöllunar í 2. lið.

4. *Telur ráðherra rétt að sett verði sambærileg ákvæði í lög og reglur um fjármálafyrirtæki og gilda um heimildir til lánveitinga til stjórnenda lífeyrissjóða þess efnis að óheimilt verði að veita lán til stjórnenda og stjórnarmanna?*

Um lánveitingar til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja er fjallað í 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, þar sem kveðið er á um að þær séu háðar samþykki stjórnar og ákvarðanir skuli bókaðar. Rökin fyrir ákvæðinu eru þau að komið sé í veg fyrir að framkvæmdastjóri neyti aðstöðu sinnar til að koma á viðskiptum sem fjármálafyrirtækið hefði ella ekki staðið að. Þannig er því ætlað að fyrirbyggja að framkvæmdastjórum fjármálafyrirtækja séu veitt óeðlileg hlunnindi eða skapaðar aðstæður til að misnota aðstöðu sína að öðru leyti.

Bent er á að heimild fjármálafyrirtækja til að lána framkvæmdastjóra er undantekning frá meginreglu 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við slíkum lánveitingum.

Með setningu laganna var fellt niður það skilyrði eldri laga að slík lánveiting megi á engan hátt vera frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra. Um rökstuðning segir í greinargerð með frumvarpi til laganna: „Lagt er til að felldur verði brott áskilnaður núgildandi 1. mgr. 47. gr. laga nr. 113/1996 þess efnis að kjör í viðskiptum framkvæmdastjóra við fjármálafyrirtækið séu á engan hátt frábrugðin því sem aðrir viðskiptamenn njóti. Telja verður eðlilegra að fjármálafyrirtæki sé frjálst að ákveða sérkjör til framkvæmdastjóra ef það svo kýs, t.d. sem hluta launakjara. Áskilnaður um samþykki stjórnar tryggir að ekki sé gengið gegn hagsmunum fyrirtækisins sjálfs við slíka ákvarðanatöku."

Í 4. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, segir: „Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt." Fyrra skilyrðið um lánveitingu samkvæmt ákvæðinu um félagsaðild að viðkomandi lífeyrissjóði á augljóslega ekki við um fjármálafyrirtæki. Seinna skilyrðinu, að farið sé að þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt, svipar hins vegar mjög til ákvæðis 1. mgr. 47. gr. laga nr. 113/1996, um að kjör framkvæmdastjóra skuli á engan hátt vera frábrugðin því sem aðrir viðskiptamenn njóta. Löggjafinn ákvað hins vegar að fella það skilyrði út úr ákvæðinu við setningu laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Við skoðun á löggjöf annars staðar á Norðurlöndum kemur í ljós að a.m.k. í Danmörku og Svíþjóð eru ákvæði sem banna lán til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja á öðrum kjörum en almennt tíðkast.

Ekki verður séð að efni standi til að banna alfarið lánveitingar til lykilstjórnenda fjármálafyrirtækja þar sem slíkt bann væri óþarflega íþyngjandi. Slíkt bann var í gildi hér á landi í tíð laga nr. 86/1985 en var síðar fellt úr gildi. Á hinn bóginn telur ráðuneytið rétt að kanna hvort núgildandi ákvæði í 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, geti talist fullnægjandi til að ná þeim markmiðum sem að var stefnt og getið var hér að framan.

5. *Telur ráðherra rétt að sett verði ákvæði í lög eða reglur um kjör og ábyrgðir sem lykilstjórnendur verði að lúta ef þeir fá lánafyrirgreiðslu í eigin fjármálastofnun, og að skylt verði að upplýsa í ársreikningum um lánafyrirgreiðslu stjórnenda, ábyrgðir vegna þeirra og lánakjör?*

Í reglum Kauphallar Íslands fyrir útgefendur verðbréfa er m.a. fjallað um upplýsingaskyldu um launakjör stjórnenda og stjórnarhætti félags. Reglur þessar gilda um skráð félög í kauphöllinni og eru gefnar út í samræmi við kauphallarlög, nr. 34/1998. Í grein 2.5.6 er kveðið á um að í ársreikningi skuli greina upplýsingar um óvenjuleg viðskipti útgefanda við æðstu stjórnendur. Upplýsa skal um fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar, sem veittar hafa verið æðstu stjórnendum eða nátengdum aðilum, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála. Það er mat ráðuneytisins að framangreint ákvæði í reglum Kauphallar Íslands beri að túlka þannig að í ársreikningi fjármálafyrirtækja sem skráð eru í kauphöll beri að upplýsa um öll lánaviðskipti æðstu stjórnenda sem teljast ekki til venjulegra bankaviðskipta einstaklinga. Hefur því verið litið svo á að upplýsingagjöf um kjör æðstu stjórnenda sé nægjanlega tryggð, eins og málum er háttað hér á landi.

Um lánakjör lykilstjórnenda fjármálafyrirtækja er vísað til 4. liðar.

266. Fyrirspurn [253. mál]

til fjármálaráðherra um eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hvað les ráðherra úr þeim umfangsmiklu fjárráðstöfunum sem felast í fjáraukalögum og lokafjárlögum, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2005 þar sem segir að það ætti að heyra til algerra undantekninga að stofnað sé til skuldbindinga nema lögmæt fjárheimild sé til staðar, sbr. ákvæði í stjórnskipunarlögum?
2. Telur ráðherra það bera vott um styrka fjármálastjórn að á árinu 2004 hafi gjöld umfram fjárheimildir verið 12,7 milljarðar kr. og ónotaðar fjárheimildir 19,5 milljarðar kr.? Telur ráðherra umfang þessara heimilda ásættanlegt?
3. Hvernig hafa umframfjárveitingar og ónotaðar fjárveitingar þróast á síðustu fimm árum?
4. Telur ráðherra að gildandi reglur um framkvæmd fjárlaga séu fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvaða þættir eru það sem bæta þarf úr?
5. Telur ráðherra að fagráðuneytin og einstakar stofnanir hafi brugðist við eins og mælt er fyrir um í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta?
6. Telur ráðherra að eðlilega hafi verið tekið á vanda þeirra stofnana sem safnað hafa umtalsverðum halla á síðustu árum?
7. Hve margar stofnanir glíma við uppsafnaðan halla umfram 4% samkvæmt útkomuspá fyrir yfirstandandi ár?
8. Hefur ákvæðum 49. gr. fjárreiðulaga um ábyrgð forstöðumanna verið beitt vegna framkvæmdar fjárlaga? Ef svo er, hversu oft og hvenær?
9. Hefur fjármálaráðuneytið stöðvað greiðslur til þeirra stofnana sem fara umfram 4% mörkin þar til gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana, svo sem niðurskurðar í rekstri eða að Alþingi samþykki viðbótarheimild, eins og Ríkisendurskoðun leggur til í áðurnefndri skýrslu? Ef svo er, í hvaða tilvikum? Hver er afstaða ráðuneytisins til þessa úrræðis?

Skriflegt svar óskast.

267. Fyrirspurn [254. mál]

til félagsmálaráðherra um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið fjármagn hefur verið sett til að hrinda í framkvæmd áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004? Hvaða áform eru um árlegt fjármagn til verkefna sem tengd eru áætluninni fram til loka hennar árið 2008 og hefur verið gerð markviss áætlun um fjárþörf á tímabilinu?

2. Hvað hefur verið gert til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra kvenna á vinnumarkaðinum, sbr. áætlunina frá maí 2004, og hefur verið lagt aukið fjármagn í það verkefni?
3. Hvað líður þeim áformum í áætluninni að ráðuneyti og stofnanir setji sér samræmdar jafnréttisáætlanir fyrir árslok 2005?
4. Hvað líður úttekt á áhrifum launakerfis ríkisins á launmun kvenna og karla sem taka átti til launa og hvers konar frekari þóknana í samræmi við 2. mgr. 14. gr. jafnréttislaga og hvenær má vænta niðurstöðu?

268. Fyrirspurn [255. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi í áætlun um jafnréttismál hinn 28. maí 2004 og hvernig hefur verið staðið að undirbúningnum?
2. Er unnið í samræmi við 22. gr. jafnréttislaga, um jákvæða mismunun, og 14. gr. sömu laga, um að hvers konar þóknanir og hlunnindagreiðslur reiknist til launa, eins og kveðið var á um í jafnréttisáætluninni?
3. Er áætlunin unnin í samráði við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og hefur ráðherra hafið viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að gerðar verði sambærilegar framkvæmdaáætlanir sem taki til almenna vinnumarkaðarins?
4. Hvenær er stefnt að því að áætlunin verði að fullu komin til framkvæmda?

269. Fyrirspurn [256. mál]

til félagsmálaráðherra um jafnréttisfræðslu fyrir ráðherra og stjórnendur opinberra stofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað hefur ráðherra gert til að hrinda í framkvæmd fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneyta og að koma á jafnréttisfræðslu fyrir pólitískt kjörna fulltrúa hjá framkvæmdarvaldinu?

270. Fyrirspurn [257. mál]

til heilbrigðisráðherra um rafræna sjúkraskrá.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðuneytið koma á rafrænni sjúkraskrá á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Ef svo er, hvernig gengur það verk og hvenær er áætlað að því ljúki?

271. Fyrirspurn [258. mál]

til utanríkisráðherra um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða einstaklingar höfðu diplómatísk vegabréf 1. september sl., sundurliðað eftir töluliðum 2. gr. reglna um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf frá 14. janúar 2004?
2. Hvaða einstaklingar höfðu þjónustuvegabréf 1. september sl., sundurliðað eftir töluliðum 3. gr. reglna um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf frá 14. janúar 2004?

Skriflegt svar óskast.

272. Fyrirspurn [259. mál]

til iðnaðarráðherra um verð á heitu vatni.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að orkunotendur geti borið saman verð á milli hitaveitna RARIK? Ef svo er, þá hvenær?
2. Hverjar eru helstu forsendur fyrir mismunandi orkuverði hjá hitaveitum RARIK sem nota jarðvarma?

273. Fyrirspurn [260. mál]

til iðnaðarráðherra um störf hjá Rarik.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu mörg störf voru hjá Rarik frá 1995 til dagsins í dag á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan höfuðborgarsvæðis hins vegar, sundurliðað eftir landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

274. Fyrirspurn [261. mál]

til samgönguráðherra um eldsneytisflutninga til Keflavíkurflugvallar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hefur ráðherra einhver áform um að beita sér fyrir því að hætt verði að flytja um 80.000 tonn af eldsneyti með tankbílum frá Reykjavík um Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þessu eldsneyti verði frekar skipað upp í Helguvíkurhöfn?
3. Hefur farið fram áhættugreining á þessum miklu eldsneytisflutningum um byggð á höfuðborgarsvæðinu, eftir Reykjanesbraut til Keflavíkurflugvallar?
4. Ef fyrirhugaðar eru aðgerðir af hálfu ráðherra, hverjar eru þær og hvenær er þeirra að vænta?

275. Fyrirspurn [262. mál]

til samgönguráðherra um bílaumferð og varpstöðvar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa samgönguyfirvöld gert ráðstafanir til að draga úr hættu á því að villtir fuglar verði fyrir bifreiðum í grennd við varplönd og uppeldissvæði á sumrin, og þá hverjar?
2. Hafa stjórnvöld yfirsýn yfir staðsetningu og stærð varp- og uppeldissvæða fugla við þjóðvegi landsins?
3. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum bílaumferðar á varpstöðvar hér á landi?

276. Fyrirspurn [263. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um útgáfu talnaefnis um umhverfismál.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður útgáfu Hagstofunnar á riti á borð við Umhverfistölur sem út kom árið 1997?
2. Er að vænta reglulegrar skýrslugjafar um umhverfismál frá stofnuninni?

277. Fyrirspurn [264. mál]

til menntamálaráðherra um jafnan rétt til tónlistarnáms.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja:
a. að nemendur alls staðar á landinu hafi jafna möguleika til tónlistarnáms,
b. að kennslukostnaður allra tónlistarnemenda sé greiddur eins og lög gera ráð fyrir,
c. að ekki sé farið á svig við ákvæði laga um einkakennslu í aðalnámsgrein?

278. Fyrirspurn [265. mál]

til menntamálaráðherra um framtíð Hönnunarsafns Íslands.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður samningaviðræðum við bæjaryfirvöld í Garðabæ um framtíð Hönnunarsafns Íslands?

279. Fyrirspurn [266. mál]

til samgönguráðherra um vegaframkvæmdir í Heiðmörk.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hyggst ráðherra heimila Vegagerðinni að leggja bundið slitlag á veg um Heiðmörk? Ef svo er, hvenær hefjast framkvæmdir og hvenær er áætlað að þeim ljúki?
2. Hefur verið gert umhverfismat vegna þessara framkvæmda? Ef svo er ekki, verður það gert áður en þær hefjast?

280. Frumvarp til laga [267. mál]

um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stjórnsýslukæra og frestir.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til samgönguráðuneytis, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun stofnunarinnar. Um málskot til dómstóla fer eftir almennum reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það miðar að því að leggja niður úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Fyrstu ákvæði um úrskurðarnefndina voru sett með lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun. Með þeim lögum varð Póst- og fjarskiptastofnun sjálfstæð og óháð ráðuneytinu í daglegum störfum sínum þrátt fyrir að hún heyrði undir það stjórnskipulega. Kveðið er á um að stjórnsýsluákvarðanir stofnunarinnar yrðu ekki kærðar til ráðuneytisins heldur til sérstakrar úrskurðarnefndar, til endanlegrar úrlausnar á stjórnsýslustigi. Höfð var hliðsjón af sérstakri áfrýjunarnefnd um samkeppnismál en lögð var áhersla á sjálfstæði nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum (ráðherra), sbr. almennar athugasemdir í frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun (149. mál 121. löggjafarþings) og athugasemdir við 10. gr. frumvarps til laga um Póst- og fjarskiptastofnun (240. mál 125. löggjafarþings).

Úrskurðarnefndin starfar nú skv. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, sem tóku gildi 25. júlí 2003. Áður starfaði hún samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 110/1999 og, eins og áður sagði, í upphafi skv. 8. gr. laga 147/1996, um sama efni. Samkvæmt núgildandi lögum verða ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar kærðar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi en þeim má síðan skjóta til dómstóla. Óheimilt er að bera ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndarinnar liggur fyrir.

Þegar ákvæðin um úrskurðarnefndina voru fyrst sett 1996 var megintilgangurinn að tryggja sjálfstæði úrskurðaraðilans gagnvart stjórnvöldum sem voru stærsti eignaraðilinn að hlutabréfum í Landssímanum hf. Fyrirtækið hefur nú verið selt. Ljóst er að ekki eru jafnríkar ástæður til sérstakrar sjálfstæðrar úrskurðarnefndar við þær aðstæður. Í gildistökuákvæðinu er gert ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2006.

II. Tvö stjórnsýslustig og ábyrgð á stefnumörkun.

Í réttarríki er leitast við að tryggja öryggi borgaranna með því að skapa aðgengilega og ódýra leið til að fá faglega og hlutlæga endurskoðun stjórnvaldsákvarðana. Í því efni eru einkum þrjár leiðir tiltækar, ákvörðun stjórnvalds er skotið til æðra setts stjórnvalds, til sérstaklega skipaðrar úrskurðarnefndar eða til stjórnsýsludómstóls. Þar sem stjórnsýsludómstól

er ekki til að dreifa hér á landi stendur val löggjafans um tvær fyrstnefndu leiðirnar. Fjölmargar úrskurðarnefndir starfa samkvæmt lögum, hver á þröngu sviði. Reynslan hefur leitt í ljós að slíkt fyrirkomulag þykir heppilegast á sviðum þar sem mikill fjöldi mála er til úrlausnar, sbr. yfirskattanefnd og úrskurðarnefnd almannatrygginga.

Úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála hefur, eins og áður segir, starfað í átta ár. Á síðustu þremur árum hefur hún kveðið upp samtals tólf úrskurði. Ef miðað er við hvernig aðilar málanna hafa unað úrskurðunum er reynslan góð af starfi nefndarinnar, en ráðuneytinu er ekki kunnugt um að neinn þeirra hafi farið fyrir almenna dómstóla. Aftur á móti er ráðuneytið reiðubúið til að axla sjálft ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði og mundi með því byggjast upp innan ráðuneytisins frekari þekking en nú er á póst- og fjarskiptamálum. Úrskurðarnefnd hefur ekki með höndum hlutverk við almenna stefnumörkun og hefur ekki stöðu til að fylgja úrskurðum sínum eftir.

III. Framkvæmd í öðrum ríkjum.

Fyrirkomulag málskots er með ýmsum hætti í Evrópu en ekki um samræmda framkvæmd að ræða. Í flestum ríkjum verður niðurstöðu stjórnvalda (fjarskiptaeftirlitsstofnana) skotið beint til dómstóla eða stjórnsýsludómstóls. Má þar nefna Ítalíu, Sviss, Spán, Finnland, Lúxemborg, Ungverjaland, Kýpur, Holland, Svíþjóð, Þýskaland, Austurríki og Tékkland. Þetta er svipað í Portúgal, Frakklandi og Póllandi, en þar ræðst það af eðli ákvarðana hvort þeim verður skotið til stjórnsýsludómstóls eða almennra dómstóla. Í Danmörku verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til stjórnarnefndar um kvartanir vegna fjarskiptamála (upplýsingar úr skýrsludrögum um samanburð á framkvæmd þessara mála innan IRG). Í Noregi verður ákvörðunum eftirlitsstofnunar skotið til æðra stjórnvalds líkt því sem lagt er til hér.

IV. Kostnaður o.fl.

Ekki er reiknað með auknum heildarkostnaði af breytingunni. Ráða þarf sérfræðing á þessu sviði í ráðuneytið en á móti fellur niður kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu sem lögð er til á greininni er úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála lögð niður. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar verða kæranlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga. Kærufrestur er fjórar vikur sem er sami frestur og ætlaður var vegna kæru til úrskurðarnefndarinnar. Ástæða þykir til að hafa hann styttri en stjórnsýslulögin kveða almennt á um, m.a. til að tryggja tilvist fjarskiptagagna sem og að aðili sem vill kæra geri það án ástæðulauss dráttar. Um málskot til dómstóla fer eftir almennum reglum og ekki er lengur gert ráð fyrir að stjórnsýslukæra sé forsenda málshöfðunar fyrir almennum dómstólum. Stjórnsýslukæra er hins vegar skjótvirkara úrræði sem borgararnir eiga rétt á.

Um 2. gr.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja niður úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar verða kæranlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt almennum reglum stjórnsýslulaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

281. Frumvarp til vatnalaga. [268. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar.
2. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
3. *Búsþarfir:* Búsþarfir til kvikfjárræktar.
4. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
5. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.

6. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
7. *Grunnvatn:* Allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Jarðhiti:* Jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn sem flytur jarðvarmaorku.
11. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
12. *Mannvirki:* Hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun.
13. *Merkivatn:* Vatn það sem ræður landamerkjum.
14. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
15. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting orkulinda sem byggist á breytingu einnar tegundar orku í aðra.
16. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki til orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.
17. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
18. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það.
19. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, borholur eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
20. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
21. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/sek. eða m^3/sek.
22. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
23. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til stýringar á rennsli vatns.
24. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
25. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
26. *Vatnsvirki:* Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.
27. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Eignarhald á vatni.

4. gr.
Eignarréttur að vatni.

Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.

5. gr.

Sameign á vatni.

Fasteignareigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Ef ekki verður samkomulag um nýtingu skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu vatns sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki fasteigna tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting vatns verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast sé að nýta vatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

6. gr.

Ef merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn í farvegi skal hvorri fasteign fylgja jafn réttur til vatnsins þó að ekki skiptist til helminga um miðlínu. Ef vatn er svo lítið að ekki nægi báðum eða öllum skal ákveða skipti og notkun þess með mati dómkvaddra matsmanna.

7. gr.

Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá fasteign.

Ekki má skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi ráðherra.

8. gr.

Aðskilnaður vatns frá fasteign og skipting vatnsréttinda.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti fasteignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti fasteignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

9. gr.

Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.

Nú eiga menn fasteign í félagi og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignar ákveðið að ráðast í framkvæmdir enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af henni ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna.

III. KAFLI
Landamerki í vötnum.

10. gr.
Landamerki í vatnsföllum.

Nú skilur vatnsfall fasteignir og á þá hvort land í miðjan farveg nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð.

Ekki breytast merki þótt farvegur breytist.

11. gr.
Landamerki í stöðuvötnum.

Nú liggur fasteign að stöðuvatni og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd skal miðlína þess ráða merkjum nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.

Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og er sundið mjórra en 230 metrar og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

Ef breyting verður á vatnsbotni skulu netlög vera þar sem þau voru áður.

12. gr.
Landamerki milli fasteigna sem liggja að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin.

Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin og fylgja þá netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni.

IV. KAFLI
Farvegur.

13. gr.
Forn farvegur.

Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

Óheimilt er fasteignareiganda eða öðrum nema lög heimili:

1. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,
2. að gerstífla vatnsfall eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
3. að veita vatni af fasteign sinni á aðra fasteign ef af því stafar tjón eða hætta.

14. gr.
Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem slíkt bakar honum. Ef ágreiningur verður skal skorið úr með eignarnámsmati.

Nú hefur sama ástand haldist í 20 ár eða lengur og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

V. KAFLI
Aðgangsröð að vatni.

15. gr.
Forgangur að vatni.

Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.

Heimilt er fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra fasteign ef eiganda þeirrar fasteignar verður ekki óhæfilegur bagi að enda sé slík vatnstaka á eigin fasteign ómöguleg eða til muna erfiðari. Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum. Náist ekki samkomulag með aðilum um bætur skulu þær ákveðnar með eignarnámsmati.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda. Um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi.

16. gr.
Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim sem í 15. gr. segir og á þá hver sú fasteign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum.

Ef menn greinir á um það hversu hver þurfi mikils vatns skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

17. gr.
Vatnsból.

Nú gerir fasteignareigandi vatnsból á fasteign sinni og skal hann þá gæta þess að ekki sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að vatnsbólum annarra fasteignareigenda. Komi upp ágreiningur um nýtingu vatns fer um hann skv. 2. mgr. 5. gr.

VI. KAFLI
Nýting vatnsorku.

18. gr.
Takmarkanir á orkunýtingarrétti.

Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum skv. 15. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi.

19. gr.
Er merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim til orkuvinnslu.

Eigandi hvorrar fasteignar fyrir sig á rétt til svo mikils af vatnsorkunni sem svarar hálfu vatnsflæði merkivatnsins og fallhæð þeirri sem er fyrir landi hans enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

VII. KAFLI
Mannvirki.

20. gr.
Mannvirki varðar tvær fasteignir.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu. Nú verða þeir sammála um framangreint, en greinir á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

21. gr.
Heimild til framkvæmda.

Ef fasteignareigandi gerir stíflu í vatnsfarvegi og veitir vatni úr náttúrulegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsnota, skal þess gætt að ekki séu gerðar skemmdir á fasteignum annarra manna um nauðsyn fram. Ekki má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg ef unnt er og svo fljótt sem kostur er.

Ef nauðsyn krefur getur ráðherra veitt eiganda fasteignar skv. 1. mgr. heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

22. gr.
Breyting á vatnsfarvegi.

Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. afnot af fasteignum annarra manna og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.

Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

23. gr.
Heimild til vatnsmiðlunar.

Leita skal leyfis Orkustofnunar til að framkvæma vatnsmiðlun eða breyta henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

24. gr.

Heimild eiganda til að veita vatni af fasteign sinni.

Ef nauðsyn krefur má fasteignareigandi veita vatni af fasteign sinni á aðrar fasteignir enda sé ekki unnt að losna við það með öðrum hætti. Með sama hætti má hann veita vatni í skurði á aðrar fasteignir eða grafa þar skurði í því skyni, en skurðum skal þá svo langt fram haldið að eigendum annarra fasteigna verði ekki óþarfur bagi að. Ráðherra getur heimilað eignarnám til afnota af fasteign manns í þessu skyni. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

25. gr.

Niðurlagning mannvirkis.

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þar með talið stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt.

26. gr.

Aðgæsluskylda.

Mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt þessum kafla skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

VIII. KAFLI

Vatnafélög.

27. gr.

Stofnun vatnafélaga.

Heimilt er fasteignareigendum að stofna félag um:

1. Vatnsveitu.
2. Áveitu.
3. Varnir við ágangi vatns.
4. Vatnsmiðlun.
5. Annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum.

Fara skal um félög skv. 1. mgr. svo sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Stofnfundarboð.

Þeir fasteignaeigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 27. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu. Komi til löglegrar stofnunar félagsins telst kostnaður allur af fundarboði, fundarhaldi, uppdráttum af fyrirhuguðum framkvæmdum og mannvirkjum o.s.frv. til stofnkostnaðar.

29. gr.

Efni samþykktar.

Þegar ákveðið hefur verið að stofna félag skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

1. nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing,
2. verkefni félags,
3. skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert

vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda,
4. eigendur hvaða fasteigna taki þátt í félaginu, svo að ekki verði um það villst, og um atkvæðisrétt á félagsfundum,
5. reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun,
6. hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti,
7. hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess sem félagsskapurinn hefur í för með sér,
8. hvaða kvaðir eða eignarhöft leggjast á fasteignir þær sem þátt taka í félagsskapnum,
9. árstillög félagsmanna,
10. hvaða reglum skuli eftir farið ef breyta á samþykktum félagsins,
11. inntöku nýrra félaga, sbr. 30. gr.,
12. heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 31. gr.,
13. hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

Í samþykktum skal kveðið svo á að afl atkvæða ráði úrslitum. Ef sérstök ástæða þykir til má ákveða í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum.

Gildi samþykkta vatnafélags er háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

30. gr.

Nýir félagar.

Rétt er að taka nýja menn í félag ef lögmætur félagsfundur samþykkir.

Hverjum þeim sem ekki hefur í upphafi tekið þátt í vatnsveitufélagi í þeim tilgangi sem tilgreindur er skv. 27. gr. er heimilt að gera það síðar enda liggi fasteign hans með þeim hætti að þátttaka hans valdi ekki verulegu óhagræði. Náist ekki samkomulag um heimild til aðildar og/eða um greiðslu endurgjalds, sbr. 4. mgr., skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins.

Nú bætist nýr maður í félag og skal hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði, þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

31. gr.

Úrsögn.

Segja má maður sig úr félagi, en skal hann þá fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans. Úr ágreiningi skal skorið með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef maður segir sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu.

32. gr.
Ábyrgð á skuldum.

Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

33. gr.
Slit félags.

Félagi skal slíta:

1. ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar,
2. ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess,
3. ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félagið setti sér, eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram; ágreiningi um það hvort skilyrði félagsslita samkvæmt þessum tölulið séu fyrir hendi skal til lykta ráðið með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef helmingur félaga eða meira krefst þess er skylt að kjósa skilanefnd til að standa fyrir skiptum félagsins og fer um vald hennar sem skilanefndar við slit hlutafélags.

Ef eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum skal því sem á vantar skipta á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Hver félagi ábyrgist einungis sinn hluta.

Um skiptin fer annars samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

IX. KAFLI
Stjórnsýsla.

34. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

35. gr.
Tilkynningarskylda.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar veiðimálastjóra er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. VII. kafla laga nr.76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Veiðimálastjóri skal þegar honum berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum.

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til framkvæmda og starfsemi á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Orkustofnun skal gera tilkynningarskyldum aðila grein fyrir því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst stofnuninni hvort hún hyggst banna tilkynntar framkvæmdir, setja skilyrði fyrir þeim skv. 3. mgr. eða gera aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Berist athugasemdir Orkustofnunar ekki tilkynningarskyldum aðila innan

frestsins skal líta svo á að engar athugasemdir séu gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ákveði Orkustofnun að setja tilkynningarskyldum aðila skilyrði skv. 3. mgr. skal ákvörðun liggja fyrir innan fjögurra vikna frá lokum fjögurra vikna frests samkvæmt þessari málsgrein.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Eftirlit og úrræði.

Orkustofnun hefur stjórnsýslu og eftirlit með vatnsnýtingu og framkvæmdum samkvæmt lögum þessum. Telji Orkustofnun að framkvæmdir eða starfsemi í vötnum samræmist ekki lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Orkustofnun skal upplýsa ráðherra um brot leyfishafa sem varðað geta dagsektum. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Ef brot eru ítrekuð eða stórfelld getur Orkustofnun fellt niður leyfi samkvæmt lögum þessum og bannað framkvæmdir eða starfsemi sem heimilar eru á grundvelli 35. gr.

Áður en gripið er til úrræða skv. 1. og 2. mgr. skal Orkustofnun ávallt veita skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

X. KAFLI

Eignarnáms- og bótaákvæði.

37. gr.

Eignarnám.

Ráðherra getur heimilað að vatnsréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

38. gr.

Endurgjald.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um vatnsréttindin og kostnað af notkun. Einnig skal við ákvörðun eignarnámsbóta koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Að öðru leyti fer um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum.

39. gr.

Dómkvaddir matsmenn.

Nú segir í lögum þessum að skorið skuli úr ágreiningi með mati dómkvaddra matsmanna og fer þá um dómkvaðningu, þar með talið kostnað af mati, samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um starfrækslu vatnafélaga.

41. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

42. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma vatnalög, nr. 15/1923.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Um vatnafélög sem starfrækt eru við gildistöku laga þessara skulu gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara og samþykktir félagsins eftir því sem við getur átt. Þau félög skulu þó laga starfsemi sína að lögum þessum fyrir 1. janúar 2006.

43. gr.
Breytingar á ýmsum lögum á sviði vatnamála.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.
   a. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

      Sveitarfélög sjá um að leggja fráveitur eftir því sem þörf er á, þ.e. leiðslukerfi og búnað til meðhöndlunar á skolpi. Eigendum fasteigna er skylt á sinn kostnað að annast lagningu leiðslna fyrir skolp að lóðarmörkum. Sveitarfélögum er heimilt að leggja gjald á fasteignir til þess að standa straum af kostnaði við að leggja og reka fráveitur. Gjald, sem kveðið skal á um í gjaldskrá, sbr. 5. mgr. 25. gr., getur tekið mið af flatarmáli húss eða lóðar eða fasteignamati og hvoru tveggja. Í gjaldskrá er einnig hægt að kveða á um sérstakt gjald fyrir tengingu við fráveitu.

      Sérstaka ívilnun má veita ef lóð er svo háttað að erfiðara er að koma skolpi eða afrennsli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt og sérstakt aukagjald má á leggja ef skolp frá einhverri lóð er svo á sig komið að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skolpi.

      Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum ellieða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.
   b. 25. gr. laganna orðast svo:

      Sveitarfélög setja sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

      1. bann og takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,

2. meðferð úrgangs,
3. lagningu fráveitna og greiðslu stofn- og rekstrarkostnaðar vegna þeirra,
4. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
5. ábyrgðartryggingar.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

Samþykktir samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Sveitarfélög setja sér gjaldskrár um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við lagningu fráveitu og við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar stofnkostnaður við fráveitu, leyfi, leiga eða þjónusta eru tengd notkun fasteignar. Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

2. 18. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, orðast svo:
Almenningi er heimil för um vötn með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum og eftir atvikum öðrum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan iðnaðarráðherra og er því ætlað að leysa af hólmi vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Endurskoðun vatnalaga hófst árið 2001 og var markmið hennar að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hefur verið á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna. Ljóst var að einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna væru úrelt eða væri betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar. Ráðherra fól Eyvindi G. Gunnarssyni hdl. að semja drög að frumvarpi til nýrra vatnalaga sem taka skyldu mið af þessum atriðum og leysa gildandi vatnalög af hólmi. Hinn 20. mars 2003 skipaði ráðherra svo nefnd sérfræðinga og hagsmunaaðila til þess að skila endanlegu frumvarpi til vatnalaga til ráðherra. Í nefndinni áttu sæti Karl Axelsson, hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Eyvindur G. Gunnarsson hdl., varaformaður, Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun, Gunnar Sæmundsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Hjörleifur B. Kvaran hrl., þáverandi borgarlögmaður en nú lögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Ágústsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af umhverfisráðuneytinu, og Örlygur Þórðarson hdl., tilnefndur af Samorku. Þá starfaði með nefndinni Pétur Örn Sverrisson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti. Afrakstur þeirrar vinnu var lagður fram í formi frumvarps til vatnalaga á 131. löggjafarþingi en það varð ekki útrætt. Það frumvarp hefur verið tekið til nokkurrar endurskoðunar. Hefur í fyrsta lagi verið tekið tillit til athugasemda sem bárust iðnaðarnefnd við fyrra frumvarpið svo sem efni hafa staðið til. Í öðru lagi hefur verið haft samráð um endurskoðunina við umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þess. Í þriðja lagi var frumvarpið borið undir ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999. Bárust nokkrar athugasemdir frá nefndinni og

var brugðist við þeim eins og kostur var. Að endurskoðun frumvarpsins komu Karl Axelsson, Eyvindur G. Gunnarsson, Pétur Örn Sverrisson, Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti, og Elín Smáradóttir, lögfræðingur Orkustofnunar.

II. Þörfin á endurskoðun vatnalaga, nr. 15/1923.

Vatnalög, nr. 15/1923, hafa um árabil verið helsta réttarheimildin um vatnsréttindi hér á landi. Í ýmsum öðrum lögum er þó minnst á vatnsréttindi með einum eða öðrum hætti. Tiltölulega fáar breytingar hafa verið gerðar á lögunum á þeim tíma sem liðinn er frá setningu þeirra. Má segja að lögin hafi staðist vel tímans tönn enda þótt þau séu komin nokkuð til ára sinna. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu vatnalaga hafa hins vegar orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna svo fátt eitt sé nefnt. Þá miða vatnalögin að ýmsu leyti að því að leysa önnur vandamál en þau sem eru efst á baugi nú á dögum. Má því segja að tímabært hafi verið að endurskoða lögin.

Hafa verður í huga að vatnalögin voru á sínum tíma heildarlöggjöf um vatnsréttindi. Lögin tóku jafnt til einkaréttarlegra hagsmuna eigenda vatnsréttinda og almannahagsmuna. Þannig falla lögin bæði innan sviðs allsherjarréttar og einkaréttar. Reglur allsherjarréttarins eru fyrst og fremst settar til verndar hagsmunum samfélagsins í heild, t.d. náttúruvernd, en reglur einkaréttarins eru settar til verndar tilteknum einstaklingshagsmunum, þótt engan veginn sé flokkun þessi einhlít. Við samningu frumvarps þessa hefur verið tekið tillit til þess að sett hefur verið ýmiss konar löggjöf á sviði allsherjarréttar sem tekur til vatns. Sem dæmi má nefna að lög og reglugerðir á sviði umhverfisréttar taka nú til óhreinkunar vatna. Þá eru sérstök lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Einnig má eðlilegt teljast að um holræsi sé mælt fyrir í öðrum lögum en vatnalögum. Við samningu þessa frumvarps hefur þessum þáttum verið haldið fyrir utan. Engu að síður er ljóst að vatnalög geta ekki einungis tekið til einkaréttarlegra hagsmuna heldur hljóta opinberir hagsmunir einnig að koma þar við sögu. Hagsmunir samfélagsins af hagkvæmri nýtingu vatns og skynsamlegri stjórn þeirrar auðlindar sem felst í vatni eru miklir.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var tekin ákvörðun um að lögleiða í íslenskan rétt hluta af rétti Evrópusambandsins. Sem stendur er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB frá 2000 (Water Framework Directive (2000/60/EC)) hér á landi. Tilskipunin tekur til vatnafars og vatnabúskapar í víðasta skilningi þar sem lögð er áhersla á umhverfið og verndun þess. EFTA-löndin sem eru aðilar að EES-samningnum, Ísland, Liechtenstein og Noregur, hafa gert kröfu um aðlögun að tilskipuninni þar sem hluti hennar falli ekki undir EES-samninginn. Þau atriði sem liggja utan samningsins varða náttúruvernd, dýravernd, auðlindastjórn og gjaldtöku/skattlagningu fyrir vatnsnotkun. Viðræður standa nú yfir milli framkvæmdastjórnar ESB og EFTA-skrifstofunnar um aðlögunartexta og er reiknað með að þeim ljúki fljótlega eftir áramótin næstu. Gangi kröfur EFTA-landanna þriggja eftir mun lögleiðing tilskipunarinnar taka til notkunar og meðhöndlunar á vatni sem kann að leiða til mengunar eða rýrt getur gæði vatns og umhverfi þess. Þarf þar að kveða á um stjórn vatnsnotkunar, rannsóknir og vöktun á vatnsgæðum og vatnafari til þess að stuðla að vernd vatns og sjálfbærri notkun. Þannig þarf að leiða í lög hér á landi stjórn vatnsverndar og liggur þegar fyrir í drögum frumvarp þess efnis sem unnið var á vegum starfshóps umhverfisráðuneytisins sem starfar að lögleiðingu áðurnefndrar tilskipunar og í eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Sú löggjöf mun falla undir umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun en tryggt verður náið samráð við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun. Frumvarp það sem hér er lagt fram á í engu

að skarast við væntanlegt frumvarp um stjórn vatnsverndar. Er við það miðað að frumvarp þetta skarist ekki við tilskipun Evrópusambandsins um verndun vatna. Þá skipta reglur af umhverfisréttarlegum toga meira máli en áður, ekki einungis vegna áhrifa Evrópuréttar, heldur einnig í skuldbindingar af alþjóðlegum toga. Hér má sérstaklega nefna Ríó-sáttmálann (samning um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994, sjá C-deild Stjórnartíðinda 1995, bls. 169–198), en þar hafa líffræðilegur fjölbreytileiki og sjálfbær þróun öðlast sess sem meginreglur við nútímaauðlindastjórn.

Vatnalög, nr. 15/1923, skiptast í átján kafla og höfðu þau upphaflega að geyma 155 greinar. Þau hafa að mestu leyti staðið óbreytt frá 1923. Eins og áður segir hafa orðið miklar samfélagsbreytingar frá gildistöku laganna. Einnig hafa orðið breytingar á stjórnsýslu hér á landi á þessum tíma. Þá skarast ýmis önnur löggjöf við vatnalögin, einkum á sviði umhverfisréttar, sem gerir þetta svið réttarins óglöggt yfirlits. Eftir því sem hagsmunir af notkun vatna hafa aukist hefur hættan á hagsmunaárekstrum orðið meiri.

III. Inntak vatnsréttinda samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923.

Algengt er að telja einstakar heimildir eða þætti eignarréttar yfir fasteignum sem sérstök réttindi. Eitt dæmi þess eru vatnsréttindi en einnig má nefna námuréttindi, veiðiréttindi, rekaréttindi o.fl. Slíkt haggar því þó ekki að umrædd réttindi eru hluti tiltekinnar fasteignar og nýting þeirra og ráðstöfun því þáttur í ráðstöfun og nýtingu fasteignarréttinda nema réttindin hafi löglega verið skilin frá fasteigninni og fengin öðrum aðila í hendur.

Samkvæmt framansögðu eru vatnsréttindi flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteignum. Þau fjalla um þær heimildir fasteignareiganda sem beinlínis lúta að umráðum og hagnýtingu vatns á landareign. Sú meginregla kemur fram í 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Þar er hins vegar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þar á meðal réttinn til orkuvinnslu skv. 49. gr. laganna. Sú afmörkun á inntaki eignarráða vatnsréttinda fasteignareiganda, sem birtist í meginreglu þessari, hefur mikla sérstöðu í samanburði við almenna skilgreiningu eignarréttarhugtaksins. Ástæðan er sú að hér er á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um það hvað felist í tilteknum heimildum eignarréttar að vatni. Skal nú nánar að þessu vikið.

Hugtakið eignarréttur hefur almennt verið skilgreint svo í síðari tíma lögfræði að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu. Hér er um að ræða svokallaða neikvæða skilgreiningu, þ.e. hún tilgreinir ekki með upptalningu hverjar heimildir eigandinn hefur yfir verðmætinu heldur er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans, hvort heldur sem það hefur gerst með lögum eða samningi.

Ástæða þess að fremur er stuðst við neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur er sú að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar eru upp allar heimildir eiganda, sem í eignarrétti geta falist, yrði of viðamikil og sennilega aldrei tæmandi og því í eðli sínu ófullkomin. Í íslenskum lögum er víða byggt á því grundvallarsjónarmiði að á bak við eignarrétt búi heimildir til hvers konar nýtingar og ráðstafana nema sérstakar takmarkanir séu á því gerðar. Kemur þetta einkum fram í löggjöf sem mælir fyrir um hagnýtingu tiltekinna réttinda sem tengjast fasteignum og svo í ákvæðum friðunarlöggjafar af ýmsu tagi, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Þess eru fá dæmi að í lögum sé á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um það hvað felist í tilteknum heimildum eignarréttar en glöggt dæmi þess eru þó vatnsréttindi, sbr. 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en þar segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þ.m.t. rétturinn til orkuvinnslu.

Þar sem vatnalög, nr. 15/1923, eru heildarlög felst í ákvæði framangreindrar meginreglu að landareign fylgi þau vatnsréttindi ein sem lögin heimila. Vatnsréttindi fasteignareiganda takmarkast því af efni laganna sjálfra. Í vatnalögum er ekki að finna almenna reglu um það hver hafi heimild til þeirra vatnanota sem fasteignareiganda ber ekki. Fræðimenn töldu að ríkið væri aðili þeirra enda væri ekki öðru vísi mælt fyrir um þau, sbr. 11. gr. vatnalaga. Eru vatnsréttindi ríkisins að því leyti víðtækari en vatnsréttindi annarra að þau taka til allra vatnsnota sem engum öðrum eru heimiluð. Þrátt fyrir það ber þó í vatnalögum langmest á vatnsréttindum fasteignareiganda þar sem flest vatnsnot sem nú tíðkast eru veitt honum. Lýsing á vatnsréttindum vatnalaga verður því fyrst og fremst lýsing á vatnsréttindum fasteignareiganda.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir eru vatnsréttindum landeigenda settar ýmsar veigamiklar takmarkanir í lögum. Eru það fyrst og fremst takmarkanir af grannréttarlegum toga, reglur um verndun vatna, takmörkun á heimild fasteignareiganda til að ráðstafa vatnsréttindum til annarra, áskilnaður um leyfi til ákveðinna vatnsnota, lögheimilaðar kvaðir um hagnýtingu vatns til hagsbóta fyrir fasteign, eignarnámsheimildir vatnalaga og aðrar takmarkanir af umhverfisréttarlegum toga.

IV. Bakgrunnur hinnar jákvæðu skilgreiningar á vatnsréttindum fasteignareiganda skv. 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Spyrja má hver sé ástæða þess að vatnsréttindi fasteignareiganda eru skilgreind með jákvæðum hætti en ekki neikvæðum eins og almennt tíðkast í löggjöf sem mælir fyrir um hagnýtingu eignarréttinda sem tengjast fasteignum. Ástæðan er sögulegs eðlis og á rætur sínar að rekja til ágreinings bæði af stjórnmálalegum og lagalegum toga.

Allt fram til 20. aldar var byggt á reglum Jónsbókar um vatnsréttindi. Þegar tekist hafði að vinna raforku úr vatnsafli komu til sögunnar ný og mikilvæg afnot af rennandi vatni og skilyrði til að gera það arðberandi. Leiddi það til þess að um og upp úr aldamótunum 1900 fór áhugi ýmissa manna, bæði innlendra og erlendra, að vakna á því að kaupa eða leigja vatnsaflsréttindi hér á landi. Margir óttuðust því að þessi auðlind þjóðarinnar gæti glatast ef ekki væri farið gætilega.

Með samþykkt svokallaðra fossalaga á Alþingi 1907, þ.e. laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum o.fl., átti að koma í veg fyrir að útlendingar næðu yfirráðum yfir vatnsafli hér á landi. Lögin byggðust á þeirri forsendu að *fasteignareigandi ætti vatnsafl þeirra vatna sem fellu á lendu hans*. Þau voru fyrsti þýðingarmikli lagabálkurinn sem bannaði að meginstefnu eignar- og afnotarétt útlendinga á íslenskum fossum. Konungur eða umboðsmaður hans skyldi veita undanþágu (leyfi) þar sem þess væri þörf. Þau mátti veita um ákveðinn tíma og með skilyrðum um notkun vatnsafls. Fossalögin þóttu ekki ná tilgangi sínum þegar fram í sótti og leiddi það til þess að árið 1917 skipaði ríkisstjórnin samkvæmt áskorun Alþingis fimm manna nefnd til að semja nýja löggjöf um vatnsréttindi en nefndin gekk undir nafninu fossanefndin.

Í lok janúar 1919 kom upp djúpstæður ágreiningur í fossanefndinni um það hvort vatnsréttindi almennt væru eða ættu að vera í eigu þeirra einstaklinga, sem eignarrétt ættu að landinu undir vatninu, eða hvort vatnsréttindi væru að öllu leyti ríkiseign og einstaklingum aðeins

heimil þau afnot sem lög leyfðu sérstaklega. Ágreiningur þessi varð til þess að nefndin klofnaði í meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn taldi öll vatnsréttindi vera ríkiseign, en minni hlutinn taldi hins vegar vatnsréttindi vera háð eignarumráðum landeigenda. Sjónarmið bæði meiri og minni hluta fossanefndar áttu rætur að rekja til mismunandi stjórnmálaviðhorfa og voru lagaleg rök sótt til íslenskra laga að fornu og nýju. Má því segja að deilan í fossanefndinni hafi verið ágreiningur bæði af stjórnmálalegum og lagalegum toga, en aðallega þó af stjórnmálalegum toga.

Í frumvarpi meiri hluta fossanefndar til vatnalaga var lagt til grundvallar að mælt yrði fyrir um yfirráð ríkisins yfir vatni og nytjum þess. Ríkið skyldi hafa umráð yfir öllu vatni, bæði straumvatni og stöðuvatni, að undanskildu eftirfarandi: a) vatn skyldi landeigendum frjálst til heimilis, jarðræktar og smáiðnaðar, b) yfir minni háttar vatni skyldu heimiluð sérstök yfirráð landeigenda, svo sem yfir lindarvatni, tjörnum, leysinga- og dýjavatni o.s.frv., c) til landsgæða skyldu teljast laugar, hverir og ölkeldur, eða d) vatn sem hefði verið virkjað eða veitt úr farvegi til notkunar samkvæmt heimild í lögum eða samkvæmt löglegu leyfi eða sérleyfi skyldi teljast í einkaumráðum, enda væri það ekki komið aftur í eðlilegan farveg.

Frumvarp minni hluta fossanefndar byggðist á því að landi hverju fylgdi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á því væri, hvort sem það væri rennandi eða kyrrt, með þeim takmörkunum sem lög, venjur eða aðrar heimildir hefðu í för með sér. Ekkert ákvæði var í frumvarpinu um ríkisumráð yfir vatni.

Þar sem fossanefndin náði ekki samkomulagi og útséð þótti að Alþingi gæti ekki sjálft samið lög sem nytu stuðnings meiri hluta þingmanna var Einari Arnórssyni, prófessor, falið að semja nýtt frumvarp til vatnalaga. Frumvarp hans var lagt fram á Alþingi árið 1921 en varð ekki að lögum fyrr en tveimur árum síðar, þ.e. vatnalögum, nr. 15/1923.

Við samningu frumvarps síns studdist Einar Arnórsson að mestu leyti við frumvarp meiri hluta fossanefndar frá 1919. En þó svo að fræðilega hafi verið á því byggt í 2. gr. vatnalaganna að landeigendur ættu aðeins þau vatnsréttindi, sem lög heimiluðu sérstaklega, var engu að síður í lögunum gengið svo til móts við álit minni hluta fossanefndar að í raun má segja að stefna minni hlutans hafi sigrað og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti. Þess er áður getið að lögin fela í raun í sér upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um stærri vötn er að ræða. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir, sem máli geta skipt, þar á meðal heimild til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m.a. svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...“. Réttarframkvæmdin hefur viðurkennt til fulls eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar, og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að með setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var með ótvíræðum hætti tekið af skarið um það að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta það vatn sem á landareign þeirra finnst eða um hana rennur, þ.m.t. orkunýtingarrétt. Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar. Eru vatnsréttindi samkvæmt því með sama hætti og jarðefni og jarðhiti undir yfirborði eignarlanda þáttur í eignarrétti landeigenda sem verndar nýtur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Til samræmis við það sem að framan segir hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða öðrum sérstökum lögum þegar þurft hefur að afla í þágu virkjana vatnsréttinda í einkaeign.

Ágreiningslaust er að vatnalög tóku ekki samkvæmt efni sínu til grunnvatns og raunar eingöngu jarðhita að takmörkuðu leyti. Um það hefur á hinn bóginn ekki verið deilt í íslenskri lögfræði og lagaframkvæmd að þau vatnsnot og réttindi tilheyra eignarráðum að fasteign með sama hætti og annað vatn, sbr. áréttingu slíks við lögtöku laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

V. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Að framan er rakið að skv. 2. gr. gildandi vatnalaga er eignarréttur fasteignareiganda að vatni skilgreindur með jákvæðum hætti, þ.e. honum eru einungis heimil þau vatnsnot sem lögin gera ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er aftur á móti lagt til að hin neikvæða skilgreining eignarréttar verði lögð til grundvallar. Þannig segir í 4. gr. frumvarpsins að fasteign hverri fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Reglan tilgreinir ekki með upptalningu hverjar heimildir eigandinn hefur yfir vatninu heldur er gengið út frá því að hann njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans, hvort heldur með lögum eða samningi. Leggja verður áherslu á að hér er um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni. Hafa verður í huga að samkvæmt ákvæðum annarra laga eru aðrar auðlindir sem tilheyra fasteignareiganda skilgreindar á neikvæðan hátt, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sú breyting sem af þessu leiðir hefur í för með sér verulega einföldun og styttingu laganna miðað við gildandi vatnalög. Eðli málsins samkvæmt leiðir það til mikillar einföldunar að telja ekki lengur upp með jákvæðum og næsta tæmandi hætti sérhverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi er heldur ganga einfaldlega út frá að öll nýting vatns sé heimil svo framarlega sem ekki eru settar við henni sérstakar skorður. Þá bendir lausleg athugun nefndar þeirrar sem samdi frumvarp þetta til þess að á liðnum áttatíu árum hafi í raun reynt á sárafá ákvæði gildandi vatnalaga fyrir dómstólum og þá miklu fremur á hinar einstöku meginreglur laganna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að undir vatnalög heyri nú vatn í öllum sínum myndum og birtingarformum, sbr. nánar skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins. Gildandi vatnalög taka fyrst og fremst til kyrrstæðs og rennandi yfirborðsvatns en um grunnvatn og jarðhita er fjallað í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga, sem og breyttra áherslna í náttúruvernd og umhverfismálum má segja að horfið sé frá því að safna saman á einn stað heildarsafni allra reglna sem lúta að vatni og vatnsnotum. Reglur frumvarps þessa eiga þess í stað og öðru fremur að endurspegla þær meginreglur sem gilda um eignarhald að vatni, með tilliti til hins sérstaka eðlis þess. Jafnframt því er þess freistað að móta reglur um skynsamlega stjórn vatnamála og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns með tilliti til grenndarhagsmuna, almannahagsmuna, sbr. markmiðsyfirlýsingu 2. gr. frumvarpsins. Samræmdar reglur um stjórn og nýtingu auðlinda verða eftir sem áður í sérstakri löggjöf, auðlindalöggjöf, og heimild til raforkuvinnslu vatnsorku lýtur eftir sem áður reglum raforkulaga.

Meðal annarra breytinga skal þess getið að í gjörbreyttu samfélagi er ekki lengur talin þörf á þeim niðurnjörvuðu reglum um rétthæð einstakra vatnsnota sem fyrirfinnast í gildandi lögum. Allt að einu er þó hnykkt á því að vatnsnot til heimilisþarfa og hefðbundinna búsþarfa gangi fyrir öðrum vatnsnotum. Að þeim notum slepptum er ekki ráðgert að lögð séu sérstök bönd á fasteignareiganda hvað varðar nýtingu og ráðstöfun vatnsréttinda.

Ákvæði um vatnsveitur og áveitur eru einfölduð til muna. Vatnsveituþörf er nú að langmestu leyti uppfyllt á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nú lögum nr. 32/2004, og

engin þörf er lengur talin á því að halda inni í lögum umfangsmiklu regluverki um áveitur sem munu næsta fátíðar hér á landi.

Ákvæði um vatnsnot til iðnaðar og iðju án orkunýtingar falla út í heild sinni, enda barn síns tíma.

Ákvæði um vatnsmiðlanir, mannvirkjagerð, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns og almenn ákvæði um vatnsvirki eru einfölduð verulega frá gildandi lögum og tekin saman í einn kafla.

Ákvæði um óhreinkun vatns og holræsi eru felld brott í heild sinni enda er nú um þau mál fjallað í annarri löggjöf.

Þá eru reglur um vatnafélög einfaldaðar til muna og nú er ekki lengur gert ráð fyrir skylduaðild að slíkum félögum enda verður að telja að slíkt brjóti að óbreyttu í bága við fyrirmælin í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagagildi hefur hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, nema í þeim undantekningartilvikum sem ráðgerð eru í 2. mgr. 74. gr. i.f. og telja verður t.a.m. að nái óhjákvæmilega til veiðifélaga samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Að óbreyttu fæst ekki séð, þar á meðal í ljósi reynslunnar, að slík knýjandi nauðsyn útheimti heimild til skylduaðildar að öðrum þeim félögum sem stofnuð eru um einstök vatnsnot, enda önnur úrræði þá tiltæk til verndar einstaklings- og almannahagsmunum.

Felldur er á brott XII. kafli gildandi laga, þar á meðal 115. gr., en þar birtist hin forna meginregla, sem fram kemur í Jónsbók, Landsleigubálki 45, að öllum sé rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Eðlilegt þykir að mælt sé fyrir um þetta í almennum lögum sem varða almannarétt.

Loks er öll stjórnsýsla samkvæmt lögunum einfölduð til muna en hún verður hér eftir á höndum Orkustofnunar og iðnaðarráðherra. Þá hafa öll ákvæði laganna um eignarnám og eignarnámsframkvæmd verið færð til nútímahorfs.

VI. Meginþættir frumvarpsins.

Meginefni frumvarps til vatnalaga er að sjálfsögðu vatnið sem liggur á viðkomandi fasteign eða undir henni er eða um hana rennur, sem og réttur manna til vatnsins og til ýmiss konar aðgerða gagnvart vatninu. Réttur þessi lýtur fyrst og fremst að nýtingu vatnsins, þ.e. nýtingu vatnsauðlindarinnar, en einnig að vörn gegn vám og baga af vatni, þ.e. gegn breytingum á vatnafari af völdum náttúrunnar eða af manna völdum. Auðlind sú sem í vatni felst er ein af svokölluðum „jarðrænum auðlindum“ landsins. Aðrar eru m.a. jarðefnanámur og jarðvarmi úr iðrum jaðrar sem þó er nátengdur vatnsauðlindinni í jarðhitavatni. Eru jarðrænar auðlindir á forræði iðnaðarráðherra.

Meginþættir frumvarpsins eru saman ofnir til að ná settum markmiðum innan gildissviðsins með þeirri stjórnsýslu sem ákveðin er í frumvarpinu. Þá þætti má aðgreina. Þeir eru annars vegar almennir, um rétt manna og aðgerðir gagnvart vatni, en hins vegar sértækir, um sértæka nýtingu vatns. Almennu þættirnir eru eftirtaldir:

1. Eignarhald á vatni, landræn afmörkun vatnsréttinda og farvegir á landamerkjum (II., III. og IV. kafli).
2. Mannvirki til stýringar og nýtingar á vatni (VII. kafli).
3. Vatnafélög um vatnsnýtingu (VIII. kafli).
4. Stjórnsýsla í vatnamálum (IX. kafli).
5. Eignarnáms- og bótaákvæði (X. kafli).

Sértæk nýting vatns getur haft hliðar eða lotið að atriðum sem geta verið einkvæm fyrir hlutaðeigandi nýtingu. Fyrir þeim þarf að gera grein og eru það sértæku þættirnir. Þeir eru eftirtaldir:

1. Vatnstaka og aðgangsröð að vatni (V. kafli).
2. Skylda til þátttöku í tilteknum vatnaaðgerðum á sameiginlegri fasteign (II. kafli, 9. gr.).
3. Virkjun vatnsorku (VI. kafli).

Í frumvarpinu er tekið mið af þeirri staðreynd að vatnstaka og vatnsveitur til öflunar neysluvatns eða vatns til heimilisþarfa fullnægja lífsnauðsynjum manna. Því er réttur til slíkrar vatnsnotkunar (vatnstöku) mikill gagnvart öðrum fasteignareigendum og eigendum vatnsréttinda. Vatnstaka getur einnig verið til annarra þarfa. Þar er rétti til vatns til búsþarfa einnig veitt mikið vægi, en nýting lands til hefðbundins landbúnaðar getur oltið á viðeigandi vatnstöku. Áveitur eru óvíða forsenda slíkrar nýtingar, en geta verið arðaukandi og sama gildir um virkjun vatnsorku. Þar er fyrst og fremst um nýtingu markaðsgæða vatnsréttinda að ræða og er því réttur til nýtingar vatns og lands annarra að sama skapi minni og miðaður meira við jafnræði í markaðshag og ráðstöfunarrétti aðila yfir eignum sínum.

Í frumvarpinu er við það miðað að stjórnsýsla iðnaðarráðherra lúti annars vegar að almennri yfirstjórn mála þessara og hins vegar að eignatengdri stýringu vatnsnýtingar með veitingu leyfa til vatnsréttinda eða til afnota af annarra manna fasteignum vegna nýtingar vatns. Því fylgir heimild af hálfu ráðherra til eignarnáms, en bætur eru þá jafnan metnar með eignarnámsmati þegar það á við. Hvað áhrif á fiskigengd varðar heyra vötn og vatnafar að vissu, en þó takmörkuðu leyti, undir landbúnaðarráðherra og embætti veiðimálastjóra. Afskipti þeirra takmarkast þó við rétt veiðimálastjóra til að leyfa gerð fiskvega í vatni eða með vötnum og til þess að fiskigengd sé ekki spillt með vatnaveitingum, vatnsmiðlun og mannvirkjum í vatni. Fyrra atriðið skarast samkvæmt frumvarpinu við afskipti af mannvirkjum í vatni og heimilun þeirra af hálfu þar til greindra stjórnvalda, en það síðara ber í sér samráð þessara stjórnvalda við embætti veiðimálastjóra.

Ágreiningur milli einkaaðila um skiptingu vatnsréttinda eða vatnsnýtingar, kostnaðarhlutdeild í nýtingu og skaða af völdum nýtingar er yfirleitt leystur með mati dómkvaddra matsmanna samkvæmt frumvarpinu og hefur það ferli allt verið gert einfaldara og skilvirkara miðað við gildandi vatnalög.

VII. Stjórnsýsla og hlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu.

Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins fer iðnaðarráðherra með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu. Hlutverk Orkustofnunar innan ramma vatnalaga byggist svo aftur á því að hún er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar í hans umboði með jarðrænar auðlindir og náttúrulegar forsendur þeirra, í þessu tilviki vatnsauðlindina og vatnafar. Þetta hlutverk lýtur því annars vegar að stýringu á nýtingu vatnsauðlindarinnar og hins vegar að stýringu á vatnafarslegum aðgerðum í samræmi við markmið laganna. Þessu fylgir annars vegar upplýsingaskylda nýtenda um nýtingu og fyrirhugaðar vatnaframkvæmdir og hins vegar eftirlit með aðgerðum gagnvart vatni sem breytt geta vatnafari og nýtingu vatnsauðlindarinnar, fyrst og fremst gerð mannvirkja og vatnaveitingar. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti sett skilyrði um framkvæmd eða starfsemi í vötnum af tæknilegum ástæðum eða til að tryggja nýtingu í samræmi við markmið laganna, eða til að þau samræmist skilyrðum laganna, reglugerðum eða öðrum heimildum. Heimild Orkustofnunar er tilgreind í almennum kafla um stjórnsýslu. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að Orkustofnun geti veitt leyfi til að veita vatni af fasteign yfir á annarra fasteignir, en leyfi ráðherra þarf til eignarnáms á landi þess vegna.

Afskipti Orkustofnunar í samræmi við framangreint hlutverk eru eftirtalin.

- Tilkynningarskylda hvílir á þeim sem nýta vatn og ráðast í framkvæmdir í vatni, skv. 35. gr. frumvarpsins. Allar fyrirhugaðar framkvæmdir skal tilkynna. Orkustofnun getur sett skilyrði um nýtingu eða mannvirki ef þess er talin þörf, en hefur annars ekki bein afskipti af þessum gerðum, t.d. með leyfisveitingu eða umsögn, nema um leyfisskyldar aðgerðir sé að ræða samkvæmt frumvarpinu eða öðrum lögum eða reglum. Er við það miðað að stofnunin hafi stuttan frest til að gera athugasemdir við fyrirhugaða nýtingu eða framkvæmdir.
- Eftirlit Orkustofnunar með vatnaaðgerðum lýtur í fyrsta lagi að leyfisskyldum aðgerðum, í öðru lagi að þeim sem skilyrði hafa verið sett fyrir og í þriðja lagi er eftirlit heimilt með öllum aðgerðum ef tilefni gefast. Stofnunin getur krafist úrbóta á ágöllum, ef þess er þörf, og tilkynnt ráðherra um alvarleg brot sem þá geta varðað dagsektum.
- Orkustofnun hefur m.a. það hlutverk að fylgjast með öllum framkvæmdum í vötnum. Þannig hvílir tilkynningarskylda á þeim sem hyggjast ráðast í framkvæmdir í vötnum. Tilkynningarskyldan þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að gera stofnuninni kleift að hafa viðunandi yfirlit um nýtingu vatnsauðlindarinnar og til að geta lagt mat á fyrirhugaða nýtingu, þar á meðal leyfisskylda nýtingu.
- Það skal áréttað að í 35. gr. frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um útfærslu framangreindra atriða.

Vatnalög, nr. 15/1923, tóku mið af þeirri hugmynd að vatnsauðlindin væri að öðru jöfnu ríkuleg og af því viðhorfi að menn skuli hafa aðgang að henni í samræmi við allar þarfir sínar og nýtingarvilja, en ekki eftir frumþörfum sínum og rétti til vatnsins sem er núna leiðarstefið í frumvarpinu. Því eru mörk nýtingar gagnvart öðrum í gildandi vatnalögum sett af nýtingu þessara annarra, núverandi eða síðar til kominni, og vatni því sem til ráðstöfunar er þegar svo ber undir. Með áherslu þeirri sem lögð er á eignarrétt að vatni í frumvarpinu, nýjum ákvæðum þar um skiptingu vatns og vatnsréttinda og takmörkun forgangsréttar við heimilis- og búsþörf eina er leitast við að skapa betra samræmi í því að láta rétt annarra til síns hlutar í vatninu afmarka rétt manna til vatns þannig að enginn hafi fyrir fram rétt til nema síns hluta, hvað sem vilja þeirra og öðrum þörfum en frumþörfum líður.

VIII. Yfirlit um einstaka kafla frumvarpsins og nánari greinargerð um helstu breytingar sem felast í frumvarpinu.

Í I. kafla frumvarpsins (1.–3. gr.) er fjallað um markmið og gildissvið nýrra vatnalaga. Þar kemur fram að markmið laganna er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg stjórn vatnamála og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns. Um gildissvið laganna er það að segja að þau taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Um vatn og framkvæmdir í vatni gilda einnig önnur lög sem við geta átt, t.d. lög um mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlög, raforkulög og skipulags- og byggingarlög. Þá er í kaflanum að finna ýmsar skilgreiningar á hugtökum. Sumar eru efnislega samhljóða þeim skilgreiningum sem fram koma í 1. gr. gildandi vatnalaga, en öðrum skilgreiningum hefur einnig verið bætt við.

Í II. kafla frumvarpsins (4.–9. gr.) eru reglur um eignarhald á vatni. Þar er um að ræða mörg ákvæði sem eru efnislega sambærileg almennum ákvæðum gildandi vatnalaga um vatnsréttindi. Er þar um að ræða margar helstu meginreglur um vatnsréttindi sem ekki þykir ástæða til að hrófla við að neinu marki. Í 4. gr. kemur fram að fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgi eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Eins og að framan greinir er þar um að ræða eina helstu breytinguna frá gildandi rétti. Þó skal

áréttað að þar er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða, ekki efnisbreytingu. Önnur ákvæði kaflans varða nýtingu vatns sem er í sameign (5. gr.), nýtingu vatns í merkivötnum (6. gr.), bann við að skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi ráðherra (7. gr.), framsal vatnsréttinda án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur (8. gr.) og skyldu til þátttöku í vatnsveitu, áveitu eða landþurrkun (9. gr.).

Í III. kafla frumvarpsins (10.–12. gr.) eru reglur um landamerki í vötnum. Þær reglur eru efnislega óbreyttar frá gildandi rétti. Um landamerki í vatnsföllum gildir sú regla að skilji vatnsfall fasteignir eigi hvor land í miðjan farveg, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. Þá breytast merki ekki þótt farvegur breytist. Um landamerki í stöðuvötnum gildir sú meginregla að liggi fasteign að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Í IV. kafla frumvarpsins (13.–14. gr.) eru ákvæði um farveg vatns, en ekki er um að ræða neinar efnisbreytingar frá gildandi rétti. Þar kemur fram sú forna meginregla að öll vötn skuli renna sem að fornu hafa runnið. Einnig er kveðið á um það að fasteignareiganda sé heimilt að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag ef farvegur breytist án þess af mannavöldum sé.

Í V. kafla frumvarpsins (15.–17. gr.) eru ákvæði um aðgangsröð að vatni. Þar kemur fram sú aðalregla að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu og gengur þar heimilisþörf fyrir búsþörf. Ef vatn er of lítið til að fullnægja heimilis- og búsþörfum á hver sú fasteign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Í kaflanum er einnig mælt svo fyrir að sveitarfélag skuli hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir fasteignareigendum, en um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Í VI. kafla (18.–19. gr.) ræðir um nýtingu vatnsorku. Þar er áréttað að orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum til heimilis- og búsþarfa né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni er nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi. Um heimild til nýtingar vatnsorku að öðru leyti fer samkvæmt viðeigandi lögum, einkum raforkulögum, nr. 65/2003. Þá er að finna reglu um það er merkivötn skilja fasteignir, en við þær aðstæður hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim til orkuvinnslu og hefur þá eigandi hvorrar fyrir sig rétt til svo mikils af vatnsorkunni sem svarar hálfu vatnsflæði merkivatnsins og þeirri fallhæð sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur skipun verið á gerð.

Í VII. kafla frumvarpsins (20.–26. gr.) eru reglur um mannvirki í vötnum. Þar eru ákvæði um mannvirki sem varða tvær fasteignir (20. gr.), þegar fasteignareigandi gerir stíflu í vatnsfarvegi og veitir vatni úr náttúrulegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng (21. gr.), heimild fasteignareiganda til að breyta vatnsfarvegi (22. gr.), heimild til vatnsmiðlunar (23. gr.), heimild fasteignareiganda til að veita vatni af fasteign sinni (24. gr.), niðurlagningu mannvirkis (25. gr.) og almennt ákvæði um aðgæsluskyldu (26. gr.).

Í VIII. kafla frumvarpsins (27.–33. gr.) eru ákvæði um vatnafélög. Það leiðir af 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að mönnum er heimilt að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og til að ganga í félög án sérstaks leyfis stjórnvalda (jákvætt félagafrelsi). Þessi meginregla endurspeglast í 27. gr. frumvarpsins sem mælir svo fyrir að heimilt sé mönnum að gera með sér félag um vatnsnotkun, þar á meðal vatnsveitur og áveitur.

Í frumvarpinu er ekki að finna einstaka kafla um hin mismunandi vatnafélög eins og gildandi vatnalög gera ráð fyrir. Samkvæmt gildandi vatnalögum er mönnum rétt að gera með sér félag um: a. vatnsveitu (III. kafli, 29. gr.), b. áveitu (IV. kafli, 42. gr.), c. orkuver eða

orkuveitu (V. kafli, 64. gr.), d. vatnsmiðlun (VI. kafli, 70. gr.), e. varnir við ágangi vatns (VII. kafli, 75. gr.), f. landþurrkun (VIII. kafli, 82. gr.) og g. holræsi (X. kafli, 92. gr.). Um félög þessi gilda reglur XI. kafla vatnalaga, enda sé ekki öðruvísi um mælt í lögunum, sbr. 2. mgr. 99. gr. vatnalaga.

Ekki hafa öll þau vatnafélög sem hér er vitnað til þýðingu lengur. Með 2. gr. laga nr. 64/2003, um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, voru felld brott ákvæði er varða félög um orkuver eða orkuveitu og er við það miðað að um þau málefni fari samkvæmt raforkulögum. Skal sérstaklega á það bent að í samræmi við stefnu þessa frumvarps er út frá því gengið að um holræsi fari samkvæmt öðrum lögum en vatnalögum. Er sá málaflokkur á hendi umhverfisráðuneytisins og þar af leiðandi er ekki þörf fyrir félög um holræsi eins gildandi vatnalög gera ráð fyrir. Samkvæmt þessu er því einungis gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum um vatnsveitur, áveitur, vatnsmiðlun og um varnir við ágangi vatns. Ekki þykja standa efni til þess að halda öllum þeim sérreglum sem gilda um vatnsveitu- og áveitufélög samkvæmt gildandi vatnalögum. Kemur þar tvennt til, annars vegar að hluta þeirra reglna sem nú gilda um félög þessi má leiða af almennum reglum og hins vegar að almenn ákvæði VIII. kafla frumvarpsins um vatnafélög þykja fullnægjandi grundvöllur undir þessi félög.

Framangreint breytir þó ekki þeirri staðreynd að mönnum er eftir sem áður heimilt að gera með sér félag um vatnsnot með stoð í meginreglunni um félagafrelsi. Um slíkan félagsskap fer þá samkvæmt þeim reglum sem menn kjósa að setja sér og almennum reglum félagaréttar.

Í IX. kafla frumvarpsins (34.–36. gr.) eru almenn ákvæði um stjórnsýslu vatnamála. Þar kemur fram að iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laganna sæta kæru til iðnaðarráðherra, en um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Þá er við það miðað að skylt sé að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í vötnum, þar á meðal allar framkvæmdir í vötnum sem leyfisskyldar kunna að vera samkvæmt öðrum lögum. Loks er ákvæði um eftirlit og úrræði Orkustofnunar með nýtingu vatna og vatnaframkvæmdum.

Í X. kafla frumvarpsins (37.–39. gr.) eru eignarnáms- og bótaákvæði. Þau ákvæði eru með hefðbundnu sniði, en áréttað skal að þar er um að ræða mikla einföldun frá eignarnáms- og bótaákvæðum gildandi vatnalaga.

Loks er í XI. kafla frumvarpsins (40.–43. gr.) að finna ýmis ákvæði, reglugerðarheimild ráðherra, viðurlög, gildistöku laganna og breytingar á öðrum lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum kemur fram hver markmið frumvarpsins eru, gildissvið og nauðsynlegar skilgreiningar á hugtökum þeim sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í þessari grein er markmið frumvarpsins sett fram. Gildandi vatnalög hafa ekki að geyma ákvæði um markmið laganna. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu vatnalaga hafa orðið miklar samfélagsbreytingar. Í þessu sambandi skal einkum bent á að tillitið til umhverfissjónarmiða hefur fengið aukið vægi í íslenskri löggjöf síðastliðin ár. Er því eðlilegt að vatnalög hafi að geyma ákvæði um markmið þess. Þetta markmiðsákvæði frumvarpsins tekur einnig til grunnvatns og jarðhita enda er gildissvið frumvarpsins víðtækara að þessu leyti en gildandi vatnalaga, eins og 2. gr. frumvarpsins ber með sér.

Samkvæmt 1. mgr. er markmiðið með frumvarpinu skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns. Orðalag ákvæðisins er rúmt og má gera ráð fyrir því að innan þess falli hvers konar sjónarmið er varða auðlindastjórn.

Í 2. mgr. kemur fram að við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt frumvarpinu skuli þess gætt að raska ekki vatni eða farvegi þess umfram það sem nauðsynlegt er. Orðalag ákvæðisins tekur mið af því að ekki verður að fullu komið í veg fyrir hvers konar röskun, en ákvæðið er sett til áréttingar þeirri nauðsyn að vel sé gengið um vötn. Þessi grein er fyrst og fremst af nábýlisréttarlegum toga og undirstrikar það tillit sem fasteignareigendum ber að taka hver til annars. Áréttað skal að ýmsar reglur opinbers réttar gilda um varnir gegn mengun vatna en sá málaflokkur er á forræði umhverfisráðuneytisins.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins. Í gildandi vatnalögum er ekki að finna ákvæði um gildissvið þeirra laga. Þó er óumdeilt að þeim er einungis ætlað að taka til yfirborðsvatns, enda var vinnsla grunnvatns nánast óþekkt hér á landi við gildistöku laganna. Um grunnvatn hafa því gilt sérstakar reglur sem nú er að finna í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frumvarpið nær til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, loftkenndu eða fljótandi formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki. Með frumvarpinu er því lagt til að undir gildissvið þess falli einnig grunnvatn og jarðhiti og er það breyting frá gildandi rétti. Rétt er að taka fram að við það er miðað að frumvarpið taki einnig til tilbúinna vatnsfalla. Ástæðan er sú að vatn, sem þannig er beint í aðra farvegi eða rennsli þess breytt af manna völdum, er eftir sem áður í hringrás vatnsins og á þátt í rennsli þess bæði fyrir og eftir að þessara aðgerða gætir.

Um vatn samkvæmt frumvarpinu og framkvæmdir í vatni gilda að sjálfsögðu einnig önnur lög sem varðað geta vatn, t.d. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlög, raforkulög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem við geta átt. Er þetta áréttað í lok ákvæðisins þar sem lögin ná til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, loftkenndu eða fljótandi formi að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki. Er þetta ákvæði sett til áréttingar því að með frumvarpinu er ekki hróflað við öðrum ákvæðum laga sem varða vatn. Það ræðst því af ákvæðum þessara laga hverju sinni hvort einnig er skylt að afla leyfis, t.d. byggingar- eða framkvæmdaleyfis eða leyfis Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum, eða gera breytingu á aðalskipulagi, deiliskipulagi eða friðlýsingu áður en heimilt er að ráðast í framkvæmdir á grundvelli vatnalaga.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreiningar. Sumar þeirra eru efnislega samhljóða þeim skilgreiningum sem fram koma í 1. gr. gildandi vatnalaga, en öðrum skilgreiningum hefur einnig verið bætt við. Þá hafa verið felldar út skilgreiningar sem eru í gildandi vatnalögum en teljast ekki lengur hafa þýðingu. Einnig er að finna skilgreiningar á orðum sem notuð eru í gildandi vatnalögum, en eru ekki skilgreind sérstaklega þar.

Hugtakið *almenningur* er skilgreint með hefðbundnum hætti, þ.e. sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar. Netlög eru svo aftur skilgreind sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.

Áveita er skilgreind í samræmi við almenna málvenju, þ.e. sem mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.

Búsþarfir eru skilgreindar sem búsþarfir til kvikfjárræktar. Í ljósi þess að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu, sbr. 15. gr. frumvarpsins, þykir nauðsynlegt að árétta að mörk búsþarfa miðast við kvikfjárrækt. Ástæða þess er sú að kvikfjárrækt er hinn hefðbundni landbúnaður þjóðarinnar. Nú á dögum nýta menn einnig lönd jarða sinna til garðávaxtaræktar, skógræktar, ylræktar, fiskeldis, undir sumarbústaði og ferðamannaþjónustu. Allt getur það stuðlað að því að halda jörðum í byggð, en sjaldnast er þá notaður nema lítill hluti lands jarðanna, sumt stundum tímabundið innan ársins (skógrækt, ferðamannaþjónusta) eða að umfangi langt umfram fjölskyldurekstur (fiskeldi, sums konar ylrækt).

Miðun búsþarfa við kvikfjárrækt eina byggist á því að sá háttur búskapar felur í sér, eða getur falið í sér, nýtingu alls jarðnæðis, eftir því sem það er nýtanlegt. Kvikfjárræktinni fylgir eðlilega öll sú afurðavinnsla sem eðlileg eða venjuleg er á búinu sjálfu. Annar búskapur (fiskeldi, ylrækt, ferðamannaútvegur o.s.frv.) nýtir oftast aðeins lítinn hluta bújarðarinnar, en getur verið stórfelldur atvinnurekstur að öðru leyti, eða veitu neysluhæfs vatns er ekki þörf til hans (skógrækt). Þar er því ekki um hefðbundna nýtingu að ræða, svo sem tíðkast hefur frá upphafi Íslandsbyggðar, né er verið að viðhalda landnýtingu heilla jarða. Að sjálfsögðu er álitamál hvort viðhalda skuli slíkri landnýtingu yfir höfuð, en rétt var talið að útiloka ekki þann möguleika. Annar búskapur, eins og lýst er hér að framan, er atvinnurekstur án heildarnýtingar jarðar sem væri þá háður markaðsaðgengi að vatni eins og hver annar atvinnurekstur (verkstæði, stóriðja) á landareigninni. Ef forgangur skyldi vera til þess vatns í annarra lönd hefði líka nánast öll vatnstaka til atvinnurekstrar öðlast forgang. Bent skal á að tilgreindur forgangur í frumvarpi þessu lýtur annars vegar að hömlum á því að undanskilja vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa frá fasteign og hins vegar heimild til vatnssóknar í annarra lönd til að mæta þeim þörfum. Talið er eðlilegt að þar ráði að öðru leyti markaðsaðstæður þegar tilgreindum forgangsþörfum hefur verið fullnægt. Ítarlega er fjallað um forsendur skilgreiningar á búsþörf í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Með *eignarlandi* er átt við landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þetta er sama skilgreining og fram kemur í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Farvegur er skilgreindur sem vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru. Merki liggja í farvegi þar sem vötn deila löndum, en farvegum er einnig breytt við vatnabreytingar eins og vatnaveitur þegar vatni er veitt af mannavöldum úr fornum farvegi og til annars staðar en það áður fell. Farvegir eru ekki alltaf glöggir og geta verið breytilegir, einkum að auravötnum, en með aurum er átt við farvegasvæði þar sem vatnsföll liggja ekki í stöðugum farvegi árum saman heldur rása um aurana. Þar er merkingarlítið að miða landamerki við farvegi heldur þarf þar að fylgja öðrum reglum. Er þá oft miðað við merki þar sem farvegur hefur verið til forna á einhverjum tilteknum tíma, jafnvel allt aftur á landnámsöld að ætla má. Vötn munu hafa verið minni að vatnsflæði og stöðugri fram eftir öldum en nú er meðan land var grónara og jöklar til muna minni. Gætir þess í fornlögum Íslendinga. Ekki þykir rétt að setja um þetta nákvæmari reglur heldur er rétt taka afstöðu til landamerkja í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli þeirra meginreglna sem gilt hafa um landamerki í vötnum.

Hugtakið *fasteign* kemur víða fyrir í frumvarpinu og er jafnan notað í stað orðsins landareignar í gildandi vatnalögum. Er fasteignarhugtak frumvarpsins í samræmi við þá skilgreiningu sem almennt er lögð til grundvallar í íslensku lagamáli, þ.e. afmarkaður hluti lands,

ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.

Grunnvatn er skilgreint sem allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin. Grunnvatn flæðir í samfellu, rétt eins og vötn á yfirborði. Það er einkenni grunnvatns að flæði þess er miklu hægara en yfirborðsvatns, stundum mm/dag eða sm/dag, oft þó fleiri m/dag. Rétt er að taka fram að orðalag skilgreiningar á grunnvatni samkvæmt þessari grein er nokkuð annað en orðalag laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Skv. 6. mgr. 2. gr. þeirra laga merkir grunnvatn vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess. Áréttað skal að ekki er stefnt að neinni efnisbreytingu frá gildandi rétt með hinni nýju skilgreiningu frumvarpsins á grunnvatni.

Með *háflæði* er átt við mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð. Ekki er að finna skilgreiningu á orðinu í gildandi vatnalögum. Háflæði er hér skilgreint í tengslum við skilgreininguna á vatnslegi, en kemur að öðru leyti ekki fyrir í frumvarpinu.

Heimilisþarfir eru skilgreindar sem þarfir til venjulegs heimilishalds. Þess er áður getið í tengslum við skilgreininguna á hugtakinu búsþarfir að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Er því nauðsynlegt að setja einhver mörk að því er varðar umfang heimilishalds og er hér miðað við „venjulegt“ heimilishald.

Hugtakið *jarðhiti* er skilgreint sem jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn sem flytur jarðvarmaorku. Hér er litið til eðlis jarðhita sem vatns, staðsetningar hans sem vatns á fasteign og vinnslu hans sem vatns. Færa má rök fyrir því að nákvæmara sé að skilgreina jarðhita sem jarðhitavatn. Hins vegar ber að líta til þess að jarðhiti er almenn málvenja um vatn af þessu tagi. Því er hugtakið jarðhiti notað í fyrrgreindum skilningi, enda ætti það ekki að valda misskilningi í því samhengi sem það er sett fram í frumvarpinu. Rétt er að taka fram að orðalag skilgreiningar á jarðhita samkvæmt þessari grein er nokkuð annað en orðalag laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Skv. 5. mgr. 2. gr. þeirra laga merkir jarðhiti annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn. Áréttað skal að ekki er stefnt að neinni efnisbreytingu frá gildandi rétt með hinni nýju skilgreiningu frumvarpsins á jarðhita.

Hugtakið *lágflæði* er hér skilgreint sem minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð. Hér er átt við einkennandi rennsli (vatnsflæði) og vatnsborðsstöðu fyrir vatnsföll og stöðuvötn. Flest vatnsföll, sem hafa fastan farveg, hafa einkennandi hámarks- og lágmarksrennsli sem á sér stað árvisst og reglulega. Að vísu eru áraskipti að því hversu mikið eða lítið slíkt rennsli verður, en þó fer oft nærri milli ára hversu lágt eða hátt vatn stendur árvisst og reglulega. Hér eru undanskilin aftakaflóð, sem koma óreglulega og eru ekki árviss, en geta flætt langt upp yfir bakka og víað um aðliggjandi landareignir. Vatnsstaða og lega stöðuvatna við lágflæði er viðmiðun fyrir netlög og landamerki í vötnunum, en háflæði er viðmiðun fyrir farveg vatnsfalla og eru landamerki í miðjum farvegi að öðru jöfnu. Skilgreining háflæðis kemur þar í stað hins nokkuð ónákvæma orðalags í 1. tölul. 3. gr. vatnalaga, nr. 15/1923 „... og sé ekki vöxtur í vatni“. Með skilgreiningunni á háflæði eru undanskilin óvenjulega mikil flóð, en skilgreint háflæði afmarkar hins vegar farvegi vatnsfalla að öðru jöfnu vel, nema auravatna. Við lágflæði í

vatnsfalli getur vatn hins vegar legið á ýmsum stöðum og breytilegum í farvegi og er því ekki hægt að miða við lágflæði í vatnsföllum sem stöðuga legu eða staðsetningu í landi.

Mannvirki er hér skilgreint til samræmis við almenna málvenju sem hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun.

Hugtakið *merkivatn* er hér skilgreint til samræmis við hefðbundna málvenju, þ.e. vatn það sem landamerkjum ræður. Orðið kemur fyrir í gildandi vatnalögum, en er ekki skilgreint sérstaklega.

Netlög eru skilgreind sem vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að. Efnislega sömu skilgreiningu er einnig að finna í öðrum lögum.

Orkuver er hér skilgreint með sama hætti og í gildandi vatnalögum.

Rennsli er nýtt hugtak í frumvarpinu og skilgreint sem hreyfing vatns, en í almennu máli er orðið notað í fleiri en einni merkingu. Það getur merkt hreyfingu vatnsins og hefur þá stefnu og eðlislæga (e. qualitativ) stærð („mikið rennsli"), en hefur einnig verið notað magnlægt (e. quantitativ) um vatnsmagn á tímaeiningu (l/s, m^3/s), en þetta tvennt er ekki hið sama. Oft er talað um „sýnilegt rennsli" eða „ósýnilegt" og er það ósamrímanlegt við vatnsmagn á tímaeiningu. Stundum er talað um „vatnsmagn" í stað vatnsmagns á tímaeiningu, eins og t.d. er gert í gildandi vatnalögum, sem er eðlisfræðilega rangt, en einnig hefur verið talað um „vatnsflæði" sem var nokkuð títt kringum 1900 og á 20. öld af þeim sem gerðu á annað borð mun á „vatnsmagni" og „rennsli". Sá galli er á heitinu „vatnsflæði" að orðið „megin" er stundum og víða notað sem heiti á „potential" og gæti það valdið ruglingi. Þó má segja að rennandi vatn hafi sem slíkt ekki annað „potential" en massahreyfingu sína (vatnsmagn á tímaeiningu) því að t.d. fallorka þess fer eftir vatnsflæðinu, en líka eftir fallhæðinni sem er staðbundin stærð og nánast óbreytileg.

Stöðuvatn er ný skilgreining í frumvarpinu. Það er skilgreint sem vatn sem er slétt í logni og straumlaust að sjá, enda þótt flætt geti gegnum það. Þannig má nefna að Þjórsá rennur fram á tveimur sólarhringum, gegnrennslistími vatns í Mývatni er nokkrir dagar en innan við ár í Þingvallavatni, miðlunarlón eru ársbreytileg stöðuvötn o.s.frv. Sveiflur geta verið á vatnsborði stöðuvatna og þær verulegar. Mörk þeirra eru því breytileg eða geta verið það. Úr þeim rennur oft neðan jarðar þó að ekki sé sýnilegt afrennsli á yfirborði, sbr. t.d. Öskjuvatn, Hraunvötn í Veiðivötnum o.fl. Sum stöðuvötn og tjarnir eru tímabundin og safnast vatn í þau oftast í vorleysingum, en þau þorna svo síðsumars. Rétt þykir að skilgreina *vatn* sem heildarhugtak í lögunum, þ.e. sem alla vatnsnotkun og allar vatnstegundir sem undir lögin falla.

Vatnsból voru við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, annaðhvort brunnar eða opið vatn og voru fyrst og fremst nýtt til heimilis- og búsþarfa, þ.e. til neyslu- og nytjavatnstöku og til brynningar. Þetta hefur breyst. Yfirleitt eru mannvirki að vatnsbólum, þar á meðal borholur, þó að enn séu opin vatnsból nýtt til brynningar. Því eru vatnsból nú skilgreind með nýjum og miklu víðtækari hætti.

Vatnsfall er ný skilgreining í frumvarpinu. Það er skilgreint sem rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við. Straumur er yfirleitt sýnilegur í vatnsfalli og þar með stefna rennslis þess (straumvatn). Í gildandi vatnalögum er orðið „fallvatn" skilgreint fyrir þann hluta vatnsfalls sem hagkvæmt getur verið að virkja í einu lagi. Lagt er til að þessi skilgreining verði felld niður þar sem vatnsfall og fallvatn eru nánast sömu merkingar samkvæmt almennri málvenju, enda er hún óþörf því að virkjað er fall vatns (það er staðarorka þess) og er því eðlisfræðilega miklu nær að tala um fall vatns í stað fallvatns. Vatnsfallið, tiltekið og nafngreint, er eftir sem áður virkjað sem slíkt. Vatnsföll geta verið tímabundin og myndast þá oftast í farvegum sínum í

vorleysingum (leysingavötn) eða stórrigningum. Jökulkvíslar margar eru einungis til að sumarlagi, en má þó kalla árvissar.

Hugtakið *vatnsflæði* er skilgreint sem rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/s eða m^3/s.

Orðið *vatnsleg* er notað í gildandi vatnalögum, en er ekki skilgreint þar. Hér er orðið skilgreint sem lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt á vatnsborðsstöðu við háflæði. Hér er vatnið sjálft ekki aðalatriði heldur landslagsfyrirbærið sem vatnið stendur í. Þá er sérstaklega tekið fram í 2. málsl. að lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljist ekki til vatnslegs.

Vatnsmiðlun er skilgreind sem geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til stýringar á rennsli vatns.

Hugtakið *vatnsnýting* er hér skilgreint sem vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.

Orðið *vatnsveita* er skilgreint sem mannvirki til að flytja vatn til notenda. Er þetta í samræmi við almenna notkun orðsins, en gagnlegt er að skilgreina það fyrir þessi not til aðgreiningar frá öðrum veitumannvirkjum og veituframkvæmdunum sem ætluð eru til annarra nota, svo sem áveitum, vatnaveitum til virkjunar eða til varnar landspjöllum og öðru slíku.

Hugtakið *vatnsvirki* er skilgreint sem mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

Þjóðlenda er skilgreint með sama hætti og í lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur o.fl., sem landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Í frumvarpi þessu er hugtakið þjóðlendu að finna í skilgreiningu á eignarrétti að vatni í 4. gr., en þar segir að fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgi eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um eignarhald á vatni. Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla vatnalaga að rétturinn til umráða og hagnýtingar á vatni sem er á fasteign eða undir henni eða um hana rennur tilheyrir þeirri fasteign. Ákvæði 5. gr. tekur á því hvernig með skuli farið þegar vatn er í sameign. Í 6. gr. er regla sem tekur á því hvernig vatnsréttindum skuli skipta þegar merkivötn skilja fasteignir. Því næst ræðir í 7. gr. um leyfi til að skilja vatnsréttindi frá fasteign og ákvæði 8. gr. varðar aðskilnað vatns frá fasteign og skiptingu vatnsréttinda. Loks er í 9. gr. fjallað um skyldu til þátttöku í vatnsveitu- eða áveitugerð.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta kemur í stað 2. gr. gildandi vatnalaga. Hér segir að fasteign hverri fylgi eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Innan eignarréttar fasteignareiganda samkvæmt greininni rúmast eignarréttur að grunnvatni og jarðhita, en um þessar auðlindir gilda nú lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um rökin fyrir þeirri formbreytingu sem felst í þessari skilgreiningu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um sameign á vatni. Ákvæði 1. mgr. kveður á um það að fasteignareigendur sem aðgang hafa að sama vatni hafi sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Ef ekki verður samkomulag um nýtingu skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna. Hafa verður í huga við skýringu þessa ákvæðis að mönnum er skylt að nýta vatn svo til annarra þarfa en heimilis- og búsþarfa að öðrum verði sem

minnstur bagi að eða skerðing á nýtingu vatns sem þeir hafa rétt til. Sams konar reglu er ekki að finna í gildandi vatnalögum, en þau sjónarmið sem hún byggist á koma engu að síður fram í ákvæðum laganna.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvernig skorið skuli úr ágreiningi rétthafa um nýtingu vatns sem ekki fæst jafnaður. Þetta er sama regla og fram kemur í 27. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, að því er varðar þær auðlindir sem þar er að finna. Sömu reglu var einnig að finna í 14. gr. eldri orkulaga, nr. 58/1967.

Um 6. gr.

Greinin samsvarar 51. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 190; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 69 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 41. Ákvæðið felur í sér eðlilega reglu um réttarstöðu þeirra sem eiga land að merkivatni.

Um 7. gr.

Í þessari grein er mikilvæg regla um rétt landareignar til vatns. Þar segir að ekki megi skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi ráðherra. Um er að ræða töluverðar breytingar á innihaldi reglunnar í samanburði við 15. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir að rétt landareignar til vatns, sem á henni er til: a. heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða, b. búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og c. jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu, má eigi skilja við eignina, nema sérstök lagaheimild komi til. Um rökin fyrir því sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 183; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 63 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 35. Ekki þykir ástæða til að halda í upptalningu 15. gr. gildandi vatnalaga, enda eru orðin heimilis- og búsþarfir skilgreind í 1. gr. frumvarpsins og ber að leggja þær skilgreiningar til grundvallar.

Um 8. gr.

Greinin svarar efnislega til 16. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir í 1. mgr. að séu vatnsréttindi af hendi látin án þess að eignarréttur að landi sé jafnframt látinn og fari þá eftir „reglum um landkaup“. Með tilvitnuðu orðalagi er m.a. átt við þýðingu reglna um þýðingu þinglýsingar þegar um sölu eða veðsetningu vatnsréttinda er að ræða. Sjá nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 35. Hefur orðalagi 1. mgr. þessarar greinar verið breytt til samræmis við þetta og er hún nú orðuð svo að þegar vatnsréttindi eru framseld án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Í 2. mgr. kemur fram að láti maður af hendi hluta landareignar sem liggi að vatni eða á séu vatnsbotn og vatnsréttindi falin í kaupinu nema öðruvísi sé um samið, en þó skuli sá hluti fasteignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að heimilis- og búsþarfir séu grunnþarfir sem tryggja þarf að fylgi fasteignum eftir því sem kostur er.

Í 3. mgr. segir að sé sameignarlandi skipt skuli hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr. Hér er orðalag með nokkuð öðrum hætti en í 3. mgr. 16. gr. gildandi vatnalaga. Ekki er þó ætlunin að gera neina efnisbreytingu að þessu leyti. Um rökin fyrir 3. mgr. 16. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 183–184; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 64–65 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 35.

Um 9. gr.

Í þessari grein er ákvæði sem varðar skyldu sameigenda til að taka þátt í gerð vatnsveitu, áveitu eða landþurrkunarframkvæmdum. Með greininni eru fyrirmæli 30., 48. og 82. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sameinuð í einni grein.

Ákvæði 1. mgr. fjallar um innbyrðis samskipti sameigenda að sömu fasteigninni og heimildir meiri hlutans til að taka ákvarðanir um gerð vatnsveitu, áveitu eða til landþurrkunar á henni. Er minni hlutanum skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði ef það er mat dómkvaddra matsmanna að fasteigninni verði meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

Í 2. mgr. kemur fram að verði ekki samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar skuli skera úr með mati dómkvaddra matsmanna. Rétt er að benda á að ekki eru eins nákvæm fyrirmæli um það með hvaða hætti þetta skuli metið eins t.d. 2. mgr. 30. gr. gildandi vatnalaga gerir ráð fyrir, en engin þörf þykir á svo nákvæmum fyrirmælum. Það verður að ráðast af mati dómkvaddra matsmanna hvað teljist eðlilegt í þessum efnum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um landamerki í vötnum, þ.e. vatnsföllum (10. gr.) og stöðuvötnum (11. gr.) og landamerki milli fasteigna sem liggja að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin (12. gr.).

Um 10. gr.

Í þessari grein er regla um landamerki í vatnsföllum, þ.e. lækjum og ám, en hún svarar til 3. gr. gildandi laga. Regluna er einnig að finna í Jónsbók, Landsleigubálki 24, 56 og 60 (Rekab. 1). Í samræmi við breytta orðnotkun þessa frumvarps kemur orðið „vatnsfall“ í stað „á eða lækur“ og orðið „fasteignir“ kemur í stað „landareignir“. Fram kemur í 1. mgr. að skilji á eða lækur landareignir þá eigi hvort land í miðjan farveg, nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð. Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að reglan er valkvæð þar sem sá fyrirvari er gerður að hún gildi því aðeins ef „önnur lögmæt skipun“ er ekki gerð þar á. Hér má t.d. nefna landamerkjabréf sem þar til bærir aðilar hafa undirritað eða hefð, sbr. t.d. *Hrd. 1966. 845*, *Hrd. 1979. 829* og *Hrd. 1979. 846*, að því er varðar gildi landamerkjabréfa. Af dómum Hæstaréttar má þó ráða að eigi að víkja frá reglunni um miðjan fornan farveg þurfi heimildir um önnur landamerki, þ.e. aðra lögmæta skipun, að vera skýr og afdráttarlaus, sbr. t.d. *Hrd. 1966. 845*. Það skal þó áréttað að ákvæðið veitir eigendum lands sem liggur að stöðuvatni sem er breiðara en 230 metrar ekki heimild til að semja sín á milli um breiðari netlög í vötnum en vatnalögin mæla fyrir um. Sjá nánar Alþt. 1921, A-deild, bls. 181.

Samkvæmt 2. mgr. breytast merki ekki þótt farvegur breytist. Af þessari reglu leiðir að merkin verða því hin sömu og þau voru fyrir breytinguna. Sjá 13. gr. um fornan farveg og 14. gr. um heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta, sem varðar landamerki í stöðuvötnum, svarar til 4. gr. gildandi vatnalaga. Í 1. mgr. er tekið fram að liggi landareign að stöðuvatni fylgi vatnsbotn þeim bakka sem hann verður talinn áframhald af 115 metra út í vatn (netlög).

Í 2. mgr. segir að sé stöðuvatn merkivatn og sé undir 230 metrum á breidd skuli miðlína þess ráða merkjum nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð. Er þetta í samræmi við samsvarandi reglu um straumvötn.

Í 3. mgr. kemur fram að vaxi gras upp úr vatni við lágflæði þá fylgi vatnsbotn landi sem þurrt land væri. Sjá nánar Alþt. 1921, A-deild, bls. 181.

Í 4. mgr. kemur fram að séu eyjar, hólmar eða sker í stöðuvatni þá fylgi þeim netlög sem áður segir. Eigi maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og sundið er mjórra en 230 metrar ráði miðlína sundsins merkjum.

Samkvæmt 5. mgr. skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 181.

Af 6. mgr. leiðir að breytingar á botni stöðuvatns breyta ekki netlögum. Ákvæðið er í samræmi við þá reglu að breytingar á farvegi raska ekki merkjum sem áður voru. Það er gömul regla í íslenskum rétti að upphafleg miðlína farvegar ráði merkjum í straumvatni sem skilur lönd manna, sbr. Jónsbók, Landsleigubálk 24, 56 og 60 (Rekab. 1). Sjá nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 61–62.

Um 12. gr.

Í þessari grein segir að liggi tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin þá fylgi netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni. Greinin á sér fyrirmynd í 5. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir orðrétt svo: „Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur“. Frumvarpsgreinin felur í sér efnislega sömu reglu þó að orðalagi hafi verið nokkuð breytt. Þó er sá munur á henni og tilvitnuðu ákvæði vatnalaga að frumvarpsgreinin tekur til þess þegar tvær fasteignir eða fleiri liggja „að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin“.

Fræðimenn greindi á um það hvernig túlka bæri orðalag 5. gr. vatnalaga. Með dómi Hæstaréttar, *Hrd. 1990. 1124*, var tekið af skarið um það að beita skyldi 5. gr. vatnalaga um merki í ám, en þar sagði Hæstiréttur að ákveða bæri merkin eftir 3. gr. vatnalaga og „taka jafnframt mið af þeirri meginreglu, sem fram kemur í 5. gr. laganna“. Með frumvarpsgrein þessari er lagt til að lögfest verði sú regla sem slegið var fastri með framangreindum hæstaréttardómi og berum orðum tekið fram að reglan taki til þess þegar tvær landareignir eða fleiri liggja „að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin“ en orðið „vatnsfall“ tekur í frumvarpi þessu jöfnum höndum til lækjar og ár.

Um IV. kafla.

Í þennan kafla er skipað ákvæðum sem varða farveg vatna. Í 13. gr. er grundvallarreglan um fornan farveg, þ.e. að vötn öll skuli renna sem að fornu hafa runnið. Þá er í 14. gr. heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Um 13. gr.

Grein þessi er efnislega hin sama og 7. gr. gildandi vatnalaga. Í 1. mgr. er að finna grundvallarreglu fornra laga og nýrra um bann við því að breyta farvegi straumvatns, en í Jónsbók, Landsleigubálki 56, sagði orðrétt svo: „Vötn öll skulu svá renna sem at fornu runnit hafa; veit þat eingi maður af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft“. Sjá nánar um þessa reglu nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 62 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 34. Rétt er að taka fram að þegar ræðir um „vötn“ í þessari grein er átt við vatnsfall eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. eru bein afleiðing grundvallarreglunnar í 1. mgr., en auk þess taka þau til stöðuvatna og jarðvatns. Um er að ræða smávægilegar breytingar frá ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi vatnalaga. Þannig segir í 2. tölul. 2. mgr. að manni sé óheimilt nema lög heimili það

að gerstífla vatnsfall eða gera mannvirki í vatni eða yfir því, en í 3. tölul. kemur fram að manni sé óheimilt nema lög heimili að veita vatni af fasteign sinni á aðra fasteign.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Hún er nánast samhljóða 8. gr. gildandi vatnalaga. Sjá nánar um rökin Alþt. 1921, A-deild, bls. 182; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 62 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 34.

Í samræmi við meginreglu 14. gr. frumvarpsins og Landsleigubálks Jónsbókar þess efnis að „vötn öll skulu svá renna sem at fornu runnit hafa; veit þat eingi maður af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálft“ er fasteignareiganda heimilt skv. 1. mgr. að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag ef farvegur breytist án þess af mannavöldum sé. Ef til þess þarf afnot annarrar fasteignar eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur viðkomandi fasteignareigandi krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Ef ágreiningur verður skulu dómkvaddir matsmenn skera úr. Ákvæði þessarar greinar gildir þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem leiða kann af öðrum lögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar á meðal vegna friðlýsingar.

Um V. kafla.

Kafli þessi fjallar um aðgangsröð að vatni. Í 15. gr. er meginregla um forgang til nýtingar vatns til heimilis- og búsþarfa. Í 16. gr. er regla um það ef vatn er of lítið til að fullnægja forgangsþörfum skv. 15. gr. frumvarpsins. Þá er í 17. gr. almenn regla um vatnsból.

Um 15. gr.

Greinin kveður á um aðgangsröð að vatni, þ.e. mismunandi rétthæð vatnsnota þegar hagnýting eins fasteignareiganda getur ekki farið fram án þess að skert séu vatnsnot annarra. Ákvæði 1. mgr. gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gangi fyrir annarri vatnstöku eða vatnsnýtingu og að heimilisþörf gangi fyrir búsþörf. Að öðru leyti er við það miðað að vatnsnot séu jafnrétthá. Með greininni er því lögð til einföldun frá gildandi rétti, en rétthæð vatnsnota samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, er þessi:

1. Heimilisþarfir ganga fyrir búsþörfum.
2. Búsþarfir ganga fyrir notkun í þágu iðnaðar og iðju án orkunýtingar.
3. Notkun til iðnaðar og iðju án orkunýtingar gengur fyrir áveituþörfum.
4. Áveitur ganga fyrir nýtingu vatns til orkuvinnslu.

Rökin fyrir breytingum á rétthæð vatnsnota eru fyrst og fremst þær miklu samfélagsbreytingar sem hafa orðið síðan vatnalög, nr. 15/1923, voru sett. Ekki þykir lengur ástæða til að áveitur gangi fyrir réttinum til að nýta vatn til orkuvinnslu eða kveða sérstaklega á um það að notkun til iðnaðar og iðju án orkunýtingar gangi fyrir áveituþörfum. Er því lagt til að þessi nýting teljist jafnrétthá. Engu að síður þykir rétt að sú meginregla gildi áfram að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gangi fyrir annarri vatnstöku eða vatnsnýtingu og að heimilisþörf gangi fyrir búsþörf. Ekki verður talið að þær samfélagsbreytingar sem áður er getið breyti því að hér er áfram um að ræða grunnþarfir sem eðlilegt er gangi fyrir annars konar vatnsnotum.

Þá skal á það bent að ekkert ákvæði í frumvarpinu svarar til 33. gr. gildandi vatnalaga um vatnsveitur til námuvinnslu. Telja verður að slík regla eigi fremur heima í öðrum lögum sem gilda um námur.

Í 2. mgr. er heimild til handa fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á fasteign annars ef slík vatnstaka á eigin fasteign er ómöguleg eða til muna erfiðari. Þessi regla tekur mið af því að heimils- og búsþarfir teljast til grunnþarfa eins og áður er getið. Þykir því rétt að fasteignareigandi sem reynist vatnstaka örðug á eigin fasteign hafi kost á að sækja sér vatn til þessara þarfa á fasteign annars manns. Hagsmunir eiganda þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr eru tryggðir með því að hann á rétt á bótum fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum.

Í 3. mgr. kemur fram að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir fasteignareigendum. Þetta er í samræmi við lög nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, en í 3. mgr. 1. gr. laganna segir að ákvæði laganna gildi ekki um vatnsveitur sem vatnsveitufélög eða aðrir starfrækja samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923. Munu sveitarfélög nú í raun útvega langstærstum hluta fasteignareigenda í landinu neysluvatn um vatnsveitur sínar og er ástæða til þess að ætla að með tímanum muni sveitarfélögin ein standa að vatnsveitum í landinu.

Þá er í 4. mgr. tekið fram að nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, geti iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi. Er þetta viðbót við fyrra frumvarp að tillögu meiri hluta iðnaðarnefndar Alþingis.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru mikilvægar reglur um það hvernig með skuli farið ef vatn er of lítið til að fullnægja forgangsþörfum skv. 15. gr. Á þá hver sú fasteign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum og er gert ráð fyrir að mat dómkvaddra matsmanna skeri úr um semjist ekki með mönnum.

Um 17. gr.

Í þessari grein kemur fram að geri fasteignareigandi vatnsból á fasteign sinni skuli hann gæta þess að ekki sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að vatnsbólum annarra fasteignareigenda. Rétt þykir að skorið verði úr ágreiningi sem upp kann að koma samkvæmt reglu 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Um nýja og víðtækari skilgreiningu hugtaksins vatnsbóls vísast til skýringa við 3. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla.

Þessi kafli fjallar um nýtingu vatnsorku. Miklar breytingar urðu á skipan raforkumála með setningu nýrra raforkulaga, nr. 65/2003. Með lögum nr. 64/2003, um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, voru jafnframt felld úr gildi þau ákvæði V. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, sem stönguðust á við raforkulög, nr. 65/2003, þ.e. 2. mgr. 50. gr. og 54. gr. til og með 67. gr. Jafnframt var 49. gr. gildandi vatnalaga breytt þannig að í stað 2. og 3. mgr. ákvæðisins kom ný málsgrein þess efnis að um leyfi til að virkja fallvatn færi samkvæmt raforkulögum. Í þessu frumvarpi er engin breyting gerð á þessari skipan.

Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta kemur fram að vatnsréttindi hafa verið flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteignum. Fjalla vatnsréttindi um þær heimildir fasteignareiganda sem beinlínis lúta að umráðum og hagnýtingu vatns á fasteign. Sú meginregla kemur fram í 2. gr. gildandi vatnalaga að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Þar er á hinn bóginn um að

ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þar með talið rétturinn til orkuvinnslu skv. 49. gr. gildandi vatnalaga, svo sem réttarframkvæmdin hefur og staðfest og áður er um fjallað, sbr. t.d. svokallaðan Kífsárdóm, *Hrd. 1955. 431.* Sum notkun eða meðferð vatns er því aðeins heimil að sérstakt leyfi stjórnvalda komi til. Skv. 49. gr. vatnalaga þurfti leyfi ríkisvaldsins til að virkja fallvatn til orkuvinnslu ef fallvatnið hafði meira en 500 eðlishestöfl. Þessi leyfi voru nefnd vatnsorkusérleyfi og var sett um þau sérstök löggjöf, þ.e. lög nr. 46/1925. Með 1. gr. laga nr. 12/1946 var ríkinu einu áskilinn réttur til að reisa og reka raforkuver sem stærri eru en 100 hestöfl, en þau lög voru síðar felld úr gildi.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW, en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi. Auk þess má nefna að jafnan þarf leyfi ráðherra til vatnsmiðlunar samkvæmt VI. kafla gildandi vatnalaga, sem og til ýmissar annarrar mannvirkjagerðar í vatni eða við vatn.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði kemur í stað 49. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 189; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 68 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 41.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að fasteign hverri fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Þess er áður getið að þar er um að ræða neikvæða skilgreiningu á hugtakinu eignarréttur, þ.e. hún tilgreinir ekki með upptalningu hvaða heimildir eigandinn hefur yfir verðmætinu heldur er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru beinlínis undanskildar eignarráðum hans, hvort sem það hefur gerst með lögum eða samningi. Samkvæmt þessu fylgir fasteign hverri m.a. rétturinn til orkunýtingar. Í þessu samhengi verður að hafa hugfast að ákvæði 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, tekur mið af því að vatnsréttindi fasteignareiganda eru skilgreind með jákvæðum hætti, þ.e. taldar eru upp þær heimildir sem í eignarrétti felast. Þannig segir í 2. gr. vatnalaga að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli skipta, þar með talið rétturinn til orkuvinnslu skv. 49. gr. laganna. Er þar á jákvæðan og tæmandi hátt kveðið á um það hvað felist í tilteknum heimildum eignarréttar að vatni. Af þessu leiðir að ákvæði 49. gr. gildandi vatnalaga verður ekki tekið óbreytt upp í þetta frumvarp.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar takmarkast orkunýtingarréttur fasteignareiganda við það að enginn sé sviptur vatnsnotum skv. 15. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni er nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi. Þessi regla er því í samræmi við reglu 4. gr. frumvarpsins um eignarrétt fasteignareiganda og 15. gr. frumvarpsins um forgangsrétt til töku vatns til heimilis- og búsþarfa gagnvart annars konar nýtingu vatns. Má raunar leiða reglu 1. mgr. þessarar greinar af 4. og 15. gr. frumvarpsins, en engu að síður þykir rétt að lögfesta hana sérstaklega í ljósi þess hversu verðmæt réttindi er um að ræða.

Um leyfi til að virkja fallvatn fer samkvæmt öðrum lögum, einkum raforkulögum.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 51. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 190; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 69 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 41.

Ákvæðið felur í sér eðlilega reglu um réttarstöðu þeirra sem eiga land að merkivatni. Almenna reglu um réttarstöðu eigenda fasteigna sem liggja að merkivatni er að finna í 6. gr. frumvarpsins. Þessi grein geymir hins vegar sérreglu um réttarstöðu eigenda fasteigna sem liggja að merkivatni þegar reynir á rétt þeirra til vatnsorku.

Í 1. mgr. er kveðið svo á að þar sem merkivötn skilja fasteignir hafi eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim til orkuvinnslu.

Í 2. mgr. segir að nægi merkivatn ekki báðum fasteignum þá hafi eigandi hvorrar fyrir sig rétt til svo mikils af vatnsorkunni sem svari hálfu rennsli merkivatnsins og fallhæð þeirri sem fyrir landi hans sé, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð. Ákvæði þetta felur í sér að báðir eigi jafnan rétt til vatnsins þó að aðalvatnsmagnið liggi við landi annars. Aðeins geti misjöfn fallhæð fyrir löndum veitt öðrum meiri vatnsréttindi en hinum. Af þessu leiðir að skipti vatnsfall löndum með tveimur landareignum fær hvor í sinn hlut helming náttúrulegrar orku vatnsfallsins á þeim kafla sem löndum skiptir.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar um mannvirki í vatni. Í gildandi vatnalögum er víða að finna ákvæði er varða mannvirki í vatni. Þá er þar að finna sérstaka kafla sem taka til vatnsmiðlana, mannvirkjagerðar, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns auk almennra ákvæða um vatnsvirki. Ekki þykir ástæða til að taka öll þessi ákvæði óbreytt upp í frumvarp þetta. Í þennan kafla er hins vegar safnað saman helstu reglum sem taka til mannvirkja og annarra verklegra framkvæmda í vötnum, farvegum o.s.frv. Kaflinn hefur að geyma sjö greinar. Í 20.–24. gr. eru ákvæði sem taka til ýmiss konar mannavirkjagerðar og nú er að finna í V.–VIII. kafla gildandi vatnalaga. Ekki er víst að fasteignareigandi sé ávallt framkvæmdaraðili samkvæmt ákvæðum kaflans. Engu að síður hvílir sú skylda eftir sem áður á honum að gæta tilkynningarskyldu og leita leyfis í samræmi við ákvæði kaflans. Þá er að finna reglu í 25. gr. sem varðar niðurlagningu mannvirkis. Loks er almennt ákvæði um aðgæsluskyldu í 26. gr.

Þær mannvirkjaframkvæmdir sem um ræðir í þessum kafla miða margar að því að breyta eðlilegu rennsli vatnsfalla. Í nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 72, segir að stórfelld miðlunarvirki snerti hagsmuni almennings að sumu leyti meir en flest önnur vatnsvirki og megi þar einkum nefna það að breytingar á eðlilegu vatnsmagni vatnsfalls snerti einatt hagsmuni allra þeirra sem noti vatn úr vatnsfallinu eða eigi veiðirétt í því. Oft fari stórar landspildur í kaf vegna miðlunarvirkja og geti þar verið um mikla hagsmuni að ræða ef yrkt land fari í kaf eða spillist. Loks séu verulega mjög miklir hagsmunir í veði ef stíflur þær bili sem gerðar séu til þess að safna vatninu og því sérstök þörf á ströngu eftirliti með gerð, viðhaldi og starfrækslu þeirra mannvirkja.

Við framangreint má bæta að hin síðari ár hefur umhverfissjónarmiða gætt í sífellt meira mæli. Þannig verður nú við mannvirkjagerð m.a. að gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. Almennt má gera ráð fyrir að framkvæmdir samkvæmt þessum kafla séu matsskyldar samkvæmt þeim lögum. Engu að síður er eðlilegt að hafa nokkrar helstu efnisreglurnar um þetta í vatnalögum, en hafa formreglur í öðrum lögum, t.d. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Er við það miðað í þessu frumvarpi.

Um 20. gr.

Greinin á sér fyrirmynd í 52. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 190; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 69 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 41. Sá munur er á þessari grein og tilvitnuðu ákvæði vatnalaga að hér er miðað almennt við mannvirkjagerð til vatnsnýtingar, en ekki einungis stíflugerð til orkunýtingar. Reglan á ein-

ungis við um merkivötn og fjallar um réttarstöðu þeirra sem land eiga að sama vatni þegar annar aðila vill gera mannvirki (Alþt. 1921, A-deild, bls. 190). Eðlilegt þykir að hafa reglu um hvaða úrræðum skuli beita og hvernig skera skuli úr.

Um 21. gr.

Greinin á sér fyrirmynd í 50. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 189; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 69 og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 41. Samkvæmt nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 69, var hér um að ræða ákvæði sem tryggja átti fasteignareiganda betri rétt til framkvæmda en þágildandi lög kváðu á um. Rétt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi áfram í lögum vegna hagsmuna nágrannaeigna.

Um 22. gr.

Greinin á sér að nokkru hliðstæðu í 75. gr. vatnalaga, en hefur verið víkkuð út í frumvarpinu. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 196; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 73. Með 1. mgr. er verið að verja hagsmuni fyrir ágangi vatna. Ákvæði 2. mgr. kveður á um heimild ráðherra til að veita heimild til eignarnáms vegna framkvæmda skv. 1. mgr. Þá er í 3. mgr. ákvæði sem beitt verður án tillits til þess hvort nota þarf land annars manns, en nægilegt er að hættan á spjöllum sé fyrir hendi. Hér er ráðherra heimilt að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Ákvæði þessarar greinar gildir þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem leiða kann af öðrum lögum, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar á meðal vegna friðlýsingar.

Um 23. gr.

Greinin á sér að nokkru hliðstæðu í 70. gr. gildandi vatnalaga. Sjá um 70. gr. Alþt. 1921, A-deild, bls. 194; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 72–73, og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 46–47.

Samkvæmt greininni þarf skilyrðislaust leyfi ráðherra til að framkvæma vatnsmiðlun eða breyta henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Þó skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu. Sú viðmiðun sem hér er lögð til grundvallar tekur mið af b-lið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sem kveður á um að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 fermetrar að stærð eða stærri, njóti sérstakrar verndar og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er.

Um 24. gr.

Þessi grein samsvarar 78. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 196; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 73–74, og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 39.

Reglan varðar fyrst og fremst innbyrðis samskipti eigenda nágrannaeigna. Hún tryggir mönnum réttinn til þess að losna við óæskilegt vatn af fasteignum sínum. Reglan tengist mjög umhverfismálum, en hér er um að ræða framkvæmdir sem í vissum tilvikum geta fallið undir lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þó að ekki sé það tekið fram berum orðum í greininni er eðlilegt að við mat eignarnámsbóta sé tekið tillit til þess hvort viðkomandi fasteignir hafa hag af framkvæmdinni. Í nefndaráliti meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 73–74, var miðað við að meginreglan væri sú að sá sem þyrfti afnot af landi annars manns til þessa gæti fengið rétt til þeirra ef ekki semdist, eftir ákvörðun matsnefndar í smærri tilvikunum, en samkvæmt heimild viðkomandi ráðherra í hin-

um meiri háttar tilfellum. Ekki þykja rök standa til þess að gera greinarmun á þessum tilvikum heldur hafa almenna heimild til eignarnáms.

Um 25. gr.

Greinin kveður á um það að niðurlagning mannvirkis, þar með talið stöðvun á viðhaldi, sé háð samþykki/leyfi Orkustofnunar. Þá segir að eigandi mannvirkis skuli leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Eðlilegt þykir að hafa ákvæði af þessu tagi, en nefna má að skv. 74. gr. gildandi vatnalaga þarf leyfi ráðherra til niðurlagningar vatnsmiðlunar.

Um 26. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að mannvirki og framkvæmdir allar skv. VII. kafla skuli þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á fasteignum annarra manna, nema þeim sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum. Hér er um að ræða almenna aðgæsluskyldu, en reglan á sér m.a. fyrirmynd í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um VIII. kafla.

Þessi kafli, sem fjallar um vatnafélög, samsvarar að miklu leyti XI. kafla gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200–202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76–78, og nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. 38–39 (hvað varðar áveitufélög).

Í kaflann er safnað saman almennum ákvæðum um vatnafélög. Gilda þessar almennu reglur um öll slík félög nema sérákvæði séu um einstök þeirra. Hér er um að ræða allítarlegar reglur um þessa tegund félagsskapar en þar sem reglum þessa kafla frumvarpsins sleppir gilda almennar reglur félagaréttar um vatnafélög.

Ætla verður að vatnafélög geti haft raunhæfa þýðingu nú á tímum þrátt fyrir að miklar samfélagsbreytingar hafi átt sér stað. Eins og greinir í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er gert ráð fyrir færri afbrigðum vatnafélaga í frumvarpinu en í gildandi vatnalögum. Ekki eru miklar breytingar á þeim reglum sem gilt hafa um vatnafélög skv. XI. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, en þó hefur nokkrum ákvæðum verið sleppt sem ekki virðist ástæða til að hafa í lögum. Þá skal áréttað að sú grundvallarbreyting hefur nú orðið á að skylduaðild að vatnafélögum er afnumin. Að öðru leyti vísast hér um til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 27. gr.

Greinin svarar til 99. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76.

Við setningu gildandi vatnalaga voru í 99. gr. talin upp þau félög sem þá töldust hafa raunhæft gildi hér á landi en öðrum félögum sleppt, t.d. fleytifélögum og félögum í því skyni að halda uppi umferð á vötnum. Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir félögum um vatnsveitur, áveitur, varnir gegn ágangi vatns og vatnsmiðlun. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir félögum um orkuver og orkuveitu, sbr. c-lið 1. mgr. 99. gr., og holræsi, sbr. g-lið 1. mgr. 99. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Um félög um orkuver og orkuveitu gilda raforkulög, nr. 65/2003, en hvað varðar holræsi er við það miðað að sá málaflokkur heyri undir umhverfisráðherra.

Um 28. gr.

Greinin svarar til 100. gr. gildandi vatnalaga, en orðalagi hefur verið breytt. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76. Í frumvarpsgreininni, sem skýrir sig sjálf, er fjallað um fundarboð til stofnunar vatnafélags.

Um 29. gr.

Regla 1. mgr. greinarinnar kemur í stað 102. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 200; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 76. Ákvæði 2. mgr. svarar til 108. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Ákvæði 2. mgr. er sett til þess að ekki vanti nauðsynleg ákvæði í samþykktir vatnafélaga. Upp eru talin öll helstu atriði sem fram eiga að koma í samþykktum í því skyni að auðveldara sé að semja þær.

Í 1. málsl. 2. mgr. er mælt fyrir um að einfaldan meiri hluta þurfi til að ráða málum til lykta, nema öðruvísi sé fyrir mælt. Í 2. málsl. 2. mgr. er heimild til að kveða svo á í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til að ráða tilteknum málum til lykta.

Um 30. gr.

Greinin, þ.e. 1.–3. mgr., svarar að mestu til 110. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77. Þessi grein er til tryggingar því að ekki verði teknir nýjir menn í félagsskapinn ef það veldur verulegum breytingum á verkefni hans eða skyldum félagsmanna. Ákvæði 2. mgr. kemur hins vegar í stað 34. og 45. gr. gildandi vatnalaga.

Ákvæði 1. mgr. varðar heimild til að taka nýja menn í vatnafélag.

Regla 2. mgr. varðar síðari þátttöku í vatnsveitu eða samáveitu, nánar tiltekið ákvæði um innbyrðis samskipti nágrannaeigna. Þar kemur fram að hverjum þeim sem ekki hefur tekið í upphafi þátt í framkvæmdum sé rétt að gera það síðar, enda valdi það ekki verulegu óhagræði að mati dómkvaddra matsmanna. Þá segir að náist ekki samkomulag um greiðslu endurgjalds fyrir vatnsnot, stofnkostnað eða árskostnað skuli skorið úr með eignarnámsmati. Telja verður eðlilegt að hafa ákvæði sem þetta þar sem vatnsveitur eða samáveitur eru í einkaeign, en augljós hagræðissjónarmið búa að baki reglunni, sbr. nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 66–67.

Í 3. mgr. kemur fram að verði veruleg breyting á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega af þeim sökum skuli fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins. Rétt er að taka fram að ekki þykir ástæða til að halda þeirri reglu að ráðherra skeri úr ágreiningi um efni 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eins og 2. mgr. 110. gr. gildandi vatnalaga gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að slíkur ágreiningur verði leystur fyrir almennum dómstólum.

Í 4. mgr. segir að bætist nýr maður í félag skuli hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði, þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skuli hann sjálfur þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

Um 31. gr.

Greinin kemur í stað 111. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Í 1. mgr. kemur fram að maður megi segja sig úr félagi, en þá skuli hann fá greiddan

stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans. Þá segir að úr ágreiningi skuli skorið með mati dómkvaddra matsmanna. Hér er um að ræða miklar breytingar frá reglu 111. gr. gildandi vatnalaga, en þar segir að maður megi segja sig úr félagi, ef 1) ⅔ hlutar félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi og 2) svo reynist að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af félagsskapnum en öðrum landareignum samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Í 1. mgr. þessarar frumvarpsgreinar er aftur á móti byggt á því að maður geti hvenær sem er sagt sig úr félagi og er það í samræmi við ríkjandi viðhorf um félagafrelsi. Þess verður þó að gæta að tryggja eðlilega hagsmuni þess sem segir sig úr félagi sem og þeirra aðila sem áfram eru í félagsskapnum og er við það miðað í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Í 2. mgr. er eðlileg regla sem mælir svo fyrir að segi maður sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu. Í 111. gr. gildandi vatnalaga kemur fram að verði ágreiningur megi skjóta honum til ráðherra. Engin slík heimild er í þessari grein til slíks málskots enda er ekki gert ráð fyrir neinu eftirlitshlutverki ráðherra í tengslum við vatnafélög. Af þessu leiðir að leysa verður úr einkaréttarlegum ágreiningi aðila að vatnafélagi fyrir almennum dómstólum.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 4. mgr. 106. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77. Í greininni kemur fram að eignir félags standi fyrir skuldum þess og enginn félagsmaður beri ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu. Þetta verður að teljast eðlilegt ákvæði, en því er ætlað að takmarka ábyrgð félagsmanna þar sem þátttaka í félagi er lögskipuð.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 112. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 201–202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 77.

Í 1. mgr. koma fram skilyrði þess að slíta félagi. Þar segir að slíta megi félagi í þremur tilvikum, þ.e. 1) ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar, 2) ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess og 3) ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félagið setti sér eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram. Í þessum tölulið kemur jafnframt fram að ágreiningi um það hvort skilyrði félagsslita samkvæmt honum séu fyrir hendi skuli ráðið til lykta með mati dómkvaddra matsmanna. Er það breyting frá gildandi rétti að því leyti að dómkvaddir matsmenn ráða úr þessum ágreiningi, en ekki úttektarmenn eins og 1. mgr. 112. gr., sbr. 147. gr. gildandi vatnalaga, gerir ráð fyrir. Þá er heldur engin málskotsheimild eins og í gildandi vatnalögum sem kveða á um það að skjóta megi mati úttektarmanna undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar. Er það í samræmi við þá staðreynd að ráðherra er ekki ætlað hlutverk í tengslum við vatnafélög.

Ákvæði 2.–4. mgr. svara að mestu til 113. gr. gildandi vatnalaga. Sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 202; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, A.I, bls. 78.

Samkvæmt 2. mgr. sér skilanefnd um skipti vatnafélags og um vald hennar vísast til hlutafélagalaga um skilanefnd við slit hlutafélags.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um það hvernig með skuli fara þegar eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum.

Í 4. mgr. er vísað til laga um skipti á dánarbúum o.fl. að því leyti sem ákvæði frumvarpsins mæla ekki annan veg.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnsýslu og eftirlit.

Leyfi, sem Orkustofnun er ætlað að veita samkvæmt frumvarpinu, eru annars vegar leyfi fyrir miðlunarlón sem eru 1.000 m^2 að flatarmáli eða stærri (23. gr.) og hins vegar leyfi til niðurlagningar mannvirkja (25. gr.). Við afmörkun stærðar miðlunarlóna er tekið mið af náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, en vötn af þessari stærð njóta sérstakrar verndar samkvæmt þeim. Orkustofnun hefur samráð við Umhverfisstofnun um slík leyfi. Niðurlagning mannvirkja getur haft umtalsverð vatnafarsleg áhrif, auk þess sem gæta þarf öryggissjónarmiða vegna mannvirkja sem fer hrörnandi og geta því verið hættuleg, einkum ef þau fá að drabbast niður án eftirlits.

Um tilkynningarskyldu til Orkustofnunar vegna framkvæmda og um almenna heimild stofnunarinnar til að setja skilyrði er fjallað ítarlega í athugasemdum við 35. gr. frumvarpsins. Þörfin á tilkynningarskyldunni byggist á viðfangsefni frumvarpsins og því að framkvæmdir geta haft veruleg og óafturkræf áhrif á vötn og vatnsréttindi annarra og skert nýtingarhagsmuni og almannahag fyrir utan önnur spjöll sem þeim geta fylgt. Auk þess er talin þörf á tilkynningarskyldu vegna hlutverks Orkustofnunnar samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Tilkynningarskylda getur tæplega talist mjög íþyngjandi fyrir hinn tilkynningarskylda aðila, en lausung og losarabragur við framkvæmdir geta komið illa niður á mörgum stöðum og hjá mörgum aðilum. Orkustofnun eru því ætlaðar heimildir til að setja skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi í vötnum, m.a. ef þess er talin þörf af tæknilegum ástæðum eða vegna varðveislu nýtingarmöguleika vatnsins. Hér er um heimild að ræða en ekki skyldu og tekið mið af því að heimild verði ekki beitt nema að gefnu tilefni eins og nánar er kveðið á um hér síðar. Framkvæmdir þessar geta verið leyfis- eða eftirlitsskyldar samkvæmt öðrum lögum og af hálfu annarra aðila, sbr. t.d. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, náttúruverndarlög, nr. 44/1999, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, o.fl. Almannahagsmunir og nauðsyn góðrar og skipulegrar umgengni við vötn í tengslum við nýtingu þeirra kalla á stjórnsýslu og eftirlit Orkustofnunar á þann afmarkaða hátt sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram að iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum.

Í 2. mgr. er að finna kæruheimild til ráðherra vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Rétt er að taka fram að framkvæmdir í vötnum geta verið háðar leyfi eða skilyrðum fleiri stjórnvalda en Orkustofnunar. Það breytir þó í engu heimild aðila til að bera stjórnvaldsákvörðun Orkustofnunar undir iðnaðarráðherra.

Um 35. gr.

Í þessari grein ræðir um skyldu til að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í vötnum vegna vatnsnýtingar.

Ákvæði 1. mgr. er byggt á þeirri meginreglu að allar framkvæmdir í vötnum séu tilkynningarskyldar þó að þær séu ekki leyfisskyldar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eða öðrum lögum, t.d. skipulags- og byggingarlögum. Enginn eðlismunur er á þeim framkvæmdum sem leyfisskyldar kunna að vera samkvæmt öðrum lögum. Sama nauðsyn er því á tilkynningarskyldu í þeim tilvikum. Rökin fyrir reglu 1. mgr. eru einkum þau að Orkustofnun eru falin viðamikil verkefni í lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun. Má þar að nefna að skv. 2. gr. lag-

anna er hlutverk Orkustofnunar m.a. 1) að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál, 2) að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotnsins og á öðrum jarðrænum auðlindum þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra, 3) að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, o.fl. Þykir tilkynningarskylda 1. mgr. nauðsynleg í ljósi þessa hlutverks Orkustofnunar. Þá verður einnig að hafa í huga að tilkynningarskylda getur ekki talist mjög íþyngjandi fyrir hinn tilkynningarskylda aðila. Til greina hefði komið að hafa allar framkvæmdir í vötnum, stórar og smáar, leyfisskyldar. Aðferðarfræði þessarar greinar gengur hins vegar skemur og ætti að ná öllum sömu markmiðum og næðust með skilyrðislausu ákvæði um leyfi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ekki þurfi að tilkynna Orkustofnun sérstaklega um framkvæmdir er snerta veiðivötn í skilningi lax- og silungsveiðilaga, nr. 76/1970. Slíkar framkvæmdir eru háðar leyfi veiðimálastjóra og er í málsgreininni kveðið á um að þegar sótt er um leyfi til framkvæmda til veiðimálastjóra skuli hann senda Orkustofnun afrit af slíkum umsóknum. Orkustofnun getur þá ef hún telur ástæðu til sett skilyrði fyrir framkvæmdinni í samræmi við 3. mgr.

Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. felur í sér heimild til handa Orkustofnun að setja skilyrði fyrir framkvæmdum sem talin eru nauðsynleg af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Þess er áður getið að sú leið var ekki talin heppileg í frumvarpinu að binda allar framkvæmdir í vötnum, stórar sem smáar, við leyfi Orkustofnunar. Þetta ákvæði styðst aftur á móti við þau rök að þó að framkvæmd sé lögum samkvæmt ekki leyfisskyld geti þær aðstæður verið fyrir hendi að sama þörf sé á að Orkustofnun setji skilyrði fyrir framkvæmdum og væru þær leyfisskyldar. Hér er því um að ræða stjórnsýsluákvörðun Orkustofnunar sem tekin verður á grundvelli þeirra aðstæðna sem lýst er í ákvæðinu.

Í 2. málsl. 3. mgr. kemur fram að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. gildi ekki um framkvæmdir á friðlýstum svæðum þar sem Umhverfisstofnun hefur forræði. Umhverfisstofnun skal þó leita álits Orkustofnunar um framkvæmdir skv. 1. mgr. en verði ágreiningur milli Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar um skilyrði fyrir framkvæmdum sker umhverfisráðherra úr. Tekið skal fram að þau skilyrði sem Orkustofnun getur sett fyrir framkvæmdum í vatni skulu byggjast á þeim sjónarmiðum sem fram koma í 1. málsl. 3. mgr. Sérstaklega skal áréttað að heimild Orkustofnunar skv. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar nær ekki til framkvæmda á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Í 4. mgr. er ákvæði sem setur Orkustofnun þrönga fresti til þess að taka ákvörðun um hvort hún ætli sér að nýta heimild 3. mgr. til þess að setja skilyrði fyrir framkvæmdum í vatni. Í fyrsta lagi skal stofnunin greina tilkynningarskyldum aðila frá því innan fjögurra vikna frá því tilkynning barst henni hvort sett verða skilyrði fyrir framkvæmdum eða gerðar aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Í öðru lagi er það svo að tilkynni Orkustofnun tilkynningarskyldum aðila innan frestsins að hún hyggist setja einhver skilyrði fyrir framkvæmdum byrjar nýr fjögurra vikna frestur að líða að loknum fjögurra vikna frestinum.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um skyldu til setningar reglugerðar enda nauðsynlegt að þau efnislegu og formlegu skilyrði sem mælt er fyrir um í greininni séu nánar útfærð í reglugerð.

Um 36. gr.

Í þessari grein kemur fram að Orkustofnun hefur stjórnsýslu og eftirlit með ákvæðum frumvarpsins. Stofnunin getur lagt á dagsektir ef ekki er farið að tilmælum hennar. Þá er stofnuninni heimilt að fella niður leyfi og banna framkvæmdir eða starfsemi ef brotin eru ítrekuð eða stórfelld. Áréttað er í 3. mgr. að áður en gripið er til slíkra úrræða skuli Orkustofnun ávallt veita skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru eignarnáms- og bótaákvæði. Ákvæði þessa kafla frumvarpsins fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi vatnalögum. Er þar fyrst og fremst um að ræða einföldum á þeim reglum sem gilda um mat á tjóni og ákvörðun um eignarnámsbætur. Samkvæmt gildandi vatnalögum eru ýmsar sérreglur um eignarnám sem ganga framar almennum reglum laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, sbr. 1. gr. laganna. Helstu breytingarnar með þessu frumvarpi felast í eftirfarandi atriðum:

1. *Ákvörðunarvald um til hvaða eigna eignarnámið skuli ná, eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, verði í höndum ráðherra.*

Lagt er til að ákvörðunarvald um heimild til eignarnáms verði ávallt í höndum ráðherra. Samkvæmt gildandi lögum veitir ráðherra yfirleitt leyfi til eignarnáms sem heimilað er í vatnalögum, en stundum heyrir það undir matsnefnd. Ef hins vegar ágreiningur rís um það til hvaða eigna eignarnámið skuli ná, eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, er úr því skorið með mati dómkvaddra manna, sbr. 146. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þar kemur fram að hvarvetna þess er eignarnám er heimilað samkvæmt lögunum og menn skilur á um það hvaða eignir eða réttindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o.s.frv. þurfi á að leggja, þá skuli skera úr með mati. Þarna er tiltekin verkaskipting milli ráðherra annars vegar og dómkvaddra matsmanna hins vegar. Í frumvarpinu er lagt til að þessi verkaskipting verði aflögð, en þess í stað verði við það miðað að það sé í verkahring ráðherra að ákvarða hve víðtækt eignarnámið skuli vera, einkum hvaða réttindi skuli skert og með hvaða hætti. Þetta er í samræmi við hefðbundin viðhorf. Ekki verður talið að þetta sé varhugavert, enda getur eignarnámsþoli ávallt borið ákvörðun ráðherra undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

2. *Dómkvaddir matsmenn framkvæmi allar matsgerðir.*

Lagt er til að dómkvaddir matsmenn framkvæmi allar matsgerðir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Í gildandi vatnalögum er gert ráð fyrir að annars vegar löggiltir úttektarmenn eða hins vegar dómkvaddir matsmenn framkvæmi mat á grundvelli laganna. Þó gera lögin ráð fyrir að matsbeiðandi eða matsþoli geti hvor um sig krafist þess að dómkvaddir matsmenn framkvæmi matið. Ekki verður séð að sérstök rök standi lengur til þess að bjóða upp á tvo kosti í þessum efnum. Er því lagt til að reglur þessar verði einfaldaðar með því að dómkvöddum matsmönnum verði einum falið þetta hlutverk. Um dómkvadda matsmenn, almennt og sérstakt hæfi þeirra og störf að öðru leyti, fer samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 147. gr. gildandi vatnalaga framkvæma löggiltir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram, tilteknar matsgerðir samkvæmt lögunum, þ.e. matsgerðir skv. 6., 3. mgr. 9. gr., 10., 3. mgr. 12. gr., 2. mgr. 18. gr., 4. mgr. 25. gr., 31., 37., 38., 2. mgr. 39. gr., 40., 2. mgr. 41. gr., 43., 44., 45., 2. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 82. gr., 78., 80., 81., b-lið 1. mgr. 111. gr. og 112. gr. Sú undantekning er þó gerð frá þessari reglu að dómkvaddir matsmenn framkvæma matsgerðir alls staðar annars staðar, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögunum, sbr. b-lið 1. mgr. 147. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 147. gr. meta úttektarmenn þó ekki ef: a) Matsbeiðandi krefst þess að dómkvaddir menn meti eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu sem af kröfu hans stafar. b) Úttektarmenn treysta sér ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum. c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram. d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að reglur gildandi vatnalaga eru allflóknar og er því lagt til í frumvarpinu að reglur um mat verði einfaldaðar.

3. Sérreglur um matsmenn eignarnámsbóta samkvæmt vatnalögum afnumdar.

Lagt er til að sérreglur um matsmenn eignarnámsbóta samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, verði afnumdar, en lögin gera ráð fyrir að bæði geti farið fram undir- og yfirmat eignarnámsbóta. Eins og að framan greinir er undirmat ýmist framkvæmt af úttektarmönnum eða tveimur dómkvöddum mönnum eftir reglum 147. gr. vatnalaga. Skv. 148. gr. vatnalaga er síðan hægt að skjóta undirmati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna innan sex vikna frá lokum matsgerðar. Á yfirmatsnefnd að ákveða bætur enda þótt undirmat hafi ekki fjallað um þær vegna þess að ekki hefur verið fallist á eignarnámsbeiðnina, en yfirmatsnefnd tekur hana hins vegar til greina. Þegar svo stendur á má á hinn bóginn skjóta úrlausn yfirmatsmanna um bætur til sérstaks yfirmats samkvæmt eldri lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms (matsnefnd eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms, gegnir nú þessu hlutverki). Þegar einungis skal ákveða endurgjald eða bætur skal yfirmatsnefnd skipuð sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms, sbr. 148. gr. vatnalaga.

Af framansögðu er ljóst að samkvæmt sérreglum vatnalaga geta eignarnámsbætur verið ákveðnar af undirmatsmönnum, yfirmatsmönnum og matsnefnd eignarnámsbóta. Því næst er hægt að bera ákvörðun matsnefndar eignarnámsbóta undir dómstóla, þ.e. héraðsdóm og loks Hæstarétt. Mikil einföldun og hagræði felst í því að ákvarða eignarnámsbætur eftir almennum reglum, þ.e. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Ekki er um að ræða neitt yfirmat samkvæmt þeim lögum, en ákvörðun bótafjárhæðar, sem matsnefndin ákvarðar, verður hins vegar borin undir dómstóla.

4. Sérreglur um kostnað eignarnámsþola af matsmáli afnumdar.

Lagt er til í frumvarpinu að sérreglur um kostnað eignarnámsþola af matsmáli verði afnumdar. Með vísan til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að sérreglur 149. gr. vatnalaga um matsmenn eignarnámsbóta verði afnumdar er lagt til að almennar reglur gildi um kostnað eignarnámsþola af matsmáli, sbr. nú 11. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

5. Sérreglur um umráðatöku eignarnema afnumdar.

Í frumvarpinu er lagt til að sérreglur 139. gr. vatnalaga um umráðatöku eignarnema verði afnumdar. Þess í stað gildi almennar reglur um umráðatöku, sbr. nú 13. og 14. gr. laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

6. Sérreglur um ákvörðun fjárhæðar eignarnámsbóta afnumdar.

Lagt er til í frumvarpinu að sérreglur um ákvörðun fjárhæðar eignarnámsbóta verði að mestu afnumdar. Sjá nánar athugasemdir við 41. gr.

7. Sérregla um andmælarétt afnumin.

Í frumvarpinu er lagt til að sérregla 1. mgr. 144. gr. vatnalaga um andmælarétt í tengslum við eignarnám og aðrar eignarskerðingar verði afnumin enda er réttur þessi fyllilega tryggður skv. IV. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 37. gr.

Í mörgum ákvæðum frumvarpsins er vikið að því í hvaða tilvikum ráðherra geti tekið réttindi eignarnámi. Í þessari grein er svo aftur afmarkað til hvaða réttinda eignarnámið skuli ná eða hve víðtækt það eigi að vera að öðru leyti, en það mat er nú í höndum ráðherra eins og að framan segir. Í greininni kemur fram að ráðherra geti heimilað að vatnsréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda í samræmi við ákvæði laga þessara. Þess skal þó ávallt freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur, en það verður að telja eðlilega reglu, sérstaklega í ljósi *Hrd. 1998. 985.* Loks segir að um framkvæmd eignarnáms á grundvelli frumvarpsins fari eftir almennum reglum, en hér er átt við lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 38. gr.

Í 1. málsl. greinarinnar segir að við ákvörðun eignarnámsbóta skuli taka sérstakt tillit til óvissu um vatnsréttindin og kostnað af notkun. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 3. mgr. 30. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 5. mgr. 23. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

Í 2. málsl. kemur fram að við ákvörðun eignarnámsbóta skuli koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Með þessari reglu er áréttað það sjónarmið, sem lagt hefur verið til grundvallar í íslenskum rétti, að við ákvörðun eignarnámsbóta beri að taka til greina verðhækkun sem rekja má til eignarnáms, þ.e. verðhækkun sem er almenn í þeim skilningi að aðrar eignir í grenndinni hafa hækkað í verði að sama skapi. Aftur á móti hefur verið litið svo á að ekki beri að taka til greina sérstaka verðhækkun þeirrar eignar sem tekin er eignarnámi. Að þessu virtu þykir ekki ástæða til að taka upp í frumvarpið sérreglu 2. mgr. 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sem byggist á því að til þess sé ætlast að í bótafjárhæðum beri ekki að taka með almenna verðhækkun eignar (sjá Alþt. 1921, A-deild, bls. 210; nefndarálit meiri hluta fossanefndar, bls. 81). Í tilvitnaðri grein vatnalaga segir að bætur fyrir eignarnumið land eða réttindi yfir landi skuli aldrei hærra meta en þær bætur sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grennd, jöfnum kostum búin, eða sams konar jafnverðmæt réttindi yfir slíkum löndum, enda skuli að engu hækka mat þótt land kunni að hækka í verði eða réttindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja sem eignarnám á því landi eða þeim réttindum er framkvæmt fyrir eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum. Ákvæði 2. málsl. 38. gr. frumvarpsins er því í samræmi við það meginsjónarmið að ekki beri að taka til greina sérstaka verðhækkun þeirrar eignar sem tekin er eignarnámi. Á sama sjónarmiði er byggt í 1. mgr. 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, en sá munur er á henni og þessari reglu frumvarpsins að regla gildandi laga fjallar aðeins um það þegar hluti eignar er tekinn eignarnámi eða eignarréttindi skert með öðrum hætti án þess að eignarnámsþoli sé sviptur eign sinni að fullu og öllu. Rétt þykir í frumvarpi þessu að taka það sérstaklega fram að þessi sérstaka verðhækkun sem verður vegna eignarnáms komi til frádráttar hvort heldur um eignarnám hluta eignar eða eignar í heild er að ræða.

Í 3. málsl. kemur fram að fara skuli um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum að öðru leyti, en hér er átt við lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 39. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um XI. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman ýmsum almennum ákvæðum.

Um 40. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 41. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans. Erfitt getur reynst að sanna að skilyrði refsiábyrgðar séu fyrir hendi ef um refsiábyrgð lögaðila væri vísað til II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Rétt er að taka fram að viðurlagaákvæði þetta ber að túlka til samræmis við ákvæði II. kafla A almennra hegningarlaga.

Í fyrsta lagi verður fésekt ákveðin með hliðsjón af almennum hegningarlögum, m.a. 51. gr. sem mælir svo fyrir að þegar fjárhæð sektar er ákveðin skuli eftir því sem við á höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu, framfærsluskyldu, öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans og þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af brotinu eða stefnt var að með því.

Í öðru lagi verður hugtakið lögaðili í viðurlagaákvæði frumvarpsins túlkað með hliðsjón af 19. gr. b almennra hegningarlaga, enda engin sérregla lögð til í frumvarpinu, en í greinargerð með 19. gr. b segir að gildandi sérrefsilagaheimildir um refsiábyrgð lögaðila verði skýrðar til samræmis við ákvæðið þannig að refsiábyrgðin taki til þeirra lögaðila sem ákvæðið afmarkar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í sérrefsilögunum.

Í þriðja lagi skal tekið fram að öfugt við 19. gr. a og 19. gr. b verður 19. gr. c ekki beitt um tilvik sem falla undir viðurlagaákvæði frumvarpsins. Um það vísast til þess sem áður segir, að viðurlagaákvæði frumvarpsins miðar við hlutræna refsiábyrgð lögaðila. Heimilt er að víkja frá að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því skilyrði að staðreynt hafi verið að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður lögaðilans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Um þetta segir í athugasemdum við 19. gr. c í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 140/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, að ákvæði um slík frávik verði þó að vera skýr. Þannig sé t.d. ekki gert ráð fyrir því að ákvæðið felli úr gildi sérrefsilagaákvæði um að gera megi lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Af þessum ummælum er ljóst að viðurlagaákvæði frumvarpsins stenst fyllilega kröfur almennra hegningarlaga.

Um 42. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 43. gr.

Um 1. tölul.

Hinn 1. janúar 2002 voru holræsamál flutt frá félagsmálaráðuneyti yfir í umhverfisráðuneyti enda talið eðlilegt með hliðsjón af verkefnum ráðuneytanna og að nægjanlegar lagaheimildir væru til að taka á málum í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Í 25. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr.

59/1999, sbr. 3. gr., geta sveitarfélög sett sér samþykktir um ýmsa þætti sem ekki er sérstaklega fjallað um í reglugerðum eða gert ítarlegri kröfur en þar koma fram, svo sem um meðferð úrgangs og skolps. Slíkar samþykktir skulu staðfestar af umhverfisráðherra. Enn fremur er sveitarfélögum heimilt að setja sér gjaldskrár um innheimtu gjalda að fenginni staðfestingu og birtingu á slíkri samþykkt. Rétt þykir nú við endurskoðun vatnalaga að fella ákvæði X. kafla laganna inn í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að svo miklu leyti sem það er talið nauðsynlegt og samræma þau ákvæðum þeirra laga. Talið er æskilegt að kveða í þeim lögum á um skyldu sveitarfélaga til þess að leggja fráveitu, en það er leiðslukerfi fyrir skolp, þ.m.t. safnræsi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skolps, m.a. að setja niður rotþrær og siturlagnir eða önnur hreinsivirki, enn fremur um heimildir sveitarfélaga til þess að leggja gjald á fasteignir til þess að standa straum af kostnaði við að leggja fráveitur þar sem tekið yrði mið af fasteignamati, þ.e. húsa og lóða, og einnig þarf að koma fram skýr skylda fasteignaeigenda að þeir á sinn kostnað annist lagningu leiðslna fyrir skolp að lóðarmörkum og tengingu við fráveitu sveitarfélagsins. Að öðru leyti er talið að lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, séu nægjanlega traust heimild fyrir sveitarfélögin til þess að taka á fráveitumálum auk þess sem í X. kafla vatnalaga er að finna ákvæði sem tóku tillit til aðstæðna í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar eða fyrir rúmum 80 árum og eiga ekki lengur við. Er því lagt til að sá kafli verði enn fremur numinn úr gildi. Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er m.a. að finna ákvæði um sérstakar samþykktir um fráveitur sem umhverfisráðherra staðfestir og jafnframt til gjaldtöku vegna veitingu leyfa og greiðslu þjónustugjalda. Eðlilegt er að ákvæði X. kafla vatnalaga um gjaldtöku vegna stofnkostnaðar vegna lagningar fráveitna og rotþróa sé að finna í sömu lögum.

Um 2. tölul.

Við endurskoðun vatnalaga þykir eðlilegt að fella ákvæði um umferð almennings um vötn inn í náttúruverndarlög þar sem þau lög hafa að geyma almenn ákvæði um umferðarrétt almennings. Gert er ráð fyrir að sá almannaréttur sem hingað til hefur gilt standi óbreyttur, sbr. t.d. 11. gr. og XII. kafla gildandi vatnalaga. Í III. kafla náttúruverndarlaga er jafnframt að finna almennar umgengnisreglur sem gilda í náttúrunni og ákveðnar takmarkanir á umferðarrétti, svo sem varðandi merkingar o.fl. Litið er svo á að þau ákvæði gildi einnig um umferð um vötn eftir því sem við getur átt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til vatnalaga.

Frumvarpið hefur það að markmiði að setja skýrari lagaákvæði en nú gilda um eignarhald á vatni, skynsamlega stjórnun vatnamála og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi vatnalög nr. 15/1923, með síðari breytingum. Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

282. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um fangaflutninga um íslenska lögsögu.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jón Gunnarsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Hjörvar, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Alþingi ályktar að flutningar fanga um íslenska lögsögu til ríkis þar sem ástæða er til að ætla að þeir eigi hættu á að sæta pyndingum, vanvirðandi, ómannlegri meðferð eða refsingu séu með öllu óheimilir.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að ákvæðum alþjóðasamninga, sem Ísland er aðili að og miða að því að koma í veg fyrir pyndingar, vanvirðandi, ómannlega meðferð eða refsingu, sé framfylgt, og fyrir það girt að erlendir aðilar geti flutt fanga um íslenska lögsögu á leið til staða þar sem hætt er við að framangreind ákvæði alþjóðasamninga séu ekki virt.

Ríkisstjórnin skal gera utanríkismálanefnd Alþingis grein fyrir hvernig hún hyggst beita sér til að tryggja að markmið ályktunar þessarar nái fram að ganga.

Greinargerð.

Sterkar líkur eru á því að bandaríska leyniþjónustan hafi notað Ísland sem viðkomustað við flutning fanga á leið til landa þar sem vitað er að pyndingum er beitt við yfirheyrslur.

Samgönguráðherra dönsku ríkisstjórnarinnar hefur upplýst í danska þinginu um skrásetningarnúmer fjölda flugvéla sem bandaríska leyniþjónustan hefur leigt af flugfélögum og hafa millilent í Danmörku en rökstuddur grunur leikur á að flugvélarnar hafi verið notaðar m.a. til að flytja meinta hermdarverkamenn í þessu skyni. Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisútvarpið mun hafa fengið hjá flugmálastjórn hafa 15 af ofangreindum flugvélum lent margsinnis hér á landi, raunar miklu oftar en í Danmörku. Nokkrar hafa lent hér einu sinni, sumar nokkrum sinnum, ein 8 sinnum, ein 11 sinnum og tvær 15 sinnum. Í þessu ljósi er óhætt að segja að verulegar líkur séu á því að bandarísk stjórnvöld hafi notað Ísland sem viðkomustað í flutningum fanga í tilgangi sem brýtur í bága við alþjóðlega samninga.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er með öllu óheimilt að beita menn pyndingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ísland hefur jafnframt gerst aðili að fjölmörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum sem banna pyndingar eða illa meðferð á föngum. Í 3. gr. alþjóðasamnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984, sem fullgiltur var af Íslands hálfu 23. október 1996, er lagt bann við því að mönnum sé vísað úr landi, þeir endursendir eða framseldir til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að þeir sæti þar pyndingum. Í 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að enginn maður skuli sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Sams konar ákvæði er einnig að finna í 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Ísland er aðili að þessum samningum og má nefna að mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi. Jafnframt er refsivert að íslenskum rétti að beita pyndingum.

Flutningsmenn vekja sérstaka athygli á því að nýlegar breytingar á almennum hegningarlögum veita íslenska ríkinu refsilögsögu í málum sem tengjast brotum á alþjóðasamningi um

bann við pyndingum frá 1984, jafnvel þótt brotið sé framið utan íslensks forráðasvæðis. Íslenska ríkið fer með lögsögu á forráðasvæði sínu hvort sem um er að ræða á landi, í landhelgi eða lofthelgi og á ekki að leyfa umferð erlendra loftfara eða skipa sem flytja menn til staða þar sem hætt er við að mannréttindi verði á þeim brotin.

Af framansögðu má sjá að það er með öllu óverjandi að Ísland sé notað með einhverjum hætti til að beita fanga ómannúðlegri meðferð, hvað þá pyndingum. Slíkt stríðir gegn friðsamlegum og mannúðlegum viðhorfum íslensku þjóðarinnar. Það gengur jafnframt í berhögg við stjórnarskrá Íslands, íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

Hið algera bann samningsins við pyndingum og illri meðferð felur einnig í sér algert bann við að flytja fanga til ríkis þar sem hætta er á að hann verði pyndaður eða látinn sæta grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Í því ljósi og af almennum siðferðilegum ástæðum er allsendis óþolandi að erlend stjórnvöld misnoti íslenska lögsögu í þessum tilgangi.

Enginn vafi má leika á viðhorfi fulltrúa íslensku þjóðarinnar í þessu máli. Því er brýnt að afstaða Alþingis til málsins komi skýrt fram, eins og hér er lagt til.

283. Svar [149. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um kostnað við aðal- og svæðisskipulag.

1. *Hver hafa heildarútgjöld Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga verið við aðal- og svæðisskipulag á árunum 1997–2000, sundurliðað eftir árum?*

Kostnaður við gerð svæðisskipulags, að frátöldu svæðisskipulagi miðhálendis, skal greiðast til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áður gerðan samning, sbr. 2. tölul. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Í þeim tilvikum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði, sbr. 3. tölul. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga. Sveitarfélag sem ekki fær yfirfærðan beint helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, getur fengið allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði, sbr. 4. tölul. sömu greinar. Á grundvelli þessa ákvæðis er sveitarfélögum greitt fyrir skipulagsgerð sína úr sjóðnum en á árunum 1997–2000 voru eftirfarandi greiðslur úr honum:

Greitt úr skipulagssjóði 1997 - 2000

1997	38.131.458 kr.
1998	45.046.356 kr.
1999	42.649.706 kr.
2000	76.359.119 kr.
samtals:	202.186.639 kr.

Ef gengið er út frá því að sveitarfélög greiði helming af kostnaði við gerð svæðis- og aðalskipulags á móti Skipulagssjóði má áætla að kostnaður sveitarfélaga sé jafnhár því sem greitt er úr sjóðnum, eða 202.186.639 kr. Heildarútgjöld sveitarfélaga og Skipulagssjóðs vegna aðal- og svæðisskipulags gætu því numið um 400 millj. kr. árin 1997–2000.

2. *Hve há má ætla að þessi útgjöld verði árin 2001–2008?*

Í töflunni hér á eftir kemur fram hvað greitt var úr Skipulagssjóði vegna gerðar aðal- og svæðisskipulags árin 2001–2004. Á grundvelli þeirra greiðslna er áætlun um greiðslur úr Skipulagssjóði fyrir 2005–2008.

Greitt úr skipulagssjóði 2001 - 2008

2001	91.493.129 kr.
2002	72.178.957 kr.
2003	96.388.689 kr.
2004	95.541.887 kr.
2005 ca.	105.000.000 kr.
2006 ca.	125.000.000 kr.
2007 ca.	130.000.000 kr.
2008 ca.	135.000.000 kr.
samtals:	850.602.662 kr.

3. *Hvernig hefur kostnaður við aðal- og svæðisskipulag skipst milli ríkisins og sveitarfélaganna?*
4. *Hve hátt hlutfall hafa einstök sveitarfélög greitt af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulags á árunum 1997–2000?*
5. *Hve hátt hlutfall munu einstök sveitarfélög greiða af kostnaði við aðal- og svæðisskipulag árin 2001–2008, miðað við óbreyttar reglur?*

Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning. Þá fá sveitarfélög sem annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess árlega yfirfærðan helming innheimtra skipulagsgjalda til sveitarsjóðs úr sjóðnum, eins og áður sagði, þetta eru Akranes, Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes og sveitarfélagið Álftanes, enda liggur fyrir samkomulag þar um við Skipulagsstofnun. Önnur sveitarfélög fá greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags í samræmi við framlagða verk- og kostnaðaráætlun frá sveitarfélaginu.

Skipulagsstofnun hefur ekki yfirlit yfir kostnað sveitarfélaga við gerð svæðis- og aðalskipulags umfram það sem framlagðar kostnaðaráætlanir sveitarfélaganna og samsvarandi mótframlag úr Skipulagssjóði segir til um. Af töflum hér að framan og miðað við skiptingu kostnaðar að helmingi má ætla að sveitarfélög hafi greitt rúmlega 202.000.000 kr. á tímabilinu 1997–2000 og að þau muni greiða rúmlega 850.000.000 kr. árin 2001–2008.

284. Fyrirspurn [270. mál]

til viðskiptaráðherra um afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði um afleiðingar jarðskjáftanna á Suðurlandi árið 2000 sem birt var haustið 2004?

2. Hafa komið fram nýjar skemmdir á húsnæði frá árinu 2002 til dagsins í dag? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvers konar skemmdir, skipt eftir tímabilum og tegundum skemmda á:
   a. atvinnuhúsnæði,
   b. íbúðarhúsnæði?
3. Hver er heildarkostnaður vegna þessara skemmda? Hafa verið greiddar bætur og þá hve háar vegna:
   a. atvinnuhúsnæðis,
   b. íbúðarhúsnæðis?
4. Hefur þörfin fyrir langvarandi áfallahjálp fyrir fólk sem búsett er á jarðskjálftasvæðunum verið metin sérstaklega? Ef svo er, hafa stjórnvöld lagt fram fjármuni til þeirrar starfsemi, hve mikla og á hvaða tímabili?

Skriflegt svar óskast.

285. Fyrirspurn [271. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðisbrotamál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er skoðun ráðherra á því sem fram hefur komið hjá forstjóra Barnaverndarstofu að jafnræði sé ekki með ákæruvaldinu og sakborningi í kynferðisbrotamálum, m.a. þar sem verjandi sakbornings eða sakborningurinn sjálfur hefur rétt á því að vera viðstaddur frumskýrslutöku og að þessi tilhögun hafi iðulega komið í veg fyrir sakfellingu?
2. Telur ráðherra eðlilegt að á sama tíma og aðrar þjóðir, t.d. Svíar og Norðmenn, eru að koma á fót barnahúsi að íslenskri fyrirmynd hefur sú þróun átt sér stað að meiri hluti skýrslna af börnum eru teknar í dómhúsum og minni hluti í Barnahúsi?
3. Telur ráðherra ástæðu til að breyta ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála er varða skýrslutökur þegar grunur leikur á kynferðisbroti gegn barni?
4. Hvaða skýringu telur ráðherra vera á því að þótt kynferðisbrotamálum hafi fjölgað verulega á síðustu árum hefur sakfellingum aðeins fjölgað um eina?

286. Fyrirspurn [272. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 2003/2004 og 2004/2005, sundurliðað eftir árum?

2. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 2003/2004 og 2004/2005, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?

Skriflegt svar óskast.

287. Fyrirspurn [273. mál]

til dómsmálaráðherra um athugasemdir mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hafa stjórnvöld brugðist við athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna síðan í apríl 2005 þess efnis að:

a. skilgreining á hryðjuverkum í almennum hegningarlögum sé óljós og geti náð til lögmætra aðgerða í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt þeim í hættu, þannig að skilgreininguna þurfi að endurskoða,
b. ákært sé í of fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kærðra mála og stjórnvöldum beri að tryggja að alvarleiki nauðgunarbrota sé viðurkenndur og látið reyna á fleiri mál fyrir dómi?

288. Fyrirspurn [274. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflug til Ísafjarðar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir hyggst heilbrigðisráðherra gera varðandi sjúkraflug til Ísafjarðar nú þegar ljóst er að Þingeyrarflugvöllur verður ekki tilbúinn til notkunar í vetur?
2. Hafa verið gerðar þær úrbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem sveitarstjórn Ísafjarðarbæjar taldi meðal forsendna fyrir breyttu fyrirkomulagi sjúkraflugs?

289. Fyrirspurn [275. mál]

til samgönguráðherra um viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hver hefur verið árlegur kostnaður við viðhald vegarins á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sl. fimm ár?

2. Hver var viðhaldskostnaðurinn
   a. vegna ofanhruns,
   b. vegna sjávarrofs og hruns úr vegi?
3. Hvernig skiptist fyrrgreindur kostnaður á
   a. þann kafla sem fyrirhugað er að leggist af við gerð jarðganga samkvæmt núverandi hugmyndum,
   b. aðra hluta vegarins sem verða áfram í núverandi vegstæði?

290. Fyrirspurn [276. mál]

til heilbrigðisráðherra um tæknifrjóvganir.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hyggst ráðherra tryggja fé til að hægt verði að greiða niður tæknifrjóvganir uns samningur við Art Medica rennur út?
2. Hyggst ráðherra koma til móts við þá sem geta ekki notið niðurgreiðslu slíkrar þjónustu á samningstímanum?
3. Hversu mörg pör eru nú á biðlista eftir tæknifrjóvgun?
4. Hversu mörg pör hafa ekki notið niðurgreiðslu á tæknifrjóvgun á samingstímanum og því greitt þjónustuna fullu verði eða frestað því að fara í slíka meðferð?

291. Svar [192. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um kostnað við sameiningarkosningar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var heildarkostnaður annars vegar ríkisvaldsins og hins vegar sveitarfélaga við nýafstaðnar sameiningarkosningar og átakið allt um sameiningu sveitarfélaga? Hver er kostnaðurinn sundurgreindur eftir verkefnum og sameiningartillögum?

Leitað var upplýsinga hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndum um sameiningu sveitarfélaga.

a. Kostnaður ríkisins.

Fjárheimildir ráðuneytisins vegna verkefnis um eflingu sveitarstjórnarstigsins nema alls 38,5 millj. kr. Þar af koma 28,5 millj. kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en 10 millj. kr. af fjárlögum fyrir árið 2005.

Ekki liggur fyrir endanlegt uppgjör verkefnisins eða sundurliðun einstakra þátta þess enda er því ekki að fullu lokið. Frá því að verkefnið fór af stað og fram í miðjan október sl. hefur ráðuneytið greitt um 23,4 millj. kr. en ekki er búist við að endanlegur kostnaður liggi fyrir fyrr en snemma árs 2006.

b. Kostnaður sveitarfélaga.

Í tengslum við kosningarnar 8. október sl. hefur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga úthlutað um 90 millj. kr. til samstarfsnefnda um sameiningu sveitarfélaga á grundvelli vinnureglna sjóðsins og reglna um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003, með síðari breytingum. Skipting framlaga kemur fram í eftirfarandi töflu. Áætlað var að framlög Jöfnunarsjóðs næmu allt að 85% af heildarkostnaði við könnun á hagkvæmni sameininga, kynningu á sameiningartillögum og atkvæðagreiðslu, og því gert ráð fyrir að sveitarfélögin sjálf bæru um 15% kostnaðarins. Aflað var upplýsinga frá samstarfsnefndunum sjálfum um áætlaðan kostnað við kosningarnar 8. október sl. og samkvæmt þeim nam heildarkostnaður um 110 millj. kr.

Leitað var eftir upplýsingum frá samstarfsnefndunum um heildarkostnað þeirra vegna kosninganna 8. október sl. til að svara fyrirspurninni. Vegna þess að stutt er liðið frá kosningum hafa nefndirnar ekki enn tekið saman uppgjör um heildarkostnað. Af svörum þeirra má þó ráða að flestar nefndanna geri ráð fyrir að áætlanir þeirra standist nokkurn veginn en hjá sumum þeirra má ætla að um viðbótarkostnað verði að ræða.

Íbúar í fimm sveitarfélögum eiga eftir að greiða aftur atkvæði um sömu tillögu, í samræmi við 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998. Viðbótarkostnaður samstarfsnefndanna vegna þessa gæti verið allt að 16 millj. kr. og þar af kæmu þá allt að 13,6 millj. kr. úr Jöfnunarsjóði.

Eftir því sem næst verður komist gæti því heildarkostnaður samstarfsnefndanna numið allt að 126 millj. kr. og greiðsla Jöfnunarsjóðs á grundvelli vinnureglna gæti að hámarki numið um 103,6 millj. kr. af þeirri fjárhæð. Sundurliðun í töflu um kostnað hverrar samstarfsnefndar byggist á áætlunum nefndanna sjálfra og/eða útreikningum Jöfnunarsjóðs og verður að gera þann fyrirvara að ekki er um endanlegar fjárhæðir að ræða.

Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins og í samræmi við sameiginlega viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. september 2004 var áætlað að verja allt að 2.400 millj. kr. til sameiningarframlaga á árunum 2005–2009 í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli úthlutunarreglna sjóðsins. Framlög Jöfnunarsjóðsins til samstarfsnefnda samkvæmt því er að framan greinir dragast frá þessum fjármunum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Umsóknir á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003.
Úthlutun á grundvelli vinnureglna (miðað við áætlun).

Sveitarfélög	Íbúar	Úthlutun samkvæmt vinnureglum
Borgarfjörður norðan Skarðsheiðar	3.511	4.579.950
Snæfellsnes	3.980	4.791.000
Dalabyggð o.fl.	971	2.636.950
Tálknafjörður/Vesturbyggð	1.346	2.405.700
Hólmavíkurhreppur o.fl.	689	2.910.050
Húnaþing vestra/Bæjarhreppur	1.278	2.375.100
Blönduóssbær o.fl.	1.653	3.343.850
Skagafjörður/Akrahreppur	4.356	3.760.200
Eyjafjörður	23.086	14.988.700
Þingeyjarsýsla	3.864	5.538.800
Svalbarðshreppur/Þórshafnarhreppur	527	2.037.150
Vopnafjörður/Skeggjastaðahreppur	869	2.191.050
Fjarðabyggð o.fl.	4.137	5.661.650

Sveitarfélög	Íbúar	Úthlutun samkvæmt vinnureglum
Árborgarsvæði	10.785	8.253.250
Uppsveitir Árnessýslu	2.515	3.731.750
Reykjanesbær o.fl.	13.674	8.353.300
Hafnarfjörður/Vatnsleysustrandarhreppur	22.129	12.096.450
Samtals	**99.370**	**89.654.900**

c. Kostnaður samtaka sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um kostnað verkefnisins af þess hálfu. Fulltrúar sambandsins í nefndum átaksins fengu greidda þóknun af ráðstöfunarfé verkefnisins. Ekki er að öðru leyti hægt að svara fyrirspurninni hvað varðar kostnað sambandsins. Að beiðni ráðuneytisins leitaði sambandið eftir upplýsingum frá landshlutasamtökum sveitarfélaga varðandi þeirra kostnað. Öll landshlutasamtök nema Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sendu sameiningarnefnd greinargerðir um sveitarfélög á sínu starfssvæði. Landshlutasamtök skipulögðu einnig fundi verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins með sveitarstjórnarmönnum á þeirra svæði o.fl. Í flestum tilvikum er þó ekki um það að ræða að kostnaði við verkefnið hafi verið haldið sérgreindum í bókhaldi landshlutasamtaka. Undantekning eru Samtök sveitarfélaga á Austurlandi, en í ársreikningi fyrir árið 2004 nam liðurinn sameining sveitarfélaga o.fl. 329.828 kr., og Eyþing sem samkvæmt yfirliti hefur bókfært 180.935 kr. undir liðnum sameining sveitarfélaga á árunum 2003 og 2004. Fjórðungssamband Vestfirðinga áætlar að heildarkostnaður þess vegna alls átaksins hafi numið um 615 þús. kr. en kostnaði hefur ekki verið haldið aðgreindum í bókhaldi.

292. Fyrirspurn [277. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu á skemmtunum í Skagafirði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hversu oft hefur sérsveit ríkislögreglustjóra tekið að sér löggæslu á skemmtunum í Skagafirði og hver er kostnaður ríkisins vegna þessa?

293. Fyrirspurn [278. mál]

til landbúnaðarráðherra um vinnslu skógarafurða.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað hafa landbúnaðarráðuneytið og undirstofnanir þess gert til að undirbúa þróun og vinnslu afurða úr ört vaxandi nytjaskógum landsins?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til að undirbúa nytjar þess efnis sem gert er ráð fyrir að falli til hjá þeim nytjaskógræktarverkefnum sem þegar eru komin af stað?

294. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 76 27. mars 2003, með síðari breytingu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Foreldrar skulu ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumaður skal tilkynna þjóðskrá, hjá hvoru foreldri barnið eigi lögheimili.

b. Orðin „sameiginleg eða“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

3. og 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Fyrri málsliður 54. gr. laganna orðast svo: Meðlagsgreiðslur með barni skal ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við ákvörðun um forsjá barns eða lögheimili vegna slita foreldra á sambúð sem skráð hefur verið í þjóðskrá.

4. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ef ákvörðun um meðlag skv. IX. kafla hefur verið tekin hér á landi og meðlagsgreiðandi er búsettur hér á landi.

II. KAFLI
Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130 31. desember 1999.

5. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema það sé augljóslega óþarft.

6. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema það sé augljóslega óþarft.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Orðið „öðrum“ í 1. mgr. fellur brott.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er þó að framlengja gildistíma forsamþykkis einu sinni í allt að 12 mánuði ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Við 41. gr. laganna bætist: þar á meðal um þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla.

III. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Við VII. kafla laganna bætist ný grein, 52. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

C. Fjárnámsheimild.

Gera má fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu skv. 49. gr. og lífeyris skv. 51. gr. á grundvelli úrskurðar sýslumanns. Sýslumaður getur staðfest samning milli hjóna um fjárframlag til framfærslu. Fyrir slíkum fjárframlögum og lífeyri, sem samningur staðfestur af sýslumanni tekur til, má einnig gera fjárnám.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Útgáfa skilnaðarleyfis, hvort sem um er að ræða leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, verður þó ekki kærð til ráðuneytisins.
b. 3. mgr. fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í því eru lagðar til nokkrar breytingar á þremur lagabálkum á sviði sifjaréttar, þ.e. á barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum.

Veigamestu breytingarnar sem felast í frumvarpinu snúa að barnalögum. Lagt er til að gerðar verði breytingar á ákvæðum um forsjá, þvingunarúrræði vegna umgengnistálmana og lögsögu íslenskra stjórnvalda í meðlagsmálum.

Á árinu 1997 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til þess að kanna m.a. reynslu sem fengist hafði af sameiginlegri forsjá hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og hvort þvingunarúrræði vegna umgengnistálmana væru fullnægjandi, og ef ekki, hvaða leiðir væru til úrbóta. Nefndin, sem kölluð hefur verið forsjárnefnd, skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í júní 1999 en lokaskýrslu í mars 2005. Í skýrslum sínum fjallaði nefndin um ýmis atriði sem hún taldi að betur mættu fara í löggjöf á sviði barnaréttar og gerði tillögur að breytingum með hliðsjón af þeim. Við samningu gildandi barnalaga var m.a. höfð hliðsjón af áfangaskýrslunni og voru lögfest ýmis nýmæli sem m.a. má rekja til umfjöllunar og ábendinga forsjárnefndar.

Eitt af þeim atriðum sem forsjárnefnd lagði áherslu á í skýrslum sínum, en komst ekki til framkvæmda við setningu gildandi laga, var að lögfesta ætti hér á landi ákvæði sem mæla fyrir um að forsjá verði sjálfkrafa sameiginleg eftir skilnað og sambúðarslit. Reynsla síðustu ára sýndi að æ fleiri foreldrar kysu að fara sameiginlega með forsjá barna sinna sem væri vís-

bending um að viðhorf foreldra til sameiginlegrar forsjár væru sífellt jákvæðari og að reynslan af þessu úrræði væri góð. Breytingarnar, sem er lagt til að gerðar verði varðandi sameiginlega forsjá, sbr. hér síðar, taka mið af fyrrgreindum ábendingum forsjárnefndar. Ekki þykir á hinn bóginn rétt að ganga eins langt og nefndin lagði til í lokaskýrslunni, þ.e. að leggja til að dómurum verði veitt heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Verður að telja að grundvallarskilyrði sameiginlegrar forsjár sé að sæmileg sátt ríki um hana þannig að foreldrar geti unnið saman að málefnum barns enda er samvinna foreldra lykilatriði undir þessum kringumstæðum.

Annað atriði sem forsjárnefnd vék að í skýrslum sínum var réttarstaða barns og foreldis sem það býr ekki hjá við þær aðstæður þegar réttur til umgengni er virtur að vettugi af hálfu foreldris sem barnið býr hjá. Við setningu gildandi laga var horft til þessara aðstæðna og voru lögfest ýmis nýmæli sem var ætlað að styrkja umgengnisréttinn. Er þar helst að nefna að nýtt þvingunarúrræði var tekið upp til viðbótar því sem fyrir var. Á það hefur hins vegar verið bent að gera má enn betur í þessum efnum. Af hálfu forsjárnefndar og í nýlegri rannsókn á umgengnismálum sem gerð var í tengslum við ritun kandídatsritgerðar í lögfræði hefur komið fram að æskilegt sé að unnt verði að beita þvingunarúrræðum barnalaga strax og úrskurður sýslumanns liggur fyrir, ef umgengni er tálmað, þannig að ekki þurfi að bíða niðurstöðu ráðuneytisins sé máli skotið til þess. Í ljósi umræðna um þessi mál hefur verið ákveðið að leggja til að lögum verði breytt á þann veg að kæra fresti ekki beitingu þvingunarúrræða.

Síðasta breytingin sem er lögð til á barnalögum snertir lögsögu íslenskra stjórnvalda í meðlagsmálum. Upp hafa komið mál þar sem meðlagsgreiðendur óskuðu eftir að meðlagsgreiðslur yrðu lækkaðar vegna breyttra aðstæðna en vegna lögsögureglna barnalaga hafa stjórnvöld ekki getað fjallað um mál hér á landi þar sem barn og foreldrið sem það býr hjá búa erlendis. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu gera það að verkum að stjórnvöld geta leyst úr málum hér á landi þegar svona háttar til.

Um efni frumvarpsins er að öðru leyti vísað til umfjöllunar um einstök ákvæði þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sameiginleg forsjá verði meginregla við skilnað að borði og sæng, lögskilnað og slit skráðrar sambúðar. Við síðustu heildarendurskoðun barnalaga var íhugað hvort leggja ætti til að sameiginleg forsjá yrði meginreglan við skilnað og slit sambúðar. Niðurstaðan varð sú að stíga ekki það skref að sinni, en skiptar skoðanir voru um þetta meðal þeirra sem leitað var umsagnar hjá í tengslum við endurskoðunina. Á þeim tíma sem liðinn er hafa viðhorf enn færst í þá átt að rétt þykir að lögfest verði sameiginleg forsjá eftir skilnað og sambúðarslit og er nú lagt til að slíkar breytingar verði gerðar. Verði tillagan lögfest eykst samræmi í löggjöf Norðurlanda á þessu sviði því í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er forsjá sameiginleg eftir skilnað foreldra nema annað sé ákveðið en útfærslan er þó ólík milli landa. Vert er að nefna að Ísland sker sig enn frá hinum norrænu ríkjunum að því er varðar forsjá þegar um sambúðarfólk er að ræða því aðeins hér á landi fara foreldrar í skráðri sambúð sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barna sinna.

Í þeim breytingum sem lagðar eru til felst að forsjá verður áfram sameiginleg bæði við slit skráðrar sambúðar og við skilnað hjóna.

Breytingin sem er lögð er til í þessari grein er einföld. Ný 1. mgr. kemur í stað þeirrar sem er í gildandi lögum. Aðrar málsgreinar eru óbreyttar að öðru leyti en því að orðalagsbreyting verður á 2. mgr. þar sem foreldrum verður heimilað að semja um að forsjá verði í höndum

annars foreldrisins. Tillögurnar gera ekki ráð fyrir öðrum breytingum á lögunum en þeim að forsjá verði sjálfkrafa sameiginleg.

Í 1. málsl. 1. mgr. segir að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Af öðrum ákvæðum laganna leiðir að aðeins er átt við sambúð sem hefur verið skráð í þjóðskrá. Af breytingunni leiðir að foreldrar þurfa ekki að gera sérstakan samning um forsjána sem slíka eins og nú er en í 2. málsl. kemur þó fram að foreldrar verða að ákveða hjá hvoru þeirra barn eigi að hafa lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumanni ber síðan samkvæmt fyrirmælum 3. málsl. að tilkynna þjóðskrá hvar lögheimili barns er. Náist ekki samkomulag um hvar barn skuli eiga lögheimili eftir samvistarslit er sýslumanni óheimilt að gefa út leyfi til skilnaðar eða að tilkynna slit skráðrar sambúðar til þjóðskrár. Aðstaðan verður sambærileg við þá sem nú ríkir en sýslumanni er nú óheimilt að gefa út leyfi til skilnaðar eða tilkynna um slit skráðrar sambúðar til þjóðskrár nema annað tveggja liggi fyrir, samkomulag um forsjá barns eða að forsjármál hafi verið höfðað.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að forsjá verði sameiginleg nema annað sé ákveðið. Foreldrar geta því eftir sem áður samið um að forsjá verði í höndum annars þeirra telji þeir það barni fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 31. gr. barnalaga. Ef ágreiningur rís um forsjá barns við samvistarslit verður þeirri deilu skotið til dómstóla, sbr. 4. mgr. 31. gr., og ákvörðun um hjá hvoru foreldrinu forsjá barns skuli vera er tekin af dómara eftir því sem barni er fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 3. og 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. falli brott. Af því leiðir að heimilt verður að beita þvingunarúrræðum barnalaga ef umgengni er tálmað jafnvel þótt málskotsfrestur sé ekki liðinn og áður en ráðuneytið, eftir atvikum Hæstiréttur, hefur lokið umfjöllun um mál hafi því verið skotið þangað.

Kæra á úrskurði sýslumanns til ráðuneytisins frestar almennt ekki réttaráhrifum hans. Málsaðilum ber því að fara eftir fyrirmælum sýslumanns um umgengni þrátt fyrir að máli sé skotið til ráðuneytisins. Nokkuð hefur borið á því að foreldrar fari ekki eftir úrskurði sýslumanns meðan mál er til meðferðar í ráðuneytinu og jafnvel að þeir lýsi yfir því með formlegum hætti að þeir hyggist ekki hlíta úrskurði. Slíkt er að sjálfsögðu í andstöðu við meginregluna um að kæra fresti ekki réttaráhrifum úrskurðar en fram til þessa hefur ekki verið hægt að beita þvingunarúrræðum þegar svona háttar til. Með 2. gr. er lagt til að 48. gr. verði breytt þannig að heimilt verði að þvinga fram umgengni samkvæmt ákvæðinu þrátt fyrir að málskotsfrestur sé ekki liðinn eða að mál sé til meðferðar í ráðuneytinu, eftir atvikum í Hæstarétti.

Rétt er að undirstrika að sýslumaður getur skv. 2. mgr. 78. gr. barnalaga ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans og ber hann þá að geta þess í úrskurðarorði, sbr. 4. mgr. 76. gr. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á framkvæmd hvað þetta varðar og því verði slíkt aðeins ákveðið í undantekningartilvikum. Komist sýslumaður á hinn bóginn að þeirri niðurstöðu að kæra skuli fresta réttaráhrifum úrskurðar verður umgengni ekki þvinguð fram fyrr en að fenginni niðurstöðu ráðuneytisins.

Um 3. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á fyrri málslið 54. gr. Við slit á skráðri sambúð verður ekki nauðsynlegt að taka ákvörðun um forsjá nái frumvarpið fram að ganga heldur verður hún sjálfkrafa sameiginleg. Engu að síður ber að taka ákvörðun um meðlag, eins og við

skilnað, og því er lagt til að orðalagi verði breytt og orðunum „eða lögheimili“ verði skotið inn í málsliðinn.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að rýmkuð verði heimild íslenskra stjórnvalda til þess að breyta úrskurði um meðlag, dómi, dómsátt og samningi um meðlag sem staðfestur hefur verið af sýslumanni o.fl. Sanngirnisrök þykja mæla með því að íslensk stjórnvöld hafi heimild til þess að taka til meðferðar mál vegna kröfu um breytingu á ákvörðun sem tekin hefur verið hér á landi um meðlag skv. IX. kafla barnalaga ef meðlagsgreiðandi er hér búsettur. Sem dæmi um að réttlætanlegt sé að fjalla megi um mál hér á landi, þótt skilyrðum a- eða b-liðar 1. mgr. 68. gr. barnalaga sé ekki fullnægt, má benda á þau tilvik þegar fyrir liggur ákvörðun um að foreldri skuli greiða aukið meðlag með barni, t.d. vegna hárra tekna. Ef hið meðlagsskylda foreldri hefur lækkað verulega í tekjum og er ekki lengur aflögufært um greiðslu aukins meðlags kann það að vera í brýnni þörf fyrir að fá ákvörðun um greiðslu hins aukna meðlags breytt. Ekki er þá réttlætanlegt að það þurfi að höfða mál í öðru ríki til þess að fá hinni íslensku ákvörðun um greiðslu aukins meðlags breytt, heldur megi breyta fyrri ákvörðun hér á landi, enda sé meðlagsgreiðandi hér búsettur og því auðvelt að sannreyna aðstæður viðkomandi og tekjur.

Um 5. gr.

Lagt er til að heimilt sé að láta hjá líða að leita umsagnar barnaverndarnefndar vegna umsóknar um að ættleiða barn ef það er augljóslega óþarft.

Í gildandi ættleiðingarlögum er gert ráð fyrir að ávallt sé leitað umsagnar barnaverndarnefndar vegna umsóknar um leyfi til ættleiðingar og vegna umsóknar um forsamþykki til að ættleiða erlent barn, áður en afstaða er tekin til umsóknar, eins og fram kemur í greinargerð með 16. gr., sbr. og 31. gr.

Við framkvæmd ættleiðingarmála hefur á hinn bóginn komið í ljós að ekki er rétt að hafa svo afdráttarlausa skyldu til að leita umsagnar. Hlutverk barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum er að veita umsagnir um hæfni og aðstæður væntanlegs kjörforeldris/-foreldra til að taka að sér barn til ættleiðingar. Ef í ljós kemur strax í upphafi máls að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis eru ekki uppfyllt og augljóst er að ættleiðing sé barni ekki fyrir bestu er óþarfi að leggja þá vinnu á barnaverndarnefnd að gefa umsögn um umsókn sem fyrirsjáanlega verður hafnað. Er því lagt til að heimilað verði að hafna umsókn um ættleiðingu án þess að leita umsagnar barnaverndarnefndar ef það er augljóslega óþarft. Lögð er áhersla á að einungis verði látið hjá líða að leita umsagnar þegar mál er þannig vaxið að umsókn verði án nokkurs vafa hafnað.

Um 6. gr.

Lagt er til að orðið „öðrum“ í 1. mgr. 18. gr. laga um ættleiðingar falli brott. Er sú breyting í samræmi við breytingu sem lögð er til í 5. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að skylda til að leita umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni verði ekki skilyrðislaus, heldur skuli það gert nema það sé augljóslega óþarft. Til skýringar er vísað til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að orðið „öðrum“ í 1. mgr. 32. gr. laga um ættleiðingar falli brott. Sú breyting er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að ráðherra verði heimilað að framlengja gildistíma forsamþykkis til að ættleiða erlent barn í allt að 12 mánuði ef sérstaklega stendur á. Við framkvæmd þessara mála hefur í einstökum tilvikum komið í ljós að umsækjendur fá upplýsingar frá viðkomandi ríki um að þeim standi til boða að fá til sín barn á næstunni en forsamþykki sem þeir hafa fengið er í þann mund að renna út. Getur þá verið brýnt fyrir umsækjendur að láta framlengja gildistíma forsamþykkis ráðuneytisins til þess að eiga möguleika á að sækja barnið. Er því lagt til að heimilað verði að framlengja gildistíma forsamþykkis ráðuneytisins ef sérstaklega stendur á í allt að 12 mánuði. Í öðrum tilvikum verða umsækjendur, ef þannig stendur á, að leggja fram nýja umsókn um forsamþykki og nauðsynleg gögn, og ber þá að afla nýrrar umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæði 41. gr. ættleiðingarlaga um stjórnvaldsreglur verði gert skýrara en nú er.

Lengi hefur verið ljós þörf á því að settar verði reglur í reglugerð um framkvæmd laga um ættleiðingar til þess að tryggja eftir því sem kostur er að því markmiði laganna verði náð að ættleiðing verði barni fyrir bestu, sbr. 4. gr. þeirra.

Dómsmálaráðherra hefur sett slíka reglugerð, nr. 238/2005, og í III. kafla hennar eru ákvæði um ýmis skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla, svo sem um hæfni til að fara með forsjá barns, um heilsufar, um lágmarkssambúðartíma, um hámarksaldur o.fl. Reglugerðinni er ætlað, auk þess að tryggja að ættleiðing verði ekki heimiluð nema sýnt þyki að hún verði barni fyrir bestu, að vera til glöggvunar fyrir aðila sem hugleiða ættleiðingu barns og veita þeim upplýsingar um hvaða kröfur verði gerðar til þeirra ef þeir ákveða að leggja fram umsókn. Samsvarandi eða svipaðar kröfur eru gerðar í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við varðandi ættleiðingarmál.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að gera megi fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu fjölskyldu og fyrir makalífeyri eftir skilnað.

Samkvæmt 66. gr. barnalaga má gera fjárnám fyrir meðlagi með barni á grundvelli dóms, dómsáttar, úrskurðar og samnings um meðlag sem staðfestur er af sýslumanni. Með sömu rökum og liggja að baki ákvæði 66. gr. um meðlag er eðlilegt að gera megi fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu fjölskyldu og fyrir lífeyri með maka.

Um 11. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að útgáfa sýslumanns á skilnaðarleyfi verði ekki kærð til ráðuneytisins.

Mjög mikilvæg réttaráhrif fylgja því að fella úr gildi skilnaðarleyfi, hvort heldur sem um er að ræða leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Telja verður að ef til álita kemur að ógilda skilnaðarleyfi, þannig að réttaráhrif hjúskapar rakni við á ný, skuli leysa úr máli fyrir dómi en ekki hjá stjórnvöldum. Aðstaða til sönnunarfærslu er öll önnur hjá dómstólum en hjá stjórnvöldum og önnur úrræði til að varpa nauðsynlegu ljósi á mál áður en ákvörðun er tekin í því.

Jafnframt er lagt til að 3. mgr. 132. gr. falli brott og er það rökrétt framhald af a-lið þessarar greinar frumvarpsins.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á þrennum lögum á sviði sifjaréttar: barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum. Helstu breytingarnar snúa að barnalögum og þá einkum sú breyting að sameiginleg forsjá barna verði meginregla við skilnað og sambúðarslit. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

295. Fyrirspurn [280. mál]

til félagsmálaráðherra um sönnunarbyrði samkvæmt jafnréttislögum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Telur ráðherra heppilegt að sönnunarbyrði kæranda skv. 23. gr. jafnréttislaga sé erfiðari á Íslandi en í Evrópurétti?
2. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða orðalag laganna um „jafnverðmæt og sambærileg störf“ í 14. gr. laganna?
3. Telur ráðherra heppilegt að samanburður starfa eftir kynjum geti einungis átt við um störf í sama fyrirtæki?

296. Fyrirspurn [281. mál]

til umhverfisráðherra um Kyoto-bókunina o.fl.

Frá Merði Árnasyni.

1. Er ráðherra sammála þeim orðum Davíðs Oddssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, á síðasta landsfundi flokksins að „Kyoto-samþykktin [byggist] vissulega á afar ótraustum vísindalegum grunni“?
2. Hvort telur ráðherra að vísindagrunnur undir niðurstöðum milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) frá 2001 sé traustur eða ótraustur? Hvort telur

ráðherra að vísindagrunnur loftslagsskýrslu Norðurskautsráðsins (ACIA) frá 2004 sé traustur eða ótraustur?
3. Telur ráðherra að samkomulag sem ætlað er að taki við af Kyoto-bókuninni eftir 2012 eigi að byggjast á þeirri bókun eða vill hann að samið verði að nýju án tillits til Kyoto-bókunarinnar, eins og Bandaríkjastjórn hefur lagt til?

297. Fyrirspurn [282. mál]

til félagsmálaráðherra um réttarstöðu sjómanna.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur ráðherra kannað réttarstöðu sjómanna á smábátum sem eru án kjarasamninga?

298. Fyrirspurn [283. mál]

til menntamálaráðherra um embætti útvarpsstjóra.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvers vegna voru engar kröfur gerðar um menntun og starfsreynslu þegar embætti útvarpsstjóra var auglýst síðastliðið sumar?
2. Hvað lagði ráðherra til grundvallar vali sínu á manni í embættið?

299. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis sem undirritaður var í Genf í Sviss 17. desember 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis sem undirritaður var í Genf í Sviss 17. desember 2004. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis. Samningaviðræður EFTA-

ríkjanna og Túnis um fríverslun hófust formlega í Túnis í október 1996. Samningurinn var áritaður eftir sex samningalotur.

EFTA-ríkin hafa nú komið á fríverslunarsamningum við fjórtán ríki og yfirráðasvæði, að samningnum við Túnis meðtöldum og samningi við lýðveldið Líbanon sem Alþingi samþykkti 10. maí 2005 en bíður enn fullgildingar af hálfu Líbanons.

Samningurinn við Túnis kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Miðað er við að EFTA-ríkin afnemi alla tolla og aðrar takmarkanir á innflutningi vöru sem samningurinn tekur til um leið og hann öðlast gildi. Túnis afnemi hins vegar tolla á ákveðnu aðlögunartímabili sem lýkur 1. júlí 2008.

Viðskipti með sjávarafurðir reyndist vera eitt erfiðasta atriði í samningaviðræðum EFTA-ríkjanna við Túnis. Sjávarútvegur í Túnis nýtur ríkrar tollverndar og hafa stjórnvöld í Túnis fram til þessa ekki verið reiðubúin til að semja um fríverslun með sjávarafurðir. Rétt er að árétta að mjög lítill útflutningur er á sjávarafurðum frá Íslandi til Túnis. Af hálfu Íslands var eigi að síður lögð rík áhersla á fríverslun með sjávarafurðir í samningaviðræðunum í samræmi við almenna stefnu Íslands í fríverslunarviðræðum. Niðurstaða samningaviðræðnanna var því sú að fallist var á að Túnis fengi fremur langan aðlögunartíma fyrir fríverslun með sjávarafurðir. Ákvörðun um tilhögun aðlögunartímans verður í höndum sameiginlegrar nefndar er stofnað er til með fríverslunarsamningnum en við það er miðað að öllum tollum á sjávarafurðir skuli hafa verið aflétt eigi síðar en átján árum eftir gildistöku samningsins. Hins vegar skal EFTA-ríkjunum veittur árlegur tollkvóti fyrir sjávarafurðir sem nemur 100 tonnum á hverju ári með 10% tolli. Þessi samningsniðurstaða tryggir EFTA-ríkjunum betri markaðsaðgang með sjávarafurðir í Túnis en samningur Evrópusambandins við Túnis, en sá samningur nær ekki til viðskipta með sjávarafurðir. Standa vonir til þess að þessi samningsniðurstaða tryggi nægan markaðsaðgang fyrir útflutning á íslenskum sjávarafurðum til Túnis.

Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd fjárfestinga og hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. EFTA-ríkin skuldbinda sig einnig til að taka upp efnahagssamvinnu við Túnis og til að veita landinu tæknilega aðstoð í því skyni að greiða fyrir framkvæmd samningsins. Verslun með óunnar landbúnaðarvörur fellur undir tvíhliða samning Íslands við Túnis.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI RÍKJA FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU OG LÝÐVELDISINS TÚNIS

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE STATES OF THE EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION AND THE REPUBLIC OF TUNISIA

FORMÁLSORÐ

PREAMBLE

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss, sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (hér á eftir nefnd EFTA-ríkin), annars vegar,

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation as Members of the European Free Trade Association (hereinafter called the EFTA States), on the one part,

og

Lýðveldið Túnis (hér á eftir nefnt Túnis) hins vegar,

sem nefnast hér á eftir sameiginlega samningsaðilar,

HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkjanna og Túnis, einkum yfirlýsingarinnar um samvinnu sem var undirrituð í Zermatt í desember 1995, og eiga þá ósk sameiginlega að efla þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

MINNAST þess ásetnings síns að taka á virkan hátt þátt í efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda og stuðla að stærra og samstilltara fríverslunarsvæði þessara svæða og gera sér grein fyrir samrunamarkmiði landa Norður-Afríku,

HAFA Í HUGA að samningsaðilar leggja ríka áherslu á meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum virðingu fyrir mannréttindum og frelsi í stjórnmálum og atvinnulífi, sem samvinna EFTA-ríkjanna og Túnis byggist á,

VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)) og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

ERU STAÐRÁÐIN Í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

VEITA ATHYGLI þeim ásetningi EFTA-ríkjanna að styðja viðleitni til að auka frelsi í efnahagslífi Túnis og stuðla þannig að efnahagslegum og félagslegum framförum í Túnis,

LÝSA SIG REIÐUBÚIN til að skoða möguleikann á að þróa og efla efnahagstengsl sín svo að þau nái

and

the Republic of Tunisia (hereinafter called Tunisia), on the other:

hereinafter collectively referred to as the Parties,

CONSIDERING the importance of the links existing between the EFTA States and Tunisia, in particular the Declaration on co-operation signed in Zermatt in December 1995, and recognizing the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations;

RECALLING their intention to participate actively in the process of economic integration in the Euro-Mediterranean region, and the creation of an enlarged and harmonious free trade area between the European and Mediterranean countries and conscious of the objective of integration between the countries of the Maghreb;

CONSIDERING the importance which the Parties attach to the principles of the United Nations Charter, particularly the observance of human rights and political and economic freedom, which form the very basis for co-operation between the EFTA States and Tunisia;

DESIRING to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

BUILDING on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization (hereinafter referred to as "the WTO") and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

DETERMINED to implement this Agreement with the objective to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development;

NOTING the intention of EFTA States to support efforts to liberalize the Tunisian economy and in that way to contribute to the improvement of economic and social conditions in Tunisia;

DECLARING their readiness to examine the possibility of developing and deepening their economic

til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

ERU SANNFÆRÐ UM að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl þeirra á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

ERU SANNFÆRÐ um að þessi samningur muni skapa hagstæð skilyrði til að styrkja bæði tvíhliða og marghliða tengsl milli samningsaðilanna á sviði efnahagsmála, vísinda, tækni, félagsmála og menningarmála,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur þessi samningur):

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. EFTA-ríkin og Túnis skulu stofna fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings með það fyrir augum að örva atvinnustarfsemi á yfirráðasvæðum sínum og bæta þannig lífskjör og atvinnuskilyrði og stuðla að efnahagslegum samruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda.

2. Markmið þessa samnings, sem byggist á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að auka frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994"),

b) að móta smám saman umhverfi sem stuðlar að auknum fjárfestingum og þjónustuviðskiptum,

c) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda og

d) að styðja við samræmda þróun efnahagstengsla milli samningsaðilanna með auknum viðskiptum, efnahagssamvinnu og tæknilegri aðstoð.

2. gr.

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Túnis hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

CONVINCED that this Agreement will create favourable conditions to strengthen both bilateral and multilateral relations between the Parties, in the economic, scientific, technical, social and cultural fields;

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called this Agreement):

CHAPTER I
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

Objectives

1. The EFTA States and Tunisia shall establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement with a view to spurring economic activities in their territories, thereby raising standards of living and improving employment conditions and contributing to Euro-Mediterranean economic integration.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies are:

(a) to achieve the liberalisation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the GATT 1994");

(b) to gradually develop an environment conducive to increased investment flows and enhanced trade in services;

(c) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties to the Agreement and to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights; and

(d) to support the harmonious development of economic relations between the Parties through the expansion of trade and economic co-operation and technical assistance.

ARTICLE 2

Trade relations governed by this Agreement

This Agreement applies to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Tunisia, but not to the trade relations between individual EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

3. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila nema kveðið sé á um annað í I. viðauka.

II. KAFLI
VÖRUVIÐSKIPTI

4. gr.
Gildissvið

1. Kafli þessi gildir um eftirtaldar framleiðsluvörur sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Túnis:

a) allar framleiðsluvörur sem heyra undir 25. til 97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá (ST), að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í II. viðauka,
b) unnar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun, og
c) fisks og annarra sjávarafurða sem kveðið er á um í III. viðauka.

2. Túnis og hvert EFTA-ríki um sig hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur. Þeir samningar eru hluti af gerningum um stofnun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Túnis.

5. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

6. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Túnis.
2. EFTA-ríkin skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

3. Túnis skal smám saman afnema innflutningstolla og gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, í samræmi við IV. viðauka.

7. gr.
Grunntollar

1. Innflutningsgjöld samningsaðila skulu tengjast tollum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eða svara til þeirra gjalda sem í gildi eru 1. janúar 2004, séu þau lægri. Komi almennar tollalækkanir gagnvart öllum (*erga omnes*) til framkvæmda við, fyrir eða eftir gildistöku þessa samnings gildir lækkaða gjaldið.

ARTICLE 3
Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Annex I.

CHAPTER II
TRADE IN GOODS

ARTICLE 4
Scope

1. This Chapter shall apply to the following products originating in an EFTA State or Tunisia:

(a) all products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex II;
(b) processed agricultural products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;

(c) fish and other marine products as provided for in Annex III.

2. Tunisia and each individual EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Tunisia.

ARTICLE 5
Rules of origin and co-operation in customs administration

Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative cooperation.

ARTICLE 6
Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on imports or charge having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Tunisia.
2. The EFTA States shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports and any charges having equivalent effect.
3. Tunisia shall gradually eliminate its customs duties on imports and any charges having equivalent effect in accordance with Annex IV.

ARTICLE 7
Basic duties

1. The applicable rates for imports between the Parties shall be the WTO bound rate, or if lower, the applied rate enforced as of 1 January 2004. If, by, before or after the entry into force of this Agreement, a tariff reduction is applied on an *erga omnes* basis, the reduced rate shall apply.

2. Samningsaðilar skulu tilkynna hver öðrum um þau gjöld sem í gildi eru hjá þeim á gildistökudegi þessa samnings.

8. gr.
Fjáröflunartollar

Ákvæði 6. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla.

9. gr.
Tollar og magntakmarkanir á útflutning

EFTA-ríkin og Túnis skulu, með fyrirvara um ákvæði GATT-samningsins frá 1994, ekki leggja tolla eða gjöld, sem hafa samsvarandi áhrif, á útflutning sín á milli né setja á hann magntakmarkanir eða gera aðrar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

10. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Með fyrirvara um ákvæði GATT-samningsins frá 1994:

a) skulu engar nýjar magntakmarkanir settar á innflutning eða aðrar ráðstafanir gerðar sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Túnis,

b) skulu magntakmarkanir á innflutningi og aðrar ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Túnis, afnumdar frá gildistöku þessa samnings.

2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem falla í D-flokk í IV. viðauka. Sameiginlega nefndin skal endurskoða það fyrirkomulag sem gilda á um slíkar framleiðsluvörur fjórum árum eftir gildistöku samningsins.

11. gr.
Innlendir skattar og reglur

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum fjármálareglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum eða óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

12. gr.
Tæknireglugerðir

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknireglugerðir, staðla og

2. The Parties shall communicate to each other their respective rates applied on the date of the entry into force of this Agreement.

ARTICLE 8
Customs duties of a fiscal nature

The provisions of Article 6 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 9
Customs duties and quantitative restrictions on exports

Without prejudice to the provisions of the GATT 1994, the EFTA States and Tunisia shall not apply to exports between themselves either customs duties or charges having equivalent effect, or quantitative restrictions or measures having equivalent effect.

ARTICLE 10
Quantitative restrictions on imports and measures having equivalent effect

1. Without prejudice to the provisions of the GATT 1994:

(a) no new quantitative restriction on imports or any other measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Tunisia;

(b) quantitative restrictions on imports and any other measures having equivalent effect in trade between the EFTA States and Tunisia shall be abolished from the entry into force of this Agreement.

2. The provisions of paragraph 1(b) shall not apply to products in category D appearing in Annex IV. The arrangements to be applied to such products shall be reexamined by the Joint Committee four years after the entry into force of the Agreement.

ARTICLE 11
Internal taxation and regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.

2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxation in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

ARTICLE 12
Technical regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and confor-

samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

2. Samningsaðilar skulu auka samvinnu á sviði tæknireglugerða, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hver annars og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra og undirbúa þannig jarðveginn fyrir samninga um gagnkvæma viðurkenningu. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu hafa samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að koma þessum markmiðum til framkvæmda.

3. Samningsaðilar samþykkja, með fyrirvara um 1. mgr., að hafa þegar í stað samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni til að finna viðeigandi lausn í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir telji Túnis eða samningsaðili Fríverslunarsamtaka Evrópu að einn eða fleiri samningsaðilar Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Túnis hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað hindrun í viðskiptum.

mity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

2. The Parties shall strengthen their co-operation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment, with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets, thereby preparing the ground for mutual recognition agreements. The Parties concerned shall consult each other in the Joint Committee in view of the implementation of the objective set out in paragraph 1.

3. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee where Tunisia or an EFTA Party considers that one or more EFTA Parties or Tunisia have taken measures which are likely to create, or have created, an obstacle to trade, in order to find an appropriate solution in conformity with the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

13. gr.
Ráðstafanir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

Ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana er varða hollustuhætti og plöntuheilbrigði eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og plöntuheilbrigði.

ARTICLE 13
Sanitary and phytosanitary measures

The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

14. gr.
Ríkiseinkasala

1. EFTA-ríkin og Túnis skulu tryggja aðlögun á ríkiseinkasölu í viðskiptum án þess að það hafi áhrif á réttindi og skyldur samkvæmt GATT-samningnum frá 1994, þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkjanna og Túnis verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum við gildistöku þessa samnings.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um hvern þann aðila sem, fyrir hönd lögbærra yfirvalda aðila að þessum samningi, að lögum eða í reynd, beint eða óbeint, hefur umsjón með, tekur ákvarðanir um eða hefur sýnileg áhrif á innflutning eða útflutning milli samningsaðila. Þessi ákvæði gilda á sama hátt um ríkiseinkasölu sem ríkið hefur veitt öðrum aðilum.

ARTICLE 14
State monopolies

1. The EFTA States and Tunisia shall adjust, without affecting rights and obligations under the GATT 1994, any state monopolies of a commercial character so as to ensure that, by the entry into force of this Agreement, no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed exists between nationals of the EFTA States and of Tunisia.

2. The provisions of this Article shall apply to any body through which the competent authorities of the Parties to this Agreement, in law or in fact, either directly or indirectly supervise, determine or appreciably influence imports or exports between the Parties to this Agreement. These provisions shall likewise apply to monopolies delegated by the State to other bodies.

15. gr.
Styrkir

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar styrki og jöfnunarráðstafanir,

ARTICLE 15
Subsidies

1. The rights and obligations of the Parties in respect of subsidies shall be governed by Articles VI

í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.
2. Komist samningsaðili að því að veittir eru styrkir sem hafa áhrif á viðskipti við annan samningsaðila er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við fyrrgreindan samning og viðeigandi innlendar framkvæmdarreglur.
3. Áður en EFTA-ríki eða Túnis, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Túnis eða EFTA-ríki og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðilinn, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til samningsaðilans, sem sæta á rannsókn vegna vara sinna, og veita þrjátíu daga frest til að finna lausn sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni, ef einhver samningsaðila fer fram á það, innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

and XVI of the GATT 1994, the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures and the WTO Agreement on Agriculture.

2. If a Party finds that subsidies are granted which affect trade with another Party, the Party concerned may take appropriate measures in accordance with the above mentioned Agreements and the relevant internal executive regulations.

3. Before an EFTA State or Tunisia, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Tunisia, or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 30 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 10 days from the receipt of the notification.

16. gr.
Undirboð

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila, að því er varðar beitingu ráðstafana gegn undirboðum, í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
2. Þegar EFTA-ríki eða Túnis, eftir því sem við á, fær nægilega vel rökstutt erindi, skal samningsaðilinn tilkynna þeim samningsaðila, sem talinn er bjóða vörur sínar á undirboðskjörum, um það skriflega, áður en rannsókn hefst samkvæmt ákvæðum samningsins sem um getur í 1. mgr., og gefa frest til samráðs til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum um niðurstöður samráðsins.
3. Samningsaðilar skulu, að beiðni hvaða samningsaðila sem er, halda fund í sameiginlegu nefndinni til að endurskoða efni þessarar greinar.

ARTICLE 16
Anti-Dumping

1. The rights and obligations of the Parties in respect of the application of antidumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994.
2. After an EFTA State or Tunisia, as the case may be, receives a properly documented application and before initiation of an investigation under the provisions of the Agreement referred to in paragraph 1, that Party shall notify in writing the Party whose goods are allegedly being dumped and allow for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. The outcome of the consultations shall be communicated to the other Parties.
3. The Parties shall, upon request of any Party, meet in the Joint Committee to review the contents of this Article.

17. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Túnis:
a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks,

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburða-

ARTICLE 17
Rules of competition concerning undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Tunisia:
(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;
(b) abuse by one or more undertakings of a domi-

stöðu á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsaðilar hafa veitt þeim en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í reynd, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim hafa verið falin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki túlkuð þannig að af þeim skapist beinlínis nýjar kvaðir á fyrirtæki.

4. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu hlutaðeigandi samningsaðilar veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, ef við á, binda enda á athæfið sem mótmælt var. Hafi viðkomandi samningsaðili ekki bundið enda á athæfið, sem mótmælt var, innan þess tíma sem sameiginlega nefndin ákveður, eða komist nefndin ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu er vísað til hennar, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem viðkomandi athæfi hefur skapað. Ákvæði 37. gr. gilda um beitingu og niðurfellingu slíkra ráðstafana.

nant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed such as to create any direct obligations for undertakings.

4. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party in question fails to put an end to the practice objected to within the period fixed by the Joint Committee or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the Party concerned may adopt appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question. The application and removal of such measures shall be governed by Article 37.

18. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinna framleiðsluvara

1. Ef innflutningur framleiðsluvöru, sem er upprunnin hjá samningsaðila, inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst svo mjög, á grundvelli beitingar þessa samnings, og á sér stað við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans, sem flytur inn, eða alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum svæðum samningsaðilans sem flytur inn, er honum heimilt að grípa til verndarráðstafana í samræmi við XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

2. Áður en verndarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir er beitt skal samningsaðilinn, sem hyggst beita slíkum ráðstöfunum, veita sameiginlegu nefndinni allar upplýsingar sem máli skipta við nákvæma rannsókn málsins svo að finna megi lausn sem samningsaðilar geta sætt sig við.

3. Samningsaðilar skulu þegar í stað hafa samráð sín á milli í sameiginlegu nefndinni í því skyni að

ARTICLE 18

Emergency action on imports of particular products

1. Where any product originating in a Party, as a result of the application of this Agreement, is being imported into the territory of another Party in such increased quantities and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, or of serious disturbances in any sector of the economy or difficulties which could bring about serious deterioration in the economic situation of a region of the importing Party, the importing Party may take safeguard measures in accordance with Article XIX GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards.

2. Before applying safeguard measures pursuant to the provisions of Article XIX GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards, the Party intending to apply such measures shall supply the Joint Committee with all relevant information required for a thorough examination of the situation with a view to seeking a solution acceptable to the Parties.

3. In order to find such a solution, the Parties shall immediately hold consultations within the Joint

finna slíka lausn. Takist samningsaðilunum ekki að ná samkomulagi með samráði innan þrjátíu daga frá því að samráð var hafið er samningsaðilanum, sem hyggst beita verndarráðstöfunum, heimilt að gera það í samræmi við ákvæði XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndarráðstafanir.

4. Ef EFTA-ríki eða Túnis krefst stjórnsýslumeðferðar vegna innflutnings á framleiðsluvörum, sem telja má líklegt að leitt geti til þeirra erfiðleika sem um getur í þessari grein, í því skyni að veita fljótt upplýsingar um hvert horfir með viðskiptaflæði skal það tilkynna hinum samningsaðilanum um það.
5. Ef útlitið er tvísýnt og tafir gætu valdið skaða sem erfitt yrði að bæta er heimilt að grípa til aðgerða skv. 1. mgr. til bráðabirgða án undangengins samráðs með því skilyrði að samráðið fari fram strax í kjölfar aðgerða.

6. Þegar grípa þarf til verndarráðstafana samkvæmt þessari grein skulu samningsaðilar einkum beita þeim ráðstöfunum sem valda sem minnstri röskun á því að markmiðum þessa samnings verði náð.
7. Tilkynna ber um verndarráðstafanirnar til sameiginlegu nefndarinnar án tafar og efna til samráðs um þær með reglubundnum hætti, einkum með það fyrir augum að fella þær niður um leið og aðstæður leyfa.

19. gr.
Endurskipulagning

1. Túnis er heimilt, í takmarkaðan tíma, að gera sérstakar ráðstafanir í formi tollahækkunar þar sem vikið er frá ákvæðum 6. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu varða nýjan iðnað eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða þar sem alvarlegir erfiðleikar steðja að, einkum þegar erfiðleikarnir skapa mikil félagsleg vandamál.
3. Innflutningstollar Túnis á upprunavörur frá EFTA-ríkjunum, sem felast í þessum ráðstöfunum, mega ekki fara yfir 25% af verðmæti eftir að ráðstafanirnar eru komnar til framkvæmda og skulu vörur, upprunnar í EFTA-ríkjunum, að einhverju leyti njóta fríðinda umfram aðrar vörur. Heildarverðmæti innfluttra framleiðsluvara, sem þessar ráðstafanir taka til, skal ekki fara yfir 15% af heildarverðmæti innfluttra iðnaðarvara frá EFTA-ríkjunum, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr., á síðasta ári sem hagtölur eru til um.

4. Túnis ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst beita og, Committee. If, as a result of the consultations, the Parties do not reach an agreement withing thirty days of the initiation of the consultations on a solution to avoid the application of the safeguard measures, the Party intending to apply safeguard measures may do so in accordance with the provisions of Article XIX GATT 1994 and the WTO Agreement on Safeguards.
4. In the event of an EFTA State or Tunisia subjecting imports of products liable to give rise to the difficulties referred to in this Article to an administrative procedure having as its purpose the rapid supply of information on trade flow trends, it shall inform the other Party.
5. In critical circumstances, where delay would cause damage which it would be difficult to repair, action under paragraph 1 of this Article may be taken provisionally without prior consultation, on the condition that consultation shall be effected immediately after taking such action.
6. In the selection of safeguard measures pursuant to this Article, Parties shall give priority to those which cause least disturbance to the achievement of the objectives of this Agreement.
7. Safeguard measures shall be notified immediately to the Joint Committee and shall be the subject of periodic consultations within the Committee, particularly with a view to their abolition as soon as circumstances permit.

ARTICLE 19
Structural adjustment

1. Exceptional measures of limited duration in the form of increased customs duties which derogate from the provisions of Article 6 may be taken by Tunisia.
2. These measures may only concern infant industries, or certain sectors undergoing restructuring or facing serious difficulties, particularly where these difficulties produce important social problems.

3. Customs duties on imports applicable in Tunisia to products originating in the EFTA States introduced by these measures may, after the introduction of these measures, not exceed in total 25 per cent ad valorem and shall maintain an element of preference for products originating in the EFTA States. The total value of imports of the products which are subject to these measures may not exceed 15 per cent of total imports of industrial products from the EFTA States as defined in paragraph 1(a) of Article 4 during the last year for which statistics are available.
4. Tunisia shall inform the Joint Committee of any exceptional measures it intends to take and, at the

að beiðni EFTA-ríkjanna, hafa samráð um þær og málefni viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Ef Túnis gerir slíkar ráðstafanir ber því að afhenda sameiginlegu nefndinni áætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í áætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á, nema sameiginlega nefndin ákveði aðra áætlun.

5. Sérstökum ráðstöfunum, sem eru tilgreindar í þessari grein, skal ekki beitt lengur en í fimm ár. Allar sérstakar ráðstafanir varðandi endurskipulagningu falla úr gildi þremur árum eftir lok aðlögunartímabilsins sem um getur í IV. viðauka. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaramma en þá sem um getur í þessari málsgrein.

20. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

1. Leiði beiting ákvæða 9. gr. til þess:

a) að framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, hyggst beita magntakmörkunum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða
b) að alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og framangreindar aðstæður valda eða gætu valdið samningsaðilanum, sem flytur út, alvarlegum erfiðleikum er þeim samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

2. Samningsaðili, sem hyggst gera ráðstafanir samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Sameiginlega nefndin skal rannsaka málið og getur tekið hvers konar ákvarðanir til að leysa það. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að leysa vandann. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni þegar í stað um þær ráðstafanir. Þegar gera þarf ráðstafanir skal einkum velja þá aðgerð sem veldur minnstri röskun á framkvæmd þessa samnings.

3. Ef óvenjulegar og alvarlegar aðstæður, sem kalla á tafarlausar aðgerðir, koma í veg fyrir að unnt sé að veita upplýsingar eða hefja rannsókn fyrir fram er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að grípa þegar í stað til ráðstafana til að bæta ástandið og skal hann

request of the EFTA States, consultations shall be held in the Joint Committee on such measures and the sectors to which they apply before they are implemented. When taking such measures Tunisia shall provide the Joint Committee with a schedule for the elimination of the customs duties introduced under this Article. This schedule shall provide for a phasing out of these duties at equal annual rates starting at the latest 2 years after their introduction, unless the Joint Committee decides on a different schedule.

5. The application of exceptional measures specified in this Article shall not exceed five years. All exceptional measures regarding structural adjustment shall cease to apply three years after the end of the transitional period referred to in Annex IV. The Joint Committee may decide on different time periods than those referred to in this paragraph.

ARTICLE 20

Re-export and serious shortage

1. Where compliance with the provisions of Article 9 leads to:

(a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product concerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or

(b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures.

2. The Party intending to take measures under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof. The Joint Committee shall examine the situation and may take any decisions needed to put an end to it. In the absence of such a decision within 30 days of the matter being referred to the Joint Committee, the Party concerned may adopt the appropriate measures to remedy the problem. The measures shall be immediately notified to the Joint Committee. In the selection of measures priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement.

3. Where exceptional and critical circumstances requiring immediate action make prior information or examination, as the case may be, impossible, the Party concerned may forthwith apply temporary measures necessary to deal with the situation and

veita hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni upplýsingar um það án tafar.
4. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni með reglubundnum hætti um þær ráðstafanir, sem eru gerðar, með það fyrir augum að setja niður tímaáætlun um afnám þeirra um leið og aðstæður leyfa.

21. gr.
Almennar undantekningar

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir bönn eða takmarkanir á innflutningi, útflutningi eða umflutningi vöru sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna, dýra eða gróðurs, verndun þjóðarverðmæta, sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, vernd hugverkaréttar eða reglum varðandi gull og silfur né heldur á verndun óendurnýjanlegra náttúruauðlinda. Slík bönn eða takmarkanir skulu þó ekki hafa í för með sér handahófskennda mismunun eða duldar hömlur í viðskiptum milli samningsaðilanna.

22. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:
a) til að koma í veg fyrir að veittar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum hans,
b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína eða standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu
   i) að því er varðar viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn, að því tilskildu að ráðstafanirnar raski ekki samkeppnisstöðu að því er varðar framleiðsluvörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar, og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem er beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila,
   ii) varðandi bann við dreifingu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengna, eða
   iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee thereof.
4. The measures taken shall be the subject of periodic consultations within the Joint Committee with a view to their elimination as soon as circumstances permit.

ARTICLE 21
General exceptions

Nothing in this Agreement shall preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security, of the protection of health and life of humans, animals or plants, of the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value, of the protection of intellectual property or of regulations concerning gold and silver or conservation of exhaustible natural resources. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or disguised restriction on trade between the parties.

ARTICLE 22
Security exceptions

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which it considers necessary:
(a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;
(b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies
   (i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes, and to such traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or
   (ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or
   (iii) taken in time of war or other serious international tension.

III. KAFLI
HUGVERKAVERND

23. gr.
Hugverkavernd

1. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að veita og tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, V. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.

2. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum hinna samningsaðilanna lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (sem nefnist hér á eftir „samningurinn um hugverkarétt" (TRIPS)).

3. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum hinna samningsaðilanna lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði samningsins um hugverkarétt, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsaðilar samþykkja, að beiðni samningsaðila og með fyrirvara um samþykki allra samningsaðila, að endurskoða ákvæði um vernd hugverkaréttinda sem er að finna í þessari grein og V. viðauka með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og stuðla að þróun viðskipta milli samningsaðilanna.

CHAPTER III
PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 23
Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, including measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex V to this Agreement and the international agreements referred to therein.

2. The Parties shall accord to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellecutal Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").

3. The Parties shall grant to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to nationals of any other State. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. The Parties, upon request of any Party and subject to agreement of all the Parties, shall review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex V, with a view to further improving the levels of protection and promoting development of trade between the Parties.

IV. KAFLI
FJÁRFESTINGAR

24. gr.
Fjárfestingarskilyrði

1. Samningsaðilar skulu skapa stöðug, hagstæð og gagnsæ skilyrði fyrir fyrirtæki hinna samningsaðilanna sem standa í fjárfestingum á yfirráðasvæðum þeirra eða hyggja á slíkt.

2. Fjárfestingar, sem fjárfestar samningsaðila stofna til á yfirráðasvæði annarra samningsaðila, skulu njóta fullrar verndar og öryggis og ávallt fá sanngjarna og réttláta meðferð í samræmi við þjóðarétt.

25. gr.
Efling fjárfestinga

Samningsaðilar gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stuðla að flæði fjárfestinga og tækni milli þeirra sem leiði til aukins hagvaxtar og þróunar. Í slíkri samvinnu felst m.a.:

CHAPTER IV
INVESTMENT

ARTICLE 24
Investment Conditions

1. The Parties shall create stable, favourable and transparent conditions for companies of the other Parties that are making or seeking to make investments in their territories.

2. Investments of investors of a Party shall in the territories of the other Parties enjoy full protection and security and shall at all times be accorded fair and equitable treatment in accordance with international law.

ARTICLE 25
Investment Promotion

The Parties recognise the importance of promoting investment and technology flows between them as a means for achieving economic growth and development. Cooperation in this respect shall include:

a) að leggja til viðeigandi leiðir til að finna fjárfestingarmöguleika og miðla upplýsingum um fjárfestingarreglur,
b) að leggja fram upplýsingar um ráðstafanir samningsaðila til að ýta undir fjárfestingar erlendis (tækniaðstoð, fjárstuðningur, fjárfestingartryggingar o.s.frv.),
c) að skapa lagaumhverfi sem hvetur til aukins flæðis fjárfestinga, þ.m.t. með gerð alþjóðasamninga, og
d) að skipuleggja þróunarverkefni og koma þeim til framkvæmda, einnig með þátttöku erlendra fjárfesta.

(a) appropriate means of identifying investment opportunities and information channels on investment regulations;
(b) the provision of information on the Parties' measures promoting investment abroad (technical assistance, financial support, investment insurance etc.);
(c) the creation of a legal environment conducive to increased investment flows, including through the conclusion of international agreements; and
(d) the planning and implementation of development projects, including for the participation of foreign investors.

V. KAFLI
ÞJÓNUSTA

26. gr.
Þjónustuviðskipti

1. Samningsaðilar skulu stefna að því að auka smám saman frelsi og opna markaði sína í þjónustuviðskiptum í samræmi við ákvæði hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn um þjónustuviðskipti" (GATS)), með hliðsjón af þeirri vinnu sem nú fer fram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningsaðilar skulu, í þessu skyni, endurskoða þróun þjónustugeira sameiginlega og skoða samþykkt ráðstafana um að auka frelsi með tilhlýðilegu tilliti til V. gr. samningsins um þjónustuviðskipti.
2. Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aðila, sem stendur utan þessa samnings, aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að þjónustumarkaði skal hann vera reiðubúinn til að efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni með það í huga að fjalla um málið í ljósi markmiðsins sem sett er fram í 1. mgr.

CHAPTER V
SERVICES

ARTICLE 26
Trade in Services

1. The Parties shall aim at achieving gradual liberalisation and the opening of their markets for trade in services in accordance with the provisions of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "GATS"), taking into account ongoing work under the auspices of the WTO. To this end, the Parties shall jointly review developments in services sectors and consider the adoption of liberalisation measures, with due regard to Article V GATS.

2. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its services markets, it shall be prepared to enter into consultations in the Joint Committee with a view to addressing this matter in light of the objective set out in paragraph 1.

VI. KAFLI
GREIÐSLUR VEGNA YFIRSTANDANDI VIÐSKIPTA OG FJÁRMAGNSFLUTNINGA

27. gr.
Greiðslur í yfirstandandi viðskiptum

Samningsaðilar skuldbinda sig, með fyrirvara um ákvæði 29. gr., til að heimila að unnt sé að inna af hendi allar yfirstandandi greiðslur í yfirstandandi viðskiptum í auðskiptanlegum gjaldmiðli.

28. gr.
Fjármagnsflutningar

Með hliðsjón af færslum á fjármagnsreikningi greiðslujafnaðar skulu EFTA-ríkin og Túnis tryggja, frá gildistöku þessa samnings, frjálsa fjármagnsflutninga, tengda beinum fjárfestingum í Túnis í fyrirtækjum sem eru stofnsett í samræmi við núgildandi

CHAPTER VI
CURRENT PAYMENTS AND CAPITAL MOVEMENTS

ARTICLE 27
Payments for current transactions

Subject to the provisions of Article 29, the Parties undertake to allow all current payments for current transactions to be made in a freely convertible currency.

ARTICLE 28
Capital movements

With regard to transactions on the capital account of balance of payments, the EFTA States and Tunisia shall ensure, from the entry into force of this Agreement, that capital relating to direct investments in Tunisia in companies formed in accor-

lög, og að unnt sé að innleysa og senda heim afrakstur og hagnað af þeim.

29. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

Ef eitt eða fleiri EFTA-ríki eða Túnis á í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða ef alvarleg hætta er á að erfiðleikar skapist, er EFTA-ríkjunum eða Túnis, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana varðandi yfirstandandi viðskipti, í samræmi við skilyrði sem eru sett fram í GATT-samningnum frá 1994 og VIII. og í XIV. gr. samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en þær skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en brýn þörf er á til að leiðrétta greiðslujöfnuð. EFTA-ríkjunum eða Túnis, eftir því sem við á, ber að tilkynna hinum samningsaðilunum þegar í stað um slíkar ráðstafanir og leggja, eins fljótt og unnt er, fram tímaáætlun um afnám þeirra.

VII. KAFLI
OPINBER INNKAUP

30. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsaðilar skulu setja sér það markmið að auka smám saman frelsi á mörkuðum fyrir opinber innkaup sín á milli.
2. Ef samningsaðili veitir aðila, sem stendur utan þessa samnings, aðgang að innkaupamörkuðum sínum skal hann reiðubúinn að efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni með það í huga að fjalla um málið í ljósi þess markmiðs sem fram kemur í 1. mgr.

VIII. KAFLI
EFNAHAGSSAMVINNA OG TÆKNIAÐSTOÐ

31. gr.
Markmið og gildissvið

1. EFTA-ríkin lýsa sig reiðubúin til að eiga samvinnu við Túnis um efnahagsmál og láta því í té tækniaðstoð í samræmi við innlend stefnumið sín í því skyni að:

a) greiða fyrir framkvæmd heildarmarkmiða þessa samnings, einkum að fjölga þeim tækifærum til viðskipta og fjárfestinga sem felast í honum,

b) styðja viðleitni Túnis til að ná sjálfbærri, efnahagslegri og félagslegri þróun.

2. Í allri samvinnu og aðstoð skal lögð áhersla á þá geira, sem eiga í innri vanda, og þá sem aukið frelsi í efnahagsmálum Túnis hefði áhrif á, svo og á þá geira sem líklegt má telja að geti fært hagkerfi

dance with current laws can move freely and that the yield from such investments and any profit stemming therefrom can be liquidated and repatriated.

ARTICLE 29
Balance of payments difficulties

Where one or more EFTA States or Tunisia is in serious balance of payments difficulties, or under threat thereof, the EFTA States or Tunisia, as the case may be, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and Articles VIII and XIV of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, adopt restrictions on current transactions which shall be of limited duration and may not go beyond what is strictly necessary to remedy the balance of payments situation. The EFTA States or Tunisia, as the case may be, shall inform the other Parties forthwith and shall submit to them as soon as possible a timetable for the elimination of the measures concerned.

CHAPTER VII
GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 30
Government procurement

1. The Parties shall set as their objective a reciprocal and gradual liberalisation of public procurement markets.
2. If a Party grants to a non-Party access to its procurement markets, it shall be prepared to enter into consultations in the Joint Committee with a view to addressing this matter in light of the objective set out in paragraph 1.

CHAPTER VIII
ECONOMIC CO-OPERATION AND TECHNICAL ASSISTANCE

ARTICLE 31
Objectives and Scope

1. The EFTA States declare their readiness to engage in economic co-operation and provide technical assistance to Tunisia, in accordance with their national policy objectives, in order to:

(a) facilitate the implementation of the overall objectives of this Agreement, in particular to enhance trading and investment opportunities arising from this Agreement;

(b) support Tunisia's own efforts to achieve sustainable economic and social development.

2. Co-operation and assistance shall focus on sectors suffering from internal difficulties or affected by the process of liberalisation of the Tunisian economy as well as sectors likely to bring the econ-

EFTA-ríkjanna og Túnis nær hvert öðru, einkum þá sem auka hagvöxt og bæta atvinnuástand.

32. gr.
Aðferðir og leiðir

1. Samstarf og aðstoð skulu vera tvíhliða eða innan ramma áætlana Fríverslunarsamtaka Evrópu eða vera blanda af þessu tvennu.
2. Samningsaðilar skulu starfa saman að því markmiði að finna og nota bestu aðferðir og leiðir til að koma þessum kafla til framkvæmda. Með þetta að markmiði geta þeir samræmt aðgerðir sínar og viðeigandi alþjóðastofnana.
3. Taka skal mið af vernd umhverfisins við framkvæmd aðstoðar í hinum ýmsu geirum sem þetta varðar.
4. Leiðir til samstarfs og aðstoðar geta m.a. verið:

a) upplýsingaskipti og miðlun tækni, svo og þjálfun,
b) framkvæmd sameiginlegra aðgerða, s.s. málþing og vinnufundir,
c) aðstoð sem varðar tækni og stjórnun,
d) fjárhagslegt samstarf, s.s. forgangslán og þróunarsjóðir.

33. gr.
Svið samvinnu

Samvinna og aðstoð getur náð til allra þeirra sviða sem samningsaðilar hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um að geti aukið möguleika Túnis til að njóta ávinnings af auknum viðskiptum og fjárfestingum á alþjóðavettvangi, sem getur einkum falist í:

a) því að efla og greiða fyrir viðskiptum og auka tækifæri til markaðssóknar,
b) málum er varða tolla og uppruna, þ.m.t. starfsnám á sviði tollamála,
c) nútímavæðingu atvinnugreina, s.s. fiskvinnslu og eldis í sjó og vötnum, framleiðslugreina, matvælaiðnaðar, fjármálaþjónustu og ferðaþjónustu,
d) tæknilegum reglum og ráðstöfunum um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, þ.m.t. stöðlun og vottun í matvælaiðnaði, og
e) aðstoð við reglusetningu og framkvæmd laga á sviðum á borð við hugverk og opinber innkaup.

IX. KAFLI
STOFNANAÁKVÆÐI OG MÁLSMEÐFERÐARÁKVÆÐI

34. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginleg nefnd skal hafa umsjón með og

omies of the EFTA States and Tunisia closer together, particularly those generating growth and employment.

ARTICLE 32
Methods and means

1. Co-operation and assistance shall be carried out, bilaterally or through EFTA programmes or a combination of the two.
2. Parties shall co-operate with the objective of identifying and employing the most effective methods and means for the implementation of this Chapter. To this end they may coordinate efforts with relevant international organisations.
3. Conservation of the environment shall be taken into account in the implementation of assistance in the various sectors to which it is relevant.
4. Means of co-operation and assistance may include:

(a) exchange of information, transfer of technology and training;
(b) implementation of joint actions such as seminars and workshops;
(c) technical and administrative assistance;
(d) financial co-operation, such as preferential loans and development funds.

ARTICLE 33
Fields of co-operation

Co-operation and assistance may cover any fields jointly identified by the Parties that may serve to enhance Tunisia's capacities to benefit from increased international trade and investment, including in particular:

(a) trade promotion, trade facilitation, and promotion of market opportunities;
(b) customs and origin matters, including vocational training in the customs field;
(c) modernisation of economic sectors, such as fish and aquaculture, manufacturing, food industry, financial services, tourism;
(d) technical regulations and sanitary and phytosanitary measures, including standardisation and certification; and
(e) regulatory assistance and implementation of laws in areas such as intellectual property and public procurement.

CHAPTER IX
INSTITUTIONAL AND PROCEDURAL PROVISIONS

ARTICLE 34
The Joint Committee

1. The implementation of this Agreement shall be

annast framkvæmd þessa samnings. Hver samningsaðili skal eiga fulltrúa í sameiginlegu nefndinni.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsaðila, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal kanna reglulega möguleikann á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Túnis.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

35. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að framkvæmd þessa samnings verði eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman að beiðni samningsaðila eins oft og nauðsyn ber til en venjulega annað hvert ár.
2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.
3. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði verði uppfyllt skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
4. Samkvæmt þessum samningi setur sameiginlega nefndin sér starfsreglur er kveða m.a. á um fundarboðun, formann og skipunartíma hans.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

36. gr.
Uppfylling skuldbindinga og samráð

1. Samningsaðilar skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Komi í ljós að túlkun og beiting þessa samnings er með mismunandi hætti skulu samningsaðilar, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ítrasta til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um ráðstafanir sem hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á starfrækslu þessa samnings. Samningsaðili sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.

supervised and administered by a Joint Committee. Each Party shall be represented in the Joint Committee.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Tunisia.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

ARTICLE 35
Procedures of the Joint Committee

1. For the proper implementation of this Agreement the Joint Committee shall, upon request of any Party, meet whenever necessary but normally every two years.
2. The Joint Committee shall act by common agreement.
3. If a representative in the Joint Committee of a Party has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date at which the lifting of the reservation is notified.
4. For the purpose of this Agreement the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his/her term of office.
5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties, as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

ARTICLE 36
Fulfilment of obligations and consultations

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the fulfilment of their obligations under this Agreement. Should any divergency with respect to the interpretation and application of this Agreement arise, the Parties shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan þrjátíu daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

37. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

Telji EFTA-ríki að Túnis hafi ekki eða telji Túnis að EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt þessum samningi og hafi sameiginlega nefndin ekki fundið lausn innan þriggja mánaða sem allir aðilar geta sætt sig við er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera bráðnauðsynlegar og viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að jafnvægi komist aftur á. Helst skal beita þeim ráðstöfunum sem valda minnstri röskun á framkvæmd samningsins. Tilkynna skal samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið og skal reglubundið efnt til samráðs á vettvangi nefndarinnar og leitað leiða til að afnema þær. Ráðstafanirnar skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur eða, ef deilunni hefur verið vísað í gerðardóm, þegar úrskurður gerðardóms er fallinn og honum hefur verið framfylgt.

38. gr.
Gerðardómur

1. Heimilt er að aðili að deilu, er lýtur að túlkun á réttindum og skyldum samkvæmt þessum samningi og sem ekki hefur tekist að leysa í beinum viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan níutíu daga frá viðtöku beiðni um samráð, vísi deilunni til gerðardóms með skriflegri tilkynningu sem er stíluð á aðra deiluaðila. Senda skal afrit af tilkynningunni til allra samningsaðilanna. Ef fleiri en einn samningsaðili leggur deilumálið í gerðardóm og fleiri en einn aðili tengist sama máli skal, þegar það er gerlegt, koma á fót einum gerðardómi til að taka deilumálin til umfjöllunar.

2. Fjallað er um stofnun og starfsemi gerðardómsins í VI. viðauka. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

X. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

39. gr.
Þróunarákvæði

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða samning þennan í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, s.s. innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, og kanna í ljósi allra

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so request within 30 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to finding a commonly acceptable solution.

ARTICLE 37
Provisional measures

If an EFTA State considers that Tunisia has, or if Tunisia considers that an EFTA State has failed to fulfil an obligation under this Agreement and the Joint Committee has failed to arrive at a commonly acceptable solution within 3 months, the Party concerned may take such provisional rebalancing measures as are appropriate and strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of the Agreement. The measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee, which shall hold regular consultations with a view to their abolition. The measures shall be abolished when conditions no longer justify their maintenance, or, if the dispute is submitted to arbitration, when an arbitral award has been rendered and complied with.

ARTICLE 38
Arbitration

1. Disputes between the Parties, relating to the interpretation of rights and obligations under this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by any Party to the dispute by means of a written notification addressed to the other Party to the dispute. A copy of this notification shall be communicated to all Parties. Where more than one Party requests the submission to an arbitral tribunal of a dispute with the same Party relating to the same question a single arbitral tribunal should be established to consider such disputes whenever feasible.
2. The constitution and functioning of the arbitral tribunal shall be governed by Annex VI. The award of the arbitral tribunal shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

CHAPTER X
FINAL PROVISIONS

ARTICLE 39
Evolutionary clause

1. The Parties undertake to review the present Agreement in light of further developments in international economic relations, i.a. in the framework of the WTO, and to examine in this context and in

þátta, sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með samningi þessum og láta hana ná til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan möguleika og leggja fram tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningaviðræður.
2. Samningar, sem grundvallast á þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

40. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukum og bókunum.

41. gr.
Breytingar

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á samningi þessum skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjölum um staðfestingu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

42. gr.
Tengsl við aðra alþjóðasamninga

1. Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum og samningum um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í samningi þessum.
2. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum á grundvelli hans og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.
3. Þegar samningsaðili gerist aðili að tollabandalagi eða fríverslunarsamningi við þriðja aðila skal hann vera reiðubúinn til samráðs við annan samningsaðila, fari sá samningsaðili fram á það.

43. gr.
Aðild

1. Sérhver nýr aðili að Fríverslunarsamtökum

the light of any relevant factor, the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

ARTICLE 40
Annexes and Protocols

The Annexes and the Protocols to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols.

ARTICLE 41
Amendments

1. Amendments to this Agreement shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval.

2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 42
Relation to other international agreements

1. This Agreement shall not preclude the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas and arrangements for frontier trade insofar as they do not have the effect of altering the trade arrangements provided for in this Agreement.

2. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO and the other agreements negotiated thereunder to which they are party, and under any other international agreement to which they are a party.
3. When a Party enters into a customs union or free trade agreement with a third party it shall, upon request by any other Party, be prepared to enter into consultations with the requesting Party.

ARTICLE 43
Accession

1. Any new Member of the European Free Trade

Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild hans með þeim kjörum og skilyrðum sem hlutaðeigandi samningsaðilar og inngönguríkið kunna að semja um. Aðildarskjalið skal afhent vörsluaðila.

2. Að því er varðar inngönguríki skal samningur þessi taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu eða núverandi samningsaðilar hafa samþykkt aðildarskilmálana, hvort sem síðar verður.

44. gr.

Uppsögn og niðurfelling samningsins

1. Hver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Ef EFTA-ríki segir upp samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

45. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.
2. Samningur þessi öðlast gildi 1. júní 2005 gagnvart samningsaðilum, sem þá hafa afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu, að því tilskildu að Túnis sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu.

3. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. júní 2005 öðlast hann gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að Túnis og a.m.k. eitt EFTA-ríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu.

4. Að því er varðar EFTA-ríki, sem afhendir fullgildingarskjal sitt til vörslu eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi, öðlast samningur þessi gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent vörsluaðila.
5. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt þessari grein.

Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on terms and conditions to be negotiated between the acceding State and the Parties concerned. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession, or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

ARTICLE 44

Withdrawal and expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall *ipso facto* on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.

ARTICLE 45

Entry into force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.
2. This Agreement shall enter into force on 1 June 2005 in relation to those Signatory States which by then have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary, provided that Tunisia is among the States that have deposited their instruments of ratification or acceptance.
3. In case this Agreement does not enter into force on 1 June 2005 it shall enter into force on the first day of the second month following the latter date on which Tunisia and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification.
4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the deposit of its instrument.
5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

46. gr. ***Vörsluaðili*** Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.	ARTICLE 46 ***Depositary*** The Government of Norway shall act as Depositary.
ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.	IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised hereto, have signed this Agreement.
Gjört í Genf 17. desember 2004 í tveimur frumritum, hvort um sig bæði á ensku og frönsku, og eru báðir textarnir jafngildir. Komi upp ágreiningur skal enska útgáfan gilda. Einu frumriti á hvoru tungumáli um sig skal komið í vörslu ríkisstjórnar Noregs.	Done at Geneva, this 17th day of December 2004, in two original copies, each in the English and the French languages, both texts being equally authentic. In case of conflict the English version shall prevail. One original for each language shall be deposited with the Government of Norway.
Fyrir hönd Lýðveldisins Túnis	For the Republic of Tunisia
Fyrir hönd Íslands	For the Republic of Iceland
Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins	For the Principality of Liechtenstein
Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs	For the Kingdom of Norway
Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss	For the Swiss Confederation

300. Tillaga til þingsályktunar [285. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Með tilskipun 2003/4/EB er felld úr gildi tilskipun 90/313/EBE um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál, en hún er nú hluti af EES-samningnum. Í tilskipun 2003/4/EB eru ítarlegri ákvæði um aðgengi almennings að upplýsingum um umhverfismál en eru í eldri tilskipun. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar geta allir einstaklingar og lögaðilar óskað eftir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld ráða yfir eða eru geymdar fyrir þeirra hönd án þess að þeir þurfi að sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta.

Helstu nýmæli í tilskipun 2003/4/EB um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál borið saman við eldri tilskipun eru eftirfarandi:

1. Skilgreiningin á því hvaða upplýsingar teljast til „upplýsinga um umhverfismál“ hefur verið víkkuð.
2. Tilskipunin tekur til fleiri aðila, þ.e. ekki bara stjórnvalda í hefðbundnum skilningi heldur einnig til fyrirtækja sem rækja opinbert hlutverk að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
3. Rétturinn til aðgangs að upplýsingum tekur ekki aðeins til upplýsinga sem eru í vörslu stjórnvalda heldur einnig til upplýsinga sem eru geymdar fyrir þeirra hönd af öðrum aðilum.
4. Helstu takmarkanir á aðgangi almennings að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið eru felldar niður.
5. Meginreglan er sú að stjórnvöld skulu gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar á því formi eða með því sniði sem umsækjandi fer fram á.

Tilskipun 2003/4/EB tekur mið af ákvæðum svokallaðs Árósasamnings, þ.e. alþjóðasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, sem undirritaður var í Árósum 25. júní 1998. Árósasamningurinn hefur verið undirritaður af hálfu Íslands en ekki fullgiltur. Tilskipunin varðar þó einungis þann hluta Árósasamningsins er varðar aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Í umhverfisráðuneytinu er nú unnið að frumvarpi til laga um upplýsingarétt um umhverfismál til innleiðingar tilskipunarinnar. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á haustþingi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 123/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2003 frá 11. júlí 2003 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L ... og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB ....

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. 2. liður (tilskipun ráðsins 90/313/EBE) falli niður hinn 14. febrúar 2005.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB):

„2j. **32003 L 0004:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 (Stjtíð. EB L 41, 14.2.2003, bls. 26).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2003/4/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

([2]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.
([*]) [Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.][Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.]

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/4/EB

frá 28. janúar 2003

um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar ESB ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 8. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Víðtækari, almennur aðgangur að upplýsingum um umhverfismál og miðlun þeirra stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings þegar kemur að töku ákvarðana í umhverfismálum og stuðlar e.t.v. líka að bættu umhverfi.

2) Með tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([5]) hófst þróun sem hefur orðið til þess að opinber yfirvöld leitast nú við að hafa alla umræðu opna og gagnsæja og þau beita sér fyrir ráðstöfunum sem styrkja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál og þessa þróun ber að efla og leiða enn lengra. Með þessari tilskipun er veittur greiðari aðgangur að upplýsingum en gert er skv. tilskipun 90/313/EBE.

3) Í 8. gr. þeirrar tilskipunar er þess krafist að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um fengna reynslu og í ljósi hennar skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu ásamt tillögum um endurskoðun á tilskipuninni sem hún kann að telja viðeigandi.

4) Í skýrslunni, sem gerð er skv. 8. gr. í framangreindri tilskipun, er bent á sérstök vandamál sem komið hafa upp við framkvæmd tilskipunarinnar.

5) Evrópubandalagið undirritaði 25. júní 1998 alþjóðasamning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum („Árósasamninginn"). Ákvæði í löggjöf bandalagsins skulu vera í samræmi við þann samning svo að Evrópubandalagið geti gert hann.

6) Til að auka megi gagnsæi þykir rétt að setja *nýja tilskipun í stað tilskipunar* 90/313/EBE fremur en að breyta henni því að með því móti fá hagsmunaaðilar í hendur skýran og samfelldan lagatexta í einni heild.

7) Misræmi í gildandi lögum aðildarríkjanna að því er varðar aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem opinber yfirvöld ráða yfir, getur skapað ójafnræði innan bandalagsins með tilliti til aðgangs að upplýsingum af því tagi eða með tilliti til samkeppnisskilyrða.

8) Nauðsynlegt er að tryggja að allir einstaklingar og lögaðilar hafi frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld ráða yfir eða eru geymdar fyrir þeirra hönd án þess að þeir þurfi að sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta.

([1]) Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 156 og Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 289.
([2]) Stjtíð. EB C 116, 20.4.2001, bls. 43.
([3]) Stjtíð. EB C 148, 18.5.2001, bls. 9.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2001 (Stjtíð. EB C 343, 5.12.2001, bls. 165), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2002 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002.
([5]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 56.

9) Þá er einnig nauðsynlegt að opinber yfirvöld gangist fyrir því að upplýsingar um umhverfismál verði aðgengilegar almenningi og þeim verði miðlað sem víðast, einkum með því að nýta upplýsinga- og samskiptatækni. Framtíðarþróun þessarar tækni skal höfð í huga við skýrslugerð varðandi þessa tilskipun og endurskoðun hennar.

10) Víkka skal skilgreininguna á upplýsingum um umhverfismál þannig að hún nái yfir hvers kyns upplýsingar um ástand umhverfisins, um þætti, ráðstafanir eða starfsemi sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á umhverfið eða sem farið er af stað með til að vernda umhverfið, yfir kostnaðar-, ábata- og hagkvæmnigreiningu, sem beitt er í tengslum við ráðstafanir eða starfsemi af framangreindu tagi, og einnig upplýsingar um heilbrigði og öryggi almennings, þ.m.t. mengun í matvælaferlinu, lífsskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða, eða geta orðið, fyrir áhrifum af því sem að framan greinir.

11) Í því skyni að taka tillit til meginreglunnar í 6. gr. sáttmálans þess efnis að kröfur varðandi framkvæmd á stefnu og aðgerðum bandalagsins skal víkka skilgreininguna á opinberum yfirvöldum þannig að hún nái yfir ríkisstjórn og önnur opinber lands-, svæðis- eða staðbundin stjórnvöld hvort sem þau bera sérstaka ábyrgð á umhverfismálum eða ekki. Á sama hátt skal víkka skilgreininguna þannig að hún nái yfir einstaklinga eða aðila sem hafa með höndum opinbera stjórnsýslu í tengslum við umhverfið samkvæmt innlendum lögum, svo og yfir aðra einstaklinga eða aðila sem starfa undir þeirra stjórn og bera opinbera ábyrgð eða annast opinber verkefni í umhverfismálum.

12) Upplýsingar um umhverfismál, sem geymdar eru hjá öðrum aðilum fyrir hönd opinberra yfirvalda, skulu einnig falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

13) Upplýsingar um umhverfismál skulu vera aðgengilegar fyrir umsækjendur svo fljótt sem við verður komið og innan sanngjarns frests og skal taka tillit til hugsanlegs frests sem umsækjandi tilgreinir.

14) Opinber yfirvöld skulu gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar á því formi eða með því sniði sem umsækjandi fer fram á nema þær liggi þegar fyrir á öðru formi eða með öðru sniði eða eðlilegt telst að hafa þær aðgengilegar á öðru formi eða með öðru sniði. Auk þess er gerð sú krafa að opinber yfirvöld kosti kapps um að varðveita upplýsingar um umhverfismál, sem þau hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, á formi eða með því sniði sem auðvelt er að fjölfalda og þannig að nálgast megi upplýsingarnar á rafrænan hátt.

15) Aðildarríkin skulu ákvarða það fyrirkomulag sem nota skal til að gera þessar upplýsingar aðgengilegar. Fyrirkomulagið skal tryggja greiðan og auðveldan aðgang að upplýsingunum og að þær verði smám saman aðgengilegar almenningi um almennt fjarskiptanet, þ.m.t. skrár yfir opinber yfirvöld og skrár eða yfirlit yfir upplýsingar um umhverfismál sem opinber yfirvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd.

16) Rétturinn til upplýsinga merkir að almenna reglan skal vera sú að birta eigi upplýsingar og að opinberum yfirvöldum skal eingöngu vera heimilt að synja beiðni um upplýsingar um umhverfismál í sértækum og skilmerkilega skilgreindum tilvikum. Ástæður synjunar skulu túlkaðar þröngt og vega skal og meta þá hagsmuni almennings sem felast í birtingu upplýsinganna á móti þeim hagsmunum sem þjónað er með synjuninni. Ástæðurnar fyrir synjuninni skulu lagðar fyrir umsækjandann innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

17) Opinber yfirvöld skulu gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar að hluta ef unnt er að skilja upplýsingarnar, sem falla undir undantekningar, frá öðrum upplýsingum sem beðið er um.

18) Opinberum yfirvöldum skal gert kleift að krefjast gjalds fyrir að veita upplýsingar um umhverfismál en gjaldið skal vera sanngjarnt. Þetta felur í sér þá almennu reglu að gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur raunkostnaði við það að framleiða viðkomandi efni. Reynt skal að komast hjá því að krefjast fyrirframgreiðslu. Í sérstökum tilvikum, þar sem opinber yfirvöld gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar á viðskiptalegum forsendum og ef það er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í öflun og birtingu upplýsinga af þeim toga, telst sanngjarnt að krefjast markaðstengds gjalds og má þá krefjast fyrirframgreiðslu. Birta skal gjaldskrá sem er aðgengileg umsækjendum ásamt upplýsingum um tilvik þar sem krefjast má gjalds og þar sem má fella það niður.

19) Umsækjendur skulu eiga þess kost að fara fram á að aðgerðir eða aðgerðaleysi opinberra yfirvalda í tengslum við beiðni verði endurskoðuð á stjórnsýslustigi eða fyrir dómstólum.

20) Opinber yfirvöld skulu leitast við að tryggja að upplýsingar, sem þau taka saman um umhverfismál eða þegar það er gert fyrir þeirra hönd, séu auðskiljanlegar, nákvæmar og samanburðarhæfar. Þar eð þetta er mikilvægur þáttur í mati á gæðum fram lagðra upplýsinga skal jafnframt tilgreina þá aðferð sem er notuð við samantekt upplýsinganna ef eftir því er leitað.

21) Til að auka vitund almennings í umhverfismálum og efla umhverfisvernd skulu opinber yfirvöld, þegar við á, leggja fram og miðla upplýsingum um umhverfismál sem tengjast starfsemi þeirra, einkum með tölvufjarskiptum og/eða rafrænni tækni ef það er unnt.

22) Eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi og viðkomandi skýrslur aðildarríkjanna hafa verið lagðar fram skal hún endurmetin á fjögurra ára fresti með hliðsjón af fenginni reynslu og á grundvelli þessa skal endurskoðun eiga sér stað. Framkvæmdastjórnin skal leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum með fyrirhugaðri tilskipun og sökum þess að líklegra er að þau náist á vettvangi bandalagsins getur bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en þörf er á til að markmiðunum verði náð.

24) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að viðhalda eða innleiða ráðstafanir sem kveða á um víðtækari aðgang að upplýsingum en krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðin með þessari tilskipun eru eftirfarandi:

a) að tryggja rétt til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál, sem opinber yfirvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, og að tilgreina grundvallarskilmála og -skilyrði og fyrirkomulag í tengslum við beitingu þessa réttar, og

b) að smám saman verði talið sjálfsagt að upplýsingar um umhverfismál séu aðgengilegar og þeim verði miðlað til almennings þannig að kerfisbundinn aðgangur að þeim verði sem greiðastur og miðlunin verði sem víðtækust. Í þessu skyni skal einkum stuðla að nýtingu tölvufjarskipta og/eða rafrænnar tækni ef hún er fyrir hendi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Upplýsingar um umhverfismál“: hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju öðru efnislegu formi um:

   a) ástand að því er varðar mismunandi þætti umhverfisins, svo sem andrúmsloft og lofthjúp, vatn, jarðveg, land, landslag og náttúruminjar, þ.m.t. votlendi og strand- og hafsvæði, líffræðilega fjölbreytni og þætti hennar, þ.m.t. erfðabreyttar lífverur, og samspil milli þessara þátta,

   b) þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið, sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í a-lið,

   c) ráðstafanir (þ.m.t. stjórnsýsluráðstafanir), svo sem í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála, og starfsemi sem hefur eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í a- og b-lið, svo og ráðstafanir eða starfsemi sem ætlað er að vernda þessa þætti,

   d) skýrslur um framkvæmd löggjafar á sviði umhverfismála,

   e) kostnaðar- og ábatagreiningu eða annars konar hagkvæmnigreiningu og ályktanir sem eru notaðar í tengslum við þær ráðstafanir og starfsemi sem um getur í c-lið, og

   f) ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun í matvælaferlinu, ef við á, lífsskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða líklegt er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í a-lið eða vegna einhvers eða einhverra þeirra atriða sem um getur í b- og c-lið.

2. „Opinbert yfirvald“:

a) ríkisstjórn eða aðrar opinberar stjórnsýslustofnanir, þ.m.t. opinberar ráðgjafastofnanir, á lands-, svæðis- eða staðbundnum vettvangi,

b) sérhver einstaklingur eða lögaðili sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt innlendum lögum, þ.m.t. sértæk verkefni, starfsemi eða þjónustu sem varðar umhverfið, og

c) sérhver einstaklingur og lögaðili sem ber opinbera ábyrgð, gegnir opinberu hlutverki eða veitir opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og fellur undir stjórn aðila eða einstaklings sem um getur í a- eða b-lið.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þessi skilgreining taki ekki til aðila eða stofnana sem fara með dóms- eða löggjafarvald. Ef ekki er kveðið á um kærumeðferð, í skilningi 6. gr., í stjórnarskrárákvæðum aðildarríkis þann dag sem þessi tilskipun er samþykkt getur aðildarríkið mælt svo fyrir að fyrrgreindir aðilar eða stofnanir falli ekki undir þessa skilgreiningu.

3. „Upplýsingar sem opinbert yfirvald hefur yfir að ráða“: upplýsingar um umhverfismál sem eru í vörslu yfirvaldsins og það hefur aflað eða tekið við.

4. „Upplýsingar sem geymdar eru fyrir opinbert yfirvald“: upplýsingar um umhverfismál sem eru í vörslu einstaklings eða lögaðila fyrir hönd opinbers yfirvalds.

5. „Umsækjandi“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir upplýsingum um umhverfismál.

6. „Almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við innlend lög eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar.

3. gr.

Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt beiðni

1. Í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin tryggja að opinberum yfirvöldum sé skylt að gera upplýsingar um umhverfismál, sem þau ráða yfir eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, aðgengilegar öllum umsækjendum sem eftir því leita og án þess að þeir þurfi að tilgreina ástæðuna fyrir beiðninni.

2. Með fyrirvara um 4. gr. og að teknu tilliti til tímamarka, sem umsækjandinn kann að tilgreina, skal veita honum aðgang að upplýsingum um umhverfismál:

a) svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en innan mánaðar frá því að opinbera yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., hefur tekið við beiðni hans, eða

b) innan tveggja mánaða frá því að opinbera yfirvaldið tók við beiðninni ef upplýsingarnar eru svo miklar að umfangi eða flóknar að eins mánaðar fresturinn, sem um getur í a-lið, hrökkvi ekki til. Í slíkum tilvikum skal umsækjandinn upplýstur, svo fljótt sem auðið er og í öllum tilvikum áður en eins mánaðar fresturinn rennur út, um lengingu frestsins og ástæðuna fyrir henni.

3. Ef beiðnin er sett fram á of almennan hátt skal opinbera yfirvaldið, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir lok frestsins sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr., biðja umsækjandann að orða beiðni sína nákvæmar og veita honum aðstoð sína við það, t.d. með því að gefa honum upplýsingar um notkun opinberu skránna sem um getur í c-lið 5. mgr. Opinberum yfirvöldum er heimilt að synja beiðninni skv. c-lið 1. mgr. 4. gr. telji þau ástæðu til.

4. Ef umsækjandi fer þess á leit við opinbert yfirvald að það geri upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar í tilteknu formi eða með sérstöku sniði (þ.m.t. sem afrit) skal opinbera yfirvaldið verða við því nema:

a) þær séu þegar aðgengilegar almenningi á öðru formi eða með öðru sniði, einkum samkvæmt ákvæðum 7. gr., sem umsækjandinn hefur greiðan aðgang að, eða

b) það teljist eðlilegt að opinbera yfirvaldið geri þær aðgengilegar á öðru formi eða með öðru sniði og skal þá greina frá ástæðum þess að þær eru settar fram á þann hátt.

Að því er þennan lið varðar skulu opinber yfirvöld kosta kapps að varðveita upplýsingar um umhverfismál, sem þau hafa yfir að ráða eða geymd eru fyrir þeirra hönd, á formi eða með því sniði sem auðvelt er að fjölfalda og nálgast með tölvufjarskiptum eða á annan rafrænan hátt.

Greina skal umsækjanda frá ástæðum þess að beiðni hans um aðgang að upplýsingum er synjað, að hluta eða í heild og á því formi eða með því sniði sem um er beðið, innan þeirra tímamarka sem um getur í a-lið 2. mgr.

5. Samkvæmt þessari grein skulu aðildarríkin tryggja:

a) að opinberum starfsmönnum sé skylt að aðstoða almenning við leit að upplýsingum,

b) að skrár yfir opinber yfirvöld séu aðgengilegar almenningi, og

c) að skilgreint sé heppilegt fyrirkomulag til að tryggja að unnt verði að nýta réttinn til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál á skilvirkan hátt, t.d.:

- að útnefndir verði þeir sem fara með upplýsingamál,
- að komið verði upp og rekin aðstaða þar sem hægt er að kynna sér þær upplýsingar sem óskað er eftir,
- að fyrir liggi skrár eða yfirlit yfir upplýsingar um umhverfismál, sem opinber yfirvöld eða upplýsingamiðstöðvar ráða yfir, ásamt skýrum ábendingum um hvar finna má upplýsingar af því tagi.

Aðildarríkin skulu tryggja að opinber yfirvöld upplýsi almenning nægilega um þann rétt sem hann hefur samkvæmt þessari tilskipun og að þau veiti jafnframt upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf þar að lútandi eins og eðlilegt má teljast.

4. gr.

Undantekningar

1. Aðildarríkin geta synjað beiðni um upplýsingar um umhverfismál:

a) ef opinbera yfirvaldið, sem beðið er um upplýsingar, ræður ekki yfir umbeðnum upplýsingum eða þær eru ekki geymdar á vegum þess. Ef svo er og opinbera yfirvaldinu er kunnugt um að upplýsingarnar séu í vörslu annars opinbers yfirvalds eða geymdar á vegum þess skal það svo fljótt sem auðið er senda beiðnina til þess yfirvalds og greina umsækjandanum frá því eða upplýsa hann um það til hvaða opinbera yfirvalds það telji að hann ætti helst að beina umsókn sinni um viðkomandi upplýsingar,

b) ef beiðnin er augljóslega fráleit,

c) ef beiðnin er sett fram á of almennan hátt, með hliðsjón af 3. mgr. 3. gr.,

d) ef beiðnin varðar efni sem er í vinnslu eða ófullgerð skjöl eða gögn,

e) ef beiðnin varðar innri boðskipti og skal þá hafa hliðsjón af þeim hagsmunum sem almenningur hefur af því að fá aðgang að upplýsingunum.

Ef beiðni er synjað á grundvelli þess að hún varði efni sem er í vinnslu skal opinbera yfirvaldið gefa upp heiti þess yfirvalds sem annast vinnsluna og áætla þann tíma sem það tekur að ljúka henni.

2. Aðildarríkin geta synjað beiðni um upplýsingar um umhverfismál ef birting þeirra gæti haft alvarleg áhrif á:

a) þagnarskyldu, sem varðar málsmeðferð opinberra yfirvalda, ef kveðið er á um þagnarskyldu af því tagi í lögum,

b) alþjóðasamskipti, almannaöryggi eða landvarnir,

c) meðferð mála fyrir dómstólum, möguleika einstaklinga til að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi eða möguleika opinbers yfirvalds til að láta fara fram rannsókn sem varðar refsiverðan verknað eða agabrot,

d) leynd, sem varðar upplýsingar í viðskiptum eða iðnaði, ef kveðið er á um leynd af því tagi í innlendum lögum eða bandalagslögum í því skyni að vernda réttmæta, efnahagslega hagsmuni, þ.m.t. almenna hagsmuni sem fólgnir eru í að halda trúnaðarkvaðir í hagskýrslum og skattaleynd,

e) hugverkarétt,

f) vernd persónuupplýsinga og/eða skjala sem varða einstakling hafi viðkomandi ekki veitt samþykki sitt fyrir birtingu upplýsinganna og ef kveðið er á um slíka leynd í innlendum lögum eða lögum bandalagsins,

g) hagsmuni eða vernd annarra einstaklinga hafi þeir veitt umbeðnar upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja án þess að þeim sé það skylt samkvæmt lögum eða unnt sé að skylda þá til þess samkvæmt lögum nema þeir hafi veitt samþykki sitt fyrir birtingu viðkomandi upplýsinga,

h) vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varðar, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera.

Ástæður synjunar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu túlkaðar þröngt og í sérstökum tilvikum skal taka tillit til almennra hagsmuna sem birting upplýsinganna hefði í för með sér. Í hverju tilviki skal vega og meta þá hagsmuni almennings sem fylgja birtingu upplýsinganna á móti þeim hagsmunum sem þjónað er með synjuninni. Aðildarríkin mega ekki, með skírskotun til a-, d-, f-, g- og h-liðar 2. mgr., kveða á um að beiðni verði synjað ef beiðnin varðar upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.

Innan þessa ramma og að því er varðar framkvæmd f-liðar skulu aðildarríkin tryggja að uppfylltar verði kröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstak-

linga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

3. Ef aðildarríki kveður á um undantekningar getur það samið skrá yfir viðmiðanir, sem er aðgengileg almenningi, og á grundvelli þessara viðmiðana getur viðkomandi yfirvald ákveðið hvernig beiðnir skuli afgreiddar.

4. Ef umsækjandi biður um upplýsingar um umhverfismál, sem opinber yfirvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd, skal veita honum aðgang að þeim að hluta ef unnt er að skilja upplýsingarnar, sem falla undir gildissvið d- og e-liðar 1. mgr. eða 2. mgr., frá öðrum upplýsingum sem beðið er um.

5. Ef synjað er um aðgang að öllum umbeðnum upplýsingum eða hluta þeirra skal það tilkynnt umsækjanda skriflega eða á rafrænan hátt, hafi beiðnin verið skrifleg eða umsækjandi æskir þess, innan þeirra tímamarka sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr. eða b-lið sömu málsgreinar ef við á. Í tilkynningunni skal tilgreina ástæður synjunarinnar og í henni skulu vera upplýsingar um kærumeðferðina sbr. 6. gr.

5. gr.

Gjöld

1. Aðgangur að öllum opinberum skrám, sem gerðar eða haldnar eru eins og um getur í 5. mgr. 3. gr., skal vera ókeypis, svo og skoðun umbeðinna upplýsinga á staðnum.

2. Opinberum yfirvöldum er heimilt að krefjast gjalds fyrir að veita upplýsingar um umhverfismál en gjaldið má ekki vera ósanngjarnt.

3. Ef um gjaldtöku er að ræða skulu opinber yfirvöld birta gjaldskrá sem er aðgengileg umsækjendum ásamt upplýsingum um hvenær má krefjast gjalds eða fella það niður.

6. gr.

Aðgangur að réttlátri málsmeðferð

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allir umsækjendur, sem telja að beiðni þeirra um upplýsingar hafi verið hunsuð, henni hafi verið synjað á óréttmætan hátt (í heild eða að hluta), þeir hafi fengið ófullnægjandi svör eða ekki hafi verið tekið á máli þeirra í samræmi við ákvæði 3., 4. eða 5. gr., hafi aðgang að málsmeðferð þar sem fara má fram á að aðgerðir eða aðgerðaleysi viðkomandi yfirvalds verði tekið til endurskoðunar af hálfu þess eða annars opinbers yfirvalds eða endurskoðað á stjórnsýslustigi af hálfu óháðs eða óhlutdrægs aðila sem ákveðinn er með lögum. Málsmeðferð af þessu tagi skal vera fljótleg og annaðhvort ókeypis eða við vægu gjaldi.

2. Auk kærumeðferðar, sem um getur í 1. mgr., skulu aðildarríkin tryggja að umsækjandi hafi aðgang að málsmeðferð fyrir dómstóli eða öðrum óháðum og óhlutdrægum aðila sem ákveðinn er með lögum þar sem endurskoða má aðgerðir eða aðgerðaleysi viðkomandi, opinbers yfirvalds og kveða upp endanlegan úrskurð. Aðildarríkin geta enn fremur kveðið á um að þriðju aðilar, sem geta skaðast vegna birtingar upplýsinga, hafi einnig aðgang að lagaúrræðum.

3. Endanlegir úrskurðir, sem kveðnir eru upp skv. 2. mgr., eru bindandi fyrir opinbera yfirvaldið sem ræður yfir upplýsingunum. Rökstuðningur skal settur fram skriflega, a.m.k. ef synjað er um aðgang að upplýsingum samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Miðlun upplýsinga um umhverfismál

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að opinber yfirvöld komi skipulagi á upplýsingar um umhverfismál, sem tengjast starfsemi þeirra og sem þau hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd, þannig að þeim megi miðla greiðlega og skipulega til almennings, einkum með tölvufjarskiptum og/eða með rafrænni tækni ef unnt er.

Upplýsingar, sem aflað var fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, þurfa ekki að vera tiltækar með tölvufjarskiptum og/eða rafrænni tækni nema þær hafi þegar legið fyrir á rafrænu formi.

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar um umhverfismál verði smám saman aðgengilegar í rafrænum gagnagrunnum sem almenningur á auðvelt með að nálgast um almennt fjarskiptanet.

2. Upplýsingarnar, sem á að miðla og gera aðgengilegar, skulu uppfærðar eins og rétt þykir og skulu a.m.k. taka til:

a) texta alþjóðasáttmála eða -samninga eða hvers kyns alþjóðlegs samkomulags og löggjafar bandalagsins eða lands-, svæðis- eða staðbundinnar löggjafar um umhverfið eða í tengslum við það,

b) stefnumála og skipulags- og framkvæmdaáætlana sem tengjast umhverfinu,

c) framvinduskýrslna um framkvæmd þess sem um getur í a- og b-lið hafi opinber yfirvöld tekið

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

saman eða geymt þær upplýsingar á rafrænu formi,

d) skýrslna um ástand umhverfisins sem um getur í 3. mgr.,

e) gagna eða yfirlits yfir gögn úr vöktun starfsemi sem hefur eða líklegt er að hafi áhrif á umhverfið,

f) leyfa, sem hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif, og samninga um umhverfismál eða upplýsinga um hvert sækja má upplýsingar af þessu tagi eða finna þær skv. 3. gr.,

g) rannsókna á umhverfisáhrifum og áhættumats sem varða umhverfisþættina, sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., eða upplýsinga um hvar biðja má um upplýsingarnar eða finna þær skv. 3. gr.,

3. Með fyrirvara um sértækar skuldbindingar um skýrslugjöf, sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að landsbundnar og, ef við á, svæðis- eða staðbundnar skýrslur um ástand umhverfisins verði gefnar út með reglulegu millibili sem má ekki vera lengra en fjögur ár. Í skýrslunum skulu vera upplýsingar um gæði umhverfisins og álag á umhverfið.

4. Með fyrirvara um sértækar skuldbindingar, sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, ef hætta er yfirvofandi fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, hvort sem hún orsakast af starfsemi manna eða er af náttúrlegum orsökum, að þegar í stað verði miðlað öllum upplýsingum sem opinber yfirvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd og gætu orðið til þess að fólk, sem líklegt er að sé í hættu, geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir eða milda þann skaða sem annars hlytist af.

5. Undantekningarnar í 1. og 2. mgr. 4. gr. geta gilt í tengslum við þær skuldbindingar sem felast í þessari grein.

6. Aðildarríkin geta uppfyllt kröfurnar í þessari grein með því að setja upp tengla á vefsetur þar sem finna má upplýsingarnar.

8. gr.

Gæði upplýsinga um umhverfismál

1. Aðildarríkin skulu tryggja, að svo miklu leyti sem það er á þeirra valdi, að allar upplýsingar, sem þau taka saman eða eru teknar saman fyrir þeirra hönd, séu nákvæmar og samanburðarhæfar.

2. Ef eftir því er leitað skulu opinber yfirvöld svara beiðnum um upplýsingar um umhverfismál skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. og greina umsækjanda frá því hvar finna megi upplýsingar, liggi þær fyrir á annað borð, um mæliaðferðir, þ.m.t. aðferðir við greiningar, sýnatöku og formeðhöndlun sýna, sem notaðar eru við samantekt upplýsinganna, eða vísa til staðalaðferðar sem notuð er.

9. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 14. febrúar 2009 skulu aðildarríkin gefa skýrslu um fengna reynslu af framkvæmd þessarar tilskipunar.

Þau skulu senda framkvæmdastjórninni skýrsluna eigi síðar en 14. ágúst 2009.

Eigi síðar en 14. febrúar 2004 skal framkvæmdastjórnin senda aðildarríkjunum skýrar leiðbeiningar um það hvernig hún vill að aðildarríkin hagi skýrslum sínum.

2. Í ljósi reynslunnar og að teknu tilliti til þróunar í tölvufjarskiptum og/eða rafrænni tækni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, svo og þær tillögur um endurskoðun sem hún telur við eiga.

10. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. febrúar 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

11. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 90/313/EB er hér með felld úr gildi frá og með 14. febrúar 2005.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísun í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í viðaukanum.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. PAPANDREOU
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 90/313/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	a-liður 1. gr. b-liður 1. gr.
a-liður 2. gr. b-liður 2. gr. – – – –	1. mgr. 2. gr. 2. mgr. 2. gr. 3. mgr. 2. gr. 4. mgr. 2. gr. 5. mgr. 2. gr. 6. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr. 2. mgr. 3. gr. 3. mgr. 3. gr. 4. mgr. 3. gr. – – –	1. og 5. mgr. 3. gr. 2. og 4. mgr. 4. gr. b-, c-, d- og e-liður 1. mgr. 4. gr. 2. mgr. 3. gr. og 5. mgr. 4. gr. a-liður 1. mgr. 4. gr. 3. mgr. 3. gr. 4. mgr. 3. gr.
4. gr. –	1. og 2. mgr. 6. gr. 3. mgr. 6. gr.
5. gr. – –	1. mgr. 5. gr. 2. mgr. 5. gr. 3. mgr. 5. gr.
6. gr.	c-liður 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr.
7. gr. – – –	1., 2. og 3. mgr. 7. gr. 4. mgr. 7. gr. 5. mgr. 7. gr. 6. mgr. 7. gr.
–	8. gr.
8. gr.	9. gr.
9. gr.	10. gr.
10. gr.	13. gr.
–	11. gr.
–	12. gr.

301. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júní 2004 og 134/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júní 2004 og 134/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra tilskipana sem hér um ræðir.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentaðar sem fylgiskjöl með tillögu þessari ásamt gerðunum sjálfum.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin

3. Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Í tilskipun 2002/96/EB er fjallað um hvernig skuli fjármagna, safna, meðhöndla og endurnýta raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Markmið tilskipunarinnar er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra aðila sem koma að lífsferli vörunnar. Gerð er krafa um að safna 4 kg af raftækja- og rafeindatækjaúrgangi á hvern íbúa á ári hverju. Síðan ber að endurnota eða endurnýta ákveðið hlutfall af þeim raftækjum sem safnað er svo og að taka spilliefni úr tækjunum og meðhöndla þau sérstaklega. Gerður er greinarmunur á raftækjum og rafeindatækjum sem ætluð eru til heimilisnota og þeim sem notuð eru í atvinnulífinu. Þá eru gerðar mismunandi kröfur vegna raftækja- og rafeindatækjaúrgangs sem kom á markað fyrir 13. ágúst 2005 og þess sem seldur er eftir þann tíma.

Innleiða átti tilskipunina fyrir 13. ágúst 2005 en ákvæði hennar skulu vera komin til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2006. Í viðauka I með tilskipuninni er skrá yfir þau raftæki og rafeindatæki sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar, í viðauka II er tilgreint hvaða hluti þurfi að fjarlægja sérstaklega úr tækjabúnaðinum fyrir förgun. Í viðauka III eru sérkröfur um staði þar sem raftækja- og rafeindatækjaúrgangur skal geymdur og meðhöndlaður og í viðauka IV eru sýnd þau merki sem setja skal á tækin og sýna að þeim megi ekki henda með öðrum úrgangi.

Tilskipun 2003/108/EB breytir 9. gr. í upphaflegu tilskipuninni og skýrir reglur sem eiga að gilda frá 13. ágúst 2005 um kostnað við förgun eldri raftækjabúnaðar annars en þess sem kemur frá heimilum. Ábyrgð á kostnaði við förgun slíks raftækjabúnaðar er færð yfir á þann framleiðanda sem leggur til sams konar nýjan búnað í stað þess eldri. Þegar eldri búnaði er ekki skipt út fyrir nýjan er kostnaður við förgun á ábyrgð síðasta eiganda.

Umhverfisráðuneytið vinnur nú að undirbúningi frumvarps til innleiðingar gerðanna hér á landi.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 82/2004

frá 4. júní 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins

Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32fa. **32002 L 0096:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðið „ , Ísland“ bætist við á eftir orðinu „Grikkland“ í a-lið 4. mgr. 17. gr.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2002/96/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Gjört í Brussel 4. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

S. Gillespie

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/96/EB

frá 27. janúar 2003

um raf- og rafeindabúnaðarúrgang

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 2002 ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðin með umhverfisstefnu Bandalagsins eru einkum að varðveita, vernda og bæta gæði umhverfisins, vernda heilsu manna og nýta náttúruauðlindir af varfærni og skynsemi. Sú stefna er grundvölluð á varúðarreglunni og þeim meginreglum að girða skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda lögð á þann sem veldur mengun.

2) Í stefnu- og framkvæmdaáætlun Bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun (fimmta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála) ([5]) kemur fram að til að ná fram sjálfbærri þróun þurfi að verða verulegar breytingar á núverandi þróunar-, framleiðslu-, neyslu-, hegðunar- og atferlismynstri, og þar er m.a. mælt með því að draga úr sóun við notkun náttúruauðlinda og koma í veg fyrir mengun. Í áætluninni er raf- og rafeindabúnaðarúrgangur nefndur sem eitt af þeim sviðum sem nauðsynlegt er að setja reglur um svo að beita megi meginreglunum um að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnýta hann og farga honum á öruggan hátt.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um endurskoðun á áætlun Bandalagsins varðandi meðferð úrgangs kemur fram að þegar ekki er hægt að komast hjá myndun úrgangs skuli endurvinna eða endurnýta efnivið hans eða orku.

4) Í ályktun sinni frá 24. febrúar 1997 um áætlun Bandalagsins varðandi meðferð úrgangs ([6]) undirstrikaði ráðið þörfina á því að stuðla að endurnýtingu úrgangs með það fyrir augum að draga úr magni úrgangs til förgunar og spara náttúruauðlindir, einkum með endurnotkun, endurvinnslu, myltingu og endurnýtingu á orku úr úrgangi, og viðurkenndi að í hverju einstöku tilviki yrði að taka tillit til umhverfis- og efnahagsáhrifa við val á aðferðum en þar til framfarir hafi orðið í vísindum og tækni og greining á endingartíma þróast frekar skuli velja þann kost að endurnota og endurnýta efnivið þegar og að svo miklu leyti sem það er besti kosturinn frá umhverfislegu sjónarmiði. Ráðið hvatti einnig framkvæmdastjórnina til að þróa, eins fljótt og unnt er, viðeigandi leið til að fylgja eftir verkefnum áætlunarinnar um forgangsúrgang, þ.m.t. raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

5) Í ályktun sinni frá 14. nóvember 1996 ([7]) fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögur að tilskipunum um ýmsar tegundir forgangsúrgangs, þ.m.t. rafmagns- og rafeindaúrgangur, og að þessar tillögur væru byggðar á meginreglunni

([1]) Stjtíð. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 184 og Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 298.
([2]) Stjtíð. EB C 116, 20.4.2001, bls. 38.
([3]) Stjtíð. EB C 148, 18.5.2001, bls. 1.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (Stjtíð. EB C 34 E, 7.2.2002, bls. 115), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 2001 (Stjtíð. EB C 110 E, 7.5.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2002.
([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.
([6]) Stjtíð. EB C 76, 11.3.1997, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB C 362, 2.12.1996, bls. 241.

um ábyrgð framleiðanda. Í sömu ályktun fór Evrópuþingið þess á leit við ráðið og framkvæmdastjórnina að lagðar yrðu fram tillögur um það hvernig draga mætti úr magni úrgangs.

6) Í tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang [1] er kveðið á um að heimilt sé að setja sérstakar reglur með sértilskipunum um ákveðin tilvik eða til viðbótar ákvæðum tilskipunar 75/442/EBE að því er varðar meðferð tiltekinna flokka úrgangs.

7) Magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem myndast í Bandalaginu, eykst hratt. Innihald hættulegra íhluta í raf- og rafeindabúnaði er verulegt áhyggjuefni við meðferð úrgangsins og raf- og rafeindabúnaðarúrgangur er ekki endurunninn í nægilega miklum mæli.

8) Aðildarríkin geta ekki, hvert í sínu lagi, náð því markmiði á skilvirkan hátt að bæta meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Einkum getur mismunandi beiting ríkjanna á meginreglunni um ábyrgð framleiðandans leitt til verulegs misræmis í fjárhagsbyrði rekstraraðila. Mismunandi stefna aðildarríkjanna að því er varðar meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hamlar gegn skilvirkri endurvinnslustefnu. Þess vegna ber að mæla fyrir um grundvallarviðmiðanir á vettvangi Bandalagsins.

9) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um vörur og framleiðendur, óháð söluaðferðum, þ.m.t. fjarsala og rafræn sala. Í þessu sambandi skulu sömu skyldur lagðar á sama hátt á framleiðendur og dreifingaraðila, sem nota fjarsölu og rafræna sölu, til að forðast að þeir sem nota aðrar dreifingarleiðir þurfi að bera kostnað af að framfylgja þeim ákvæðum þessarar tilskipunar sem varða raf- og rafeindabúnaðarúrgang þar sem búnaðurinn er seldur í fjarsölu eða rafrænni sölu.

10) Þessi tilskipun nær yfir allan raf- og rafeindabúnað fyrir neytendur og raf- og rafeindabúnað sem er ætlaður til notkunar í atvinnuskyni. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur til verndar öllum þeim sem komast í snertingu við raf- og rafeindabúnaðarúrgang og einnig sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs, einkum tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni [2].

11) Endurskoða þarf tilskipun 91/157/EBE eins fljótt og unnt er, einkum með hliðsjón af þessari tilskipun.

12) Ábyrgð framleiðenda, sem komið er á með þessari tilskipun, er ein leið til að hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé fullt tillit til og stuðlað að viðgerðum, hugsanlegum endurbótum, endurnotkun, sundurtekningu og endurvinnslu.

13) Til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna dreifingaraðila sem vinna við endurviðtöku og meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skulu aðildarríkin, í samræmi við landslög og löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur, ákvarða skilyrði fyrir því að dreifingaraðilar geti synjað um endurviðtöku.

14) Aðildarríkin skulu hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé tillit til sundurhlutunar og endurnýtingar og hún auðvelduð, einkum endurnotkun og endurvinnsla raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviðar. Framleiðendur skulu ekki koma í veg fyrir endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með sérstakri hönnun eða framleiðsluferli nema þessi sérstaka hönnun eða framleiðsluferli hafi í för með sér yfirgnæfandi kosti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar og/eða öryggiskrafna.

15) Forsendan fyrir því að unnt sé að tryggja sérstaka meðhöndlun og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs er að honum sé safnað sérstaklega, og er það nauðsynlegt til að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið fyrir heilsu manna og umhverfið í Bandalaginu. Til að slík söfnun geti tekist verða neytendur að leggja sitt af mörkum og skulu þeir hvattir til þess að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Í því augnamiði er rétt að koma upp heppilegri aðstöðu fyrir skil á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, þ.m.t. almennar söfnunarstöðvar þar sem hægt er að skila úrgangi frá heimilum a.m.k. án þess að greiða fyrir það.

([1]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 47. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

([2]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/101/EB (Stjtíð. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1).

16) Til að unnt sé að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið, svo og samhæfðum umhverfismarkmiðum Bandalagsins, skulu aðildarríkin samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu sorpi og ná því fram að miklum hluta slíks búnaðar sé safnað sérstaklega. Til að tryggja að aðildarríkin leitist við að koma upp skilvirkum söfnunarkerfum skal þeim gert að safna sem mestu af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum.

17) Óhjákvæmilegt er að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur fái sérstaka meðhöndlun til að komast hjá því að mengunarefni berist í endurunna efnið eða úrganginn. Slík meðhöndlun er skilvirkasta aðferðin við að tryggja að virt sé það verndarstig fyrir umhverfið innan Bandalagsins sem ákveðið hefur verið. Allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast endurvinnslu og meðhöndlun, skulu uppfylla lágmarksstaðla til að koma í veg fyrir að meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hafi neikvæð áhrif á umhverfið. Nota skal fullkomnustu tækni sem völ er á við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu, að því tilskildu að unnt sé að tryggja heilsu manna og öfluga umhverfisvernd. Skilgreina má nánar fullkomnustu tækni sem völ er á við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/61/EB.

18) Ef við á skal endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans, undireininga og aukahluta hafa forgang. Ef endurnotkun er ekki ákjósanleg skal senda allan raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem hefur verið safnað sérstaklega, til endurnýtingar með það að markmiði að ná sem mestri endurvinnslu og endurnýtingu. Auk þess skal hvetja framleiðendur til að nota endurunnið efni í nýjan búnað.

19) Setja verður grundvallarreglur á vettvangi Bandalagsins um fjármögnun á meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og þurfa fjárhagsáætlanir að stuðla að söfnun í miklum mæli og einnig að framkvæmd meginreglunnar um ábyrgð framleiðanda.

20) Notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum skulu eiga möguleika á því að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Það eru því framleiðendur sem eiga að fjármagna söfnun frá söfnunarstöðvum og meðhöndlun, endurnýtingu og förgun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Til að hugmyndin um ábyrgð framleiðanda beri sem mestan árangur skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna meðferð úrgangs frá eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir þessa skyldu einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi. Hver framleiðandi skal, þegar hann setur vöru á markaðinn, leggja fram fjárhagslega tryggingu til að koma í veg fyrir að kostnaður við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá vöru, sem er ekki lengur framleidd, falli á samfélagið eða aðra framleiðendur. Rétt er að ábyrgðin af að fjármagna meðferð eldri úrgangs skiptist á milli allra starfandi framleiðenda í sameiginlegu fjármögnunarkerfi sem allir framleiðendur, sem starfa á markaðnum þegar kostnaðurinn verður til, leggja fjármagn til í réttu hlutfalli. Sameiginleg fjármögnunarkerfi skulu ekki hafa þau áhrif að útiloka þá sem framleiða fyrir markaðskima og í litlu magni, innflytjendur eða nýja aðila á markaðnum. Á aðlögunartímabili skal framleiðendum vera það í sjálfsvald sett hvort þeir vekja athygli kaupenda á kostnaðinum við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun eldri úrgangs við sölu nýrrar vöru. Framleiðendur, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu sjá til þess að tilgreindur kostnaður sé ekki meiri en raunverulegur kostnaður.

21) Til að söfnun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi verði árangursrík er óhjákvæmilegt að veita notendum upplýsingar um þá kröfu að slíkum búnaði sé ekki fargað sem óflokkuðu sorpi heldur safnað sérstaklega og um söfnunarkerfin og hlutverk þeirra sjálfra í meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Slíkar upplýsingar kalla á að raf- og rafeindabúnaður, sem gæti hugsanlega endað í sorptunnum eða áþekkum ílátum fyrir sorphirðu, sé merktur á viðeigandi hátt.

22) Til að auðvelda meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, einkum meðhöndlun hans og endurnýtingu/endurvinnslu, er mikilvægt að framleiðendur veiti upplýsingar um það hvað auðkennir íhluti og efnivið hans.

23) Aðildarríkin skulu tryggja að skoðunar- og vöktunarkerfi geri kleift að sannreyna rétta framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. að teknu tilliti til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB frá 4. apríl 2001 þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 118, 27.4.2001, bls. 41.

24) Til að fylgjast með því hvort markmið þessarar tilskipunar hafi náðst er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um þyngd eða, ef það er ekki mögulegt, fjölda eininga raf- eða rafeindabúnaðar, sem settur er á markað í Bandalaginu, og um árangur af söfnun, endurnotkun (þ.m.t. endurnotkun heilla tækja eins og unnt er), endurnýtingu eða endurvinnslu og útflutningi á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem hefur verið safnað í samræmi við þessa tilskipun.

25) Aðildarríkin geta kosið að láta tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

26) Framkvæmdastjórnin skal, með nefndarmeðferð, laga tiltekin ákvæði tilskipunarinnar að framförum á sviði vísinda og tækni, svo og skrána yfir vörur í flokkunum sem eru tilgreindir í I. viðauka A, sérmeðhöndlun á efnivið og íhlutum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, tæknilegar kröfur um geymslu og meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og táknin sem raf- og rafeindabúnaður er merktur með.

27) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er fyrst og fremst að koma í veg fyrir myndun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs en einnig að endurnota, endurvinna og endurnýta hann á annan hátt til að draga úr förgun úrgangs. Einnig er markmiðið að auka umhverfisvitund allra rekstraraðila sem koma að málum á endingartíma raf- og rafeindabúnaðar, t.d. framleiðenda, dreifingaraðila og neytenda og einkum þeirra rekstraraðila sem koma á beinan hátt að meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um raf- og rafeindabúnað í flokkunum sem eru tilgreindir í I. viðauka A, að því tilskildu að viðkomandi búnaður sé ekki hluti af annarri gerð búnaðar sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í I. viðauka B er skrá yfir vörur sem eru í flokkunum sem um getur í I. viðauka A.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda ekki um búnað sem tengist vernd grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, vopnum, skotfærum og hergögnum. Þau gilda þó um vörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „raf- og rafeindabúnaður“: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sem er í einhverjum af þeim flokkum sem eru tilgreindir í I. viðauka A og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1 500 volt þegar um er að ræða jafnstraum,

b) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur“: raf- eða rafeindabúnaður sem telst til úrgangs í skilningi a-liðar 1. gr. í tilskipun 75/442/EBE, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af vörunni þegar henni er fleygt,

c) „forvarnir“: ráðstafanir sem miða að því að draga úr magni og skaðsemi fyrir umhverfið af völdum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, efniviðar hans og efna sem í honum eru,

d) „endurnotkun“: öll starfsemi þar sem úr sér genginn raf- og rafeindabúnaður eða íhlutar hans eru notaðir í sama tilgangi og þeim var ætlað upphaflega, þ.m.t. áframhaldandi notkun búnaðar eða íhluta hans sem er skilað til söfnunarstöðva, dreifingaraðila, endurvinnsluaðila eða framleiðenda,

e) „endurvinnsla“: endurtekið framleiðsluferli úrgangsefnanna í upphaflegum tilgangi eða öðrum tilgangi að undanskilinni endurnýtingu orku, sem felst í að nota brennanlegan úrgang til að framleiða orku með því að brenna hann beint, einan sér eða með öðrum úrgangi þar sem hitinn er nýttur,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

f) „endurnýting“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE,

g) „förgun“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE,

h) „meðhöndlun“: öll starfsemi sem fer fram eftir að komið hefur verið með raf- og rafeindabúnaðarúrgang til stöðvar til hreinsunar, sundurtekningar, tætingar, endurnýtingar eða undirbúnings fyrir förgun og hvers kyns annarra aðgerða sem eru framkvæmdar til endurnýtingar og/eða förgunar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

i) „framleiðandi“: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð, þ.m.t. notkun fjarsamskiptamiðla í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]),

   i) framleiðir og selur raf- og rafeindabúnað undir eigin vörumerki,

   ii) endurselur búnað, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða en endursöluaðilinn telst þó ekki vera „framleiðandi“ ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum eins og kveðið er á um í i-lið, eða

   iii) flytur raf- og rafeindabúnað inn eða út úr aðildarríki í atvinnuskyni.

   Sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun skal ekki teljast „framleiðandi“ nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i- til iii liðar,

j) „dreifingaraðili“: sá sem sér notanda raf- og rafeindabúnaðar fyrir slíkum búnaði á viðskiptagrundvelli,

k) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur frá heimilum“: raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum,

l) „hættulegt efni eða efnablanda“: efni eða efnablanda sem verður að teljast hættuleg samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([3]),

m) „fjármögnunarsamningur“: samningur eða fyrirkomulag varðandi lán, eignarleigu, leigu eða sölu með afborgunum á hvers konar búnaði, hvort sem skilmálar þess samnings eða fyrirkomulags eða hvers konar viðbótarsamningur eða -fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að eignarréttur á þeim búnaði hafi verið eða verði framseldur.

4. gr.

Vöruhönnun

Aðildarríkin skulu hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé tillit til sundurhlutunar og endurnýtingar og hún auðvelduð, einkum endurnotkun og endurvinnsla raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviðar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að framleiðendur komi ekki í veg fyrir endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með sérstakri hönnun eða framleiðsluferli nema slík hönnun eða framleiðsluferli hafi í för með sér yfirgnæfandi kosti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar og/eða öryggiskrafna.

5. gr.

Sérstök söfnun

1. Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að draga úr því að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu húsasorpi og ná því fram að verulegum hluta af slíkum búnaði sé safnað sérstaklega.

2. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum skulu aðildarríkin sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005:

a) sé komið upp kerfum sem gera síðustu eigendum og dreifingaraðilum kleift að skila slíkum úrgangi a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nauðsynlegar söfnunarstöðvar séu tiltækar og aðgengilegar, einkum að teknu tilliti til þéttleika byggðar,

b) að dreifingaraðilar séu ábyrgir fyrir því, þegar þeir bjóða fram nýja vöru, að hægt sé að skila slíkum úrgangi til þeirra á skiptigrundvelli (einn fyrir einn) til dreifingaraðilans a.m.k. án þess að greiða fyrir það svo lengi sem búnaðurinn er af sambærilegri gerð og gegndi sama hlutverki og

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

([2]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB (Stjtíð. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/60/EB (Stjtíð. EB L 226, 22.8.2001, bls. 5).

búnaðurinn sem er í boði. Aðildarríkin geta vikið frá þessu ákvæði, að því tilskildu að þau tryggi að með því sé síðasta eiganda ekki gert það erfiðara að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og að því tilskildu að þessi kerfi verði áfram ókeypis fyrir síðasta eiganda. Aðildarríki, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það,

c) með fyrirvara um ákvæði a- og b-liðar skal framleiðendum vera heimilt að setja upp og starfrækja, hver í sínu lagi og/eða sameiginlega, skilakerfi fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum, að því tilskildu að þessi kerfi séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,

d) með hliðsjón af heilbrigðis- og öryggiskröfum, innlendum og í Bandalaginu, er hægt, skv. a- og b-lið, að synja um viðtöku á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu vegna mengunar.

Aðildarríkin skulu gera sérstakar ráðstafanir vegna slíks raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Aðildarríkin geta gert sérstakar ráðstafanir vegna skila á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi skv. a- og b-lið ef helstu íhluti vantar í búnaðinn eða ef hann inniheldur annan úrgang en raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

3. Þegar um er að ræða annan raf- og rafeindabúnaðarúrgang en frá heimilum, og með fyrirvara um 9. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd sjá um að slíkum úrgangi sé safnað.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að allur raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, sem er safnað skv. 1., 2. og 3. lið hér að framan, sé fluttur til viðurkenndra meðhöndlunarstöðva skv. 6. gr. nema tækin séu endurnotuð í heilu lagi. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirhuguð endurnotkun leiði ekki til þess að ákvæði þessarar tilskipunar séu sniðgengin, einkum að því er varðar 6. og 7. gr. Safna skal og flytja raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem hefur verið safnað sérstaklega, á þann hátt að endurnotkun og endurvinnsla íhluta eða heilla tækja, sem hægt er að endurnota eða endurvinna, verði sem mest.

5. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2006 verði hlutfall sérstakrar söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum komið í a.m.k. fjögur kíló að meðaltali á hvern íbúa á ári.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til fenginnar reynslu aðildarríkjanna að því er varðar tæknilegu og fjárhagslegu hliðina skulu Evrópuþingið og ráðið setja nýtt, ófrávíkjanlegt markmið eigi síðar en 31. desember 2008. Það getur miðast við hundraðshluta þess magns raf- og rafeindabúnaðar sem hefur verið seldur til heimilisnota á undanfarandi árum.

6. gr.

Meðhöndlun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd í samræmi við löggjöf Bandalagsins setji upp kerfi til meðhöndlunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi þar sem notuð er fullkomnasta tækni, sem völ er á, við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu. Framleiðendur geta komið upp þessum kerfum hver í sínu lagi og/eða sameiginlega. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. í tilskipun 75/442/EBE skal meðhöndlunin að lágmarki fela það í sér að allur vökvi er fjarlægður, svo og sérmeðferð í samræmi við II. viðauka þessarar tilskipunar.

Bæta má annars konar meðhöndlunartækni, er tryggi a.m.k. sama stig heilsu- og umhverfisverndar, við í II. viðauka, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Aðildarríkin geta sett lágmarksgæðastaðla fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem hefur verið safnað, til verndar umhverfinu. Aðildarríki, sem kjósa að setja slíka gæðastaðla, skulu greina framkvæmdastjórninni frá því og skal hún birta staðlana.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun, fái leyfi lögbærra yfirvalda í samræmi við 9. og 10. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Beita má undanþágunni frá tilskildu leyfi sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. í tilskipun 75/442/EBE þegar um er að ræða starfsemi til endurnýtingar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi ef lögbær yfirvöld láta fara fram skoðun áður en skráning fer fram til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Í skoðun þessari skal hafa eftirlit með:

a) gerð og magni úrgangs sem meðhöndla á,

b) almennum, tæknilegum kröfum sem uppfylla skal,

c) öryggisráðstöfunum sem gerðar skulu,

Skoðunin skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári og skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni niðurstöðurnar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar og fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun, geymi og meðhöndli raf- og rafeindabúnaðarúrgang í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem eru settar fram í III. viðauka.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfið eða skráningin, sem um getur í 2. mgr., feli í sér öll nauðsynleg skilyrði fyrir því að kröfurnar í 1. og 3. mgr. séu uppfylltar og að unnt sé að ná endurnýtingarmarkmiðunum sem eru sett fram í 7. gr.

5. Meðhöndlunin getur einnig átt sér stað utan viðkomandi aðildarríkis eða utan Bandalagsins, að því tilskildu að flutningur raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sé í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([1]).

Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, sem er fluttur út úr Bandalaginu í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1420/1999 ([2]) frá 29. apríl 1999 um sameiginlegar reglur og málsmeðferð við flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1547/1999 ([3]) frá 12. júlí 1999 um eftirlitsaðferðir samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 sem gilda um flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa, sem lokagerð ákvörðunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), C(92)39, gildir ekki um, skal einungis teljast uppfylla skyldur og markmið 1. og 2. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar ef útflytjandinn getur sannað að endurnýtingin, endurnotkunin og/eða endurvinnslan hafi farið fram við aðstæður sem eru sambærilegar við það sem krafist er í þessari tilskipun.

6. Aðildarríkin skulu hvetja starfsstöðvar og fyrirtæki sem sjá um meðhöndlun til að koma á fót vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) ([4]).

7. gr.

Endurnýting

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, setji upp kerfi, annaðhvort einir eða sameiginlega í samræmi við löggjöf Bandalagsins, fyrir endurnýtingu á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem er safnað sérstaklega í samræmi við 5. gr. Aðildarríkin skulu láta endurnotkun heilla tækja hafa forgang. Fram til þess dags, sem um getur í 4. mgr., skal ekki taka tillit til slíkra tækja við útreikning markmiðanna, sem um getur í 2. mgr.

2. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem sendur er til meðhöndlunar í samræmi við 6. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur nái eftirfarandi markmiðum eigi síðar en 31. desember 2006:

a) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 1. og 10. flokki í I. viðauka A,

   - skal endurnýtingarhlutfall hafa aukist í a.m.k. 80% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og
   - endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 75% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

b) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 3. og 4. flokki í I. viðauka A,

   - skal endurnýtingarhlutfall hafa aukist í a.m.k. 75% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og
   - endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 65% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

c) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 2., 5., 6., 7. og 9. flokki í I. viðauka A,

   - skal hlutfall endurnýtingar hafa aukist í a.m.k. 70% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og
   - endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 50% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

d) að því er varðar gasúrhleðslulampa skal endurnýtingar- og endurvinnsluhlutfall íhluta, efniviðar og efna ná 80% af þyngd lampanna.

([1]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 166, 1.7.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2243/2001 (Stjtíð. EB L 303, 20.11.2001, bls. 11).

([3]) Stjtíð. EB L 185, 17.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2243/2001.

([4]) Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess, m.t.t útreiknings á þessum markmiðum, að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd haldi skýrslur yfir massa raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta, efniviðar eða efna hans þegar hann kemur inn (ílag) eða fer út (frálag) úr meðhöndlunarstöðinni og/eða þegar hann fer inn (ílag) í endurnýtingar- eða endurvinnslustöðina.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr., setja nákvæmar reglur um eftirlit með því hvort aðildarríkin nái þeim markmiðum sem sett eru í 2. mgr., þ.m.t. um forskriftir fyrir efnivið. Framkvæmdastjórnin skal gera þessa ráðstöfun eigi síðar en 13. ágúst 2004.

4. Að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 31. desember 2008, setja ný markmið um endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu, þ.m.t. endurnotkun tækja í heilu lagi, eftir því sem við á, og um vörur í 8. flokki í I. viðauka A. Þetta skal gert að teknu tilliti til umhverfislegs ávinnings af raf- og rafeindabúnaði sem í notkun er, svo sem betri nýtingar auðlinda í kjölfar þróunar á sviði efniviðar og tækni. Einnig ber að taka tilliti til tæknilega framfara að því er varðar endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu, vörur og efnivið og fenginnar reynslu aðildarríkjanna og atvinnugreinarinnar.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar nýrrar tækni við endurnýtingu, endurvinnslu og meðhöndlun.

8. gr.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með 13. ágúst 2005 fjármagni framleiðendur a.m.k. söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum sem er afhentur í söfnunarstöðvar sem komið er á fót skv. 2. mgr. 5. gr.

2. Þegar um er að ræða vörur sem settar eru á markað eftir 13. ágúst 2005 skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna starfsemi sem um getur í 1. mgr. og tengist úrgangi frá hans eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir skyldur sínar einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi.

Aðildarríkin skulu tryggja að hver framleiðandi leggi fram tryggingu, þegar hann setur vöru á markaðinn, fyrir því að meðferð alls raf- og rafeindabúnaðarúrgangs verði fjármögnuð og að framleiðendur merki vörur sínar greinilega í samræmi við 2. mgr. 11. gr. Þessi trygging skal taka af allan vafa um að starfsemin, sem um getur í 1. mgr. varðandi þessa vöru, verði fjármögnuð. Tryggingin getur verið í formi þátttöku framleiðandans í viðeigandi fjármögnunarkerfum fyrir meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, endurvinnslutryggingar eða lokaðs bankareiknings.

Við sölu á nýjum búnaði skal ekki sýna kaupanda sérstaklega kostnað við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun.

3. Ábyrgjast skal fjármögnun vegna kostnaðar við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs vara, sem settar eru á markað fyrir þann dag, sem nefndur er í 1. mgr. (gamall úrgangur), með einu eða fleiri kerfum sem allir framleiðendur, sem eru á markaðnum þegar viðkomandi kostnaður myndast, leggja fram fé til hlutfallslega, þ.e. í réttu hlutfalli við hlut þeirra í mörkuðum fyrir hinar ýmsu gerðir búnaðar.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á 8 ára aðlögunartímabili (10 ár í 1. flokki í I. viðauka A) eftir gildistöku þessarar tilskipunar sé framleiðendum heimilt að sýna kaupendum kostnaðinn við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun þegar ný vara er seld. Tilgreindur kostnaður skal ekki vera meiri en raunverulegur kostnaður.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem nota fjarsamskiptamiðla til að bjóða fram raf- eða rafeindabúnað, uppfylli einnig kröfurnar sem eru settar í þessari grein varðandi búnað sem er boðinn fram í aðildarríkinu þar sem kaupandi hans er búsettur.

9. gr.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá öðrum en heimilum

Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005 fjármagni framleiðendur söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá öðrum en heimilum að því er tekur til vara sem eru settar á markað eftir 13. ágúst 2005.

Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang vara, sem settar eru á markað fyrir 13. ágúst 2005 (gamall úrgangur), skulu framleiðendur fjármagna kostnaðinn við meðferð. Í annan stað geta aðildarríkin kveðið á um að aðrir notendur en á heimilum séu einnig, að hluta til eða að öllu leyti, ábyrgir fyrir þessari fjármögnun.

Framleiðendur og notendur, aðrir en á heimilum geta gert samninga þar sem aðrar fjármögnunaraðferðir eru ákveðnar, sbr. þó ákvæði þessarar tilskipunar.

10. gr.

Upplýsingar til notenda

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum fái nauðsynlegar upplýsingar um:

a) þá kröfu að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé ekki fargað sem óflokkuðu húsasorpi heldur sé honum safnað sérstaklega,

b) endurnýtingar- og söfnunarkerfi sem þeir hafa aðgang að,

c) hlutverk sitt varðandi endurnotkun, endurvinnslu og aðrar leiðir til endurnýtingar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

d) hugsanleg áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði á umhverfið og heilsu manna,

e) merkingu táknsins sem er sýnt í IV. viðauka.

2. Aðildarríki skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að fá neytendur til að taka þátt í söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og hvetja þá til að auðvelda endurnotkunar-, meðhöndlunar- og endurvinnsluferlið.

3. Með það fyrir augum að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað sem óflokkuðu húsasorpi og til að auðvelda að honum sé safnað sérstaklega skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur merki raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað eftir 13. ágúst 2005 á viðeigandi hátt með tákninu sem er sýnt í IV. viðauka. Í undantekningartilvikum, þegar það er nauðsynlegt vegna stærðar eða virkni búnaðarins, skal táknið vera prentað á umbúðir, notkunarleiðbeiningar og ábyrgðarskírteini raf- og rafeindabúnaðarins.

4. Aðildarríkin geta krafist þess að framleiðendur og/eða dreifingaraðilar veiti sumar eða allar upplýsingarnar, sem um getur í 1. til 3. mgr., t.d. í notkunarleiðbeiningum eða á sölustað.

11. gr.

Upplýsingar til meðhöndlunarstöðva

1. Til að auðvelda endurnotkun og rétta og umhverfisvæna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, þ.m.t. viðhald, uppfærsla, endurnýjun, og endurvinnsla, skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur veiti upplýsingar um endurnotkun og meðhöndlun hverrar gerðar af nýjum raf- og rafeindabúnaði, sem er settur á markað, innan eins árs frá því að búnaðurinn kemur á markaðinn. Í upplýsingunum skal tilgreina, að svo miklu leyti sem endurnotkunarmiðstöðvum, meðhöndlunar- og endurvinnslustöðvum er nauðsynlegt til að geta uppfyllt ákvæði þessarar tilskipunar, mismunandi íhluti og efnivið raf- og rafeindabúnaðar og einnig staðsetningu hættulegra efna og efnablandna í slíkum búnaði. Framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar skulu hafa upplýsingarnar tiltækar fyrir endurnotkunarmiðstöðvar, meðhöndlunar- og endurvinnslustöðvar í formi handbóka eða á rafrænum miðlum (t.d. geisladiskum eða með beinlínuþjónustu).

2. Aðildarríki skulu tryggja að öll raf- og rafeindatæki, sem sett eru á markað eftir 13. ágúst 2005, séu greinilega merkt framleiðanda. Til að ákvarða megi ótvírætt hvenær tækið er sett á markað skal enn fremur koma fram á merkingunni á tækinu að það hafi verið sett á markað eftir 13. ágúst 2005. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að því að settir verði Evrópustaðlar í þessum tilgangi.

12. gr.

Upplýsingar og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu taka saman skrá yfir framleiðendur og safna ár hvert upplýsingum, ásamt rökstuddu mati, um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað þeirra, er safnað eftir öllum leiðum, endurnotaður, endurunninn og endurnýttur í aðildarríkjunum, og um úrgang sem hefur verið safnað og hann fluttur út, eftir vigt eða, ef það er ekki hægt, eftir fjölda tækja.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem bjóða fram raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum, veiti upplýsingar um það hvort þeir uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 4. mgr. 8. gr. og um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað í aðildarríkinu þar sem kaupandi búnaðarins er búsettur.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingarnar, sem krafist er, séu sendar til framkvæmdastjórnarinnar annað hvert ár innan 18 mánaða frá lokum þess tímabils sem um er að ræða. Fyrsti hluti upplýsinganna skal ná yfir árin 2005 og 2006. Veita skal upplýsingarnar í formi sem skal ákveðið innan eins árs frá gildistöku þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr. með það fyrir augum að koma á fót gagnasafni um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og meðhöndlun hans.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingaskipti séu nægileg til að uppfylla ákvæði þessarar málsgreinar, einkum að því er varðar meðhöndlun sem um getur í 5. mgr. 6. gr.

2. Með fyrirvara um kröfur 1. mgr. skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um fram-

kvæmd þessarar tilskipunar á þriggja ára fresti. Skýrslan skal byggjast á spurningalista eða eyðublaði sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd tiltekinna tilskipana um umhverfismál ([1]). Spurningalistann eða eyðublaðið skal senda aðildarríkjunum sex mánuðum fyrir upphaf tímabilsins sem skýrslan fjallar um. Skýrslan skal send framkvæmdastjórninni innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

Fyrsta skýrslan skal ná yfir þriggja ára tímabilið frá 2004 til 2006.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá því að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

13. gr.

Aðlögun að framförum í vísindum og tækni

Allar breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga 3. mgr. 7. gr., I. viðauka B (einkum með það í huga að bæta hugsanlega við ljósabúnaði á heimilum, glóþráðarperum og íspennuljósnemabúnaði, þ.e. sólarrafhlöðuplötum), II. viðauka (einkum með tilliti til nýjunga í tækniþróun við meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs) og III. og IV. viðauka að framförum í vísindum og tækni, skulu samþykktar samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Áður en viðaukunum er breytt skal framkvæmdastjórnin m.a. hafa samráð við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök.

14. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda skulu um brot á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

16. gr.

Skoðun og eftirlit

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skoðun og eftirlit geri kleift að sannprófa að þessi tilskipun sé framkvæmd á réttan hátt.

17. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði allra laga og stjórnsýslufyrirmæla sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru í þessari tilskipun, náist er aðildarríkjunum heimilt að taka upp ákvæðin sem mælt er fyrir um í 6. gr. (6. mgr.), 10. gr. (1. mgr.) og 11. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um er að ræða. Þessir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) samningar skulu vera framkvæmanlegir,

b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt viðeigandi tímamörkum,

c) samningar skulu birtir í innlendum stjórnartíðindum eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,

d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim niðurstöðum sem nást, gefa skal skýrslu um þær til lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og koma þeim á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,

e) lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að framfarir, sem nást samkvæmt samningnum, verði kannaðar,

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

f) ef ekki er staðið við samninginn skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

4. a) Grikkland og Írland, sem, vegna:

- skorts á grunnvirkjum til endurvinnslu,
- landfræðilegra aðstæðna, s.s. mikils fjölda lítilla eyja og dreifbýlis- og fjallasvæða,
- strjálbýlis, og
- lítillar notkunar raf- og rafeindabúnaðar,

eru hvorki eru fær um að ná markmiðinu um söfnun, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr., né markmiðunum um endurnýtingu, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., og sem geta, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([1]), sótt um framlengingu frestsins sem um getur í þeirri grein,

hafa heimild til að framlengja frestinn, sem um getur í 5. mgr 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar, í allt að 24 mánuði.

Þessi aðildarríki skulu greina framkvæmdastjórninni frá ákvörðunum sínum fyrir lögleiðingu þessarar tilskipunar.

b) Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna öðrum aðildarríkjum og Evrópuþinginu um þessar ákvarðanir.

5. Innan fimm ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu sem byggð er á reynslunni af beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar kerfi fyrir sérstaka söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og fjármögnun. Enn fremur skal skýrslan byggjast á tækniþróuninni, fenginni reynslu, kröfum í umhverfismálum og starfsemi innri markaðarins. Þessari skýrslu skulu, eftir því sem við á, fylgja tillögur um endurskoðun á viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. DRYS
forseti.	*forseti.*

([1]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

I. VIÐAUKI A

Flokkar raf- og rafeindabúnaðar sem þessi tilskipun gildir um

1. Stór heimilistæki
2. Lítil heimilistæki
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður
4. Neytendabúnaður
5. Ljósabúnaður
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar)
7. Leikföng, tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)
9. Vöktunar og eftirlitstæki
10. Sjálfsalar

I. VIÐAUKI B

Skrá yfir vörur sem taka skal tillit til að því er varðar þessa tilskipun og sem teljast til flokka I. viðauka A

1. Stór heimilistæki

   Stór kælitæki

   Kæliskápar

   Frystar

   Önnur stór tæki notuð til kælingar, varðveislu og geymslu matvæla

   Þvottavélar

   Þurrkarar

   Uppþvottavélar

   Eldunartæki

   Rafmagnsarnar

   Rafmagnshellur

   Örbylgjuofnar

   Önnur stór tæki notuð til eldunar og annarrar vinnslu matvæla

   Rafmagnshitunartæki

   Rafmagnsofnar

   Önnur stór tæki til að hita upp herbergi, rúm eða sæti

   Rafmagnsviftur

   Loftjöfnunartæki

   Annar viftu- útblásturs- og loftjöfnunarbúnaður

2. Lítil heimilistæki

   Ryksugur

   Teppahreinsarar

   Önnur hreingerningatæki

   Tæki sem eru notuð til að sauma, prjóna, vefa og til annarrar textílvinnslu

   Straujárn og önnur tæki sem eru notuð til að strauja, rulla og hirða um fatnað á annan hátt

   Brauðristar

   Steikarpönnur

   Kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir

   Rafmagnshnífar

   Hárskurðartæki, hárþurrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki, notuð til snyrtingar

   Klukkur, armbandsúr og búnaður til að mæla, gefa til kynna eða skrá tíma

   Vogir

3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður

   Miðlæg gagnavinnsla:

   Stórtölvur

   Smátölvur

   Prenttæki

   Einkatölvur:

   Einkatölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

   Fartölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

   Fistölvur

   Lófatölvur

   Prentarar

   Afritunarbúnaður

   Rafmagns- og rafeindaritvélar

   Vasa- og borðreiknivélar og önnur tæki og búnaður til að safna, geyma, vinna úr, setja fram eða miðla upplýsingum með rafrænum hætti

   Endabúnaður og -kerfi notanda

   Bréfasími

   Fjarriti

   Símar

   Símasjálfsalar

   Þráðlausir símar

   Hólfskiptir símar

Símsvarar og önnur tæki eða búnaður til að flytja hljóð, myndir eða aðrar upplýsingar með fjarskiptatækni

4. Neytendabúnaður

   Útvarpstæki

   Sjónvarpstæki

   Myndbandsupptökutæki

   Myndbandstæki

   Hi-fi-upptökutæki

   Magnarar

   Hljóðfæri

   og önnur tæki eða búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum

5. Ljósabúnaður

   Ljós fyrir flúrlampa að frátöldum þeim sem eru notuð á heimilum

   Aflangir flúrlampar

   Samþjappaðir flúrlampar

   Hástyrksúrhleðslampar, þ.m.t. þrýstingsnatríumlampar og málmhalógenlampar

   Lágþrýstingsnatríumlampar

   Annars konar ljós eða ljósabúnaður sem þjónar þeim tilgangi að dreifa ljósi eða takmarka ljós, að frátöldum glóþráðarperum

6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar)

   Borar

   Sagir

   Saumavélar

   Búnaður til að renna, sverfa, slípa, fínpússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, brjóta saman, beygja eða vinna timbur, málm eða önnur efni á svipaðan hátt

   Verkfæri til að hnoða, negla eða skrúfa eða fjarlægja hnoð, nagla og skrúfur eða til svipaðra nota

   Tæki til að logsjóða eða lóða eða til svipaðra nota

   Búnaður til sprautunar, dreifingar, úðunar eða annarrar meðhöndlunar með vökva eða loftkenndum efnum

   Sláttutæki eða önnur tæki til garðvinnu

7. Leikföng, tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður

   Rafknúnar lestar eða bílabrautir

   Handstjórnborð myndbandsleikja

   Skjáleikir

   Tölvur til hjólreiða, köfunar, hlaupa, róðrar o.s.frv.

   Íþrótta- og útivistarbúnaður með raf- eða rafeindaíhlutum

   Spilakassar

8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)

   Búnaður til geislameðferðar

   Hjartalækningatæki

   Skilunarbúnaður

   Öndunartæki

   Búnaður til geislalækninga

   Búnaður á rannsóknarstofu til sjúkdómsgreiningar í glasi

   Greiningartæki

   Frystar

   Búnaður til frjóvgunarprófana

   Önnur tæki til að greina, fyrirbyggja, vakta, veita meðferð og ráða bót á sjúkdómum, meiðslum og fötlun

9. Vöktunar- og eftirlitstæki

   Reykskynjarar

   Hitajafnarar

   Hitastillar

   Mælitæki, vogir- eða stillibúnaður fyrir heimili eða rannsóknarstofur

   Önnur vöktunar- og eftirlitstæki sem notuð eru í iðjuverum (t.d. á stjórnborðum)

10. Sjálfsalar

    Sjálfsalar fyrir heita drykki

    Sjálfsalar fyrir heitar eða kaldar flöskur eða dósir

    Sjálfsalar fyrir vörur í föstu formi

    Sjálfsalar til að skipta peningum

    Öll tæki sem afhenda sjálfvirkt hvers konar vörur

II. VIÐAUKI

Sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

1. Að lágmarki skal fjarlægja eftirfarandi efni, efnablöndur og íhluti úr öllum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem safnað er sérstaklega:

   - fjölklóruð býfenýl (PCB) sem innihalda þétta í samræmi við tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ([1]),
   - íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar,
   - rafhlöður,
   - prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar,

([1]) Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.

- blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki,
- plast sem inniheldur brómað logavarnarefni,
- asbestúrgangur og íhlutir sem innihalda asbest,
- bakskautslampar,
- klórflúrkolefni (CFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) eða vetnisflúrkolefni (HFC) og vetniskolefni (HC),
- gasúrhleðslulampar,
- vökvakristalskjáir (ásamt umgerð ef við á) með stærra yfirborð en 100 fersentimetra og allir slíkir skjáir sem eru baklýstir með gasúrhleðslulömpum,
- utanáliggjandi rafleiðslur,
- íhlutir sem innihalda eldfastar keramíktrefjar eins og lýst er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EB frá 5. desember 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]),
- íhlutar sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([2]),
- rafkleyfir þéttar sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn)

Farga skal þessum efnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE.

2. Eftirfarandi íhlutar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem er safnað sérstaklega, skulu meðhöndlaðir á eftirfarandi hátt:
   - bakskautslampar: fjarlægja skal flúrhúðun,
   - búnaður sem inniheldur lofttegundir sem eru ósoneyðandi eða hafa hitahækkunarmátt (GWP) sem fer yfir 15, t.d. í froðu og kælirásum: draga verður lofttegundirnar út og meðhöndla þær á réttan hátt. Ósoneyðandi lofttegundir verður að meðhöndla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([3]),
   - gasúrhleðslulampar: fjarlægja skal kvikasilfur
3. Að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og þess hve endurnotkun og endurvinnsla er æskileg skal beita 1. og 2. lið á þann hátt að umhverfisvæn endurnotkun og endurvinnsla íhluta eða heilla tækja sé ekki hindruð.
4. Við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., skal framkvæmdastjórnin hafa það sem forgangsmál að meta, m.t.t. eftirfarandi færslna:
   - prentplötur úr farsímum, og
   - vökvakristalskjáir

   hvort þeim þurfi að breyta.

([1]) Stjtíð. EB L 343, 13.12.1997, bls. 19.
([2]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2039/2000 (Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26).

III. VIÐAUKI

Tæknilegar kröfur í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

1. Geymslustaðir (þ.m.t. bráðabirgðageymsla) raf- og rafeindabúnaðarúrgangs áður en meðhöndlun hefst (með fyrirvara um kröfurnar í tilskipun ráðsins 1999/31/EB):
   - hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,
   - heppileg svæði með vatnsheldu yfirborði.
2. Staðir fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs:
   - vogir til að vigta meðhöndlaðan úrgang,
   - hentug svæði með ógagndræpu yfirborði og vatnsþéttri yfirbyggingu þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,
   - heppileg geymsla fyrir varahluti úr búnaði sem tekinn hefur verið í sundur,
   - heppileg ílát til að geyma í rafhlöður, þétta sem innihalda PCB eða PCT og annan hættulegan úrgang, s.s. geislavirkan úrgang,
   - búnaður til að hreinsa vatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir.

IV. VIÐAUKI

Tákn til merkingar á raf- og rafeindabúnaði

Táknið, sem gefur til kynna að raf- og rafeindabúnaði sé safnað sérstaklega, er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum eins og sýnt er hér á eftir. Merkið skal prentað þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt.



Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 134/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004 frá 9. júlí 2004 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0108:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/108/EB frá 8. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/108/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 51 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 34.
([2]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 106.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal IV.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/108/EB

frá 8. desember 2003

um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Við samþykkt málsmeðferðar varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([3]) vöknuðu áhyggjur yfir hugsanlegum fjárhagslegum afleiðingum orðalags 9. gr. þeirrar tilskipunar fyrir framleiðendur viðkomandi búnaðar.

2) Á fundi sáttanefndarinnar frá 10. október 2002 um tilskipunina settu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin fram í sameiginlegri yfirlýsingu þá fyrirætlun sína að þeir myndu, eins fljótt og auðið er, rannsaka þau álitamál sem tengjast 9. gr. tilskipunar 2002/96/EB og varða raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá notendum, öðrum en á heimilum.

3) Framkvæmdastjórnin hefur kannað, í samræmi við sameiginlegu yfirlýsinguna, hvaða fjárhagslegu afleiðingar orðalagið í 9. gr. tilskipunar 2002/96/EB getur haft fyrir framleiðendur og hefur hún komist að raun um að endurviðtökuskylda að því er varðar raf- og rafbúnaðarúrgang, sem hefur þegar verið markaðssettur, skapar afturvirka skaðabótaábyrgð sem engin ákvæði hafa verið sett um og sem líklegt er að skapi alvarlega, efnahagslega áhættu fyrir tiltekna framleiðendur.

4) Í því skyni að koma í veg fyrir slíka áhættu skulu framleiðendur bera fjárhagslega ábyrgð á söfnun, meðhöndlun, endurnotkun, endurheimt og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá notendum, öðrum en á heimilum, sem settur er á markað fyrir 13. ágúst 2005, þegar bjóða skal nýjar vörur sem koma í stað annarra af sambærilegri gerð eða sem gegna sama hlutverki. Ef nýjar vörur koma ekki í stað slíks úrgangs ber þessum notendum að axla ábyrgðina. Aðildarríkin, framleiðendur og notendur skulu eiga þess kost að finna aðrar lausnir.

5) Aðildarríkin skulu, skv. 17. gr. tilskipunar 2002/96 /EB, samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2004. Í því skyni að koma í veg fyrir að breyta þurfi löggjöf, sem aðildarríkin hafa samþykkt fyrir þann dag, ber að samþykkja þessa tilskipun eins fljótt og auðið er og taka hana upp í löggjöf aðildarríkjanna á sama tíma og tilskipun 2002/96/EB.

6) Breyta ber tilskipun 2002/96/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 9. gr. tilskipunar 2002/96/EB komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

Fjármögnun í tengslum við raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá notendum, öðrum en á heimilum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005 annist framleiðendur fjármögnun við söfnun, meðhöndlun, endurheimt og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúr-

([1]) Stjtíð. EB C 234, 30.9.2003, bls. 91.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 19. nóvember 2003.
([3]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

gangs frá notendum, öðrum en á heimilum, að því er tekur til vara sem settar eru á markað eftir 13. ágúst 2005. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005 verði kostnaður við meðhöndlun úrgangs (gamals úrgangs), að því er tekur til vara sem settar eru á markað fyrir 13. ágúst 2005, fjármagnaður með þeim hætti sem segir í þriðju og fjórðu undirgreininni.

Ef nýjar, sambærilegar vörur, sem gegna sama hlutverki, koma í stað gamals úrgangs skulu framleiðendurnir annast fjármögnun vegna kostnaðarins þegar þeir afhenda þær. Að öðrum kosti geta aðildarríkin kveðið á um að notendur, aðrir en á heimilum, séu einnig, að hluta til eða að öllu leyti, ábyrgir fyrir þessari fjármögnun.

Þegar um er að ræða annan gamlan úrgang skulu notendur, aðrir en á heimilum, annast fjármögnun vegna kostnaðarins.

2. Framleiðendur og notendur, aðrir en á heimilum, geta samið um aðrar fjármögnunaraðferðir, sbr. þó ákvæði þessarar tilskipunar.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	F. FRATTINI
forseti.	*forseti.*

302. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá

22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Hinn 22. júlí 2003 samþykkti Evrópusambandið reglugerð nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Samhliða var samþykkt tilskipun nr. 2003/72/EB um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Í stuttu máli má segja að meginmarkmið löggjafar um evrópsk samvinnufélög sé að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eða lögaðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Enn fremur veitir hún svigrúm til að koma á fót evrópsku samvinnufélagi með samruna tveggja samvinnufélaga, sem fyrir eru, eða með því að breyta innlendu samvinnufélagi yfir í nýja formið án þess að slíta því fyrst hafi það samvinnufélag skráða skrifstofu eða aðalskrifstofu í einu aðildarríki og starfsstöð eða dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki.

Tilskipun 2003/72/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir vinna hjá. „Þátttaka starfsmanna“ táknar í tilskipuninni að fulltrúar starfsmanna geti haft bein áhrif á málefni félagsins með rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins eða rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í þessar

stjórnir. „Aðild starfsmanna“ er hins vegar skilgreint sem hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Loks er „samráð“ skilgreint sem viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi evrópsks samvinnufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í félaginu.

Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, um það hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í samvinnufélögum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll evrópsk samvinnufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að þau tryggi fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað. Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna evrópskt samvinnufélag skal hann að jafnaði fylgja með í flutningnum yfir í evrópska samvinnufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilar ákveði annað.

Ef ekki næst samkomulag í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þátttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um evrópskt samvinnufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum evrópskra samvinnufélaga ef slík þátttaka var fyrir hendi í starfsstöðvum þátttökufélaganna fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en evrópskt samvinnufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að evrópska samvinnufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun evrópsks samvinnufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi evrópsku samvinnufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 18. ágúst 2006 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 44/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2003 frá 26. september 2003 ([1]).

2) Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32g. **32003 L 0072:** Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/72/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

([1]) Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 48 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 28.
([2]) Stjtíð. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2003/72/EB

frá 22. júlí 2003

um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að ná markmiðum sáttmálans eru, í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 ([4]), fastsettar samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE).

2) Sú reglugerð miðar að því að smíða samræmdan lagaramma en innan hans geta samvinnufélög og aðrir aðilar og einstaklingar frá mismunandi aðildarríkjum gert áætlanir um og framkvæmt endurskipulagningu á starfsemi sinni á formi samvinnufélags á Bandalagsvísu.

3) Til að vinna að félagslegum markmiðum Bandalagsins þarf að setja sérákvæði, nánar tiltekið á sviði aðildar starfsmanna, sem miðar að því að tryggja að venjur um aðild starfsmanna hjá aðilum, sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins. Markmiðinu skal fylgja eftir með því að setja bálk reglna á þessu sviði til viðbótar við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1435/2003.

4) Þar eð aðildarríkin geta ekki, með viðhlítandi hætti, náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar, sem rakin eru hér að framan, þ.e.a.s. að setja reglur um aðild starfsmanna sem gilda fyrir evrópsk samvinnufélög, og þessi markmið nást þess vegna betur á vettvangi Bandalagsins vegna stærðar og umfangs fyrirhugaðrar aðgerðar, er Bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná markmiðunum.

5) Vegna margbreytilegra reglna og venja, sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, um það hvernig fulltrúar starfsmanna koma að ákvarðanatöku í samvinnufélögum er óráðlegt að hafa eina evrópska fyrirmynd af aðild starfsmanna sem á að gilda fyrir evrópsk samvinnufélög.

6) Málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð milli landa skal tryggð í öllum tilvikum þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með nauðsynlegri aðlögun fyrir evrópsk samvinnufélög, sem eru stofnuð frá grunni, ef stærð þeirra gefur tilefni til þess og skal þá miðað við fjölda starfa.

7) Ef þátttökuréttur er fyrir hendi innan eins eða fleiri aðila, sem stofna evrópskt samvinnufélag, skal hann að jafnaði fylgja með í flutningnum yfir í evrópska samvinnufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilar ákveði annað.

8) Tiltekin málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá milli landa ásamt þátttökurétti, ef við á, sem gilda skal fyrir öll evrópsk samvinnufélög, skal fyrst og fremst ákveðin með samkomulagi milli viðkomandi aðila eða, ef það er ekki fyrir hendi, með því að beita sérstökum reglum.

9) Aðildarríkin skulu samt eiga þess kost að beita ekki almennum reglum um þátttöku þegar um samruna er að ræða og er þá höfð í huga fjölbreytnin í innlendum kerfum um aðild starfsmanna. Í því tilviki skal tryggja, með aðlögun skráningarreglnanna, að fyrirliggjandi kerfum og venjum um þátttöku, sem fyrir hendi voru hjá þátttökuaðilunum, sé viðhaldið.

([1]) Stjtíð. EB C 236, 31.8.1993, bls. 36.
([2]) Stjtíð. EB C 42, 15.2.1993, bls. 75.
([3]) Stjtíð. EB C 223, 31.8.1992, bls. 42.
([4]) Stjtíð. EB L 207, 18.8.2003, bls. 1.

10) Reglur um atkvæðagreiðslu í sérstakri samninganefnd starfsmanna skulu, einkum þegar samið er um minni þátttökurétt en fyrir hendi er hjá einum eða fleiri þátttökuaðila, vera í hlutfalli við hættuna á því að fyrirliggjandi þátttökukerfi og venjur hverfi eða minnki. Sú hætta er meiri ef um er að ræða evrópskt samvinnufélag, sem komið hefur verið á fót með umbreytingu eða samruna, heldur en þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað frá grunni.

11) Ef samkomulag næst ekki í samningaviðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þar til bærra stofnana þátttökuaðila skal setja ákvæði um tilteknar almennar reglur sem skulu gilda um evrópskt samvinnufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka málsmeðferð við upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn milli landa, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum evrópska samvinnufélagsins ef slík þátttaka var fyrir hendi innan þátttökuaðilanna fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

12) Þegar ekki er unnt að réttlæta beitingu framangreindrar málsmeðferðar gagnvart þátttökuaðilum í evrópsku samvinnufélagi, sem stofnað er frá grunni, vegna smæðar þeirra miðað við fjölda starfsmanna skal evrópska samvinnufélagið heyra undir gildandi innlendar reglur um aðild starfsmanna í aðildarríkinu þar sem það setur upp skráða skrifstofu eða í aðildarríkjum þar sem það hefur dótturfélög eða starfsstöðvar. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu evrópsks samvinnufélags, sem þegar hefur verið stofnað, að hlíta þessari málsmeðferð ef verulegur fjöldi starfsmanna fer fram á það.

13) Sérstök ákvæði skulu gilda um þátttöku starfsmanna í félagsfundum að svo miklu leyti sem landslög heimila það. Beiting þessara ákvæða kemur ekki í veg fyrir þátttöku með öðru sniði eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

14) Aðildarríki skulu tryggja, með viðeigandi ákvæðum, að ef skipulagsbreytingar eru gerðar í kjölfar stofnunar evrópsks samvinnufélags megi endursemja um tilhögun á aðild starfsmanna þar sem við á.

15) Setja ber ákvæði um að fulltrúar starfsmanna, er starfa samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, skuli við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og slíkir fulltrúar njóta samkvæmt landslögum og/eða venju í starfslandi sínu. Óheimilt er að beita þá misrétti, þ.m.t. stöðug áreitni, vegna löglegra starfa þeirra og þeir skulu njóta viðunandi verndar gagnvart uppsögnum og öðrum refsiaðgerðum.

16) Halda skal leynd um viðkvæmar upplýsingar jafnvel eftir að skipunartími fulltrúa starfsmanna rennur út og setja ákvæði um að þar til bær stofnun evrópsks samvinnufélags geti sleppt því að birta upplýsingar sem gætu skaðað starfsemi evrópska samvinnufélagsins verulega ef þær yrðu gerðar opinberar.

17) Ef evrópskt samvinnufélag, dótturfyrirtæki þess og starfsstöðvar lúta tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á Bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn ([1]) skulu ákvæði þeirrar tilskipunar og ákvæði sem innleiða hana í landslög hvorki gilda um evrópska samvinnufélagið né dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar nema sérstaka samninganefndin taki ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

18) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á önnur fyrirliggjandi réttindi varðandi aðild starfsmanna og þarf ekki að hafa áhrif á annað fulltrúafyrirkomulag sem er fyrir hendi og lög Bandalagsins og landslög kveða á um eða leiðir af venju.

19) Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

20) Í sáttmálanum er Bandalaginu ekki veitt nauðsynlegt vald til að samþykkja þessa tilskipun að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 308. gr.

21) Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með þessari tilskipun að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félagi. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en evrópskt samvinnufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að evrópska samvinnufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir"). Af þeim sökum skal sú nálgun ekki aðeins gilda um stofnun evrópsks samvinnufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi evrópsku samvinnufélagi og aðila sem verða fyrir áhrif-

([1]) Stjtíð. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).

um af skipulagsbreytingunum. Af þessu leiðir að ef skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er flutt frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn að minnsta kosti halda sömu réttindum til aðildar og áður. Enn fremur, ef viðmiðunarmörkum fyrir aðild starfsmanna er náð eða farið er fram úr þeim eftir skráningu evrópsks samvinnufélags, skulu þessi réttindi gilda á sama hátt og þau hefðu gilt ef viðmiðunarmörkunum hefði verið náð eða farið hefði verið fram úr þeim fyrir skráninguna.

22) Aðildarríki geta kveðið á um að fulltrúar stéttarfélaga geti verið aðilar í sérstakri samninganefnd án tillits til þess hvort þeir eru starfsmenn aðila sem tekur þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags. Aðildarríki skulu, einkum í þessu samhengi, geta tekið upp þennan rétt í þeim tilvikum þar sem fulltrúar stéttarfélags eiga rétt á að vera fulltrúar, og greiða atkvæði, í eftirlitsstjórn eða stjórn í samræmi við landslög.

23) Í mörgum aðildarríkjum byggist aðild starfsmanna og önnur samskipti aðila vinnumarkaðarins bæði á landslögum og venjum, sem í þessu samhengi tekur einnig til kjarasamninga á ýmsum stigum á landsvísu, innan einstakra atvinnugreina og/eða félaga.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENNT

1. gr.

Markmið

1. Undir þessa tilskipun fellur aðild starfsmanna að málefnum evrópskra samvinnufélaga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1435/2003.

2. Til að ná þessu markmiði skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum evrópskum samvinnufélögum í samræmi við málsmeðferð um samningaviðræður, sem um getur í 3. til 6. gr. eða, við aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 7. og 8. gr., í samræmi við viðaukann.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „evrópskt samvinnufélag“: hvers kyns samvinnufélag sem stofnað er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1435/2003,

b) „lögaðilar sem taka þátt“: félög og fyrirtæki, í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, þ.m.t. samvinnufélög, sem og aðrir lögaðilar sem hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og heyra undir þau, er eiga beinan þátt í að stofna evrópskt samvinnufélag,

c) „dótturfyrirtæki“ lögaðila, sem tekur þátt, eða evrópsks samvinnufélags: fyrirtæki sem lögaðilinn eða evrópska samvinnufélagið hefur yfirráð yfir samkvæmt skilgreiningu í 2. til 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/45/EB,

d) „hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð“: dótturfyrirtæki eða starfsstöð lögaðila, sem tekur þátt, sem fyrirhugað er að verði dótturfyrirtæki eða starfsstöð evrópska samvinnufélagsins við myndun þess,

e) „fulltrúar starfsmanna“: fulltrúar starfsmanna sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju,

f) „fulltrúanefnd“: nefnd fulltrúa starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulaginu, sem um getur í 4. gr., eða í samræmi við ákvæði viðaukans, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn evrópsks samvinnufélags og dótturfyrirtækja og starfsstöðva þess í Bandalaginu og, þar sem við á, beita þátttökurétti starfsmanna að því er varðar evrópska samvinnufélagið,

g) „sérstök samninganefnd“: nefnd sem sett er á fót í samræmi við 3. gr. til að semja við þar til bæra stofnun lögaðila, sem taka þátt, um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu,

h) „aðild starfsmanna“: hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í fyrirtæki,

i) „upplýsingar“: upplýsingar sem þar til bær stofnun evrópsks samvinnufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um vafaatriði varðandi félagið sjálft og dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun evrópska samvinnufélagsins,

j) „samráð“: viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi evrópsks

samvinnufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í evrópska samvinnufélaginu,

k) „þátttaka“: áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni lögaðila með:

- rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn lögaðilans eða
- rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn lögaðilans.

II. ÞÁTTUR

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ SAMNINGAVIÐRÆÐUR SEM GILDIR UM EVRÓPSK SAMVINNUFÉLÖG SEM STOFNUÐ ERU AF AÐ MINNSTA KOSTI TVEIMUR LÖGAÐILUM EÐA VIÐ UMBREYTINGU

3. gr.

Myndun sérstakrar samninganefndar

1. Þegar framkvæmdastjórn eða stjórn lögaðila, sem taka þátt, gerir áætlun um stofnun evrópsks samvinnufélags skal hún, eins fljótt og unnt er, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna lögaðilanna um tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu, þ.m.t. að láta í té upplýsingar um heiti lögaðilanna, sem taka þátt, og dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, og fjölda starfsmanna þeirra.

2. Í þessum tilgangi skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn lögaðilanna, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja:

i) að slíkir fulltrúar séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af lögaðilunum, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna (eða broti af því) sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjunum samanlagt,

ii) þegar evrópskt samvinnufélag er myndað við samruna er bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggt sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert samvinnufélag sem tekur þátt og er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu evrópska samvinnufélagsins, að svo miklu leyti sem:

- fjöldi þessara viðbótarfulltrúa verði ekki meiri en tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru tilnefndir með skírskotun til i-liðar, og
- skipan sérstöku samninganefndarinnar hafi ekki í för með sér að viðkomandi starfsmenn eigi tvo fulltrúa.

Ef fjöldi slíkra samvinnufélaga er meiri en tiltæk viðbótarsæti samkvæmt fyrstu undirgrein skal þessum viðbótarsætum úthlutað á samvinnufélög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda ráðinna starfsmanna í þeim.

b) Hvert aðildarríki skal ákveða hvaða aðferð skuli beita við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina sem fer fram á yfirráðasvæði þess. Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er hægt, að a.m.k. einn fulltrúi frá hverjum lögaðila, sem tekur þátt, með starfsmenn í viðkomandi aðildarríki, sé í hópi slíkra fulltrúa. Þó má ekki bæta við heildarfjölda fulltrúanna með slíkum ráðstöfunum. Aðferðirnar, sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfsmanna, skulu miðaðar að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.

Aðildarríki geta kveðið svo á um að slíkir fulltrúar geti verið fulltrúar stéttarfélaga hvort sem þeir eru starfsmenn lögaðila, sem tekur þátt, eða hlutaðeigandi dótturfyrirtækis eða starfsstöðvar.

Með fyrirvara um landslög og/eða venjur, sem segja fyrir um takmarkanir þegar fulltrúanefnd er komið á fót, skulu aðildarríki kveða á um að starfsmenn í fyrirtækjum eða starfsstöðvum þar sem starfsmenn hafa engan fulltrúa, án þess að það sé þeirra sök, hafi rétt til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í fyrrnefnda sérstaka samninganefnd.

3. Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir lögaðilanna, sem taka þátt, skulu ákvarða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir lögaðilanna, sem taka þátt, greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun evrópska samvinnufélagsins og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu þess.

4. Með fyrirvara um 6. mgr. skal sérstaka samninganefndin taka ákvarðanir með hreinum meirihluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meirihluti sé einnig fulltrúi hreins meirihluta starfsmanna. Hver aðili greiðir eitt atkvæði. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf meirihlutinn, sem á að samþykkja slíkan samning, að vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum sérstöku samninganefndarinnar sem í eru fulltrúar að minnsta kosti tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum,

- þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag, sem á að stofna við samruna, ef a.m.k. 25% af heildarfjölda starfsmanna samvinnufélaganna, sem taka þátt, heyra undir þátttökutilhögunina, eða
- þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem á að stofna á annan hátt, ef a.m.k. 50% af heildarfjölda starfsmanna lögaðilanna, sem taka þátt, heyra undir þátttökutilhögunina.

Rýrari þátttökuréttur merkir að hlutfall fulltrúa í stjórnarstofnunum evrópska samvinnufélagsins, í skilningi k-liðar 2. gr., er lægra en hæsta hlutfallið hjá lögaðilunum sem taka þátt.

5. Í samningaviðræðum getur sérstaka samninganefndin valið sérfræðinga sér til aðstoðar, t.d. fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaga í Bandalaginu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni sérstöku samninganefndarinnar, ef við á til að stuðla að samræmi og samkvæmni í Bandalaginu í heild. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið að greina fulltrúum viðeigandi utanaðkomandi samtaka, þ.m.t. stéttarfélögum, frá upphafi samningaviðræðna.

6. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meirihluta sem er tilgreindur í annarri undirgrein, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá, sem í gildi eru í aðildarríkjunum þar sem evrópska samvinnufélagið er með starfsmenn. Slík ákvörðun bindur enda á þá gerð samkomulags sem um getur í 4. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði viðaukans ekki.

Meirihlutinn, sem þarf til að ákveða að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær, skal vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum fulltrúa a.m.k. tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með umbreytingu skal þessi málsgrein ekki gilda ef þátttökufyrirkomulag er fyrir hendi í samvinnufélaginu sem á að breyta.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra í fyrsta lagi tveimur árum eftir framangreinda ákvörðun nema aðilarnir samþykki að taka fyrr upp samningaviðræður á ný. Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórnina á ný en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum gilda engin ákvæði viðaukans.

7. Lögaðilar, sem taka þátt, skulu bera þann kostnað sem hlýst af rekstri sérstöku samninganefndarinnar og almennt af samningaviðræðum þannig að sérstöku samninganefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

Í samræmi við þessa meginreglu geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun fyrir starfsemi sérstöku samninganefndarinnar. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

4. gr.

Efni samkomulagsins

1. Samningaviðræður þar til bærra stofnana lögaðila, sem taka þátt, og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan evrópska samvinnufélagsins.

2. Með fyrirvara um sjálfræði aðila og með fyrirvara um 4. mgr. skal í samkomulaginu, sem um getur í 1. mgr., milli þar til bærrar stofnunar lögaðilanna, sem taka þátt, og sérstöku samninganefndarinnar tilgreina:

a) umfang samkomulagsins,

b) skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúa-

nefndinni sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins í tengslum við tilhögun upplýsingamiðlunar til starfsmanna evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og samráð við þá,

c) hlutverk fulltrúanefndarinnar og málsmeðferð um upplýsingamiðlun til hennar og samráð við hana,

d) hve oft fulltrúanefndin skal koma saman,

e) hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera,

f) ef aðilarnir taka ákvörðun í samningaviðræðunum um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd, með hvaða hætti skuli beita þessari málsmeðferð,

g) ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjöldi fulltrúa eftirlitsstjórnar eða stjórnar evrópska samvinnufélagsins sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða gegn, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi starfsmanna,

h) gildistökudag samkomulagsins og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skuli framlengt og málsmeðferð við framlengingu þess, þ.m.t., eftir því sem við á, þegar skipulagsbreytingar verða á evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum eftir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

3. Samkomulagið skal ekki heyra undir almennu reglurnar sem um getur í viðaukanum nema í því sé ákvæði þar að lútandi.

4. Ef í hlut á evrópskt samvinnufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að aðild starfsmanna sé í öllum atriðum að minnsta kosti jafnmikil og í samvinnufélaginu sem á að umbreyta í evrópskt samvinnufélag, sbr. þó a-lið 3. mgr. 15. gr.

5. Í samkomulaginu er heimilt að tilgreina hvernig réttindum starfsmanna til þátttöku í félagsfundum eða svæða- eða deildarfundum, í samræmi við 9. gr. þessarar tilskipunar og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/ 2003, skuli háttað.

5. gr.

Lengd samningaviðræðna

1. Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er sett á fót og þeim má halda áfram í sex mánuði eftir það.

2. Aðilarnir geta komið sér saman um, ef samkomulag næst, að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma, sem um getur í 1. mgr., í allt að eitt ár samanlagt frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.

6. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður

Löggjöfin, sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræðurnar sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. gr., skal vera löggjöf aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er staðsett nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

7. gr.

Almennar reglur

1. Til að ná markmiðinu, sem lýst er í 1. gr., skulu aðildarríki mæla fyrir um almennar reglur um aðild starfsmanna og skulu þær vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum.

Almennu reglurnar, eins og mælt er fyrir um þær í löggjöf aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að staðsetja skrifstofu evrópska samvinnufélagsins, skulu gilda frá skráningardegi evrópska samvinnufélagsins ef annaðhvort:

a) aðilarnir koma sér saman um það eða

b) ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 5. gr., er runninn út og:

- þar til bær stofnun hvers lögaðila, sem tekur þátt, tekur ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna í tengslum við evrópska samvinnufélagið og halda með þeim hætti áfram með skráningu evrópska samvinnufélagsins, og
- sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðunina sem kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.

2. Enn fremur skulu almennu reglurnar, sem eru settar í innlenda löggjöf skráningaraðildarríkisins í samræmi við 3. hluta viðaukans, eingöngu gilda:

a) þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með umbreytingu ef reglur aðildarríkis varðandi þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn gilda um samvinnufélag sem breytt er í evrópskt samvinnufélag,

b) þegar evrópskt samvinnufélag verður til við samruna:

- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna sem taka þátt og tók til a.m.k. 25% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna sem taka þátt og tók til minna en 25% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það,

c) þegar evrópskt samvinnufélag verður til á einhvern annan hátt:

- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum, sem taka þátt, og tók til a.m.k. 50% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum, sem taka þátt, og tók til minna en 50% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Ef þátttaka í fleiri en einni mynd var fyrir hendi hjá lögaðilunum, sem taka þátt, skal sérstaka samninganefndin ákveða hver þessara þátttökumynda skuli notuð í evrópska samvinnufélaginu. Aðildarríkjunum er heimilt að setja reglur er skulu gilda þegar engar ákvarðanir hafa verið teknar um málið fyrir evrópskt samvinnufélag sem er skráð á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Sérstaka samninganefndin skal greina þar til bærum stofnunum lögaðilanna, sem taka þátt, frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að almennu reglurnar, sem um getur í 3. hluta viðaukans, skulu ekki gilda í því tilviki sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr.

III. ÞÁTTUR

REGLUR SEM GILDA UM EVRÓPSK SAMVINNUFÉLÖG SEM STOFNUÐ ERU AF EINSTAKLINGUM EINGÖNGU EÐA EINUM LÖGAÐILA OG EINSTAKLINGUM

8. gr.

1. Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu, eða af einum lögaðila og einstaklingum, sem hafa samtals að minnsta kosti 50 starfsmenn í vinnu í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, skulu ákvæði 3. til 7. gr. gilda.

2. Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu, eða af einum lögaðila og einstaklingum, sem hafa samtals færri en 50 starfsmenn í vinnu, eða hafa 50 eða fleiri starfsmenn í vinnu í aðeins einu aðildarríki, skal eftirfarandi gilda um aðild starfsmanna:

- innan evrópska samvinnufélagsins sjálfs gilda þau ákvæði aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar,
- innan dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva gilda þau ákvæði aðildarríkisins, þar sem þau eru staðsett, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar.

Ef evrópskt samvinnufélag, sem heyrir undir reglur um þátttöku, flytur skráða skrifstofu sína frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn a.m.k. halda sömu réttindum til þátttöku og áður.

3. Ákvæði 3. til 7. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, ef a.m.k. einn þriðji af heildarfjölda starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva í a.m.k. tveimur mismunandi aðildarríkjum fer fram á það, eða ef heildarstarfsmannafjöldi er 50 eða fleiri starfsmenn í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, eftir skráningu evrópsks samvinnufélags eins og um getur í 2. mgr. Í slíku tilviki skulu orðin „evrópskt samvinnufélag“ koma í stað orðanna „lögaðilar sem taka þátt“ og „dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar evrópska samvinnufélagsins“ í stað „hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð“.

IV. ÞÁTTUR

ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSFUNDI EÐA SVÆÐA- EÐA DEILDARFUNDUM

9. gr.

Með fyrirvara um þær takmarkanir, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 59. gr reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, eiga starfsmenn evrópsks samvinnufélags og/eða fulltrúar þeirra rétt til þátttöku í félags-

fundum, eða í svæða- eða deildarfundum, ef þeir eru haldnir, og til að greiða atkvæði, í eftirfarandi tilvikum:

1. ef aðilarnir ákveða það í samkomulaginu sem um getur í 4. gr., eða
2. þegar samvinnufélag, sem fellur undir slíkt kerfi, breytist í evrópskt samvinnufélag, eða
3. þegar samvinnufélag, sem tekur þátt, féll undir slíkt kerfi ef um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem verður til á annan hátt en með umbreytingu og:
   i) aðilar ná ekki samkomulagi, eins og um getur í 4. gr., áður en fresturinn, sem mælt er fyrir um í 5. gr., rennur út, og
   ii) b-liður 1. mgr. 7. gr. og 3. hluti viðaukans gilda, og
   iii) samvinnufélagið sem tekur þátt og fellur undir slíkt kerfi er með hæsta þátttökuhlutfall, í skilningi k-liðar 2. gr., sem er í gildi hjá hlutaðeigandi samvinnufélögum, sem taka þátt, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins.

V. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

10. gr.

Fyrirvari og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, sé óheimilt að láta í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að skipunartími þeirra er á enda.

2. Hvert aðildarríki um sig skal kveða á um, í sérstökum tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags eða lögaðila, sem tekur þátt, sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þess, sé ekki skuldbundin til að veita upplýsingar ef þær eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðunum, að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi evrópska samvinnufélagsins (eða lögaðila, sem tekur þátt, ef um slíkt er að ræða) eða dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir slíkri undanþágu að fyrst liggi fyrir til þess stjórnsýslu- eða réttarfarslegar heimildir.

3. Hvert aðildarríki um sig getur sett sérákvæði varðandi evrópsk samvinnufélög á yfirráðasvæði sínu, sem vilja með beinum hætti veita hugmyndafræðilega leiðsögn að því er varðar upplýsingar og framsetningu álita, með því skilyrði að þessi ákvæði hafi verið samþykkt og tekin upp í landslög áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

4. Ef aðildarríki beita 1., 2. og 3. mgr. skulu þau setja ákvæði um málsmeðferð um áfrýjun til stjórnvalda eða dómstóla sem fulltrúar starfsmanna geta hafið þegar eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags eða lögaðila, sem tekur þátt, krefst trúnaðar eða veitir ekki upplýsingar.

Slík málsmeðferð getur falið í sér reglur um trúnað vegna þeirra upplýsinga sem um er að ræða.

11. gr.

Starf fulltrúanefndar og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá

Þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins og fulltrúanefndarinnar skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Hið sama gildir um samvinnu eftirlitsstjórnar eða stjórnar evrópska samvinnufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við þá.

12. gr.

Verndun fulltrúa starfsmanna

Fulltrúar sérstöku samninganefndarinnar, fulltrúar í fulltrúanefndinni, fulltrúar starfsmanna, sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð og allir fulltrúar starfsmanna í eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags, sem eru starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess, starfsstöðva eða lögaðila, sem tekur þátt, skulu við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og fulltrúar starfsmanna njóta samkvæmt gildandi landslögum og/eða sem leiðir af venju í starfslandi þeirra.

Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni eða um aðra fundi, er falla undir samkomulagið sem um getur í fl-lið 2. mgr. 4. gr., eða um fundi stjórnar eða eftirlitsstjórnar og greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá lögaðila, sem tekur þátt, eða evrópska samvinnufélaginu eða dótturfyrirtækjum þess eða starfs-

stöðvum fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi við skyldustörf sín.

13. gr.

Misnotkun málsmeðferða

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við lög Bandalagsins, til þess að koma í veg fyrir misnotkun evrópsks samvinnufélags sem miðar að því að svipta starfsmenn réttindum til aðildar eða synja þeim um slík réttindi.

14. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar uppfyllt

1. Hvert aðildarríki um sig skal tryggja að stjórn starfsstöðva evrópsks samvinnufélags og dótturfyrirtækis eða eftirlitsstjórn eða stjórn dótturfyrirtækja og lögaðila, sem taka þátt og eru með aðsetur á yfirráðasvæði þess, og fulltrúar starfsmanna þess eða, eftir því sem við á, starfsmennirnir sjálfir uppfylli þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, óháð því hvort evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þess.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að þessari tilskipun; einkum skulu þau tryggja að kostur sé á stjórnsýslu- og dómsmeðferð svo að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

15. gr.

Tengsl þessarar tilskipunar og annarra ákvæða

1. Þegar evrópskt samvinnufélag er fyrirtæki, er starfar á Bandalagsvísu, eða ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahópa, er starfa á Bandalagsvísu í skilningi tilskipunar 94/45/EB eða tilskipunar ráðsins 97/74/EB frá 15. desember 1997 um rýmkun téðrar tilskipunar þannig að hún nái til Breska konungsríkisins ([1]), skulu ákvæði þessara tilskipana og ákvæði sem varða lögleiðingu þeirra í landslög ekki gilda um það eða dótturfyrirtæki þess.

Þegar sérstaka samninganefndin ákveður, hins vegar, í samræmi við 6. mgr. 3 gr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar gildir tilskipun 94/45/EB eða tilskipun 97/74/EB og ákvæði um lögleiðingu þeirra í landslög.

2. Ákvæði um þátttöku starfsmanna í nefndum, sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju, nema þau sem varða framkvæmd þessarar tilskipunar, skulu ekki gilda um evrópsk samvinnufélög sem heyra undir 3. til 7. gr.

3. Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á:

a) rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í nefndum evrópska samvinnufélagsins,

b) ákvæðin um þátttöku í þeim nefndum, sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða leiðir af venju, er gilda um dótturfyrirtæki evrópska samvinnufélagsins eða um evrópsk samvinnufélög sem heyra ekki undir 3. til 7. gr.

4. Með það í huga að varðveita þau réttindi sem um getur í 3. mgr. geta aðildarríkin gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipulag varðandi fulltrúa starfsmanna hjá lögaðilum, sem taka þátt, og ekki verða lengur til sem sérstakir lögaðilar haldist eftir skráningu evrópska samvinnufélagsins.

16. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. ágúst 2006 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

17. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar

Eigi síðar en 18. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega í Bandalaginu, endurskoða reglur um beitingu þessarar tilskipunar, með það í huga að leggja viðeigandi breytingar fyrir ráðið ef þörf er á.

([1]) Stjtíð. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Alemanno

forseti.

VIÐAUKI

ALMENNAR REGLUR

(sem um getur í 7. og 8. gr.)

1. hluti: Skipan fulltrúanefndar starfsmanna

Til þess að ná markmiðinu sem lýst er í 1. gr. og í þeim tilvikum sem um getur í 7. gr. skal fulltrúanefnd skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) Fulltrúanefnd skal skipuð starfsmönnum evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva sem fulltrúar starfsmanna eða, ef þeir eru ekki til staðar, allir starfsmenn kjósa eða tilnefna úr hópi starfsmanna.

b) Kosning eða tilnefning fulltrúa í fulltrúanefndina skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venju.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur til að tryggja að fjöldi fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefndina verði lagaðar að breytingum sem verða í evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum. Aðferðirnar, sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfsmanna, skulu miðaðar að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.

c) Ef stærð ráðsins gefur tilefni til slíks skal fulltrúanefndin kjósa í undirnefnd, úr hópi fulltrúa, sem í eru mest þrír nefndarmenn.

d) Fulltrúanefndin setur sér starfsreglur.

e) Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna (eða broti af því) sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjunum samanlagt.

f) Tilkynna skal þar til bærri stofnun evrópska samvinnufélagsins um skipan fulltrúanefndarinnar.

g) Innan fjögurra ára frá því að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulagsins, sem um getur í 4. og 7. gr., eða beita áfram almennu reglunum sem samþykktar voru í samræmi við þennan viðauka.

Ákvæði 3. gr. (4. til 7. mgr.) og 4., 5. og 6. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 4. gr., og hugtakið „fulltrúanefnd" komi í stað „sérstöku samninganefndarinnar". Þegar frestur til að ljúka samningaviðræðunum er runninn út og ekkert samkomulag hefur náðst skal sú tilhögun sem fyrst var samþykkt, í samræmi við almennu reglurnar, gilda áfram.

2. hluti: Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð

Um valdsvið og heimildir fulltrúanefndar, sem komið er á fót í evrópsku samvinnufélagi, skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) Valdsvið fulltrúanefndar skal takmarkast við mál er varða evrópska samvinnufélagið sjálft og dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir valdsvið stjórnarstofnana sem taka ákvarðanir í einu aðildarríki.

b) Með fyrirvara um fundi, sem haldnir eru samkvæmt c-lið, hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslna sem þar til bæra stofnunin tekur reglulega saman um rekstur evrópska samvinnufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendur á viðkomandi stöðum skulu jafnframt fá upplýsingar.

Þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins skal láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfunda eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á félagsfundi.

Fundurinn skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, framtaksverkefni hvað varðar félagslega ábyrgð fyrirtækja, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

c) Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal fulltrúanefndin eiga rétt á upplýsingum. Fulltrúanefndin eða, ef hún ákveður svo, einkum ef brýnt er, undirnefndin hefur rétt til að hitta, að eigin ósk, aðila þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi, sem á betur við, innan evrópska samvinnufélagsins með eigin ákvörðunarrétt til þess að fá upplýsingar og til að haft sé samráð við hana um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Ef þar til bæra stofnunin ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álitið sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á skulu einnig eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru með undirnefndinni.

Fundirnir, sem um getur hér að framan, hafa ekki áhrif á heimildir þar til bærrar stofnunar.

d) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um forsæti á fundum sem varða upplýsingamiðlun og samráð.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærri stofnun evrópska samvinnufélagsins á fulltrúanefndin eða undirnefndin, sem er, ef nauðsyn krefur, stækkuð í samræmi við þriðju undirgrein c-liðar, rétt á að funda án þess að fulltrúar þar til bæru stofnunarinnar séu viðstaddir.

e) Með fyrirvara um 10. gr. skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

f) Fulltrúanefndin eða undirnefndin geta leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.

Fulltrúanefndarmenn skulu hafa rétt á starfshléi til þjálfunar án þess að missa við það laun, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.

h) Evrópska samvinnufélagið greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum þess fyrir því fjármagni og þeirri aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum.

Einkum skal evrópska samvinnufélagið greiða kostnað vegna skipulagningar funda og túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúanefndarmanna og undirnefndar þess, nema samið sé um annað.

Í samræmi við þessar meginreglur geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun vegna starfsemi fulltrúanefndarinnar. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

3. hluti: Almennar reglur um þátttöku

Um þátttöku starfsmanna í evrópsku samvinnufélagi skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Þegar evrópskt samvinnufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis, sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn, giltu fyrir skráninguna skulu öll atriði, sem snúa að þátttöku starfsmanna, gilda áfram fyrir evrópska samvinnufélagið. Að breyttu breytanda skal b-liður gilda í því skyni.

b) Í öðrum tilvikum þar sem evrópskt samvinnufélag er stofnað hafa starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefndar þeirra rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða gegn tilnefningu nokkurra fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en evrópska samvinnufélagið er skráð.

c) Ef enginn af lögaðilunum, sem taka þátt, starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins er þess ekki krafist að evrópska samvinnufélagið setji ákvæði um þátttöku starfsmanna.

d) Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna frá hinum ýmsu aðildarríkjum eða hvernig starfsmenn evrópska samvinnufélagsins geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í þessar nefndir í samræmi við hlutfall starfsmanna evrópska samvinnufélagsins í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef þessi hlutfallsviðmiðun tekur ekki til starfsmanna í einu eða fleiri aðildarríkjum skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa frá einu þessara aðildarríkja, einkum aðildarríkinu þar sem skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er skráð, þar sem það á við. Hvert aðildarríki fyrir sig getur ákveðið úthlutun sæta sem það hefur til umráða í stjórninni eða eftirlitsstjórninni.

e) Hver fulltrúi í stjórninni eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins, sem fulltrúanefndin eða, eftir aðstæðum, starfsmenn, hafa kosið, tilnefnt eða mælt með, skal vera fullgildur nefndarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar félagsaðila samvinnufélagsins, þ.m.t. réttur til að greiða atkvæði.

303. Svar [181. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur og Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

1. *Hversu mikið fjármagn fer til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landinu, sundurliðað eftir landshlutum og stofnunum?*

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar eru níu á landsbyggðinni, stofnaðar á árunum 1998–2003. Miðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir og rekstur þeirra er ekki á ábyrgð ríkisins. Stofnaðilar miðstöðvanna voru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.

Menntamálaráðuneytið gerir árlega samning til eins árs í senn við símenntunarmiðstöðvar á grundvelli fjárveitinga frá Alþingi. Samningurinn við stöðvarnar kveður á um að þær beiti sér m.a. fyrir margs konar námskeiðahaldi, samstarfi við menntastofnanir og geri almenningi kleift að stunda nám með fjarkennslusniði.

Í samningunum er þess auk þess getið að stöðvarnar skuli leitast við að halda til haga heildaryfirliti yfir eftirspurn og framboð náms til íbúa hvers svæðis og að leggja eigi sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi. Í samningnum er ekki tilgreint hversu hár hlutur af samningsupphæðinni skuli renna til háskólanámsins heldur er það ákvörðun hverrar stöðvar.

Framlag ríkisins til þeirra níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem starfa á landsbyggðinni er samkvæmt fjárlögum 2005 samtals 96,7 millj. kr. Beint framlag til stöðvanna nemur 85,5 millj. kr. en auk þess fá þær sérstakt framlag, 11,2 millj. kr., til reksturs svonefnds FS-

nets, sem er háhraðanettenging. Framlag ríkisins, 96,7 millj. kr., skiptist jafnt á milli allra fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar samanber eftirfarandi töflu.

Framlag ríkisins til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva árið 2005 (millj. kr.).

	Beint framlag á fjárlögum, 2005	Framlag til reksturs FS-nets, 2005	Samtals
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,5	1,2	**10,7**
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	9,5	1,2	**10,7**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,5	1,2	**10,7**
Farskóli Norðurlands vestra	9,5	1,2	**10,7**
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	9,5	1,2	**10,7**
Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,5	1,2	**10,7**
Fræðslunet Austurlands	9,5	1,2	**10,7**
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	9,5	1,2	**10,7**
Fræðslunet Suðurlands	9,5	1,2	**10,7**
Samtals	**85,5**	**11,2**	**96,7**

Auk framlaga á fjárlögum afla símenntunarmiðstöðvarnar sér rekstrartekna með ýmsum öðrum hætti, svo sem með tekjum af námskeiðum og seldri þjónustu, beinum styrkjum frá fyrirtækjum og sveitarfélögum og af ýmsum sérverkefnum. Í samantekt sem KVASIR, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni, gerði í október 2002 kemur fram að framlög ríkisins það ár námu um 35% af tekjum stöðvanna, 65% komu með öðrum hætti.

2. *Hvað ræður mismunandi stuðningi við einstakar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar?*

Starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni hefur vaxið á síðustu árum og fjöldi einstaklinga á landsvísu sem nýta sér þjónustu þeirra aukist jafnt og þétt. Föst framlög hafa á sama hátt vaxið, eða um 36% frá árinu 2001 til ársins 2005. Vegna byggðastefnu stjórnvalda njóta stöðvarnar sömu framlaga burtséð frá því hvar þær eru.

Menntamálaráðuneytið gerir samninga við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni á grundvelli fjárveitinga frá Alþingi. Miðstöðvunum er ætlað að efla þjónustu á svæðum þar sem þörf er og hvetja til aukinnar þátttöku í námi þar sem þátttaka er lítil. Framlag til einstakra stöðva er 9,5 millj. kr. Sú upphæð er til að standa undir grunnkostnaði við rekstur stöðvanna, svo sem húsnæðiskostnaði, rekstri tölvubúnaðar og launum forstöðumanns. Auk þess fær hver stöð 1,2 millj. kr. til reksturs FS-netsins. Hver stöð fær þannig samtals 10,7 millj. kr.

3. *Hversu mikill er kostnaður einstakra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva við fjarkennslu á háskólastigi og hver er hlutur ráðuneytisins í þeim kostnaði?*

Kostnaður við fjarkennslu á háskólastigi er mjög misjafn eftir því hvaða símenntunarmiðstöð á í hlut. Samkvæmt eftirfarandi upplýsingum er ráðuneytið hefur aflað frá stöðvunum má gera ráð fyrir því að þessi kostnaður geti verið allt frá 220.000 kr. til 29.163.900 kr. á þessu ári.

Áætlaður kostnaður vegna háskólanáms árið 2005, eftir stöðvum.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	14.980.800 kr.
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	7.560.000 kr.
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	12.752.477 kr.
Farskóli Norðurlands vestra	6.032.000 kr.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	220.000 kr.
Fræðslumiðstöð Þingeyinga	14.480.000 kr.
Fræðslunet Austurlands	29.163.900 kr.
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	8.834.700 kr.
Fræðslunet Suðurlands	14.445.000 kr.

Eins og fram kemur í svari við 1. lið er í samningum við símenntunarmiðstöðvarnar gert ráð fyrir að hlutverk þeirra sé m.a. að gera almenningi kleift að stunda nám með fjarkennslusniði. Hlutur þess er ekki skilgreindur sérstaklega í samningum en gert er ráð fyrir að miðstöðvarnar hagi því í samræmi við þarfir og getu. Þá eru símenntunarmiðstöðvarnar sjálfseignarstofnanir og rekstur þeirra á eigin ábyrgð. Menntamálaráðuneytið gerir hins vegar sérstakan samning um fjárframlög til starfseminnar á grundvelli fjárlaga, sbr. svar við 1. lið fyrirspurnarinnar. Þá er rétt að taka fram að námseiningar nemenda í fjarnámi samsvara námseiningum nemenda í staðbundnu námi háskóla með tilliti til fjármögnunar. Kennslukostnaður er því borinn uppi af skólastofnunum.

4. *Hversu margir stunda háskólanám hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, sundurliðað eftir stofnunum?*

Fjöldi nemenda er stunda háskólanám hjá símenntunarmiðstöðvunum hefur farið vaxandi allt frá því að farið var að bjóða háskólanám í fjarnámi. Þeir skólar sem bjóða upp á slíkt nám eu Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli.

Nemendur sem stunda háskólanám í fjarnámi hjá símenntunarmiðstöðvum á haustönn 2005, eftir stofnunum.

Haustönn 2005	KHÍ	HA	HÍ	HR	Hólar	Annað	Samtals
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	0	74	1	5	0	0	**80**
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	0	42	8	0	0	0	**50**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	0	55	15	0	0	0	**70**
Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð um fjarkennslu	44	39	3	9	0	0	**95**
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	0	0	0	0	0	20	**20**
Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9	11	10	0	0	10	**40**
Fræðslunet Austurlands	57	51	23	20	9	10	**170**
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	18	32	4	6	0	3	**63**
Fræðslunet Suðurlands	0	61	14	0	0	1	**76**
Samtals	**128**	**365**	**78**	**40**	**9**	**44**	**664**

5. *Hversu mikið fjármagn er ætlað til þekkingar- og háskólasetra á landinu vegna kennslu á háskólastigi?*

Á grundvelli byggðaáætlunar hafa sérstök framlög vegna sameiginlegs átaksverkefnis menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis runnið til Háskólanámsseturs á Austurlandi á Egilsstöðum, Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði og Þekkingarseturs Húsavíkur. Árið 2005 nema framlög til Háskólanámsseturs á Austurlandi 16,5 millj. kr., til Háskólaseturs Vestfjarða 21 millj. kr. og til Þekkingarseturs á Húsavík 8 millj. kr.

Ráðuneytið hefur nú til athugunar fjárstuðning við háskólamenntun á landsbyggðinni, m.a. í tengslum við nýja byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2006–2009. Endanleg ákvörðun um stuðning við háskólamenntun á landsbyggðinni mun ekki verða tekin fyrr en ný byggðaáætlun og fjárlög ársins 2006 hafa verið samþykkt.

304. Frumvarp til laga [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fær annar en rannsóknarleyfishafi leyfi til að nýta viðkomandi auðlind og getur þá sá sem kostaði rannsóknir krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna, enda geti þær nýst nýtingarleyfishafa. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 5. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Var því frumvarpi ætlað að leysa af hólmi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auk þess sem því var m.a. ætlað að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum. Í meðförum Alþingis ákvað iðnaðarnefnd að fresta afgreiðslu frumvarpsins. Hins vegar lagði nefndin fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998 þar sem kveðið var á um rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að fellt er niður ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku raforkulaga, nr. 65/2003, var samkeppni í vinnslu raforku innleidd hér á landi. Var ráðherra jafnframt veitt vald til að veita virkjunarleyfi á grundvelli laganna en fyrir gildistöku þeirra var vald ráðherra bundið því skilyrði að Alþingi hefði áður með sérstökum heimildarlögum veitt honum heimild til slíks. Fyrir gildistöku raforkulaga hafði Landsvirkjun jafnframt forgang til virkjunar vatnsafls í samræmi við skyldu sína til að sjá öllum sem þess óskuðu fyrir raforku. Nú þegar þessi forgangur Landsvirkjunar er ekki lengur til staðar hafa fleiri orkufyrirtæki sýnt vatnsaflsvirkjunum áhuga. Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem stundar rannsóknir á vatnsafli hins vegar ekki forgang til nýtingar, öfugt við það sem á við um jarðvarma, eða tryggingu fyrir því að fá rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan komi til

þess að annar aðili fái nýtingar- eða virkjunarleyfi á viðkomandi svæði. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneytinu hefur komið í ljós að orkufyrirtækin eru tregari til að stunda rannsóknir á vatnsafli vegna þessa en heppilegt getur talist. Er því talið nauðsynlegt að tryggja að aðeins einn aðili fái rannsóknarleyfi á hverju svæði og jafnframt að hann geti fengið rannsóknarkostnað sinn endurgreiddan sé nýtingar- eða virkjunarleyfi veitt öðrum aðila. Einnig verður að ætla að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að fleiri en einn aðili kosti sams konar rannsóknir á sömu stöðum þegar ljóst er að aðeins einu virkjunarleyfi verður úthlutað.

Í samræmi við framangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu:

Lagt er til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, sbr. einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Samhliða þessu er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Dæmi eru um slíkt varðandi jarðhita og líklegt talið að slíkt geti komið upp varðandi rannsóknir á vatnsorku. Er því talið rétt að taka af tvímæli um að heimilt sé að veita rannsóknarleyfi sameiginlega til fleiri en eins aðila standi þeir saman að umsókn og hafi áður gert samkomulag sín á milli um kostnaðarskiptingu.

Þá er í 3. gr. frumvarpsins mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða beri sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu. Í 7. gr. gildandi laga er einungis kveðið á um að landeigandi geti krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað sem landeigandi eða aðilar á hans vegum hafa haft af rannsóknum á auðlindum á eignarlandi hans. Rétt er að slíkur endurkröfuréttur eigi við um alla þá sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað á grundvelli þess enda geti rannsóknarniðurstöður nýst nýtingarleyfishafa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um að rannsóknarleyfi skuli veitt einum aðila á hverju svæði. Einnig er bætt við ákvæði um að lögin taki til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

305. Svar [128. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um háspennulínur í jörðu.

Leitað var til Rafmagnsveitna ríkisins og Landsnets hf. um svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar og byggjast eftirfarandi svör ráðuneytisins á upplýsingum frá fyrirtækjunum.

1. *Í hve miklum mæli hafa háspennulínur verið lagðar í jörð á vegum:*
   a. *Rariks,*
   b. *Landsvirkjunar?*

Hjá Rarik hafa hafa verið lagðir um 1.500 km af 6, 11, og 19 kV dreifilínum en um 145 km af 22 kV, 33 kV og 66 kV flutningslínum.

Á vegum Landsvirkjunar hafa ekki verið lagðir háspenntir jarðstrengir til raforkuflutnings.

2. *Eru til áætlanir um lagningu háspennulína í jörð hjá:*
   a. *Rarik,*
   b. *Landsvirkjun?*

Hjá Rarik liggja ekki fyrir sérstakar áætlanir um lagningu hápennulína í jörð, en frá árinu 1991 hefur endurnýjun 11 kV, 19 kV og 33 kV lína farið fram með lagningu jarðstrengja. Endingartími þeirra lína sem Rarik lagði fyrir 1991 er 30–50 ár, þannig að endurnýjunin núverandi lína mun eiga sé stað á löngum tíma.

Landsnet, og áður flutningssvið Landsvirkjunar, gerir árlega kerfisáætlun, eins og kveðið er á um í raforkulögum. Engar sérstakar áætlanir eru til um lagningu háspennulína í jörð en í samræmi við raforkulögin er flutningskerfið byggt upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku en auk þess er tekið tillit til umhverfisaðstæðna í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum (lög nr. 106/2000). Ákvörðun um það hvort leggja eigi streng eða línu er tekin hverju sinni í samræmi við framangreint.

3. *Er kostnaður við að leggja háspennulínur í jörð annars vegar og loftlínur hins vegar sambærilegur?*

Fyrir 11–33 kV spennu er kostnaðurinn sambærilegur í góðu lagnalandi, fyrir 66 kV er kostnaðurinn svipaður við bestu skilyrði, en getur þó orðið allt að tvöfaldur. Fyrir 132 kV spennu er kostnaður við jarðstrengi tvöfalt til þrefalt meiri en við loftlínur, fyrir 220 kV spennu er hann 2,5–4 sinnum meiri. Fyrir 400 kV spennu er kostnaður við jarðstrengi 9–12 sinnum meiri en við loftlínur.

4. *Hver er kostnaður við jarðlínur á vegum:*
   a. *Rariks,*
   b. *Landsvirkjunar?*

Uppsafnaður kostnaður vegna jarðstrengjalagna nemur um 4 milljörðum kr.

Eins og kemur fram hér að framan hefur Landsvirkjun ekki lagt jarðstrengi í stað loftlína í meginflutningskerfi landsins.

5. *Hver er alþjóðleg þróun í flutningi raforku eftir jarð- og loftlínum?*

Með lækkandi verði á jarðstrengjum hefur notkun þeirra aukist þar sem lagnaland er gott, sérstaklega á lægri spennum. Hlutfall strengja í jörðu er svipað hér á landi eins og það er að

jafnaði erlendis, eða um 2%. Nokkur lönd þar sem þéttbýli er mikið eru þó búin að leggja um 10% af sínum 60–150 kV lögnum í jörðu. Á 220 kV spennu er þetta hlutfall í þéttbýlum löndum á bilinu 1–3%. Í þéttbýli er skiljanlega erfiðara að koma fyrir loftlínum og auk þess geta fleiri borið kostnaðarmuninn.

6. *Hvernig er orkutapi við flutning eftir jarðlínum annars vegar og loftlínum hins vegar háttað?*

Ekki er afgerandi munur á tapi á milli sambærilegra jarðstrengja og loftlína. Orkutap er einungis háð þvermáli leiðara. Af tæknilegum ástæðum þarf yfirleitt mun meira þvermál og meiri málm í jarðstrengi fyrir sambærilegan orkuflutning og þar af leiðir að gera má ráð fyrir minna orkutapi. Ekki er þó um neinn afgerandi mun að ræða.

306. Svar [131. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um þriggja fasa rafmagn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir fengu aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 2001 til 1. október 2005, sundurgreint eftir landsvæðum?*
2. *Hve miklu fé er áætlað að verja í framkvæmdir við þriggja fasa rafmagn árin 2005 og 2006?*

Fjöldi þeirra sem fengið hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni á orkusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, eftir landsvæðum.

	2001	2002	2003	2004	2005*
Vesturland	14	13	18	14	15
Norðurland vestra	14	33	27	20	23
Norurland eystra	23	38	31	18	74
Austurland	10	39	13	15	19
Suðurland	29	55	44	24	38
Samtals	**90**	**178**	**133**	**91**	**169**

* til 1. október

Árið 2005 verður kostnaður Rariks við styrkingu, endurnýjun og nýlagnir í sveitum um 650 millj. kr. Áformað er að verja samsvarandi upphæð árið 2006 til sams konar verkefna. Þessu fjármagni hefur að mestu verið varið til lagningar jarðstrengja sem í öllum tilfellum eru þriggja fasa og til endurnýjunar á spennistöðvum sem í flestum tilfellum eru þriggja fasa.

Þær línur sem unnið er að endurnýjun á eru ýmist einfasa eða þriggja fasa en almennt voru aðallínur þriggja fasa en álmur og aðallínur á strjálbýlum svæðum einfasa.

307. Fyrirspurn [289. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skerðingarreglur lágmarksbóta.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hvernig eru skerðingarreglur um samsettar lágmarksbætur íslenskra ellilífeyrisþega, sem búa hér á landi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi, vegna atvinnutekna, lífeyristekna, séreignarsparnaðartekna og fjármagnstekna? Svarið óskast sundurliðað eftir hverjum tekjuflokki, miðað við 0–10.000 kr. tekjur á mánuði, 10.001–20.000 kr. tekjur á mánuði, og svo áfram á 10.000 kr. bili upp í 200.000 kr.
2. Hvernig breytast bætur íslensks ellilífeyrisþega vegna tekna og/eða eigna maka ef viðkomandi hefur búið annars staðar á Norðurlöndum?

Skriflegt svar óskast.

308. Fyrirspurn [290. mál]

til menntamálaráðherra um söfn.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað eru starfrækt mörg söfn hér á landi, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hver var opinber styrkur til safnastarfs í heild sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?
3. Hver var gestafjöldi safnanna sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?
4. Hefur verið til skoðunar hjá stjórnvöldum að skilyrða stuðning við safnastarf við að aðgangseyrir verði felldur niður, að fullu eða hluta?

Skriflegt svar óskast.

309. Fyrirspurn [291. mál]

til umhverfisráðherra um æfingasvæði fyrir torfæruhjól.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Telur ráðherra æskilegt að fjölga æfingasvæðum fyrir torfæruhjól, af umhverfisástæðum og með tilliti til vaxandi hóps þeirra sem aka torfæruhjólum? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir fjölgun svæðanna í samstarfi við sveitarfélög og hagsmunaaðila?

310. Fyrirspurn [292. mál]

til samgönguráðherra um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur um akstur undir áhrifum fíkniefna og að tekin verði upp svokölluð núllmörk eins og tíðkast sums staðar á Norðurlöndum?
2. Telur ráðherra gildandi lagaákvæði og reglur um brotamörk hvað varðar akstur undir áhrifum fíkniefna vera flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd?

311. Fyrirspurn [293. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustusamning við SÁÁ.

Frá Helga Hjörvar.

Hvað líður gerð þjónustusamnings við SÁÁ?

312. Fyrirspurn [294. mál]

til menntamálaráðherra um auglýsingar kringum barnatíma í sjónvarpi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Ætlar ráðherra að bregðast við því áliti umboðsmanns barna að rétt sé að banna auglýsingar í kringum barnatíma í sjónvarpi?
2. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að komið sé í veg fyrir slíkar auglýsingar?
3. Er ráðherra sammála umboðsmanni barna um að fram hafi komið auglýsingar sem brjóti í bága við lög og aðrar séu á mörkum þess siðlega?

313. Fyrirspurn [300. mál]

til heilbrigðisráðherra um Barnaspítala Hringsins.

Frá Gunnari Örlygssyni

1. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir hágæsluaðstöðu á Barnaspítala Hringsins í ljósi þess að upp hafa komið atvik þar sem foreldrar hafa þurft að hlaupa langar leiðir með lífshættulega veik börn?

2. Hvenær má búast við aðgerðum af hálfu ráðherra í þessu máli?

Skriflegt svar óskast.

314. Frumvarp til laga [295. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 2.–4. málsl. 3. mgr. 133. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sæki ákærði þing telst dómur birtur fyrir honum en annars lætur ákærandi birta dóm skv. 20. gr. Séu ákærða gerð viðurlög er varða sektum eða upptöku eigna sem svarar til lægri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar þarf ekki að birta honum dóm þótt ekki sé sótt þing af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 133. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum. Á 131. löggjafarþingi voru gerðar breytingar á lögunum með það að markmiði að einfalda sektarinnheimtu og birtingu sektardóma. Í frumvarpinu sem þá var lagt fram var lagt til að ef ákærða yrðu ekki gerð önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna ásamt greiðslu sakarkostnaðar þyrfti ekki að birta fyrir honum dóminn.

Frumvarpinu var breytt nokkuð í meðförum þingsins þar sem allsherjarnefnd taldi að með heimildinni gæti verið gengið töluvert nærri réttaröryggi sakborninga. Birting dóms hefur þær lögfylgjur að marka upphaf fjögurra vikna áfrýjunarfrests og hefur hann verið túlkaður eftir orðanna hljóðan í dómum Hæstaréttar. Lagði nefndin því til þær breytingar á frumvarpinu að fyrirkomulaginu yrði einungis breytt í einföldustu málunum, þ.e. þegar sektir eða upptaka eigna nema lægri fjárhæð en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Áfram yrði að birta dóma þar sem ákærða yrðu gerð viðurlög sem svöruðu til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæðar í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar.

Þær breytingar sem nefndin lagði til skiluðu sér ekki efnislega réttar og er því nauðsynlegt að breyta 3. mgr. 133. gr. Við gerð frumvarpsins var litið til laganna eins og þau voru fyrir gildistöku laga nr. 81/2005 sem breyttu greininni og lagt til að fyrst verði kveðið á um meginregluna um að birta þurfi dóm fyrir ákærða sæki hann ekki þing. Því næst verði kveðið á um undantekningar frá þeirri meginreglu þegar svo stendur á að ákærða eru í dómi gerð önnur viðurlög en sektir eða upptaka eigna sem svarar til lægri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar.

315. Fyrirspurn [296. mál]

til umhverfisráðherra um úrskurð í máli Ölgerðarinnar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hefur ráðherra brugðist við úrskurði úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir í máli Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar gegn umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur frá því fyrr á þessu ári, en úrskurðurinn sýnir að stjórnvöld geta ekki beitt þvingunarúrræðum þótt fyrirtæki hafi ekki heimild til að blanda í drykki bætiefnum sem geta valdið óhollustu?

316. Svar [147. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um nauðgunarmál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg nauðgunarmál hafa farið fyrir dómstóla landsins á sl. 10 árum? Óskað er eftir sundurliðun á fjölda mála og niðurstöðum þeirra eftir dómstólum.*
2. *Hve margar kærur hafa borist lögregluyfirvöldum á tímabilinu og hve margar þeirra leiddu til ákæru?*
3. *Í hve mörgum tilvikum var um að ræða hópnauðganir (sbr. 2. lið)?*
4. *Hve oft hafa sömu aðilar verið ákærðir í nauðgunarmálum á tímabilinu og hvaða refsingu hafa þeir fengið?*

Í töflu 1 hér á eftir er að finna upplýsingar um það hve mörg nauðgunarmál hafa farið fyrir dómstóla sl. 10 ár, sundurliðuð eftir árum, héraðsdómstólum og niðurstöðu þeirra fyrir dómstólum.

Upplýsingar um það hve margar kærur hafa borist lögregluyfirvöldum á tímabilinu er að finna í töflu 2. Þar kemur einnig fram hve margar þeirra leiddu til ákæru.

Í töflu 3 er að finna tölur yfir fjölda kæra þar sem fleiri en einn var kærður fyrir sama brot (hópnauðgun). Samtals er um að ræða 14 mál. Af þeim voru níu mál felld niður með vísan til 112. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, rannsókn var hætt í tveimur málum og ákæra gefin út í þremur. Í þeim þremur málum voru tveir ákærðir í tveimur málana en í því þriðja var einn af þremur kærðu ákærður en málið fellt niður gegn tveimur á grundvelli 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Í töflu 3 er einnig að finna upplýsingar um fjölda kæra sem bárust lögregluembættum þar sem brot voru í upphafi heimfærð undir 194. gr. almennra hegningarlaga og til samanburðar þau mál sem eftir rannsókn voru áfram heimfærð undir ákvæðið.

Á fyrrgreindu tímabili var einn maður ákærður tvisvar sinnum fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga og var hann í báðum tilvikum sýknaður.

Tafla 1. Nauðgunarmál fyrir dómstólum sl. 10 ár.

		Héraðsdómur Reykjavíkur		Héraðsdómur Vesturlands		Héraðsdómur Vestfjarða		Héraðsdómur Norðurlands eystra		Héraðsdómur Norðurlands vestra		Héraðsdómur Austurlands		Héraðsdómur Suðurlands		Héraðsdómur Reykjaness			Hæstiréttur Íslands	
Ár	Fjöldi ákæra	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Sak-felling	Sýkna	Áfrýjun	Sak-felling	Sýkna
1995	**5**	2	2													1		2	2	
1996	**6**	5														1		1	1	
1997	**6**	1	3													2		2	1	1
1998	***5**	2									1					1		1	1	
1999	**3**		1					1								1		2	2	
2000	**4**	2														2		2	2	
2001	**6**	1	2	1				1		1								4	3	1
2002	***9**	2	3													2		4	3	1
2003	**13**	3	3						1					1	1	1	3	4	3	1
2004	**4**	3							1									*3	1	
	61	**21**	**14**	**1**				**2**	**2**	**1**	**1**			**1**	**1**	**11**	**3**	**25**	**19**	**4**

*1998 var ein ákæra afturkölluð (kæra dregin til baka).

*2001 var ein ákæra ódæmd (ákærði erlendis) og ein ákæra afturkölluð (ákærði látinn).

*Tvö mál ódæmd í Hæstarétti.

Tafla 2. Kærur sem bárust rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglustjórum 1995–2004.

Embætti	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Alls	Ákært
Akranes						1					1	0
Borgarnes					1	1				1	3	1
Stykkishólmur					1		3		2	1	7	2
Búðardalur											0	0
Patreksfjörður											0	0
Bolungarvík											0	0
Ísafjörður										1	1	1
Hólmavík											0	0
Blönduós				1							1	1
Sauðárkrókur						1		1			2	1
Siglufjörður							1			1	2	1
Ólafsfjörður											0	0
Akureyri			1	1	4	3	2	12	2	7	32	3
Húsavík					1				1		2	1
Seyðisfjörður					1						1	0
Eskifjörður					1				2		3	0
Höfn					1				1		2	0
Vík								1			1	0
Hvolsvöllur								1			1	0
Vestmannaeyjar			2				1	1	3	1	8	1
Selfoss			1		1		1	3	3	2	11	3
Keflavíkurflugvöllur								1	1		2	0
Keflavík			2	2	5	3	1	3	5	3	24	6
Hafnarfjörður			4	5	1	2	4	1	6	2	25	1
Kópavogur			1	3	1		1	2	5	2	15	3
Reykjavík			15	29	26	19	27	29	25	18	188	22
Rannsóknarlögregla ríkisins	18	14	6								38	14
											370	**61**

Tafla 3. Kærur sem bárust lögreglustjórum og rannsóknarlögreglu ríkisins 1. janúar 1995 til 31. desember 2004.

Embætti	Fjöldi kæra	Heimfært á 194. gr.	Ákært	Hópnauðgun
Lögreglustjórinn á Akranesi	4	1	0	0
Lögreglustjórinn í Borgarnesi	0	3	1	0
Lögreglustjórinn í Stykkishólmi	9	7	2	0
Lögreglustjórinn í Búðardal	0	0	0	0
Lögreglustjórinn á Patreksfirði	0	0	0	0
Lögreglustjórinn í Bolungarvík	0	0	0	0
Lögreglustjórinn á Ísafirði	1	1	1	0
Lögreglustjórinn á Hólmavík	0	0	0	0

Embætti	Fjöldi kæra	Heimfært á 194. gr.	Ákært	Hópnauðgun
Lögreglustjórinn á Blönduósi	2	1	1	0
Lögreglustjórinn á Sauðárkróki	2	2	1	0
Lögreglustjórinn á Siglufirði	2	2	1	0
Lögreglustjórinn á Ólafsfirði	0	0	0	0
Lögreglustjórinn á Akureyri	37	32	3	1
Lögreglustjórinn á Húsavík	2	2	1	0
Lögreglustjórinn á Seyðisfirði	2	1	0	1
Lögreglustjórinn á Eskifirði	4	3	0	0
Lögreglustjórinn á Höfn	2	2	0	0
Lögreglustjórinn í Vík	1	1	0	0
Lögreglustjórinn á Hvolsvelli	3	1	0	0
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	8	8	1	0
Lögreglustjórinn á Selfossi	11	11	3	0
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli	3	2	0	0
Lögreglustjórinn í Keflavík	26	24	6	0
Lögreglustjórinn í Hafnarfirði	25	25	1	2
Lögreglustjórinn í Kópavogi	16	15	3	0
Lögreglustjórinn í Reykjavík	195	188	22	8
Rannsóknarlögregla ríkisins	40	38	14	2
	395	**370**	**61**	**14**

317. Svar [130. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um útflutning dilkakjöts.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið var flutt út af fullunnu dilkakjöti á árunum 2000–2004, sundurliðað eftir löndum?*
2. *Hversu mikið var flutt út af óunnu dilkakjöti á árunum 2000–2004, sundurliðað eftir löndum?*
3. *Hvert var skilaverð til bænda fyrir þennan útflutning á árunum 2000–2004?*

Umbeðnar upplýsingar um útflutning á fullunnu dilkakjöti, úr 16. kafla tollskrár, árin 2000–2004 koma fram í töflu 1.

Umbeðnar upplýsingar um útflutning á óunnu dilkakjöti, úr 2. kafla tollskrár, árin 2000–2004 koma fram í töflu 2.

Skilaverð til framleiðenda fyrir útflutt lambakjöt er mál einstakra sláturleyfishafa og hefur ráðuneytið ekki aðgang að þeim upplýsingum.

Tafla 1. Útflutningur á fullunnu lambakjöti (1602.90xx), eftir löndum.

	2000		2001		2002		2003		2004	
	Magn kg	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**
Austurríki	30	42.000								
Bandaríkin	321	148.077	279	100.516	735	350.242	639	423.874		
Belgía					14	205.567	262	188.374		
Bretland	11	8.240							320	100.332
Danmörk			495	109.567	500	118.674	233	2.929		
Finnland	36	48.695	50	90.000			52	110.677		
Færeyjar	17.725	1.954.540			51	86.500				
Grænland					66	34.864	18	50.287		
Lúxemborg	464	337.119	13	10.646			87	20.735	275	85.454
Noregur	376	378.943	93	94.396	299	238.724	61	64.623		
Sameinuðu arabísku furstadæmin									14	44.451
Spánn	16	13.350								
Svíþjóð	94	101.640	197	164.569			106	170.000		
Tékkland			3	2.809						
Þýskaland	75	58.169	46	42.617	73	74.962	100	103.803		
Samtals:	**19.148**	**3.090.773**	**1.176**	**615.120**	**1.738**	**1.109.533**	**1.558**	**1.135.302**	**609**	**230.237**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2. Útflutningur á óunnu lambakjöti (0204) eftir löndum.

	2000		2001		2002		2003		2004	
Land	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**	**Magn kg**	**Fob ískr.**
Bandaríkin	36.372	21.955.318	47.722	36.323.901	55.058	36.328.791	72.237	46.792.593	104.678	67.484.002
Belgía	1.000	7.025			71	40.268			2.955	2.230.565
Bretland	70.827	8.040.621	320.115	71.110.541	160.075	26.926.302	571.448	118.861.931	333.611	77.625.710
Danmörk	149.867	38.677.501	151.432	60.676.077	261.388	77.570.650	313.590	102.660.721	182.750	107.526.052
Finnland			44.803	4.508.576						
Frakkland	105	26.999					24	9.421	49.129	20.844.238
Færeyjar	506.037	125.278.708	384.016	131.602.993	428.483	135.376.965	443.888	138.527.876	353.461	114.117.872
Gabon					14.742	1.257.862			64.751	7.685.227
Grænland					65	34.916	26.157	6.283.470	37	23.640
Holland	237	101.993	16.200	1.418.915			40	6.303	49.219	22.549.771
Ítalía	24	8.264	19.956	6.820.658	131.682	48.861.707	441.500	149.892.533	69.516	26.525.533
Japan	120.777	14.762.014	162.275	31.620.204	106.681	19.989.016	32.837	6.113.985	153.697	40.458.968
Jórdanía	19.202	1.879.253								
Kanada			28	231.080						
Kýpur	10.080	2.540.160								
Lúxemborg			7	7.885	54	42.548	69	51.154		
Noregur	369.155	94.572.787	351.276	102.751.719	322.290	120.444.135	320.587	95.335.699	290.088	86.361.849
Spánn									59.670	19.478.004
Svíþjóð	48.869	4.685.489	2.427	836.343	12.114	6.764.758	30.818	13.031.700	6.744	4.222.575
Þýskaland	171	83.423			25.206	3.487.711			11.824	8.365.094
Samtals:	**1.332.723**	**312.619.555**	**1.500.257**	**447.908.892**	**1.517.909**	**477.125.629**	**2.253.195**	**677.567.386**	**1.732.130**	**605.499.100**

Heimild: Hagstofa Íslands.

318. Tillaga til þingsályktunar [297. mál]

um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið mælist til þess að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands beiti sér fyrir aðgerðum sem hafi þann tilgang að efla samstarf Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í tengslum við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Ekkert Vestur-Norðurlanda er aðili að Evrópusambandinu. Löndin eru þó öll tengd sambandinu: Grænland fyrir tilstilli fyrirkomulags Evrópusambandsins um lögsögur handan hafsins, Ísland með aðild að EES-samningnum og Færeyjar með viðskiptasamningi við sambandið.

Sögulega hafa Vestur-Norðurlönd verið háð fiskútflutningi og svo er enn. Löndin hafa í dag enga sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu á sviði fiskveiðimála. Vestur-Norðurlönd verða í þessu samhengi að leitast við að setja fram sameiginleg viðhorf í fiskveiðimálum sem setja má fram í sameiningu gagnvart framkvæmdastjórninni.

Með því að setja fram sameiginleg sjónarmið á sviði fiskveiðimála er hugsanlegt að Vestur-Norðurlönd geti aukið líkur á að hafa áhrif innan Evrópusambandsins. Að öðrum kosti sjá Vestur-Norðurlönd líklega fram á það að sjónarmið þeirra á sviði fiskveiðimála verði undir og framsæknari óskir Evrópusambandsins og þarfir þess að tryggja samevrópskri stefnu í fiskveiðimálum viðgang ráði för.

Horfast verður í augu við það að þær ákvarðanir sem teknar eru í Evrópusambandinu varðandi fiskveiðar hafa víðtækar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Einnig er mikilvægt að Evrópusambandið viðurkenni verðmæti og möguleika þeirrar sérstöku vitneskju um sjávarútveg sem er að finna á Vestur-Norðurlöndum. Hvað varðar stefnu í fiskveiðimálum og útflutning fiskafurða hafa Vestur-Norðurlönd og Evrópusambandið margt að bjóða hvert öðru.

Vestur-Norðurlönd eiga þess vegna í sameiningu að leitast við að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan Evrópusambandsins og skipta máli varðandi sjávarútveg á Vestur- Norðurlöndum til hagsbóta fyrir lönd okkar og viðgang og afkomu fiskveiða okkar. Með því að standa saman og eftir því sem unnt er að tala einni röddu gætu Vestur-Norðurlönd náð fram markmiðum sínum og óskum varðandi stefnu í fiskveiðimálum.“

319. Tillaga til þingsályktunar [298. mál]

um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið hvetur ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun í þeim tilgangi að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum og beina einkum rannsóknum sínum að Norður-Atlantshafi.

Loftslagsbreytingar eru meðal hnattrænna vandamála sem sérfræðingar og vísindamenn glíma við og eru orðin áþreifanleg og sýnileg atvinnulífi, stjórnmálamönnum og almenningi um allan heim. Rannsóknir sem fram að þessu hafa verið gerðar á þessu sviði benda til þess að Vestur-Norðurlönd og Norður-Atlantshaf allt skipti höfuðmáli varðandi loftslagsbreytingar, ekki aðeins við Norður-Atlantshaf heldur einnig á heimsvísu. Meðal annars hefur verið bent á að leiðir hafstraumanna og skilin á heitum og köldum sjó í Norður-Atlantshafi skipti sköpum um þróun loftslags á norðurhveli jarðar.

Markvissar rannsóknir á loftslagsbreytingum varða miklu um vitneskju okkar um framtíðarþróun lífskjara, breytingar á vistkerfum og efnahagslega möguleika á Vestur-Norðurlöndum og annars staðar við Norður-Atlantshaf. En þetta skiptir einnig miklu fyrir hnattrænar framkvæmdaáætlanir og aðgerðir á sviði umhverfis- og orkumála. Því liggur beint við að Vestur-Norðurlönd hafi frumkvæði að því að auka og skerpa rannsóknir á loftslagsbreytingum, og beina fyrst og fremst sjónum að Norður-Atlantshafinu í þeim efnum.

Loftslagsrannsóknir geta orðið rannsóknarsvið þar sem Vestur-Norðurlönd eru í forustu. Slíkar rannsóknir snerta ekki einungis okkur sjálf, heldur hljóta athygli alls heimsins.

Í Norrænu ráðherranefndinni var á árinu 1999 – að tillögu Færeyinga – ætlað fé til verkefna við rannsóknir á loftslagsbreytingum. Nú hlýtur að vera kominn tími til að Vestur-Norðurlönd móti í sameiningu framkvæmdaáætlun sem getur leitt þessi rannsóknarverkefni fram til varanlegri og kerfisbundnari rannsókna á loftslagsbreytingum.“

320. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð var fram á 131. löggjafarþingi en varð þá eigi tekin á dagskrá. Tillagan er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2004 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 20.–24. ágúst 2004. Ályktunin var á þessa leið:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna, með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Óskað er eftir því að gerð verði grein fyrir framgangi samvinnunnar með árlegri skýrslu.

Samstarf þjóðanna á sviði orkumála hefur verið ánægjulegt þrátt fyrir ólíkar aðstæður og mismunandi leiðir við nýtingu. Engu að síður er mikilvægt að efla enn frekar samstarf landanna á milli og miðla þekkingu og reynslu betur en gert hefur verið.

Orkumál eru mikilvægur málaflokkur í örri þróun og því mikilvægt að stuðla að aukinni samvinnu og nýjum áherslum í orkuframleiðslu, einkum hvað varðar sjálfbæra nýtingu. Því er mikilvægt að horfa til framtíðar og þeirra tækifæra sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði orkumála getur veitt við þróun endurnýjanlegrar orku.

Vestur-Norðurlönd búa yfir sérfræðiþekkingu og tækni í tengslum við umhverfisvæna endurnýjanlega orku og orkusparnað, auk þess sem stefnt er að frekari þróun á því sviði. Í Færeyjum hafa þegar verið reistar vindmyllur, á Grænlandi er áhersla lögð á vatnsorku og á Íslandi eru gerðar tilraunir með hagnýtingu vetnis sem orkugjafa. Að öðru leyti er orkan sem notuð er í vestnorrænu löndunum afar ólík. Löndin eiga þó það markmið sameiginlegt að auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa, svo sem vatns- og vindorku, jarðvarma og vetnis.“

321. Fyrirspurn [301. mál]

til samgönguráðherra um lög og reglur um torfæruhjól.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur um akstur torfæruhjóla, bæði í keppnum og utan þeirra, með tilliti til vaxandi fjölda þeirra sem aka slíkum hjólum og þess hversu ólíkar reglur gilda annars staðar á Norðurlöndum? Ef svo er, hvenær má vænta þess að endurskoðun hefjist og hvaða aðilar munu koma að henni?

322. Fyrirspurn [302. mál]

til viðskiptaráðherra um tryggingavernd torfæruhjóla.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Telur ráðherra þörf á að endurskoða lög og reglur sem ná til trygginga torfæruhjóla, bæði við æfingar á lokuðum svæðum og í keppnum, m.a. með tilliti til aldurs og vaxandi fjölda þeirra sem aka slíkum hjólum og þess hversu óljós tryggingavernd torfæruhjóla virðist vera samkvæmt lögum? Ef svo er, hvenær má vænta þess að endurskoðun hefjist og hvað aðilar munu koma að henni?

323. Fyrirspurn [303. mál]

til menntamálaráðherra um Náttúruminjasafn Íslands.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningsvinnu við sérlög um Náttúruminjasafn Íslands, sbr. bráðabirgðaákvæði safnalaga, nr. 106/2001?
2. Eru í gildi áætlanir um hvenær endurnýjað Náttúruminjasafn Íslands gæti tekið til starfa og hefur kostnaður verið áætlaður?
3. Hvernig hyggjast stjórnvöld leysa húsnæðisvanda safnsins í bráð og lengd?

324. Fyrirspurn [304. mál]

til iðnaðarráðherra um efnistöku úr botni Hvalfjarðar.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu miklu af jarðefnum hefur verið dælt upp af botni Hvalfjarðar síðan efnistaka var leyfð þar?
2. Er efnistaka í firðinum svæða- eða tímabilaskipt? Ef svo er, hvernig er skiptingin?
3. Hefur farið fram vistfræðilegt eftirlit á svæðinu og ef svo er, hvernig hefur því verið fylgt eftir?
4. Hefur orðið veruleg breyting á einstökum botnsvæðum í firðinum?
5. Verður áfram leyfð efnistaka án skoðunar á botnsvæðum?

Skriflegt svar óskast.

325. Fyrirspurn [305. mál]

til félagsmálaráðherra um íbúðabyggingar.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hversu mörgum lóðum hafa sveitarfélögin úthlutað undir íbúðir árin 2000–2005, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?
2. Hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar sömu ár, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

326. Fyrirspurn [306. mál]

til landbúnaðarráðherra um útivist í þjóðskógum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er áætlaður fjöldi ferðafólks í þjóðskógum árlega?
2. Hver var fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum í þjóðskógunum undanfarin fimm ár?
3. Hvernig er rekstri tjaldsvæða Skógræktar ríkisins háttað?
4. Hver var kostnaður Skógræktar ríkisins vegna útivistar í þjóðskógunum 2004 og hverjar voru tekjurnar?
5. Hver er áætluð fjárþörf næstu fimm árin vegna nauðsynlegs viðhalds, endurbóta og úrbóta sem tengjast útivist í þjóðskógunum?

Skriflegt svar óskast.

327. Fyrirspurn [307. mál]

til landbúnaðarráðherra um grisjun í þjóðskógum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er árleg grisjun í þjóðskógum, talin í hekturum?
2. Hver var kostnaður við þessa grisjun 2004 og hverjar voru tekjurnar af sölu afurða sem féllu til við hana?
3. Hver er áætluð heildargrisjunarþörf í þjóðskógunum næstu 10 árin, í hekturum?

4. Hver er áætlaður heildarkostnaður við grisjunina og hvernig verður hún fjármögnuð?

Skriflegt svar óskast.

328. Fyrirspurn [308. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um afleysingar presta.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hversu margir prestar, sem ekki höfðu fast prestsembætti, sinntu afleysingaþjónustu fyrir starfandi presta sl. fimm ár, skipt eftir árum?
2. Hvernig skiptist afleysingaþjónustan á
   a. námsleyfi,
   b. veikindaleyfi,
   c. annað?
3. Er haldin skrá yfir afleysingar presta hvers fyrir annan? Ef svo er, hver heldur þá skrá?
4. Hvað ræður því hvort sérstakur afleysingaprestur er ráðinn til starfa eða annar starfandi prestur tekur af sér afleysingu, sbr. fastar greiðslur til allra presta vegna afleysinga í sumarleyfum og á vikulegum frídögum?

329. Fyrirspurn [309. mál]

til landbúnaðarráðherra um merkingar ásetningsfjár.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er ástæða þess að reglugerð um merkingar búfjár, nr. 289/2005, byggist á Evrópusambandsreglum þótt landbúnaður sé undanskilinn í EES-samningnum?
2. Eru einhverjir annmarkar á núverandi einstaklingsmerkingum sauðfjár með tilliti til rekjanleikja dýra og afurða og ef svo er, hverjir eru þeir?
3. Hver var ástæða þess að landbúnaðarráðuneytið stóð að lokuðu útboði á nýjum plötumerkjum fyrir sauðfé í stað þess að fela Innkaupastofnun ríkisins að sjá um útboð?
4. Hver er ástæða þess að merkja þarf ásetningslömb í bæði eyru, annaðhvort með plötumerkjum eða öðrum viðurkenndum merkjum?

Skriflegt svar óskast.

330. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um átak í uppbyggingu héraðsvega.

Flm.: Jón Bjarnason, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að gert skuli sérstakt átak í viðhaldi og uppbyggingu héraðsvega sem flokkast samkvæmt vegalögum oftast undir safn- og tengivegi. Sérstaklega skal hugað að lagningu bundins slitlags á þessa vegi. Til þess verði varið a.m.k. 4 milljörðum kr. sem dreifist jafnt á næstu fimm ár. Komi sú fjárveiting til viðbótar þeim fjármunum sem ætlaðir eru þessum vegaflokkum í núgildandi samgönguáætlun.

Enn fremur skipi ráðherra þriggja manna nefnd er kanni hvernig breyta megi skilgreiningum og einfalda þær, sem og flokkun vega eftir tegundum í vegalögum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að teknu tilliti til breyttra þarfa og aukinna krafna sem gerðar eru til þessara vega. Nefndin skili áliti sínu fyrir 1. maí 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Í vegalögum er þjóðvegum skipt í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Hlutur safn- og tengivega, þ.e. héraðsvega, er afar mikilvægur í samgöngukerfi landsmanna. Þetta eru þeir vegir sem tengja einstök býli, náttúruvætti og sögustaði við aðalstofnvegina og skipta því miklu máli fyrir afkomu og framtíð fólks á stórum svæðum. Á þetta við um bændur og aðra þá sem vegna atvinnustarfsemi þurfa að sækja aðföng og koma frá sér afurðum með reglulegum hætti. Héraðsvegirnir eru líka mikilvægir fyrir akstur skólabarna og skipta miklu máli fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þá má og nefna vegi að stórum sumarbústaðalöndum sem þurfa að anna mikilli umferð á vissum árstímum.

Fjárveitingar til vegamála.

Fjármagn sem veitt hefur verið samkvæmt vegaáætlun skiptist, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni, á framkvæmdaflokka á eftirfarandi hátt:

	2001	2002	2003	2004
Tengivegir	574	551	568	501
Brýr	328	238	311	225
Ferðamannaleiðir	106	400	324	234
Girðingar	59	64	65	66
Landsvegir	142	133	127	140
Safnvegir	335	315	301	319
Styrkvegir	67	62	60	64
Reiðvegir	48	45	43	48

Allar tölur í töflunni eru í millj. kr. og á áætluðu meðalverðlagi 2005.

Framlög til tengi-, safn- og landsvega af heildarfé til vegamála.



Neðsti flöturinn sýnir tengivegi, miðflöturinn safnvegi og sá efsti landsvegi.
(Heimild: Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmdir í vegamálum, fjárlög 2004 og upplýsingar frá samgönguráðuneytinu.)

Myndin sýnir hversu lágt framlag til tengi-, safn- og landsvega er sem hlutfall af heildarfé til vegamála og það fer lækkandi. Rétt er að geta þess að árið 2003 fóru 3 milljarðar kr. til sérstaks átaks í atvinnumálum. Sú fjárhæð fór til uppbyggingar á stofnvegakerfi landsins en ekki að neinu leyti til þeirra vegaflokka sem hér eru til umræðu. Akstur á vegum landsins hefur aukist mikið á undanförnum árum. Fjárveitingar til þessara þriggja tegunda vega hafa ekki nægt til að hægt væri að halda þeim við með viðunandi hætti og hefur ástand þeirra því versnað. Ástand þessara vega er mjög mismunandi og misjafnt hversu mikið er eðlilegt að byggja þá upp og styrkja. Þó er ljóst að miðað við framlög til þeirra um þessar mundir er lausn ekki í sjónmáli og má með eðlilegum rökum ætla að áratugir líði áður en þeir verða fullnægjandi.

Breytingar á fjárfestingum í nokkrum tegundum vega á verðlagi hvers árs.



Eins og sjá má af línuritinu hefur lítið miðað í þá átt að bæta úr ástandi safn- og tengivega á undanförnum árum. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir vegir og vegaflokkar verða komnir í viðunandi horf. Framtíðarástand í samgöngum á stórum svæðum er því að segja má í lausu lofti. En þörfin er brýn og hún vex ár frá ári.

Fjárveitingar til vegagerðar á verðlagi hvers árs.



Neðsti flöturinn sýnir framlög til tengivega, sá næsti framlög til safnvega, þriðji flötur að neðan framlög til landsvega og efsti flöturinn heildarframlög til stofnkostnaðar í vegakerfinu.

Skipting vega.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var skipting vega 1. janúar 2004 þannig í kílómetrum talið:

Breytingar milli ára (km)

	1	2	1+2	3	1+2+3	4	1+2+3+4
Ár	Stofnvegir	Tengivegir	Samtals	Safnvegir	Samtals	Landsvegir	Samtals
1996	4.269,49	3.935,40	8.204,89	2.324,94	10.529,83	1.809,33	12.339,16
1997	4.306,37	3.873,83	8.180,20	2.340,48	10.520,68	2.170,76	12.691,44
1998	4.306,14	3.906,84	8.212,98	2.306,42	10.519,40	2.170,18	12.689,58
1999	4.303,79	3.898,08	8.201,87	2.308,85	10.510,72	2.170,23	12.680,95
2000	4.302,32	3.894,96	8.197,28	2.292,07	10.489,35	2.472,75	12.962,10
2001	4.309,84	3.897,39	8.207,23	2.301,08	10.508,31	2.490,02	12.998,33
2002	4.305,97	3.928,92	8.234,89	2.288,30	10.523,19	2.457,52	12.980,71
2003	4.276,74	3.961,76	8.238,50	2.267,25	10.505,75	2.467,29	12.973,04
2004	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Kjördæmi (km)

	1 Stofnvegir	2 Tengivegir	1+2 Samtals	3 Safnvegir	1+2+3 Samtals	4 Landsvegir	1+2+3+4 Samtals
Suður	939,70	1.092,12	2.031,82	559,21	2.591,03	983,71	3.574,74
Suðvestur	121,23	93,02	214,25	30,77	245,02	12,56	257,58
Reykjavík	72,08	11,19	83,27	25,37	108,64	9,40	118,04
Norðvestur	1.765,64	1.748,73	3.514,37	945,84	4.460,21	646,63	5.106,84
Norðaustur	1.373,44	998,68	2.372,12	654,61	3.026,73	888,07	3.914,80
Alls	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Svæði (km)

	1 Stofnvegir	2 Tengivegir	1+2 Samtals	3 Safnvegir	1+2+3 Samtals	4 Landsvegir	1+2+3+4 Samtals
Suður	842,33	988,45	1.830,78	552,34	2.383,12	935,66	3.318,78
Suðvestur	290,68	184,85	475,53	63,01	538,54	53,34	591,88
Norðvestur	1.777,53	1.773,79	3.551,32	945,84	4.497,16	649,13	5.146,29
Norðaustur	1.361,55	996,65	2.358,20	654,61	3.012,81	902,24	3.915,05
Alls	4.272,09	3.943,74	8.215,83	2.215,80	10.431,63	2.540,37	12.972,00

Heildarlengd bundins slitlags í árslok 2004, km.

Landsvegir og safnvegir eru taldir með.

	Stofnvegir	**Tengivegir**	**Safnvegir**	**Landsvegir**	**Alls**
Suðurland	563,61	334,58	49,24	52,87	1.000,28
Reykjanes	280,80	94,00	1,24	14,40	390,44
Vesturland	478,65	97,42	8,69	1,64	586,40
Vestfirðir	524,23	38,24	0,97		563,44
Norðurland vestra	372,33	38,53	3,45	0,11	414,42
Norðurland eystra	494,68	114,70	10,16	21,30	640,84
Austurland	717,34	92,26	11,80	46,01	867,41
	3.431,64	**809,71**	**85,55**	**136,33**	**4.463,23**

Í eftirfarandi töflu eru þjóðvegir af flokknum tengivegir sem fallið hafa af vegaskrá á árunum 1981–2003. Margir þeirra eru nú þjóðvegir í flokki safnvega eða landsvega.

Þjóðvegir af flokknum tengivegir sem féllu af vegaskrá 1981–2003.

Tengivegir Vegnr.	Vegheiti	Upphaflegur vegur Lengd km	Nú safn- eða landsvegur Lengd km	Tekinn af vegaskrá Lengd km	Núverandi vegnúmer
203	Geirlandsvegur:	2,7	2,7		óbreytt
257	Ártúnsvegur:	14,5	2,3	12,2	2549
318	Breyting á vegakerfi	0			
353	Kiðjabergsvegur	5,5	5,5		óbreytt
(41)	Njarðvík – Keflavík	4,3		4,3	
422	Njarðvíkurvegur	1,5		1,5	
433	Reykjalundarvegur	0,6		0,6	
53	Breyting á vegakerfi	0			
537	Sauravegur	11,5		11,5	
568	Skógarnesvegur	9,1	6,7	2,4	óbreytt
575	Flugvöllur Rifi	0,8		0,8	
579	Flugv. Stykkishólmi	0,3		0,3	
591	Neðribyggðarvegur	5,6		5,6	
592	Skorravíkurvegur	1,2		1,2	
609	Fjarðarhlíðarvegur	7,9	7,9		óbreytt
611	Siglunesvegur	3,1	3,1		óbreytt
621	Mosdalsvegur	8,1	8,1		óbreytt
626	Flugvöllur Önundarf.	0,3		0,3	
638	Laugalandsvegur	3,1	3,1		óbreytt
647	Munaðarnesvegur	4,4	4,0	0,4	óbreytt
706	Núpsdalsvegur	2,5	2,5		óbreytt
712	Þorgrímsstaðadalsv.	3,2	3,2		óbreytt
(722)	Vatnsdalsá hjá Undirf.	1,6		1,6	
725	Miðásavegur	2,5	2,5		óbreytt
728	Flugvallarv. Blönduósi	0,6		0,6	
758	Austurdalsvegur	14,1	14,1		óbreytt
761	Fjallsvegur	2,5	2,5		7687
766	Brimnesvegur	5,6	5,6		766 og 7760
788	Haganesvíkurvegur	5,3	5,3		óbreytt
827	Sölvadalsvegur	9,1	9,1		óbreytt
832	Vaðlaheiðarvegur	19,1	19,1		óbreytt
857	Laxárdalsv. að Halldst.	2,8		2,8	
861	Vestursandsvegur	2,3	0,3	2,0	8755
873	Flugvöllur Raufarhöfn	0,2		0,2	
922	Grófarselsvegur	5,8	5,8		óbreytt
926	Húseyjarvegur	13,0	13,0		óbreytt
942	Steinsvaðsvegur	3,8	2,0	1,8	óbreytt
955	Flugvöllur Norðfirði	0,7		0,7	
966	Flugvöllur Djúpavogi	1,4		1,4	
971	Lónsheiðarvegur	17,8		17,8	
988	Flugvöllur Öræfum	1,7	0,2	1,5	9868
	Samtals	200,1	128,6	71,5	

„Sveitavegirnir“ kalla.

Við erum lítil þjóð í stóru og ógreiðfæru landi og samgöngur hljóta því að vera höfuðatriði fyrir samfélagið á hverju svæði. Nú hefur orðið áherslubreyting í vegamálum á síðasta áratug þar sem ofuráhersla hefur verið lögð á stórframkvæmdir og nokkra aðalvegi. Á sama tíma hafa vegir sem liggja af hringveginum setið hlutfallslega á hakanum.

Héraðsvegirnir inn til dala og út til stranda eru samgönguæðar heils atvinnuvegar. En einnig býr fjölmargt fólk í dreifbýli sem sækir vinnu um langan veg til næsta þéttbýlis og börnum er ekið í skóla. Því eru takmörk sett hvað bjóða má ungum börnum í löngum skólaakstri á slæmum vegum. Góðir akvegir eru því hreinlega grundvallarforsenda fyrir byggð víðs vegar um landið. En það hangir fleira á spýtunni. Ferðaþjónustan er ört vaxandi atvinnugrein og miklar vonir bundnar við hana til að treysta atvinnu til sveita. Íslendingar vilja

gjarnan laða til sín ferðamenn og auglýsa náttúrufegurð landsins á erlendri grundu og þeir vilja einnig njóta hennar sjálfir. En til þess að komast að helstu náttúruperlum landsins verður oftar en ekki að keyra langar vegalengdir eftir héraðsvegum og umferð um þá er oft stríð á sumrin. Oft eru þessar leiðir líka eftirsóttar af ferðamönnum, þar á meðal hjólreiðafólki, vegna þess hvernig vegirnir liggja í landinu og allt önnur upplifun er að aka þá en mikið uppbyggðar stofnbrautir. Með fjölgun ferðamanna mun umferð um þessa vegi aukast og þar með vex þörfin fyrir uppbyggingu og endurbætur á héraðsvegunum. Góðir héraðsvegir eru því ekki sérhagsmunamál bænda heldur hluti af því að byggja Ísland upp sem ferðamannaland. Góðir vegir eru forsenda nýsköpunar í atvinnulífi til sveita.

Áætlun um uppbyggingu og slitlag á héraðsvegi.

Ástand héraðsveganna er mjög misjafnt en Vegagerðin verður að takmarka verk sín við fjárveitingar og virðist forgangsröðun að mestu miðast við flokkun vega samkvæmt vegalögum frekar en þarfir íbúa eða atvinnulífs á hverju svæði. Þannig njóta ýmsir mikilvægir tengivegir og safnvegir mjög takmarkaðrar þjónustu þótt þeir séu eina vegtenging íbúa á stórum svæðum við stofnvegi. Þá er viðhald tengivega í sveitum víða afar lítið og víst er að ferðamenn færu án efa meira um þá ef ástand þeirra væri betra. Má hér nefna veg eins og þann sem liggur út á Látrabjarg, veginn um Strandir og vegina um Hólasand og út á Melrakkasléttu.

Mjög hallar á tengivegi og safnvegi í samanburði við stofnvegi hvað varðar uppbyggingu með lagningu bundins slitlags á síðustu árum. Flutningsmenn telja þá þróun varhugaverða og geta leitt til þess að ákveðin svæði einangrist og missi af viðskiptum og öðrum tækifærum sem tengjast umferð ferðamanna. Bundið slitlag eykur og möguleika íbúanna til að komast örugglega til og frá heimili sínu. Vel má setja sérreglur um hámarkshraða á þessum vegum til að viðhalda fullnægjandi öryggisstigi. Ferðamenn hérlendis ferðast í síauknum mæli á eigin vegum og þá oft á litlum bílum, sem þola illa lélega vegi, en einnig í vaxandi mæli á reiðhjólum. Gæði veganna og umferðaröryggi ráða því miklu um samkeppnishæfni einstakra svæða til búsetu og ferðaþjónustu. Því er lögð áhersla á að átak verði gert varðandi þessa vegi, ekki hvað síst með lagningu varanlegs og bundins slitlags.

Snjómokstur, rykbinding og viðhald héraðsvega.

Sveitarfélög hafa vegna breyttra búsetuhátta orðið að efla vegaþjónustu á síðustu árum án þess að ríkið hafi aukið fjárframlög til þessara verka. Nú er algengara en áður að fólk búi í sveit en starfi jafnframt í þéttbýli og þurfi því að ferðast óhindrað nær alla daga ársins. Þá er börnum víða ekið um langan veg í skóla, m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga, og vart bjóðandi að slíkum leiðum sé ekki haldið vel við. Þessi breyting þýðir t.d. að moka þarf þessa vegi reglulega að vetrinum, en moksturinn lýtur ýmist gamalli helmingaskiptareglu ríkis og sveitarfélags eða er alfarið á kostnað sveitarfélags og viðkomandi bónda. Þá er rykbinding á malarvegum afar brýn að sumri til. Því er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar almenna þjónustu á þessum vegum og þá jafnframt verka- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessum þáttum. Ljóst er að dreifbýl sveitarfélög hafa litla burði til að standa straum af auknum kostnaði við snjómokstur eða aðra vegþjónustu.

Ákvæði um skiptingu vega í flokka í vegalögum, nr. 45/1994.

Skiptingu vega í flokka er að finna í III. og IV. kafla vegalaga. Í III. kafla um þjóðvegi segir:

„7. gr.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

8. gr.

Þjóðvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Vegakerfi þetta skal tengja öll býli á landinu, alla þéttbýlisstaði, flugvelli þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, hafnir og bryggjur ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar og aðra staði eins og nánar er lýst hér á eftir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnvegir:

Vegir sem ná til 1.000 íbúa svæðis og tengja slík svæði saman. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um vegi sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1.000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en sem svarar 5 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Tengivegir:

Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins.

Vegir að flugvöllum þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, skulu einnig vera tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk.

Safnvegir:

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast:

Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.

Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.

Landsvegir:

Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.“

Í vegalögum segir jafnframt:

„16. gr.

Í vegáætlun er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir: götur í þéttbýli, vegi yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir, vegi að bryggjum, vegi að eyðibýlum, vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir, vegi að skipbrotsmannaskýlum, vegi að skíðaskálum og skíðasvæðum, vegi að fjallskilaréttum, vegi að leitarmannaskálum, vegi að fjallaskálum, vegi að fullgerðum orkuverum, vegi að félagsheimilum, vegi að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr.

Þeir aðilar, sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda við vegi samkvæmt þessari grein, skulu annast veghald viðkomandi vegar.

Heimilt er að binda fjárveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein."

Sammála um mikilvægi héraðsveganna en framkvæmdina vantar.

Á 128. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður fram fyrirspurn til samgönguráðherra um hvort til stæði að auka fjárveitingar til safn- og tengivega og jafnframt að endurskilgreina stöðu þessara vega (290. mál).

Á það var bent að rök væru hæpin fyrir þessari flokkun vega. Vegir féllu niður um flokka og jafnvel alveg af þjóðvegaskrá, t.d. ef bær færi úr byggð, þó svo vegurinn væri áfram mikilvæg samgönguæð vegna landnytja og ferðaþjónustu. Sem dæmi má nefna að þegar áætlunarflug til flugvallar leggst niður fellur vegurinn að honum úr flokki þjóðvega og verður í raun einskismanns vegur þótt flugvöllurinn sé áfram sjúkraflugvöllur og þjónusti einkaflug. Í umræðu um fyrrnefnt þingmál kom fram hjá samgönguráðherra að þessi mál yrðu skoðuð fyrir gerð næstu samgönguáætlunar og að hann væri hlynntur uppbyggingu safn- og tengivega eftir því sem fjármagn gæfist til. Ekkert hefur þó bólað á þessari endurskoðun. Aðrir þingmenn sem tóku þátt í umræðu um málið, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Frímannsdóttir og Guðmundur Hallvarðsson, voru öll mjög jákvæð gagnvart athugasemdum flutningsmanns og nauðsyn þess að að auka fjármagn til safn- og tengivega. Jafnframt var tekið undir nauðsyn þess að taka til endurskoðunar skiptingu og flokkun vega í vegalögum.

Ástand héraðsveganna brennur mjög á íbúunum og meðfylgjandi eru sýnishorn af þeim erindum sem þingmönnum berast vegna þeirra. Þessi hópur fólks er mjög dreifður um landið og getur því illa beitt hópþrýstingi á stjórnvöld til að fylgja málum sínum eftir. Engu að síður er hér um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir það fólk sem þetta mál snertir beint daglega heldur alla þjóðina. Ekkert er fyrirséð um það hvenær þessir safn- og tengivegir víðs vegar um landið verða komnir í viðunandi horf. Því er lagt til að gert verði raunverulegt átak í uppbyggingu safn- og tengivega, svokallaðra héraðsvega, á næstu fjórum árum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf frá Ferðamálafélagi Barðastrandarsýslu til umdæmisskrifstofu vegamála á Vestfjörðum. (27. janúar 2004.)

II. Bréf frá sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps til þingmanna Norðausturkjördæmis. (26. febrúar 2004.)
III. Bréf frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar til samgöngunefndar Alþingis. (19. apríl 2004.)
IV. Bréf frá Ingunni Guðmundsdóttur, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, til þingmanna Suðurkjördæmis. (26. ágúst 2004.)
V. Bréf frá sveitarfélaginu Ölfusi til fjárlaganefndar Alþingis. (27. september 2004.)
VI. Bréf frá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps. Vegamál í Kaldrananeshreppi.
VII. Bréf frá ábúendum að Dæli í Víðidal.
VIII. Bréf frá ábúendum og eigendum jarðanna í Flókadal í Borgarfirði. (September 2003.)
IX. Úr bréfi frá sveitarstjórn Húnaþings vestra til fjárlaganefndar.
X. Úr bréfi frá hreppsnefnd Rangárþings ytra til fjárlaganefndar. (27. september 2004.)
XI. Úr bréfi frá Norður-Héraði til fjárlaganefndar. (2004.)
XII. Úr bréfi frá sveitarstjórn Dalabyggðar. (Haustið 2004.)
XIII. Bréf frá Byggðasamlagi Húnavallaskóla. (24. ágúst 2005.)
XIV. Úr greinargerð sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar til fjárlaganefndar. (September 2005.)
XV. Úr bréfum til fjárlaganefndar um tengi- og safnvegi. Úr bréfi bæjarráðs Borgarbyggðar. (Haustið 2005.) Úr bréfi sveitarstjórnar Rangárþings ytra. (27. september 2005.)

331. Svar [244. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Þórarins E. Sveinssonar um alþjónustu í fjarskiptum.

1. *Hvernig hefur Póst- og fjarskiptastofnun framfylgt ákvæði a-liðar 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 en samkvæmt því skal stofnunin m.a. vinna að því að allir landsmenn eigi aðgang að alþjónustu í fjarskiptum?*
2. *Eiga einhver svæði eða lögbýli ekki kost á alþjónustu og ef svo er, hver eru þau?*

Í fyrirspurninni er vísað til laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, og 4. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 641/2000, fellur eftirfarandi þjónusta undir alþjónustu: Talsímaþjónusta, handvirk þjónusta, þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir, gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu, aðgangur að símaskrá, aðgangur að upplýsingaþjónustu með öllum símanúmerum, almenningssímar og aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala.

Talsímaþjónusta:

Allir landsmenn hafa aðgang að almennri talsímaþjónustu og ekki er kunnugt um tilvik þar sem svo er ekki.

Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu:

Síminn hefur á undanförnum árum unnið við að uppfæra símstöðvar svo að allir sem eftir því óska hafi möguleika á internettengingu með 128 Kb/s flutningsgetu. Við upplýsingaöflun sem gerð var vegna fjarskiptaáætlunar, sem samþykkt hefur verið af Alþingi, kom fram að um 70 sveitabæir ættu ekki kost á að fá internettengingu með 128 Kb/s flutningshraða. Síðan skýrslan kom út hefur Síminn unnið að því að uppfæra símkerfin á þeim stöðum þar sem ekki hefur verið mögulegt að veita internettengingu með 128 Kb/s flutningshraða. Samkvæmt

upplýsingum frá Símanum er nú unnið að því að þjónustan nái til síðustu lögbýla á landinu og er nú þegar lokið við að tengja þjónustuna við Ísafjarðardjúp. Einnig kemur fram að í nóvember verður lokið við að tengja alla þá sem sótt hafa um samband.

Almenningssímar:

Í byrjun árs 2001 var gengið endanlega frá yfirliti yfir þá almenningssíma sem falla undir kvöð um alþjónustu. Um er að ræða alls 294 almenningssíma. Landssími Íslands hf. hefur ekki farið fram á endurskoðun listans.

Önnur þjónusta:

Önnur þjónusta sem fellur undir alþjónustu, svo sem aðgangur að 118, útgáfa símaskrár og aðgangur að neyðarsímsvörun, hefur ekki gefið tilefni til sérstakra aðgerða af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

3. *Ef þörf er á úrbótum, er þá ljóst hvenær af þeim verður? Er ætlunin að nota tekjur af sölu Símans í þær?*

Sjá svar við 1. lið varðandi úrbætur. Um fjármögnun alþjónustu sem skylt er að veita fer skv. 21. gr. fjarskiptalaga. Því er séð fyrir fjármögnun alþjónustu í fjarskiptalögum og ekki gert ráð fyrir né þörf að nota tekjur af sölu Símans í þær.

4. *Er sama gjald tekið fyrir alþjónustu um allt land?*

Sama gjaldskrá gildir um allt land varðandi verðlagningu á þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu, sbr. 2. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga. Póst- og fjarskiptastofnun hefur auk þess gert verðkannanir á talsímaþjónustu, símtölum úr almenningssímum og símtölum í upplýsinganúmerið 118. Niðurstaðan var sú að ekki væri ástæða til að setja hámarksverð.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett varðandi gæði alþjónustu.

Samanburður á gjaldskrám fyrir almenningssíma og upplýsinganúmerið 118.



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun

Ísland: Í upphafsgjaldi eru innfaldar 112,5 sek ef hringt er í fastanet. 15 sek. eru innifaldar ef hringt er í GSM 1.

Í samanburðinum er miðað við að greitt sé með mynt

Alþjóðlegur verðsamanburður á farsímaþjónustu.

OECD-lönd.



Heimild: Teligen, maí 2005



Heimild: Teligen, maí 2005

Norðurlönd.



Heimild: Teligen, maí 2005



Heimild: Teligen, maí 2005

Alþjóðlegur verðsamanburður á fastlínusíma.

OECD-lönd.



Heimild: Teligen. maí 2005



Heimild: Teligen. maí 2005

Norðurlönd.



Heimild: Teligen, maí 2005



Heimild: Teligen, maí 2005

Í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um fjarskipti kemur fram að Íslendingar greiða enn lægstu gjöldin fyrir heimilissíma ef miðað er við kaupgetu, eða um þriðjung af því sem í símnotendur greiða í dýrustu OECD-ríkjunum. Er þá miðað við meðalnotkun þegar hringt er innanlands, milli landa og í farsíma.



Þá kemur fram í OECD-skýrslunni að gjöld fyrir farsímaþjónustu eru hvað lægst hér á landi. Ef miðað er við þá sem nota farsímann lítið eru Íslendingar að greiða þriðju lægstu gjöldin. Þeir Íslendingar sem nota farsímann mest eru hins vegar að greiða hærri gjöld en farsímanotendur almennt í öðrum norrænum ríkjum.



Samanborið við önnur OECD-ríki eru gjöld fyrir utanlandssímtöl hér á landi undir meðallagi, en þó dýrari en í flestum grannríkjunum. Ræður þar mestu landfræðileg lega landsins.



Í skýrslunni kemur einnig fram að útgjöld íslenskra fyrirtækja vegna talsímaþjónustu eru langlægst eða um helmingi lægri en að jafnaði í OECD-ríkjunum.
Íslensk fjarskiptafyrirtæki greiða jafnframt lægsta verð fyrir leigulínur til að selja ýmsa virðisaukandi fjarskiptaþjónustu – og eru útgjöld þeirra 70% lægri en að jafnaði í öðrum OECD-löndunum.



Samkvæmt skýrslu OECD hafa útgjöld vegna fjarskiptaþjónustu lækkað jafnt og þétt í aðildarríkjunum á síðusta áratug eða að jafnaði um tíu af hundraði fyrir almenna notendur og fimmtung hjá fyrirtækjum. Ræður þar mestu að mörg símafyrirtæki hafa brugðist við nýrri talsímaþjónustu á Netinu með því að bjóða sama verð fyrir

innanlandssímtöl og millilandasímtöl. Þá bjóða stór símafyrirtæki sem áður voru í opinberri eigu nú jafnframt upp á ódýra netsímaþjónustu.

Skýrsla OECD um fjarskipti er gefin út annað hvert ár og byggir að stórum hluta á tölfræðiupplýsingum sem evrópskar eftirlitsstofnanir hafa tekið saman og úr kömmunum breska greiningarfyrirtækins Teligen.

Fylgiskjal.

Póst- og fjarskiptastofnun:

Lágmarkskröfur fyrir alþjónustu.

Inngangur

Samkvæmt 5. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið lágmarksgæði alþjónustu. Í þessu skjali eru skilgreiningar fyrir lágmarksgæðakröfur fyrir alþjónustu sem gilda eingöngu í neti alþjónustuaðilans. Um skilgreiningar, mælingaraðferðir og krafna til birtingar á niðurstöðum vísast til ETSI EG 201 769-1 (2000-04).

Skýringar:

Í skilgreiningunum er ávallt vísað til ETSI EG 201 769-1.

1. Afhendingartími (e.Supply time for initial connection). Sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.1.1.
2. Bilanatíðni á heimtaug (e. Faults rate per access line). Sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.2.1.
3. Biðtími vegna viðgerðar (e. Fault repair time). Sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.3.1.
4. Símtöl sem mistakast: (e. Unsuccessful call ratio). Sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.4.1.
5. Svartími (e. Call set up time). Sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.5.1.
6. Svartími fyrir þjónustuver: (e. Response times for operator services) sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.6.1.

Fyrir þjónustuver: Tími uppgefin í sekúndum sem liður frá því að síðasti tölustafur er sleginn inn ásamt nauðsynlegum kóða þar til að viðskiptavinurinn nær til þjónustufulltrúa í þjónustuverinu.

Símtöl sem komast beint í gegn: Hlutfall símtala sem er svarað strax af þjónustufulltrúa.

7. Svartími fyrir upplýsingaþjónustu: (e. Response times for directory enquiry services) sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.7.1.

Fyrir upplýsingaþjónustu: Tími uppgefinn í sekúndum sem líður frá því að síðasti tölustafur er sleginn inn ásamt nauðsynlegum kóða þar til að viðskiptavinurinn nær til þjónustufulltrúa í upplýsingaþjónustunni.

Símtöl sem komast beint í gegn: Hlutfall símtala sem er svarað strax af þjónustufulltrúa.

8. Hlutfall af almenningssímum sem eru virkir: (e. Proportion of card and coin operated public pay-telephones in working order) sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.8.1.
9. Kvartanir vegna reikninga (e. Bill correctness complaints) sjá ETSI EG 201 769 [1], kafli 5.9.1.

Fjöldi reikninga uppgefið í prósentum sem notendur kvarta yfir.

Afhendingarnákvæmni: Að lína eða tenging sé tengd á þeim degi sem þjónustufulltrúi gaf upp.

1.0 Kröfur til alþjónustu

1.1 Númeraupplýsingar 118

Færibreyta	Markmið
Símtöl sem komast beint í gegn	90%
Svartími	Undir 15 sek (fyrir utan almennan tengitíma.)

1.2 Svartími af símtölum í þjónustuver

Færibreyta	Markmið
Símtöl sem komast beint í gegn	80%
Biðtími í röð til þjónustuvers	20 sekúndur að meðaltali

1.3 Talsímaþjónusta (PSTN)

Færibreyta	Markmið
Afhendingartími fyrir tengingar: 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	Meðalafhendingartími: 1. 3 dagar 2. 10 dagar
Afhendingarnákvæmni	95% tengt á áðurnefndum degi
Biðtími vegna viðgerða: Bilanir: 1. 80% af bilunum 2. 95% af bilunum	Meðaltími 1. 60 tímar 2. 84 tímar
Bilanatíðni á hverja heimtaug	0,2%
Símtöl sem mistakast	Hámark 3% (eingöngu innanlands símtöl)
Svartími í neti	Meðaltími til að setja upp símtal er 3 sekúndur og 95% af símtölum skulu sett upp innan 4 sekúndna.
Kvartanir vegna reikninga Samanlagt vegna PSTN og ISDN.	0,10 %

1.4 ISDN-þjónusta (ISDN2)

Færibreyta	Markmið
Afhendingartími fyrir tengingar: 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	Meðalafhendingartími: 1. 3 dagar 2. 10 dagar
Afhendingarnákvæmni	Að 95% sé afhent til viðskiptavinarins á þeim degi sem gefinn var upp
Biðtími vegna viðgerða: 1. 80% af bilunum 2. 95% af bilunum	Meðaltími: 1. 60 tímar 2. 84 tíma
Símtöl sem mistakast	Hámark 3% (eingöngu innanlands símtöl)
Bilanatíðni á hverja heimtaug	0,2%
Svartími í neti (e. Call set up time):	Meðaltími til að setja upp símtal er 3 sekúndur og 95% af símtölum skulu sett upp innan 4 sekúndna.
Kvartanir vegna reikninga Samanlagt vegna PSTN og ISDN.	 0,10%

1.5 Leigulínur

Færibreyta	Markmið
Afhendingartími fyrir tengingar: **2- og 4-þráða:** 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	Meðalafhendingartími: 1. 10 dagar 2. 18 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: **Fyrir 64 kbit/s:** 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	Meðalafhendingartími: 1. Minna en 18 dagar 2. Minna en 20 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: **Fyrir línur stærri en 64 kbit/s til 2048 kbit/s:** 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	 1. Minna en 30 dagar 2. Minna en 35 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar Afhendingartími fyrir tengingar:	Meðal afhendingartími:

Fyrir línur stærri en 2048 kbit/s: 1. 95% af pöntunum 2. 99% af pöntunum	 1. Minna en 33 dagar 2. Minna en 35 dagar
Biðtími vegna viðgerðar á línum: 1. 80% af bilunum 2. 95% af bilunum	Meðaltími: 1. 24 tímar 2. 48 tímar
Röng afhending á línu	Undir 0,35%

1.6 Almenningssímar

Færibreyta	Markmið
Hlutfall af almenningssímum sem eru virkir	Að 90% almenningssíma séu virkir

1.7 Kröfur um hámarkstíma vegna afhendingar- og viðgerða.

Færibreyta	Markmið
Afhendingartími fyrir tengingar Talsímaþjónusta (PSTN)	14 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: ISDN-þjónustu (ISDN2)	14 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: Leigulínur 2- og 4-þráða	36 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: Leigulínur 64 kbit/s	36 dagar
Afhendingartími fyrir tengingar: Leigulínur 2 Mbit/s og stærra	36 dagar
Biðtími vegna bilana: Talsímaþjónusta (PSTN)	Innan við 14 daga
Biðtími vegna bilana: ISDN-þjónusta (ISDN2)	Innan við 14 daga
Biðtími vegna bilanna: Leigulínur	Innan við 14 daga

1.8 Skýrslur vegna gæða alþjónustu

Í samræmi við ETSI EG 201 769 [1], kafli 4.6 skal alþjónustuaðilinn senda inn árlega skýrslu um gæði alþjónustu.

332. Svar [196. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um Íbúðalánasjóð.

1. *Hver má áætla að markaðshlutdeild nýrra lána Íbúðalánasjóðs sé á þessu ári samanborið við síðasta ár, sundurliðað eftir höfuðborgarsvæði og landsbyggð?*

Aflað var upplýsinga hjá Íbúðalánasjóði.

Ekki eru fyrirliggjandi áreiðanlegar upplýsingar um markaðshlutdeild lánastofnana í nýjum íbúðalánum.

Með samanburði á fjölda þinglýstra kaupsamninga og fjölda nýrra lána Íbúðalánasjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins má hins vegar lauslega áætla að markaðshlutdeild sjóðsins í nýjum íbúðalánveitingum sé um 44% á höfuðborgarsvæðinu en yfir 90% á landsbyggðinni. Með sömu aðferðafræði má áætla að markaðshlutdeild sjóðsins á árinu 2004 hafi verið um 65% á höfuðborgarsvæðinu en yfir 95% á landsbyggðinni.

Ef litið er til útistandandi lána á íbúðalánamarkaði var áætluð markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs um 56% í lok fyrsta ársfjórðungs 2005, hlutdeild banka var um 31% og hlutdeild lífeyrissjóða um 13%. Á sama tíma á árinu 2004 var áætluð markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs um 80%, hlutdeild banka um 5% og hlutdeild lífeyrissjóða um 15%.

2. *Hversu margir lántakendur eru með eru 4,15% vexti á íbúðalánum eða lægri og hversu margir eru með hærri vexti, þ.e. annars vegar 4,15–4,9% og hins vegar 5% eða hærri?*

Upplýsingar um skiptingu lántakenda eftir útlánsvöxtum sem þeir greiða má sjá í töflu 1. Fjöldi lántakenda sem greiða lægri ársvexti en 4,15% er 8.382, eða um 11% af lántakendum. Lántakendur sem greiða ársvexti á bilinu 4,15–4,90% eru 22.586, eða um 31%, og fjöldi þeirra sem greiða hærri ársvexti en 4,90% er 42.971, eða um 58%.

Tafla 1. Fjöldi lántakenda og vaxtastig útlána.

Ársvextir, %	Fjöldi lántakenda
0–4,15	8.382
4,15	5.815
4,16–4,90	3.709
4,90	13.062
4,98–5,10	2.346
5,10	29.669
5,11–6,00	6.277
6,00	4.679
Heildarfjöldi	**73.939**

3. *Hve stór hluti lántakenda hefur greitt upp lán sín vegna endurfjármögnunar frá 1. ágúst 2004 til 1. október 2005, skipt eftir mánuðum og eftir landsbyggð og höfuðborgarsvæði, og um hve háar fjárhæðir er að ræða?*

Í töflu 2 má sjá hvernig uppgreiðslur lána hjá Íbúðalánasjóði skiptast milli mánaða og landshluta. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hvort um er að ræða uppgreiðslur vegna endurfjármögnunar eða af öðrum orsökum. Hins vegar skal tekið fram að algengt er að eldri

lán frá Íbúðalánasjóði séu greidd upp við eigendaskipti á íbúð og nýtt lán tekið hjá sjóðnum vegna sömu eignar. Lánum hefur fækkað og meðalfjárhæð þeirra hækkað í kjölfar lagabreytinga á síðastliðnu ári. Í lok september voru rúmlega 110 þúsund lán hjá sjóðnum.

Tafla 2. Uppgreiðslur eftir mánuðum. Höfuðborgarsvæði og landsbyggðin.

Ár	Mánuður		Fjöldi veða	Fjárhæð, millj. kr.
2004	ágúst	Höfuðborgarsvæðið	387	1.839
		Landsbyggðin	135	471
2004	september	Höfuðborgarsvæðið	1.569	9.167
		Landsbyggðin	640	3.023
2004	október	Höfuðborgarsvæðið	2.316	14.565
		Landsbyggðin	1.117	5.587
2004	nóvember	Höfuðborgarsvæðið	2.365	14.838
		Landsbyggðin	1.047	5.387
2004	desember	Höfuðborgarsvæðið	2.161	13.523
		Landsbyggðin	866	4.509
2005	janúar	Höfuðborgarsvæðið	1.451	9.034
		Landsbyggðin	567	2.801
2005	febrúar	Höfuðborgarsvæðið	1.594	10.040
		Landsbyggðin	655	3.233
2005	mars	Höfuðborgarsvæðið	1.719	10.857
		Landsbyggðin	614	3.318
2005	apríl	Höfuðborgarsvæðið	1.576	9.867
		Landsbyggðin	715	3.663
2005	maí	Höfuðborgarsvæðið	1.450	9.116
		Landsbyggðin	608	2.942
2005	júní	Höfuðborgarsvæðið	1.240	7.489
		Landsbyggðin	617	3.255
2005	júlí	Höfuðborgarsvæðið	1.108	7.171
		Landsbyggðin	569	3.022
2005	ágúst	Höfuðborgarsvæðið	1.018	6.134
		Landsbyggðin	490	2.452
2005	september	Höfuðborgarsvæðið	1.058	6.566
		Landsbyggðin	533	2.708
Samtals			**30.185**	**176.577**

4. *Hve miklar voru brúttó- og nettótekjur af vaxtaálagi á sl. ári og áætlaðar tekjur á yfirstandandi ári og hve mikið af tekjunum hefur farið til að greiða rekstrarkostnað annars vegar og tap af útlánum hins vegar?*

Vaxtaálag ÍLS-veðbréfa er 0,60% og skiptist þannig að 0,15% er vegna rekstrarkostnaðar, 0,20% er vegna afskriftaáhættu og 0,25% til að mæta uppgreiðsluáhættu.

Árið 2004 voru heildarvaxtatekjur (brúttó) Íbúðalánasjóðs 38,4 milljarðar kr. og heildarvaxtagjöld 36,5 milljarðar kr. Hreinar vaxtatekjur (nettó) voru tæpir 1,9 milljarðar kr.

Rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs árið 2004 var 654 millj. kr. en endanlega töpuð útlán árið 2004 námu rúmum 61 millj. kr., eða um 0,015% af heildarútlánum sjóðsins.

Áætlun fyrir árið 2005 gerir ráð fyrir að heildarvaxtatekjur (brúttó) yfirstandandi árs verði 31,8 milljarðar kr. en hreinar (nettó) vaxtatekjur rúmir 1,5 milljarðar kr. Áætlaður rekstrarkostnaður árið 2005 er 749 millj. kr. Framlag á afskriftareikning á yfirstandandi ári er áætlað 440 millj. kr. Endanlega töpuð útlán fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2005 námu um 40 millj. kr., eða um 0,01% af heildarútlánum sjóðsins.

5. *Telur ráðherra að svigrúm sé til að lækka vaxtaálag og þar með vexti af lánum Íbúðarlánasjóðs? Ef svo er, hvert er svigrúmið?*

Samkvæmt reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs, nr. 544/2004, með síðari breytingum, skal sjóðurinn hafa það að langtímamarkmiði að halda eiginfjárhlutfalli sjóðsins yfir 5%, miðað við reglur Fjármálaeftirlitsins. Í júlí 2004 var eiginfjárhlutfallið 5,1% en hefur frá þeim tíma farið heldur hækkandi og er í dag 5,8%. Fjárhagur Íbúðalánasjóðs er því traustur, sem meðal annars endurspeglast í góðu lánshæfismati sjóðsins, en samkvæmt útreikningum ráðgjafa sjóðsins þarf vaxtaálag að vera að lágmarki um 0,5–0,6% til að sjóðurinn geti viðhaldið eiginfjárhlutfalli og styrk í samræmi við lög og reglugerðir.

Eins og fram kemur í svari við 4. lið er vaxtaálag ÍLS-veðbréfa 0,60% og skiptist þannig að 0,15% er vegna rekstrarkostnaðar, 0,20% er vegna afskriftaáhættu og 0,25% til að mæta uppgreiðsluáhættu.

Kostnaðarhlutfall hjá Íbúðalánasjóði, þ.e. kostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum, er talsvert lægra en hjá innlendum bönkum og sambærilegt við aðra íbúðalánasjóði í nágrannalöndunum. Rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs hefur frá stofnun sjóðsins verið að meðaltali um 0,15% af meðaleignum hans og því er ljóst að ekki er svigrúm til að lækka þann hluta vaxtaálagsins.

Afskriftir af lánum Íbúðalánasjóðs hafa verið litlar undanfarin ár og er það mat sérfræðinga sjóðsins að svigrúm sé til staðar til að lækka vaxtaálagið vegna þessa um allt að 0,1 prósentustigi. Reynsla frá öðrum löndum sem við berum okkur saman við gefur til kynna að 0,1% afskriftarálag gæti verið ásættanlegt. Hins vegar hafa uppgreiðslur eldri lána verið mun meiri en gert var ráð fyrir þegar ráðist var í lagabreytingar árið 2004, þótt þar sé aðallega um að ræða lán sem gefin voru út fyrir gildistöku þeirra breytinga. Sviptingar hafa verið miklar á íbúðalánamarkaði undanfarin missiri og hefur húsnæðisverð hækkað mikið. Einnig hefur ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði sveiflast mikið og hækkar hún nú mjög hratt. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að fara varlega í að lækka vaxtaálagið enda er þjóðhagslega mikilvægt að tryggt sé að Íbúðalánasjóður geti staðið við skuldbindingar sínar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurðaði nýlega að ákvæði í lánaskilmálum ýmissa fjármálafyrirtækja um uppgreiðsluþóknun stangist ekki á við lög. Í 3. mgr. 23. gr. laga um húsnæðismál er kveðið á um að félagsmálaráðherra geti sett reglugerð sem heimili ÍLS að bjóða lántakendum lægra vaxtaálag, gegn því að viðkomandi afsali sér rétti til uppgreiðslu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að nýta þessa reglugerðarheimild en ef það verður gert getur Íbúðalánasjóður lækkað vaxtaálag sitt um 0,25%, eða niður í 0,35%, gegn því að lántakendur undirriti yfirlýsingu um að þeir afsali sér uppgreiðslurétti. Vaxtaálagið yrði þá nálægt nettó vaxtaálagi, sem samkvæmt árshlutauppgjöri eftir annan ársfjórðung ársins 2005 er 0,32%.

Af framansögðu er ljóst að við núverandi aðstæður er tæpast svigrúm til að lækka vaxtaálag Íbúðalánasjóðs. Þó væri mögulegt að taka upp valkvætt uppgreiðsluálag, þ.e. að bjóða

þeim er þess óskuðu að greiða uppgreiðslugjald og með því væri hægt að lækka útlánavexti sjóðsins um 0,25 prósentustig til þeirra lántakenda sem vilja nýta sér þennan möguleika.

333. Svar [249. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um mannaráðningar hjá Ríkisútvarpinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir og hvaða starfsmenn hafa verið ráðnir án auglýsingar til Ríkisútvarpsins til þess að sjá um dagskrárgerð og fréttatengt efni í sjónvarpi á sl. 10 árum? Óskað er eftir að sundurgreint verði í svarinu til hvaða þátta fólk hefur verið ráðið.

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu um svar við fyrirspurninni. Þar kemur fram að grundvallarbreytingar hafi verið gerðar á skipulagi dagskrárgerðar í sjónvarpi og útvarpi í kjölfar hagræðingarverkefnisins Betri rekstur árið 1997. Jafnframt hafi verið gerðar veigamiklar breytingar á stjórnskipulagi stofnunarinnar, sem m.a. höfðu í för með sér að ýmis störf hjá stofnuninni voru lögð niður og önnur búin til. Störf dagskrárgerðarmanna hjá sjónvarpi voru meðal þeirra sem voru lögð niður.

Laus störf á fréttastofum Ríkisútvarpsins eru auglýst og útvarpsráð gefur útvarpsstjóra umsagnir um ráðningu fastráðinna fréttamanna. Frá árinu 1997 hafa nánast allir dagskrárgerðarmenn í sjónvarpi starfað sem verktakar en þeir sem ráðnir hafa verið sem launþegar án undangenginna auglýsinga eru Eva María Jónsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Jóhanna Vilhjálmsdóttir (í hlutastarf) og Þórhallur Gunnarsson. Sú fyrstnefnda hefur látið af störfum. Öll starfa, eða hafa starfað, við þættina Kastljós og Kastljósið. Ekki hefur verið auglýst eftir starfsmönnum í þau störf sem unnin eru í verktöku.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, skulu laus störf við ríkisstofnanir auglýst opinberlega. Ráðuneytið mun beina tilmælum til Ríkisútvarpsins um að stofnunin fari að lögum í þessu efni.

334. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti nefndarinnar gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 11.240 m.kr. frá áætlun í frumvarpinu. Þá gerir meiri hlutinn 33 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 3.284,4 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 113 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 98 m.kr. fjárveiting til að jafna út rekstrarhalla embættisins. Þar af eru 13,3 m.kr. vegna halla í ár en 84,7 m.kr. vegna uppsafnaðs halla frá fyrri árum. Á umliðnum árum hefur misræmi milli útgjalda og fjárveitinga aukist og brýnt er að það verði brúað. Í lok október 2004 fóru embætti forseta Íslands og forsætisráðuneytið þess á leit við Ríkisendurskoðun að stofnunin skoðaði ýmsa þætti í fjármálum embættis forseta Íslands. Tillagan byggist á niðurstöðu þeirrar skoðunar.

201 Alþingi.

5.20 Fasteignir. Lögð er til 15 m.kr. fjárveiting til viðhalds Alþingishúss. Fjárveiting til þess nemur í ár 60 m.kr. en Framkvæmdasýsla ríkisins áætlaði í september að kostnaður gæti numið 86,2 m.kr. og orðið þannig 26,2 m.kr. hærri en fjárveitingu nemur. Alþingi getur ráðstafað 11,2 m.kr. af ónotuðum fjárveitingum til viðhalds fasteigna og framkvæmda til að brúa bilið svo að fjárþörf á fjáraukalögum verður 15 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 38 m.kr.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 5,5 m.kr. fjárveitingu til Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti vegna rekstrarvanda safnsins síðustu tvö ár og ófyrirséðra atvika.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til að styrkja gerð spænsk-íslenskrar orðabókar. Áhugi á spænskunámi hefur vaxið verulega á síðustu árum hér á landi en það hefur hins vegar háð spænskukennslu og -námi á Íslandi að ekki hefur verið gefin út spænsk-íslensk orðabók. Unnin hafa verið drög að slíkri orðabók og er stefnt að því að í henni verði 40 þúsund orð og að vinnslu hennar ljúki á þremur árum. Heildarkostnaður við orðabókina er áætlaður 90 m.kr. og er farið fram á að ríkið styrki útgáfuna með 15 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál.

1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á safnliðnum vegna skákmóts á Grænlandi.

999 Ýmislegt.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til uppbyggingar í tengslum við Unglingalandsmót 2005 sem haldið var í Vík í Mýrdal.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 18,1 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Gerð er tillaga um 18,1 m. kr. framlag vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um neyðaraðstoð í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan í september sl. Framlaginu verður skipt milli Rauða kross Íslands, 150.000 USD, UNICEF, 75.000 USD og World Food Program, 75.000 USD.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 2.307,7 m.kr.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands. Lögð er til 69,2 m.kr. fjárveiting til að jafna út uppsafnaðan rekstrarhalla og er þá miðað við að stofnunin verði hallalaus í árslok 2005. Hallinn skiptist þannig að 6,2 m.kr. er áætlaður hallarekstur í ár vegna kostnaðar við sameiningu en 63 m.kr. er óuppgerður uppsafnaður rekstrarhalli þeirra stofnana sem sameinuðust í Landbúnaðarháskóla Íslands í árslok 2004. Tillagan kemur til viðbótar 38,5 m.kr. framlagi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og samtals er því gerð tillaga um 107,7 m.kr. vegna hallareksturs og kostnaðar við sameiningu stofnananna.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 30,5 m.kr. fjárveitingu til að gera upp halla á framkvæmdum við nýtt fjós á Hvanneyri. Er sú fjárhæð til viðbótar 22,3 m.kr. framlagi vegna virðisaukaskatts sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og samtals er því gerð tillaga um 52,8 m.kr. vegna fjósbyggingarinnar. Samkvæmt upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að kostnaður við fjósbygginguna yrði 132,6 m.kr. en þar af var kostnaður við ýmsan búnað 11,2 m.kr. og gert ráð fyrir að 26,1 m.kr. virðisaukaskattur af framkvæmdunum fengist endurgreiddur. Heildarkostnaður að þessum liðum frádregnum var því áætlaður 95,3 m.kr. Þegar upp var staðið reyndist þessi kostnaður hafa orðið 91,7 m.kr., eða 3,6 m.kr. innan áætlunar. Kostnaður við búnað varð hins vegar mun meiri en áætlað var, eða 39,7 m.kr., og heildarkostnaður við framkvæmdina, án virðisaukaskatts, varð því 131,4 m.kr. Til framkvæmdanna hafði skólinn 70 m.kr. á fjárlögum og 25 m.kr. styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, auk þess sem smærri styrkir og vaxtatekjur námu 5,9 m.kr. Alls hefur skólinn því haft 100,9 m.kr. til framkvæmda við fjósið á móti 131,4 m.kr. kostnaði og nemur halli skólans af framkvæmdunum fyrir utan virðisaukaskatt því 30,5 m.kr.

331 Héraðsskógar.

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði. Gerð er tillaga um að veita Héraðsskógum 8 m.kr. aukafjárveitingu til leiðréttingar á mistökum sem urðu vegna ósamræmis í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 og talnagrunni frumvarpsins.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.95 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að 2.200 m.kr. af söluandvirði eigna Lánasjóðs landbúnaðarins verði látnar renna til Lífeyrissjóðs bænda. Samkvæmt lögum nr. 68/2005, um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, skal söluandvirði sjóðsins, að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, renna til Lífeyrissjóðs bænda samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum. Tillagan miðast við að eignir sjóðsins standi undir heildarskuldbindingum hans samkvæmt fyrirliggjandi úttekt á áætlaðri tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í lok þessa árs. Umsamið grunnsöluverð helstu eigna sjóðsins að teknu tilliti til yfirtekinna skulda var 2.653 m.kr. Ýmsum uppgjörum í kringum söluna er ólokið og sjóðurinn á auk þess nokkrar eignir óseldar. Er lagt til að ráðstafað verði 2.200 m.kr. af söluandvirðinu til Lífeyrissjóðs bænda og á sjóðurinn þá að vera í jafnvægi miðað við skuldbindingar hans.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

1.01 Almenn starfsemi. Gerð er tillaga um 10 m.kr. aukafjárveitingu til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins geti hafið rannsóknir og þróunarverkefni er hafa að markmiði að

auka verðmæti sjávarfangs með áherslu á ál og humar. Annars vegar verði þróuð vinnslutækni og flutningatækni til að gera mögulegt að markaðssetja og selja lifandi humar á erlendum mörkuðum og hins vegar verði þróaðar aðferðir við eldi og vinnslu á ál. Þá verði markaðir kannaðir.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 47,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður. Lögð er til 3 m.kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði í tvo mánuði á þessu ári við sérstakan ríkissaksóknara í umfangsmiklu máli þar sem ríkissaksóknari sagði sig frá málinu til að gæta hæfisreglna. Fjárveitingin er ætluð til þess að standa undir launakostnaði, sérfræðiaðstoð og húsnæði. Samsvarandi tillaga verður sett fram við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006. Alls er gert ráð fyrir 18 m.kr. til verkefnisins á tólf mánaða tímabili.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Lagt er til að fjárheimild þjóðkirkjunnar hækki um 38,8 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar greiðir ríkið m.a. laun presta, prófasta, vígslubiskupa og biskups Íslands í samræmi við úrskurði kjaranefndar og Kjaradóms. Á þessu ári úrskurðaði Kjaradómur um 3% hækkun launa biskups Íslands frá 1. janúar eins og reiknað hafði verið með í fjárlögum en ákvað auk þess 2% hækkun frá 1. júlí. Kjaranefnd úrskurðaði einnig um 3% hækkun frá 1. janúar til presta, prófasta og vígslubiskupa í samræmi við forsendur fjárlaga en því til viðbótar ákvað nefndin að laun þeirra skyldu hækka um 4,5% frá 1. febrúar. Loks úrskurðaði kjaranefnd um breytingar á fyrirkomulagi launa presta þannig að 1,6 mánuðir sem þeir höfðu fengið greidda aukalega á hverju ári fyrir að leysa hver annan af í sumarleyfum og á vikulegum frídögum voru færðir inn í grunnlaunin frá 1. júlí. Samtals er áætlað að launakostnaður þjóðkirkjunnar aukist um tæplega 91 m.kr. við þessar breytingar á árinu 2005. Þar af höfðu þegar verið millifærðar 52,3 m.kr. til þjóðkirkjunnar af launa- og verðlagslið fjárlaga, einkum vegna hækkunarinnar 1. febrúar. Ekki var reiknað með að hækkun grunnlauna frá 1. júlí hefði teljandi áhrif þar sem á móti áttu að falla niður afleysingagreiðslur. Í ljós hefur komið að kjaranefnd ákvað að þær greiðslur féllu ekki niður á þessu ári heldur á næsta ári og framvegis og er því leitað eftir fjárheimild til að mæta því sem á vantar vegna kostnaðaráhrifa úrskurðanna. Í tillögunni er jafnframt gerð leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimilda fjárlaga fyrir árið 2005.

707 Kristnisjóður.

1.10 Kristnisjóður. Lagt er til að fjárveiting til Kristnisjóðs hækki um 5,7 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar greiðir ríkið sjóðnum árlegt framlag sem svarar til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllunum. Eins og fram kemur í skýringum við lið 06-701 Þjóðkirkjan hefur kjaranefnd hækkað laun presta og fært aukagreiðslur inn í föst laun þeirra í þremur úrskurðum á árinu. Fjárheimildinni er ætlað að mæta áhrifum úrskurðanna á framlagið til sjóðsins umfram það sem þegar hefur verið gert með millifærslu af launa- og verðlagslið fjárlaga fyrr á árinu.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 100,6 m.kr.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að 6,9 m.kr. verði varið til stofnana fatlaðra vegna ákvæða í kjarasamningum um vinnufatnað starfsmanna á heimilum fyrir fatlaða. Áformað er að félagsmálaráðuneyti móti reglur um framkvæmd greiðslna og millifæri fjárhæðir á einstakar stofnanir.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við starfsmat sem samið var um í kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins frá 2001 vegna starfsmanna sem sinna þjónustu við fatlaða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 12,2 m.kr. framlagi sem er uppgjör fyrir árin 2002–2004 en ekki var gert ráð fyrir leiðréttingu vegna ársins 2005. Samtals er því gert ráð fyrir 18,2 m.kr. framlagi vegna starfsmatsins.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.

1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Gerð er tillaga um 23 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við starfsmat sem samið var um í kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins frá 2001 vegna starfsmanna sem sinna þjónustu við fatlaða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 45 m.kr. framlagi sem er uppgjör fyrir árin 2002–2004 en ekki var gert ráð fyrir leiðréttingu vegna ársins 2005. Samtals er því gerð tillaga um 68 m.kr. framlag vegna starfsmatsins.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lögð er til 125 m.kr. lækkun á fjárveitingum til atvinnuleysisbóta til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan tekur mið af nýjum upplýsingum um útstreymi úr sjóðnum það sem af er árinu. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 518 m.kr. lækkun á greiðslum úr sjóðnum og samtals er því reiknað með að þær lækki um 643 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2005.

989 Fæðingarorlof.

1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins. Gerð er tillaga um 38,5 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna umsýslu stofnunarinnar með Fæðingarorlofssjóði. Kostnaðurinn hefur reynst meiri en ráð var fyrir gert í samningi félagsmálaráðuneytisins og Tryggingastofnunar. Um er að ræða fjárhæð sem aðilar eru sammála um að hafi fallið til á árunum 2001–2005. Unnið er að endurskoðun samnings um umsýslu Tryggingastofnunar með Fæðingarorlofssjóði.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lögð er til 50 m.kr. lækkun á fjárveitingu til Fæðingarorlofssjóðs frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2005. Framlagið hækkar þá um 300 m.kr. í stað 350 m.kr. eins og áður var áætlað.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 290,9 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að 38,5 m.kr. hækkun sértekna stofnunarinnar vegna endurmats á greiðslum fyrir umsýslu með Fæðingaorlofssjóði aftur til ársins 2001. Fjárhæðin færist bæði sem sértekjur og sem fjárheimild til að mæta útlögðum kostnaði. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Trygg-

ingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Endurmat félagsmálaráðuneytis og Tryggingastofnunar á umsýslukostnaði sjóðsins fyrir liðin ár leiddi í ljós hærri kostnað við umsýslu sjóðsins en samningur kveður á um. Hins vegar er gert ráð fyrir lækkandi umsýslukostnaði samhliða lækkun greiðslna úr sjóðnum.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 75 m.kr. fjárveitingu til að mæta auknum kostnaði við hönnun nýs greiðslukerfis lífeyristrygginga. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við verkefnið nemi 350–380 m.kr. og að því ljúki á árinu 2006. Kostnaður við verkefnið hefur reynst hærri en upphaflega var gert ráð fyrir og stofnunin hefur ekki fjárveitingar til að standa undir þeim útgjöldum sem stefnir í á þessu ári. Ekki er talið skynsamlegt að fresta framkvæmdum við verkefnið og því er óskað eftir þessari fjárheimild.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Gerð er tillaga um 26 m.kr. til að mæta kostnaði við að fjölga einingum læknisverka í samningi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna milli Tryggingastofnunar og Læknafélags Reykjavíkur. Fjöldi eininga í núverandi samningi er byggður á áætlun um fjölda læknisverka á árinu 2004 en lagt er til að raunverulegur fjöldi eininga 2004 verði lagður til grundvallar. Þá er gert ráð fyrir að bæta við einingum vegna svæfinga í kjölfar ákvörðunar um fjölgun læknisverka við bæklunarlækningar.

1.31 Þjálfun. Lagt er til að millifærð verði 29,5 m.kr. fjárveiting af þjálfunarlið sjúkratrygginga til Reykjalundar vegna atvinnulegrar endurhæfingar. Reykjalundur hefur sinnt atvinnulegri endurhæfingu samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að nýr þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Reykjalundar taki einnig til þessa verkefnis og verði það ekki greitt af fjárveitingum Tryggingastofnunar eins og verið hefur.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Lögð er til 1,9 m.kr. hækkun á lögbundnu framlagi til tóbaksvarna þannig að það verði í samræmi við brúttósölu tóbaks eins og lög kveða á um.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

5.60 Viðhald. Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til viðhalds eigna Landspítala – háskólasjúkrahúss.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til að stytta bið eftir aðgerðum á sjúkrahúsum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um 11 m.kr. til að mæta kostnaði við gagnkvæm starfsmannaskipti íslenskra og kínverskra heilbrigðisstofnana. Kínversk yfirvöld hafa óskað eftir að senda til Íslands einn kínverskan lækni og einn hjúkrunarfræðing til að kynna sér meðferðir og forvarnir við AIDS. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið greiði húsnæði og uppihald vegna tveggja starfsmanna í níu mánuði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær boðið verði upp á að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn haldi til starfa í Kína, en reiknað er með að auglýsing þess efnis verði birt innan tíðar.

6.91 Upplýsingatæknimál. Lagt er til að 17 m.kr. verði varið til verkefna á sviði rafrænnar sjúkrarskrár, þ.e. rafrænna lyfseðla og miðlægrar bólusetningarskrár. Rafrænir lyfseðlar munu hafa í för með sér mikinn fjárhagslegan ávinning og auka meðferðaröryggi lyfseðla. Miðlæg bólusetningarskrá hefur mikla þýðingu við skipulagningu sótt-

varna og byggist á rafrænum samskiptum heilsugæslu við gagnagrunn sóttvarnalæknis. Uppbygging á samskiptabúnaði stofnana er nauðsynleg til að hægt sé að hrinda verkefninu í framkvæmd.

401 Hjúkrunarheimili, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Gerð er tillaga um 100 m.kr. óskipt framlag vegna rekstrarvanda hjúkrunarheimila.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Lagt er til að millifærð verði 29,5 m.kr. fjárveiting af þjálfunarlið sjúkratrygginga til stofnunarinnar vegna atvinnulegrar endurhæfingar. Reykjalundur hefur sinnt atvinnulegri endurhæfingu samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að nýr þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Reykjalundar taki einnig til þessa verkefnis og verði það ekki greitt af fjárveitingum Tryggingastofnunar eins og verið hefur.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 85 m.kr.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Áætlað er að ríkissjóður greiði 85 m.kr. fjármagnstekjuskatt af hagnaði af sölu Lánasjóðs landbúnaðarins. Er fjárhæðin einnig færð sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu hans.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 444,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli. Lagt er til að veitt verði 18 m.kr. framlag til verkefnis sem felur í sér úttekt á Reykjavíkurflugvelli og vinnu starfshóps sem samgönguráðherra hefur skipað með þátttöku Reykjavíkurborgar. Áætlað er að heildarkostnaður verði allt að 36 m.kr. og greiðir Reykjavíkurborg helming hans á móti ríkissjóði. Þar er einnig talinn með kostnaður við vinnuhóp um samgöngumiðstöð.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 26,8 m.kr. framlag vegna kostnaðar sem féll á samgönguráðuneytið við gjaldþrot ferðaskrifstofunnar Samvinnuferðir–Landsýn en ábyrgðir ferðaskrifstofunnar reyndust ekki halda þegar á reyndi. Málið fór fyrir Hæstarétt sem ekki féllst á að reisa mætti fjárkröfu á hendur útgefendum ábyrgðanna á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar þeirrar sem þeir höfðu afhent samgönguráðuneytinu.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.07 Þjónusta. Gerð er tillaga um 100 m.kr. framlag vegna aukinna hálkuvarna. Með bættu vegakerfi og meira bundnu slitlagi á vegum en áður þarf að auka vetrarþjónustu. Nú er svo komið að nauðsynlegt er að uppfæra vetrarþjónustureglur sem Vegagerðin hefur stuðst við. Þessar breytingar þýða um 10% hækkun á kostnaði við vetrarþjónustu eða um 100 m.kr. kostnaðarauka.

212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar.

6.10 Framkvæmdir. Lagt er til að veitt verði 300 m.kr. framlag til endurbóta og öryggisaðgerða á veginum um Óshlíð. Tillaga þessi er gerð með vísan til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 30. september sl. um málið.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

411 Samkeppniseftirlitið.

1.01 Samkeppniseftirlitið. Lagt er til að veittar verði 20 m.kr. til að efla samkeppniseftirlit með því að fjölga starfsfólki.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 10 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til Veðurstofu Íslands til að endurnýja LORAN-tengdan móttökubúnað og koma upp GPS-staðsetningarbúnaði. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur sagt upp samningi um háloftarannsóknir og búnaður sá, sem til rannsóknanna hefur verið notaður, er í eigu varnarliðsins. Jafnframt verður gerð tillaga um 5 m.kr. rekstrarfjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2006.

SKÝRINGAR VIÐ 3. GR.

Í frumvarpinu er felld niður 8,7 milljarða kr. lánsfjárheimild vegna þess að Íbúðalánasjóður hætti að veita viðbótarlán fyrir hönd sveitarfélaganna. Hins vegar láðist að bæta þeirri lánsfjárheimild við heimild sjóðsins til almennra íbúðalána, en gera má ráð fyrir að stór hluti viðbótarlána sem húsnæðisnefndir sveitarfélaganna veittu færist þangað.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 11. nóv. 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Drífa Hjartardóttir.

Guðmundur Hallvarðsson.

335. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BjarnB, BJJ, DrH, GHall).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-101 Embætti forseta Íslands			
1.01 Yfirstjórn	0,0	98,0	98,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*98,0*	*98,0*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
5.20 Fasteignir	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-919 Söfn, ýmis framlög			
1.90 Söfn, ýmis framlög	0,0	5,5	5,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,5*	*5,5*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-983 Ýmis fræðistörf			
1.11 Styrkir til útgáfumála	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
5. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.90 Ýmis íþróttamál	0,0	2,5	2,5
6. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	0,0	15,0	15,0
7. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	31,0	18,1	49,1
8. Við **04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands**			
a. 1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands	38,5	69,2	107,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	22,3	30,5	52,8
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-331 Héraðsskógar			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,0	8,0	8,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,0*	*8,0*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði			
1.95 Lífeyrissjóður bænda	0,0	2.200,0	2.200,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*2.200,0*	*2.200,0*
11. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
1.01 Almenn starfsemi	83,9	10,0	93,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*

12. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	0,0	3,0	3,0
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-701 Þjóðkirkjan			
a. 1.01 Biskup Íslands	0,0	40,1	40,1
b. Sértekjur	0,0	-1,3	-1,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*38,8*	*38,8*
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-707 Kristnisjóður			
1.10 Kristnisjóður	0,0	5,7	5,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,7*	*5,7*
15. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-700 Málefni fatlaðra			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	6,9	6,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,9*	*6,9*
16. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	12,2	6,0	18,2
17. Við **07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**			
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	45,0	23,0	68,0
18. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	-518,0	-125,0	-643,0
Innheimt af ríkistekjum	*-409,8*	*-125,0*	*-534,8*
19. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	0,0	38,5	38,5
b. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	350,0	-50,0	300,0
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*350,0*	*-11,5*	*338,5*
20. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
a. 1.01 Tryggingastofnun ríkisins	17,8	38,5	56,3
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	75,0	75,0
c. Sértekjur	0,0	-38,5	-38,5
21. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	0,0	26,0	26,0
b. 1.31 Þjálfun	0,0	-29,5	-29,5
22. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-305 Lýðheilsustöð			
1.01 Lýðheilsustöð	0,0	1,9	1,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,9*	*1,9*
23. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
5.60 Viðhald	0,0	40,0	40,0
24. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	-4,5	20,0	15,5

25. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	41,3	11,0	52,3
b. 6.91 Upplýsingatæknimál	0,0	17,0	17,0
26. Við **08-401 Hjúkrunarheimili, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	17,0	100,0	117,0
27. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ			
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	29,5	29,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*29,5*	*29,5*
28. Við **09-721 Fjármagnstekjuskattur**			
1.11 Fjármagnstekjuskattur	6.292,0	85,0	6.377,0
29. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	0,0	18,0	18,0
b. 1.90 Ýmislegt	0,0	26,8	26,8
30. Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
1.07 Þjónusta	0,0	100,0	100,0
Viðskiptahreyfingar	*83,0*	*100,0*	*183,0*
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar			
6.10 Framkvæmdir	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
32. Við **12-411 Samkeppniseftirlitið**			
1.01 Samkeppniseftirlitið	68,9	20,0	88,9
33. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-410 Veðurstofa Íslands			
6.01 Tæki og búnaður	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*

336. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BjarnB, BJJ, DrH, GHall).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	4.200,0	4.032,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-400,0	-400,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.200,0	4.164,7
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**8.000,0**	**7.796,7**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	7.000,0	5.880,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	6.377,0	6.382,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	24,0	24,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**6.401,0**	**6.406,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**21.401,0**	**20.082,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	530,9	515,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	69,2	67,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**600,1**	**582,8**
	Tryggingagjöld	**600,1**	**582,8**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	4,4	4,4
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	580,0	580,0
4.4.1	Stimpilgjöld	4.400,0	4.400,0
	Eignarskattar	**4.980,0**	**4.980,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	7.000,0	7.000,0
5.1.2.1	Vörugjöld	-207,4	-207,4
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.093,0	4.093,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-15,0	-15,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-32,8	-32,8
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-142,6	-140,7
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-567,0	-567,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**10.128,2**	**10.130,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	435,0	435,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-180,0	-180,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-10,0	-10,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	168,5	168,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	5,0	5,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**418,5**	**418,5**
	Skattar á vörur og þjónustu	**10.546,7**	**10.548,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	5,3	5,3
	Skatttekjur, samtals	**37.537,5**	**36.203,8**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
		m.kr.	m.kr.
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-230,0	-230,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	4.572,0	4.572,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**4.342,0**	**4.342,0**
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-120,0	-312,6
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.150,0	1.060,0
	Aðrar eignatekjur	**1.030,0**	**747,4**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**5.372,0**	**5.089,4**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.5	Skólagjöld	-16,9	-16,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-11,5	-11,5
9.1.3.35	Ýmislegt	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-28,4**	**-28,4**
	Ýmsar tekjur	**-28,4**	**-28,4**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	968,5	2.096,6
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**6.312,1**	**7.157,6**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	58.350,0	58.350,0
	Sala eigna, samtals	**58.350,0**	**58.350,0**
	Heildartekjur samtals	**102.199,6**	**101.711,4**

337. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BjarnB, BJJ, DrH, GHall).

Við 3. tölul. 3. gr.
Í stað orðanna „allt að 65.400 m.kr.“ í b-lið komi: allt að 74.100 m.kr.

338. Frumvarp til laga [311. mál]

um brottfall laga nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Lög nr. 84/1997, um búnaðargjald, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

a. Breyting á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995:
   1. B-liður 5. gr. laganna fellur brott.
   2. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
   3. 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.
b. Í stað orðanna „þjónustugjöld og tekjur af búnaðargjaldi“ í 6. gr. laga um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, kemur: og þjónustugjöld.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður skyldu bænda til að greiða búnaðargjald, sem er að hluta til félagsgjald til lögbundinna stéttarfélaga bænda, Bændasamtaka Íslands, ýmissa búnaðarsambanda og búgreinasambanda, að hluta til iðgjald til tryggingasjóðs, Bjargráðasjóðs og að hluta til greiðsla til Lánasjóðs landbúnaðarins. Reyndar falla lögin um Lánasjóðinn úr gildi um næstu áramót en til hans renna 0,35–0,85% búnaðargjaldsins, mismunandi eftir starfsgreinum bænda.

Ýmis rök má finna fyrir því að afnema skyldu bænda til að greiða búnaðargjald. Innheimta ríkissjóðs á búnaðargjaldi og kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á því skv. 6. gr. laganna brýtur gegn 46. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta gjald hefur öll einkenni skatts og skatta má ekki leggja á og innheimta nema til opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga, en þessi skattur rennur til félaga. Með skyldugreiðslu félagsgjalds eru bændur óbeint skyldaðir til að taka þátt í félagi öndvert við ákvæði stjórnarskrárinnar. Einnig vakna spurningar um jafnræðisregluna þar sem bændur greiða einir slíkt gjald en ekki t.d. vörubílstjórar. Lánasjóður

landbúnaðarins verður lagður niður um næstu áramót og þá þarf að lækka búnaðargjaldið sem því nemur. Afnám skyldu til að greiða gjald á borð við þetta er líka ákveðinn þáttur í þeirri þróun sem verið hefur undanfarið í átt til frjálsræðis og tekur auk þess mið af breytingum á stjórnarskrá frá árinu 1995. Staða bændastéttarinnar er líka sú að bændur munu flestir vel getað ráðstafað þessu gjaldi sjálfir þar sem það leggst þungt á einstaka bændur, en það nemur 2% af heildartekjum búsins. Þrátt fyrir þetta frumvarp er ekkert sem bannar bændum að greiða félagsgjald til þeirra stéttarfélaga sem þeir vilja vera félagar í eða greiða iðgjald til Bjargráðasjóðs kæri þeir sig um.

Flutningsmaður hefur notið aðstoðar Snorra Stefánssonar og nefndasviðs Alþingis við samningu frumvarpsins. Auk þess lásu Ásta Þórarinsdóttir, Davíð Örn Jónsson, Guðrún Ingólfsdóttir og Halldór Benjamín Þorbergsson frumvarpið yfir.

Miklar breytingar.

Miklar og stórstígar breytingar hafa átt sér stað í landbúnaði undanfarin ár. Sú atvinnugrein var hvað fastast bundin á klafa alls konar gjalda, sjóða og skyldugreiðslna sem stóð henni fyrir þrifum og stendur henni enn fyrir þrifum því mikið verk er enn óunnið við að leysa úr læðingi þá krafta sem búa með íslenskum bændum þrátt fyrir þrúgandi hlekki hátt í heila öld.

Áður en þau lög voru sett sem hér er lagt til að felld verði brott voru alls konar gjöld lögð á bændur. Er nærtækast að vitna til greinargerðar sem fylgdi frumvarpi að þeim lögum en þar segir:

„Rétt er að gera grein fyrir núverandi fyrirkomulagi í innheimtu sjóðagjalda og þeim gjöldum sem um er að ræða.

Búnaðarmálasjóðsgjald er innheimt samkvæmt lögum nr. 41/1990. Það er innheimt af afurðum nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla, garð- og gróðurhúsa hvers konar, auk loðdýraafurða og æðardúns. Gjaldið dregst frá verði til framleiðenda og álagningarstofn er verð til þeirra. Afurðastöðvar sjá um innheimtu þess og standa skil á því til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem síðan greiðir það til viðkomandi aðila. Álagningarprósenta gjaldsins er nokkuð mismunandi eftir afurðartegundum. Á nautgripa-, sauðfjár- og skógarafurðum og æðardúni er gjaldið 1,4%, á alifuglakjöti 1,75%, á afurðum svína 1,775%, afurðum hrossa og loðdýra 2,025%, á kartöflum og gulrófum 1,825% og á öðru grænmeti og blómum er gjaldið 1,525%. Á eggjum er gjaldið 0,85%.

Neytenda- og jöfnunargjald, 2% af heildsöluverði, er lagt á samkvæmt lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Heildsöluaðilum ber að standa skil á gjaldinu og sér Framleiðsluráð landbúnaðarins um innheimtu þess. Gjaldið er hluti af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og er forsenda lágra vaxta af útlánum deildarinnar. Gjaldið er innheimt af heildsöluverðmæti sömu afurða og búnaðarmálasjóðsgjald, en þó hvorki af loðdýraafurðum né öðrum útfluttum afurðum. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Í því frumvarpi er m.a. ákvæði um að tekjur til Lánasjóðsins séu 1,1% af stofni búnaðargjalds samkvæmt þessu frumvarpi.

Framleiðsluráðsgjald, 0,25%, er samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er innheimt af heildsöluverðmæti landbúnaðarafurða með neytenda- og jöfnunargjaldi. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Innheimtuferli ofangreindra gjalda er flókið og gjaldstofnar mismunandi. Greiðendur eru framleiðendur, afurðastöðvar og sölusamtök. Eftirlit með álagningu og innheimtu gjaldanna er erfitt og hætta á að gjaldstofnar skili sér ekki að fullu. Þá eru innheimtuúrræði veik.“

Skattur, innheimta og fjárveitingavald Alþingis.

Í greinargerðinni segir enn fremur:

„Helstu kostir þessa nýja fyrirkomulags samkvæmt frumvarpinu eru að innheimtan verður einföld, fellur inn í hið opinbera skattkerfi og snertir eingöngu hagsmunaaðila. Gjaldstofninn liggur þegar fyrir hjá greiðendum og kostnaður þeirra er óverulegur."

Hér er sagt beinum orðum að innheimtan falli inn í hið opinbera skattkerfi. Skattheimta ríkisins er sem sagt notuð til að innheimta gjöld fyrir félagasamtök einstaklinga með þeim ofurúrræðum gagnvart einstaklingum sem skattheimtu ríkisins er gefið. Þetta innheimtuhlutverk ríkisins er auk þess undirstrikað í 6. gr. laganna sem hljóðar svo:

„Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

Fjármálaráðherra stendur skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs.

Af óskiptum tekjum búnaðargjalds skulu 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara."

Þessar tekjur ríkisins eru ekki til ráðstöfunar fyrir ríkið, þrátt fyrir ákvæði 41. gr. stjórnarskrárinnar sem segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum." 6. gr. laganna brýtur því greinilega gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, alveg sérstaklega sú kvöð á fjármálaráðherra að standa skil á gjaldinu mánaðarlega. Það getur varla verið hlutverk ríkisins að innheimta gjöld fyrir einstaklinga eða félög þeirra eins og 3. mgr. 6. gr. gefur tilefni til að ætla.

Í 1. umræðu um frumvarpið á Alþingi sagði þáverandi landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, í andsvari: „Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. er ljóst að þessi framkvæmd mun flokkast sem skattur. Þetta innheimtuform á þessum sjóðagjöldum eða búnaðargjaldi eins og við köllum það, mun flokkast sem skattur." Skattar hljóta að renna til ríkis eða sveitarfélaga en ekki til einstaklinga eða félaga þeirra.

Það styður svo enn þennan skatta- og innheimtueiginleika gjaldsins að landbúnaðarnefnd fékk samþykkta breytingartillögu sem kvað á um þungar refsingar (20% vanskilaálag) á þá bændur sem ekki stóðu skil á gjaldinu á réttum tíma. Í viðauka með lögunum birtist eftirfarandi tafla sem sýnir hvernig á að skipta innheimtu gjaldi á milli búgreina, Lánasjóðsins og Framleiðsluráðs:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

	Búnaðarsjóður						
Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-sambönd	Bjargráða-sjóður	Lánasjóður landbúnaðarins	Framleiðsluráð landbúnaðarins	Alls
Nautgripaafurðir	0,325	0,50	0,10	0,3	1,15	0,275	**2,65**
Sauðfjárafurðir	0,325	0,50	0,10	0,3	1,15	0,275	**2,65**
Hrossaafurðir	0,325	0,50	0,55	0,2	0,80	0,275	**2,65**
Svínaafurðir	0,125	0,25	0,90	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Alifuglakjöt	0,125	0,25	0,20	1,0	0,80	0,275	**2,65**
Egg	0,125	0,25	0,90	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Kartöflur, gulrófur	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Annað grænmeti og blóm	0,325	0,50	0,75	0,0	0,80	0,275	**2,65**
Grávara	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Æðardúnn	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**
Skógarafurðir	0,325	0,50	0,45	0,3	0,80	0,275	**2,65**

Það er ljóst að ekki er mikið svigrúm fyrir fjárveitingarvaldið með slíka lagasetningu í gildi.

Um haustið 1997 er svo aftur lögð til breyting á þessum lögum þar sem m.a. segir „Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um fyrirframgreiðslur, álagningu, innheimtu og annað er varðar skattalega framkvæmd laga þessara.“ Þetta undirstrikar enn frekar að gjaldið er skattur á bændur enda segir í greinargerð: „Hægt er að nýta álagningar- og innheimtukerfi fyrir sérstakan tekjuskatt manna (hátekjuskatt) með tiltölulega litlum breytingum til að leggja á og innheimta fyrirframgreiðslu búnaðargjalds.“ Nú hefur sá skattur reyndar verið aflagður. En kannski lifir innheimtukerfið enn við innheimtu á búnaðargjaldinu.

Búnaðargjald er til þess fallið að auka flækjustig skattkerfisins. Skattaleg meðferð þess er sérstök með tilheyrandi vandræðagangi og flókinni framtalsgerð. Þá hefur heldur ekki verið tekið tillit til kostnaðarins sem innheimta og útdeiling fjármuna veldur hinu opinbera.

Félagafrelsið.

Ef einhver hópur bænda vildi stofna félag til að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna, t.d. að berjast gegn því að verða að greiða búnaðargjald samkvæmt lögum, væri þeim það fullkomlega heimilt samkvæmt stjórnarskrá. Er ekki undarlegt í því ljósi að þeim skuli með lögum gert að greiða gjald til félaga sem líklega munu berjast gegn nýja félaginu þeirra? Hópnum yrði sem sagt gert að greiða herkostnað gegn eigin félagi og gegn eigin hagsmunum. Eins kunna einhver hlunnindi að fylgja því að vera félagar í þessum lögbundnu stéttarfélögum sem þeir yrðu af sem stæðu utan félaganna. Þeir yrðu samt sem áður að greiða þessi hlunnindi fyrir aðra. Þessi lögbundnu félög bænda minna óskyggilega á stéttarfélög í fyrrverandi ríkjum Sovétríkjanna. Starfsmenn Bændasamtaka Íslands eru með sömu lífeyriskjör og opinberir starfsmenn en þau eru miklu betri en þau slöku lífeyriskjör sem bændur njóta almennt hjá Lífeyrissjóði bænda. Lífeyriskjör starfsmanna Bændasamtakanna eru að sjálfsögðu greidd af bændum sem eru sennilega fjárhagslega verst setta stétt landsins.

Félagafrelsi er meginreglan á Íslandi. Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins má engan skylda til aðildar að félagi nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Skoðanafrelsi er nátengt félagafrelsinu en í því felst að óheimilt er að kúga menn til að hafa tilteknar skoðanir eða losa sig við aðrar. Þrátt fyrir að skoðanafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi almennt ekki mikla þýðingu er því þveröfugt farið hér. Skyldugreiðslur til félags sem greiðendur kunna að vera á móti í sjálfu sér brýtur í bága við hugmyndir um skoðanafrelsi.

Jafna má búnaðargjaldi til skylduaðildar að Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda. Öllum bændum er gert að greiða til samtakanna en aðeins þeir sem eru félagar njóta félagslegra réttinda í félögunum. Það er því naumast valkostur að vera ekki félagsmaður fyrst þessi félög hafa tækifæri til þess að ná í félagsgjald eftir sem áður.

Breytingar á búnaðargjaldi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á búnaðargjaldinu:

Á 125. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp um að leggja niður Framleiðsluráð landbúnaðarins. Í greinargerð með því frumvarpi segir: „Skv. 6. gr. núgildandi laga skulu 0,275% af stofni gjaldsins renna til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 0,175% af stofni búnaðargjalds færist með verkefnum til Bændasamtaka Íslands og lækkar því búnaðargjaldið úr 2,65% af gjaldstofni í 2,55% sem þýðir um 17 milljóna króna lækkun á gjöldum bænda.“ Hér er gjaldið því lækkað úr 2,65% í 2,55% en félagsgjald til

Bændasamtaka Íslands hækkað um 0,175% auk þess sem peningalegar eignir Framleiðsluráðs að upphæð 190 millj. kr. færist til Bændasamtaka Íslands.

Á 127. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp um ýmsar tæknilegar breytingar á lögunum. Í nefndaráliti landbúnaðarnefndar segir svo: „Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um búnaðargjald sem eiga að tryggja að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum og jafnframt að gjaldið reiknist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu. ... Fyrir nefndina hefur verið lögð ályktun Búnaðarþings 2002 þar sem samþykkt var lækkun búnaðargjalds úr 2,55% í 2,00% en það felur í sér um 100 millj. kr. lækkun gjaldsins. Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir að orðið verði við ályktun þessari og að breytingar á gjaldhlutfalli taki gildi við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu gjaldsins á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003. Nefndin fellst á röksemdir Bændasamtaka Íslands og leggur til að búnaðargjald verði lækkað í 2,00%." Má af þessu draga ýmsar ályktanir um frumkvæði að lagasetningu um búnaðargjald. Lækkaði búnaðargjaldið í 2% af veltu bændabýla í kjölfarið.

Á 128. löggjafarþingi lagði landbúnaðarnefnd fram lagafrumvarp um breytingu á lögum um búnaðargjaldið, sem var samþykkt. Þar er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur."

Hér er Bændasamtökunum gefið nánast sama vald og skattstjórum til upplýsingaöflunar um einstaka bændur sem er mjög sérstakt.

Á 131. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp um að lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, féllu brott frá og með 31. desember 2005. Enn hafa ekki verið gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um búvörugjaldið sem taka mið af þessu en 0,35–0,85% af tekjum bændabýla renna til lánasjóðsins, sem búið er að selja, auk þess sem lögin hafa verið felld niður. Í greinargerð með frumvarpi um brottfall laganna kemur fram: „Hinn 10. janúar 2005 setti landbúnaðarráðherra á stofn verkefnisstjórn til að fjalla um stöðu og framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins. ... Verkefnisstjórnin telur að meta verði ályktun búnaðarþings þannig að þingið telji það einungis tímaspursmál hvenær hætt verði innheimtu búnaðargjalds til Lánasjóðs landbúnaðarins." Þá er harla lítið eftir af búnaðargjaldinu nema félagsgjald til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka sem og iðgjald til Bjargráðasjóðs, sem tekið er fram í lögum um þann sjóð. Hér að framan hefur verið fjallað um félagsgjaldið og efasemdir um réttmæti þess. Hér á eftir verður rætt um Bjargráðasjóð.

Bjargráðasjóður.

Í 1. gr. laga nr. 146/1995 segir: „Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands." Sjóðurinn skiptist í tvær deildir sem tryggja annars vegar meiri háttar bein tjón af völdum náttúruhamfara á lausum og föstum munum sem tengjast landbúnaði, svo og grasbrest, og hins vegar tjón á búfé og afurðum þess, sem og tjón á garðávöxtum af völdum sjúkdóma, slysa og veðurs.

Tekjur Bjargráðasjóðs eru framlag allra sveitarfélaga landsins, sem er árlegt fast gjald á hvern íbúa (!), 118,50 kr. fyrir árið 2005, framlag ríkisins, sem er ákveðið á fjárlögum, og búnaðargjaldið sem er mismunandi eftir starfsgreinum bænda eins og sést á töflu hér á undan, svo og vextir af eigin fé.

Helstu niðurstöður reikninga Bjargráðasjóðs eru (millj.kr.):

	2000	2001	2002	2003	2004
Fjármunatekjur	15,0	23,8	33,0	37,5	47,4
Framleg sveitarfélaga	27,0	28,4	31,4	32,1	33,1
Framlag ríkissjóðs	30,0	30,0	10,0	10,0	10,0
Búnaðargjald	66,0	66,8	47,6	39,5	40,0
Styrkir	-74,8	-74,2	-46,9	-42,7	-48,1
Rekstrargjöld	-21,1	-23,6	-22,0	-22,0	-22,9
Fjármagnstekjuskattur	-2,5	-4,7	-3,3	-3,4	-4,3
Tekjur umfram gjöld	39,6	46,5	49,8	51,0	55,2
Hlutfall rekstrargjöld/styrkir	28,2%	31,8%	46,9%	51,5%	47,6%

Eigið fé sjóðsins í árslok 2004 voru 516 millj. kr. Á yfirlitinu hér að ofan sést að kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið mikill, eða um 30–50% af styrkjum. Þess ber þó að geta að tjón ættu að vera mjög sveiflukennd.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga sem nú gilda um Bjargráðasjóð að rætt hafi verið rækilega um þann kost að leggja sjóðinn niður og færa almenna deild hans undir Viðlagasjóð. Jafnframt að samtök bænda tækju við rekstri búnaðardeildar sjóðsins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lagðist á þessu stigi (árið 1994) gegn því að Bjargráðasjóður yrði lagður niður í þáverandi mynd. Af hálfu bændasamtaka var mikill vilji til að lækka þann hluta búnaðarmálagjalds sem rann til Bjargráðasjóðs. Niðurstaðan var að skerpa á hlutverki deildanna og lækka framlög með búnaðargjaldi. Enn fremur voru tjónabætur úr búnaðardeild sjóðsins bundnar því skilyrði að greitt hefði verið búnaðarmálagjald af sölu-vöru og að búgrein hefði ekki verið undanþegin greiðslu á gjaldi til Bjargráðasjóðs.

Þó að búnaðargjaldið verði aflagt sem slíkt getur Bjargráðasjóður starfað áfram um langt skeið miðað við eigið fé, en það svarar til um 12 ára útgreiðslna. Veittir styrkir svara einnig nokkurn vegin til framlaga ríkis og sveitarfélaga. Fjármagnstekjur geta staðið undir reksturskostnaði sem auðvitað mætti lækka. Bændur gætu einnig leitað eftir tryggingum á almennum markaði fyrir þeirri áhættu sem sjóðurinn mun ekki geta staðið undir (stop loss). Hugsanlega mætti breyta Bjargráðasjóði í hlutafélag og selja hann til hagsbóta fyrir Lífeyrissjóð bænda eins og gert var með Lánasjóð landbúnaðarins.

Athygli vekur að sala á Lánasjóðnum hefur opnað fyrir samkeppni um lán til bænda á kjörum sem þeir hafa aldrei séð áður. Einnig hefur verð á jörðum hækkað og veðhæfni þeirra þar með í kjölfar lækkandi vaxta. Það ætti að sýna bændum að þeir geta notið frelsis á mörkuðum eins og aðrir landsmenn og ætti að hvetja þá til að losa um þá hlekki á landbúnaði, sem enn njörva athafnakraft þeirra niður eins og búnaðargjaldið er dæmi um.

Í frumvarpinu eru enn fremur gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum sem brottfall laga um búnaðargjald hefur áhrif á.

339. Frumvarp til laga [312. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 2003/15/EB um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu ákvæða í lögum aðildarríkja varðandi snyrtivörur skulu aðildarríkin banna markaðssetningu á fullunnum snyrtivörum þar sem tilraunir á dýrum hafa verið hluti þróunarferilsins. Aðildarríkin skulu banna prófun fullunninna snyrtivara á dýrum á sínu yfirráðasvæði. Heimilt er þó í ákveðinn tíma að prófa einstök innihaldsefni og blöndur af innihaldsefnum. Skv. 16. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, er óheimilt að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið. Við prófun á snyrtivörum er hins vegar unnt að nota aðrar aðferðir en prófun á dýrum en svo háttar oft ekki til með prófun á öðrum efnum og lyfjum. Auk þess á að vera unnt að tryggja öryggi snyrtivara á grundvelli upplýsinga um öryggi innihaldsefna þeirra. Er því lagt til að bann verði lagt við prófun snyrtivara á lifandi dýrum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

340. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingar á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2005“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 31. desember 2008.
b. 6. málsl. 1. mgr. orðast svo: Styrkupphæð vegna slíkra einkaframkvæmda getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að ráðstafa allt að 10 millj. kr. ár hvert til rannsókna á viðtökum fráveitu með það að markmiði að þær leiði til lækkunar kostnaðar við fráveituframkvæmdir á síðari stigum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvapi þessu eru lagðar til breytingar á 1. og 6. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, auk þess sem lögð er til viðbót við 4. gr.

Lög nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, gera ráð fyrir því að sveitarfélög geti notið styrks úr ríkissjóði vegna styrkhæfra fráveituframkvæmda, sem framkvæmdar eru á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005, sem nemur allt að 200 millj. kr. á ári eða eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Þannig var gert ráð fyrir því að til málaflokksins færi á tímabilinu 2,2 milljarðar króna.

Samkomulag hefur orðið milli ríkisins og sveitarfélaganna í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga að framlengja gildistíma laganna um þrjú ár eða frá 2006 til og með 2008 með óbreyttri árlegri fjárhæð sem yrði 200 millj. kr. á ári enda fóru þessar framkvæmdir hægar af stað en gert var ráð fyrir þannig að fyrst árið 2003 reyndi á 200 millj. kr. framlagið.

Með lögum nr. 84/2005 var gerð breyting á lögum um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og opnað fyrir að sveitarstjórnir fái styrk til fráveituframkvæmda óháð því hvort sveitarfélögin fjármagna framkvæmdirnar beint eða farin er leið einkaframkvæmdar. Um leið var sett hámark á fjárhæð styrks sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna. Ljóst er að ætlunin var sú að þetta ætti aðeins við um einkaframkvæmdir. Þykir nauðsynlegt að það komi skýrar fram í lögunum. Aðrar framkvæmdir geta notið jöfnunar eins og framkvæmdin hefur verið hingað til.

Kostnaður sveitarfélaganna vegna undirbúnings framkvæmda, svo sem rannsóknir, njóta ekki fjárstuðnings samkvæmt lögunum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Þessi kostnaður getur lent

með mismunandi þunga á sveitarfélögunum, allt frá því að vera hverfandi hluti kostnaðar við heildarframkvæmdina eða skipta verulegu máli þar sem viðtakinn er viðkvæmur, t.d. þar sem byggð er inni í landi og vatnasvæði eru viðkvæm. Sveitarfélögin eru því misvel sett hvað varðar þennan kostnað og á það ekki síst við um mörg þeirra sveitarfélaga sem skammt eru á veg komin í fráveituframkvæmdum. Því er lagt til að heimilað verði að verja allt að 10 millj. kr. ár hvert á gildistíma laganna til rannsókna á viðtökum og er nauðsynlegt að þannig verði staðið að þessum rannsóknum að þær nýtist sem best með landið í heild í huga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingu.

Í frumvarpinu er lagt til að tímabil framkvæmda sem notið geta styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögunum verði framlengt um þrjú ár og því ljúki í árslok 2008 í stað ársloka 2005. Einnig er lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 10 m.kr. ár hvert til rannsókna á áhrifum fráveituframkvæmdanna á umhverfið.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs geti orðið allt að 200 m.kr. hærri en ella hvert áranna 2007, 2008 og 2009.

341. Frumvarp til laga [314. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra ákveður í reglugerð kröfur um gæðastjórnun og innra eftirlit í fyrirtækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum þessum. Heimilt er ráðherra að kveða þar á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila. Þar skal einnig m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að nýr málsliður, 2. málsl., verði felldur inn í núgildandi 23. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Í honum

felst að ráðherra verði heimilt að kveða á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila.

Ábending um þetta kom frá nefnd sem gerði tillögur að reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002. Nefndin ályktaði að rétt væri að kveða á um að aðalskoðun leikvallatækja yrði framkvæmd af faggiltum skoðunaraðila. Í faggildingu felst að viðkomandi aðili er metinn hæfur til að framkvæma umrædda skoðun, sbr. IV. kafla laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Ákvæðið er orðað með almennum hætti þar sem hugsanlegt er að æskilegt verði talið að kveða á um sams konar fyrirkomulag að því er varðar innra eftirlit í annarri starfsemi þar sem öryggi fólks er í húfi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til heimild fyrir umhverfisráðherra til að kveða á um það í reglugerð að innra eftirlit í fyrirtækjum, sem eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé að hluta eða í heild framkvæmt af faggiltum skoðunaraðila, og hverjar kröfur þurfi að uppfylla til að hljóta slíka faggildingu.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

342. Fyrirspurn [315. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimahjúkrun aldraða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margir aldraðir njóta nú heimahjúkrunar, hversu hátt hlutfall er það af heild í neðangreindum aldursbilum og hve margir eru á biðlista eftir heimahjúkrun, skipt eftir kjördæmum:
   a. 75–80 ára,
   b. 81–90 ára,
   c. 91 ára og eldri?
2. Hefur verið unnið kerfisbundið að því að komast í samband við aldraða sem búa í heimahúsum og fá ekki heimahjúkrun til að kynna þeim þjónustu sem í boði er? Ef ekki, er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að slík kerfisbundin kynning fari fram um allt land um leið og kannaðar verði þarfir aldraðra fyrir heimahjúkrun?
3. Á hvern hátt er verið að vinna að því að samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun þannig að hægt sé að fullnægja þörfinni m.a. fyrir sólarhringsþjónustu þegar við á? Hvenær má vænta þess að þessi þjónusta verði komin í viðunandi horf?

4. Hvað má ætla að margir þeirra sem nú eru á biðlistum eftir dvalar- eða hjúkrunarheimilum gætu verið heima ef þeir nytu fullnægjandi heimahjúkrunar og heimilisþjónustu?

Skriflegt svar óskast.

343. Fyrirspurn [316. mál]

til sjávarútvegsráðherra um jafnstöðuafla.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver er afstaða ráðherra til jafnstöðuafla, þ.e. þess að ákvarða til lengri tíma en eins árs, t.d. þriggja eða fimm ára, heildarafla sem veiða má úr nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á?

344. Fyrirspurn [317. mál]

til menntamálaráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Háskólans á Akureyri.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar hvað varðar áframhaldandi uppbyggingu og vöxt Háskólans á Akureyri?
2. Tekur ráðherra undir þá útbreiddu skoðun að uppbygging Háskólans á Akureyri sé einhver best heppnaða aðgerð í menntunar- og byggðamálum hérlendis á seinni árum og, ef svo er, hverju sætir þá að vöxtur skólans takmarkast nú verulega sökum fjárskorts?

345. Fyrirspurn [318. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Er ráðherra enn þeirrar skoðunar að engin sérstök álitamál eða vandamál séu uppi eða hafi komið upp í sambandi við skattalega meðferð mála vegna Kárahnjúkavirkjunar umfram það sem upp kann að koma vegna framkvæmda af þessari stærðargráðu, sbr. svar við fyrirspurn á þingskjali 821 á 130. löggjafarþingi, munnlegt svar við fyrirspurn á þingskjali 1321 á 130. löggjafarþingi sem veitt var 5. maí 2004 og svar við fyrirspurn á þingskjali 416 á 131. löggjafarþingi?

346. Fyrirspurn [319. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hver var stærð viðmiðunarstofns þorsks fjögurra ára og eldri, ráðlögð þorskveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á þorski og landaður þorskafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá 1985?
2. Hvert var ráðlagt aflamark Hafrannsóknastofnunarinnar á Íslandsmiðum og landaður úthafsrækjuafli fyrir hvert ár frá fiskveiðiárinu 1997/1998 og hver var þróun stofnstærðar úthafsrækju á sama tíma?
3. Hver var stofnstærð grálúðu, ráðlögð grálúðuveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á grálúðu og landaður grálúðuafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá árinu 1997/1998?

Skriflegt svar óskast.

347. Svar [163. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fyrri störf sendiherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir af þeim sem skipaðir hafa verið sendiherrar frá árinu 1995:

a. störfuðu áður innan utanríkisþjónustunnar og hlutu framgang í embætti sendiherra,

b. gegndu öðrum störfum, og þá hvaða störfum?

Af þeim tuttugu og sjö sendiherrum sem hafa verið skipaðir frá árinu 1995 störfuðu fimmtán innan utanríkisþjónustunnar og hlutu framgang í embætti sendiherra.

Aðrir sem hafa verið skipaðir í stöðu sendiherra frá árinu 1995 gegndu eftirfarandi störfum: Ráðherrar (2), alþingismenn (3 fyrrverandi ráðherrar), ráðuneytisstjóri, framkvæmdastjóri heimastjórnarafmælisins, einn af þremur varaframkvæmdastjórum OECD, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ráðgjafi forsætisráðherra í utanríkismálum, prófessor, útvarpsstjóri.

348. Svar [272. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 2003/2004 og 2004/2005, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 2003/2004 og 2004/2005, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og byggist eftirfarandi á svari frá henni. Í töflunum er yfirlit yfir flutning aflamarks og aflahlutdeilda botnfisks, sem veiðist innan landhelgi, eftir sveitarfélögum og lögaðilum á fiskveiðiárunum 2003/2004 og 2004/2005. Þar sem margar botnfisktegundir eru bundnar aflamarki og viðskiptin með aflaheimildir eru viðamikil þá eru upplýsingar um tilfærslur aflaheimilda einfaldaðar.

Viðskipti lögaðila þar sem aflahlutdeild fylgir skipi í viðskiptum með skip koma ekki fram í töflunum. Sama gildir að sjálfsögðu þegar lögaðilar sameinast undir einni kennitölu o.s.frv. Lögaðili, sem ákvarðast af kennitölu, og aðsetur handhafa aflaheimilda miðast við aðilaskrá Fiskistofu 10. nóvember 2005.

Tafla 1.1 sýnir flutt aflamark milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 1.2 sýnir fluttar aflahlutdeildir milli sveitarfélaga 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 2.1 sýnir 100 fyrirtæki sem fluttu mest aflamark frá sér 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 2.2 sýnir 100 fyrirtæki sem fluttu mest aflamark til sín 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 2.3 sýnir 100 fyrirtæki sem fluttu mesta hlutdeild frá sér 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 2.4 sýnir 100 fyrirtæki sem fluttu mesta hlutdeild til sín 2003/2004 og 2004/2005.

Tafla 3 sýnir botnfisktegundir sem upplýsingarnar taka til og reiknistuðla sem notaðir eru til að einfalda framsetningu upplýsinganna.

Eftir viðræður við Persónuvernd og könnun Fiskistofu á skilyrðum í lögum varðandi dreifingu upplýsinga var niðurstaðan að Fiskistofu sé ekki heimilt að veita aðgang að listum sem innihalda upplýsingar sem varða fjárhagsmálefni einstaklinga. Þess vegna eru hvorki nöfn né heimilisföng einstaklinga í gögnunum.

Tafla 1.1. Flutningur heildaraflamarks milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Magn í þorskígildistonnum miðað við þorskígildisstuðla hvort fiskveiðiár.

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Akranes	344	438	782
Akureyri	-9.496	-6.457	-15.954
Bakkafjörður	-102	-4	-106
Bessastaðahreppur	-35	-23	-59
Bíldudalur	-109	-42	-151
Blönduós	0	16	16
Bolungarvík	523	2.414	2.937
Borgarfjörður	-188	-159	-347

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Borgarnes	32	-10	22
Borgarnes	0	-24	-24
Breiðdalsvík	87	-5	82
Búðardalur	0	-6	-6
Dalvík	616	884	1.501
Djúpivogur	-168	-450	-618
Drangsnes	138	98	236
Egilsstaðir	144	214	358
Eskifjörður	214	-1.144	-930
Eyrarbakki	57	71	128
Fáskrúðsfjörður	-160	-473	-633
Finnbogastaðir	-13	-19	-32
Flatey	0	-6	-6
Flateyri	1.731	1.992	3.722
Fljót	-27	-24	-51
Fosshóll	-12	-7	-20
Garðabær	-117	67	-50
Garður	2.289	2.794	5.083
Grenivík	326	407	734
Grindavík	2.054	2.013	4.067
Grímsey	-7	86	79
Grundarfjörður	2.170	3.114	5.283
Hafnarfjörður	2.874	1.377	4.251
Hellissandur	468	1.036	1.503
Hnífsdalur	-1.029	-614	-1.643
Hofsós	134	169	303
Hornafjörður	0	-13	-13
Hólmavík	-274	-150	-424
Hrísey	-113	133	21
Húsavík	-784	327	-458
Hvammstangi	297	98	395
Höfn	-1.734	-2.861	-4.595
Ísafjörður	-3	561	558
Keflavík	597	732	1.329
Kjörvogur	0	-8	-8
Kópasker	-272	-223	-495
Kópavogur	-153	442	289
Mjóifjörður	-62	-38	-100
Mosfellsbær	265	242	507
Neskaupstaður	875	126	1.001
Njarðvík	689	302	991
Norðurfjörður	-15	-10	-25
Ólafsfjörður	-2.113	-625	-2.738
Ólafsvík	1.166	1.341	2.507
Patreksfjörður	1.419	656	2.075
Raufarhöfn	-58	-280	-338
Reyðarfjörður	-34	-50	-84
Reykjavík	-1.481	-2.658	-4.139
Sandgerði	850	392	1.241
Sauðárkrókur	-578	-555	-1.133

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Selfoss	-117	-15	-132
Seltjarnarnes	-121	-51	-172
Seyðisfjörður	0	-7	-7
Seyðisfjörður	764	-611	153
Siglufjörður	-103	96	-7
Skagaströnd	-655	140	-515
Snæfellsbær	-16	316	300
Stokkseyri	228	0	228
Stykkishólmur	15	-1.093	-1.078
Stöðvarfjörður	557	900	1.456
Suðureyri	171	-350	-180
Súðavík	-32	-293	-325
Tálknafjörður	646	571	1.217
Vestmannaeyjar	-3.709	-6.341	-10.050
Vogar	45	67	112
Vopnafjörður	-581	-460	-1.041
Þingeyri	223	-50	174
Þorlákshöfn	1.241	2.327	3.568
Þórshöfn	222	-749	-527
Samtals	**0**	**0**	**0**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 1.2. Flutningur aflahlutdeilda milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Verðmætaígildi miðað við aflaverðmæti tegunda 2004. Verðmætaígildi aflahlutdeildar botnfisktegunda innan landhelgi (sjá skýringu í töflu 3).

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Akranes	-0,04	-0,10	-0,14
Akureyri	-0,17	-1,56	-1,73
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	-0,01	0,01	0,00
Bíldudalur	-0,03	-0,02	-0,06
Blönduós	0,00	0,00	0,00
Bolungarvík	-0,01	0,09	0,08
Borgarfjörður	0,00	-0,01	-0,02
Borgarnes	0,00	-0,01	-0,01
Breiðdalsvík	0,00	-0,02	-0,02
Búðardalur	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	-0,03	-0,04
Djúpivogur	-0,01	-0,04	-0,05
Drangsnes	-0,02	0,03	0,02
Eskifjörður	0,47	0,00	0,47
Eyrarbakki	0,00	0,00	0,00
Fáskrúðsfjörður	0,00	-0,04	-0,04
Finnbogastaðir	0,00	-0,01	0,00
Flateyri	0,04	0,13	0,17

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Fljót	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,02	0,01	0,03
Garður	0,01	0,02	0,04
Grenivík	-0,04	0,12	0,08
Grindavík	-0,09	-0,27	-0,36
Grímsey	0,00	0,19	0,18
Grundarfjörður	0,06	0,61	0,67
Hafnarfjörður	0,16	0,12	0,29
Hellissandur	1,01	0,11	1,12
Hnífsdalur	0,01	0,14	0,15
Hofsós	0,00	-0,03	-0,03
Hólmavík	-0,02	0,00	-0,02
Hrísey	-0,01	0,00	-0,01
Húsavík	-0,28	0,78	0,50
Hvammstangi	0,00	0,00	0,00
Höfn	0,01	-0,13	-0,12
Ísafjörður	-0,02	-0,04	-0,06
Keflavík	-0,09	-0,14	-0,23
Kjörvogur	0,00	0,00	0,00
Kópasker	0,01	0,01	0,01
Kópavogur	-0,07	0,01	-0,06
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	-0,01	0,01	0,00
Neskaupstaður	-0,01	-0,24	-0,25
Njarðvík	0,00	-0,09	-0,09
Norðurfjörður	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,00	-0,01	-0,01
Ólafsvík	-0,05	0,05	0,00
Patreksfjörður	0,05	0,07	0,13
Raufarhöfn	0,00	0,00	0,01
Reyðarfjörður	0,00	0,00	0,00
Reykjanesbær	0,00	-0,01	-0,01
Reykjavík	-1,29	1,26	-0,03
Sandgerði	0,00	0,01	0,01
Sauðárkrókur	-0,01	0,01	0,00
Selfoss	-0,01	0,00	-0,01
Seltjarnarnes	0,01	-0,11	-0,10
Seyðisfjörður	0,40	-0,29	0,12
Siglufjörður	-0,02	-0,05	-0,07
Skagaströnd	0,00	0,02	0,03
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,01
Stykkishólmur	0,05	-0,03	0,02
Stöðvarfjörður	-0,01	-0,01	-0,02
Suðureyri	0,00	0,01	0,01
Súðavík	-0,01	-0,02	-0,02

Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Tálknafjörður	-0,07	-0,03	-0,10
Vestmannaeyjar	0,02	-0,23	-0,21
Vogar	0,00	0,01	0,01
Vopnafjörður	0,09	-0,18	-0,09
Þingeyri	-0,01	-0,08	-0,09
Þorlákshöfn	-0,03	0,00	-0,03
Þórshöfn	0,01	-0,02	-0,02
Samtals	**0,00**	**0,00**	**0,00**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 2.1. Millifært aflamark 100 fyrirtækja sem fluttu mest aflamark frá sér fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Magn í þorskígildistonnum miðað við þorskígildisstuðla hvort fiskveiðiár.

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	2004/2005	Samtals
Samherji hf.	Akureyri	-6.269	-3.702	-9.971
Vinnslustöðin hf.	Vestmannaeyjar	-3.139	-3.047	-6.186
Brim hf.	Akureyri	-3.383	-2.664	-6.048
HB Grandi hf.	Reykjavík	-1.229	-2.921	-4.150
Skinney – Þinganes hf.	Höfn	-2.093	-1.410	-3.503
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	Vestmannaeyjar	-1.226	-1.692	-2.918
Þormóður rammi – Sæberg hf.	Ólafsfjörður	-1.805	-387	-2.191
Bárustígur ehf.	Vestmannaeyjar	-592	-1.139	-1.731
Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.	Hnífsdalur	-1.008	-497	-1.505
Hóp ehf.	Grindavík	-1.468	0	-1.468
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	Þórshöfn	-252	-980	-1.232
Gjögur ehf.	Reykjavík	-327	-891	-1.218
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf.	Reykjavík	-2.179	994	-1.186
Þingey ehf.	Höfn	176	-1.350	-1.174
Saltver ehf.	Keflavík	-1.082	0	-1.082
Eskja hf.	Eskifjörður	174	-1.159	-985
Þórsnes ehf.	Stykkishólmur	-121	-786	-907
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Sauðárkrókur	-453	-445	-898
Stígandi ehf.	Vestmannaeyjar	6	-848	-842
Dindill ehf.	Reykjavík	-800	0	-800
Kló ehf.	Hafnarfjörður	0	-772	-772
Tangi hf.	Vopnafjörður	-419	-338	-756
Melavík ehf.	Húsavík	-734	0	-734
Narfi ehf.	Vestmannaeyjar	-563	-62	-625
Bergur ehf.	Vestmannaeyjar	-315	-289	-604
Siglfirðingur ehf.	Siglufjörður	-194	-389	-583
Garðar Guðmundsson hf.	Ólafsfjörður	-297	-253	-550
Útgerðarfélagið Frigg ehf.	Reykjavík	84	-632	-547
Hólmsteinn Helgason ehf.	Kópasker	-279	-255	-534
Einstaklingsútgerð		-527	-6	-534

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	2004/2005	Samtals
KG fiskverkun ehf.	Hellissandur	-252	-266	-518
Sjávarmál ehf.	Sandgerði	-117	-321	-438
Höfðavík ehf.	Hólmavík	-216	-190	-406
Hrönn ehf.	Bolungarvík	-246	-159	-405
Skagstrendingur hf.	Skagaströnd	-661	257	-403
Gámar ehf.	Grindavík	-403	0	-403
Loðnuvinnslan hf.	Fáskrúðsfjörður	-158	-210	-368
Jakob Valgeir ehf.	Bolungarvík	-501	138	-363
Sæauður ehf.	Reykjavík	0	-347	-347
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	Húsavík	-318	0	-318
Rakkanes ehf.	Seltjarnarnes	-283	-35	-318
Auðbjörg ehf.	Þorlákshöfn	15	-331	-316
Dynjandi ehf., útgerð	Reykjavík	-156	-133	-289
Ingimundur hf.	Reykjavík	-145	-141	-286
Huginn ehf.	Vestmannaeyjar	-134	-151	-285
Sigurður Ólafsson ehf.	Höfn	-157	-127	-284
Jökull ehf.	Skagaströnd	-97	-186	-283
Langanes hf.	Húsavík	-110	-172	-282
Frosti hf. Súðavík	Súðavík	32	-280	-248
Fiskvinnslan Íslandssaga hf.	Suðureyri	-239	0	-239
Sigurbjörn ehf.	Grímsey	-151	-88	-239
Jens Valgeir ehf.	Grindavík	-158	-78	-236
Happi hf.	Njarðvík	97	-329	-232
Kópur KE-8	Hafnarfjörður	0	-228	-228
Ljósavík hf.	Þorlákshöfn	-223	0	-223
Jaspís ehf.	Flateyri	-3	-218	-221
Sólbakki ehf.	Keflavík	-114	-106	-221
Marex ehf.	Reykjavík	-89	-127	-217
AÓA útgerð ehf.	Ísafjörður	-117	-97	-214
Norðureyri ehf.	Suðureyri	-1	-205	-206
Rani ehf.	Hafnarfjörður	-184	0	-184
Ögurvík hf.	Reykjavík	208	-390	-182
Bensa útgerð ehf.	Bolungarvík	-177	0	-177
Hornbjarg ehf.	Seltjarnarnes	-112	-64	-176
Stekkjanes ehf.	Grindavík	-175	0	-175
Afkastahóll ehf.	Höfn	17	-189	-171
Einstaklingsútgerð		-92	-79	-171
Kjölur ehf.	Ísafjörður	-41	-128	-169
Hvalsteinn ehf.	Flateyri	-155	-13	-168
Kári GK 146 ehf.	Grindavík	-168	0	-168
Einstaklingsútgerð		-85	-80	-165
Ingimar Magnússon ehf.	Suðureyri	-54	-104	-158
Örninn GK 203 ehf.	Grindavík	8	-165	-157
Mardís ehf.	Hafnarfjörður	-166	10	-156
Uggi ehf.	Keflavík	-152	0	-152
Útgerðarfélagið Lónfell ehf.	Hafnarfjörður	-4	-146	-149

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	2004/2005	Samtals
Fiskvangur hf.	Hafnarfjörður	10	-159	-149
Einstaklingsútgerð		-36	-112	-148
Einstaklingsútgerð		-89	-57	-146
Salar Islandica ehf.	Djúpivogur	0	-145	-145
Útgerðarfélagið Braut ehf.	Grindavík	-65	-80	-144
Einstaklingsútgerð		-141	-3	-144
HBÞ ehf.	Seltjarnarnes	0	-143	-143
Lundey ehf.	Sauðárkrókur	-70	-73	-143
Nakkur ehf.	Akureyri	-69	-73	-142
H. Þórðarson ehf.	Keflavík	-123	-18	-141
Fiskiðjan Bjarg ehf.	Húsavík	-161	22	-139
Uggi fiskverkun ehf.	Húsavík	-73	-65	-138
Trefjar ehf.	Hafnarfjörður	0	-138	-138
Melhóll ehf.	Reykjavík	-101	-35	-136
Dögun ehf.	Sauðárkrókur	-86	-49	-135
Sigurður Pálmason ehf.	Kópavogur	-78	-56	-135
Einstaklingsútgerð		-130	-0	-130
Einstaklingsútgerð		-127	0	-127
Ufsaberg ehf.	Vestmannaeyjar	-53	-69	-123
Ögurnes ehf.	Hnífsdalur	-26	-97	-123
Sæljómi ehf.	Sandgerði	-62	-58	-120
Útgerðarfélagið Grímur ehf.	Garður	-29	-91	-120
Glær ehf.	Garðabær	-47	-71	-118
Les ehf.	Borgarfjörður	-71	-43	-114
	Samtals	**-38.176**	**-33.014**	**-71.190**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 2.2. Millifært aflamark 100 fyrirtækja sem fluttu mest aflamark til sín fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Magn í þorskígildistonnum miðað við þorskígildisstuðla hvort fiskveiðiár.

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Nesfiskur ehf.	Garður	2.078	2.750	4.828
Fiskvinnslan Kambur ehf.	Flateyri	1.672	1.780	3.452
Sæból ehf.	Grundarfjörður	829	1.590	2.419
Portland ehf.	Þorlákshöfn	629	1.517	2.146
Flesjar ehf.	Hafnarfjörður	668	1.064	1.732
Eldhamar ehf.	Grindavík	845	867	1.712
Flói ehf.	Hafnarfjörður	926	603	1.529
Guðmundur Runólfsson hf.	Grundarfjörður	530	925	1.454
Síldarvinnslan hf.	Neskaupstaður	1.088	250	1.338
Rekavík ehf.	Bolungarvík	-31	1.286	1.255
Eyrarsund ehf.	Sandgerði	644	604	1.248
Stálskip ehf.	Hafnarfjörður	590	641	1.231
Tjaldanes ehf.	Grindavík	470	714	1.185

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Magnel ehf.	Keflavík	523	619	1.142
Oddi hf.	Patreksfjörður	852	191	1.043
Sæhamar ehf.	Reykjavík	688	347	1.036
Ós ehf.	Vestmannaeyjar	845	169	1.014
Þorbjörn tálkni ehf.	Tálknafjörður	760	238	999
Soffanías Cecilsson hf.	Grundarfjörður	727	208	935
Pétursey ehf.	Vestmannaeyjar	565	300	865
Fiskvon ehf.	Patreksfjörður	380	466	846
G.Ben útgerðarfélag ehf.	Dalvík	407	406	813
Vestri ehf.	Patreksfjörður	521	237	758
Frosti ehf.	Grenivík	373	334	708
Lukka ehf.	Stöðvarfjörður	214	480	694
Birnir ehf.	Bolungarvík	416	265	681
Geir ehf.	Þórshöfn	473	202	675
Meirihlíð ehf.	Ísafjörður	337	338	674
Brimhóll ehf.	Reykjavík	121	548	670
Skipeyri ehf.	Reykjavík	354	287	640
Ísþorskur ehf.	Hafnarfjörður	534	106	640
Vör ehf.	Hafnarfjörður	147	483	630
Útgerðarfélagið Ós ehf.	Bolungarvík	489	112	601
Grímsnes ehf.	Grindavík	188	388	576
Hásteinn ehf.	Mosfellsbær	271	300	571
Sæfjöður ehf.	Þorlákshöfn	177	383	559
Fiskkaup hf.	Reykjavík	439	89	528
Haraldur Böðvarsson hf.	Reykjavík	517	0	517
Manni ehf.	Akureyri	269	242	511
Lárus Lárberg ehf.	Kópavogur	350	152	502
Vesturholt ehf.	Stöðvarfjörður	153	336	489
Útgerðarfélagið Haukur hf.	Ólafsvík	294	192	486
Staðarbrún ehf.	Grindavík	246	233	479
Hraunútgerðin ehf.	Húsavík	216	255	471
Farsæll ehf.	Grundarfjörður	90	373	463
Sigurður Haraldsson ehf.	Njarðvík	359	100	459
Frakkur ehf.	Ísafjörður	0	458	458
Siglunes ehf.	Siglufjörður	116	322	438
Skeljahöllin ehf.	Keflavík	431	3	434
Dufþakur ehf.	Vestmannaeyjar	188	225	414
Breiðavík ehf.	Hellissandur	209	193	402
Reykjaborg ehf.	Reykjavík	200	201	401
Farsæll ehf.	Grindavík	146	248	393
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	Ólafsvík	215	177	392
Dala-Rafn ehf.	Vestmannaeyjar	306	85	391
Hafnarnes hf.	Þorlákshöfn	215	168	383
Marver ehf.	Grindavík	89	292	381
Sólhóll ehf.	Höfn	46	331	377

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Aflamark ehf.	Njarðvík	168	208	376
Vísir hf.	Grindavík	2.164	-1.797	368
Fuglasteinn ehf.	Grindavík	170	197	367
Hábjörg ehf.	Keflavík	179	186	365
Norðurlind ehf.	Hvammstangi	273	90	363
Frár ehf.	Vestmannaeyjar	293	68	361
Síldey ehf.	Egilsstaðir	144	214	358
Stefán R Einarsson	Seltjarnarnes	226	125	351
Bergur – Huginn ehf.	Vestmannaeyjar	358	-16	342
Sjóskip ehf.	Hofsós	134	203	337
Jói Blakk ehf.	Keflavík	154	182	336
Guðbjartur ehf.	Ísafjörður	90	246	335
Friðfinnur ehf.	Flateyri	36	275	311
Kristinn J. Friðþjófsson ehf.	Hellissandur	138	170	308
Golan ehf.	Suðureyri	186	110	296
Gullberg ehf.	Seyðisfjörður	868	-581	287
Útgerðarfélagið Garðey ehf.	Grindavík	-342	623	281
Auðrún ehf.	Húsavík	141	139	280
Kóni ehf.	Ólafsvík	58	218	276
Bárður SH 81 ehf.	Snæfellsbær	72	204	276
Útgerðarfélagið Rún sf	Seltjarnarnes	143	133	276
Siggi Bjartar ehf.	Bolungarvík	128	148	275
Gymir ehf.	Vestmannaeyjar	275	0	275
Gullmar ehf.	Reykjavík	272	0	272
Litlagil ehf.	Flateyri	80	191	271
Viðar Sæmundsson	Hafnarfjörður	51	218	268
Söndungur ehf.	Dalvík	94	169	263
Halldór J. Egilsson	Þingeyri	156	99	255
Einar í Bjarnabæ ehf.	Hafnarfjörður	135	120	255
Eskey ehf.	Höfn	251	0	251
Stakkar ehf.	Kópavogur	0	251	251
Plastverk – Framleiðsla ehf.	Sandgerði	155	92	247
Humarvinnslan hf.	Þorlákshöfn	57	189	246
Manus ehf.	Garðabær	61	183	243
Þórsberg ehf.	Tálknafjörður	-33	275	243
Útgerðarfélagið Einhamar ehf.	Grindavík	-26	268	241
Hraðfrystihús Hellissands hf.	Hellissandur	-273	513	240
Grímsi ehf.	Ólafsvík	82	152	234
Stokksey ehf.	Stokkseyri	228	0	228
Skálará ehf.	Vestmannaeyjar	150	78	228
Vík ehf. útgerð	Skagaströnd	59	169	228
Útgerðarfélagið Kjarkur ehf.	Ólafsvík	89	138	227
	Samtals	**34.037**	**31.118**	**65.156**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 2.3. Fluttar aflahlutdeildir 100 fyrirtækja sem færðu frá sér mesta aflahlutdeild fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Verðmætaígildi miðað við aflaverðmæti tegunda 2004. Verðmætaígildi aflahlutdeildar botnfisktegunda innan landhelgi (sbr. töflu 3).

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Brim hf.	Akureyri	-0,14	-1,54	-1,68
Vísir hf.	Grindavík	0,03	-0,70	-0,67
Hóp ehf.	Grindavík	-0,47	0,00	-0,47
Stígandi ehf.	Vestmannaeyjar	0,00	-0,44	-0,44
Happi hf.	Njarðvík	-0,22	-0,13	-0,36
Útgerðarfélagið Frigg ehf.	Reykjavík	0,00	-0,35	-0,34
Saltver ehf.	Keflavík	-0,32	0,00	-0,32
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	Húsavík	-0,30	0,00	-0,30
Dindill ehf.	Reykjavík	-0,26	0,00	-0,26
Síldarvinnslan hf.	Neskaupstaður	0,00	-0,22	-0,22
Dynjandi ehf. útgerð	Reykjavík	0,00	-0,19	-0,19
Narfi ehf.	Vestmannaeyjar	-0,15	0,00	-0,15
Vinnslustöðin hf.	Vestmannaeyjar	-0,14	0,02	-0,13
Sæauður ehf.	Reykjavík	0,00	-0,10	-0,10
Bakkavík hf.	Bolungarvík	-0,09	0,00	-0,10
Drangavík ehf.	Dalvík	0,00	-0,09	-0,09
Skinney – Þinganes hf.	Höfn	-0,36	0,27	-0,09
Mardís ehf.	Hafnarfjörður	-0,08	-0,01	-0,09
Sigmar Björnsson	Grindavík	0,00	-0,09	-0,09
Hornbjarg ehf.	Seltjarnarnes	0,00	-0,09	-0,09
Guðdís ehf.	Keflavík	-0,04	-0,04	-0,09
Jóst ehf.	Garður	0,00	-0,08	-0,08
Huldu Keli ehf.	Bolungarvík	0,00	-0,07	-0,07
Hrönn ehf.	Bolungarvík	-0,02	-0,04	-0,07
Ljósavík hf.	Þorlákshöfn	-0,06	0,00	-0,06
Melhóll ehf.	Reykjavík	-0,01	-0,06	-0,06
Bergmundur Ögmundsson	Ólafsvík	-0,06	0,00	-0,06
Bensa útgerð ehf.	Bolungarvík	-0,06	0,00	-0,06
Jóhannes Sigurður Ólafsson ehf.	Akranes	0,00	-0,06	-0,06
Krækir ehf.	Suðureyri	0,00	-0,06	-0,06
Þorbjörn – Fiskanes hf.	Grindavík	-0,06	0,00	-0,06
Kópnes ehf.	Reykjavík	-0,02	-0,03	-0,06
Afkastahóll ehf.	Höfn	0,00	-0,06	-0,06
Fiskvangur hf.	Hafnarfjörður	0,00	-0,05	-0,05
Máni HF-149 ehf.	Bolungarvík	0,00	-0,05	-0,05
Þórsberg ehf.	Tálknafjörður	-0,05	0,00	-0,05
Hjallasandur ehf.	Hellissandur	-0,05	0,00	-0,05
Leó Óskarsson	Reykjavík	-0,05	0,00	-0,05
Vör ehf.	Hafnarfjörður	-0,01	-0,04	-0,05
Siglfirðingur ehf.	Siglufjörður	0,00	-0,05	-0,05
Sigríður Marta Valsdóttir	Ólafsvík	-0,05	0,00	-0,05
Hvalsteinn ehf.	Flateyri	-0,05	0,00	-0,05

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	Þórshöfn	0,00	-0,05	-0,05
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangsnes	-0,05	0,00	-0,05
Útgerðarfélagið Lónfell ehf.	Hafnarfjörður	0,00	-0,05	-0,05
Gæfa ehf.	Vestmannaeyjar	-0,05	0,00	-0,05
Rani ehf.	Hafnarfjörður	-0,04	0,00	-0,04
Huginn ehf.	Vestmannaeyjar	0,00	-0,04	-0,04
Þórður Jónsson ehf.	Bíldudalur	-0,04	0,00	-0,04
Kári GK 146 ehf.	Grindavík	-0,04	0,00	-0,04
Örninn GK 203 ehf.	Grindavík	0,05	-0,09	-0,04
Friðrik Bergmann ehf.	Ólafsvík	-0,04	0,00	-0,04
Sigurbjörn ehf.	Grímsey	-0,01	-0,03	-0,04
Heiðar Kristbergsson	Vopnafjörður	-0,02	-0,02	-0,04
Jón P. Ólafsson	Hafnarfjörður	-0,04	0,00	-0,04
Litlagil ehf.	Flateyri	-0,04	0,00	-0,04
Ríkharður Jónasson	Breiðdalsvík	0,00	-0,03	-0,03
Sævangur ehf.	Hafnarfjörður	0,04	-0,07	-0,03
Gærdbo ehf.	Ólafsvík	0,00	-0,03	-0,03
Einar Haraldsson	Grindavík	-0,03	0,00	-0,03
Samherji hf.	Akureyri	-0,03	0,00	-0,03
Sparisjóður Vestfirðinga	Þingeyri	0,00	-0,03	-0,03
Akraberg ehf.	Seltjarnarnes	-0,04	0,00	-0,03
Haraldur Árni Haraldsson	Þingeyri	0,00	-0,03	-0,03
Tryggvi Ársælsson	Tálknafjörður	-0,02	-0,01	-0,03
Kaldeyri ehf.	Flateyri	-0,03	0,00	-0,03
Sælón ehf.	Höfn	0,00	-0,03	-0,03
Eyfreyjunes ehf.	Djúpivogur	-0,03	0,00	-0,03
Lárberg ehf.	Kópavogur	-0,03	0,00	-0,03
Bersi ehf.	Hafnarfjörður	-0,03	0,00	-0,03
Margrét ehf.	Suðureyri	0,00	-0,03	-0,03
HAS ehf.	Seyðisfjörður	-0,02	-0,01	-0,03
Kvika hf. útgerð	Reykjavík	0,01	-0,04	-0,03
Útgerðarfélagið Ósk ehf.	Keflavík	0,05	-0,08	-0,03
Geislaútgerðin ehf.	Hofsós	0,00	-0,03	-0,03
Felix-útgerð ehf.	Akranes	-0,01	-0,02	-0,03
Pétur Jónsson ehf.	Kópavogur	-0,03	0,00	-0,03
Ylmir ehf.	Stöðvarfjörður	-0,01	-0,01	-0,03
Guðjón Theódórsson ehf.	Akranes	-0,02	0,00	-0,02
Kóni ehf.	Ólafsvík	-0,02	0,00	-0,02
Króanes ehf.	Mosfellsbær	-0,02	0,00	-0,02
Einherji ehf.	Patreksfjörður	0,00	-0,02	-0,02
Sigurbjörg Jónsdóttir ehf.	Reykjavík	-0,02	0,00	-0,02
Gestur Hólm Kristinsson	Stykkishólmur	-0,02	0,00	-0,02
S & R ehf.	Siglufjörður	0,00	-0,02	-0,02
Kjöggur ehf.	Fáskrúðsfjörður	0,00	-0,02	-0,02
Árni Ingibjörnsson	Keflavík	-0,02	0,00	-0,02

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Klemens Árni Einarsson	Keflavík	-0,02	0,00	-0,02
Kjölur ehf.	Ísafjörður	0,00	-0,02	-0,02
Vestri ehf.	Patreksfjörður	0,06	-0,08	-0,02
Útgerðarfélagið Grímur ehf.	Garður	0,00	-0,02	-0,02
Uggi ehf.	Keflavík	-0,02	0,00	-0,02
Baldur Sigurðsson	Djúpivogur	0,00	-0,02	-0,02
Þórarinn Guðbjartsson	Kópavogur	-0,02	0,00	-0,02
Rakkanes ehf.	Seltjarnarnes	-0,01	-0,01	-0,02
Hjörtur ehf.	Neskaupstaður	0,00	-0,02	-0,02
Sólbakki ehf.	Keflavík	-0,02	0,00	-0,02
Tangi hf.	Vopnafjörður	0,11	-0,13	-0,02
Silfurbraut 39 ehf.	Keflavík	-0,02	0,00	-0,02
Stefán Ingvar Guðjónsson	Eskifjörður	0,00	-0,02	-0,02
	Samtals	**-372,00**	**-5,49**	**-9,21**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 2.4. Fluttar aflahlutdeildir 100 fyrirtækja sem færðu til sín mesta aflahlutdeild fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Verðmætaígildi miðað við aflaverðmæti tegunda 2004. Verðmætaígildi aflahlutdeildar botnfisktegunda innan landhelgi (sbr. töflu 3.)

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
KG fiskverkun ehf.	Hellissandur	0,90	0,00	0,90
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf.	Reykjavík	-1,06	1,84	0,78
Íshaf hf.	Húsavík	0,00	0,70	0,70
Soffanías Cecilsson hf.	Grundarfjörður	0,06	0,44	0,51
Eskja hf.	Eskifjörður	0,47	0,00	0,47
Staðarvík ehf.	Keflavík	0,32	0,02	0,33
Útgerðarfélagið Garðey ehf.	Grindavík	0,30	0,01	0,30
Arnar ehf. útgerðarfélag	Hafnarfjörður	-0,01	0,28	0,27
Búlandstindur hf.	Grindavík	0,00	0,25	0,25
Sigurður Haraldsson ehf.	Njarðvík	0,24	0,00	0,24
Stálskip ehf.	Hafnarfjörður	0,18	0,05	0,23
Sæból ehf.	Grundarfjörður	0,00	0,20	0,20
Útgerðarfélagið Einhamar ehf.	Grindavík	0,00	0,18	0,19
Oddi hf.	Patreksfjörður	0,03	0,15	0,18
Fiskvinnslan Kambur ehf.	Flateyri	0,03	0,15	0,18
Brimhóll ehf.	Reykjavík	0,00	0,18	0,18
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	Vestmannaeyjar	0,10	0,07	0,18
Jakob Valgeir ehf.	Bolungarvík	-0,03	0,20	0,17
Nesfiskur ehf.	Garður	0,01	0,14	0,16
Bárustígur ehf.	Vestmannaeyjar	0,15	0,00	0,15
Álfsfell ehf.	Hnífsdalur	0,01	0,14	0,15
Gullberg ehf.	Seyðisfjörður	0,42	-0,28	0,14
Nóna ehf.	Grindavík	0,03	0,09	0,12
Einstaklingsútgerð		0,00	0,12	0,12

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Sigurður Ágústsson ehf.	Stykkishólmur	0,11	0,00	0,11
JBP ehf.	Hafnarfjörður	0,00	0,09	0,09
Norðureyri ehf.	Suðureyri	0,00	0,09	0,09
Frosti ehf.	Grenivík	0,00	0,09	0,09
Hvilft ehf.	Flateyri	0,08	0,00	0,08
Sigurnes hf.	Reykjavík	0,00	0,07	0,07
GRG-útgerð ehf.	Drangsnes	0,05	0,03	0,07
Ós ehf.	Vestmannaeyjar	0,04	0,03	0,07
Súlnastapi ehf.	Bolungarvík	0,01	0,07	0,07
Breiðavík ehf.	Hellissandur	0,02	0,05	0,07
Stakkavík ehf.	Grindavík	0,06	0,00	0,07
Fiskkaup hf.	Reykjavík	0,10	-0,03	0,07
Kristinn J. Friðþjófsson ehf.	Hellissandur	0,05	0,01	0,06
Birnir ehf.	Bolungarvík	0,01	0,05	0,06
Bergur – Huginn ehf.	Vestmannaeyjar	0,00	0,06	0,06
Manus ehf.	Garðabær	0,03	0,03	0,06
Einstaklingsútgerð		0,00	0,06	0,06
HBÞ ehf.	Seltjarnarnes	0,05	0,01	0,06
Marver ehf.	Grindavík	0,03	0,02	0,06
Litlalón ehf.	Ólafsvík	0,00	0,06	0,06
Fiskiðjan Bjarg ehf.	Húsavík	0,00	0,05	0,05
Dufþakur ehf.	Vestmannaeyjar	0,05	0,00	0,05
Borgarhöfði ehf.	Grímsey	0,00	0,05	0,05
Sandbrún ehf.	Hellissandur	0,03	0,02	0,05
Útgerðarfélagið Smyrill ehf.	Ólafsvík	0,03	0,01	0,05
Þorskadalur ehf.	Ólafsvík	0,05	0,00	0,05
Staðarbrún ehf.	Grindavík	0,03	0,01	0,04
Útgerðarfélagið Jórunn ehf.	Bolungarvík	0,04	0,00	0,04
Siggi Bjartar ehf.	Bolungarvík	0,00	0,04	0,04
Sandvíkingur ehf.	Njarðvík	0,00	0,04	0,04
Útgerðarfélagið Ós ehf.	Bolungarvík	0,07	-0,03	0,04
Ölduós ehf.	Höfn	0,00	0,04	0,04
Kæja ehf.	Vestmannaeyjar	0,00	0,04	0,04
Víborg ehf.	Hafnarfjörður	0,05	-0,02	0,03
Melnes ehf.	Hellissandur	0,00	0,03	0,03
Gjögur ehf.	Reykjavík	0,03	0,00	0,03
Steinunn hf.	Ólafsvík	0,03	0,00	0,03
Útnes ehf.	Hellissandur	0,03	0,00	0,03
Fiskihóll ehf.	Bolungarvík	0,00	0,03	0,03
Fanney SH-248 ehf.	Ólafsvík	0,00	0,03	0,03
Einstaklingsútgerð		0,03	0,00	0,03
Rekavík ehf.	Bolungarvík	0,09	-0,06	0,03
Álftanes ehf.	Grindavík	0,00	0,03	0,03
Króksskip ehf.	Sauðárkrókur	0,00	0,03	0,03
Einstaklingsútgerð		0,00	0,03	0,03

Fyrirtæki	Staður	2003/2004	Nettó 2004/2005	Samtals
Útgerðarfélagið Haukur hf.	Ólafsvík	0,03	0,00	0,03
Gjálfur ehf.	Ólafsvík	0,00	0,03	0,03
Guðbjartur ehf.	Ísafjörður	0,00	0,03	0,03
Ingþór Helgi ehf.	Tálknafjörður	0,00	0,03	0,03
Skarfaklettur ehf.	Garðabær	0,03	0,00	0,03
Bergholt ehf.	Þorlákshöfn	0,03	0,00	0,03
Guðbjartur SH-45 ehf.	Hellissandur	0,01	0,02	0,03
Siglunes ehf.	Siglufjörður	0,00	0,03	0,03
Knarrareyri ehf.	Húsavík	0,00	0,03	0,03
Stella Nk-12 ehf.	Neskaupstaður	0,00	0,03	0,03
Fossvík ehf.	Breiðdalsvík	0,00	0,03	0,03
Ögurvík hf.	Reykjavík	0,00	0,03	0,03
Útgerðarfélagið Kríli ehf.	Hafnarfjörður	0,04	-0,01	0,03
Lárus Lárberg ehf.	Kópavogur	0,03	0,00	0,03
Gústi Bjarna ehf.	Dalvík	0,00	0,03	0,03
Einstaklingsútgerð		0,00	0,02	0,02
Geir ehf.	Þórshöfn	0,01	0,02	0,02
Sæbjörg ehf.	Grímsey	0,00	0,02	0,02
Jói Blakk ehf.	Keflavík	0,00	0,02	0,02
Sæljón ehf.	Keflavík	0,02	0,00	0,02
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	Ólafsvík	0,02	0,00	0,02
Bátasmiðja Guðmundar ehf.	Hafnarfjörður	0,02	0,00	0,02
K & E ehf.	Keflavík	0,02	0,00	0,02
Nónvarða ehf.	Hellissandur	0,00	0,02	0,02
Útgerðarfélag Siglufjarðar ehf.	Siglufjörður	0,00	0,02	0,02
Kóngsvík ehf.	Stöðvarfjörður	0,00	0,02	0,02
Ósnes ehf.	Djúpivogur	0,02	0,00	0,02
Strútur ehf.	Reykjavík	0,02	0,00	0,02
Ýmir ehf. Bíldudal	Bíldudalur	0,02	0,00	0,02
Manni ehf.	Akureyri	0,00	0,02	0,02
Þiljur ehf. útgerðarfélag	Mosfellsbær	0,02	0,00	0,02
	Samtals	**371,00**	**6,53**	**10,24**

Fiskistofa 11. nóvember 2005.

Tafla 3. Stuðlar sem notaðir eru til að reikna út ígildistölur.

Teg. nr.	Fisktegund	Verðmætastuðull	Þorskígildistuðull 2003/2004	2004/2005
1	Þorskur	0,5518239	1,00	1,00
2	Ýsa	0,1548908	0,94	0,68
3	Ufsi	0,0565167	0,43	0,36
5	Karfi	0,0759885	0,50	0,47
6	Langa	0,0048151	0,79	0,56
8	Keila	0,0028574	0,50	0,39
9	Steinbítur	0,0229925	0,68	0,62

Teg. nr.	Fisktegund	Verðmætastuðull	Þorskígildistuðull 2003/2004	Þorskígildistuðull 2004/2005
14	Skötuselur	0,0094147	1,68	1,59
22	Grálúða	0,0796556	1,44	1,64
23	Skarkoli	0,0209371	1,16	1,13
24	Þykkvalúra	0,0099379	1,69	1,62
25	Langlúra	0,0037326	0,61	0,70
27	Sandkoli	0,0040298	0,47	0,49
28	Skrápflúra	0,0024074	0,45	0,45
		1,0000000		

Þorskígildisstuðlar eru gefnir út af sjávarútvegsráðuneytinu. Þeir endurspegla í megindráttum aflaverðmæti tegunda á tímabilinu 1. maí – 30. apríl næst á undan því fiskveiðiári sem þeir taka til, sem hlutfall af aflaverðmæti þorsks, sbr. lög nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.
Verðmætastuðlar sem í meðfylgjandi töflum eru notaðir til að reikna hlutdeildarfærslur botnfisktegunda til verðmætaígilda byggjast á svipaðri grunnhugmynd. Þeir eru gerðir með því að leggja saman aflaverðmæti íslenskra skipa innan landhelgi 2002 úr botnfiskstofnum sem taldir eru með í töflunni að ofan. Samanlagt verðmæti þeirra er þá 100%. Verðmætastuðull þorsks er 0,5518239 sem þýðir að aflaverðmæti þorsks, sem veiddist innan landhelgi á árinu 2004, var 55,18239% af aflaverðmæti ofantalinna botnfisktegunda samanlagðra það ár.

349. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Aukin útgjöld.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 16 milljarða kr. Nú við 2. umræðu koma enn fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka útgjöldin, nú um 3,3 milljarða kr. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það aukast fjárheimildir ársins því um 19,3 milljarða kr. eða um 6,5% af fjárlögum. 1. minni hluti nefndarinnar ætlar ekki við þessa umræðu að meta hvort þetta frumvarp eða breytingartillögurnar við það séu í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins en bendir á nefndarálit sitt um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 þar sem gerðar voru umtalsverðar athugasemdir varðandi viðhorf ríkisstjórnarmeirihlutans til þeirra laga. Við 1. umræðu um frumvarpið lýsti fjármálaráðherra því yfir að það væri enginn vafi á því að frumvarpið væri í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Það er því ekki að sjá að rökstuddar athugasemdir hafi áhrif á viðhorf framkvæmdarvaldsins og meðan meiri hluti þingsins lætur þau viðhorf yfir sig ganga er ekki líklegt að breyting verði á. Eflaust á eftir að bætast við þetta frumvarp áður en til 3. umræðu kemur og mun þá frumvarpið verða skoðað í heild sinni út frá lögum um fjárreiður ríkisins.

Það vekur sérstaka athygli að efnahagsforsendur fjárlaga ársins 2005 eru algjörlega brostnar. Þannig er nú t.d. spáð að einkaneysla tvöfaldist frá fyrri spám og hið sama gildir um fjárfestingu og þjóðarútgjöld.

Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar, %	Fjárlög 2005	Áætluð niðurstaða 2005	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	5,0	9,5	4,5
Samneysla	2,0	2,4	0,4
Fjárfesting	18,0	28,5	10,5
Þjóðarútgjöld alls	7,5	12,8	5,3
Útflutningur vöru og þjónustu	4,0	1,4	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	10,5	18,2	7,7
Verg landsframleiðsla	5,0	6,0	1,0
Viðskiptajöfnuður – % af landsframleiðslu	11,0	13,3	2,3

Sjaldan eða aldrei hafa forsendur fjárlaga beðið annað eins skipbrot og einu viðbrögð ríkisstjórnar eru skattalækkanir sem gagnast þeim einum sem mest hafa handa á milli. Sú fyrirætlan getur eins og margir hafa bent á virkað líkt og olía á eld miðað við þær efnahagsforsendur sem við búum nú við.

Auknar tekjur.

Samkvæmt breytingartillögum við frumvarpið er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist enn um 11,2 milljarða kr. Annars vegar er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs aukist um 9,6 milljarða kr. en skattar á vöru og þjónustu hækki um 1,1 milljarð kr. Hækkun skatttekna má að stærstum hluta rekja til góðrar afkomu fyrirtækja á árinu 2005, aukins bifreiðainnflutnings og áhrifa aukinnar einkaneyslu á innheimtu virðisaukaskatts. Ætla má að tekjur ríkissjóðs séu vanáætlaðar eins og oft áður og verði meiri en gert er ráð fyrir.

Enn á ný er bætt við kafla í söguna endalausu um embætti ríkislögreglustjóra. Þau eru fátíð fjáraukalögin þar sem ekki er minnst á embætti ríkislögreglustjóra. Að mati 1. minni hlutans er nauðsynlegt að fljótlega ljúki að sinni skipulagsbreytingum í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra þannig að meta megi gæði starfseminnar og kostnað við hana.

Óheppilegt fordæmi.

Fyrsti minni hluti verður að endurskoða hól það sem Alþingi fékk hjá honum við 1. umræðu fjárlaga. Því miður kemur Alþingi enn við sögu fjáraukalaga í tillögum meiri hlutans nú við 2. umræðu. Mikilvægt er að þingið sjálft, sem fer með fjárveitingavaldið og setur fjárreiðulögin, gangi á undan öðrum stofnunum ríkisins með góðu fordæmi en sé ekki ítrekað á fjáraukalögum. Sömu sögu er að segja um ýmsar aðrar af æðstu stofnunum ríkisins, m.a. embætti forseta Íslands, en forsætisráðuneytið hefur gert fjárlagatillögur um málefni þess sem ítrekað hafa ekki hrokkið fyrir útgjöldum. Þær tillögur um fjárveitingar til forsetaembættisins sem nú er að finna í fjárlögum og fjáraukalögum benda hins vegar til mikillar viðhorfsbreytingar í forsætisráðuneytinu gagnvart forsetaembættinu og er óskandi að embætti forsetans hætti nú að birtast reglulega á fjáraukalögum. Þá er enn fremur óheppilegt að ráðuneyti forsætis og fjármála séu svo tíðir gestir í fjáraukalögum sem raun ber vitni. Ráðuneyti þessi eiga fyrir hönd framkvæmdarvaldsins að hafa forustu um aðhald, aga, vandaða áætlanagerð og reglufestu og ætti því að heyra til algerra undantekninga að þau sæki um framlög á fjáraukalögum.

Lokaorð.

Margt fleira í þessu frumvarpi væri ástæða til að gera athugasemdir við en það bíður 3. umræðu þegar heildarmynd er komin á frumvarpið. Margoft hefur verið á það bent að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verði að tryggja að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok árs. Það ætti, ef vinnubrögð væru í lagi, að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi. Blekkingarleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Meðan svo er má búast við marklitlum fjárlögum í fallegum búningi.

Alþingi, 15. nóv. 2005.

Helgi Hjörvar, frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Katrín Júlíusdóttir.

350. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að útgjöld ríkisins verði aukin um rúma 19 milljarða kr. Heimild til gjalda í fjárlögum ársins 2005 var 296,4 milljarðar kr., þ.e. 6,4% hækkun frá útgjöldum fjárlaga ársins 2005.

Enn er áréttað að í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Undanfarin ár hafa ýmis fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og því átt heima í fjárlagafrumvarpi þess árs. Þrátt fyrir að í þessu frumvarpi hafi dregið úr slíku þá er enn að finna dæmi um að kveðið sé á um fjárútlát sem áttu heima í fjárlagafrumvarpi ársins 2005 af því að þau voru fyrirsjáanleg. Vissulega má finna dæmi í fjáraukalagafrumvarpinu sem rúmast innan laga um fjárreiður ríkisins eins og framlög til neyðaraðstoðar vegna náttúruhamfaranna í Pakistan nú í haust og mætti sú fjárhæð reyndar vera rausnarlegri.

Efnahagslegar forsendur.

Með frumvarpi til fjárlaga fylgir greinargerð fjármálaráðuneytis um þróun helstu stærða í þjóðarbúskapnum. Þær forsendur sem fjármálaráðuneytið lagði af stað með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 hafa breyst verulega er varðar gengisvísitöluna og áætlaðan viðskiptahalla. Gert var ráð fyrir að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 en hún er nú rétt rúmlega 100. Ljóst var að viðskiptahallinn yrði verulegur. Í skýrslu fjármálaráðuneytis um þjóðarbúskapinn í janúar var áætlað að viðskiptahallinn yrði 103 milljarðar kr. Í skýrslu frá október er þessi áætlun komin í 128 milljarða kr. Þá má nefna að í hagspá Landsbankans frá því í september sem bar yfirskriftina „Ógnarjafnvægi efnahagsmála“ er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 132 milljarðar kr. Þá er ljóst að verðbólgan verður meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2005.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram í upphafi þings tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Fylgir tillagan með sem fylgiskjal. Í ljósi stöðu útflutningsatvinnugreinanna, svo sem sjávarútvegs, ferðaþjónustu, nýsköpunar og hátækniiðnaðar í stóriðju og hágengisstefnu ríkisstjórnarinnar er aldrei brýnna en nú að grípa til aðgerða. Tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er mikilvægur liður í þeim aðgerðum.

Útgjaldaaukning í fjáraukalögum og uppsafnaður halli.

Eins og áréttað var hér að framan á einungis að veita viðbótarheimildir í fjáraukalögum vegna ófyrirséðra verkefna. Undanfarin ár hafa sérstaklega verið nefndir ýmsir fjárlagaliðir vegna mennta- og heilbrigðismála sem hafa fengið viðbótarheimildir í fjáraukalögum, þrátt fyrir að bent hafi verið á við fjárlagagerð að ljóst væri að fjárveitingar væru ekki nægar. Sem dæmi um viðbótarheimildir í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sérstaklega bent á viðbótarheimild til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis (50 millj. kr.) og sendiráða Íslands (276 millj. kr.). Eini rökstuðningurinn fyrir viðbótarheimildinni er sagður vera uppsafnaður halli, en í greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá því í júní sl. kemur fram að um 120 fjárlagaliðir voru með verulegan halla í árslok 2004. Halli samkvæmt höfuðstól einstakra fjárlagaliða í ríkisreikningi fyrir árið 2004 er alls rúmir 20 milljarðar kr., þar af eru lífeyrisskuldbindingar 7,3 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna 4,8 milljarðar kr., en ónýttar fjárheimildir eru rúmir 16 milljarðar kr. Þessi frávik eru orðin allt of mörg og mikil. Uppsafnaður halli flyst sjálfkrafa yfir á næsta ár. Það er ljóst að sá vandi sem fluttist frá árinu 2004 yfir á árið 2005 er ekki leystur í fjárlögum 2005 eða með þessum fjáraukalögum. Við blasir að nokkur ráðuneyti og stofnanir eru komin langt út fyrir heimildir fjárlaga án þess að brugðist hafi verið við samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um framkvæmd fjárlaga. Í þessu sambandi má benda á að fjárlagaliðir sem eru komnir umfram heimildir hjá menntamálaráðuneyti í árslok 2004 námu alls um 1,5 milljörðum kr. og hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um 2,6 milljörðum kr. Þessi yfirfærsla á halla eða ónýttum fjárheimildum er komin langt umfram það sem hægt er að telja eðlilegt.

Upplýsingagjöf til fjárlaganefndar.

Þegar þetta álit er lagt fram hefur fjárlaganefnd ekki fengið uppgjör fjármálaráðuneytis fyrir janúar til september 2005. Til þess að fjárlaganefnd geti sinnt eftirlitsskyldu sinni og gert raunhæft mat á þörfum fyrir viðbótarheimildir í fjáraukalögum verður að gera kröfu til þess að upplýsingar um fjárhagsstöðu stofnana og ráðuneyta berist nefndinni mun fyrr en nú er.

Fjáraukalagafrumvarpið sem kemur hér til 2. umræðu ber því miður of mikinn keim af því að einstakir ráðherrar eru að troða inn gæluverkefnum sínum frekar en að verið sé að taka á brýnum og aðsteðjandi vanda einstakra stofnana eða láta þær fara með halla til næsta árs.

Breytt vinna við fjárlagagerð.

Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur sá sem undir þetta nefndarálit ritar tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Afar brýnt er að þessi endurskipan fjárlagagerðarinnar komist sem fyrst á svo það verði Alþingi sem raunverulega ákveði fjárveitingar til einstakra verkefna. Eins og nú er stendur Alþingi frammi fyrir ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um fjárveitingar sem þegar hafa verið teknar. Sú er því miður raunin í allt of mörgum tilvikum í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Alþingi, 14. nóv. 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Þingsályktunartillaga Steingríms J. Sigfússonar o.fl. um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Sjá þskj. 5, 5. mál á yfirstandandi löggjafarþingi, bls. 483–491.

351. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni,
Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	31,0	98,1	129,1

Greinargerð.

Gerð er tillaga um 98,1 m.kr. framlag til neyðaraðstoðar í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan í september sl. en það er 80 m.kr. hærra framlag en meiri hluti fjárlaganefndar leggur til.

352. Tillaga til þingsályktunar [320. mál]

um framhaldsskóla í Borgarnesi.

Flm.: Jón Bjarnason, Guðjón A. Kristjánsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja þegar í stað viðræður við sveitarstjórnir og aðra heimaaðila í Borgarfirði og nágrenni um stofnun framhaldsskóla í Borgarnesi, sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfi og tillögum sínum fyrir 1. apríl 2006.

Stefnt verði að því að nýr framhaldsskóli taki til starfa í Borgarnesi haustið 2006.

Greinargerð.

Megintilgangurinn með þessari tillögu er að auka framboð á menntun í Borgarbyggð og nágrenni og styrkja þar með almenna grunnmenntun í héraðinu. Jafnframt er hún liður í að laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar.

Fólk lítur í auknum mæli, og það með réttu, á samveru fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum. Það að unglingar geti stundað sem lengst nám sitt í heimangöngu er beint innlegg í jöfnun lífskjara.

Viðurkennt er að á aldrinum 15–19 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er tölu-vert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög til framtíðar gengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og að unglingarnir fái nauðsynlegan stuðning af fjölskyldulífinu. Oftar en ekki velur fjölskylda að flytja til byggðarlags þar sem er framhaldsskóli þegar börnin komast á framhaldsskólaaldur.

Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýlegum sjálfræðislögum, en með þeim er foreldrum falin ábyrgð á unglingum að 18 ára aldri og því eðlilegt að skipulag menntunar taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Hækkun innritunargjalda og aukinn kostnaður nemenda við bóka- og efniskaup eykur enn á þennan mismun. Þrýstingur á að einkavæða skólakerfið og taka upp skólagjöld mun enn auka á misréttið til náms.

Framhaldsskóli með nemendum sínum og starfsfólki styrkir mjög innviði hvers samfélags. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum framhaldsskóla sem þannig gefa hverju byggðarlagi sterkari sjálfsmynd.

Framhaldsskóli í Borgarnesi.

Á árunum 2000–2004 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum hér á landi úr 20.332 í 22.629, eða um rúm 11,2%, samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í upp-

byggingu framhaldsskóla. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi nú í nóvember kom fram að 119 nemendur fengu ekki skólavist í framhaldsskóla á sl. hausti.

Fyrir rúmlega 20 árum voru fimm framhaldsskólar í Borgarfirði en nú er það nám sem er þar enn á framhaldsskólastigi rekið í tengslum við háskóla og kemur sem lokaáfangi til undirbúnings fyrir þá skóla. Þó að vissulega sé góður framhaldsskóli á svæðinu, Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi, eru vegalengdir það miklar vestur á Mýrar og inn í dali Borgarfjarðar að óraunhæft er að nemendur geti sótt hann í daglegri heimangöngu. Borgarnes og Borgarfjarðarhérað er ört vaxandi byggðarlag og framhaldsskóli eðlilegur þáttur í hverju samfélagi þar sem því verður viðkomið.

Mikill styrkur er að auknum umsvifum háskólanna á Bifröst og á Hvanneyri og nærvera þeirra er mikil fagleg stoð fyrir starf framhaldsskóla á svæðinu.

Íbúum fjölgar hratt í Borgarfirði og nágrenni.

Sé litið til langs tíma hefur fjöldi framhaldsskólanema aukist jafnt og þétt og er sú aukning nokkuð umfram almenna fólksfjölgun í landinu. Frá árinu 1997 hefur framhaldsskólanemum fjölgað um 10% en Íslendingum fjölgað um 8% á sama tíma. 5% þeirra sem stunda framhaldsskólanám á Íslandi búa á Vesturlandi. Er það í réttu hlutfalli við þann aldurshóp sem helst stundar slíkt nám, en 5% íbúa landsins á aldrinum 16–29 ára búa á Vesturlandi.

Í Borgarfirði hefur aldursdreifing íbúanna verið nokkuð frábrugðin aldursdreifingu á landinu öllu, að því leyti að sérstaklega vantar þar fólk á aldrinum 25–29 ára en á þeim aldri lýkur fólk námi, stofnar fjölskyldu og haslar sér völl á vinnumarkaði.

Árið 2004 stunduðu 297 íbúar á svæðinu framhaldsskólanám. Ef litið er til Borgarfjarðar alls auk Dalasýslu fer fjöldinn upp í 365 íbúa. Eftir 10 ár má gera ráð fyrir að þeir verði a.m.k. 452 talsins, samkvæmt mjög vægum spám.

Ljóst þykir að framhaldsskóli í Borgarnesi er nauðsynlegur eins og staðan er núna, og enn brýnni þörf verður fyrir slíkan skóla með hverju árinu sem líður. Því er lagt hér til að menntamálaráðherra hefji þegar í stað undirbúningsvinnu fyrir stofnun framhaldsskóla í Borgarnesi á grundvelli 37. og 39. gr. laga um framhaldsskóla og ungu fólki í Borgarfirði verði þannig tryggt að það geti stundað nám á framhaldsskólastigi í heimabyggð.

Menntun í heimabyggð.

Framhaldsskólinn í Grundarfirði, sem tók til starfa haustið 2004, hefur gjörbreytt búsetuskilyrðum á norðanverðu Snæfellsnesi. Nú getur ungt fólk á Snæfellsnesi sótt framhaldsskóla í daglegri heimangöngu. Nálægðin við skólann gefur öðrum íbúum möguleika til náms sem þeir áttu ekki áður kost á. Framhaldsskóli Snæfellinga er nú þegar fullsetinn og aðsókn mun meiri en bjartsýnustu áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að framhaldsskólinn sem hér um ræðir yrði í Borgarnesi. Markmiðið er að skólinn þjóni íbúum í Borgarnesi og nágrannabyggðum sem almennur framhaldsskóli í heimangöngu. Við ákvörðun á námsframboði hans verði tekið mið af sérhæfingu Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og annarra skóla á framhalds- og háskólastigi í héraðinu þannig að hann stuðli að enn víðtækari faglegri samfellu í menntun á svæðinu.

Lög um framhaldsskóla.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80 11. júní 1996 segir:

„XII. KAFLI
Stofnun og bygging framhaldsskóla.
37. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 41. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/sveitarfélög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur í samráði við menntamálaráðuneyti og hann staðfestur af skólanefnd.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

[...]

XIII. KAFLI
Rekstur framhaldsskóla.
39. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra

gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsframkvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar framkvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

353. Fyrirspurn [321. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrot ungs fólks.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir einstaklingar undir 30 ára aldri hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og aldri?
2. Hve mörg árangurslaus fjárnám hafa verið gerð hjá sama aldurshópi sl. fimm ár, sundurliðað á sama hátt?

Skriflegt svar óskast.

354. Fyrirspurn [322. mál]

til menntamálaráðherra um fjármálafræðslu í skólum.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Í hvaða bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla fer fram kennsla í meðferð fjármuna?
2. Hvaða námsefni er kennt og hver eru meginatriði fjármálafræðslunnar?

355. Fyrirspurn [323. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu íslensks skipaiðnaðar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað líður áformum um að bæta stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar?

356. Fyrirspurn [324. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um vasapeninga öryrkja.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er áformað að taka upp aldurstengda hækkun eða uppbót á vasapeninga öryrkja sem dveljast á stofnunum?

357. Fyrirspurn [325. mál]

til sjávarútvegsráðherra um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár, sundurliðað eftir árum og fisktegundum?
2. Hverjar voru aflaheimildir og afli einstakra báta, sundurliðað eftir árum?
3. Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

358. Frumvarp til laga [326. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað „768“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 787.

2. gr.

Í stað orðanna „1. desember“ í 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. laganna kemur: 31. desember.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006 og álagningu tekjuskatts á árinu 2007. Ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á grunnfjárhæð sjómannaafsláttar, auk þess sem lagðar eru til breytingar sem lúta að skattframkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð um 2,5% frá 1. janúar 2006 sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006. Þessi hækkun er í samræmi við þá hækkun persónuafsláttar sem samþykkt var haustið 2004.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 89. gr. gildandi laga segir að menn, sem um ræðir í 1. gr. laganna, skuli telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuári. Hér er lagt til að miðað verði við 31. desember ár hvert. Ástæður þess að miðað hefur verið við 1. desember en ekki síðasta dag ársins liggja í vinnulagi fyrri tíma, en ljóst er að verulegar tæknilegar framfarir hafa átt sér stað frá því að framangreint tímamark var lögfest. Núgildandi fyrirkomulag hefur hins vegar tafið fyrir vinnslum skattyfirvalda og aukið hættu á villum og því er þessi breyting lögð til.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til verðlagshækkun á sjómannaafslætti í samræmi við forsendur fyrir tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2006. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

359. Frumvarp til laga [327. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „í landbúnaði“ í 4. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og brenna að meginhluta til dísilolíu í kyrrstöðu, t.d. kranabifreiðar, vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum, borkranabifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, holræsabifreiðar, borholumælingabifreiðar og úðunarbifreiðar.
c. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á beltabifreiðar og námuökutæki sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar skv. 4. tölul. 1. mgr. og ökutæki skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.
e. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Eigendum ökutækja skv. 6. tölul. 1. mgr. er heimilt að skrá umrædd ökutæki hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota og öðlast þar með rétt á gjaldfrjálsri litaðri olíu samhliða því að þeir greiði sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr. 13. gr. Ökutæki skv. 7. tölul. 1. mgr. og ökutæki sem skráð hafa verið til sérstakra nota skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá.
f. 4. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð, þ.m.t. hvaða ökutæki falla undir 6. og 7. tölul. 1. mgr. og um fyrirkomulag skráningar ökutækja skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð hvernig staðið skuli að sölu eða afhendingu á gjaldfrjálsri olíu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „endurgreiðslu“ í 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Beiðnir um endurgreiðslu skv. 2. mgr. skulu afgreiddar af utanríkisráðuneytinu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: eða af ökutækjum skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Greiða skal sérstakt kílómetragjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.
c. Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 2., 6. og 8. mgr. kemur: og sérstaks kílómetragjalds.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	**Sérstakt kílómetragjald kr.**	**Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg**	**Sérstakt kílómetragjald kr.**
5.000–6.000	9,00	19.001–20.000	22,57
6.001–7.000	9,56	20.001–21.000	23,73
7.001–8.000	10,13	21.001–22.000	24,89
8.001–9.000	10,69	22.001–23.000	26,62
9.001–10.000	11,25	23.001–24.000	28,34
10.001–11.000	12,10	24.001–25.000	30,07
11.001–12.000	13,27	25.001–26.000	31,79
12.001–13.000	14,43	26.001–27.000	33,52
13.001–14.000	15,59	27.001–28.000	35,24
14.001–15.000	16,75	28.001–29.000	36,97
15.001–16.000	17,92	29.001–30.000	38,69
16.001–17.000	19,08	30.001–31.000	41,54
17.001–18.000	20,24	31.001 og yfir	44,39
18.001–19.000	21,40		

e. Á eftir orðunum „skv. 3. tölul. 1. mgr.“ í 9. mgr. kemur: og sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr.
f. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: og sérstakt kílómetragjald.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um sérstakt kílómetragjald.
b. Í stað orðsins „þungaskatt“ í 3. mgr. kemur: kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald.

6. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

7. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: og sérstakt kílómetragjald.

8. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: og sérstaks kílómetragjalds, og á eftir orðinu „kílómetragjald“ í sömu málsgrein kemur: og sérstakt kílómetragjald.

9. gr.

Við heiti II. kafla laganna bætist: **og sérstakt kílómetragjald.**

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „12. og 17. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12., 14. og 17. gr.
b. 6. mgr. fellur brott.

11. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

12. gr.

Í stað orðanna „olíugjaldi og kílómetragjaldi“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum. Eru breytingarnar lagðar til með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á lögin frá gildistöku þeirra 1. júlí 2005.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lögð til ný skilgreining á ökutækjum til sérstakra nota sem undanþegin eru olíugjaldi. Samkvæmt núgildandi lögum eru þau ökutæki sem falla undir 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna, sem vísar í vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, undanþegin greiðslu olíugjalds. Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra falla hér undir margvísleg ólík ökutæki. Heiti ökutækjanna í vöruliðnum á sér sjaldnast samsvörun í skráningu í ökutækjaskrá sem gerir það að verkum að afar erfitt er að tilgreina nákvæmlega hvaða ökutæki falla undir þessa undanþágu. Þetta skapar réttaróvissu fyrir bæði gjaldendur og álagningaraðila auk þess sem allt eftirlit með því hvort óheimil notkun á litaðri olíu eigi sér stað verður ómarkvissara. Tengingin í lögunum við vörulið 8705 í viðauka I við tollalög hefur því skapað vanda í framkvæmd frá því lögin um olíugjald og kílómetragjald gengu í gildi. Við endurskoðun á 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna er með frumvarpi þessu haft að leiðarljósi að um sé að ræða ökutæki sem að meginhluta til brenna dísilolíu í kyrrstöðu, svo sem við framleiðslu eða vinnslu á tilteknum verkstað, og eru með varanlegum áföstum búnaði til sérstakra nota.

Verði frumvarpið að lögum verða tilgreind nánar í reglugerð þau ökutæki sem falla þarna undir, á sambærilegan hátt og gert er í reglugerð nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds. Verða ökutækin jafnframt auðkennd í ökutækjaskrá þannig að fram komi í skráningarskírteini ökutækis hvort því sé heimilt að nota litaða olíu. Samkvæmt tillögum frumvarpsins verður eigendum þessara ökutækja ekki gert skylt að skrá fyrrgreind ökutæki sem ökutæki til sérstakra nota heldur geta þeir valið hvort þeir greiði olíugjald og kílómetragjald samkvæmt núgildandi lögum eða hvort þeir skrái ökutæki sín hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota, fái áritun þess efnis í skráningarskírteini ökutækisins og eigi þar með rétt á að fá afgreidda litaða gjaldfrjálsa olíu samhliða því að þeim er gert skylt að greiða sérstakt kílómetragjald, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Með því að hafa skráninguna valkvæða, og með hliðsjón af hinu sérstaka kílómetragjaldi, er út frá jafnræðissjónarmiðum leitast við að tryggja að eingöngu eigendur ökutækja til sérstakra nota sem sannanlega brenna dísilolíu við vinnslu á verkstað telji það hagkvæmt að fá afhenta gjaldfrjálsa olíu.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að dráttarvélar verði undanþegnar olíugjaldi, óháð því hvort þær eru ætlaðar til nota í landbúnaði eða ekki. Dráttarvélar hafa þá sérstöðu umfram aðrar vinnuvélar að vera skráðar bæði í ökutækjaskrá og vinnuvélaskrá. Ákvæðið í núgildandi lögum er komið úr dönskum rétti en þar eru eingöngu dráttarvélar og aðrar vinnuvélar í eigu bænda undanþegnar olíugjaldi. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga eru allar vinnuvélar undanþegnar olíugjaldi og er því lagt til að skilyrðið um notkun „í landbúnaði" í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga verði afnumið, og þar með eigi allar dráttarvélar, óháð notkun, rétt á gjaldfrjálsri olíu.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu lagt til að sett verið í 4. gr. laganna skýr heimild fyrir námuökutæki og beltabifreiðar til að nota gjaldfrjálsa olíu. Slík heimild er nú í 2. gr. reglugerðar nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds, en rétt þykir að umrædd undanþága komi skýrt fram í lögunum. Er ákvæðið í samræmi við sams konar ákvæði í 3. mgr. 1. gr. fyrri laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, og afmarkað við belta- og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.

Í fjórða lagi er lagt til að samhliða endurskilgreiningu á ökutækjum til sérstakra nota verði sett sérstök gjaldskrá kílómetragjalds fyrir ökutæki sem falla undir sérstök not í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt núgildandi lögum greiða umrædd ökutæki sama kílómetragjald og önnur ökutæki, þyngri en 10 tonn, sem einnig greiða olíugjald. Er það kílómetragjald töluvert lægra en í hinu eldra þungaskattskerfi sem aflagt var 1. júlí 2005, enda hugsað sem viðbót við olíugjald hjá þyngri ökutækjum, óháð eldsneytisgjafa, sem slíta vegakerfinu hlutfallslega meira en önnur ökutæki. Sumum þessara ökutækja til sérstakra nota er ekið nokkuð mikið, eins og t.d. steypuhræribifreiðum, og valda þau því sams konar sliti á vegakerfinu og önnur þyngri ökutæki sem greiða olíugjald og kílómetragjald. Með hliðsjón af samræmi í skattlagningu og meginreglunni um að notendur vegakerfisins greiði til uppbyggingar og viðhalds á vegakerfinu í hlutfalli við það slit sem viðkomandi ökutæki veldur er því lagt til með frumvarpi þessu að umrædd ökutæki til sérstakra nota, sem kjósa að vera undanþegin olíugjaldi, sbr. ofangreint, greiði sérstakt kílómetragjald vegna aksturs þeirra á vegakerfi landsins. Halda má því fram að sérstaka kílómetragjaldið sé ígildi olíugjalds þar sem leitast er við að jafnræði ríki í gjaldtöku milli ökutækja til sérstakra nota sem aka á gjaldfrjálsri olíu og annarra ökutækja svipaðrar gerðar miðað við sambærilegan akstur í almenna vegakerfinu. Samkvæmt frumvarpinu ætti 25 tonna steypuhræribifreið sem ekið er 15 þús. km á ári að greiða sambærilega fjárhæð í formi sérstaks kílómetragjalds og vörubifreið sömu þyngdar, miðað við sama akstur í formi olíugjalds og kílómetragjalds. Miðað við gildandi lög er gjaldbyrði steypuhræribifreiða vegna aksturs nær þrefalt lægri en vegna sams konar

aksturs vörubifreiða. Í frumvarpinu er sú leið valin að stilla upp sérstakri gjaldskrá, þ.e. sérstöku kílómetragjaldi, frekar en að fara nokkurs konar endurgreiðsluleið, einkum vegna þess að gjald fyrir hvern ekinn kílómetra endurspeglar á einfaldan hátt slit á vegum landsins. Ef farin væri endurgreiðsluleið væri hætt við að setja þyrfti upp flóknar reglur um annars vegar not á olíu í hlutfalli við akstur og hins vegar olíunotkun við hina sérstöku vinnslu sem væri gjaldfrjáls. Samhliða tillögu frumvarpsins um sérstakt kílómetragjald er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á texta núgildandi laga og greina á milli „kílómetragjalds" og „sérstaks kílómetragjalds" þar sem við á.

Í fimmta og síðasta lagi er með frumvarpinu lagt til að samræmdar verði reglur um meðferð endurgreiðslu olíugjalds við ákvæði í reglugerð nr. 398/2005, um endurgreiðslu olíugjalds til sendimanna erlendra ríkja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er afnumin sú takmörkun að eingöngu dráttarvélum í landbúnaði sé heimilt að nota litaða gjaldfrjálsa olíu.

Í b-lið er kveðið á um að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og sem að meginhluta til brenna dísilolíu í kyrrstöðu. Nánari útfærsla og frekari upptalning á umræddum ökutækjum mun koma fram í reglugerð sem fjármálaráðherra setur verði frumvarpið að lögum. Er í frumvarpinu lagt til að texti núgildandi reglugerðarheimildar ráðherra verði nákvæmari hvað þetta varðar, sbr. f-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í c-lið er kveðið á um að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu til nota á beltabifreiðar og námubifreiðar sem aka utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum. Er þetta í samræmi við reglur sem giltu samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Gert er ráð fyrir að skýringar á orðunum „námuökutæki", „utan vega" og „á lokuðum vinnusvæðum" komi fram í reglugerð sem fjármálaráðherra setur verði frumvarpið að lögum, sbr. f-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í d-lið eru leiðréttar tilvísanir innan 4. gr. laganna í samræmi við framangreindar breytingar.

Í e-lið er lagt til að eigendur ökutækja til sérstakra nota geti valið hvort þeir greiði olíugjald og kílómetragjald samkvæmt núgildandi lögum eða hvort þeir skrái ökutæki sín hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota, fái áritun þess efnis í skráningarskírteini ökutækisins og eigi þar með rétt á að fá afgreidda litaða gjaldfrjálsa olíu samhliða því að þeim er gert skylt að greiða sérstakt kílómetragjald, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Vísast nánar um þetta atriði í almennar athugasemdir við lagafrumvarpið. Hér er lagt til það skilyrði að ökutæki skv. 7. tölul. 1. mgr., og ökutæki sem skráð hafa verið til sérstakra nota, verði auðkennd með sérstökum hætti í ökutækjaskrá. Fyrirséð er að ökutæki sem falla undir 6. tölul. verði auðkennd þannig að fram komi í skráningarskírteini hvort notkun litaðrar olíu sé heimil og að beltabifreiðar og námuökutæki verði, sem hingað til hefur tíðkast, auðkennd með sérstökum skráningarmerkjum (utanvegamerki).

Í f-lið er verið að skerpa á heimild ráðherra til að setja reglur um skilyrði fyrir notkun á litaðri gjaldfrjálsri olíu. M.a. er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um nánari skilyrði og framkvæmd við skráningu ökutækja skv. 6. og 7. tölul. og skráningu ökutækja aftur í almenna notkun.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra verði heimilt að kveða á um í reglugerð hvernig staðið skuli að sölu eða afhendingu á gjaldfrjálsri olíu. Er talið æskilegt að hafa slíka heimild í lögunum, m.a. út frá hagsmunum þeirra aðila sem selja og afhenda gjaldfrjálsa olíu.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til skýrari reglur um hvaða stjórnvald sinni endurgreiðslu olíugjalds, annars vegar fyrir almenningsvagna og hins vegar fyrir erlend sendiráð.

Um 4. gr.

Í a-lið greinarinnar er kveðið á um að námuökutæki og beltabifreiðar verði undanþegnar greiðslu kílómetragjalds. Er það í samræmi við fyrri framkvæmd, sbr. lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, þar sem ekki er gert ráð fyrir að umrædd ökutæki hafi afnot af vegakerfi landsins.

Í b-lið er kveðið á um skyldu til að greiða sérstakt kílómetragjald af ökutækjum sem falla undir sérstök not í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í c-lið er bætt við ákvæði um sérstakt kílómetragjald en sömu reglur gilda um ökumæla ökutækja hvort sem greitt er kílómetragjald eða sérstakt kílómetragjald.

Í d-lið er kveðið á um nýja gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds fyrir ökutæki sem falla undir sérstök not í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í frumvarpinu er gjaldið nefnt sérstakt kílómetragjald til aðgreiningar frá kílómetragjaldi því sem núgildandi 13. gr. laganna kveður á um. Gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds er, með hliðsjón af jafnræði í skattlagningu, reiknuð út frá skattbyrði þyngri ökutækja sem borga bæði olíugjald og kílómetragjald í samræmi við núgildandi lög. Þar sem ökutæki til sérstakra nota kunna í einhverjum tilfellum að vera léttari en 10 tonn tekur hin nýja gjaldskrá til ökutækja allt niður í 5.000 kg að heildarþyngd.

Í e-lið er kveðið á um greiðslu sérstaks kílómetragjalds við brottför ökutækis úr landi.

Í f-lið er til aðgreiningar lagt til að fyrirsögn greinarinnar breytist með hliðsjón af því að verði frumvarpið að lögum verða tvær kílómetragjaldskrár í 13. gr. laganna, þ.e. „kílómetragjald“ og „sérstakt kílómetragjald“.

Um 5.–9. gr. og 11.–12. gr.

Í greinunum er verið að bæta „sérstöku kílómetragjaldi“ við ákvæði 14.–17. gr., kaflaheiti II. kafla og ákvæði 21. og 23. gr. laganna um kílómetragjald.

Um 10. gr.

Í a-lið greinarinnar er bætt við kæruheimild vegna endurákvörðunar ríkisskattstjóra vegna 14. gr. laganna sem fjallar um endurákvörðun ríkisskattstjóra vegna brota á gjaldþyngd ökutækja.

Í b-lið er kveðið á um að 6. mgr. 18. gr. laganna falli brott þar sem ákvæðinu er ofaukið en 22. gr. laganna fjallar einnig um dráttarvexti.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um olíugjald og kílómetragjald eins og nánar er rakið í athugsemdum við frumarpið. Veigamesta breytingin er sú að lagt er til að sett verði sérstök gjaldskrá kílómetragjalds fyrir ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru undanþegin olíugjaldi, t.d. kranabifreiðar og steypuhrærибifreiðar. Sumum þessara ökutækja er ekið talsvert á vegakerfinu og valda þau því samskonar sliti á því og ýmis önnur þung ökutæki sem greiða bæði olíugjald og kílómetragjald. Nýja kílómetragjaldskráin fyrir ökutæki til sérstakra nota er byggð á skattbyrði þyngri ökutækja sem samkvæmt núgildandi lögum borga olíugjald og kílómetragjald. Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um akstur þessara ökutækja til að unnt sé að áætla tekjur ríkissjóðs af gjaldtökunni með neinni vissu en talið er að þær verði varla meiri en 20–30 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóðs verði það að lögum.

360. Frumvarp til laga [328. mál]

um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt því sem mælt er fyrir um í lögum þessum verður sönnunargagna aflað vegna ætlaðra brota gegn eftirfarandi hugverkaréttindum:

a. Höfundarétti og skyldum réttindum skv. 3. gr., 4. gr., 3. mgr. 11. gr., 45. gr., 46. gr. og 48.–52. gr. höfundalaga.
b. Hönnunarrétti.
c. Vörumerkjarétti.
d. Félagamerkjarétti.
e. Einkaleyfarétti.
f. Rétti samkvæmt lögum um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.
g. Yrkisrétti.

2. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra veita atbeina til öflunar sönnunargagna á grundvelli laganna að undangengnum dómsúrskurði, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til aðgerða samkvæmt lögunum fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt.

Ef sýslumaður er vanhæfur til aðgerða samkvæmt lögunum setur dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið í hans stað. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú gerir sá sem telur sig rétthafa hugverkaréttinda er getur í 1. gr. eða sá sem lögum samkvæmt hefur heimild til að hagnýta þau réttindi sennilegt að einhver hafi brotið gegn þeim réttindum og er þá heimilt að kröfu hans sem gerðarbeiðanda að afla sönnunargagna samkvæmt lögunum hjá viðkomandi sem gerðarþola.

Sönnunargagna verður ekki aflað á grundvelli laganna:

a. vegna brota sem talin verða minni háttar ef beiðni beinist að einstaklingi og þau hafa ekki verið liður í atvinnustarfsemi,
b. ef stórfelldur munur er á hagsmunum gerðarþola af því að sönnunargagna verði ekki aflað og hagsmunum gerðarbeiðanda af því að afla slíkra gagna.

4. gr.

Sönnunar verður aflað á stað sem gerðarþoli hefur umráð yfir með athugun á öllum þeim gögnum og tækjum sem haft geta þýðingu við mat á því hvort og í hvaða mæli brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem getur í 1. gr. Nær könnunin meðal annars til sölu- vöru, véla og framleiðslutækja, bókhaldsgagna, pöntunarseðla, kynningarefnis, tölvugagna og hugbúnaðar.

Athugun á gögnum og tækjum miðar ekki að því að leiða í ljós hvort framleiðslutæki eða vélar gerðarþola brjóta gegn einkaleyfi.

Sönnunar verður ekki aflað með gögnum sem hafa að geyma upplýsingar sem óheimilt væri að gefa vitnaskýrslu um í einkamáli fyrir dómi.

II. KAFLI
Meðferð máls fyrir dómi.

5. gr.

Beiðni gerðarbeiðanda um öflun sönnunargagna skal send héraðsdómi í því umdæmi þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing.

Beiðni skal vera skrifleg. Í henni skal greina svo skýrt sem verða má:

a. Fullt nafn gerðarbeiðanda, kennitölu og lögheimili.
b. Fullt nafn gerðarþola, kennitölu, lögheimili og upplýsingar um atvinnurekstur viðkomandi ef því er að skipta.
c. Hvaða hugverkaréttindum ætlað brot beinist gegn og í hverju það felst.
d. Kröfu gerðarbeiðanda um hvaða sönnunargagna eigi að afla.
e. Hvar leita eigi sönnunargagna og á hvaða grunni gerðarbeiðandi telur að þau sé þar að finna.
f. Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir meðferð málsins.

Með beiðni skulu fylgja þau gögn sem gerðarbeiðandi styður málatilbúnað sinn við.

Beiðni ásamt fylgiskjölum skal senda héraðsdómi í tvíriti.

6. gr.

Eftir að beiðni hefur borist ákveður héraðsdómari stað og stund þinghalds og tilkynnir það aðilum með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal tekið

fram hverju það varði ef ekki verður sótt þing af hans hálfu auk þess sem tilkynningunni skulu fylgja gögn málsins.

Nú leikur hætta á að sönnunargögnum verði komið undan, þeim eytt eða breytt eða að dráttur vegna tilkynningar geti valdið réttarspjöllum og er þá heimilt eftir rökstuddri beiðni gerðarbeiðanda að víkja frá skyldu skv. 1. mgr. til að tilkynna gerðarþola um þinghaldið.

7. gr.

Ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing þegar beiðni hans er tekin fyrir eða ekki verður af þingsókn hans síðar skal beiðnin talin fallin niður. Héraðsdómari getur úrskurðað gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda ef sótt hefur verið þing af hans hálfu og þóknunar verið krafist.

Nú sækir gerðarþoli ekki þing eða hann hefur ekki verið boðaður til þinghaldsins, sbr. 2. mgr. 6. gr., og skal málið þá tekið til úrskurðar. Áður skal þó héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verður við beiðninni. Í því skyni og til að leggja fram frekari gögn getur héraðsdómari veitt gerðarbeiðanda skamman frest.

8. gr.

Nú er sótt þing af hálfu gerðarþola og er honum þá heimilt að leggja fram greinargerð í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 1. mgr. 6. gr.

Ef beiðni gerðarbeiðanda er andmælt skal málið sótt og varið munnlega eins og málið liggur fyrir eftir að aðilar hafa lagt fram gögn við þingfestingu. Skýrslutökur fara ekki fram og verður málinu ekki frestað til frekari gagnaöflunar en þó má veita skamman frest til undirbúnings fyrir munnlegan málflutning.

9. gr.

Svo fljótt sem verða má eftir að beiðni hefur verið tekin til úrskurðar skal héraðsdómari kveða upp úrskurð um hvort aflað skuli sönnunargagna vegna ætlaðs brots gegn hugverkaréttindum. Í úrskurði héraðsdómara skal afmarkað hvaða gagna verði aflað og hvar þeirra skuli leitað hjá gerðarþola.

Héraðsdómari skal gæta þess af sjálfsdáðum hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til að sönnunargagna verði aflað á grundvelli laganna þótt beiðni hafi ekki verið mótmælt.

III. KAFLI
Meðferð máls hjá sýslumanni.

10. gr.

Gerðarbeiðandi skal senda úrskurð héraðsdóms um heimild til að afla sönnunargagna vegna ætlaðs brots á hugverkaréttindum til sýslumanns í því umdæmi þar sem sönnunargagna verður aflað.

Nú verður sönnunargagna aflað í fleiri umdæmum og er þá heimilt að beina úrskurðinum samtímis að viðkomandi sýslumönnum.

11. gr.

Áður en sönnunargagna verður aflað er sýslumanni rétt að setja það skilyrði að gerðarbeiðandi setji tiltekna tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins og fyrir greiðslu skaðabóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðninnar og meðferðar hennar.

Fjárhæð tryggingar skal sundurgreind eftir því hvort um er að ræða tryggingu fyrir kostnaði sýslumanns við meðferð málsins eða hugsanlegu tjóni sem beiðni og meðferð hennar kann að valda gerðarþola.

Meðan mál er til meðferðar hjá sýslumanni getur hann breytt ákvörðun sinni um tryggingu eftir því sem rétt þykir í ljósi framvindu málsins.

Nú leggur gerðarbeiðandi ekki fram tryggingu innan hæfilegs frests sem sýslumaður ákveður og er þá málið fallið niður.

Ef gerðarbeiðandi vill ekki una ákvörðun sýslumanns getur hann krafist úrlausnar héraðsdómara um trygginguna. Um meðferð ágreiningsmálsins fer eftir 14. kafla laga um aðför, eftir því sem við getur átt.

12. gr.

Sýslumaður aflar sönnunargagna með leit hjá gerðarþola. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja sönnun á ætluðu broti er sýslumanni rétt að leggja hald á hluti eða skjöl og taka myndir eða afrita gögn, þar með talið á tölvutæku formi. Nú er hlutur tekinn úr vörslum gerðarþola við aðgerð samkvæmt lögunum og skal þá sýslumaður að kröfu gerðarþola varðveita hlutinn á kostnað gerðarbeiðanda.

Við leit skal þess gætt að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim ætluðu brotum sem afla á sönnunar um.

Sýslumaður getur kvatt til menn sem hafa viðeigandi sérfræðiþekkingu til að annast leit eða nánar afmarkaða þætti hennar. Eftir þörfum felur sýslumaður þeim sem hann hefur kvatt til að taka saman skýrslu um athugunina. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra sem hann hefur kvatt til sér til aðstoðar.

Sýslumanni er rétt að beita valdi að því marki sem nauðsynlegt er til að framkvæma leit hjá gerðarþola. Eftir þörfum ber lögreglu að veita sýslumanni liðsinni í því skyni.

13. gr.

Gerðarbeiðanda er eingöngu heimilt að vera viðstaddur þegar sönnunargagna er aflað að því marki sem nauðsynlegt er til að veita upplýsingar. Sýslumaður tekur ákvörðun um viðveru gerðarbeiðanda og er heimilt að ákveða að athugun fari fram að honum fjarstöddum.

14. gr.

Sýslumaður skal með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti tilkynna gerðarþola hvar og hvenær hafist verður handa við að afla sönnunargagna, nema úrskurður hafi gengið án þess að gerðarþola væri tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Nú hittist gerðarþoli ekki fyrir, umboðsmaður hans eða fyrirsvarsmaður og er sýslumanni þá rétt að fela maka eða öðrum heimilismanni 18 ára og eldri að gæta hagsmuna viðkomandi ef einstaklingur á í hlut. Ef beiðni beinist að öðrum en einstaklingi felur sýslumaður stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að gæta hagsmuna hans. Ekki stendur í vegi þess að sönnunargagna verði aflað þótt enginn hittist fyrir en heimilt er að fresta leit ef þannig stendur á og það þykir geta greitt fyrir meðferð málsins. Ef enginn er viðstaddur fyrir gerðarþola skal sýslumaður kveðja til vott til að vera við aðgerðina.

15. gr.

Nú hefur úrskurður gengið um heimild til öflunar sönnunargagna án þess að gerðarþola hafi verið tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr., og snýr sýslumaður sér þá fyrirvaralaust að gerðarþola.

Ef gerðarþoli eða fyrirsvarsmaður hittast ekki fyrir er sýslumanni rétt að fresta því að fram fari leit ef það er unnt án þess að spilla hagsmunum gerðarbeiðanda. Verði því ekki komið við getur sýslumaður falið þeim sem getur í 2. mgr. 14. gr. að gæta hagsmuna viðkomandi eða framkvæmt leit án þess að nokkur sé viðstaddur. Ef enginn er viðstaddur fyrir gerðarþola skal sýslumaður kveðja til vott til að vera við aðgerðina.

Eftir ósk gerðarþola eða þess sem falið hefur verið að gæta hagsmuna hans skal sýslumaður gera stutt hlé á meðferð málsins til að unnt verði að kveðja til lögmann. Hlé verður þó ekki gert ef hætt er við að hagsmunir gerðarbeiðanda kunni að spillast.

16. gr.

Gerðarbeiðandi greiðir sýslumanni allan kostnað sem fellur til við öflun sönnunargagna samkvæmt lögunum. Ef sett hefur verið trygging fyrir kostnaði má ganga að henni nema gerðarbeiðandi kjósi að gera upp með öðrum hætti sem sýslumaður samþykkir. Að loknu uppgjöri skal tryggingu fyrir kostnaði eða eftirstöðvum hennar skilað til gerðarbeiðanda.

Sönnunargögn verða ekki afhent gerðarbeiðanda nema kostnaður við öflun þeirra hafi verið greiddur.

17. gr.

Tryggingu vegna hugsanlegrar skaðabótakröfu gerðarþola skal skilað að fullnægðu einhverju eftirtalinna skilyrða:

a. Gerðarþoli höfðar ekki mál í samræmi við 22. gr.
b. Gerðarbeiðandi er sýknaður í dómsmáli af skaðabótakröfu gerðarþola.
c. Aðilar ná samkomulagi um að tryggingu verði skilað.

18. gr.

Sýslumaður færir gerðabók um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Fer um form hennar eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Í gerðabók skal greint hvar og hvenær sönnunargagna var leitað, hverjir hafi verið viðstaddir, hvaða gögn hafi legið frammi og hvað hafi að öðru leyti farið fram. Þá skal rakið hvaða sönnunargagna var aflað og hvernig.

Við lok fyrirtöku málsins les sýslumaður upp bókun sína fyrir viðstadda eða kynnir þeim meginatriði hennar ef þeir telja það nægja. Þeim skal gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

Nú hefur sönnunargagna verið aflað án þess að nokkur væri viðstaddur af hálfu gerðarþola og sendir þá sýslumaður viðkomandi svo fljótt sem verða má endurrit úr gerðabók um fyrirtöku málsins.

IV. KAFLI
Kæra og endurupptaka.

19. gr.

Úrskurður héraðsdómara um heimild til öflunar sönnunargagna samkvæmt lögunum sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufresti, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra úrskurðar héraðsdómara frestar ekki aðgerðum samkvæmt lögunum. Þó skal sýslumaður ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum kærufresti hafi málskot ekki átt sér stað en ella ekki fyrr en leyst hefur verið úr málinu fyrir

æðra dómi. Nú er úrskurði héraðsdómara hnekkt að einhverju leyti eða öllu fyrir Hæstarétti og skal sýslumaður þá skila gerðarþola sönnunargögnum í samræmi við þá niðurstöðu.

20. gr.

Nú hefur úrskurður gengið um heimild til öflunar sönnunargagna án þess að gerðarþola væri tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr., og er honum þá heimilt að krefjast endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi innan tveggja vikna frá því hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.

Um málsmeðferðina eftir endurupptöku fer eftir II. kafla, þó þannig að falli þingsókn gerðarþola niður eftir endurupptöku stendur upphaflegur úrskurður óhaggaður.

Sýslumaður skal ekki afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum fresti skv. 1. mgr. ef ekki er krafist endurupptöku en ella ekki áður en úrskurður hefur gengið á ný.

Ef heimilt er að krefjast endurupptöku skv. 1. mgr. verður úrskurður héraðsdómara ekki kærður til Hæstaréttar. Úrskurður héraðsdómara í kjölfar endurupptöku verður kærður eftir því sem segir í 19. gr.

V. KAFLI

Málshöfðunarfrestur, skaðabætur o.fl.

21. gr.

Gerðarbeiðandi skal innan fjögurra vikna frá því sönnunargögn standa honum til reiðu höfða dómsmál á grundvelli þeirra á hendur gerðarþola. Nú hefur mál ekki verið höfðað að liðnum þeim fresti og skal gerðarbeiðandi þá skila þeim sönnunargögnum sem aflað var.

Ef mál er höfðað að liðnum fresti skv. 1. mgr. verður dómur ekki reistur á þeim sönnunargögnum sem aflað var. Þetta á þó ekki við ef gerðarþoli leggur gögnin fram.

22. gr.

Nú hefur ekki verið leitt í ljós að brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem um getur í 1. gr. og á þá gerðarþoli kröfu um skaðabætur fyrir fjártjón og miska úr hendi gerðarbeiðanda.

Höfða skal dómsmál skv. 1. mgr. innan sex mánaða frá því frestur leið fyrir gerðarbeiðanda til að höfða mál skv. 1. mgr. 21. gr. eða máli lauk án þess að kröfur hans næðu fram að ganga.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum. Tekur frumvarpið mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir til að tryggja vernd hugverkaréttinda og er frumvarpinu ætlað að búa svo um hnútana að vafi leiki ekki á hvort þeim skuldbindingum sé fullnægt.

Frumvarp þetta er afrakstur af starfi nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 27. apríl 2005. Í skipunarbréfi kemur fram að nefndinni var ætlað að kanna hvort ástæða væri til að breyta lögum þannig að fyrir hendi væru einkaréttarleg úrræði fyrir rétthafa til að leggja

hald á og varðveita sönnunargögn vegna ætlaðra brota á hugverkarétti. Jafnframt var nefndinni falið að athuga hvernig yrði staðið að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins 2004/48/EB um fullnustu hugverkaréttinda, auk þess sem lagt var fyrir nefndina að taka mið af ákvæðum svonefnds TRIPS-samnings, sem er viðauki við samning um Alþjóðaviðskiptastofnunina og lýtur að vernd hugverkaréttinda í viðskiptum. Formaður nefndarinnar var Benedikt Bogason, dómstjóri og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, en með honum áttu sæti í nefndinni Borghildur Erlingsdóttir, lögfræðingur hjá Einkaleyfastofu, tilnefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, og Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu, tilnefndur af því ráðuneyti. Ritari nefndarinnar var Ásgerður Ragnarsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Þegar nefndin var að störfum var óskað eftir umsögn um lagatexta frumvarpsins frá Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja, höfundaréttarnefnd og Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Eingöngu barst svar frá Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja og voru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið. Einnig var Hróbjartur Jónatansson, hæstaréttarlögmaður, boðaður á fund nefndarinnar en hann hefur gætt hagsmuna alþjóðlegra samtaka tölvuforritaframleiðenda, The Business Software Alliance, hér á landi. Loks var haft samráð við réttarfarsnefnd við samningu frumvarpsins.

II.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 2004/48, um fullnustu hugverkaréttinda var samþykkt 29. apríl 2004 og ber aðildarríkjum Evrópusambandsins að innleiða ákvæði hennar innan tveggja ára. Á vettvangi EFTA-ríkjanna, sem aðild eiga að EES-samningnum, hefur verið hugað að því hvort ákvæði tilskipunarinnar séu þess eðlis að þau beri að taka upp í EES-samninginn. Samkvæmt 2. tölul. 1. gr. bókunar 28 við EES-samninginn eru EFTA-ríkin skuldbundin til að aðlaga hugverkalöggjöf sína meginreglunni um frjáls viðskipti með vörur og þjónustu og því stigi í verndun hugverkaréttinda sem náðst hefur í lögum sambandsins, þar á meðal um fullnustu þessara réttinda. Síðastnefnd tilvísun hefur þó ekki verið skilin svo að hún taki til þess hvernig úrræði til fullnustu hugverkaréttinda skuli framkvæmd. Þegar til þess var litið að ákvæði tilskipunarinnar hafa mestmegnis að geyma réttarfarsreglur um málsaðild, sönnunargögn og ýmsar bráðabirgðaaðgerðir til að koma í veg fyrir brot gegn hugverkaréttindum var um það einhugur á fundi viðkomandi undirnefndar fastanefndar EFTA-ríkjanna 21. júní 2005 að ákvæði tilskipunarinnar væru ekki þess eðlis að hún yrði tekin upp í EES-samninginn.

Þótt ekki beri að innleiða tilskipunina hér á landi sökum þess að hún hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn er litið til efnis hennar við samningu frumvarpsins. Tilskipunin gengur þó lengra í sumu tilliti en fyrrgreindur TRIPS-samningur og er þá lagt til í frumvarpinu að tekið verið mið af samningnum.

III.

Hinn 30. desember 1994 var fullgiltur af Íslands hálfu samningur um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization eða WTO) sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1995. Í 1. viðauka C með samningnum er að finna samning um hugverkarétt í viðskiptum, en sá viðauki er fyrrnefndur TRIPS-samningur (Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights). Marakess-samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ásamt viðaukum var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 62 frá 29. desember 1995 í C-deild

Stjórnartíðinda en jafnframt er viðaukinn sem hefur að geyma TRIPS-samninginn fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Markmiðið með TRIPS-samningnum er að auka vernd hugverkaréttinda á heimsvísu. Í því skyni eru gerðar ákveðnar kröfur til löggjafar aðildarríkjanna um hugverkaréttindi, sbr. II. hluta samningsins sem hefur að geyma ákvæði um eftirfarandi efni: Höfundarétt og skyld réttindi, vörumerki, landfræðilegar merkingar, iðnhönnun, einkaleyfi, formhönnun (svæðislýsingar) smárása, vernd trúnaðarupplýsinga og eftirlit með samkeppnishamlandi starfsháttum í tengslum við samningsbundin nytjaleyfi. Jafnframt leggur samningurinn tilteknar skyldur á aðildarríkin til að tryggja vernd hugverkaréttinda, sbr. III. hluta samningsins sem fjallar um fullnustu hugverkaréttar. Í þeim hluta samningsins er að finna ákvæði um almennar skyldur (41. gr.), málsmeðferð og úrræði í einkamálum og innan stjórnsýslunnar (42.–49. gr.), bráðabirgðaráðstafanir (50. gr.), sérstakar kröfur í tengslum við landamæraeftirlit (51.–60. gr.) og málsmeðferð í refsimálum (61. gr.). Þau ákvæði samningsins sem einkum snerta öflun sönnunargagna vegna brota gegn hugverkaréttindum eru 41. gr. og 50. gr. og eru því efni til að gera nánari grein fyrir þeim ákvæðum.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. samningsins skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrir hendi séu skilvirk úrræði sem unnt er að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir og hindra brot gegn hugverkaréttindum. Í 2.–4. mgr. eru nánari ákvæði sem miða að því að tryggja réttláta og vandaða málsmeðferð. Í 5. mgr. ákvæðisins segir síðan að III. hluti samningsins feli ekki í sér þá skyldu fyrir aðildarríkin að innleiða sérstakar reglur um fullnustu hugverkaréttinda aðskilið frá almennum reglum um hvernig lögum verði framfylgt.

Í 1. mgr. 50. gr. samningsins er gert ráð fyrir að dómstólar hafi vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti, og einkum til að koma í veg fyrir að vörur komist í umferð innan lögsögu aðildarríkjanna, þar með taldar innfluttar vörur strax og tollafgreiðslu er lokið (a-liður) og til að varðveita sönnunargögn er tengjast hinu meinta broti (b-liður). Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skulu dómstólar í vissum tilvikum geta tekið ákvarðanir um bráðabirgðaráðstafanir án tilkynningar til gagnaðila (inaudita altera parte), einkum ef líkur eru á að tafir muni valda rétthafa óbætanlegu tjóni eða sýnt þykir að hætta er á að sönnunargögn verði eyðilögð. Í 3.–7. mgr. 50. gr. er síðan að finna nánari reglur um málsmeðferðina þegar tekin er ákvörðun um bráðabirgðaráðstöfun fyrir dómi. Þannig er í 3. mgr. mælt fyrir um að dómstólar hafi heimild til að krefja rétthafa um tiltæk sönnunargögn fyrir því að hann njóti réttindanna og að réttur hans hafi verið brotinn eða að slíkt brot sé yfirvofandi. Einnig skulu dómstólar hafa heimild til að krefja rétthafa um tryggingu til hagsbóta fyrir gagnaðila og til að koma í veg fyrir misnotkun. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að gagnaðila verði tilkynnt um bráðabirgðaráðstöfun í síðasta lagi þegar hún fer fram ef ákvörðun um hana hefur verið tekin án vitneskju gagnaðila. Þegar þannig hefur verið staðið að ákvörðun skal endurskoða hana eftir beiðni gagnaðila innan hæfilegs tíma með það fyrir augum að ákvörðun verði breytt, hún felld úr gildi eða staðfest. Samkvæmt 5. mgr. er unnt að krefja rétthafa um nauðsynlegar upplýsingar til að yfirvald sem framkvæmir bráðabirgðaráðstöfun geti borið kennsl á þær vörur sem snerta málið. Af 6. mgr. leiðir að fella ber úr gildi bráðabirgðaráðstöfun eftir kröfu gagnaðila ef rétthafi höfðar ekki mál á hendur honum vegna meintra brota innan nánar tilgreinds frests. Þá er í 7. mgr. gert ráð fyrir að dómstólar geti gert rétthafa að greiða bætur ef bráðabirgðaráðstafanir eru felldar úr gildi eða þær falla niður vegna aðgerða eða aðgerðarleysis rétthafa eða síðar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um brot að ræða. Loks er í 8. mgr. 50. gr. að finna ákvæði um málsmeðferð hjá stjórnvöldum ef þeim er falið að taka ákvörðun um bráðabirgðaráðstöfun.

IV.

Í tilefni af erindi frá menntamálaráðuneytinu fór dómsmálaráðuneytið þess á leit 21. september 1998 að réttarfarsnefnd kannaði hvort nauðsynlegt væri að breyta lögum til að Ísland fullnægði þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt TRIPS-samningnum. Í umsögn réttarfarsnefndar frá mars 1999 til ráðuneytisins segir svo:

„...
Réttarfarsnefnd hefur farið yfir þau ákvæði viðauka 1C ... sem fylgir samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Hún telur að ákvæði laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, sbr. 26. gr. fyrrgreindra laga nr. 31/1990, sbr. 8. gr. sömu laga og 21. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, ásamt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, einkum X. kafli laganna um hald á munum o.fl. og XI. kafli um leit, hafi að geyma reglur sem fullnægja ákvæðum fyrrgreinds þjóðréttarsamnings að öllu leyti. Þetta á einnig við um ákvæði 50. gr. samningsins sem kveða á um að stjórnvöld skuli hafa heimild til að grípa til bráðabirgðaúrræða í tilefni af réttarbrotum samkvæmt samningnum „inaudita altera parte". Enn fremur ber að hafa í huga í þessu sambandi ákvæði VII. kafla höfundalaga nr. 73/1972 ásamt síðari breytingum um refsiákvæði, bætur, ákærureglur o.fl., ákvæði VII. kafla laga nr. 45/1997 um vörumerki, ákvæði IX. kafla laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og ákvæði VII. kafla laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd.

Réttarfarsnefnd telur að þau málefni sem hér eru til umræðu séu í þróun í Evrópu og víðar. Til greina kemur að styrkja nú þegar réttarstöðu rétthafa eigenda hugverkaréttinda í viðskiptum frá því sem gildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Einkum virðist nauðsynlegt að veita rétthafa einkaréttarleg úrræði til að koma í veg fyrir eyðingu sönnunargagna og til að tryggja varðveislu þeirra. Þetta á einkum við þegar sérhver töf getur valdið rétthafa óbætanlegu tjóni eða þegar yfirvofandi hætta er á því að sönnunargögnum verði spillt. Eðli þessara mála og tækni í tengslum við þau er einmitt þannig að auðvelt er að spilla sönnunargögnum á örstuttum tíma.

Sum gögn benda til þess að brotatíðni sé há í þessum málum hér á landi og að þau réttarfarsúrræði sem fyrir hendi eru séu ekki nægjanlega virk. Úrbætur myndu væntanlega einkum snúast um endurskoðun fyrrgreindra ákvæða að nokkru leyti eða öllu. Réttarfarsnefnd stefnir að því að hefja frekari athugun á því hvernig styrkja megi réttarstöðu rétthafa að hugverkum þegar um viðskipti er að ræða einkum með hliðsjón af því hvernig brugðist verður við á næstu misserum í nágrannalöndunum."

Hinn 15. október 1998 skilaði framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins svonefndri grænni bók um aðgerðir gegn eftirlíkingum á vörumerkjum og „sjóræningjaútgáfum" á mynd- og hljóðefni og hugbúnaði á innri markaði sambandsins. Þar kemur fram að þessi brot gegn hugverkaréttindum nemi á bilinu 5–7% af heimsviðskiptum. Þetta ógni innri markaðinum með því að skekkja samkeppni og dragi úr verðgildi fjárfestinga. Áhrifin séu þó ekki eingöngu efnahagsleg og félagsleg með samdrætti á atvinnumarkaði heldur komi þau einnig fram gagnvart neytendum. Hér á landi hefur umfang brota gegn hugverkaréttindum ekki verið kannað ítarlega. Þess má þó geta að ríkisendurskoðanda var falið í tilefni af samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Microsoft-tölvufyrirtækisins frá 20. janúar 1999 að kanna lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Í skýrslu embættisins frá desember 1999 kom fram að 59% alls hugbúnaðar sem könnunin tók til reyndist verða ólögmætur eða að lögmæti hans var óþekkt. Meðal al-

gengustu ástæðna fyrir ólögmætum hugbúnaði samkvæmt könnuninni var að hugbúnaður var uppsettur á fleiri vinnustöðum en hugbúnaðarleyfi kváðu á um. Ástæðulaust er að ætla að lögmæti hugbúnaðar hjá fyrirtækjum á almennum markaði sé betra en hjá ríkinu. Jafnframt bendir ekkert til að tíðni brota af öðru tagi gegn hugverkaréttindum sé önnur og lægri hér á landi en í nágrannalöndunum. Má því ganga út frá að hér að landi sé í einhverjum mæli markaður með ólöglegar fjölfaldanir á mynd- og hljóðefni á geisladiskum, eftirlíkingar af merkjavöru og ólöglegan hugbúnað, svo nefnd séu algengustu tilvik brota gegn hugverkaréttindum. Á sumum sviðum má jafnframt reikna með að tíðni brota sé umtalsverð og á það einkum við um fjölföldun tölvuforrita eins og reynslan hefur leitt í ljós erlendis. Þá hefur vafalaust áhrif hér á landi eins og annars staðar að tækni hefur fleygt fram þannig að unnt er að fjölfalda efni með litlum kostnaði og fyrirhafnarlaust og oft án þess að gæði verði lakari.

Svo sem áður er rakið skulu dómstólar aðildarríkja TRIPS-samningsins hafa vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að varðveita sönnunargögn er tengjast meintu broti gegn hugverkaréttindum, sbr. b-lið 1. mgr. 50. gr. samningsins. Tilgangurinn með því að afla sönnunargagna um ætlað brot er ekki eingöngu að stöðva frekari athafnir af því tagi heldur einnig að gera rétthafa kleift að sækja rétt sinn, eftir atvikum með því að hafa uppi skaðabótakröfu á hendur hinum brotlega. Til að unnt sé að setja fram slíka kröfu sem svarar til þess tjóns sem rétthafi hefur orðið fyrir verða að liggja fyrir sönnunargögn um umfang brotanna.

Samkvæmt IV. kafla laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, sbr. nánar 24. gr. laganna. Með lögbanni er því unnt að hindra brot gegn hugverkarétti eða stöðva slíkar athafnir, svo sem sölu eða dreifingu á eftirlíkingum af merkjavöru eða ólöglega fjölfölduðu efni. Þannig hefur réttarskipanin hér á landi upp á að bjóða úrræði sem er fullnægjandi með tilliti til a-liðar 1. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins sem leggur þá skyldu á aðildarríkin að hafa á að skipa skilvirkum bráðabirgðaúrræðum til að koma í veg fyrir brot. Í sérlögum á sviði hugverkaréttar er einnig gert ráð fyrir að lögbanni verði beitt til að stöðva byrjaðar eða yfirvofandi athafnir sem brjóta gegn slíkum rétti, sbr. 41. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997. Þá má gera ráð fyrir að lögbanni verði beitt þótt sérlög hafi ekki að geyma ákvæði af þessu tagi. Við lögbann til að hindra brot gegn hugverkaréttindum kann vissulega eitt og annað að upplýsast um þær athafnir sem lögbannið beinist gegn. Markmiðið með lögbanni er þó ekki að afla sönnunargagna um þau brot sem þegar kunna að hafa verið framin og um umfang þeirra. Því er ekki að finna lagaheimild fyrir sýslumann til að kanna bókhald og önnur gögn gerðarþola sem varpað gætu frekara ljósi á þetta þegar lagt er á lögbann.

Samkvæmt XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er heimilt að leita í húsum sakbornings í því skyni að hafa uppi á munum eða gögnum sem hald skal leggja á, sbr. 1. mgr. 89. gr. laganna. Þá má leita hjá öðrum mönnum en sökuðum þegar brot hefur verið framið þar eða gildar ástæður eru til að ætla að þar sé að finna muni eða gögn sem leggja skal hald á, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í X. kafla laganna er fjallað um hald en þar kemur fram að leggja skuli hald á muni, þar með talin skjöl, ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í opinberu máli, ef þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ef ætla má að þeir kunni að verða gerðir upptækir, sbr. 1. mgr. 78. gr. laganna. Á grundvelli þessara heimilda væri unnt við rannsókn lögreglu á refsiverðu broti gegn hugverkaréttindum að afla sönnunargagna. Markmið rannsóknarinnar er hins vegar að finna gögn um ætlaða refsiverða háttsemi til að leggja fram í sakamáli en ekki að afla sönnunargagna fyrir rétthafa til að hafa uppi kröfu á

einkaréttarlegum grundvelli um skaðabætur. Þá er þess ekki að vænta að lögreglu sé kleift að rannsaka öll tilvik þar sem grunur leikur á því að brotið hafi verið gegn hugverkaréttindum og má reikna með að lögregla einbeiti sér að stærri og grófari tilvikum. Verður ekki hjá því litið að rannsókn á öðrum og alvarlegri brotum kann að hafa forgang hjá lögreglu og því er hætt við að kærur vegna brota gegn hugverkaréttindum sitji á hakanum.

Að virtu því sem hér hefur verið rakið skortir nokkuð á að fyrir hendi séu nægjanlega trygg og skilvirk úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að verja hagsmuni sína og afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn slíkum rétti. Því leikur í öllu falli vafi á hvort Ísland fullnægi þeirri þjóðréttarlegu skuldbindingu sem leiðir af b-lið 1. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins um að fyrir hendi séu tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að varðveita sönnunargögn er tengjast meintu broti gegn hugverkaréttindum. Þótt hér verði ekki fullyrt að löggjöfin sé að þessu leyti í ósamræmi við alþjóðasamning sem Ísland hefur gengist undir er ástæða til að taka af allan vafa í þeim efnum. Má í því sambandi nefna að á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var fjallað um hvort löggjöf Danmerkur og Svíþjóðar, sem var í öllum meginatriðum hliðstæð við gildandi íslensk lög að þessu leyti, fullnægði ákvæðum TRIPS-samningsins. Af þessu tilefni var dönskum lögum breytt með lögum nr. 809/2001 og nýjum kafla 57 a bætt við dönsku réttarfarslögin (Retsplejeloven) en þar er að finna úrræði á einkaréttarlegum grundvelli til að afla sönnunarganga vegna brota gegn hugverkaréttindum. Einnig var lögum breytt í Svíþjóð 1. janúar 1999 á þann veg að mæla fyrir um heimild til öflunar sönnunargagna í ýmsum lögum á sviði hugverkaréttar. Þá tóku gildi 1. maí 2000 sérstök lög um þetta efni í Finnlandi. Loks var gerð viðeigandi breyting á norsku réttarfarslögunum (tvistemålsloven) með lögum nr. 49/2004 til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt TRIPS-samningnum.

Við mat á því hvort þörf sé á sérstöku úrræði fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn slíkum réttindum er einnig til þess að líta að oft er unnt á svipstundu að eyða eða koma undan sönnunargögnum um brotið. Á það sérstaklega við um hugbúnað fyrir tölvur og önnur gögn sem vistuð eru rafrænt. Þannig stendur rétthafi gjarnan höllum fæti gagnvart þeim sem brotið hefur gegn réttindum hans og valdið honum tjóni. Því er rétt að löggjöfin taki mið af þessu og sé hagað þannig að gætt sé að sérstöku eðli þessara mála svo komið verði í veg fyrir að rétthafi verði fyrir réttarspjöllum sem hætt er við að óbreyttum lögum.

Þegar hugað er að því hvort rétt sé að lögfesta úrræði af því tagi sem lagt er til í frumvarpinu vaknar eðlilega sú spurning hvort á öðrum sviðum kunni ekki að vera sama þörf fyrir hliðstætt úrræði til að afla sönnunarganga vegna réttarbrota gegn hagsmunum af einhverju tagi. Um tilvik af því tagi hafa meðal annars verið nefnd samkeppnisákvæði í ráðningarsamningum og umboðs- og leyfissamningar af ýmsu tagi. Brot gegn hugverkaréttindum hafa þó sérstöðu að þessu leyti þar sem engu samningssambandi er venjulega til að dreifa milli rétthafa og þess sem brýtur gegn réttindum hans. Rétthafi hugverkaréttinda hefur því ekki sömu tök á að verja hagsmuni sína og sá sem velur sér samningsaðila og getur hagað samningsákvæðum í ljósi orðugleika við að sanna samningsbrot.

V.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að afla sönnunargagna með leit hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn tilteknum hugverkaréttindum. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. laga nr. 97/1995, skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í 2. mgr. kemur síðan fram að ekki megi leita í húsakynnum manns eða munum nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Þá segir í 3. mgr. að þrátt fyrir

ákvæði 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Umrætt ákvæði stjórnarskrárinnar tekur mið af mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sáttmálans skal sérhver maður eiga rétt á friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Í 2. mgr. sömu greinar er síðan að finna undantekningu frá þessari reglu sem felur það í sér að opinberum stjórnvöldum er heimilt að ganga á þennan rétt samkvæmt því sem lög mæla og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi meðal annars til að vernda réttindi annarra.

Með heimild þeirri sem lögð er til í frumvarpinu um að leit geti farið fram hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn hugverkaréttindum er vikið frá grundvallarreglunni um friðhelgi einkalífs og heimilis. Í þeim efnum er til þess að líta að 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu gera beinlínis ráð fyrir að þeim réttindum sem þar eru varin verði raskað vegna réttinda annarra. Við mat á því hvort slík heimild verði lögfest vegna hugverkaréttinda ber að gæta þess að slík réttindi eru einnig varin af stjórnarskránni, sbr. 72. gr. um friðhelgi eignarréttar. Jafnframt má nefna að leit á þeim grundvelli sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í sjálfu sér ekki frábrugðin þeirri heimild sem þegar er fyrir hendi í lögum til að leita hjá sakborningi í þágu rannsóknar opinbers máls vegna ætlaðs brots gegn hugverkarétti sem varðað getur refsingu. Þá skiptir máli að sönnunargagna verður venjulega ekki aflað með öðru móti sem ekki gengur jafn nærri þeim sem á í hlut. Þvert á móti er í mörgum tilvikum hætt við að sönnunargögnum verði komið undan eða þeim spillt ef ekki eru fyrir hendi nægjanlega virk úrræði til að afla þeirra. Að þessu virtu orkar ekki tvímælis að frumvarpið heggur ekki of nærri stjórnarskrárvörðum réttindum og rúmast innan þeirra undantekninga sem stjórnarskráin sjálf gerir beinlínis ráð fyrir.

Með hliðsjón af því að frumvarpið gerir ráð fyrir að raskað verði réttindum sem njóta verndar stjórnarskrár kemur ekki annað til álita en að dómstólum verði falið að taka ákvörðun um hvort sönnunargagna verði aflað með leit hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn hugverkaréttindum. Með því móti er leitast við að tryggja sem best réttaröryggi allra þeirra sem hlut eiga að máli, auk þess sem leit er venjulega bundin því skilyrði að aflað sé dómsúrskurðar, sbr. ákvæði XI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

VI.

Í frumvarpinu er lagt til að sönnunargagna verði aflað með því að sýslumaður veiti atbeina sinn og leiti hjá þeim sem á í hlut að undangengnum dómsúrskurði. Þykir heppilegast að sýslumönnum verði falið þetta verkefni enda á það sér nokkra samsvörun í verkum sem sýslumenn fara með á sviði fullnusturéttarfars eins og aðfarargerðum og lögbanni. Með hliðsjón af þessu er reglum frumvarpsins hagað til samræmis við löggjöf á því sviði, þó þannig að tekið er mið af séreðli þessara mála. Í dæmaskyni um það má nefna heimild í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins fyrir sýslumann til að kalla til menn með viðeigandi sérfræðiþekkingu til að annast leit eða einstaka þætti hennar. Þá þykir heppilegast að nota sömu hugtök um aðila máls og á sviði fullnusturéttarfars og er því sá sem óskar eftir að sönnunargagna verði aflað nefndur gerðarbeiðandi en sá sem beiðnin beinist gegn nefndur gerðarþoli. Er þetta einnig réttnefni þar sem um er að ræða ákveðna gerð í merkingunni athöfn sem sýslumaður hefur með höndum.

Svo sem áður er vikið að er algengast að brotið sé gegn hugverkaréttindum með því að fjölfalda og dreifa mynd- eða hljóðefni á geisladiskum, framleiða og selja eftirlíkingar af merkjavöru eða með ólöglegri hagnýtingu hugbúnaðar. Til að leiða í ljós brot af þessu tagi getur verið nauðsynlegt að leggja hald á sýnishorn af söluvöru sem talin er brjóta gegn hug-

verkaréttindum. Einnig getur verið mikilvægt til að meta umfang hugsanlegra brota að kanna vörubirgðir viðkomandi. Þegar dreifing hefur þegar farið fram eða framleitt er eftir pöntun verður umfang brota þó ekki ráðið af birgðum og því getur einnig verið nauðsynlegt að afla gagna um sölu úr bókhaldi og kanna önnur gögn eins og pöntunarseðla eða kynningarefni. Sú athugun getur bæði tekið til skjala og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi. Einnig er nauðsynlegt að kanna tölvur ef grunur leikur á ólöglegri hagnýtingu hugbúnaðar eða annars verndaðs efnis. Hér verður ekki tæmandi talið hvaða sönnunargagna verður aflað en heimildin tekur til allra þeirra gagna sem leitt geta í ljós ætluð brot gegn hugverkaréttindum og umfang þeirra. Á það skal þó lögð áhersla að frumvarpið hefur eingöngu að geyma úrræði til að afla sönnunargagna. Frumvarpið felur því ekki í sér heimild til að taka vörur í heild sinni úr vörslum viðkomandi í þeim tilgangi að hindra brot gegn hugverkaréttindum. Til þess standa önnur úrræði eins og lögbann og eftir atvikum heimild lögreglu til haldlagningar við rannsókn opinbers máls. Þá skal tekið fram að sönnunar verður ekki aflað með gögnum sem hafa að geyma upplýsingar sem óheimilt væri að gefa vitnaskýrslu um í einkamáli fyrir dómi. Um það vísast til 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Við athugun á því hvort framleiðsla á vörum brjóti gegn hugverkaréttindum getur verið nauðsynlegt að kanna þau tæki sem notuð eru til framleiðslunnar. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir að athugun miði að því að kanna hvort framleiðslutækin sjálf eða vélar gerðarþola brjóti gegn einkaleyfi. Með slíkri athugun er hætt við að gengið sé of nærri þeim sem á í hlut, auk þess sem tækni við framleiðsluna getur hvílt á atvinnuleyndarmálum sem mikilvægt er að ekki verði upplýst. Hvað það varðar má benda á að tilgangur frumvarpsins er að skapa úrræði fyrir rétthafa til að afla sönnunargagna um brot sem venjulega eru augljós. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að leysa úr flóknum álitaefnum á sviði einkaleyfa sem nær er að leyst séu á þeim vettvangi. Má geta þess að við þessu hefur verið brugðist með reglu um öfuga sönnunarbyrði, sbr. 1. mgr. 64. gr. a laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, en þar segir að taki einkaleyfi til aðferðar við framleiðslu nýrrar afurðar beri að líta svo á að sama afurð, sem framleidd er af öðrum en einkaleyfishafa, hafi verið framleidd með einkaleyfðu aðferðinni, nema annað verði sannað. Með því að sönnunarbyrðinni er snúið við hlýtur að sama skapi að draga úr þörf rétthafa á því að sönnunargagna verði aflað.

Þegar fram fer leit hjá gerðarþola til að afla sönnunargagna ber sýslumanni að gæta að því að athugunin taki ekki til gagna sem ekki geta snert með neinu móti þau ætluðu brot sem athugunin beinist að. Því væri venjulega ástæðulaust að fara í heild sinni yfir öll gögn og atriði sem varða starfsemi gerðarþola. Í þessu tilliti ber því að gæta meðalhófs þannig að ekki verði gengið lengra við leit en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim ætluðu brotum sem afla á sönnunar um. Þá skal tekið fram að sýslumaður sjálfur eða þeir sem hann kveður til framkvæma leit og kemur gerðarbeiðandi hvergi þar nærri, sbr. þó 13. gr. frumvarpsins.

Þau sönnunargögn sem aflað verður hjá gerðarþola geta falið í sér vísbendingu um brot annarra gegn þeim hugverkaréttindum sem athugunin beinist að. Hér má til dæmis nefna kvittanir frá birgjum gerðarþola eða pantanir og gögn um sölu á vöru til nafngreindra viðskiptamanna. Upplýsingar af því tagi geta því gefið tilefni til að sett verði fram fleiri beiðnir um öflun sönnunargagna eftir því sem frekara ljósi er varpað á málið.

Frumvarpið gerir eingöngu ráð fyrir að leit fari fram hjá þeim sem grunur leikur á að hafi brotið gegn hugverkaréttindum. Þannig er ekki miðað við að leit fari fram hjá þriðja manni sem kunni að hafa í sínum vörslum sönnunargögn sem varpað geta ljósi á brotið nema þá að viðkomandi hafi sjálfur gerst brotlegur og því sé unnt að setja fram beiðni gegn honum á þeim grundvelli. Þá er ekki gert ráð fyrir að leit fari fram þegar ekkert brot hefur verið framið

þannig að athugunin miði eingöngu að því að afla sönnunargagna um að uppi séu áform um að brjóta gegn hugverkarétti.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumaður fái heimild til að beita valdi til að afla sönnunargagna ef þau eru ekki fúslega látin í té. Almennt má gera ráð fyrir að sá sem liggur undir grun um að hafa brotið gegn hugverkaréttindum sé samvinnuþýður og veiti allar nauðsynlegar upplýsingar. Ef það á við kunna aðilar í kjölfarið að ná samkomulagi þannig að hugverkaréttur verði virtur, eftir atvikum með greiðslu skaðabóta til rétthafa. Í öðrum tilvikum má gera ráð fyrir að mál fái ekki þessar lyktir og leiðir reynslan í ljós að nauðsynlegt er að þvingun búi að baki til að tryggja að gagna verði aflað.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að upplýsingaskylda verði lögð á þann sem liggur undir grun um að hafa brotið gegn hugverkaréttindum hliðstætt við það sem á við um aðfarargerðir, sbr. 25. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, en samkvæmt því ákvæði er gerðarþola eða málsvara hans skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um og máli kann að skipta við framgang gerðarinnar. Færist gerðarþoli undan að veita upplýsingar er heimilt að skerða frelsi hans þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldu sína, sbr. nánar 29. gr. sömu laga. Hér er til þess að líta að þeim sem grunur leikur á að hafi framið brot gegn hugverkaréttindum verður ekki sjálfum gert að láta í té upplýsingar um eitthvað sem síðar getur leitt til refsiábyrgðar viðkomandi lögum samkvæmt. Væri slík upplýsingaskylda ekki í samræmi við meginreglur opinbers réttarfars um réttindi sakbornings. Upplýsingar þær sem gerðarþoli er hins vegar venjulega krafinn um við aðför snerta ekki refsinæma háttsemi að neinu leyti. Hér má geta þess að innan Evrópusambandsins virðist gengið lengra í þessu tilliti, sbr. 8. gr. tilskipunar nr. 2004/48/EB um fullnustu hugverkaréttinda. Samkvæmt því ákvæði er beinlínis gert ráð fyrir að upplýsingaskylda um uppruna og dreifingu vöru eða þjónustu verði bæði lögð á þann sem brotið hefur gegn hugverkaréttindum og á aðra sem snerta brotið með nánar tilgreindum hætti. Þó er tekið fram að þetta eigi ekki að raska lögbundnum rétti til að neita að svara spurningum um eigið brot og brot náinna vandamanna. Aftur á móti gengur TRIPS-samningurinn skemur í þessu tilliti en þar er eingöngu að finna heimildarákvæði fyrir aðildarríki samningsins til að leggja þá skyldu á þann sem brotið hefur gegn hugverkarétti að upplýsa rétthafa um þriðja mann sem tók þátt í að framleiða og dreifa ólöglegum vörum eða þjónustu og um dreifingarleiðir þeirra nema slíkt sé ekki í samræmi við alvarleika brotsins, sbr. 47. gr. samningsins.

Þótt ekki sé lagt til í frumvarpinu að upplýsingaskylda verði lögð á gerðarþola getur vitanlega haft áhrif við leit hjá honum hvort hann er samvinnufús og veitir viðhlítandi upplýsingar. Má í þeim tilvikum gera ráð fyrir að leitin gangi greiðar fyrir sig og feli í sér minna inngrip í málefni gerðarþola en þegar hann veitir ekki liðsinni sitt.

VII.

Hugverkaréttindi eru samheiti þeirra eignarréttinda sem varða fyrst og fremst andleg sköpunarverk af einhverju tagi. Verða hugverkaréttindi greind annars vegar í höfundarétt og hins vegar í hugverkarétt á sviði iðnaðar. Á sviði hugverkaréttar gildir sú meginregla að eigandi hugverkaréttinda hefur einkarétt til að hagnýta þau í atvinnuskyni. Þannig hefur höfundur að riti einkarétt samkvæmt höfundalögum, nr. 73/1972, á að birta verk sitt í þeim tilgangi að gera það aðgengilegt almenningi, svo sem með sölu. Að sama skapi hefur uppfinningamaður í skilningi laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, einkarétt á að hagnýta uppfinningu sína í atvinnuskyni og eigandi að vörumerki einkarétt til að nota það í starfsemi sinni, sbr. lög um vörumerki, nr. 45/1997.

Brot gegn hugverkarétti felst í því að einhver hagnýtir sér vernduð hugverk heimildarlaust. Svo sem áður er vikið að eru algengustu brot gegn hugverkaréttindum ólögmætar eftirgerðir eða fjölfaldanir (sjóræningjaútgáfur) af tónlist, kvikmyndum og hugbúnaði. Þá má nefna ólögmætar merkingar á fatnaði og lyfjum með vernduðum vörumerkjum eða það sem einnig er oft nefnt eftirlíkingar.

Brot gegn ákvæðum sérlaga á sviði hugverkaréttar geta varðað refsingum eða skaðabótum. Er þá venjulega miðað við að þeim sem gerst hefur brotlegur gegn hugverkarétti verði gert að greiða bætur fyrir það tjón sem hlýst af og eftir atvikum endurgjald fyrir hagnýtingu þessara réttinda. Þá getur verið unnt að vernda hugverkarétt með lögbanni í samræmi við ákvæði laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., svo sem áður er nánar vikið að.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um gildissvið þess en þar er nánar afmarkað til hvaða hugverkaréttinda frumvarpið tekur. Þykir rétt að gera í helstu atriðum grein fyrir þessum hugverkaréttindum og þeim lögum sem um þau gilda.

1. Höfundaréttur og skyld réttindi.

Um höfundarétt og skyld réttindi gilda höfundalög, nr. 73/1972. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna á höfundur að bókmenntaverki eða listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem leiðir af lögunum. Í 2. og 3. mgr. sömu greinar er síðan nánar lýst þeim hugverkum sem njóta verndar samkvæmt lögunum. Veigamestu réttindi sem tryggð eru með lögunum eru einkaréttur höfundar til að gera eintök að verki sínu og birta það almenningi, sbr. 3. gr. laganna. Með 4. gr. laganna er sæmdarréttur höfundar einnig verndaður en í þeim rétti felst að skylt er að geta nafns höfundar þegar við á, auk þess sem höfundur þarf ekki að þola breytingar á verkinu. Samkvæmt 43. gr. laganna helst höfundaréttur uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar.

Í V. kafla höfundalaga er fjallað um réttindi skyld höfundarétti. Hér er um að ræða rétt listflytjenda vegna listflutnings, réttindi framleiðenda vegna myndrita og hljóðrita, réttindi útgefenda og útvarpsfyrirtækja, rétt til ljósmynda sem ekki njóta verndar laganna sem listaverk og rétt þess sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna hafa listflytjendur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og dreifingu hans til almennings. Nánar tiltekið er um að ræða upptöku til endurflutnings á beinum listflutningi, útvarp á beinum listflutningi, dreifingu beins listflutnings með tækniaðferðum um þráð eða þráðlaust frá flutningsstað til almennings og eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifingu til almennings. Réttur listflytjenda er verndaður uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Framleiðendur myndrita og hljóðrita hafa einkarétt til eftirgerðar og dreifingar eintaka til almennings, sbr. 1. mgr. 46. gr. laganna, en verndartími mynd- og hljóðrita er 50 ár. Samkvæmt 48. gr. laganna hefur útvarpsfyrirtæki einkarétt á endurvarpi af útsendingum sínum og dreifingu þeirra um þráð, upptöku endurflutnings á útvarpi, birtingu á sjónvarpi í atvinnuskyni og eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku, en síðast greind réttindi eru vernduð í 25 ár. Þá eru réttindi ljósmyndara eða þess sem rétt hans hefur hlotið til eftirgerðar ljósmynda, sem ekki njóta verndar laganna sem listaverk, vernduð í 25 ár, sbr. 49. gr. laganna. Loks eru vernduð tiltekin réttindi þess sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk í 15 ár, svo sem nánar er rakið í 50. gr. laganna.

Í 54. gr. laganna eru lagðar refsingar við brotum gegn lögunum en fyrir brot skal því aðeins refsað að þau séu framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þau brot sem getur í 2. mgr. ákvæðisins varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, en

þar eru meðal annars talin brot gegn 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 46. gr., 1. mgr. 48. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. Efni þessara ákvæði hefur nánar verið rakið hér að framan. Þá eru einnig lýst refsiverð brot gegn 51. gr. um listamannanöfn og 52. gr. um misnotkun á höfundarnafni eða auðkenni höfundar. Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. laganna sæta brot á lögunum opinberri ákæru, en jafnan skal málshöfðun heimil þeim sem misgert er við.

Í 1. mgr. 55. gr. laganna er að finna heimild til upptöku á eintökum af verkum til handa þeim sem misgert var við þegar eintök af verkum hafa verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi þannig að í bága fari við fyrirmæli laganna. Einnig er heimilt að ákveða að viðkomandi verði afhent verkin gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Í stað upptöku er heimilt að ákveða að munir eða eintök verði eyðilagðir að öllu leyti eða nokkru eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Þá er mælt fyrir um skaðabætur í 56. gr. laganna en þar segir að bæta beri fjártjón sem saknæmt brot gegn lögunum hefur í för með sér eftir almennum reglum fébótaréttar. Jafnframt er heimilt að dæma höfundi eða listflytjanda miskabætur úr hendi þess sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætum hætti. Loks er heimilt að dæma þann sem í grandleysi veldur réttarröskun til að greiða bætur sem nema ávinningi hans af brotinu.

Lagt er til að aflað verði sönnunargagna eftir reglum frumvarpsins vegna ætlaðra brota gegn eftirtöldum ákvæðum höfundalaga:

1. 3. gr. um einkarétt höfundar til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu eða öðrum aðlögunum.
2. 4. gr. um sæmdarrétt höfundar.
3. 3. mgr. 11. gr. um rétt höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, til sérstaks endurgjalds vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Jafnframt skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Þessu ákvæði var bætt við lögin með lögum nr. 60/2000.
4. 45. gr. um einkarétt listflytjenda til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings.
5. 46. gr. um bann við eftirgerð og hvers kyns dreifingu til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum.
6. 48. gr. um bann við aðgerðum án samþykkis útvarpsstofnunar, sem felast í endurvarpi á útvarpi, upptöku endurflutnings á útvarpi og dreifingu þess um þráð, birtingu á sjónvarpi í atvinnuskyni og eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar.
7. 49. gr. um eftirgerð ljósmynda sem ekki njóta verndar laganna sem listaverk.
8. 50. gr. um rétt þess sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar.
9. 51. gr. um bann við því að birta verk með sams konar listamannaauðkenni og höfundur hefur notað eða svo áþekku auðkenni að líklegt sé að villst verði á verkum eða höfundum þeirra.
10. 52. gr. um bann við því að setja nafn höfundar eða höfundareinkenni á listaverk án samþykkis hans og um bann við því að setja nafn höfundar eða höfundarauðkenni á eftirgerð af listaverki ef hætt er við að villst verði á því og frumverkinu.

Ekki þykja efni til að reglur frumvarpsins um öflun sönnunargagna taki til annarra ákvæða höfundalaga en hér hafa verið rakin.

2. Hönnunarréttur.

Samkvæmt 1. gr. laga um hönnun, nr. 46/2001, getur hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans öðlast einkarétt á hönnun (hönnunarrétt) með skráningu samkvæmt lögunum. Með hönnun er átt við útlit vöru eða hluta vöru sem ræðst af einstökum þáttum eða skreytingum hennar, einkum línum, útlínum, litum, lögun, gerð og/eða efni, sbr. 1. tölul. 2. gr. Hönnunarréttur nær eingöngu til nýrrar og sérstæðrar hönnunar en í því felst að hönnun hafi ekki áður verið gerð aðgengileg almenningi, svo sem nánar er rakið í 3.–6. gr. laganna.

Í 9. gr. laganna segir að öðrum en hönnuði sé óheimilt að hagnýta hönnun, en frá þessu er þó vikið í nokkrum atriðum í 10.–12. gr. laganna án þess að þau ákvæði verði rakin hér nánar. Í hönnunarrétti felst meðal annars að ekki má heimildarlaust framleiða, bjóða til sölu, markaðssetja, flytja inn eða út eða nota vöru sem einkennist af hönnuninni, svo og safna birgðum í áðurgreindu skyni. Með hagnýtingu hönnunar er átt við not í hagnaðarskyni.

Í VII. kafla laganna er fjallað um refsi- og bótaábyrgð. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laganna skal sá sem af ásetningi brýtur gegn hönnunarrétti sæta sektum. Refsing getur þó varðað fangelsi allt að einu ári ef brot er alvarlegt, einkum ef ætlunin var að afla verulegs og augljóslega ólögmæts ávinnings með brotinu. Jafnframt er heimilt að gera lögaðila fésekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins á sá sókn sakar sem misgert er við en þó sæta alvarleg brot opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við. Um skaðabætur er fjallað í 38. gr. laganna en þar segir að sá sem brjóti af ásetningi eða gáleysi gegn hönnunarrétti skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brotið hefur haft í för með sér. Ef ekki hefur verið brotið gegn hönnunarrétti með saknæmum hætti er heimilt að gera hinum brotlega að greiða endurgjald eða skaðabætur eftir því sem sanngjarnt þykir en bætur mega þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði af brotinu.

Samkvæmt 39. gr. laganna geta dómstólar gripið til ráðstafana til að girða fyrir frekari brot gegn hönnunarrétti, en í þessu felst að ákveða má að vörum verði breytt, þeim eytt eða þær afhentar brotaþola gegn endurgjaldi.

3. Vörumerkjaréttur.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997, geta aðrir en eigandi vörumerkis ekki heimildarlaust notað í atvinnustarfsemi sinni tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef notkunin tekur til sömu eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjum. Brot gegn vörumerkjarétti felst í því að vörurnar eða þjónustan sem um ræðir eru notaðar í viðskiptum.

Í VII. kafla vörumerkjalaga er fjallað um réttarvernd vörumerkja. Samkvæmt 41. gr. laganna er unnt að krefjast lögbanns við athöfn sem þegar er hafin eða er sannanlega yfirvofandi og brýtur eða mun brjóta gegn vörumerkjarétti. Einnig segir í 42. gr. laganna að banna megi með dómi óréttmæta notkun vörumerkis, auk þess sem lagðar eru refsingar við slíkum brotum. Þá er í 43. gr. laganna lögð skylda á þann sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti til að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis og skaðabætur fyrir annað tjón sem af brotinu hefur hlotist. Í þeim tilvikum sem brotið er gegn vörumerkjarétti í góðri trú er kveðið á um greiðslu hæfilegs endurgjalds ef um er að ræða hagnað af brotinu.

Í 44. gr. laganna er mælt fyrir um ráðstafanir sem dómstóll getur gripið til í þeim tilgangi að hindra misnotkun á vörumerki. Felast ráðstafanirnar meðal annars í því að merkið skuli numið brott af vörum, þær ónýttar eða afhentar þeim sem misgert var við.

4. Félagamerkjaréttur.

Um félagamerki gilda lög nr. 155/2002. Samkvæmt 1. gr. laganna geta félög eða samtök öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu. Einnig geta stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök, sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vöru eða þjónustu, öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til. Nefnast auðkenni sem lögin taka til félagamerki.

Að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum laga um félagamerki gilda ákvæði laga um vörumerki, nr. 45/1997, um félagamerki eftir því sem við getur átt, sbr. 2. gr. fyrrgreindu laganna.

Samkvæmt 7. gr. laga um félagamerki getur aðeins sá höfðað mál vegna brota gegn félagamerki sem er eigandi merkisins. Í ákvæðinu segir einnig að sá sem brýtur gegn félagamerki og er skaðabótaskyldur samkvæmt lögum um vörumerki skuli bæta það tjón sem eigandi merkis, eða sá sem hefur rétt til að nota það, verður fyrir.

Sá sem brýtur af ásetningi gegn félagamerkjarétti skal sæta sektum eða eftir atvikum fangelsi í allt að þrjá mánuði, sbr. 1. mgr. 10. gr. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að fésektir verði lagðar á lögaðila án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans, auk þess sem lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar starfsmanns ef brot er tengt starfi hjá lögaðilanum.

5. Einkaleyfaréttur.

Samkvæmt 1. gr. laga um einkaleyfi, nr. 17/1991, hefur uppfinningamaður eða sá sem öðlast hefur rétt hans rétt á að fá einkaleyfi fyrir uppfinningunni. Í einkaleyfi felst einkaréttur til að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni. Í 1. gr., 1. gr. a og 2. gr. laganna er nánar fjallað um hvaða uppfinningar geta notið einkaleyfisverndar. Samkvæmt 3. gr. laganna felur einkaréttur sá sem menn öðlast með einkaleyfi meðal annars í sér að aðrir en einkaleyfishafinn mega ekki án samþykkis hans hagnýta sér uppfinninguna með því að framleiða, bjóða til sölu, setja á markað, nota eða flytja inn eða hafa í fórum sínum tæki í þeim tilgangi eða aðrar afurðir sem veitt hefur verið einkaleyfi fyrir. Einnig er óheimilt að nota aðferð sem nýtur einkaleyfisverndar eða bjóða, setja á markað eða nota afurð sem framleidd er með aðferð verndaðri af einkaleyfi eða flytja inn, eiga eða hafa í fórum sínum slíka afurð í þeim tilgangi.

Í IX. kafla laganna er fjallað um refsi- og bótaábyrgð. Samkvæmt 57. gr. laganna skal sá sem af ásetningi skerðir einkarétt þann sem einkaleyfi veitir sæta sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum ef sök er mikil. Jafnframt er heimilt að gera lögaðila fésekt. Sókn sakar á sá sem misgert er við. Í 58. gr. laganna er fjallað um skaðabætur en þar kemur fram að sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir einkaleyfisrétt skuli greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningar og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér. Hafi brot ekki verið saknæmt ber hinum brotlega jafnframt að greiða endurgjald og skaðabætur að því marki sem það telst sanngjarnt.

Samkvæmt 59. gr. laganna geta dómstólar mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun afurða sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu eða misnotkun tækja, útbúnaðar eða annars sem hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Í þessu skyni má mæla fyrir um að hlut verði breytt á ákveðinn hátt, hann eyðilagður eða, þegar um er að ræða einkaleyfisverndaðan hlut, að hann verði afhentur gegn endurgjaldi frá þeim sem misgert var við.

6. Vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

Um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum er fjallað í lögum með sama heiti, nr. 78/1993. Hálfleiðarar eða tölvukubbar eru gerðir úr lagskiptu hálfleiðandi efni svo sem kísil, germanium eða gallium arseníð, ásamt einangrandi efni, sem til samans mynda hluti til að setja í rafeindarás. Mismunandi lög smárása í hálfleiðurum eru skyggð á fyrir fram ákveðnum stöðum með eins konar mynstri og síðan eru öll lögin felld saman, ásamt lögum af einangrun og málmi sem þannig mynda tölvukubbinn. Mótun lagskiptingarinnar er ákveðin með því að beina ljósamynstri á ljósnæma fleti, ýmist í gegnum skapalón eða með tölvustýrðum ljósgeisla sem dregur upp viðkomandi smárás. Smárás sem gerð er með framangreindum hætti ræður virkni tölvukubbsins.

Þessi svæðislýsing smárása í tölvukubbum er afar kostnaðarsöm en hins vegar er auðvelt að framleiða eftirlíkingar þar sem sjálf framleiðsluaðferðin við gerð tölvukubba er þekkt. Af þessum sökum hefur verið talið nauðsynlegt að vernda hönnun svæðislýsinga smárása í tölvukubbum. Þar sem hönnun svæðislýsinganna féll ekki undir hefðbundin hugverkaréttindi voru sett sérstök lög um verndun svæðislýsinga smárása í Bandaríkjunum árið 1984 (Semiconductor Chip Protection Act). Vegna gagnkvæmnisákvæðis í bandarísku lögunum var Evrópusambandið knúið til að taka upp sambærilega vernd og var það gert í tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum. Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var nauðsynlegt að setja umrædd lög nr. 78/1993 til að laga íslensk lög að ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 1. gr. laganna er mælt fyrir um einkarétt þess sem hannar svæðislýsingu smárása í hálfleiðara til hagnýtingar hennar. Sama rétt á sá sem öðlast hefur rétt hönnuðar fyrir löggerning. Skilyrði verndarinnar er að um nýja hönnun sé að ræða, að hluta eða í heild, að um eigið verk hönnuðar sé að ræða og að svæðislýsingin sé ekki almennt þekkt. Samkvæmt 3. gr. laganna tekur einkaréttur hönnuðar til afritunar svæðislýsingar smárása, réttar til hagnýtingar svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni, auk réttar til innflutnings svæðislýsingar eða smárásar sem framleidd var með þeirri svæðislýsingu til nota í atvinnuskyni. Undanskilið einkarétti hönnuðar er afritun svæðislýsinga smárása sem ekki tengist atvinnurekstri, afritun svæðislýsinga smárása sem gerð er í rannsókna- eða fræðsluskyni, svæðislýsing smárása sem hefur orðið til vegna rannsókna og síðari nýting verndaðra svæðislýsinga smárása sem ekki fer fram í atvinnuskyni. Verndartími svæðislýsinga smárása fellur niður 10 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsingin var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum. Hafi svæðislýsing ekki enn verið notuð í atvinnuskyni fellur verndin niður 15 árum frá því að svæðislýsingin var fyrst kynnt, sbr. 5. gr. laganna.

Brot gegn lögunum varða sektum, sbr. 7. gr. laganna. Einnig er þeim sem brýtur af ásetningi eða gáleysi gegn lögunum skylt að bæta það tjón sem af hefur hlotist. Skaðabætur mega þó ekki vera hærri en nemur hagnaði hins bótaskylda af brotinu, sbr. 6. gr. laganna.

7. Yrkisréttur.

Um yrkisrétt gilda ákvæði laga nr. 58/2000, um yrkisrétt. Samkvæmt lögunum getur aðili, sem hefur ræktað, eða uppgötvað og þróað, nýtt yrki (afbrigði eða stofn af plöntutegund) eða öðlast rétt hans, yrkishafi, öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni. Um yrkisrétt er síðan fjallað nánar í 1. gr. a og 2. gr. laganna. Samkvæmt 17. gr. laganna felur yrkisréttur í sér að aðrir en yrkishafi megi ekki án hans samþykkis nýta stofnþætti yrkis eða uppskeru af hinu verndaða yrki með tilgreindum hætti sem nánar er rakinn í ákvæðinu.

Sá sem skerðir yrkisrétt samkvæmt lögunum eða reglum á grundvelli þeirra skal sæta sektum. Jafnframt er heimilt að gera lögaðila fésekt, sbr. 25. gr. Þá skal greiða hæfilegt endur-

gjald fyrir hagnýtingu yrkis og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem skerðing yrkisréttar af ásetningi eða gáleysi hefur haft í för með sér, sbr. 26. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er að finna afmörkun á gildissviði frumvarpsins. Lagt er til að frumvarpið taki til allra helstu tegunda hugverkaréttinda. Rétt þykir þó að tilgreina nákvæmlega og tæmandi þessi hugverkaréttindi en nánar er gerð grein fyrir þessum réttindum í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Af þessu leiðir að brot gegn öðrum hugverkaréttindum falla utan gildissviðs frumvarpsins og verður því sönnunargagna vegna þeirra ekki aflað eftir reglum þess. Verður því að gera viðeigandi breytingu á ákvæðinu ef fella á önnur hugverkaréttindi undir reglur frumvarpsins. Að gildandi rétti verður ekki séð að nein hugverkaréttindi falli utan gildissviðs frumvarpsins þar sem vandkvæði eru við öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota en þó er vert að gefa þessu gaum eftir því sem tækninni vindur fram og löggjöf þróast á þessu réttarsviði.

Viðamikill lagabálkur á sviði hugverkaréttinda eru höfundalög, nr. 73/1972. Í a-lið greinarinnar er vísað nákvæmlega til þeirra réttinda samkvæmt höfundalögum sem lagt er til að frumvarpið taki til. Um önnur hugverkaréttindi, sem talin eru í b–g-liðum, þykir hins vegar fullnægjandi að vísa almennt til réttindanna en sérlög gilda um öll þessi réttindi, eins og áður er rakið.

Um 2. gr.

Lagt er til að sýslumönnum, hverjum í sínu umdæmi, verði falið að gengnum dómsúrskurði að veita atbeina sinn við að afla sönnunargagna vegna brota á þeim hugverkaréttindum sem ákvæði frumvarpsins taka til og eftir atvikum að beita valdi í því skyni. Eins og áður er vikið að þykir þetta viðfangsefni eiga sér nokkra samsvörun í ýmsum þeim verkefnum sem sýslumenn fara með. Í þeim efnum má benda á fullnustugerðir en við þær er unnt að þvinga fram efndir á skyldu einhvers án tillits til vilja viðkomandi. Framsetning frumvarpsins tekur mið af löggjöf á sviði fullnusturéttarfars að því marki sem það þykir eiga við.

Í 2. mgr. er að finna reglu um sérstakt hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til þeirra aðgerða sem frumvarpið mælir fyrir um. Þykir rétt að um þetta gildi sömu reglur og um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, sbr. 5. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Hér er lagt til að sama regla gildi um sérstakt hæfi sýslumanns og þegar hann fer með fullnustugerðir.

Þá er í 3. mgr. að finna venjubundna heimild fyrir ráðherra til að bregðast við ef sýslumaður reynist vanhæfur skv. 2. mgr.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skilyrði þess að aflað verði sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn þeim hugverkaréttindum sem frumvarpið tekur til.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að afla sönnunargagna ef sá sem telur sig rétthafa hugverkaréttinda sem um getur í 1. gr. eða sá sem lögum samkvæmt hefur heimild til að hagnýta sér þau réttindi gerir sennilegt að einhver hafi brotið gegn þeim rétti. Miðað er við að gerðarbeiðandi geti ekki eingöngu verið rétthafi heldur einnig sá sem hefur heimild til að nýta sér þessi réttindi, svo sem nytjaleyfishafi, sbr. 38. og 46. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, og 49. og 50. gr. laga nr. 46/2001, um hönnun. Þá er gert ráð fyrir því að gerðarbeiðandi geti beint kröfu sinni að hverjum þeim sem nýtur aðildarhæfis, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um með-

ferð einkamála, nr. 91/1991, og eru engar takmarkanir gerðar í þeim efnum. Þannig getur gerðarþoli verið einstaklingur, félag eða stofnun, þar með talið stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Með broti gegn hugverkarétti er átt við hverja þá ráðstöfun sem hlutlægt séð fær ekki samrýmst réttindum gerðarbeiðanda og því þarf brotið ekki að vera þess eðlis að það geti haft í för með sé bóta- eða refsiábyrgð.

Til að fallist verði á kröfu gerðarbeiðanda verður hann að gera sennilegt að brotið hafi verið gegn hugverkarétti sem hann nýtur. Þannig þarf gerðarbeiðandi ekki að færa fram örugga sönnun fyrir brotinu heldur nægir að færðar séu ákveðnar líkur fyrir því að brot hafi verið framið. Þetta er hliðstætt við skilyrði til að fá lögbann lagt við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn sem talið er að brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990. Hér skal þó áréttað að ekki er gert ráð fyrir að leit fari fram nema talið verði sennilegt að brot hafi verið framið og verður því ekki aflað sönnunargagna um áform um að brjóta gegn hugverkarétti. Samhliða því að gerð sé krafa um að sönnunargagna verði aflað má reikna með að gerðarbeiðandi leitist við að vernda réttindi sín með því að krefjast lögbanns. Er því heppilegt að hliðstæð skilyrði gildi til að gerðarbeiðnir þessar nái fram að ganga. Þó verður að gæta að því að markmið og framkvæmd þessara gerðarbeiðna verður ekki jafnað saman en það gæti haft þau áhrif að þessi skilyrði verði í framkvæmd ekki virt með sama hætti. Hér er ekki unnt að lýsa nákvæmlega hvenær gerðarbeiðandi hefur leitt nægar líkur að því að brotið hafi verið gegn hugverkarétti og kemur því í hlut dómstóla að meta þetta í hverju falli fyrir sig. Í dæmaskyni má þó nefna að næg líkindi fyrir broti ættu venjulega að vera fyrir hendi ef gerðarbeiðandi hefur staðfestar og áreiðanlegar upplýsingar frá núverandi eða fyrrverandi starfsmanni gerðarþola eða ef upplýsingar um starfsemi gerðarþola eru í ósamræmi við greiðslur fyrir hagnýtingu hugverkaréttar. Auk þess sem gerðarbeiðandi þarf að gera sennilegt að brotið hafi verið gegn rétti hans verður gerðarbeiðandi að sýna fram á að hann njóti þeirra hugverkaréttinda sem hann leitast við að vernda, hvort heldur sem hann er eigandi réttindanna eða hefur að lögum heimild til að nýta sér þau.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. verður sönnunargagna ekki aflað eftir reglum frumvarpsins vegna brota sem talin verða minni háttar ef beiðni beinist að einstaklingi og þau hafa ekki verið liður í atvinnustarfsemi. Frumvarpið girðir því ekki fyrir að leit verði gerð á einkaheimili til að afla sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum. Aftur á móti er markmiðið með þessu ákvæði að veita heimili og einkalífi einstaklings aukna vernd þannig að úrræði frumvarpsins verði ekki beitt nema brýnt tilefni sé til. Hér má nefna sem dæmi að tæplega kæmi til álita að leit færi fram á einkaheimili í þeim tilgangi einum að afla sönnunargagna um ólögmætan hugbúnað sem gerðarþoli hagnýtir aðeins í eigin þágu. Hins vegar kæmi til greina að veita slíka heimild ef gerðarþoli fjölfaldaði efni til dreifingar án endurgjalds, enda má þá gera ráð fyrir að brotið verði talið meiri háttar. Ef gerðarþoli áskilur sér hins vegar þóknun fyrir framlag sitt er um atvinnustarfsemi að ræða og því nýtur hann ekki verndar ákvæðisins.

Í b-lið 2. mgr. er komið í veg fyrir að sönnunargagna verði aflað ef stórfelldur munur er á hagsmunum gerðarþola af því að gagna verði ekki aflað miðað við hagsmuni gerðarbeiðanda af því að fá slík gögn. Þetta ákvæði tekur mið af 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 sem hindrar að lögbanni verði beitt við slíkar aðstæður. Þykja sömu rök eiga hér við og búa að baki þeirri reglu.

Þær reglur 2. mgr. sem hér hafa verið raktar draga vissulega nokkuð úr þeirri vernd hugverkaréttinda sem markmiðið er að tryggja. Með þessu er þó hagsmunum þeirra sem njóta hugverkaréttar tæplega teflt í tvísýnu, enda er nær útilokað að þessar undantekningar geti náð

til þeirra sem leggja stund á umfangsmikil brot gegn hugverkaréttindum. Hér verður einnig að gæta að því að með frumvarpinu er lagt til að raskað verði réttindum sem varin eru af stjórnarskrá, svo sem rakið hefur verið. Er því mikilvægt að búa svo um hnútana að ekki verði gengið lengra í þeim efnum en brýnt tilefni er til.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um hvar sönnunargagna verður aflað hjá gerðarþola og að hverju athugunin beinist.

Samkvæmt 1. mgr. verður sönnunargagna aflað á stað sem gerðarþoli hefur umráð yfir. Yfirleitt má gera ráð fyrir að athugun hjá gerðarþola færi fram á atvinnustöð hans, hvort sem um er að ræða eigið húsnæði gerðarþola eða annað húsnæði sem hann hefur aðgang að fyrir starfsemi sína. Einnig getur athugun farið fram á heimili gerðarþola ef um er að ræða einstakling og skilyrði eru fyrir hendi til að taka slíka beiðni til greina. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir að athugun fari fram hjá þriðja manni sem kann að hafa í sínum umráðum sönnunargögn nema ætla megi að hann hafi sjálfur gerst brotlegur en þá væri hægt að beina beiðni gegn honum á þeim grundvelli. Ef grandlaus þriðji maður hefur í vörslum sínum sönnunargögn um brot gegn hugverkaréttindum má gera ráð fyrir að hann afhendi þau gerðarbeiðanda eða eftir atvikum skili gögnum til gerðarþola þegar honum verður ljós þýðing þeirra. Að öðrum kosti kann hann að taka þá áhættu að verða talinn hafa átt hlut að máli þannig að beiðni um öflun sönnunargagna verði beint að honum. Það veltur þó á nánari atvikum hverju sinni.

Athugun sú sem fjallað er um í 1. mgr. nær til allra þeirra gagna og tækja sem haft geta þýðingu við mat á því hvort og í hvaða mæli brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem frumvarpið tekur til. Nær könnunin meðal annars til söluvöru, véla og framleiðslutækja, bókhaldsgagna, pöntunarseðla, kynningarefnis, tölvugagna og hugbúnaðar. Þessi talning er ekki tæmandi en ætti að fela í sér upptalningu á öllu því helsta sem athugunin getur beinst að. Með hliðsjón af þessari upptalningu má yfirleitt gera ráð fyrir að sönnunargögn sé að finna á skrifstofu gerðarþola, í skjalasafni eða vistuð í tölvum, á vörulager eða í þeim húsakynnum sem hann hefur undir framleiðslu af einhverju tagi. Að þessu er nánar vikið í VI. kafla í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Í 2. mgr. segir að athugun á gögnum eða tækjum miði ekki að því að leiða í ljós hvort framleiðslutæki eða vélar gerðarþola brjóti gegn einkaleyfi. Til að kanna hvort brotið hafi verið gegn hugverkaréttindum getur verið nauðsynlegt að kanna tæki og vélar gerðarþola til að fá viðhlítandi upplýsingar um starfsemi hans, svo sem hvað hann framleiði og í hve miklum mæli. Sú athugun á þó ekki að beinast að því að leiða í ljós hvort vélbúnaðurinn sjálfur brjóti gegn einkaleyfi. Með því yrði gengið of nærri gerðarþola, auk þess sem framleiðslan getur hvílt á atvinnuleyndarmálum sem mikilvægt er fyrir gerðarþola að ekki verði afhjúpuð. Er gert ráð fyrir að álitamál af þessu tagi komi til kasta löggjafar á sviði einkaleyfaverndar en við sönnunarvanda af slíkum toga hefur verið brugðist á þeim vettvangi svo sem áður er rakið.

Samkvæmt 3. mgr. verður ekki aflað sönnunar hjá gerðarþola með gögnum sem hafa að geyma upplýsingar sem óheimilt væri að gefa vitnaskýrslu um í einkamáli fyrir dómi. Um þetta vísast til 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Verður því ekki farið á svig við það ákvæði með því að afla sönnunargagna eftir reglum frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. segir að senda skuli beiðni um öflun sönnunargagna til héraðsdóms í því umdæmi þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing, sbr. 32. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Er þetta í samræmi við meginreglur réttarfars og þarfnast ekki nánari skýringar.

Samkvæmt 2. mgr. skal beiðni til héraðsdóms vera skrifleg og í henni ber að greina svo skýrt sem verða má fullt nafn gerðarbeiðanda og gerðarþola, kennitölur og lögheimili og upplýsingar um atvinnurekstur gerðarþola ef við á, sbr. a- og b-lið. Jafnframt skal koma fram í beiðni hvaða hugverkaréttindum ætlað brot beinist gegn og í hverju það felist, sbr. c-lið. Með þessu er málinu markaður grundvöllur þannig að leit hjá gerðarþola beinist að því að afla sönnunargagna um þau brot sem gerðarbeiðandi hefur tilgreint í beiðni sinni. Því er mikilvægt að vandað sé til þessarar lýsingar. Þá skal koma fram í beiðni krafa gerðarbeiðanda um hvaða sönnunargagna eigi að afla og hvar þeirra eigi að leita, auk þess sem gerðarbeiðanda ber að greina frá því á hvaða grunni hann telur að þau sé þar að finna, sbr. d- og e-lið. Þetta þarf að koma glögglega fram þar sem afmarkað skal í úrskurði dómara hvaða gagna verði aflað og hvar þeirra skuli leitað hjá gerðarþola, sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Loks skulu koma fram í beiðni aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir meðferð málsins, sbr. f-lið.

Í 3. mgr. segir að beiðni skuli fylgja þau gögn sem gerðarbeiðandi styður málatilbúnað sinn við. Þessi fylgigögn geta bæði varðað þann hugverkarétt sem ætlað brot beinist gegn og gögn um athafnir þær sem gerðarbeiðandi telur að brjóti gegn þeim rétti. Einnig geta önnur gögn komið til álita án þess að þau verði tæmandi talin eða þeim lýst nánar.

Beiðni skal senda héraðsdómi í tvíriti svo sem fram kemur í 4. mgr. Tekur þetta mið af því að senda ber gerðarþola málsgögn með tilkynningu dómsins um hvar og hvenær málið verði þingfest, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal héraðsdómari ákveða stað og stund þinghalds eftir að honum hefur borist beiðni um öflun sönnunargagna og tilkynna það aðilum með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal tekið fram hverju það varði ef ekki er sótt þing af hans hálfu. Einnig skulu fylgja tilkynningunni gögn málsins.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að víkja frá skyldu til að tilkynna gerðarþola um þingfestingu málsins. Verður það gert eftir rökstuddri beiðni gerðarbeiðanda ef hætta leikur á að sönnunargögnum verði komið undan, þeim eytt eða breytt eða dráttur vegna tilkynningar geti valdið réttarspjöllum fyrir gerðarbeiðanda. Þessi heimild helgast af 2. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins, en þar er gert ráð fyrir því að dómstólar geti gripið til ráðstafana án tilkynningar til gagnaðila ef líkur eru á að tafir muni valda óbætanlegu tjóni eða sýnt þykir að hætta er á að sönnunargögn verði eyðilögð. Með hliðsjón af því að oft er unnt á svipstundu að eyða eða koma undan sönnunargögnum um ætlað brot gegn hugverkaréttindum má gera ráð fyrir að þessari heimild verði beitt í allnokkrum mæli. Í 3. mgr. 21. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er að finna hliðstæða heimild af sambærilegu tilefni til að víkja frá skyldu til að tilkynna gerðarþola um hvenær aðför hjá honum muni byrja. Það ákvæði aðfararlaga tekur einnig til kyrrsetningar, löggeymslu og lögbanns, sbr. 4. mgr. 8. gr., 2. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 26. gr. laga nr. 31/1990.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um áhrif útivistar málsaðila, hvort sem er við þingfestingu máls fyrir héraðsdómi eða í síðara þinghaldi. Einnig er fjallað um málsmeðferðina þegar gerðarþola hefur ekki

verið tilkynnt um fyrirtöku málsins á grundvelli heimildar í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal beiðni um öflun sönnunargagna talin fallin niður ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing þegar beiðnin er tekin fyrir eða þingsókn af hans hálfu fellur niður á síðari stigum. Þegar þannig stendur á er héraðsdómara heimilt að úrskurða gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda ef gerðarþoli hefur sótt þing og gert slíka kröfu.

Í 2. mgr. segir að taka skuli mál til úrskurðar ef gerðarþoli sækir ekki þing. Sama á við ef gerðarþoli hefur ekki verið boðaður til þinghalds þar sem þingfesta á málið. Í báðum tilvikum skal héraðsdómari áður en mál er tekið til úrskurðar leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verður við beiðninni. Í því skyni og til að leggja fram frekari gögn má veita gerðarbeiðanda skamman frest. Þessi ákvæði helgast af því að dómara ber að gæta af sjálfsdáðum að því hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til að sönnunargagna verði aflað eftir reglum frumvarpsins þótt beiðni hafi ekki verið mótmælt, sbr. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um málsmeðferðina fyrir héraðsdómi þegar gerðarþoli sækir þing og andmælir kröfu gerðarbeiðanda. Er þá gert ráð fyrir því í 1. mgr. að gerðarþoli leggi fram greinargerð við þingfestingu málsins en honum eiga að hafa borist málsgögn með tilkynningu frá héraðsdómara um þinghaldið, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þetta tekur mið af því að brýnt er með hliðsjón af hagsmunum gerðarbeiðanda að rekstur málsins gangi greiðlega fyrir sig. Jafnframt á gerðarþola að vera unnt með skömmum fyrirvara að undirbúa vörn sína fyrir dómi, enda er þess síður að vænta að reynt geti á flókin úrlausnarefni.

Þegar málsaðilar hafa lagt fram gögn við þingfestingu verður málið flutt munnlega í þeim búningi sem það liggur fyrir dóminum. Þó má veita skamman frest til undirbúnings fyrir munnlegan málflutning. Hins vegar verður málinu ekki frestað til frekari gagnaöflunar auk þess sem skýrslutökur fara ekki fram fyrir dómi. Ef gerðarbeiðandi getur ekki leitt nægar líkur að því að gerðarþoli hafi brotið gegn hugverkarétti með þeim sönnunargögnum sem færð verða fyrir dóminn verður beiðni hafnað.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skal héraðsdómari svo fljótt sem verða má eftir að beiðni hefur verið tekin til úrskurðar kveða upp úrskurð um hvort aflað skuli sönnunargagna vegna ætlaðs brots gegn hugverkaréttindum gerðarbeiðanda. Þessi fyrirmæli eru í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins sem miða við að meðferð þessara mála sé hraðað eftir föngum. Þá er tekið fram að afmarka skuli í úrskurði héraðsdómara hvaða gagna verði aflað og hvar þeirra skuli leitað hjá gerðarþola. Svo sem áður er vikið að er gert ráð fyrir að grundvöllur málsins að þessu leyti liggi fyrir í beiðni um öflun sönnunargagna, sbr. d- og e-lið 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í úrskurði gæti dómari einnig markað máli þrengri farveg að þessu leyti en lagt er upp með í beiðni þannig að tiltekinna gagna verði ekki aflað eða að leit fari ekki fram á þann veg sem gerðarbeiðandi óskar. Þegar leyst er úr þessu hefur dómari hliðsjón af þeim vörnum sem gerðarþoli hefur haft uppi auk þess sem dómara ber sjálfum á grundvelli eigin athugunar að leggja mat á hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til að fallist verði á beiðni. Þykir rétt með hliðsjón af eðli þeirra athafna í garð gerðarþola sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins að dómari gæti að þessu af sjálfsdáðum. Hér er einnig til þess að líta að gert er ráð fyrir að heimilt verði að reka mál af þessu tagi fyrir dómstólum án þess að gerðarþola hafi verið tilkynnt um fyrirtöku málsins.

Um 10. gr.

Þegar héraðsdómur hefur að einhverju leyti eða öllu fallist á beiðni um heimild til að afla sönnunargagna vegna ætlaðs brots gegn hugverkaréttindum skal gerðarbeiðandi senda úrskurð dómsins til sýslumanns í því umdæmi þar sem sönnunargagna verður aflað. Ef sönnunargagna verður aflað í fleiri umdæmum er heimilt að beina úrskurði samtímis að þeim sýslumönnum sem eiga í hlut. Á þessa heimild gæti meðal annars reynt þegar gerðarþoli er með dreifða starfsemi.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um tryggingu sem sýslumanni er rétt að krefja gerðarbeiðanda um áður en sönnunargagna verður aflað. Hér er höfð hliðsjón af 3. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins. Tekur tryggingin annars vegar til kostnaðar við meðferð málsins hjá sýslumanni og hins vegar til skaðabóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til vegna beiðninnar og meðferðar hennar. Ber sýslumanni að sundurgreina fjárhæðina eftir því hvort um er að ræða tryggingu fyrir kostnaði eða skaðabótum vegna tjóns gerðarþola. Trygging verður lögð fram í því formi sem sýslumaður samþykkir en fullnægjandi í þeim efnum væru peningar eða bankaábyrgð.

Lagt er til í 3. mgr. að sýslumaður geti breytt ákvörðun sinni um tryggingu eftir því sem eðlilegt þykir í ljósi framvindu málsins. Þetta gæti átt við ef til fellur frekari kostnaður en reiknað var með þegar sýslumaður tók upphaflega ákvörðun um tryggingu. Einnig gæti verið að mál raskaði í meira mæli hagsmunum gerðarþola en gert var ráð fyrir. Að sama skapi getur komið í ljós að trygging hafi í upphafi verið ákveðin óþarflega há og getur sýslumaður þá breytt ákvörðun sinni til lækkunar á fjárhæð tryggingar.

Samkvæmt 4. mgr. fellur mál niður ef gerðarbeiðandi leggur ekki fram tryggingu innan hæfilegs frests sem sýslumaður ákveður.

Í 5. mgr. er lagt til að gerðarbeiðandi sem vill ekki una ákvörðun sýslumanns um tryggingu geti krafist úrlausnar héraðsdómara. Um meðferð ágreiningsmálsins fer þá eftir 14. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, eftir því sem við getur átt. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að gerðarþoli geti borið ágreining um tryggingu undir héraðsdóm. Verður að gera ráð fyrir að sýslumaður hafi lokið meðferð málsins áður en slíkrar úrlausnar yrði aflað frá héraðsdómi en ekki kæmi til álita að mál hvíli meðan slíkrar úrlausnar yrði aflað. Væri gerðarþola þá í lófa lagið að hindra meðferð málsins með því einu að gera ágreining um tryggingu sem gerðarbeiðanda er gert að leggja fram. Að þessu virtu þykja ekki efni til að gerðarþola verði heimilað að bera ágreining um tryggingu undir dóm.

Um 12. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um hvernig sýslumaður stendur að öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkarétti. Fjallar greinin bæði um hvaða gagna verður aflað og hvernig þeirra verður aflað. Felur ákvæðið í sér nánari fyrirmæli að þessu leyti um framkvæmdina en áður er í 4. gr. frumvarpsins fjallað um hvar gagna verður aflað og að hverju athugunin beinist.

Samkvæmt 1. mgr. aflar sýslumaður sönnunargagna með leit hjá gerðarþola. Ber sýslumanni að haga þeirri leit í samræmi við þann dómsúrskurð sem liggur henni til grundvallar. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja sönnun um ætlað brot er sýslumanni rétt við leitina að leggja hald á hluti eða skjöl og taka myndir eða afrita gögn, þar með talið á tölvutæku formi. Það skal áréttað að frumvarpið felur eingöngu í sér heimild til að afla sönnunargagna til að leiða í ljós brot gegn hugverkarétti. Þær heimildir sem frumvarpið hefur að geyma standa því ekki til þess að taka vörubirgðir úr vörslum gerðarþola í þeim tilgangi að

koma í veg fyrir brot gegn hugverkarétti. Í því skyni eru gerðarbeiðanda önnur úrræði tæk eins og lögbann eða kæra til lögreglu sem gæti hugsanlega leitt til haldlagningar skv. 78. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Að þessu gættu kæmi ekki til álita að leggja hald á vörur gerðarþola í frekari mæli en nauðsynlegt er til að tryggja sönnun um ætlað brot, svo sem með því að taka sýnishorn af vörulager. Til að afla jafnframt sönnunargagna um umfangið væri unnt að kanna birgðir með vörutalningu. Einnig getur verið nauðsynlegt að taka gögn úr vörslum gerðarþola um skamman tíma til að kanna þau nánar og eftir atvikum til afritunar. Að því loknu bæri hins vegar að skila gögnum til gerðarþola. Til að vernda hagsmuni gerðarþola er lagt til að hann geti krafist þess að sýslumaður varðveiti hluti, sem teknir hafa verið úr vörslum gerðarþola, á kostnað gerðarbeiðanda. Þótt hlutir séu í umsjá sýslumanns er vitanlega gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi hafi að þeim nauðsynlegan aðgang til að gæta hagsmuna sinna og færa fram sönnun fyrir dómi ef til málsóknar kemur á hendur gerðarþola í kjölfar þess að sönnunargagna hefur verið aflað vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum.

Heimild frumvarpsins til að leita að sönnunargögnum í húsakynnum gerðarþola felur í sér frávik frá réttindum sem varin eru af stjórnarskrá, svo sem áður er nánar rakið. Með það í huga er mikilvægt að búa svo um hnútana að ekki verði gengið frekar á þann rétt en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu. Hér verður einnig að gæta að því að reglur frumvarpsins rúmist innan þess svigrúms sem löggjafinn hefur samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrár. Í samræmi við þetta er tekið fram í 2. mgr. að þess skuli gætt við leit hjá gerðarþola að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim ætluðu brotum sem afla á sönnunar um. Þetta leiðir af almennum reglum en rétt þykir að undirstrika þetta sérstaklega. Í þessari reglu felst einnig að gæta ber meðalhófs við framkvæmd leitar og öflun sönnunargagna. Þannig bæri að gæta varfærni við leitina og einskorða hana við það sem haft getur sönnunargildi með tilliti til þeirra ætluðu brota sem athugunin beinist að. Með hliðsjón af þessu væri til dæmis rétt að taka útdrátt úr þeim gögnum sem jafnframt hafa aðrar upplýsingar málinu óviðkomandi.

Í 3. mgr. er að finna heimild fyrir sýslumann til að kveða til menn með viðeigandi sérfræðiþekkingu til að annast leit eða afmarkaða þætti hennar og getur sýslumaður falið þeim eftir þörfum að taka saman skýrslu um athugunina. Þeir sérfræðingar sem hér gætu helst komið til álita eru kerfisfræðingar, endurskoðendur og aðrir þeir sem hafa þekkingu sem kemur að notum, svo sem lögreglumenn með reynslu af því að annast leit hjá sakborningum. Þóknun til þeirra sem kvaddir hafa verið til aðstoðar fer eftir ákvörðun sýslumanns.

Samkvæmt 4. mgr. er sýslumanni heimilt að beita valdi að því marki sem nauðsynlegt er til að framkvæma leit hjá gerðarþola. Ber lögreglu eftir föngum að veita sýslumanni liðsinni í því skyni. Yfirleitt má gera ráð fyrir að gerðarþoli sé samvinnuþýður en svo þarf ekki að vera í öllum tilvikum. Því getur verið nauðsynlegt að grípa til valdbeitingar auk þess sem heimildin og sú þvingun sem í henni felst ætti að tryggja nauðsynlega samvinnu af hálfu gerðarþola við leitina.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um viðveru gerðarbeiðanda við leit hjá gerðarþola. Lagt er til að gerðarbeiðanda verði eingöngu heimilt að vera viðstaddur þegar sönnunargagna er aflað að því marki sem nauðsynlegt er til að veita upplýsingar. Tekur sýslumaður ákvörðun um nærveru gerðarbeiðanda og er heimilt að ákveða að athugun fari fram að honum fjarstöddum. Yfirleitt ætti að vera hægt að framkvæma leit hjá gerðarþola að gerðarbeiðanda fjarstöddum. Að því marki sem afla þarf upplýsinga hjá gerðarbeiðanda ætti jafnframt að vera hægt að nálgast þær

greiðlega án þess að gerðarbeiðandi eða umboðsmaður hann séu viðstaddir sjálfa leitina, hvort heldur sem er símleiðis eða með viðveru í nágrenninu. Hér verður að gæta að þeim augljósu hagsmunum gerðarþola að röskunin verði ekki meiri en nauðsyn ber til. Í samræmi við það er rétt að gerðarbeiðandi og aðrir á hans vegum séu fjarstaddir nema nærvera þeirra sé nauðsynleg til að veita viðhlítandi upplýsingar.

Um 14. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal sýslumaður með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti tilkynna gerðarþola hvar og hvenær verði hafist handa við að afla sönnunargagna. Þetta ákvæði á við þegar gerðarþoli hefur verið boðaður til fyrirtöku málsins fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þegar neytt er heimildar 2. mgr. sömu greinar til að fjalla um málið fyrir dómi án boðunar til gerðarþola fer um málsmeðferðina eftir 15. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um hverjir komi fram fyrir gerðarþola þegar mál er tekið fyrir í því skyni að afla sönnunargagna og gerðarþoli sjálfur hittist ekki fyrir, umboðsmaður hans eða fyrirsvarsmaður. Ef um er að ræða einstakling er sýslumanni rétt að fela maka hans eða öðrum heimilismanni að gæta hagsmuna viðkomandi. Beinist beiðni að lögaðila felur sýslumaður stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að gæta hagsmuna hans. Hér er lagt til að hliðstæð ákvæði gildi að þessu leyti og eiga við um málsvara gerðarþola við aðför, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Ef enginn hittist fyrir er gert ráð fyrir að það tálmi ekki öflun sönnunargagna en heimilt er að fresta leit ef þannig stendur á og það þykir geta greitt fyrir meðferð málsins. Má gera ráð fyrir að oft sé heppilegra að standa þannig að máli til að freista þess að hitta einhvern fyrir sem gætir hagsmuna gerðarþola ef það er unnt án þess að spilla hagsmunum gerðarbeiðanda. Hér verður einnig að gæta að sjónarmiðum um meðalhóf með hliðsjón af þeim hagsmunum gerðarþola sem geta verið í húfi. Ef leit fer fram án þess að nokkur sé viðstaddur af hálfu gerðarþola skal sýslumaður hlutast til um að vottur verði viðstaddur aðgerðina.

Um 15. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um meðferð málsins hjá sýslumanni þegar úrskurður um heimild til öflunar sönnunargagna hefur gengið án þess að gerðarþola hafi verið tilkynnt um málið svo sem heimild stendur til í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Er þá miðað við að sýslumaður snúi sér fyrirvaralaust að gerðarþola í því skyni að afla sönnunargagna í samræmi við úrskurðinn. Eðli máls samkvæmt er mikilvægt að það gerist undanbragðalaust, enda hefur málið verið metið þannig fyrir dómi að hætta leiki á að gerðarbeiðandi geti orðið fyrir réttarspjöllum.

Samkvæmt 2. mgr. er sýslumanni rétt að fresta því að fram fari leit ef gerðarþoli eða fyrirsvarsmaður hittast ekki fyrir og það er unnt án þess að spilla hagsmunum gerðarbeiðanda. Hér gæti komið til álita að fresta máli um skamma hríð til að ná fundi gerðarþola eða fyrirsvarsmanns hans ef ganga má út frá að gerðarþoli viti ekki hvað hann á í vændum. Ef því verður ekki komið við ræðst framhald málsins af 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Fari leit fram án þess að nokkur sé viðstaddur af hálfu gerðarþola ber sýslumanni að kalla til vott til að vera við aðgerðina.

Þegar mál sætir meðferð samkvæmt þessu ákvæði má gera ráð fyrir að gerðarþola verði fyrst kunnugt um fyrirhugaðar aðgerðir þegar leit er í þann mund að hefjast. Með hliðsjón af því þykir rétt að gerðarþoli fá ráðrúm til að kveðja til lögmann sinn til að vera viðstaddan. Hlé verður þó ekki gert í því skyni ef hætt er við að hagsmunir gerðarbeiðanda spillist. Hér skal áréttað að eingöngu er gert ráð fyrir að aðgerðir bíði um skamma hríð svo lögmanni sé kleift að koma á vettvang.

Um 16. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði ber gerðarbeiðanda að greiða sýslumanni allan kostnað sem fellur til við öflun sönnunargagna samkvæmt reglum frumvarpsins. Almennt er gert ráð fyrir að gerðarbeiðandi hafi sett tryggingu fyrir þessum kostnaði eftir fyrirmælum 11. gr. frumvarpsins og er þá heimilt að ganga að henni nema gerðarbeiðandi kjósi að gera upp á annan veg sem sýslumaður samþykkir. Þegar uppgjör hefur farið fram skilar sýslumaður tryggingu sem sett hefur verið fyrir kostnaði eða eftirstöðvum hennar til gerðarbeiðanda. Á þessu stigi verður gerðarþoli ekki krafinn um kostnað vegna málsins en vitanlega getur gerðarbeiðandi gert þá kröfu síðar eftir atvikum í dómsmáli að gerðarþoli haldi honum skaðlausum að þessu leyti ef unnt er sýna fram á að hugverkaréttur hafi verið brotinn.

Í 2. mgr. segir að sönnunargögn verði ekki afhent gerðarbeiðanda nema kostnaður við öflun þeirra hafi verið greiddur. Þessu ákvæði er ætlað að knýja á um að gerðarbeiðandi standi í skilum með greiðslu fyrir kostnaði.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um hvenær tryggingu sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram vegna hugsanlegrar skaðabótakröfu gerðarþola verði skilað. Í fyrsta lagi verður tryggingu skilað ef gerðarþoli höfðar ekki dómsmál til heimtu skaðabóta á hendur gerðarbeiðanda innan þess frests sem tilgreindur er í 22. gr. frumvarpsins. Í annan stað verður tryggingu skilað ef gerðarbeiðandi er sýknaður í dómsmáli af skaðabótakröfu gerðarþola. Loks verður tryggingu skilað ef um það næst samkomulag milli aðila. Má gera ráð fyrir að slíkt samkomulag geti verið liður í heildarsamkomulagi aðila sem felur jafnframt í sér að hugverkaréttindi verði framvegis virt og gerðarbeiðanda gerð skil í samræmi við réttindi hans, eftir atvikum með greiðslu skaðabóta.

Um 18. gr.

Í 1. og 2. mgr. kemur fram að sýslumaður færi gerðabók um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um form gerðabókar. Í gerðabók skal sýslumaður greina hvar og hvenær sönnunargagna var aflað, hverjir hafi verið viðstaddir, hvaða gögn hafi legið frammi og hvað hafi að öðru leyti farið fram. Loks skal rakið hvaða sönnunargagna var aflað og hvernig.

Samkvæmt 3. mgr. á sýslumaður við lok fyrirtöku máls að lesa upp bókun sína fyrir viðstadda eða kynna þeim meginatriði hennar ef það þykir nægja. Jafnframt skal viðstöddum gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

Ef sönnunargagna hefur verið aflað án þess að nokkur hafi verið viðstaddur af hálfu gerðarþola ber sýslumanni að senda viðkomandi svo fljótt sem verða má endurrit úr gerðabók um fyrirtöku málsins. Er þetta nauðsynlegt svo gerðarþoli geri sér grein fyrir málinu og þeim aðgerðum sem hann hefur þurft að þola svo hann geti tekið ákvörðun um viðbrögð af sinni hálfu. Í þeim efnum er hugsanlegt að gerðarþoli grípi til aðgerða á grundvelli IV. kafla frumvarpsins eða höfði dómsmál á hendur gerðarbeiðanda til heimtu bóta eftir reglum 22. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Samkvæmt 1. mgr. verður úrskurði héraðsdóms um heimild til öflunar sönnunargagna eftir reglum frumvarpsins skotið til Hæstaréttar með kæru. Um kærufrestinn, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli, sbr. XXIV. kafli laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Úrskurður héraðs-

dómara verður ekki kærður ef unnt er að krefjast endurupptöku á grundvelli 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um réttaráhrif kæru til Hæstaréttar. Samkvæmt almennum reglum frestar kæra frekari framkvæmdum á grundvelli úrskurðar þar til leyst hefur verið úr máli fyrir æðra dómi, sbr. 3. mgr. 144. gr. laga um meðferð einkamála. Hér er hins vegar lögð til gagnstæð regla um að kæra úrskurðar héraðsdómara fresti ekki aðgerðum eftir reglum frumvarpsins. Þetta tekur mið af eðli þessara mála og þeim augljósu hagsmunum gerðarbeiðanda að málsmeðferðin verði eins greið og unnt er. Frá þessari reglu er þó vikið að því leyti að sýslumanni er ekki heimilt að afhenda gerðarbeiðanda sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrr en að liðnum kærufresti hafi málskot ekki átt sér stað en ella ekki fyrr en leyst hefur verið úr máli fyrir æðra dómi. Með þessu er tryggt að lögvörðum hagsmunum gerðarþola af því að fá leyst úr kæru fyrir Hæstarétti verður ekki raskað þótt sönnunargagna hafi þegar verið aflað, enda verður sönnunargögnum skilað í samræmi við dóm Hæstaréttar ef úrskurði héraðsdóms er hnekkt að einhverju leyti eða öllu.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild fyrir gerðarþola til að krefjast endurupptöku máls fyrir héraðsdómi innan tveggja vikna frá því gerðarþoli eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn ef úrskurður hefur gengið án þess að gerðarþola væri tilkynnt um málið, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þessi heimild tekur mið af fyrirmælum 4. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins. Þegar varnir hafa ekki komið fram af hálfu gerðarþola þykir rétt í samræmi við almennar reglur réttarfars að málið verði aftur tekið til meðferðar fyrir lægra dómstigi í stað þess að málinu verði skotið til Hæstaréttar í þeim búningi sem það lá fyrir héraðsdómi. Frestur til að krefjast endurupptöku er sá sami og gildir um kæru og miðast við sama tímamark. Bæði endurupptaka fyrir héraðsdómi og kæra til Hæstaréttar getur því ekki átt við um einn og sama dómsúrskurð.

Samkvæmt 2. mgr. gildir II. kafli frumvarpsins um málsmeðferðina eftir endurupptöku, þó þannig að upphaflegur úrskurður stendur óhaggaður ef þingsókn gerðarþola fellur niður eftir endurupptöku. Í því tilviki þarf því ekki að kveða á ný upp úrskurð í málinu.

Í 3. mgr. er lagt til að hliðstæð regla eigi við um endurupptöku og gildir um réttaráhrif kæru skv. 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins. Sönnunargögn sem aflað hefur verið fyrir atbeina sýslumanns verða því ekki afhent gerðarbeiðanda fyrr en að liðnum fresti til að leita endurupptöku ef hennar er ekki krafist en ella ekki áður en úrskurður héraðsdóms gengur á ný í kjölfar endurupptöku. Að gengnum þeim úrskurði verða gögn síðan ekki afhent fyrr en útséð er með kæru og afdrif hennar fyrir æðra dómi.

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið er lagt til í 4. mgr. að úrskurði héraðsdóms verði ekki skotið til Hæstaréttar með kæru ef heimild stendur til endurupptöku máls. Úrskurður héraðsdóms í kjölfar endurupptöku verður hins vegar kærður eftir almennum reglum.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um frest gerðarbeiðanda til að höfða mál á hendur gerðarþola á grundvelli þeirra sönnunargagna sem aflað hefur verið eftir ákvæðum frumvarpsins um ætlað brot gegn hugverkarétti. Þetta ákvæði tekur mið af 6. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. ber gerðarbeiðanda að höfða málið innan fjögurra vikna frá því sönnunargögn standa honum til reiðu. Er í þeim efnum miðað við að sá frestur byrji að líða þegar gögnin liggja fyrir til afhendingar og sýslumanni er heimilt að láta þau af hendi eftir ákvæðum IV. kafla frumvarpsins. Verði mál ekki höfðað innan frestsins skal gerðarbeiðandi

skila gerðarþola þeim sönnunargögnum sem aflað var hjá honum. Ef gerðarbeiðandi hlítir ekki þessu og skilar ekki gögnum væri gerðarþola væntanlega kleift að freista þess að fá gögnin afhent með beinni aðfarargerð hjá gerðarbeiðanda skv. 12. kafla laga um aðför, nr. 90/1989.

Með málshöfðunarfresti er komið í veg fyrir að gerðarþoli þurfi að þola óvissu um framhald málsins. Með hliðsjón af þeim aðgerðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er einnig rétt frá sjónarhóli gerðarþola að greiðlega verði leyst úr máli um ætluð brot hans. Fyrr getur gerðarþoli ekki brugðist við þeim aðgerðum sem hann hefur þurft að þola en gert er ráð fyrir því að gerðarþoli öðlist skaðabótarétt á hendur gerðarbeiðanda ef ekki er leitt í ljós að brotið hafi verið gegn hugverkaréttindum. Þó skal tekið fram að vitanlega geta málsaðilar komist hjá málaferlum á báða bóga með því að ná samkomulagi sín á milli um þá hagsmuni sem eru í húfi.

Með frumvarpinu er ekki lagt til að girt verði fyrir að gerðarbeiðandi geti höfðað mál á hendur gerðarþola vegna brota gegn hugverkarétti að liðnum fresti skv. 1. mgr. Réttaráhrifin eru hins vegar þau að dómur verður ekki reistur á sönnunargögnum sem aflað var eftir reglum frumvarpsins, svo sem beinlínis er tekið fram í 2. mgr. Þótt sönnunargögn verði ekki lögð fram af gerðarbeiðanda í dómsmáli sem hann höfðar að liðnum fresti gæti hann eftir atvikum skorað á gerðarþola að leggja fram tiltæk gögn, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga um meðferð einkamála, og yrði þá dómur reistur á gögnum sem gerðarþoli sjálfur leggur fram. Er hugsanlegt að slík áskorun hafi áhrif við sönnunarmatið, sbr. 1. mgr. 68. gr. sömu laga. Einnig geta upplýsingar sem gerðarbeiðandi hefur fengið þegar gagna var aflað haft áhrif, svo sem um mögulegt vitni sem borið geta um ætlað brot gegn hugverkarétti.

Um 22. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um skaðabótaskyldu gerðarbeiðanda vegna aðgerða á grundvelli reglna frumvarpsins. Er ákvæðið reist á 7. mgr. 50. gr. TRIPS-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. á gerðarþoli skaðabótakröfu á hendur gerðarbeiðanda vegna fjártjóns og miska ef ekki hefur verið leitt í ljós að brotið hafi verið gegn þeim hugverkaréttindum sem frumvarpið tekur til. Ábyrgðin er hlutlæg og nægir það eitt til bótaskyldu að ætlað brot gerðarþola hafi ekki verið sannað. Í dómsmáli sem gerðarbeiðandi höfðar á hendur gerðarþola yrði leyst úr því hvort gerðarþoli hefði gerst brotlegur gegn hugverkarétti. Hvort slíkt mál er höfðað ræður þó ekki úrslitum í þessu efni og því verður bótaskylda ekki felld á gerðarbeiðanda af því tilefni einu að hann lætur undir höfuð leggjast að ganga að gerðarþola með málsókn. Má allt eins vera að gerðarbeiðandi telji ekki þjóna hagsmunum sínum vegna kostnaðar eða fyrirhafnar að höfða dómsmál á hendur gerðarþola þótt brot sé auðsannað. Kjósi gerðarþoli aftur á móti að ganga að gerðarbeiðanda og krefjast bóta gæti hann haldið uppi vörnum á þeim grundvelli að gerðarþoli hafi gerst brotlegur gegn þeim hugverkaréttindum sem í hlut eiga. Hins vegar gæti verið óhægar um vik fyrir gerðarbeiðanda að sýna fram á brotið eftir að hann hefur þurft að skila þeim sönnunargögnum sem aflað var hjá gerðarþola. Þó ætti gerðarbeiðandi að geta skorað á gerðarþola að leggja fram gögn eftir almennum reglum, eins og nánar er vikið að í athugasemdum við 21. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að frestur gerðarþola til að höfða skaðabótamál á hendur gerðarbeiðanda séu sex mánuðir frá því að frestur gerðarbeiðanda til að höfða mál skv. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins leið eða máli lauk án þess að kröfur hans næðu fram að ganga. Þykir rétt að mæla fyrir um þennan málshöfðunarfrest með hliðsjón af því að torvelt getur verið fyrir gerðarbeiðanda að halda uppi vörnum ef langt er um liðið frá atburðum.

Um 23. gr.

Lagt er til að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júlí 2006 svo ráðrúm gefist til að undirbúa gildistöku þeirra.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR UM HUGVERKARÉTT Í VIÐSKIPTUM (TRIPS-SAMNINGUR)

1. VIÐAUKI C VIÐ MARAKESS-SAMNING UM STOFNUN ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR

Aðilar,

sem æskja þess að draga úr röskun og hindrunum í alþjóðaviðskiptum, með hliðsjón af nauðsyn þess að stuðla að haldgóðri og fullnægjandi vernd hugverkaréttar, og tryggja að ráðstafanir og málsmeðferð við fullnustu hugverkaréttar hindri ekki lögmæt viðskipti,

sem viðurkenna að í þessu skyni er þörf á nýjum reglum og verklagsreglum varðandi:

a) beitingu grundvallarreglna GATT-samningsins frá 1994 og viðkomandi alþjóðasamninga eða sáttmála um hugverk;
b) setningu viðeigandi staðla og meginreglna um hvernig hægt sé að öðlast hugverkarétt í viðskiptum, gildissvið hans og notkun;
c) skilvirkar og heppilegar leiðir til fullnustu hugverkaréttar í viðskiptum, með tilliti til ólíkra réttarkerfa eftir löndum;
d) skilvirka og skjótvirka málsmeðferð til að fyrirbyggja og leysa deilumál milli stjórnvalda á alþjóðavettvangi; og
e) aðlögunarfyrirkomulag sem miðar að því að sem flestir geti tekið þátt í að móta niðurstöður samningaviðræðnanna;

sem viðurkenna að þörf er á marghliða ramma meginreglna, verklagsreglna og annarra reglna um alþjóðaviðskipti með sviknar vörur,

sem viðurkenna hugverkarétt sem einkarétt,

sem viðurkenna stefnumið hins opinbera sem innlendar reglur um vernd hugverkaréttar byggjast á, þar með talin markmið er varða þróun og tækni,

sem viðurkenna sérstaka þörf þeirra aðildarlanda, sem eru skemmst á veg komin í þróun, fyrir mesta mögulegan sveigjanleika þegar lögum og reglum er framfylgt innanlands til að geta skapað sér traustan og lífvænlegan tæknigrundvöll,

sem leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr spennu með auknum skuldbindingum um að leysa deilur um hugverk í viðskiptum með marghliða málsmeðferð,

sem æskja þess að komið verði á sambandi um gagnkvæman stuðning milli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og Alþjóðahugverkastofnunarinnar svo og annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI OG GRUNDVALLARREGLUR

1. gr.
Eðli og umfang skyldna.

1. Aðilar skulu hrinda ákvæðum þessa samnings í framkvæmd. Aðilum er heimilt, en ekki skylt, að setja lög um víðtækari vernd en kveðið er á um með þessum samningi, að því tilskildu að slík vernd brjóti ekki í bága við ákvæði þessa samnings. Aðilum skal vera frjálst að ákvarða heppilega aðferð við að koma ákvæðum þessa samnings í framkvæmd í samræmi við eigin réttarkerfi og venjur.
2. Í þessum samningi vísar hugtakið „hugverk“ til allra flokka hugverka sem fjallað er um í 1.–7. þætti II. hluta.
3. Aðilar skulu veita ríkisborgurum annarra aðila[1] þá meðferð sem kveðið er á um í þessum samningi. Að því er viðkomandi hugverkarétt varðar ber að líta á ríkisborgara annarra aðila sem einstaklinga eða lögpersónur er uppfylla skilyrði um rétt til verndar samkvæmt Parísarsamningnum (1967), Bernarsáttmálanum (1971), Rómarsamningnum og samningnum um hugverk er varða samrásir, ef allir aðilar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru aðilar að þessum samningum.[2] Aðili, sem nýtir sér möguleika, sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. eða 2. mgr. 6. gr. Rómarsamningsins, skal senda tilkynningu, eins og gert er ráð fyrir í þessum ákvæðum, til ráðsins um hugverkarétt í viðskiptum („hugverkaréttarráðsins“).

2. gr.
Samningar um hugverk.

1. Að því er varðar II., III. og IV. hluta þessa samnings skulu aðilar hlíta ákvæðum 1.–12. gr. og 19. gr. Parísarsamningsins (1967).
2. Með I.–IV. hluta þessa samnings skal í engu vikið frá skyldum sem aðilar kunna að hafa hver gagnvart öðrum samkvæmt Parísarsamningnum, Bernarsáttmálanum, Rómarsamningnum og samningnum um hugverk er varða samrásir.

3. gr.
Innlend meðferð.

1. Sérhver aðili skal veita ríkisborgurum annarra aðila eigi óhagstæðari meðferð en hans eigin ríkisborgarar njóta með tilliti til verndar[3] á hugverkum, með fyrirvara um undantekningar sem þegar hefur verið kveðið á um í Parísarsamningnum (1967), Bernarsáttmálanum

---

[1] Þegar „ríkisborgara“ er getið í þessu samningi skal líta svo á, þegar um er að ræða aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni sem er sérstakt tollsvæði, að átt sé við einstaklinga eða lögpersónur með lögheimili eða raunverulegan og virkan atvinnu- eða viðskiptarekstur á því tollsvæði.

[2] Í þessum samningi vísar „Parísarsamningurinn“ til Parísarsamningsins um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar; „Parísarsamningurinn (1967)“ vísar til Stokkhólmsgerðar þess samnings frá 14. júlí 1967. „Bernarsáttmálinn“ vísar til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum; „Bernarsáttmálinn (1971)“ vísar til Parísargerðar þess sáttmála frá 24. júlí 1971. „Rómarsamningurinn“ vísar til alþjóðasamnings um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarps- og sjónvarpsstöðva sem var samþykktur í Róm 26. október 1961. „Samningur um hugverk er varða samrásir“ (IPIC Treaty) vísar til samnings um hugverk er varða samrásir sem var samþykktur í Washington 26. maí 1989. „Samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“ vísar til samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

[3] Að því er ákvæði 3. og 4. gr. varðar skal „vernd“ taka til málefna sem hafa áhrif á aðgengi að hugverkarétti og öflun, gildissvið, viðhald og fullnustu hans, auk málefna sem hafa áhrif á notkun hugverkaréttar og fjallað er um sérstaklega í þessum samningi.

(1971), Rómarsamningnum eða samningnum um hugverk er varða samrásir. Fyrir listflytjendur, framleiðendur hljóðrita og útvarps- og sjónvarpsstöðvar gildir þessi skylda eingöngu að því er varðar réttindi sem kveðið er á um í þessum samningi. Aðili, sem nýtir sér möguleika sem kveðið er á um í 6. gr. Bernarsáttmálans (1971) eða í b-lið 1. mgr. 16. gr. Rómarsamningsins, skal tilkynna hugverkaréttarráðinu um það, eins og gert er ráð fyrir í þeim ákvæðum.

2. Aðilar mega einungis nýta sér undantekningar sem eru leyfðar samkvæmt 1. mgr. í tengslum við laga- og stjórnsýslumeðferð, þar með talið að tilnefna þjónustuaðila eða umboðsmann innan lögsögu aðila, ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að lögum og reglum sem samrýmast ákvæðum þessa samnings og slíkum reglum er ekki beitt á þann hátt sem telst vera duldar viðskiptahindranir.

4. gr.

Bestukjarameðferð.

Hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi, sem aðili veitir ríkisborgurum annars lands að því er varðar vernd hugverka, skal þegar í stað og skilyrðislaust veita ríkisborgurum allra hinna aðilanna. Undanþegið frá þessari skyldu er hagræði, sérkjör, forréttindi eða friðhelgi sem aðili veitir:

a) á grundvelli alþjóðasamninga um lagalega aðstoð eða fullnustu laga sem eru almenns eðlis og takmarkast ekki sérstaklega við vernd hugverka;
b) í samræmi við ákvæði Bernarsáttmálans (1971) eða Rómarsamningsins er heimila að meðferð miðist ekki við innlenda meðferð heldur meðferð sem er veitt í öðru landi;
c) að því er varðar réttindi listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarps- og sjónvarpsstöðva sem ekki er kveðið á um í þessum samningi;
d) á grundvelli alþjóðasamninga í tengslum við vernd hugverka sem öðluðust gildi fyrir gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, að því tilskildu að slíkir samningar hafi verið tilkynntir til hugverkaréttarráðsins og í þeim felist ekki geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun gagnvart ríkisborgurum annarra aðila.

5. gr.

Marghliða samningar um öflun eða viðhald verndar.

Skyldur skv. 3. og 4. gr. eiga ekki við um málsmeðferð sem kveðið er á um í marghliða samningum, gerðum á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar, er varða öflun eða viðhald hugverkaréttar.

6. gr.

Réttindaþurrð.

Að því er varðar lausn deilumála samkvæmt þessum samningi skal ekkert í þessum samningi vera grundvöllur umfjöllunar um tæmingu hugverkaréttar, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

7. gr.

Markmið.

Vernd og fullnusta hugverkaréttar ætti að ýta undir tækninýjungar um miðlun og útbreiðslu á tækni á þann hátt er nýtist bæði framleiðendum og notendum tækniþekkingar og stuðlar að félagslegri og efnahagslegri velferð og jafnvægi milli réttinda og skyldna.

8. gr.

Meginreglur.

1. Aðilum er heimilt, þegar þeir semja eða breyta lögum sínum og reglum, að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði og fæðu manna og til að efla áhuga almennings á sviðum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir hagfélagslega og tæknilega þróun í löndum þeirra, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist ákvæðum þessa samnings.
2. Nauðsynlegt getur verið að gera viðeigandi ráðstafanir, að því tilskildu að þær samrýmist ákvæðum þessa samnings, til að koma í veg fyrir að rétthafar misbeiti hugverkarétti eða til að koma í veg fyrir starfshætti sem hamla viðskiptum á óeðlilegan hátt eða hafa skaðleg áhrif á miðlun tækni milli landa.

II. HLUTI

STAÐLAR UM HUGVERKARÉTT, GILDISSVIÐ HANS OG NOTKUN

1. þáttur: Höfundarréttur og skyld réttindi.

9. gr.

Tengsl við Bernarsáttmálann.

1. Aðilar skulu fara að ákvæðum 1.–21. gr. Bernarsáttmálans (1971) og ákvæðum í viðauka við hann. Aðilar hafa þó ekki réttindi eða skyldur samkvæmt þessum samningi að því er varðar réttindi sem eru veitt skv. 6. gr. a í Bernarsáttmálanum eða réttindi sem eiga rætur að rekja til hans.
2. Vernd höfundarréttar skal taka til framsetningar en ekki til hugmynda, málsmeðferðar, starfsaðferða eða stærðfræðihugtaka sem slíkra.

10. gr.

Tölvuforrit og gagnasöfnun.

1. Tölvuforrit, hvort sem um er að ræða frumkóða eða viðfangskóða, skal vernda á sama hátt og bókmenntaverk samkvæmt Bernarsáttmálanum (1971).
2. Söfn gagna eða annars efnis, hvort heldur er á tölvutæku eða öðru formi, sem teljast til hugverka sökum efnisvals eða niðurröðunar efnis, skal vernda sem slík. Slík vernd, sem skal ekki taka til sjálfra gagnanna eða sjálfs efnisins, skal ekki hafa áhrif á höfundarrétt er kann að fylgja sjálfum gögnunum eða sjálfu efninu.

11. gr.

Leiguréttur.

Aðilar skulu, að minnsta kosti að því er varðar tölvuforrit og kvikmyndaverk, veita höfundum og síðari handhöfum réttinda rétt til að heimila eða banna leigu til almennings í ábataskyni á frumritum eða afritum verka sinna sem höfundarréttur er á. Aðili skal vera undanþeginn þessari skyldu að því er varðar kvikmyndaverk nema slík leiga hafi leitt til almennrar fjölföldunar slíkra verka er skaðar verulega einkarétt til fjölföldunar sem sá aðili veitir höfundum og síðari handhöfum réttinda þeirra. Að því er varðar tölvuforrit gildir þessi skylda ekki um leigu ef það er ekki fyrst og fremst forritið sjálft sem er leigt út.

12. gr.

Gildistími verndar.

Þegar gildistími verndar vegna verks, annars en ljósmyndaverks eða nytjalistar, er reiknaður út á öðrum forsendum en ævi einstaklings skal hann ekki vera skemmri en 50 ár frá lokum almanaksárs hinnar heimiluðu útgáfu eða, ef ekki er um slíka heimilaða útgáfu að ræða

innan 50 ára frá því að verkið er búið til, 50 ár frá lokum þess almanaksárs þegar verkið er búið til.

13. gr.

Takmarkanir og undantekningar.

Aðilar skulu einskorða takmarkanir á einkarétti eða undantekningar frá honum við sérstök tilvik sem stangast ekki á við eðlilega nýtingu verks og skaða ekki í óeðlilegum mæli réttmæta hagsmuni rétthafa.

14. gr.

Vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita (hljóðritana) og útvarps- og sjónvarpsstöðva.

1. Listflytjendur skulu, að því er varðar hljóðupptöku á flutningi þeirra, eiga þess kost að koma í veg fyrir að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: upptaka á listflutningi þeirra, sem ekki hefur áður verið tekinn upp, og fjölföldun slíkrar upptöku. Listflytjendur skulu enn fremur eiga kost á að koma í veg fyrir að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: þráðlaus útsending og bein útsending til almennings frá listflutningi þeirra.
2. Framleiðendur hljóðrita hafa rétt til að heimila eða banna beina eða óbeina fjölföldun á hljóðritum þeirra.
3. Útvarps- og sjónvarpsstöðvar hafa rétt til að banna að eftirfarandi eigi sér stað án heimildar þeirra: upptaka, fjölföldun á upptökum og þráðlaust endurvarp á útsendingum og sjónvarpssendingar sama efnis til almennings. Veiti aðilar útvarps- og sjónvarpsstöðvum ekki slík réttindi skulu þeir gefa eigendum höfundarréttar að útsendu efni kost á að koma í veg fyrir áðurnefnt athæfi, með fyrirvara um ákvæði Bernarsáttmálans (1971).
4. Ákvæði 11. gr. skulu, að því er varðar tölvuforrit, gilda að breyttu breytanda um framleiðendur hljóðrita og aðra rétthafa hljóðrita eftir því sem segir í lögum aðila. Ef kerfi yfir sanngjarna þóknun til rétthafa fyrir leigu hljóðrita er í gildi hjá aðila 15. apríl 1994, getur hann viðhaldið slíku kerfi, að því tilskildu að leiga hljóðrita í ábataskyni skerði ekki að verulegu leyti einkarétt rétthafa til fjölföldunar.
5. Gildistíma verndar, sem listflytjendur og framleiðendur hljóðrita njóta samkvæmt þessum samningi, lýkur ekki fyrr en að minnsta kosti 50 ár eru liðin frá lokum þess almanaksárs er upptakan eða listflutningurinn átti sér stað. Gildistíma verndar á grundvelli 3. mgr. lýkur ekki fyrr en að minnsta kosti 20 ár eru liðin frá lokum þess almanaksárs er útsendingin átti sér stað.
6. Aðila er heimilt, með hliðsjón af réttindum skv. 1., 2. og 3. mgr., að kveða á um skilyrði, takmarkanir, undantekningar og fyrirvara eftir því sem Rómarsamningurinn leyfir. Ákvæði 18. gr. Bernarsáttmálans (1971) skulu þó einnig gilda að breyttu breytanda um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita að því er hljóðritanir varðar.

2. þáttur: Vörumerki.

15. gr.

Efni sem nýtur verndar.

1. Vörumerki geta verið hvers konar tákn eða samsetning tákna sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum eða þjónustu annarra fyrirtækja. Slík tákn, einkum orð sem í eru mannanöfn, bókstafir, tölustafir, myndeiningar og litasamsetningar og samsetningar slíkra tákna, skal vera unnt að skrá sem vörumerki. Ef tákn eru ekki til þess fallin að greina milli vara eða þjónustu geta aðilar ákveðið að skráningarhæfi fari eftir að-

greiningarhæfi sem hefur áunnist við notkun. Aðilar geta sett það skilyrði fyrir skráningu að tákn séu sýnileg.
2. Ekki ber að líta svo á að ákvæði 1. mgr. komi í veg fyrir að aðili geti neitað skráningu vörumerkis af öðrum ástæðum, að því tilskildu að þessar ástæður fari ekki í bága við ákvæði Parísarsamningsins (1967).
3. Aðilum er heimilt að láta skráningarhæfi byggjast á notkun. Raunveruleg notkun vörumerkis skal þó ekki vera skilyrði fyrir því að unnt sé að leggja fram umsókn um skráningu. Ekki má hafna umsókn eingöngu vegna þess að fyrirhuguð notkun hefur ekki átt sér stað innan þriggja ára frá umsóknardegi.
4. Eiginleikar vöru eða þjónustu, sem vörumerki á að standa fyrir, skulu í engu tilviki vera hindrun í vegi fyrir skráningu vörumerkisins.
5. Aðilar skulu birta sérhvert vörumerki áður en það er skráð eða þegar í stað að skráningu lokinni og veita sanngjarnt tækifæri til að leggja fram beiðni um ógildingu skráningar. Þar að auki er aðilum heimilt að gefa kost á andmælum gegn skráningu vörumerkis.

16. gr.
Réttindi.

1. Eigandi skráðs vörumerkis hefur einkarétt á að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem ekki hafa til þess samþykki eiganda, noti merki sem eru sams konar eða svipuð og skráð vörumerki, í viðskiptum með sams konar eða svipaða vöru eða þjónustu og vörumerkið er skráð fyrir, ef slíkri notkun fylgir hætta á ruglingi. Við notkun sams konar merkis fyrir sams konar vörur eða þjónustu skal gera ráð fyrir að hætta sé á ruglingi. Réttindin, sem er lýst hér að framan, hafa ekki áhrif á réttindi sem fyrir eru né á möguleika aðila til að veita réttindi á grundvelli notkunar.
2. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gildir að breyttu breytanda um þjónustu. Við ákvörðun á því hvort vörumerki er vel þekkt skulu aðilar taka tillit til þess hvort það er vel þekkt á viðkomandi sviði, meðal annars hvort það er þekkt hjá hlutaðeigandi aðila vegna kynningar á vörumerkinu þar.
3. Ákvæði 6. gr. a í Parísarsamningnum (1967) gilda að breyttu breytanda um vöru eða þjónustu sem er ekki svipuð þeirri sem vörumerkið er skráð fyrir, að því tilskildu að notkun þess vörumerkis í sambandi við þá vöru eða þjónustu bendi til tengsla milli þessarar vöru eða þjónustu og eiganda hins skráða vörumerkis og að því tilskildu að líkur séu á að slík notkun skaði hagsmuni eiganda hins skráða vörumerkis.

17. gr.
Undantekningar.

Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar frá þeim rétti sem vörumerki veita, til að mynda að því er varðar eðlilega notkun lýsandi heita, að því tilskildu að í slíkum undantekningum sé tekið tillit til lögmætra hagsmuna eiganda vörumerkis og þriðju málsaðila.

18. gr.
Gildistími verndar.

Upphafleg skráning og sérhver endurnýjun skráningar á vörumerki skal ekki gilda skemur en í sjö ár. Skráningu vörumerkis skal vera unnt að endurnýja í ótiltekinn fjölda skipta.

19. gr.

Kröfur um notkun.

1. Ef notkun er forsenda þess að unnt sé að viðhalda skráningu er eingöngu heimilt að ógilda skráningu þegar notkun hefur ekki átt sér stað í þrjú ár samfellt, nema eigandi vörumerkis sýni fram á gildar ástæður sem hindra slíka notkun. Aðstæður sem skapast óháð ásetningi eiganda vörumerkis og hindra notkun þess, til að mynda innflutningshöft eða aðrar kröfur hins opinbera vegna vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaverndar, skulu teljast gildar ástæður fyrir því að vörumerkið hefur ekki verið notað.
2. Notkun annars einstaklings á vörumerki er viðurkennd sem notkun sem viðheldur skráningu ef hún er undir stjórn eiganda vörumerkisins.

20. gr.

Aðrar kröfur.

Ekki skal hamla að óþörfu notkun vörumerkis í viðskiptum með sérstökum kröfum á borð við að það sé notað ásamt öðru vörumerki, notað í sérstöku formi eða notað með þeim hætti sem rýrir eiginleika þess til að aðgreina vörur eða þjónustu eins viðskiptaaðila frá vörum eða þjónustu annars viðskiptaaðila. Þetta útilokar ekki kröfu um að nota beri vörumerki sem auðkennir viðskiptaaðila sem framleiðir vörurnar eða veitir þjónustuna ásamt, en án þess að tengja það við, vörumerki sem auðkennir hinar sérstöku vörur eða þjónustu þess viðskiptaaðila.

21. gr.

Leyfisveiting og framsal.

Aðilar geta ákvarðað skilyrði um leyfisveitingu og framsal vörumerkja og er þá gert ráð fyrir að skyldubundin veiting nytjaleyfis skuli ekki leyfð og að eigandi skráðs vörumerkis hafi rétt til að framselja vörumerki með eða án framsals þess fyrirtækis sem vörumerkið tilheyrir.

3. þáttur: Landfræðilegar merkingar.

22. gr.

Vernd landfræðilegra merkinga.

1. Landfræðilegar merkingar í þessum samningi eru merkingar sem tákna að vara er upprunnin á yfirráðasvæði aðila, eða á landsvæði eða stað á því yfirráðasvæði, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vöru í aðalatriðum til landfræðilegs uppruna hennar.
2. Að því er varðar landfræðilegar merkingar skulu aðilar sjá til þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti á löglegan hátt komið í veg fyrir:

a) að í merkingu eða kynningu vöru sé með einhverjum hætti tilgreint eða gefið til kynna að varan sé upprunnin á öðru landsvæði en hinu rétta upprunasvæði með þeim hætti að almenningur fái villandi upplýsingar um landfræðilegan uppruna vörunnar;
b) notkun sem telst til óréttmætrar samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum (1967).

3. Aðili skal, annaðhvort að eigin frumkvæði, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt lögum hans, eða að beiðni málsaðila sem á hagsmuna að gæta, synja um eða ógilda skráningu vörumerkis sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu að því er varðar vörur sem eru ekki upprunnar á því yfirráðasvæði sem merkingin vísar til, ef þess háttar merking á vörumerki slíkra vara í landi aðila veitir almenningi villandi upplýsingar um réttan landfræðilegan uppruna vörunnar.

4. Verndarákvæðin skv. 1., 2. og 3. mgr. skulu gilda um landfræðilega merkingu sem, enda þótt hún sé rétt í bókstaflegum skilningi með tilliti til yfirráðasvæðis, landsvæðis eða staðar sem vörurnar eru upprunnar frá, gefur almenningi ranglega til kynna að vörurnar séu upprunnar á öðru yfirráðasvæði.

23. gr.

Viðbótarvernd fyrir landfræðilegar merkingar á víni og brenndum drykkjum.

1. Sérhver aðili skal sjá til þess að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti á löglegan hátt komið í veg fyrir notkun landfræðilegrar merkingar á víni sem er ekki upprunnið á þeim stað sem landfræðilega merkingin segir til um eða landfræðilegrar merkingar á brenndum drykkjum sem eru ekki upprunnir á þeim stað sem landfræðilega merkingin segir til um, jafnvel þótt réttur uppruni vörunnar sé tilgreindur eða landfræðilega merkingin notuð í þýðingu eða henni fylgi athugasemd eins og „tegund“, „gerð“, „aðferð“, „eftirlíking“ o.fl.[4]
2. Synja skal um eða ógilda skráningu vörumerkis fyrir vín sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu, eða skráningu vörumerkis fyrir brennda drykki sem felur í sér eða samanstendur af landfræðilegri merkingu, annaðhvort að eigin frumkvæði ef slíkt er leyfilegt samkvæmt löggjöf aðila eða að beiðni málsaðila sem á hagsmuna að gæta, sé um að ræða vín eða brennda drykki sem eru ekki af þessum uppruna.
3. Að því er samhljóða landfræðilegar merkingar á víni varðar skal sérhver merking njóta verndar, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 22. gr. Sérhver aðili skal ákvarða hvernig aðgreina beri hinar samhljóða merkingar, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja að hlutaðeigandi framleiðendur fái sambærilega meðferð og neytendur fái ekki villandi upplýsingar.
4. Til að auðvelda vernd landfræðilegra merkinga á víni skal hugverkaréttarráðið annast samningaviðræður um að koma á fót marghliða tilkynninga- og skráningarkerfi fyrir landfræðilegar merkingar á víni sem uppfylla skilyrði um vernd í löndum aðila sem kerfið tekur til.

24. gr.

Alþjóðlegar samningaviðræður: Undantekningar.

1. Aðilar hafa komið sér saman um að hefja samningaviðræður í þeim tilgangi að auka vernd einstakra landfræðilegra merkinga á grundvelli 23. gr. Aðili skal ekki beita ákvæðum 4.–8. mgr. hér á eftir í því skyni að neita að taka þátt í samningaviðræðum eða gera tvíhliða eða marghliða samninga. Í tengslum við slíkar samningaviðræður skulu aðilar vera reiðubúnir að íhuga að beita þessum ákvæðum áfram gagnvart einstökum landfræðilegum merkingum sem slíkar samningaviðræður hafa fjallað um.
2. Hugverkaréttarráðið skal sjá um að endurskoða beitingu ákvæða þessa þáttar; sú fyrsta af þessum endurskoðunum skal fara fram innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Heimilt er að vekja athygli ráðsins á málum sem hafa áhrif á að skyldum samkvæmt þessum ákvæðum sé framfylgt. Ráðið skal, að beiðni aðila, eiga viðræður við einn eða fleiri aðila um slík mál sem ekki hefur fundist viðunandi lausn á með tvíhliða eða fjölhliða viðræðum milli hlutaðeigandi aðila. Ráðið skal grípa til þeirra aðgerða sem kunna að verða samþykktar til að auðvelda og stuðla að því að markmið þessa þáttar náist.

---

[4] Þrátt fyrir fyrsta málslið 42. gr. er aðilum heimilt að kveða í staðinn á um fullnustu með stjórnvaldsaðgerð, að því er þessar skyldur varðar.

3. Þegar aðili hrindir ákvæðum þessa þáttar í framkvæmd skal hann ekki skerða þá vernd landfræðilegra merkinga sem var í gildi hjá þeim aðila fyrir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
4. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að koma í veg fyrir að einhver af ríkisborgurum hans, eða einhver þeirra sem hafa lögheimili á yfirráðasvæði hans, noti áfram á svipaðan hátt tiltekna landfræðilega merkingu annars aðila á víni eða brenndum drykkjum í tengslum við vörur eða þjónustu, ef þeir hafa notað þessa landfræðilegu merkingu samfellt fyrir sömu eða skyldar vörur eða þjónustu á yfirráðasvæði þess aðila í *a)* að minnsta kosti 10 ár fyrir 15. apríl 1994 eða *b)* í góðri trú fyrir þann dag.
5. Ef vörumerki hefur verið notað eða skráð í góðri trú eða réttur til vörumerkis er áunninn með notkun í góðri trú annaðhvort:
a) áður en þessum ákvæðum er beitt hjá þeim aðila samkvæmt skilgreiningu í VI. hluta; eða
b) áður en landfræðilega merkingin hlýtur vernd í upprunalandi sínu;
skulu ráðstafanir, sem eru samþykktar til að hrinda ákvæðum þessa þáttar í framkvæmd, ekki skerða skráningarhæfi eða skráningargildi vörumerkis, eða réttinn til að nota vörumerki, á þeim forsendum að slíkt vörumerki sé sams konar eða svipað og ákveðin landfræðileg merking.
6. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að beita ákvæðum sínum gagnvart landfræðilegum merkingum annars aðila að því er varðar vörur eða þjónustu ef viðkomandi merking fyrir þessar vörur eða þjónustu er sams konar og hugtak sem venjan er að nota sem almennt heiti á slíkum vörum eða þjónustu á yfirráðasvæði þess aðila. Ekkert í þessum þætti skal leggja aðila þá skyldu á herðar að beita ákvæðum sínum á landfræðilegar merkingar frá öðrum aðila að því er varðar vínafurðir ef viðkomandi merking fyrir þessar vínafurðir er sú sama og heiti sem venja er að nota um þrúgutegund á yfirráðasvæði þess aðila á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
7. Aðili getur kveðið á um að leggja beri fram beiðni samkvæmt þessum þætti í tengslum við notkun eða skráningu vörumerkis innan fimm ára frá því að misnotkun hinnar vernduðu merkingar er orðin almenn vitneskja á yfirráðasvæði þess aðila eða frá skráningardegi vörumerkisins á yfirráðasvæði þess aðila, að því tilskildu að vörumerkið hafi verið birt í síðasta lagi þann dag, ef það gerist áður en misnotkunin varð almenn vitneskja á yfirráðasvæði þess aðila, að því tilskildu að landfræðilega merkingin sé ekki notuð eða skráð gegn betri vitund.
8. Ákvæði þessa þáttar skulu í engu skaða rétt neins einstaklings til að nota nafn sitt eða nafn fyrirrennara síns í viðskiptum, nema notkun á slíku nafni sé með þeim hætti að það villi um fyrir almenningi.
9. Ekki er skylt samkvæmt þessum samningi að vernda landfræðilegar merkingar sem njóta ekki verndar eða njóta ekki lengur verndar í upprunalandi þeirra, eða eru ekki lengur notaðar í því landi.

4. þáttur: Iðnhönnun.

25. gr.

Skilyrði fyrir vernd.

1. Aðilar skulu kveða á um vernd iðnhönnunar þegar um er að ræða ný, sjálfstæð sköpunarverk eða upprunaleg verk. Aðilum er heimilt að kveða á um að hönnun sé ekki ný eða upprunaleg ef hún er ekki að verulegu leyti frábrugðin þekktri hönnun eða samblandi úr þekktum hönnunarþáttum. Aðilum er heimilt að kveða á um að slík vernd skuli ekki taka til hönnunar sem í meginatriðum ræðst af tækni- eða nytsemissjónarmiðum.

2. Sérhver aðili skal sjá til þess að kröfur til að tryggja vernd textílhönnunar, einkum að því er varðar kostnað, rannsókn eða birtingu, minnki ekki að óþörfu möguleikann á að leita eftir slíkri vernd og fá hana. Aðilum skal vera frjálst að uppfylla þessa skyldu með lögum um iðnhönnun eða höfundarrétt.

26. gr.
Vernd.

1. Eigandi hönnunar, sem nýtur verndar, skal eiga rétt á að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, búi til, selji eða flytji inn muni sem fela í sér hönnun sem er eftirmynd eða að mestu leyti eftirmynd af hinni vernduðu hönnun, þegar slíkt er gert í ábataskyni.
2. Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar á vernd iðnhönnunar, að því tilskildu að slíkar undantekningar stríði ekki óeðlilega gegn eðlilegri nýtingu iðnhönnunar sem nýtur verndar og skaði ekki í óeðlilegum mæli lögmæta hagsmuni eiganda hinnar vernduðu hönnunar, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna þriðju málsaðila.
3. Vernd skal vara í að minnsta kosti 10 ár.

5. þáttur: Einkaleyfi.

27. gr.
Efni sem einkaleyfi gildir um.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. skal vera unnt að fá einkaleyfi fyrir uppfinningum á öllum tæknisviðum, hvort sem um er að ræða vörur eða aðferð, að því tilskildu að um sé að ræða eitthvað nýtt sem er framlag til uppfinninga og nýtanlegt í atvinnulífi.[5] Þrátt fyrir 4. mgr. 65. gr., 8. mgr. 70. gr. og 3. mgr. þessarar greinar skal vera unnt að fá einkaleyfi og nýta einkaleyfisrétt án mismununar eftir uppfinningastað, tæknisviði og því hvort vörurnar eru innfluttar eða framleiddar innanlands.
2. Aðilum er heimilt að synja um einkaleyfi fyrir uppfinningar ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að þær séu nýttar í ábataskyni á yfirráðasvæði þeirra til að vernda allsherjarreglu eða siðgæði, meðal annars til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið, svo framarlega sem slík synjun stafar ekki eingöngu af því að nýting er bönnuð samkvæmt lögum þeirra.
3. Aðilum er enn fremur heimilt að synja um einkaleyfi fyrir:
a) aðferðir við sjúkdómsgreiningu, lækningar og skurðlækningar á mönnum eða dýrum;
b) plöntur og dýr, að undanskildum örverum, og vinnsluaðferðir sem eru líffræðilegar í meginatriðum og notaðar við ræktun plantna eða dýra, að undanskildum vinnsluaðferðum sem ekki eru líffræðilegar og örverufræðilegum vinnsluaðferðum. Samt sem áður skulu aðilar kveða á um vernd plöntustofna, annaðhvort með einkaleyfum eða sérstöku skilvirku kerfi eða samblandi af hvoru tveggja. Ákvæði þessarar undirgreinar ber að endurskoða fjórum árum eftir gildistökudag samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

---

[5] Að því er þessa grein varðar má líta svo á að hugtökin „framlag til uppfinninga“ og „nýtanlegt í atvinnulífi eða iðnaði“ séu sömu merkingar og hugtökin „ekki augljóst“ og „nýtanlegt“.

28. gr.

Réttindi.

1. Einkaleyfi veitir eiganda eftirfarandi einkarétt til:

a) ef leyfið tekur til vöru, að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, búi til, noti, hafi til sölu, selji eða flytji inn[6] þá vöru í því skyni;

b) ef leyfið tekur til vinnsluaðferðar, að koma í veg fyrir að þriðju málsaðilar, sem hafa ekki til þess samþykki eiganda, noti aðferðina og að þeir noti, hafi til sölu, selji eða flytji inn í því skyni að minnsta kosti þá vöru sem er framleidd með þeirri vinnsluaðferð.

2. Eigendur einkaleyfa hafa einnig rétt til að framselja einkaleyfið, eða yfirfæra til síðari rétthafa, og til að gera leyfissamninga.

29. gr.

Skilyrði sem umsækjendum um einkaleyfi eru sett.

1. Aðilar skulu fara fram á að umsækjandi um einkaleyfi lýsi uppfinningunni nægilega skýrt og ítarlega til að fagmaður í viðkomandi grein geti beitt henni og er aðilum heimilt að fara fram á að umsækjandi tilgreini bestu aðferðina við að beita uppfinningunni sem uppfinningamanninum er kunnugt um á umsóknardegi eða, ef farið er fram á forgangsrétt, þeim degi sem forgangsréttar er krafist samkvæmt umsókninni.

2. Aðilar geta krafist þess að umsækjandi um einkaleyfi veiti upplýsingar um tilsvarandi umsóknir sínar og leyfisveitingar erlendis.

30. gr.

Undantekningar á réttindum.

Aðilar geta kveðið á um takmarkaðar undantekningar á einkaleyfisrétti, að því tilskildu að slíkar undantekningar stríði ekki óeðlilega gegn eðlilegri nýtingu einkaleyfis og skaði ekki í óeðlilegum mæli lögmæta hagsmuni eiganda einkaleyfis, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna þriðju málsaðila.

31. gr.

Önnur notkun án heimildar rétthafa.

Þegar lög aðila heimila aðra notkun,[7] án heimildar rétthafa, á viðfangsefni sem einkaleyfi er á, þar með talin notkun stjórnvalda eða notkun þriðju aðila sem stjórnvöld heimila, ber að virða eftirfarandi ákvæði:

a) meta skal heimild fyrir slíkri notkun eftir málsástæðum í hverju tilviki fyrir sig;

b) slíka notkun má einungis leyfa ef væntanlegur notandi hefur reynt að fá heimild rétthafa með sanngjörnum viðskiptaskilmálum og -skilyrðum áður en til slíkrar notkunar kemur og slíkar tilraunir hafa ekki borið árangur innan hæfilegs tíma. Aðili getur veitt undanþágu frá þessari kröfu þegar um er að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand innanlands eða notkun hins opinbera sem ekki er í ábataskyni. Í neyðartilvikum eða þegar annað hættuástand ríkir innanlands skal rétthafa samt sem áður tilkynnt um notkun eins skjótt og frekast er unnt án óeðlilegrar fyrirhafnar. Þegar um er að ræða notkun hins opinbera sem ekki er í ábataskyni og stjórnvöldum eða verktaka er eða ætti að vera kunnugt

---

6 Þessi réttur er með fyrirvara um ákvæði 6. gr., eins og öll önnur réttindi sem eru veitt samkvæmt þessum samningi, að því er varðar notkun, sölu, innflutning eða aðra dreifingu vöru.

7 „Önnur notkun“ vísar til annarrar notkunar en er leyfð samkvæmt 30. gr.

um, án þess að einkaleyfisréttur sé kannaður, að lögmætt einkaleyfi sé eða muni verða notað af stjórnvöldum eða á vegum þeirra skal láta rétthafa vita þegar í stað;

c) umfang slíkrar notkunar og sá tími sem hún stendur yfir skal takmarkast við þann tilgang sem heimildin var veitt fyrir og fyrir hálfleiðaratækni gildir hún einungis um opinbera notkun sem ekki er í ábataskyni eða til að bæta starfshætti sem dómstóll eða stjórnvöld hafa ákvarðað að séu samkeppnishamlandi;
d) slík notkun skal ekki útheimta einkarétt;
e) slík notkun skal vera óframseljanleg, nema með þeim hluta fyrirtækis eða viðskiptavildar sem nýtur góðs af slíkri notkun;
f) slík notkun skal aðallega heimiluð vegna birgðaöflunar fyrir innanlandsmarkað aðila sem heimilar slíka notkun;
g) heimild til slíkrar notkunar skal felld niður, með fyrirvara um að réttmætra hagsmuna þeirra sem hafa slíka heimild sé nægilega vel gætt, ef og þegar aðstæður, sem voru forsenda hennar, eru ekki lengur fyrir hendi og ólíklegt er að þær muni koma upp aftur. Þar til bært yfirvald skal hafa heimild til að endurskoða, að fenginni rökstuddri beiðni, hvort þessar aðstæður séu enn fyrir hendi;
h) rétthafa skal greidd hæfileg þóknun miðað við aðstæður í hverju tilviki, að teknu tilliti til þess hvert fjárhagslegt gildi heimildin hefur;
i) lögmæti ákvörðunar um heimild fyrir slíkri notkun skal vera með fyrirvara um endurskoðun dómsvalda eða óháða endurskoðun annars æðra yfirvalds hjá þeim aðila;
j) ákvörðun um þóknun sem fyrir slíka notkun skal vera með fyrirvara um úrskurð dómsvalda eða óháða endurskoðun annars æðra yfirvalds hjá þeim aðila;
k) aðilum er ekki skylt að beita skilyrðum b- og f-liðar hafi slík notkun verið leyfð í því skyni að bæta starfshætti sem ákvarðað er eftir dóms- eða stjórnsýslumeðferð að séu samkeppnishamlandi. Þegar þóknun er ákvörðuð í slíkum tilvikum er heimilt að taka tillit til þess hversu brýnt er að leiðrétta samkeppnishamlandi starfshætti. Þar til bær yfirvöld skulu hafa heimild til að synja um niðurfellingu heimildar ef og þegar líkur eru á að aðstæður, sem lágu til grundvallar slíkri heimild, endurtaki sig;
l) ef heimild til slíkrar notkunar er veitt í þeim tilgangi að leyfa nýtingu einkaleyfis („síðara einkaleyfi“) sem ekki er unnt að nýta án þess að brjóta annan einkaleyfisrétt („fyrra einkaleyfi“) skulu eftirtalin skilyrði einnig gilda:
   i) uppfinningin, sem tilkall er gert til í síðara einkaleyfinu, skal vera mikilvægt tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu borið saman við uppfinninguna sem tilkall er gert til í fyrra einkaleyfinu;
   ii) eigandi fyrra einkaleyfisins skal eiga rétt á leyfavíxlun með sanngjörnum skilmálum til að geta notað uppfinninguna sem tilkall er gert til í síðara einkaleyfinu; og
   iii) notkun, sem er heimiluð með tilliti til fyrra einkaleyfisins, skal vera óframseljanleg nema með framsali síðara einkaleyfisins.

32. gr.

Afturköllun/svipting einkaleyfis.

Ákvörðun um að afturkalla eða nema einkaleyfi úr gildi skal vera unnt að skjóta til úrskurðar dómstóla.

33. gr.

Gildistími verndar.

Gildistími verndar skal ekki renna út fyrr en tuttugu ár eru liðin frá umsóknardegi.[8]

34. gr.

Aðferðareinkaleyfi: Sönnunarbyrði.

1. Í einkamálum, er varða brot á réttindum eiganda sem um getur í b-lið 1. mgr. 28. gr., ef einkaleyfið varðar vinnsluaðferð til framleiðslu vöru, geta dómsyfirvöld gert stefnda að sanna að vinnsluaðferð sams konar vöru sé öðruvísi en aðferðin sem einkaleyfið tekur til. Þess vegna skulu aðilar kveða á um, í að minnsta kosti einu eftirtalinna tilvika, að sams konar vara, sem er framleidd án samþykkis eiganda einkaleyfis, skuli, nema unnt sé að sanna hið gagnstæða, teljast framleidd með þeirri vinnsluaðferð sem einkaleyfið tekur til:

a) ef varan, sem er framleidd með þeirri vinnsluaðferð sem einkaleyfið tekur til, er ný;

b) ef verulegar líkur eru á að sams konar vara hafi verið framleidd með hinni vernduðu aðferð og eigandi einkaleyfis hefur ekki, eftir hæfilegar tilraunir, getað ákvarðað hvaða aðferð var notuð.

2. Aðilum skal einungis vera frjálst að kveða á um að sönnunarbyrðin, sem er tilgreind í 1. mgr., hvíli á þeim sem telst hafa framið brotið ef skilyrðið, sem um getur í a-lið, er uppfyllt eða ef skilyrðið, sem um getur í b-lið, er uppfyllt.

3. Þegar færð eru fram mótrök skal taka tillit til lögmætra hagsmuna stefndu með tilliti til þess að vernda framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál þeirra.

6. þáttur: Formhönnun (svæðislýsingar) smárása.

35. gr.

Tengsl við sáttmálann um hugverk er varða smárásir.

Aðilar hafa komið sér saman um vernd formhönnunar (svæðislýsinga) smárása (í þessum samningi nefnd „formhönnun“), í samræmi við 2.–7. gr. (nema 3. mgr. 6. gr.), 12. gr. og 3. mgr. 16. gr. sáttmálans um hugverk er varða smárásir, og að fara auk þess að eftirfarandi ákvæðum.

36. gr.

Gildissvið verndar.

Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 37. gr. skulu aðilar telja eftirfarandi verknaði ólöglega hafi rétthafi[9] ekki heimilað þá: innflutningur, sala, eða önnur dreifing í viðskiptalegum tilgangi á formhönnun sem nýtur verndar, smárás sem slík formhönnun er hluti af eða vöru sem slík smárás er hluti af, en eingöngu að því leyti sem varan eða tækið felur áfram í sér ólöglega eftirmynd formhönnunar.

---

[8] Í þessu felst að aðilum, sem hafa ekki kerfi yfir upprunaleg leyfi, sé heimilt að kveða á um að gildistími verndar skuli miðast við umsóknardag í kerfinu yfir upprunaleg leyfi.

[9] Hugtakið „rétthafi“ í þessum þætti hefur sömu merkingu og hugtakið „handhafi réttinda“ í sáttmálanum um hugverk er varða smárásir.

37. gr.

Athæfi sem krefst ekki heimildar rétthafa.

1. Þrátt fyrir 36. gr. skal enginn aðili líta svo á að verknaður, sem um getur í þeirri grein, að því er varðar smárásir sem ólögleg eftirmynd formhönnunar er hluti af eða vöru sem slík smárás er hluti af, sé ólöglegur ef sá sem framdi eða fyrirskipaði slíkan verknað vissi ekki og gat ekki vitað með eðlilegu móti, þegar hann fékk smárásina eða vöruna sem slík smárás er hluti af, að ólögleg eftirmynd formhönnunar væri hluti af henni. Aðilar skulu kveða á um, eftir að viðkomandi hefur hlotið nægilega aðvörun um að formhönnunin sé ólögleg eftirmynd, að honum sé heimilt að fremja verknað að því er varðar birgðir sem eru fyrirliggjandi eða hafa verið pantaðar áður, en honum beri að greiða rétthafa fjárhæð er jafngildir eðlilegri einkaleyfis- eða höfundarþóknun sem bæri að greiða samkvæmt nytjaleyfi sem samið væri um af fúsum og frjálsum vilja vegna slíkrar formhönnunar.
2. Skilyrðin, sem eru sett fram í a- til k-lið 31. gr., skulu gilda að breyttu breytanda ef um er að ræða nauðungarleyfisveitingu fyrir formhönnun eða notkun hennar af hálfu hins opinbera eða fyrir hið opinbera án heimildar rétthafa.

38. gr.

Gildistími verndar.

1. Hjá aðilum, þar sem skráning er skilyrði fyrir vernd, skal gildistími verndar fyrir formhönnun ekki renna út fyrr en 10 ár eru liðin frá umsóknardegi eða frá þeim degi að nýting í ábataskyni átti sér fyrst stað, hvar í heiminum sem það gerist.
2. Hjá aðilum, þar sem skráning er ekki skilyrði fyrir vernd, skal gildistími verndar fyrir formhönnun ekki renna út fyrr en minnst 10 ár eru liðin frá þeim degi að nýting í ábataskyni átti sér fyrst stað, hvar í heiminum sem það gerist.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er aðila heimilt að kveða á um að vernd falli niður þegar 15 ár eru liðin frá því að formhönnunin varð til.

7. þáttur: Vernd trúnaðarupplýsinga.

39. gr.

1. Þegar verið er að tryggja haldgóða vernd gegn óheiðarlegri samkeppni, eins og kveðið er á um í 10. gr. a í Parísarsamningnum (1967), skulu aðilar vernda óbirtar upplýsingar í samræmi við 2. mgr. og gögn sem eru afhent stjórnvöldum eða opinberum stofnunum í samræmi við 3. mgr.
2. Einstaklingar og lögpersónur skulu eiga þess kost að koma í veg fyrir að upplýsingar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til, séu látnar öðrum í té, þeirra sé aflað eða þær notaðar af öðrum án samþykkis þeirra með þeim hætti sem er andstætt heiðarlegum viðskiptaháttum[10] svo framarlega sem slíkar upplýsingar:
a) eru leyndarmál í þeim skilningi að þær eru ekki, í heild sinni eða einstakir þættir þeirra og samsetning, almennt þekktar eða tiltækar einstaklingum í því umhverfi þar sem algengt er að fjalla um þá tegund upplýsinga sem um ræðir;
b) hafa viðskiptalegt gildi af því að þær eru leyndarmál; og

---

[10] Ákvæðið „með þeim hætti sem er andstætt heiðarlegum viðskiptaháttum“ merkir hér í það minnsta starfshætti á borð við brot á samningi, trúnaðarbrot og hvatningu til slíks brots og tekur til öflunar þriðju aðila á óbirtum upplýsingum hafi þeir vitað, eða sýnt vítavert kæruleysi með því að vita ekki, að slíkum starfsháttum var beitt við öflun upplýsinganna.

c) sá sem hefur þær undir höndum á löglegan hátt hefur gert eðlilegar ráðstafanir, miðað við aðstæður, til að halda þeim leyndum.

3. Þegar aðilar setja það skilyrði fyrir samþykki á markaðssetningu lyfjavara- eða efnaafurða fyrir landbúnað, sem hafa að geyma nýjar efnaeiningar, að lögð verði fram óbirtar prófanir eða önnur gögn sem verulega erfitt er að fá fram skulu þeir vernda slík gögn gegn óréttmætri viðskiptanotkun. Enn fremur skulu aðilar sjá til þess að slík gögn séu ekki birt, nema það sé nauðsynlegt til að vernda almenning eða gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að gögnin séu vernduð gegn óréttmætri notkun í viðskiptum.

8. þáttur: Eftirlit með samkeppnishamlandi starfsháttum í tengslum við samningsbundin nytjaleyfi.

40. gr.

1. Aðilar eru sammála um að tilteknir starfshættir eða skilyrði, er varða leyfisveitingu víðvíkjandi hugverkarétti og takmarka samkeppni, kunni að hafa skaðleg áhrif á viðskipti og hindra miðlun og útbreiðslu á tækni.

2. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir að aðilar setji í löggjöf sína ákvæði um starfshætti eða skilyrði er varða leyfisveitingu sem í sérstökum tilvikum kann að vera misnotkun á hugverkarétti sem hefur óhagstæð áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Eins og kveðið er á um hér að framan er aðila heimilt að samþykkja, í samræmi við önnur ákvæði þessa samnings, viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða hafa eftirlit með slíkum starfsháttum, til dæmis með skilyrðum um endurútgáfu einkaréttarleyfa, skilyrðum er koma í veg fyrir að nytjaleyfi sé véfengt eða með því að viðbótarleyfum er bætt við upprunalega leyfið með þvingunaraðgerðum, í ljósi viðkomandi laga og reglna þess aðila.

3. Sérhver aðili skal, að fenginni beiðni, hefja viðræður við annan aðila sem hefur ástæðu til að ætla að eigandi hugverkaréttar, sem er ríkisborgari eða hefur lögheimili á yfirráðasvæði þess aðila sem óskað var eftir viðræðum við, beiti starfsháttum er brjóta í bága við lög og reglur aðilans sem fer fram á viðræður um efni þessa þáttar og sem vill tryggja að farið sé að slíkri löggjöf, með fyrirvara um rétt aðila til löglegra aðgerða og fullt frelsi hvors aðila um sig til að taka endanlega ákvörðun. Aðilinn, sem fær beiðnina, skal fjalla ítarlega og með velvilja um hana og veita nægileg tækifari til viðræðna við aðilann sem leggur fram beiðnina og láta í té upplýsingar, sem almenningur hefur aðgang að en eru ekki trúnaðarupplýsingar og tengjast viðkomandi máli, og aðrar upplýsingar sem aðilinn hefur aðgang að, með fyrirvara um innlend lög og samninga sem kunna að hafa verið gerðir og málsaðilar sætta sig við, um að aðilinn sem leggur fram beiðnina gæti trúnaðar.

4. Þegar mál er höfðað á hendur ríkisborgurum aðila, eða þeim sem eiga lögheimili í landi hans, í landi annars aðila fyrir meint brot á lögum og reglum þess aðila varðandi efni þessa þáttar skal síðarnefndi aðilinn gefa fyrrnefnda aðilanum, að fenginni beiðni, kost á viðræðum með sömu skilmálum og gert er ráð fyrir í 3. mgr.

III. HLUTI
FULLNUSTA HUGVERKARÉTTAR

1. þáttur: Almennar skyldur.

41. gr.

1. Aðilar skulu sjá til þess að til sé málsmeðferð um fullnustu í samræmi við lög þeirra, eins og lýst er í þessum hluta, til að unnt sé að grípa til skilvirkra aðgerða gegn athæfi sem er brot á hugverkarétti er fellur undir þennan samning, þar með talin skjót úrræði til að koma í veg fyrir brot og úrræði sem hamla frekari brotum. Beita skal slíkri málsmeðferð á þann hátt að

forðast sé að skapa hindranir í lögmætum viðskiptum og skulu gerðar verndarráðstafanir gegn því að slíkri málsmeðferð sé misbeitt.
2. Málsmeðferð við fullnustu hugverkaréttar skal vera réttlát og sanngjörn. Hún skal ekki vera óþarflega flókin eða kostnaðarsöm, eða leiða til þess að sett verði óeðlileg tímamörk eða óréttlætanlegar tafir verði.
3. Ákvarðanir varðandi málsatvik skulu helst vera skriflegar og rökstuddar. Málsaðilar, að minnsta kosti, skulu hafa aðgang að þeim án ótilhlýðilegrar tafar. Ákvarðanir varðandi málsatvik skulu einungis byggðar á sönnunargögnum sem málsaðilar hafa fengið tækifæri til að láta í ljós álit sitt á.
4. Í málarekstri skulu málsaðilar eiga möguleika á endurskoðun dómsvalds á endanlegum stjórnvaldsákvörðunum og, með fyrirvara um lögsagnarákvæði í lögum aðila um mikilvægi máls, að minnsta kosti lagalegar hliðar upphaflegrar dómsniðurstöðu varðandi málsatvik. Samt sem áður skal ekki skylt að kveða á um tækifæri til endurskoðunar sýknu í refsimálum.
5. Þessi hluti samningsins hefur ekki í för með sér þá skyldu að innleiða dómskerfi fyrir fullnustu hugverkaréttar, aðskilið frá dómskerfi til að framfylgja lögum almennt, né hefur hann áhrif á getu aðila til að framfylgja lögum sínum almennt. Ekkert í þessum hluta hefur í för með sér skyldu að því er varðar skiptingu fjármagns til fullnustu hugverkaréttar annars vegar og hins vegar til að framfylgja almennum lögum.

2. þáttur: Málsmeðferð og úrræði í einkamálum og innan stjórnsýslunnar.

42. gr.

Réttlát og sanngjörn málsmeðferð.

Aðilar skulu sjá til þess að rétthafar[11] hafi aðgang að málsmeðferð fyrir almennum dómstólum til fullnustu hugverkaréttar sem fellur undir þennan samning. Stefndi skal eiga rétt á skriflegri aðvörun með nægum fyrirvara og fullnægjandi upplýsingum, þar með eru taldar forsendur kröfunnar. Málsaðilar mega hafa óháðan lögmann og málsmeðferð skal ekki fela í sér óhóflegar kröfur um skyldu einstaklinga til að mæta. Allir málsaðilar að slíkri málsmeðferð eiga tilhlýðilegan rétt á að rökstyðja kröfur sínar og leggja fram öll viðeigandi sönnunargögn. Í reglunum skal kveðið á um aðferðir til að sanngreina og vernda trúnaðarupplýsingar nema slíkt brjóti í bága við gildandi stjórnskipunarlög.

43. gr.

Sönnunargögn.

1. Ef málsaðili leggur fram sönnunargögn sem unnt er að afla án of mikillar fyrirhafnar og styðja kröfu hans og tilgreinir sönnunargögn sem styðja kröfu hans en mótaðilinn hefur undir höndum, geta dómsyfirvöld fyrirskipað mótaðila að leggja fram sönnunargögnin, með fyrirvara í viðeigandi málum um skilyrði sem tryggja vernd trúnaðarupplýsinga.
2. Þegar málsaðili synjar, af eigin hvötum og án gildrar ástæðu, um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum eða veitir þær ekki á annan hátt innan eðlilegs frests eða torveldar að mun málsmeðferð í tengslum við fullnustu getur aðili veitt dómsyfirvöldum heimild til að taka ákvörðun, sem er til bráðabirgða eða endanleg, þar sem um ræðir staðfestingu eða höfnun, á grundvelli upplýsinga, sem þeim eru veittar, þar með talið kæru eða staðhæfingar málsaðila sem

[11] Hugtakið „rétthafi“ í þessum hluta tekur til samtaka og félaga sem hafa lagalega stöðu til að krefjast viðurkenningar á slíkum réttindum.

hefur orðið fyrir tjóni af því að hann fékk ekki aðgang að upplýsingum, með þeim fyrirvara að málsaðilar eigi þess kost að segja álit sitt á staðhæfingunum eða sönnunargögnunum.

44. gr.
Lögbann.

1. Dómsyfirvöld skulu hafa vald til að fyrirskipa málsaðila að láta af broti, meðal annars vald til að koma í veg fyrir að innflutt vara, sem tengist broti á hugverkarétti, komist í umferð á yfirráðasvæði þeirra strax og tollafgreiðslu hennar er lokið. Aðilum er ekki skylt að veita slíka heimild vegna verndaðs efnis sem einstaklingur hefur aflað sér eða pantað áður en hann vissi eða mátti vita að verslun með slíkt efni væri brot á hugverkarétti.
2. Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessum hluta og að því tilskildu að farið sé að ákvæðum II. hluta er fjalla sérstaklega um notkun af hálfu hins opinbera, eða notkun þriðju málsaðila sem hafa til þess heimild hins opinbera, án heimildar rétthafa, geta aðilar takmarkað úrræði sín gegn slíkri notkun við það að greiða þóknun í samræmi við h-lið 31. gr. Í öðrum tilvikum skulu úrræði samkvæmt þessum hluta gilda, en stríði þessi úrræði gegn lögum aðila skal vera unnt að fá dómsálit í formi yfirlýsinga og hæfilegar bætur.

45. gr.
Bætur.

1. Dómsyfirvöld geta gert þeim sem brýtur gegn hugverkarétti að greiða rétthafa hæfilegar bætur fyrir það tjón sem brot á hugverkarétti hans hefur valdið honum, þegar sá sem framdi brotið vissi eða mátti vita að hann framdi ólöglegt athæfi.
2. Dómsyfirvöld geta einnig gert þeim sem brýtur gegn hugverkarétti að greiða rétthafa kostnað, meðal annars hæfilegan lögfræðikostnað. Í ákveðnum tilvikum geta aðilar heimilað dómsyfirvöldum að fyrirskipa endurgreiðslu hagnaðar og/eða greiðslu fyrirfram ákveðinna bóta, jafnvel þótt sá sem framdi brotið hafi ekki vitað eða ekki getað vitað með góðu móti að hann tók þátt í ólöglegu athæfi.

46. gr.
Önnur úrræði.

Til að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir brot geta dómsyfirvöld fyrirskipað að vörur, sem þau hafa ákvarðað að séu ólöglegar, skuli teknar úr umferð, án þess að bætur komi fyrir, með þeim hætti að komist sé hjá að valda rétthafa tjóni, eða eyðilagðar ef það brýtur ekki í bága við stjórnskipunarlög. Dómsyfirvöld geta einnig fyrirskipað að efni og áhöld, sem voru aðallega notuð til að búa til ólöglegu vörurnar, skuli tekin úr umferð, án þess að bætur komi fyrir, með þeim hætti að það dragi úr hættu á frekari brotum. Þegar slíkar beiðnir eru skoðaðar skal þess gætt að þau úrræði sem eru fyrirskipuð séu í réttu hlutfalli við alvöru brotsins og tekið sé tillit til hagsmuna þriðju málsaðila. Þegar um er að ræða vörur með fölsuðum vörumerkjum nægir ekki, nema í undantekningartilvikum, að fjarlægja hið ólögmæta vörumerki til að unnt sé að setja vörurnar í umferð.

47. gr.
Réttur til upplýsinga.

Aðilar geta kveðið á um heimild dómsyfirvalda til að fyrirskipa þeim sem framdi brotið að upplýsa rétthafa um þriðja aðila, sem tók þátt í að framleiða og dreifa hinum ólöglegu vörum eða þjónustu, og dreifingarleiðir þeirra, nema slíkt sé ekki í samræmi við alvöru brotsins.

48. gr.

Skaðabætur til stefnda.

1. Dómsyfirvöld geta fyrirskipað málsaðila, sem lagði fram beiðni um ráðstafanir sem gripið var til og hefur misbeitt málsmeðferð við fullnustu, að greiða málsaðila, ef athafnafrelsi hans hefur verið heft eða takmarkað, hæfilegar bætur vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna slíkrar beitingar. Dómsyfirvöld geta einnig fyrirskipað stefnanda að greiða stefnda kostnað, meðal annars hæfilegan lögfræðikostnað.
2. Að því er varðar framkvæmd laga um vernd eða fullnustu hugverkaréttar skulu aðilar því aðeins leysa opinber yfirvöld og embættismenn undan ábyrgð, að því er varðar viðeigandi úrræði, að gripið hafi verið til aðgerða eða fyrirhugað sé að gera það í góðri trú við framkvæmd slíkra laga.

49. gr.

Stjórnsýslumeðferð.

Að því marki sem unnt er að beita úrræðum einkamálaréttar vegna stjórnsýslumeðferðar varðandi málsatvik skal slík málsmeðferð samrýmast meginreglum sem eru efnislega jafngildar meginreglum þessa þáttar.

3. þáttur: Bráðabirgðaráðstafanir.

50. gr.

1. Dómsyfirvöld hafa vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða:
a) til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti, og einkum til að koma í veg fyrir að vörur komist í umferð innan lögsögu þeirra, þar með taldar innfluttar vörur strax og tollafgreiðslu er lokið.
b) til að varðveita sönnunargögn er tengjast hinu meinta broti.
2. Dómsyfirvöld geta í vissum tilvikum gert bráðabirgðaráðstafanir án þess að hafa samband við mótaðilann, einkum ef líkur eru á að tafir muni valda rétthafa óbætanlegu tjóni eða sannanlega er hætta á að sönnunargögn eyðileggist.
3. Dómsyfirvöldum skal heimilt að krefja stefnanda um sönnunargögn, sem unnt er að afla með góðu móti, til að þau geti fullvissað sig nægilega um að hann sé rétthafi og að réttur hans hafi verið brotinn, eða að slíkt brot sé yfirvofandi, og fyrirskipað honum að leggja fram tryggingu eða jafngildi hennar til að vernda stefnda og koma í veg fyrir misnotkun.
4. Ef bráðabirgðaráðstafanir hafa verið samþykktar án þess að hafa samband við mótaðilann skal láta hlutaðeigandi málsaðila vita af því, í síðasta lagi um leið og ráðstöfununum er hrundið í framkvæmd. Endurskoðun, sem í felst réttur til að flytja mál sitt, skal eiga sér stað að beiðni stefnda með það fyrir augum að ákveða, innan hæfilegs tíma frá því að tilkynnt er um ráðstafanirnar, hvort þeim skuli breytt, þær afturkallaðar eða staðfestar.
5. Heimilt er að krefja stefnanda um aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að yfirvald, sem hefur framkvæmd bráðabirgðaráðstafana með höndum, geti borið kennsl á vörurnar.
6. Með fyrirvara um 4. mgr. ber, að beiðni stefnda, að afturkalla bráðabirgðaráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. og 2. mgr. eða fella þær úr gildi á annan hátt ef málarekstur, sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik, hefst ekki innan hæfilegs tímabils sem, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt lögum aðila, er ákvarðað af dómsyfirvaldi sem fyrirskipar ráðstafanirnar eða, liggi slík ákvörðun ekki fyrir, er ekki lengra en 20 virkir dagar eða 31 almanaksdagur, eftir því hvort tímabilið er lengra.

7. Þegar bráðabirgðaráðstafanir eru afturkallaðar eða þær falla niður vegna aðgerðar eða aðgerðarleysis stefnanda, eða síðar er komist að raun um að ekki er um brot eða hættu á broti á hugverkarétti að ræða, geta dómsyfirvöld fyrirskipað stefnanda, að beiðni stefnda, að greiða stefnda hæfilegar bætur vegna tjóns sem ráðstafanirnar hafa haft í för með sér.
8. Að því marki sem unnt er að fyrirskipa bráðabirgðaráðstafanir vegna stjórnsýslumeðferðar skal slík meðferð samrýmast meginreglum sem eru efnislega jafngildar meginreglum þessa þáttar.

4. þáttur: Sérstakar kröfur í tengslum við landmæraeftirlit.[12]

51. gr.

Frestun tollafgreiðslu.

Aðilar skulu, í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram hér á eftir, samþykkja málsmeðferð[13] svo að rétthafa, sem hefur gildar ástæður til að ætla að innflutningur á vörum með fölsuðum vörumerkjum eða vörum þar sem höfundarréttur hefur verið brotinn[14] kunni að eiga sér stað, sé gert kleift að leggja fyrir þar til bær yfirvöld á sviði stjórnsýslu eða dómgæslu skriflega umsókn um að tollyfirvöld fresti því að afgreiða slíkar vörur til frjálsrar dreifingar. Aðilar geta heimilað að slík umsókn sé lögð fram að því er varðar vörur sem tengjast annars konar brotum á hugverkarétti, að því tilskildu að kröfur þessa þáttar séu uppfylltar. Aðilar geta enn fremur kveðið á um samsvarandi málsmeðferð varðandi frestun tollyfirvalda á afgreiðslu vara sem ætlaðar eru til útflutnings frá yfirráðasvæðum þeirra og teljast fara í bága við hugverkarétt.

52. gr.

Beiting.

Rétthafi, sem hefur málsmeðferð skv. 51. gr., skal krafinn um sönnunargögn sem nægja til að þar til bær yfirvöld geti verið þess fullviss að samkvæmt lögum í innflutningslandinu líti út fyrir að um brot á hugverkarétti rétthafa sé að ræða og nógu nákvæma lýsingu á vörunum til að tollyfirvöld geti með auðveldu móti þekkt þær. Þar til bær yfirvöld skulu láta stefnanda vita innan hæfilegs tíma hvort þau hafa samþykkt umsóknina og hve lengi aðgerðir tollyfirvalda muni gilda ef þar til bær yfirvöld ákvarða slíkt.

53. gr.

Trygging eða jafngildi hennar.

1. Þar til bær yfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að stefnandi leggi fram trygg-

---

[12] Ef aðili hefur að mestu leyti hætt öllu eftirliti með vöruflutningum á landamærum sínum og annars aðila sem er í sama tollabandalagi þarf hann ekki að beita ákvæðum þessa þáttar á þeim landamærum.

[13] Litið er svo á að ekki skuli vera skylda að beita slíkri málsmeðferð við innflutning á vörum sem eru settar á markað í öðru landi af rétthafa eða með hans samþykki eða gagnvart vörum í umflutningi.

[14] Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vörur með fölsuðum vörumerkjum“ eru allar vörur, þar með taldar umbúðir, sem á er, án heimildar, vörumerki sem er sams konar og löglega skráð vörumerki fyrir slíkar vörur eða sem ekki er unnt að greina í aðalatriðum frá slíku vörumerki, og eru þannig brot á réttindum eiganda vörumerkisins, samkvæmt lögum innflutningslandsins;

b) „vörur þar sem höfundarréttur hefur verið brotinn“ eru allar vörur sem eru afrit, gerð án samþykkis rétthafa eða einstaklings sem hefur tilskilda heimild rétthafa í framleiðslulandinu, og eru gerðar beint eða óbeint eftir vöru, og gerð þess eintaks myndi teljast brot á höfundarrétti eða skyldum réttindum samkvæmt lögum innflutningslandsins.

ingu eða jafngildi hennar er nægi til að vernda stefnda og þar til bær yfirvöld og koma í veg fyrir misnotkun. Slík trygging eða jafngildi hennar skal ekki hindra óeðlilega að gripið sé til þessarar málsmeðferðar.

2. Hafi tollyfirvöld, í framhaldi af umsókn samkvæmt þessum þætti, frestað því, á grundvelli ákvörðunar sem ekki er tekin af dómsyfirvaldi eða öðru sjálfstæðu yfirvaldi, að afgreiða vörur til frjálsrar dreifingar er taka til iðnhönnunar, einkaleyfa, formhönnunar eða trúnaðarupplýsinga og fresturinn, sem kveðið er á um í 55. gr., er útrunninn án þess að til þess bær yfirvöld hafi veitt bráðabirgðaúrlausn, og að því tilskildu að öll innflutningsskilyrði hafi verið uppfyllt, skal eigandi, innflytjandi eða viðtakandi slíkra vara eiga rétt á að fá þær afgreiddar ef lögð er fram nægilega há trygging til að vernda rétthafa gegn broti. Greiðsla slíkrar tryggingar skal ekki hafa áhrif á önnur úrræði sem rétthafi á kost á og er því gert ráð fyrir að tryggingunni verði aflétt leiti rétthafi ekki réttar síns innan hæfilegs tíma.

54. gr.

Tilkynning um frestun.

Innflytjanda og stefnanda skal þegar í stað tilkynnt um frestun á tollafgreiðslu vara í samræmi við 51. gr.

55. gr.

Gildistími frestunar.

Hafi tollyfirvöld ekki verið látin vita, innan 10 virkra daga eftir að stefnanda hefur verið tilkynnt um frestun, að annar málsaðili en stefndi hafi hafið málarekstur sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik eða að þar til bært yfirvald hafi gert bráðabirgðaráðstafanir til að framlengja frestun á tollafgreiðslu, ber að afgreiða vörurnar, að því tilskildu að öll innflutnings- eða útflutningsskilyrði hafi verið uppfyllt; í ákveðnum tilvikum má lengja frestinn um 10 virka daga. Ef hafinn er málarekstur sem leiðir til ákvörðunar um málsatvik skal endurskoðun, sem í felst réttur til að flytja mál sitt, fara fram að beiðni stefnda, með það fyrir augum að ákveða, innan hæfilegs tíma, hvort þessum ráðstöfunum skuli breytt, þær afturkallaðar eða staðfestar. Þrátt fyrir það sem segir hér að framan skulu ákvæði 6. mgr. 50. gr. gilda þegar tollafgreiðslu vara er frestað eða frestun látin gilda áfram í samræmi við bráðabirgðaráðstöfun samkvæmt dómi.

56. gr.

Bætur til innflytjanda og eiganda vöru.

Viðkomandi yfirvöldum skal heimilt að fyrirskipa stefnanda að greiða innflytjanda, viðtakanda og eiganda vöru hæfilegar bætur vegna tjóns sem þeir verða fyrir þegar lagt er hald á vöru að ástæðulausu eða lagt er hald á vöru sem hefur hlotið afgreiðslu skv. 55. gr.

57. gr.

Réttur til skoðunar og upplýsinga.

Með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga skulu aðilar veita þar til bærum yfirvöldum heimild til að veita rétthafa næg tækifæri til að láta skoða vörur sem tollyfirvöld hafa lagt hald á svo unnt sé að færa rök fyrir kröfu rétthafa. Þar til bær yfirvöld skulu einnig hafa heimild til að veita innflytjanda sams konar tækifæri til að láta skoða slíkar vörur. Þegar ákvarðað hefur verið jákvætt varðandi málsatvik geta aðilar veitt þar til bæru yfirvaldi heimild til að veita rétthafa upplýsingar um nöfn og heimilisföng sendanda, innflytjanda og viðtakanda og magn viðkomandi vara.

58. gr.

Aðgerð að eigin frumkvæði.

Þegar aðilar æskja þess að þar til bær yfirvöld grípi til aðgerða að eigin frumkvæði og fresti tollafgreiðslu á vörum sem þeir hafa fengið staðfest að líkur séu á að tengist broti á hugverkarétti:

a) geta þar til bær yfirvöld hvenær sem er leitað upplýsinga hjá rétthafa er hugsanlega koma að gagni þegar þau beita valdheimildum sínum;
b) skal innflytjanda og rétthafa þegar í stað tilkynnt um frestunina. Hafi innflytjandi kært frestunina til þar til bærra yfirvalda gilda skilyrði 55. gr. um hana að breyttu breytanda;
c) skulu aðilar því aðeins leysa opinber yfirvöld og embættismenn undan ábyrgð að því er varðar viðeigandi úrræði að gripið hafi verið til aðgerða eða fyrirhugað sé að gera það í góðri trú.

59. gr.

Úrræði.

Með fyrirvara um önnur réttindi rétthafa til aðgerða og rétt stefnda til að fara fram á endurskoðun dómsyfirvalds skal þar til bærum yfirvöldum heimilt að fyrirskipa að ólöglegu vörurnar verði eyðilagðar eða þær teknar úr umferð í samræmi við meginreglur 46. gr. Þegar um er að ræða vörur með fölsuðu vörumerki skulu yfirvöld ekki leyfa að ólöglegu vörurnar verði endurútfluttar í óbreyttu ástandi eða þær fái annars konar tollmeðferð nema í undantekningartilvikum.

60. gr.

Lágmarksinnflutningur.

Aðilar geta undanþegið frá beitingu fyrrnefndra ákvæða lítið magn vöru sem er ekki verslunarvara og er í farangri ferðamanna eða litlum vörusendingum.

5. þáttur: Málsmeðferð í refsimálum.

61. gr.

Aðilar skulu kveða á um málsmeðferð í refsimálum sem skuli að minnsta kosti beitt þegar um er að ræða vörumerkjasvik af ásetningi eða höfundarréttarstuld í ábataskyni. Tiltæk úrræði, nægilega ströng til að vera fyrirbyggjandi, skulu vera fangelsun og/eða fjársektir í samræmi við viðurlög sem er beitt vegna álíka alvarlegra afbrota. Eftir því sem við á skulu úrræði einnig felast í upptöku, sekt og eyðileggingu ólöglegra vara svo og efna og tækja sem einkum hafa verið notuð til að fremja lögbrot. Aðilum er heimilt að kveða á um að málsmeðferð í refsimálum og refsiaðgerðum verði beitt í öðrum málum er varða brot á hugverkarétti, einkum þegar brot eru framin af ásetningi og í ábataskyni.

IV. HLUTI
ÖFLUN OG VIÐHALD HUGVERKARÉTTAR OG SKYLD MÁLSMEÐFERÐ MÁLSAÐILA

62. gr.

1. Aðilum er heimilt að krefjast þess, sem skilyrðis fyrir öflun eða viðhaldi hugverkaréttar, sem kveðið er á um í 2.–6. þætti II. hluta, að eðlilegri málsmeðferð og formsatriðum sé hlítt. Slík málsmeðferð og formsatriði skulu samrýmast ákvæðum þessa samnings.
2. Ef öflun hugverkaréttar er komin undir því að réttur sé veittur eða skráður skulu aðilar sjá til þess, með fyrirvara um að efnisleg skilyrði fyrir öflun réttar séu uppfyllt, að málsmeðferð

við veitingu eða skráningu geri ráð fyrir að réttur sé veittur eða skráður innan sanngjarns tíma til að koma í veg fyrir að gildistími verndar sé styttur að ástæðulausu.
3. Ákvæði 4. gr. Parísarsamningsins (1967) gilda að breyttu breytanda um þjónustumerki.
4. Almennar meginreglur 2. og 3. mgr. 41. gr. skulu gilda um málsmeðferð er varðar öflun eða viðhald hugverkaréttar og, ef kveðið er á um slíka málsmeðferð í lögum aðila, afturköllun stjórnvalda og málsmeðferð milli aðila á borð við andstöðu, afturköllun og niðurfellingu.
5. Endanlegar stjórnsýsluákvarðanir í tengslum við einhverja þá málsmeðferð, sem um getur í 4. mgr., skulu teknar með fyrirvara um endurskoðun dómsyfirvalds eða ígildis dómsyfirvalds. Þó skal ekki skylt að gefa kost á slíkri endurskoðun ákvarðana í málum þar sem andstaða hefur ekki borið árangur eða um er að ræða afturköllun stjórnvalda, að því tilskildu að unnt sé að ógilda ástæðurnar sem liggja að baki slíkri málsmeðferð.

V. HLUTI
MÁLSMEÐFERÐ TIL AÐ FYRIRBYGGJA OG LEYSA DEILUMÁL

63. gr.
Gagnsæi.

1. Lög og reglur og endanlegar dómsniðurstöður og stjórnsýsluúrskurðir, er hafa almennt gildi, sem aðili tekur upp og varða viðfangsefni þessa samnings (hvernig hægt sé að öðlast hugverkarétt, gildissvið hans, öflun, framkvæmd og hindrun á misbeitingu) ber að birta, eða hafa aðgengileg fyrir almenning ef birting er ekki gerleg, á þjóðtungu þannig að stjórnvöld og rétthafar geti kynnt sér efni þeirra. Einnig skal birta samninga sem varða viðfangsefni þessa samnings og eru í gildi milli stjórnvalda eða opinberrar stofnunar aðila og stjórnvalda eða opinberrar stofnunar annars aðila.
2. Aðilar skulu tilkynna lög og reglur sem um getur í 1. mgr. til hugverkaréttarráðsins með það fyrir augum að vera því ráði innan handar við endurskoðun á framkvæmd þessa samnings. Ráðið skal leitast við að auðvelda aðila að rækja þessa skyldu og getur tekið ákvörðun um að fella niður skylduna um að tilkynna slík lög og reglur beint til ráðsins svo framarlega sem samkomulag næst við Alþjóðahugverkastofnunina um gerð sameiginlegrar skrár yfir þessi lög og reglur. Ráðið skal í þessu sambandi einnig íhuga hvort nauðsynlegt sé að gera einhverjar ráðstafanir varðandi tilkynningar vegna skyldna samkvæmt þessum samningi sem grundvallast á ákvæðum 6. gr. Parísarsamningsins (1967).
3. Sérhver aðili skal fúslega veita upplýsingar af því tagi sem um getur í 1. mgr., sem svar við skriflegri beiðni annars aðila. Einnig getur aðili, sem hefur ástæðu til að ætla að sérstök dómsniðurstaða eða stjórnsýsluúrskurður eða tvíhliða samningur á sviði hugverkaréttar hafi áhrif á réttindi hans samkvæmt þessum samningi, lagt fram skriflega beiðni um aðgang að eða nægilega nákvæmar upplýsingar um slíkar dómsniðurstöður eða stjórnsýsluúrskurði eða tvíhliða samninga.
4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. leggja aðilum ekki þær skyldur á herðar að láta í té trúnaðarupplýsingar ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða skaðaði lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í eigu hins opinbera eða í einkaeign.

64. gr.

Lausn deilumála.

1. Ákvæði XXII. og XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, eins og þau eru útfærð og þeim beitt samkvæmt samkomulagi um lausn deilumála, skulu gilda um viðræður og lausn deilumála á grundvelli þessa samnings nema annað sé tekið fram í honum.
2. Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda ekki um lausn deilumála á grundvelli þessa samnings í fimm ár frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina.
3. Á því tímabili sem um getur í 2. mgr. skal hugverkaréttarráðið kanna umfang og reglur að því er varðar kærur annarrar tegundar sem fjallað er um í b- og c-lið 1. mgr. XXIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og lagðar eru fram samkvæmt þessum samningi og leggja tilmæli sín fyrir ráðherrastefnuna til samþykkis. Ákvarðanir ráðherrastefnunnar um að samþykkja slík tilmæli eða lengja tímabilið, sem um getur í 2. mgr., skulu eingöngu teknar með einróma samþykki og staðfest tilmæli skulu öðlast gildi fyrir alla aðila án frekara formlegs staðfestingarferlis.

VI. HLUTI

AÐLÖGUNARFYRIRKOMULAG

65. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr. er engum aðila skylt að beita ákvæðum þessa samnings fyrr en almennur frestur, sem er eitt ár frá gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, er runninn út.
2. Aðili sem er þróunarland (hér eftir nefndur „þróunaraðildarland“) á rétt á að fresta gildistökudegi ákvæða þessa samnings, eins og um getur í 1. mgr., um fjögur ár til viðbótar, að undanskildum ákvæðum 3., 4. og 5. gr.
3. Aðrir aðilar, sem eru að skipta úr miðstýrðu efnahagskerfi yfir í frjálst markaðskerfi og gera skipulagsbreytingar á hugverkaréttarkerfi sínu og standa frammi fyrir sérstökum vandamálum við undirbúning og framkvæmd laga og reglna um hugverkarétt, geta einnig notið góðs af framlengingu frests sem gert er ráð fyrir í 2. mgr.
4. Þróunaraðildarlandi er með þessum samningi gert skylt að láta einkaleyfisvernd ná til tæknisviða sem njóta ekki slíkrar verndar á yfirráðasvæði þess á almennum gildistökudegi þessa samnings í því landi, samkvæmt skilgreiningu 2. mgr., er því heimilt að fresta beitingu ákvæða 5. þáttar II. hluta um einkaleyfi vara á slíkum tæknisviðum um fimm ár til viðbótar.
5. Aðili, sem nýtir sér aðlögunartímabil skv. 1., 2., 3. eða 4. mgr., skal sjá til þess að breytingar á lögum, reglum og starfsháttum, sem eru gerðar á því tímabili, hafi ekki í för með sér aukið ósamræmi við ákvæði þessa samnings.

66. gr.

Aðildarlönd sem eru skemmst á veg komin í þróun.

1. Með tilliti til sérstakra þarfa og krafna aðildarlanda, sem eru skemmst á veg komin í þróun, hafta í atvinnulífi þeirra, fjármálum og stjórnsýslu og þarfar þeirra fyrir sveigjanleika til að geta skapað sér öflugan tæknigrundvöll skal slíkum löndum ekki skylt að beita ákvæðum þessa samnings, að undanskildum ákvæðum 3., 4. og 5. gr., í 10 ár frá gildistökudegi eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 65. gr. Hugverkaréttarráðið skal framlengja þennan frest samkvæmt rökstuddri beiðni aðildarlanda sem eru skemmst á veg komin í þróun.
2. Aðilar sem eru iðnríki (hér eftir nefndir „iðnaðaraðildarlönd“) skulu styrkja fyrirtæki og

stofnanir á yfirráðasvæði sínu til að stuðla að og hvetja til flutnings á tækni til þeirra aðila sem eru skemmst á veg komnir í þróun og gera þeim þannig kleift að skapa sér traustan og öflugan tæknigrundvöll.

67. gr.

Tæknileg samvinna.

Til að auðvelda framkvæmd þessa samnings skulu iðnaðaraðildarlönd bjóða þróunaraðildarlöndum og aðildarlöndum, sem eru skemmst á veg komin í þróun, tæknilega og fjárhagslega samvinnu, samkvæmt beiðni og með skilmálum og skilyrðum sem samkomulag er um. Slík samvinna skal taka til aðstoðar vegna undirbúnings laga og reglna um vernd og fullnustu hugverkaréttar og hvernig koma skuli í veg fyrir misbeitingu hans, og skal taka til stuðnings við að stofna eða efla embætti og umboðsstofnanir innanlands í þessu skyni, að þjálfun starfsmanna meðtalinni.

VII. HLUTI
ÁKVÆÐI UM STOFNANIR: LOKAÁKVÆÐI

68. gr.

Ráð um hugverkarétt í viðskiptum.

Hugverkaréttarráðið skal fylgjast með rekstri þessa samnings, einkum að aðilar uppfylli skyldur sínar samkvæmt honum, og veita aðilum tækifæri til viðræðna í málum er varða hugverkarétt í viðskiptum. Það skal gegna þeim skyldustörfum sem aðilarnir fela því og einkum veita alla umbeðna aðstoð varðandi málsmeðferð við lausn deilumála. Hugverkaréttarráðinu er heimilt í störfum sínum að leita eftir ráðgjöf og upplýsingum hvar sem það telur við eiga. Í samráði við Alþjóðahugverkastofnunina skal ráðið, áður en ár er liðið frá fyrsta fundi þess, leitast við að koma á heppilegu fyrirkomulagi um samstarf við nefndir þeirrar stofnunar.

69. gr.

Alþjóðleg samvinna.

Aðilar hafa komið sér saman um samvinnu sín á milli með það fyrir augum að útiloka alþjóðaviðskipti með vörur sem fela í sér brot á hugverkarétti. Í þessu skyni skulu þeir koma upp tengiliðum í stjórnkerfi sínu, tilkynna um slíka þjónustu og vera reiðubúnir að skiptast á upplýsingum um viðskipti með ólöglegar vörur. Þeir skulu einkum stuðla að upplýsingamiðlun og samvinnu milli tollyfirvalda í tengslum við viðskipti með vörur með fölsuðum vörumerkjum og vörum þar sem höfundarréttur hefur verið brotinn.

70. gr.

Vernd efnis sem er til fyrir.

1. Þessi samningur hefur ekki í för með sér skyldur að því er varðar athæfi sem var framið fyrir gildistökudag samningsins að því er hlutaðeigandi aðila varðar.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi hefur þessi samningur í för með sér skyldur að því er varðar allt efni sem er til á gildistökudegi samningsins að því er hlutaðeigandi aðila varðar og nýtur verndar hjá þeim aðila á þeim degi eða uppfyllir eða mun síðar uppfylla viðmiðanir um vernd samkvæmt skilmálum þessa samnings. Með tilliti til þessarar málsgreinar og 3. og 4. mgr. skal eingöngu ákvarða höfundarréttarskyldur að því er varðar fyrirliggjandi efni á grundvelli 18. gr. Bernarsáttmálans (1971), og skyldur tengdar réttindum framleiðenda hljóðrita og listflytjenda fyrirliggjandi hljóðrita skal eingöngu ákvarða á grund-

velli 18. gr. Bernarsáttmálans (1971), í samræmi við beitingu þeirrar greinar á grundvelli 6. mgr. 14. gr. þessa samnings.
3. Ekki skal vera skylt að taka aftur upp vernd fyrir efni sem á gildistökudegi þessa samnings að því er hlutaðeigandi aðila varðar nýtur ekki lengur höfundaréttar.
4. Að því er varðar verknað, sem hefst eða hefur í för með sér verulegar fjárfestingar áður en hlutaðeigandi aðili samþykkir samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, í tengslum við tiltekið viðfang er felur í sér verndað efni sem fellur undir ólöglegan verknað samkvæmt skilmálum laga í samræmi við þennan samning, er aðila heimilt að kveða á um takmörkun úrræða sem rétthafa eru tiltæk með tilliti til framhalds á slíkum verknaði eftir gildistökudag þessa samnings að því er þann aðila varðar. Í slíkum tilvikum skal aðili þó að minnsta kosti kveða á um sanngjarna þóknun.
5. Aðila er ekki skylt að beita ákvæðum 11. gr. og 4. mgr. 14. gr. að því er varðar frumrit eða afrit sem eru keypt fyrir gildistökudag þessa samnings að því er þann aðila varðar.
6. Aðilum skal ekki vera skylt að beita ákvæðum 31. gr., eða skilyrði 1. mgr. 27. gr. um að unnt skuli vera að nýta einkarétt án þess að gera greinarmun á tæknisviðum, um notkun án heimildar rétthafa hafi ríkisvaldið heimilað slíka notkun áður en vitað var um efni þessa samnings.
7. Ef vernd hugverkaréttar er bundinn skilyrðum við skráningu skal vera leyfilegt að breyta umsóknum um vernd, sem liggja fyrir á gildistökudegi þessa samnings að því er hlutaðeigandi aðila varðar, í þeim tilgangi að fara fram á víðtækari vernd samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Slíkar breytingar skulu ekki taka til nýs efnis.
8. Hafi aðili ekki, á gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, kveðið á um einkaleyfisvernd fyrir lyfjavöru- og efnaafurðir í landbúnaði sem samsvarar skyldum hans skv. 27. gr. skal hann:
a) þrátt fyrir ákvæði VI. hluta kveða á um, frá gildistökudegi samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, með hvaða hætti unnt sé að leggja inn umsóknir um einkaleyfi fyrir slíkum uppfinningum;
b) beita, frá gildistökudegi þessa samnings, viðmiðunum um einkaleyfishæfi, sem mælt er fyrir um í þessum samningi, vegna þessara umsókna eins og þeim viðmiðunum væri beitt á umsóknardegi hjá viðkomandi aðila eða, ef forgangur er veittur og farið er fram á hann, þeim degi sem forgangsréttar er krafist samkvæmt umsókninni; og
c) veita einkaleyfisvernd í samræmi við þennan samning um leið og einkaleyfi er veitt, sem gildir jafnlengi og einkaleyfið, frá umsóknardegi í samræmi við 33. gr. þessa samnings, fyrir þær umsóknir sem uppfylla viðmiðanir um vernd sem um getur í b-lið.
9. Þegar sótt er um einkaleyfi á vöru hjá aðila í samræmi við a-lið 8. mgr. skal veita einkarétt til markaðssetningar, þrátt fyrir ákvæði VI. hluta, í fimm ár eftir að samþykki fyrir markaðssetningu er veitt hjá þeim aðila eða þar til vörueinkaleyfi hefur verið veitt eða hafnað hjá þeim aðila, hvort tímabilið sem er styttra, að því tilskildu að í kjölfar gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina hafi umsókn um einkaleyfi verið skráð og einkaleyfi á vörunni veitt hjá öðrum aðila og samþykki fengist fyrir markaðssetningu hjá þessum öðrum aðila.

71. gr.
Endurskoðun og breytingar.

1. Hugverkaréttarráðið skal endurskoða framkvæmd þessa samnings eftir að aðlögunartímabilinu, sem um getur í 2. mgr. 65. gr., lýkur. Ráðið skal, með hliðsjón af reynslu af framkvæmdinni, endurskoða hana tveimur árum eftir þann dag og þaðan í frá með jöfnu millibili.

Ráðinu er einnig heimilt að takast á hendur endurskoðun í ljósi nýrrar þróunar sem kann að gefa tilefni til breytinga á þessum samningi.
2. Heimilt er að vísa breytingum, sem eingöngu þjóna þeim tilgangi að auka vernd hugverkaréttar sem hefur áunnist og gildir samkvæmt öðrum marghliða samningum og er staðfestur samkvæmt þeim samningum af öllum aðilum að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, til ráðherrastefnunnar til afgreiðslu í samræmi við 6. mgr. X. gr. samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina á grundvelli tillögu hugverkaréttarráðsins sem hefur verið samþykkt með einróma samþykki.

72. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara að því er varðar ákvæði þessa samnings án samþykkis hinna aðilanna.

73. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum.

Ekkert í þessum samningi skal túlka þannig:
a) að aðila beri að veita upplýsingar telji hann birtingu þeirra vinna gegn grundvallaröryggishagsmunum sínum;
b) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína;
   i) í tengslum við kjarnkleyf efni eða frumefni þeirra;
   ii) í tengslum við sölu á vopnum, skotfærum og öðrum stríðsbúnaði og slíka sölu með aðrar vörur og efni sem er beinlínis eða óbeinlínis ætlað til hernaðar;
   iii) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í samskiptum ríkja; eða
c) að komið sé í veg fyrir að aðili geti gripið til aðgerða í samræmi við skyldur sínar á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Frumvarp þetta tekur mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir til að tryggja vernd hugverkaréttinda. Með frumvarpinu er lagt til að sýslumenn geti að undangengnum dómsúrskurði aflað sönnunargagna vegna ætlaðra brota gegn hugverkaréttindum með leit hjá þeim sem grunaðir eru um brotin. Lögfesting slíkrar heimildar kann að hafa í för með sér að mál af þessum toga sem koma til kasta dómstóla og sýslumannsembætta verði eitthvað fleiri en ekki er unnt að segja fyrir um það. Gert er ráð fyrir að verði frumvarpið samþykkt muni framkvæmd laganna rúmast innan útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt fjárlögum.

Áformað er að lagt verði fram frumvarp til breytingar á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem mælt verði fyrir um greiðslu gjalda fyrir beiðni um öflun sönnunargagna annars vegar til héraðsdóms og hins vegar til sýslumanns.

361. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

18. gr. laganna orðast svo:
Kirkjuþing ákveður skipan umdæma vígslubiskupa.

2. gr.

1.–3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:
Kirkjuþingsfulltrúar eru kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn.
Kirkjuþing ákveður skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna.
Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjuþing 2005 hefur beint þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að flytja frumvarp þetta til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna.

Á kirkjuþingi 2004 lagði biskupafundur, sbr. 19. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, fram víðtækar tillögur að breyttri prófastsdæmaskipan. Kirkjuþing afgreiddi tillöguna með svofelldri þingsályktun:

„Kirkjuþing 2004 samþykkir að kjósa fimm manna nefnd kirkjuþingsfulltrúa til að fara yfir skipan prófastsdæma á landinu í samráði við biskupafund og aðra aðila.

Nefndin athugi einnig núgildandi fyrirkomulag kosninga til Kirkjuþings.

Aflað verði umsagna héraðsfunda á næsta ári að undangenginni nauðsynlegri almennri kynningu. Nefndin skili áliti sínu til biskupafundar og Kirkjuráðs með tillögum í samræmi við þá niðurstöðu sem starf nefndarinnar leiðir til."

Nefndin samdi framangreind frumvarpsdrög og afhenti kirkjuráði þau í febrúarmánuði 2005.

Fulltrúar úr nefndinni kynntu þessa tillögu á héraðsfundum í öllum prófastsdæmum á þessu ári.

Kirkjuráð taldi í ljósi umsagna héraðsfunda rétt að leggja til við kirkjuþing að mælst yrði til þess að að ráðherra flytti frumvarp þetta.

Samkvæmt 21. gr. þjóðkirkjulaga er skipan kjördæma til kirkjuþings miðuð við skipan prófastsdæma eins og þau voru 1. janúar 1998, þegar lögin tóku gildi. Heiti þáverandi prófastsdæma eru talin upp í ákvæðinu. Ef breyta á kosningafyrirkomulagi eða skipan kjördæma er lagabreyting nauðsynleg. Slíkt fyrirkomulag þykir ekki í samræmi við þann megintilgang þjóðkirkjulaga að auka sjálfstæði kirkjunnar í eigin málum. Enn fremur stríðir fyrirkomulag þetta á vissan hátt gegn ákvæði 50. gr. þar sem mælt er fyrir um að kirkjuþing setji m.a. starfsreglur um skipan prófastsdæma. Ákvæði 21. gr. girðir í raun fyrir að kirkjuþing geti beitt þessu valdi sem því ber skv. 50. gr. Í samræmi við þá hugmyndafræði þjóðkirkjulaga að kirkjan hafi sem mest sjálfræði um eigin mál, þar á meðal skipulagsmál sín, þykir eðlilegt

að kirkjuþing hafi vald til að skipa kjördæmum með sama hætti og sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum.

Þá þykir með sömu rökum eðlilegt að kirkjuþing ákveði fjölda fulltrúa á kirkjuþingi í stað þess að slíkt sé lögbundið. Eigi að síður þykir rétt að ganga ekki lengra en svo að áskilja áfram í lögum að leikmenn verði í meiri hluta á kirkjuþingi eins og nú er. Hlutfallið ákveður þó kirkjuþing eftirleiðis, verði frumvarp þetta að lögum. Rökrétt er einnig að breyta ákvæðum um umdæmi vígslubiskupa á sama hátt, þ.e. að afnema upptalningu prófastsdæma þar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði 18. gr. laganna verði einfaldað frá því sem nú er þó efnisbreyting sé lítil. Er það nauðsynlegt vegna samhengis við önnur ákvæði frumvarps þessa. Samkvæmt því verði afnumin upptalning prófastsdæma. Kirkjuþing ákveði skipan vígslubiskupsumdæma eins og verið hefur.

Um 2. gr.

Lagt er til að kirkjuþing ákveði skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna. Næst þar með samræmi við 50. gr. laganna auk þess sem kirkjuþing ákveður eftirleiðis fjölda fulltrúa á þinginu. Rétt þykir að áskilja að leikmenn á kirkjuþingi skuli vera fleiri en vígðir menn eins og verið hefur. Lagt er til að orðið vígðir verði notað í stað „prestar“ áður.

Um 3. gr.

Lagt er til að frumvarpið, verði það samþykkt, öðlist gildi 1. janúar 2006. Er litið til þess að kosningar til kirkjuþings fara fram á árinu 2006 og er æskilegt að frumvarp þetta hafi öðlast gildi þá svo að unnt sé að koma á nauðsynlegum breytingum á starfsreglum kirkjunnar. Er þá einkum litið til þess að samræma þarf kjördæmaskipan við kirkjuþingskosningar þeirri breyttu skipan prófastsdæma sem ákveðin var á síðasta kirkjuþingi með sameiningu Barðastrandarprófastsdæmis og Ísafjarðarprófastsdæmis í eitt Vestfjarðaprófastsdæmi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Í frumvarpi þessu er m.a. lagt til að kirkjuþing hafi vald til að skipa kjördæmum sínum með sama hætti og sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum og einnig fjölda kirkjuþingsmanna. Ekki er ástæða til að ætla að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

362. Fyrirspurn [330. mál]

til dómsmálaráðherra um endurbætur á varðskipinu Ægi.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hver var heildarkostnaður við endurbætur á varðskipinu Ægi sem lauk í haust í Póllandi? Svarið óskast sundurliðað eftir kostnaði við endurbætur, eftirlit, siglingu til og frá Póllandi og ferðakostnað.
2. Upp á hvaða upphæð hljóðaði tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri í sömu endurbætur á Ægi?

Skriflegt svar óskast.

363. Frumvarp til laga [331. mál]

um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin hefur náin tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands er verndari handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Gögn þessi mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og er hún falin Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun til varðveislu og umsjónar.

3. gr.

Hlutverk Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar er að vinna að rannsóknum og miðlun þekkingar á sviði íslenskra fræða, þ.e. rannsókna á íslenskri tungu, bókmenntum og sögu, auk varðveislu og eflingar þeirra safna sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:

a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða;
b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum, og verkefnum á sviði tungutækni;
c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli;

d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi;
e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefni, lýsandi orða- og nafnabækur og nafnaskrár, auk leiðbeinandi orðabóka.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu hugvísindadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar.

Forstöðumaður ákveður skipulag stofnunarinnar og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri hennar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar sem gegna ekki starfi við Háskóla Íslands og er annar þeirra formaður stjórnar.

Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar.

6. gr.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

Starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands.

7. gr.

Við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun skulu vera tvö sérstök rannsóknarstörf. Skal annað sérstaklega tengt nafni og fræðilegri arfleifð Árna Magnússonar en hitt með sama hætti tengt nafni og fræðilegri arfleifð Sigurðar Nordals.

8. gr.

Við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun skal fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Þriggja manna dómnefnd sem menntamálaráðherra skipar metur hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu hugvísindadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar.

Stofnunin setur sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

9. gr.

Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun er, jafnframt öðrum verkefnum skv. 3. gr., skrifstofa Íslenskrar málnefndar, sem menntamálaráðherra skipar.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að semja íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt veitir nefndin stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gerir tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess sem hún ályktar árlega um stöðu íslenskrar tungu.

Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 einstaklingar skipaðir af menntamálaráðherra. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: Háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar þrjá nefndarmenn án tilnefningar og skal einn vera formaður og annar varaformaður.

10. gr.

Kostnaður við rekstur Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum, fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérunnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaraðstöðu, fyrir veitta sérfræðiþjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, lög nr. 2/1990, um Íslenskra málnefnd, og lög nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1953 kemur: Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.
2. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 6. tölul. 4. gr. laga nr. 95/1997 kemur: Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.
3. Í stað orðanna „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“ í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 105/2001 kemur: Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, lögð niður. Niðurlagning á störfum forstöðumanna

Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskóla Íslands hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal stjórn skv. 5. gr. skipuð eigi síðar en 1. júní 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 4. gr. Gengið skal frá skipun forstöðumanns skv. 4. gr. eigi síðar en 1. september 2006.

Ónýttar fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskóla Íslands, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renna til Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á laggirnar ný stofnun á sviði íslenskra fræða, Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, við sameiningu eftirtalinna stofnana: Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals. Tilgangur sameiningarinnar er að efla rannsóknarstarf og miðlun á sviði íslenskra fræða auk þess að efla fræðilega ráðgjöf til styrktar og eflingar íslenskri menningu. Þá er gert ráð fyrir að margvíslegt hagræði verði af því að sameina vissa þætti í starfsemi þessara stofnana, einkum á sviði stjórnunar, tækni og þjónustu. Markmiðið er að til verði öflug háskólastofnun sem byggist á helstu undirstöðum íslenskrar menningar: tungumálinu og fornbókmenntunum.

Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands hafa um nokkurt skeið kannað hvort ekki væri fengur að því að samnýta krafta þessara stofnana til að ná fram þeim markmiðum sem að framan er lýst og er afraksturinn frumvarp þetta sem unnið var í samvinnu ráðuneytisins, forstöðumanna stofnananna og fulltrúa Háskóla Íslands.

Framangreindar stofnanir eru samkvæmt gildandi lögum og reglum ýmist ríkisstofnanir eða stofnanir sem heyra undir Háskóla Íslands. Forstöðumenn þeirra eru því annaðhvort skipaðir af menntamálaráðherra eða ráðnir af rektor Háskóla Íslands. Rekstrarform stofnananna er með ýmsum hætti, en þær eiga það sameiginlegt að hljóta fjárveitingar á fjárlögum. Jafnframt því að leggja áherslu á að í 1. gr. frumvarpsins komi fram að stofnunin sé háskólastofnun þykir rétt að þar sé sérstaklega kveðið á um að stofnunin hafi náin tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greini í lögunum. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að hinar sameinuðu stofnanir samkvæmt frumvarpi þessu hafa flestar ákveðnum skyldum að gegna gagnvart stjórnvöldum sem snerta ekki starfsemi Háskóla Íslands. Þá verður jafnframt að taka mið af fjölgun menntastofnana á háskólastigi á undanförnum árum, sem opnar möguleika fyrir hina nýju stofnun á að auka samstarf og samvinnu við aðra háskóla og háskólastofnanir. Því byggist frumvarp þetta á því að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun heyri undir menntamálaráðherra, sem skipi forstöðumann hennar, en síðan verði þrír af fimm stjórnarmönnum stofnunarinnar, sem ætlað er ráðgefandi hlutverk, tilnefndir af háskólaráði Háskóla Íslands.

Ástæðan fyrir heiti stofnunarinnar, Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, er einkum skyldur íslenskra stjórnvalda sem tengjast sáttmála Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, sem nánar er vikið að í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Stefnt er að því, verði frumvarp þetta að lögum, að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, geti flust í nýja byggingu á svæði Háskóla Íslands. Fyrr en það verður mun ekki nást allt það hagræði og efling fræðastarfsins sem að er stefnt með sameiningunni. Minnt er á að samkvæmt frumvarpi forsætisráðherra um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. sem

lagt hefur verið fram á Alþingi skal verja samtals 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Samkvæmt frumvarpinu skiptast fjárframlögin þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að heiti stofnunarinnar verði Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Um heiti stofnunarinnar og stöðu hennar vísast til almennra athugasemda frumvarpsins. Lagt er til að stofnunin sé skilgreind sem háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag sem heyri undir menntamálaráðherra eins og gert er í gildandi lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í 1. gr. þeirra laga er sérstaklega getið um sjálfstæða stjórn stofnunarinnar en sú framsetning þykir óæskileg, m.a. í ljósi álits nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna, sem gefið var út í október 2000. Þar kom fram að stjórnsýsluleg staða, hlutverk stjórna og staða forstöðumanna væri oft óskýr og af því leiddi að óljóst væri hver bæri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofnunar. Nefndin lagði til að stjórnum ríkisstofnana yrði fækkað og þær aðeins nýttar þar sem sérstök ástæða væri til að gera stjórn stofnunar sjálfstæðari en almennar reglur ríkisrekstrar gæfu færi á. Jafnframt var lagt til að sérstakar stofnanir, þ.e. stofnanir sem stofnaðar væru með lögum og sinntu sérstökum verkefnum sem þeim væru falin með lögum og tækju ákvarðanir í eigin nafni, hefðu ekki eiginlegar stjórnir og yrðu því stjórnir þeirra annaðhvort lagðar niður eða þeim breytt í ráðgefandi stjórnir. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir ráðgefandi stjórn við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, sbr. 5. gr., en jafnframt er tekið skýrt fram í 4. gr. að forstöðumaður stofnunarinnar beri ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Um 2. gr.

Orðalag 2. gr. tekur mið af sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands. Þar kemur fram að sá hluti dánargjafar Árna Magnússonar, handrit, skjalagögn og fjármunir, sem ráðstafað var í samræmi við erfðaskrá hans með stofnskrá (Fundation for det arnamagnæanske Legat, staðfest af konungi Danmerkur 18. janúar 1760) og hefur nú verið afhentur Háskóla Íslands til varðveislu ásamt handritum úr Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn, skuli mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi með því nafni, sbr. 4. grein sáttmálans: „Handrit þau og skjalagögn, sem þessi sáttmáli fjallar um, ásamt með fé því er þar til heyrir, skal mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, og verður það heiti staðfest af ríkisstjórn Íslands.“ Þess vegna er nauðsynlegt að þessu heiti sé til skila haldið verði frumvarp þetta að lögum, þótt Árnasafn og önnur verðmæti og verkefni, sem falin voru Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi samkvæmt gildandi lögum um stofnunina, verði á forræði nýrrar stofnunar samkvæmt frumvarpi þessu. Gjafir sem á umliðnum árum hafa verið gefnar Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi – þá er einkum átt við Bókasjóð Þorsteins M. Jónssonar og Sigurjónu Jakobsdóttur og Minningarsjóð Birgit Baldwin – hafa í samræmi við stofnskrár frumskyldur við starfsemi tengda Árnasafni.

Í 7. gr. gildandi laga um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi er kveðið á um að háskólaráð Háskóla Íslands kjósi stofnuninni „tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir líta eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna

Magnússonar frá 18. janúar 1760". Hér er miðað við að fulltrúar háskólaráðs í stjórn hinnar nýju stofnunar hafi þetta hlutverk.

Í 1. gr. gildandi laga um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi er kveðið á um að stofnunin heyri undir menntamálaráðherra en „undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku ..." Af þeim sökum er í þessari grein gert ráð fyrir að ríkisstjórnin beri ábyrgð á umræddum handritum og gögnum og þau verði t.d. ekki flutt úr landi nema með samþykki hennar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er tilgreint hlutverk og starfssvið Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar og hefur þar verið tekið mið af núgildandi lögum og reglum um þær stofnanir sem sameinast. Lagt er til að hlutverk stofnunarinnar verði að vinna að rannsóknum og miðlun þekkingar á sviði íslenskra fræða, þ.e. rannsóknum á íslenskri tungu, bókmenntum og sögu, auk varðveislu og eflingar þeirra safna sem henni eru falin eða hún á. Hugtakið íslensk fræði er hér skilið hefðbundnum skilningi sem rannsóknir á íslenskri tungu, bókmenntum og sögu. Ljóst er að fleiri stofnanir stunda slíkar rannsóknir en verksvið stofnunarinnar er afmarkað með ákveðnum hætti í 2. mgr. þessarar greinar, þótt þar sé ekki um tæmandi upptalningu að ræða og því gert ráð fyrir að stofnunin bregðist við fræðilegum og tæknilegum nýjungum í starfi sínu.

Skv. 2. mgr. rækir stofnunin hlutverk sitt einkum með eftirfarandi hætti:

a. Stofnunin aflar frumgagna af fræðasviði sínu og varðveitir þau, og safnar þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða.

   Samkvæmt þessu er stofnuninni ætlað að taka við varðveislu mikilvægra safna frumgagna. Um getur verið að ræða handrit, skjöl, hljóðritanir, orðasöfn, örnefnasöfn o.fl. Mikilvægur þáttur í starfi stofnunarinnar verður að afla frekari frumgagna og skrá þau, gera skrár um íslensk handrit í erlendum söfnum og um not handrita. Enn fremur að ljósmynda efni og gera öryggisafrit af því og koma upp söfnum af filmum og ljósmyndum til nota við rannsóknir. Þá er stofnuninni ætlað að vinna að söfnun til sögulegrar orðabókar og safna þjóðfræðum, örnefnum, mannanöfnum og öðrum nöfnum. Öruggur aðbúnaður og forvarsla alls þessa efnis verði á ábyrgð stofnunarinnar. Að auki mun stofnunin taka við filmum og ljósmyndum af handritum annarra safna, einkum erlendra, og verðmætum bókasöfnum sem eru nauðsynleg rannsóknarstarfinu þótt ekki séu þar frumgögn.

b. Stofnunin rannsakar handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, og sinnir orðfræði- og nafnfræðirannsóknum, og verkefnum á sviði tungutækni.

   Miðað er við að handritarannsóknir verði snar þáttur í starfi stofnunarinnar, rannsóknir á einkennum, sögu og efni handrita, ásamt rannsóknum á þjóðfræðaefni og þar með þjóðmenningu síðari tíma. Stofnunin vinni einnig að hvers kyns rannsóknum á orðaforðanum og sögu hans. Sérstaka rækt þarf einnig að leggja við samtímamálið og rannsóknir á því. Gert er ráð fyrir að stofnunin skuli leitast við að hafa samvinnu við aðra um gerð íslensk-erlendra orðabóka og veita ráðgjöf um gerð orðabóka sem hafi erlend mál að viðfangsmáli. Þá annist hún ýmiss konar íðorðafræðileg verkefni, taki við rekstri orðabanka Íslenskrar málstöðvar og annist önnur samskipti við orðanefndir og aðra sérfræðinga sem vinna við orðasöfn í sérgreinum sínum. Þá hafi stofnunin samvinnu við aðrar stofnanir og við fyrirtæki, svo sem við útgefendur landakorta, um birtingu örnefna auk þess að leggja áherslu á örnefnavernd, sem er eitt form hagnýttrar

nafnfræði. Orðabók Háskóla Íslands hefur á undanförnum missirum tekið að sér ýmis tungutækniverkefni og unnið með öðrum að slíkum verkefnum og er gert ráð fyrir að sú samvinna þróist áfram.

c. Stofnunin stuðlar að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli.

Stofnuninni er með þessu ætlað að stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, sem móðurmáli og öðru og erlendu máli, og að eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti. Þá er ætlunin að hún veiti málfarsráðgjöf og birti ábendingar og leiðbeiningar um málfar, rithátt, orðnotkun, meðferð og merkingu nafna og skyld atriði í prentuðu og rafrænu formi. Leiðbeiningar- og ráðgjafarstarf stofnunarinnar á að miða að eflingu og varðveislu íslenskrar tungu og skal byggt á fræðilegum grundvelli.

d. Stofnunin eflir samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og eykur þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi.

Þannig er stofnuninni ætlað að afla gagna um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskri menningu, sem stundaðar eru í heiminum, og miðla þeim. Gert er ráð fyrir að hún eigi samstarf við aðrar stofnanir sem geyma íslensk frumgögn, svo sem Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn og Árnastofnun í Kaupmannahöfn, auk almenns samstarfs við hliðstæðar rannsóknastofnanir og háskóla erlendis og að hún taki þátt í alþjóðlegu samstarfi fræðimanna á sínu sviði.

Þá hafi stofnunin forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis í samvinnu við aðila innan og utan Háskóla Íslands og hafi umsjón með sendikennslu. Hún taki þátt í alþjóðlegu málræktarstarfi, orðabóka-, íðorða- og nafnfræðasamstarfi og hafi samvinnu við erlenda aðila, ekki síst á Norðurlöndum, um eflingu kennslu í íslensku sem erlendu máli. Stofnunin kynni íslenska menningu heima og erlendis, í samráði við sendikennara, aðra háskólakennara í íslenskum fræðum og fræðafélög, og skapi umræðu um stöðu hennar, m.a. með því að gangast fyrir sýningum á gögnum sem hún varðveitir, ráðstefnum, námskeiðum, fundum og fyrirlestrum heima og heiman.

Þá styrki stofnunin fræðimenn í íslenskum fræðum til að fara til annarra landa í því skyni að stunda rannsóknir í fræðum sínum og kynna þau. Stofnunin bjóði erlendum fræðimönnum til Íslands til að kynna rannsóknir sínar, afli gagna til þeirra og/eða til að stunda rannsóknir og styðji erlenda námsmenn á sviði íslenskra fræða til dvalar á Íslandi.

Að auki veiti stofnunin fræðimönnum og stúdentum í framhaldsnámi, innlendum sem erlendum, sem stunda rannsóknir á fræðasviði hennar, rannsóknaaðstöðu eftir því sem húsrúm og búnaður leyfi.

e. Stofnunin gefur út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefni, lýsandi orða- og nafnabækur og nafnaskrár, auk leiðbeinandi orðabóka.

Miðað er við að stofnunin taki við því útgáfustarfi sem unnið hefur verið við þær stofnanir sem hún leysir af hólmi: útgáfu ljósprenta af handritum, textaútgáfum á grundvelli handritarannsókna og útgáfu hljóðrita þjóðfræðaefnis, auk útgáfu fræðilegra ritgerða; enn fremur útgáfu orðabóka, orða- og íðorðasafna; einnig eftir atvikum útgáfu tímarita, ráðstefnurita og fræðsluefnis. Útgáfa stafsetningarorðabókar, í prentuðu eða rafrænu formi falli hér undir.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðherra skipi forstöðumann Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Lagt er til að forstöðumaðurinn skuli hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar, að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu hugvísindadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar. Við framkvæmd skipunarinnar er miðað við að óskað verði eftir umsögn stjórnarinnar, eftir að álit dómnefndar liggur fyrir. Fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins að hugtakið íslensk fræði sé skilið hefðbundnum skilningi sem rannsóknir á íslenskri tungu, bókmenntum og sögu. Hvað varðar hæfiskröfur forstöðumanns þykir rétt að sá sem velst til að veita stofnuninni forstöðu hafi prófessorshæfi á fræðasviði hennar vegna þess fjölþætta rannsóknahlutverks sem stofnuninni er ætlað. Er það einnig í samræmi við gildandi lög um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, þótt þar sé gert ráð fyrir að forstöðumaðurinn skuli jafnframt vera prófessor í heimspekideild Háskóla Íslands.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar ákveður forstöðumaður skipulag stofnunarinnar og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri hennar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að menntamálaráðherra skipi stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar. Jafnframt er tekið fram að þeir sem skipaðir eru án tilnefningar skuli ekki gegna starfi við Háskóla Íslands. Þykir eðlilegt að skilyrða það sérstaklega þar sem háskólaráð Háskóla Íslands tilnefnir þrjá af fimm stjórnarmönnum.

Skv. 2. mgr. er hlutverk stjórnarinnar að vera forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar. Eins og fjallað er um í athugasemdum við 1. gr. er áhersla lögð á faglegt ráðgjafarhlutverk stjórnarinnar vegna þeirrar umfangsmiklu starfsemi sem stofnuninni er ætlað að rækja. Í ljósi ráðgjafarhlutverksins er jafnframt eðlilegt að stjórnin veiti umsögn um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar, en eftir sem áður er skýrt að ábyrgðin á rekstri stofnunarinnar hvílir óskipt á forstöðumanni hennar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar segir að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun geri samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum. Þá kveður 2. mgr. á um að starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeini stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenni í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands.

Vegna framangreindra ákvæða skal á það bent að mikill samgangur hefur frá öndverðu verið milli háskóladeilda, einkum hugvísindadeildar Háskóla Íslands og stofnana á sviði íslenskra fræða. Hlutverkaskipting hefur þó verið alveg skýr, m.a. í samræmi við þá meginreglu að deildir og skorir beri hina faglegu ábyrgð á háskólamenntun. Þess er vænst að tilkoma nýrrar stofnunar geti skapað margvísleg tækifæri til þess að efla enn frekar tengsl há-

skóladeilda við stofnunina, bæði við Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Um leið er mikilvægt að til grundvallar þessu samstarfi liggi samningar um faglega þætti, en ekki síður um fjárhagsleg samskipti til að tryggja skýr skil milli kostnaðar við rekstur Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar annars vegar og kostnaðar við rekstur Háskóla Íslands eða annarra stofnana á háskólastigi.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er lagt til að við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun verði sérstaklega lögbundin tvö rannsóknarstörf. Skal annað tengt nafni og fræðilegri arfleifð Árna Magnússonar, en hitt með sama hætti tengt nafni og fræðilegri arfleifð Sigurðar Nordals. Fyrir utan að treysta fræðilegan grundvöll stofnunarinnar með þessum hætti er tilgangurinn einnig að halda til haga fræðilegri arfleifð þessara mikilhæfu fræðimanna. Miðað er við að þessar stöður verði a.m.k. fyrst um sinn mannaðar án þess að stöðugildum við hina nýju stofnun fjölgi umfram þau sem til staðar eru í þeim stofnunum sem sameinast í Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, en að litið verði til þess við gerð fjárlaga fyrir fyrsta heila starfsár stofnunarinnar, þ.e. 2007, að skapa stofnuninni svigrúm til að ráða í þessi störf sérstaklega.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um að við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun skuli fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Þykir rétt að lögfesta slíkt ákvæði vegna tengsla stofnunarinnar við Háskóla Íslands og aðra háskóla eftir atvikum. Miðað er við að þriggja manna dómnefnd sem menntamálaráðherra skipar meti hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu hugvísindadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar.

Skipta má starfsmönnum stofnunarinnar í tvo flokka. Annars vegar starfsmenn er sinna rekstri, forvörslu, bókavörslu o.fl. Þá hafa stofnanirnar, sem ráðgert er að sameina með frumvarpi þessu, nú þegar í fastri vinnu fræðimenn sem ráðnir hafa verið til ákveðinna fræðilegra verkefna með og undir umsjón sérfræðinga. Oftast eru einhverjir fræðimenn eða stúdentar í tímabundnum störfum við fræðileg verkefni sem greidd eru af styrkjafé. Hins vegar hafa Stofnun Árna Magnússonar og Orðabók Háskóla Íslands ráðið sérfræðinga til starfa samkvæmt reglum sem eru í öllu hliðstæðar reglum um ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Einnig hefur framgangur þeirra í fræðimenn og vísindamenn miðast við stigamat og málsmeðferð verið með sama hætti og við Háskóla Íslands. Mikilvægt er að tryggja þessi atriði í lögum svo að fullvissa ríki um hæfi þeirra sem ráðast til rannsóknarstarfa við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Þetta skiptir máli vegna alþjóðlegra samskipta stofnunarinnar og hvernig hún verður metin við styrkjaumsóknir, vegna þess hlutverks sem deildir Háskóla Íslands kunna að fela starfsmönnum við kennslu og leiðbeiningu nema í meistara- og doktorsnámi og loks er það mikilvæg trygging fyrir því að réttindi sem þeir hafa aflað sér í þessu kerfi glatist ekki.

Þá kveður 2. mgr. á um að stofnunin setji sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna. Með þessu er lögð áhersla á mikilvægi fræðilegs sjálfstæðis þeirra starfsmanna sem stunda rannsóknir við stofnunina en um leið er eðlilegt að því sé mörkuð umgjörð í siðareglum sem stofnunin setur.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun sé, jafnframt öðrum verkefnum skv. 3. gr., skrifstofa Íslenskrar málnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi lög um Íslenska málnefnd nr. 2/1990, með síðari breytingum, falli úr gildi og Íslensk málstöð verði ein af þeim stofnunum sem sameinist Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun. Í samræmi við það er lagt til að hin nýja stofnun verði skrifstofa Íslenskrar málnefndar, en samkvæmt gildandi lögum um málnefndina er Íslensk málstöð skrifstofa hennar.

Þá er lagt til að hlutverk Íslenskrar málnefndar verði að semja íslenskar ritreglur sem gildi m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra. Með þessu er skotið lagastoð undir íslenskar ritreglur, en menntamálaráðherra hefur gefið út auglýsingu um íslenska stafsetningu og íslenska greinarmerkjasetningu, án sérstakrar lagastoðar. Rétt þykir að fela Íslenskri málnefnd að semja ritreglurnar í samræmi við það hlutverk nefndarinnar sem frumvarp þetta ætlar henni, að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni íslenskrar tungu og gera tillögu til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess sem hún álykti árlega um stöðu íslenskrar tungu. Samkvæmt gildandi lögum um málnefndina er eitt af hlutverkum hennar að gefa út rit til fræðslu og leiðbeininga um íslenskt mál, þar á meðal stafsetningarorðabók og önnur hagnýt orðasöfn. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun hafi það hlutverk með höndum, en í e-lið 3. gr. frumvarpsins segir að stofnunin gefi út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefni, lýsandi orða- og nafnabækur og nafnaskrár, auk leiðbeinandi orðabóka.

Í gildandi lögum um Íslenska málnefnd tilnefna eftirtaldir aðilar fulltrúa í nefndina: Háskólaráð, heimspekideild Háskóla Íslands, Orðabók Háskóla Íslands, Örnefnanefnd, Kennaraháskóli Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Staðlaráð Íslands, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands og Hagþenkir. Auk þess skipar ráðherra þrjá menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal að minnsta kosti einn þeirra vera úr röðum íðorðafólks. Í frumvarpi þessu er ekki talið rétt að fjölga fulltrúum í málnefndinni en lögð er til breyting á því hverjir tilnefna þá. Lagt er til að í stað þess að Orðabók Háskóla Íslands, Örnefnanefnd og Staðlaráð Íslands tilnefni komi tilnefningar frá fleiri háskólum en nú er. Þykir rétt að Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands verði veittur tilnefningarréttur, einkum vegna þess að allir þessir háskólar bjóða nú upp á kennaranám. Jafnframt verði talað um hugvísindadeild Háskóla Íslands í stað heimspekideildar en nafni deildarinnar var nýlega breytt. Þá er að lokum gerð sú breyting að ekki er tilgreint úr hvaða röðum ráðherra skipi fulltrúa sína í nefndina.

Um 10. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er kveðið á um að kostnaður við rekstur Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Rétt þykir að árétta að stofnuninni er ætlað að gera samninga við Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir um samstarf og í þeim samningum verði skýrt tekið á því hver beri kostnað af útgjaldaþáttunum sem af þeim leiða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun verði heimilað að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum, fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérunnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaaðstöðu, fyrir veitta sérfræðiþjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir

aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku og við gerð hennar ber að taka mið af því að fjárhæð gjaldtöku fyrir viðkomandi þjónustu verði ekki hærri en sem nemur kostnaði við að veita hana.

Þá hefur 3. mgr. að geyma almenna heimild til handa menntamálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Um 11. gr.

Lagt er til að verði frumvarp þetta að lögum taki þau gildi 1. september 2006. Jafnframt falli þá úr gildi lög um þær þrjár stofnanir sem lúta sérstökum lögum og sameinaðar verða í Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, þ.e. Íslensk málstöð, Örnefnastofnun Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Orðabók Háskólans og Stofnun Sigurðar Nordals heyra undir háskólaráð Háskóla Íslands og starfa á grundvelli reglna sem settar eru af því, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Ljóst er að þær reglur munu einnig falla úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Þá geymir grein þessi nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum en þær snúa einungis að því að nafn Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar komi í stað nafna þeirra stofnana sem sameinast í henni samkvæmt frumvarpinu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur fram að við gildistöku laga þessara taki Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar. Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun yfirtaki ráðningarsamninga starfsmannanna og að ekki verði um breytingu á ráðningarkjörum þeirra að ræða við sameininguna. Eftir sem áður gilda um starfsmennina ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. segir í 2. mgr. að störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun, verði lögð niður. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi.

Í 3. mgr. er tekið fram að þrátt fyrir ákvæði 11. gr., þar sem segir að lögin skuli taka gildi 1. september 2006, skuli stjórn skv. 5. gr. skipuð eigi síðar en 1. júní 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 4. gr. Jafnframt segir að gengið skuli frá skipun forstöðumanns skv. 4. gr. eigi síðar en 1. september 2006, þegar lögin taka gildi.

Í 4. mgr. er að lokum áréttað að ónýttar fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskóla Íslands, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renni til Stofnunar íslenskra fræða – Árnastofnunar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Tilgangur frumvarpsins er að færa í eina stofnun verkefni sem sinnt hefur verið hjá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenskri málstöð, Örnefnastofnun Íslands, Orðabók Háskóla Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals, en þessar stofnanir verða lagðar niður.

Hin nýja stofnun mun taka við hlutverki, eignum og skuldbindingum frá áðurnefndum aðilum og hefur frumvarpið að þessu leyti ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs heldur hefur það fyrst og fremst áhrif á skipulagsleg atriði sem stuðla að hagræðingu og efla innra starf stofnananna.

Samkvæmt frumvarpinu verða starfsmenn framangreindra stofnana starfsmenn hinnar nýju stofnunar og er því ekki gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á kostnað. Störf forstöðumanna stofnana sem sameinast verða lögð niður en bjóða skal þeim sem störfunum gegna rannsóknarstörf við hina nýju stofnun. Lagt er til að tvö rannsóknarstörf hjá stofnuninni verði tengd við nöfn og fræðilega arfleifð látinna fræðimanna á sviði íslenskra fræða og hefur tillagan fyrst og fremst táknrænt gildi en eykur ekki útgjöld nema fyrst verði veitt til þeirra fé í fjárlögum. Menntamálaráðherra mun skipa forstöðumann stofnunarinnar sem leiðir til aukinna útgjalda ef sá sem verður skipaður kemur ekki úr hópi starfsmanna sem flytjast til hinnar nýju stofnunar. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á einföldun stjórnkerfis þeirra verkefna sem um ræðir, m.a. fækkun stjórnenda, stjórna og nefnda, munu lækka kostnað við stjórnsýslu og rekstur, en við gerð þessa kostnaðarmats liggja ekki fyrir upplýsingar um fjárhæðir í þessu sambandi.

Stofnanir sem hér um ræðir hafa verið í sambýli með Háskóla Íslands og notið ýmiss konar þjónustu frá skólanum án þess að greiða hana fullu verði. Fjármálaráðuneytið telur að sameining stofnananna og breyting á formlegum tengslum gagnvart Háskóla Íslands hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins en hins vegar kunni bæði útgjöld og fjárveitingar að færast á milli stofnana vegna innbyrðis breytinga og framsetningar.

Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem raktar eru að framan gætu leitt til biðlauna og annars tímabundins kostnaðar að hámarki 30 m.kr. sem verði a.m.k. að einhverju leyti mætt með því að ráða ekki í laus störf. Launakostnaður vegna nýs forstöðumanns gæti numið 2 m.kr. á árinu 2006 en allt að 8 m.kr. á ári frá og með árinu 2007. Á móti þessum útgjöldum er gert ráð fyrir sparnaði vegna einfaldara stjórnkerfis eins og áður er rakið og að gengið verði á jákvæðan höfuðstól en hann nam 8,4 m.kr. hjá hlutaðeigandi stofnunum í árslok 2004.

Á grundvelli framangreindra forsendna telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið leiði ekki til aukins kostnaðar ríkisins á næsta ári.

364. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna verður svohljóðandi: Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 1,2% af gjaldstofni skv. 3. gr.

2. gr.

Viðauki við lögin verður svohljóðandi:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Alls
Nautgripaafurðir	0,35	0,50	0,30	0,05	1,20
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	1,20
Hrossaafurðir	0,40	0,40	0,35	0,05	1,20
Svínaafurðir	0,15	0,10	0,65	0,30	1,20
Alifuglakjöt	0,15	0,10	0,20	0,75	1,20
Egg	0,15	0,10	0,75	0,20	1,20
Kartöflur, rófur	0,35	0,10	0,60	0,15	1,20
Grænmeti, blóm	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20
Grávara	0,40	0,10	0,70	0,00	1,20
Æðardúnn	0,40	0,10	0,55	0,15	1,20
Skógarafurðir	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 2005.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 68/2005, um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, var ákveðið að fella niður lög um Lánasjóð landbúnaðarins og landbúnaðarráðherra veitt heimild til að selja allar eignir og jafnframt að semja um yfirtöku allra skulda sjóðsins. Einkavæðinganefnd var falið að sjá um framkvæmd sölunnar.

Búnaðargjald var einn af tekjustofnum Lánasjóðs landbúnaðarins og var gert ráð fyrir niðurfellingu þeirrar greiðslu búnaðargjaldsins sem runnið hefur til Lánasjóðsins yrði frumvarpið um niðurfellingu laganna samþykkt. Núna er því ljóst að fella þarf niður þann hluta búnaðargjaldsins sem runnið hefur til Lánasjóðs landbúnaðarins.

Í framhaldi af sölu Lánasjóðs landbúnaðarins liggur fyrir tillaga hagsmunaðila um lækkun greiðslu framleiðenda niður í 1,2% í stað 2% áður. Jafnframt er lögð til breyting á viðauka laganna um skiptingu tekna af búnaðargjaldi þannig að það skiptist hlutfallslega á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs samkvæmt meðfylgjandi töflu. Í töflunni eru sýndar feitletraðar þær breytingar sem lagðar eru til.

Þar sem lög um Lánasjóð landbúnaðarins falla niður frá og með 31. desember nk. og Lánasjóður landbúnaðarins hefur þegar verið seldur er lagt til að lagafrumvarp þetta öðlist gildi sama dag.

TAFLA **Búnaðargjald – punktar**

Breytingar eru feitletraðar

Afurðir	Bændasamtök		Búnsamb.		Búgreinaf.		Bjargrsj.		Lánasj.		Alls	
	núv.	till.	núv.	till.	núv.	till.	núv.	till.	núv.	till.	núv.	till.
Nautgripaafurðir	0,40	**0,35**	0,50	0,50	0,10	**0,30**	0,15	**0,05**	0,85	**0,00**	2,00	**1,20**
Sauðfjárafurðir	0,40	0,40	0,50	0,50	0,15	0,15	0,15	0,15	0,80	**0,00**	2,00	**1,20**
Hrossaafurðir	0,40	0,40	0,50	**0,40**	0,55	**0,35**	0,05	0,05	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Svínaafurðir	0,20	**0,15**	0,15	**0,10**	0,85	**0,65**	0,30	0,30	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Alifuglakjöt	0,20	**0,15**	0,15	**0,10**	0,20	0,20	0,95	**0,75**	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Egg	0,25	**0,15**	0,15	**0,10**	0,90	**0,75**	0,20	0,20	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Kartöflur og rófur	0,45	**0,35**	0,45	**0,10**	0,45	**0,60**	0,15	0,15	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Grænmeti, blóm	0,45	**0,35**	0,45	**0,10**	0,75	**0,75**	0,00	0,00	0,35	**0,00**	2,00	**1,20**
Grávara	0,75	**0,40**	0,15	**0,10**	0,60	**0,70**	0,00	0,00	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Æðardúnn	0,55	**0,40**	0,35	**0,10**	0,45	**0,55**	0,15	0,15	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**
Skógarafurðir	0,50	**0,35**	0,15	**0,10**	0,80	**0,75**	0,05	**0,00**	0,50	**0,00**	2,00	**1,20**

Búnaðargjald – prósentuskipting

Afurðir	Bændasamtök		Búnsamb.		Búgreinaf.		Bjargrsj.		Lánasj.	Alls	
Nautgripaafurðir	20,00	29,17	25,00	41,67	5,00	25,00	7,50	4,17	42,50	100,00	**100,00**
Sauðfjárafurðir	20,00	33,33	25,00	41,67	7,50	12,50	7,50	12,50	40,00	100,00	**100,00**
Hrossaafurðir	20,00	33,33	25,00	33,33	27,50	29,17	2,50	4,17	25,00	100,00	**100,00**
Svínaafurðir	10,00	12,50	7,50	8,33	42,50	54,17	15,00	25,00	25,00	100,00	**100,00**
Alifuglakjöt	10,00	12,50	7,50	8,33	10,00	16,67	47,50	62,50	25,00	100,00	**100,00**
Egg	12,50	12,50	7,50	8,33	45,00	62,50	10,00	16,67	25,00	100,00	**100,00**
Kartöflur og rófur	22,50	29,17	22,50	8,33	22,50	50,00	7,50	12,50	25,00	100,00	**100,00**
Grænmeti, blóm	22,50	29,17	22,50	8,33	37,50	62,50	0,00	0,00	17,50	100,00	**100,00**
Grávara	37,50	33,33	7,50	8,33	30,00	58,33	0,00	0,00	25,00	100,00	**100,00**
Æðardúnn	27,50	33,33	17,50	8,33	22,50	45,83	7,50	12,50	25,00	100,00	**100,00**
Skógarafurðir	25,00	29,17	7,50	8,33	40,00	62,50	2,50	0,00	25,00	100,00	**100,00**

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að búnaðargjald skuli nema 1,2% af gjaldstofni. Einnig er lögð til breyting á viðauka laganna um hlutfallslega skiptingu tekna af búnaðargjaldi.

Samkvæmt gildandi lögum er búnaðargjald 2% af gjaldstofni og hluti tekna af gjaldinu rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins. Þar sem lög um Lánasjóð landbúnaðarins falla úr gildi í árslok 2005 er í frumvarpinu lögð til lækkun á gjaldinu. Lækkunin nemur 40%, eða sem svarar þeim tekjum sem nú renna til Lánasjóðs landbúnaðarins. Árið 2004 námu tekjur af búnaðargjaldi 312 m.kr. og þar af runnu 115 m.kr. til Lánasjóðs landbúnaðarins, eða rétt tæp 37% teknanna.

Verði frumvarp þetta að lögum má því að óbreyttu búast við að ríkistekjur af búnaðargjaldi lækki um 125 m.kr. Tekjur af búnaðargjaldi renna að öllu leyti til sjóða landbúnaðarins að undanskilinni 0,5% innheimtuþóknun, sem rennur í ríkissjóð. Áhrif frumvarpsins á ríkissjóð liggja því í lækkun tekna af innheimtuþóknun og miðað við 125 m.kr. lækkun tekna af búnaðargjaldi yrði sú lækkun um 0,6 m.kr. á ári.

365. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Verðmiðlunargjaldið skal vera 0,65 kr. á lítra af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðandaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Verðskerðingargjaldið skal vera 2 kr. á kg.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við frumvarp til breytinga á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, og í kjölfar laga nr. 68/2005, um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, þar sem kveðið var á um sölu Lánasjóðs landbúnaðarins, hefur komið fram ósk frá hagsmunaðilum um niðurfellingu á verðskerðingargjaldi á nautgripakjöti í samræmi við 20. gr. laganna.

Í frumvarpi til breytinga á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, er lagt til að búnaðargjald lækki úr 2% af gjaldstofni niður í 1,2% af gjaldstofni. Þar skiptir mestu niðurfelling hluta búnaðargjaldsins sem áður var greitt til Lánasjóðs landbúnaðarins. Búnaðargjaldinu er skipt á milli búgreina og síðan er hlutfallsleg skipting tekna þess á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambandanna, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs. Tillaga Bændasamtaka Íslands um 0,3% hlut búnaðargjalds af nautgripaafurðum til búgreinafélagsins byggist á því að samtímis verði fellt niður verðskerðingargjald af nautgripakjöti sem innheimt hefur verið í samræmi við 20. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Loks hafa hagsmunasamtök sauðfjárbænda og sláturleyfishafa komist að samkomulagi um að falla frá verðmiðlun við flutning sláturfjár að afurðastöð og kindakjöts á markað. Því er lagt til að 5 kr. verðmiðlunargjald falli niður í 19. gr. laganna en í stað þess komi 2 kr. verðskerðingargjald á kg skv. 20. gr. laganna, þó á heildsölustigi eins og var í 19. gr. Tekjum

af gjöldum samkvæmt þeirri grein skal varið til markaðsmála, en samsvarandi hluta af 5 kr. gjaldinu hefur verið varið til þeirra mála.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á verðmiðlunargjöldum landbúnaðarvara. Annars vegar er lagt til að verðmiðlunargjald á kindakjöt skv. 19. gr. laganna falli niður en þess í stað verði tekið upp verðskerðingargjald á kindakjöt í 20. gr., og hins vegar að verðskerðingargjald á nautgripakjöt falli niður. Frumvarpið er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, þar sem kveðið er á um niðurfellingu þess hluta búnaðargjalds sem rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins og hlutfallslega skiptingu tekna af búnaðargjaldi.

Á árinu 2004 námu tekjur af verðmiðlunargjaldi á kindakjöt 34,8 m.kr. og tekjur af verðskerðingargjaldi á nautgripakjöt 15,7 m.kr. Verði frumvarpið að lögum falla þessar tekjur niður en á móti kemur að 2 kr. verðskerðingargjald verður lagt á hvert kg kindakjöts og miðað við 8.500 tonna ársframleiðslu munu tekjur af gjaldinu nema 17 m.kr. á ári.

Frumvarpið mun ekki hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs, verði það að lögum. Áhrif þess á ríkissjóð munu hins vegar birtast í um 33 m.kr. lækkun ríkistekna til verðmiðlunar landbúnaðarvara á tekjuhlið fjárlaga og ríkisreiknings og sambærilegri lækkun verðmiðlunargjalda á gjaldahlið fjárlaga og ríkisreiknins. Áhrif frumvarpsins á afkomu ríkissjóðs eru engin.

366. Svar [231. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um aldur og menntun á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu hátt hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar er á aldrinum:*
   a. *20–29 ára*
   b. *30–39 ára?*
2. *Hvaða menntun hafa íbúar landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðisins hins vegar, sundurliðað eftir sömu aldursflokkum og eftirfarandi menntun:*
   a. *grunnmenntun,*
   b. *starfsnámskeið/gagnfræðapróf,*
   c. *framhaldsskólamenntun,*
   d. *sérskólamenntun,*
   e. *háskólamenntun?*

Mannfjöldi 1. desember 2004.

	Heildarmannfjöldi	20–29 ára	30–39 ára	Heildarmannfjöldi	20–29 ára	30–39 ára
Landið allt	*293.577*	*42.686*	*41.499*	*100,0*	*14,5*	*14,1*
Höfuðborgarsvæðið	184.244	27.954	27.073	100,0	15,2	14,7
Landsbyggðin	109.333	14.732	14.426	100,0	13,5	13,2

Heimild: Hagstofa Íslands.

Menntun eftir búsetu 2004.

	Áætlaður fjöldi.			Hlutfallsleg skipting.		
	16–74 ára	20–29 ára	30–39 ára	16–74 ára	20–29 ára	30–39 ára
Alls	*199.600*	*39.400*	*40.100*	*100,0*	*100,0*	*100,0*
Grunnmenntun	81.300	15.100	11.600	40,7	38,3	28,8
Starfs- og framhaldsmenntun	80.600	19.600	15.900	40,4	49,8	39,5
Háskólamenntun	37.700	4.700	12.700	18,9	11,9	31,6
Höfuðborgarsvæði	*128.700*	*29.200*	*25.200*	*100,0*	*100,0*	*100,0*
Grunnmenntun	44.800	10.100	5.400	34,8	34,7	21,4
Starfs- og framhaldsmenntun	54.600	15.100	10.300	42,5	51,5	40,9
Háskólamenntun	29.300	4.000	9.500	22,8	13,8	37,7
Utan höfuðborgarsvæðis	*70.900*	*10.200*	*14.900*	*100,0*	*100,0*	*100,0*
Grunnmenntun	36.600	5.000	6.200	51,5	48,7	41,4
Starfs- og framhaldsmenntun	26.000	4.600	5.500	36,6	44,7	37,2
Háskólamenntun	8.400	*700	3.200	11,9	*6,6	21,4

* Frávikshlutfall yfir 20%.

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

Upplýsingar um hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar eru fengnar úr mannfjöldaskýrslum Hagstofu Íslands 31. desember 2004.

Upplýsingar um menntunarstig þjóðarinnar eru fengnar úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Vinnumarkaðsrannsóknin nær til allra sem eru búsettir hér á landi á aldrinum 16–74 ára. Hagstofan notar alþjóðlega flokkunarstaðalinn ISCED (International Standard Classification of Education) við flokkun menntunar. Árið 2003 var tekin í notkun ný útgáfa af ISCED-staðlinum, ISCED-97. Flokkun fyrir árið 2003 og síðar er því ekki alls kostar sambærileg við tölur fyrri ára.

Að svo stöddu er því ekki unnt að flokka menntun í sömu flokka og áður var beitt og óskað er eftir í fyrirspurninni. Menntuninni er því hér skipt í þrjá flokka, grunnmenntun, starfs- og framhaldsmenntun og háskólamenntun.

367. Frumvarp til fjáraukalaga [144. mál]

fyrir árið 2005.

(Eftir 2. umr. 16. nóv.)

Samhljóða þskj. 144 með þessum breytingum:

A-hluti

Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2005, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**37.537,5**	**36.203,8**
Skattar á tekjur og hagnað	21.401,0	20.082,7
Tryggingagjöld	600,1	582,8
Eignarskattar	4.980,0	4.980,0
Skattar á vörur og þjónustu	10.546,7	10.548,6
Aðrir skattar	9,7	9,7
Aðrar rekstrartekjur	6.312,1	7.157,6
Sala eigna	58.350,0	58.350,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**102.199,6**	**101.711,4**
Æðsta stjórn ríkisins	113,0	113,0
Forsætisráðuneyti	851,1	851,1
Menntamálaráðuneyti	971,4	971,4
Utanríkisráðuneyti	517,4	517,4
Landbúnaðarráðuneyti	2.817,4	2.817,4
Sjávarútvegsráðuneyti	65,0	65,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	208,0	208,0
Félagsmálaráðuneyti	630,8	630,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.590,0	1.590,0
Fjármálaráðuneyti	10.764,4	6.764,4
Samgönguráðuneyti	1.760,7	1.577,7
Iðnaðarráðuneyti	405,0	405,0
Viðskiptaráðuneyti	42,8	42,8
Hagstofa Íslands	6,0	6,0
Umhverfisráðuneyti	-150,7	-150,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-1.340,0	140,0
Gjöld samtals	**19.252,3**	**16.549,3**
Tekjujöfnuður	**82.947,3**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	82.947,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-60.112,6
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	3.794,4
Viðskiptaskuldir, (breyting)	83,0
Handbært fé frá rekstri	**26.712,1**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	250,0
Afborganir veittra lána	800,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	69.350,0
Fjármunahreyfingar samtals	**69.400,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**96.112,1**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	-26.500,0
Afborganir lána	-27.500,0
Fjármögnun samtals	**-54.000,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**42.112,1**

Ýmis ákvæði
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

1. Í stað orðanna „allt að 40.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 13.500 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.890 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 4.640 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 4.700 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 4.600 m.kr.
   c. Liður 2.3 fellur brott.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 26.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 27.600 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 60.800 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 74.100 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 18.300 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 8.700 m.kr.
   d. Liður 3.4 fellur brott.
   e. Liður 3.5 fellur brott.
   f. Liður 3.6 fellur brott.

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	4.200,0	4.032,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-400,0	-400,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	4.200,0	4.164,7
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**8.000,0**	**7.796,7**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	7.000,0	5.880,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	6.377,0	6.382,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	24,0	24,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**6.401,0**	**6.406,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**21.401,0**	**20.082,7**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	530,9	515,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	69,2	67,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**600,1**	**582,8**
	Tryggingagjöld	**600,1**	**582,8**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	4,4	4,4

4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	580,0	580,0
4.4.1	Stimpilgjöld	4.400,0	4.400,0
	Eignarskattar	**4.980,0**	**4.980,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	7.000,0	7.000,0
5.1.2.1	Vörugjöld	-207,4	-207,4
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	4.093,0	4.093,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-15,0	-15,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-32,8	-32,8
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-142,6	-140,7
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	-567,0	-567,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	0,0	0,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**10.128,2**	**10.130,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	435,0	435,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	-180,0	-180,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-10,0	-10,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	168,5	168,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	5,0	5,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**418,5**	**418,5**
	Skattar á vörur og þjónustu	**10.546,7**	**10.548,6**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.15	Markaðsgjald	5,3	5,3
	Skatttekjur, samtals	**37.537,5**	**36.203,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-230,0	-230,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	4.572,0	4.572,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**4.342,0**	**4.342,0**
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-120,0	-312,6
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.150,0	1.060,0
	Aðrar eignatekjur	**1.030,0**	**747,4**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**5.372,0**	**5.089,4**

9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.3.5	Skólagjöld	-16,9	-16,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-11,5	-11,5
9.1.3.35	Ýmislegt	0,0	0,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-28,4**	**-28,4**
	Ýmsar tekjur	**-28,4**	**-28,4**
10	**Sektir**		
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	968,5	2.096,6
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**6.312,1**	**7.157,6**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	58.350,0	58.350,0
	Sala eigna, samtals	**58.350,0**	**58.350,0**
	Heildartekjur samtals	**102.199,6**	**101.711,4**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

		m.kr.
00-101	**Embætti forseta Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Yfirstjórn	98,0
	. . . . .	
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	98,0
00-201	**Alþingi**	
	Viðhaldsverkefni:	
	5.20 Fasteignir	15,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	15,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:

1.90 Söfn, ýmis framlög 5,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 5,5

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:

1.11 Styrkir til útgáfumála 15,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 15,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:

1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 3,0

1.90 Ýmis íþróttamál 2,5

Almennur rekstur samtals 5,5

Gjöld samtals **5,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 5,5

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.13 Útvarpsréttarnefnd 5,0

Stofnkostnaður:

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög 15,0

Gjöld samtals **20,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 20,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 49,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 49,1

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 107,7

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður 52,8

Gjöld samtals **160,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 160,5

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:

1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 8,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 8,0

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:

1.95 Lífeyrissjóður bænda 2.200,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 2.200,0

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:

1.01 Almenn starfsemi 93,9

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður ..... -28,2

Gjöld samtals **65,7**

Sértekjur:

Sértekjur ..... -55,7

Gjöld umfram tekjur **10,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir 15,0

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg 7,0

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 3,0
Almennur rekstur samtals 25,0

Gjöld samtals **25,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

06-701 Þjóðkirkjan
Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 40,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **38,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,8

06-707 Kristnisjóður
Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 5,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,7

07-700 Málefni fatlaðra
Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 6,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,9

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra
Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 18,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,2

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra
Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 68,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður
Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -643,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar 42,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -42,0
1.41 Framlög og styrkir 15,0
Almennur rekstur samtals ..... -628,0

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 93,2

Gjöld samtals ..... **-534,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -534,8

07-989 Fæðingarorlof
Almennur rekstur:
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins 38,5
1.11 Fæðingarorlofssjóður 300,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 15,0
Almennur rekstur samtals 353,5

Gjöld samtals **353,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0
Innheimt af ríkistekjum 338,5

08-201 Tryggingastofnun ríkisins
Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 56,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 75,0

Gjöld samtals **131,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -38,5

Gjöld umfram tekjur **92,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,8

08-206 Sjúkratryggingar
Almennur rekstur:
1.11 Lækniskostnaður 26,0
1.31 Þjálfun ..... -29,5
1.45 Brýn meðferð erlendis ..... -5,2
Almennur rekstur samtals ..... -8,7

Gjöld samtals ..... **-8,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -8,7

08-305 Lýðheilsustöð
Almennur rekstur:
1.01 Lýðheilsustöð 1,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,9

08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús
Almennur rekstur:
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús 657,7

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 40,0

Gjöld samtals **697,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 697,7

08-379 Sjúkrahús, óskipt
Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 15,5

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar 60,0

Gjöld samtals **75,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,5

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	7,5
1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	52,3
Almennur rekstur samtals	59,8
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	17,0
Gjöld samtals	**76,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,8

08-401 Hjúkrunarheimili, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	117,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	117,0

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	29,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,5

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	6.377,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.377,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Útgáfa ökuskírteina	14,8
1.36 Athugun á samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og Reykjavíkurflugvelli	18,0
1.90 Ýmislegt	26,8
Almennur rekstur samtals	59,6
Gjöld samtals	**59,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,6

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	83,0
1.07 Þjónusta	100,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	30,0
Almennur rekstur samtals	213,0
Gjöld samtals	**213,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	30,0
Viðskiptahreyfingar	183,0

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	88,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,9

14-410 Veðurstofa Íslands

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

368. Fyrirspurn [334. mál]

til utanríkisráðherra um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er ráðuneytinu kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn, sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum, hafi farið um íslenska lofthelgi eða notað Keflavíkur- eða Reykjavíkurflugvöll? Ef svo er, hver voru viðkomandi flugnúmer (N-númer), hvaðan

var flogið og hvert og hvaða upplýsingar voru veittar um farm og á hvers vegum flugið væri?
2. Munu íslensk stjórnvöld meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem sætt hafa eða eiga á hættu að sæta pyntingum eða annarri ómannúðlegri meðferð aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum?
3. Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld bregðast við því ef flug á vegum opinberra aðila sem dulbúið er sem borgaralegt flug hefur farið, eða mun fara um íslenska lofthelgi eða nota íslenska flugvelli?
4. Hafa íslensk stjórnvöld tilkynnt eða munu þau tilkynna bandarískum stjórnvöldum um afstöðu sína í þessu efni með formlegri orðsendingu?

Skriflegt svar óskast.

369. Fyrirspurn [335. mál]

til samgönguráðherra um brú yfir Jökulsá á Fjöllum.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvenær má búast við að undirbúningi og hönnun nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum ljúki?

370. Fyrirspurn [336. mál]

til viðskiptaráðherra um íbúðalán banka og sparisjóða.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve háa fjárhæð samtals hefur hver banki og sparisjóður lánað með veði í íbúðarhúsnæði síðan í ágúst 2004 og hver er fjöldi lántakendanna í hverju tilviki?
2. Hver er áætluð markaðshlutdeild hverrar lánastofnunar og þeirra allra samtals í þessum lánaflokki og hver er hlutdeildin þegar lánunum er skipt eftir höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?
3. Hversu margir lántakendur hjá hverri stofnun eru með
   a. 4,15% vexti eða lægri á þeim lánum sem um er spurt og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,
   b. vexti á bilinu 4,15%–5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,
   c. vexti hærri en 5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna?
4. Hve margir lánasamningar eru þannig að þinglýst er tiltekinni vaxtaprósentu en samið er við greiðanda um greiðslu lægri vaxta, hvernig skiptast þeir milli bankastofnana og hver er samanlögð fjárhæð í hverju tilviki? Hvaða vaxtaprósentu er helst þinglýst og hvaða lægri vaxtaprósentu er oftast samið um?

5. Hver er áætluð meðalvaxtaprósenta hverrar bankastofnunar af þessum lánum nú og hver verður hún þegar tekið hefur verið tillit til uppgreiðsluálags, endurskoðunar vaxta samkvæmt fimm ára ákvæði og skilyrða um önnur viðskipti lántakenda?
6. Hver er vaxtamunur hverrar bankastofnunar og áætlaður hagnaður af honum?

Skriflegt svar óskast.

371. Fyrirspurn [337. mál]

til heilbrigðisráðherra um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir þjónustusamningar (ferliverk meðtalin) um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni hafa verið gerðir sl. þrjú ár og hvernig skiptast þeir eftir sviðum? Aðgreina skal sérstaklega hjúkrun annars vegar og læknisþjónustu hins vegar.
2. Hve mikið hefur árlega verið greitt fyrir þessa þjónustusamninga (ferliverk meðtalin), hver var kostnaðurinn á sl. ári við hvern og einn af tíu stærstu samningunum og við hverja voru þeir gerðir?
3. Hvernig er tryggt að samningar af þessu tagi tryggi öllum sambærilega heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og telur ráðherra að setja þurfi samræmdar verklags- og vinnureglur í því skyni? Hvernig er eftirliti með þjónustusamningum háttað?
4. Hver er munurinn á kostnaði hins opinbera við þjónustu sem veitt er eftir hefðbundnum leiðum í heilbrigðiskerfinu og hins vegar sömu og sambærilega þjónustu samkvæmt samningum við einkaaðila?
5. Hverjir gera þjónustusamninga fyrir hönd ríkisins og þarf heilbrigðisráðuneytið að staðfesta þá? Hvaða meginþættir eru lagðir til grundvallar hagkvæmni fyrir ríkissjóð við gerð þjónustusamninganna?

Skriflegt svar óskast.

372. Fyrirspurn [338. mál]

til umhverfisráðherra um sjófugla.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað líður því samstarfi Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Háskóla Íslands um sjófuglarannsóknir sem ráðherra hét 16. febrúar sl. að beita sér fyrir?

2. Hverjar eru skýringar sérfræðinga í stofnunum umhverfisráðuneytisins á því að varp kríu gekk óvenjulega illa á Suður- og Vesturlandi í vor og að stofnar stuttnefju, langvíu og fleiri svartfugla virðast ekki munu rétta úr kútnum?
3. Telur ráðherra loftslagsbreytingar orsök þess að stofnar sjófugla hér og við grannlönd okkar breytast svo hratt sem raun ber vitni?

373. Fyrirspurn [339. mál]

til iðnaðarráðherra um atvinnumál á Ísafirði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hyggst ráðherra bregðast við ákvörðun Símans um að loka starfsstöð fyrirtækisins Já á Ísafirði í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur þá stefnu að efla Ísafjörð sem byggðakjarna?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fjárveitingu til atvinnuuppbyggingar á Ísafirði til mótvægis við samdrátt sem leitt hefur af sölu Símans?

374. Frumvarp til laga [340. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir einstaklingar sem eru samvistum og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, sbr. einnig 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Einstaklingar í skráðri sambúð eiga sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram.

II. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðanna „karl og konu“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: einstaklinga.

III. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

3. gr.

100. gr. laganna orðast svo:

Ef tveir einstaklingar slíta óvígðri sambúð getur annar þeirra eða báðir krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í tvö ár samfellt hið skemmsta.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig tveir einstaklingar í sambúð sem skráð hefur verið í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram.

V. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

5. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna orðast svo: Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig tveir einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta.

VI. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994.

6. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í lögum þessum um hjón og maka eiga einnig við um tvo einstaklinga í óvígðri sambúð eða sambúð af öðru tagi sem staðið hefur samfleytt í eitt ár. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

7. gr.

2. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

8. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í tvö ár samfellt hið skemmsta.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998.

9. gr.

2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í tvö ár samfellt hið skemmsta.

X. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

10. gr.

2. málsl. 5. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í tvö ár samfellt hið skemmsta.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

11. gr.

3. mgr. 62. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingar í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þeir þess báðir skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða þá að sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta.

XII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/2004, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

12. gr.

Í stað orðanna „karl og kona“ í 18. gr. laganna kemur: einstaklingar.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

13. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda og sambúðarmaki sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við arfleifanda og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambúðarmaka arfleifanda er ótvírætt getið.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

14. gr.

Orðin „sem hefur fasta búsetu hér á landi“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

15. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa“ í 1. mgr. kemur: Hjón, einstaklingar í staðfestri samvist eða einstaklingar sem verið hafa í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman.
b. Í stað orðanna „Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð“ í 2. og 3. mgr. kemur: Öðru hjóna eða einstaklingi í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.
c. Í stað orðanna „sambúð karls og konu“ í 5. mgr. kemur: sambúð tveggja einstaklinga.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: konan, sem undirgengst aðgerðina, sé í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem staðið hefur samfellt í þrjú ár hið skemmsta enda hafi báðir aðilar samþykkt aðgerðina skriflega og við votta.
b. Við d-lið 1. mgr. bætist: eða um sé að ræða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið.

18. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi, aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis eða um sé að ræða konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr.

19. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Eingöngu skal heimilt að nota gjafakynfrumur við glasafrjóvgun ef frjósemi er skert, um er að ræða alvarlegan erfðasjúkdóm eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Sé um að ræða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr., er þó ætíð heimilt að nota gjafasæði.

20. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, veiti skriflegt samþykki fyrir geymsl-

unni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna og fósturvísa í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

21. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísa ekki liðinn en karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða óvígðri sambúð eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð slíta henni, og skal þá eyða fósturvísunum. Sama gildir ef annar aðilinn andast nema um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða.

XVII. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 76/2003.

22. gr.

Við síðari málslið 1. gr. laganna bætist: sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um barn tveggja kvenna sem getið er við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr.
b. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: o.fl.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun telst foreldri barns sem þannig er getið.
b. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 3. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Foreldri barns við tæknifrjóvgun.*

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Læknir eða ljósmóðir skal spyrja móður í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu um hver sé foreldri barns og senda þjóðskrá yfirlýsingu hennar þar að lútandi. Kona sem móðir lýsir yfir að sé foreldri barns verður ekki skráð foreldri barns nema 2. mgr. 6. gr. eigi við.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skráning í þjóðskrá.*

26. gr.

Heiti I. kafla laganna verður: **Foreldrar barns.**

27. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: eða foreldri ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hið sama á við að breyttu breytanda um kröfu um að viðurkennt verði að kona í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með móður teljist ekki foreldri barns.

b. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: *o.fl.*

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „föður“ í 1. mgr. kemur: foreldri.

b. Í stað orðsins „barnsföður“ í 2. mgr. kemur: hitt foreldrið.

c. Í stað orðsins „mann“ í 3. mgr. kemur: foreldri.

XVIII. KAFLI
Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

30. gr.

3. tölul. 1. gr. laganna orðast svo: Foreldrar hvors foreldris arfleifanda um sig og börn þeirra.

31. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sömu reglur og kveðið er á um í 1. mgr. gilda að breyttu breytanda þegar foreldrar hvors foreldris arfláta eru af sama kyni.

XIX. KAFLI
Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „bæði við föður og móður“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: við báða foreldra.

33. gr.

Í stað orðsins „Kona“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Móðir.

34. gr.

3. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins.

35. gr.

3. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins.

XX. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar þingsályktunar sem flutt var af fulltrúum allra þingflokka á 128. löggjafarþingi 2002–2003 skipaði forsætisráðherra hinn 8. september 2003 nefnd til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Var nefndin skipuð fulltrúum tilnefndum af félagsmálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Samtökunum '78 og fulltrúa tilnefndum af forsætisráðuneyti sem jafnframt var formaður. Nefndin skilaði af sér ítarlegri skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005, þskj. 381, 337. mál.

Á grundvelli skýrslunnar hefur forsætisráðuneytið í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti unnið frumvarp þetta þar sem lagðar eru til ýmsar lagabreytingar sem allar hafa það að markmiði að afnema mismunun sem enn fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra. Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru þessar:

- Rýmkuð verða skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar þannig að ekki verði lengur krafist fastrar búsetu á Íslandi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut, sbr. 14. gr. frumvarpsins.
- Tekið verður af skarið um að jafnt samkynhneigð pör sem gagnkynhneigð geta fengið sambúð skráða í þjóðskrá, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Samhliða verður lagaákvæðum á fjölmörgum sviðum breytt til þess að ljóst sé að óvígð sambúð samkynhneigðra er lögð að jöfnu við óvígða sambúð gagnkynhneigðra, sbr. 2.–13. gr. frumvarpsins. Þar með eru skapaðar forsendur fyrir því að samkynhneigðir og gagnkynhneigðir njóti sömu réttinda varðandi almannatryggingar, lífeyrisréttindi, skattalega meðferð tekna og eigna, skipti dánarbúa o.fl.
- Heimild samkynhneigðra para til að ættleiða börn verður sú sama og gagnkynhneigðra para, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Áfram verður metið hverju sinni út frá hagsmunum barnsins hvort leyfi er veitt til ættleiðingar.
- Kona í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með annarri konu öðlast heimild til að gangast undir tæknifrjóvgun líkt og á við um gagnkynhneigð pör, sbr. 17.–21. gr. frumvarpsins. Móðirin og maki hennar munu hafa sömu lagalegu skyldur og sömu lagalegu réttindi gagnvart barninu hvað varðar til dæmis forsjá og framfærslu, sbr. 22.–29. gr. frumvarpsins. Áfram verður metið hverju sinni út frá hagsmunum hins ófædda barns hvort leyfi er veitt til tæknifrjóvgunar.
- Tekin verða af tvímæli um að það falli undir markmið laga um töku fæðingar- og foreldraorlofs að auðvelda báðum samkynhneigðum foreldrum að vera samvistum við barn sitt, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Almennt um réttarstöðu samkynhneigðra.

Á undanförnum árum hefur orðið umtalsverð þróun í þá átt að bæta stöðu samkynhneigðra í þjóðfélaginu, bæði á vettvangi löggjafar og í margvíslegu félagslegu samhengi. Segja má að ákveðin straumhvörf hafi orðið þegar Alþingi ályktaði 19. maí 1992 í fyrsta skipti um málefni samkynhneigðra og lýsti yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðum ætti sér ekki stað hér á landi. Með lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, sem tóku gildi 27. júní 1996, var samkynhneigðum pörum gert kleift að fá lögformlega viðurkenningu á sambúð sinni og eru réttaráhrif staðfestrar samvistar í meginatriðum sambærileg réttaráhrifum hjúskapar, sbr. ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, með nokkrum undantekningum þó. Lögin um staðfesta samvist byggjast á tillögum nefndar um málefni samkynhneigðra frá árinu 1994 og var fyrirmynd sótt til danskrar, norskrar og sænskrar löggjafar um sama efni. Lögin um staðfesta samvist tryggðu ekki aðeins samkynhneigðum ákveðin réttindi

heldur fólst í þeim viðurkenning á jafnri stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu og í fjölskyldulífi. Vakti aðdragandi lagasetningarinnar og umræðan um hana svo mikla athygli að á tiltölulega skömmum tíma varð fjölskyldulíf samkynhneigðra sýnilegra en áður og öðlaðist umtalsverða viðurkenningu. Ljóst er að lögin hafa stuðlað að mikilvægri viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart samböndum og fjölskyldulífi samkynhneigðra.

Framkvæmd laga um staðfesta samvist.

Með lögum nr. 52/2000 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um staðfesta samvist; fellt var niður fortakslaust skilyrði 2. gr. þeirra um að annar eða báðir einstaklingar væru íslenskir ríkisborgarar og jafnframt var 6. gr. laganna breytt með þeim hætti að einstaklingi í staðfestri samvist var heimiluð stjúpættleiðing á barni hins sem hann hefði forsjá fyrir nema um væri að ræða kjörbarn frá öðru landi. Þá var bætt nýju ákvæði í 2. mgr. 6. gr. laganna þess efnis að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu. Álitaefni um þetta höfðu komið upp við framkvæmd laganna sem tengdust reglum um feðrun barna samkvæmt ákvæðum barnalaga í tilvikum þar sem kona í staðfestri samvist fæddi barn. Eðli málsins samkvæmt var ekki fallist á það við skráningu hjá Þjóðskrá að maki hennar af sama kyni teldist faðir barns.

Samkvæmt lögunum um staðfesta samvist gilda um stofnun hennar, réttaráhrif og slit sömu reglur og eiga við um hjúskap nema annað sé tekið fram. Í 2. gr. laganna um staðfesta samvist kemur fram sérregla um skilyrði fyrir því að staðfest samvist geti fari fram hér á landi. Upprunalega settu lögin það fortakslausa skilyrði að báðir einstaklingarnir eða annar þeirra væri íslenskur ríkisborgari sem ætti lögheimili hér á landi. Var samhljóða skilyrði að finna í öðrum norrænum lögum um staðfesta samvist. Rökin fyrir þessari skipan voru einkum þau að á meðan þetta nýja sambúðarform væri ekki viðurkennt nema í mjög fáum ríkjum utan Norðurlandanna væri rétt að krefjast þess að einstaklingar hefðu ákveðin tengsl við ríkið þar sem slík réttarstaða væri veitt með lögum. Þannig gætu tveir erlendir ríkisborgarar ekki komið hingað til lands til að ganga í staðfesta samvist enda hefði hún engin réttaráhrif í því landi sem þeir kæmu frá ef þetta sambúðarform væri ekki viðurkennt þar með lögum.

Eitt af markmiðum breytinganna árið 2000 var að rýmka þessi skilyrði eftir því sem eðlilegt og sanngjarnt væri með tilliti til borgara annarra ríkja en þá hafði dönsku lögunum um staðfesta samvist verið breytt að þessu leyti og breytingartillögur voru til meðferðar í þingunum í Noregi og Svíþjóð. Eftir breytingarnar kveður 2. mgr. 2. gr. laganna á um að staðfesting samvistar geti farið fram ef báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða báðir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra. Þá er mælt fyrir um það í 3. mgr. 2. gr. að ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Jafnframt er þar tekið fram að dómsmálaráðherra geti ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð íslenskum lögum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Hefur ríkjum í þeim hópi, einkum á meginlandi Evrópu, fjölgað mjög á síðasta áratug og hefur dómsmálaráðherra sett reglugerð þar sem mælt er fyrir um að ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi sé lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Verði ríkisborgararéttarskilyrðið ekki uppfyllt skv. a-lið 2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. getur staðfest samvist engu að síður farið fram hér á landi í tilviki þar sem erlendir ríkisborgarar hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu. Rökin með þessu eru að

við þessar aðstæður hafi útlendingar þegar öðlast ákveðin tengsl við landið og líkur megi telja á að þeir búi hér áfram með þeim réttaráhrifum sem staðfest samvist veitir þeim frekar en í ríki þar sem staðfest samvist hefur engin réttaráhrif.

Þrátt fyrir mikilvæga rýmkun á skilyrðum fyrir stofnun staðfestrar samvistar hafa komið upp tilvik sem sýna að núverandi búsetuskilyrði laganna geta falið í sér óeðlilega hindrun þar sem annar eða báðir einstaklingar eru íslenskir eða norrænir ríkisborgarar. Þannig má til dæmis nefna að íslenskir námsmenn annars staðar á Norðurlöndum, sem eiga þá ekki fasta búsetu á Íslandi, hafa átt í erfiðleikum með að fá samvist sína staðfesta hér á landi. Þessi hindrun gildir jafnt þótt þeir eigi búsetu í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð og slíkt sambúðarform sé viðurkennt þar að lögum. Vilji þeir ganga í staðfesta samvist verður það að eiga sér stað í því ríki þar sem þeir eiga búsetu og þar sem slíkt sambúðarform er viðurkennt að lögum.

Með frumvarpinu er því lagðar til breytingar á ákvæðum 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, þannig að rýmkuð verði skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar. Ekki verður lengur krafist skilyrðislausrar búsetu hér á landi þegar íslenskir ríkisborgarar eiga í hlut. Sama á við þegar um norræna ríkisborgara er að ræða og borgara ríkja sem tiltekin eru í reglugerð dómsmálaráðherra sem gefin er út á grundvelli 3. mgr. 2. gr. laganna.

Réttarstaða samkynhneigðra í sambúð.

Könnun íslenskra laga og reglna leiðir í ljós að samkynhneigð pör í sambúð búa við lagalega mismunun á allmörgum sviðum þar sem þau eiga þess ekki kost að fá sambúð sína skráða og viðurkennda að lögum og njóta því ekki sömu réttinda og skyldna og gagnkynhneigð pör í sambúð. Á ýmsum öðrum sviðum er réttarstaðan óljós að þessu leyti. Þótt samkynhneigð pör eigi þess kost að staðfesta samvist sína samkvæmt lögum nr. 87/1996 með sömu réttaráhrifum í meginatriðum og ef þau væru í hjúskap hafa þau ekki þann valkost að velja sambúðarform með takmarkaðri réttaráhrifum þar sem tekið er tillit til sameiginlegs heimilishalds og vissrar fjárhagslegrar samstöðu með ýmsum réttindum og skyldum. Engin málefnaleg rök réttlæta mismunun af þessu tagi og er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði nauðsynlegar lagabreytingar til þess að tryggja að samkynhneigð pör geti stofnað til sambúðar með sömu réttaráhrifum og gagnkynhneigð pör.

Engin heildstæð löggjöf gildir um réttarstöðu sambúðarfólks sambærileg við hjúskaparlög, nr. 31/1993. Ákvæði þar sem sérstök réttaráhrif tengd því að tveir einstaklingar búi saman í „óvígðri sambúð“ eða „sambúð skráðri í þjóðskrá“ er að finna á víð og dreif í löggjöfinni án þess að skilgreining þessara hugtaka liggi þó fyrir.

Helsta forsenda þess að bæta megi réttarstöðu samkynhneigðra á þessu sviði er að tveir samkynhneigðir einstaklingar geti fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá enda er ljóst að ýmis sérlög binda réttaráhrif sambúðar við að hún sé skráð í þjóðskrá. Til þess að ná megi því markmiði frumvarpsins að tryggja jafnan rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra að þessu leyti er lagt til að lögum um lögheimili, nr. 21/1990, verði breytt og þar verði mælt fyrir um að tveir einstaklingar sem eru samvistum geti fengið sambúð sína skráða á sameiginlegu lögheimili að uppfylltum sömu skilyrðum og fram koma í ákvæðum II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, 7.–12. gr., varðandi aldur, skyldleika, kröfu um lögræði og lok fyrri hjúskapar/staðfestrar samvistar. Með þessu yrði í reynd fest í lög núverandi framkvæmd Þjóðskrár við skráningu sambúðar auk þess sem samkynhneigðum pörum yrði gert kleift að fá slíka sambúð skráða. Með vísan til skilyrða hjúskaparlaga að þessu leyti gildir sjálfkrafa að litið yrði til lagaskilyrða fyrir stofnun staðfestrar samvistar, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist.

Þá eru í 12.–13. gr. frumvarpsins lagðar til orðalagsbreytingar á ýmsum lagaákvæðum þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð til þess að taka af tvímæli um að í hugtakinu geti falist sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni. Með frumvarpinu er leitast við að samræma skilgreiningu á því hvað sé óvígð sambúð. Meginskilyrði verður að hún sé skráð í þjóðskrá og að annaðhvort eigi parið barn saman eða von á barni saman eða þá að sambúðin hafi staðið í tiltekinn lágmarkstíma. Þessi lágmarkstími er mislangur eftir því hvaða löggjöf á í hlut og hefur ekki náðst samstaða um fulla samræmingu að því leyti. Sambúð verður ekki skráð í þjóðskrá eins og áður segir nema parið hafi sama lögheimili, sé samvistum og skilyrði hjúskaparlaga eða laga um staðfesta samvist um aldur, lögræði, bann við skyldleika og lok hjúskapar/staðfestrar samvistar séu uppfyllt.

Þessi samræming orðalags í ákvæðum er lúta að óvígðri sambúð er í anda löggjafarþróunar síðustu ára þar sem í vaxandi mæli hefur verið vísað til þess að sambúð þurfi að vera skráð í þjóðskrá til þess að henni fylgi réttaráhrif. Er það einnig til þess fallið að eyða óvissu um það hvenær slík sambúð sé fyrir hendi en nokkur dæmi eru um ágreiningsmál sem risið hafa vegna óljósrar réttarstöðu að þessu leyti.

Með fyrrgreindum breytingum á lögum um lögheimili og tiltölulega einföldum breytingum sem lagðar eru til á nokkrum lögum er unnt að koma á jafnrétti á þessu sviði á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra para án þess að horfið verði frá þeirri stefnu löggjafans að skipa ekki á einum stað reglum um sambúð einstaklinga í ítarlegri heildarlöggjöf.

Ættleiðingar.

Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðs fólks stóð saman að tillögum varðandi ættleiðingar íslenskra barna en skiptist í tvo jafna hluta um þá þætti tillagnanna sem varða ættleiðingar erlendra barna og tæknifrjóvganir. Enginn skoðanamunur var uppi í umræðum nefndarinnar um að samkynhneigðir einstaklingar væru jafnhæfir uppalendur og gagnkynhneigðir. Fjallaði nefndin m.a. um niðurstöður margvíslegra rannsókna, sem gerðar hafa verið utan lands og innan varðandi börn sem alast upp með samkynhneigðum foreldrum, sem styðja þá niðurstöðu.

Vegna óvissu um sálræna líðan erlendra ættleiddra barna, sem skera sig m.a. frá umhverfi sínu vegna ólíks uppruna síns, auk mikilvægis þess að stefna ekki í hættu árangursríkri samvinnu sem komist hefur á við erlend stjórnvöld um ættleiðingar barna þaðan, töldu þrír nefndarmenn ekki rétt að svo stöddu að heimila ættleiðingar samkynhneigðra para á erlendum börnum. Aðrir þrír nefndarmenn töldu að reglur annarra ríkja um ættleiðingar ættu ekki að hafa úrslitaáhrif á mótun íslenskrar löggjafar og vísuðu til þess að ekki væru dæmi um að erlend ríki hefðu útilokað samstarf við Svía þótt þeir hefðu breytt lögum í þessa veru.

Markmið ættleiðingar er að útvega barni fjölskyldu og í hverju einstöku tilviki fer fram ítarleg könnun á grundvelli ættleiðingarlaga á högum og aðstæðum væntanlegra kjörforeldra og á því byggt að ættleiðingin sé viðkomandi barni fyrir bestu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna um staðfesta samvist er réttur einstaklings í staðfestri samvist bundinn við stjúpættleiðingar íslenskra barna en ekki frumættleiðingar. Í tilvikum þar sem um ræðir frumættleiðingu á íslensku barni á hún sér stað að undangengnu fóstri samkvæmt reglum barnaverndarlaga eða annarri umsjá barns. Samkynhneigð pör hafa tekið börn í fóstur enda eru engar takmarkanir í íslenskum lögum eða reglum hvað það varðar og er ættleiðing því sjálfsagt framhald af fóstri og til þess fallin að tryggja börnum fyllsta öryggi.

Engar rannsóknir hafa farið fram á því hvernig erlendum ættleiddum börnum vegnar hér á landi, hvernig þau aðlagast umhverfi sínu og upplifa tengslarof við heimaland sitt og uppruna. Samkvæmt erlendum rannsóknum sem nefndin kannaði og áliti sérfræðinga sem komu

á fund nefndarinnar er ljóst að ættleiðing kjörbarna frá öðrum löndum hefur í för með sér allmikið sálrænt álag fyrir þau sem þeim gengur misjafnlega að vinna úr. Rannsóknir hafa sýnt að líkur eru á því að börn samkynhneigðra foreldra verði fyrir ákveðnu félagslegu álagi, einkum á fyrri hluta unglingsára. Um leið draga þessar rannsóknir skýrt fram að öryggi og umhyggja sé það sem skipti sköpum fyrir hamingju þessara barna og að rætt sé opinskátt og feimnislaust um sérstöðu þeirra. Því þarf sérstaklega að gæta þess að foreldrar verði færir um að veita barninu umönnun og ástúð og að takast á við það álag sem ættleiðing frá framandi menningarsvæðum veldur börnum.

Á undanförnum tveimur áratugum hefur fjölgað verulega á Íslandi frumættleiðingum barna frá Asíulöndum en þessi ríki heimila ekki ættleiðingar til samkynhneigðra. Er því ljóst að samkynhneigðum pörum mundi við þessar aðstæður ekki nýtast sú leið sem ættleiðingarlög ráðgera, að erlend ættleiðing eigi sér stað fyrir milligöngu ættleiðingarfélags frá þeim ríkjum sem samvinna er við um ættleiðingar. Svíþjóð hefur nú eitt Norðurlandanna veitt samkynhneigðum fullan rétt til frumættleiðinga á börnum, erlendum sem innlendum, en lög þess efnis tóku gildi 1. febrúar 2002. Reynslan af þeirri löggjöf er lítil þar sem ekkert erlent ríki sem Svíar hafa samvinnu við heimilar ættleiðingu til samkynhneigðra en ekki finnast dæmi þess að erlent ríki hafi séð ástæðu til að útiloka samstarf um ættleiðingar til gagnkynhneigðra þar í landi.

Ekki verður séð að nægileg rök séu til að gera upp á milli samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hvað varðar rétt til ættleiðinga. Þá hefur það einnig þýðingu að afstaða samfélagsins til réttinda samkynhneigðra hefur á síðustu misserum færst í þessa átt.

Með frumvarpinu er því lagt til að frumættleiðingar íslenskra og erlendra barna verði heimilaðar jafnt gagnkynhneigðum og samkynhneigðum pörum í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð og að viðeigandi breytingar verði gerðar á ættleiðingalögum, nr. 130/1999, í þessu skyni. Jafnframt verði felld úr gildi 1. mgr. 6. gr. laga um staðfesta samvist sem mælir fyrir um takmarkaðan rétt samkynhneigðra til ættleiðinga.

Tæknifrjóvganir.

Nefnd um réttarstöðu samkynhneigðs fólks var ekki einhuga um það hvort rétt væri að heimila lesbískum pörum að gangast undir tæknifrjóvgun. Þrír nefndarmenn af sex töldu ekki rétt að ganga svo langt enda vægju þyngra hagsmunir barns af því að alast upp bæði með móður og föður. Aðrir þrír nefndarmenn lögðu hins vegar til að lesbískum pörum skyldi heimil aðstoð við tæknifrjóvgun á opinberum sjúkrastofnunum. Á meðan löngun til að eignast barn væri virt af löggjafanum og hún forsenda lagasetningar teldu þeir það stríða gegn jafnrétti að meina lesbískum pörum um rétt sem gagnkynhneigð pör nytu.

Við setningu laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, var byggt á því skilyrði að kona, sem undirgengist tæknifrjóvgunaraðgerð, væri í hjúskap eða sambúð með karli. Skilyrðin byggjast á því markmiði að tryggja, eftir því sem kostur er, hagsmuni barns sem fæðist eftir getnað með tæknifrjóvgun þegar aðrar leiðir hjóna eða karls og konu í sambúð til að eignast barn hafa brugðist. Hefur skilyrðið um að eingöngu gagnkynhneigð pör eigi aðgang að þessari meðferð byggst á því viðhorfi að tryggja þurfi þá hagsmuni barnsins að það alist upp með bæði föður og móður en að það sé ekki sjálfstæður réttur einstaklings að eignast barn. Með vísan til þessa sjónarmiðs var við setningu laganna ekki fallist á að tryggja bæri einhleypum konum eða lesbískum pörum rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði.

Réttur barna til að þekkja faðerni sitt er mikilvægur og undirstrikaður í barnalögum. Gagnkynhneigð pör hafa möguleika á aðstoð lækna til tæknifrjóvgunar með gjafasæði. Hér á Íslandi er það sótt til Danmerkur þar sem nafnleynd ríkir um sæðisgjafa og það þýðir að

börn, sem verða til á þennan hátt, geta ekki komist að faðerni sínu. Þó að nýjar tækniaðferðir við frjóvgun hafi á síðustu árum orðið til þess að gagnkynhneigð hjón og pör leiti sjaldnar nafnlauss gjafasæðis en áður, þá er leiðin þeim samt heimil og tíðkast hér á landi. Verður að telja eðlilegt að samkynhneigðir njóti sama réttar og gagnkynhneigðir hvað þetta varðar. Þá hefur það einnig þýðingu að afstaða samfélagsins til réttinda samkynhneigðra hefur á síðustu misserum færst í þessa átt.

Með frumvarpinu er því lagt til að lesbískum pörum verði heimil aðstoð við tæknifrjóvgun með sömu rökum og skilmálum og varða tæknifrjóvgun gagnkynhneigðra. Með brottfalli 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/1996 sem áður er minnst á er enn fremur undirstrikað að stofnun staðfestrar samvistar hefur sömu réttaráhrif og hjúskapur að þessu leyti.

Ákvörðun foreldris.

Þegar lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996, voru sett var ekki talin ástæða til gera breytingar á barnalögum varðandi réttarsamband barns sem kona í slíku sambandi eignast og samvistarmakans. Var raunar ákveðið með lögum nr. 52/2000 sem fyrr er getið að taka það sérstaklega fram að lagaákvæði, sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Var ákvæðinu ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu, t.d. varðandi feðrun barna. Hins vegar hefur það úrræði verið fyrir hendi eftir lagabreytingu með lögum nr. 52/2000 að einstaklingur hefur getað ættleitt barn samvistarmaka síns.

Með frumvarpinu er lagt til að þegar kona í staðfestri samvist eignast barn í kjölfar tæknifrjóvgunar teljist samvistar- eða sambúðarmaki hennar foreldri barnsins. Skilyrði er að móðirin lýsi því yfir að makinn sé foreldri barnsins og að sú síðarnefnda hafi samþykkt tæknifrjóvgunina samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun.

Þýðing þessarar breytingar verður sú að báðir foreldrar munu hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart barninu. Réttarstaða þeirra gagnvart barninu verður því sú sama og gagnkynhneigðs pars sem ákveður að grípa til tæknifrjóvgunar til að vinna bug á barnleysi.

Ekki eru lagðar til neinar breytingar á lögunum um tæknifrjóvgun hvað varðar rétt sæðisgjafa til nafnleyndar. Þess má geta að í Svíþjóð, þar sem lesbískum pörum var fyrr á þessu ári heimilað að gangast undir tæknifrjóvgun, er nafnlaus sæðisgjöf ekki heimil. Er það talið mikilvægt að barn eigi möguleika síðar meir að komast að því hver kynfaðirinn er jafnvel þótt ekki sé um neitt réttarsamband þeirra á milli að ræða. Á það hefur verið bent að hætt væri við að færri treystu sér til að gefa sæði ef nafnleynd væri ekki tryggð og er það meðal annars skýringin á því að slík leynd er leyfð í íslenskum rétti og rétti ýmissa annarra ríkja eins og Danmerkur og Noregs.

Nokkur lagatæknileg atriði.

Þótt frumvarp þetta verði að lögum er þó ekki þar með sagt að orðalag í löggjöfinni hafi alls staðar verið fært til samræmis við þá stefnumörkun sem fólst í setningu laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, og síðari löggjöf á því sviði. Til dæmis er enn víða í löggjöfinni talað um hjón sem vísar samkvæmt hefðbundinni orðanotkun eingöngu til karls og konu í hjúskap. Það ætti þó ekki að koma að sök því 5. gr. laga nr. 87/1996 er afdráttarlaus um það að staðfest samvist hafi að öllu leyti sömu réttaráhrif og hjúskapur með þeim fáu undantekningum sem greinir í 6. gr. sömu laga. Verður því ekki talin brýn þörf á að fara kerfisbundið yfir alla þá staði í löggjöfinni þar sem orðalag hefur ekki verið fært til fyllsta samræmis við hina nýju stefnumótun varðandi jafnan rétt allra óháð kynhneigð. Hugtakið hjón í lagatexta ber ætíð

að skýra svo að það taki bæði til karls og konu í hjúskap og tveggja einstaklinga í staðfestri samvist. Sama á við um hugtakið maki sem reyndar er einnig stundum notað í enn víðari merkingu og látið ná yfir þá sem eru í óvígðri sambúð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, að berum orðum verði kveðið á um heimild fólks í sambúð til að fá hana skráða í þjóðskrá. Er lagt til að nýrri málsgrein þessa efnis, sem verður 3. mgr., verði bætt við 7. gr. laga nr. 21/1990. Fram til þessa hefur sú heimild verið ólögfest. Jafnframt eru tekin af tvímæli um að tveir einstaklingar af sama kyni geti fengið slíka sambúð skráða. Hingað til hefur Þjóðskrá eingöngu skráð sambúð karls og konu. Með hugtakinu sambúð og orðalaginu „samvistir" er átt við sambúð sem jafna má að vissu marki til hjúskapar en ekki þau tilvik önnur þar sem tveir einstaklingar búa undir sama þaki. Ekki er ætlast til þess að af hálfu Þjóðskrár fari fram nein könnun á því hvernig sambandi einstaklinganna tveggja er háttað áður en skráning er heimiluð. Hins vegar er gert ráð fyrir að fram fari athugun á því hvort skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, 7.–12. gr., varðandi aldur, bann við nánum skyldleika og lok fyrri hjúskapar/staðfestrar samvistar, séu fyrir hendi.

Lagt er til að við ákvörðun þess tímamarks er skráð sambúð hefst verði miðað við þann dag er Þjóðskrá berst tilkynning þar að lútandi.

Þá er lagt til að lokamálsliður 1. mgr. 7. laga nr. 21/1990 falli brott en hann verður óþarfur eftir að ný 3. mgr. hefur bæst við.

Vert er að taka fram að ekki þykir ástæða til að geta þess sérstaklega í 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1990 að sama gildi um hjón og tvo einstaklinga í staðfestri samvist enda leiðir það af 5. gr. laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist.

Um 2.–13. gr.

Í 2.–13. gr. eru lagðar til orðalagsbreytingar á nokkrum lagaákvæðum þar sem sérstök réttaráhrif eru bundin við óvígða sambúð „karls og konu" til þess að taka af tvímæli um að ákvæðin eigi einnig við um óvígða sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni.

Húsaleigulög, nr. 36/1994, eru sérstök að því leyti að þau veita einnig öðrum sambúðarformum en hjúskap og óvígðri sambúð sömu réttarvernd, sbr. 3. gr. laganna. Er tillit tekið til þess í 6. gr. frumvarpsins þar sem talað er um „sambúð af öðru tagi". Ber að skýra það orðasamband eins og hugtakið „annað sambúðarform" í núgildandi ákvæði.

Lagt er til að skilgreining óvígðrar sambúðar sé samræmd þar sem það á við. Þannig sé það meginskilyrði að hún hafi verið skráð í þjóðskrá. Í því felst skv. 1. gr. frumvarpsins að viðkomandi einstaklingar hafi sama lögheimili, séu samvistum og uppfylli skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, sbr. einnig 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Að auki er það yfirleitt skilyrði að hin skráða sambúð hafi varað í tiltekinn tíma eða þá að viðkomandi eigi barn saman eða von á barni saman.

Ekki er talin þörf á að skilgreina sérstaklega í 13. gr. frumvarpsins hvað felist í óvígðri sambúð því þar er um það að ræða að sambúðarmaka sé getið í erfðaskrá. Má leggja það að jöfnu við skráningu í þjóðskrá.

Þá er rétt að benda á að í 5. mgr. 2. gr. ættleiðingarlaga, nr. 130/1999, verður áfram við það miðað að líta megi til annarra gagna en skráningar þegar meta skal hvort óvígð sambúð sé fyrir hendi. Helgast þessi sérregla af ótvíræðum hagsmunum barnsins. Sömu sjónarmið

eiga við um skilning hugtaksins óvígð sambúð í a-lið 1. mgr. 3. gr. laga um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum, er varða skilyrði fyrir því að staðfest samvist geti farið fram hér á landi. Samkvæmt lögunum um staðfesta samvist gilda um stofnun hennar, réttaráhrif og slit sömu reglur og eiga við um hjúskap nema annað sé tekið fram. Í 2. gr. laganna um staðfesta samvist kemur fram sérregla um skilyrði fyrir því að staðfest samvist geti farið fram hér á landi.

Upp hafa komið tilvik sem sýna að núverandi búsetuskilyrði laganna geta falið í sér óeðlilega hindrun þar sem annar eða báðir einstaklingar eru íslenskir eða norrænir ríkisborgarar. Þannig má til dæmis nefna að íslenskir námsmenn annars staðar á Norðurlöndum, sem eiga þá ekki fasta búsetu á Íslandi, hafa átt í erfiðleikum með að fá samvist sína staðfesta hér á landi. Þessi hindrun gildir jafnt þótt þeir eigi búsetu í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð og slíkt sambúðarform sé viðurkennt þar að lögum. Vilji þeir ganga í staðfesta samvist verður það að eiga sér stað í því ríki þar sem þeir eiga búsetu og þar sem slíkt sambúðarform er viðurkennt að lögum.

Lagt er til að búsetuskilyrðið verði fellt niður í a-lið 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1996. Fyrir vikið nægir að annar þeirra tveggja einstaklinga sem efna til staðfestrar samvistar sé íslenskur eða norrænn ríkisborgari. Enn fremur er dómsmálaráðherra samkvæmt núgildandi lögum heimilt að ákveða með reglugerð að ríkisborgarar fleiri ríkja njóti sama réttar að þessu leyti enda séu þar í gildi lög hliðstæð lögunum um staðfesta samvist.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 2. gr. laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, um það hverjir geta verið ættleiðendur, sem hafa það að markmiði að heimila einstaklingum í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð að ættleiða börn. Í stað hjóna eða karls og konu sem hafa verið í óvígðri sambúð komi hjón eða einstaklingar í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð og skilgreining á óvígðri sambúð verði víkkuð eins og lagt er til öðrum greinum frumvarpsins.

Um 17. gr.

Um a-lið. Með ákvæðinu er lögð til sú grundvallarbreyting að afnumið verði það skilyrði 3. gr. gildandi laga um tæknifrjóvgun að einungis gagnkynhneigð pör í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem staðið hefur samfellt í þrjú ár hið skemmsta, geti gengist undir tæknifrjóvgun. Með breytingunni er konu í staðfestri samvist eða í óvígðri sambúð með annarri konu sem staðið hefur í þrjú ár hið skemmsta gert kleift að gangast undir tæknifrjóvgun. Samkvæmt ákvæðinu gilda því sambærileg skilyrði um gagnkynhneigð pör og samkynhneigð pör hvað varðar hjónaband og staðfesta samvist eða óvígða sambúð sem staðið hefur í tiltekinn tíma.

Um b-lið. Samkvæmt d-lið 3. gr. gildandi laga er það eitt skilyrða þess að tæknifrjóvgun megi framkvæma að aðrar aðgerðir til að sigrast á ófrjósemi hafi brugðist eða séu ekki tiltækar. Þetta skilyrði á eðli málsins samkvæmt ekki við um samkynhneigðar konur. Í samræmi við það er lagt til að orðalag d-liðar verði á þann veg að ljóst sé að umrætt skilyrði eigi ekki við í slíkum tilfellum.

Um 18. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að orðalagi 5. gr. laganna sem fjallar um skilyrði tæknisæðingar með gjafasæði verði breytt á þann veg að hún taki samkvæmt efni sínu bæði til gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para. Lagt er til að við þau skilyrði núgildandi laga sem eiga eingöngu við um gagnkynhneigð pör bætist að tæknisæðingu megi framkvæma sé um að ræða konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu sem staðið hefur samfellt í þrjú ár hið skemmsta.

Um 19. gr.

Með ákvæðinu er orðalag 6. gr. laganna um glasafrjóvgun lagfært svo greinin eigi jafnt við um gagnkynhneigða í hjúskap eða óvígðri sambúð og konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu. Tekið er fram að heimilt sé að nota gjafasæði í síðarnefndu tilvikunum. Ákvæðið gerir því ráð fyrir að réttur kvenna í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð til að gangast undir glasafrjóvgun og til notkunar gjafakynfrumna sé sá sami og réttur gagnkynhneigðra í hjúskap og óvígðri sambúð.

Um 20. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að orðalagi 2. mgr. 9. gr. laganna um geymslu fósturvísa verði breytt á þann veg að hún taki samkvæmt efni sínu bæði til gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para.

Um 21. gr.

Lagt er til að orðalagi 4. mgr. 10. gr. laganna sem fjallar um þau tilvik þegar eyða þarf fósturvísi við slit hjónabands eða sambúðar eða kynfrumugjafi andast verði breytt á þann veg að ákvæðið taki samkvæmt orðanna hljóðan bæði til gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para.

Um 22. gr.

Hér er lögð til breyting á 1. gr. barnalaga. Af ákvæðinu leiðir að móður er ekki skylt að feðra barn sitt þótt feðrunarreglur 2. gr. eigi ekki við ef 2. mgr. 6. gr. á við um réttarstöðu barns.

Um 23. gr.

Í 3. gr. barnalaga er fjallað um það hvernig faðerni barns ákvarðast ef feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við. Nauðsynlegt þykir að taka fram til skýringar hvernig það ákvarðast hver telst foreldri barns þegar hvorki feðrunarreglur 2. gr. eiga við né aðrar feðrunarreglur barnalaga.

Um 24. gr.

Í a-lið er fjallað um réttarstöðu barns sem getið er við tæknifrjóvgun. Samkvæmt ákvæðinu telst kona, sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á samvistarmaka sínum eða sambúðarkonu samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, foreldri barns sem þannig er getið. Ekki er hægt að beita *pater est* reglunni sem slíkri í tilvikum eins og þessum – eðli málsins samkvæmt. *Pater est* reglan byggist á því að líkur séu á að eiginmaður móður sé faðir barns hennar en hægt er að fara í vefengingarmál ef staðreyndin er sú að annar maður er faðir barnsins. Þessi sjónarmið eiga ekki við um tvær konur. Gert er ráð fyrir að sams konar regla gildi við tæknifrjóvgun þegar tvær konur eiga í hlut og þegar um karl og konu er að ræða því

þegar eiginmaður móður eða sambúðarmaður samþykkir að fram fari tæknifrjóvgun á henni byggist faðerni barnsins ekki á *pater est* reglunni heldur sérákvæði 1. mgr. 6. gr. barnalaga.

Af ákvæðinu leiðir að almennar reglur um faðerni eiga við ef kona, í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, eignast barn sem ekki er getið við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun. Konan í sambandinu sem ekki elur barnið, þegar þannig stendur á, getur því ekki talist foreldri þess. Þá ber móðurinni að feðra barn sitt í samræmi við 1. gr. og maður sem telur sig föður barns þegar svona háttar til getur farið í faðernismál skv. 10. gr. Hafa ber á hinn bóginn í huga að maki móður getur óskað leyfis til ættleiðingar á barninu samkvæmt lögum um ættleiðingar og er ákvörðun um hvort ættleiðingarleyfi skuli gefið út tekin eftir því sem barni er fyrir bestu.

Lagt er til að sama leið verði farin hér á landi og í Svíþjóð, þ.e. að lagatextinn skilgreini konuna, sem ekki elur barnið, sem foreldri barns en ekki móður þess. Í 5. gr. gildandi laga er með skýrum hætti tekið fram að kona sem elur barn eftir tæknifrjóvgun telst móðir þess og ekki er ástæða til þess að hrófla við því. Bent er á að í barnalögum er að finna ákvæði sem skírskota til móður barns, þ.e. þeirrar konu sem elur barn, og gæti verið afar villandi að tilgreina að barn ætti tvær mæður. Enn fremur er vakin athygli á lögum um ríkisborgararétt en þar kemur fram í 1. gr. að barn öðlist íslenskt ríkisfang við fæðingu ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari. Orðið foreldri tekur yfir það réttarsamband sem orðin móðir og faðir fela í sér og því leikur enginn vafi á því hvað felst í þeirri réttarstöðu. Hafa verður í huga að sú skilgreining sem hér er lagt til að notuð verði hefur fyrst og fremst þann tilgang að skýra réttarstöðu barns að lögum og hefur lítið að segja þegar kemur að því hvernig barn ávarpar foreldra sína.

Um 25. gr.

Í 7. gr. gildandi barnalaga er lögð sú skylda á lækni eða ljósmóður sem tekur á móti barni að spyrja móður sem ekki er í hjúskap um faðerni barns. Reglan byggist á því að eiginmaður móður telst ávallt faðir barns hennar en ef móðir er á hinn bóginn í óvígðri sambúð þarf hún að lýsa tiltekinn mann föður barns svo hann verði skráður faðir þess í þjóðskrá. Ef móðir er hvorki í hjúskap né óvígðri sambúð þarf hún að lýsa mann föður barns og hann að viðurkenna faðernið í kjölfarið svo hann skráist faðir þess í þjóðskrá. Í a-lið er fjallað um hvernig mál horfir við ef móðir er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með konu. Eðli málsins samkvæmt gildir *pater est* reglan ekki og maki getur aðeins talist foreldri sé barnið getið við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun. Því er nauðsynlegt að móðir sé spurð út í þessi atriði og til þess að taka af öll tvímæli um réttarstöðu barnsins er tekið fram að kona verði ekki skráð foreldri nema 2. mgr. 6. gr. eigi við.

Um 26. gr.

Í I. kafla laganna er nú bæði fjallað um móðerni og faðerni barns en einnig um réttarstöðuna þegar tæknifrjóvgun fer fram á konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Kona sem samþykkir tæknifrjóvgun á maka sínum telst foreldri barns og því er rétt að breyta heiti kaflans.

Um 27. gr.

Hér er lögð til breyting á 10. gr. barnalaga sem skýrir sig að mestu sjálf. Samkvæmt gildandi lögum getur maður sem telur sig föður barns höfðað faðernismál ef barn er ófeðrað. Barn tveggja kvenna, sem getið er samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun, er eðli máls samkvæmt ófeðrað. Foreldri er í því tilfelli ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr. og eru hér tekin af öll tví-

mæli um að maður geti ekki höfðað faðernismál þegar svo háttar. Ef barnið er ekki getið undir þessum kringumstæðum er málshöfðunarheimildin á hinn bóginn fyrir hendi.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa

Um 29. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. 25. gr. gildandi barnalaga er að stofni til gamalt ákvæði sem afar sjaldan reynir á en við síðustu endurskoðun barnalaga var engu að síður ákveðið að halda ákvæðinu í lögum. Ákvæðið eins og það hljóðar nú er kynbundið en með breytingum á lögum um tæknifrjóvgun er ekki útilokað að sá möguleiki geti komið upp að rétt sé að úrskurða konu sem samþykkt hefur tæknifrjóvgun á maka sínum eða sambúðarkonu til greiðslu framlaga af því tagi sem 25. gr. tekur til og því eru lagðar til orðalagsbreytingar.

Um 30. og 31. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru afleiðing af þeirri breytingu sem felst í öðrum ákvæðum frumvarpsins að barn þurfi ekki alltaf að eiga bæði föður og móður heldur geti átt tvo foreldra af sama kyni.

Um 32. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á 1. mgr. 2. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, til þess að undirstrika að það falli undir markmið laganna að gera báðum foreldrum kleift að vera samvistum við nýfætt barn sitt hvort sem foreldrarnir eru gagnkynhneigðir eða samkynhneigðir.

Um 33.–36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar lagabreytingar með það að markmiði að afnema mismunun sem enn finnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra.

Ekki eru forsendur til að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins til fjár, en gera má ráð fyrir að þau geti einkum snert útgjöld til heilbrigðismála vegna tæknifrjóvgana, útgjöld vegna fæðingarorlofs, útgjöld almannatrygginga, lífeyrissjóða og félagsþjónustu sveitarfélaga, auk áhrifa á skatttekjur ríkissjóðs samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um erfðafjárskatt.

375. Fyrirspurn [341. mál]

til iðnaðarráðherra um Landsvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætluð þróun eigin fjár Landsvirkjunar næsta áratug, bæði í fjárhæð eigin fjár og sem hlutfall af eignum, miðað við þær ákvarðanir um framkvæmdir og sölu raforku sem þegar liggja fyrir?
2. Hver er áætluð þróun skulda fyrirtækisins næsta áratug og hvaða áhrif hefur hún á lánshæfismat þess?
3. Þarf að auka eigið fé fyrirtækisins á þessu tímabili og ef svo er, hve mikið?
4. Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar næsta áratug til viðbótar þeim sem þegar hafa verið ákveðnar og hver er áætlaður kostnaður við þær?
5. Hvert verður svarið við 1.–3. lið ef ráðist verður í þær framkvæmdir sem um er spurt í 4. lið fyrirspurnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

376. Frumvarp til laga [342. mál]

um umhverfismat áætlana.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana sem líklegar eru til að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
2. *Framkvæmdaáætlun:* Áætlun sem markar stefnu um tilteknar framkvæmdir á ákveðnu svæði.
3. *Skipulagsáætlun:* Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum er stefnt að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði og lýsir forsendum þeirra ákvarðana.
4. *Umhverfi:* Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.

5. *Umhverfisáhrif áætlana:* Áhrif af framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.
6. *Umhverfismat áætlana:* Mat á áhrifum áætlana á umhverfið, gerð umhverfisskýrslu, samráð og kynning fyrir almenningi á tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu og því hvernig höfð var hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum við afgreiðslu áætlunar.
7. *Umhverfisskýrsla:* Sá hluti gagna viðkomandi áætlunar þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar eins og mælt er fyrir um í 6. gr.

3. gr.

Hlutverk Skipulagsstofnunar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hlutverk Skipulagsstofnunar er:

a. að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu og taka ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga þessara um umhverfismat áætlana þegar vafi leikur á því,
b. að fylgjast með framkvæmd umhverfismats áætlana og taka saman skýrslu um framkvæmdina til umhverfisráðherra á fimm ára fresti með það að markmiði að tryggja gæði umhverfismats.

4. gr.

Skipulags- og framkvæmdaáætlanir.

Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Lög þessi gilda ekki um skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem gerðar eru í þeim eina tilgangi að þjóna öryggi eða vörnum ríkisins eða almannavörnum. Þá gilda lög þessi ekki um fjárhags- og fjárlagaáætlanir.

Ef vafi leikur á hvort skipulags- eða framkvæmdaáætlun sé háð ákvæðum laganna getur almenningur eða sá sem ber ábyrgð á áætlanagerð óskað eftir að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort áætlunin falli undir lög þessi. Skipulagsstofnun skal auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að ákvörðun liggi fyrir. Heimilt er að kæra slíkar ákvarðanir til umhverfisráðherra. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu tilkynningar um ákvörðun stofnunarinnar.

5. gr.

Ábyrgð og tímasetning.

Sá sem ábyrgð ber á áætlanagerð er fellur undir lög þessi ber ábyrgð á umhverfismati áætlunarinnar. Hann skal vinna umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á áhrifum áætlunar á umhverfið og annast kynningu og samráð í því skyni.

Mat á áhrifum áætlunarinnar á umhverfið skal vinna samhliða áætlanagerðinni og liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi eða lögð fyrir Alþingi.

6. gr.

Umhverfisskýrsla.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þá skal í umhverfisskýrslu koma fram að hve miklu leyti betur á við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á öðrum stigum áætlanagerðar til að forðast endurtekningar sams konar mats og beina mati að þeirri áætlanagerð þar sem raunhæfast er að fjalla um viðkomandi umhverfisáhrif.

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfisskýrslu sem verið getur hluti af greinargerð með áætluninni. Í umhverfisskýrslu skal gera grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslunni. Í umhverfisskýrslu skal koma fram:

a. yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
b. lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar,
c. lýsing á þeim umhverfisþáttum og einkennum sem eru líkleg til að verða fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
d. lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi,
e. upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar,
f. skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar,
g. upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
h. yfirlit yfir ástæður fyrir vali stefnu þar sem valkostir hafa verið bornir saman og lýsing á því hvernig umhverfismatið var unnið, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu, við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,
i. áætlun um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar,
j. samantekt staflíða a–i.

7. gr.

Kynning áætlunar og umhverfisskýrslu.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar skal kynna almenningi tillögu að áætluninni ásamt umhverfisskýrslu. Almenningi skal gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar, áður en áætlunin er afgreidd eða lögð fyrir Alþingi.

Heimilt er að víkja frá kynningartíma skv. 1 mgr. ef kveðið er á um annan kynningartíma lögum samkvæmt.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunarinnar skal senda Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum aðilum, eftir því sem við á, tillögu

að áætluninni og umhverfisskýrslu og gefa þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar, áður en áætlunin er afgreidd eða lögð fyrir Alþingi.

Að lágmarki skal kynning skv. 1. mgr. felast í auglýsingu í Lögbirtingablaði og einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu ásamt kynningu á netinu. Tillaga að áætlun og umhverfisskýrsla skulu jafnframt liggja frammi og vera aðgengileg, auk þess sem gögn sem áætlunin byggist á séu aðgengileg á netinu.

8. gr.

Umhverfisáhrif áætlana á önnur ríki.

Sé áætlun talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif á önnur ríki, eða ef annað ríki, sem telur sig líklegt til að verða fyrir verulegum áhrifum af áætlun sem unnið er að, fer fram á það skal umhverfisráðherra sjá til þess að kynna viðkomandi ríki tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar og leita eftir áliti þess innan hæfilegs frests.

9. gr.

Afgreiðsla áætlunar.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar skal við afgreiðslu áætlunar hafa hliðsjón af umhverfisskýrslu og þeim athugasemdum sem borist hafa við tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu, sem og ef borist hafa athugasemdir frá öðrum ríkjum vegna áhrifa þar.

Eftir afgreiðslu áætlunar skulu eftirtalin gögn kynnt þeim sem hafa fengið tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar og vera varðveitt á aðgengileg hátt:

a. Endanleg áætlun.
b. Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
c. Áætlun um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunarinnar.

10. gr.

Mat á vægi umhverfisáhrifa.

Við mat á því hvort umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana séu líkleg til að vera veruleg skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum:

a. Eiginleikum áætlunar, sérstaklega
   1. hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur fyrir tilteknum framkvæmdum, svo sem með stefnumiðum eða skilmálum um staðsetningu framkvæmda, eðli framkvæmda, stærð þeirra eða starfsemi eða um nýtingu tiltekinna auðlinda,
   2. hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur annarri áætlanagerð sem fylgir í kjölfar hennar,
   3. mikilvægi áætlunarinnar við að samþætta umhverfissjónarmið, sérstaklega með tilliti til sjálfbærrar þróunar,
   4. umhverfisvandamálum sem varða áætlunina,
   5. mikilvægi áætlunarinnar við að framfylgja stefnumörkun um umhverfismál.
b. Eiginleikum áhrifa og þeirra svæða sem verða fyrir áhrifum, sérstaklega varðandi
   1. líkur, tíðni og varanleika áhrifa,
   2. samlegð og sammögnun áhrifa,

3. hvort áhrifa gætir yfir landamæri,
4. hættur fyrir heilbrigði manna eða umhverfi, svo sem vegna slysa,
5. stærð og landfræðilegt umfang áhrifa, svo sem stærð landsvæðis og fjölda fólks sem er líklegt til að verða fyrir áhrifum,
6. gildi og eiginleika þess svæðis sem verður fyrir áhrifum vegna sérstaks náttúrufars eða menningarminja, vegna umhverfis- eða viðmiðunarmarka eða vegna umfangs landnýtingar,
7. áhrif á svæði eða landslag sem viðurkennt er að hafi verndargildi á landsvísu eða alþjóðavettvangi.

11. gr.

Reglugerð og leiðbeiningar.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um:

a. umfang, efni og framsetningu umhverfisskýrslu,
b. kynningu og afgreiðslu umhverfisskýrslu.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, m.a. um:

a. umfang og áherslur umhverfismats áætlana,
b. efni og framsetningu umhverfisskýrslu,
c. kynningu og samráð við umhverfismat áætlana,
d. viðmið við umhverfismat áætlana,
e. framsetningu vöktunaráætlunar.

12. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, sem vísað er til í lið 2i í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002.

13. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka einnig til þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana sem hafin er vinna við fyrir 21. júlí 2004 hljóti þær endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006.

Þegar sérstaklega stendur á er umhverfisráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. mgr. og skal sú ákvörðun þá kynnt almenningi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem skipaður var 6. desember 2002 til að undirbúa lögleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, sem felld var inn í XX. viðauka við EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002 25. júní 2002. Starfshópnum var jafnframt falið að taka saman yfirlit yfir þær áætlanir sem falla undir tilskipunina, hvaða stjórnvöld sinni þeim og á hvaða grundvelli.

Í starfshópnum áttu sæti Halldór Þorgeirsson, skrifstofustjóri, formaður, Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri, skipuð án tilnefningar, Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri, tilnefndur af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Kristján Andri Stefánsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af forsætisráðuneytinu, Guðjón Bragason, skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu, Guðríður M. Kristjánsdóttir, lögfræðingur, tilnefnd af sjávarútvegsráðuneytinu, Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af samgönguráðuneytinu, Níels Árni Lund, skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðuneytinu, og Hafdís Hafliðadóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með nefndinni störfuðu auk þess Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, aðstoðarskipulagsstjóri, Matthildur Kr. Elmarsdóttir, sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun, og Hrafn Hallgrímsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu. Halldór Þorgeirsson fór í leyfi frá starfi sínu í júní 2004 og tók þá Sigríður Auður Arnardóttir við formennsku í nefndinni.

II.

Markmið tilskipunar 2001/42/EB er að vernda umhverfið og stuðla að sjálfbærri þróun með því að láta fara fram umhverfismat við gerð áætlana sem eru líklegar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Í því skyni gerir tilskipunin ráð fyrir að áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið séu metin áður en þær eru afgreiddar og framkvæmdar.

Tilskipunin fjallar um hvaða áætlanir skuli háðar umhverfismati, hvaða sjónarmið skuli hafa til viðmiðunar við ákvörðun um umhverfismat áætlunar, um málsmeðferð og inntak umhverfismats. Málsmeðferð samkvæmt tilskipuninni felur í sér gerð umhverfisskýrslu, kynningu og álitsumleitan meðal stjórnvalda og almennings, ákvörðun þar sem höfð er hliðsjón af umhverfisskýrslu, athugasemdum stofnana og almennings, svo og kynningu á ákvörðuninni.

Tilskipunin tekur til skipulagsáætlana (e. plans) og framkvæmdaáætlana (e. programmes) sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu eða skipulag byggðaþróunar og landnotkunar. Jafnframt skulu áætlanirnar marka stefnu fyrir leyfisveitingar um framkvæmdir sem falla undir tilskipun um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 85/337/EB, sbr. breytingu á henni nr. 97/11/EB. Tilskipunin tekur til áætlana stjórnvalda sem eru undirbúnar eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar í samræmi við lög eða ákvörðun ráðherra.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglugerðir, settar á grundvelli þeirra, eru í samræmi við þær kröfur sem tilskipunin gerir. Auk þess gerir tilskipunin kröfur um umhverfismat fleiri áætlana en skipulagsáætlana sveitarfélaga og ítarlegri kröfur en fram koma í skipulags- og byggingarlögum.

III.

Ákvæði þessa frumvarps eiga við um alla áætlanagerð sem er háð umhverfismati. Þannig ber að umhverfismeta skipulagsáætlanir sveitarfélaga, þ.e. deiliskipulags-, aðalskipulags- og svæðisskipulagstillögur, og ýmsar aðrar áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun, svo sem samgönguáætlun og skógræktar- og landgræðsluáætlanir.

Nokkur munur er á umhverfismati áætlana samkvæmt frumvarpinu og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Það á við um nákvæmni matsins, málsmeðferð og afgreiðslu þess. Annars vegar kemur það til af því að um er að ræða almennar ákvarðanir um meginstefnu og hins vegar sértækar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir. Sem dæmi um hið fyrrnefnda eru samgönguáætlun og aðalskipulag sveitarfélags en um hið síðarnefnda einstakar vegaframkvæmdir.

Markmið umhverfismats á áætlunarstigi er að huga að umhverfisáhrifum á fyrri stigum ákvörðunartöku. Í umhverfismati áætlunar á einnig að felast mat á samlegðaráhrifum margra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti eða tiltekin svæði.

Umfang umhverfismats áætlunar ræðst af tvennu, annars vegar af umfangi þeirrar stefnu sem sett er fram í áætluninni og hins vegar af því hvaða þættir umhverfisins eru teknir til skoðunar. Þar sem stefnumörkun á áætlanastigi er yfirleitt almenns eðlis, samanborið við það sem á við um einstakar framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, verður að ganga út frá því að umhverfismat áætlana sé tiltölulega gróft mat, oft án þess að sérstakar rannsóknir á umhverfi og umhverfisáhrifum fari fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að markmið frumvarpsins verði að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum með því að tilteknar skipulags og framkvæmdaáætlanir, sem líklegar eru til að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið, verði háðar umhverfismati. Í 2. gr. er skilgreint hvað felist í umhverfismati áætlana.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til skilgreiningar nokkurra hugtaka sem hafa þýðingu við gerð og framkvæmd umhverfismats áætlana. Skilgreiningar á almenningi, umhverfismati áætlana og umhverfisskýrslu eru byggðar á sambærilegum skilgreiningum í tilskipun 2001/42/EB, sbr. 2. gr. hennar. Skilgreining á hugtakinu umhverfi er byggð á f-lið í I. viðauka við tilskipunina. Umhverfisáhrif áætlunar eru áhrif af framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og geta m.a. verið bein, óbein, samlegðaráhrif, sammögnuð, skammtíma, langtíma, tímabundin, varanleg, jákvæð eða neikvæð.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að skilgreint verði hlutverk Skipulagsstofnunar hvað varðar umhverfismat áætlana, en þar er um að ræða nýtt hlutverk stofnunarinnar. Skipulagsstofnun ber ekki ábyrgð á gerð umhverfismatsins, heldur er það í höndum þeirra sem ábyrgð bera á því hverju sinni. Hins vegar ber Skipulagsstofnun að gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana og tryggja þannig að það sé unnið með samræmdum hætti, svo sem um umfang og nákvæmni þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í umhverfisskýrslu. Þá er það hlutverk Skipulagsstofnunar að fylgjast með framkvæmd umhverfismats áætlana og gefa út skýrslur um hana. Ef vafi leikur á því hvort áætlun sé háð ákvæðum þessa frumvarps ber Skipulagsstofnun að taka ákvörðun um slíkt, sbr. 4. gr.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hvers konar áætlanir falla undir ákvæði frumvarpsins og beri því að fara í umhverfismat, en það eru skipulagsáætlanir (e. plans) og framkvæmdaáætlanir (e. programmes), en í samræmi við tilskipun 2001/42/EB er ekki gerð krafa um umhverfismat almennrar stefnumótunar (e. policies). Með skipulagsáætlunum er átt við áætlanir sem gera grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum stefnt er að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði. Framkvæmdaáætlanir eru áætlanir sem marka stefnu um tilteknar framkvæmdir á ákveðnu svæði.

Gert er ráð fyrir að skipulags- og framkvæmdaáætlanir þurfi að uppfylla tvö grunnskilyrði

til að falla undir kröfur frumvarpsins um umhverfismat sbr. 1. mgr., annars vegar að marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í tilskipun 2001/42/EB er þetta skilyrði nánar útfært með lista yfir tegundir áætlana sem ávallt skulu háðar umhverfismati, en það eru áætlanir sem fjalla um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu eða skipulag byggðaþróunar og landnotkunar. Hér er um að ræða flokkun á tegundum áætlana sem marka ramma fyrir viðkomandi framkvæmdir. Ekki er um að ræða áætlanir um fiskveiðar heldur fiskeldi enda er fiskeldi tilgreint í 1. tölul. 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Um tilgreiningu framkvæmda er vísað í tilskipuninni til tilskipunar 85/337/EBE, um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, en hún var innleidd í íslenskan rétt með lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, sbr. nú lög nr. 106/2000, og eru framkvæmdir sem undir hana falla tilgreindar í 1. og 2. viðauka við lögin. Hins vegar er það skilyrði gert að framangreindar áætlanir séu háðar undirbúningi og/eða samþykki stjórnvalda og unnar samkvæmt kröfu þar um í lögum eða reglugerðum eða á grundvelli ákvörðunar einstakra ráðherra um að vinna skuli að viðkomandi áætlun.

Orðasambandið „marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda“ er ekki skilgreint í tilskipun 2001/42/EB, en samkvæmt leiðbeiningum sem Evrópusambandið hefur gefið út um túlkun tilskipunarinnar frá 2003 (ISBN 92-894-6098-9) vísar orðasambandið almennt til skipulags- og framkvæmdaáætlana sem setja viðmið eða skilyrði sem eru leiðbeinandi eða sem leggja skal til grundvallar við leyfisveitingar til framkvæmda. Það getur varðað viðmið eða skilyrði sem setja takmarkanir á hvers konar starfsemi eða að framkvæmdir séu heimilar á tilteknu svæði, sem umsækjandi um leyfi þarf að uppfylla til að leyfi sé veitt, eða sem eru sett í þeim tilgangi að viðhalda tilteknum einkennum á viðkomandi svæði.

Sem dæmi um áætlanir sem unnar hafa verið og teldust vera skipulags- og framkvæmdaáætlanir í þessum skilningi eru:

a. Landgræðsluáætlun, sbr. þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003–2014, en hún var samþykkt á Alþingi 30. apríl 2002. Samkvæmt athugasemdum við tillögu til þingsályktunarinnar er hlutverk landgræðsluáætlunar að móta ramma um landbætur og verndun landkosta og marka áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun.
b. Áætlanir um landshlutabundin skógræktarverkefni, sbr. 2. og 4. gr. laga um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, 3. gr. laga um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, og 3. gr. laga um Héraðsskóga, nr. 32/1991, sbr. þingsályktun um skógrækt 2004–2008 sem samþykkt var á Alþingi 15. mars 2003. Stjórnir landshlutabundinna skógræktarverkefna skulu gera sérstaka landshlutaáætlun til 40 ára um ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á tilteknu flatarmáli lands í viðkomandi landshluta.
c. Í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, eru tilteknar virkjanir sem Alþingi veitir ríkisstjórn eða iðnaðarráðherra heimild til að samþykkja og veita leyfi fyrir.
d. Samgönguáætlun, sbr. 2. gr. laga um samgönguáætlun, nr. 71/2002, sbr. einnig 4. gr. sömu laga. Á grundvelli framangreindra laga var samþykkt á Alþingi 13. mars 2003 þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014. Samgönguráðherra leggur tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir Alþingi. Í samgönguáætlun, sem er til tólf ára, skal m.a. skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna, gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu og marka stefnu fyrir

allar greinar samgangna. Samgönguráðherra leggur einnig fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar sem tekur til nánari sundurliðunar hennar og er hún hluti af tólf ára áætluninni. Í fjögurra ára áætluninni skal m.a. gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Hún fellur því ekki undir að vera skipulags- og framkvæmdaáætlun nema um það væri að ræða að í henni væru teknar ákvarðanir sem breyttu stefnumótun tólf ára samgönguáætlunar.

e. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga, þ.e. svæðis-, aðal- og deiliskipulag.

f. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun, sbr. 7. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999. Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 var samþykkt á Alþingi 3. maí 2002. Iðnaðarráðherra leggur tillögu til þingsályktunar um áætlunina fyrir Alþingi. Hún skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

g. Raforkuskýrsla, sbr. 39. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þar sem mælt er fyrir um að ráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um raforkumálefni en í henni á m.a. fjalla um þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

Sú áætlanagerð sem tilgreind er í 1. mgr. er ávallt háð umhverfismati. Tilskipun 2001/42/EB gefur kost á að einstök ríki lögleiði tilskipunina með þeim hætti að þær áætlanir sem eingöngu taka til lítilla landsvæða eða fela í sér óverulegar breytingar frá eldri áætlunum séu ekki ávallt háðar umhverfismati, heldur sé tekin ákvörðun um það í hverju tilviki fyrir sig hvort slík áætlun skuli háð umhverfismati. Hér á landi gætu þau ákvæði væntanlega fyrst og fremst varðað deiliskipulagsáætlanir, auk óverulegra breytinga á aðalskipulagsáætlunum. Sú leið að taka ákvörðun um það í hvert skipti hvort slíkar áætlanir yrðu umhverfismetnar mundi kalla á svipaða málsmeðferð og nú gildir um tilkynningarskyldar framkvæmdir, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, fyrir allar áætlanir sem falla undir 1. mgr. 4. gr. og sem taka til lítilla landsvæða eða fela í sér óverulegar breytingar frá gildandi áætlunum. Ekki þykir æskilegt að lögleiða tilskipunina með þeim hætti. Í stað þess verði, eftir því sem efni og umfang skipulagstillögunnar gefur tilefni til, gerð grein fyrir umhverfisáhrifum hennar í þeirri skipulagstillögu sem hlýtur kynningu og umfjöllun í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Umfang umhverfismats mun ávallt fara eftir eðli og umfangi þeirrar áætlunar sem í hlut á og því eiga kröfur um umhverfismat áætlana sem taka til lítilla landsvæða eða fela í sér óverulegar breytingar ekki að vera verulega íþyngjandi fyrir þann sem að viðkomandi áætlanagerð stendur. Því er lagt til að öll áætlanagerð sem tilgreind er í 1. mgr. 4. gr. sé háð umhverfismati, óháð umfangi og stærð skipulagssvæðis.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði laganna um umhverfismat áætlana taki ekki til áætlana um sem gerðar eru í þeim eina tilgangi að þjóna öryggi og vörnum ríkisins eða almannavörnum. Sama gildir um og fjárhags- og fjárlagaáætlanir, svo sem fjárlög ríkisins, fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og aðra slíka áætlanagerð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef vafi leikur á um hvort tiltekin áætlanagerð sé háð ákvæðum 4. gr. um umhverfismat sé unnt að óska eftir að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort áætlunin falli undir lögin. Slík beiðni getur komið frá þeim aðila sem stendur að viðkomandi áætlanagerð eða almenningi. Við ákvörðun um það hvort áætlun sé háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af þeim viðmiðum sem skilgreind eru í 10. gr., auk þeirra skilyrða sem sett eru í 1. mgr. þessa ákvæði. Slíkar ákvarðanir eru kæranlegar til ráðherra og er kærufrestur einn mánuður frá því ákvörðun var tilkynnt.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um hver ber ábyrgð á gerð umhverfismats áætlana og hvenær í vinnsluferli áætlunar unnið skal að umhverfismati. Sá sem ber ábyrgð á viðkomandi áætlanagerð er fellur undir frumvarpið ber jafnframt ábyrgð á umhverfismati hennar, þ.e. að umhverfismat áætlunarinnar falli inn í og sé hluti af vinnsluferli viðkomandi áætlunar. Þannig ber t.d. samgönguráðherra og eftir atvikum undirstofnanir samgönguráðuneytisins ábyrgð á umhverfismati samgönguáætlunar.

Í 2. mgr. kemur fram skilyrði um tímasetningu umhverfismats en lagt er til að það skuli liggja fyrir áður en áætlunin er endanlega samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi eða áður en hún er lögð fram á Alþingi. Skilyrði um tímasetningu matsins felur jafnframt í sér að unnt eigi að vera að taka tillit til niðurstaðna umhverfismats í endanlegri áætlun.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um hvað koma þurfi fram í umhverfisskýrslu, þ.e. þeirri skýrslu þar sem umhverfismat áætlunar er sett fram. Við framsetningu áætlunar hverju sinni þarf sá sem ábyrgð ber á áætlanagerðinni að taka afstöðu til þess hvort og að hve miklu leyti ástæða er til að setja umhverfismat áætlunarinnar fram í sérstakri umhverfisskýrslu eða hvort æskilegra er talið að fjalla um umhverfismatið í sjálfri áætluninni, en það er ábyrgðaraðili áætlunarinnar sem metur slíkt. Gögn áætlunarinnar þurfa þó ávallt að lágmarki að innihalda þau efnisatriði sem tilgreind eru í stafliðum a–j í 2. mgr. Þessi efnisatriði byggjast á a–j-lið I. viðauka tilskipunar 2001/42/EB. Skipulagsstofnun ber að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd umhverfismats, sbr. 11. gr. þar sem útfærðir verða nánar stafliðir a–j.

Sá aðili sem ábyrgð ber á gerð áætlunar ákveður umfang og áherslur umhverfismats og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu og skal hann hafa samráð við Skipulagsstofnun um það snemma í vinnsluferli viðkomandi áætlunar. Skipulagsstofnun leitar eftir atvikum eftir afstöðu annarra aðila, svo sem Umhverfisstofnunar, áður en hún lætur í ljós álit á því hvert umfang og nákvæmni umhverfismats þurfi að vera.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um kynningu áætlunar og umhverfisskýrslu. Sá aðili sem ábyrgð ber á gerð áætlunar skal kynna tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu opinberlega og er lagt til að kynningartími sé sex vikur. Það skal gert áður en áætlunin er endanlega afgreidd eða lögð fyrir Alþingi.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til að víkja frá sex vikna kynningartíma skv. 1. mgr. sé um það að ræða að kynningartími sé annar lögum samkvæmt. Þetta á nú við um kynningu á óverulegum breytingum á svæðis-, aðalskipulags- og deiliskipulagsáætlunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Þannig eru óverulegar breytingar á deiliskipulagi grenndarkynntar í allt að fjórar vikur, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, óverulegar breytingar á aðalskipulagi eru kynntar með þriggja vikna athugasemdafresti, sbr. 2. mgr. 21. gr. sömu laga og óverulegar breytingar á svæðisskipulagi eru kynntar án sérstaks tilgreinds athugasemdafrests, sbr. 2. mgr. 14. gr laganna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að auk opinberrar kynningar fyrir almenningi skuli sá aðili sem ábyrgð ber á gerð áætlunar kynna Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu og gefa þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Kynna skal öðrum framangreint eftir atvikum, eftir eðli þeirrar stefnu sem í hlut á og þess svæðis sem áætlunin varðar. Í tilviki skipulagsáætlana sem unnar eru á grundvelli skipulags- og byggingarlaga færi slík kynning fram fyrir Skipulagsstofnun,

Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögunum, sem hluti af kynningu viðkomandi skipulagstillagna fyrir umræddum aðilum í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Kynningarferlið félli þannig saman við þá kynningu sem nú þegar er gerð samkvæmt framangreindum lögum.

Í 4. mgr. er lagt til að sá aðili sem ábyrgð ber á gerð áætlunar skuli auglýsa tillöguna og umhverfisskýrslu að lágmarki í Lögbirtingablaðinu, í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu og jafnframt að kynna hana á netinu. Tillaga að áætlun og umhverfisskýrsla skulu liggja frammi til kynningar í að minnsta kosti sex vikur þannig að almenningi gefist kostur á að kynna sér tillögu og umhverfisskýrslu og koma á framfæri athugasemdum áður en áætlunin er endanlega afgreidd eða lögð fyrir Alþingi. Tillagan og umhverfisskýrsla skulu liggja frammi og vera aðgengilegar, auk þess sem gögn sem áætlunin byggist á séu aðgengileg á netinu.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umhverfismat áætlana sem taldar eru kunna hafa áhrif á önnur ríki. Sé áætlun talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif á önnur ríki, eða ef annað ríki, sem telur sig líklegt til að verða fyrir verulegum áhrifum af áætlun sem unnið er að, fer fram á það skal umhverfisráðherra sjá til þess að kynna viðkomandi ríki tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar og leita eftir áliti þess innan hæfilegs frests.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um afgreiðslu þeirra áætlana sem háðar eru umhverfismati. Gerðar eru þær kröfur til þeirra sem afgreiða áætlanir að höfð sé hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem borist hafa við kynningu tillögunnar og umhverfisskýrslu og varða umhverfismat áætlunar. Sama á við ef borist hafa athugasemdir frá öðrum ríkjum, í þeim tilvikum sem áætlun er talin kunna hafa veruleg umhverfisáhrif yfir landamæri, sbr. 8. gr. Þegar áætlanir eru lagðar fram á Alþingi sem frumvörp eða tillögur til þingsályktunar fer kynning áætlunarinnar fram á vegum þess sem ábyrgð ber á áætluninni, áður en hún er lögð fram á Alþingi. Þannig tæki sá aðili saman greinargerð um innkomnar athugasemdir og afstöðu hans til þeirra.

Í 2. mgr. er sett sú skylda á það stjórnvald sem afgreiðir áætlun endanlega að það kynni þeim sem hafa fengið tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar, sbr. 3. mgr. 7. gr., þau gögn sem talin eru upp í greininni og sjái jafnframt til þess að þau séu aðgengileg almenningi.

Um 10. gr.

Í greininni er settur fram listi viðmiða fyrir mat á vægi umhverfisáhrifa. Viðmiðalistinn er hliðstæður samsvarandi lista í II. viðauka tilskipunar 2001/42/EB. Þau viðmið sem fram koma í greininni skal leggja til grundvallar, annars vegar ef taka þarf afstöðu til þess hvort tiltekin áætlun falli undir ákvæði frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 4. gr., og hins vegar þegar lagt er mat á umhverfisáhrif tiltekinnar áætlunar.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd laganna að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Jafnframt er lagt til að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, um þá þætti sem tilgreindir eru í ákvæðinu.

Um 12. gr.

Sjá almennar athugasemdir hér að framan.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistöku laganna og um gildi laganna gagnvart þeirri áætlanagerð sem hafin er vinna við fyrir 21. júlí 2004 ef áætlanir hljóta ekki endanlega afgreiðslu fyrr en eftir 21. júlí 2006. Ákvæðinu er ætlað að innleiða ákvæði 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 2001/42/EB.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat áætlana.

Í frumvarpinu er lagt til að skipulags- og framkvæmdaáætlanir séu metnar með tilliti til áhrifa á umhverfið áður en þær eru afgreiddar og framkvæmdir hafnar.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram hvaða áætlanir á vegum opinberra aðila skuli vera matsskyldar. Í athugasemdum við frumvarpið eru taldar upp áætlanir um landbúnað, skógrækt, fiskeldi, orkumál, iðnað, samgöngur, meðhöndlun úrgangs, vatnsnýtingu, fjarskipti, ferðaþjónustu eða skipulag byggðaþróunar og landnotkunar. Ekki skal meta áætlanir sem gerðar eru í þeim eina tilgangi að þjóna öryggi eða vörnum ríkisins eða almannavörnum og ekki heldur fjárhags- og fjárlagaáætlanir.

Við gerð þessa kostnaðarmats liggja ekki fyrir upplýsingar um umfang og gæði þeirra áætlana sem munu koma til mats eða hversu viðamikið og nákvæmt matið þarf að vera. Kostnaður við matið mun ráðast meðal annars af því hversu vandaðar áætlanirnar eru þegar þær koma til mats. Almennt eru formlegar kröfur til efnis og meðferðar áætlana sem unnar eru á vegum ríkisins minni en þær sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Umhverfisráðuneytið slær lauslega á að kostnaður við mat á einstakri áætlun geti numið 10–20% af kostnaði við gerð áætlunar og telur Skipulagsstofnun að reikna megi með því að árlega þurfi að meta 1–2 áætlanir sem ríkið stendur fyrir. Samkvæmt upplýsingum samgönguráðuneytisins er talið að kostnaður við að meta tólf ára samgönguáætlun með tilliti til áhrifa á umhverfið yrði í kringum 40 m.kr. eða um það bil 13% af kostnaði við gerð áætlunarinnar. Lög kveða á um að gerðar séu fjögurra ára áætlanir innan ramma samgönguáætlunarinnar og er í umsögn þessari miðað við að þær feli ekki í sér nýjar matsskyldar framkvæmdir nema í undantekningartilvikum. Að teknu tilliti til annarra áætlana á vegum ríkisins sem koma til mats gæti kostnaður við matið numið upp undir 7 m.kr. á ári til jafnaðar.

Samkvæmt frumvarpinu verður Skipulagsstofnun falið að veita leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, fylgjast með því hvernig umhverfismatið er framkvæmt og gefa umhverfisráðherra skýrslu um þetta á fimm ára fresti. Stofnunin hefur tekið þátt í undirbúningi frumvarpsins og nýtist sú vinna við gerð, útgáfu og kynningu leiðbeininga sem áætlað er að kosti 2–4 m.kr. Talið er að kostnaður við samráð, umsagnir og skýrslugerð geti numið að jafnaði 1–2 m.kr. á ári. Að hluta til falla þessi verkefni ágætlega að núverandi verkefnum stofnunarinnar og færu fram samhliða þeim.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er sú að útgjöld ríkis vegna framkvæmdaáætlana aukist

um 10–20% og geti numið nálægt 7 m.kr. á ári til jafnaðar. Útgjaldaauki Skipulagsstofnunar verður 2–4 m.kr. í upphafi vegna útgáfu leiðbeininga en 1–2 m.kr. á ári eftir það.

377. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á eftir orðunum „reiknuð út“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: að teknu tilliti til tekjumöguleika þeirra og nýtingar tekjustofna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII við lögin:

a. Lokamálsliður 3. tölul. orðast svo: Samkomulag þetta gildir til og með árinu 2009.
b. Við bætist nýr töluliður er orðast svo: Ráðgjafarnefnd varasjóðsins verði heimilt á árunum 2005, 2006 og 2007 að nýta 280 milljónir króna á ári af fjármunum skv. 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. til verkefna skv. 1. og 2. tölul. sömu málsgreinar. Einnig verði varasjóðnum heimilt að nýta hluta þessara fjármuna til að aðstoða við úreldingu íbúða í eigu sveitarfélaga, á grundvelli reglugerðar sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn Íbúðalánasjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Framlög til sveitarfélaga skv. b-lið 2. gr. sem koma eiga til greiðslu árið 2005 skulu greidd til sveitarfélaga svo fljótt sem unnt er.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er í samræmi við 3. lið tillagna nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga til félagsmálaráðherra þann 17. mars 2005. Í nefndinni sátu Guðjón Bragason, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem var formaður, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, Svanhvít Jakobsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Ólafur Hjálmarsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Í 3. lið tillagna nefndarinnar segir: „Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og söluframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007.“ Einnig er gert ráð fyrir því í tillögum tekjustofnanefndar að rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VIII við lögin verði framlengt um þrjú ár, eða til og með árinu 2009, og er vísað til þess í 2. gr. frumvarpsins. Um útfærslu segir í tillögum nefndarinnar að fjármögnun komi af höfuðstól varasjóðs viðbótarlána og verði til viðbótar framlögum samkvæmt gildandi samkomulagi um varasjóðs húsnæðismála sem verður framlengt um þrjú ár. Þessi breyting felur því ekki í sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Framlenging rammasamkomulags felur hins vegar í sér að ríkissjóður greiði 60 milljónir króna á ári til varasjóðs húsnæðismála.

Kostnaðaraukning vegna þessa fyrir ríkissjóð nemur alls 180 milljónum króna á þessu tímabili.

Samkvæmt 45. gr. laganna skal varasjóður viðbótarlána bæta „einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán". Í varasjóði viðbótarlána voru um síðustu áramót samkvæmt ársreikningi varasjóðs húsnæðismála 1.302 milljónir króna sem stóðu til tryggingar 12.474 viðbótarlánum að fjárhæð 20.989 milljónir króna eða 6,20%. Þann 30. september sl. hafði þetta hlutfall hækkað í 9–10%, að teknu tilliti til vaxtatekna ársins og tapaðra viðbótarlána á árinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér breytingu á útreikningi rekstrarframlaga til sveitarfélaga vegna hallareksturs á félagslega íbúðakerfinu. Gert er ráð fyrir að komið geti til skerðingar framlaga til sveitarfélaga sem eru tekjuhá og fullnýta ekki tekjustofna sína. Gert er ráð fyrir að settar verði um þá skerðingu reglur er svipar til úthlutunarreglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og reglna sem settar hafa verið um framlög til sveitarfélaga vegna íbúafækkunar.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir því í tillögum tekjustofnanefndar frá mars 2005 að rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga sem vísað er til í ákvæði til bráðabirgða VIII við lögin verði framlengt um þrjú ár, eða til og með árinu 2009. Framlengingin felur í sér að ríkissjóður greiði 60 milljónir króna á ári til varasjóðs húsnæðismála. Kostnaðaraukning vegna þessa fyrir ríkissjóð nemur alls 180 milljónum króna.

Í tillögum tekjustofnanefndar er einnig lagt til að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði heimilað að ganga á eigið fé varasjóðs viðbótarlána til að taka á vanda félagslega húsnæðiskerfisins. Gert er ráð fyrir því að hækka rekstrarframlög til sveitarfélaga sem glíma við hallarekstur á félagslegum íbúðum í þeirra eigu eða félaga sem þau hafa stofnað um þann rekstur. Einnig fái sveitarfélög aðstoð við að fækka þessum íbúðum með því að selja þær á almennum markaði eða rífa þær íbúðir sem ekki er unnt að selja eða gera við vegna slæms ástands þeirra.

Samkvæmt úttekt ParX viðskiptaráðgjafar, sem unnin var fyrir varasjóð húsnæðismála fyrr á þessu ári og miðast við síðastliðin áramót, er eiginfjárstaða varasjóðs viðbótarlána mjög sterk. Eigið fé sjóðsins er byggt upp með framlögum frá sveitarfélögum sem ætlað er að standa undir áhættu við veitingu viðbótarlána. Hætt var að veita viðbótarlán í árslok 2004 og hafa skuldbindingar sjóðsins minnkað ört undanfarið vegna uppgreiðslna.

Í samantekt ParX viðskiptaráðgjafar um nauðsynlega eiginfjárstöðu vegna viðbótarlána segir eftirfarandi (bls.13):

> „ ... ef gert er ráð fyrir því að eiginfjárhlutfallið sé 4,0%, þ.e. jafnt eiginfjárkröfu á fjármálafyrirtæki og því hlutfalli sem sveitarfélögin greiddu í sjóðinn við lánveitingar eftir breytingar árið 2003, þá þarf eigið fé að vera um 839 milljónir króna miðað við lifandi lán í árslok 2004.
>
> Svo sem fyrr segir er eigið fé Íbúðalánasjóðs um 2,5%. Ef miðað er við sama fyrir varasjóðinn að þá mætti lækka eigið fé sjóðsins niður í um 525 milljónir króna. Taka

má tillit til þess að áhættan er meiri utan höfuðborgarsvæðisins með því að gera hærri kröfu vegna þeirra íbúða t.d. 4,0% eiginfjárhlutfall vegna íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Við þær aðstæður þyrfti eigið fé sjóðsins að vera um 620 milljónir króna sem samsvarar um 3,0% eiginfjárhlutfalli fyrir sjóðinn í heild.

Þar sem vanskil vegna viðbótarlána eru nokkru meiri en annarra lána hjá Íbúðalánasjóði er ekki óeðlilegt að varlega sé farið í að lækka eigið fé varasjóðsins. Vegna uppgreiðslna benda þó ofangreind viðmið til þess að óhætt sé að lækka eiginfjárstöðu sjóðsins úr 1,3 milljörðum króna í 0,8 milljarða króna og við frekari lækkun eigin fjár verði litið til uppgreiðslna viðbótarlána, þannig að eigið fé verði ætíð 3,0–4,0% af lifandi lánum hverju sinni.“

Í forsendum ParX viðskiptaráðgjafar er miðað við tölur frá 31. desember 2004. Þá voru í varasjóði viðbótarlána samkvæmt ársreikningi varasjóðs húsnæðismála 1.302 milljónir króna sem stóðu til tryggingar 12.474 viðbótarlánum að fjárhæð 20.989 milljónir króna eða 6,20% af uppreiknuðum eftirstöðvum allra viðbótarlána. Þann 30. september 2005 hafði viðbótarlánum fækkað niður í 7.159 að fjárhæð 13.926,5 milljónir króna. Sjóðurinn stendur því nú undir á milli 9 og 10% af uppreiknuðum eftirstöðvum allra viðbótarlána, að teknu tilliti til vaxtatekna ársins og tapaðra viðbótarlána á árinu. Uppgreiðsluhlutfall allra útgefinna lána hafði á árinu aukist frá áramótum úr 20,02% í 47,37%.

Miðað við forsendur ParX viðskiptaráðgjafar um 3–4% eiginfjárhlutfall varasjóðs viðbótarlána hefði eigið fé sjóðsins þurft að vera 418–557 milljónir króna þann 30. september sl. en þá var eigið fé um 1.300 milljónir króna. Þessi þörf mun halda áfram að lækka ef uppgreiðslur viðbótarlána halda áfram eins og verið hefur. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að teknar verði 840 milljónir króna af eigin fé sjóðsins þannig að eftir mundu standa um 460 milljónir króna til að standa undir skuldbindingum sjóðsins.

Fylgiskjal I.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnarmála:

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 30. júní 2004.)

Frumvarpið er í samræmi við 3. lið tillagna nefndar um endurskoðun tekjustofna frá 17. mars 2005. Í því er gert ráð fyrir að rágjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði heimilt á árunum 2005–2007 að nýta 280 m.kr. á ári af eigin fé varasjóðs viðbótarlána til annarra verkefna sjóðsins. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að rammasamkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gildir árin 2002–2006 verði framlengt um þrjú ár eða til ársins 2009 en samkvæmt því greiða sveitarfélögin alls 20 m.kr. til varasjóðs húsnæðismála vegna tiltekinna verkefna.

Varasjóður viðbótarlána er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga og sú ráðstöfun sem lýst er í frumvarpinu er að öllu leyti í þágu sveitarfélaga. Heildarkostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum eru því engin vegna þessara breytinga.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frumvarpið er í samræmi við 3. lið tillagna nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga til félagsmálaráðherra 17. mars 2005. Annars vegar er lagt til að ráðgjafarnefnd sjóðsins verði heimilt á árunum 2005–2007 að nýta 280 m.kr. á ári af varasjóði viðbótarlána til annarra tiltekinna verkefna sjóðsins. Varasjóður viðbótarlána er í eign og á ábyrgð sveitarfélaga. Hins vegar er gert ráð fyrir að sérstakt rammasamkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að ríkið leggi fram 60 m.kr. á ári til tiltekins verkefnis varasjóðs húsnæðismála sem gildir árin 2002–2006 verði framlengt um þrjú ár eða til 2009.

Verði frumvarpið að lögum lengist gildistími framangreins samkomulags um þrjú ár en árlegt framlag ríkisins vegna þess nemur 60 m.kr. á ári eða alls 180 m.kr. á gildistíma þess.

378. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta, þó ekki ákvæðum varðandi ábyrgðartryggingar í 46. gr., þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

a. umfang rekstraraðilans við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum,
b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
c. vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
d. vátryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.

2. gr.

Í stað orðsins „líftryggingum“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: hreinum áhættulíftryggingum.

3. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Í öðrum persónutryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.

4. gr.

1. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo: Vátryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát vátryggingartaka, rennur til maka hans, hvort sem viðkomandi var í hjúskap eða staðfestri samvist.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „93. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 120. gr. laganna kemur: 94. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um vátryggingarsamninga var samþykkt á 130. löggjafarþingi og birt sem lög nr. 30/2004. Koma lögin til framkvæmda 1. janúar 2006. Fyrir liggur að gera þarf nokkrar breytingar á lögunum og er brýnt að þær nái fram að ganga áður en lögin koma til framkvæmda í byrjun næsta árs. Um er að ræða leiðréttingar á tilvísunum milli ákvæða (3. gr. og 120. gr.), efnisbreytingar á ákvæðum í því skyni að gera skýrari greinarmun á milli svonefndra heilsutrygginga án uppsagnarréttar (sjúkdómatrygginga) annars vegar og hreinna áhættulíftrygginga hins vegar (85. gr. og 86. gr.) og loks áréttingu um rétt eftirlifandi maka til greiðslu vátryggingarfjárhæðar (100. gr.).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er tekin upp tilvísun í 2. mgr. 3. gr. til 46. gr. laganna. Að auki er orðalagi ákvæðisins breytt lítillega til að skýra frekar að hvaða marki 46. gr. laganna hefur hér þýðingu. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 var í 2. mgr. 3. gr. vísað til 46. gr. Við þinglega meðferð frumvarpsins voru nokkrar breytingar gerðar á 3. gr. og féll þá niður tilvísunin til 46. gr. Hefur brottfall þetta valdið óvissu um gildissvið hinna ófrávíkjanlegu ákvæða og er girt fyrir allan vafa með því að setja tilvísunina aftur inn.

Um 2. og 3. gr.

Með 2. gr. er kveðið á um að takmörkun á rétti vátryggingafélags til að bera fyrir sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt skv. 2. mgr. 85. gr. sé bundin við hreinar áhættulíftryggingar.

Með 3. gr. er vátryggingafélagi í vátryggingarskilmálum persónutrygginga heimilt að gera fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir tiltekið tímamark. Sé um að ræða hreina áhættulíftryggingu er slíkur fyrirvari þó óheimill.

Rétt þykir hér að fara nokkrum orðum um nauðsyn gleggri greinarmunar á heilsutryggingum án uppsagnarréttar (sjúkdómatryggingum) og áhættulíftryggingum.

Í 2. mgr. 61. gr. laganna segir að þegar rætt sé um líftryggingu í II. hluta laganna sé einnig átt við heilsutryggingu án uppsagnarréttar nema annað sé tekið fram. Vegna vandamála sem upp hafa komið, m.a. í tengslum við öflun endurtryggingarverndar, er nú talið nauðsynlegt að víkja frá þessari meginreglu víðar en lögin gera nú. Á það við um 85. og 86. gr. laganna.

Í 1. málsl. 2. mgr. 85. gr. laganna segir: „Í líftryggingum getur félagið aðeins borið fyrir sig að upplýsingaskyldu hafi ekki verið fullnægt ef vátryggingaratburður hefur orðið eða félagið hefur veitt viðvörun skv. 94. gr. innan tveggja ára frá því að ábyrgð þess hófst.“ Lagt

er til að í stað þess að miða við líftryggingar skuli hér miða við hreinar áhættulíftryggingar.

Vegna heilsutrygginga án uppsagnarréttar vátryggingafélags, en undir þær falla svonefndar sjúkdómatryggingar, er þessi breyting nauðsynleg. Mismunandi sjónarmið eiga við um áhættumat í heilsutryggingum án uppsagnarréttar og áhættulíftryggingum. Í stað þess að hafna vátryggingarbeiðni er af þeim sökum t.a.m. algengara að sjúkdómatrygging án uppsagnarréttar sé veitt með sérstökum skilmálum þar sem tiltekin áhætta hefur verið undanskilin eða með hærra iðgjaldi en þegar áhættulíftrygging á í hlut. Er því gerð tillaga um að 2. mgr. 85. gr. laganna taki fyrst og fremst til hreinna áhættulíftrygginga en ekki heilsutrygginga án uppsagnarréttar.

Í 2. mgr. 86. gr. laganna segir: „Í sjúkratryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi hafi einkenni hans komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.“

Komið hefur í ljós að það er vandkvæðum bundið að binda þetta ákvæði einungis við sjúkratryggingar og ekki í samræmi við það sem tíðkast víðast hvar í samanburðarríkjum. Þá er rétt að fram komi að í sjúkdómatryggingu kann hið bótaskylda tilvik að vera aðgerð, sem leiðir af sjúkdómi, en ekki greining sjúkdóms sem slík. Því er nauðsynlegt að bæta við ákvæðið tilvísun til tjónsatvika en einskorða það ekki við sjúkdóminn sem slíkan. Því er lagt til að ákvæðið hljóði svo: „Í öðrum persónutryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.“

Í athugasemdum við 2. mgr. 85. gr. í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 30/2004 kemur fram að ástæður sérreglu þessa ákvæðis um líftryggingar séu þær að þeim sé ætlað að gilda um langan tíma og eðlilegt sé að ekki verði við þeim hróflað löngu eftir gildistöku. Er sérstaklega tekið fram að þar skipti mestu máli að það kynni að veikja viðskiptagildi réttinda samkvæmt líftryggingarsamningi ef kröfuhafar, t.d. veðhafar eða þeir sem fengið hafa slík réttindi framseld, gætu átt á hættu að vátryggingarsamningi yrði slitið vegna aðstæðna sem voru fyrir hendi fyrir gerð samnings. Með þessu sé verið að minnka líkur á því að réttindi þriðja aðila vegna slíkra samninga skerðist vegna rangra upplýsinga sem vátryggður gaf við upphaf samnings. Þessi sjónarmið eru enn í fullu gildi en eiga á hinn bóginn ekki við um heilsutryggingar án uppsagnarréttar, t.d. sjúkdómatryggingar eins og þær hafa verið reknar hér á landi og erlendis. Úr sjúkdómatryggingu eru greiddar bætur til vátryggðs í lifanda lífi. Til bótagreiðslu kemur ef vátryggður greinist með einhvern af þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í skilmálum. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu félagsins. Taka má í grundvallaratriðum undir sjónarmið um nauðsyn þess að draga úr líkum á því að þriðji aðili, sem ekkert hafði með útfyllingu heilsufarsumsóknar að gera, missi rétt til líftryggingarbóta löngu eftir að samningur komst á. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er það áréttað að sjúkdómatrygging skuli ekki fortakslaust sett undir sama hatt og líftryggingar almennt. Vegur þar þyngst, sem áður greinir, að ekki er um að ræða hugsanlegan missi réttar þriðja aðila vegna rangrar upplýsingagjafar. Það er hinn vátryggði sem ætíð er sjálfur rétthafi bóta, það er hann sem fyllti út umsókn og það er fyrst og fremst hann sjálfur sem á að bera hallann af því að hafa gefið rangar upplýsingar. Nauðsynlegt er að unnt sé að ganga út frá því að allar heilsufarsupplýsingar hafi verið gefnar við töku sjúkdómatrygginga og engu skotið undan. Óvissa um slíkt hefur áhrif á reiknigrunn þann sem vátryggingin er byggð á.

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) er hætta á að sjúkdómatryggingar í þeirri mynd sem tíðkast hafa hér á landi kunni að heyra sögunni til verði lögunum ekki breytt. Yrði þá væntanlega þess í stað boðið upp á sjúkdómatryggingu með ár-

legum endurskoðunarrétti vátryggingafélaga á bæði iðgjöldum og skilmálum, eins og tíðkast almennt í slysa- og sjúkratryggingum. Slíkt kynni að hafa í för með sér stórum lakari vernd fyrir vátryggingartaka og vátryggða en tíðkast hefur.

Við samningu frumvarps þessa var leitað sjónarmiða SÍT sem óskaði eftir mati Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) á þeim áhrifum sem óbreytt ákvæði 85. og 86. gr. mundu hafa. Í minnisblaði stjórnar FÍT um þetta efni kemur m.a. fram að sjúkdómatryggingar séu tryggingagrein með tiltölulega skamma sögu og smæð íslenska markaðarins valdi því að útilokað sé að byggja eingöngu á innlendri reynslu. Af þeim orsökum hafi áhættumat hérlendis frá upphafi byggst á nánu samstarfi við erlenda endurtryggjendur og innlend vátryggingafélög byggt áhættumat algjörlega á reglum frá þeim. Án slíks samstarfs væri grundvöllur að áhættumati félaganna brostinn og ógerlegt fyrir innlend félög að bjóða sjúkdómatryggingar. Hafi erlendir endurtryggjendur lýst yfir miklum áhyggjum og sé á þessari stundu óljóst hvernig þeir muni bregðast við komi ekki til nauðsynlegra breytinga. Á heimsvísu sé íslenski markaðurinn ekki stór og séu endurtryggjendur hræddir um að markaðurinn nái ekki að bera þá áhættuaukningu sem óbreytt lög leiði hugsanlega af sér. Hvað núverandi stofn varði þá liggi fyrir að óbreytt lög muni leiða af sér hækkun endurtryggingariðgjalda vátryggingafélaganna og þar með hækkun iðgjalda viðskiptavina. Samkvæmt mati FÍT megi ætla að sú hækkun nemi að minnsta kosti 20–25%.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 87/1996, um staðfesta samvist, geta tveir einstaklingar af sama kyni stofnað til staðfestrar samvistar. Samkvæmt 5. gr. laganna segir afdráttarlaust að staðfesting samvistar hafi sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar, þó með undantekningum að því er varðar lög um ættleiðingu og tæknifrjóvgun. Þá skuli ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

Í lögum um vátryggingarsamninga kemur hugtakið maki víða fyrir og er ágreiningslaust, m.a. vegna tilvitnaðra ákvæða laga nr. 87/1996, um staðfesta samvist, að það taki almennt einnig til einstaklings í staðfestri samvist. Þótt það hafi verið óþarft var sú túlkun m.a. sérstaklega áréttuð í athugasemdum við 29. gr. laganna.

Í 100. gr. laganna er fjallað um rétt til greiðslu bóta frá vátryggingafélagi þegar vátryggingartaki hefur ekki sjálfur ráðstafað vátryggingunni. Er þar í ýmsu horft til ákvæða erfðalaga sem fyrirmyndar, m.a. varðandi réttindi maka. Í athugasemd við 2. mgr. 100. gr. segir hins vegar að orðið maki í 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. taki „ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hafi verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, nr. 87/1996.“

Að vonum hafa þessi ummæli í athugasemd orðið tilefni skoðanaskipta og nokkurs ágreinings. Hefur þetta atriði komið til skoðunar hjá forsætisráðuneytinu þar sem unnið er að því að nema úr lögum ákvæði er hafa að geyma mismunun í garð samkynhneigðra. SÍT hefur og vakið athygli á því að þrátt fyrir þessi ummæli í athugasemdum við 100. gr. laganna sé vafasamt að það fái staðist að réttarstaða einstaklinga í staðfestri samvist verði önnur og lakari í þessum efnum en maka í hefðbundnum hjúskap. Miklu varði þó fyrir bæði vátryggingafélög og rétthafa bóta að öllum vafa í þessu efni verði eytt. Getur enda mismunun af þessu tagi haft miklar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér.

Til þess að taka af öll tvímæli um rétt eftirlifandi maka er því lagt til að breyting verði gerð á 1. málsl. 2. mgr. 100. gr. Með því er það áréttað að ummæli í athugasemd við 2. mgr. 100. gr. í frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga, sem samþykkt voru á Alþingi á vorþingi 2004 og birt sem lög nr. 30/2004, þess efnis að orðið maki í 1. málsl. 2. mgr. 100. gr.

taki ekki til eftirlifandi samvistarmanns þótt til samvistar hafi verið stofnað samkvæmt lögum um það efni, skulu ekki hafa þýðingu við túlkun og framkvæmd laga nr. 30/2004.

Jafnframt skal það áréttað að þar sem hugtakið maki kemur fyrir í lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, tekur það einnig til einstaklinga í staðfestri samvist samkvæmt lögum nr. 87/1996.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða leiðréttingu á rangri tilvísun í 2. mgr. 120. gr., en ekki efnisbreytingu. Í stað 93. gr. verði vísað til 94. gr. laganna.

Um 6. gr.

Eins og áður hefur verið fjallað um koma lög nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga, til framkvæmda 1. janúar 2006. Miklu skiptir að þær breytingar sem hér eru lagðar til komi til framkvæmda á sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

Markmiðið með frumvarpinu er að gera skýran greinarmun á milli svonefndra heilsutrygginga án uppsagnarréttar annars vegar og hreinna áhættulíftrygginga hins vegar. Loks er áréttíng á rétti eftirlifandi maka til greiðslu vátryggingarfjárhæðar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

379. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo:

Á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppboðum, skal leggja gjald er renni til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum.

Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum;

2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur;
3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur;
4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur;
5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur;
6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.

Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.

Gengið skal miðað við sölugengi á söludegi.

Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til styrkja eða starfslauna handa myndlistarmönnum.

Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Í stað orðanna „7. mgr. 23. gr.“ í 2. mgr. 24. gr. laganna kemur: 6. mgr. 23. gr.

4. gr.

Lög þessi innleiða listmunauppboðsákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu vegna innleiðingar ákvæða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt). Tilskipunin er í fylgiskjali II.

Málið var kynnt á 128. löggjafarþingi 2002–2003 en þar lagði utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (þingskjal 1081, 665. mál). Fylgiskjal I með tillögunni var ákvörðun nefndarinnar frá 6. desember 2002 og fylgiskjal II var framangreind tilskipun. Tekið var fram í þingsályktunartillögunni að breyta þyrfti lögum hér á landi, þ.e. nánar tilteknum ákvæðum í 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Var þar greint frá því að fyrrgreinda lagaákvæðið mælti sérstaklega fyrir um að við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skyldi leggja 10% gjald á söluverð verkanna sem rynni til höfundar listaverks. Síðargreinda ákvæðið tæki sérstaklega til sölu á listmunauppboðum en þar segði að á málverk, myndir og listmuni, sem seldir væru á listmunauppboðum, skyldi leggja 10% gjald er rynni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Jafnframt var þar tekið fram að ákvæði tilskipunarinnar gerðu ekki greinarmun á sölu listaverka á listmunauppboðum og hjá listaverkasölum að öðru leyti en giltu ekki um sölu manna á milli frekar en gildandi íslensk lög gerðu. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingu á lögum um verslunaratvinnu. Til fullnægjandi innleiðingar viðkomandi gerðar þarf einnig að breyta höfundalögum en menntamálaráðherra mun standa að gerð frumvarps um það efni.

Meginþýðing tilskipunarinnar hér á landi er sú að fylgiréttargjald (endursölugjald) mun lækka. EES-ríkjum er heimilt, en ekki skylt, að undanþiggja gjaldinu verk sem ekki ná tiltekinni sölufjárhæð í íslenskum krónum sem þó má ekki samsvara hærri fjárhæð en 3000 evrum (231.090 kr. miðað við sölugengi 5. september 2005, 1 evra er 77,03 kr.). Rétt þykir að nýta ekki þessa heimild heldur halda því 10% gjaldi sem lagt er á verk undir þessum mörkum nú. Síðan skal gjaldið ákveðið í fimm þrepum: 5% upp í 50.000 evrur (mætti vera 4%), 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur, 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur, 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur og loks 0,25 af þeim hluta söluverðsins sem er umfram 500.000 evrur. Endursölugjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12.500 evrum. Með breytingum samkvæmt frumvarpinu lækkar fylgiréttargjald hér á landi því aðeins eins og nauðsynlegt er samkvæmt framangreindri tilskipun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er 6. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu felld niður, þ.e. ákvæði um álagningu fylgiréttargjalds, enda er gert ráð fyrir að ákvæðin, með nauðsynlegum breytingum vegna framangreindrar tilskipunar, verði samtímis flutt í nýja grein, 23. gr. a. Breyting verður á málsgreinatölu samkvæmt þessu.

Um 2. gr.

Í nýrri grein, 23. gr. a, er gert ráð fyrir þeim ákvæðum núverandi 23. gr. laganna sem fjalla sérstaklega um fylgiréttargjald, með nauðsynlegum breytingum samkvæmt framangreindri tilskipun. Vísast til almennra athugasemda um nánari skýringar. Því skal þó bætt við hér að gjaldið lækkar mest á þeim verkum sem eru dýrust. Getur gjaldið mest lækkað úr 10% í 0,25%, sbr. þó hámarksverðið sem samsvarar 12.500 evrum. Önnur ákvæði gildandi laga, sem snerta fylgiréttargjaldið, haldast óbreytt.

Taka má fram að við upptöku 10% fylgiréttargjalds á sínum tíma var felldur niður 24,5% söluskattur en síðar 22% virðisaukaskattur vegna sölu á listmunauppboðum. Hefur verð til kaupandans þannig lækkað til muna þótt til fylgiréttargjaldsins hafi komið.

Um 3. gr.

Vegna breytinga skv. 1. gr. frumvarpsins breytist tilvísun í einni málsgrein í 24. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í greininni kemur fram á grundvelli hvaða EES-gerðar lögunum um verslunaratvinnu er breytt.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir gildistöku laganna 1. janúar 2006 í samræmi við ákvæði framangreindrar EES-gerðar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 171/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2000 frá 25. febrúar 2000 ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9c. **32001 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt) (Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„EFTA-ríkjunum er boðið að senda fulltrúa á fundi samskiptanefndarinnar.““

([1]) Stjtíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. ..., 12.4.2001, bls. ...
([2]) Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 2001/84/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS2001/84/EB

frá 27. september 2001

um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 6. júní 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á sviði höfundarréttar er fylgiréttur óframseljanlegur og óafsalanlegur réttur höfundar frumgerðar myndverks (tví- eða þrívíðs verks) til að njóta fjárhagslegs ávinnings af endurtekinni sölu viðkomandi listaverks.

2) Fylgirétturinn er ábatasamur og gerir höfundinum eða listamanninum kleift að njóta endurgjalds við endurtekin eigendaskipti á verkinu. Efnið, sem fylgirétturinn tekur til, er hin efnislega birtingarmynd verksins, þ.e.a.s. miðillinn sem verkið, sem nýtur verndar, er unnið í.

3) Fylgiréttinum er ætlað að tryggja höfundum myndverka hlut í þeirri fjárhagslegu velgengni sem frumgerðir verka þeirra njóta. Slíkur réttur stuðlar að því að unnt sé að jafna, í fjárhagslegu tilliti, hlut höfunda myndverka og annarra höfunda sem njóta þóknunar fyrir endurtekna nýtingu verka sinna.

4) Fylgirétturinn er óaðskiljanlegur hluti höfundarréttar og grundvallarforréttindi höfunda. Með því að koma slíkum rétti á í öllum aðildarríkjunum er þeirri þörf fullnægt að veita höfundum fullnægjandi og viðtekna vernd.

5) Samkvæmt 4. mgr. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið, í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans, taka tillit til menningarlegra þátta.

6) Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum kveður á um að fylgiréttur sé því aðeins fyrir hendi að löggjöf heimalands höfundar leyfi slíkt. Rétturinn er því valkvæður og háður reglunni um gagnkvæmni. Af dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna varðandi beitingu meginreglunnar um bann við mismunun, sem mælt er fyrir um í 12. gr. sáttmálans, leiðir það sem sýnt er fram á í dómsúrskurði frá 20. október 1993 í sameinuðum málum C-92/92 og C-326/92, Phil Collins ofl. ([4]), að ekki er unnt að styðjast við innlend ákvæði, sem fela í sér gagnkvæmniskilmála, í því skyni að neita ríkisborgurum annarra aðildarríkja um réttindi sem veitt eru innlendum höfundum. Beiting slíkra skilmála í bandalaginu stríðir gegn meginreglunni um jafna meðferð sem leiðir af banni við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs.

7) Alþjóðavæðing markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, sem færist nú mjög í aukana fyrir áhrif hins nýja hagkerfis, og sú lagalega staða að fá ríki utan Evrópusambandsins viðurkenna fylgirétt gerir það að verkum að nauðsynlegt er fyrir Evrópubandalagið að hefja samningaviðræður út á við með það fyrir augum að gera ákvæði 14. gr. b í Bernarsáttmálanum skyldubundin.

([1]) Stjtíð. EB C 178, 21.6.1996, bls. 16 og Stjtíð. EB C 125, 23.4.1998, bls. 8.

([2]) Stjtíð. EB C 75, 10.3.1997, bls. 17.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stjtíð. EB C 132, 28.4.1997, bls. 88), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. júní 2000 (Stjtíð. EB C 300, 20.10.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (Stjtíð. EB C 232, 17.8.2001, bls. 173). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. júlí 2001 og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2001.

([4]) Dómasafn EB (ECR) 1993, I-5145.

8) Sjálf tilvist þessa alþjóðlega markaðar, ásamt því að fylgiréttur er ekki fyrir hendi í sumum aðildarríkjum og að misræmi ríkir, eins og sakir standa, milli innlendra kerfa þar sem rétturinn er þó viðurkenndur, gerir það að verkum að nauðsynlegt er að mæla fyrir um bráðabirgðaákvæði að því er varðar hvorttveggja, gildistöku réttarins og setningu efnislegra reglna um hann, sem viðhalda munu samkeppnishæfni evrópska markaðarins.

9) Eins og sakir standa er kveðið á um fylgiréttinn í löggjöf meirihluta aðildarríkjanna. Nokkur munur er á slíkum lögum þar sem þau eru til á annað borð, einkum að því er varðar þau verk sem lögin taka til, rétthafa fylgiréttargjalds, gjaldskrá, fyrir hvaða viðskipti ber að greiða og á hvaða grundvelli slíkar greiðslur eru reiknaðar. Það hefur veruleg áhrif á samkeppniskilyrði á hinum innri markaði hvort slíkur réttur er fyrir hendi eða ekki þar eð hver sá sem vill selja listaverk verður að taka tillit til þess hvort skylt sé að greiða þóknun á grundvelli fylgiréttar. Þessi réttur stuðlar því fyrir sitt leyti að röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins.

10) Slíkt misræmi, eftir því hvort fylgirétturinn er fyrir hendi eða ekki og eftir því hvernig aðildarríkin framfylgja honum þar sem hann er til, hefur bein og óæskileg áhrif á starfsemi innri markaðarins að því er tekur til listaverka eins og kveðið er á um í 14. gr. sáttmálans. Við slíkar aðstæður er 95. gr. sáttmálans viðeigandi lagagrunnur.

11) Meðal markmiða bandalagsins, eins og þau eru sett fram í sáttmálanum, er að leggja grunn að nánari einingu meðal þjóða Evrópu, að stuðla að nánari tengslum milli aðildarríkja bandalagsins og að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálmum sem aðskilja lönd Evrópu. Í því skyni kveður sáttmálinn á um stofnun innri markaðar, þar sem gengið er út frá afnámi hindrana á frjálsum vöruflutningum, frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétti, og um innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á hinum sameiginlega markaði raskist ekki. Samræming laga aðildarríkjanna um fylgirétt stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

12) Með sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur ([5]) er innleitt í áföngum skattakerfi sem á m.a. við um listaverk. Ráðstafanir, sem eingöngu taka til skattamála, nægja ekki til að tryggja snurðulausa starfsemi listmarkaðarins. Þessu markmiði verður ekki náð án samræmingar á sviði fylgiréttarins.

13) Binda ber enda á núverandi ósamræmi milli laga sem veldur röskun á starfsemi innri markaðarins og koma skal í veg fyrir að slíkt ósamræmi geri vart við sig á ný. Ekki er þörf á að útrýma eða koma í veg fyrir að til verði ósamræmi sem ástæðulaust er að ætla að valdi röskun á starfsemi innri markaðarins.

14) Það er forsenda fyrir snurðulausri starfsemi innri markaðarins að samkeppnisskilyrðum sé ekki raskað. Mismunandi innlend ákvæði um fylgirétt hafa í för með sér röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins og leiða til þess að listamenn njóta mismunandi kjara eftir því hvar verk þeirra eru seld. Í þessu málefni koma því við sögu fjölþjóðlegir þættir sem ekki verður stjórnað á fullnægjandi hátt með aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna. Aðgerðaleysi bandalagsins myndi stríða gegn kröfum sáttmálans um að leiðrétta skuli samkeppnisraskanir og ójafna meðferð.

15) Því er nauðsynlegt, með tilliti til þess hversu ólík ákvæði landslaga eru, að samþykkja samræmingarráðstafanir til að bregðast við því misræmi sem er milli laga aðildarríkjanna á sviðum þar sem ætla má að slíkt misræmi geti af sér eða viðhaldi röskunum á samkeppnisskilyrðum. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að samræma sérhvert ákvæði í lögum aðildarríkjanna um fylgirétt og nægir, til að gefa aðildarríkjum eins mikið svigrúm til ákvarðana og unnt er, að einskorða samræminguna við þau innlendu ákvæði sem hafa hvað beinust áhrif á starfsemi innri markaðarins.

16) Þessi tilskipun er því í heild sinni í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans.

([5]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/85/EB (Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 34).

17) Samkvæmt tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á hugtakinu um verndun höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda ([6]) er verndartími höfundaréttar 70 ár frá dauða höfundar. Mæla ber fyrir um jafnlangt tímabil að því er varðar fylgirétt. Af þessum sökum geta einungis frumgerðir nútíma- og samtímalistaverka fallið innan gildissviðs fylgiréttarins. Til að aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum í þágu listamanna við samþykkt þessarar tilskipunar, sé kleift að taka slíkan rétt upp hvert í sínu réttarkerfi og enn fremur til að rekstraraðilum í þessum aðildarríkjum sé gert kleift að laga sig smám saman að áðurnefndum rétti en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri, ber þó að gefa hlutaðeigandi aðildarríkjum kost á því í takmarkaðan aðlögunartíma að beita ekki fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans.

18) Rýmka ber gildissvið fylgiréttarins þannig að hann taki til hvers konar endursölu, að undanskilinni þeirri sem á sér stað milli einstaklinga í eigin nafni, án milligöngu aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni. Þessi réttur skal ekki ná til endursölu sem einstaklingar takast á hendur í eigin nafni til safna sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og eru opin almenningi. Að því er varðar sérstöðu listhúsa sem eignast hafa verk milliliðalaust frá höfundi skal aðildarríkjum gefinn kostur á að undanþiggja verkið fylgiréttargjaldi við endursölu sem á sér stað innan þriggja ára eftir að listasafnið eignast umrætt verk. Enn fremur ber að taka tillit til hagsmuna listamannsins með því að einskorða slíkar undanþágur við endursölu þar sem endursöluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

19) Það skal tekið fram að samræming sú, sem af þessari tilskipun leiðir, gildir ekki um frumhandrit rithöfunda og tónskálda.

20) Mæla ber fyrir um skilvirkar reglur á grundvelli reynslu sem fengist hefur af fylgiréttinum á landsvísu. Rétt er að reikna fylgiréttargjaldið sem hundraðshluta söluverðs en ekki verðmætisaukningar verka sem hafa aukist að verðgildi.

21) Samræma ber flokka listaverka sem fylgirétturinn gildir um.

22) Undanþágur frá innheimtu fylgiréttargjalds af söluupphæðum, sem ekki ná tilteknu lágmarki, kunna að draga úr líkum á óeðlilega háum innheimtu- og stjórnsýslukostnaði, samanborið við hagnað listamannsins. Í samræmi við dreifræðisregluna skal aðildarríkjunum hins vegar heimilt að setja innlend mörk, sem eru lægri en lágmarksviðmiðun bandalagsins, í því skyni að efla hag nýliða í listum. Þegar þess er gætt hversu litlar fjárhæðir er um að ræða er ekki líklegt að þessi undanþága hafi veruleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

23) Eins og sakir standa er gjaldskráin, sem aðildarríkin ákveða fyrir álagningu fylgiréttargjalds, verulega mismunandi. Skilvirk starfsemi innri markaðarins fyrir nútíma- og samtímalistaverk krefst þess að gjaldskrárákvörðun sé samræmd eins og framast er unnt.

24) Í því skyni að sætta hagsmuni hinna ýmsu aðila markaðarins þar sem stunduð eru viðskipti með frumgerðir listaverka, er æskilegt að komið verði á gjaldskrárkerfi þar sem álagningarhlutfall fer stiglækkandi eftir gjaldþrepum. Mikils er um vert að draga úr hættu á tilflutningi sölustarfseminnar og að reglur bandalagsins um fylgirétt séu sniðgengnar.

25) Það á jafnan að koma í hlut seljanda að greiða fylgiréttargjaldið. Gefa ber aðildarríkjunum kost á því að kveða á um undanþágur frá þessari meginreglu að því er varðar ábyrgð á greiðslum. Fari sala fram í umboði einstaklings eða fyrirtækis telst sá einstaklingur eða fyrirtæki vera seljandinn.

26) Gera ber ráð fyrir því að unnt sé að leiðrétta lágmarksviðmiðunina og gjaldskrána reglulega. Í þessu skyni er við hæfi að fela bandalaginu það verkefni að semja með reglulegu millibili skýrslur um það hvernig fylgiréttinum er framfylgt í reynd í aðildarríkjunum og um áhrif hans á listmarkaðinn í bandalaginu og, þar sem við á, að gera tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

27) Skylt er að tilgreina rétthafa fylgiréttargjalda og taka jafnframt tilhlýðilegt tillit til dreifræðisreglunnar. Ekki er viðeigandi að grípa til aðgerða með tilliti til erfðaréttar aðildarríkj-

([6]) Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9.

anna í krafti þessarar tilskipunar. Hins vegar skulu rétthafar höfundar njóta að fullu fylgiréttarins að honum látnum, a.m.k. eftir að framangreindu aðlögunartímabili lýkur.

28) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að setja reglur um framkvæmd fylgiréttarins, einkum að því er varðar það hvernig honum er stjórnað. Í þessu tilliti kemur til greina að fela innheimtusamtökum umsjón með þessu. Aðildarríkin skulu tryggja að starfshættir innheimtusamtaka séu gagnsæir og skilvirkir. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að fjárhæðir, sem ætlaðar eru höfundum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja, séu í reynd innheimtar og þeim úthlutað. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulag innheimtu og úthlutunar í aðildarríkjunum.

29) Fylgiréttarins skulu þeir einir njóta sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum bandalagsins auk erlendra höfunda frá löndum sem veita höfundum, sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum, slíka vernd. Aðildarríki skal eiga þess kost að veita erlendum höfundum, sem hafa fasta búsetu í því aðildarríki, þennan rétt.

30) Til að unnt sé að tryggja með raunhæfum hætti að aðildarríkin beiti fylgiréttinum í reynd skal koma á viðeigandi málsmeðferð við eftirlit með viðskiptum. Í þessu felst einnig að höfundur eða viðurkenndur fulltrúi hans á rétt á að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá þeim einstaklingi eða lögaðila sem er ábyrgur fyrir greiðslu fylgiréttargjalda. Aðildarríki, sem kveða á um sameiginlega umsýslu fylgiréttarins, geta enn fremur kveðið á um að þeir aðilar, sem ábyrgð bera á þeirri sameiginlegu umsýslu, skuli einir eiga rétt á upplýsingum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Inntak fylgiréttarins

1. Aðildarríki skulu, í þágu höfundar frumgerðar listaverks, kveða á um fylgirétt sem skilgreina skal á þann veg að hann sé óafsalanlegur réttur, sem ekki verður fallið frá, jafnvel ekki fyrir fram, til fylgiréttargjalda sem eru ákvörðuð út frá söluverðinu sem fæst við hverja endursölu verksins eftir að höfundur lætur það af hendi við nýjan eiganda í fyrsta sinn.

2. Réttur sá, sem um getur í 1. mgr., skal gilda um hverja endursölu þar sem í hlut eiga seljendur, kaupendur eða milliliðir, þeir aðilar, sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni svo sem uppboðshaldarar, listhús og yfirleitt hvers kyns listaverkasalar.

3. Aðildarríki geta kveðið á um það að rétturinn, sem um getur í 1. mgr., gildi ekki við endursölu þegar seljandi hefur fengið verkið beint frá höfundi þess innan við þremur árum fyrr og þar sem söluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

4. Seljanda ber að greiða fylgiréttargjaldið. Aðildarríki geta kveðið á um það að einhver þeirra einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 2. mgr., annar en seljandi, skuli annaðhvort bera ábyrgð á greiðslu fylgiréttargjalda einn eða deila þeirri ábyrgð með seljanda.

2. gr.

Listaverk sem fylgirétturinn nær yfir

1. Í þessari tilskipun merkir „frumgerð listaverks" myndverk, svo sem myndir, samklippur, málverk, teikningar, stungur, þrykk, litógrafíur (steinprent), höggmyndir, listvefnað, keramík (steinleir), glermuni og ljósmyndir, svo fremi að um sé að ræða verk gerð af listamanninum sjálfum eða eintök sem teljast vera frumgerðir listaverka.

2. Eintök listaverka, sem þessi tilskipun tekur til og eru gerð í takmörkuðu upplagi af listamanninum sjálfum eða með hans leyfi, skulu teljast frumgerðir listaverka í skilningi þessarar tilskipunar. Þess er jafnan vænst að slík eintök hafi verið tölusett, merkt eða á annan viðeigandi hátt viðurkennd af listamanninum.

II. KAFLI

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

3. gr.

Lágmarksfjárhæð

1. Það kemur í hlut aðildarríkjanna að ákveða það lágmarkssöluverð sem þarf til að sala sem um getur í 1. gr. falli undir ákvæði um fylgirétt.

2. Þetta lágmarkssöluverð má ekki í neinum tilvikum fara yfir 3 000 evrur.

4. gr.

Gjaldskrá

1. Fylgiréttargjaldið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal ákveðið í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

a) 4% af söluverðinu upp að 50 000 evrum;

b) 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50 000,01 evrum upp í 200 000 evrur;

c) 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200 000,01 evrum upp í 350 000 evrur;

d) 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350 000,01 evrum upp í 500 000 evrur;

e) 0,25% af þeim hluta söluverðsins sem fer yfir 500 000 evrur.

Fylgiréttargjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12 500 evrum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leggja á gjald sem nemur 5% af þeim hluta söluverðsins sem um getur í a-lið 1. mgr.

3. Ef lágmarkssöluverðið er lægra en 3 000 evrur skal aðildarríkið einnig ákveða þá álagningu sem á við þann hluta söluverðsins sem er 3 000 evrur eða lægri; þetta gjald má ekki vera lægra en 4%.

5. gr.

Grundvöllur útreikninga

Söluverðið, sem um getur í 3. og 4. gr., er söluverðið án skatts.

6. gr.

Rétthafar fylgiréttargjalda

1. Greiða ber höfundi verksins fylgiréttargjaldið sem kveðið er á um í 1. gr. en rétthöfum hans að honum látnum, sbr. þó 2. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um, skyldubundna eða valkvæða, sameiginlega umsýslu fylgiréttarins sem kveðið er á um í 1. gr.

7. gr.

Ríkisborgarar þriðju landa sem eru rétthafar fylgiréttargjalda

1. Aðildarríki skulu kveða á um að höfundar, sem eru ríkisborgarar þriðju landa og, með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr., síðari handhafar réttinda þeirra, skuli njóta fylgiréttarins í samræmi við þessa tilskipun og í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis en því aðeins að landið, þar sem höfundurinn eða síðari handhafi réttinda hans er með ríkisfang, heimili að veita höfundum frá aðildarríkjunum og síðari handhöfum réttinda þeirra vernd fylgiréttar í því landi.

2. Á grundvelli upplýsinga, sem aðildarríkin veita, skal framkvæmdastjórnin, eins fljótt og auðið er, gefa út leiðbeinandi skrá yfir þau þriðju lönd sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. Þessi skrá skal uppfærð í samræmi við nýjustu upplýsingar.

3. Sérhverju aðildarríki er heimilt, að því er varðar vernd fylgiréttar, að veita höfundum sem ekki eru ríkisborgarar í því aðildarríki, en hafa þar fasta búsetu, sömu kjör og innlendum höfundum.

8. gr.

Verndartími fylgiréttarins

1. Verndartími fylgiréttarins skal svara til þess tíma sem mælt er fyrir um í 1. gr. tilskipunar 93/98/EBE.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum [við gildistökuna sem um getur í 13. gr.], ekki skylt, á tímabili sem rennur út eigi síðar en 1. janúar 2010, að beita fylgiréttinum í þágu rétthafa listamannsins að honum látnum.

3. Til að rekstraraðilum gefist færi á að laga sig smám saman að fyrirkomulagi fylgiréttarins en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri getur aðildarríki, sem 2. mgr. gildir um, fengið aðlögunartíma ef nauðsyn krefur, allt að tveimur árum í viðbót, áður en þess verður krafist að það beiti fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans. Eigi síðar en 12 mánuðum fyrir lok þess tímabils, sem um getur í 2. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framangreind atriði ásamt rökstuðningi þannig að framkvæmdastjórnin geti skilað áliti, að undangengnu viðeigandi samráði, innan þriggja mánaða eftir að henni berast þessar upplýsingar. Ef aðildarríki ákveður að fara ekki eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar skal það gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því og rökstyðja ákvörðun sína innan eins mánaðar. Tilkynning aðildarríkisins og rökstuðningurinn með henni, svo og álit framkvæmdastjórnarinnar, skulu birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og send Evrópuþinginu.

4. Séu alþjóðlegar samningaviðræður, sem miða að því að víkka út fylgiréttinn á alþjóðavettvangi, farsællega til lykta leiddar innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur.

9. gr.

Réttur til upplýsinga

Aðildarríkin skulu setja ákvæði þess efnis að rétthafar skv. 6. gr. geti í þrjú ár eftir að endursalan fer fram krafið þá aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni og um getur í 2. mgr. 1. gr. um hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja greiðslu fylgiréttargjalds að því er varðar endursöluna.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Tímamörk

Þessi tilskipun gildir að því er varðar allar frumgerðir listaverka samkvæmt skilgreiningu 2. gr. sem njóta enn verndar 1. janúar 2006 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar eða sem fullnægja viðmiðunum fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar á þeim degi.

11. gr.

Endurskoðunarákvæði

1. Eigi síðar en 1. janúar 2009 og á fjögurra ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til samkeppnishæfni markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, einkum með tilliti til stöðu bandalagsins samanborið við hliðstæða markaði, þar sem fylgiréttinum er ekki beitt, og eflingar listrænar sköpunar og stjórnunaraðferða í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin skal einkum rannsaka áhrif tilskipunarinnar á innri markaðinn og afleiðingar tilkomu fylgiréttarins í þeim aðildarríkjum þar sem hann var ekki í gildi samkvæmt landslögum fyrir gildistöku þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um að laga lágmarksfjárhæðina og fylgiréttargjaldið að breytingum á þessu sviði, tillögur varðandi hámarksfjárhæðina, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr., og hverjar þær tillögur sem hún kann að telja nauðsynlegar til að efla skilvirkni þessarar tilskipunar.

2. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

3. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

— að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

— að greiða fyrir skiptum á upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um þá framvindu sem máli skiptir á vettvangi listmarkaðarins í bandalaginu.

12. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á birtingardegi hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	C. PICQUÉ
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks. Í frumvarpinu er fjallað um að gjald á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppboðum, skuli renna til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það óverulegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

380. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Í neyðartilvikum hér á landi eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða má víkja frá skilyrðinu um undangengnar samningaumleitanir og skal einkaleyfishafa þá tilkynnt um notkunina eins fljótt og auðið er. Setja má nánari ákvæði í reglugerð.

b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nauðungarleyfi er aðallega veitt til að fullnægja eftirspurn hér á landi. Heimilt er þó að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja eða ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Slík nauðungarleyfi verða þó aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmist fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á 49. gr. laga um einkaleyfi, annars vegar að tveimur málsliðum verði bætt við 1. mgr. og hins vegar að bætt verði við nýrri málsgrein. Ákvæði 49. gr. varðar heimild til nauðungarleyfis og skilyrði til að fá slíkt leyfi en um slík leyfi er fjallað í VI. kafla laga um einkaleyfi, sbr. og 70. gr. laganna um neyðar-

ástand af sérstökum toga. Þetta er gert annars vegar með tilliti til samþykktar ríkisstjórnarinnar um viðbrögð vegna hugsanlegs heimsfaraldurs, svo sem inflúensu, en þá má búast við að innflutningur lyfja takmarkist eða stöðvist alveg um nokkurn tíma, og hins vegar til að laga íslenska einkaleyfalöggjöf að ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization – WTO) frá 30. ágúst 2003 um framkvæmd svonefndrar Doha-yfirlýsingar frá 2001 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (Agreement on Trade-related Aspects of Intellectual Property Rights – TRIPS) og heilbrigði almennings (Doha Declaration on the TRIPS Agreement and Public Health).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um a-lið 1. gr.

Í 1. viðauka C við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er að finna samninginn um hugverkarétt í viðskiptum. Samningurinn tók gildi í janúar 1995 og var lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, breytt til samræmis við ákvæði hans með lögum nr. 36/1996.

Í 31. gr. TRIPS-samningsins er fjallað um notkun á einkaleyfi án samþykkis einkaleyfishafa, svokölluð nauðungarleyfi. Með nauðungarleyfi er átt við það þegar ríkisvaldið heimilar einhverjum öðrum en einkaleyfishafa að framleiða einkaleyfisverndaða vöru án samþykkis einkaleyfishafans.

Samkvæmt b-lið 31. gr. TRIPS-samningsins er gerð sú krafa að sá er sækir um nauðungarleyfi hafi, áður en til veitingar leyfisins kemur, reynt að fá heimild einkaleyfishafa með sanngjörnum viðskiptaskilmálum og skilyrðum og að slíkar tilraunir hafi ekki borið árangur innan hæfilegs tíma. Með lögum nr. 36/1996 var 1. mgr. 49. gr. laganna um einkaleyfi breytt til samræmis við framangreint ákvæði TRIPS-samningsins. Í ákvæði b-liðar 31. gr. TRIPS-samningsins segir einnig að í neyðartilvikum innanlands eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða megi víkja frá þessu skilyrði um samningaumleitanir.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framangreint ákvæði TRIPS-samningsins verði einnig tekið upp í 1. mgr. 49. gr. laga um einkaleyfi þannig að ekki fari á milli mála að í neyðartilvikum hér á landi eða þegar að um annað alvarlegt hættuástand er að ræða séu samningaviðræður ekki skilyrði en þannig má spara dýrmætan tíma. Einkaleyfishafi skal eftir sem áður fá sanngjarna greiðslu fyrir.

Um b-lið 1. gr.

Þann 30. ágúst 2003 tók aðalráð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO General Council) ákvörðun um framkvæmd svonefndrar Doha-yfirlýsingar frá 2001 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Ákvörðunin felur í sér heimild til aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til að framleiða samheitalyf samkvæmt nauðungarleyfi til útflutnings til þeirra landa er hafa ekki getu til að framleiða þau. Í slíkum tilvikum þurfa skilyrði í f- og h-lið 31. gr. TRIPS-samningsins ekki að vera uppfyllt. Það felur í sér að framleiðslan þarf ekki að vera aðallega til að fullnægja eftirspurn á innanlandsmarkaði aðildarríkis og sérstök skilyrði eru sett varðandi sanngjarnt endurgjald með tilliti til hagsmuna þróunarríkjanna. Sett verður skilyrði um undangengnar samningaumleitanir.

Í ákvörðuninni eru tilgreind nákvæm skilyrði fyrir slíkum nauðungarleyfum. Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að þau verði tekin inn í lög heldur gert ráð fyrir að sett verði reglugerð sem samræmist ákvörðuninni.

Undanþágan er fyrst og fremst ætluð vanþróuðustu ríkjum heims, t.d. í baráttu við eyðni, berkla og mýraköldu (malaríu). Öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar geta þó sótt um að fá að flytja inn slík lyf. Flest iðnríkin hafa þó lýst því yfir að þau muni ekki fara þá

leið til að flytja inn lyf. Meðal þeirra ríkja eru Ísland, Bandaríkin og öll aðildarríki Evrópusambandsins. Önnur ríki hafa lýst því yfir að þau muni einungis flytja inn lyf af þessu tagi í neyðartilvikum eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða.

Til að geta nýtt sér undanþáguna samkvæmt ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 til útflutnings á lyfjum þurfa aðildarríkin að breyta löggjöf sinni í samræmi við ákvörðunina. Það hefur m.a. Noregur gert. Gerð er tillaga um þess konar lagabreytingu hér á landi í b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um þau skilyrði sem fullnægja þarf svo að nauðungarleyfi verði veitt í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun um Doha-yfirlýsinguna.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tveimur málsliðum verði bætt við 1. mgr. 49. gr. laga um einkaleyfi. Ákvæðið varðar heimild til nauðungarleyfis og skilyrði til að fá slík leyfi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

381. Frumvarp til laga [347. mál]

um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni.

Flm.: Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Ingibjörg Sólrún Gunnarsdóttir.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að hækkun menntunarstigs og eflingu þekkingar- og samkeppnishæfni einstaklinga og atvinnulífs á starfssvæðum þeirra. Þeim skal auk þess vera heimilt að standa fyrir eða eiga samvinnu um tómstundanámskeið og annars konar fræðslustarfsemi.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna skal vera að stuðla að auknu námsframboði á starfssvæði sínu, hvetja íbúa og atvinnulíf til að nýta sér námsframboðið og auðvelda þeim að stunda nám.

Meðal verkefna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva skal vera:

a. ráðgjöf varðandi sí- og endurmenntun,
b. upplýsingagjöf og kynning á námsmöguleikum,
c. frumkvöðlastarf í þróun fullorðinsfræðslu,
d. rekstur aðstöðu fyrir starfsmenn og nemendur.

Meðal sérverkefna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva skal vera:

a. fræðsla á strjálbýlli svæðum,
b. íslenskukennsla fyrir nýbúa,
c. miðlun háskólanáms,
d. sérstök verkefni sem menntamálaráðuneytið kann að fela þeim.

Önnur tilfallandi samstarfsverkefni stöðvanna og svæðisbundinna ríkisstofnana, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, sveitarfélaga eða annarra aðila við vinnu að verkefnum sem falla undir tilgang fræðslu- og símenntunarmiðstöðva skv. 1. gr.

3. gr.

Stofnun, stjórn og starfslið.

Stofna má fræðslu- og símenntunarmiðstöð til að vinna að markmiðum laga þessara.

Hver fræðslu- og símenntunarmiðstöð er sjálfseignarstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra.

Í stjórn fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar skulu eiga fast sæti fæst þrír menn og a.m.k. einn varamaður. Stjórnarmenn skulu velja nýja menn til setu í stjórninni. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meiri hluti ráða. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sé ekki valinn stjórnarmaður í stað þess sem lætur af störfum innan árs skal ráðherra velja hann.

Menntamálaráðherra velur menn til stjórnarsetu ef ekki eru tilskilin ákvæði um slíkt í skipulagsskrá miðstöðvarinnar.

Í samþykktum má ákveða að auk stjórnar skuli vera fulltrúaráð í stofnuninni. Þar skal kveða á um val og starfstíma fulltrúaráðsins og hlutverk eða starfssvið stofnunarinnar sem skal meðal annars velja í stjórn miðstöðvar í samræmi við ákvæði samþykkta, vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa þá eftirlit með því hvernig stjórn og framkvæmdastjóri, ef svo ber undir, ráða málum hennar, þ.m.t. fjármálum, og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur.

Framkvæmdastjórar og stjórnarmenn mega ekki skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

Samþykktum sjálfseignarstofnana verður ekki breytt nema með heimild í þeim. Til breytinga á samþykktum þarf samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst en ⅔ hlutar hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Þó er fulltrúaráði, eða stjórn ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í stofnuninni, heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að samþykktirnar séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar. Láti fulltrúaráðið eða stjórnin undir höfuð leggjast að gera breytingar í slíkum tilvikum eftir að ráðherra hefur veitt hæfilegan frest til þess er honum heimilt að breyta samþykktum.

Stjórninni er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri getur ekki verið stjórnarformaður stofnunarinnar. Meiri hluta stjórnar skulu þeir mynda sem eru ekki framkvæmdastjórar stofnunarinnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri stofnunarinnar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár.

Fulltrúaráð skal velja einn eða fleiri endurskoðendur (eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn og varamenn þeirra í samræmi við ákvæði samþykkta. Sé ekki gert ráð fyrir fulltrúaráði í fræðslu- og símenntunarmiðstöðinni skal endurskoðandi endurskoða reikninga stofnunar og velur stjórn félagsins hann. Sé fræðslu- og símenntunarmiðstöðin án endurskoðanda eða skoðunarmanns skal ráðherra velja hann eða þá.

4. gr.

Samþykktir.

Í samþykktum (skipulagsskrá) fræðslu- og símenntunarmiðstöðva skal greina eftirtalin atriði:

a. heiti,
b. heimili og aðalstarfsstöð,
c. tilgang,
d. stofnendur og framlagsfé þeirra,
e. stofnfé sjálfseignarstofnunar,
f. hvort sjálfseignarstofnun skuli taka við öðrum fjármunum en reiðufé í tengslum við stofnunina,
g. hvort stofnendur eða aðrir skuli njóta sérstakra réttinda í sjálfseignarstofnuninni,
h. fjölda stjórnarmanna og hugsanlegra fulltrúaráðsmanna, m.a. varamanna, og endurskoðenda (eða endurskoðunarfélaga) eða skoðunarmanna, starfstíma þeirra og hvernig þeir skuli valdir, svo og hvernig háttað skuli vali nýs stjórnarmanns eða fulltrúaráðsmanns í lausa stöðu,
i. hvert reikningsárið skuli vera,
j. hvernig ráðstafa skuli hagnaði eða fara með ef tap verður á rekstri sjálfseignarstofnunar,
k. hver sé bær um að ákveða breytingar á samþykktum, leggja sjálfseignarstofnun niður eða sameina hana annarri, svo og hvernig standa skuli að ráðstöfun eigna við slit hennar.

Skjöl, sem vísað er til í samþykktum en ekki eru tekin upp í þær, skulu fylgja þeim.

Í skipulagsskrá skal kveðið á um starfssvæði viðkomandi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, aðila að henni og áhersluatriði í starfseminni önnur en kveðið er á um í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar skal vera minnst 1.000.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Breytingin skal öðlast gildi við upphaf árs, enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni séu orðin til breytingar sem nemur a.m.k. tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæð jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna.

Nú uppfyllir fræðslu- og símenntunarmiðstöð kröfu um lágmarksfjárhæð þegar hún er stofnuð og er henni þá ekki skylt að hækka síðar stofnfé í samræmi við endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari grein.

Greiðsla stofnfjár má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu.

6. gr.
Fjárveitingar.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar fá föst framlög frá ríkinu af fjárlögum hvers árs. Um fjárveitingar til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva gildir eftirfarandi:

a. Rekstrarkostnaður skal greiddur að fullu úr ríkissjóði, þ.m.t. laun, launatengd gjöld, stjórnunarkostnaður, rekstur fjarkennslunets, rekstur húsnæðis og kostnaður við önnur verkefni sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum eru falin samkvæmt lögum.
b. Stofnkostnaður skal greiddur af ríkissjóði.
c. Kostnað við aðra starfsemi sem stjórn fræðslu- og símenntunarmiðstöðva ákveður og greiðist ekki af fjárveitingum skv. a- og b-lið greiðir fræðslu- og símenntunarmiðstöð og aflar til þess sértekna.

Ráðuneytið skal standa straum af sérverkefnum sem það kann að fela stöðvunum, samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni, hvort heldur er árlegum verkefnum eða verkefnum sem ráðast þarf í vegna sérstakra svæðis- eða tímabundinna aðstæðna.

7. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi skulu taka gildi 1. janúar 2007.

9. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem eru starfandi við gildistöku laga þessara og falla undir gildissvið þeirra skulu innan eins árs frá gildistöku að telja aðlaga starfsemi sína að lögunum.

Greinargerð.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa starfað í meira en áratug. Reynslan af þeim hefur verið einkar jákvæð. Óhætt er að segja að þær hafi reynst afar mikilvægar fyrir menntunarmöguleika fullorðinna á landsbyggðinni. Í þeim efnum hafa þær sannarlega lyft grettistaki. Auk eigin námsframboðs miðla miðstöðvarnar kennslu á öllum skólastigum, að frátöldu grunnskólastigi. Þær vinna jafnframt mikilvægt hvatningarstarf, annast kynningu á námsframboði, greina menntunarþörf einstaklinga og sjá um skipulagningu náms og tilboðsgerð. Miðstöðvarnar bjóða upp á námsaðstöðu og semja um þátttöku við sveitarfélög, skóla, fyrirtæki og stofnanir.

Þrátt fyrir að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar hafi starfað í meira en áratug búa þær enn við óvissu í skipulagsmálum og formi. Þær eru sjálfseignarstofnanir og heyra eðli málsins samkvæmt undir menntamálaráðuneytið en eru ekki á föstum fjárlögum. Þeim hefur ekki verið settur starfsrammi af hálfu ráðuneytisins og fjárframlög til þeirra eru án alls tillits til eðlis og umfangs þeirra verkefna sem þær hafa með höndum eða starfsumhverfis þeirra. Þannig er ekki tekið tillit til mismunandi landfræðilegra starfsaðstæðna, mismunandi fólks-

fjölda á starfssvæði þeirra, hvaða hópum þær þjóna, né annars sem augljóslega skapar miðstöðvunum þó mismunandi grundvöll og aðstæður.

Miðlun háskólanáms hefur stóraukist í starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Sá þáttur hefur þó reynst þeim afar kostnaðarsamur og í raun um megn. Sveitarfélög á viðkomandi starfssvæðum hafa því ekki átt annars úrkosti en að axla þennan kostnað, sem í raun á að falla á ríkissjóð, til að komast hjá taprekstri og jafnvel gjaldþroti stöðvanna. Nemur kostnaður sveitarfélaga allnokkrum milljónum króna árlega á dreifbýlum svæðum þar sem margar útstöðvar eru nauðsynlegar, t.d. nam kostnaður sveitarfélaga á Vesturlandi tæpum 4 millj. kr. árið 2004.

Lögum sem samþykkt yrðu á grundvelli þessa frumvarps er ætlað að setja fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum lagalegan ramma og tryggja rekstrarumhverfi þeirra til framtíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt rannsóknum hafa íbúar landsbyggðarinnar að jafnaði styttri skólagöngu að baki en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er ekki síst ætlað að jafna þennan mun með því að auðvelda fullorðnum aðgengi að menntun og auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þeim ber að vinna að þessu markmiði með stofnunum sem sinna fræðslu, hvort heldur er opinberum eða einkareknum, auk eigin námsframboðs.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það meginverkefni fræðslu- og símenntunarmiðstöðva að greina þarfir og veita þjónustu í samræmi við þær og að miðstöðvarnar skuli einbeita sér jafnt að atvinnulífinu sem einstaklingum. Markmiði sínu skulu þær þjóna með eigin námsframboði og miðlun náms frá öðrum stofnunum eða skólum. Stöðvarnar skulu sinna kynningar- og hvatningarstarfi, ráðgjöf og upplýsingagjöf samhliða mikilvægu frumkvöðlastarfi hver á sínu svæði.

Auk ofangreinds skulu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar sinna sérstökum verkefnum, svo sem dreifingu fræðslu til strjálbýlli svæða þar sem íbúar eiga oft sérstaklega erfitt með að afla sér þekkingar eða endurnýja hana.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar skulu sinna íslenskukennslu fyrir nýbúa en þar er um að ræða brýnt samfélagslegt hagsmunamál sem krefst sérhæfðs kennsluefnis og kennslufræði. Þær skulu miðla háskólanámi til þeirra staða á starfssvæði þeirra þar sem markaður er fyrir hendi.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar skulu vinna að sérverkefnum sem menntamálaráðuneytið felur þeim enda sé gert ráð fyrir slíku í fjárveitingum til stofnananna eða gjald komi fyrir hverju sinni. Einnig skulu þær ásamt öðrum vinna að sérverkefnum sem falla undir tilgang stöðvanna og stjórn þeirra felur þeim.

Leitast skal við að innan vébanda fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna sé jafnan til staðar nægileg þekking á kennslufræði fullorðinna jafnt sem nýjasta kennslutækni og -búnaður á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Grein þessi á sér fyrirmynd í 14., 22., 28., 30., og 36. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Um 4. gr.

Grein þessi á sér fyrirmynd í 9. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Um 5. gr.

Grein þessi á sér fyrirmynd í 10. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og 2. mgr. 11. gr. sömu laga.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að ríkissjóður skuli leggja rekstrarfjármagn til þeirra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem viðurkenndar hafa verið af menntamálaráðuneytinu og fengið starfsleyfi sem nægir til að standa undir skilgreindum rekstrarkostnaði. Rekstrarkostnaður er eðli máls samkvæmt misjafn eftir umfangi starfsemi, landfræðilegum aðstæðum og mannfjölda á viðkomandi starfssvæði. Þannig má áætla að hlutfallslega dýrara sé að halda uppi fræðslustarfsemi á strjálbýlum og fámennum svæðum með mörgum útstöðvum en í þéttbýli þar sem aðeins er haldið uppi starfsemi á einum stað. En til að ná yfirlýstum markmiðum frumvarpsins teljast þrír starfsmenn lágmarksfjöldi, þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofumaður og námsráðgjafi.

Mikill kostnaður fylgir því fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar að veita háskólanemendum í fjarnámi þjónustu. Felst sá kostnaður m.a. í rekstri svokallaðs FS-nets, sem er fjarkennslunet háskóla, símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla, þjónustu við nemendur á mörgum námsstöðvum, húsnæði fyrir búnaðinn og námsaðstöðu nemenda. Reikna má með að sá kostnaður geti numið töluverðum upphæðum fyrir þær fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem hafa flestar útstöðvar. Sveitarfélög hafa fram til þessa lagt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum lið til að standa straum af þessum kostnað. Hann á þó rætur sínar að rekja til þjónustu við framhalds- og háskólanemendur og aðstöðu sem ríkið eða sjálfseignarstofnanir leggja til á þeim stöðum sem háskólar eru staðsettir. Það er því jafnræðismál að ríkissjóður taki á sig þann kostnað sem af rekstri FS-netsins hlýst, aðstöðu og þjónustu við það.

Menntamálaráðuneytið hefur verið í samvinnu við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar um ýmis sérverkefni, t.d. viku símenntunar, íslenskukennslu fyrir útlendinga o.fl. Eðlilegt er að reikna með slíku samstarfi framvegis og að sérstök greiðsla komi fyrir.

Um 7.– 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

382. Skýrsla [348. mál]

Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra um raforkumálefni.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Samantekt.

Í þessari skýrslu er leitast við að veita ítarlegar upplýsingar um þróun raforkumála hérlendis, í samræmi við ákvæði raforkulaga um upplýsingagjöf iðnaðarráðherra til Alþingis um raforkumálefni.

Í 1. kafla skýrslunnar er fjallað um þróun og skipulag raforkumarkaðar hér á landi, sem og þróun löggjafar um raforkumál, með sérstaka áherslu á umfjöllun um ný raforkulög sem Alþingi samþykkti í mars 2003, en þau taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Með lögunum er skilið á milli sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, þ.e. flutnings og dreifingar raforku, annars vegar og hins vegar samkeppnisstarfsemi, vinnslu og sölu. Flutningur og dreifing raforku er háð einkaleyfi og eftirliti Orkustofnunar og ákvörðun stofnunarinnar um hámark tekna með setningu tekjumarka. Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur einkaleyfi til flutnings raforku og einkaleyfi til dreifingar á tilteknum landfræðilega afmörkuðum svæðum eru í höndum dreifiveitna. Lögin taka einnig til eftirlits með verðlagningu á sérleyfisþáttunum, flutningi, dreifingu og gæðum raforku, ásamt forsendum fyrir veitingu virkjunarleyfa.

Í 2. kafla er fjallað um þróun raforkuverðs með sérstaka áherslu á breytingar sem urðu um áramótin 2004/2005 þegar ný skipan raforkumála kom til framkvæmda. Þessi nýskipan ein sér gefur ekki almennt tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði, en þó verða nokkrar verðbreytingar hjá einstökum notendum. Þannig má rekja um 2–4% af hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til breytingarinnar, en með sama hætti hefur hún leitt til lækkunar á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK), einkum í þéttbýli.

Með nýjum raforkulögum er kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn, samhliða því að ríkissjóður greiðir niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Verð á raforku til almennra notenda lækkaði almennt um áramótin 2004/2005 á þéttbýlissvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða, en hækkaði aftur á móti hjá Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og RARIK í dreifbýli. Verð á raforku til aflmældra notenda, sem eru flest stærri fyrirtæki, lækkaði mikið hjá RARIK, bæði í dreifbýli og þéttbýli, en mesta hækkunin varð hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli og Hitaveitu Suðurnesja á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. Minni breytingar urðu hjá notendum hjá öðrum veitum.

Miðað við leiðréttingu á grundvelli neysluverðsvísitölu hefur smásöluverð á raforku samkvæmt almennum taxta hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur lækkað nokkuð frá 1991 til 2005.

Raforka til húshitunar hefur um árabil verið niðurgreidd af opinberu fé og árin 1983–2004 voru heildarútgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna um 15 milljarðar kr. á núvirði. Lög um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar voru sett á Alþingi vorið 2002 og eftirlit Orkustofnunar með framkvæmd laganna leiddi til lækkunar niðurgreiðslna til húshitunar árin 2003 og 2004.

Á árinu 2004 voru aftur á móti gerðar breytingar á lögunum sem rýmkuðu heimildir einstaklinga og félagasamtaka til niðurgreiðslna, en á fjárlögum ársins 2005 eru ætlaðar 998 millj. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslna vegna húshitunar og annarra verkefna sem tengjast þeim.

Flutningur og dreifing á raforku er nú verðlögð óháð því til hvers hún er notuð og á gjaldskrá að vera sem næst raunkostnaði við þessa liði. Þetta hefur haft í för með sér nokkrar breytingar á raforkutöxtum bæði til hækkunar og lækkunar, en sérstaklega hafa verið í umræðu hækkanir á raforku til húshitunar og ótryggðri orku til fyrirtækja. Tekið hefur verið á þessum vanda með ýmsu móti. Þannig voru niðurgreiðslur til húshitunar hækkaðar á árinu 2005 og einnig var hugað að orkusparnaðaraðgerðum og voru sett af stað nokkur verkefni á sviði orkuhagkvæmni að frumkvæði Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis. Þá var árið 2005 stofnað svonefnt Orkusetur sem hefur það markmið að auka orkuhagkvæmni og nýtingu annarra orkugjafa þar sem það reynist hagkvæmt.

Í 3. kafla er yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin ár. Þar kemur fram að raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Árleg aukning á almennri raforkunotkun var um 7% á sjötta til áttunda áratug aldarinnar, en í lok áttunda áratugarins fór vöxturinn að minnka og frá árinu 1996 hefur aukningin verið rúmlega 3% á ári. Sala á raforku til stóriðju hefur aukist mun meira en almenn raforkusala og á tímabilinu 1996–2003 jókst raforkusala til stóriðju um tæplega 115% eða að meðaltali um rúmlega 16% á ári. Stóriðjunotkunin stóð hins vegar í stað árið 2004. Raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996, en hefur verið að aukast síðan þá og var 61% af heildarnotkun árið 2004. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum, því gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun árið 2008. Raforkunotkun á mann er meiri hérlendis en í nokkru öðru OECD-ríki vegna þessa.

Í 4. kafla er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist um 55% árin 2005–2008, einkum vegna umsaminnar sölu til nýrra eða stækkaðra álvera. Verði gerðir nýir stóriðjusamningar á áætlunartímabilinu þarf að sjálfsögðu að endurskoða spána. Ekki er gert ráð fyrir að raforkuþörf á almenna markaðnum aukist mikið, en áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 130% á þessu tímabili. Sú mikla aukning skýrist annars vegar af stækkun Norðuráls á Grundartanga og hins vegar af hinu nýja álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði sem tekur til starfa árið 2007 og verður þá stærsti raforkunotandi landsins. Þessari auknu raforkuþörf verður annars vegar mætt með nýjum virkjunum og hins vegar með stækkun núverandi virkjana. Þar er aðallega um að ræða virkjanir á Kárahnjúkum, Nesjavöllum, Hellisheiði, Reykjanesi og við Lagarfoss.

Vegna aukinnar raforkuvinnslu og raforkunotkunar næstu árin þarf flutningsfyrirtækið Landsnet að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins verði um 5,7 milljarðar kr. árið 2006, um 440 milljónir kr. árið 2007 og um 380 milljónir kr. árið 2008.

Í 5. kafla er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi út frá upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra bilana í aðveitu og flutningskerfi Landsvirkjunar, straumleysismínútum vegna fyrirvaralausra bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar og skerðingu á orkuafhendingu hjá dreifiveitum. Veðurfar hefur mikil áhrif á þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta þessa þætti, en almennt séð hafa gæði raforku og afhendingaröryggi verið að aukast síðastliðin ár.

Niðurstöður úr alþjóðlegri samanburðargreiningu sýna að flutningsfyrirtækið Landsnet er í hópi fyrirtækja þar sem saman fer lágt kostnaðarstig og hátt þjónustustig, sem staðfestir að rekstur flutningskerfisins hér á landi er í fremstu röð meðal þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í samanburðinum.

6. kafli fjallar um rannsóknir á orkulindum og undirbúning á virkjun þeirra til raforkuvinnslu. Undanfarin 4 ár hafa verið mikil umsvif í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins og skýrist það einkum af raforkusölu vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði úr 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 220 þúsund tonn og byggingar 322 þúsund tonna álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði. Gefin hafa verið út leyfi til rannsókna á Hellisheiðarsvæði, vesturhluta Kröflusvæðis, við Þeistareyki og í Köldukvíslarbotnum á Hágöngusvæði. Þá hefur Hitaveita Suðurnesja fengið nýtingarleyfi og hafið undirbúning fyrir allt að 100 MW virkjun á Reykjanesi. Virkjunarleyfi hafa verið gefin út fyrir Búðarhálsvirkjun (120 MW), Kárahnjúkavirkjun (690 MW), Nesjavallavirkjun (120 MW), Hellisheiðarvirkjun (80 MW) og við Lagarfoss (30 MW).

Hlutverk Orkustofnunar er m.a. að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins, með það að markmiði að skilgreina stærð og nýtanleika til að geta verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ráðstöfun þeirra til nýtingaraðila. Stærstu liðirnir í rannsóknum á vegum Orkustofnunar eru vatnafarsrannsóknir og jarðhitarannsóknir, en þar hefur Orkustofnun verið leiðandi bæði í rannsóknum vegna forathugunar á nýtingarmöguleikum, sem og í almennri þekkingaröflun og þróun. Í orkurannsóknaráætlun Orkustofnunar 2004–2008 er gert ráð fyrir að halda áfram að þróa viðmið um sjálfbæra nýtingu á jarðhita og hefja endurskoðun á mati á stærð þeirrar auðlindar. Meðal nýjunga í orkurannsóknaráætluninni er mat á vindorku, en búið er að þróa sérstakan vindatlas sem greinir vindátt og vindstyrk ásamt tíðni mismunandi styrks og þau gögn verða bakgrunnur áætlana um beislun vindorku.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöður 1. áfanga voru kynntar í skýrslu sem út kom í nóvember 2003, en niðurstöðurnar koma fram í röðun kosta, annars vegar eftir hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum, og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi. Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar, en þar verður lögð áhersla á að undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í 1. áfanga. Sérstök áhersla verður lögð á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, bæði út frá vinnslu- og verndarsjónarmiðum.

Í 7. kafla er fjallað um þjóðhagslega þýðingu framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu. Áætluð fjárfesting í orkuverum og stóriðju hér á landi árin 2001–2009 nemur alls um 265 milljörðum kr., en þar er um að ræða stækkun álver Norðuráls á Grundartanga og byggingu álvers í eigu Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði, sem og framkvæmdir við ný eða stækkuð raforkuver til að anna aukinni raforkuþörf.

Ætla má að árin 2003–2006 tengist að meðaltali 6% vinnandi manna hér á landi stóriðjuframkvæmdum. Þriðjungur vinnur að framkvæmdunum sjálfum, en aðrir vinna við aðföng eða þjónustu sem tengist framkvæmdunum óbeint. Ef tekið er mið af spá Seðlabanka um framleiðsluspennu á þessum árum virðist ekki fjarri lagi að álykta að atvinna sé um 2% meiri að jafnaði þessi ár en vænta hefði mátt í meðalári. Samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi á Íslandi 1,4% í september 2005 sem er um 42% lækkun frá september 2004 og atvinnuleysi hefur ekki verið minna í einstökum mánuði síðan í október 2001.

Hagvöxtur hefur verið mikill síðastliðin ár og sú þróun heldur áfram á næstunni. Hagvöxtur var 3,6% árið 2003, 6,2% árið 2004 og í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins

frá því í apríl 2005 er gert ráð fyrir nær 6% hagvexti árið 2005, lítið eitt lægri hagvexti árið 2006 og að hagvöxtur minnki síðan niður í 2,4% árið 2007. Samkvæmt spánni er meðalhagvöxtur áranna 2003–2006 ríflega 5%, en það er líklega um 2% umfram það sem búast má við í meðalári.

Launahækkanir hafa farið heldur vaxandi og í ágúst 2005 höfðu meðallaun í landinu hækkað um tæp 7% á einu ári. Ársverðbólgan fór yfir þolmörk Seðlabanka í september, en mestalla verðbólguna má tengja hækkun húsnæðisverðs.

Stóriðjuframkvæmdirnar leiða til mikils innstreymis erlends fjármagns og því má búast við að landsframleiðsla verði meiri vegna framkvæmdanna en ella hefði orðið, en erfitt er að leggja mat á það hve miklu munar.

Þegar framkvæmdum verður lokið á Austurlandi má gera ráð fyrir að atvinnulíf hafi styrkst mjög á svæðinu. Búast má við að hvers kyns þjónusta haldi áfram að eflast í Fjarðabyggð í mörg ár eftir að álver hefur þar rekstur og líklegt er að ársstörfum í sveitarfélaginu fjölgi á næstu 15–25 árum um nálægt eitt þúsund frá því sem var áður en framkvæmdir við álverið hófust.

Formáli.

Örugg framleiðsla orku, flutningur og dreifing hennar er ein af grundvallarforsendum kröftugs samfélags nútímans. Á síðustu árum hafa orðið alger umskipti í orkunotkun þjóðarinnar og er nú svo komið að orkunotkun á íbúa hér á landi er með því mesta sem þekkist í heiminum. Er þessi mikla notkun m.a. til komin vegna þess að Ísland býr yfir auðlegð í formi endurnýjanlegra orkulinda sem hafa verið nýttar á hagkvæman hátt landsmönnum til heilla. Er mörgum þjóðum öfundarefni að 99,95% af raforkunotkun Íslendinga kemur frá þessum endurnýjanlegu orkulindum og þó hafa þær aðeins verið nýttar að takmörkuðu leyti. Áframhaldandi skynsamleg nýting þeirra mun um ókomin ár standa undir aukinni velferð þjóðarinnar.

Alþingi samþykkti ný raforkulög í mars 2003, en með þeim er m.a. verið að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um raforkuviðskipti frá árinu 1996. Með nýju lögunum hefur orðið gerbreyting á allri skipan raforkumála á Íslandi.

Í raforkulögum er kveðið á um að iðnaðarráðherra skuli leggja fyrir Alþingi skýrslu um raforkumálefni á tveggja ára fresti. Skýrslunni er m.a. ætlað að fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.
7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

Svo sem sjá má er skýrslunni ætlað að vera yfirgripsmikil umfjöllun um allt það helsta sem við kemur sölu, dreifingu, gæðum og mikilvægi raforku ásamt því að taka til þróunar á þessu mikilvæga sviði hér á landi í fortíð, nútíð og framtíð. Skýrsla þessi sem nú kemur fyrir sjónir lesenda er frumsmíð á þessu sviði. Af þeim sökum er skýrslan einnig að nokkru leyti víðtækari en raforkulögin gera kröfu um en að sama skapi er það von mín að mikill fengur verði að ritinu, þótt seint verði upplýsingarit sem þetta talið fullkomið.

Iðnaðarráðuneytið hafði yfirumsjón með ritstjórn og gerð skýrslunnar, en hún er unnin í samvinnu við sérfræðinga frá Orkustofnun, Landsneti og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þakka ég öllum þeim fjölmörgu sem að verkinu komu fyrir mikla og góða vinnu.

Valgerður Sverrisdóttir
iðnaðarráðherra

Inngangur.

Örugg framleiðsla raforku, flutningur og dreifing hennar eru meðal þeirra grunnþátta sem nútímasamfélag byggist á. Nauðsynlegt er því að raforkumálum hér á landi sé þannig háttað að framboð raforku sé nægilegt og afhending hennar tryggð. Upplýsingagjöf um ástand raforkumarkaðarins er mikilvæg í því sambandi og í þessari skýrslu er leitast við að veita ítarlegar upplýsingar um raforkumálefni hérlendis.

Skýrslan er þannig upp byggð að í 1. kafla er fjallað um þróun og skipulag raforkumarkaðar á Íslandi, sem og löggjafar um raforkumál, með sérstaka áherslu á umfjöllun um ný raforkulög sem Alþingi samþykkti árið 2003. Þá er einnig fjallað um þróun mála annar staðar á Norðurlöndunum, EES-samninginn og áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins.

Í 2. kafla er fjallað um þróun raforkuverðs síðastliðin ár með sérstaka áherslu á þær breytingar sem urðu um áramótin 2004/2005. Þá er einnig fjallað um þróun niðurgreiðslna á raforku til húshitunar.

Í 3. kafla er farið yfir upplýsingar um sölu og notkun raforku síðastliðin ár, auk þess sem skipting raforkunotkunar á árinu 2004 er skoðuð sérstaklega. Í kaflanum er einnig að finna alþjóðlegan samanburð á raforkunotkun.

Í 4. kafla er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf árin 2006–2008.

Í 5. kafla er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi út frá upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra bilana í aðveitu og flutningskerfi Landsvirkjunar, straumleysismínútum vegna fyrirvaralausra bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar og skerðingu á orkuafhendingu hjá dreifiveitum.

Í 6. kafla er fjallað um rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu, auk þess sem fjallað er um orkurannsóknaráætlun og langtímaáætlun (rammaáætlun) um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í 7. kafla er fjallað um þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

1. Skipulag raforkumála á Íslandi.

Í þessum kafla er fjallað um þróun og skipulag raforkumála á Íslandi, sem og þróun löggjafar um raforkumál, með sérstaka áherslu á umfjöllun um ný raforkulög sem Alþingi samþykkti árið 2003. Einnig er fjallað um þróun mála annars staðar á Norðurlöndunum, EES-samninginn og áherslur á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins.

1.1. Stjórnkerfi.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3 1. febrúar 2004, fer iðnaðarráðuneyti með yfirstjórn raforkumála og fer m.a. með mál er varða grunnrannsóknir á orkulindum, nýtingu orku og orkufyrirtæki. Ráðuneytið fer einnig með ýmis verkefni sem skilgreind eru í raforkulögum. Þannig veitir ráðherra samkvæmt lögunum leyfi til raforkuvinnslu (4. gr.), til reksturs flutningsfyrirtækisins (8. gr.), til að reisa flutningsvirki (9. og 11. gr.), til að reisa og reka dreifikerfi (13. gr.) og til að stunda raforkuviðskipti (18. gr.). Þá getur ráðherra skv. 23. gr. laganna veitt heimild til eignarnáms eða ákveðið að ríkið taki eignarnámi ýmis réttindi vegna framkvæmda á grundvelli raforkulaga.

Orkustofnun starfar að raforkumálum undir yfirstjórn iðnaðarráðherra samkvæmt raforkulögum og lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkustofnun er ætlað að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppnisstofnun. Þá er stofnuninni ætlað að hafa samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd eftirlitsins. Orkustofnun veitir umsagnir um leyfisveitingar ráðherra samkvæmt raforkulögum og hefur eftirlit með framkvæmd leyfa. Stofnunin hefur einnig eftirlit með sérleyfisþáttum raforkulaganna, þ.e. flutningi og dreifingu, með því að setja fyrirtækjum tekjumörk og yfirfara gjaldskrár. Þá hefur stofnunin almennt eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

1.2. Þróun og skipulag raforkumarkaðar og löggjafar.

Íslendingum varð ljóst snemma á síðustu öld að landið bjó yfir miklum orkulindum. Fyrstu grunnrannsóknir á vatnsafli landsins hófust á fyrstu áratugum aldarinnar og stórhuga áætlanir voru gerðar um nýtingu vatnsorku til iðnaðarframleiðslu. Ekkert varð þó af þeim eins og kunnugt er fyrr en á síðari hluta aldarinnar. Á mörgum þéttbýlisstöðum landsins hófst rafvæðing á árunum fram að síðari heimsstyrjöld. Á sama tímabili varð mikil uppbygging í smávirkjunum til heimilisnota víða um land og náði fjöldi þeirra hámarki um 1945.

Almenn rafvæðing landsins hófst á fjórða áratug síðustu aldar þegar reistar voru stærri virkjanir, Ljósafossstöð og Laxárstöð I, ásamt tilheyrandi flutningslínum frá þessum virkjunum til Reykjavíkur og Akureyrar. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var megináhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu dreifiveitna innan landsvæða. Þetta tímabil hefur því oft með réttu verið kallað tímabil samvirkjana og samveitna. Minni virkjanir voru einnig reistar víða til að anna gífurlegri almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum, en engin innbyrðis tenging var þó á milli einstakra landshluta.

Grunnurinn að baki rafvæðingar landsbyggðarinnar voru fyrstu lög er náðu til allra þátta raforkumála í landinu, raforkulögin frá 1946. Þar var mörkuð sú stefna að ríkið tæki að sér að annast vinnslu raforku til almennings, dreifingu rafmagns milli héraða og sömuleiðis innan þeirra þar sem ekki voru til staðar héraðsveitur. Fram að þeim tíma hafði stefna ríkisins verið að stunda ekki raforkuvinnslu eða dreifingu raforku. Samtenging einstakra samveitusvæða með gerð byggðalínunnar hófst árið 1974 og var hringtengingu byggðalínunnar lokið

árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orkugjafa til raforkuvinnslu hér á landi.

Á árinu 1965 urðu þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar það ár var farið inn á þá braut að reisa stærri virkjanir en áður hafði verið ráðist í. Með því móti var unnt að nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Orkuveitusvæði fyrirtækisins var í upphafi aðeins Suðvesturland, en lögum um Landsvirkjun var breytt árið 1983 og í kjölfarið yfirtók fyrirtækið byggðalínukerfið af ríkinu og varð þá allt landið orkuveitusvæði þess.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur á síðustu áratugum verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu raforkukerfi.

Skipulag raforkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru nær alfarið í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði þó svo að þar hafi einkaaðilar haslað sér völl í nokkru mæli á undanförnum árum.

Langstærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, hefur fram að síðustu áramótum einnig annast flutning raforku og heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, RARIK og Orkubú Vestfjarða hafa einnig haft með höndum raforkuflutning samhliða dreifingu og sölu innan sinna dreifingasvæða. Á síðustu árum hafa Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja jafnframt hafið raforkuframleiðslu til stóriðjunotenda og fyrirsjáanleg er enn frekari raforkuframleiðsla þeirra á næstu 2–3 árum.

1.3. Ný raforkulög.

Í mars 2003 voru samþykkt á Alþingi ný raforkulög, nr. 65/2003, sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Með lögunum er skilið á milli sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, þ.e. flutnings og dreifingar raforku, annars vegar og hins vegar samkeppnisstarfsemi, vinnslu og sölu. Flutningur og dreifing raforku er háð einkaleyfi og eftirliti Orkustofnunar og ákvörðun stofnunarinnar um hámark tekna með setningu tekjumarka. Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur einkaleyfi til flutnings raforku og einkaleyfi til dreifingar á tilteknum landfræðilega afmörkuðum svæðum eru í höndum dreifiveitna.

Lögin taka einnig til eftirlits með verðlagningu á einokunarþáttunum, flutningi og dreifingu, sem og gæðum raforku og forsendum fyrir veitingu virkjunarleyfa.

Vorið 2004 voru samþykkt lög um breytingar á raforkulögum. Í þeim breytingum var stofnun flutningsfyrirtækisins Landsnets hf. ákveðin, flutningskerfi þess útfært og mælt fyrir um mat á verðmæti þeirra flutningsvirkja sem til fyrirtækisins runnu. Jafnframt voru útfærð

ákvæði um setningu tekjumarka fyrir sérleyfisfyrirtæki, þ.e. flutningsfyrirtækið og dreifiveitur, og gjaldskrár þeirra.[1]

Í tengslum við hin nýju raforkulög voru einnig samþykkt lög um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku vorið 2004. Samkvæmt þeim lögum er heimilt að greiða niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga.

Í desember 2004 var aftur gerð breyting á hinum nýju raforkulögum. Þar var kveðið á um ýmsar breytingar sem framkvæmd laganna hafði leitt í ljós að voru nauðsynlegar. Þá var einnig mælt fyrir um gjaldtöku af virkjunum vegna innmötunar og ívilnunum til smávirkjana við gjaldtöku. Með breytingu á raforkulögum í desember 2004 var fullri opnun raforkumarkaðar flýtt um eitt ár og öllum raforkukaupendum þar með gert kleift að velja sér raforkusala frá og með 1. janúar 2006 í stað 2007.[2]

1.3.1. Vinnsla raforku.

Samkvæmt nýju raforkulögunum þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 1 MW,[3] en áður þurfti leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver sem væru stærri en 2.000 kW (2 MW) og leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver sem væru á bilinu 200–2.000 kW.[4]

Samkvæmt lögum fellur virkjunarleyfi úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur, en hægt er að sækja um endurnýjun virkjunarleyfis til ráðherra áður en að þessum tímamörkum kemur. Ekki er heimilt að framselja virkjunarleyfi né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

Umsókn um virkjunarleyfi þarf að vera skrifleg og henni skulu fylgja helstu upplýsingar og gögn er varða byggingu og rekstur virkjunar. Í umsókninni þarf að greina frá helstu niðurstöðum rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti, auk þess sem umsókninni þarf að fylgja lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdrættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis. Með umsókninni þarf einnig að fylgja framkvæmda- og fjárhagsáætlun þar sem fram kemur m.a. hvenær ætlunin sé að hefja framkvæmdir, hvenær þeim eigi að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar eigi að hefjast. Afrit af samningi um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði skulu fylgja umsókn, sem og upplýsingar um hvort fyrir liggi samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu orkunnar. Einnig þarf í umsókninni að upplýsa hvort um matsskylda framkvæmd sé að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og ef svo er skal úrskurður umhverfisyfirvalda um mat á umhverfisáhrifum

---

1 Lög nr. 89/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

2 Lög nr. 149/2004, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum. Yfirlit yfir gildandi lög og reglugerðir á sviði raforkumála er að finna á heimasíðu iðnaðarráðuneytisins á slóðinni: http://www.ivr.is/ log-og-reglugerdir/

3 Tilkynna þarf Orkustofnun um byggingu og raforkuvinnslu virkjana sem eru minni en 1 MW og leyfi ráðherra þarf ef afhenda á orku frá raforkuveri með minna en 1 MW raforkuvinnslu inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið.

4 Sbr. orkulög, nr. 58/1967.

fylgja umsókn. Loks skal í umsókninni upplýsa hvort fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.[5]

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila og aðeins má veita virkjunarleyfi til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda, en ráðherra getur þó heimilað að reistar séu varaaflstöðvar og toppaflstöðvar í hinu samtengda raforkukerfi og aflstöðvar fyrir einangruð raforkukerfi sem nýta aðra orkugjafa.

Við veitingu virkjunarleyfis skal ráðherra taka tillit til mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og fullnaðarúrskurðar stjórnvalda þar um. Ráðherra skal einnig eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisaðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Slíkar aðgerðir eða skilyrði skulu vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geta m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknum, upplýsingaskilum, framkvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum.

Áður en framkvæmdir hefjast á grundvelli leyfis skal leyfishafi sýna fram á að hann geti aflað nægilegs fjármagns til að reisa virkjunina og nauðsynleg mannvirki og búnað henni tengdan. Fyrir sama tíma skal leyfishafi einnig leggja fram hönnunargögn vegna mannvirkja og tækjabúnaðar sem tengjast virkjuninni. Hönnunargögnin skulu unnin eða yfirfarin af sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af hönnun virkjana.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana, vatnsmiðlana og jarðvarmavirkjana á viðkomandi virkjunarsvæði og ráðherra er heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er einnig heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

Vinnslufyrirtæki er heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi en því er óheimilt að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og fyrirtæki þurfa í bókhaldi sínu að halda reikningum fyrir vinnslu raforku aðskildum frá annarri starfsemi.

1.3.2. Sala raforku.

Sala á raforku er samkeppnisrekstur samkvæmt raforkulögum. Í hinu nýja umhverfi geta notendur valið sér þann söluaðila sem þeir kjósa, en eru bundnir við að eiga viðskipti við dreifiveitu á viðkomandi svæði varðandi flutning og dreifingu raforkunnar og á verði samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu.

Samkeppni á raforkumarkaði tekur gildi í áföngum samkvæmt raforkulögunum. Frá 1. janúar 2005 hafa aflmældir notendur, sem nota meira en 100 kW afl, mátt velja sér raforku-

---

[5] Sbr. reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga og reglugerð nr. 1051/2004 um breytingu á reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga.

sala og frá og með 1. janúar 2006 munu allir raforkunotendur eiga þess kost að velja sér raforkusala.

Leyfi iðnaðarráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti, en slíkt leyfi felur þó hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Umsækjandi um leyfi þarf að vera sjálfstæður lög- og skattaðili og þarf að auki að sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.

Sölufyrirtæki raforku er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. raforkulaga, auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Sölufyrirtæki er heimilt að stunda sérleyfisstarfsemi, en því er hins vegar óheimilt samkvæmt lögum að niðurgreiða sölu raforku með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og þarf því að halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Ef notandi telur að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Orkustofnunar. Orkukaupandi getur sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara, en heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Í árslok 2005 eru væntanlegar reglugerðir sem kveða nánar á um viðskipti með raforku, sem og um það hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifingar- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

1.3.3. Flutningur raforku.

Flutningur raforku er sérleyfisstarfsemi og samkvæmt raforkulögum skal eitt fyrirtæki annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Það fyrirtæki er Landsnet hf., sem stofnað var með lögum nr. 75/2004, um stofnun Landsnets hf., en fyrirtækið tók formlega til starfa 1. janúar 2005.

Í lögum um stofnun Landsnets segir m.a. að hlutverk fyrirtækisins sé að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga. Landsneti er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum, en fyrirtækinu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku.

Eigendur Landsnets eru Landsvirkjun (70%), Rafmagnsveitur ríkisins (24%) og Orkubú Vestfjarða (6%), en þessir aðilar lögðu flutningsvirki sín inn sem hlutafé í fyrirtækið. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja ákváðu að leggja flutningsvirki sín ekki inn í fyrirtækið og mun Landsnet því leigja flutningsvirki þessara aðila, en samkvæmt raforku-

lögunum er eigendum flutningsvirkja skylt að selja eða leiga þau flutningsfyrirtækinu eða leggja þau fram sem hlutafé.

Allar dreifiveitur og stórnotendur eru tengd við flutningskerfi Landsnets. Flutningskerfið innifelur nær öll flutningsvirki á spennu sem er 66 kV og hærri, auk þess sem nokkur flutningsvirki á 33 kV spennu tilheyra einnig flutningskerfi fyrirtækisins. Allar virkjanir sem eru 7 MW og stærri eiga að tengjast flutningskerfinu beint, en smærri virkjanir mega tengjast í gegnum dreifiveitu.

Landsneti er ætlað að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku og fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki, á 66 kV spennu eða hærri.

Landsneti ber m.a. að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, auk þess að útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu og launafl fyrir kerfið til að auka flutningsgetu og tryggja spennugæði.

Landsnet ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins og mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber Landsneti að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda, en við slíka skömmtun verður að gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

1.3.4. Dreifing raforku.

Dreifing raforku frá dreifiveitu til kaupenda er sérleyfisstarfssemi samkvæmt raforkulögunum. Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði, sem og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst bæði einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Ráðherra er heimilt að binda leyfið skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu og henni er ætlað að viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Ef dreifiveita stundar aðra starfsemi en raforkudreifingu þarf fyrirtækið að halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi sínu og ef sama dreifiveita rekur dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði þarf fyrirtækið að halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Dreifiveita sem á flutningsvirki þarf í bókhaldi sínu að aðskilja reikninga vegna flutningsvirkja frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi.

Dreifiveitu er óheimilt að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar með tekjum af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Í árslok 2004 voru starfandi sjö dreifiveitur: Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins og Rafveita Reyðarfjarðar.

1.3.5. Tekjumörk flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Orkustofnun hefur eftirlit með sérleyfisstarfsemi samkvæmt raforkulögum og setur fyrirtækjunum tekjumörk, byggð á rekstrarkostnaði, arðsemi og hagræðingarkröfu. Tekjumörk eru hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði. Tekjumörkin skal setja til þriggja ára í senn, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði raforkulaga voru tekjumörk einungis sett til eins árs í byrjun fyrir árið 2005 og það verður einnig gert fyrir árið 2006.

Tekjumörk fyrirtækjanna fyrir árið 2005 voru byggð á bókhaldsgögnum fyrirtækjanna fyrir árin 2002 og 2003, auk þess sem Orkustofnun setti hagræðingarkröfu sem ákveðin var 1% af heildartekjumörkum ársins 2005 fyrir öll fyrirtækin. Gert er ráð fyrir setningu sértækrar hagræðingarkröfu á síðari stigum þegar unnt verður að byggja á reynslugögnum við samanburð á rekstri fyrirtækjanna. Þar sem byggt er á sögulegum bókhaldsgögnum varð engin breyting á heimiluðum rauntekjum fyrirtækjanna nema þá vegna breyttrar arðsemisviðmiðunar. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði í raforkulögunum var arðsemin reiknuð sem 3,9% af verðmæti fastafjármuna fyrirtækjanna. Bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir því að arðsemisviðmiðun sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára í fyrstu, en að hún hækki í fulla markaðsávöxtun bréfanna á fimm árum, þó þannig að hækkunin valdi ekki meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu. Arðsemi flestra fyrirtækjanna var lægri fyrir gildistöku hinna nýju raforkulaga, en ákvæði eru í lögunum um lágmarksarðsemi sem ætlað er að gæta þess, vegna sjónarmiða um afhendingaröryggi, að fyrirtækin séu ekki rekin með tapi. RARIK, Orkubú Vestfjarða og Orkuveita Húsavíkur nýta ekki tekjumörk sín að fullu árið 2005, en mega samkvæmt raforkulögum yfirfæra ónýtta heimild til seinni ára. Setja á frekari reglur varðandi slíkar yfirfærslur í reglugerð.

Tafla 1.1. Sett tekjumörk Landsnets fyrir flutning og tekjumörk dreifiveitna fyrir dreifingu árið 2005. Við tekjumörk dreifiveitna fyrir dreifingu bætist greiðsla til Landsnets vegna flutnings.

Nafn dreifiveitu	Tekjumörk [þús. kr]	Áætlað orkumagn [GWst]
Landsnet – dreifiveitur	2.779.937	3.075
Landsnet – stórnotendur	2.459.205	5.352
Hitaveita Suðurnesja	896.007	512
Norðurorka	252.083	144
Orkubú Vestfjarða	388.559	194
Orkuveita Húsavíkur	50.491	15
Orkuveita Reykjavíkur	2.608.310	1.050
Rafveita Reyðarfjarðar	31.843	16
Rafmagnsveitur ríkisins	2.298.351	749

1.3.6. Gjaldskrár flutningsfyrirtækis og dreifiveitna.

Flutningsfyrirtækið Landsnet og dreifiveitur setja sér gjaldskrár í samræmi við þau tekjumörk sem Orkustofnun setur. Í raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga er kveðið á um þær meginreglur sem fara ber eftir við setningu gjaldskráa fyrir flutning og dreifingu raforku. Fyrirtækjunum ber að senda Orkustofnun gjaldskrár til yfirferðar tveimur mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Geri Orkustofnun athugasemd við gjaldskrá tekur hún ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt.

Sama gjaldskrá skal að meginreglu vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Með breytingu á raforkulögum frá desember 2004 var þó sett sérregla um greiðslur smávirkjana þar sem fram höfðu komið ábendingar um að ákvæði laganna væru of íþyngjandi fyrir smærri

virkjanir. Var því tekið tillit til smærri virkjana varðandi úttektargjald vegna framleiðslu þeirra.

1.3.7. Almennt eftirlit með raforkulögum.

Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda. Við framkvæmd eftirlitsins ber Orkustofnun að hafa samráð við Samkeppnisstofnun. Þá hefur stofnunin samráð við eftirlitsskylda aðila í gegnum sérstaka samráðsnefnd sem var stofnuð árið 2003. Um samráðsnefndina gildir sérstök reglugerð, nr. 466/2003.

1.4. EES-samningurinn og áherslur á vettvangi Evrópusambandsins.

Með gildistöku EES-samningsins og í kjölfarið hafa verið teknar upp ýmsar gerðir Evrópusambandsins á sviði orkumála. Segja má að gerðir Evrópusambandsins um orkumál, sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hafi einkum lotið að neytendasjónarmiðum, umhverfisþáttum og vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á stigvaxandi markaðsbúskap í viðskiptum með raforku og jarðgas með því að opna aðgang að flutnings- og dreifikerfum ríkjanna. Þessar gerðir hafa leitt til nokkurra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál á Íslandi.

Orka telst vera vara í skilningi EES-samningsins og í 24. gr. samningsins er að finna ákvæði um orkumál. Í greininni segir einungis að sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál séu í IV. viðauka samningsins, en þar er að finna upptalningu á þeim gerðum sem teknar hafa verið upp í samninginn og varða orkumál. Í grófum dráttum má skipta gerðunum í þrjá flokka: Orkusparnað, olíumálefni og innri orkumarkað. Ísland tekur virkan þátt í starfi nefnda um orkumál á vegum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Að auki eru EES/EFTA-ríkin þátttakendur í Rammaáætlun Evrópusambandsins (6th Framework Programme) og sérstakri orkuáætlun þess (Intelligent Energy Europe), en í gegnum þessar áætlanir geta íslenskir aðilar fengið styrki til ýmissa verkefna á sviði orkumála.[6]

Þrjár gerðir er varða raforkumál hafa verið teknar upp í samninginn: Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni, tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

Gera má ráð fyrir að þrjár nýjar gerðir á sviði orkumála verði teknar upp í EES-samninginn á næstunni. Þar er um að ræða tilskipun 2001/77/EB um aukna framleiðslu raforku frá endurnýjanlegum orkulindum, tilskipun 2003/54/EB um innri raforkumarkað (sem hefur m.a. að geyma breytingar á tilskipunum 90/377, 90/547 og 96/92) og tilskipun 2005/32 um samframleiðslu hita og rafmagns. Þessar gerðir eru nú til umfjöllunar í stofnunum EES-samningsins og má gera ráð fyrir að fyrstu tvær gerðirnar verði teknar upp í samninginn fyrir lok ársins 2005, en sú síðastnefnda á fyrri hluta ársins 2006.

---

[6] Nánari upplýsingar um þessar áætlanir má finna á heimasíðu EFTA-skrifstofunnar: http://secretariat.efta.int/Web/EuropeanEconomicArea/ParticipationInEUProgrammes.

1.5. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Ísland hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði raforkumála og lagt sig fram um að læra af reynslu annarra þjóða.

Ísland tekur, eins og fram hefur komið, virkan þátt í starfi nefnda um orkumál á vegum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Ísland tekur einnig virkan þátt í norrænni samvinnu um orkumál á vegum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þeirri samvinnu er stýrt af orkumálaráðherrum landanna, en sérstök embættismannanefnd um orkumál sér um undirbúning. Þá er Ísland aðili að Alþjóða orkumálaráðinu (World Energy Council) og tekur að auki þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna um nýtingu endurnýjanlegrar orku, sem og í starfi undirhópa Alþjóða orkumálastofnunarinnar (International Energy Agency) um vetni og jarðhita.

Orkustofnun er þátttakandi í samstarfi norrænna eftirlitsaðila í raforkugeiranum (NordReg). Skipaðir hafa verið vinnuhópar um einstaka málaflokka og í þeim er unnið að samanburði og tillögugerðum varðandi samræmingu og breytingar sem m.a. er ætlað að leiða til meiri samkeppni og virkari raforkumarkaðar. Orkustofnun tekur einnig þátt í samtökum evrópskra eftirlitsaðila (CEER) og fylgist á þeim vettvangi með þróun og framkvæmd reglna í Evrópu.

Flutningsfyrirtækið Landsnet er þátttakandi í Nordel sem er samstarfsvettvangur flutningsfyrirtækja raforku í Svíþjóð, Danmörku, Íslandi, Noregi og Finnlandi. Markmiðið með Nordel er að skapa forsendur fyrir skilvirkum og samhæfðum norrænum rafmagnsmarkaði og að þróa hann áfram.

Þá er Samorka, samtök veitu fyrirtækja á Íslandi, aðili að EURELECTRIC sem eru samtök raforkuiðnaðarins í Evrópu.

1.6. Samanburður við önnur Norðurlönd.

1.6.1. Staða markaðsvæðingar.

Ísland er komið styttra á veg í markaðsvæðingu raforkukerfisins en önnur Norðurlönd. Það hefur þó þann kost í för með sér að með þátttöku í norrænu samstarfi hefur verið unnt að meta reynslu annarra þjóða, bera saman mismunandi leiðir sem farnar hafa verið og læra af reynslu þeirra.

Í Danmörku hafa allir notendur getað valið sér raforkusala frá 1. janúar 2003. Kerfið í Danmörku er þó þannig að á hverju svæði er eitt fyrirtæki sem ber skylda til að selja raforku á verði sem ákveðið er af opinberum eftirlitsaðila út frá innkaupsverði, rekstrarkostnaði og ákveðinni ávöxtun. Samanlagður fjöldi þeirra sem skipt hafa um söluaðila var í lok ársins 2004 rúm 110.000.

Allir raforkunotendur í Finnlandi hafa getað valið sér raforkusala frá 1. janúar 1997, en fram til septembermánaðar 1998 var þátttaka smárra notenda á samkeppnismarkaði nánast útilokuð með háum kostnaði samhliða skiptum á söluaðilum. Árið 2004 höfðu 11% notenda í Finnlandi skipt um söluaðila, en þess ber að geta að margir hafa samið um breytingar á kjörum við sinn raforkusala í stað þess að skipta um sölufyrirtæki.

Með norsku orkulögunum frá árinu 1990 var notendum heimilað að velja sér söluaðila. Frá árinu 1997 hefur raforkumarkaður í Noregi verið alveg opinn í raun og veru, en þá voru felld niður öll gjöld af skiptum á söluaðilum. Frá þeim tíma hafa farið fram u.þ.b. 1,6 milljónir skipta.

Sænskum raforkunotendum hefur verið heimilt að velja sér söluaðila frá 1. janúar 1996. Það var hins vegar gert að skilyrði fyrir slíkum skiptum að notendur kæmu sér upp mælibúnaði sem unnt væri að lesa af á hverri klukkustund. Slíkur búnaður var dýr og kom í raun

í veg fyrir skipti hjá almennum notendum. Því voru kröfur um klukkustundarmælingar á notkun felldar niður árið 1999. Árið 2004 höfðu 29% neytenda skipt um raforkusala.

1.6.2. Eftirlit með raforkugeiranum.

Norðurlöndin hafa til skamms tíma valið mismunandi leiðir til eftirlits með raforkugeiranum. Þau hafa þó átt það sameiginlegt að alls staðar á Norðurlöndum lýtur flutningur og dreifing raforku opinberu eftirliti. Þannig var í Danmörku og Noregi um að ræða stýringu með setningu tekjumarka fyrirtækja og eftirliti með gjaldskrám, en það er sú leið sem valin hefur verið á Íslandi. Svíar og Finnar völdu hins vegar í upphafi þá leið að nota svokallaða „eftir á“ stýringu, þ.e. að skoða mál ef upp komu kvartanir varðandi gjaldtöku fyrirtækja, en setja ekki tekjumörk eða skoða gjaldskrár fyrir fram. Stjórnsýsludómstólar landanna léku stórt hlutverk í þessu ferli.

Svíar og Finnar hafa nýlega breytt eftirlitskerfi sínu og fært það nær því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, þó með ólíkum hætti sé. Þannig hafa Svíar frá 1. janúar 2003 tekið upp nýtt kerfi til að meta hvort gjöld fyrir flutning og dreifingu raforku séu sanngjörn, eðlileg og í samræmi við þá þjónustu sem fyrirtækin veita viðskiptavinum sínum. Til þess hefur verið þróað líkan til að reikna „eðlilegt“ verð út frá upplýsingum sem fyrirtækin veita. Finnar hafa í ár gert breytingar á eftirlitskerfi sínu á þann hátt að litið er til 5 ára tímabils varðandi tekjur fyrirtækja í einkaleyfisstarfsemi. Ef tekjur að loknu því tímabili eru yfir mörkum sem talin eru ásættanleg er fyrirtækjunum gert skylt að skila þeim aftu r til notenda í formi lægra verðs fyrir flu tning og dreifingu raforku. Aðferðafræði við mat á tekjum og þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar eru auglýstir fyrir fram til að auka gagnsæi og áreiðanleika.

1.6.3. Áherslur í norrænu samstarfi.

Þær áherslur sem nú eru einna mest ræddar í norrænu samstarfi eru samræming á kröfum og leikreglum sem gilda á raforkumarkaði og eftirlit með raforkufyrirtækjum á Norðurlöndum. Slíkt á að skapa fyrirtækjum á sameiginlegum norrænum raforkumarkaði sem sambærilegastar aðstæður og auðvelda notendum samanburð. Þó að Ísland sé ekki þátttakandi á norrænum raforkumarkaði þykir eðlilegt að íslensk fyrirtæki starfi við sem líkastar aðstæður og fyrirtæki nágrannalandanna.

Í október 2005 gaf Norðurlandaráð út aðgerðaáætlun um norræna orkusamvinnu 2006–2009, en áætlunin byggist á niðurstöðum sem norrænir orkumálaráðherrar samþykktu á fundi á Akureyri árið 2004. Í aðgerðaáætluninni er lögð sérstök áhersla á endurnýjanlegar orkulindir og aukna orkunýtni.[7]

1.7. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um þróun og skipulag raforkumarkaðar hér á landi, sem og þróun löggjafar um raforkumál, með sérstaka áherslu á umfjöllun um ný raforkulög sem Alþingi samþykkti í mars 2003, en þau taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku, tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda, ásamt því að

---

[7] Aðgerðaáætlunina má nálgast á heimasíðu Norðulandaráðs: http://www.norden.org.

stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

Með lögunum er skilið á milli sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, þ.e. flutnings og dreifingar raforku, annars vegar og hins vegar samkeppnisstarfsemi, vinnslu og sölu. Flutningur og dreifing raforku er háð einkaleyfi og eftirliti Orkustofnunar og ákvörðun stofnunarinnar um hámark tekna með setningu tekjumarka. Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., hefur einkaleyfi til flutnings raforku og einkaleyfi til dreifingar á tilteknum landfræðilega afmörkuðum svæðum eru í höndum dreifiveitna. Lögin taka einnig til eftirlits með verðlagningu á sérleyfisþáttunum, flutningi, dreifingu og gæðum raforku, ásamt forsendum fyrir veitingu virkjunarleyfa.

2. Þróun raforkuverðs og breytingar um áramótin 2004/2005.

Í þessum kafla er fjallað um þróun raforkuverðs hér á landi með sérstaka áherslu á verðbreytingar sem urðu um áramótin 2004/2005 þegar ný skipan raforkumála kom til framkvæmda og helstu ástæður þeirra breytinga. Einnig er fjallað sérstaklega um þróun niðurgreiðslna á raforku til húshitunar.

2.1. Verðbreytingar á raforku innan dreifiveitusvæða.

Ný skipan raforkumála kom til framkvæmda um áramótin 2004/2005. Þessi nýskipan ein sér gefur ekki almennt tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði, en þó verður nokkur tilfærsla milli svæða og neytendahópa. Þannig má rekja um 2–4% af hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til breytingarinnar en með sama hætti leiddi hún til lækkunar á veitusvæði RARIK og Orkubús Vestfjarða, einkum í þéttbýli.

Nýjar gjaldskrár virðast almennt vera hagstæðari stærri notendum en þeim minni, en það stafar m.a. af því að veiturnar hafa kosið að hækka fastagjald hlutfallslega meira en gjöld fyrir notkun. Það er þó ekki þar með sagt að þetta sé óeðlileg breyting þar sem fastakostnaður, t.d. við dreifingu, er mikill og því er ekki óeðlilegt að drjúgur hluti af kostnaði við dreifinguna sé innheimtur með fastagjaldi.

Með nýjum raforkulögum er kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn, samhliða því að ríkissjóður greiðir niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Raforkuverð lækkar almennt á þéttbýlissvæðum RARIK og sama gerist í flestum tilfellum hjá Orkubúi Vestfjarða. Jafnframt lækkar verð almennt hjá fyrirtækjum á dreifbýlissvæði RARIK, en þar verður aftur á móti nokkur hækkun hjá heimilunum, bæði hjá þeim sem nota litla raforku og notendum rafhitunar sem nota mikla orku.

2.1.1. Verðbreytingar til almennra notenda.

Á mynd 2.1 má sjá þróun smásöluverðs raforku samkvæmt almennum taxta hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur 1991–2005. Miðað við leiðréttingu á grundvelli neysluverðsvísitölu hefur smásöluverð á raforku samkvæmt almennum taxta lækkað nokkuð á þessu tímabili.



Mynd 2.1. Meðalverð í smásölu á raforku samkvæmt almennum taxta á verðlagi ársins 2005 (með vsk.).

Nokkrar breytingar urðu á raforkuverði til almennra notenda með 4.000 kWst ársnotkun um áramótin 2004/2005. Eins og fram kemur á mynd 2.2 þá lækkaði verð til almennra notenda hjá RARIK í þéttbýli (-4%), Rafveitu Reyðarfjarðar (-3,9%) og Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli (-0,6%). Mesta hækkunin til almennra notenda varð hins vegar hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli (24%) og Hitaveitu Suðurnesja á Suðurnesjum og í Hafnarfirði (16,4%). Verð hækkaði einnig nokkuð hjá Hitaveitu Suðurnesja í Árborg og Vestmannaeyjum (7,9%), Orkuveitu Reykjavíkur (7,8%), Norðurorku (7,6%) og RARIK í dreifbýli (5,7%), meðan verðið hjá Orkuveitu Húsavíkur hélst óbreytt. Ekki er þó um verulegar verðbreytingar að ræða og sem dæmi má nefna að 7,8% hækkun hjá Orkuveitu Reykjavíkur þýðir að raforkureikningur heimila á veitusvæði hennar hækkar að meðaltali um tæpar 250 kr. á mánuði.



Mynd 2.2. Meðalverð á raforku til almennra notenda með 4.000 kWst ársnotkun við lok árs 2004 og í upphafi árs 2005. Verð með vsk.

Orkubú Vestfjarða í þéttbýli, Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur voru með lægsta raforkuverðið til almennra notenda með 4.000 kWst ársnotkun í ársbyrjun 2005, en

hæsta verðið var hjá RARIK, Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli og Orkuveitu Húsavíkur. Í viðauka 1 er farið nánar yfir breytingar á töxtum fyrir almenna notendur.

Á mynd 2.3 er sýndur samanburður á raforkuverði hérlendis við verð í nokkrum nágrannalöndum. Raforkuverð á Íslandi er nokkuð sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndunum þrátt fyrir styrkingu íslensku krónunnar að undanförnu. Þá verður einnig að hafa í huga að flutningur og dreifing raforku er dýr hérlendis vegna strjálbýlis. Ýmis gjöld önnur en virðisaukaskattur eru hverfandi, en víða annars staðar eru innheimt auðlindagjöld eða mengunargjöld.



Mynd 2.3. Verð á kWst til almennra notenda miðað við 3.500 kWst ársnotkun í upphafi árs 2005.

2.1.2. Verðbreytingar á afltöxtum.

Nokkrar verðbreytingar urðu um áramótin 2004/2005 á raforkuverði til aflmældra notenda, sem eru flest stærri fyrirtæki. Eins og sjá má á mynd 2.4, sem miðast við verð á kWst til aflnotenda með 500 MWst og 125 kW ársnotkun, þá lækkaði verð hjá aflnotendum allnokkuð hjá RARIK, bæði í dreifbýli (-17,3%) og þéttbýli (-21,4%) og hjá Rafveitu Reyðarfjarðar (-20,2%). Hjá Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja í Árborg og Vestmannaeyjum lækkaði verð einnig lítillega og hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli stóð verðið nánast í stað. Mesta hækkunin varð hins vegar hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli (16,3%) og Hitaveitu Suðurnesja á Suðurnesjum og í Hafnarfirði (15,2%).

Lægstu afltaxtarnir til aflnotenda með 500 MWst og 125 kW ársnotkun í byrjun árs 2005 voru hjá Orkubúi Vestfjarða í þéttbýli, Norðurorku og Rafveitu Reyðarfjarðar, en hæstu afltaxtarnir voru hjá RARIK í dreifbýli og Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli. Í viðauka 1 er farið nánar yfir verðbreytingar á raforku til aflnotenda.



Mynd 2.4. Verð á raforku til aflnotenda með 500 MWst og 125 kW ársnotkun miðað við síðustu gjaldskrá 2004 og nýja gjaldskrá 2005. Verð án vsk.

Eins og sjá má á mynd 2.5 er raforkuverð til stærri iðnfyrirtækja í hærri kantinum á Íslandi miðað við samanburðarlöndin og er það breyting frá því sem verið hefur á síðastliðnum árum. Sú breyting skýrist aðallega af styrkingu íslensku krónunnar að undanförnu, auk þess sem samkeppni á raforkumarkaði er að taka sín fyrstu spor, en iðnfyrirtæki hafa að jafnaði farið vel út úr samkeppnisvæðingu á raforkumarkaði.



Mynd 2.5. Samanburður á verði til aflnotenda miðað við 500 kW og 4.000 stunda nýtingartíma í upphafi árs 2005.

2.1.3. Verðbreytingar á ótryggðri orku.

Landsvirkjun býður upp á svokallaða ótryggða orku til stærri notenda sem nýta raforku til hitunar og er þá verið að bjóða valkost við olíubrennslu. Hér er um að ræða alls kyns rekstur, gjarnan tengdan matvælaiðnaði, eins og loðnubræðslu og mjólkurvinnslu, en einnig til hitunar á vatni fyrir hitaveitur og sundlaugar, svo dæmi séu tekin. Raforkan þarf þá að vera nokkuð ódýrari en hefðbundin forgangsorka. Landsvirkjun áskilur sér rétt til að skerða orkuafhendingu eða hækka verð orkunnar í samræmi við stöðu vatnabúskapar. Ekki hefur þó komið til slíkrar hækkunar síðan 1999.

Þær breytingar sem orðið hafa á meðferð ótryggðrar orku felast m.a. í því að Landsnet hefur nú sérstakt flutningsgjald fyrir ótryggða orku sem áður var innifalið í gjaldskrá Landsvirkjunar. Við þetta hækkar heildarverð ótryggðrar orku þótt gjald Landsvirkjunar lækki lítillega. Einnig verður sú breyting á þjónustu Landsvirkjunar að hún útvegar ekki lengur orku og afl vegna tapa í dreifikerfum. Á móti kemur að búast má við að töp á ótryggðri orku minnki verulega á svæðum RARIK, Orkubús Vestfjarða og í Vestamannaeyjum.

Á mynd 2.6 má sjá hvernig verð ótryggðrar orku til dreifiveitna hefur þróast síðustu ár. Um mitt ár 2003 var gefin út flutningsgjaldskrá flutningssviðs Landsvirkjunar sem var nokkurs konar undanfari gjaldskrár Landsnets. Þessi gjaldskrá hafði takmarkað gildi nema vegna flutnings á raforku til stóriðju og rétt er að taka henni með fyrirvara. Landsnet er nokkru umfangsmeira en flutningssvið Landsvirkjunar var áður og skýrir það hluta kostnaðarhækkananna til dreifiveitna.



Mynd 2.6. Verð ótryggðrar orku frá Landsvirkjun og Landsneti.

2.1.4. Verðbreytingar á raforku til fiskeldis.

Frá árinu 1987 hafa Landsvirkjun og viðkomandi dreifiveitur veitt sérstaka afslætti til fiskeldisfyrirtækja. Árið 2002 ákvað Landsvirkjun að halda þessum afslætti áfram til nokkurra fiskeldisfyrirtækja með þeim rökum að um tilraunastarfsemi væri að ræða sem vert væri að kanna rekstrargrundvöll á. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hyggst fyrirtækið veita afslátt af orkuverði enn um sinn, en afsláttur dreifiveitna vegna sérleyfisstarfseminnar,

flutnings og dreifingar, fellur niður. Núverandi samningar Landsvirkjunar um orkuverð við einstök fiskeldisfyrirtæki eru ekki opinberir.

2.1.5. Verðbreytingar á raforku til garðyrkju.

Nokkrar breytingar urðu á kjörum garðyrkjubænda um áramótin 2004/2005. Árið 2002 gerði ríkið samning við Samband garðyrkjubænda og dreifiveitur þar sem sett voru markmið um að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garðyrkjuafurðum, auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu, treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda og styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum. Hluti af þessu samkomulagi fólst í niðurgreiðslum ríkissjóðs á hluta af raforkukostnaði garðyrkjubænda, þ.e. til raflýsingar á nóttu og um helgar yfir vetrartímann.

Í upphafi árs 2005 voru niðurgreiðslur til raflýsingar endurskoðaðar í kjölfar gjaldskrárbreytinga og nýrra raforkulaga, en með þeim voru sértaxtar til gróðurhúsalýsingar afnumdir. Gert var nýtt samkomulag við Samband garðyrkjubænda og viðkomandi dreifiveitur sem kveður á um að 95% af dreifingarkostnaði utan fastra gjalda séu niðurgreidd úr ríkissjóði. Áhrif þessara breytinga eru 23 mismunandi eftir því hvenær dags bændur nýttu sér lýsinguna, en þetta nýja fyrirkomulag bindur ekki niðurgreiðslur við orkunotkun utan álagstíma eins og fyrri samningur. Árin 2002–2004 voru árlegar niðurgreiðslur til gróðurlýsingar um 30 milljónir kr., en breytingarnar árið 2005 auka til muna niðurgreiðslur úr ríkissjóði og áætlað er að þær verði um 90 milljónir kr. árið 2005.

2.2. Helstu ástæður breytinga á raforkuverði eftir dreifiveitusvæðum.

Í þessum kafla verður farið yfir helstu breytingar sem urðu í ársbyrjun 2005 og áhrif þeirra á raforkuverð. Í töflu 2.1 eru þessi áhrif dregin saman eftir einstökum dreifiveitusvæðum.

1. **Hækkun frá Landsvirkjun/Landsneti:**
   Samkvæmt útreikningum Orkustofnunar hafa Landsvirkjun og Landsnet (þegar leiðrétt hefur verið fyrir stækkun flutningskerfisins) hækkað verð á forgangsorku um a.m.k. 10 aura á kWst frá því sem verið hefur áður, en það er um 2% af endanlegu raforkuverði til heimila.
2. **Aukin arðsemi dreifiveitna/Aðskilnaður í rekstri varmaorkuvera:**
   Arðsemi dreifiveitna hefur í sumum tilfellum verið slök undanfarin ár. Samkvæmt lögunum ber dreifiveitum nú að skila ákveðnum lágmarksarði þannig að rekstrargrundvelli þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þessu til viðbótar er kveðið á um það í raforkulögunum að skilið skuli á milli raforku- og heitavatnsframleiðslu, en það hefur haft í för með sér að ekki er lengur heimilt að niðurgreiða raforkuframleiðslu með heitavatnssölu í varmaorkuverum.
3. **Tilflutningur eigna:**
   Við stofnun Landsnets hf. og skilgreiningu flutningskerfisins færðust eignir frá Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, RARIK og Orkubúi Vestfjarða til Landsnets. Með þessum eignum flyst umtalsverður kostnaður frá áðurnefndum dreifiveitum yfir á hið sameiginlega flutningskerfi. Þetta veldur mismikilli lækkun dreifingarkostnaðar en að sama skapi jafnri hækkun flutningskostnaðar. Þetta veldur því verðlækkunum á dreifiveitusvæðum sem leggja umtalsverðar eignir inn í flutningskerfið en að sama skapi hækkunum hjá hinum.

4. **Flutningsgjald af allri orku:**
Samkvæmt lögunum er greitt af allri raforkuframleiðslu til flutningskerfisins. Áður þurftu eingöngu þeir sem keyptu orku af Landsvirkjun að borga fyrir flutning. Þetta hefur í för með sér verðhækkun hjá þeim dreifiveitum þar sem umtalsverð raforkuframleiðsla hefur farið fram enda þarf nú að greiða fyrir flutning á orku framleiddri innan dreifiveitusvæða.
5. **Spennuafsláttur:**
Landsnet skal veita dreifiveitum sem taka við orku úr flutningskerfinu á 132 kV afslátt. Orkuafhending á suðvesturhorni landsins er yfirleitt á 132 kV, en oftast á lægri spennu annars staðar.
6. **Niðurfelling sammælinga í flutningi:**
Sammæling þýðir að öll orka sem afhent er inn á dreifiveitusvæði á mismunandi stöðum úr flutningskerfinu er sammæld. Fyrirkomulag flutningsgjalds er á þá leið að aflhlutinn er ríkjandi. Þetta hefur í för með sér að dreifiveitur leitast við að hafa raforkunotkun sem jafnasta yfir sólarhringinn sem og innan ársins til að lágmarka flutningsgjaldið á hverja kWst. Þessu til viðbótar hafa dreifiveitur getað lagt saman raforkunotkun á öllum afhendingarstöðum þannig að afltoppar á einstökum afhendingarstöðum falla oft saman, svo framarlega sem þeir falla ekki til á sama augnabliki, í stað þess að leggjast ofan á hvorn annan. Nýja fyrirkomulagið hefur í för með sér að kjör veitna með marga afhendingarstaði, sem ekki geta uppfyllt skilyrði til sammælingar í reglugerðum, versna en kjör veitna með einn eða fáeina afhendingarstaði batna.
7. **Tenging flutningskerfis við allar dreifiveitur:**
Allar dreifiveitur eru nú tengdar flutningskerfinu. Áður þurfti raforkuafhending til nokkurra dreifiveitusvæða að fara um svæði RARIK sem tók gjald fyrir notkun eigin kerfis.
8. **Ein gjaldskrá fyrir dreifiveitusvæði:**
Dreifiveitum er nú skylt að hafa sömu gjaldskrá fyrir öll dreifiveitusvæði sín. Þetta hefur eingöngu áhrif á svæðum Hitaveitu Suðurnesja sem þurfti að samræma gjaldið á sínum svæðum, sem auk Suðurnesja er Árborg og Vestmannaeyjar.
9. **Þéttbýli/Dreifbýli:**
Dreifiveitum er heimilt að sækja um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá að uppfylltum skilyrðum raforkulaga. Þetta hefur í för með sér aðskilnað kostnaðar við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli þannig að þéttbýli á dreifiveitusvæði þarf ekki lengur eitt að standa undir háum kostnaði við dreifingu í dreifibýli á sama veitusvæði heldur fellur dreifbýliskostnaðurinn á landsmenn alla.
10. **Niðurgreiðslur vegna dreifingar í dreifbýli:**
Úr ríkissjóði koma sérstakar niðurgreiðslur, 230 milljónir kr. á árinu 2005, til dreifbýlissvæða, sbr. liðinn hér á undan, til að jafna dreifingarkostnað í dreifbýli við það sem gerist í þéttbýli.
11. **Endurgreiðslur til smávirkjana:**
Dreifiveitur fá afslátt af flutningsgjaldi vegna raforku frá smávirkjunum á eigin veitusvæðum. Hluti þess ávinnings rennur þó til smávirkjananna sjálfra.
12. **Afnám ýmissa sértaxta:**
Með nýjum raforkulögum er óheimilt að mismuna notendum í flutningi og dreifingu eftir því til hvers þeir hyggjast nýta raforkuna. Þetta hefur t.d. í för með sér að sérkjör rafhitanotenda, gróðurhúsanotenda með lýsingu og fleiri aðila versna umtalsvert. Að sama skapi batna oft kjör þeirra sem verið hafa á almennum töxtum. Heimilt er að hafa

mismunandi verð eftir notkunarmynstri[8] svo framarlega sem efnisleg rök eru fyrir því að flutningur og dreifing vegna slíkrar raforku sé ódýrari og/eða leiði til hagkvæmari nýtingar flutnings- og dreifikerfis og að öllum standi slíkir taxtar til boða. Ekki er neitt í raforkulögum sem bannar mismunun í samkeppnishlutanum, sjálfri raforkusölunni, en samt sem áður hafa Landsvirkjun og dreifiveiturnar fellt niður ýmsa slíka afslætti af orkuverðinu.

13. Hækkun niðurgreiðslna til rafhitunar:

Til að koma til móts við mikla hækkun til rafhitanotenda vegna afnáms á sérstökum hús-hitunartöxtum hjá orkufyrirtækjunum hefur Alþingi ákveðið að verja aukalega 135 milljónum kr. á árinu 2005 og verður heildarfé til beinna niðurgreiðslna á rafhitun þá um 900 milljónir kr. árlega.

Í töflu 2.1 má sjá samantekt á umfjölluninni hér að ofan um helstu áhrif raforkulaga á raforkuverð hjá einstökum dreifiveitum.

Tafla 2.1. Áhrifaþættir raforkulaga á raforkuverð hjá einstökum dreifiveitum.

Áhrifaþættir	Dreifiveitur									
	Orku-veita Reykja-víkur	**Hitaveita Suðurnesja Suður-nes**	**Suður-land**	**RARIK Þétt-býli**	**Dreif-býli**	**Orkubú Vestfjarða Þétt-býli**	**Dreif-býli**	**Norður-orka**	**Orku-veita Húsa-víkur**	**Raf-veita Reyðar-fjarðar**
1 Hækkun frá Lands-virkjun/Landsneti	+	+	+	+	+	+	+	+	+	+
2 Aukin arðsemi dreifiveitna	+	+	+	o	-					
3 Tilflutningur eigna	+	+	+	-	-	-	-	++	++	++
4 Flutningsgjald á alla orku	o	+	+	o	o	+	+	-	-	-
5 Spennuafsláttur	-	-	-	+	+	+	+	+	+	+
6 Niðurfelling sammælinga í flutningi	-	o	o	+	+	+	+	-	-	-
7 Tenging flutningskerfis við allar dreifiveitur	o	o	-	+	+	o	o	o	-	-
8 Ein gjaldskrá fyrir dreifiveitusvæði	o	+	-	o	o	o	o	o	o	o
9 Þéttbýli/Dreifbýli	o	o	o	- -	++	-	++	o	o	o
10 Niðurgreiðslur vegna dreifingar í dreifbýli	o	o	o	o	-	o	-	o	o	o
11 Endurgreiðslur til smá-virkjana	+	+	+	o	o	-	-	-	- -	-
12 Niðurfelling sértaxta	o	o	o	+	+	+	+	o	o	+
13 Hækkun niðurgreiðslna til rafhitunar	o	o	-	-	-	-	-	o	o	-

o Óverulegar breytingar
\+ Hækkanir á raforkuverði
++ Hlutfallslega miklar hækkanir
\- Lækkanir á raforkuverði
- - Hlutfallslega miklar lækkanir

[8] Notkunarmynstur viðskiptavinar er notað til lýsa hvenær raforkunotkun hans á sér stað. Þannig er „hag-stæðara" notkunarmynstur hjá þeim sem nota mikið rafmagn utan álagstíma, t.d. á nóttunni, um helgar og á sumrin.

2.3. Önnur mál í tengslum við breytingar 2004/2005.

Nokkur umræða og fjölmiðlaumfjöllun spannst um meintar hækkanir á raforkuverði til rafhitunar á dreifiveitusvæði RARIK vorið 2005. Var einkum um að ræða staði þar sem álestur og uppgjör hafði farið fram haustið 2004, sem þýddi að nýr reikningur gerði upp vetrarnotkun sem gjarnan er margföld sumarnotkun þar sem kynda þarf með raforku. Þess vegna þurfti að gera upp töluvert meiri raforku en ársmeðaltal hefði gefið ástæðu til. Því var um einskiptiskostnað að ræða sem jafnvel mundi ganga til baka ef uppgjörstími yrði aftur færður til hausts. Áætlaðri ársnotkun var þó ekki breytt og var því eingöngu um einn óvenjulegan uppgjörsreikning að ræða. Árið 2005 hefur verið skilgreint sem nokkurs konar tilraunaár þessa nýja fyrirkomulags, enda var gerð breyting á lögunum í meðförum Alþingis í árslok 2004 sem heimilar endurupptöku tekjumarka og þar með gjaldskráa árið 2005.

2.4. Þróun niðurgreiðslna.

Um árabil hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Frá árinu 1983 til og með 2004 eru uppsöfnuð útgjöld ríkissjóðs orðin 15 milljarðar kr. miðað við verðlag í árslok 2004.

Mynd 2.7 sýnir útgjöld ríkisins frá 1983 til 2004 á verðlagi í árslok 2004.



Mynd 2.7. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar 1983–2005 á verðlagi í árslok 2004.

Frá árinu 1990 hafa niðurgreiðslur aukist jafnt og þétt og náðu hámarki árið 2002 þegar þær voru tæpar 880 milljónir kr. á verðlagi í desember 2004. Lög um niðurgreiðslu húshitunar voru sett árið 2002 og fór áhrifa lagasetningarinnar fyrst að gæta á árinu 2003.

Í samræmi við ákvæði laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar var öllum þeim sem njóta vildu slíkra niðurgreiðslna gert að sækja um það. Í kjölfarið fækkaði þeim sem fengu

niðurgreiðslur um 1.300 á árinu 2003. Þar af voru um 700 notendur sem sóttu ekki um niðurgreiðslu en höfðu notið þeirra fyrir setningu laganna. Hinir 600 notendurnir sem misstu niðurgreiðslurnar uppfylltu ekki skilyrði laganna af ýmsum ástæðum. Kostnaður við niðurgreiðslur lækkaði milli áranna 2002 og 2003 um 75 milljónir kr. sem skýrist af ofansögðu, en kostnaðurinn stóð nokkurn veginn í stað á árinu 2004.

Með breytingum sem gerðar voru á niðurgreiðslulögunum á Alþingi vorið 2004 voru heimildir einstaklinga og félagasamtaka til niðurgreiðslna rýmkaðar. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð.
- Heimilt er að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta. Heimildin nær til þess að greiða niður orkumagn sem svarar til fjórðungs af því orkumagni sem niðurgreitt er vegna þeirra íbúða sem njóta niðurgreiðslna á grundvelli 1. mgr. 4. gr. laganna.
- Kostnaður við hitun safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.
- Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan.
- Ráðherra er heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna.

Áhrif þessara breytinga eru ekki að fullu komin fram og hækka niðurgreiðslur á árinu 2005 m.a. vegna þess. Veigamesta ástæða hækkunar á niðurgreiðslum ríkissjóðs á árinu 2005 eru þó þær breytingar sem gerðar voru á raforkulögum og tóku gildi um síðastliðin áramót. Áður voru niðurgreiddar tilteknar kWst á ári og krónutalan réðst af því á hvaða raforkutaxta notandinn var. Með tilkomu nýrra raforkulaga með kröfu um sundurliðun kostnaðar á milli sérleyfisstarfsemi, þ.e. flutnings og dreifingar, annars vegar og raforkusölunnar sjálfrar hins vegar, ásamt því að dreifiveitum er ekki lengur heimilt að veita sérstaka afslætti vegna raforku til húshitunar af sérleyfisstarfsemi, breyttust forsendur niðurgreiðslna og taka þær nú mið af dreifingarkostnaði sem er mismunandi eftir landshlutum og dreifiveitum. Hækka niðurgreiðslur til almennrar húshitunar og nema þær nú breytilegum dreifingarkostnaði auk 21 eyris á hverja kWst.

Tafla 2.2. Dreifingakostnaður orkufyrirtækja. Nýjar niðurgreiðslur nema þeirri upphæð auk 21 eyris. Verð án vsk.

Fyrirtæki	Dreifingakostnaður
Orkuveita Reykjavíkur	3,16 kr/kWst
Hitaveita Suðurnesja	2,92 kr/kWst
Orkubú Vestfjarða í dreifbýli	3,21 kr/kWst
Orkubú Vestfjarða í þéttbýli	2,30 kr/kWst
Rafveita Reyðarfjarðar	2,36 kr/kWst
Rafmagnsveitur ríkisins í dreifbýli	2,99 kr/kWst
Rafmagnsveitur ríkisins í þéttbýli	2,51 kr/kWst

Samhliða því var hámark niðurgreiðslna lækkað enda hafa athuganir sýnt að meginþorri notenda er með raforkunotkun til hitunar undir því hámarki sem áður var. Ekki verður hjá því komist að kostnaður margra notenda aukist vegna þessara breytinga en stjórnvöld hafa fullan vilja til þess að kanna hvernig hægt sé að koma til móts við þá sem verst hafa farið út

úr þeim breytingum sem gerðar voru um áramótin 2004/2005. Því hefur verið um það rætt að árið 2005 sé tilraunaár og leitað verður leiða til að laga þá annmarka sem koma í ljós á núverandi fyrirkomulagi.

2.4.1. Um ráðstöfun fjár til niðurgreiðslna á húshitun.

Flestir þeirra sem njóta niðurgreiðslna eru á dreifiveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja í Vestmannaeyjum og Rafveitu Reyðarfjarðar. Þá njóta nokkrir íbúar á dreifiveitusvæði Norðurorku og Orkuveitu Reykjavíkur niðurgreiðslna. Niðurgreiðslur ársins 2005 eru áætlaðar 857 milljónir kr. Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna er sýnd á mynd 2.8.



Mynd 2.8. Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna árið 2005.

Þótt fjárhagsramminn til niðurgreiðslna á húshitun sé um 1 milljarður kr. fara þeir fjármunir ekki allir til beinna niðurgreiðslna. Til smávirkjana og varmadæluverkefna fara 10 milljónir kr., til jarðhitaleitar á köldum svæðum er heimilt að veita allt að 50 milljónir kr. og ætla má að nokkrir tugir milljóna kr. fari í endurgreiðslur til nýrra hitaveitna eða þeirra sem eru að stækka dreifikerfi sitt. Margir þéttbýlisstaðir kanna nú möguleika á nýtingu jarðhita og eru víða væntingar um góðan árangur. Til orkusparnaðarmála fer 1% af upphæðinni eða um 10 milljónir kr. Sett hafa verið af stað þrjú verkefni á sviði orkuhagkvæmni að frumkvæði Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis í samvinnu við Hólaskóla, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og verkfræðideild Háskóla Íslands. Háskóli Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eru að vinna verkefni þar sem fjögur sveitarfélög eru skoðuð út frá orkunotkun, húsakosti o.fl. þáttum til að kanna hvort staðsetning, byggingarmáti, aldur húsnæðis og einangrun þess ráði því hver kyndingarkostnaður notandans er. Í Hólaskóla er unnið að tillögum um orkusparnað í fiskeldi og verkfræðideild Háskóla Íslands hefur unnið könnun á orkunotkun á köldum svæðum, ekki síst hjá bændum. Þá var stofnað svonefnt Orkusetur á sumarmánuðum sem hefur það markmið að auka orkuhagkvæmni og nýtingu annarra orkugjafa þar sem það reynist hagkvæmt.

2.4.2. Afslættir raforkufyrirtækja til húshitunar.

Árum saman hafa dreifiveitur og Landsvirkjun veitt sérstakan afslátt á raforku til húshitunar. Frá síðustu áramótum er óheimilt að veita slíka afslætti vegna flutnings og dreifingar. Alþingi ákvað að koma til móts við þetta með því að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði.

Algengustu sértaxtar hjá Rafmagnsveitum ríkisins vegna húshitunar voru:
- Gjaldskrárliður C1, rofin daghitun.
- Gjaldskrárliður C2, næturhitun.
- Gjaldskrárliður H1, RO-veita (fjarvarmaveita).
- Gjaldskrárliður A5, einmæling á allri notkun (eingöngu til sveita).

Sambærilegir taxtar voru hjá öðrum dreifiveitum. Tafla 2.3 sýnir áhrif niðurgreiðslna og afslátta á endanlegt verð raforku árið 2004.

Tafla 2.3. Áhrif niðurgreiðslna og afslátta á endanlegt verð raforku árið 2004, verð án vsk.

Algengustu taxtar til rafhitunar	C1	C2	H1 (RO-veita)	A5
Niðurgreidd orka (hámarksnotkun (kWst/dag)	137	Ekkert þak	137	192
Gjaldskrárverð 1. ágúst 2004	4,76	3,23	3,22	3,55
Niðurgreiðsla ríkisins kr/kWst	2,23	1,28	2,04	1,59
Afsláttur Landsvirkjunar kr/kWst	0,34	0,39	0	0,24
Afsláttur dreifiveitu kr/kWst	0,076	0,053	0,064	0,047
Samtals niðurgreiðsla og afslættir kr/kWst	2,646	1,723	2,104	1,877
Orkugjald til notanda með niðurgreiðslu kr/kWst	**2,114**	**1,507**	**1,116**	**1,673**

2.4.3. Niðurgreiðslur vegna eigin framleiðslu.

Með fyrrgreindum niðurgreiðslulögum var bændum sem eiga rafstöðvar heimilt að sækja um niðurgreiðslu að uppfylltum skilyrðum um mæli á rafstöð. Tuttugu og sex rafstöðvar og 49 einstaklingar nutu niðurgreiðslna á húshitun frá heimarafstöð á árinu 2004. Niðurgreiðslur á árinu 2005 eru áætlaðar um 4 milljónir kr.

2.4.4. Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis hefur tíðkast frá 1980. Hún var síðan aflögð þegar olíuverð lækkaði á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Með tilkomu niðurgreiðslulaganna árið 2002 var niðurgreiðsla á olíu til húshitunar endurvakin. Eingöngu er hægt að fá niðurgreiðslu á olíu á stöðum þar sem íbúar hafa enga raunhæfa möguleika á öðrum orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis. Áætlanir gera ráð fyrir að útgjöld vegna þessa nemi um 4 milljónum kr. árið 2005.

2.4.5. Stofnun nýrra hitaveitna eða stækkun á dreifikerfi.

Á næstu tveimur árum má gera ráð fyrir að hitaveita verði að veruleika í Grundarfirði og Eskifirði og að veitusvæði Norðurorku stækki inn í Eyjafjarðarsveit. Þá er verið að ljúka lagningu hitaveitu í Arnarneshreppi og hluta Hörgárbyggðar og út á Svalbarðsströnd. Einnig eru í gangi framkvæmdir við hitaveitu í Akrahreppi í Skagafirði. Útgjöld ríkissjóðs vegna hitaveitna á næstu árum gætu numið á bilinu 300–400 milljónum kr.

2.4.6. Reynslan af framkvæmd niðurgreiðslna til húshitunar.

Reglubundið eftirlit Orkustofnunar með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði hófst á árinu 2003 með nýju niðurgreiðslulögunum og hafa aðferðir við eftirlitið verið að þróast jafnt og þétt. Orkustofnun hefur beinan aðgang að þeim viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins sem njóta niðurgreiðslna og stefnt er að því að hafa sambærilegan aðgang að notendum hjá öðrum. Þrátt fyrir að útgjöld ríkissjóðs hafi aukist er markmið stjórnvalda að fækka þeim sem fá niðurgreiðslu og vonir standa til að jarðhitaleitarátak sem verið hefur í gangi á undanförnum árum skili sér í því að hitaveitum fjölgi. Í dag njóta um 12% íbúa landsins niðurgreiðslna,

en samkvæmt úttekt Orkuráðs frá árinu 2000 er talið raunhæft að ætla að um 95,8% landsmanna geti notið jarðhita í framtíðinni og einungis 4,2% verði með rafhitun. Ætla má að árlegar niðurgreiðslur gætu að sama skapi lækkað úr 900 milljónum kr. í 300 milljónir kr.

2.5. Niðurgreiðsla dreifingarkostnaðar í dreifbýli.

Markmið laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004, er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Sú ábyrgð hvílir á dreifiveitum að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu og íbúum í þéttbýli. Samkvæmt lögunum er kostnaður greiddur niður á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár, en það er á dreifbýlissvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða. Fram til þessa hafa raforkunotendur á þéttbýlli svæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða staðið undir jöfnun kostnaðar við raforkuflutning til óhagkvæmustu dreifisvæða raforku sömu veitna með þeim hætti að sami taxti hefur gilt í dreifbýli og þéttbýli. Með sérstökum niðurgreiðslum ríkisins til dreifbýlissvæða er jöfnunarbyrðinni velt af öðrum raforkunotendum hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða og dreift á landsmenn alla.

Fjárhæð til niðurgreiðslna er ákveðin í fjárlögum. Þeirri fjárhæð skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæðunum miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk sem sett eru í reglugerð. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 eru 230 milljónir kr. ætlaðar til niðurgreiðslna á dreifingu raforku í dreifbýli. Niðurgreiðslur munu nema 63 aurum á kWst bæði hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða og dugir sú upphæð til að jafna dreifingarkostnað í dreifbýli niður í kostnað í þéttbýli þar sem hann er hæstur.

2.6. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um þróun raforkuverðs hérlendis, með sérstaka áherslu á breytingar sem urðu um áramótin 2004/2005 þegar ný skipan raforkumála kom til framkvæmda. Þessi nýskipan ein sér gefur ekki almennt tilefni til umtalsverðra breytinga á raforkuverði, en þó verða nokkrar verðbreytingar hjá einstökum notendum. Þannig má rekja um 2–4% af hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til breytingarinnar, en með sama hætti hefur hún leitt til lækkunar á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, einkum í þéttbýli.

Með nýjum raforkulögum er kostnaður við dreifingu í þéttbýli og dreifbýli aðskilinn, samhliða því að ríkissjóður greiðir niður dreifingu á raforku í dreifbýlinu. Verð á raforku til almennra notenda lækkaði almennt um áramótin 2004/2005 á þéttbýlissvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða, en hækkaði aftur á móti hjá Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku og RARIK í dreifbýli. Verð á raforku til aflmældra notenda, sem eru flest stærri fyrirtæki, lækkaði mikið hjá RARIK, bæði í dreifbýli og þéttbýli, en mesta hækkunin varð hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli og Hitaveitu Suðurnesja á Suðurnesjum og í Hafnarfirði. Minni breytingar urðu hjá notendum hjá öðrum veitum.

Miðað við leiðréttingu á grundvelli neysluverðsvísitölu hefur smásöluverð á raforku samkvæmt almennum taxta hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur lækkað nokkuð frá 1991 til 2005.

Raforka til húshitunar hefur um árabil verið niðurgreidd af opinberu fé og árin 1983–2004 voru heildarútgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna um 15 milljarðar kr. á núvirði. Lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar voru sett á Alþingi vorið 2002 og eftirlit Orkustofnunar með framkvæmd laganna leiddi til lækkunar niðurgreiðslna til húshitunar árin 2003 og 2004. Á árinu 2004 voru aftur á móti gerðar breytingar á lögunum sem rýmkuðu heimildir einstaklinga og félagasamtaka til niðurgreiðslna, en á fjárlögum ársins 2005 eru ætlaðar 998 milljónir kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslna vegna húshitunar og annarra verkefna sem tengjast þeim.

3. Sala og notkun raforku.

Í þessum kafla er fjallað um það hvernig sala og notkun raforku hérlendis hefur þróast síðastliðin ár, auk þess sem raforkunotkun hér á landi er borin saman við raforkunotkun í ríkjum OECD.[9]

3.1. Heildarsala raforku.

Raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Frá árinu 1985 hefur heildarnotkun raforku rúmlega tvöfaldast, eins og sést á mynd 3.1.

Árleg aukning almennrar raforkunotkunar var um 7% á sjötta til áttunda áratug aldarinnar, en í lok áttunda áratugarins fór vöxturinn að minnka. Frá árinu 1996 hefur aukningin verið rúmlega 3% á ári, en aukningin var hins vegar þó nokkuð meiri árið 2004 eða um 4,5% og skýrist það m.a. af raforkunotkun við virkjanaframkvæmdir á Austurlandi.

Sala á raforku til stóriðju hefur aukist mikið frá árinu 1953 þegar byrjað var að selja raforku til Áburðarverksmiðju ríkisins, en framleiðslu á áburði hefur nú verið hætt þar og Áburðarverksmiðjan flokkast því ekki lengur sem stóriðja. Til stóriðju teljast nú álver Alcan í Straumsvík, álver Norðuráls á Grundartanga og verksmiðja Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga. Frá árinu 1996 hefur raforkusala til stóriðju aukist mun meira en almenn raforkusala, eins og sjá má á mynd 3.1. Á tímabilinu 1996–2003 jókst þannig raforkusala til stóriðju um tæplega 115%, úr 2.450 GWst í um 5.200 GWst eða að meðaltali um rúmlega 16% á ári. Sala á raforku til stóriðju stóð hins vegar í stað á árinu 2004.



Mynd 3.1. Raforkunotkun á Íslandi 1985–2004.

---

[9] Kaflinn er byggður á upplýsingum frá Orkuspárnefnd og Orkustofnun. Nánari upplýsingar um efni kaflans má finna í Raforkuspá 2005–2030, á heimasíðu Orkustofnunar og í viðauka 2.

3.2. Skipting raforkunotkunar árið 2004.

Þegar raforkunotkun ársins 2004 er skoðuð nánar kemur í ljós að almenn raforkunotkun var 36% af heildarnotkun og raforkunotkun stóriðju 61%, eins og sjá má á mynd 3.2. Raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996, en hefur verið að aukast síðan þá og sú þróun mun halda áfram á næstu árum, því gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun árið 2008.



Mynd 3.2. Skipting raforkunotkunar árið 2004.

Ef raforkunotkun stóriðju er skoðuð sérstaklega sést að notkunin árið 2004 var mest hjá álveri Alcan í Straumsvík eða rúmlega helmingur af stóriðjunotkuninni, eins og fram kemur á mynd 3.3. Álver Norðuráls var með 26% af stóriðjunotkuninni og Íslenska járnblendifélagið með 20%. Álvinnsla var með um 80% af raforkunotkun stóriðju árið 2004 og spáð er að hlutfall álvinnslu verði tæplega 90% árið 2008, en gert er ráð fyrir að nýtt álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði verði með tæplega helming af stóriðjunotkun það ár.



Mynd 3.3. Skipting raforkunotkunar stóriðju árið 2004.

Þegar meginflokkar almennrar raforkunotkunar árið 2004 eru skoðaðir nánar sést að hlutur þjónustu var 25% af heildarnotkun, hlutur heimila var 24% og almennur iðnaður var með 23% af heildarnotkun, eins og fram kemur á mynd 3.4.



Mynd 3.4. Skipting almennrar raforkunotkunar árið 2004.

3.3. Raforkuvinnsla eftir uppruna.

Nær öll raforkuvinnsla Íslendinga er úr endurnýjanlegum orkulindum, eins og sjá má á mynd 3.5. Langstærsti hluti heildarvinnslu raforku eða tæplega 83% er unninn úr vatnsorku. Raforkuframleiðsla jarðgufuvirkjana, sem hófst árið 1969, hefur hins vegar aukist mjög mikið síðastliðin ár og var rúm 17% af allri raforkuvinnslu eða um 1.500 GWst árið 2004.



Mynd 3.5. Raforkuvinnsla eftir uppruna árið 2004.

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar var tæplega 85% af heildarvinnslunni á landinu árið 2004. Hlutur Orkuveitu Reykjavíkur var rúmlega 8%, Hitaveita Suðurnesja var með rúm 4%, RARIK tæp 2% og Orkubú Vestfjarða rúmlega 1%.

Mynd 3.6 sýnir hvernig heildarafl vatnsafls- og jarðvarmavirkjana hefur aukist með árunum og á mynd 3.7 má sjá afl og orkuvinnslu helstu raforkuvera á Íslandi.



Mynd 3.6. Heildarafl vatnsafls- og jarðvarmavirkjana á Íslandi.



Mynd 3.7. Afl og orkuvinnslu helstu raforkuvera á Íslandi.

3.4. Alþjóðlegur samanburður.

Raforkunotkun hérlendis hefur aukist stöðugt síðastliðna áratugi og raforkunotkun á mann á Íslandi árið 2001 var hærri en í nokkru öðru OECD-ríki, eins og sést á mynd 3.8. Aðalástæðan er aukin raforkunotkun stóriðju og sú notkun á eftir að aukast enn frekar með nýju álveri Alcoa á Reyðarfirði og stækkun Norðuráls.

Helstu ástæður mikillar raforkunotkunar hér á landi eru annars vegar stór hlutur orkufreks iðnaðar í raforkunotkuninni og hins vegar veðurfar, en hitun er tæpur fjórðungur af almennri raforkunotkun hér á landi. Mikla raforkunotkun hérlendis má einnig að hluta til skýra út frá þeirri staðreynd að landsframleiðsla er hlutfallslega mikil og lífskjör góð, sem veldur mikilli orkunotkun atvinnulífs og heimila.

Raforkunotkun OECD-ríkja í hlutfalli við landsframleiðslu er ekki eins breytileg og notkunin á íbúa eins og fram kemur á mynd 3.9. Flest OECD-ríki nota um 0,2–0,8 kWst á bandaríkjadal í landsframleiðslu (miðað við verðgildi dalsins árið 2001) og hjá þeim þjóðum þar sem raforkunotkun á íbúa er mest er notkun í hlutfalli við landsframleiðslu einnig mikil. Noregur og Kanada, sem eru með svipaða notkun á íbúa og Ísland, eru einnig með mikla hitunarþörf húsa og mikinn orkufrekan iðnað.



Mynd 3.8. Raforkunotkun á íbúa árið 2001 hjá ríkjum OECD (MWst/íbúa). Heimildir: Orkuspárnefnd (2005), IEA (2003) og OECD/IEA (2003).



Mynd 3.9. Raforkunotkun í hlutfalli við landsframleiðslu árið 2001 hjá ríkjum OECD (Wst/USD). Heimildir: Orkuspárnefnd (2005), IEA (2003) og OECD/IEA (2003).

3.5. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um sölu og notkun raforku síðastliðin ár. Þar kemur fram að raforkunotkun Íslendinga hefur aukist mikið frá því að rafvæðing landsins hófst á fyrri hluta síðustu aldar. Árleg aukning á almennri raforkunotkun var um 7% á sjötta til áttunda áratug aldarinnar, en í lok áttunda áratugarins fór vöxturinn að minnka og frá árinu 1996 hefur aukningin verið rúmlega 3% á ári. Sala á raforku til stóriðju hefur aukist mun meira en almenn raforkusala og á tímabilinu 1996–2003 jókst raforkusala til stóriðju um tæplega 115% eða að meðaltali um rúmlega 16% á ári. Stóriðjunotkunin stóð hins vegar í stað árið 2004. Raforkunotkun stóriðju var um 50% af heildarnotkun árið 1996, en hefur verið að aukast síðan þá og var 61% af heildarnotkun árið 2004. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum, því gert er ráð fyrir að stóriðjan verði með um 78% af heildarnotkun árið 2008. Raforkunotkun á mann er meiri hérlendis en í nokkru öðru OECD-ríki vegna þessa.

4. Raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.

Í þessum kafla er fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, ásamt umfjöllun um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin.[10]

4.1. Raforkuvinnsla með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.

Samkvæmt raforkulögum á flutningsfyrirtækið Landsnet að gera spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Í kerfisáætlun Landsnets árið 2005 er að finna spá um raforkuþörf vegna þeirra framkvæmda sem nú eru í gangi vegna byggingar álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði og vegna stækkunar álvers Norðuráls á Suðvesturlandi, auk þess sem gerð er grein fyrir framkvæmdum tengdum uppbyggingu og endurnýjunarþörf flutningskerfisins sem ráðgerðar eru til að tryggja afhendingaröryggi flutningskerfisins á umræddu tímabili.

Mynd 4.1 sýnir spá um raforkuþörf fyrir almennan markað og stóriðju árin 2005–2008 miðað við þá aukningu í orkusölu sem þegar hefur verið samið um. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist um 55% á tímabilinu eða úr um 8.500 GWst árið 2005 í um 15.500 GWst árið 2008. Eins og sjá má á myndinni er gert ráð fyrir að hlutfall stóriðjunotkunar af heildarnotkun aukist úr um 61% árið 2005 í 78% árið 2008.

---

[10] Kaflinn er byggður á upplýsingum frá Landsneti miðað við stöðu mála 31. september 2005. Nánari upplýsingar um efni kaflans er að finna í kerfisáætlun Landsnets 2005 og Raforkuspá 2005–2030.



Mynd 4.1. Spá um raforkuþörf fyrir almennan markað og stóriðju árin 2005–2008.

Á mynd 4.2 er spá um raforkuþörf á almennum markaði skoðuð nánar. Áætlað er að raforkuþörfin á almenna markaðnum aukist frekar lítið eða aðeins um rúmlega 2% árin 2005–2008. Raforkuþörfin minnkar reyndar lítillega árið 2007 þar sem þá verður stjóriðjuframkvæmdum á Austurlandi að mestu lokið og þar með minnkar notkun byggingarrafmagns.



Mynd 4.2. Spá um raforkuþörf fyrir almennan markað árin 2005–2008.

Á mynd 4.3 má sjá spá um raforkuþörf fyrir stóriðju árin 2005–2008. Áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 130% á þessu tímabili, en sú mikla aukning skýrist annars vegar af stækkun Norðuráls á Grundartanga og hins vegar af hinu nýja álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði sem tekur til starfa árið 2007 og verður þá stærsti raforkunotandi landsins.



Mynd 4.3. Spá um raforkuþörf fyrir stóriðju árin 2005–2008.

Þessari auknu raforkuþörf verður annars vegar mætt með nýjum virkjunum og hins vegar með stækkun núverandi virkjana, eins og sýnt er á mynd 4.4. Þar er aðallega um að ræða virkjanir á Kárahnjúkum, Nesjavöllum, Hellisheiði, Reykjanesi og við Lagarfoss.



Mynd 4.4. Fyrirhuguð raforkuvinnsla til að mæta aukinni raforkuþörf.[11]

4.1.1. Líkur á aflskorti.

Samkvæmt raforkulögunum ber Landsnet ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls vegna aflskorts við rekstur kerfisins. Landsnet hefur í því sambandi skoðað flutningskerfið og helstu takmarkanir þess, m.a. með aflflæðiútreikningum. Helstu niðurstöður þeirra útreikninga eru að unnt er að anna allri eftirspurn og halda rekstrarspennu/afhendingarspennu innan viðmiðunarmarka á öllum teinum án mikilla framkvæmda í flutningskerfinu, sé tekið mið af hönnunarforsendum.

Þegar álag er lítið og hlutfallslega fáar vélar eru tengdar inn á flutningskerfið er það viðkvæmt gagnvart truflunum. Viðbrögð kerfisins í kjölfar skyndilegra álagsbreytinga, eða t.d. ef eining fer fyrirvaralaust út, eru skoðuð sérstaklega við þessar aðstæður, en ekki við háálag eins og athuganirnar er lúta að flutningsgetu kerfisins ganga út á.

Líkurnar á að slíkur aflskortur eigi sér stað eru samspil líkinda á að aflvél í virkjun eða annar búnaður bili fyrirvaralaust og líkinda á aflþörf raforkunotenda. Aflþörfin er breytileg innan ársins og er að vissu marki ófyrirsjáanleg. Landsnet hefur haft það fyrir viðmiðunarreglu að líkur á aflskorti samsvari því að aflþörf sé meiri en aflgeta samtals í tæpa eina klukkustund á ári (1/10.000 úr ári).

Við daglegan rekstur raforkukerfisins er þess ávallt gætt að reiðuafl geti þolað að stærsta vél kerfisins, sem nú er 70 MW vél í Hrauneyjum, detti út. Stærstu einstöku einingar í kerfinu eru hins vegar vélaspennir í Búrfelli með 96 MW á bak við sig, Nesjavallalína með 110 MW

[11] Myndin er unnin 13. júlí 2005 út frá forsendum í kerfisáætlun Landsnets.

á bak við sig og Fitjalína sem getur verið með 125 MW á bak við sig að sumarlagi eftir að Reykjanesvirkjun er komin í rekstur. Þetta þarf að hafa í huga þegar mikil framleiðsla er í þessum virkjunum.

Líkur á aflskorti í raforkukerfinu hafa verið áætlaðar fram til ársins 2010 með líkinda-afllíkani. Þær munu næstu árin verða verulega lægri en áðurnefnd viðmiðunarmörk Landsnets, eins og sést á mynd 4.5. Líkur á aflskorti eru meiri árið 2006 en 2007 og er ástæða þess aðallega sú að Hellisheiðarvirkjun kemur ekki í rekstur fyrr en í september, en Norðurál hefur lokið fyrri uppkeyrslu í byrjun sumars og þeirri síðari um haustið. Líkur á aflskorti aukast árið 2008 vegna þess að stærstu einingar í kerfinu hafa þá stækkað mikið, en líkur á aflskorti eru þrátt fyrir það mun lægri en fyrrnefnd viðmiðunarmörk Landsnets.



Mynd 4.5. Líkur á aflskorti í kerfinu árin 2006–2010.

4.1.2. Álagsflæði á árunum 2006–2010.

Íslenska raforkukerfið, sem flutningsfyrirtækið Landsnet ber ábyrgð á samkvæmt raforkulögum, er sýnt á mynd 4.6. Nýjar framkvæmdir á næstu árum eru auðkenndar með rauðum lit. Þar er um að ræða Sultartangalínu 3 í tengslum við stækkun Norðuráls, Fljótsdalslínur 3 og 4 í tengslum við byggingu álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði og línu sem tengir Reykjanesvirkjun við flutningskerfið.



Mynd 4.6. Svæðisskipting flutningskerfisins sem Landsnet ber ábyrgð á.

Við mat á álagsflæði er landinu skipt í fjögur svæði eins og sjá má á mynd 4.6. Framleiðsla kerfisins innan einstakra svæða miðað við áætlað hámarksálag árin 2006, 2008 og 2010 er sýnd á mynd 4.7. Tímabilið sem skýrslan nær yfir einkennist af því að Alcoa Fjarðaál ætlar að taka í notkun álver á Reyðarfirði árið 2007 og Norðurál ætlar að stækka úr 90 þúsund tonnum í 220 þúsund tonn árið 2006, en allar framkvæmdir í flutningskerfinu á umræddu tímabili tengjast þessum stóriðjuáformum. Álag á Faxaflóasvæðinu (svæði II) og Norður- og Austurlandi (svæði IV) er mikið miðað við fólksfjölda, en það skýrist af stóriðjunni sem er eða verður á þessum svæðum.



Mynd 4.7. Framleiðsla og álag eftir svæðum.

4.1.3. Töp í flutningskerfinu.

Með töpum í flutningskerfinu er átt við töp sem verða í raforkukerfinu frá rafölum að sölustöðum í meginflutningskerfi raforku. Árið 2004 voru töp í flutningskerfinu um 4,5%, en meðaltal síðustu 10 ára er 3,2%.

Á mynd 4.8 eru reiknuð hlutfallsleg töp í kerfinu fyrir árin 2006–2010. Reiknað er með að töpin minnki með tilkomu Kárahnjúkjavirkjunar árið 2007 og verði um 400 GWst eða um 2,7% af heildarvinnslu árin 2007–2010, sem er mjög mikil lækkun og hagræðing því umtalsverð. Helsta ástæðan er sú að línurnar úr Fljótsdal til Reyðarfjarðar eru tiltölulega stuttar en flutningur um þær mjög mikill sem leiðir til mjög lítilla tapa þessa annars mikla orkuflutnings. Þá ættu flutningstöp vegna stækkunar Norðuráls einnig að vera minni en meðaltöpin í kerfinu eru núna vegna styttri fjarlægðar á milli orkuvers og notkunarstaðar.



Mynd 4.8. Hlutfallsleg töp[12] í flutningskerfinu árin 2006–2010.

Jaðartöp kerfisins, þ.e. áhrif breytinga í framleiðslu eða notkun á heildartöp kerfisins, eru mismunandi milli landshluta. Ræður þar mestu nýting flutningskerfisins. Þannig er hægt að minnka heildartöp kerfisins með því að auka álag á Norðurlandi eða auka framleiðslu raforku á suðvesturhorni landsins. Á þennan hátt mundi flutningur afls milli landshluta takmarkast og því mundu skapast minni töp í flutningslínum kerfisins. Jaðartöp virkjana eru því minnst á Suðvesturlandi en jaðartöp nýrra notenda eru minnst á Norðvesturlandi. Þó ber að geta þess að gjaldskrá miðast við meðaltöp.

4.2. Styrking flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf árin 2006–2010.

Vegna aukinnar raforkuvinnslu og raforkunotkunar árin 2006–2010 þarf flutningsfyrirtækið Landsnet að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku. Í þessum kafla er fjallað um þær framkvæmdir og áætlaðan kostnað við þær miðað við

[12] Töp [%] = Töp við háálag [MW] / Framleiðsla við háálag [MW].

forsendur um byggingu Fjarðaáls, stækkun Norðuráls og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins.

Hafa ber í huga að hluti af útgjöldum Landsnets á umræddu tímabili fellur til vegna hugsanlegra framkvæmda sem mikil óvissa ríkir um. Landsnet verður hins vegar að leggja út í talsverðan kostnað til að fyrirtækið verði í stakk búið til að hefja framkvæmdir með tiltölulega stuttum fyrirvara, verði af áformum viðskiptavina. Ýmis undirbúningur, t.d. vegna mats á umhverfisáhrifum, krefst a.m.k. 3 ára tímaramma og æskilegt er að ýmsar rannsóknir, m.a. á veðurálagi, standi yfir í mun lengri tíma.

Eins og sjá má á mynd 4.9 er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins verði um 5,7 milljarðar kr. árið 2006, þar af verði tæplega 4,5 milljarðar kr. vegna Fjarðaáls og um 1,2 milljarðar kr. vegna stækkunar Norðuráls. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði um 440 milljónir kr. árið 2007, þar af verði 203 milljónir kr. vegna Fjarðaáls, 41 milljón kr. vegna stækkunar Norðuráls og 196 milljónir kr. vegna annarra framkvæmda. Árið 2008 er gert ráð fyrir 380 milljóna kr. kostnaði vegna stækkunar Norðuráls.



Mynd 4.9. Samantekt kostnaðar við uppbyggingu og þróun flutningskerfisins árin 2006–2010. Heildarkostnaður verkefna getur verið hærri ef kostnaður hefur fallið til fyrir árið 2006.

4.2.1. Mannvirki vegna stækkunar Norðuráls.

Áætlaður heildarkostnaður við mannvirki sem þarf að reisa, breyta eða endurnýja vegna stækkunar Norðuráls er um 6 milljarðar kr., eins og sjá má í töflu 4.1. Stærstur hluti þess kostnaðar eða rúmlega 3,5 milljarðar kr. er vegna Sultartangalínu 3, sem er 400 kV háspennulína sem liggur frá tengivirkinu á Sandafelli að aðveitustöðinni á Brennimel, en það er rúmlega 120 km löng leið. Vegna tengingar Sultartangalínu 3 þarf að stækka 245 kV tengivirkið í aðveitustöðinni á Brennimel, sem og stækka 245 kV tengivirkið á Sandafelli. Einnig

þarf að endurnýja núverandi Norðurálslínur 1 og 2 sem liggja frá tengivirkinu á Brennimel að álverinu á Grundartanga.

Vegna stækkunar Norðuráls árið 2006 mun Orkuveita Reykjavíkur taka í notkun fyrsta áfanga virkjunar á Hellisheiði sama ár. Tengivirkið fyrir þá virkjun mun vera staðsett við Kolviðarhól. Búrfellslína 2 verður tekin inn í tengivirkið og sá hluti hennar sem þaðan liggur að Geithálsi og var áður hluti af Búrfellslínu 2 fær nafnið Kolviðarhólslína 1. Umrædd stækkun tengist svokölluðum 3. og 4. áfanga Norðuráls. Á nýliðnu sumri hafa síðan náðst samningar um eina áfangastækkun í viðbót, svokallaðan 5. áfanga. Gera þarf nokkrar ráðstafanir í flutningskerfinu vegna þessa. Er um að ræða stækkanir og tilflutning á mannvirkjum sem þegar eru í rekstri, svokölluðum launaflsvirkjum eða þéttavirkjum. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þessa verði undir 500 milljónum kr. eftir því hvaða lausn verði ofan á og er reiknað með því að sá kostnaður falli að mestu leyti til á árinu 2008.

Tafla 4.1. Kostnaður við mannvirki vegna stækkunar Norðuráls (milljónir kr.).

Mannvirki	<2006	2006	2007	2008	2009	2010	Heild verkefnisins
Sultartangalína 3	3.158	319					3.477
Tengivirki við Kolviðarhól	490	764	166	300	38		1.758
Tengivirki á Sandafelli	390	19					409
Norðurálslínur 1 og 2 – breyting	147	6					153
Aðveitustöð á Brennimel	77	53					130
Raðþéttir í Brennimelslínu 1			30	80			110
Samtals	**4.262**	**1.161**	**196**	**380**	**38**		**6.037**

**Í töflunni má sjá kostnað viðkomandi mannvirkis í milljónum kr. fyrir þau ár sem falla undir kerfisáætlunina, þ.e. árin 2006–2010. Einnig má sjá kostnaðinn sem þegar er fallinn á mannvirkin í ársbyrjun 2006 (<2006), sem og heildarkostnað viðkomandi mannvirkis.*

4.2.2. Mannvirki vegna byggingar Fjarðaáls.

Áætlað er að heildarkostnaður við mannvirki sem þarf að reisa, breyta eða endurnýja vegna byggingar Fjarðaáls verði um 8,4 milljarðar kr., eins og fram kemur í töflu 4.2. Stærstur hluti þess kostnaðar eða um 4,9 milljarðar kr. er vegna Fljótsdalslína 3 og 4 sem liggja frá tengivirkinu í Fljótsdal að álveri Fjarðaáls að Hrauni í Reyðarfirði. Tilgangur með byggingu línanna, sem hvor er um 50 km að lengd, er að flytja orku frá tengivirkinu í Fljótsdal til væntanlegs álvers á Reyðarfirði. Framkvæmdir við það tengivirki, sem verður 245/145 kV, eru í fullum gangi, en gert er ráð fyrir að kostnaður við byggingu þess verði rúmlega 2,3 milljarðar kr.

Þá eru einnig hafnar framkvæmdir við að tengja 132 kV Kröflulínu 2 við tengivirkið í Fljótsdal. Kröflulína 2 verður lögð yfir Fljótsdalsheiði fram af Teigsbjargi að fyrirhuguðu tengivirki í Fljótsdal, en þessi breyting á línunni er um 10 km löng. Frá tengivirkinu er gert ráð fyrir að Kröflulína 2 verði lögð sem strengur að Brattagerði í Fljótsdal sem er um 9 km og tengist þar Kröflulínu 2, en frá tengivirkinu í Fljótsdal að aðveitustöðinni á Hryggstekk í Skriðdal fær línan við þessa breytingu heitið Fljótsdalslína 2.

Aðveitustöðin við Bessastaði í Fljótsdal þjónar byggingu Kárahnjúkavirkjunar og hófst orkuafhending frá henni í byrjun júlí 2003. Gert er ráð fyrir að tengivirkið við hana verði tekið niður árið 2008 og mun smávægilegur kostnaður falla til við það.

Tafla 4.2. Kostnaður við mannvirki vegna byggingar Fjarðaáls (milljónir kr.).

Mannvirki	<2006	2006	2007	2008	2009	2010	Heild verkefnisins
Fljótsdalslínur 3 og 4	2.613	2.182	80				4.875
Tengivirki í Fljótsdal	715	1.527	82				2.324
Aðveitustöð á Hryggstekk	74	571	32				677
Kröflulína 2 og Fljótsdalslína 2	90	186	5				281
Aðveitustöð á Bessastöðum	232	0,3	4				236
Samtals	**3.724**	**4.466**	**203**				**8.393**

**Í töflunni má sjá kostnað viðkomandi mannvirkis í milljónum kr. fyrir þau ár sem falla undir kerfisáætlunina, þ.e. árin 2006–2010. Einnig má sjá kostnaðinn sem þegar er fallinn á mannvirkin í ársbyrjun 2006 (<2006), sem og heildarkostnað viðkomandi mannvirkis.*

Loks verður að byggja +/- 30 Mvar þéttavirki[13] á aðveitustöðinni á Hryggstekk fyrir haustið 2006. Athugun leiddi auk þess í ljós að þörf væri á þétti strax haustið 2004 og því var fluttur 20 Mvar þéttir frá Geithálsi að aðveitustöðinni á Hryggstekk sumarið 2004. Reiknað er með að settur verði upp fjarútleysibúnaður fyrir ótryggt afl á Austurlandi til að mæta truflunum.

4.2.3. Aðrar framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins.

Kostnaður vegna annarra framkvæmda vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins árin 2006–2010 er áætlaður 355 milljónir kr., eins og sjá má í töflu 4.3.

Stærstur hluti þess kostnaðar fellur til vegna framkvæmda við byggingu 145/36/12 kV aðveitustöðvar við Teigarhorn í stað bráðabirgðastöðvar sem er þar nú. Einnig er gert ráð fyrir nokkrum kostnaði vegna stækkunar á núverandi tengivirki við Lagarfoss vegna stækkunar á Lagarfossvirkjun.

Tafla 4.3. Kostnaður við mannvirki vegna annarra framkvæmda (milljónir kr.).

Mannvirki	<2006	2006	2007	2008	2009	2010	Heild verkefnisins
Aðveitustöð við Teigarhorn	191						191
Tengivirki við Lagarfoss	23	96	41	4			164
Samtals	**214**	**96**	**41**	**4**			**355**

**Í töflunni má sjá kostnað viðkomandi mannvirkis í milljónum kr. fyrir þau ár sem falla undir kerfisáætlunina, þ.e. árin 2006–2010. Einnig má sjá kostnaðinn sem þegar er fallinn á mannvirkin í ársbyrjun 2006 (<2006), sem og heildarkostnað viðkomandi mannvirkis.*

4.2.4. Önnur mannvirki í undirbúningi.

Ef langtímaraforkuspár um stækkun stóriðju eftir árið 2010 ganga eftir bætast við miklar framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins á næstu áratugum. Byrja þarf að huga að hluta þessara framkvæmda fyrir árið 2010, en stærstur hluti kostnaðar vegna þeirra fellur til eftir árið 2010. Hér er um að ræða framkvæmdir við Brennimelslínu 1, Bjarnarflagslínu 1 og tengivirki við Bjarnarflag, Kröflulínu 3, Sprengisandslínu, tengivirki við Hvamm og breytingu á Búrfellslínu 1. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hér er verið að

[13] Þéttavirki er raforkumannvirki sem gerir stjórnanda kerfisins kleift að stýra spennu, t.d. 132 kV +/-10%.

tala um langtímaáform og flestar þessar framkvæmdir eiga að auki eftir að fara í umhverfismat. Það er því mun meiri óvissa með þessa þætti en þá sem tíundaðir eru hér að framan.

4.3. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins, auk umfjöllunar um styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf næstu árin. Gert er ráð fyrir að heildarraforkuþörf aukist um nær 55% árin 2005–2008, einkum vegna umsaminnar sölu til nýrra eða stækkaðra álvera. Verði gerðir nýir stóriðjusamningar á áætlunartímabilinu þarf að sjálfsögðu að endurskoða spána. Ekki er gert ráð fyrir að raforkuþörf á almenna markaðnum aukist mikið, en áætlað er að raforkuþörf stóriðju aukist um tæplega 130% á þessu tímabili. Sú mikla aukning skýrist annars vegar af stækkun Norðuráls á Grundartanga og hins vegar af hinu nýja álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði sem tekur til starfa árið 2007 og verður þá stærsti raforkunotandi landsins. Þessari auknu raforkuþörf verður annars vegar mætt með nýjum virkjunum og hins vegar með stækkun núverandi virkjana. Þar er aðallega um að ræða virkjanir á Kárahnjúkum, Nesjavöllum, Hellisheiði, Reykjanesi og við Lagarfoss.

Vegna aukinnar raforkuvinnslu og raforkunotkunar næstu árin þarf flutningsfyrirtækið Landsnet að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir til að styrkja flutningskerfi raforku. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við framkvæmdir vegna uppbyggingar og þróunar flutningskerfisins verði um 5,7 milljarðar kr. árið 2006, um 440 milljónir kr. árið 2007 og um 380 milljónir kr. árið 2008.

5. Gæði raforku og afhendingaröryggi.

Í þessum kafla er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi með hliðsjón af upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra bilana í aðveitu og flutningskerfi Landsvirkjunar, straumleysismínútum vegna fyrirvaralausra bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar og skerðingu á orkuafhendingu hjá dreifiveitum.[14]

5.1. Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

Mikilvægur þáttur í starfi eftirlitsstofnana er eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi hennar. Með nýju skipulagi raforkumála og breyttu rekstrarumhverfi verður vægi þessa þáttar enn mikilvægara. Kröfur notenda, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, iðnaðar- eða þjónustufyrirtæki, eða almennir notendur, eru að spenna og tíðni raforkunnar séu í samræmi við staðla og að orkuafhending sé samfelld og órofin.

Nútímaþjóðfélag krefst þess að rekstraröryggi raforkukerfa sé mikið. Truflun á afhendingu raforku leiðir til margvíslegra óþæginda og framleiðslutaps hjá atvinnufyrirtækjum. Kostnaður af truflun á orkuafhendingu er mismunandi mikill hjá notendum og atvinnufyrirtækjum, háður eðli starfseminnar á hverjum stað og á hvaða tíma sólarhringsins truflunin verður. Flókið og erfitt er að meta hinn raunverulega kostnað við truflun á orkuafhendingu, en víða er unnið að þróun aðferðarfræði til að komast nær hver hann er í reynd.

Hönnun, uppbygging, viðhald og rekstur eru þættir sem tryggja eiga áreiðanleika raforkukerfanna. Raforkufyrirtækin leggja áherslu á rekstraröryggi veitukerfa sinna og hefur þessi

---

[14] Frá og með 1. janúar 2005 er umrætt flutningskerfi ekki lengur í eigu og rekstri Landsvirkjunar heldur hins nýstofnaða flutningsfyrirtækis, Landsnets, sem stofnað var í samræmi við raforkulög.

áhersla aukist með árunum. Tækniframfarir hafa leitt til breytinga á aðferðum við uppbyggingu veitukerfa sem jafnframt auka rekstraröryggi þeirra. Í þessu sambandi þarf samt að hafa í huga heildarhagkvæmni þ.e. stofn- og rekstrarkostnað við veitukerfin á móti kostnaði af truflun á orkuafhendingu hjá notendum.

Í 28. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, er fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi. Þar er gert ráð fyrir að eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi byggist fyrst og fremst á innra eftirliti raforkufyrirtækjanna sjálfra. Í lögunum er Orkustofnun falið tæknilegt eftirlit með fyrirtækjunum, en henni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlitsins, enda annast faggiltar rafskoðunarstofur sambærilegt eftirlit nú þegar á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Á grundvelli raforkulaga var reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi sett. Í henni koma fram þær kröfur sem raforkufyrirtækjum er ætlað að uppfylla auk þess sem gerð er grein fyrir þeim upplýsingum sem þeim ber að skila til Orkustofnunar.

Raforkulögin gera ráð fyrir talsverðu aðhaldi í fjármálum sérleyfisfyrirtækjanna. Slíkt aðhald gæti fyrr eða síðar leitt til slakara eftirlits fyrirtækjanna með veitukerfunum og dregið úr viðhaldi, endurnýjun og uppbyggingu þeirra. Lagaákvæðið um eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi raforku á að tryggja að fylgst sé með þessum þáttum og auðvelda yfirvöldum að grípa inn í komi í ljós að gæði raforku og afhendingaröryggi versni frá því sem nú er. Fyrirtækjunum ber að skrá í þar til gerðan gagnagrunn ástand tíðni og spennu, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.

Í gildandi reglugerð er gert ráð fyrir að raforkufyrirtækin noti árið 2005 til að útvega nauðsynleg mælitæki og undirbúa gagnasöfnun, en gagnasöfnun á samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar að hefjast í upphafi næsta árs. Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðingar. Nái þau ekki settum markmiðum skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta. Niðurstöður úrvinnslu gagnanna verða birtar á heimasíðu Orkustofnunar til samanburðar fyrir raforkunotendur.

Gildandi lög og reglugerð taka til tíðni og spennu raforku, truflana og bilana í raforkukerfinu svo og skerðingar raforku. Í reglugerðinni er einnig ákvæði um að raforkufyrirtækin skrái truflanir, bilanir, skerðingu á raforkuafhendingu og vinnslu í varastöð. Þá er og tilgreint að meta skuli afhendingaröryggi raforkufyrirtækjanna út frá eftirtöldum þáttum:

- **Stuðli um rofið álag**, en þessi stuðull er reiknaður sem hlutfall samanlagðrar aflskerðingar og mesta álags viðkomandi fyrirtækis.
- **Stuðli um meðallengd skerðingar, í straumleysismínútum**, en stuðullinn sem reiknaður er sem hlutfall samanlagðra orkuskerðinga og heildarorkuafhendingar fyrirtækisins sýnir hve lengi skerðing hefur staðið í mínútum.
- **Kerfismínútum,** en þær gefa til kynna hve alvarleg einstök tilvik raforkuskerðingar eru þar sem skerðingu raforku er skipt í fjóra flokka, þ.e. 0–3, 3–30, 30–60 og meira en 60 mínútur.

Í allmörgum löndum er fylgst með ýmsum öðrum þáttum sem snerta þjónustu veitufyrirtækja. Nokkrir þættir sem falla undir þjónustu veitna í öðrum löndum eru t.d.:

- Afgreiðslutími fyrirspurnar.
- Afgreiðslutími nýrrar heimtaugar.
- Álestur á mæli.
- Bið viðskiptavinar eftir afgreiðslu á afgreiðslustað.
- Bið viðskiptavinar eftir afgreiðslu í þjónustuveri.

- Afgreiðslutími kvartana um óeðlilega spennu.

Fyrir hálfum öðrum áratug stóðu sex raforkufyrirtæki að stofnun sérstaks starfshóps til að móta og skilgreina kerfi til skráningar upplýsinga um rekstrartruflanir í raforkukerfinu og úrvinnslu þeirra. Samræmd úrvinnsla liggur fyrir úr gögnum flestra þessara fyrirtækja fyrir síðasta áratuginn og hluti af niðurstöðum þeirra er birtur í næstu köflum.

5.2. Fjöldi fyrirvaralausra bilana.

Mynd 5.1 sýnir fjölda fyrirvaralausra bilana í aðveitu- og flutningskerfi Landsvirkjunar á árunum 1995–2004 og hvernig þær skiptast milli aðveitustöðva, lína og kerfisbilana. Margar línubilanir á árinu 2001 má rekja til seltu. Á árinu 2002 urðu allmargar útleysingar í aðveitustöðvum vegna þéttavirkis á Brennimel, en lausn hefur fundist á þeim vanda.



Mynd 5.1. Fjöldi fyrirvaralausra bilana í aðveitu- og flutningskerfi Landsvirkjunar 1995–2004. Heimild: Flutningssvið Landsnets (2005), Frammistöðuskýrsla 2004.

5.3. Straumleysismínútur vegna fyrirvaralausra bilana.

Mynd 5.2 sýnir heildarskerðingu raforkuafhendingar, í straumleysismínútum, vegna bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar á árunum 1995–2004. Eins og myndin sýnir eru bilanir í línukerfinu meginástæða straumleysis. Straumleysismínútur eru reiknaðar út sem hlutfall milli skertrar raforku til viðskiptavina og heildarorkusölu ársins margfaldað með fjölda mínútna í ári.



Mynd 5.2. Straumleysisminútur vegna fyrirvaralausra bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar 1995–2004. Heimild: Flutningssvið Landsnets (2005), Frammistöðuskýrsla 2004.

5.4. Skerðing á orkuafhendingu hjá dreifiveitum.

Mynd 5.3 sýnir stuðul um skerta orkuafhendingu hjá einstökum fyrirtækjum á árunum 1996–2002. Stuðullinn sýnir hve lengi skerðing hefði staðið ef allt álag á veitusvæðinu hefði farið út á háálagstíma. Sem dæmi jafngilti skerðing ársins 1999 því að allt álag á Vestfjörðum hefði verið skert í um 11 klukkustundir á mesta álagstíma á því ári. Í skerðingu eru meðtalin áhrif af truflunum í flutningskerfinu. Eins og fram kemur á myndinni er skerðing á orkuafhendingu mest hjá Orkubúi Vestfjarða yfir tímabilið. Meginástæða þessarar miklu skerðingar er að aðeins ein flutningslína, Vesturlína, tengir rafdreifikerfi Orkubúsins við hringkerfið. Vesturlína er um 160 km að lengd og liggur hluti hennar yfir fjalllendi þar sem veðurhæð er iðulega mikil ásamt ísingu. Þar að auki liggja nokkrar aðveitulínur Orkubúsins yfir fjalllendi og verða fyrir svipaðri veðuráraun og Vesturlína. Skerðing er næst mest hjá Rafmagnsveitum ríkisins, en skerðing raforkuafhendingar hjá öðrum fyrirtækjum er mun minni flest árin. Rétt er að nefna að Orkubú Vestfjarða getur gripið til varaaflsstöðva víðs vegar á orkuveitusvæði sínu í bilanatilvikum, en uppsett varaafl hjá Orkubúinu er milli 18 og 20 MW, sem svarar nokkurn veginn til hæsta afltopps veitunnar. Varastöðvarnar stytta því það straumleysi sem notendur verða fyrir.



Mynd 5.3. Skerðing á orkuafhendingu hjá dreifiveitum.

5.5. Áætlaður kostnaður af raforkuskerðingu.

Landsvirkjun hefur látið taka saman skýrslu um áreiðanleika vinnslukerfis síns svo og flutningskerfisins.[15] Við gerð skýrslunnar er stuðst við upplýsingar úr gagnagrunni starfshóps um rekstrartruflanir (START), t.d. um fjölda truflana, umfang raforkuskerðinga á mismunandi stöðum í flutningskerfinu og áreiðanleika hinna ýmsu eininga í raforkukerfinu. Samkvæmt niðurstöðum í skýrslunni er áætlað að heildarskerðing á árinu 2008 verði um 542 MWst, sem svarar til 0,044% af heildarorkuvinnslu í landinu. Er þá reiknað með að núverandi áætlanir um styrkingar og breytingar á flutningskerfinu hafi komið til framkvæmda. Sé gengið út frá áætluðum tölum um kostnað af raforkuskerðingu fyrir hin ýmsu svæði landsins og notendahópa, svo og tíðni og lengd truflana, má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður notenda af skerðingu á raforkuafhendingu verði milli 230 og 240 milljónir kr.

Í töflu 5.1 er sýndur áætlaður meðalkostnaður af raforkuskerðingu til endanlegra notenda eftir landshlutum og stóriðjustarfsemi. Kostnaðurinn er sýndur í kr/kWst og er þá miðað við að straumleysi vari í um eina klukkustund, en kostnaðurinn er mismunandi eftir samsetningu atvinnustarfseminnar í landshlutunum.

Tafla 5.1. Áætlaður kostnaður af raforkuskerðingu til endanlegra notenda.

Kostnaður við 1 klst. rafmagnsleysi	**Kr/kWst**
Almenn notkun	
Höfuðborgarsvæðið	893
Vesturland	685
Vestfirðir	476
Norðurland	610

[15] Landsvirkjun (2005). Notkun áreiðanleikareikninga í kerfi Landsvirkjunar, ágúst 2005.

Kostnaður við 1 klst. rafmagnsleysi	Kr/kWst
Austurland	595
Suðurland	402
Stóriðja	
Álver	30
Járnblendi (Fe-Si)	15

Svokallaður START-hópur vann nokkrar athuganir á kostnaði vegna raforkuskorts fyrir rúmum tíu árum, bæði út frá hagtölum og með könnunum. Fyrri aðferðin gefur yfirleitt fremur lág gildi á kostnaðinum þar sem þá er ekki mögulegt að meta þætti eins og skemmdir á hráefni og unninni vöru eða kostnað við að koma framleiðslu af stað að nýju. Aftur á móti geta kannanir gefið fremur mikinn kostnað þar sem fólk vill oft vera á öruggu hliðinni ef það er spurt um áætlaðan kostnað sinn af raforkuskorti.[16]

5.6. Samanburður á raforkuskerðingu við önnur Norðurlönd.

Sé borin saman skerðing á raforkuafhendingu á Íslandi á árunum 2002–2004 við skerðingu annars staðar á Norðurlöndunum fyrir sama tímabil sést að skerðingin er að meðaltali áþekk. Þó er ástæða til að geta þess að mikill mismunur getur verið á orkuskerðingu milli einstakra ára vegna umfangsmikilla bilana, sem m.a. tengjast verðurfarsástæðum, en skerðing í þeim getur vegið mjög þungt í niðurstöðum viðkomandi lands það árið.

5.7. Samanburðargreining á rekstri flutningskerfa.

Flutningssvið Landsvirkjunar, forveri Landsnets, hefur tekið þátt í alþjóðlegri samanburðargreiningu til að mæla frammistöðu flutningskerfis hér á landi. Flest fyrirtækjanna sem taka þátt í þessu verkefni eru vel þekkt, svo sem Statnett í Noregi, Svenska Kraftnett í Svíþjóð, National Grid í Bretlandi og Fingrid í Finnlandi. Niðurstöður liggja fyrir, en þær byggjast á gögnum vegna ársins 2002. Meginniðurstaðan er sú að Landsnet er í hópi fyrirtækja þar sem saman fer lágt kostnaðarstig og hátt þjónustustig og er í besta fjórðungi (uppi til hægri á mynd 5.4). Þetta er markmið sem flutningssvið Landsvirkjunar setti sér fyrir nokkrum árum og unnið hefur verið að m.a. með endurnýjun búnaðar og breytingu á verklagi. Landsnet hefur tekið við þessu verkefni og viðhaldið þessari vinnu.

Heildarniðurstaða flutningskerfisins er sýnd á mynd 5.4. Á undanförnum árum hefur frammistaða Landsnets og áður flutningssviðs Landsvirkjunar sífellt verið að breytast til hins betra. Staðsetning Landsnets í besta fjórðungi staðfestir að rekstur flutningskerfisins hér á landi er í fremstu röð meðal þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í samanburðinum.[17]

---

[16] Starfshópur um rekstrartruflanir, START: Kostnaður vegna raforkuskorts. Samantekt á niðurstöðum athugana síðustu ára og tillögur um kostnað til nota við áætlanagerð, nóvember 1996.

[17] Landsvirkjun (2004). *Flutningssvið 2003. Frammistöðuskýrsla.*



Mynd 5.4. Heildarniðurstaða flutningskerfisins í alþjóðlegri samanburðargreiningu. Heimild: Landsvirkjun (2004). Flutningssvið 2003. Frammistöðuskýrsla.

5.8. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um gæði raforku og afhendingaröryggi út frá upplýsingum um fjölda fyrirvaralausra bilana í aðveitu- og flutningskerfi Landsvirkjunar, straumleysismínútum vegna fyrirvaralausra bilana í aðveitu-, flutnings- og vinnslukerfi Landsvirkjunar og skerðingu á orkuafhendingu hjá dreifiveitum. Veðurfar hefur mikil áhrif á þá mælikvarða sem notaðir eru til að meta þessa þætti, en almennt séð hafa gæði raforku og afhendingaröryggi verið að aukast síðastliðin ár.

Niðurstöður úr alþjóðlegri samanburðargreiningu sýna að flutningsfyrirtækið Landsnet (og þar á undan flutningssvið Landsvirkjunar) er í hópi fyrirtækja þar sem saman fer lágt kostnaðarstig og hátt þjónustustig sem staðfestir að rekstur flutningskerfisins hér á landi er í fremstu röð meðal þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í samanburðinum.

6. Rannsóknir á orkulindum og undirbúningur á virkjun þeirra til raforkuvinnslu.

Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á orkulindum og undirbúning og framkvæmdir vegna raforkuvinnslu. Einnig er fjallað um orkurannsóknaráætlun og langtímaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

6.1. Lagaumhverfi.

Hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003 er m.a. að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins. Meginmarkmið þeirra rannsókna er að skilgreina stærð og nýtanleika orkulindanna til að geta verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ráðstöfun þeirra til nýtingaraðila.

Fjallað er um ráðstöfun orkulinda til nýtingaraðila í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Á 131. löggjafarþingi, 2004–2005, var lagt fram frumvarp til laga um jarðrænar auðlindir sem náði ekki fram að ganga. Áformað er að leggja fram nýtt og endurskoðað frumvarp um þetta efni á haustþingi 2006.

Leyfi ráðherra fyrir nýjum virkjunum hafa fram til ársins 2003 byggst á vatnalögum, nr. 15/1923, og síðar einnig á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með áorðnum breytingum. Frá árinu 2003 hafa leyfi til raforkuvinnslu verið gefin út á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003.

6.2. Undirbúningur og framkvæmdir vegna raforkuvinnslu.

Undanfarin 4 ár hafa verið lífleg í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins. Stafar sú gróska einkum af raforkusölu vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði úr 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 220 þúsund tonn og byggingar 322 þúsund tonna álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði.

Landsvirkjun lauk við byggingu Sultartangavirkjunar í byrjun árs 2000 og Vatnsfellsvirkjun tók til starfa haustið 2001. Landsvirkjun fékk virkjunarleyfi fyrir virkjun við Búðarháls árið 2001, en þar hefur aðeins verið unnið við undirbúningsframkvæmdir. Leyfi ráðherra fyrir Norðlingaölduveitu á grundvelli úrskurðar setts umhverfisráðherra var gefið út haustið 2003, en framkvæmdir við veituna eru ekki hafnar. Landsvirkjun hefur um nokkurt skeið undirbúið virkjun við Bjarnarflag og hefur lokið við mat á umhverfisáhrifum allt að 80 MW virkjunar. Þá fékk Landsvirkjun leyfi til rannsókna á nýju virkjunarsvæði við Kröflu árið 2002 og á Hágöngusvæði þar sem þegar hefur verið boruð ein hola.

Framkvæmdir hófust við 690 MW Kárahnúkavirkjun á árinu 2003 og er hér um að ræða langstærstu virkjanaframkvæmd hér á landi fyrr og síðar. Virkjunin er reist til að framleiða raforku til álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði og mun raforkuframleiðsla virkjunarinnar hefjast árið 2007.

Orkuveita Reykjavíkur lauk stækkun raforkuversins á Nesjavöllum úr 60 í 90 MW á árinu 2001 og á árinu 2005 var lokið við stækkun virkjunar á Nesjavöllum í 120 MW af raforku. Þá hefur fyrirtækið í samræmi við rannsóknarleyfi á Hellisheiðarsvæðinu þegar lokið rannsóknum á hluta Hellisheiðar og hafið framkvæmdir við 80 MW virkjun. Í undirbúningi er frekari rannsóknarborun fyrir stækkaða eða nýja virkjun á Hellisheiði.

Hitaveita Suðurnesja lauk við endurnýjun og stækkun orkuvers í Svartsengi á árinu 2001 og hefur hafið undirbúning að því að auka enn raforkuvinnslu úr svæðinu. Fyrirtækið vann enn fremur að rannsóknum vegna virkjunar á Reykjanesi og þar eru hafnar framkvæmdir við 100 MW virkjun.

Þeistareykir ehf., sem er sameign Norðurorku á Akureyri, Orkuveitu Húsavíkur og sveitar-

félaga á svæðinu, hefur aflað sér rannsóknarleyfis á Þeistareykjum og hafið boranir þar til undirbúnings að jarðvarmavirkjun.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa í samvinnu við heimamenn í Skagafirði, undir merkjum Héraðsvatna ehf. sem fyrirtækið á með heimamönnum, undirbúið virkjun við Villinganes, en þau áform hafa ekki fengið staðfestingu í skipulagi fyrir svæðið. Enn fremur hefur fyrirtækið Sunnlensk orka ehf., sem fyrirtækið á með Hvergerðingum, unnið að undirbúningi að borunum í Grændal við Hveragerði, en ekki var fallist á framkvæmdina í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum rannsóknarmannvirkja. Fyrirtækið hefur því beint sjónum að 35–40 ára gömlum borholum í Reykjadal inn af Hveragerði og hefur fengið samþykki stjórnvalda til að endurnýja þær með hugsanlega raforkuvinnslu í huga. Með Kárahnjúkavirkjun fylgja möguleikar á að stækka virkjun Rafmagnsveitnanna við Lagarfoss. Fengist hefur framkvæmdaleyfi fyrir stækkun virkjunarinnar og eru framkvæmdir þegar hafnar.

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir þau rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfi sem gefin hafa verið út síðastliðin fjögur ár á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, laga nr. 60/1981, um raforkuver, og raforkulaga, nr. 65/2003.

Tafla 6.1. Útgefin rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfi fyrir raforkuver (>10 MW) 2001–2004.

Staður / virkjun	Stærð	Leyfishafi	Útgáfuár leyfis
Rannsóknarleyfi			
Hellisheiðarsvæði		Orkuveita Reykjavíkur	2001
Kröflusvæði (vesturhluti)		Landsvirkjun	2002
Þeistareykir		Þeistareykir ehf.	2004
Hágöngusvæði/Köldukvíslarbotnar		Landsvirkjun	2004
Nýtingarleyfi			
Reykjanes	100 MW	Hitaveita Suðurnesja	2004
Virkjunarleyfi			
Búðarhálsvirkjun	120 MW	Landsvirkjun	2001
Kárahnjúkavirkjun	690 MW	Landsvirkjun	2002
Nesjavallavirkjun	120 MW	Orkuveita Reykjavíkur	2004
Norðlingaölduveita		Landsvirkjun	2004
Hellisheiðarvirkjun	80 MW	Orkuveita Reykjavíkur	2004
Lagarfoss	30 MW	RARIK	2004

Nokkrir aðilar hafa fengið leyfi fyrir smávirkjunum (<10 MW) á grundvelli laga nr. 60/1981, um raforkuver, og raforkulaga, nr. 65/2003. Í töflu 6.2 er listi yfir stærstu smávirkjanirnar sem fengið hafa virkjunarleyfi undanfarin fjögur ár, en þær eru í Botnsá í Súgandafirði, Djúpadalsá í Eyjafirði, Kiðá við Húsafell, Glerá á Akureyri, Straumsfjarðará á Snæfellsnesi og Burstabrekkuá í Ólafsfirði.

Tafla 6.2. Útgefin virkjunarleyfi fyrir smávirkjanir (<10 MW) 2001–2004.

Staður	Stærð	Leyfishafi	Útgáfuár leyfis
Burstabrekkuá	260 kW	Haforka ehf.	2001
Botnsá	550 kW	Birkir Friðbertsson	2002
Kiðá við Húsafell	400 kW	HúsOrka ehf.	2002
Straumsfjarðará	1900 kW	Múlavirkjun ehf.	2004
Djúpadalsá	1900 kW	Fallorka ehf.	2003
Djúpadalsá 2. áfangi	1900 kW	Fallorka ehf.	2004
Glerá	290 kW	Norðurorka hf.	2004

6.3. Orkurannsóknaráætlun.

Í krafti þess hlutverks sem Orkustofnun hefur við framkvæmd ofangreindra laga eru rannsóknir og áætlanagerð um orkubúskap og nýtingu auðlinda meðal þess sem talið er til hlutverka Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 87/2003. Orkustofnun er ekki lengur sami gerandinn á þessu sviði og fyrr, eftir að rannsóknarstarfsemin var skilin frá stjórnsýslunni. Þróun orkufyrirtækjanna og vaxandi ábyrgð þeirra í breyttu umhverfi breytir einnig markalínum í rannsóknum miðað við það sem áður var.

Haustið 2003 var orkurannsóknaráætlun til 5 ára (2004–2008) lögð fyrir orkuráð[18] í samræmi við 6. gr. laga um Orkustofnun. Þar var gert ráð fyrir að endurgreiðslur vegna rannsókna á vegum Orkustofnunar sem tengjast virkjun Jökulsár á Dal renni til áætlunarinnar, m.a. til að standa undir rannsóknum vegna 2. áfanga rammaáætlunar. Á það reyndi fyrst við útfærslu hennar fyrir árið 2005 og gekk ekki eftir eins og áformað var, heldur var ákveðið að til rannsóknanna rynnu 50 milljónir kr. árlega. Þetta er minna árlegt framlag en sem nemur árlegri endurgreiðslu, en með þessu fyrirkomulagi endist hún lengur.

Stærsti liðurinn í rannsóknum Orkustofnunar eru vatnafarsrannsóknir, en Orkustofnun (áður Raforkumálaskrifstofan) hefur frá því um miðjan 5. áratug seinustu aldar borið ábyrgð á rekstri og þróun þess málaflokks. Afraksturinn sést m.a. í stórum sem smáum vatnsaflsvirkjunum. Framlög til þessa málaflokks hafa í meginatriðum verið svipað hlutfall af framlögum til rannsókna Orkustofnunar undanfarin ár, og lítið svigrúm til breytinga. Auk þess hafa fengist stórir norrænir styrkir til rannsókna á því hvaða afleiðingar gróðurhúsaáhrif gætu haft á vatnafar og rekstur vatnsaflsvirkjana á Norðurlöndum og hvernig væri eðlilegast að bregðast við áætluðum breytingum loftslags á næstu áratugum. Þetta verkefni opnar okkur tækifæri til frekari úrvinnslu á áratuga rennslisgögnum og gögnum sem safnað hefur verið um afkomu jökla og framlags þeirra til afrennslis af landinu. Þetta er tímabundið átak sem lýkur á árinu 2007.

Annar stór málaflokkur eru jarðhitarannsóknir, en þar hefur Orkustofnun, líkt og áður er nefnt varðandi vatnafar, verið leiðandi bæði í rannsóknum vegna forathugunar á nýtingarmöguleikum og í almennri þekkingaröflun og þróun. Í orkurannsóknaráætlun var gert ráð fyrir að halda áfram að þróa viðmið um sjálfbæra nýtingu á einstaka jarðhitasvæðum og hefja endurskoðun á mati á stærð þeirrar auðlindar. Vegna mikillar eftirspurnar eftir sérfræðiþjónustu á þessu sviði vegna örrar uppbyggingar virkjana á háhitasvæðum var hins vegar ákveðið að slá þessum verkefnum á frest til síðari hluta tímabilsins, en leggja þess í stað meiri áherslu á forathugun á háhitasvæðum sem lítið hafa verið könnuð til þessa.

6.4. Aðrir orkugjafar.

Meðal nýjunga í orkurannsóknaráætluninni er mat á vindorku. Orkustofnun átti aðild að þróun þessa verkefnis í samvinnu við nokkrar veitur, Samorku og Veðurstofuna. Til þess fékkst styrkur frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Þessi fyrsti áfangi nægði til að kaupa viðeigandi forrit og þróa vinnubrögð við beitingu þess með gerð útreikninga fyrir nokkrar vindstöðvar á Suðvesturlandi. Að þessum undirbúningi loknum yfirtóku Orkustofnun og Veðurstofan verkefnið og er nú unnið að því að ljúka útreikningum fyrir allt landið. Afurðin er vindatlas sem greinir vindátt og vindstyrk ásamt tíðni mismunandi styrks. Þau gögn eru

---

[18] Orkuráð starfar skv. 6. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003, og gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Orkuráð veitir einnig ráðgjöf við framkvæmd tiltekinna verkefna. Ráðherra skipar fimm menn í orkuráð til fjögurra ára í senn.

notuð til að áætla raforkuvinnslu. Hið síðastnefnda er miðað við gefna gerð af vindmyllu, en hægur vandi er að aðlaga gögnin öðrum gerðum. Niðurstöður af útreikningum vindmælinga birtast nokkuð jafnóðum á gagnavefsjá Orkustofnunar. Vindatlas verður bakgrunnur áætlana um beislun vindorku og á að gera mönnum kleift að fá nægjanlegar upplýsingar sem víðast á landinu með fárra ára samanburðarmælingum. Hugmyndafræðin er ekki ólík því sem ræður uppbyggingu vatnshæðarmælakerfisins.

6.5. Langtímaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (rammaáætlun).

Árið 1997 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta.* Þar segir m.a. að iðnaðarráðherra skuli í samráði við umhverfisráðherra láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt í vatnsafli sem háhita, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar sem og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn og faghópa til að vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hlutverk verkefnisstjórnar var að hafa með höndum heildarstjórn við mótun áætlunarinnar og skipulag við framkvæmd hennar og hafa umsjón með hinni faglegu vinnu.

Fagleg vinna var unnin í fjórum faghópum, sem skipaðir voru sérfræðingum á eftirtöldum sviðum:

- náttúru- og minjavernd,
- útivist og hlunnindi,
- þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun,
- nýting orkulinda.

Faghóparnir fjórir fóru yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, mátu virkjunarkosti með stigagjöf og gerðu í framhaldi af því tillögur til verkefnisstjórnarinnar.

6.5.1. Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar.

Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma lauk við 1. áfanga verkefnisins með skýrslu sem út kom í nóvember 2003.

Í þessum áfanga voru teknir fyrir um 20 vatnsorkukostir og annað eins af jarðhitakostum. Lögð var áhersla á að ljúka stærstu vatnsaflskostunum, en þeir eru flestir í jökulám og byggjast einnig flestir á miðlunarlónum á hálendinu. Í jarðhita var lögð áhersla á kosti nærri byggð, en að auki Torfajökulssvæðið þar sem Orkustofnun hafði nýlega lokið umfangsmikilli forathugun á mögulegum vinnslusvæðum. Í þessum áfanga voru allmargir kostir sem orkufyrirtækin lögðu fram. Nánari upplýsingar um þessa kosti má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar.

Niðurstöður rammaáætlunar koma fram í röðun kosta eftir annars vegar hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi.

Ekki var unnt að vega alla þætti saman við röðun virkjunarkosta vegna þess að ekki voru til gögn til að gera upp á milli hagkvæmni einstakra jarðhitavirkjana. Í niðurstöðum verkefnisstjórnar er því flokkun fyrst og fremst byggð á mati á annmörkum viðkomandi virkjunar. Það dregur enn fremur úr gildi umræddrar röðunar að við mat á stærri virkjunum er tilhneiging til að gera mikið úr umhverfisáhrifum viðkomandi virkjunar, en til þess að stórar virkjanir fái notið sannmælis í röðun yrði að meta þær á móti heildaráhrifum af mörgum minni virkjunum sem væru samanlagt sambærilegar að stærð.

Líta má á niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana. Orkufyrirtæki og opinberir aðilar sem fjalla um virkjunaáætlanir hafa gagn af þessari vinnu. Niðurstöður rammaáætlunar gefa okkur gleggri sýn á líklegum virkjunarkostum í næstu framtíð. Þær gefa vísbendingu um hvaða virkjunarkostir geti verið fjárhagslega vænlegir, en jafnframt kemur þar fram hvaða kostir eru líklegir til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Þá hefur með vinnu að rammaáætlun myndast mikilvægt gagnasafn um rannsóknir og náttúrufarsaðstæður virkjunarkosta sem kemur að miklu gagni þegar ráðist er í frekari rannsóknir eða nýtingu virkjunarkosta.

6.5.2. Vinna við 2. áfanga rammaáætlunar.

Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar. Lögð var áhersla á nokkur verkefni sem voru á dagskrá fyrir 1. áfanga, en ekki tókst að ljúka í tæka tíð eins og til stóð. Enn fremur að hefja rannsóknir til forathugunar á mögulegri vinnslu á nýjum jarðhitasvæðum. Ný verkefnisstjórn þriggja manna var skipuð 14. september 2004.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnar er í fyrsta lagi lögð áhersla á að undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats, bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í 1. áfanga, sem gæti þýtt betri gögn eða nýja tilhögun. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að þörf kunni að vera á að vinna áfram að þróun aðferða við mat á náttúrufari og enn megi bæta mat á áhrifum virkjana á atvinnustarfsemi.

Verkefnisstjórn hefur í samræmi við ofangreint lagt fram áætlun um helstu verkefni 2. áfanga. Meginákersla verður lögð á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, bæði vinnslu- og verndarsjónarmið. Matið á háhitakostum úr 1. áfanga verður endurtekið frá grunni, bæði vegna þess að aðferðir til að meta verndargildi háhitasvæða eru enn í mótun og enn fremur var gagnaöflun um margt ófullkomin.

Nokkur háhitasvæði verða óhjákvæmilega út undan og þá helst þau sem eru fjærst byggð og á friðlýstum svæðum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka breyttar útfærslur vatnsaflsvirkjana til endurmats og nýja kosti sem orkufyrirtækin vilja leggja fram. Verkefnisstjórn mun leggja áherslu á virkjanir á Vestfjörðum, en að öðru leyti úrvinnslu vatnafarsgagna sem nýtast munu þróun minni virkjana um allt land.

Ákveðið var að hefja þennan áfanga með fámennri verkefnisstjórn fulltrúa iðnaðar- og umhverfisráðuneyta, auk formanns sem tengist Orkustofnun. Verkefnisstjórn styðst við fagstofnanir ráðuneytanna um áætlanir og um framkvæmd verkefna eftir atvikum á gagnaöflunartímabilinu. Verkefnisstjórn hefur skipað tvo stýrihópa, annan til ráðuneytis um jarðhitaverkefnin og hinn um þróun viðmiða fyrir mat á landslagi. Fyrirkomulag matsvinnu verður ákveðið síðar.

Kostnaður af rammaáætlun er borinn af endurgreiddum rannsóknarkostnaði ríkisins vegna Kárahnjúkavirkjunar sem samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun, skal renna til stofnunarinnar til að fjármagna rannsóknir á orkulindum landsins þannig að unnt sé að meta þær og veita stjórnvöldum ráðgjöf um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra.

6.6. Samantekt.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um rannsóknir á orkulindum og undirbúning á virkjun þeirra til raforkuvinnslu. Undanfarin 4 ár hafa verið mikil umsvif í framkvæmdum og rannsóknum á orkulindum landsins og skýrist það einkum af raforkusölu vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði úr 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 220 þúsund tonn og byggingar 322 þúsund tonna álvers Fjarðaáls á Reyðarfirði. Gefin hafa verið út leyfi til rannsókna á Hellisheiðarsvæði, vesturhluta Kröflusvæðis, við Þeistareyki og í Köldukvíslarbotnum á Hágöngu-

svæði. Þá hefur Hitaveita Suðurnesja fengið nýtingarleyfi og hafið undirbúning fyrir allt að 100 MW virkjun á Reykjanesi. Virkjunarleyfi hafa verið gefin út fyrir Búðarhálsvirkjun (120 MW), Kárahnjúkavirkjun (690 MW), Nesjavallavirkjun (120 MW), Hellisheiðarvirkjun (80 MW) og við Lagarfoss (30 MW).

Hlutverk Orkustofnunar er m.a. að standa fyrir rannsóknum á orkulindum landsins með það að markmiði að skilgreina stærð og nýtanleika til að geta verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ráðstöfun þeirra til nýtingaraðila. Stærstu liðirnir í rannsóknum á vegum Orkustofnunar eru vatnafarsrannsóknir og jarðhitarannsóknir, en þar hefur Orkustofnun verið leiðandi bæði í rannsóknum vegna forathugunar á nýtingarmöguleikum, sem og í almennri þekkingaröflun og þróun. Í orkurannsóknaráætlun Orkustofnunar 2004–2008 er gert ráð fyrir að halda áfram að þróa viðmið um sjálfbæra nýtingu á jarðhita og hefja endurskoðun á mati á stærð þeirrar auðlindar. Meðal nýjunga í orkurannsóknaráætluninni er mat á vindorku, en búið er að þróa sérstakan vindatlas sem greinir vindátt og vindstyrk ásamt tíðni mismunandi styrks og þau gögn verða bakgrunnur áætlana um beislun vindorku.

Árið 1999 skipaði iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöður 1. áfanga voru kynntar í skýrslu sem út kom í nóvember 2003, en niðurstöðurnar koma fram í röðun kosta, annars vegar eftir hagkvæmni og almennum efnahagslegum áhrifum og hins vegar miðað við önnur sjónarmið, t.d. náttúrufarsgildi, menningarminjar, útivistargildi, áhrif á ferðamennsku og hlunnindi. Á árinu 2004 var hafinn undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar, en þar verður lögð áhersla á að undirbúa fleiri virkjunarkosti til mats og bæta úr annmörkum ýmissa kosta sem teknir voru fyrir í 1. áfanga. Sérstök áhersla verður lögð á að afla heildstæðra gagna um nýtanleg háhitasvæði, bæði út frá vinnslu- og verndarsjónarmiðum.

7. Þjóðhagsleg þýðing framkvæmda á sviði raforkumála.

Í hagkerfum nútímans er aðgangur að nægu og öruggu rafmagni einn mikilvægasti liðurinn í hagþróun hverrar þjóðar. Rafmagn er grundvallaraðfang fyrir stóriðju sem smáfyrirtæki og heimilin væru snauðari ef rafljósa og raftækja nyti ekki við. Hérlendis var rafvæðingu landsins lokið við upphaf áttunda áratugarins og mátti þá heita að hver einasti íbúi – jafnt til sjávar sem sveita – væri kominn með rafmagn. Í þessum kafla er rakið í stuttu máli hvaða þjóðhagslegu áhrif framkvæmdir á sviði raforku og stóriðju hafa haft undanfarna hálfa öld.

7.1. Orka og stóriðja á 20. öld.

Rafvæðing Íslands einkennist öðru fremur af tiltölulega fáum, stórum stökkum. Þar má fyrst nefna Elliðaárvirkjun sem tekin var í notkun árið 1921 og síðan stækkuð tveimur árum síðar. Á fjórða áratugnum var Elliðaárvirkjun svo stækkuð aftur, auk þess sem fyrsta virkjunin í Soginu, Ljósafossvirkjun, og í Laxá í Þingeyjarsýslu voru teknar í notkun. Rafmagnið var einkum notað til að rafvæða heimili á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi, en einnig naut vaxandi iðnaður í landinu góðs af.

Fyrsta eiginlega stóriðja landsins tók þó ekki til starfa fyrr en með áburðarverksmiðjunni í Gufunesi árið 1954, en fyrirtækið nýtti um helming af orku Írafossvirkjunar í Soginu sem tekin hafði verið í notkun árið áður. Bygging Írafossvirkjunar markar að vissu leyti ákveðin tímamót í íslenskri virkjanasögu þar eð með henni var í fyrsta sinn ráðist í virkjun sem aðallega var ætluð til þess að sinna orkuþörf fyrirhugaðrar stóriðju. Afgangsorkan var seld til annarra fyrirtækja og heimila sem þannig nutu góðs af virkjuninni. Síðan hefur yfirleitt ekki verið ráðist í stórvirkjanir fyrr en orkusala til stóriðju hefur verið tryggð. Þær virkjanir sem þannig

hafa verið reistar hafa því yfirleitt verið stærri en verið hefði án stóriðju og framleiðslukostnaður á hverja kWst því verið lægri vegna stærðarhagkvæmni. Þessi sjónarmið réðu því t.d. að ráðist var í Búrfellsvirkjun fremur en Brúarárvirkjun á sínum tíma. Eina stórvirkjunin sem reist hefur verið án þess að fyrir lægju áform um nýja stóriðju var Blönduvirkjun sem hóf starfsemi 1991.

Tafla 7.1. Samspil raforkuvirkjana og stóriðju á Íslandi árin 1953–2000.

Virkjun	Ár	Stóriðja	Ár
Írafossvirkjun	1953	Áburðarverksmiðja	1954
Steingrímsstöð	1959	Sementsverksmiðja	1958
Búrfellsvirkjun	1969	Álver í Straumsvík	1970
Sigölduvirkjun	1977	Járnblendiverksmiðja	1979
Hrauneyjafossvirkjun	1981	Álver í Straumsvík, stækkun	1980
Blönduvirkjun	1991		
		Álver í Straumsvík, stækkun	1997
Nesjavallavirkjun	1998	Norðurál í Hvalfirði	1998
Sultartangavirkjun	1999	Járnblendiverksmiðja, stækkun	1999

7.1.1. Greining á áhrifum.

Þjóðhagsleg áhrif raforku- og stóriðjuframkvæmda eru tvíþætt. Til skamms tíma skiptir mestu máli hvaða áhrif framkvæmdirnar sjálfar hafa á hagkerfið, en til lengri tíma hverju rekstur orkuvera og stóriðju skilar til þjóðarbúsins. Í athugun sem Páll Harðarson gerði á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966–1997 kemst hann að þeirri niðurstöðu að mestu skipti sú staðreynd að framkvæmdirnar hafi yfirleitt átt sér stað þegar lægð ríkti í íslensku efnahagslífi. Páll metur heildarábata stóriðju til 88,3 milljarða kr. á verðlagi ársins 1997, en þar af hafi 51,5 milljarðar kr. verið vegna notkunar vannýttra framleiðsluþátta á samdráttartímum. Þetta eru skammtímaáhrif, en langtímaáhrifin metur Páll til tæplega 37 milljarða kr. Sá ávinningur hefur skilað sér til Landsvirkjunar sem sala á rafmagni, til opinberra aðila í formi skatta og sem laun til launþega.[19] Bent hefur verið á að ávinningurinn kunni að vera ofmetinn þar sem launagreiðslur vegna uppbyggingar á samdráttartímum eru taldar til tekna fyrir þjóðarbúið.[20]

[19] Páll Harðarson (1998). Mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966–1997. *Fjármálatíðindi*, 45. árgangur, síðara hefti, bls. 153–167.

[20] Sigurður Jóhannesson (1998). Kostnaður Íslendinga af stóriðju. *Vísbending*, 7. ágúst.



Mynd 7.1. Fjárfestingar í raforkugeiranum og stóriðju sem hlutfall af heildarfjárfestingu og hagvöxtur (breyting á vergri landsframleiðslu á mann frá fyrra ári) á árunum 1946–2004. Hlutfallstölur. Heimildir: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands.

Til að glöggva sig betur á greiningu Páls er rétt að íhuga nánar sambandið á milli stórframkvæmda og hagvaxtar. Á mynd 7.1 getur að líta tvo ferla. Annar sýnir fjárfestingar í raforkuveitum og stóriðju sem hlutfall af heildarfjárfestingu hvers árs, og hinn hagvöxt. Til stóriðju eru hér taldar fjárfestingar í áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, álverum og járnblendiverksmiðju. Heildarfjárfesting tekur bæði til fjárfestinga atvinnuveganna og opinberra aðila, auk íbúðarhúsnæðis. Hagvöxtur er mældur sem breyting á vergri landsframleiðslu á mann frá fyrra ári. Tveir fjárfestingartoppar skera sig alveg úr. Sá fyrri á sér stað árið 1953 en þá stóðu yfir framkvæmdir við áburðarverksmiðju í Gufunesi og Írafossvirkjun. Þær framkvæmdir til samans samsvöruðu 28% af heildarfjárfestingu ársins. Hinn toppurinn kemur fram árið 1969 er framkvæmdir við Búrfellsvirkjun og álver í Straumsvík stóðu sem hæst. Þær fjárfestingar voru 31% af fjárfestingu ársins. Aðrir toppar eru 1976 þegar framkvæmdir við Sigölduvirkjun voru í fullum gangi og 1997–1998 þegar unnið var að byggingu Sultartangavirkjunar, álveri Norðuráls á Grundartanga og stækkun járnblendiverksmiðju.

Írafossvirkjun var byggð á árunum 1950–1953, en öll þau ár nema hið síðasta var kreppa í landinu og dróst landsframleiðsla saman að meðaltali um 3,6% árin 1950–1952. Árin 1967 og 1968, þegar síldin brást, dróst landsframleiðsla einnig saman, en þá stóðu yfir framkvæmdir við virkjun Þjórsár við Búrfell og byggingu álversins. Sama gildir einnig um árið 1975, en þá féll landsframleiðsla frá árinu áður og var það eina samdráttarár þess áratugar. Framkvæmdirnar við Sigöldu voru þá í fullum gangi. Á árunum 1993–1995 ríkti stöðnun í íslensku hagkerfi en næstu þrjú árin var 4–4,5% hagvöxtur á hverju ári. Veigamikill þáttur í þeim umsnúningi var sú uppbygging sem þá átti sér stað í raforkumálum með byggingu Nesjavalla- og Sultartangavirkjana, stækkunar álversins í Straumsvík og framkvæmdum við nýtt álver á Grundartanga. Loks hafa framkvæmdirnar á Austurlandi vegna Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls átt sinn þátt í því að snúa samdrætti ársins 2002 í góðan hagvöxt næstu tvö ár á eftir.



Mynd 7.2. Framlag stóriðju til vergrar landsframleiðslu 1973–2004 og fjöldi ársverka sem féll til í stóriðju 1973–1997. Hlutfallstölur. Heimildir: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands.

Eins og fram kemur á mynd 7.2 hefur stóriðja skilað 1,3–1,5% til vergrar landsframleiðslu hin síðustu ár, en þetta hlutfall hefur sveiflast nokkuð til á síðastliðnum 30 árum. Hlutfall þeirra sem vinna við ál- og járnblendiframleiðslu hefur aftur á móti haldist nokkuð stöðugt í kringum hálft prósentustig. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þess að stór hluti virðisauka í raforkugeiranum verður til við sölu á raforku til stóriðju. Að teknu tillit til þess mætti ætla að stóriðja skilaði nú 2–2,5% til vergrar landsframleiðslu.[21]

Ál og járnblendi eru mikilvægar útflutningsvörur og við aldarlok nam útflutningur á þessum stóriðjuafurðum um 14% af útfluttri vöru og þjónustu, eins og sjá má á mynd 7.3. Fyrirsjáanlegt er að mikilvægi áls fyrir útflutning landsmanna muni aukast verulega á næstu árum þegar Fjarðaál tekur til starfa og lokið verður við stækkun Norðuráls, og að hlutur áls í útflutningi geti þá nálgast 20%. Mikilvægt er að byggja upp aðrar útflutningsgreinar en sjávarútveg, en bent hefur verið á að æskilegt geti verið að auka fjölbreytni stóriðju.

[21] Sjá Sveinn Agnarsson (2005). „Að nota máttinn rétt í hrapsins hæðum." Rafmagn og hagvöxtur á 20. öld. *Fjármálatíðindi,* 51. árgangur, síðara hefti, bls. 114–121.



Mynd 7.3. Útflutningur á áli og járnblendi sem hlutfall af útfluttum vörum og þjónustu 1969–2004. Heimildir: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands.

7.2. Framkvæmdir við upphaf 21. aldar.

Í þessum kafla er lýst virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum árin 2001–2009. Umfang þeirra er skoðað og áhrif þeirra á hagkerfið og fyrri áætlanir kannaðar.[22] Fyrst er þó farið almennum orðum um þau þjóðhagslegu og svæðisbundnu áhrif sem stórframkvæmdir hafa í för með sér.

7.2.1. Almennt um þjóðhagsleg og svæðisbundin áhrif stórframkvæmda.

Fjárfesting í landinu eykst og verg landsframleiðsla vex á meðan unnið er að því að reisa virkjun og byggja iðjuver. Þetta leiðir til þess að viðskiptajöfnuður við útlönd versnar, en atvinnuástand batnar. Aukin velta þrýstir upp kostnaði hér á landi miðað við það sem gerist erlendis. Seðlabanki og ríkisvald bregðast við með því að grípa til aðgerða er slá á þensluna, svo sem vaxtahækkunar og aðhalds í ríkisútgjöldum. Hærri stýrivextir hafa áhrif á vaxtastig í landinu, einkum vexti til skamms og millilangs tíma, og ýta því nafngengi krónunnar upp. Háir stýrivextir og hátt raungengi hjálpa til við að skapa rúm fyrir framkvæmdirnar í hagkerfinu, en gengishækkunin gerir einkum útflutnings- og samkeppnisgreinum erfitt fyrir. Aðhaldsaðgerðir ríkisins geta aftur á móti dregið úr þörfinni fyrir vaxtahækkanir og aukið svigrúm fyrir aðrar atvinnugreinar.

Miklu skiptir hvernig árar þegar ráðist er í stórframkvæmdir. Ef slaki er í hagkerfinu þarf minni aðhaldsaðgerðir Seðlabanka og ríkis en ella. Ef lítið svigrúm er á hinn bóginn í hagkerfinu til að mæta þessum framkvæmdum horfir málið öðru vísi við. Seðlabanki og stjórnvöld þurfa þá að grípa til harðari aðgerða til að draga úr þenslu. Til að koma í veg fyrir að skortur á vinnuafli leiði til kauphækkana og þar með verðbólgu getur einnig reynst heppilegt að auka innflutning á erlendu vinnuafli.

---

[22] Stuðst er við áætlanir Seðlabanka Íslands eins og þær birtust í Peningamálum 1. hefti 2003 og 2. hefti 2005 og mat fjármálaráðuneytisins á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju- og virkjunarframkvæmda frá því í janúar 2003. Þá er byggt á ýmsum gögnum frá orkufyrirtækjum, álframleiðendum og opinberum stofnunum.

Orkuframkvæmdirnar taka pláss í hagkerfinu og þær koma að hluta í stað annarra umsvifa sem ella hefðu orðið. Háir vextir og hátt gengi krónunnar dregur þannig úr öðrum framkvæmdum. Orkuframkvæmdirnar leiða þó til varanlegrar aukningar í landsframleiðslu þar sem gera má ráð fyrir að fjárfestingar í iðju- og orkuverum verði meiri en þær fjárfestingar sem framkvæmdirnar kunna að þrýsta úr landi. Áhrifin á þjóðarframleiðslu ráðast að mestu leyti af afrakstri orkusölunnar, sem verður í eigu Íslendinga, og launum í álverinu, en einnig af hugsanlegum tilflutningi vinnuafls til landsins.

Heima í héraði má gera ráð fyrir að störfum fjölgi, en það gæti ýtt undir aðflutning fólks. Umsvif aukast og fasteignir hækka í verði. Þessari uppbyggingu mun væntanlega ljúka að mestu þegar framkvæmdirnar verða um garð gengnar. Til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að stóriðja renni fleiri stoðum undir atvinnulíf á svæðinu. Sumir heimamenn munu hugsanlega skipta um starf, og e.t.v. færa sig úr hefðbundnum greinum svo sem sjávarútvegi og landbúnaði, en aðflutningur fólks mun væntanlega einnig aukast með auknum atvinnutækifærum.

7.2.2. Lýsing á framkvæmdum áranna 2001–2009.

Þær framkvæmdir sem nú standa yfir og lokið verður við á næstu árum fela í sér að álver Norðuráls á Grundartanga verður stækkað úr 60 þúsund tonnum í 260 þúsund tonn og nýtt 322 þúsund tonna álver í eigu Alcoa Fjarðaáls rís á Reyðarfirði.

Orkuþörf álversins á Austurlandi verður mætt með Kárahnjúkavirkjun sem verður 690 MW að stærð. Norðurál hefur hins vegar gert samning um orkukaup við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur.

Tafla 7.2. Raforkuvirkjanir og álver á tímabilinu 2001–2008.

Ár	Virkjun	MW	Álver	Þús. tonn
2001			Norðurál, stækkun	30
2005	Nesjavallavirkjun, stækkun	30		
2006	Hellisheiðarvirkjun Reykjanesvirkjun	80 100	Norðurál, stækkun	122
2007	Hellisheiðarvirkjun, stækkun Kárahnjúkavirkjun Svartsengi, stækkun	30 690 30	Norðurál, stækkun Fjarðaál	8 322
2008	Hellisheiðarvirkjun, stækkun Reykjanesvirkjun, stækkun	90 50	Norðurál, stækkun	40

Fjárfesting í orkuverum og stóriðju hér á landi nemur alls um 265 milljörðum kr. á árunum 2001–2009. Mestar eru fjárfestingarnar árið 2006, 85 milljarðar kr., og árið 2005 eru þær áætlaðar 83 milljarðar kr. Fjárfestingar þessi ár samsvara 8–9% af vergri landsframleiðslu. Reiknað er með að tæplega 40% af kostnaðinum sé innlendur, en drjúgur helmingur fari til kaupa á innfluttum tækjabúnaði.



Mynd 7.4. Spár Seðlabanka Íslands árin 2003 og 2005 um fjárfestingu í virkjunum og álveri árin 2001–2009 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Heimildir: Seðlabanki Íslands (2003) og (2005).

Á mynd 7.4 er áætlun Seðlabankans um hlutfall fjárfestinga í Kárahnjúkavirkjun og álveri á Reyðarfirði af fjárfestingum frá því snemma árs 2003 borin saman við áætlun bankans frá 2005. Árið 2003 höfðu náðst samningar við Alcoa um kaup á rafmagni frá Kárahnjúkavirkjun og smíði allt að 320 þúsund tonna álvers. Umfang framkvæmda á Austurlandi var því að verða ljóst. Seðlabankinn gerði hins vegar ekki ráð fyrir stækkun Norðuráls í Hvalfirði. Bankinn benti á að það mundi auka hagstjórnarvandann verulega ef þær framkvæmdir færu að einhverju leyti saman við hátopp framkvæmda vegna álvers á Austurlandi og því væri heppilegt að þeim yrði fundinn einhver annar tími.[23] Sú varð ekki raunin því að haustið 2003 náði Norðurál samkomulagi við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um orkuöflun sem duga mundi til þess að stækka álverið í Hvalfirði úr 90 þúsund tonna ársframleiðslu í 220 þúsund tonn árið 2007. Framkvæmdir við stækkun Norðuráls standa sem hæst á árunum 2005–2007, en tvö fyrstu árin fara saman við topp framkvæmdanna fyrir austan. Upphaflega stóð til að ráðist yrði í stækkun álversins í Hvalfirði fyrr en það reyndist ekki unnt vegna erfiðleika við að útvega næga orku.

Svo sem sjá má á mynd 7.4 munu fjárfestingarnar ná fyrr hámarki en ráðgert var árið 2003. Núna er talið að mestur dampur verði í framkvæmdunum árið 2005, en ekki ári síðar, eins og áður var talið. Meiri athygli vekur að hlutdeild fjárfestinganna í þjóðarframleiðslu er talin verða svipuð og gamla áætlunin gerði ráð fyrir, þó að nú séu taldar með fjárfestingar vegna stækkunar Norðuráls í Hvalfirði. Tvennt kemur hér til. Í fyrsta lagi hefur krónan hækkað um 12% frá desember 2002 til júlí 2005 miðað við gengi helstu viðskiptagjaldmiðla og vélar og tæki sem keypt eru fyrir bandaríkjadali eru ekki eins dýr og áður í krónum talið. Þá munar um að landsframleiðsla er meiri en áður var áætlað.

Betri mynd af fyrirferð framkvæmdanna í hagkerfinu fæst sennilega með því að horfa á fjölda fólks sem þar starfar í hlutfalli af heildarmannafla. Á mynd 7.5 má sjá áætlanir Seðlabankans um hlutfall starfa við orku- og álversframkvæmdir af fjölda ársverka hér á landi. Fyrri spáin var birt snemma árs 2003 en sú síðari vorið 2005. Spá Seðlabankans frá 2003

[23] Seðlabanki Íslands (2003). *Peningamál* 1. tölublað, 30.

gerði ekki ráð fyrir stækkun Norðuráls og tilheyrandi virkjanaframkvæmdum, enda var ekki búið að ákveða að ráðast í þær framkvæmdir þá.



Mynd 7.5. Áætlanir Seðlabanka Íslands frá 2003 og 2005 um fjölda ársverka í stóriðju- og virkjanaframkvæmdum. Hlutfall af heildarvinnuafli. Heimildir: Seðlabanki Íslands (2003) og (2005).

Umfang framkvæmdanna er nú áætlað verulega meira en Seðlabankinn miðaði við í spá sinni frá árinu 2003. Nú er talið að tæplega 70% fleiri mannár verði í framkvæmdunum á árunum 2001–2009 en bankinn áætlaði árið 2003. Mismunurinn stafar bæði af því að Norðurál bætist við og að mannár eru nú talin verða fleiri við stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi en áður. Mun fleiri vinna við framkvæmdirnar árin 2004 og 2005 en samkvæmt spánni frá 2003, en munurinn er minni árið 2006.

7.2.3. Spár um áhrif framkvæmdanna á helstu hagstærðir.

Í spá Seðlabankans frá árinu 2003 er bæði sett fram áætlun um áhrif framkvæmdanna á hagvöxt án mótvægisaðgerða stjórnvalda og eftir að reiknað hefur verið með þeim. Ef ekki er andæft gegn þensluáhrifum framkvæmdanna verður hagvöxtur 3–4% meiri en í grunndæmi árin 2005 og 2006 og uppsafnaður umframhagvöxtur um 7% þegar mest er. Það mundi jafnframt þýða að verðbólga yrði um eða yfir 4% meiri en án framkvæmdanna og atvinnuleysi 1,5–2% minna. Bankinn tekur síðan annað dæmi þar sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn andæfi og hækki vexti sína í um það bil 4½% umfram það sem ella mætti búast við árin 2004 og 2005 (sjá mynd 7.6). Rætt er um að þetta gæti falið í sér allt að 10% stýrivexti á þeim tíma. Önnur framkvæmdaár séu þeir lægri og í lokin yrðu þeir lægri en í grunndæmi. Það er mat bankans að vaxtahækkunin nægi til þess að koma uppsöfnuðum hagvexti vegna framkvæmdanna niður í 2–2½% þegar hann er í hámarki (sbr. mynd 7.6). Tekið er fram að minni vaxtahækkun þurfi til ef gengi krónunnar hækkar meðan á framkvæmdum stendur, en gert er ráð fyrir óbreyttu nafngengi í spá bankans. Ekki er heldur í þessu mati reiknað með aðhaldi í ríkisfjármálum meðan á framkvæmdum stendur.



Mynd 7.6. Uppsöfnuð áhrif álvers- og virkjanaframkvæmda á landsframleiðslu. Áætlun Seðlabanka frá árinu 2003. Í áætlun Seðlabanka er reiknað með vaxtahækkunum. Heimild: Seðlabanki Íslands (2003).

Í mati fjármálaráðuneytisins frá því snemma árs 2003 eru metin samanlögð áhrif á landsframleiðslu vegna smíði ríflega 300 þúsund tonna álvers á Reyðarfirði og stækkunar álvers í Hvalfirði um 150 þúsund tonn fram til 2009. Er talið að þetta geti valdið 4¾% hækkun landsframleiðslu á árunum 2003–2006, ef ekki komi til mótaðgerðir eins og samdráttur í opinberum fjárfestingum og hækkun vaxta. Þessi spá er áþekk spá Seðlabanka frá 2003, enda þótt umfang framkvæmdanna sé meira en þar var gert ráð fyrir.

Í endurskoðaðri spá frá vorinu 2005 gerði ráðuneytið síðan ráð fyrir að landsframleiðsla mundi vaxa að meðaltali um 5¼% á árunum 2003–2006. Sá hagvöxtur væri nálægt 2% meiri en búast má við í meðalári.

7.2.4. Raunþróun.

Í kjölfar fimm góðra ára, þar sem verg landsframleiðsla jókst að jafnaði um 5% á milli ára, dró verulega úr hagvexti árið 2001 og árið eftir dróst landsframleiðsla saman um 1,3% að magni til. Eftir það magra ár hefur hagur þjóðarbúsins aftur vænkast og árin 2003 og 2004 var hagvöxtur 3,6 og 6,2%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá því í apríl 2005 er gert ráð fyrir nálega 6% hagvexti árið 2005, lítið eitt lægri hagvexti árið 2006 og að hagvöxtur detti síðan niður í 2,4% árið 2007.



Mynd 7.7. Hagvöxtur (þ.e. breytingar á vergri landsframleiðslu) á milli ára 1995–2004 og spár fjármálaráðuneytis fyrir árin 2005–2007. Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneyti.

Þessi hagvöxtur er nokkuð meiri en spár undangenginna ára gerðu ráð fyrir enda góður vöxtur á fleiri sviðum hagkerfisins en stóriðju. Hagvöxtur árin 2003 og 2004 var 1–3% umfram það sem búast má við í meðalári, og hagvöxtur áranna 2005–2006 verður líklega 2–3% meiri en svo. Hagvöxturinn er svipaður og Seðlabankinn gerði ráð fyrir í spá sinni frá árinu 2003 að vera mundi án mikilla mótvægisaðgerða. Erfitt er þó að gera sér grein fyrir hvort stórframkvæmdirnar hafi haft meiri ruðningsáhrif eða valdið meiri þenslu en óttast var.



Mynd 7.8. Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi árin 1995–2004. Heimild: Hagstofa Íslands.

Í upphafi framkvæmdanna var þensla á vinnumarkaði að minnka. Atvinnuleysi var ríflega 3% samkvæmt könnun Hagstofunnar og hafði aukist úr 2% árið 1999. Atvinnulausum fækkaði um 500–1.000 frá 2002 og fram á fyrri helming árs 2005, en trúlegt er að atvinnuleysi hefði aukist á undanförnum árum ef framkvæmdirnar hefðu ekki komið til. Samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi á Íslandi 1,4% í september 2005, en það er um

42% lækkun frá september 2004 og atvinnuleysi hefur ekki verið minna í einstökum mánuði síðan í október 2001.[24]

Launahækkanir hafa heldur þokast upp á við undanfarin misseri. Í ágúst höfðu laun að jafnaði hækkað um tæp 7% undanfarið ár samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Í september 2005 mældist 12 mánaða hækkun vísitölu neysluverðs 4,8% og voru þá þolmörk verðbólgumarks Seðlabanka Íslands rofin í annað sinn á árinu.[25] Enn var það einkum húsnæði sem hækkaði í verði.



Mynd 7.9. Hlutfallslegar breytingar á verðlagi á milli ára á tímabilinu 1995–2005. Heimild: Hagstofa Íslands.

Eins og fram kemur á mynd 7.9 hefur vísitala neysluverðs án húsnæðis lítt hækkað á árinu 2005 og hækkun þessarar vísitölu á árunum 2003 og 2004 er mun minni en vísitölunnar með húsnæði. Sú hækkun á fasteignaverði sem átt hefur sér stað síðastliðin misseri verður eigi skýrð með auknum byggingarkostnaði nema að litlu leyti. Bætt aðgengi að lánsfé og lægri vextir ráða mun meiru og þær orku- og stóriðjuframkvæmdir sem nú standa yfir hafa þar skipt minna máli. Til þess að kanna áhrif framkvæmdanna á verðlag kann því að vera réttara að líta á þróun neysluverðsvísitölu án húsnæðis. Árshækkun þeirrar vísitölu var á árinu 2003 vel innan 2,5% verðbólgumarkmiðs Seðlabankans, en seinni hluta ársins 2004 hækkaði hún heldur umfram markmið bankans. Á árinu 2005 hafði verðbólga mæld á þessa vísitölu aftur hjaðnað og um mitt ár ríkti nánast verðstöðvun, en í september mældist verðbólga aftur meiri. Þessi þróun gefur tilefni til að ætla að vaxtastefna bankans hafi verið harðari en stóriðjuframkvæmdirnar einar gefa tilefni til.

Samkvæmt tölum um fjölda starfandi eftir staðgreiðsluskrám fjölgaði vinnandi mönnum hér á landi um nálægt 1.500 frá 2002 til 2004, eða um nálægt einu prósenti. Innflutningur vinnuafls til framkvæmda við Kárahnjúka veldur líkast til mestu um fjölgunina.[26] Nú er gert ráð fyrir að 67–80% af vinnuafli við framkvæmdirnar á Austurlandi verði erlent, en vinnu-

---

[24] Vinnumálastofnun. Skýrsla um atvinnuástand, september 2005.

[25] Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu umfram þolmörk. Seðlabanki Íslands 19. september 2005.

[26] Þessu ber reyndar ekki saman við tölur um fjölda starfandi í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar, en sá fjöldi er líkast til vantalinn vegna þeirra sem vinna við Kárahnjúka í skamman tíma og komast því ekki inn á þjóðskrá. Samtal við Gamaliel Sveinsson, Hagstofunni, ágúst 2005.

aflið verði ekki að þremur fjórðu hlutum íslenskt eins og búist var við fyrir fram. Alls voru gefin út 3.750 ný eða endurnýjuð atvinnuleyfi árið 2004, en tæplega 3.300 árið á undan. Fyrstu átta mánuði árs 2005 voru gefin út 3.122 atvinnuleyfi en 2.352 voru gefin út á sama tíma árið á undan.[27]

Á árunum 2003–2004 voru stýrivextir Seðlabankans 5,3% en þeir höfðu hækkað í 9,5% í júlí 2005. Þetta virðist vera í góðu samræmi við greinargerð Seðlabankans frá upphafi árs 2003, en þar var aftur á móti gert ráð fyrir að nafngengi krónunnar héldist óbreytt. Reyndin er sú að það hefur hækkað um nálægt 15% frá janúar 2003 til september 2005. Samanlögð kælingaráhrif á hagkerfið af peningastefnunni eru því mun meiri en boðað var.

Hafa ber í huga þegar hagtölur frá framkvæmdaárunum eru skoðaðar að ýmislegt fleira er á seyði en framkvæmdirnar sjálfar. Árið 2004 lögðu bankar undir sig húsnæðislánamarkaðinn að miklu leyti, vextir lækkuðu á lánum til fasteignakaupa og íbúðabyggingar stórjukust á höfuðborgarsvæðinu. Þetta og almenn bjartsýni í þjóðfélaginu ýtti undir hagvöxt. Erfitt er að segja hvaða þátt stóriðjuframkvæmdirnar eiga í þessari bjartsýni. Þær hafa aukið á veltu í byggingargeiranum og í atvinnugreinum sem framleiða aðföng fyrir hann og veita þjónustu. Áhrif orkuframkvæmda á gengi krónunnar eru fyrst og fremst óbein, en beint fjárstreymi til landsins skiptir þar ekki sköpum. Orkuframkvæmdirnar, mikil umsvif í húsbyggingum og almenn bjartsýni í þjóðfélaginu þrýsta upp vöxtum og vaxtahækkunin gerir krónuna að vænlegri fjárfestingarkosti og ýtir gengi hennar upp. Í því sambandi má nefna að um miðjan október 2005 höfðu erlendir aðilar gefið út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir nær 100 milljarða kr.[28] en útgáfa af því tagi styrkir krónuna enn frekar.

7.2.5. Svæðisbundin áhrif á Austurlandi 1997–2004.

Við lok árs 1997 bjuggu tæplega 11.100 manns á Austurlandi, þar af um 3.300 í Fjarðabyggð. Á næstu árum fækkaði Austfirðingum jafnt og þétt og í árslok 2002 töldust þeir rétt um 10.200. Síðan hefur íbúum farið fjölgandi á ný og í lok ársins 2004 voru tæplega 11 þúsund manns skráðir til heimilis á Austurlandi. Mest hafði fjölgunin orðið á Mið-Austurlandi, en þar hafði íbúum fjölgað um 700. Þessa þróun má að mestu leyti rekja til framkvæmdanna við Kárahnjúka en virkjunin er í Fljótsdalshreppi sem telst til Mið-Austurlands. Íbúum í Fjarðabyggð hafði fjölgað um 100, íbúatala suðurfjarðanna nær staðið í stað en á Norðausturlandi hélt íbúum áfram að fækka.

Tafla 7.3. Íbúafjöldi á Austurlandi 1997–2004.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fjarðabyggð	3.339	3.301	3.189	3.096	3.065	3.063	3.110	3.177
Norð-Austurland	1.994	1.978	1.872	1.786	1.725	1.705	1.652	1.635
Mið-Austurland	3.910	3.828	3.879	3.865	3.824	3.799	3.939	4.517
Suðurfirðir	1.845	1.751	1.718	1.703	1.684	1.660	1.662	1.651
Samtals	**11.088**	**10.858**	**10.658**	**10.450**	**10.298**	**10.227**	**10.363**	**10.980**

Til Norð-Austurlands teljast Þórshafnarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur. Miðausturland samanstendur af Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði, Skeggjastaðahreppi, Fljótsdalshreppi og Mjóafjarðarhreppi. Til Suðurfjarða teljast Fáskrúðsfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur og Austurbyggð.
Heimild: Hagstofa Íslands.

[27] Vinnumálastofnun. Skýrsla um atvinnuástand júlí og ágúst 2005.
[28] Morgunkorn Íslandsbanka, fimmtudaginn 20. október 2005.

Tafla 7.4. Fjöldi starfa á Austurlandi 1998–2004 samkvæmt staðgreiðsluskrám.

Atvinnugrein	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumvinnslugreinar alls	1.140	1.050	1.000	1.010	1.000	940	970
Veitustarfsemi	60	60	60	60	60	60	60
Mannvirkjagerð	390	370	390	390	360	420	770
Annar iðnaður	1.840	1.780	1.830	1.700	1.690	1.630	1.550
Þjónustugreinar alls	3.390	3.570	3.510	3.550	3.520	3.580	3.570
Samtals	**6.810**	**6.840**	**6780**	**6.710**	**6.630**	**6.630**	**7.000**

Heimild: Hagstofa Íslands.

Athugun á þróun fjölda starfa samkvæmt staðgreiðsluskrám leiðir í ljós afar svipaða þróun. Störfum fækkar á Austfjörðum frá 1999 til 2002, fjöldi starfa er síðan óbreyttur árin 2002 og 2003 en fjölgar um nálega 400 á árinu 2004. Nær öll sú fjölgun tengist mannvirkjagerð, en skráðum störfum í þeirri grein fjölgar úr 420 í 770. Athyglisvert er að störfum í þjónustu fækkaði lítillega á milli áranna 2003 og 2004 eftir að þeim hafði fjölgað um 60 frá árinu 2002. Þessar tölur gefa ótvírætt til kynna að framkvæmdirnar á Austurlandi hafi árið 2004 enn ekki haft í för með sér mikil margfeldisáhrif. Þau áhrif ættu einkum að koma fram í þjónustu, og hugsanlega einnig í öðrum iðnaði, en atvinna í þessum geirum virðist samkvæmt þessum gögnum vart hafa aukist á árinu 2004. Gera má þó ráð fyrir að umsvif í verslun og þjónustu eigi eftir að aukast á næstu árum.[29] Í október 2005 var samþykkt í kosningu að sameina Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhrepp, Fjarðabyggð og Mjóafjarðarhrepp í eitt sveitarfélag og tekur sameiningin gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2006. Eftir það verða þrjú sveitarfélög á Mið-Austurlandi; hið nýja sameinaða sveitarfélag, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur. Fljótsdalshreppur mun hagnast verulega vegna virkjunarinnar en nýja sveitarfélagið nýtur góðs af álverinu. Hærra útsvar mun gera sveitarfélögunum fært að auka þjónustu og gera betur við íbúa. Að auki má gera ráð fyrir að sameiningunni og fjölgun íbúa fylgi stærðarhagræði í rekstri sveitarfélaga. Í tengslum við framkvæmdirnar hefur verið ráðist í margvíslegar úrbætur í samgöngumálum og þær fjárfestingar munu vafalítið styrkja atvinnulíf í fjórðungnum.

Fjölgun íbúa á Austurlandi hin síðustu ár og væntingar um bættan hag á næstu árum hefur leitt til þess að húsnæðisverð í fjórðungnum hefur hækkað verulega. Verð á fasteignum þar hélst nokkuð svipað á árunum 1997–2003, en hækkaði síðan um 35% á árinu 2004 sem var mun meiri hækkun en annars staðar á landinu það árið. Til samanburðar hækkaði húsnæðisverð um rúm 13% í Reykjavík á milli áranna 2003 og 2004.[30] Hækkun fasteignaverðs á Mið-Austurlandi er jafnvel enn meiri en fram kemur í þessum tölum og telja fasteignasalar að frá því að ákvörðun var tekin um að byggja álver á Reyðarfirði og til ágústloka 2005 hafi fasteignaverð þar hækkað um 20–150%.[31] Mest hefur hækkunin verið á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, en þar munu dæmi um að fasteignir hafi hækkað í verði um 50–60% fyrstu átta mánuði ársins 2005.

---

[29] Grétar Þór Eyþórsson, Kjartan Ólafsson og Hjalti Jóhannesson (2001). Kárahnjúkavirkjun. Mat á samfélagsáhrifum. LV-2001/031. Reykjavík: Landsvirkjun

[30] Fasteignamat ríkisins. Gögn tekin af vef stofnunarinnar, http://www.fmr.is.

[31] Morgunblaðið, 11. september 2005.

7.3. Framkvæmdir næstu fjögurra ára.

7.3.1. Almenn hagþróun.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við álverin tvö á Reyðarfirði og Grundartanga og tilheyrandi virkjanir verði lokið árið 2009. Umfang stóriðjuframkvæmdanna er meira en gert var ráð fyrir þegar ákveðið var að hefja virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og umsvif eru líka óvenjumikil í öðrum geirum efnahagslífsins. Það mun því reyna meira á þanþol íslensks hagkerfis en búist var við. Við því hefur að nokkru verið brugðist með því að flytja inn fleira starfsfólk en búist var við frá útlöndum og jafnframt hefur peningastefnan verið harðari en lagt var upp með. Hvort tveggja dregur úr verðbólguþrýstingi meðan á framkvæmdum stendur, en á hinn bóginn kunna erfiðleikar í lok framkvæmdanna að reynast meiri fyrir vikið.

Frá desember 2002 til ágúst 2005 hækkaði vegið meðalgengi krónunnar um liðlega 15% gagnvart viðskiptagjaldmiðlum. Jafnframt hafa laun hækkað hraðar en í viðskiptalöndunum. Hlutfallslegur launakostnaður á Íslandi miðað við viðskiptalönd hækkaði um 19% frá 4. fjórðungi 2002 til 3. fjórðungs 2005. Ef aðstreymi erlends vinnuafls hefði ekki komið til hefði mátt búast við enn meiri launahækkunum hér á landi. Hækkun raungengis krónunnar slær á umsvif í útflutnings- og samkeppnisgreinum og hjálpar til við að skapa rými fyrir framkvæmdirnar. Jafnframt má búast við að gengishækkunin auki á atvinnuleysi í lok framkvæmdanna þar sem sum fyrirtæki verða að draga saman seglin og jafnvel hætta starfsemi. Þá er trúlegt að atvinnuleysi verði mikið hjá útlendingum sem hingað hafa flutt á framkvæmdatímanum og verða um kyrrt eftir að framkvæmdunum lýkur. Þeir eru margir á lágum launum í störfum sem krefjast lítillar þjálfunar. Að jafnaði er slíkum starfsmönnum hættara en öðrum við að missa vinnuna ef umsvif dragast saman í þjóðfélaginu. Ef marka má reynslu grannlanda má gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði meira meðal þeirra sem flutt hafa frá útlöndum en annarra þegar fram í sækir.

Ef marka má hagspár má búast við að landsframleiðsla vaxi óvenjulega mikið fjögur ár í röð, frá 2003 til 2006. Vinnuafl og tæki eru oft vannýtt á samdráttarskeiðum og ekki er óeðlilegt að framleiðni vaxi í upphafi uppgangsskeiðs. Því kemur vart á óvart að framleiðni skuli hafi aukist hér á landi undanfarin misseri. Sú framleiðni er þó líkast til ofmetin þar sem útlendingar sem vinna við Kárahnjúka og víðar standa oft stutt við og komast ekki inn í íslenskar vinnuaflstölur.[32] Eftir því sem lengra líður á uppsveifluna verður erfiðara að framleiða meira. Framleiðslutækin eru að verða fullnýtt. Því er trúlegt að dragi úr framleiðnivexti er líður á tímabilið og fyrir vikið gæti þrýstingur á vinnumarkaði farið vaxandi.

Samkvæmt skýrslum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi 1,8% í ágúst 2005 og hafði minnkað úr tæpum 3% frá ágústmánuði á undan. Erfitt verður að auka framleiðsluna meira nema þá með nýju erlendu vinnuafli og tækjum. Misjafnt er eftir starfsgreinum hve auðvelt er að ná í starfsfólk í útlöndum, en nú þegar er erfitt að fá fólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

7.3.2. Áhrif orkuframkvæmda á vinnumarkað: Aðfanga- og afurðagreining.

Aðfanga- og afurðatöflur lýsa viðskiptum atvinnugreina og heimila. Framkvæmdir kalla á vinnuafl hér á landi og kaup á innlendum aðföngum og þjónustu. Þeir sem framleiða aðföngin og sinna þjónustunni skipta við önnur fyrirtæki og þannig koll af kolli. Verkafólk í öllum þessum fyrirtækjum kaupir mat og aðrar nauðsynjar, smíðar hús, fer í banka og svo framvegis. Með afurðatöflunum má fá hugmynd um hvaða starfsemi í hagkerfinu tengist tilteknum

---

[32] Samtal við Gamalíel Sveinsson, Hagstofu Íslands, júlí og ágúst 2005.

greiðslum sem koma að utan í einhverjum skilningi, t.d. fjárfestingum eða útflutningi. Aðfanga- og afurðagreiningin er unnin úr uppruna- og ráðstöfunartöflu frá Þjóðhagsstofnun fyrir árið 1997. Hún endurspeglar því viðskipti milli atvinnugreina það ár og þær aðstæður sem þá voru hér á landi. Sum sambönd í töflunni eru áætluð, t.d. hvernig innflutningur dreifist á greinar. Hver framkvæmd fer fram með sínum hætti. Til dæmis einkennir það Kárahnjúkavirkjun að flestir starfsmenn eru útlendir og verja sennilega mun hærra hlutfalli af launum sínum erlendis en ætla má að íslenskir starfsmenn geri. Þótt reynt sé að líta til þessa þáttar í greiningunni hér á eftir veitir hún aðeins ónákvæma leiðsögn um áhrif virkjunarinnar á hagkerfið. Sérstaklega verður að taka einstaka reiti taflnanna hér á eftir með fyrirvara.

Hér er gert ráð fyrir að um 9% af vinnuafli í einkarekstri hér á landi tengist stóriðjuframkvæmdum árin 2005 og 2006 beint eða óbeint. Aðeins tæpur þriðjungur þess vinnuafls sem hér er talið að tengjast muni framkvæmdunum vinnur við framkvæmdirnar sjálfar (og hlutfallið er enn minna ef aðkoma opinberra starfsmanna er meðtalin).

Ef horft er á jaðaráhrif stóriðjuframkvæmda í hagkerfinu virðist ekki fjarri lagi að álykta að þær auki atvinnu hér á landi um 2% eða svo á árunum 2003–2006 eftir að gripið hefur verið til mótvægisaðgerða (áhrifin væru mun meiri ef þær kæmu ekki til). Þetta er ónákvæmt mat en höfð er hliðsjón af spá Seðlabanka um framleiðslu spennu í hagkerfinu á þessu tímabili. Aðfanga- og afurðagreiningin bendir til þess að 6% starfa hér á landi tengist að jafnaði framkvæmdunum á þessum árum. Miðað við þetta má ætla að þriðjungur af áhrifum framkvæmdanna sé viðbót við hagkerfið. Tveir þriðju séu hins vegar ruðningur, en það þýðir að vinna sem tengst hefði annarri starfsemi, beint eða óbeint, tengist nú orkuframkvæmdunum. Hátt raungengi þegar framkvæmdirnar eru í hámarki kemur helst niður á fyrirtækjum í útflutningi og þeim sem keppa við innflutning. Þessi fyrirtæki draga saman seglin og búa þannig til pláss fyrir framkvæmdirnar. Ruðningurinn kemur einnig fram í því að bændur, hárskerar og bankastarfsmenn sinna nú álframkvæmdum óbeint í stað þess að tengjast annarri grunnstarfsemi. Óvíst er að þeir verði varir við mikla breytingu.

Tafla 7.5. Fjöldi ársverka sem tengjast stóriðju- og virkjanaframkvæmdum 2001–2009. Bein störf við framkvæmdir ásamt tengdum störfum.

Ár	Við framkvæmdir	Alls tengd störf	Landbúnaður	Iðnaður	Sjávarútvegur	Rafmagn, hiti, vatn	Byggingar	Verslun og veitingar	Samgöngur	Bankar	Ýmis starfsemi
2001	47	131	3	21	3	3	63	4	6	10	19
2002	60	221	5	35	5	5	107	8	10	17	33
2003	667	1.898	40	303	44	42	920	65	89	147	279
2004	1.409	3.343	71	533	78	74	1620	115	157	258	492
2005	2.932	9.765	206	1.558	227	215	4.734	335	459	754	1.436
2006	3.239	10.061	212	1.605	234	222	4.877	345	473	777	1.480
2007	1.292	3.663	77	584	85	81	1.776	126	172	283	539
2008	635	2.165	46	346	50	48	1.050	74	102	167	319
2009	25	68	1	11	2	2	33	2	3	5	10
Samtals	**10.306**	**31.315**	**661**	**4.997**	**728**	**690**	**15.181**	**1.074**	**1.471**	**2.420**	**4.606**

**Stuðst er við áætlanir Seðlabanka um fjárfestingar vegna stækkunar Norðuráls, sem samið hefur verið um, og vegna Fjarðaáls á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjunar frá því snemma árs 2005.*[33] *Gert er ráð fyrir að 60% af fjárfestingunni séu innlend.*

[33] Seðlabanki Íslands (2005). *Peningamál* 1. hefti 2005.

Svo sem ráða má af töflu 7.5 eru flest störf sem tengjast álframkvæmdum í byggingarstarfsemi. Meiri hlutinn er við framkvæmdirnar sjálfar (sjá dálkinn lengst til vinstri) en margir vinna við gerð hvers kyns aðfanga, byggingu atvinnuhúsnæðis og við að koma upp íbúðum starfsfólks á Reyðarfirði og víðar. Gert er ráð fyrir að megnið af vélum og tækjum til framkvæmdanna komi erlendis frá, en þó má gera ráð fyrir að nokkur vinna málmsmiða hér á landi tengist framkvæmdunum.

Reiknað er með að innflutningur til framkvæmdanna sé að langmestu leyti iðnframleiðsla. Framkvæmdirnar hafa mest áhrif í byggingariðnaði þar sem um 40% af þeim sem venjulega starfa þar tengjast framkvæmdunum árin 2005 og 2006. Athuga ber að aðeins starfa tveir af hverjum þremur við framkvæmdirnar sjálfar, en tengsl hinna við þær eru óbein. Í þessum hópi eru þeir sem vinna nú við að smíða íbúðir á Reyðarfirði fyrir starfsmenn Fjarðaáls, en iðnaðarmenn í Reykjavík tengjast framkvæmdunum fyrir austan á enn óbeinni hátt. Nokkuð reynir líka á annan iðnað, einkum starfsemi málmsmiðja. Hátt hlutfall í landbúnaði og fjármálastarfsemi vekur einnig athygli, en hér eru að sjálfsögðu á ferðinni óbein tengsl.

Tafla 7.6. Hlutfall af vinnuafli á Íslandi sem tengist stóriðju og virkjanaframkvæmdum 2001–2009. Bein störf við framkvæmdir ásamt tengdum störfum. Hlutfall af vinnuafli í hverri grein ef ekki hefði komið til framkvæmda í einkageiranum. Hér er ekki reiknað með aðstreymi vinnuafls.

Ár	Alls tengd störf	Landbúnaður	Iðnaður	Sjávarútvegur	Rafmagn, hiti, vatn	Byggingar	Verslun og veitingar	Samgöngur	Bankar	Ýmis starfsemi
2001	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0
2002	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0
2003	2	1	2	0	3	8	0	1	2	3
2004	3	1	3	1	5	14	0	2	4	5
2005	9	4	9	2	13	41	1	5	13	14
2006	9	4	10	2	14	42	2	5	13	15
2007	3	1	4	1	5	15	1	2	5	5
2008	2	1	2	1	3	9	0	1	3	3
2009	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

7.3.3. Svæðisbundin áhrif 2005–2009.

Í álverinu á Reyðarfirði verða um 400 störf. Hér er reiknað með því að þau komi inn öll í einu árið 2008. Í álverinu í Straumsvík fækkaði störfum á framleitt tonn af áli að jafnaði um 2% á ári til ársins 1997 (en lengra ná opinberar tölur ekki). Það er svipað almennri framleiðniaukningu vinnuafls í vestrænum hagkerfum, eða aðeins rúmlega það. Álframleiðsla á hverja kWst af rafmagni breytist lítið þannig að framleiðslan eykst tæpast nema samið verði um meiri rafmagnskaup, ef ekki verða meiri háttar tækniframfarir í greininnni. Að því ber hins vegar að gæta að álverið í Straumsvík hefur stækkað umtalsvert frá upphafi og er ekki ósennilegt að hluti af hagræðingunni hafi tengst því. Slíkar tækniframfarir koma þó vart fram þegar í upphafi þar sem gera má ráð fyrir að nýbyggðar verksmiðjur noti bestu tækni sem völ er á. Í samræmi við það er hér því gert ráð fyrir að eftir áratug komi til sögunnar ný tækni sem valdi því að störfum fækki þar eftir um 1% á ári í verksmiðjunni á Reyðarfirði.

Þegar margfeldisáhrif í sveitarfélaginu eru metin er stuðst við svonefnt grunnlíkan af atvinnulífinu. Litið er svo á að ákveðinn fjöldi starfa í byggðarlaginu komi til vegna framleiðslu fyrir aðrar byggðir. Þetta er eins konar útflutningur. Utan um þessi grunnstörf verði til störf innan byggðarlagsins við aðföng og þjónustu. Reynslan frá 24 stærstu bæjum utan Reykjavíkur á árunum 1982–1997 bendir til þess að áratugir líði frá því að grunnstarfsemi hefjist

(t.d. útgerð) og þar til þjónusta kringum hana hefur að fullu byggst upp.[34] Þessi reynsla er notuð til þess að meta langtímaáhrif álversins á fjölda starfa í Fjarðabyggð.

Áætluð áhrif álvers á fjölda ársverka í Fjarðabyggð má sjá á mynd 7.10. Því er spáð að störfum fjölgi strax um 400 eftir að það tekur til starfa en síðan um 50–60 á ári fyrst um sinn. Fjölgunin fjari síðan út næstu tvo áratugi eða svo. Árið 2025 hafi störfum í Fjarðabyggð fjölgað um ríflega eitt þúsund frá því sem nú er, eða um tæp 70%. Langmest verður auðvitað breytingin á Reyðarfirði. Utan sveitarfélagsins gæti byggð einnig eflst á Fáskrúðsfirði vegna álvers og nýrra jarðganga til Reyðarfjarðar. Þegar er hafin mikil uppbygging á Egilsstöðum sem má að minnsta kosti að hluta rekja til Kárahnjúkavirkjunar. Öflug þjónusta á Egilsstöðum styrkir byggð um alla Austfirði því að þangað er um klukkutíma akstur eða minna frá öllum fjörðum þegar færð er góð. Áhrif á jaðarbyggðir Austurlands eru hins vegar óviss.



Mynd 7.10. Spá um fjölda ársverka í Fjarðabyggð. Heimild: Eigin útreikningar.

Hér er gert ráð fyrir að tilkoma álvers raski ekki útgerð og fiskvinnslu í Fjarðabyggð. Ef marka má reynslu Sunnlendinga af virkjanaframkvæmdum á áttunda og níunda áratugnum kunna framkvæmdirnar að draga úr atvinnu í grunnatvinnugreinum þar og víðar á Austurlandi. Smáfyrirtæki á Suðurlandi, sem störfuðu t.d. í iðnaði, gátu illa keppt við virkjanirnar og fyrri starfsmenn þeirra áttu sumir hverjir erfitt með að finna nýja vinnu þegar framkvæmdunum lauk. Um tveir þriðju starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun eru útlendir[35] og margir Íslendingarnir utan Austurlands. Þá eru um 80% starfsmanna við smíði álvers á Reyðarfirði erlendir.[36] Hækkun krónunnar, sem að hluta má rekja til þessara framkvæmda, snertir auðvitað útgerð og fiskvinnslu á Austurlandi eins og annars staðar á landinu. Smíði íbúðarhúsa á Austurlandi um þessar mundir ýtir undir þenslu á vinnumarkaði og getur um sinn

[34] Hagfræðistofnun (2003). *Áhrif siglinga á Jökulsám á atvinnu í Skagafirði og þjóðarhag.* Skýrsla unnin fyrir sveitarfélagið Skagafjörð. C03:05.
[35] Morgunblaðið, 17. júní 2005.
[36] Morgunblaðið, 28. júlí 2005

þrengt að útflutningsatvinnugreinum á svæðinu. Þegar álverið hefur störf keppir það væntanlega um vinnuafl við aðra grunnatvinnuvegi í Fjarðabyggð og nágrannasveitarfélögum. Áður en álversframkvæmdir hófust hafði fólki um nokkurt skeið fækkað um nálægt einu prósenti á ári í Fjarðabyggð. Haldi fólksfækkun áfram og ef framkvæmdir eða starfsemi álversins taka fólk frá annarri grunnstarfsemi má gera ráð fyrir að starfandi fólki fjölgi minna í Fjarðabyggð en hér hefur verið reiknað með. En einnig má færa rök að því að uppbygging vegna álvers styðji við aðra grunnstarfsemi og ýti undir frekari fjárfestingar. Til dæmis er ekki ólíklegt að öflugra atvinnulíf geri Fjarðabyggð að ákjósanlegri heimabyggð fyrir sjómenn og fiskvinnslufólk. Hér er gert ráð fyrir að fjöldi starfa í byggðarlaginu sem ekki tengjast álveri haldist óbreyttur næstu áratugi.

Um 500 manns vinna í stóriðjufyrirtækjunum á Grundartanga, en búast má við að 150 bætist við þegar nýjasta stækkun Norðuráls er gengin um garð.[37] Íbúum á Akranesi fjölgaði um ríflega 500, eða um 10%, frá desember 1997 til desember 2004. Enginn efi er að álver á Grundartanga og stækkun járnblendiverksmiðjunnar hefur eflt atvinnulíf á svæðinu, en erfitt er að einangra þau áhrif því að tilkoma Hvalfjarðarganga árið 1997 styrkti einnig byggðina. Þau færðu Akranes nær þjóðleið og styttu fjarlægðina til Reykjavíkur í tæpa 50 kílómetra og færðu áhrifasvæði höfuðborgarinnar lengra upp í Borgarfjörð. Á höfuðborgarsvæðinu er meira um að menn sæki vinnu í annað sveitarfélag en annars staðar á landinu. Þó nokkrir Akurnesingar og aðrir Vestlendingar sækja vinnu í Reykjavík og Reykvíkingar sækja einnig vinnu á Grundartanga. Stækkun álvers á Grundartanga hefur þó langmest áhrif á atvinnulíf í nágrenni verksmiðjunnar. Um 85% af starfsmönnum álversins eiga heima á Vesturlandi.[38] Má gera ráð fyrir að áhrifin af fjölgun starfa í Norðuráli á umsvif í alls kyns þjónustu á komandi áratugum verði mest þar.

7.4. Samantekt.

Áhrif stóriðjuframkvæmda á efnahagslífið undanfarin ár hafa að ýmsu leyti verið eins og séð var fyrir. Hagvöxtur hefur verið mikill, en framkvæmdirnar hafa þó ekki að öllu leyti verið viðbót við hagkerfið. Þær hafa einnig rutt burt annarri starfsemi. Tvennt hefur farið á annan veg en gert var ráð fyrir í úttekt Seðlabankans á fyrirhuguðum framkvæmdum í ársbyrjun 2003. Í fyrsta lagi eru framkvæmdir umfangsmeiri en þar var gert ráð fyrir því að stækkun Norðuráls hefur bæst við uppbyggingu á Austurlandi. Á hinn bóginn hefur það létt spennu af vinnumarkaði að flest starfsfólk við framkvæmdirnar á Austurlandi er erlent, en gert hafði verið ráð fyrir að verkið yrði að verulegu leyti unnið af Íslendingum.

Þegar ákvörðun er tekin um stóriðjuframkvæmdir eykst framleiðsla hér á landi þegar í stað vegna væntinga um aukin umsvif og hærri laun í landinu. Á móti vega að nokkru væntingar um vaxtahækkanir. Þegar framkvæmdir eru hafnar er erfitt að skilja á milli áhrifa af þeim sjálfum og þeirrar bjartsýni sem væntingar um framhald þeirra veldur. Væntingar um þenslu á vinnumarkaði og hærri laun á framkvæmdatímanum hvetja til aukinnar eyðslu um allt þjóðfélagið og ekki aðeins í þeim geirum þess sem tengjast framkvæmdunum beint.

Þá hafa breytingar á fjármagns- og húsnæðismarkaði aukið enn frekar á þensluna. Með innkomu bankanna á húsnæðislánamarkað hefur samkeppni aukist, fjármögnunarleiðum hefur fjölgað, veðhlutfall og hámarksfjárhæðir lána hafa hækkað og vextir lækkað. Í kjölfar þessara breytinga hefur húsnæðisverð hækkað mikið sem hefur haft í för með sér aukna ágóðavon í

---

[37] Morgunblaðið, 6. desember 2004 og 10. janúar 2005.
[38] Morgunblaðið, 10. janúar 2005.

húsbyggingum og þær hafa stóraukist í kjölfarið. Þensla er því í fleiri geirum hagkerfisins en þeim sem tengjast stóriðju. Orkuframkvæmdirnar, mikil umsvif í húsbyggingum og almenn bjartsýni í þjóðfélaginu þrýsta upp vöxtum og vaxtahækkunin gerir krónuna að vænlegri fjárfestingarkosti og ýtir gengi hennar upp.

Ætla má að árin 2003–2006 tengist að meðaltali 6% vinnandi manna hér á landi stóriðjuframkvæmdum. Þriðjungur vinnur að framkvæmdunum sjálfum en aðrir vinna við aðföng eða þjónustu sem tengist framkvæmdunum óbeint. Ef tekið er mið af spá Seðlabanka um framleiðsluspennu á þessum árum virðist ekki fjarri lagi að álykta að atvinna sé um 2% meiri að jafnaði þessi ár en vænta hefði mátt í meðalári. Þessi 2% má því líta á sem hreina viðbót við vinnumarkaðinn, en hin 4% hefðu tengst annarri starfsemi ef stóriðjuframkvæmdirnar hefðu ekki komið til. Samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar var atvinnuleysi á Íslandi 1,4% í september 2005, en það er um 42% lækkun frá september 2004 og atvinnuleysi hefur ekki verið minna í einstökum mánuði síðan í október 2001.

Samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins frá vorinu 2004 er meðalhagvöxtur áranna 2003–2006 ríflega 5%, en það er líklega um 2% umfram það sem búast má við í meðalári. Launahækkanir hafa farið heldur vaxandi og í ágúst 2005 höfðu meðallaun í landinu hækkað um tæp 7% á einu ári. Ársverðbólgan fór yfir þolmörk Seðlabanka í september, en mestalla verðbólguna má tengja hækkun húsnæðisverðs.

Vinnandi mönnum hér á landi fjölgaði um 1.500 frá 2002 til 2004, samkvæmt skattagögnum, og veldur þar mestu innflutningur vinnuafls til Kárahnjúkasvæðisins og annarra staða. Margir erlendir starfsmenn sem koma til Kárahnjúka staldra stutt við en gera má ráð fyrir að flestir aðrir útlendingar sem hingað koma á framkvæmdatímanum búi hér áfram. Sennilegt er að atvinnuleysi verði mikið í þeim hópi eftir að framkvæmdum lýkur.

Stóriðjuframkvæmdirnar leiða til þess að hingað kemur mikið erlent fjármagn, líkast til mun meira en framkvæmdirnar kunna að ryðja í burtu. Því má búast við að landsframleiðsla verði meiri vegna framkvæmdanna en ella hefði orðið, en erfitt er að leggja mat á það hve miklu munar.

Þegar framkvæmdum er lokið á Austurlandi má gera ráð fyrir að atvinnulíf hafi styrkst mjög á svæðinu. En ef marka má reynslu frá íslenskum kaupstöðum á seinni hluta fyrri aldar má búast við að hvers kyns þjónusta haldi áfram að eflast í Fjarðabyggð í mörg ár eftir að álver hefur þar rekstur. Er líklegt að ársstörfum í sveitarfélaginu fjölgi á 15–25 árum um nálægt eitt þúsund frá því sem var áður en hafist var handa við að koma því upp.

Viðauki 1. Breytingar á raforkuverði um áramótin 2004/2005.

Tafla 1. Verð til almennra notenda (kr/kWst, með vsk.).

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005				Hlutfallsleg breyting raforkuverðs 2004–2005				Breyting raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum			
	Ársnotkun notanda, kWst				Ársnotkun notanda, kWst				Ársnotkun notanda, kWst			
	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000	4.000	10.000	30.000	50.000
Hitav. Suðurnesja, Suðurnes	9,95	8,74	8,20	8,09	16,4%	8,9%	5,2%	4,4%	5.608	7.112	12.125	17.138
Hitav. Suðurnesja, Árborg og Vestmannaeyjar	9,95	8,74	8,20	8,09	7,9%	0,5%	-3,1%	-3,9%	2.928	412	-7.975	-16.362
Norðurorka	10,63	9,09	8,41	8,27	7,6%	2,8%	0,3%	-0,2%	3.009	2.514	866	-782
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	9,65	8,03	6,99	6,79	-0,6%	-10,3%	-18,9%	-20,6%	-236	-9.216	-48.736	-88.256
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	12,04	9,82	8,34	8,05	24,0%	9,6%	-3,2%	-5,9%	9.326	8.622	-8.239	-25.100
Orkuveita Húsavíkur	11,59	10,60	10,17	10,08	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-10	-24	-73	-122
Orkuveita Reykjavíkur	9,96	8,76	8,23	8,13	7,8%	1,4%	-1,8%	-2,4%	2.866	1.174	-4.466	-10.106
Rafveita Reyðarfjarðar	11,34	9,21	7,90	7,64	-3,9%	-14,7%	-23,6%	-25,5%	-1.855	-15.815	-73.097	-130.379
RARIK, þéttbýli	11,49	9,32	7,97	7,70	-4,0%	-14,2%	-23,1%	-25,0%	-1.905	-15.400	-71.886	-128.372
RARIK, dreifbýli	12,65	10,21	8,66	8,36	5,7%	-6,0%	-16,4%	-18,6%	2.726	-6.525	-51.059	-95.593

Heimild: Orkustofnun.

Tafla 2. Verð til aflmældra notenda (kr/kWst, án vsk.).

	Rafmagnskostnaður í ársbyrjun 2005			Hlutfallsleg breyting raforkuverðs 2004–2005			Breyting raforkuverðs á ársgrundvelli í krónum		
kW	40	125	200	40	125	200	40	125	200
klst.	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000	2.500	4.000	5.000
kWst	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000	100.000	500.000	1.000.000
Hitaveita Suðurnesja, Suðurnes	7,61	5,69	5,09	19,5%	15,2%	13,6%	124.178	374.508	607.760
Hitaveita Suðurnesja, Árborg og Vestmannaeyjar	7,61	5,69	5,09	3,8%	1,0%	0,0%	28.189	26.851	638
Norðurorka	7,62	5,60	5,05	7,8%	6,4%	5,8%	55.126	168.275	277.840
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	7,44	5,31	4,74	5,7%	-0,4%	-0,5%	40.418	-10.068	-24.908
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	8,72	6,20	5,55	23,9%	16,3%	16,5%	168.418	434.932	785.092
Orkuveita Húsavíkur	7,49	6,05	5,61	-16,5%	-9,3%	-6,4%	-147.694	-311.535	-384.447
Orkuveita Reykjavíkur	7,77	5,76	5,15	4,2%	2,3%	0,8%	31.342	65.605	41.775
Rafveita Reyðarfjarðar	7,83	5,65	5,11	-16,7%	-20,2%	-19,0%	-156.906	-713.393	-1.198.438
RARIK, þéttbýli	7,88	5,86	5,34	-20,8%	-21,4%	-20,3%	-206.347	-736.136	-1.202.119
RARIK, dreifbýli	8,58	6,33	5,74	-13,7%	-17,3%	-16,4%	-135.871	-503.450	-792.483

Heimild: Orkustofnun.

Viðauki 2. Þróun raforkunotkunar 1985–2004.

Ár	Almenn notkun GWst	Stóriðja GWst	Flutningstöp GWst	Raforkunotkun alls GWst
1985	1.770	1.917	150	3.837
1986	1.848	2.050	160	4.058
1987	1.912	2.070	170	4.152
1988	2.043	2.186	187	4.416
1989	2.080	2.208	187	4.475
1990	2.131	2.133	183	4.447
1991	2.169	2.083	175	4.427
1992	2.234	2.125	181	4.540
1993	2.255	2.290	178	4.723
1994	2.337	2.303	134	4.774
1995	2.458	2.390	129	4.977
1996	2.507	2.450	156	5.113
1997	2.572	2.822	187	5.581
1998	2.542	3.470	264	6.276
1999	2.657	4.283	245	7.185
2000	2.776	4.682	221	7.679
2001	2.825	4.955	249	8.028
2002	2.918	5.221	271	8.410
2003	3.006	5.231	261	8.498
2004	3.136	5.232	255	8.623

Heimild: Raforkuspá 2005–2030.

Viðauki 3. Mælieiningar orku.

SI-einingakerfið er lögboðið kerfi mælieininga hér á landi. Samkvæmt því er grunneining fyrir orku júl (e. joule) (J) og grunneining fyrir afl watt (W). Afleiningin watt er orkueining á sekúndu eða 1 W = 1 J/s. Sem margfeldiseiningar eru notaðar grunneiningarnar eða aukaeiningar með forskeytum samkvæmt töflu 1.

Venja er að tilgreina raforku í aukaeiningunni wattstund (Wh eða Wst) eða margfeldi af henni. Samhengið milli wattstundar og júla er: 1 Wst = 3,6 kJ. Almennt gildir að ein wattstund með tilteknu forskeyti er 3,6 júl með næsta forskeyti fyrir ofan. Þannig er t.d. 1 GWst = 3,6 TJ og 1 TWst = 3,6 PJ.

Tafla 1. Margföldunarforskeyti SI-kerfisins fyrir orkueiningar.

Forskeyti	Tákn	Margfeldi grunneiningar
Exa	E	10^{18}
Peta	P	10^{15}
Tera	T	10^{12}
Giga	G	10^{9}
Mega	M	10^{6}
Kíló	k	10^{3}

Heimild: Orkustofnun.

383. Fyrirspurn [349. mál]

til utanríkisráðherra um innleiðingu tilskipana ESB.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hversu margar tilskipanir ESB hefur Ísland innleitt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, Schengen-samstarfið og Dyflinnarsamninginn frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu?

Skriflegt svar óskast.

384. Fyrirspurn [350. mál]

til fjármálaráðherra um einkaneyslu og skatttekjur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið af einkaneyslu áranna 2002–2005, að báðum árum meðtöldum, var fjármagnað með lánum, sundurliðað eftir árum?
2. Hvaða áhrif hefði það haft á skatttekjur hins opinbera, skipt eftir árum, ef einkaneysla áranna 2002–2005 hefði eingöngu verið fjármögnuð með rauntekjum heimilanna?

Skriflegt svar óskast.

385. Frumvarp til laga [351. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Ábyrgðasjóðs launa sem teknar eru á grundvelli laga þessara til félagsmálaráðuneytisins.

Kæra skal berast ráðuneytinu skriflega innan tveggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.
Ákvæði þetta skerðir ekki rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

2. gr.

Í stað „0,04%“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: 0,1%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006. Ábyrgðasjóður launa hefur ekki staðið undir skuldbindingum sínum samkvæmt lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda hefur útstreymið úr honum verið nokkuð meira en áætlað var við setningu laganna árið 2003. Hefur sjóðurinn af þessum ástæðum myndað skuld við ríkissjóð sem í árslok 2004 var 536 millj. kr. Enda þótt teikn séu á lofti um að hámarki hafi verið náð í útgjöldum sjóðsins þykir ljóst að hækka verði gjaldið vegna þessarar stöðu sjóðsins. Verði gjaldinu haldið óbreyttu eru horfur á að halli sjóðsins haldi áfram að aukast þrátt fyrir að dregið hafi úr útgjöldum hans það sem af er árinu 2005. Þegar miðað er við að árleg útgjöld sjóðsins nemi um 500 millj. kr. má ætla að halli hans verði um 1,1 milljarður kr. í árslok 2006 og tæpir 2,2 milljarðar kr. í árslok 2011 að óbreyttu gjaldi. Er því lagt til að gjaldið verði 0,1% af gjaldstofni en er þá miðað við að ná niður halla sjóðsins á sex árum jafnframt því að sjóðurinn standi undir útgjöldum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skipulag íslenskrar stjórnsýslu gerir almennt ráð fyrir tveimur stigum þar sem fyrir hendi eru lægra sett stjórnvöld sem oftast eru stofnanir sem fara með framkvæmd tiltekinna málefna í umboði ráðherra og er þá litið á ráðherra sem æðra stjórnvald á því sviði. Í því skyni að auka réttaröryggi almennings er gert ráð fyrir að heimilt sé að kæra ákvarðanir lægra setts stjórnvalds til æðra stjórnvalds sem er þá skylt að taka ákvörðunina til endurskoðunar.

Í 16. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa virðist sem miðað sé við þrjú stjórnsýslustig því gert er ráð fyrir málskoti til stjórnar sjóðsins áður en heimilt er að kæra ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins. Hins vegar þykir það samræmast betur skipulagi íslenskrar stjórnsýslu að ákvarðanir sem teknar eru skv. 14. gr. laganna séu teknar í umboði stjórnar Ábyrgðasjóðs launa sem síðan eru kæranlegar beint til félagsmálaráðuneytisins. Varsla Ábyrgðasjóðs launa er á ábyrgð stjórnar sjóðsins en stjórnin hefur gert þjónustusamning við Vinnumálastofnun um daglega umsýslu fyrir sjóðinn. Annast því starfsfólk stofnunarinnar að jafnaði afgreiðslu umsókna í umboði stjórnar Ábyrgðasjóðs launa. Þegar upp koma mál sem talin eru þarfnast nánari skoðunar er gert ráð fyrir að starfsmennirnir leggi þau mál fyrir stjórn sjóðsins sem tekur þá ákvörðun um hvernig málið skuli afgreitt. Þrátt fyrir að einstakar umsóknir hljóti þannig umfjöllun stjórnar sjóðsins verða öll mál afgreidd á sama stjórnsýslustigi. Því er litið svo á að ákvörðun hafi verið tekin af stjórnvaldinu Ábyrgðasjóði launa hvort sem málið hefur hlotið umfjöllun stjórnar eða eingöngu starfsmanna. Í reynd hefur framkvæmd laganna verið með þessum hætti og er breytingartillaga þessi gerð í því skyni að treysta og skýra framkvæmdina og tryggja réttaröryggi þeirra sem leita þurfa til Ábyrgðasjóðsins.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn Ábyrgðasjóðs launa og eru því ákvarðanir sem teknar eru í umboði sjóðsins kæranlegar til félagsmálaráðuneytisins. Lagt er til að kveðið

verði skýrar á um þá kæruheimild í lögunum sjálfum. Gert er ráð fyrir tveggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Í 3. mgr. er tilgreindur viðmiðunartími afgreiðslu mála hjá félagsmálaráðuneytinu sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákvæði stjórnsýslulaga gildi um málsmeðferð ráðuneytisins.

Um 2. gr.

Lagt er til að ábyrgðargjaldið sem ætlað er til að fjármagna Ábyrgðasjóð launa skv. 23. gr. laganna verði hækkað úr 0,04% í 0,1% frá og með 1. janúar 2006. Eigið fé sjóðsins var uppurið í lok árs 2003 og hefur halli á rekstri sjóðsins verið nokkur undanfarin ár. Þykir því óhjákvæmilegt að hækka gjaldið og hefur náðst samkomulag um að hækka það í 0,1% af gjaldstofni.

Að óbreyttu ábyrgðargjaldi og miðað við 500 millj. kr. árleg útgjöld gera áætlanir ráð fyrir að eigið fé Ábyrgðasjóðsins verði neikvætt sem nemur um 2,2 milljörðum kr. í árslok 2011. Verði ábyrgðargjaldið hækkað í 0,1% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og árleg útgjöld Ábyrgðasjóðsins verði um 500 millj. kr. er gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð í rekstri sjóðsins árið 2011.

Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

Í frumvarpinu er lagt til að ábyrgðargjald af greiddum vinnulaunum sem ætlað er til að fjármagna Ábyrgðasjóð launa verði hækkað úr 0,04% í 0,1% frá og með 1. janúar 2006. Greiðslur úr sjóðnum hafa verið meiri en áætlað var við setningu laga um Ábyrgðasjóð launa frá árinu 2003 og hefur sjóðurinn af þessum ástæðum myndað skuld við ríkissjóð sem var 536 m.kr. í árslok 2004. Með hækkun gjaldsins er gert ráð fyrir að ná megi niður halla sjóðsins á sex árum. Á meðan sjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar leggur ríkissjóður Ábyrgðasjóði til fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka.

Ábyrgðargjald er 242 m.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 en verður 606 m.kr. við samþykkt frumvarpsins en gjaldið greiðist af launagreiðendum.

386. Frumvarp til laga [352. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Magnússon, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson, Þuríður Backman.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með þremur nýjum greinum, 71.–73. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur í eigin nafni getur, að uppfylltum skilyrðum 3. mgr., átt rétt á að leita eftir greiðsluaðlögun til allt að fimm ára.

Með greiðsluaðlögun er í lögum þessum átt við það að skuldari sem á í greiðsluvanda og fengið hefur heimild héraðsdómara semur að tilhlutan aðstoðarmanns við kröfuhafa um greiðslu eða niðurfellingu skulda sem komnar eru í vanskil með tilliti til tekna skuldarans, eigna hans og fjárskuldbindinga. Greiðsluaðlögun getur varað í allt að fimm ár með möguleika á framlengingu. Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans. Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að mati dómara að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,
3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.
6. að skuldari eigi lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, nema í þeim tilvikum sem í 2. mgr. 72. gr. ræðir.

Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli í reglugerð um:

a. þau viðmið sem styðjast skal við þegar metið er hvort skuldari teljist vera í verulegum

greiðsluerfiðleikum. Skal m.a. haft til hliðsjónar fjárhæð og aldur skuldar sem komin er í vanskil, hvernig til skuldar var stofnað, hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert og hverjar aðstæður og ráðstöfunartekjur skuldara eru,

b. þóknun aðstoðarmanns skuldara.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á kröfur á hendur skuldaranum, skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfu skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og skuldari mætir fyrir dómi skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og skal aðeins veittur einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,
3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir verði taldir verulegir eða að ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á þær,

5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)

Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir að hann hefur verið skipaður gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingarblaði innköllun þar sem skorað er á lánardrottna skuldarans, sem telja sig eiga samningskröfur á hendur honum, að lýsa kröfum sínum innan fjögurra vikna frá því innköllunin birtist í fyrra sinni. Í innköllun skal koma fram nafn skuldara, kennitala og heimilisfang, að honum hafi verið veitt heimild til greiðsluaðlögunar og dagsetning úrskurðar þar um og hvert kröfulýsingar skuli sendar. Þá skal einnig tiltekið í innköllun hvar og hvenær fundur verði haldinn til að bera greiðsluáætlun undir lánardrottna.

Aðstoðarmaður skuldara skal jafnframt því sem um getur í 1. mgr. boða lánadrottna sem vitað er um og þá sem gengið hafa í ábyrgðir fyrir hann, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldara eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)

Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram ítarlega og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Að auki skal lagður fram útreikningur á áætluðum framfærslukostnaði skuldarans. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 89. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)

Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. ásamt fundargerð af fundinum og skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun auk skrár um eignir og skuldbindingar skuldarans, sbr. 69. gr. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig greitt verði, áætlun um sölu eigna skuldara eftir því sem við á, auk upplýsinga um

áætlaðan framfærslukostnað skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.

Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggi þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 176. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (XII. kafli.)

a. (71. gr.)

Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna gagnvart skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 124. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um fimm ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 5. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

c. (73. gr.)

Standi skuldari ekki við áætlun um greiðsluaðlögun getur kröfuhafi sem vanefnd snertir krafist fundar með skuldara og aðstoðarmanni hans. Aðstoðarmaður skuldara skal þá boða á sannanlegan hátt til fundar, sem haldinn skal innan tveggja vikna frá því krafa kemur fram, með öllum aðilum áætlunar, sbr. 68. gr. Á fundinum skulu skuldari og aðstoðarmaður hans leggja fram tillögu um hvernig skuldari megi bæta úr og standa við allar skyldur sínar samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Fallist einhver eigandi kröfu samkvæmt áætlun til greiðsluaðlögunar, sem ekki hefur verið efnd, ekki á tillögu skv. 1. mgr. er honum heimilt að leita úrskurðar dómara um aðfararhæfi gjaldfelldrar kröfu sinnar samkvæmt áætlun til greiðsluaðlögunar.

Áður en kröfuhafi getur krafist fundar skv. 1. mgr. skal hann hafa sent skuldara og að-

stoðarmanni hans tilkynningu þar sem hann veitir skuldara tveggja vikna frest til að standa við áætlunina og upplýsir að hann muni ella krefjast fundar skv. 1. mgr.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. laganna (er verður 176. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125., 127., 128., 130. og 131. löggjafarþingi.Tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda sem fram komu í umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd á 127. og 130. löggjafarþingi, en flestar umsagnir sem bárust voru jákvæðar. Fyrst og fremst er reynt að gera orðalag skýrara í nokkrum greinum en ein ný efnisgrein hefur bæst við frumvarpið (73. gr.) er mælir fyrir um áhrif þess að skuldari vanefnir skyldur sínar samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun. Þá hefur verið bætt við ákvæði sem veitir dómsmálaráðherra heimild til setningar reglugerðar.

Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lög um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja oft í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
- Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í fimm ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.

- Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.
- Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
- Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
- Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
- Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
- Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar oftar en einu sinni.
- Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.
- Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Hinn 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlandaþjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m.a. fram að í byrjun árs 1993 tóku gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum“. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns (n. „namsmann“). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett“. Ef skuldameðferð er heimiluð hefst þriggja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir fimm ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:

- samningsréttur,
- réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
- heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
- möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir samningar

milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggjast á. Auk þess hafa lögin auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda, en opinberir aðilar eiga takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum þar sem þeir starfa eftir þröngum lagaramma. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið.

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi."

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner") er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun."

Danir hafa einnig tekið upp ákvæði um greiðsluaðlögun og er fyrirkomulag þar í landi svipað því sem gerð er tillaga um hér, þ.e. að ákvæði um greiðsluaðlögun er að finna í lögum um gjaldþrotaskipti. Í raun voru Danir fyrst Norðurlandaþjóða til að koma á greiðsluaðlögun, í júlí 1984.

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtímafjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar."

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti."

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum

um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja ráða bót á fjárhagsvanda sínum.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi vorið 1997 kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum 1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga (þskj. 845, 439. mál 121. löggjafarþings). Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Frá gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 höfðu síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir voru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum.

Á 128. löggjafarþingi bar Rannveig Guðmundsdóttir þingmaður fram fyrirspurn um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga. Í svari ráðherra (þskj. 196, 74. mál) kemur fram að árið 1998 óskaði 21 einstaklingur eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga, árið 1999 11 einstaklingar, árið 2000 voru þeir 20, 22 árið 2001 og 13 árið 2002. Um afgreiðslu þessara mála segir í svari ráðherra að árið 1998 hafi réttaraðstoð verið veitt í 10 tilvikum, árið 1999 í 7 tilvikum, árið 2000 í 12 tilvikum, í 13 tilvikum árið 2001 og í 6 tilvikum árið 2002. Til viðbótar þessum upplýsingum er lagt fram sem fylgiskjal með þessu máli svar fjármálaráðherra frá 128. löggjafarþingi við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að úrræðið um heimild til að leita nauðasamninga er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum.

Á 121. löggjafarþingi, veturinn 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd [þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að framan] lagði til að yrði tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna,

sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni."

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að fimm ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluaðlögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. laganna er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem beri yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, XI. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og XII. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A-lið (XI. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver skilyrði hennar eru, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er

í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að fimm ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem aðstoðarmaður skuldara þarf að uppfylla.

Í 4. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Ber þar fyrst að nefna það skilyrði 1. tl. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum. Jafnframt verður skuldari að vera fjár síns ráðandi og er hann skyldugur til að ráða sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans. Í þessari málsgrein er jafnframt mælt fyrir um að líta skuli til þess hversu gamlar skuldirnar eru og hvernig til þeirra var stofnað.

Í 5. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Í 6. mgr. er ákvæði þess efnis að dómsmálaráðherra setji með reglugerð viðmið sem styðjast skal við við mat á verulegum greiðsluerfiðleikum. Þar eru talin upp ýmis atriði sem koma til skoðunar. Nefna má hér að í athugasemdum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, sem bárust á 127. löggjafarþingi, kemur fram að í Danmörku sé miðað við tuttugufaldar nettóráðstöfunartekjur og að auki sé horft til upphæðar skuldar og tekið mið af því hvort skuldari sé á vinnumarkaði eða atvinnulaus eða lífeyrisþegi. Þá skal þóknun aðstoðarmanns greidd úr ríkissjóði og setur dómsmálaráðherra jafnframt í reglugerð reglur um slíka þóknun.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að

senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B-lið (XII. kafla).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Um c-lið (73. gr.)

Í þessari grein er tekið á því hvernig farið skuli með mál ef skuldari vanefnir loforð sitt samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun. Hér er lagt til að einstökum kröfuhöfum verði veitt heimild til að leita eftir úrskurði dómara um aðfararhæfi krafna sinna samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun ef skuldari hefur vanefnt kröfuna. Þó verður kröfuhafi að hafa áður veitt skuldara frest, minnst tvær vikur, til að efna skyldur sínar og krefjast fundar með skuldara og aðstoðarmanni hans þar sem þeim veitist tækifæri til að semja um efndir. Í tillögunni er gert ráð fyrir nokkru samspili kröfuhafa og skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun áður en krefjast má úrskurðar um aðfararhæfi krafna. Það er gert í þeim tilgangi að þrýsta á að aðilar reyni að leita sátta báðum aðilum til hagsbóta.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2006 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sjá þskj. 272, 73. mál 128. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2002–2003, bls. 1321–1322.

387. Frumvarp til laga [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Orðin „og 9. gr. a“ í 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

9. gr. a laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við 28. október 2005. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar nemur meðaltali þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips er síðan reiknuð út frá reiknigrunni þess sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með ákvæði III til bráðabirgða við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 4. gr. laga nr. 9 16. mars 1999, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, var ákveðið að árlega skuli á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006 úthluta 3.000 lestum af óslægðum þorski til fiskiskipa sem aflahlutdeild höfðu 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hefðu þau landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar eru dregnar frá leyfðum heildarafla í þorski áður en heildaraflaheimildum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta er miðuð við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við úthlutun skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember

1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu í þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Í ákvæðinu er enn fremur kveðið á um heimild til flutnings réttar til úthlutunar og að heimilt sé að úthluta samkvæmt sömu reglum til fiskiskipa sem komið hafa í stað annarra á tilteknu tímabili.

Aflaheimildum samkvæmt ofangreindri grein hefur verið úthlutað árlega síðan á fiskveiðiárinu 1999/2000. Í upphafi áttu 497 fiskiskip rétt til úthlutunar og þar af voru 234 fiskiskip með hámarksúthlutun en aðrir með minna. Hámarksúthlutun til hvers skips er 10 lestir af óslægðum þorski sem gera 8,4 lestir af slægðum fiski. Fjöldi úthlutunarrétta er óbreyttur frá upphafi en það tekur nokkrum breytingum milli fiskveiðiára hvernig úthlutun skiptist milli fiskiskipa. Hafa 40 úthlutunarréttir aldrei gefið úthlutun og er skýringin annaðhvort sú að skip hafa aflaheimildir yfir 450 þorskígildislestum eða engar aflaheimildir í þorski. Með lögum nr. 85 15. maí 2002 var síðan ákveðið að fyrrgreint ákvæði félli ekki niður í lok fiskveiðiársins 2005/2006 heldur yrði varanlegt og var það flutt inn í megintexta sem 9. gr. a.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á 3.000 lestum af þorski skv. 9. gr. a laganna og fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða. Við útreikning þeirrar aflahlutdeildar verði reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum, þó þannig að skerða skal meðaltalið hlutfallslega miðað við lækkun leyfilegs heildarafla í þorski milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Leyfilegt aflamark í þorski var á fiskveiðiárinu 1999/2000 250 þús. lestir en er á yfirstandandi fiskveiðiári 198 þús. lestir og þykir rétt að miða við fyrrnefnda árið þegar fyrst kom til úthlununar samkvæmt þessu ákvæði. Aflahlutdeild hvers fiskiskips er síðan reiknuð út frá reiknigrunni þess sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Ræðst það síðan af leyfilegum heildarafla í þorski á fiskveiðiárinu 2006/2007 hvað aflahlutdeildin gefur á því ári.

Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að sérstök úthlutun sem byggist ekki á aflahlutdeild heldur öðrum forsendum skapar óhagræði án þess að séð verði, eftir að fallið var frá að hafa ákvæðið tímabundið, að það hafi lengur nokkurn sérstakan tilgang. Eins og áður segir þarf aflamarksstaða fiskiskips að vera með ákveðnum hætti um hver fiskveiðiáramót til þessa að rétturinn nýtist að fullu. Hjá nokkrum hluta skipanna hefur það leitt til þess að aflaheimildir eru ýmist fluttar af skipum eða á til þess að þau verði í heppilegri aflmarksstöðu um fiskveiðiáramótin. Þá hafa þröngar reglur um flutning þessa réttar milli skipa valdið óhagræði, m.a við endurnýjun skipa og sameiningu aflaheimilda. Þykir því ástæða til þess að einfalda fiskveiðistjórnarkerfið og gera þá breytingu sem hér er lögð til. Rétt er að árétta að þetta raskar ekki þorskveiðiaflaheimildum einstakra fiskiskipa þar sem þessi sérstaka úthlutun hefur ávallt verið dregin frá leyfilegu heildaraflamarki í þorski fyrir úthlutun á grundvelli aflahlutdeildar en fellur nú inn í hina almennu úthlutun.

Þá segir í ákvæðinu að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa, en nauðsyn ber til að hafa slíka heimild til loka fiskveiðiárs 2005/2006 þegar breytingin tæki gildi. Loks er ljóst að þegar þessi breyting tekur gildi þarf að endurreikna aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun aflahlutdeildar leiðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá sérstakri úthlutun á 3.000 lestum af þorski til tiltekinna báta og að hlutdeild þeirra í þorskaflanum verði aukin að sama skapi frá og með fiskveiðiárinu 2005/2006. Að mati fjármálaráðuneytisins og að fengnum upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneytinu hefur þessi breyting á lögunum ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs.

388. Fyrirspurn [354. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rækjustofninn í Arnarfirði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er að áliti ráðherra ástæða þess að rækjustofninn í Arnarfirði hefur minnkað?

389. Fyrirspurn [355. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ?

Skriflegt svar óskast.

390. Fyrirspurn [356. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstæður kvenna sem gista í athvarfinu Konukoti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra reiðubúinn að bæta í samráði við borgaryfirvöld aðbúnað þeirra kvenna sem nú hafa náttstað í athvarfinu Konukoti, þ.m.t. að veita aðstoð svo að þær geti haft aðstöðu þar allan sólarhringinn?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir því í samráði við borgaryfirvöld og Reykjavíkurdeild Rauða krossins að fundið verði varanlegt húsnæði fyrir konur sem leita aðstoðar í Konukoti og að skoðað verði hvernig bæta megi til frambúðar aðstæður þeirra á félags- og heilbrigðissviði?
3. Hver er ástæða þess að konur sem nú gista í Konukoti eru ekki taldar heimilislausar í nýlegri skýrslu ráðherra um aðstæður heimilislausra þegar þær hafa einungis afdrep í Konukoti hluta sólarhringsins?

Skriflegt svar óskast.

391. Fyrirspurn [357. mál]

til landbúnaðarráðherra um viðbrögð og varnir gegn fuglaflensu.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er staða viðbragðsáætlunar yfirdýralæknis vegna yfirvofandi hættu á að alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar, svo sem fuglaflensa, berist til landsins?
2. Til hvaða aðgerða getur yfirdýralæknir gripið við rannsókn sýktra dýra, með tilliti til þess að hér er ekki til öryggisrannsóknarstofa eða P3-aðstaða, hvorki til að taka á móti fuglum sem taldir eru sýktir, til krufninga né að greina hættuleg smitefni?
3. Er hafinn undirbúningur að rekstri öryggisrannsóknarstofu og ef svo er, hvenær má búast við að starfsemi hennar geti hafist?
4. Til hvaða varúðarráðstafana hefur yfirdýralæknir þegar gripið til að varna því að smit af fuglaflensu eða öðrum veiruafbrigðum berist til landsins?
5. Hver verða fyrstu viðbrögð annars vegar við hugsanlegu smiti í búpening og hins vegar hugsanlegu smiti milli dýrategunda eða í menn ef fuglaflensan eða afbrigði hennar berst hingað til lands?
6. Hvenær verður viðbragðsáætlun gagnvart fuglaflensu kynnt bændum og almenningi?
7. Hvaða áhrif telur ráðherra að flutningur embættis yfirdýralæknis til Selfoss hafi á náið samstarf embættisins og sýkla-, sníkjudýra- og meinafræðideildar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum við gerð viðbragðsáætlunar og vinnu vegna hugsanlegs heimsfaraldurs af völdum erfðabreyttra veira ?

Skriflegt svar óskast.

392. Fyrirspurn [358. mál]

til menntamálaráðherra um stúdentspróf.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve langan tíma tekur nám til stúdentsprófs að meðaltali hjá öllum nemendum annars vegar og hins vegar að frátöldum fjarnemum?
2. Hve langan tíma tekur námið að meðaltali í fjölbrautaskólum annars vegar og menntaskólum hins vegar, að frátöldum fjarnemum?

393. Fyrirspurn [359. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar og stofnstærð kolmunna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig hefur stofnstærð kolmunna þróast frá 2000?
2. Hvað var mælt með að mikið yrði veitt á fyrrgreindu tímabili, ár fyrir ár?
3. Hversu mikið var í heildina veitt á hverju þessara ára?

Skriflegt svar óskast.

394. Fyrirspurn [360. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Fiskistofu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er ástæða þess að Fiskistofa fer ekki eftir leiðbeiningarreglu 7. gr. stjórnsýslulaga gagnvart þeim sem óska upplýsinga um kvótaviðskipti, sbr. stjórnsýsluúrskurð sjávarútvegsráðuneytis frá 25. maí 2005?

395. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 26. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 30 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 7. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 1.859,3 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði um 334,6 milljarðar kr. sem er um 7,2 milljarða kr. m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður um 19,6 milljarðar kr. sem er hækkun um 5,4 milljarða kr.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 48,5 m.kr.

201 Alþingi.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lagt er til 15 m.kr. tímabundið framlag vegna Eystrasaltsráðstefnunnar sem haldin verður á Íslandi í lok sumars 2006.

1.07 Sérverkefni. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til að auka upplýsingaþjónustu við almenning.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til nýrrar upptökuvélar í þingsal.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.50 Nýbygging. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda á Alþingisreit en mikilvægt er að ljúka skipulagsvinnu á reitnum. Fjárveitingin er til að

vinna að frekari hönnunarvinnu og til undirbúnings að niðurrifi Skjaldbreiðar ef leyfi fæst.

610 Umboðsmaður Alþingis.

1.01 Umboðsmaður Alþingis. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á framlagi til umboðsmanns Alþingis vegna aukins launakostnaðar.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 11 m.kr. hækkun á framlagi til Ríkisendurskoðunar en sértekjur stofnunarinnar lækka um þá fjárhæð í kjölfar sölu á Landssíma Íslands. Ríkisendurskoðun hættir þá að endurskoða fyrirtækið og þóknun fyrir það fellur niður. Sá tími sem varið hefur verið til fjárhagsendurskoðunar á Landssíma Íslands verður nýttur til annarra verkefna.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 11 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.20 Jafnréttissjóður. Lögð er til 10 m.kr. fjárveiting samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um Jafnréttissjóð. Á fundi ríkisstjórnarinnar 21. október sl. var að tillögu forsætisráðherra samþykkt að verja 10 m.kr. til þess að stofna sérstakan rannsóknasjóð, Jafnréttissjóð, sem ætlað er að veita fé til rannsókna á grundvelli umsókna. Markmiðið með stofnun sjóðsins er að tryggja að hér á landi verði unnar vandaðar kynjarannsóknir sem stuðlað geti að framgangi aukins jafnréttis og jafnri stöðu kynjanna. Fyrst um sinn verður sérstök áhersla lögð á að veita annars vegar fé til rannsókna á stöðu kvenna á vinnumarkaði, bæði að því er varðar launakjör og áhrif, og hins vegar til rannsókna á áhrifum gildandi löggjafar hér á landi, svo sem lögum um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs.

1.23 Hrafnseyri. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri til að reka sumarháskóla í safnafræði í júlí 2006 í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 690,2 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Lagt er til að Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands verði veitt 1,2 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

1.13 Háskólasjóður. Gerð er leiðrétting á tegundaskiptingu í talnagrunni fjárlaga en hún hefur ekki áhrif á útgjöld. 0,3 m.kr eru af tilfærslum á önnur rekstrargjöld.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands.

1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands. Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting verði millifærð af 02-236 Rannsóknasjóði yfir á 02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands vegna þátttöku í alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviði vísinda. Útgjöld þessi hafa verið greidd af Rannsóknasjóði á undanförnum árum og er miðað við að sá hluti fjárhæðarinnar sem ekki þarf að nýta vegna samstarfsáætlana renni aftur til Rannsóknasjóðs.

236 Rannsóknasjóður.

1.10 Rannsóknasjóður. Lagt er til að 10 m.kr. fjárveiting verði millifærð af þessum lið yfir á 02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands eins og þar greinir.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Lagt er til að 31,1 m.kr. framlag til Þekkingarseturs á Vestfjörðum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi á þessum lið verði millifært yfir á 02-983-1.51 Ýmis fræðistörf, fræða- og þekkingarsetur.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.33 Myndlistarskólinn Akureyri. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistarskólans á Akureyri.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistarskóla Kópavogs.

1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar. Gerð er tillaga um 18 m.kr. framlag til að efla menntun á sviði kvikmyndagerðar.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum og er framlagið ætlað Myndlistaskóla Mosfellsbæjar.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Gerð er tillaga um 100 m.kr. til sérstaks átaks á árinu 2006 til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra einstaklinga með litla menntun, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi. Tillagan er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember sl. til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Miðað er við að menntamálaráðuneytið geri samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um eftirfarandi fjögur verkefni: Í fyrsta lagi að útbúa námsefni og þjálfa leiðbeinendur í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í öðru lagi að greiða fyrir námskeiðahaldi og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggist á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest. Í þriðja lagi að halda áfram með verkefni um mat á raunfærni einstaklinga á vinnumarkaði. Í fjórða og síðasta lagi að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa á vegum símenntunarmiðstöðva.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í endurskoðaðri fjárhagsáætlun sjóðsins kemur fram að umsóknum um námslán hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarpsins. Í stað 1% fjölgunar lánþega er nú áætlað að þeim fjölgi um 7,2% milli námsára og þeir verði 10.300. Skýringuna má að einhverju leyti rekja til greiðari aðgangs að námslánum og hagstæðari afborganakjara. Fjölgun lánþega eykur útlán um 532 m.kr. en útlán aukast einnig vegna skólagjalda og breytinga á reglum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að útlán sjóðsins nemi samtals 8.260 m.kr. Ríkisendurskoðun hefur endurmetið þörf á framlagi til sjóðsins úr ríkissjóði. Niðurstaðan er sú að framlagsþörfin lækki úr 53% í 51% af útlánum auk framlags vegna reksturs skrifstofu sjóðsins og vaxtastyrks. Lækkunin stafar fyrst og fremst af lækkandi vaxtakostnaði sjóðsins. Að lokum er áætlað að í árslok yfirstandandi árs nemi uppsafnað ónotað ríkisframlag um 100 m.kr. og að fjárhæðin flytjist yfir á árið 2006 og komi til lækkunar á endurmetinni framlagsþörf á því ári. Á þessum forsendum er áætlað að framlag ríkisins þurfi að nema 4.477 m.kr. á árinu 2006 sem er 27 m.kr. hækkun frá fjárlagafrumvarpi.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum vegna sex verkefna. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós. Í öðru lagi er gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Minjasafnsins á Akur-

eyri til fornleifarannsókna á hluta miðaldakaupstaðarins á Gásum í Hörgárbyggð. Í þriðja lagi er gerð er tillaga um að veita Eldstáli, Fornleifafræðistofu, 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á Bæ í Öræfasveit sem fór undir vikur árið 1362. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafnsins á Garðskaga. Í fimmta lagi er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til nýsköpunar í ferðaþjónustu og fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu og í sjötta lagi er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á fornleifum við Útskála.

5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins. Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi til húsasafns Þjóðminjasafns Íslands.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.01 Þjóðskjalasafn Íslands. Gerð er tillaga um að veita Þjóðskjalasafni Íslands 4 m.kr. tímabundið framlag til afritunarverkefna.

909 Blindrabókasafn Íslands.

1.01 Blindrabókasafn Íslands. Gerð er tillaga um að veita Blindrabókasafni Íslands 5 m.kr. tímabundið framlag til að færa hljóðbókakost safnsins á stafrænt form.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.10 Listasafn ASÍ. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til Listasafns ASÍ.

1.11 Nýlistasafn. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til Nýlistasafnsins.

1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. hækkun á framlagi til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

1.41 Galdrasýning á Ströndum. Lagt er til að Strandagaldri verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til Galdrasýningar á Ströndum sem er safna- og fræðaslóð á Ströndum.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 19,5 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbætur menningarstofnana. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er framlagið ætlað til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri.

979 Húsafriðunarnefnd.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Gerð er tillaga um 126 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum til eftirfarandi verkefna:

Vélsmiðjan á Þingeyri	5 m.kr.
Gamli spítali, Gudmanns Minde, á Akureyri	5 m.kr.
Syðstabæjarhúsið í Hrísey	5 m.kr.
Maðdömuhúsið á Siglufirði	5 m.kr.
Gosminjar í Vestmannaeyjum	5 m.kr.
Duus-hús í Reykjanesbæ	5 m.kr.
Þingeyrarkirkja í Dýrafirði	4 m.kr.
Friðbjarnarhús á Akureyri	4 m.kr.
Gamla salthúsið á Þingeyri	4 m.kr.
Vatneyrarbúð á Patreksfirði	4 m.kr.
Gamla Faktorshúsið á Ísafirði	4 m.kr.
Faktorshúsið á Djúpavogi	4 m.kr.
Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík	4 m.kr.
Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi	4 m.kr.
Gamla íbúðarhúsið á Hvítanesi	3 m.kr.

Gamla prestssetursh̃úsið á Brjánslæk á Barðaströnd	3 m.kr.
Steinhlaðið íbúðarhús á Héðinshöfða á Tjörnesi	3 m.kr.
Tryggvaskáli á Selfossi	3 m.kr.
Hótel Framtíð á Djúpavogi	3 m.kr.
Gamli barnaskólinn á Ísafirði	3 m.kr.
Skjaldborgarbíó á Patreksfirði	3 m.kr.
Eyrardalsbærinn í Súðavík	3 m.kr.
Gamla mjólkursamlagshúsið í Borgarnesi	3 m.kr.
Kaldrananeskirkja á Ströndum	3 m.kr.
Einarshús/Péturshús í Bolungarvík	2 m.kr.
Bryggjuhús á Seyðisfirði	2 m.kr.
Miðstræti 3 í Bolungarvík	2 m.kr.
Smiðjan í Bíldudal	2 m.kr.
Stúkuhúsið á Akranesi	2 m.kr.
Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd	2 m.kr.
Brydebúð í Vík	2 m.kr.
Gamlar byggingar á Stað í Reykhólasveit	2 m.kr.
Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson	2 m.kr.
Ingjaldshólskirkja á Snæfellsnesi	1,5 m.kr.
Hraunsrétt í Aðaldal	1 m.kr.
Hákarlahjallur í landi Asparvíkur á Bölum í Strandasýslu	1 m.kr.
Hákarlahjallar og skemma á Reyðarhlein á Dröngum	1 m.kr.
Kaupvangur á Vopnafirði	1 m.kr.
Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri	1 m.kr.
Hlöðubygging að Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd	1 m.kr.
Verksmiðjubyggingar síldarverksmiðjunnar á Djúpavík á Ströndum	1 m.kr.
Símahús milli Grímsstaða á Fjöllum og Vopnafjarðar og á Smjörvatnsheiði og heiðarbýlið Aðalból	1 m.kr.
Geirsstaðir á Akranesi	1 m.kr.
Minjafélagi Vatnsleysustrandarhrepps, Norðurkot	1 m.kr.
Innri-Hólmskirkja	1 m.kr.
Manngerðir hellar í Rangárþingi ytra	1 m.kr.
Skaftholtsréttir	1 m.kr.
Kaldilækur í Ólafsvík	1 m.kr.
Gamla þinghúsið í Hraungerðishreppi, Þingborg	0,5 m.kr.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.

1.10 Kvikmyndasjóðir. Lögð er til 65 m.kr. hækkun framlags til styrkja vegna kvikmyndagerðar. Stefnt er að gerð nýs samkomulags við samtök í íslenskri kvikmyndagerð um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Gildandi samkomulag er frá árinu 1998.

982 Listir, framlög.

1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga. Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi áhugaleikfélaga.

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Leikfélags Reykjavíkur vegna verkefna á vegum áhugaleikhópa.

1.27 Tónlist fyrir alla. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á framlagi til verkefnisins Tónlist fyrir alla.

1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin. Lagt er til að veita Íslenskri tónverkamiðstöð 1 m.kr. tímabundið framlag til að skanna verk í safni miðstöðvarinnar.
1.44 Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál. Lögð er til 15 m.kr. hækkun til samnings um menningarmál við sveitarfélög á Vesturlandi sem undirritaður var nýlega. Samkvæmt honum munu menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti beita sér fyrir 25 m.kr. framlagi árið 2006, 27 m.kr. framlagi árið 2007 og 28 m.kr. framlagi árið 2008.
1.90 Listir. Gerð er tillaga um 10,4 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 Styrkir til útgáfumála. Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Lagt er til að Hinu íslenska bókmenntafélagi verði veitt 7 m.kr. tímabundið framlag sem er annars vegar til útgáfu íslensk-færeyskrar orðabókar, 4 m.kr., og hins vegar til útgáfu rits Harðar Ágústssonar um Laufás, 3 m.kr.
1.51 Fræða- og þekkingasetur. Lagt er til að 31,1 m.kr. framlag til Þekkingarseturs á Vestfjörðum sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi á 02-299-1.91 Háskóla- og rannsóknastarfsemi, háskólar, óskipt verði millifært yfir á þennan lið.

Þá er gerð tillaga um 8 m.kr. framlag til að stofna fræðasetur í Stykkishólmi, 7 m.kr. tímabundið framlag til Háskólasetursins á Hornafirði, 5 m.kr. framlag til Þekkingarseturs á Vestfjörðum til reksturs Fornleifaskóla Vestfjarða í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og loks 5 m.kr. framlag til Þekkingarseturs Þingeyinga.
1.52 Skriðuklaustur. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til Skriðuklausturs. Jafnframt er gerð tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á Skriðuklaustri.
1.53 Snorrastofa. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til Snorrastofu.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands.

Lagt er til að Dalabyggð ásamt UMFÍ verði veitt 10 m.kr. framlag til ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal.
1.13 Bandalag íslenskra skáta. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun á framlagi til Bandalags íslenskra skáta.

Þá er lagt til að Bandalagi íslenskra skáta verði veitt 2 m.kr. tímabundið framlag vegna alþjóðlegs móts, Nordjamb, á næsta ári.
1.90 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 9,9 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands vegna Ólympíuleikanna í Torino 2006.
1.14 Íþróttasamband fatlaðra. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra.

Einnig er lagt til að Íþróttasambandi fatlaðra verði veitt 1,5 m.kr. tímabundið framlag til starfsemi Special Olympics á Íslandi.
1.20 Glímusamband Íslands. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. hækkun á framlagi til Glímusambandsins.

1.21 Skáksamband Íslands. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun á framlagi til Skáksambands Íslands vegna alþjóðlegra verkefna.
1.30 Bridgesamband Íslands. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Bridgesambands Íslands.
1.90 Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.
6.50 Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007. Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til Kópavogsbæjar vegna uppbyggingar fyrir landsmót UMFÍ árið 2007.
6.52 *Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð.* Lagt er til að Skíðafélagi Ísfirðinga verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til jarðvegsframkvæmda á skíðasvæði Ísfirðinga.
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um að Siglufjarðarkaupstað verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar á skíðamannvirkjum og aðstöðu á skíðalandi Siglfirðinga í Skarðsdal.
6.57 Sparkvellir. Gerð er tillaga um að veita Knattspyrnusambandi Íslands 25 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram sparkvallaátaki.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 16,6 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 51,1 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.23 Mannréttindamál. Lagt er til að liðurinn falli brott og að fjárheimild liðarins, 4 m.kr., færist yfir á lið 06-190-1.45 Mannréttindamál.

300 Sendiráð Íslands.

1.01 Sendiráð Íslands. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag vegna húsnæðiskostnaðar sendiráðsprests í London. Við mannaskipti í stöðu sendiráðsprests láðist að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna húsnæðismála hans.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 77,6 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktarfélags Íslands.
1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 3 m.kr. hækkun á safnliðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lagt er til að Veiðimálastofnun verði veitt 12 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á sjávardvöl laxins.

234 Landbúnaðarstofnun.

1.01 Landbúnaðarstofnun. Gerð er tillaga um 27 m.kr. fjárveitingu vegna ráðningar starfsfólks við stoðþjónustu og almenns rekstrarkostnaðar við sameiningu stofnana í Landbúnaðarstofnun, en þær eru embætti yfirdýralæknis, Aðfangaeftirlit ríkisins, plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsemi kjötmatsformanns við mat á sláturafurðum auk verkefna sem Bændasamtök Íslands hafa annast. Ráðinn hefur verið

forstjóri stofnunarinnar og gert ráð fyrir sex öðrum nýjum störfum við stjórnun og stoðþjónustu hjá stofnuninni. Fjárveitingin miðast við að ráðið verði í störfin í áföngum innan ársins.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til kaupa og uppsetningar á tölvu- og upplýsingakerfi ásamt nauðsynlegum innanstokksmunum og búnaði.

Loks er gerð tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við leigu og rekstur á húsnæði fyrir Landbúnaðarstofnun. Fjárveitingin miðast við að stofnunin fái húsnæðið afhent fullbúið með öllum lögnum og skilveggjum 1. september 2006.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lagt er til að Guðbrandsstofnun við Hólaskóla verði veitt 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins 900 ára afmæli Hólastaðar – biskupsseturs og skóla.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag vegna Hekluskóga.

321 Skógrækt ríkisins.

1.01 Skógrækt ríkisins. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag vegna Hekluskóga.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 101,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna. Lagt er til 11 m.kr. tímabundið framlag til gagnagrunns um ástand og nýtingu fiskistofna við Ísland. Gagnagrunninum er ætlað að bæta aðgengi að upplýsingum um vistkerfi og náttúru hafsins við Ísland, sjálfbæra nýtingu auðlinda, efnainnihald og heilnæmi sjávarfangs, hagrænt samhengi og mikilvægi þess að nýta auðlindir hafsins fyrir efnahag Íslands.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Hafrannsóknastofnunin. Lögð er til 50 m.kr. hækkun til hafrannsókna á árinu 2006. Tillaga þessi er gerð í tengslum við lagafrumvarp sjávarútvegsráðherra um að 660 m.kr. af fé því sem rann í Verkefnasjóð sjávarútvegsins þegar Þróunarsjóður sjávarútvegsins var lagður niður fari í ríkissjóð.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Lögð er til 25,1 m.kr. hækkun vegna leigu og reksturs nýs húsnæðis Fiskistofu frá næstu áramótum en þá flyst hún frá Ingólfsstræti til Hafnarfjarðar.

Einnig er lagt til 15,8 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við flutninginn.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 79,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.45 Mannréttindamál. Lagt er til að 4 m.kr. framlag færist á þennan lið af liðnum 03-190-1.23 Mannréttindamál.

1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður. Gerð er tillaga um 15. m.kr. tímabundna fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við sérstakan ríkissaksóknara í máli sem ríkissaksóknari sagði sig frá til að gæta hæfisreglna. Fjárveitingin er ætluð til þess að standa undir launakostnaði, sérfræðiaðstoð og húsnæði.

432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

1.40 Tollgæsla. Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til fíkniefnavarna í Vestmannaeyjum.

591 Fangelsisbyggingar.

6.10 Stofnframkvæmdir. Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við stækkun og endurbætur fangelsa. Unnin hefur verið frumathugun á stöðu og horfum í fangelsismálum þar sem fram kemur þarfagreining, yfirlit yfir núverandi aðstöðu og rekstur o.fl. Fyrirhugað er í fyrsta áfanga að gera breytingar á fangelsum á Akureyri og á Kvíabryggju. Á Kvíabryggju er ætlunin að fjölga um átta fangarými og er kostnaður við þær framkvæmdir áætlaður 27 m.kr. en þær verða fjármagnaðar með ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum. Á Akureyri er ætlunin að fjölgun fangaklefum um tvo og skapa möguleika á langtímavistun fanga. Áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir er 130 m.kr. Auk þess er talið nauðsynlegt að gera breytingar á húsnæði lögreglustöðvarinnar og er kostnaður við það áætlaður 80 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til þess að unnt verði að hefjast handa við framkvæmdirnar á Akureyri seinni hluta næsta árs. Gert er ráð fyrir að framlag til verkefnisins verði endurmetið fyrir fjárlagafrumvarp 2007.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Lagt er til að fjárheimild þjóðkirkjunnar hækki um 1,8 m.kr. Samkvæmt samningi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar greiðir ríkið m.a. laun presta, prófasta, vígslubiskupa og biskups Íslands í samræmi við úrskurði kjaranefndar og Kjaradóms. Í tengslum við endurmat á áhrifum úrskurða ársins 2005 og leiðréttingar á fjárheimildum í fjáraukalagafrumvarpi þessa árs hefur launakostnaður næsta árs verið endurreiknaður. Niðurstaðan er að hækka þurfi fyrri áætlun um 1,8 m.kr. eins og lagt er til en jafnframt er gerð leiðrétting á tegundaskiptingu fjárheimildanna.

6.25 Dómkirkjan í Reykjavík. Gerð er tillaga um að veita Dómkirkjunni í Reykjavík 5 m.kr. tímabundið framlag til að breyta aðalinngangi safnaðarheimilis kirkjunnar.

6.28 Þingeyraklausturskirkja. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyraklausturskirkju.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 472 m.kr.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að 7,5 m.kr. verði varið til stofnana fatlaðra vegna ákvæða í kjarasamningum um vinnufatnað starfsmanna á heimilum fyrir fatlaða. Áformað er að félagsmálaráðuneyti móti reglur um framkvæmd greiðslna og millifæri fjárhæðir á einstakar stofnanir.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundinn styrk til hjóna til að annast alvarlega veik börn sín.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi Fjöliðjunnar á Akranesi og í Borgarnesi.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 4 m.kr. fjárveiting til svæðisstjórnar um málefni fatlaðra á Vestfjörðum vegna þjónustu í Strandasýslu.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við starfsmat sem samið var um í

kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins fyrir starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða.

706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.

1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða. Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við starfsmat sem samið var um í kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambandsins fyrir starfsmenn sem sinna þjónustu við fatlaða.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.30 Verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Jónsvers á Vopnafirði, vinnustofu fyrir fólk með skerta starfsorku, sem hóf starfsemi á árinu.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta hækki um 400 m.kr. í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að lög um atvinnuleysistryggingar verði endurskoðuð á næsta ári. Meðal annars er áformað að lágmarksbætur hækki og að teknar verði upp tekjutengdar bætur auk þess sem greiðslutímabil styttist. Gert er ráð fyrir að frekari útfærsla taki mið af niðurstöðu nefndar sem skilaði af sér tillögum 9. nóvember sl. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ekki liggur fyrir á þessu stigi nákvæmt mat á kostnaði við breytingarnar en gert er ráð fyrir að kostnaðurinn rúmist innan núverandi tekna sjóðsins af atvinnutryggingagjaldi miðað við atvinnuleysi um þessar mundir.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til klúbbsins Geysis sem vinnur uppbyggingarstarf með einstaklingum sem eiga eða hafa átt við geðræn vandamál að stríða.

1.35 Félag heyrnarlausra. Lagt er til 4 m.kr. tímabundið framlag til Félags heyrnarlausra.

1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Stróks sem er klúbbur fyrir fólk með geðraskanir á Suðurlandi.

1.41 Stígamót. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til Stígamóta.

1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 2 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 155,4 m.kr.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.51 Frekari uppbætur. Liðurinn hækkar um 720 m.kr. þar sem lagt er til að fallið verði frá breytingum á greiðslu uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar. Þannig er fallið frá 226,4 m.kr. lækkun útgjalda í tengslum við þessi áform. Þá var með breytingunni fyrirhugað að ráðstafa 202,3 m.kr. til að hækka tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega sem er lagt til að verði fært til baka. Fyrirhugað var að ráðstafa 191,3 m.kr. til að hækka tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega sem einnig er lagt til að verði fært til baka. Loks var fyrirhugað að ráðstafa 100 m.kr. til að efla starfsendurhæfingu sem er lagt til að verði fært til baka.

204 Lífeyristryggingar.

1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega. Liðurinn lækkar um 191,3 m.kr. þar sem lagt er til að fallið verði frá breytingum á greiðslu uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar eins og að framan greinir, en með breytingunni var fyrirhugað að ráðstafa 191,3 m.kr. til að hækka tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega sem er lagt til að verði fært til baka.

1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega. Liðurinn lækkar um 202,3 m.kr. þar sem lagt er til að fallið verði frá breytingum á greiðslu uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar. Með breytingunni var fyrirhugað að ráðstafa 202,3 m.kr. til að hækka tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega sem er lagt til að verði fært til baka.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Gerð er tillaga um 26 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við að fjölga einingum læknisverka í samningi sjálfstætt starfandi sérgreinalækna milli Tryggingastofnunar og Læknafélags Reykjavíkur. Fjöldi eininga í núverandi samningi er byggður á áætlun um fjölda læknisverka á árinu 2004 en lagt er til að raunverulegur fjöldi eininga 2004 verði lagður til grundvallar. Þá er gert ráð fyrir að bæta við einingum vegna svæfingarlækna í kjölfar ákvörðunar um fjölgun læknisverka við bæklunarlækningar.

1.15 Lyf. Lagt er til að 64 m.kr. verði millifærðar af fjárheimildum Landspítala – háskólasjúkrahúss yfir á lyfjakostnað sjúkratrygginga vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi lyfja til tæknifrjóvgunar sem áður voru S-merkt, þ.e. til notkunar á sjúkrahúsi. Þjónustusamningur hefur verið í gildi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og verksala um tæknifrjóvganir og er áformað að framlengja samninginn þegar hann rennur út í nóvember með þeim breytingum að lyfin verða ekki lengur greidd af Landspítalanum heldur af Tryggingastofnun ríkisins. Með vísan til þessa er lagt til að millifærð verði fjárveiting af Landspítalanum sem nemur raunkostnaði spítalans vegna S-merktra og óskráðra lyfja til tæknifrjóvgunar sem greitt hefur verið fyrir samkvæmt samningnum. Áformað er að endurmeta millifærsluna í ljósi endanlegs uppgjörs á lyfjakostnaði.

1.25 Hjúkrun í heimahúsum. Lagt er til að 29 m.kr. fjárheimild til heimahjúkrunar krabbameinssjúkra verði færð frá sjúkratryggingum til Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem áformað er að flytja starfsemi Heimahlynningar, hjúkrunar krabbameinssjúkra í heimahúsum, til sjúkrahússins 1. janúar 2006. Með flutningi þjónustunnar til sjúkrahússins er kominn vísir að miðlægri þjónustu þar sem á einum stað er hægt að samræma heimaþjónustu, dagvist og göngudeildarþjónustu.

1.31 Þjálfun. Lagt er til að 30,7 m.kr. verði færðar frá þjálfunarlið sjúkratrygginga til Reykjalundar, Mosfellsbæ, vegna breytinga á greiðslum fyrir atvinnulega endurhæfingu sem stofnunin hefur sinnt með samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að nýr þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Reykjalundar taki einnig til þessa verkefnis og greiðist því með beinu framlagi.

Jafnframt lækkar liðurinn um 100 m.kr. þar sem fallið er frá breytingum á greiðslu uppbótar til elli- og örorkulífeyrisþega til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar en með breytingunni var fyrirhugað að ráðstafa 100 m.kr. til að efla starfsendurhæfingu.

340 Málefni fatlaðra.

6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Bergmáls, líknar- og vinafélags, til að byggja hús undir starfsemi félagsins að Sólheimum í Grímsnesi.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lögð er til 11,5 m.kr. hækkun framlags til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til að fjölga stöðugildum unglækna á spítalanum vegna áhrifa af samþykkt tilskipunar EB um breytingar á vinnutíma lækna í starfsnámi.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Liðurinn hækkar um 14,8 m.kr. og skýrist það af þrennu. Í fyrsta lagi er lögð til 49,8 m.kr. hækkun framlags til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að fjölga stöðugildum unglækna á spítalanum vegna áhrifa af samþykkt tilskipunar EB um breytingar á vinnutíma lækna í starfsnámi.

Í öðru lagi er lagt til að 29 m.kr. fjárheimild til heimahjúkrunar krabbameinssjúkra verði færð frá sjúkratryggingum til Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem áformað er að flytja starfsemi Heimahlynningar, hjúkrunar krabbameinssjúkra í heimahúsum, til sjúkrahússins 1. janúar 2006. Með flutningi þjónustunnar til sjúkrahússins er kominn vísir að miðlægri þjónustu þar sem á einum stað er hægt að samræma heimaþjónustu, dagvist og göngudeildarþjónustu.

Í þriðja lagi er lagt til að 64 m.kr. verði millifærðar af fjárheimildum Landspítala – háskólasjúkrahúss yfir á lyfjakostnað sjúkratrygginga vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi lyfja til tæknifrjóvgunar sem áður voru S-merkt, þ.e. til notkunar á sjúkrahúsi. Þjónustusamningur hefur verið í gildi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og verksala um tæknifrjóvganir og er áformað að framlengja samninginn þegar hann rennur út í nóvember með þeim breytingum að lyfin verði ekki lengur greidd af Landspítalanum heldur af Tryggingastofnun ríkisins. Með vísan til þessa er lagt til að millifærð verði fjárveiting frá Landspítalanum sem nemur raunkostnaði spítalans vegna S-merktra og óskráðra lyfja til tæknifrjóvgunar sem greitt hefur verið fyrir samkvæmt samningnum. Áformað er að endurmeta millifærsluna í ljósi endanlegs uppgjörs á kostnaði vegna lyfjanna.

5.60 Viðhald. Lögð er til 55 m.kr. lækkun á þessu viðfangsefni til að mæta aðhaldi í útgjöldum.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að framlagið lækki um 40 m.kr. til að mæta aðhaldi í útgjöldum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga. Lögð er til 10 m.kr. lækkun fjárheimildar til að efla eftirlit með greiðslum bóta almannatrygginga og til endurskipulagningar á starfsemi læknadeildar og lífeyristryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins, en fyrri áætlun hefur verið endurskoðuð.

1.34 Hjartaheill. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, til reksturs samtakanna.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til meðferðarheimilisins í Krýsuvík.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 0,2 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að 11 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2006 til að mæta kostnaði við gagnkvæm starfsmannaskipti íslenskra og kínverskra heilbrigðisstarfsmanna falli niður, en gert er ráð fyrir að kostnaðurinn falli til á þessu ári.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.
6.27 Jaðar, Ólafsvík. Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings stækkunar Jaðars í Ólafsvík.

491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Lagt er til að 30,7 m.kr. verði færðar frá þjálfunarlið sjúkratrygginga til Reykjalundar, Mosfellsbæ, vegna breytinga á greiðslum fyrir atvinnulega endurhæfingu sem stofnunin hefur sinnt með samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að nýr þjónustusamningur milli ráðuneytisins og Reykjalundar taki einnig til þessa verkefnis og greiðist því með beinu framlagi.

501 Sjúkraflutningar.
1.11 Sjúkraflutningar. Lagt er til að fjárheimildir liðarins verði lækkaðar um 25 m.kr. og náð fram aukinni hagræðingu í rekstri.
1.15 Sjúkraflug. Lagt er til að liðurinn lækki um 25 m.kr. þar sem útboð á rekstri sjúkraflugs sem fór fram fyrr á þessu ári hefur leitt til lægri kostnaðar en ráð var fyrir gert.

505 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að 3.493,5 m.kr. fjárheimild samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2006 verði færðar á nýjan fjárlagalið með sama heiti. Með sameiningu heilsugæslu á höfðuborgarsvæðinu verður ekki hægt að nota einn af eldri fjárlagaliðum og er því lagt til að samanlagðar fjárheimildir þeirra verði færðar á nýjan lið.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að 3.493,5 m.kr. fjárheimild samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2006 verði færðar á þennan nýjan fjárlagalið með sama heiti. Með sameiningu heilsugæslu á höfðuborgarsvæðinu verður ekki hægt að nota einn af eldri fjárlagaliðum og er því lagt til að samanlagðar fjárheimildir þeirra verði færðar á nýjan lið.

700 Heilbrigðisstofnanir.
1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að framlag til að styrkja rekstrargrunn heilbrigðisstofnana verði lækkað um 22,7 m.kr.
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana. Lagt er til að fallið verði frá fyrirhugaðri 12 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings á viðhaldsverkefnum heilbrigðisstofnana til Fasteigna ríkissjóðs þar sem verkefnið frestast.

711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi.
1.11 Sjúkrasvið. Lögð er til 1,2 m.kr. hækkun framlags til Heilbrigðisstofnunarinnar Akranesi til að fjölga stöðugildum unglækna á spítalanum vegna áhrifa af samþykkt tilskipunar EB um breytingar á vinnutíma lækna í starfsnámi.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 50 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri.
1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að fjármögnun útgjalda stofnunarinnar með greiðslu úr ríkissjóði hækki um 56,3 m.kr. vegna leiðréttingar á áætlun um ríkistekjur fyrir afnot af fyrirtækja- og hlutafélagaskrá og fyrir vottorð. Í frumvarpinu var fyrir mistök gert ráð fyrir 65 m.kr. hækkun á ríkistekjum hjá stofnuninni en sú hækkun átti að vera 8,7 m.kr. Fjármögnun með greiðslu úr ríkissjóði lækkaði því um 65 m.kr. í frumvarpinu en hækkar aftur með þessari tillögu sem nemur mismuninum eða um 56,3 m.kr. Breytingin hefur ekki áhrif á útgjaldaskuldbindingar ríkissjóðs.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að fjárheimild launa- og verðlagsliðar fjárlagafrumvarpsins verði aukin um 100 m.kr. til að mæta áhrifum af samkomulagi um framkvæmd bókunar í kjarasamningi við Starfsgreinasamband Íslands sem gert var 11. nóvember sl. Í bókuninni var tiltekið að þar sem gert væri ráð fyrir upptöku nýs launakerfis væru aðilar sammála um að meta sameiginlega hvernig til hefði tekist um framkvæmd eigi síðar en 18 mánuðum frá upptöku hins nýja launakerfis. Samkvæmt samkomulaginu verður veitt framlag til stofnana vegna stofnanasamninganna sem nemur 1,5% af launasummu Starfsgreinasambandsins frá 1. maí 2006 og sem nemur 1,2% frá 1. maí 2007. Þá verður áfangahækkun launataxta 2% frá 1. janúar 2008 í stað 0,5% samkvæmt kjarasamningnum. Sundurliðun þessarar fjárheimildar til einstakra stofnana er sýnd í sérstöku yfirliti I með breytingartillögum meiri hlutans. Þar sem nánari áætlanir um helstu þætti frumvarpsins hafa komið fram við yfirferð á því er gert ráð fyrir að fjárheimild til að mæta frávikum í almennum forsendum frumvarpsins eftir afgreiðslu þess lækki um 150 m.kr. og verði 690 m.kr.

999 Ýmislegt.

1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir og *1.13 Kjarasamningar.* Lagt er til að fjárveiting viðfangsefnisins 09-999-1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir verði millifærð yfir á viðfangsefnið 09-999-1.13 Kjarasamningar. Fjármögnun þessara endurmenntunar- og starfsmenntunarmála hefur í kjarasamningum verið komið inn í launatengd gjöld til frambúðar. Hins vegar er tímabundin þörf á auknum fjármunum til innleiðingar á kjarasamningum ársins 2005 með fræðslu og kynningu fyrir starfsmenn ríkisins í tengslum við gerð nýrra stofnanasamninga á næsta ári.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 83,7 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að 15 m.kr. fjárheimild verði flutt á þennan lið af safnlið 10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis. Alþingi samþykkti á árinu 2002 tillögu samgönguráðherra um 15 m.kr. fjárheimild til flutnings verkefna út á land og til verkefnastýringar. Lagt er til að fjárheimildin verði nú flutt af safnlið yfir á aðalskrifstofu ráðuneytisins þar sem eðlilegra er að bóka kostnað vegna verkefnisins.

190 Ýmis verkefni.

1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Lagt er til að 20 m.kr. tímabundið framlag fjárlaga 2004 í tvö ár til uppbyggingar og þróunar ferðaþjónustu á landsbyggðinni verði framlengt um eitt ár.

1.90 Ýmislegt. Liðurinn hækkar um 10,5 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 11,5 m.kr. hækkun á safnliðnum og hins vegar er lagt til að 1 m.kr. framlag til Ferðamálasamtaka Vestur-Norðurlanda sem lagt var til í frumvarpinu verði millifært af liðnum til Ferðamálastofu. Skipting liðarins er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis. Liðurinn hækkar um 1 m.kr. og skýrist það af þrennu. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag vegna hlutar samgönguráðuneytis í kostnaði við samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál. Samkvæmt samningnum munu menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti beita sér fyrir 25 m.kr. framlagi vegna verkefnisins árið 2006.

Í öðru lagi er lögð til 6 m.kr. hækkun vegna leiðréttingar á frumvarpinu.

Loks er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild til flutnings verkefna út á land og til verkefnastýringar verði flutt af þessum fjárlagalið á liðinn 10-101-1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa eins og þar greinir.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.11 Vaktstöð siglinga. Lagt er til að framlag til verkefnisins verði hækkað um samtals 10 m.kr. Um er að ræða annars vegar samkomulag sem gert hefur verið á milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Neyðarlínunnar og ríkissjóðs um skiptingu á greiðslum lífeyrishækkana fyrrum starfsmanna Tilkynningaskyldunnar. Hins vegar er um að ræða verðbætur á þjónustusamning um Vaktstöð siglinga.

336 Hafnabótasjóður.

6.74 Lendingabætur. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. hækkun á liðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögu meiri hlutans.

471 Rekstur Flugmálastjórnar.

1.01 Flugmálastjórn. Lagt er til að stofnunin fái 20 m.kr. útgjaldaheimild til rekstrar, en nú er gert ráð fyrir að tekjur hennar af flugvallarskatti og varaflugvallagjaldi verði 20 m.kr. hærri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lagt er til að heimild verði veitt til að millifæra 20 m.kr. fjárheimild af viðhaldslið stofnunarinnar á rekstrarlið hennar vegna breytinga á samsetningu útgjalda.

1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO. Farið er fram á að 5% framlag vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins, sbr. samning við ICAO um rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar, hækki um 5,7 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna Alþjóðaflugþjónustunnar hækki á milli ára og því er gert ráð fyrir að 5% kostnaðarhlutdeild hækki um 5,7 m.kr., úr 96,5 m.kr. í 102,2 m.kr.

472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar.

5.41 Viðhald. Lagt er til að heimild verði veitt til að millifæra 20 m.kr. fjárheimild af viðhaldslið stofnunarinnar á rekstrarlið hennar vegna breytinga á samsetningu útgjalda.

651 Ferðamálastofa.

1.01 Ferðamálastofa. Lagt er til að nafn stofnunarinnar og viðfangsefnisins 1.01 verði Ferðamálastofa.

Lagt er til að 1 m.kr. framlag til Ferðamálasamtaka Vestur-Norðurlanda sem gert er ráð fyrir á safnlið fyrir ýmis verkefni verði millifært hingað.

Lagt er til að hætt verði við fyrirhugaða 60,1 m.kr. millifærslu á milli viðfanganna 10-651-1.21 og 10-651-1.01 og færist því fjárhæðin af þessum lið.

1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir. Liðurinn hækkar um 60,1 m.kr. þar sem lagt er til að hætt verði við fyrirhugaða millifærslu milli viðfanganna 10-651-1.21 og 10-651-1.01 vegna fækkunar viðfangsefna í fjárlagafrumvarpinu þar sem rétt þykir að viðfangsefnið Fjölsóttir ferðamannastaðir verði áfram sérgreint í fjárlögum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 24,6 m.kr.

102 Einkaleyfastofan.

1.01 Einkaleyfastofan. Lagt er til að millifærð verði 12,1 m.kr. fjárheimild á þennan lið frá Neytendastofu en ákveðið hefur verið að flytja starfsemi faggildingarsviðs frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu.

Lagt er til að millifærð verði tímabundið í eitt ár 9,7 m.kr. fjárheimild á þennan lið af liðnum 11-399 Ýmis orkumál. Er fjárheimildin ætluð til reksturs faggildingarsviðs.

Áformað er að á næstu fimm árum verði sviðið nánast sjálfbært af eigin tekjum en stærra að umfangi en í dag. Ætlunin er að fjölga starfsmönnum úr einum í tvo og þar með auka umsvif faggildingar.

375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku.

1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. viðbótarfjárheimild á liðinn. Áætlað er að um 20% þeirra sem nota rafhitun noti meira en 35 þús. kWst. á ári sem er núverandi hámark á niðurgreiðslum ríkissjóðs. Lagt er til að það hámark hækki í 40 þús. kWst. á ári. Kostnaðarauki ríkissjóðs við að hækka viðmiðunarmörkin upp í 40 þús. kWst. á ári er áætlaður um 40 m.kr. á ári en mismunurinn, 15 m.kr., rúmast innan útgjaldaramma ráðuneytisins.

399 Ýmis orkumál.

1.22 Vistvænir orkugjafar. Lagt er til að millifærðar verði 9,7 m.kr. af liðnum til Einkaleyfastofu vegna reksturs faggildingarsviðs. Ætlunin er að á næstu fimm árum verði sviðið nánast sjálfbært og stærra en í dag. Ráðgert er að fjölga starfsmönnum úr einum í tvo og þar með auka umsvif faggildingar hér á landi.

401 Byggðaáætlun.

1.10 Byggðaáætlun. Lagt er til að felldar verði niður 12,5 m.kr. af fjárheimild til byggðaáætlunar. Fjárheimildin átti að vera í samræmi við samþykkta byggðaáætlun en við nánari skoðun hefur komið í ljós að svo er ekki.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 88,9 m.kr.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 101 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Er tillagan í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eru útgjöldin fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu hans. Reiknað er með að eftirlitsgjaldið skili um 424 m.kr. á næsta ári eða um 13,5 m.kr. umfram útgjöld. Sá afgangur er ætlaður til að mæta áætluðum halla ársins 2005 sem færist til ársins 2006 og kemur fram sem viðskiptahreyfing á gjaldahlið frumvarpsins.

421 Neytendastofa.

1.01 Neytendastofa. Lagt er til að millifærð verði 12,1 m.kr. fjárheimild af þessum fjárlagalið á lið 11-102 Einkaleyfastofa, en ákveðið hefur verið að flytja starfsemi faggildingarsviðs frá Neytendastofu til Einkaleyfastofu.

425 Talsmaður neytenda.

1.01 Talsmaður neytenda. Lagt er til að millifærðar verði 13 m.kr. á þennan nýjan fjárlagalið vegna talsmanns neytenda. Um talsmann neytenda gilda sérstök lög er varða sjálfstætt og óháð embætti og talsmaðurinn ber ábyrgð á eigin fjárreiðum.

999 Ýmis viðskiptamál.

1.15 Talsmaður neytenda. Lagt er til að héðan verði millifærðar 13 m.kr. á nýjan fjárlagalið vegna talsmanns neytenda, 12-425 Talsmaður neytenda, eins og þar greinir.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 15 m.kr.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. Lögð er til 15 m.kr. fjárveiting til að kosta stöður tveggja sérfræðinga í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 27. september 2005 og tilmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að starfsemi hagskýrslugerðar á sviði þjóðhagsreikninga og verðvísitalna verði efld. Einnig er gert ráð fyrir að veitt verði 15 m.kr. fjárveiting á árinu 2007 til að kosta stöður tveggja annarra sérfræðinga á þessu sviði.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 62,7 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 6,2 m.kr. hækkun á safnliðnum en skipting hans er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. fjárveitingu til ýmissa umhverfisverkefna sem niður féll í fjárlagafrumvarpinu.

Jafnframt er gerð tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu vegna tveggja samstarfssamninga við Kína um samstarf á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar sem undirritaðir voru í heimsókn forseta Íslands til Kína fyrr á þessu ári.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.02 Setur í Reykjavík. Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands til gerðar náttúrufarskorta af landinu.

403 Náttúrustofur.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Austurlands til að sinna rannsóknum og vöktun hreindýrastofnsins.

1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Suðurlands til rannsókna á breytingum á fæðu lunda og áhrifa þeirra á varpárangur og rannsókna á búsvæðavali og afkomu óðinshana og þórshana á Suðurlandi.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vestfjarða til rannsókna í Hornstrandafriðlandi.

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Vesturlands til áframhaldandi rannsókna á minkum.

1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki. Gerð er tillaga um alls 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðurlands vestra til eftirfarandi fimm verkefna: 2 m.kr. til áframhaldandi jarðfræðilegrar úttektar á náttúrufari Skagafjarðar, 1 m.kr. til jarðfræðilegrar úttektar á berghlaupum á Norðurlandi vestra, 1 m.kr. til áframhaldandi rannsókna á Orravatnsrústum á Hofsafrétti, 0,5 m.kr. til könnunar á útbreiðslu öskulaga á Norðurlandi vestra og loks 0,5 m.kr. til áframhaldandi rannsókna á Sléttafellshverum við Síká.

1.15 Náttúrustofa Sandgerði. Lagt er til 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Reykjaness til rannsókna á leiðum til fækkunar á mávi á Miðnesheiði með tímabundinni svæðafriðun á ref.

1.16 Náttúrustofa Húsavík. Lagt er til 5 m.kr. tímabundið framlag til Náttúrustofu Norðausturlands til rannsókna á lífríki vatna fyrir botni Öxarfjarðar og Skjálfanda.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 Almenn starfsemi. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi háloftarannsókna vegna veðurspáa á Keflavíkurflugvelli þar sem varnarliðið hefur sagt upp samningi ríkjanna um rannsóknirnar.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

Gerð er tillaga um breytingar á framsetningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna endurmats á áætlunum sjóðsins. Helstu breytingar frá fjárlagafrumvarpinu eru þær að gert er ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur aukist um 330 m.kr. og verði neikvæðar um 620 m.kr. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs eykst um 27 m.kr. og nemur 4.477 m.kr. Er þá miðað við að ríkið leggi til 51% af 8.260 m.kr. áætluðum útlánum eða 4.213 m.kr. og 364 m.kr. vegna reksturs sjóðsins en frá dragist 100 m.kr. sem er áætlað ónotað ríkisframlag í árslok yfirstandandi árs sem lagt verður til í lokafjárlögum 2005 að færist yfir á árið 2006.

Áætlað er að innheimtar afborganir af veittum lánum nemi 3.800 m.kr. og að sjóðurinn greiði 3.500 m.kr. í afborganir af teknum lánum og jafnframt er áætlað að handbært fé aukist um 50 m.kr. af þessum sökum. Til þess að fjármagna aukin útlán þarf sjóðurinn að taka 200 m.kr. meiri lán en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu og eru lántökurnar því áætlaðar 5.100 m.kr.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR.

Gerð er tillaga um tvær breytingar við 5. gr. Sú fyrri er um 200 m.kr. hækkun á lántökuheimildum Lánasjóðs íslenskra námsmanna í ljósi endurskoðaðra áætlana sjóðsins. Sú síðari er um 4.000 m.kr. hækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Landsvirkjunar í ljósi endurskoðaðra fjárfestingaráætlana fyrirtækisins og samsvarandi aukningar á lánsfjárþörf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 22. nóv. 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Birkir J. Jónsson.	Drífa Hjartardóttir.	Ásta Möller.
	Bryndís Haraldsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1.

Á fund nefndarinnar komu Þorsteinn Þorgeirsson, Benedikt Valsson, Dóróthea Jóhannsdóttir og Jóhann Rúnar Björgvinsson frá fjármálaráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Björn Rúnar Guðmundsson frá Landsbankanum, Jón Bentsson frá Íslandsbanka og Ásgeir Jónsson frá KB-banka.

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins var kynnt samhliða umfjöllun um tekjugrein fjárlaga. Þá voru þjóðhagsspár Seðlabankans og greiningardeilda bankanna ræddar og þær bornar saman við þjóðhagsspá ráðuneytisins. Töluverðar umræður fóru fram um mismunandi forsendur og niðurstöður spánna.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 314,0 milljarðar kr. á greiðslugrunni og 327,4 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 7,2 milljarða kr. Þá hækkun má fyrst og fremst rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila hækki um 3,5 milljarða kr., í öðru lagi að tekjur af vörugjaldi af innfluttum ökutækjum hækki um 1,5 milljarða kr. og í þriðja lagi að vaxtatekjur hækki um samtals 2,2 milljarða kr.

Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt. Reiknað er með að hagvöxtur verði 4,6% á árinu 2006 og verðbólgan 3,8%. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 2,7%. Spáð er að gengi krónunnar lækki árið 2006 og að landsframleiðslan aukist um 4,6% að magni til. Reiknað er með minnkandi atvinnuleysi, þ.e. frá 2,2% niður í 1,8% milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir að viðskiptahalli verði 12,2% af landsframleiðslu sem er lækkun um rúmt prósentustig frá fyrra ári.

Dagný Jónsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 2005.

Pétur H. Blöndal, form,
Birgir Ármannsson,
Ásta Möller.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er alltaf háð talsverðri óvissu enda byggist hún á spá um útlit og horfur á ókomnu ári. Þegar borinn er saman ríkisreikningur og fjárlög fyrir árið 2004 eru frávikin 20.410 millj. kr. eða 7,2% og á þessu ári stefnir í enn meiri frávik frá fjárlögum en áður. Gjaldahlið fjárlaga er vanáætluð ár eftir ár og ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að útgjaldaspáin byggist annaðhvort á óskhyggju og óraunsæi eða löngun til að fegra myndina við framlagningu fjárlagafrumvarpsins. Þegar fjárlög eru borin saman við ríkisreikning á sl. fimm árum eða árin 2000–2004 kemur í ljós að útgjöld hafa samanlagt farið tæplega 120 milljarða kr. fram úr áætlun, eða sem nemur 24 milljörðum kr. að meðaltali árlega en það er að meðaltali 10% frávik frá fjárlögum.

Við yfirferð á fjárlagafrumvarpinu í efnahags- og viðskiptanefnd hefur sú skoðun komið fram hjá greiningardeildum bankanna að myndast hafi tómarúm þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Greiningardeildirnar búi ekki yfir þjóðhagslíkönum og það geri þeim erfitt um vik. Allar sjálfstæðar spár séu því ákveðnum annmörkum háðar. Þetta dregur athyglina að því hversu háðir stjórnmálamenn og allir aðilar á markaði eru upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu sem hvorki getur talist sjálfstæður né óvilhallur aðili.

Tekjuspá fyrir árið 2006 er háð meiri óvissu en oft áður. Árið 2005 var að mörgu leyti sérstakt í íslenskum efnahagsmálum. Það einkenndist af mikilli spennu og þenslu vegna stóriðjuframkvæmda, gríðarlegrar útlánaaukningar í bankakerfinu, mikillar hækkunar á fasteignaverði og verulegrar aukningar á einkaneyslu. Viðskiptahallinn varð meiri en hann hefur nokkurn tíma verið síðan mælingar hófust, sterk staða krónunnar er farin að hafa verulega neikvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinar og verðbólguþrýstingur hefur aukist. Tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið meiri og sjaldan aukist eins mikið milli ára eins og milli áranna 2004 og 2005. Án eignasölu hafa þær aukist um 50 milljarða kr. Jafnvel má búast við að þessar tekjur eigi enn eftir að aukast þar sem fjármálaráðuneytið spáir því að einkaneysla árið 2005 verði 9,5% en flestir aðrir telja að hún verði nær 10,5%.

Ljóst er að sú spenna sem nú ríkir verður ekki viðvarandi en mat fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og greiningardeilda bankanna á því hvenær og hversu hratt muni hægja á vexti í hagkerfinu er nokkuð mismunandi. Þannig spáir fjámálaráðuneytið því að einkaneysla fari niður í 4,3% á næsta ári, Seðlabankinn spáir 8,2% einkaneyslu og greiningardeild Landsbankans 5,4%. Fjármálaráðuneytið spáir því að framleiðsluspenna verði tæp 2% á næsta ári en Seðlabankinn að hún verði tæp 5%. Þetta skiptir verulegu máli fyrir afkomu ríkissjóðs því hvert 1% í viðbótarvexti bætir afkomu ríkissjóðs um u.þ.b. 3,8 milljarða kr. Gangi spá Seðlabankans eftir verður afkoma ríkissjóðs 11,4 milljörðum kr. betri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Almennt má segja að flestir spái meiri spennu á næsta ári en fjármálaráðuneytið, að einkaneysla og samneysla verði meiri og þar af leiðandi aukist bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Samdráttar fari ekki að gæta svo einhverju nemi fyrr en á árinu 2007 þegar framkvæmdum við álver verður lokið.

Á undanförnum tíu árum hafa tekjur ríkissjóðs aukist gríðarlega, sérstaklega hin síðari ár. Þessi tekjuaukning er að stórum hluta til tengd þeirri þenslu sem nú er í hagkerfinu og gengur eflaust til baka að talsverðu leyti þegar um hægist. Skattalækkanir munu enn draga úr tekjum ríkissjóðs þegar þær verða komnar að fullu til framkvæmda árið 2007. Spáð er að sama ár fari samdráttar að gæta í efnahagslífinu. Það er því áhyggjuefni hversu mjög útgjöld hafa aukist á undanförnum árum því þau sitja eftir þegar tekjur dragast saman. Ef ekkert verður að gert má því búast við að grípa þurfi til sársaukafulls niðurskurðar í opinberum útgjöldum þegar síst skyldi.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fjármálaráðuneytis um afkomu ríkissjóðs er gert ráð fyrir að tekjuafgangur verði 1,6% af vergri landsframleiðslu. 2. minni hluti telur nauðsynlegt við núverandi aðstæður að hann aukist enn frekar og verði ekki undir 2%.

Ljóst er af fjárlagafrumvarpinu að ríkisstjórnin ætlar sér ekkert hlutverk í hagstjórninni. Það er yfirlýst stefna hennar, sem kom bæði fram á síðasta aðalfundi Seðlabankans og í nýrri þjóðhagsáætlun, að ríkisfjármálin skipti engu máli sem sveiflujöfnunartæki. Þetta þýðir einfaldlega að ríkisstjórnin skilar auðu og leggur alla ábyrgðina á Seðlabankann og stjórn peningamála. Afleiðingin er vaxtahækkanir og styrking krónunnar sem er á góðri leið með að ganga af mörgum framleiðslufyrirtækjum dauðum, sérstaklega á landsbyggðinni.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en styður álit þetta.

Alþingi, 18. nóvember 2005.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðmundur Magnússon, með fyrirvara.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október 2004.

Á fund nefndarinnar komu Óðinn H. Jónsson og Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti og Stefán Eiríksson og Jónas Ingi Pétursson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 1.118 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð tæpar 27 millj. kr. en þær nema 2,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 719 millj. kr. og hækka um 68 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs, en um 40,8 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum.

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 18.311 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 672 millj. kr. en þær nema tæplega 4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 13.737 millj. kr. og hækka um 1.324 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagshækkunum. Mest munar um 100 millj. kr. hækkun á framlagi til ríkislögreglustjóra vegna eflingar sérsveitar.

Embætti ríkislögreglustjóra.

Fram kom á fundum nefndarinnar að fjárveitingar til ríkislögreglustjóra hafi hækkað nokkuð vegna aukinna verkefna, m.a. hjá efnahagsbrotadeild og fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og vegna sérsveitarinnar. Upplýst var að með hækkun á framlagi til ríkislögreglustjóra vegna eflingar sérsveitarinnar væri lokið þeirri uppbyggingu og skipulagningu sem dómsmálaráðherra kynnti í lok árs 2003 og samþykkt var á fundi ríkisstjórnar 10. febrúar 2004. Breytingin tók gildi 1. mars 2004 og var deildin þá færð undir embætti ríkislögreglustjóra sem sérstök stoðdeild og almennum lögreglumönnum í Reykjavík jafnframt fjölgað um tíu til þess að mæta tilfærslunni. Markmiðið með breytingunum var að efla sveitina og fjölga sérsveitarmönnum, sem þá voru 21, í 52 til þess að unnt væri að bregðast við aukinni hörku í afbrotum, efla öryggi í flugmálum og siglingavernd og auka almennt öryggi lögreglumanna, og þar með alls almennings. Upplýst var að sérsveitarmenn hefðu tekið þátt í friðargæslu erlendis og að kraftar þeirra nýttust til almennra lögreglustarfa, einkum á höfuðborgarsvæðinu, en jafnframt í sérstök verkefni um land allt. Þá þjálfa þeir almenna lögreglumenn á vegum Lögregluskóla ríksins.

Meiri hlutinn fagnar því að með framlaginu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum verður sérsveitarmönnum fjölgað um níu í Reykjavík og sex í Keflavík, ásamt því sem gert er ráð fyrir viðbótarvaktbifreið. Á Akureyri verða skipulagsbreytingar eins og í Reykjavík og sérsveitarmenn þar færðir undir stjórn ríkislögreglustjóra með aðsetur á Akureyri en almennum lögreglumönnum jafnframt fjölgað um fjóra. Sveitin verður því fullmönnuð með 52 menn og uppbyggingu sérsveitarinnar sem stefnt var að þar með lokið.

Fangelsismál.

Á fundum nefndarinnar kom fram að nýverið hefði verið gerð heildarúttekt á fangelsismálum sem byggðist á stefnumörkun Fangelsismálastofnunar um heildaruppbyggingu fangelsanna og að sú úttekt hefði ekki legið fyrir við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þar er lagt til að uppbyggingu fangelsanna á Kvíabryggju og á Akureyri verði lokið á árinu 2006 og að þá hefjist undirbúningur að framkvæmdum við fangelsið að Litla-Hrauni og uppbyggingu nýs móttökufangelsis á Hólmsheiði með sjúkradeild. Framkvæmdir hefjist á Litla-Hrauni árið 2007 og þeim verði lokið árið 2008 en sama ár hefjist framkvæmdir við uppbyggingu fangelsis á Hólmsheiði sem verði lokið árið 2009.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjármagni til þessa en upplýst var á fundum nefndarinnar að áætlaður kostnaður vegna heildaruppbyggingarinnar skiptist þannig að kostnaður vegna framkvæmda við fangelsið á Akureyri ásamt nauðsynlegum breytingum á lögreglustöð væri 210 millj. kr. Áætlaður kostnaður við fangelsið á Kvíabryggju væri 27 millj. kr. og við fangelsið á Litla-Hrauni 488 millj. kr. Þá kom fram að áætlaður kostnaður við nýtt fangelsi á Hólmsheiði væri 1.295 millj. kr.

Meiri hlutinn fagnar fyrirliggjandi stefnumörkun og leggur áherslu á að gerðar verði breytingar á frumvarpinu til þess að framkvæmdir og endurbætur á fangelsinu á Akureyri og á Kvíabryggju rúmist innan fjárlaga og áætlanir um heildaruppbyggingu standist.

Landhelgisgæslan.

Í fyrri álitum sínum til fjárlaganefndar hefur nefndin fjallað um og fagnað árangri sem náðst hefur í að bæta rekstur Landhelgisgæslunnar. Meiri hlutinn fagnar því sérstaklega þeim áformum um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans sem fela í sér að á árinu 2006 verði 1 milljarði kr. varið til kaupa eða leigu á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og 2 milljörðum kr. árið 2007.

Dómstólar.

Meiri hlutinn hefur í fyrri álitum sínum til fjárlaganefndar einnig bent á mikilvægi þess að tryggja dómstólum nægilegt fjármagn samhliða auknum verkefnum þeirra. Fagnar meiri hlutinn því þeirri 64 millj. kr. viðbótarfjárveitingu umfram launa- og verðlagsbreytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til dómstólanna, en sambærileg aukning í fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2005 var 17,7 millj. kr.

Að lokum fagnar meiri hlutinn þeim mikla sparnaði og hagræðingu sem náðst hefur með samþættingu tölvukerfa og símsvörunar hjá lögreglu og Neyðarlínu og því aukna öryggi sem það hefur í för með sér fyrir borgarana. Þá fagnar meiri hlutinn því að vefútgáfa Lögbirtingablaðs og Stjórnartíðinda skuli vera að hefjast og þeim mikla sparnaði og hagræðingu sem hún hefur í för með sér og enn fremur þeirri lækkun kostnaðar við síma- og fjarskiptamál hjá ýmsum stofnunum dómsmálaráðuneytis vegna nýs tæknibúnaðar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Bjarni Benediktsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 14. nóvember 2005.

Bjarni Benediktsson, með fyrirvara,
Jónína Bjartmarz,
Birgir Ármannsson,
Kjartan Ólafsson,
Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fjárlagafrumvarpið og raunveruleikinn.

Áður en fjallað verður um þá hluta fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði nefndarinnar vill minni hlutinn koma á framfæri áhyggjum af því hversu illa gengur að standa við samþykkt fjárlög. Ljóst er að áætlanir ríkisstjórnarinnar um útgjöld stofnana dóms- og kirkju-

málaráðuneytisins eru oft mjög vanmetnar miðað við raunveruleikann eins og hann birtist í ríkisreikningi.

Sérsveit lögreglunnar og embætti Ríkislögreglustjóra.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir mikilli hækkun fjárveitingar til sérsveitar Ríkislögreglustjóra sem nemur tæplega 100 millj. kr. Árið 2003 voru 18 manns í sérsveitinni en verða orðnir 52 árið 2006. Áætlað er að tveir sérsveitarbílar með fjórum sérsveitarmönnum verði ávallt á vakt. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir um 14 millj. kr. framlagi til kaupa á vopnum fyrir sérsveitina. Aukinn kostnaður við stækkun sérsveitarinnar undanfarin missiri er áætlaður um 250 millj. kr. á ári. Minni hlutinn telur að mun betur hefði þurft að meta þörfina fyrir fjölgun á sérsveitarmönnum.

Embætti Ríkislögreglustjóra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár. Útgjöld til embættisins hafa vaxið um 30% á tveimur árum. Minni hlutinn telur ástæðu til að huga að vaxandi umsvifum embættisins og ástæðum þeirra. Afar nauðsynlegt er að gera úttekt á embættinu og kostnaði við það, svo og að skilgreina verkefni stofnunarinnar. Skoða þarf skörun á verkefnum Ríkislögreglustjóra og Lögreglunnar í Reykjavík.

Minni hlutinn telur einnig þurfa að huga að stöðu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra í ljósi síendurtekinna áfellisdóma yfir embættinu. Íhuga þarf hvort deildin er í stakk búin að sinna veigamiklum málum.

Fangelsismál.

Í fjárlagafrumvarpinu er einungis gert ráð fyrir um 6 millj. kr. viðbótarframlagi til fangelsismála. Það fé er ætlað til menntunar fangavarða og er það vel. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir fjármagni til að auka meðferðarúrræði fanga eða meta þörf þeirra fyrir meðferð eins og gert er ráð fyrir í nýsamþykktum lagabreytingum. Ljóst er að löngu er tímabært að fjölga meðferðarúrræðum í íslenskum fangelsum og taka þarf frá fjármagn til þess. Af fjárlagafrumvarpinu sést ekki að ný lög hafi tekið gildi með nýjum og mikilvægum áherslum í málefnum fanga. Er það mjög miður.

Í frumvarpinu er ekki heldur gert ráð fyrir fjármagni í byggingu fangelsis á Hólmsheiði en í þó nokkurn tíma hefur staðið til að byggja nýtt fangelsi. Ekki er heldur áætlað að loka hegningarhúsinu við Skólavörðustíg á næsta ári en það er löngu tímabært. Minni hlutinn hefði viljað sjá auknum fjármunum varið til endurbóta í fangelsismálum og telur nauðsynlegt að hefja framkvæmdir við nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, m.a. til þess að sem fyrst verði hægt að loka hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og fangelsinu í Kópavogi enda er það löngu tímabært. Að auki telur minni hlutinn að bæta þurfi aðstöðu á Litla-Hrauni og í fangelsinu á Akureyri til muna en ekki er gert ráð fyrir neinu fé til þess í fjárlagafrumvarpinu. Minni hlutinn hvetur einnig til þess að vandi kvenkyns fanga verði leystur.

Minni hlutinn saknar einnig áætlunar um uppbyggingu fangelsa frá dómsmálaráðuneytinu, þannig að þeir sem við málaflokkinnn vinna geti gert áætlanir í samræmi við hana. Minni hlutinn skorar á dómsmálaráðherra að leggja fram áætlun í málaflokknum.

Gjafsókn vanmetin.

Ljóst er að kostnaður við gjafsókn er stórlega vanmetinn í frumvarpinu. Samkvæmt ríkisreikningi árið 2004 fóru um 170 millj. kr. í opinbera réttaraðstoð en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2006 er einungis gert ráð fyrir um 145 millj. kr. Minni hlutinn telur að réttur almennings til gjafsóknar eigi að vera fyllilega tryggður og harmar lagabreytingu sem var gerð í fyrra þar sem réttur til gjafsóknar í málum sem hafa almenna þýðingu var skertur.

Minni hlutinn lýsir auk þess yfir áhyggjum af fjárhagsstöðu dómstólanna þrátt fyrir viðbótarfjárveitingu. Sjálfstæði dómstóla er grundvallaratriði í réttarríki og forsenda þess er að þeir hafi viðunandi aðstöðu og nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem sífellt verður viðameira.

Mannréttindamál.

Minni hlutinn ítrekar óánægju sína með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hætta að veita sérmerkta fjárhæð upp á 8 millj. kr. til Mannréttindaskrifstofu Íslands af fjárlagaliðum dóms- og kirkjumálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Minni hlutinn telur að tryggja eigi Mannréttindaskrifstofu Íslands tekjur frá ríkissjóði með sama hætti og undanfarin ár enda hefur reynslan sýnt að full þörf er á starfsemi skrifstofunnar.

Umboðsmaður Alþingis.

Minni hlutinn telur að almennt eigi frekara fjármagn að renna til embættis Umboðsmanns Alþingis. Einungis er gert ráð fyrir 1 millj. kr. til að efla frumkvæðisathuganir. Þar sem frumkvæðismál eru einungis um 1% af öllum málum embættisins er ljóst að frekari fjárveitingu þarf svo auka megi getuna til að ráðast í fleiri frumkvæðisathuganir.

Að lokum vill minni hluti áskilja sér fullan rétt til að koma að fleiri athugasemdum við afgreiðslu fjárlaga auk breytingartillagna við einstaka liði þeirra

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 14. nóv. 2005.

Ágúst Ólafur Ágústsson,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Björgvin G. Sigurðsson,
Sigurjón Þórðarson.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október 2005.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Þorsteinn Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskólanum á Akureyri, Kristín Ingólfsdóttir frá Háskóla Íslands, Sigurður Sigursveinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Bryndís Þráinsdóttir og Valgerður Guðjóns-

dóttir frá Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Tinna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Torfason og Tómas Zoëga frá Þjóðleikhúsinu.

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 44.128 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast áætlaðar sértekjur að fjárhæð 3.687 millj. kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins og hækka um 651 millj. kr. milli ára, þar af eru 345 millj. kr. tímabundnar vegna fjármögnunar á framkvæmdum Háskóla Íslands.

Hvað varðar skiptingu safnliða telur 1. minni hluti eðlilegra að úthlutun vegna tónlistarerinda fari fram í gegnum tónlistarsjóð og að úthlutun vegna leikhúserinda sé í gegnum lið 02-982-1.22 um starfsemi áhugaleikfélaga og lið 02-982-1.24 um starfsemi atvinnuleikhópa. Þá vísar 1. minni hluti til fjárlaganefndar erindi Leikminjasafns Íslands varðandi uppsetningu sýninga og er menntamálaráðuneytið hvatt til að taka tillit til þess. Enn fremur vísar 1. minni hluti erindunum Loftkastalinn, Álfar, tröll og norðurljósasafn, sögusýning um samvinnuhreyfinguna og NemaNet til fjárlaganefndar þar sem um fjárfrek verkefni er að ræða sem rúmast ekki undir safnliðum. Telur 1. minni hluti að síðastnefnda erindið, NemaNet, heyri ekki síður undir þau verkefni sem Íslenska upplýsingasamfélaginu, sem starfrækt er af hálfu forsætisráðuneytisins, er ætlað að sinna og mælir 1. minni hluti með því að erindið verði tekið til jákvæðrar umfjöllunar á þeim vettvangi.

1. minni hluti leggur til að vægi einstakra safnliða verði endurskoðað. Annars vegar má nefna að 4,2 millj. kr. eru til úthlutunar í safnlið 02-988-1.90 um æskulýðsmál en beiðnir voru að fjárhæð 65,3 millj. kr. Hins vegar má nefna að í safnlið 02-984-1.90 um norræna samvinnu eru um 13 millj. kr. til úthlutunar en ein beiðni barst og eftir standa um 5,5 millj. kr. og leggur 1. minni hluti til að þeirri fjárhæð verði ráðstafað til hækkunar á þeim erindum sem 1. minni hluti gerir tillögur um í æskulýðsmálum. Framlag Snorraverkefnis verði með því hækkað í 3 millj. kr., framlag til AFS á Íslandi hækkað í 1,5 millj. kr., framlag til Landssambands æskulýðsfélaga hækkað í 1 millj. kr. og framlag til Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi hækkað í 1,5 millj. kr. Að lokum gerir nefndin tillögu um að Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum fái 500 þús. kr. af þeim 5,5 millj. kr. sem eftir standa af safnlið 02-984-1.90.

Sigurrós Þorgrímsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. nóv. 2005.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Dagný Jónsdóttir,
Birgir Ármannsson,
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Nefndin fékk á sinn fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Þorsteinn Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskólanum á Akureyri, Kristín Ingólfsdóttir frá Háskóla Íslands, Sigurður Sigursveinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Bryndís Þráinsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir frá Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, og Tinna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Torfason og Tómas Zoëga frá Þjóðleikhúsinu.

Háskólinn á Akureyri.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 vantar um 130 millj. kr. upp á að Háskólinn á Akureyri fái þá fjármuni sem stjórnendur hans telja hann eiga rétt á. 2. minni hluti telur það mikið áhyggjuefni að ekki skuli komið til móts við háa húsaleigu sem krafist er fyrir nýja aðstöðu í Borgum, en hún er um 80 millj. kr. á ári og einungis 10 millj. kr. sparast á móti vegna niðurfallins rekstrarkostnaðar í Glerárgötu 36. Þá ætelur 2. minni hluti fjárveitingarvaldið fyrir að Háskólinn á Akureyri skuli ekki fá þau rannsóknaframlög sem rannsóknasamningur við yfirvöld menntamála gerir ráð fyrir. U.þ.b. 60 millj. kr. skortir til að svo verði. Meðan álit þetta var í vinnslu bárust af því fréttir að háskólaráð Háskólans á Akureyri hefði samþykkt tillögur starfshóps um hagræðingu í starfseminni, sem felur m.a. í sér fækkun deilda. Aðgerðirnar kunna að ganga nokkuð nærri ákveðnum þáttum í starfsemi skólans, en þeim er ætlað að skila 50 millj. kr. sparnaði. Þótt það markmið náist standa samt a.m.k. 80 millj. kr. út af og telur 2. minni hluti nauðsynlegt að koma til móts við þær þarfir skólans. Tekið skal fram að hér er ekki gerð athugasemd við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins vegna samningstengdra launahækkana, þó rök séu fyrir því að ekki sé gert ráð fyrir nema hluta þeirra hækkana sem hafa orðið á árinu 2005.

Háskóli Íslands.

Annar minni hluti tekur undir með stjórnendum Háskóla Íslands og fagnar þeirri hækkun sem lögð er til á framlagi til skólans, jafnvel þótt hún nægi ekki til að greitt verði með öllum nemendum sem stunda nám í skólanum. Til þess að svo megi verða vantar um 80 millj. kr. upp á. En viðleitnin er þó umtalsverð og skiptir sköpum um afkomu skólans. Það firrir stjórnvöld samt ekki ábyrgð á rannsóknasamningi þeim sem í gildi er. U.þ.b. 200 millj. kr. vantar upp á framlagið samkvæmt frumvarpinu til að við hann sé staðið. Það er mat 2. minni hluta að næsta skref í styrkingu skólans sé að styrkja hann sem rannsóknaháskóla á heimsmælikvarða. Til þess að hann geti staðið undir nafni þarf að fjölga doktorsnemum til muna. Um þessar mundir útskrifar skólinn 12 doktorsnema árlega en ef vel ætti að vera þyrftu þeir að vera 60. Háskóli Íslands fær talsvert minna opinbert fjármagn en skólar í nágrannalöndum

okkar sem raunhæft er að við berum okkur saman við. Það er mat 2. minni hluta að gera þurfi raunhæfar áætlanir um fjölgun doktorsnema í 60 á næstu 5 árum.

Líkt og fram kemur í úttekt Evrópusamtaka háskóla er Háskóli Íslands í fjárhagskreppu. Þetta er sama niðurstaða og í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands frá í apríl 2005. Háskóli Íslands fær næstlægst framlög allra sambærilegra skóla í Evrópu og enda þótt sýnd hafi verið ýtrasta ráðdeild í rekstri er staðan alvarleg. 2. minni hluti telur mjög brýnt að bregðast við þessu með verulega auknum framlögum. Að öðrum kosti er rekstur skólans í járnum og framtíð hans í óvissu.

Almennt um opinberu háskólana.

Framtíðarfjármögnun opinberu háskólanna er í óvissu og samkeppnisstöðu þeirra innan lands og utan er ógnað vegna alvarlegs fjárskorts. Skólarnir hafa mætt skilningsleysi stjórnvalda sem þrjóskast hafa við að fjárfesta í þeim og hafa ekki mætt aukinni skólasókn með auknum framlögum. Skólarnir standa frammi fyrir vondum kostum og erfiðum: harkalegum niðurskurði og verulegum fjöldatakmörkunum. Nýjasta dæmið er Háskólinn á Akureyri sem orðið hefur að rifa seglin vegna fjárskorts og leggja niður tvær deilda sinna.

Þá beitir Háskóli Íslands fjöldatakmörkunum og Kennaraháskóla Íslands er gert að vísa frá hundruðum nemenda ár hvert. Þannig má segja að fjárskortur opinberu háskólanna valdi því að þeir séu sveltir út á braut neyðarúrræða. Allt þetta er sýnu alvarlegra þegar skoðuð er ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að nemendur í opinberum háskólum skuli taka aukinn þátt í rekstri þeirra. Skilaboð flokks menntamálaráðherra til flokksforustunnar eru því þessi: Að taka skuli upp skólagjöld í opinberum háskólum til að mæta fjárhagsvanda þeirra. Háskólastigið allt býr við alltof lág fjárframlög og skortur á skýrri stefnumörkun bætir ekki stöðuna. Ef íslensk stjórnvöld legðu svipað hlutfall landsframleiðslu sinnar og aðrar Norðurlandaþjóðir til háskólastigsins væri árlegt framlag 4–8 milljörðum kr. hærra en það er nú. Norðurlandaþjóðirnar verja 35–80% hærra hlutfalli af landsframleiðslu til háskólastigsins en við gerum.

Framhaldsskólarnir.

Enn kvarta stjórnendur framhaldsskólanna yfir því að reiknilíkanið sem menntamálaráðuneytið notar við að áætla fjárþörf skólanna sé gallað. Þar vanti enn á að tölur vegna lífeyrisskuldbindinga séu réttar. Einnig eru gerðar athugasemdir við lága áætlun vegna afskrifta á tækjum og eignum skólanna. Þessi skekkja leiðir það af sér að verknámsskólarnir þurfa að gera sér að góðu lélegan eða úr sér genginn búnað lengur en góðu hófi gegnir. 2. minni hluti hvetur til þess að áfram verði unnið að því að bæta reiknilíkanið og því sem upp á vantar verði kippt í liðinn hið snarasta. Loks vill 2. minni hluti taka undir kröfu stjórnenda framhaldsskólanna um að ljóst þurfi að vera við upphaf fjárlagaárs úr hvaða fjármunum skólanir hafi að spila, m.ö.o. að þörfin verði áætluð út frá hverjum og einum skóla en ekki safnað saman á safnliði sem úthlutað er af seint á árinu. Þetta fyrirkomulag er í alla staði óhagstætt, ekki síður fyrir stjórnvöld en fyrir skólana sjálfa. Það er mat 2. minni hluta að leita verði leiða til að breyta þessu fyrirkomulagi.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 9,8 millj. kr. framlagi á hverja stöð, en það er 5 millj. kr. lægri upphæð en stöðvarnar áætla í grunnstarfsemi sína á næsta ári. Það er mat 2. minni hluta að gera þurfi átak í að efla starfsemi stöðvanna og koma henni á tryggan fjárhagsgrundvöll. Slíkt verður einungis gert með auknu framlagi, auk þess sem viðurkenna þarf fjárþörfina

í sérverkefni eins og háskólanám. Munurinn á símenntunarmiðstöðvunum og háskólasetrunum á landsbyggðinni er lítill, en stöðvarnar skortir viðurkenningu stjórnvalda á því mikilvæga starfi sem þær sinna á háskólastigi.

Setja verður löggjöf utan um fullorðinsfræðsluna í landinu og skaffa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum sanngjarnt fjármagn þannig að þær geti sinnt hlutverki sínu, ekki síst þeim sem sinna háskólanemum með aðstöðu til fjarnáms en fyrir það fá þær ekkert greitt frá hinu opinbera. Það er þjónusta sem er metin á um 14 millj. kr. á ári hjá Fræðsluneti Suðurlands og Símenntunarmiðstöð Suðurnesja, svo dæmi séu tekin.

Þjóðleikhúsið.

Annar minni hluti fagnar því að tekin hafi verið ákvörðun um endurbætur á ytra byrði Þjóðleikhússins, en tekur jafnframt undir með stjórnendum Þjóðleikhússins og mun leggja sitt af mörkum til að gerð verði áætlun um heildstæðar endurbætur á húsinu, tæknibúnaði þess og stækkun þess til austurs. Sú framkvæmd sem þörf er fyrir er afar fjárfrek, en hana mætti fjármagna og framkvæma á nokkuð löngum tíma eða 6–7 árum. 2. minni hluti telur að nauðsynlegt verði fyrir fjárveitingarvaldið að fara vel yfir þá þarfagreiningu sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin í apríl á næsta ári. 1999 var gerð skýrsla um lúkningu viðgerða við Þjóðleikhúsið og gerði hún ráð fyrir að 1.250 millj. kr. vantaði til þess að ljúka verkinu. Sú tala væri nær 2 milljarðar kr. framreiknuð til verðlags dagsins í dag. Inni í þeirri tölu er ekki kostnaður við viðbyggingu austan við húsið, en slík viðbygging væri að mati 2. minni hluta afar fýsileg. Það er mat 2. minni hluta að stjórnvöld eigi að vinna náið með stjórnendum hússins á næstu missirum svo húsið geti gengið í tímabæra endurnýjun lífdaganna.

Framsetning frumvarpsins.

Annar minni hluti gerir við það athugasemdir hversu mikið talnaefni vantar í kafla menntamálaráðuneytisins í frumvarpi til fjárlaga 2006. Gerðar hafa verið breytingar, að því er virðist að kröfu fjármálaráðuneytisins, sem gera það að verkum að erfiðara verður um vik með allan samanburð milli einstakra skóla og milli ára. Þetta á við bæði um framhaldsskóla- og háskólastigið og gerir þeim sem starfa eftir frumvarpinu erfitt fyrir. Allt þetta talnaefni liggur fyrir og kom fram í máli fulltrúa menntamálaráðuneytisins sem komu á fund nefndarinnar að hver og einn geti nálgast þetta efni á heimasíðu ráðuneytisins. 2. minni hluti telur miður að þessar breytingar skuli hafa verið gerðar og telur þær tilefnislausar með öllu. Þess er farið á leit við fjármálaráðuneytið að þetta verði aftur fært til fyrri vegar.

Safnliðir.

Fjárlaganefnd leitaði til nefndarinnar um skiptingu safnliða og leitaði formaður eftir samstarfi og samstöðu um afgreiðslu málsins við minni hlutann. Nefndarmenn hittu á fjórða tug umsækjenda um fjárstuðning og afgreiddu skiptinguna svo í sátt, þótt misjafnar meiningar séu í nefndinni um þetta fyrirkomulag. Þannig eru uppi þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að hemja þessa útdeilingu alþingismanna á opinberu fé til menningarverkefna, sérstaklega þegar þess er gætt að innan hins opinbera kerfis starfa ótal sjóðir sem hafa það verkefni að deila út fé til tengdra verkefna á faglegum nótum, þar sem í gildi eru úthlutunarreglur og sjóðstjórnir vega og meta umsóknirnar út frá faglegum mælikvörðum. Hér mætti nefna safnasjóð, tónlistarsjóð, kvikmyndasjóð, þýðingarsjóð og húsafriðunarsjóð auk samninga sem ráðuneyti menntamála hefur gert við ólíka landshluta. Einnig hefur það verið gagnrýnt að fyrst fyrirkomulagið er eins og það er nú skuli fjárlaganefnd þá ekki treysta menntamálanefnd fyrir allri úthlutun til menningarmála af safnliðum, en iðulega hækka safnliðirnir í meðförum fjárlaga-

nefndar eftir að menntamálanefnd hefur skilað tillögum sínum. Þar með er fagnefndinni ekki treyst fyrir nema litlum hluta þeirra fjármuna sem á endanum er úthlutað á þennan hátt. Formaður menntamálanefndar hefur sýnt sjónarmiðum nefndarmanna skilning og gera má ráð fyrir því að nefndin vinni áfram með þessi álitamál í því augnamiði að færa þau til betri vegar.

Tvö ósamþykkt verkefni.

Framlög í tengslum við styttingu námstíma til stúdentsprófs eru að mati 2. minni hluta afar óraunhæf. Þingið hefur ekki fjallað um málið og afar óljóst er á hvern hátt stjórnvöld hyggjast haga þeirri framkvæmd. Ekki er auðvelt að ráða í hugmyndir þær sem menntamálaráðherra hefur tæpt á í ræðum og í fjölmiðlum. Þó er ljóst að áætlanir um styttinguna standa á afar veikum grunni og eru illa ígrundaðar. Til marks um það er nálgunin sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu þar sem af þessu tilefni er gerð tillaga um 40 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárlagaliðnum 02-319 Framhaldsskólar, almennt.

Annað atriði vill 2. minni hluti gera athugasemd við. Á málaskrá menntamálaráðherra er að sameina fimm stofnanir í eina, „Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun“, en því tengjast engar fjárveitingar og það þarfnast skýringa.

Framtíð listdanskennslu.

Það er mat 2. minni hluta að sú ákvörðun menntamálaráðherra að leggja niður Listdansskóla Íslands og skera niður fjárveitingu til skólans, sé í hæsta máta ámælisverð. Hún kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, án alls samráðs við þá sem hlut eiga að máli. 2. minni hluti mótmælir þessar aðför að menntun listdansara í landinu.

Einar Már Sigurðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 16. nóvember 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara,
Björgvin G. Sigurðsson,
Mörður Árnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 7. október.

Nefndin fékk á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson, Pétur Ásgeirsson og Hrein Pálsson frá utanríkisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá ráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins hækki um 637 millj. kr. eða 9% miðað við fjárlög fyrir árið 2005. Aukna fjárþörf ráðuneytisins má að stærstum hluta rekja til verulegrar aukningar á fjárframlögum til þróunarmála. Þau hafa verið markvisst hækkuð undanfarin ár í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að framlög Íslendinga til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þannig hafa framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkað úr 294 millj. kr. árið 2000 í 947 millj. kr. árið 2006, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi úr 164 millj. kr. árið 2000 í 659 millj. kr. árið 2006, framlög til þróunarsjóðs EFTA hafa hækkað úr 98 millj. kr. árið 2000 í 436 millj. kr. árið 2006 og framlög til íslensku friðargæslunnar hafa hækkað úr 136 millj. kr. árið 2002 í 573 millj. kr. árið 2006. Nefndin lýsir yfir stuðningi við hærri framlög til þessa málaflokks. Kostnaður við öryggiseftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur vaxið stöðugt en öryggiskröfur í flugstöðinni hafa verið hertar verulega, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir kostnaði við opnun sendiráðs á Indlandi en samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk er gert ráð fyrir að hagrætt verði í rekstri annarra sendiráða og sendiskrifstofa til að mæta útgjaldaaukningunni.

Að svo stöddu virðist ekki gert ráð fyrir sérstöku framlagi í tengslum við framboð Íslands til öryggisráðsins en fastanefnd Íslands í New York hefur verið efld að undanförnu. Reikna verður með að þegar nær dregur framboðinu sjái þess stað í óskum utanríkisráðuneytis um fjárveitingar.

Jón Gunnarsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir álitið með fyrirvara.

Alþingi 9. nóv. 2005.

Halldór Blöndal, formaður,
Siv Friðleifsdóttir,
Drífa Hjartardóttir,
Jón Gunnarsson, með fyrirvara,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Fskj.

Utanríkisráðuneytið:

Yfirlit yfir fjárveitingar til helstu útgjaldaliða ráðuneytisins á tímabilinu 2000–2006.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Utanríkisráðuneytið	**630,8**	**629,9**	**737,8**	**780,0**	**811,3**	**834,9**	**985,8**
Sýslumaður á Keflavíkurflugvelli	**376,7**	**472,0**	**493,5**	**507,7**	**529,2**	**418,7**	**660,3**
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	**442,4**	**418,6**	**539,9**	**589,5**	**591,5**	**917,7**	**1008,5**
Sendiráð Íslands	**2.121,0**	**1.258,5**	**1.526,0**	**1.701,6**	**1.552,7**	**1.696,3**	**1545,0**
Almennur rekstur	1.048,2	1.175,4	1.486,2	1.482,8	1.500,0	1.530,0	1492,0
Viðhald	17,9	15,9	15,9	47,9	24,9	25,9	30,0
Stofnkostnaður	1.054,9	67,2	23,9	170,9	27,8	140,4	23,0
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	**294,0**	**476,5**	**468,5**	**468,0**	**519,2**	**695,8**	**946,7**
Rekstur		17,0	34,0	34,9	36,1	65,8	76,9
Þróunaraðstoð		459,5	434,5	433,1	483,1	630	869,8

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	**163,7**	**147,7**	**262,1**	**491,0**	**176,4**	**398,6**	**658,9**
Jarðhitaskóli SÞ	50,3	51,8	63	67,4	67,3	87,8	114,0
Matvæla- og landbúnaðarst. SÞ, FAO	7,6	8,5	10,4	9,3	8,4	7,6	6,5
Þróunaraðstoð SÞ, UNDP	18,3	18,3	22,4	20,0	18,2	19,8	25,0
Alþjóðabarnahjálparstofn., UNICEF	9,5	9,5	11,6	10,4	9,4	15,3	25,0
Sjávarútvegsskóli SÞ	30,4	36,1	48,9	54,6	52,0	67,2	87,2
Hjálparstarf SÞ f. konur í þróunarl., UNIFEM	2,5	2,5	3,1	2,8	2,5	11,7	20
Aðstoð við endureisnarstarf í Bosníu-Herzeg.	27,9	–	–	–	–	–	–
Mannúðarmál og neyðaraðstoð	15,2	17,0	100,7	324,5	16,8	62,1	112,0
Þróunarmál og hjálparstarfsemi	–	–	–	–	–	125,3	269,2
Alþjóðastofnanir (5 stærstu útgjaldaliðir)	**521,6**	**605,1**	**763,4**	**843,6**	**1018,4**	**1380,4**	**1400,7**
Þróunarsj. EFTA	97,9	91,6	113,9	110,3	253,9	499,1	435,7
Ísl.friðargæsla			135,5	245,4	329,8	463,0	573,1
Eftirlitsstofnun EFTA	54,1	50,7	77,8	75,3	76,5	76,4	66,7
Atlantshafsbandalagið	33,6	35,2	43,8	42,4	58,3	58,2	54,9
Alþjóðleg friðargæsla	147,4	181,5	73,2	64,4	59,4	53,5	88,8
Útflutningsráð	**185,0**	**189,8**	**218,0**	**237,7**	**269,4**	**279,4**	**303,2**
Annað	**242,1**	**111,0**	**278,5**	**45,5**	**57,5**	**45,9**	**37,7**

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jón Loftsson og Björn Jónsson frá Skógrækt ríkisins og Vífill Oddsson og Óðinn Sigþórsson frá Veiðimálastofnun.

Lög um Landbúnaðarstofnun öðlast gildi 1. janúar 2006 og tekur stofnunin yfir starfsemi yfirdýralæknis, aðfangaeftirlits ríkisins, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands, kjötmatsformanns við mat á búvörum og veiðimálastjóra auk hluta af starfsemi sem Bændasamtök Íslands hafa annast ásamt tilteknum verkefnum sem landbúnaðarráðherra eru falin samkvæmt lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Til stofnunarinnar færast fjárheimildir þeirra stofnana sem færast undir Landbúnaðarstofnun. Þær nutu margar þjónustu frá öðrum stofnunum vegna staðsetningar, nefna má að yfirdýralæknir var staðsettur í landbúnaðarráðuneytinu

og veiðimálastjóri hjá Veiðimálastofnun. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir stofnkostnaði og þarf Landbúnaðarstofnun 63 millj. kr., þar af 40 millj. kr. í rekstrarkostnað. Nefndin telur brýnt að Landbúnaðarstofnun sé tryggt nægilegt fjármagn og mikilvægt að ný stofnun byrji ekki í rekstrarhalla.

Þá telur nefndin að styrkja þurfi enn frekar við Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og við Landbúnaðarháskóla Íslands, en halli hefur verið á rekstri skólanna undanfarin ár. Mikil þróun og uppbygging hefur átt sér stað hjá framangreindum stofnunum og því mikilvægt að stutt sé vel við þær.

Vífill Oddsson og Óðinn Sigþórsson frá Veiðimálastofnun kynntu viðamiklar og fjárfrekar rannsóknir á vegum stofnunarinnar. Rekstrarhalli er nú um 15 millj. kr. hjá stofnuninni og stefnir í enn meiri rekstrarhalla á næsta ári. Mikilvægt er að stofnunin fái aukin framlög í fjárlögum til þess að geta haldið rannsóknunum áfram enda um mjög mikilvægar auðlindir að ræða.

Nefndin vísar erindi félagsins Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð til fjárlaganefndar.

Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Jón Bjarnason skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Enn fremur skrifar Jón Bjarnason undir álitið með fyrirvara vegna óljósra þátta Landbúnaðarstofnunar.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Valdimar L. Friðriksson.

Alþingi, 11. nóv. 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara,
Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara,
Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara,
Jón Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október 2005.

Á fund nefndarinnar komu Arndís Á. Steinþórsdóttir frá sjávarútvegsráðuneyti, Þórður Ásgeirsson og Gylfi Ástbjartsson frá Fiskistofu og Jóhann Sigurjónsson og Vignir Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni.

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2006 eru áætluð um 3.582 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 864 millj. kr. en þær nema 24% af heildargjöldum

ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.230 millj. kr. og hækka um 241 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs.

Nefndin leggur til að í meðförum Alþingis verði Hafrannsóknastofnuninni veitt 50 millj. kr. framlag svo auka megi úthald rannsóknarskipa stofnunarinnar um samtals 87–97 daga á ári. Nauðsynlegt er að úthald skipanna verði aukið svo efla megi veiðarfærarannsóknir og rannsóknir á uppsjávarfiski. Á síðasta ári var úthald Árna Friðrikssonar 211 dagar og úthald Bjarna Sæmundssonar 176 dagar. Á yfirstandandi ári er úthald áætlað 180 dagar á Árna (þar af 15 dagar vegna leigu til erlendra aðila) og 203 dagar á Bjarna (þar af 33 dagar vegna leigu til erlendra aðila). Meðalkostnaður á dag við rekstur Árna er 1.150 þús. kr. og Bjarna 900 þús. kr. Tillaga nefndinnar er byggð á því að úthald skipanna verði 235–240 dagar fyrir hvort skip. Samkvæmt útreikningum Hafrannsóknastofnunarinnar kostar hver viðbótardagur vegna fjölgunar úthaldsdaga um 55–60 á Árna 650–700 þús. kr. og fjölgunar úthaldsdaga um 32–37 á Bjarna 500–550 þús. kr.

Þá vekur nefndin athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við húsaleigu og rekstur húsnæðis Fiskistofu á nýrri starfsstöð en starfsemi stofnunarinnar mun flytjast til Hafnarfjarðar um næstu áramót. Sá kostnaður er áætlaður um 21,5 millj. kr. Enn fremur er ekki gert ráð fyrir fjárveitingu í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 vegna kostnaðar við flutningana sjálfa en sá kostnaður er áætlaður um 20 millj. kr. og er þá meðtalinn kostnaður við tölvutengingu milli Hafnarfjarðar og Skúlagötu 4.

Nefndinni bárust engar umsóknir um fjárveitingu og er safnliður 05-190-1.90 (7,7 millj. kr.) því óskiptur.

Arnbjörg Sveinsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. nóv. 2005.

Guðjón Hjörleifsson, form.,
Kristinn H. Gunnarsson,
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara,
Jón Gunnarsson, með fyrirvara,
Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara,
Hjálmar Árnason,
Kristján L. Möller, með fyrirvara.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 25/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 7. október 2005. Nefndin hefur fengið fulltrúa félagsmálaráðuneytis á sinn fund, þær Elínu Pálsdóttur, Ragnhildi Arnljótsdóttur og Sesselju Árnadóttur.

Heildargjöld félagsmálaráðuneytisins árið 2006 eru áætluð um 29.251 millj. kr. Frá dragast sértekjur, 981 millj. kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 467 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs og munar þar mest um 170 m.kr. framlag til þjónustu fatlaðra, auk launa- og verðlagshækkana. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis hækki um 25 millj. kr. og nemi þar með um 237 millj. kr. Hækkunin skýrist af auknum verkefnum en undir ráðuneytið heyra umfangsmikil svið, svo sem vinnumarkaðsmál, jafnréttismál og málefni fatlaðra. Tölulegar upplýsingar hér á eftir eru tilgreindar eftir að búið er að reikna með launa- og verðlagsbreytingum.

Rekstrargjöld Barnaverndarstofu lækka um 8 millj. kr. Annars vegar er 3 millj. kr. hækkun fjárheimilda til að mæta kostnaði vegna nemenda á framhaldsskólastigi, sem menntamálaráðuneyti greiðir ekki, og 1 millj. kr. hækkun vegna samstarfs Barnaverndarstofu og Neyðarlínunnar. Á móti kemur 10 millj. kr. lækkun sem skýrist af því að sú fjárhæð verður færð á lið 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi, til þróunar á nýjungum í meðferðarstarfi. Auk þess er um 2 millj. kr. lækkun að ræða vegna þess að fellt er niður tímabundið framlag vegna bruna á Stuðlum í fjárlögum 2005.

Heildarfjárveiting til málefna fatlaðra hækkar um 170 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Málefni fatlaðra eru stærsta verkefni ráðuneytisins. Helst má nefna að 95 millj. kr. verður varið til nýrra úrræða í búsetumálum til samræmis við áætlun um styttingu biðlista frá árinu 2000. Um 40 millj. kr. eru ætlaðar til að efla stoðþjónustu og 19 millj. kr. til að stytta biðlista eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Heildarfjárveiting til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 1.325 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Lögbundin framlög hækka um 505 millj. kr. en þau eru ákvörðuð með tvennum hætti, annars vegar er framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar framlag er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir sérstökum viðbótarframlögum. Annars vegar er um að ræða árlegt 700 millj. kr. tímabundið framlag á árunum 2006–2008 til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf. Hins vegar er gerð tillaga um 120 millj. kr. tímabundið framlag á næsta ári til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Á sviði vinnumála lækkar heildarfjárveiting um 956 millj. kr. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi nemur raunlækkun rekstrargjalda Vinnumálastofnunar 42 millj. kr. en þessi lækkun skýrist af breyttri fjármögnun. Í öðru lagi aukast útgjöld á lið 07-981, Vinnumál um 82 millj. kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar flyst nýtt viðfangsefni á þennan lið, 07-981-1.13 Kjararannsóknarnefnd með 42 millj. kr. fjárheimild. Hins vegar er lagt til að 40 millj. kr. verði veittar til að standa straum af greiðslum til foreldra og forráða-

manna langveikra og fatlaðra barna. Frumvarp þessa efnis verður lagt fyrirAlþingi. Í þriðja lagi má nefna raunlækkun útgjalda Ábyrgðasjóðs launa sem nemur 190 millj. kr. milli ára. Þá er gert ráð fyrir að rekstrargjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs lækki um 1.032,6 millj. kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fjórða lagi lækka útgjöld tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga um 23 millj. kr. Að lokum má nefna útgjöld Fæðingarorlofssjóðs, en þau hækka um 250 millj. kr. Í byrjun árs 2005 tóku gildi nýjar reglur sem stefna að því að tryggja fjármögnun sjóðsins og draga úr útgjöldum. Þess er að vænta að áhrifa þessara breytinga gæti er líða tekur á yfirstandandi ár.

Af öðrum verkefnum má nefna að lagt er til 6,5 millj. kr. framlag til að bjóða meðferð þeim körlum sem beita eiginkonur sínar eða sambýliskonur ofbeldi. Einnig er tillaga um 3,2 millj. kr. tímabundið framlag til samtakanna Barnaheilla vegna þátttöku í alþjóðlegu verkefni sem miðar að því að stöðva barnaklám á netinu.

Birkir J. Jónson skrifar undir álitið með fyrirvara þar sem hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 14. nóvember 2005.

Guðjón Hjörleifsson,
Siv Friðleifsdóttir, form.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, varaform.,
Pétur H. Blöndal,
Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn getur ekki tekið undir álit meiri hlutans. Í kafla félagsmálaráðuneytisins í fjárlagafrumvarpinu eru stórir útgjaldaliðir verulega vanáætlaðir og stjórnarliðar verða sjálfir að bera ábyrgð á því. Að auki er mikil óvissa um verðlagsforsendur fjárlaga. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir 3,8% verðlagsbreytingum á næsta ári en ASÍ 4,4% sem hefði mikil áhrif á niðurstöðu fjárlaga. Minni hlutinn gerir líka alvarlegar athugasemdir við fjárhagsgrundvöll og framkvæmd fæðingarorlofslaga, en ljóst er að verið er að grafa undan þeim markmiðum sem sett voru með fæðingarorlofslögunum. Jafnfram eru gerðar athugasemdir við hvernig ýmsir veigamiklir þættir velferðarsamfélagsins eru hornreka hjá núverandi valdhöfum.

Hér verða helstu gagnrýnisatriðin rakin:

Fæðingarorlofssjóður.

Í áliti minni hluta félagsmálanefndar frá síðasta þingi um frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gagnrýnt að fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs væri verulega vanáætluð. Það hefur nú komið á daginn. Útgjöld sjóðsins voru áætluð 5.967 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir

yfirstandandi ár en minni hlutinn hélt því fram að ætla mætti að þau yrðu 6,2–6,4 milljarðar kr. Í áætlun sem nú hefur verið sett fram og ráðuneytið hefur kynnt félagsmálanefnd kemur fram að áætluð útgjöld þessa árs séu 6,7 milljarðar kr., þannig að í stefnir að þau hafi verið vanmetin um 700–800 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði 7.041 millj. kr. Tekjur sjóðsins af iðgjöldum eru áætlaðar 6.353 millj. kr. Samkvæmt útreikningum ráðuneytisins er áætlað að halli verði 688 millj. kr. og eigið fé í árslok verði neikvætt um 1.558 millj. kr. Í áætlunum ráðuneytisins er gert ráð fyrir að í árslok 2006 muni Fæðingarorlofssjóður skulda ríkissjóði 1.500–1.600 millj. kr. Á þessum vanda sjóðsins er ekki tekið í fjárlagafrumvarpinu en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu koma áhrif breytinga sem urðu á lögunum 1. janúar 2005 ekki að fullu fram fyrr en á fyrri hluta næsta árs. Boðað er að þá verði forsendur fjármögnunar sjóðsins teknar til endurskoðunar. Hér er á ferðinni enn eitt dæmi um að ekkert er að marka forsendur fjárlaga, hvorki tekju- né gjaldahliðar.

Opinberlega hefur komið fram mjög alvarleg gagnrýni á framkvæmd fæðingarorlofslaganna með breytingum sem gerðar voru 1. janúar 2005. Fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd gagnrýndu harðlega þær breytingar og töldu að þær mundu grafa undan fæðingarorlofslögunum. Það er nú allt að koma fram og fjöldi foreldra hefur fengið mun lægri greiðslur en þeir hefðu fengið áður. Breyttar viðmiðunarreglur um tekjur hafa lækkað fæðingarorlofsgreiðslurnar verulega, þannig að raungildi greiðslna sem áður var 80% af tekjum er nú komið niður í allt að 70% þar sem nú er ekki miðað við tekjur á því ári þegar barn fæðist. Ef ekkert verður að gert er ljóst að foreldrar munu í minna mæli nýta sér ákvæði fæðingarorlofslaganna því augljósir gallar á lögunum grafa undan þeim.

Ástæða er til að minna á að fram hefur komið hjá ráðherra að fæðingarorlofsgreiðslurnar ættu að halda raungildi sínu og að hann mundi ef nauðsyn krefði beita ákvæðum fæðingarorlofslaga sem kveða á um að hámarks- og lágmarksgreiðslur í fæðingarorlofi komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa og verðlags. Samkvæmt því ákvæði er félagsmálaráðherra heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnar að hækka greiðslur. Minni hlutinn krefst þess að félagsmálaráðherra standi við yfirlýsingu sína og að tryggt verði að fæðingarorlofsgreiðslur rýrni ekki ekki eins og gerst hefur á þessu ári. Áætla má að ef greiðslurnar eiga að halda raungildi sínu þurfi að bæta a.m.k. 500 millj. kr. við sjóðinn.

Minni hlutinn hefur einnig gagnrýnt að umönnunar- og lífeyrisgreiðslur falli niður við töku fæðingarorlofs, sem er afar ósanngjarnt og getur m.a. leitt til verulegs tekjutaps lífeyrisþega ef þeir taka fæðingarorlof. Þegar breytingar voru gerðar á fæðingarorlofslögunum fyrir um ári síðan kom fram hjá ráðherra að hann teldi rétt að endurskoða þetta. Við meðferð nefndarinnar á fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins kom fram hjá fulltrúum ráðuneytisins að ekki væru uppi áform um breytingar að svo stöddu. Minni hlutinn harmar mjög að ráðherrann ætli að þrjóskast við í þessu efni og hafa fæðingarorlofslögin áfram svona gölluð.

Minni hlutinn lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnvöldum ef ekkert á að gera til að sníða augljósa galla af fæðingarorlofslögunum.

Ábyrgðasjóður launa.

Minni hluti nefndarinnar varaði við því bæði á þessu ári og því síðasta að útgjöld Ábyrgðasjóðs launa væru vanáætluð verulega. Sjóðurinn er fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi sem er 0,04% af gjaldstofni. Benti minni hlutinn á það við síðustu fjárlagagerð að tvöfalda þyrfti ábyrgðargjaldið til að sjóðurinn gæti staðið undir skuldbindingum sínum og gert upp við ríkissjóð sem hann skuldaði þá meira en 600 millj. kr. Áætlað er að skuldin nemi 880 millj. kr. í lok þessa árs. Í gögnum sem félagsmálanefnd fékk frá ráðuneytinu að ósk minni

hlutans kemur fram að hallinn á yfirstandandi ári sé 363 millj. kr. og eigið fé sé neikvætt í árslok um 882 millj. kr. Þar kemur einnig fram að verði ábyrgðargjaldið óbreytt séu horfur á að halli sjóðsins haldi áfram að aukast. Ráðuneytið áætlaði að hallinn yrði um 1,1 milljarður kr. í árslok 2006 og tæpir 2,2 milljarðar kr. í árslok 2011 miðað við óbreytt gjald. Minni hlutinn hélt því fram fyrir ári að í óefni stefndi með Ábyrgðasjóð launa að óbreyttu og ítrekar þá skoðun. Að sögn mun félagsmálaráðherra leggja fram frumvarp þar sem lagt verður til að gjaldið verði hækkað úr 0,04% í 0,1% af gjaldstofni og á það að gefa sjóðnum um 600 millj. kr. á ársgrundvelli eða milli 300–400 millj. kr. meiri tekjur. Þrátt fyrir þessa hækkun er ekki gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð í rekstri sjóðsins fyrir en árið 2011.

Staða Vinnueftirlitsins.

Ljóst er að útgjöld Vinnueftirlitsins eru verulega vanáætluð, en fram kom hjá ráðuneytinu að gert sé ráð fyrir nokkrum hallarekstri í lok þessa árs. Fjármögnun Vinnueftirlitsins var breytt á sl. ári. Áður hafði stofnunin haft tekjur af tryggingjargjaldi en á þessu ári og því næsta fær hún bein framlög af fjárlögum. Á yfirstandandi ári hefði hluti Vinnueftirlitsins af tryggingargjaldi skilað stofnuninni 260 millj. kr. en hún fékk aðeins 236,5 millj. kr. í sinn hlut á fjárlögum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hún fái 234 millj. kr. en hluti hennar af tryggingargjaldi hefði verið 282 millj. kr. Á fundi félagsmálanefndar á sl. ári um frumvarp til fjárlaga fyrir þetta ár var upplýst að fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra hefðu sameiginlega ákveðið að við þessa breytingu yrðu fjárveitingar til Vinnueftirlitsins ekki skertar. Ljóst er að ráðherrarnir hafa ekki staðið við þetta loforð því samtals eru framlög til stofnunarinnar á þessu ári og því næsta skert um 72,5 millj. kr. miðað við það sem hún hefði fengið ef tekjustofninn hefði verið eins og árið 2004. Minni hlutinn gagnrýnir að ekki hafi verið staðið við þetta loforð og minnir á hve mikilvægt er að efla og treysta starfsemi Vinnueftirlitsins vegna nýrra og aukinna verkefna og almennrar kröfu um aukið vinnuverndarstarf, m.a. vegna stóriðjuframkvæmda. Stofnunin óskaði eftir um 115 millj. kr. hækkun fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2006, m.a. vegna nýrra verkefna, en einungis var fallist á innan við 2 millj. kr. af þeirri beiðni í frumvarpinu.

Starfsmenntasjóður og atvinnumál kvenna.

Á árinu 2005 var einungis varið 60 millj. kr. til starfsmenntasjóðs og hefur það framlag verið nánast óbreytt mörg undanfarin ár, þrátt fyrir sívaxandi þörf fyrir starfsþjálfun. Alls bárust starfsmenntasjóði 66 umsóknir um samtals 152 millj. kr. sem sýnir ljóslega þörfina sem mikilvægt er að uppfylla til að ófaglært fólk verði ekki undir á vinnumarkaðnum sem gerir sífellt meiri kröfur til menntunar og starfsþjálfunar. Þrátt fyrir þessa auknu þörf er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi til starfsmenntasjóðs á næsta ári. Ástæða er til að minna á að í áliti nefndar á vegum félagsmálaráðherra um stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði, sem skilaði niðurstöðu fyrir meira en ári síðan, var lögð áhersla á að gera þyrfti sérstakt átak til að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði með framlagi til starfsmenntunar. Ljóst er að við það hefur ekki verið staðið.

Á árinu 2005 bárust 146 umsóknir um styrki til atvinnumála kvenna þar sem samtals var óskað eftir um 175 millj. kr., en til úthlutunar voru 25 millj. kr. Þessi fjárhæð hefur ekki breyst í mörg ár og telur minni hlutinn það óásættanlegt. Mikilvægt er að hækka fjárhæðina og stuðla þar með að auknu frumkvöðlastarfi meðal kvenna. Reynslan er mjög góð og mörgum konum hefur verið gert kleift að koma á fót atvinnurekstri. Það er hrein skammsýni hjá stjórnvöld að auka ekki framlag til þessa verkefnis sem fjölgar störfum og skilar auknum skatttekjum til samfélagsins.

Málefni barna.

Frumvarpið felur í sér lækkun á heildarframlögum til málefna barna, sem endurspeglar vel forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar. Barnaverndarstofa gerði t.d. tillögur til ráðuneytisins um 48,5 millj. kr. viðbótarframlag, m.a. vegna nýrra verkefna, rannsókna og samstarfs við Neyðarlínu, en í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir 1 millj. kr. viðbótarframlagi til þeirra verkefna. Barnaverndarstofa telur að tilfinnanlega skorti viðhlítandi meðferðartilboð utan stofnana fyrir síbrotaunglinga, en sú meðferð beinist einkum að þeim sem stríða við andfélagslega hegðun og afbrotahneigð, en unglingar með langa sögu alvarlegra afbrota er sá hópur sem Barnaverndarstofa á erfiðast með að sinna. Minni hlutinn gagnrýnir að þessum málaflokki skuli ekki vera betur sinnt af stjórnvöldum sem sýnir ljóslega að allt tal stjórnarherranna um bætta stöðu fjölskyldunnar er ekki marktækt.

Ástæða er líka til að nefna að tilvísunum til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur fjölgað verulega, m.a. vegna einhverfu. Biðlistar hafa því lengst. 262 börn voru á biðlista í september 2004 en voru 325 nú í nóvember 2005. Aukning á mannafla stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum fyrir 2004 og 2005 svarar til tæplega fjögurra stöðugilda en þörf er fyrir tólf stöðugildi. Miðað við fjárlagafrumvarpið vantar enn fimm stöðugildi til að ná biðlistum niður. Mikilvægt er að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hafi viðunandi mannafla því afar mikilvægt er fyrir þroskamöguleika barna að aðstæður þeirra séu kannaðar eins fljótt og mögulegt er eftir að tilvísun hefur borist þannig að barnið fái frumgreiningu sem fyrst. Minni hlutinn leggur því áherslu á að málefnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins þurfi að sinna betur en raun ber vitni.

Niðurstaða.

Af framansögðu er ljóst að um verulegar vanáætlanir er að ræða í fjárlagakafla félagsmálaráðuneytisins, auk þess sem minni hlutinn gerir alvarlegar athugsemdir við hvernig ýmsir veigamiklir þættir velferðarsamfélagsins eru hornreka hjá núverandi valdhöfum. Þar er ekki síst vísað til þess hvernig verið er að grafa undir fæðingarorlofi og skerða það verulega miðað við upphafleg áform. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á þessu til stjórnarflokkanna.

Alþingi, 16. nóvember 2005.

Jóhanna Sigurðardóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Valdimar L. Friðriksson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Davíð Á. Gunnarsson, Svanhvít Jakobsdóttir og Hrönn Ottósdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Magnús Pétursson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Guðmundur Einarsson og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslunni í Reykjavík og Jóhann Árnason, Sveinn H. Skúlason og Júlíus Rafnsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu kemur fram að heildarútgjöld ráðuneytisins verði 129.690 millj. kr. og að gjöld umfram sértekjur verði 125.941 millj. kr. Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 6.813,5 millj. kr. milli áranna 2005 og 2006, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu að fjárhæð 526,4 millj. kr. og niðurfellingar á tímabundnum fjárveitingum að fjárhæð 439,5 millj. kr. Launa- og verðlagsbætur nema 4.713 millj. kr. af hækkuninni og þannig nemur raunaukning útgjalda 2.100,2 millj. kr., eða 1,7%.

Framlög til tryggingamála hækka samtals um 1.526,3 millj. kr. milli áranna 2005 og 2006 að teknu tilliti til hagræðingarkröfu á málaflokkinn en án launabóta og þar af er hækkun vegna fjölgunar bótaþega lífeyristrygginga 1.094 millj. kr. Framlög til sjúkrahúsa, sjúkrastofnana og sjúkrasviða heilbrigðisstofnana hækka að raunvirði samtals um 369,5 millj. kr. milli áranna 2005 og 2006.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Landspítala – háskólasjúkrahús, að frádregnum sértekjum, nemi um 28.049 millj. kr. sem jafngildir um 261 millj. kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin m.a. af framlagi til að styrkja rekstrargrunn, aukinni og nýrri þjónustu, kostnaði í tengslum við fjölgun sjúklinga með illkynja sjúkdóma, eflingu þjónustu við geðfatlaða og sjúklinga sem stríða við átröskun og af aukinni tannlæknaþjónustu.

Á fundi með nefndinni lögðu stjórnendur sjúkrahússins m.a. áherslu á þann vanda sem snýr að rekstri þess vegna vistunarmála aldraðra og yngri fatlaðra einstaklinga. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka afköst sjúkrahússins með því að stytta legutíma sjúklinga og fækka sjúkrarúmum og rekstrareiningum og hefur nýting bráðasjúkrarúma sums staðar farið yfir 100%. Var upplýst að skurðaðgerðir hefðu verið felldar niður vegna þess að ekki hefði verið unnt að útskrifa sjúklinga sem áttu ekki í önnur hús að venda. Dvelja nú ríflega 100 sjúklingar á sjúkrahúsinu sem lokið hafa sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð.

Fyrsti minni hluti telur að brýnt sé að tryggja viðeigandi úrræði fyrir þessa hópa þar sem þeir fá umönnun og hjúkrun við hæfi. Telur 1. minni hluti að lausnin geti að hluta til falist í því að styrkja heimaþjónustu og auka hvíldarinnlagnir en að jafnframt þurfi að fjölga vist-

rýmum á höfuðborgarsvæðinu bæði fyrir aldraða og yngri hjúkrunarsjúklinga sem þurfa vistun sem hæfir þeim sérstaklega.

Fram kom að tekist hefði að halda rekstrarkostnaði óbreyttum og fækka sjúkrarúmum vegna þess að göngu- og dagdeildir hefðu verið efldar. Tekur 1. minni hluti undir áherslur stjórnar spítalans um að styrkja þurfi enn frekar rekstur þessara deilda til þess að viðhalda þeirri þjónustu sem þar er veitt og auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri spítalans.

Þá fagnar 1. minni hluti þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið um byggingu nýs Landspítala og telur að miklir möguleikar á enn betri þjónustu og hagræðingu skapist við byggingu hans. Jafnframt leggur 1. minni hluti áherslu á að spítalinn þurfi að rækja starf sitt þar til nýr verður tekinn í notkun og að nauðsynlegt sé að tryggja að aðstaða sjúklinga og starfsfólks sé viðunandi og að spítalanum verði tryggt nauðsynlegt húsnæði til tímabundinna afnota á byggingartíma nýja spítalans.

Þá tekur 1. minni hluti undir þá afstöðu stjórnenda spítalans að huga þurfi að því að taka tillit til þess í fjárlögum til spítalans að þar njóta um og yfir 500 nemendur menntunar árlega og jafnvel þurfi að endurskilgreina sameiginleg störf og skoða kostnað spítalans við mennta- og rannsóknastarfið.

Rafræn sjúkraskrá.

Fyrsti minni hluti áréttar enn og aftur mikilvægi þess að ráðist verði af fullum krafti í að byggja upp heilbrigðisnet og innleiða rafræna samtengda sjúkraskrá í heilbrigðisþjónustunni. 1. minni hluti fagnar því að ætlaðar eru 75 millj. kr. til þess að innleiða rafræna lyfseðla og bólusetningarskrár en ítrekar enn á ný afstöðu sína til þessa brýna máls, áréttar fyrri áherslur sínar og þörfina fyrir stærri skref í þessum efnum. Í áliti nefndarinnar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 var lögð áhersla á að taka þyrfti markviss skref til innleiðingar rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, og að gera þyrfti kostnaðarmat og framkvæmdaáætlun um verkið án frekari tafa. Benti nefndin þá á að auk hagræðisins af slíku kerfi mundi það tryggja öryggi ásamt betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka alla skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni. Var áætlað að þessi fjárfesting næmi tæpum tveimur milljörðum kr. en að fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu gæti numið allt að 850 millj. kr. á ári. Gestir á fundum nefndarinnar lögðu þessar sömu áherslur á málið, bentu á að rafrænt upplýsingaflæði í heilbrigðisþjónustunni stæði langt að baki því sem tíðkast í viðskiptum og framleiðslu og að í öllum nálægum löndum væri litið á þetta sem forgangsmál. Það þarf líka að gera hér á landi.

Tryggingastofnun ríkisins og fjölgun bótaþega.

Stjórnendur Tryggingastofnunar ríkisins lögðu á fundi með nefndinni áherslu á að stofnuninni þyrfti að skapa svigrúm til endurskipulagningar. Henni hafi á liðnum árum verið gert að taka að sér fjölmörg ný verkefni, tilkoma úrskurðarnefndar almannatrygginga, sem hafi bætt stjórnsýsluna, krefjist aukins vinnuframlags, fjölþættari rekstur flæki stjórnun og samþættingu í rekstri og samhliða hafi viðskiptavinum stofnunarinnar fjölgað. Af hálfu stofnunarinnar er lögð áhersla á að henni þurfi að gera betur kleift að hagnýta allar þær upplýsingar sem eru til staðar hjá stofnuninni með auknu fjármagni til viðhalds, til samþættingar og úrvinnslu gagna úr upplýsingakerfum og til að bæta þjónustu og auðvelda samskipti viðskiptavina við stofnunina með því að tengja saman ýmsa aðila innan heilbrigðiskerfisins. Sjálfvirk útgáfa afsláttarskírteina og rafræn skilríki í samvinnu við skattyfirvöld eru meðal þeirra möguleika á bættri þjónustu og skilvirkari samskiptum sem Tryggingastofnun bendir á.

Fyrsti minni hluti tekur undir að nauðsynlegt er að auka möguleika stofnunarinnar á að hagnýta upplýsingarnar sem hún býr yfir og auka þannig enn frekar möguleika hennar til að greina almannatryggingakerfið.

Nefndin hefur í fyrri álitum sínum undanfarin ár lagt áherslu á mikilvægi þess að greina ástæður mikillar fjölgunar bótaþega og að huga þurfi sérstaklega að því hvort um kerfislægan vanda geti verið að ræða, sérstaklega hvað varðar samspil lægstu launa, atvinnuleysisbóta, bóta félagslegrar aðstoðar og lífeyrisgreiðslna. Í nýrri skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, um ástæður fjölgunar öryrkja kemur m.a. fram að því lægri sem lægstu laun og atvinnuleysistryggingabætur eru, því meiri hvata hafi fólk sem af einhverjum ástæðum hefur þegið félagslegar bætur eða verið atvinnulaust til þess að sækja um örorkubætur. Auk annars er í skýrslunni lögð áhersla á mikilvægi þess að leitað sé allra leiða til að aðstoða öryrkja að fóta sig á almennum vinnumarkaði á nýjan leik. 1. minni hluti tekur undir mikilvægi þessa og leggur til samræmis við það áherslu á að hluta þeirra 50 millj. kr. sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að fari til aukins eftirlits með greiðslum bóta almannatrygginga verði varið til eflingar starfsendurhæfingar öryrkja. Frumvarpið gerði ráð fyrir að felldur yrði niður svokallaður bensínstyrkur aldraðra og öryrkja til að mæta 226,4 millj. kr. af hagræðingarkröfu á heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti. Því sem eftir var af þeim 720 millj. kr. sem ætlaðar voru í bensínstyrk átti að verja til aukinnar starfsendurhæfingar, eða 100 millj. kr., og til þess að hækka tekjutryggingarauka, eða 400 millj. kr. Þar sem ákveðið hefur verið að falla frá því að fella niður bensínstyrkinn ganga þessar breytingar til baka og því er ekki lengur gert ráð fyrir þeim 100 millj. kr. sem í frumvarpinu voru ætlaðar til að fjölga úrræðum í starfsendurhæfingu. Því leggur 1. minni hluti til fyrrgreinda ráðstöfun 50 millj. kr. sem frumvarpið gerir ráð fyrir til aukins eftirlits með greiðslum bóta almannatrygginga. Helmingur fyrirhugaðs framlags til starfsendurhæfingar stendur þá áfram út af borðinu að ógleymdum 400 millj. kr. af áætluðum framlögum til greiðslu bensínstyrksins, sem ætlaðar voru til að hækka tekjutryggingarauka þeirra lífeyrisþega sem minnstar tekjur hafa og engar aðrar tekjur en frá Tryggingastofnun. Það verður þó að taka fram að ekki liggur fyrir útfærsla ráðuneytisins á hagræðingarkröfunni þar sem fallið hefur verið frá því að fella niður bensínstyrkinn. Sú útfærsla mun liggja fyrir við aðra umræðu fjárlaga. Því verður að skoða allar tölur í því ljósi.

Efling heilsugæslunnar.

Nefndin hefur í fyrri álitum sínum lagt mikla áherslu á eflingu heilsugæslunnar og mikilvægi þess að hún geti sinnt hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. 1. minni hluti fagnar því að í frumvarpinu skuli vera gert ráð fyrir að framlög til heilsugæslunnar hækki um samtals 146,9 millj. kr. sem m.a. eru ætlaðar til reksturs tveggja nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, aukinnar heimahjúkrunar, eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og til að koma á nýjum stöðum heilsugæslulækna við Heilbrigðisstofnun Suðurlands og á Egilsstöðum Jafnframt fagnar 1. minni hluti þeim nýjungum í geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar sem kynntar hafa verið, svo sem geðteymum sem annast eiga eftirfylgni með geðsjúklingum, heimahjúkrun og þjónustu barna og unglinga. Þessar nýjungar falla að þeim áherslum sem 1. minni hluti hefur áður lagt á bætt úrræði vegna sálfélagslegra vandamála í öllum aldurshópum og á þverfaglegt starf heilbrigðisstarfsmanna innan heilsugæslunnar.

Þá hefur 1. minni hluti miklar væntingar til fyrirhugaðrar aukinnar samvinnu heimahjúkrunar heilsugæslu og félagsþjónustu Reykjavíkurborgar, sameiginlegs öryggissíma og efldrar

kvöld- og helgarþjónustu og telur að þetta leiði til áframhaldandi bættrar þjónustu og frekari hagræðingar.

Öldrunarþjónusta.

Framlög til öldrunarþjónustu hækka um 337,5 millj. kr. milli áranna 2005 og 2006 og deilast á ýmis verkefni sem öll eru þörf efling á þjónustu við aldraða og fjölga hjúkrunar- og dagvistarrýmum. 1. minni hluti ítrekar stuðning við þá sameiginlegu stefnu stjórnvalda og samtaka aldraðra að öldruðum verði gert kleift að búa heima eins lengi og kostur er með þeim stuðningi sem þarf. Framlög til eflingar heimahjúkrunar hafa til samræmis við þessa stefnu verið aukin um 50 millj. kr. á ári sl. þrjú ár og enn eru framlögin aukin. Leggur 1. minni hluti jafnframt áherslu á enn frekari eflingu úrræða eins og hvíldarinnlagnir og heimahjúkrun í góðri samvinnu við félagslega heimaþjónustu. 1. minni hluti áréttar þó jafnframt þörfina á að fjölga dagvistar- og hjúkrunarrýmum þar sem framboðið er minnst miðað við fjölda aldraðra, þ.e. í Reykjavík og á Reykjanesi.

Í nýrri stjórnsýsluúttekt ríkisendurskoðunar á þjónustu við aldraða er að finna gagnlegar upplýsingar og samanburð milli landshluta og við önnur lönd, ásamt ábendingum og tillögum um hvernig bæta megi þjónustu við aldraða. Meðal þess sem bent er á er að gera þurfi er að leiðrétta misvægi framboðs hjúkrunar- og dagvistarrýma milli landshluta og fjölga þeim þar sem þörfin er mest, samræma magn og umfang heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélaganna, gera samræmdar kröfur um lágmarksþjónustu öldrunarheimila, samræma og styrkja störf þjónustuhópa aldraðra sem annast vistunarmat og skoða betur kostnaðarforsendur daggjalda og tengja mönnunarforsendum. Forsvarsmenn Félags forstöðumanna öldrunarstofnana fjölluðu sérstaklega um forsendur daggjalda á fundum með nefndinni og kváðu daggjöldin eftir hækkunina ekki fjarri rekstrarkostnaði en sögðu jafnframt að rekstrargrunnurinn væri vanmetinn.

Fyrsti minni hluti hvetur eindregið til að kostnaðargrunni daggjalda verði gefinn sérstakur gaumur og að farið verði ofan í allar ábendingar og tillögur skýrslunnar með það að markmiði að bæta og samræma þjónustu við aldraða.

Alþingi, 14. nóv. 2005.

Jónína Bjartmarz,
Ásta Möller,
Siv Friðleifsdóttir,
Gunnar Örlygsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Annar minni hluti vill taka fram að enn hafa nefndarmenn ekki fengið svör við öllum þeim spurningum sem lagðar voru fram við umfjöllun um fjárlagafrumvarpið. Það er miður að vinnubrögð nefndarinnar séu með þeim hætti að í byrjun þings falli fundir ítrekað niður en síðan falli nefndin á tíma þegar loksins kemur að umfjöllun um fjárlagafrumvarpið sem hófst ekki fyrr en 4. nóvember sl. Jafnframt vill 2. minni hluti hvetja til nýrra vinnuaðferða við fjárlagagerðina og meðferð á umsóknum einstaklinga og stofnana um styrki til starfsemi sinnar. Það vinnulag sem nú er viðhaft með óskum um viðtöl er bæði gamaldags og úrelt.

Málefni aldraðra og heilabilaðra.

Annar minni hluti vill minna á alvarlega stöðu aldraðra sem búa við það að kaupmáttur ráðstöfunartekna þeirra hefur minnkað þar sem skattleysismörk hafa hvorki fylgt verðlagsþróun né launahækkunum. Kjör þeirra lífeyrisþega sem minnst hafa, svo sem þeirra sem lifa á almannatryggingagreiðslum eingöngu, verður að bæta. Þriðji hver ellilífeyrisþegi lifir eingöngu á 110.000 kr. á mánuði eða minna.

Annar minni hluti telur að stórátak þurfi til að bæta aðbúnað og aðstæður eldri borgara. Á fjórða hundrað einstaklinga er í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og þörfum þeirra þarf að mæta sem fyrst. Þá vill 2. minni hluti minna á brýna nauðsyn úrbóta í málum hjúkrunarsjúklinga undir 67 ára aldri, svo sem heilabilaðra, sem ekki fá hjúkrunarrými við hæfi.

Annar minni hluti hvetur heilbrigðisráðuneytið til að endurskoða daggjaldakerfið þar sem rúmlega helmingur allra öldrunarstofnana í landinu er rekinn með halla. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að skoða þurfi betur kostnaðarforsendur daggjaldanna og að hið svokallaða RAI-mat sé ekki tengt við mönnunarforsendur og aðra þætti. Fulltrúar Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu sögðu á fundi heilbrigðis- og tryggingnefndar að þessar stofnanir væru búnar með kjötið og komnar að beini í sparnaði.

Mikilvægt er að fjölgað verði valkostum og úrræðum fyrir aldraða, svo sem með aukinni heimilishjálp, dagvistun og hvíldarinnlögnum, svo að komast megi hjá innlögnum á hjúkrunarheimili eða dýrari vistun. Í fjárlagafrumvarpinu er einungis gert ráð fyrir um 20 millj. kr. til aukinnar heimahjúkrunar og það er ekki vísbending um að slík þjónusta sé í forgangi hjá ríkisstjórnarflokkunum.

Rafræn sjúkraskrá og bensínstyrkur hreyfihamlaðra.

Annar minni hluti telur löngu tímbært að tryggja nægjanlegt fjármagn í gerð rafrænnar sjúkraskrár. Ljóst er að rafræn sjúkraskrá er eitt mesta hagsmunamál sjúklinga og starfsfólks í heilbrigðiskerfinu. Hún stuðlar að öryggi og eykur upplýsingaflæði ásamt því að draga úr tvíverknaði og auka skilvirkni. Því er nauðsynlegt að strax verði gerð áætlun um verkefnið, bæði hvað varðar kostnað og tímaramma. 2. minni hluti saknar áætlunar um þetta þarfa mál.

Annar minni hluti fagnar fyrirhuguðum áformum um að hætta við að skerða bensínstyrk hreyfihamlaðra en bendir á að enn hafa ekki fengist upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um hvar það hyggst mæta svokallaðri hagræðingarkröfu.

Heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður.

Annar minni hluti telur að efla eigi heilsugæsluna og telur hagkvæmast og skynsamlegast að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Svo að það megi verða þarf að gera átak í málefnum heilsugæslunnar og styrkja starfsemi hennar með fleiri starfsstéttum, svo sem félagsfræðingum, auka þverfaglega vinnu og forvarnastarf og sömuleiðis samvinnu heilsugæslu og annarra stofnana innan velferðarkerfisins. Mikilvægt er að unglingamóttökur fái aukið svigrúm, því þar sem það hefur verið, svo sem á Akureyri og Hafnarfirði, hefur starfsemin gengið afar vel og haft mikið forvarnagildi. En fjármagn þarf að fylgja slíkum nýmælum.

Auk þess sem sálfræðingar og félagsráðgjafar þurfa að verða hluti af heilsugæslunni er mikilvægt að Tryggingastofnun semji við þessar stéttir um greiðsluþátttöku eins og heimild er fyrir í lögum. Slíkt gæti borgað sig á skömmum tíma, t.d. með minnkandi lyfjaneyslu, en þrátt fyrir lagaheimild og viðurkennda þörf hefur fé ekki fengist til þessa þáttar.

Annar minni hluti minnir á að enn eru nokkur þúsund manns án heimilislæknis á höfuðborgarsvæðinu og brýnt er að leysa þann vanda.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Annar minni hluti hvetur til að skoðað verði vandlega hvort ekki eigi að stofna gjörgæsludeild eða hágæsludeild inni á Barnaspítala Hringsins. Komið hefur í ljós að vegalengdin á milli barnaspítalans og gjörgæsludeildar inni á Landspítala getur verið of löng í bráðatilvikum.

Annar minni hluti hvetur til að svokallaður fráflæðisvandi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi verði leystur sem fyrst. Það er engin skynsemi í því að hafa allt að 100 manns á hátæknisjúkrahúsi sem væri betur sinnt á öðrum stofnunum og það væri mun ódýrara fyrir íslenska skattgreiðendur. Skurðaðgerðir eru ítrekað felldar niður vegna þess að sjúklingar sem eru útskriftarhæfir eiga ekki í önnur hús að venda.

Annar minni hluti vill efla göngu- og dagdeildir Landspítalans og greina kostnað við kennslu heilbrigðisstétta inni á spítalanum þannig að öllum sé kunnugt um hversu stór hluti hann er af kostnaði við rekstur spítalans.

Önnur heilbrigðisþjónusta.

Annar minni hluti leggur áherslu á að tryggja þurfi nægjanlegt fé á næsta ári í tæknifrjóvganir til að mæta þörf fyrir slíka þjónustu. Sömuleiðis eru vaxandi biðlistar á Reykjalundi eftir offituaðgerðum og við þeim þarf að bregðast. 2. minni hluti vill einnig ítreka mikilvægi öflugrar heilsugæslu úti á landi og telur að vel þurfi að standa að málefnum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Annar minni hluti hvetur til þess að þjónustuþörf geðsjúkra verði mætt og að eftirfylgni verði fullnægjandi og minnir á að um 70–100 einstaklingar með geðrænan vanda eru taldir heimilislausir.

Að lokum vill 2. minni hluti áskilja sér fullan rétt til að benda á fleiri atriði sem betur mættu fara þegar kemur að skiptingu opinbers fjár.

Alþingi, 14. nóv. 2005.

Ágúst Ólafur Ágústsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Þuríður Backman.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október 2005.

Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Odd Einarsson, Unni Gunnarsdóttur og Bergþór Ólason frá samgönguráðuneyti og gerðu þau grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Að auki komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri ásamt Kristjáni Vigfússyni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingamálastofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefnum Flugmálastofnunar og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri til að ræða þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Nefndin tekur undir athugasemdir vegamálastjóra varðandi skiptingu á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar en ýmislegt sem fellt er undir liðinn Almennur rekstur heyrir í raun undir liðinn viðhald og þjónusta. Þá tekur nefndin undir athugasemdir hans er varða Umferðarstofu og stöðu hennar í frumvarpinu.

Nefndin vekur athygli á stöðu mála í flugstöðinni á Egilsstaðaflugvelli og aðstöðu til vega-bréfa- og tollskoðunar við Seyðisfjarðarhöfn en þar er aðstaða óviðunandi. Nefndin leggur áherslu á að úr þessu verði bætt.

Tvö erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Nefndin telur rétt að vísa þessum erindum aftur til fjárlaganefndar og gerir athugasemd við að erindi frá Skáleyjaferðum sé undir þessum lið.

Nefndin leggur til skiptingu á safnliðnum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, sem sjá má á meðfylgjandi blaði.

Nefndin leggur einnig til skiptingu á lið 10-190-1.90, Ýmislegt, sbr. lista á meðfylgjandi blaði.

Nefndin gerir tillögu um að af liðnum 10-190-1.98, færist 4 millj. kr. yfir á liðinn 10-190-1.90.

Guðmundur Hallvarðsson formaður og Magnús Stefánsson skrifa undir álitið með fyrirvara þar sem þeir sitja í fjárlaganefnd.

Kristján L. Möller, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 11. nóv. 2005.

Guðmundur Hallvarðsson, form., með fyrirvara,
Hjálmar Árnason,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara,
Guðjón Hjörleifsson,
Kristján L. Möller, með fyrirvara,
Sigurrós Þorgrímsdóttir,
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara,
Magnús Stefánsson, með fyrirvara,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 7. október 2005.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2006 eru áætluð 4.897 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 802 millj. kr. en þær nema 16,4% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Helstu breytingar á milli ára eru að rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 135 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 30 millj. kr. tímabundið framlag til olíuleitar, 20 millj. kr. vegna byggðaáætlunar og 12,5 millj. kr. vegna innleiðingar vatnatilskipunar ESB.

Framlag til neyslu og rekstrartilfærslna hækkar um 217 millj. kr. Þyngst vegur 120 millj. kr. hækkun til Tækniþróunarsjóðs og 100 millj. kr. hækkun framlaga til niðurgreiðslna rafhitunarkostnaðar.

Iðnaðarnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að óvissu um starfsemi Byggðastofnunar verði eytt. Byggðastofnun hefur gegnt mikilvægu hlutverki í byggðastefnu stjórnvalda og mikilvægt er að því hlutverki verði sinnt áfram.

Nefndin telur brýnt að fylgst verði með þróun nýrra raforkulaga og mikilvægt að úttekt verði gerð á áhrifum lagabreytinga á kaupendur og einstök landsvæði.

Iðnaðarnefnd fagnar sérstaklega vel heppnuðum endurgreiðslum til kvikmyndagerðar hér á landi. Ljóst er að íslenskur kvikmyndaiðnaður hefur eflst gríðarlega í kjölfar aðgerðanna. Jafnframt hafa einstök landsvæði og ferðaþjónustan notið sérstaklega aukinna umsvifa erlendra aðila í kvikmyndagerð hér á landi.

Fimm erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Nefndin leggur til að Fagráð textíliðnaðarins fái 4 millj. kr. framlag. Öðrum erindum vísar nefndin aftur til fjárlaganefndar.

Birkir J. Jónsson, formaður, Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður, Helgi Hjörvar og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara þar sem þau sitja í fjárlaganefnd.

Sigurður Kári Kristjánsson, Jóhann Ársælsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 11. nóv. 2005.

Birkir J. Jónsson, form., með fyrirvara,
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara,
Kjartan Ólafsson,
Helgi Hjörvar, með fyrirvara,
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara,
Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara,
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara,
Gunnar Örlygsson,
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal XVI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar til nefndarinnar dags. 7. október 2005. Nefndin fékk til sín á fund fulltrúa umhverfisráðuneytisins, Hrafnhildi Þorvaldsdóttur. Hún fjallaði um þann hluta frumvarpsins sem varðar umhverfisnefnd og svaraði spurningum nefndarmanna.

Heildargjöld umhverfisráðuneytisins á árinu 2006 eru áætluð 5.032 millj. kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 595 millj. kr. Gjöld umfram tekjur eru því 4.438 millj. kr.

Heildarfjárveiting til ráðuneytisins hækkar um 72,8 millj. kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mest um nýtt viðfangsefni 1.36

Rannsóknir og útrýming á mink en tillaga er gerð um 45 millj. kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár til útrýmingar á mink á þremur afmörkuðum landsvæðum. Einnig er gerð tillaga um 15 millj. kr. fjárveitingu vegna skráningar- og viðskiptakerfis með heimildir Íslands til útstreymis gróðurhúsalofttegunda til samræmis við ákvæði Kyoto-bókunarinnar sem kallar á eflingu starfs Íslands að loftslagsmálum á ýmsum sviðum.

Í málefnaflokknum umhverfisvernd lækkar heildarfjárveiting um 223 millj. kr að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þar munar mest um 285 millj. kr. lækkun hjá Úrvinnslusjóði vegna frestunar á álagningu úrvinnslugjalds. Starfsemi sjóðsins hefur farið hægar af stað en ráð var fyrir gert og ítrekað hefur orðið að fresta álagningu gjaldsins á nokkra vöruflokka. Þess má geta að samkvæmt frumvarpi ráðherra sem lagt var fram nú í haust er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða. Lagt er til í frumvarpinu að gjaldið verði lækkað úr 30 kr./kg í 20 kr./kg. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má reikna með að tekjur af úrvinnslugjaldi hjólbarða lækki um 72 millj. kr. á ársgrundvelli. Þá má nefna 65 millj. kr. hækkun á skilagjaldi og umsýsluþóknun sem rennur til Endurvinnslunnar hf.

Samkvæmt frumvarpinu hækkar fjárveiting til Umhverfisstofnunar um 14 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Þannig verði 9 millj. kr. varið til að koma upp heilsársgestastofu í Mývatnssveit. Auk þess er gerð tillaga um 8 millj. kr. fjárveitingu til styrkingar fjárhagsgrunns þjóðgarðanna í Jökulsárgljúfrum og á Snæfellsnesi til að halda uppi nauðsynlegri þjónustu á svæðunum. Tvö tímabundin framlög falla niður: 6 millj. kr. framlag til að útbúa verndaráætlun fyrir Mývatn og 4 millj. kr. framlag vegna stækkunar þjóðgarðsins á Snæfellsnesi.

Heildarframlag til skipulagsmála lækkar um 70,1 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mest um 101 millj. kr. lækkun Ofanflóðasjóðs, en framlag til framkvæmda lækkar tímabundið til að mæta markmiðum um aðhald í ríkisfjármálum. Þá hækkar framlag til skipulagsmála sveitarfélaga um 20 millj. kr.

Heildarfjárveiting til rannsókna lækkar um 14,5 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Tímabundnar fjárveitingar sem falla niður nema 62,5 millj.kr., en gerð er tillaga um 54,4 millj. kr. til nýrra verkefna. Lagt er til að fjárveiting til Náttúrufræðistofnunar hækki um 33,8 millj. kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Framlag til náttúrustofa lækkar að grunngildi um 35 millj. kr. og skýrist lækkunin af því að niður fellur 5 millj. kr. tímabundið framlag sem veitt var til hverrar stofu á fjárlögum 2005. Samkvæmt frumvarpinu hækkar fjárveiting til Veðurstofu Íslands um 11,6 millj. kr. frá fjárlögum 2005 en að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum lækkar fjárveitingin um 14,5 millj. kr. Tvö tímabundin framlög falla niður; 15 millj. kr. til kaupa á búnaði til móttöku fjarkönnunargagna í tengslum við samstarf við Veðurathugunarstofnun Evrópu og 5 millj. kr. framlag frá fjárlögum 2003 til kaupa og uppsetningar á vindmælum á mönnuðum veðurathugunarstöðvum.

Hvað varðar skiptingu safnliða telur nefndin eðlilegast að verkefni ORION-ráðgjafar heyri undir Ofanfljóðasjóð, að erindi Félags meindýraeyða falli undir svið menntamála og að erindi Reynis Bergsveinssonar (þróun á minkasíum) falli undir þá fjárveitingu sem gerð er tillaga um í fjárlagafrumvarpinu á viðfangsefni 14-140-1.36 Rannsóknir og útrýming á mink.

Umhverfisnefnd leggur áherslu á að fé þurfi að veita til gerðar náttúrufarskorta. Á umhverfisþingi árið 2003 kom fram að eitt brýnasta verkefnið á sviði umhverfisverndar væri að vinna að kortagerð. Slík kort eru m.a. forsenda faglegra vinnubragða við umhverfismat, gerð skipulagsáætlana og framkvæmd umhverfislöggjafar. Þessi áhersla nefndarinnar hefur komið fram í áliti nefndarinnar sl. tvö ár. Í þessu skyni leggur nefndin til að 1,8 þeirra 7,3 millj. kr.

sem gert er ráð fyrir samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 að verði veittar til ýmissa verkefna, verði ráðstafað til þessa verkefnis.

Alþingi, 14. nóvember 2005

Guðlaugur Þór Þórðarson, form.,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir,
Kristinn H. Gunnarsson, varaform.,
Ásta Möller,
Mörður Árnason,
Kjartan Ólafsson,
Sigurrós Þorgrímsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir.

Fylgiskjal XVII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn gerir alvarlega athugasemd við vinnutilhögun umhverfisnefndar þetta árið. Það hefur verið til siðs að kalla forstöðumenn helstu stofnana umhverfisráðuneytisins fyrir nefndina til að svara spurningum um helstu verkefni stofnananna og fjárhagsstöðu þeirra. Á þeim fundi þegar fjárlagafrumvarpið var tekið til umfjöllunar óskaði minni hlutinn eftir því að forstöðumenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands yrðu kallaðir fyrir nefndina. Við því var orðið, enda talið að frestur sá sem fjárlaganefnd gaf nefndinni til umfjöllunar um málið fengist framlengdur um einn dag. Þegar fundarboð barst til nefndarmanna seint 11. nóvember var ljóst að einungis forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands hefði verið boðaður á fund mánudagsmorguninn 14. nóvember og þá var ljóst að ekki ynnist tími til að óska skriflegra umsagna frá forstjórunum. Ekki bárust fullnægjandi svör frá formanni nefndarinnar við umkvörtunum minni hlutans. Af þessum sökum má ljóst vera að nefndarmenn höfðu ekki nauðsynlegar forsendur til að mynda sér skoðanir á helstu liðum fjárlagafrumvarpsins, svo sem venja hefur verið og hlýtur álit nefndarinnar því að vera nokkuð langt frá því sem verið gæti.

Hvað varðar stöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands, þá kom fram í máli forstjóra hennar Jóns Gunnars Ottóssonar að í frumvarpinu væri loksins orðið við beiðni stofnunarinnar um lækkaða sértekjukröfu. Þannig væri hún færð niður um 25 millj. kr. í rúmlega 108 millj. kr. Það er þó 18 millj. kr. of há upphæð ef miðað er við áætlun stofnunarinnar. Það er mat minni hluta umhverfisnefndar að þurft hefði að stíga skrefið til fulls og lækka sértekjukröfuna niður í 90 millj. kr., enda má gera ráð fyrir að áætlanir stofnunarinnar séu nokkuð nákvæmar. Þá er forstjóri afar sáttur við framlag það er stofnunin fær samkvæmt frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005, en þar er gert ráð fyrir að 39 millj. kr. hali, sem stofnunin hefur safnað undanfarin ár,

verði þurrkaður út. Minni hlutinn fagnar því að gripið skuli til þessara aðgerða, enda stofnunin búin að hagræða meira en góðu hófi gegnir í rekstri sínum, svo mikið hefur aðhaldið verið að það var farið að bitna á lögboðnum verkefnum stofnunarinnar. Minni hlutinn gerir við það athugasemd að stofnunin skuli ekki fá fjárveitingu til gerðar náttúrufarskorta, en í fyrra fékk hún 7,5 millj. kr. til verkefnisins. Tekur minni hlutinn undir kröfur meiri hlutans sem fram koma í áliti hans til fjárlaganefndar. Loks telur minni hlutinn ámælisvert að nefnd sem ætlað er að vinna að frumvarpi til nýrra laga um Náttúruminjasafn skuli ekki hafa komið saman í tvö ár og að ekki skuli gert ráð fyrir framlagi til endurnýjaðs Náttúruminjasafns í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið.

Hvað varðar afgreiðslu safnliða vill minni hlutinn árétta það sjónarmið, sem hann gerði grein fyrir í áliti sínu til fjárlaganefndar á síðasta ári, þess efnis að hann telji rétt að koma styrkveitingum Alþingis í formlegan farveg í fagráðuneytunum, þar sem stofnaðir yrðu sjóðir með faglega yfirstjórn, sem auglýstu eftir styrkjum einu sinni til tvisvar á ári. Slíkir sjóðir störfuðu eftir ákveðnum reglum um úthlutanir og auglýsingar styrkja. Þannig yrði eftir föngum reynt að tryggja að öllum væri ljóst fyrirkomulag slíkra styrkveitinga og allir ættu því jafnan aðgang og jafna möguleika. Þá telur minni hlutinn einnig að koma þurfi fjárveitingum til frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndar í fastari skorður en nú er. Hvatt er til þess að samstarf ráðuneytisins og samtaka af þessu tagi verði tekið til skoðunar og tryggt að með það fari samkvæmt ákvæðum og hugmyndafræði Árósasamningsins.

Minni hlutinn telur mjög miður að ekki skuli hafa reynst mögulegt að skoða nánar fjárveitingar á sviði umhverfisráðuneytisins en hér er gert. Það sem upp á vantar verður að bíða munnlegrar greinargerðar við 2. og 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

Alþingi, 14. nóvember 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir.

396. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.04 Alþjóðasamstarf	67,3	15,0	82,3
b. 1.07 Sérverkefni	27,4	3,0	30,4
c. 6.01 Tæki og búnaður	49,1	3,5	52,6
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit			
6.50 Nýbygging	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*
3. Við **00-610 Umboðsmaður Alþingis**			
1.01 Umboðsmaður Alþingis	90,1	6,0	96,1
4. Við **00-620 Ríkisendurskoðun**			
Sértekjur	-31,1	11,0	-20,1
5. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.20 Jafnréttissjóður	0,0	10,0	10,0
b. 1.23 Hrafnseyri	4,9	1,0	5,9
6. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	6.468,0	1,2	6.469,2
Greitt úr ríkissjóði	*4.816,1*	*1,2*	*4.817,3*
7. Við **02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands**			
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands	138,9	10,0	148,9
8. Við **02-236 Rannsóknasjóður**			
1.10 Rannsóknasjóður	560,0	-10,0	550,0
9. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.91 Háskólar, óskipt	94,6	-31,1	63,5
10. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	11,5	2,0	13,5
b. 1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	4,0	1,0	5,0
c. 1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	0,0	18,0	18,0
d. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	100,2	1,0	101,2
11. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	66,1	100,0	166,1
12. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.450,0	27,0	4.477,0
13. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.10 Byggða- og minjasöfn	15,9	25,0	40,9
b. 5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	55,0	15,0	70,0
14. Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	142,1	4,0	146,1

15. Við **02-909 Blindrabókasafn Íslands**			
1.01 Blindrabókasafn Íslands	69,1	5,0	74,1
16. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.10 Listasafn ASÍ	4,3	1,0	5,3
b. 1.11 Nýlistasafn	6,8	1,0	7,8
c. 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,9	1,5	7,4
d. 1.41 Galdrasýning á Ströndum	0,0	5,0	5,0
e. 1.90 Söfn, ýmis framlög	10,4	4,5	14,9
f. 6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	71,0	19,5	90,5
17. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbætur menningarstofnana	21,7	3,0	24,7
18. Við **02-979 Húsafriðunarnefnd**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	76,4	126,0	202,4
19. Við **02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands**			
1.10 Kvikmyndasjóðir	307,4	65,0	372,4
20. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2	1,0	18,2
b. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	47,0	10,0	57,0
c. 1.27 Tónlist fyrir alla	5,0	2,0	7,0
d. 1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	9,6	1,0	10,6
e. 1.44 Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	0,0	15,0	15,0
f. 1.90 Listir	19,3	10,4	29,7
21. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	13,0	0,4	13,4
b. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	8,0	7,0	15,0
c. 1.51 Fræða- og þekkingasetur	10,5	56,1	66,6
d. 1.52 Skriðuklaustur	12,2	4,0	16,2
e. 1.53 Snorrastofa	6,1	5,0	11,1
22. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	52,0	30,0	82,0
b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	17,5	5,0	22,5
c. 1.90 Æskulýðsmál	4,2	9,9	14,1
23. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	104,7	4,0	108,7
b. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra	18,5	3,0	21,5
c. 1.20 Glímusamband Íslands	4,0	0,5	4,5
d. 1.21 Skáksamband Íslands	12,0	3,0	15,0
e. 1.30 Bridgesamband Íslands	8,0	4,0	12,0
f. 1.90 Ýmis íþróttamál	9,3	1,6	10,9
g. 6.50 Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007	0,0	20,0	20,0
h. 6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	0,0	5,0	5,0
i. 6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	0,0	5,0	5,0
j. 6.57 Sparkvellir	0,0	25,0	25,0
24. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.90 Ýmis framlög	48,9	16,6	65,5

b. 6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	101,4	51,1	152,5
25. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
Við 1.23 Mannréttindamál	4,0	-4,0	0,0
26. Við **03-300 Sendiráð Íslands**			
1.01 Sendiráð Íslands	1.492,0	2,0	1.494,0
27. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.31 Skógræktarfélag Íslands	27,0	1,6	28,6
b. 1.90 Ýmis verkefni	32,3	3,0	35,3
28. Við **04-221 Veiðimálastofnun**			
1.01 Veiðimálastofnun	137,4	12,0	149,4
29. Við **04-234 Landbúnaðarstofnun**			
1.01 Landbúnaðarstofnun	538,7	42,0	580,7
Greitt úr ríkissjóði	*330,0*	*42,0*	*372,0*
30. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	313,4	5,0	318,4
31. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
1.01 Landgræðsla ríkisins	459,9	7,0	466,9
32. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.01 Skógrækt ríkisins	243,3	7,0	250,3
33. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	5,0	11,0	16,0
34. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
1.01 Hafrannsóknastofnunin	1.542,7	50,0	1.592,7
35. Við **05-204 Fiskistofa**			
1.01 Fiskistofa	735,5	40,9	776,4
Greitt úr ríkissjóði	*646,8*	*40,9*	*687,7*
36. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. 145 Mannréttindamál	4,0	4,0	8,0
b. 1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	2,3	15,0	17,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*157,1*	*19,0*	*176,1*
37. Við **06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**			
1.40 Tollgæsla	15,3	1,0	16,3
38. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-591 Fangelsisbyggingar			
6.10 Stofnframkvæmdir	0,0	50,0	50,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*50,0*	*50,0*
39. Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
a. 1.01 Biskup Íslands	1.352,9	2,0	1.354,9
b. 6.25 Dómkirkjan í Reykjavík	5,4	5,0	10,4
c. 6.28 Þingeyraklausturskirkja	0,0	3,0	3,0
d. Sértekjur	-64,5	-0,2	-64,7
40. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	29,8	7,5	37,3
41. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.01 Almennur rekstur	1.806,0	2,0	1.808,0

42. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	46,3	2,0	48,3
43. Við **07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**			
1.01 Almennur rekstur	146,2	4,0	150,2
44. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	243,1	6,5	249,6
45. Við **07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**			
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	588,9	25,0	613,9
46. Við **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi**			
1.30 Verndaðir vinnustaðir	0,0	2,0	2,0
47. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	2.737,0	400,0	3.137,0
Innheimt af ríkistekjum	*2.827,0*	*400,0*	*3.227,0*
48. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	18,5	3,0	21,5
b. 1.35 Félag heyrnarlausra	5,2	4,0	9,2
c. 1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	0,0	5,0	5,0
d. 1.41 Stígamót	21,3	4,0	25,3
e. 1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	11,3	5,0	16,3
f. 1.90 Ýmis framlög	51,7	2,0	53,7
49. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
1.51 Frekari uppbætur	736,0	720,0	1.456,0
50. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	1.185,0	-191,3	993,7
b. 1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	1.167,0	-202,3	964,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*11.248,9*	*-393,6*	*10.855,3*
51. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	3.640,0	26,0	3.666,0
b. 1.15 Lyf	6.043,0	64,0	6.107,0
c. 1.25 Hjúkrun í heimahúsum	137,0	-29,0	108,0
d. 1.31 Þjálfun	1.618,0	-130,7	1.487,3
52. Við **08-340 Málefni fatlaðra**			
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	5,0	2,0	7,0
53. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.307,0	11,5	3.318,5
54. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
a. 1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	29.262,0	14,8	29.276,8
b. 5.60 Viðhald	233,0	-55,0	178,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*27.949,0*	*-40,2*	*27.908,8*
55. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	154,3	-40,0	114,3
56. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga	51,5	-10,0	41,5
b. 1.34 Hjartaheill	0,0	4,0	4,0

c. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili .	43,7	5,0	48,7
d. 1.90 Ýmis framlög	33,9	0,2	34,1
e. 1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	21,2	-11,0	10,2
57. Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**			
6.27 Jaðar, Ólafsvík	0,0	30,0	30,0
58. Við **08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ**			
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.048,4	30,7	1.079,1
59. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
a. 1.11 Sjúkraflutningar	483,2	-25,0	458,2
b. 1.15 Sjúkraflug	130,1	-25,0	105,1
60. Við **08-505 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**			
a. 1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.741,1	-3.741,1	0,0
b. Sértekjur	-247,6	247,6	0,0
61. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu			
a. 1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	0,0	3.741,1	3.741,1
b. Sértekjur	0,0	-247,6	-247,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3.493,5*	*3.493,5*
62. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
a. 1.01 Almennur rekstur	72,7	-22,7	50,0
b. 5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana	58,6	-12,0	46,6
63. Við **08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi**			
1.11 Sjúkrasvið	965,4	1,2	966,6
64. Við **09-201 Ríkisskattstjóri**			
Greitt úr ríkissjóði	*851,0*	*56,3*	*907,3*
Innheimt af ríkistekjum	*126,3*	*-56,3*	*70,0*
65. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	840,0	-50,0	790,0
66. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	16,1	-16,1	0,0
b. 1.13 Kjarasamningar	17,1	16,1	33,2
67. Við **10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	262,3	15,0	277,3
Greitt úr ríkissjóði	*260,8*	*15,0*	*275,8*
68. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	130,0	20,0	150,0
b. 1.90 Ýmislegt	7,8	10,5	18,3
c. 1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	30,5	1,0	31,5
69. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
1.11 Vaktstöð siglinga	189,8	10,0	199,8
Greitt úr ríkissjóði	*629,5*	*10,0*	*639,5*
70. Við **10-336 Hafnabótasjóður**			
6.74 Lendingabætur	6,5	0,5	7,0
Greitt úr ríkissjóði	*832,1*	*0,5*	*832,6*
71. Við **10-471 Rekstur Flugmálastjórnar**			
a. 1.01 Flugmálastjórn	1.715,7	40,0	1.755,7

b. 1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	96,5	5,7	102,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*970,9*	*5,7*	*976,6*
d. *Innheimt af ríkistekjum*	*337,6*	*40,0*	*377,6*
72. Við **10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar**			
5.41 Viðhald	194,1	-20,0	174,1
Innheimt af ríkistekjum	*474,4*	*-20,0*	*454,4*
73. Við **10-651 Ferðamálastofa**			
a. Við 1.01 Ferðamálaráð. Liðurinn orðist svo: 1.01 Ferðamálastofa	119,0	-59,1	59,9
b. 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	0,0	60,1	60,1
74. Við **11-102 Einkaleyfastofan**			
a. 1.01 Einkaleyfastofan	104,5	21,8	126,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*14,8*	*14,8*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*104,5*	*7,0*	*111,5*
75. Við **11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku**			
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	230,0	25,0	255,0
76. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.22 Vistvænir orkugjafar	35,8	-9,7	26,1
77. Við **11-401 Byggðaáætlun**			
1.10 Byggðaáætlun	327,0	-12,5	314,5
78. Við **12-402 Fjármálaeftirlitið**			
a. 1.01 Fjármálaeftirlitið	309,5	101,0	410,5
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*309,5*	*114,5*	*424,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*-13,5*	*-13,5*
79. Við **12-421 Neytendastofa**			
a. 1.01 Neytendastofa	259,4	-12,1	247,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*78,6*	*-5,1*	*73,5*
c. *Innheimt af ríkistekjum*	*171,5*	*-7,0*	*164,5*
80. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
12-425 Talsmaður neytenda			
1.01 Talsmaður neytenda	0,0	13,0	13,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*13,0*	*13,0*
81. Við **12-999 Ýmis viðskiptamál**			
1.15 Talsmaður neytenda	13,0	-13,0	0,0
82. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
1.01 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	527,0	15,0	542,0
Greitt úr ríkissjóði	*560,5*	*15,0*	*575,5*
83. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.90 Ýmis verkefni	7,3	6,2	13,5
b. 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	59,3	8,5	67,8
84. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
1.02 Setur í Reykjavík	247,6	8,0	255,6
85. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	8,4	5,0	13,4
b. 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	8,4	5,0	13,4
c. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	8,4	5,0	13,4

d. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	8,4	5,0	13,4
e. 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	8,4	5,0	13,4
f. 1.15 Náttúrustofa Sandgerði	8,4	5,0	13,4
g. 1.16 Náttúrustofa Húsavík	8,4	5,0	13,4
86. Við **14-410 Veðurstofa Íslands**			
1.01 Almenn starfsemi	542,2	5,0	547,2

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Framlög vegna samkomulags við Starfsgreinasamband Íslands 11. nóvember 2005

Fjárheimild að fjárhæð 100 m.kr. á liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál vegna samkomulags 11. nóvember sl. um lúkningu bókunar 4 með kjarasamningi við Starfsgreinasamband Íslands skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		Gjöld m.kr.	**Tekjur** m.kr.	**Alls** m.kr.
00-201-1.01	Alþingiskostnaður	0,1	0,0	0,1
00-201-1.06	Almennur rekstur	0,2	0,0	0,2
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,1	0,0	0,1
02-201-1.01	Háskóli Íslands	0,9	-0,2	0,7
02-203-1.01	Raunvísindastofnun Háskólans	0,1	0,0	0,1
02-215-1.01	Kennaraháskóli Íslands	0,1	0,0	0,1
02-227-1.01	Háskólinn í Reykjavík	0,2	0,0	0,2
02-228-1.01	Listaháskóli Íslands	0,1	0,0	0,1
02-302-1.01	Menntaskólinn á Akureyri	0,1	0,0	0,1
02-304-1.01	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0,1	0,0	0,1
02-307-1.01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	0,1	0,0	0,1
02-308-1.01	Menntaskólinn í Kópavogi	0,2	0,0	0,2
02-309-1.01	Kvennaskólinn í Reykjavík	0,1	0,0	0,1
02-351-1.01	Fjölbrautaskólinn Ármúla	0,2	0,0	0,2
02-352-1.01	Flensborgarskóli	0,1	0,0	0,1
02-354-1.01	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0,1	0,0	0,1
02-355-1.01	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	0,1	0,0	0,1
02-356-1.01	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0,1	0,0	0,1
02-357-1.01	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0,2	0,0	0,2
02-359-1.01	Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,3	0,0	0,3
02-360-1.01	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	0,2	0,0	0,2
02-363-1.01	Framhaldsskólinn á Laugum	0,1	0,0	0,1
02-365-1.01	Borgarholtsskóli	0,2	0,0	0,2
02-505-1.01	Fjöltækniskóli Íslands	0,1	0,0	0,1
02-514-1.01	Iðnskólinn í Reykjavík	0,2	0,0	0,2
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	0,1	0,0	0,1
02-907-1.01	Listasafn Íslands	0,1	0,0	0,1

02-973-1.01	Þjóðleikhúsið	0,2	0,0	0,2
04-234-1.01	Landbúnaðarstofnun	0,1	0,0	0,1
04-262-1.01	Landbúnaðarháskóli Íslands	0,1	-0,1	0,0
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins	0,3	0,0	0,3
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins	0,3	-0,1	0,2
04-321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	0,1	0,0	0,1
05-202-1.01	Hafrannsóknastofnunin	0,1	0,0	0,1
05-204-1.01	Fiskistofa	0,1	0,0	0,1
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	0,1	0,0	0,1
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	0,1	0,0	0,1
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	0,3	0,0	0,3
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	0,1	0,0	0,1
06-411-1.01	Yfirstjórn	0,1	0,0	0,1
06-418-1.01	Yfirstjórn	0,1	0,0	0,1
06-425-1.20	Löggæsla	0,1	0,0	0,1
06-426-1.20	Löggæsla	0,1	0,0	0,1
06-428-1.20	Löggæsla	0,1	0,0	0,1
06-434-1.01	Yfirstjórn	0,1	0,0	0,1
06-733-1.11	Kirkjugarðar	2,5	0,0	2,5
07-701-1.01	Almennur rekstur	0,1	0,0	0,1
07-706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	0,4	0,0	0,4
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	3,8	0,0	3,8
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,3	0,0	0,3
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1,4	0,0	1,4
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús	11,4	0,0	11,4
08-384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	0,4	0,0	0,4
08-386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,1	0,0	0,1
08-388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	0,7	0,0	0,7
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	0,6	0,0	0,6
08-401-1.09	Ný hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	0,8	0,0	0,8
08-405-1.01	Hjúkrunarrými	4,6	0,0	4,6
08-405-1.11	Dvalarrými	0,8	0,0	0,8
08-406-1.01	Hjúkrunarrými	2,8	0,0	2,8
08-406-1.11	Dvalarrými	0,5	0,0	0,5
08-406-1.15	Dagvist	0,1	0,0	0,1
08-407-1.01	Hjúkrunarrými	3,5	0,0	3,5
08-407-1.11	Dvalarrými	0,4	0,0	0,4
08-408-1.01	Hjúkrunarrými	1,4	0,0	1,4
08-409-1.01	Hjúkrunarrými	2,0	0,0	2,0
08-410-1.01	Hjúkrunarrými	3,2	0,0	3,2
08-410-1.15	Dagvist	0,1	0,0	0,1
08-411-1.01	Hjúkrunarrými	0,8	0,0	0,8
08-412-1.01	Hjúkrunarrými	1,3	0,0	1,3
08-412-1.71	Endurhæfingardeild	0,3	0,0	0,3

08-413-1.01	Hjúkrunarrými	1,5	0,0	1,5
08-414-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-415-1.01	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-416-1.01	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-416-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-417-1.01	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-418-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-418-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-419-1.01	Hjúkrunarrými	1,6	0,0	1,6
08-421-1.01	Hjúkrunarrými	0,6	0,0	0,6
08-423-1.01	Hjúkrunarrými	0,8	0,0	0,8
08-423-1.11	Dvalarrými	0,2	0,0	0,2
08-423-1.15	Dagvist	0,1	0,0	0,1
08-424-1.01	Hjúkrunarrými	0,4	0,0	0,4
08-424-1.11	Dvalarrými	0,3	0,0	0,3
08-425-1.01	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-425-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-426-1.01	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-427-1.01	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-428-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-429-1.01	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-433-1.01	Hjúkrunarrými	0,4	0,0	0,4
08-433-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-433-1.15	Dagvist	0,1	0,0	0,1
08-434-1.01	Hjúkrunarrými	2,8	0,0	2,8
08-434-1.11	Dvalarrými	0,4	0,0	0,4
08-434-1.15	Dagvist	0,1	0,0	0,1
08-436-1.01	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-436-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-437-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-437-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-437-1.81	Sjúkrarými og fæðingar	0,2	0,0	0,2
08-438-1.01	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-438-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-439-1.01	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-440-1.01	Hjúkrunarrými	0,8	0,0	0,8
08-440-1.11	Dvalarrými	0,2	0,0	0,2
08-441-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-441-1.11	Dvalarrými	0,5	0,0	0,5
08-441-1.17	Geðrými	0,5	0,0	0,5
08-442-1.01	Hjúkrunarrými	0,5	0,0	0,5
08-442-1.11	Dvalarrými	0,1	0,0	0,1
08-443-1.01	Hjúkrunarrými	0,7	0,0	0,7
08-444-1.01	Hjúkrunarrými	0,9	0,0	0,9
08-447-1.01	Hjúkrunarrými	1,0	0,0	1,0
08-460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur	1,5	0,0	1,5
08-472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík	0,1	0,0	0,1

08-473-1.10	Lindargata, Reykjavík	0,1	0,0	0,1
08-474-1.10	Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	0,2	0,0	0,2
08-475-1.10	Múlabær, Reykjavík	0,2	0,0	0,2
08-476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	0,1	0,0	0,1
08-477-1.10	Dagvistun aldraða, aðrar	0,7	0,0	0,7
08-478-1.10	Vistheimilið Bjarg	0,1	0,0	0,1
08-491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,7	0,0	0,7
08-492-1.10	Endurhæfingardeild	0,2	0,0	0,2
08-492-1.15	Almenn deild	0,3	0,0	0,3
08-493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,4	0,0	0,4
08-494-1.10	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,3	0,0	0,3
08-505-1.01	Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	0,4	0,0	0,4
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,1	0,0	0,1
08-553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	0,1	0,0	0,1
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	0,3	0,0	0,3
08-711-1.11	Sjúkrasvið	1,9	0,0	1,9
08-711-1.21	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	0,1	0,0	0,1
08-715-1.11	Sjúkrasvið	0,4	0,0	0,4
08-715-1.21	Hjúkrunarrými	0,1	0,0	0,1
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,2	0,0	0,2
08-721-1.11	Sjúkrasvið	0,2	0,0	0,2
08-721-1.21	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	0,3	0,0	0,3
08-725-1.11	Sjúkrasvið	0,5	0,0	0,5
08-725-1.21	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	0,2	0,0	0,2
08-731-1.21	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	0,2	0,0	0,2
08-735-1.21	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	0,2	0,0	0,2
08-741-1.11	Sjúkrasvið	0,2	0,0	0,2
08-741-1.21	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	0,2	0,0	0,2
08-745-1.11	Sjúkrasvið	0,4	0,0	0,4
08-745-1.21	Hjúkrunarrými	0,4	0,0	0,4
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	0,3	0,0	0,3
08-751-1.11	Sjúkrasvið	1,0	0,0	1,0
08-751-1.21	Hjúkrunarrými	0,8	0,0	0,8
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,1	0,0	0,1
08-755-1.11	Sjúkrasvið	0,4	0,0	0,4
08-755-1.21	Hjúkrunarrými	0,3	0,0	0,3
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	0,7	0,0	0,7
08-761-1.11	Sjúkrasvið	1,4	0,0	1,4
08-761-1.21	Hjúkrunarrými	0,4	0,0	0,4
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	1,4	0,0	1,4
08-777-1.11	Sjúkrasvið	1,6	0,0	1,6

08-777-1.21	Hjúkrunarrými	0,7	0,0	0,7
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	0,3	0,0	0,3
08-781-1.11	Sjúkrasvið	0,9	0,0	0,9
08-781-1.21	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-787-1.01	Heilsugæslusvið	1,1	0,0	1,1
08-787-1.11	Sjúkrasvið	0,9	0,0	0,9
08-787-1.21	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	0,3	0,0	0,3
08-791-1.11	Sjúkrasvið	0,7	0,0	0,7
08-791-1.21	Hjúkrunarrými	0,2	0,0	0,2
08-795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	0,3	0,0	0,3
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	0,1	0,0	0,1
09-980-1.01	Rekstur húsnæðis	0,3	-0,3	0,0
09-980-1.05	Rekstur tölvukerfis	0,1	0,0	0,1
10-335-1.01	Almennur rekstur	0,2	0,0	0,2
10-471-1.01	Flugmálastjórn	0,1	0,0	0,1
11-301-1.01	Orkustofnun	0,1	0,0	0,1
14-211-1.01	Umhverfisstofnun	0,2	0,0	0,2
14-410-1.01	Almenn starfsemi	0,5	0,0	0,5
14-410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	0,2	-0,2	0,0
	Samtals	**100,9**	**-0,9**	**100,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

	Þús. kr.
1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	
1. Byggðasafn Akraness, bátasafn	500
2. Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000
3. Flateyjarbókasafn á Reykhólum	500
4. Hið íslenska reðursafn	500
5. Kvennasögusafn Íslands	1.400
6. Langabúð á Djúpavogi	1.500
7. Safnasafnið, Svalbarðsströnd	4.000
8. Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000
9. Tæknisafn Íslands	500
Samtals	**14.900**
2. Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).	
1. Tilnefning staða á Heimsminjaskrá UNESCO	6.000
2. Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4.900
Samtals	**10.900**
3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).	
1. Búvéla- og búnaðarsögusafn á Saurbæjarjörðinni	1.000
2. Búvélasafnið á Hvanneyri	2.000
3. Byggðasafnið í Gröf í Hrunamannahreppi	1.000

4.	Eyrbyggja, Sögumiðstöð í Grundarfirði	4.000
5.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	1.000
6.	Hvalasafnið á Húsavík	5.000
7.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, frágangur útisýningarsvæðis	2.000
8.	Íslenska stríðsárasafnið	2.000
9.	Málverkasafn Tryggva Ólafssonar	3.000
10.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, umhverfi safnsins	2.000
11.	Safnahús í Búðardal	4.000
12.	Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði	4.000
13.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	4.000
14.	Samgönguminjasafnið Ystafelli	5.000
15.	Samgöngusafnið í Skógum	5.000
16.	Sauðfjársetur á Ströndum	3.000
17.	Selasetur Íslands ehf.	4.000
18.	Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum	4.000
19.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
20.	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	3.000
21.	Sjóminjasafnið Ósvör	5.000
22.	Sögusafnið í Perlunni	5.000
23.	Sögusetrið	3.000
24.	Sögusýning um Samvinnuhreyfinguna á Íslandi	4.000
25.	Tækniminjasafn Austurlands	5.000
26.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	2.000
27.	Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík, breytingar á húsnæði	5.000
	Samtals	**90.500**

4. Listir (02-982-1.90)

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2.	Harmonikkufélag Vestfjarða	300
3.	Hlunnindasýning á Reykhólum	2.000
4.	Íslensk grafík	1.300
5.	Kling og Bang gallerí ehf.	1.000
6.	Leikbrúðuland	1.200
7.	Leikminjasafn Íslands	5.000
8.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
9.	Minnisvarði um breska sjómenn í Vík	1.000
10.	Músík í Mývatnssveit	1.000
11.	Rannsóknastofa um helgisiðafræði í Skálholti	7.000
12.	Samband íslenskra myndlistarmanna	4.000
13.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
14.	Tónahátíð í Þjórsárveri	500
15.	Tónleikar í Skaftárhreppi	500
16.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
17.	Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	500
18.	Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
	Samtals	**29.700**

5. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Bókasafn Dagsbrúnar, útgáfustarfsemi verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda á 20. öld	1.000
2.	Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	1.500
3.	Búnaðarsamband Vestfjarða, Sögufélag Barðstrendinga og Sögufélag Ísfirðinga, rit um Vestur-Barðastrandarsýslu	500
4.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	500
5.	Eyrbyggjar, útgáfa á menningar- og sögutengdu efni	500
6.	Færeysk orðabók	2.400
7.	Kjarvalsstofa	2.000
8.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.000
9.	Strandir – byggðasaga	1.000
10.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa íslenskra fornbókmennta á erlendum tungumálum	3.000
	Samtals	**13.400**

6. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norræna félagið á Íslandi	7.500
2.	Óskipt	5.500
	Samtals	**13.000**

7. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, 70 ára afmæli	2.000
3.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4.	KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands	1.000
5.	Krossinn, unglingastarf	2.000
6.	Landssamband æskulýðsfélaga	2.600
7.	Skólabúðirnar Reykjaskóla	1.500
8.	Snorraverkefnið, samskipti við Vestur-Íslendinga	2.000
	Samtals	**14.100**

8. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	400
2.	Handknattleikssamband Íslands	3.000
3.	Skákskóli Hróksins	4.000
4.	Sumarbúðirnar Ástjörn	3.500
	Samtals	**10.900**

9. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, nefnd	3.000
2.	Dýragarðurinn í Slakka	1.000
3.	Fornleifastofnun Íslands	2.500
4.	Frumkvöðlafræðslan ses.	1.000
5.	Holt í Önundarfirði, endurbætur	1.000
6.	Íslenskar æviskrár frá landnámstíð til 2000	2.500
7.	Kirkjubæjarstofa	5.000

8.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
9.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.000
10.	Kópavogsbær, rússnesk menningarvika	2.000
11.	Kvenfélagasamband Íslands	3.000
12.	Kvenréttindafélag Íslands	2.400
13.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	3.000
14.	Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn	2.000
15.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
16.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	2.000
17.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið Hugsað um barn	5.000
18.	Rannsóknir og greining	3.500
19.	Rekstrarfélag Sarps sf.	4.000
20.	Snjáfjallasetur	2.000
21.	Sturlustofa í Dölum	600
22.	Surtseyjarfélagið	500
23.	Sögufélag	1.500
24.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, tölvusetning	1.500
25.	Tónminjasetur Íslands	2.000
26.	Tölvuskráning á myndasafni Heiðars Marteinssonar um sjávarútveg	1.000
27.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
28.	Víkingahátíð í Hafnarfirði	2.000
29.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.500
	Samtals	**65.500**

10. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Draugasetrið, Stokkseyri	2.000
2.	Eikar- og furubáturinn Sædís ÍS 67	3.500
3.	Flugsafn Íslands, stofnkostnaður við að koma upp aðstöðu og sýningu	2.000
4.	Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	3.000
5.	Grettisból á Laugarbakka, uppbygging	5.000
6.	Hátæknisetur í Skagafirði	4.000
7.	Heimskautsgerði, bygging	5.000
8.	Heklusetrið á Leirubakka, bygging sýningar-, kennslu- og ráðstefnuhúss	3.000
9.	Herjólfsbær í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum, endurbygging	3.000
10.	Húni II	4.000
11.	Hús Gísla í Uppsölum	1.000
12.	Íslenski bærinn, kennslu- og fræðamiðstöð	1.000
13.	Íþróttabandalag Reykjavíkur, borgarleikar unglinga í Reykjavík. 2007	10.000
14.	Kvennaskólinn Blönduósi, úttekt á byggingu	1.000
15.	Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	5.000
16.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 2006	15.000
17.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	4.000
18.	Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal, viðgerð	1.000
19.	María Júlía BA 36, viðgerð	3.000
20.	Minjagarður í Reykholti	3.000

21.	Nýtt handverk á gömlum rótum, sýningin TRANSform í Bryggen (Vestnorden)	2.000
22.	Rannsóknarsetur í Snæfellsbæ, rannsóknir á lífríki sjávar í Breiðafirði	4.000
23.	Safns Alberts Thorvaldsens á Sauðárkróki, undirbúningur	2.000
24.	Samgönguminjasafnið að Stórageröi í Óslandshlíð í Skagafirði, uppbygging	5.000
25.	Skemmti- og dýragarður á Blönduósi	5.000
26.	Skíðaskáli í Stafdal, bygging	5.000
27.	Skíðasvæðið á Dalvík, snjókerfi	5.000
28.	Skíðasvæðið í Tindastól	5.000
29.	Steinaríki Íslands	2.000
30.	Surtseyjarstofa	1.000
31.	Sæljón, viðgerð	1.000
32.	Töfragarðurinn Stokkseyri	1.000
33.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	2.000
34.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	5.000
35.	Þingeyjarsveit. Unglingalandsmót 2006	25.000
36.	Þórbergssetur, uppbygging, uppsetning sýninga og endurbætur á húsnæði	4.000
	Samtals	**152.500**

11. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Sögufélagið	500
2.	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1.500
3.	Hið íslenska fornritafélag	500
4.	Ýmsir alþjóðasamningar	10.600
5.	Samningar og styrkir á grundvelli umsókna	42.500
	Samtals	**55.600**

12. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Búnaðarsaga Íslands	1.500
2.	Framkvæmdasjóður Skrúðs	2.500
3.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
4.	Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs	4.000
5.	Hólaskóli, gæðamat á ferðaþjónustu	3.000
6.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
7.	Landvernd	4.000
8.	Landvernd, vegna Akureyrar	1.000
9.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	1.500
10.	Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	2.300
11.	Nytjaland	2.500
12.	Rannsóknir á glerál	1.000
13.	Rannsóknir á landslagi undir jökli	3.000
14.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	500
15.	Vottunarstofan Tún	4.000
	Samtals	**35.300**

13. Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Endurskoðun laga, m.a. laga um lax- og silungsveiði	4.000
2.	Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	2.000
3.	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1.900
4.	Landþurrkun	500
5.	Óskipt	2.300
	Samtals	**10.700**

14. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	3.000
2.	Norðurland	14.000
3.	Austurland	9.000
4.	Suðurland	30.300
	Samtals	**56.300**

15. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis (05-190-1.98).

1.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
2.	Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins	6.000
3.	Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna milliríkjasamninga	9.900
	Samtals	**18.900**

16. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD-samtökin	1.200
2.	Barnaheill	1.000
3.	Blindrafélagið	8.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag ábyrgra feðra	800
6.	Félag einstæðra foreldra	3.000
7.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	6.000
8.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
9.	Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
10.	Hósanna-hópurinn	200
11	Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra	1.000
12.	Kvennaráðgjöfin	700
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Leigjendasamtökin	300
15.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	4.000
16.	Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	700
17.	Regnbogabörn	3.000
18.	Samtök áhugafólks um spilafíkn	800
19.	Samtökin '78	1.500
20.	Sjálfsbjörg	4.000
21.	Systkinasmiðjan	500
22.	Umsjónarfélag einhverfra	1.200
23.	Vernd	1.200

24.	Vímulaus æska	6.000
25.	Þroskahjálp	5.000
	Samtals	**53.700**

17. Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Húsaleiga, Efri-Brú	9.000
2.	Minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur	3.000
3.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.000
4.	Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	5.000
5.	Samtökin Barnaheill, átak gegn barnaklámi	3.200
6.	Sjónarhóll	15.000
7.	Verkefnið Karlar til ábyrgðar	6.500
8.	Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins	3.500
9.	Samtökin '78	1.500
10.	Óskipt	8.300
	Samtals	**65.000**

18. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga	2.000
2.	Alnæmissamtökin	1.200
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	2.000
4.	Beinvernd	500
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
6.	Blóðgjafafélag Íslands	500
7.	Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur	4.000
8.	Félag kvenna í læknastétt	200
9.	Foreldrafélag sykursjúkra barna og unglinga	500
10.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
11.	Gigtarfélag Íslands	2.500
12.	Heilaheill	700
13.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
14.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
15.	Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, forvarnastarf og ráðgjöf	1.000
16.	Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, útgáfa Hjartabókarinnar	1.000
17.	Húsnæðisfélag SEM	2.000
18.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
19.	MS-félag Íslands vegna leigu á íbúð við Sléttuveg	1.000
20.	MS-félag Íslands vegna formennsku í norræna MS-ráðinu	400
21.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	700
22.	PKU-félagið á Íslandi	500
23.	Samtök lungnasjúklinga	800
24.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.500
25.	Samtök sykursjúkra	1.000
26.	Samtök um sárameðferð	200
27.	Samtökin Lífsvog	500
28.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.500
29.	Tilvera	700

30.	Tourette-samtökin	600
31.	Vífilsstaðadeild SÍBS	200
	Samtals	**34.100**

19. Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2.500
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Missoc-þátttökugjald	1.900
4.	Óskipt	3.800
	Samtals	**10.200**

20. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík	1.000
3.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	1.500
4.	Gestastofa og þjónustuhús í Árneshreppi	2.000
5.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	2.700
6.	Óskipt	4.000
	Samtals	**12.200**

21. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Drangeyjarfélagið	1.000
2.	Ferðafélag Íslands	2.500
3.	Ferðaklúbburinn 4x4	800
4.	Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólasveitar	1.000
5.	Hveravallafélagið	1.000
6.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	3.000
7.	Slysavarnafélagið Kári í Öræfum	1.000
8.	Svifflugfélag Íslands	2.000
9.	Tálknafjarðarhreppur, uppbygging ferðaþjónustu	5.000
10.	Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum	1.000
	Samtals	**18.300**

22. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Til markaðsstofa landshluta	6.000
2.	Vefur um menningartengda ferðaþjónustu	3.500
3.	Aðild að menningarsamningum vegna ferðaþjónustu	9.000
4.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál	10.000
5.	Óskipt	3.000
	Samtals	**31.500**

23. Lendingabætur (10-336-6.74).

1.	Englendingavík, Borgarnesi	800
2.	Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ	300
3.	Við Galtarvita	300
4.	Grunnavík	500
5.	Ingólfsfjörður	900

6.	Karlshöfn, Gjögri	200
7.	Selvík, Skagafirði	800
8.	Reykir, Reykjaströnd	1.350
9.	Rifós, Kelduhverfi	1.350
10.	Flatey á Skjálfanda	500
	Samtals	**7.000**

24. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	4.000
2.	Árneshreppur á Ströndum	5.000
3.	Fagráð textíliðnaðarins	4.000
4.	Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	12.000
5.	Vesturbyggð, atvinnuuppbygging	4.000
6.	Óskipt	1.000
	Samtals	**30.000**

25. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Blái herinn	2.000
2.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, umhverfis- og ferðamál	4.000
3.	Fuglaathugunarstöð á Höfn	1.500
4.	Súðavíkurhreppur vegna Garðsstaða	2.000
5.	Stofnun alþjóðlegrar rannsóknarstöðvar á sviði loftslagsbreytinga og jarðkerfisfræða	4.000
	Samtals	**13.500**

26. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.000
2.	Frjáls félagasamtök	10.000
3.	Hoffellsstofa	10.000
4.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	6.500
5.	Staðardagskrá 21	5.000
6.	Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
7.	Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1.400
8.	Umhverfisfræðsluráð	1.000
9.	Byggingastaðlar	500
10.	Samstarf við Kína á sviði umhverfismála- og jarðskjálftavöktunar	4.000
11.	Ýmis umhverfisverkefni	4.500
12.	Óskipt	4.900
	Samtals	**67.800**

397. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

Eftirfarandi breyting verður á sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**):
Liður **42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** orðist svo:

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:	m.kr.
Fjármunatekjur	3.430,0
Fjármagnsgjöld	3.140,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	910,0
Hreinar fjármunatekjur	**-620,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.477,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	381,0
Hagnaður (-tap)	**3.493,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	3.493,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-630,0
Handbært fé frá rekstri	**2.863,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	8.260,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	65,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-4.525,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.550,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.550,0**
Breyting á handbæru fé	**-112,0**
Handbært fé í ársbyrjun	666,0
Handbært fé í árslok	554,0

398. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

Við 5. gr.
a. Í stað „allt að 5.425 m.kr.“ í inngangsmálslið 2. tölul. komi: allt að 5.625 m.kr.
b. Í stað „allt að 4.900 m.kr“ í lið 2.1 komi: allt að 5.100 m.kr.
c. Í stað „allt að 41.000 m.kr.“ í lið 3.1 komi: allt að 45.000 m.kr.

399. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.24 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
   2.25 Að selja flugafgreiðslu á Húsavíkurflugvelli.
   2.26 Að selja einangrunarstöðina í Hrísey.
2. Við 6. gr. Liður 3.23 orðist svo:
   Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholt 6, Reykjavík, og leigja hentugra húsnæði.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
   4.54 Að selja jörðina Borg í Skriðdal í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði.
   4.55 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
   4.56 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
   4.57 Að selja íbúðarhúsið Sigtún í Grímsey.
   4.58 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.
4. Við 6. gr. Liður 5.1 falli brott.
5. Við 6. gr. Nýr liður:
   5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
   6.24 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
   6.25 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
   6.26 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
   6.27 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
   6.28 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sameinaða stofnun Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar.
   6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
7. Við 6. gr. Liður 7.8 falli brott.

8. Við 6. gr. Nýir liðir:
   7.11 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.
   7.12 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir.

400. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	69.900,0	67.104,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	100,0	100,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	12.300,0	12.201,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**82.300,0**	**79.405,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.500,0	14.700,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	760,0	755,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.037,0	1.002,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.797,0**	**1.757,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**101.597,0**	**95.862,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	210,0	210,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	30.259,0	29.350,8
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.941,6	3.862,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**34.410,6**	**33.423,6**
	Tryggingagjöld	**34.410,6**	**33.423,6**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	242,4	242,4

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	500,0	500,0
4.4.1	Stimpilgjöld	6.000,0	6.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	565,0	565,0
	Eignarskattar	**7.065,0**	**7.065,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	114.400,0	112.112,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.294,0	2.271,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	809,0	809,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	6.557,0	6.557,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.852,8	1.852,8
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.566,4	6.566,4
5.1.2.1.33	Olíugjald	3.456,5	3.456,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	39,0	39,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	401,0	401,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	7.475,0	7.378,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.730,0	3.730,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.311,9	2.311,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	3.613,3	3.551,5
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.998,5	1.998,5
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,6	2,6
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**155.507,0**	**153.037,2**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	3.501,0	3.501,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.053,6	1.053,6
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	103,5	103,5
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	73,6	73,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	702,2	701,1
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	806,0	837,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	239,5	239,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	452,5	452,5
5.2.2.35	Ýmislegt	17,1	17,1
	Neyslu- og leyfisgjöld	**6.949,0**	**6.978,9**
	Skattar á vörur og þjónustu	**162.456,0**	**160.016,1**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	214,3	214,3
6.1.15	Markaðsgjald	303,2	303,2
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	60,0	60,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**577,5**	**577,5**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	103,5	25,5
	Aðrir skattar	**681,0**	**603,0**
	Skatttekjur, samtals	**306.452,0**	**297.212,1**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	9,0	9,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.435,0	1.435,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.444,0**	**1.444,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	9.000,0	4.410,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	5.520,0	5.520,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.870,0	1.870,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	44,0	44,0
	Aðrar eignatekjur	**16.434,0**	**11.844,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**17.878,0**	**13.288,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	573,4	573,4
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	254,8	254,8
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.550,0	2.550,0
9.1.3.5	Skólagjöld	634,3	634,3
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	636,0	636,0
9.1.3.20	Prófgjöld	30,3	30,3
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	104,5	104,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.469,9	1.469,9
9.1.3.35	Ýmislegt	406,1	406,8

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	429,3	429,3
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	35,6	35,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**7.224,2**	**7.224,9**
	Ýmsar tekjur	**7.224,2**	**7.224,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	429,4	398,9
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	225,6	149,3
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**690,0**	**583,2**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	314,0	314,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	63,0	63,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**377,0**	**377,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**26.169,2**	**21.473,1**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**540,0**	**540,0**

V	Fjárframlög	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	103,0	103,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	325,0	325,0
	Rekstrarframlög	**428,0**	**428,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	605,0	605,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	445,0	445,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.478,0**	**1.478,0**
	Fjárframlög, samtals	**1.478,0**	**1.478,0**
	Heildartekjur samtals	**334.639,2**	**320.703,2**

401. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni, Sigurrósu Þorgrímsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Kjartani Ólafssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Merði Árnasyni.

Breytingar á sundurliðun 2:

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.600
2. Ásgerður Búadóttir	1.600
3. Erró	1.600
4. Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5. Guðbergur Bergsson	1.600
6. Gunnar Eyjólfsson	1.600
7. Hannes Pétursson	1.600
8. Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9. Jóhann Hjálmarsson	1.600
10. Jón Nordal	1.600

11.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
12.	Jón Þórarinsson	1.600
13.	Jónas Ingimundarson	1.600
14.	Jórunn Viðar	1.600
15.	Kristbjörg Kjeld	1.600
16.	Kristinn Hallsson	1.600
17.	Kristján Davíðsson	1.600
18.	Matthías Johannessen	1.600
19.	Megas	1.600
20.	Róbert Arnfinnsson	1.600
21.	Thor Vilhjálmsson	1.600
22.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
23.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
24.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
25.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
26.	Þráinn Bertelsson	1.600
27.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**43.200**

402. Svar [270. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um um afleiðingar jarðskjálftanna á Suðurlandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru helstu niðurstöður skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði um afleiðingar jarðskjáftanna á Suðurlandi árið 2000 sem birt var haustið 2004?*
2. *Hafa komið fram nýjar skemmdir á húsnæði frá árinu 2002 til dagsins í dag? Ef svo er, um hve mörg tilvik er að ræða og hvers konar skemmdir, skipt eftir tímabilum og tegundum skemmda á:*
   a. *atvinnuhúsnæði,*
   b. *íbúðarhúsnæði?*
3. *Hver er heildarkostnaður vegna þessara skemmda? Hafa verið greiddar bætur og þá hve háar vegna:*
   a. *atvinnuhúsnæðis,*
   b. *íbúðarhúsnæðis?*
4. *Hefur þörfin fyrir langvarandi áfallahjálp fyrir fólk sem búsett er á jarðskjálftasvæðunum verið metin sérstaklega? Ef svo er, hafa stjórnvöld lagt fram fjármuni til þeirrar starfsemi, hve mikla og á hvaða tímabili?*

Leitað var til Viðlagatryggingar Íslands um að stofnunin tæki saman upplýsingar í svör við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar og byggist eftirfarandi á svörum hennar. Hvað varðar 1. og 4. lið vill ráðuneytið taka fram að málefni þau sem spurt er um falla utan verkefnasviðs þess.

Gefin hefur verið út skýrsla nefndar sem skipuð var af iðnaðar- og viðskiptaráðherra til þess að fara yfir framkvæmd tjónsuppgjöra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000 og þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu, helstu ágreiningsefni sem upp komu við úrvinnslu og til að benda á leiðir til úrbóta.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda tjóna á húsnæði vegna Suðurlandsskjálfta frá árinu 2002.

Fjöldi tjóna á húsnæði.

Ár	Ný tjón fjöldi
2002	123
2003	76
2004	44
2005	21
Samtals	264

Í töflunum hér á eftir er tjónum skipt niður eftir tegundum skemmda. Hafa ber í huga að í hverju tjónstilfelli er oftast um að ræða tjón á fleiri en einum byggingarþætti. Enn fremur er látið fylgja yfirlit yfir tjón á sumarhúsum.

Tjón eftir tegundum skemmda.

A

	íbúðarhús					
Ár	Fjöldi tjóna	Undirstöður og botnplata	Yfirbygging og frágangur að utan	Inni, tilbúið undir tréverk	Frágangur inni	Lagnir
2002	71	24	43	40	54	16
2003	57	28	33	40	45	18
2004	25	10	12	14	12	7
2005	17	6	5	8	10	7
Samtals	170	68	93	102	121	48

B

	Atvinnuhúsnæði					
Ár	Fjöldi tjóna	Undirstöður og botnplata	Yfirbygging og frágangur að utan	Inni, tilbúið undir tréverk	Frágangur inni	Lagnir
2002	41	17	34	9	16	5
2003	11	4	9	7	7	1
2004	6	3	4	2	2	0
2005	4	0	3	0	1	0
Samtals	62	24	50	18	26	6

C

	Sumarhús					
Ár	Fjöldi tjóna	Undirstöður og botnplata	Yfirbygging og frágangur að utan	Inni, tilbúið undir tréverk	Frágangur inni	Lagnir
2002	11	6	5	1	4	1
2003	8	4	5	1	1	2
2004	13	8	5	1	1	1
2005	0	0	0	0	0	0
Samtals	32	18	15	3	6	4

Tjónsupphæðir vegna umræddra jarðskjálftaskemmda sundurliðast þannig eftir tegundum húsnæðis.

Tjónsupphæðir eftir tegundum húsnæðis.

Tegund húsnæðis	Tjónsupphæð
Íbúðarhúsnæði	190.382.123 kr.
Atvinnuhúsnæði	76.515.618 kr.
Sumarhús	13.670.100 kr.
Samtals	280.567.841 kr.

403. Frumvarp til laga [361. mál]

um faggildingu o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um faggildingu, mat á tilnefndum aðilum og mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir, þó ekki mat á starfsvenjum við lyfjarannsóknir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Faggilding merkir formlega staðfestingu faggildingarsviðs á að aðili hafi sýnt fram á hæfni til að vinna tiltekin samræmismatsverkefni.

Prófun merkir ákvörðun eins eða fleiri eiginleika viðfangs samræmismats samkvæmt verklagsreglu.

Skoðun merkir athugun á hönnun vöru, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Vottun merkir staðfestingu þriðja aðila sem á við vörur, ferli, kerfi eða einstaklinga.

Samræmismat merkir það að sýna fram á að tilgreindar kröfur sem eiga við um vörur, ferli, kerfi, einstakling eða aðila séu uppfylltar.

Tilnefning merkir heimild stjórnvalds til samræmismatsaðila til að stunda tiltekna samræmismatsstarfsemi.

Tilnefndur aðili merkir aðila sem stjórnvald hefur heimilað að stunda tiltekna samræmismatsstarfsemi.

Tilkynntur aðili merkir aðila sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að framkvæma samræmismat og stunda samræmismatsstarfsemi samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.

Góðar starfsvenjur við rannsóknir merkir gæðakerfi sem varðar skipulagsferlið og skilyrðin fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar heilbrigðis- og umhverfisöryggisrannsóknir sem eru ekki klínískar.

II. KAFLI
Faggilding, framkvæmd faggildingar o.fl.

3. gr.
Faggilding.

Faggilding samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum aðila sem er faglega og fjárhagslega sjálfstæður og óháður þeim sem eiga eða kunna að eiga við hann viðskipti. Viðskiptaráðherra skal sjá til þess að hérlendis starfi aðili sem annast faggildingu og önnur verkefni sem kveðið er á um í lögunum.

4. gr.
Framkvæmd faggildingar.

Faggilding samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum faggildingarsviðs. Faggildingarsvið skal rekið sem sjálfstæð eining innan Einkaleyfastofu og skal starfsemi þess vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Faggildingarsvið stendur undir öllum kostnaði sem af starfseminni hlýst í samræmi við ákvæði 8. gr. um gjaldskrár og að teknu tilliti til framlags ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Faggildingarsvið veitir faggildingu fyrir skoðunarstofur, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur og annast mat á tilnefndum aðilum, þ.e. hæfni þeirra og hæfi til að starfa samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á því sviði sem starfsemi hins tilnefnda aðila tekur til. Faggildingarsvið annast einnig mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir og önnur verkefni sem kveðið er á um í lögum þessum.

5. gr.
Um starfsreglur faggildingarstofa.

Faggildingarsviði ber að starfa eftir ÍST ISO/IEC 17011 staðlinum, um starfsemi faggildingar, og gefur út verklags- og leiðbeiningarreglur í samræmi við þann staðal þegar það á við. Auk þess ber faggildingarsviði að hafa til hliðsjónar leiðbeiningarreglur sem gefnar hafa verið út af Evrópusamtökum faggildingarstofa um faggildingar og öðrum alþjóðlega viðurkenndum samtökum sem miða að því að samræma kröfur sem gerðar eru til faggildingar.

Faggildingarsvið skal birta upplýsingar um alla aðila sem eru faggiltir og til hvaða sviða faggilding þeirra tekur til.

6. gr.
Um gagnkvæma viðurkenningu á faggildingu.

Faggilding sem veitt er af faggildingarstofu sem er aðili að Evrópusamtökum faggildingarstofa eða Alþjóðasamtökum faggildingarstofa er viðurkennd hér á landi á þeim sviðum sem fram koma í marghliða samningum sem þessar stofur hafa undirritað.

7. gr.
Merkingar og nafnmerki.

Faggiltum aðilum ber að nota merkingar og nafnmerki faggildingarsviðs á þann hátt og í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Öðrum er óheimilt að nota merkingar eða nafnmerki faggildingarsviðs eða merki sem skapað getur hættu á ruglingi.

Faggildingarsvið skal viðurkenna reglur hins faggilta aðila um hvernig hann og þeir sem hann metur starfsemina hjá megi nota nafnmerki faggildingarstofu.

Ráðherra samþykkir merki faggildingarsviðs og nánari reglur sem um það skulu gilda og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Gjaldskrá fyrir þjónustu faggildingarsviðs.

Þjónusta faggildingarsviðs er gjaldskyld. Gjöld samkvæmt þessari grein skulu skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *Umsóknar- og skráningargjald.* Umsóknar- og skráningargjald er gjald fyrir upplýsingar fyrir umsókn, móttöku, skráningu, yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutta álitsgerð um niðurstöður fyrstu yfirferðar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.
2. *Faggildingargjald.* Faggildingargjald er gjald fyrir mat á tilnefndum aðilum sem í er fólgið val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða niðurstöðu mats og stjórn faggildingar eða mats á tilnefndum aðila.
3. *Eftirlitsgjald.* Eftirlitsgjald er gjald fyrir umsýslu við eftirlit með faggildum eða tilnefndum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi, skýrslugerð, ákvörðun eða álitsgerð um niðurstöður og stjórn eftirlitsins.
4. *Gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir.* Gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir er gjald fyrir mat á gæðakerfi, þ.m.t. skipulagsferlið, skilyrði fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar heilbrigðis- og umhverfisrannsóknir sem eru ekki klíniskar.

Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal m.a. taka mið af vinnutímagjaldi faggildingarsviðs, ferðakostnaði, efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði þegar það á við og hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði við húsnæði og aðgang að nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Ráðherra samþykkir gjaldskrá samkvæmt þessari grein og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
Tilkynntir aðilar og samræmismat.

9. gr.

Tilkynntur aðili.

Faggildingarsvið annast mat á hæfni og hæfi þess sem vill öðlast réttindi til þess að framkvæma samræmismat sem skylt er að framkvæma á vöru, ferli eða þjónustu í samræmi við lög og reglur sem innleiða nýaðferðartilskipanir í íslenskan rétt og gilda um hlutaðeigandi vöru, þjónustu eða ferli.

Ráðherra á viðeigandi stjórnsýslusviði tekur ákvörðun og tilkynnir um aðila sem uppfylla þau skilyrði sem lög og reglugerðir setja um starfsemi þeirra.

10. gr.

Samræmismat.

Niðurstöður samræmismats frá tilkynntum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu gilda hér á landi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.
Þagnarskylda.

Öllum sem taka þátt í eða tengjast meðhöndlun umsókna um faggildingu er skylt að halda leyndum öllum þeim atriðum sem þeir hafa fengið vitneskju um við framkvæmd starfa sinna gagnvart óviðkomandi þriðja aðila. Þagnarskylda samkvæmt þessari grein helst þótt látið sé af starfi.

12. gr.
Viðurlög.

Aðili sem notar merki faggildingarsviðs án þess að hafa hlotið faggildingu eða á annan hátt gefur í skyn að hann sé faggiltur með því að nota íslensk eða erlend merki sem geta skapað hættu á ruglingi við merki faggildingarstofa skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006. Frá og með sama tíma fellur úr gildi IV. kafli og 4. tölul. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um faggildingu, en með faggildingu er átt við formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að framkvæma ákveðin verkefni. Nú eru ákvæði um faggildingu í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, en við gildistöku þeirra laga 1. janúar 1993 komu ákvæði um faggildingu fyrst inn í íslenska löggjöf.

Almennt um faggildingu og réttarþróun í Evrópu.

Faggilding er alþjóðleg aðferð sem stjórnvöld og fyrirtæki á markaði nota til þess að tryggja að vara og þjónusta sé í samræmi við kröfur. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) vísar í reglum sínum um tæknilegar viðskiptahindranir til faggildingar og samræmismats til þess að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum. Í Evrópu er faggildingu beitt til að styrkja innri markaðinn. Á Íslandi hefur faggilding verið starfrækt frá árinu 1993 hjá faggildingarsviði innan Löggildingarstofu og nú innan Neytendastofu. Áður var algengt að faggildingarstofum í Evrópu væri fundinn staður innan mælifræðistofnana eða í tengslum við aðra starfsemi. Faggildingarstofur, sem nú starfa í meira en þrjátíu löndum Evrópu, hafa með sér samstarf innan samtakanna European co-operation for Accreditation (EA) til þess að gæta samræmis í störfum sínum.

Frá því að ákvæði um faggildingu voru fyrst sett í íslensk lög hefur orðið mikil þróun í löggjöf hérlendis og á sviði Evrópuréttar. Stjórnvöld jafnt sem viðskiptalífið nota faggildingu í sífellt meira mæli sem aðferð til að veita formlega viðurkenningu á hæfni aðila til að framkvæma verkefni sem lög, reglur eða innri gæðakerfi mæla fyrir um.

Jafnt evrópskar sem og alþjóðlegar faggildingarstofur hafa með sér samtök og er eitt af verkefnum þeirra að meta starfsemi faggildingarstofa innan sinna vébanda miðað við alþjóðlegan staðal sem gildir um starfsemi faggildingarstofa. Faggildingarstofur sem uppfylla kröfur staðalsins verða aðilar að gagnkvæmu samkomulagi faggildingarstofa um að viðurkenna prófanir, skoðanir og vottanir sem eru faggildar. Ávinningurinn fyrir atvinnulíf er að niðurstaða faggilts mats sem gert er á vörum eða þjónustu þeirra er viðurkennd alls staðar þar sem

faggilding er starfrækt og er í mörgum tilvikum forsendan fyrir markaðssetningu þeirra.

Að undanförnu hafa kröfur verið að aukast á alþjóðavettvangi, og ekki síst hjá Evrópusamtökum faggildingaraðila, um að tryggja verði að faggildingarstofur njóti óyggjandi trausts sem óháðir matsaðilar á hæfi þeirra sem sækja um faggildingu til hinna ýmsu verkefna. Faggildingarstofa má ekki stunda starfsemi sem hún metur aðra hæfa til að starfrækja. Þannig má faggildingarstofa eða aðili henni tengdur t.d. ekki starfrækja samræmismat eða kvörðunarþjónustu. Faggildingarstofa getur ekki heldur verið hluti af eftirlitsstjórnvaldi sem notar faggiltar samræmismatsstofur til þess að sinna tæknilegu eftirliti í sínu umboði þar sem faggildingin er þá ekki lengur óháður þriðji aðili. Faggildingarstofur sem ekki geta sýnt fram á að þær uppfylli alþjóðlegar kröfur geta ekki notið gagnkvæmrar viðurkenningar á faggildingum sem þær veita. Á vettvangi faggildingarstofa í Evrópu hefur á undanförnum árum einnig verið mælst til þess að í hverju ríki sé aðeins einn aðili sem hafi með höndum slíka starfsemi en í nokkrum ríkjum í Evrópu hafa fleiri en einn aðili verið viðurkenndir til að starfa að faggildingu í hlutaðeigandi Evrópuríki.

Framkvæmd faggildingar á Íslandi.

Frá árinu 1992 hefur faggilding verið í höndum Löggildingarstofu og nú Neytendastofu. Neytendastofa notar faggildar stofur til að sinna tæknilegu eftirliti í sínu umboði á sviði rafmagnsöryggis, markaðseftirlits og lögmælifræði auk þess að reka kvörðunarþjónustu. Vegna kröfunnar um hlutleysi faggildingarstofu er því nauðsynlegt að hún verði staðsett annars staðar en hjá Neytendastofu.Þess vegna er nú talið rétt að setja sérstök lög um faggildingu til að tryggja að á Íslandi geti starfað faggildingarstofa sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur og tryggir íslensku atvinnulífi þjónustu vegna markaðsetningar á vörum sem það framleiðir og hæfni í opinberu eftirliti í almannaþágu.

Á undanförnum árum hefur umræða á alþjóðavettvangi leitt til þess að frá og með árinu 2005 er ætlast til þess að þau ríki sem starfrækja faggildingarstofur tryggi að faglegt sjálfstæði þeirra verði ekki vefengt, einkum gagnvart þeim aðilum sem byggja á þjónustu faggildingarstofa. Af framangreindum ástæðum þykir því nauðsynlegt að starfsemi Neytendastofu varðandi faggildingu verði stjórnunarlega og fjárhagslega skýrt aðgreind frá starfsemi Neytendastofu eða annarra eftirlitsstjórnvalda þar sem hætta kann að vera á hagsmunaárekstrum. Þannig sé tryggt að faggilding sé framkvæmd af óháðum þriðja aðili sem stundi ekki starfsemi sem hann faggildir aðra til að starfrækja. Af ákvæðum frumvarpsins er þó ljóst að hér eftir sem hingað til er rekstur faggildingar hér á landi á ábyrgð íslenskra stjórnvalda.

Í frumvarpinu er lagt til að Einkaleyfastofu verði falið að annast faggildingu samkvæmt lögunum. Heppilegast er talið að starfsemin sé felld að annarri starfsemi á vegum undirstofnunar ráðuneytisins fremur en að lagt sé til að mynduð sé sérstök stofnun eins til tveggja starfsmanna. Viðskiptaráðuneytið hefur umsjón með því hvernig þróun faggildingarsviðs verður, svo sem hvernig auðlindir og mannafli vegna starfseminnar verði tryggður og hvaða þjónustu Einkaleyfastofa er skuldbundin til að inna af hendi gagnvart ráðuneytinu, atvinnulífinu og almannahagsmunum. Í gegnum árlegan undirbúning fjárlaga hverju sinni og með hliðsjón af innheimtum tekjum faggildingarsviðs samkvæmt gjaldskrá verður einnig skilgreint í samvinnu við ráðuneytið hve stór hluti skuli í framtíðinni koma ár hvert úr ríkissjóði, sbr. nánar um það í 8. gr. frumvarpsins. Með þessu er tryggt faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði faggildingarsviðs Einkaleyfastofu. Þess má geta að í Danmörku hefur t.d verið farin sú leið að fela verkefni faggildingar sérstakri sjálfseignarstofnun sem er í eigu stjórnvalda og aðila markaðarins og er rekin án fjárhagslegs hagnaðar. Með hliðsjón af aðstæðum á Íslandi og hversu takmörkuð starfsemi er hér ennþá er talið heppilegra að skipa málefnum faggildingar

hér á Íslandi eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir a.m.k. næstu 5–10 ár eða jafnvel til frambúðar. Verði verulegar breytingar á aðstæðum getur vel komið til greina að þessi skipan verði endurskoðuð og reynt að stofna um þetta sjálfseignarstofnun. Forsenda fyrir því er þó að stjórnvöld og einkaaðilar séu reiðubúnir til að reiða fram fullnægjandi stofnframlög og bera að öðru leyti ábyrgð á starfseminni samkvæmt skipulagsskrá slíkrar sjálfseignarstofnunar. Þegar og ef slíkar forsendur skapast í framtíðinni þá er ekkert því til fyrirstöðu að hugað verði að slíkum breytingum á starfseminni að fyrirmynd Dana og með hliðsjón af því annars vegar hvernig það fyrirkomulag reynist í framtíðinni og hins vegar það fyrirkomulag sem hér á landi hefur orðið fyrir valinu, sbr. ákvæði þessa frumvarps.

Á faggildingarsviði Neytendastofu hefur frá 1992 starfað einn starfsmaður sem hefur sinnt faggildingu hér á landi. Jafnframt hefur faggildingarsvið Neytendastofu keypt sérfræðiaðstoð bæði innan lands og frá útlöndum þegar það hefur verið nauðsynlegt en samstarfssamningur hefur verið í gildi milli hennar og sænsku faggildingarstofunnar (SWEDAC) um sameiginlega faggildingu á prófunarstofum. Haustið 1998 var ráðinn annar starfsmaður til faggildingarsviðs og störfuðu þar tveir starfsmenn fram á vor 1999 þegar fyrsti starfsmaðurinn fór til annarra starfa. Þá þegar var ljóst að efla þurfti starfskrafta faggildingarsviðs til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir faggildingu og uppfylla ýmsar kröfur sem gerðar eru til faggildingar í alþjóðlegum stöðlum. Langan tíma tekur að byggja upp þekkingu á sviði faggildingar en faggilding og samræmismat er víðfeðmt og flókið viðfangsefni. Við athugun á starfsemi Löggildingarstofu sem gerð var á árunum 2003–2004 kom fram að það væri afar nauðsynlegt til að tryggja stöðugleika í starfsemi faggildingar og trúverðugleika og að á faggildingarsviði starfi a.m.k. tveir starfsmenn. Ástæða þess er annars vegar sú að starfssvið faggildingar hefur verið að stækka og tæknilegum sviðum sem metin eru að fjölga og hins vegar mun slíkt skipulag auka og bæta möguleika hennar til að afla meiri tekna en unnt er þegar þar starfar aðeins einn starfsmaður. Jafnframt er mikilvægt að faggildingarsvið notfæri sér íslenska starfskrafta í eins ríkum mæli og unnt er. Það getur leitt til sparnaðar fyrir þá sem afla sér faggildingar hér á landi.

Starfssvið faggildingar hefur aukist á undanförnum árum ekki síst vegna endurskipulagningar á eftirlitsstarfsemi sem fram fer á vegum ýmiss konar eftirlitsstjórnvalda hér á landi. Faggildingarþjónusta er seld út en vegna smæðar markaðarins er ljóst að tekjur geta ekki staðið undir slíkum rekstri að öllu leyti. Auk þess er mikill kostnaður fólginn í því að þróa nýjar faggildingaráætlanir og ekki sanngjarnt að leggja allan slíkan kostnað á fyrsta viðskiptamann sem hlýtur faggildingu samkvæmt nýrri faggildingaráætlun. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að faggilding verði að nokkru leyti sjálfbær en þó er þess ekki vænst að sértekjur geti staðið undir meira en sem nemur helmingi af rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði muni nema helmingi af rekstrarkostnaði miðað við núverandi umfang starfseminnar. Stefnt er að því að framlög ríkissjóðs minnki á næstu fimm til sex árum í samræmi við áætlanir um að fjöldi viðskiptavina muni aukast bæði vegna þróunar á eftirlitsstarfsemi hins opinbera og þess að kröfur í viðskiptalífinu um faggildingu eru sífellt að aukast. Þess vegna má búast við að framlag ríkissjóðs muni að nokkrum árum liðnum takmarkast einkum við að veitt verði framlag til að standa undir þróun nýrra faggildingaráætlana ekki síst til þess að unnt verði að einfalda og gera opinbert eftirlit skilvirkara með því að nota aðferðafræði faggildingar.

Almennt um frumvarpið.

Auk ákvæða um gildissvið og skilgreiningar er að finna í frumvarpinu ákvæði um starfsemi faggildingarsviðs og ákvæði um ýmis réttindi og skyldur sem tengjast faggildingum.

Viðskiptaráðherra ber hér eftir sem hingað til ábyrgð á að hér á landi starfi faggildingarsvið sem hafi það hlutverk fyrir hönd íslenskra stjórnvalda að faggilda og þar með veita formlega viðurkenningu á því að fyrirtæki eða einstaklingur sé hæfur til að framkvæma þau verkefni sem faggildingin tekur til. Í frumvarpinu er kveðið á um að faggildingarsvið skuli vera faglega og fjárhagslega sjálfstætt og óháð opinberum aðilum og einkaaðilum sem eiga eða kunna að eiga viðskipti við það. Mikilvægt er að starfsemi faggildingarsviðs njóti trausts og ber því að starfa eftir og fylgja þeim kröfum sem er að finna í staðlinum ÍST ISO/IEC 17011.

Í frumvarpinu eru ákvæði um merkingar og nafnmerki faggildingarsviðs. Þegar faggilding hefur verið veitt eiga faggiltir aðilar rétt til að nota sérstakt merki sem sýnir að starfsemin hefur verið faggilt. Mikilvægt er þó að slík merki séu ekki misnotuð en faggildingarsvið setur nánari reglur um notkun merkisins og hefur eftirlit með notkun þess.

Allir sem uppfylla skilyrði laga, reglna og staðla um faggildingu eiga rétt til að njóta þjónustu frá faggildingarsviði. Í mörgum tilvikum er faggilding formleg viðurkenning til þess að geta sinnt ýmsum trúnaðarstörfum á sviði opinbers eftirlits með ýmsum lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Allar breytingar sem kunna að verða á starfsemi aðila sem hlotið hefur faggildingu og geta haft áhrif á grundvöll faggildingarinnar ber að tilkynna samkvæmt ákvæðum í stöðlum og almennum reglum sem gilda um faggildingu. Þrátt fyrir að aðeins einn faggildingaraðili starfi hér á landi er ekkert sem kemur í veg fyrir að innlendir aðilar geti óskað eftir faggildingu frá viðurkenndri faggildingarstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ef það telst vera hagkvæmara eða á annan hátt æskilegt. Faggilding sem þannig er veitt af annarri viðurkenndri faggildingarstofu nýtur því gagnkvæmrar viðurkenningar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og alþjóðlegum reglum sem gilda á sviði faggildingar. Eftir að faggilding hefur verið veitt þá er sá aðili sem hefur hlotið faggildingu framvegis undir eftirliti þeirrar faggildingarstofu sem veitt hefur faggildinguna. Reglubundið eftirlit fer fram á tólf mánaða fresti en nákvæmara endurmat á starfsemi hins faggilta aðila fer svo fram á fjögurra ára fresti.

Í mörgum tilskipunum Evrópusambandsins er eitt meginmarkmiðið að afnema tæknilegar viðskiptahindranir og tryggja frjálst flæði vöru og þjónustu á hinum sameiginlega innri markaði. Í framangreindum tilskipunum, sem og íslenskum lögum eða reglugerðum þar sem slík ákvæði hafa verið innleidd, er svonefndum *tilkynntum aðilum* (e. *notified bodies*) falið að annast athugun á því hvort vara, ferli eða þjónusta uppfylli allar kröfur sem reglur gera til hlutaðeigandi vöru, þjónustu eða ferlis. Á íslenskum stjórnvöldum hvílir því samkvæmt slíkum reglum sú skylda að tilnefna og tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB hvaða aðilar teljist hæfir til að taka að sér slík störf hér á landi. Á Íslandi verður það í höndum faggildingarsviðs fyrir hönd íslenskra stjórnvalda að meta hæfni þeirra aðila sem vilja taka að sér slík eftirlitsverkefni á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Slíkir aðilar eru þeir sem hlotið hafa *tilnefningu* (e. *designation*) en þeir eru einnig oft kallaðir tilnefndir aðilar. Í frumvarpinu er því að finna ákvæði um skyldu faggildingarsviðs til að annast mat á hæfi og hæfni þeirra aðila sem vilja fá réttarstöðu sem tilkynntur aðili í samræmi við ákvæði í Evrópurétti og íslenskum lögum og reglum sem innleiða slíkar reglur hér á landi. Í sérreglum og e.t.v. stöðlum sem eiga við um starfsemi þeirra aðila sem sækjast eftir tilnefningu er auk þess að finna ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur þeirra aðila. Í athugasemdum hér á eftir um nýja aðferð og faggildingu og í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins er auk þess að finna nánari greinargerð um tilnefningu og tilkynnta aðila.

Áður en fjallað er um ákvæði einstakra greina frumvarpsins þykir rétt að gefa stutt yfirlit um ástæður þess að ákvæði um faggildingu komu inn í íslenska löggjöf og hvernig svonefnd *ný aðferð* í lagasetningu á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið þróuð til þess að unnt

sé að tryggja frelsi í vöruviðskiptum og afnám tæknilegra hindrana sem geta staðið í vegi fyrir slíkum viðskiptum.

Ný aðferð (e. *new approach*) er talin vera einn af hornsteinum frjálsra vöruviðskipta á innri markaðnum í Evrópu og því mikilvægt að hér sé gerð nokkur grein fyrir helstu grundvallarþáttum í þeirri aðferðafræði og hvernig hún tengist faggildingu og faggildingarstarfsemi hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ný aðferð.

Meginástæða þess að nauðsynlegt var að setja í íslenskan rétt ákvæði um faggildingu voru aukin alþjóðaviðskipti og þær skuldbindingar sem þau höfðu í för með sér. Árið 1985 samþykkti ráðherraráð Evrópusambandsins ályktun sem miðaði að því að taka upp svonefnda „nýja aðferð“ (e. *new approach*) þegar ESB mundi framvegis samþykkja og setja reglur um hvernig framleiðendur vöru gætu uppfyllt staðla og, þegar það á við, reglur um framleiðslu vöru sem á að vera undir eftirliti, t.d. vegna öryggishagsmuna neytenda.

Framangreind ákvörðun í ráðherraráðinu var tekin í aðdraganda þess að aðildarríki ESB höfðu ákveðið að mynda einn sameiginlegan innri markað í Evrópu. Til þess að unnt væri að ná því markmiði var mikilvægt að komið yrði í veg fyrir að í einstökum Evrópuríkjum giltu sérreglur sem fælu í sér tæknilegar viðskiptahindranir í viðskiptum og gætu því staðið í vegi fyrir óhindruðum viðskiptum milli þeirra ríkja sem aðild ættu að innri markaðnum.

Nýja aðferðin byggist m.a. á eftirfarandi meginreglum:

a. Til þess að frelsi í vöruviðskiptum sé tryggt má samræming á tæknilegum reglum í löggjöf aðildarríkja á innri markaðnum aðeins taka til *nauðsynlegra grunnkrafna* sem gilda um framleiðslu vörunnar.
b. Í tilskipunum ESB skal kveðið á um þær grunnkröfur sem skulu gilda um hlutaðeigandi vöru og vöruframleiðslu en í *evrópskum stöðlum* er að finna nánari tæknilegar útfærslur sem framleiðendur verða að uppfylla er þeir framleiða vörur sem falla undir slíkar reglur.
c. Framleiðendum er almennt frjálst að ákveða hvort þeir vilja framleiða vörur sem uppfylla staðla og geta þeir yfirleitt valið að nota aðrar tæknilegar útfærslur við framleiðsluna, svo framarlega sem *vöruframleiðslan uppfyllir grunnkröfur* sem gilda um framleiðsluna.
d. Vörur sem eru framleiddar í samræmi við staðla njóta þó þess hagræðis að teljast *fyrir fram vera í samræmi* (e. *presumption of conformity*) og án sérstaks eftirlits frá þriðja aðila við hlutaðeigandi grunnkröfur sem gilda um vöruframleiðsluna, þjónustuna eða ferlið.

Til þess að unnt sé að framkvæma nýju aðferðina verður að vera tryggt að þær nauðsynlegu grunnkröfur sem kveðið er á um í tilskipunum séu fólgnar í stöðlum sem gilda um hlutaðeigandi vöru, þjónustu eða ferli. Auk þess verða stjórnvöld í hverju aðildarríki fyrir sig að uppfylla skyldur sínar og tryggja að nauðsynlegt eftirlit sé haft með því að þær grunnkröfur sem kveðið er á um í tilskipunum, t.d. varðandi öryggi vörunnar, eða aðrir mikilvægir þættir sem henni tengjast og skylt er að uppfylla lögum samkvæmt, séu í raun uppfylltar varðandi þær vörur sem eru á markaðnum hverju sinni.

Af framangreindu er ljóst að nýja aðferðin byggist alfarið á því að grunnkröfur séu samræmdar og framleiðendum gert skylt að uppfylla þær samkvæmt ákvæðum tilskipana. Þess vegna er aðeins hægt að nota þessa aðferð fyrir vörur eða þjónustu þar sem unnt er að skilgreina á almennan hátt þá eiginleika sem hún verður að uppfylla og í framhaldi af því að samþykkja nauðsynlegar grunnkröfur fyrir hlutaðeigandi vöru eða vöruflokk o.s.frv.

Altæk aðferð við framkvæmd á samræmismati.

Nýja aðferðin byggist ekki einungis á þeim meginreglum sem að framan hefur verið lýst heldur er auk þess lykilatriði að vel sé staðið að því að *meta* hvort varan sé *í samræmi við þær grunnkröfur sem koma fram í reglum sem um hlutaðeigandi vöruflokk gilda*. Það er því ekki nóg að í tilskipunum sé að finna reglur um hvaða grunnkröfur skuli uppfylltar heldur verður einnig að meta og tryggja að í framkvæmd sé slíkum reglum fullnægt eins og lagareglur nýju aðferðarinnar kveða á um. Hér skiptir einnig miklu máli að byggja upp færni hjá þeim sem taka að sér slíkt mat og að það sé gert á opinn og gagnsæjan hátt þannig að allir geti treyst því starfi.

Til að leysa þetta var fyrst samþykkt ályktun ráðherraráðsins 21. desember 1989 um *altæka aðferð* (e. *global approach*) þar sem ákveðið var að tryggja samræmdar og staðlaðar aðferðir þegar verið er að meta hvort vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við grunnkröfur sem ákveðnar eru í reglum ESB samkvæmt hinni nýju aðferð. Í þeirri ákvörðun ráðherraráðsins fólst einnig að þar með var ákveðið að nota samræmdar aðferðir í allri löggjöf Evrópusambandsins. Ákveðið var að nota evrópska staðla til að tryggja gæði, sbr. ÍST EN ISO 9000 staðalinn, svo og ÍST EN 45000 staðlaröðina, varðandi hvaða kröfur skuli gerðar til þeirra aðila sem vilja taka að sér samræmismat. Aðildarríkin voru einnig hvött til þess að stofnsetja faggildingarstofur til að meta hæfni og færni þeirra aðila sem eiga tryggja framkvæmd reglnanna.

Til þess að unnt væri að framkvæma hina altæku aðferð sem hér hefur verið lýst samþykkti ráðherraráðið því næst ákvörðun nr. 90/683/EBE, sem síðar var breytt með ákvörðun nr. 93/465/EBE, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu.

Í ákvörðun 93/465/EBE er lýst nánar þeim aðferðareiningum og margvíslegu framkvæmdaþrepum sem fara á eftir þegar verið er að meta samræmi vöru, þjónustu eða ferlis við grunnkröfur tilskipananna. Í þessari ákvörðun er einnig að finna samræmdar reglur Evrópusambandsins um hvenær og hvernig megi nota CE-merkið eins og heiti þessarar EB-gerðar gefur til kynna.

Í stuttu máli þá er í framangreindri ákvörðun ráðherraráðsins lýst þeim helstu aðferðareiningum sem faggiltir eða tilkynntir aðilar eiga að nota þegar þeir meta hvort vara sé í samræmi við grunnkröfur sem kveðið er á um í lögum eða öðrum reglum sem gilda um vöruna, ferlið eða þjónustuna sem þeir eru að meta hverju sinni.

Samræmismatinu er því skipt upp í marga mismunandi þætti sem miðast til dæmis við hvort um fullkomna vöru er að ræða, hvort verið sé að meta skjöl er varða vöruframleiðsluna og hvort verið sé að gerðarprófa hana og þar er einnig að finna skilyrði er varða hæfi og hæfni þeirra einstaklinga sem starfa að framleiðslunni.

Samræmismat samkvæmt framangreindri aðferð byggist á eftirtöldum meginþáttum:

a. Innra eftirliti framleiðanda með hönnun og framleiðslu vörunnar,
b. gerðarprófun (skoðun) sem framkvæmd er af óháðum þriðja aðila og tengd er innra eftirliti framleiðanda,
c. gerðarprófun, og hönnunarskoðun, sem tengd er samþykki þriðja aðila fyrir framleiðslu vörunnar eða gæðakerfum, eða með prófunum sem óháður þriðji aðili gerir,
d. skoðun sem óháður þriðji aðili gerir á hönnun og framleiðslu, eða
e. samþykki sem óháður þriðji aðili veitir um fullkomið gæðaeftirlitskerfi.

Hér að framan hefur verið lýst meginreglum nýrrar aðferðar og helstu þáttum hinnar altæku aðferðar sem Evrópusambandið hefur byggt á til að koma á fót frelsi í vöruviðskiptum

og skilvirkni við eftirlit með framleiðslu á vörum sem verða að uppfylla tilteknar grunnkröfur um gerð og eiginleika.

Í tilskipunum ESB eru því notaðar framangreindar meginreglur nýju aðferðarinnar þegar verið er að setja nýjar reglur í tilskipunum um þær nauðsynlegu grunnkröfur sem framleiðsluvörur á innri markaðnum skulu uppfylla.

Til að tryggja eftirlit með framkvæmd á þeim reglum sem hafa verið settar er svo byggt á meginþáttum altæku aðferðarinnar sem hér að framan hefur verið lýst þegar meta skal hvort vörur, þjónusta eða ferli séu í samræmi við þær grunnkröfur sem ákveðnar eru á hverjum tíma í tilskipunum Evrópusambandsins.

Samkvæmt nýrrar aðferðar tilskipunum annast tilkynntir aðilar samræmismatið og bera aðildarríki á EES-svæðinu ábyrgð á tilnefningu þeirra aðila sem teljast hæfir til að annast slíkt eftirlit innan lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkis.

Starfsmaður faggildingarsviðs leggur mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir að fá tilnefningu og starfsréttindi sem tilkynntur aðili og hljóta viðurkenningu íslenskra stjórnvalda til að annast samræmismat á því sviði sem mat á hæfni hans nær til. Til glöggvunar á þeim atriðum sem hér er um rætt má nefna að samkvæmt reglugerð nr. 341/2003, um fólks- og vörulyftur, ber að tilnefna þann aðila sem telst hæfur til að annast samræmismat á fólkslyftum hér á landi. Einn aðili hefur verið metinn hæfur og tilkynntur af stjórnvaldinu, þ.e. félagsmálaráðuneytinu, til að annast samræmismat á fólkslyftum og hvort lyftur sem hér á landi eru teknar í notkun uppfylli nauðsynlegar grunnkröfur og geti því hlotið CE-samræmismerkið eftir að framleiðandi eða innflytjandi hefur sett þær upp og lyftan hefur verið tekin í notkun. Þetta er dæmi um hvernig reglur ESB sem byggjast á nýju og altæku aðferðinni hafa verið innleiddar hér á Íslandi.

Hafi tilkynntur aðili hlotið faggildingu í samræmi við ÍST EN 45000 staðlaröðina sýnir það að aðilinn hafi góða tæknilega þekkingu og hæfni til þeirra starfa sem hann hefur verið metinn til að framkvæma og er tilkynntur til að geta haft umsjón með. Hins vegar er það yfirleitt ekki, a.m.k. enn sem komið er, gert að skilyrði í tilskipunum, lögum eða reglum settum samkvæmt þeim að tilkynntir aðilar skuli vera faggiltir. Það er því á valdi og verksviði hvers ráðuneytis hverju sinni að ákveða hvort það skuli gera kröfu um að tilkynntur aðili á tilteknu sviði skuli vera faggiltur eða ekki. Í reynd hefur þetta atriði þó ekki jafnmikla þýðingu og kann að virðast í fyrstu. Það stafar af því að við mat á hæfni þeirra aðila sem vilja hljóta tilnefningu er í reynd beitt öllum sömu stöðlum varðandi mat á hæfni hans og þegar um er að ræða faggildingu. Sé ekki gerð krafa fullum fetum um faggildingu hefur það yfirleitt ekki aðra þýðingu en þá að hann fær hvorki þá formlegu viðurkenningu sem felst í faggildingunni né heldur rétt til þess að nota merki hennar samkvæmt þeim reglum sem um það gilda.

Starfssvið faggildingar.

Á Íslandi hefur starfssvið faggildingar stækkað á undanförnum árum. Ástæða þess er m.a. sú að í auknum mæli er nú beitt þeim aðferðum á vettvangi Evrópusambandsins sem hér að framan hefur verið lýst. Auk þess hefur framkvæmd á opinberu eftirliti á ýmsum sviðum verið færð frá sérstökum eftirlitsstofnunum á vegum ríkisins til faggiltra einkarekinna aðila. Með faggildingu þeirra til slíkra starfa er sem fyrr segir veitt formleg viðurkenning á því að einstaklingur eða lögaðili sem hlýtur faggildingu teljist hæfur til að framkvæma þau sérstöku verkefni sem faggildingin tekur til.

Í viðskiptalífinu hafa á undanförnum árum verið að aukast kröfur til ýmiss konar gæðastjórnunar og eftirlits án þess að áskilnaður sé um það í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Til að mæta þörfum viðskiptalífsins að þessu leyti hafa því sífellt fleiri aðilar aflað sér

faggildingar. Í dag er unnt að afla faggildingar fyrir skoðunarstofur, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur.

Frá upphafi hefur 106 aðilum verið veitt faggilding hér á landi. Nú eru starfandi 57 aðilar með faggildingu. Það er algengt þegar hafin er faggilding á nýju tæknilegu sviði að fleiri aðilar séu faggiltir en halda síðan áfram starfsemi þegar fram í sækir. Þetta gerist yfirleitt vegna þess að markaðurinn ber ekki eða hefur ekki þörf fyrir eins margar samræmismatsstofur og talið var í upphafi. Í sumum tilvikum hafa stofur sameinast. Hér að neðan er gerð grein fyrir á hvaða tæknilegum sviðum faggiltar samræmismatsstofur eru starfandi.

Skoðunarstofur eru starfandi á eftirfarandi sviðum: Aðalskoðun bifreiða, starfsemi í sjávarútvegi, raforkuvirki, markaðseftirlit raffanga, endurskoðunarverkstæði fyrir bifreiðar, verkstæði fyrir ökurit, svo sem ísetningu og prófun ökurita, almennt markaðseftirlit með vöru, skipaskoðanir og eftirlit með öryggisbúnaði í skipum.

Prófunarstofur er nú starfandi á eftirtöldum sviðum sem hlotið hafa faggildingu: Prófunarstofur fyrir raforku- og vatnsmæla, matvæli, sbr. örveru- og efnagreiningar, og byggingarvörur. Á næstunni bætist við prófunarstofa í klínískri læknisfræði. Á Íslandi hafði fram til ársins 2005 engin *kvörðunarstofa* hlotið faggildingu. Í ágúst 2005 fór fram á vegum faggildingarstofu Bretlands (UKAS) lokaúttekt til faggildingar á kvörðunarþjónustu Neytendastofu. Framangreind faggilding nær til kvörðunar á sviði massa (lóð og vogir) og hita (hitamælar). Framvegis verður því unnt að fá faggilta kvörðunarþjónustu í fyrsta sinn á Íslandi fyrir framangreind mælingasvið. Það er mikið framfaraspor fyrir atvinnulífið og rannsóknastofur á Íslandi. Á næstu árum er stefnt að því að fá faggildingu fyrir fleiri kvörðunarsvið þar sem það þykir hagkvæmt og nauðsynlegt. Lítill viðbótarkostnaður fylgir því að fjölga faggiltum aðferðum eða útvíkka hin þegar faggiltu svið enda verður þeim bætt við þegar breska faggildingarstofan UKAS kemur til reglubundins faggildingareftirlits á hinum þegar faggiltu sviðum fyrir massa og hita.

Vottunarstofur sem votta lífræna ræktun og veita faggilta vottun um matvælaframleiðslu eru starfandi og hafa verið faggiltar hér á landi. Væntanlega er einnig þörf fyrir faggildingu á stofu sem veitt getur umhverfisvottun, sbr. ákvæði í reglugerð ráðsins nr. 761/2001/ESB um EMAS (e. *Eco-Management and Audit Scheme*).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að taka til faggildingar, en það er sú starfsemi sem miðar að því að meta hæfni og veita formlega viðurkenningu á því að einstaklingur eða fyrirtæki sé hæfur til að vinna þau verkefni sem faggildingin tekur til. Í frumvarpinu er einnig að finna ákvæði um mat á tilkynntum aðilum og tilnefningu þeirra en á íslenskum stjórnvöldum hvílir sú skylda samkvæmt EES- samningum að meta og tilkynna til ESA þá aðila sem fullnægja kröfum laga og reglna settra samkvæmt þeim um að geta starfað að því að meta samræmi vöru eða þjónustu, sbr. nánar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Loks taka ákvæði þessa frumvarps til mats á góðum starfsvenjum við rannsóknir (e. *GLP: Good Laboratory Practice*), en samkvæmt ákvæðum í tilskipun ESB ber aðildarríkjum á EES-svæðinu að tilkynna hvaða aðili innan þeirra lögsagnarumdæma veitir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir. Samkvæmt reglugerð nr. 800/2000 hefur faggildingarsviði Löggildingarstofu, nú Neytendastofu, verið falið þetta verkefni og hér er því gert ráð fyrir að faggildingarsvið sem starfar samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps annist þetta verkefni fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á grundvallarhugtökum frumvarpsins. Skilgreiningar fyrir *faggildingu* (e. *accreditation*), *prófun* (e. *test*), *skoðun* (e. *inspection*), *vottun* (e. *certification*), *tilnefningu* (e. *designation*) og *samræmismat* (e. *conformity assessment*) eru fengnar úr staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17000:2004 *Conformity assessment – Vocabulary and general principles*. Rétt þykir þó að laga skilgreiningu á hugtakinu faggilding að þessu lagafrumvarpi og þar með notkun þessa hugtaks að ákvæðum frumvarpsins. Skilgreining fyrir tilnefndan aðila er leidd af skilgreiningu fyrir tilnefningu. Í greininni er einnig að finna skilgreiningu á hugtakinu *tilkynntur aðili* (e. *notified body*) en þetta hugtak kemur fram í öllum nýrrar aðferðar tilskipunum ESB en hlutverki þeirra hefur m.a. verið lýst í almennum athugasemdum við frumvarp þetta. Skilgreining fyrir *góðar starfsvenjur við rannsóknir* (e. *GLP: good laboratory practices*) er sú sama og í reglugerð nr. 800/2000 um góðar starfsvenjur við rannsóknir og er byggð á þýðingu þeirrar skilgreiningar í tilskipun ESB um þetta efni.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði þess aðila sem annast faggildingu. Þá er kveðið á um það að ráðherra skuli sjá til þess að hérlendis starfi aðili sem annist faggildingu, mat á tilnefndum aðilum og góðum starfsvenjum við rannsóknir og þau verkefni sem kveðið er á um í lögunum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að faggilding og önnur verkefni samkvæmt lögunum skuli vera í höndum faggildingarsviðs Einkaleyfastofu. Faggildingarsvið skal rekið sem sjálfstæð eining innan Einkaleyfastofu og annast það faggildingu á skoðunarstofum, prófunarstofum, kvörðunarstofum og vottunarstofum. Það annast einnig tilnefningu og mat á tilkynntum aðilum og metur þannig hæfni þeirra til að starfa samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þá aðila gilda. Í greininni er jafnframt mælt fyrir um að faggildingarstarfsemi Einkaleyfastofu skuli rekin í sjálfstæðri einingu sem skuli fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Þrátt fyrir þetta fellur faggildingarsvið skipulagslega séð undir starfsemi Einkaleyfastofu. Í því felst m.a. að starfsemin hefur ekki sérstakt fjárlaganúmer heldur munu fjárveitingar og umsjón með samskiptum við fagráðuneytið við gerð fjárlagatillagna o.fl. vera á verksviði forstjóra Einkaleyfastofu. Jafnframt er forstjóri hennar yfirmaður sviðsins í skilningi starfsmannalaga og annast ráðningu starfsmanna þess og aðra almenna umsjón með störfum þeirra. Faglegt sjálfstæði faggildingarsviðs er þó tryggt samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Framangreindri tilhögun er ætlað að koma í veg fyrir að stofna þurfi sérstaka ríkisstofnun fyrir einn til tvo starfsmenn faggildingarsviðs. Með því að fella þetta starfssvið undir starfsemi Einkaleyfastofu er náð ákveðinni hagkvæmni í stjórnsýslu, t.d. við gerð fjárlaga, rekstur og bókhald, sem og annað eftirlit af hálfu ráðuneytisins eða Ríkisendurskoðunar. Auk þess er ekki hætta á hagsmunaárekstrum af því tagi sem fjallað er um í 3. gr. frumvarpsins en það ákvæði setur því nokkrar skorður hvar unnt er að vista starfsemi faggildingarsviðs. Samtímis er staða starfsmanna skýr og ljóst að þessi starfsemi fellur hvað varðar skipulag undir Einkaleyfastofu nema annað sé tekið sérstaklega fram í frumvarpinu. Í 7. gr. þess er að finna ákvæði um nafnmerki faggildingarsviðs. Rétt til að nota slíkt nafnmerki skulu þeir einir hafa sem fengið hafa faggildingu hjá faggildingarsviði og uppfylla á hverjum tíma þau skilyrði sem faggilding þeirra er háð.

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um gjaldtöku fyrir þjónustu veitta á grundvelli þess. Þeir aðilar sem sækjast eftir faggildingu og hljóta hana greiða fyrir faggildinguna og

alla málsmeðferð sem því umsóknarferli fylgir. Á Íslandi er þessi markaður þó ekki enn orðinn nægilega stór til þess að þessi starfsemi geti að öllu leyti staðið undir sér. Ráðuneytið gerir því ráð fyrir að um helmingur af rekstrarfé til faggildingar komi sem framlag úr ríkissjóði en að öðru leyti standi hún undir rekstri með sölu á þjónustu sinni. Búast má við að eftir því sem umfang starfseminnar eykst verði aukning á sértekjum og framlag úr ríkissjóði minnki.

Í 2. mgr. 4. gr. er að finna nánari skilgreiningu á verkefnum faggildingarsviðs Einkaleyfastofu. Af ákvæðinu er ljóst að í starfsemi faggildingarsviðs felst öll almenn faggildingarstarfsemi og mat á tilnefndum aðilum og góðum starfsvenjum við rannsóknir. Framangreind starfsemi hefur verið á verksviði faggildingarsviðs Neytendastofu í samræmi við ákvæði laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Samkvæmt framansögðu er því gert ráð fyrir að grunnþættir starfseminnar verði áfram þeir sömu og verið hafa samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Faggilding á Íslandi verður að vera starfrækt í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegum stöðlum og reglum sem um faggildinguna gilda og er lagt til í greininni að það verði lögfest. Á Íslandi gildir um þetta efni ÍST EN ISO/IEC 17011 staðallinn. Auk þessa skal faggildingarsvið hafa til hliðsjónar leiðbeiningarreglur sem gefnar hafa verið út af Evrópusamtökum faggildingarstofa (EA) og öðrum alþjóðlega viðurkenndum samtökum sem miða að því að samræma kröfur sem gerðar eru til faggildingar. Faggildingarsvið á Íslandi mun gefa út nánari verklags- og leiðbeiningarreglur eins og krafist er samkvæmt staðlinum og tekur jafnframt þátt í samstarfi samtaka faggildingarstofa í Evrópu en þar er rík viðleitni til að samræma eins og unnt er ýmis atriði í störfum þeirra.

Um málsmeðferð umsókna og önnur skilyrði er varðar faggildingu, svo og niðurfellingu faggildingar, eða áfrýjanir er að öðru leyti vísað til ítarlegra ákvæða í staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17011, svo og öðrum verklags- og leiðbeiningarreglum sem faggildingarsvið starfar eftir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skylt sé að birta upplýsingar um þá aðila sem hafa fengið faggildingu og faggildingarsvið þeirra. Slíkar upplýsingar eru í dag birtar á heimasíðu Neytendastofu.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu á faggildingu, en með því er átt við að hér á landi er faggilding sem veitt er af erlendum faggildingarstofum viðurkennd að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði sem sett eru fyrir viðurkenningu slíkra faggildinga eru að hin erlenda faggildingarstofa sé aðili að Evrópusamtökum faggildingarstofa (EA) eða Alþjóðasamtökum faggildingarstofa (ILAC eða IAF) og að faggildingin sé á þeim sviðum sem hlutaðeigandi faggildingarstofa hefur fengið viðurkenningu á. Svæðisbundin samtök faggildingarstofa meta starfsemi faggildingarstofa innan sinna vébanda miðað við staðalinn ÍST EN ISO/IEC 17011. Faggildingarstofur sem standast mat verða aðilar að marghliða samningum faggildingarstofa (e. *multilateral agreements*; skst. MLA). Það þýðir að niðurstöður af samræmismati sem samræmismatsstofa framkvæmir sem er faggilt af faggildingarstofu sem er aðili að MLA eru viðurkenndar alls staðar þar sem faggildingarstofur sem eru aðilar að MLA starfa.

Um faggildingar framkvæmdar af erlendum aðilum fer þó alfarið samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um þá faggildingu, t.d. verður íslenskt fyrirtæki sem lýtur eftirliti erlendrar faggildingarstofu að nota merkingar og nafnmerki þeirrar faggildingarstofu sem hefur

eftirlit með fyrirtækinu og getur það ekki sjálfkrafa notað merkingar og nafnmerki íslensku faggildingarstofunnar, sbr. nánar ákvæði í 7. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um notkun merkinga og nafnmerkja.

Samkvæmt 1. mgr. skal notkun faggiltra aðila á nafnmerki faggildingarsviðs vera í samræmi við reglur sem um það gilda. Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að þeim sem ekki eru faggiltir af viðkomandi faggildingarstofu sé óheimilt að nota merkingar eða nafnmerki hennar eða merki sem skapað getur hættu á ruglingi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að faggildingarsvið skuli viðurkenna reglur hins faggilta aðila um hvernig nota megi nafnmerki faggildingarsviðs af þeim aðilum sem eru metnir af honum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra samþykki og birti í B-deild Stjórnartíðinda merki íslenska faggildingarsviðsins enda er það í samræmi við að stjórnvöldum hér á landi ber aðeins að veita einum aðila rétt og skyldu til þess að annast faggildingar hér á landi.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir faggildingarsviðs til að innheimta gjald fyrir þá þjónustu sem það veitir umsækjendum sem vilja fá faggildingu, verða tilnefndir til þess að mega stunda samræmismatsstarfsemi eða fá mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir, í samræmi við gildissvið frumvarpsins, sbr. 1. gr. Í greininni er kveðið á um gjaldskrá fyrir þessa þjónustu Einkaleyfastofu. Þjónustugjöldin skiptast samkvæmt þessari grein í fjóra meginflokka sem einnig endurspegla þau fjögur meginþrep sem faggildingarstarfsemi fylgir hverju sinni, en þau eru umsóknar- og skráningargjald, faggildingargjald, eftirlitsgjald og gjald vegna mats á góðum starfsvenjum við rannsóknir.

Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er að finna lýsingu á núverandi umfangi á faggildingarstarfsemi hér á landi og líklegri þróun á fjármögnun þessara verkefna. Sem fyrr segir verður það hlutverk Einkaleyfastofu að meta hæfni og veita formlega staðfestingu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á því að tiltekinn aðili hafi hæfni til að stunda tiltekin samræmismatsverkefni. Fyrsta skref í slíku ferli er að slíkir aðilar leggja fram umsókn þar sem tilgreint er á hvaða sviði hlutaðeigandi óskar eftir faggildingu eða mat á hæfni til að framkvæma nánar tiltekin verkefni. Til þess að standa straum af kostnaði við undirbúning, móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar, svo og fylgiskjala, er skv. 1. tölul. rétt og skylt að innheimta umsóknar- og skráningargjald. Í þessu gjaldi er einnig innifalin stutt álitsgerð um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar. Í tengslum við ákveðnar faggildingar getur einnig þurft að fara í heimsókn til umsækjanda. Í samræmi við faggildingaráætlanir á hverjum tíma er sett fram gjaldskrá fyrir umsóknir á hinum ýmsu faggildingasviðum, sbr. 1. tölul. Gjald þetta er ávallt óendurkræft þrátt fyrir að umsækjandi kunni að draga umsókn sína til baka eftir að umsókn hefur verið lögð fram.

Ákvæðið í 2. tölul. endurspeglar næsta skref í því ferli sem hefst með því að aðili leggur fram umsókn. *Faggildingargjald* er gjald fyrir faggildingu á aðila sem felur í sér val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða niðurstöðu mats og stjórn faggildingar. Undir þennan gjaldflokk fellur einnig gjald fyrir mat á tilnefndum aðilum en það nær yfir alla sömu verkþætti og ef um eiginlega faggildingu er að ræða, þ.e. gjaldið tekur til vals á matsmönnum, gerðar verk- og tímaáætlunar, mats á gæðakerfi og tæknilegrar starfsemi umsækjanda, skýrslugerðar, ákvörðunar um mat eða niðurstöðu mats og stjórnar á tilnefningu.

Eftir að faggilding hefur verið veitt í fyrsta sinn eða mat á tilnefndum aðila hefur verið

framkvæmt ber Einkaleyfastofu að hafa *eftirlit* með því að hlutaðeigandi aðilar haldi áfram að vera hæfir til þeirra starfa sem þeir hafa hlotið viðurkenningu til. Í 3. tölul. er því að finna þriðja kostnaðarflokkinn, þ.e. heimild til þess að setja gjaldskrá fyrir *eftirlitsgjald*, en það er gjald sem tekur til m.a. umsýslu við eftirlit með faggiltum eða tilnefndum aðila, vals á matsmönnum, gerðar verk- og tímaáætlunar, mats á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi hins faggilta eða tilnefnda aðila, skýrslugerðar og ákvörðunar eða álitsgerðar um niðurstöður eftirlitsins og stjórnun þess.

Í 4. tölul. er að finna heimild til faggildingarsviðs til þess að taka *gjald vegna mats á góðum starfsvenjum við rannsóknir*, en í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að frumvarp þetta gildir um slíkt mat nema þegar um er að ræða mat á starfsvenjum við lyfjarannsóknir.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði þar sem kemur fram á hvaða kostnaðarliðum gjaldskrá samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins skuli byggð. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir *vinnutímagjaldi faggildingarsviðs*. Ljóst er að mismikil vinna fylgir t.d. umsóknum um mismunandi faggildingaráætlanir og þess vegna er gjaldskránni ætlað að taka mið af því, sbr. t.d. núgildandi gjaldskrá Löggildingarstofunnar fyrir faggildingu og eftirlit, nr. 121/1995. Hið sama gildir um öll önnur störf í þágu þeirra sem vilja öðlast faggildingu, viðurkenningu sem tilnefndur aðili eða verða metinn í samræmi við kröfur sem gerðar eru varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir. Jafnframt er að finna heimild til að krefjast þess í gjaldskrá að þjónustuþegi greiði allan útlagðan kostnað, svo sem *ferðakostnað* og *efniskostnað*. Hið sama á við um *annan útlagðan kostnað* sem sannanlega er vegna faggildingarinnar eða mats sem innt hefur verið af hendi fyrir þjónustukaup. Loks er að finna heimild til að reikna inn í gjaldskrá *hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði*, þ.m.t. kostnað vegna húsnæðis og aðgangs að nauðsynlegum tækjabúnaði. Framangreind heimild er eðlileg og samræmist því meginsjónarmiði að þjónustan skuli verðlögð á viðskiptalegum grundvelli og í samræmi við þá umgjörð sem ákveðin er í lögum um starfsemi hennar, svo og fjárlögum á hverjum tíma.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra samþykki gjaldskrá samkvæmt greininni og birti í B-deild Stjórnartíðinda. Þar sem í raun er um að ræða einkarétt til að veita þjónustu á sviði faggildingar þykir rétt að ráðherra staðfesti gjaldskrána og birti hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna reglur um tilnefningu og tilkynnta aðila. Lagt er til að Einkaleyfastofa annist mat á hæfni og hæfi aðila sem vill öðlast réttindi til þess að framkvæma samræmismat sem skylt er að framkvæma á vöru, ferli eða þjónustu í samræmi við ákvæði í nýaðferðartilskipunum og samkvæmt þeim lögum eða reglum sem gilda hér á landi um hlutaðeigandi vöru, ferli eða þjónustu. Hún annast einnig faggildingu slíkra aðila þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða reglugerðum sem gilda á hlutaðeigandi sviði. Um hlutverk tilkynntra aðila samkvæmt nýaðferðartilskipunum Evrópusambandsins vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta, svo og almennra fræðirita í Evrópuréttinum.

Ef tilkynntur aðili brýtur af sér eða fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á getur ráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Niðurstöður samræmismats frá tilkynntum aðila njóta gagnkvæmrar viðurkenningar og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Það þýðir að tilkynntur aðili hefur rétt til þess að taka að sér störf á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og jafnframt geta innlendir aðilar óskað eftir slíkri þjónustu frá aðilum í öðrum EES-ríkjum svo framarlega sem þá er að finna á skrá framkvæmdastjórnarinnar yfir tilkynnta aðila.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að niðurstöður samræmismats til kynntra aðila á Evrópska efnahagssvæðinu gildi hér.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um þagnarskyldu þeirra sem taka þátt í eða tengjast meðhöndlun umsókna um faggildingu, en samkvæmt ákvæðinu er þeim skylt að halda leyndum gagnvart þriðja aðila öllum þeim atriðum sem þeir hafa fengið vitneskju um við framkvæmd starfa sinna. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Starfsemin er á margan hátt opinber stjórnsýsla og af þeirri ástæðu, en einnig með tilliti til hagsmuna viðskiptalífsins, er mikilvægt að skýrt sé kveðið á um þagnarskyldu þegar fjallað er um umsóknir um faggildingu.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög við brotum gegn ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Hér er veitt heimild til að sekta aðila ef það sannast að hann hefur brotið reglur um notkun merkinga og nafnmerkis. Slíkt getur m.a. gerst ef aðili notar merkið án þess að hafa hlotið faggildingu eða gefur á annan hátt í skyn að hann sé faggiltur með því að nota íslensk eða erlend merki sem geta skapað hættu á ruglingi.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um faggildingu o.fl.

Markmiðið með frumvarpinu er að setja sérstök lög sem tryggja að á Íslandi starfi faggildingarsvið sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um faggildingu. Fjallað er m.a. um faggildingarsvið, starfsreglur og gjaldskrá fyrir þjónustu. Áætlað er að bæta við einum starfsmanni en einnig er áætlað að tekjur af faggildingu muni aukast. Rekstrarkostnaður, þá aðallega launa- og húsnæðiskostnaðar, mun aukast um 12 m.kr. Á móti munu tekjur fara stighækkandi næstu árin til árins 2010 en þá er ráðgert að búið verði að þróa faggildingar á nýjum faggildingarsviðum. Greiðsla úr ríkissjóði sem er nú 4,1 m.kr. mun því þróast þannig að árið 2006 verði greiðslan 13,8 m.kr., árið 2007 11,6 m.kr., árið 2008 9,6 m.kr. og árið 2009 7,1 m.kr. og verði svo aftur komin í 4 m.kr. árið 2010.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna faggildingar hækki samtals um 25,6 m.kr. á árunum 2006 til 2010. Gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn rúmist innan ramma viðskiptaráðuneytis og hafi því ekki áhrif á fjárveitingar í heild.

404. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Samantekt.

Tekjuafgangur ríkissjóðs eykst samkvæmt tillögum 1. minni hluta fjárlaganefndar í 23,6 milljarða kr. en í því felst aukin vörn gegn neikvæðum afleiðingum þenslunnar í efnahagslífinu. Lagt er til að svigrúmi til skattalækkana verði varið til að lækka matarskatt og hækka persónuafslátt meira en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Í tillögum 1. minni hluta eru lagðar til sérstakar hækkanir til að styrkja einstaka málaflokka. Rúmlega einum milljarði kr. skal varið til að bæta stöðu menntakerfisins með sérstakri áherslu á framhaldsskóla- og háskólastigið, rúmlega tveimur milljörðum kr. til að styrkja velferðarkerfið og hálfum milljarði kr. til að bæta stöðu landsbyggðarinnar. Í tillögum um velferðarmál er sérstaklega tekið á vanda sjúkra barna með fjárveitingum til stækkunar á barna- og unglingageðdeild, eflingar barnadeildar LSH, aukinnar þjónustu hjá Barnaverndarstofu og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Inngangur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 313,2 milljarðar kr. og að tekjur verði 327,4 milljarðar kr. sem skilar 14,2 milljarða kr. tekjuafgangi. Við 2. umræðu um frumvarpið leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld samkvæmt því hækki um tæplega 1,9 milljarða kr. en jafnframt að tekjuhlið frumvarpsins hækki um rúmlega 7,2 milljarða kr. vegna endurskoðaðrar tekjuáætlunar næsta árs. Áætlaður tekjuafgangur samkvæmt tillögum meiri hlutans hækkar því um 5,4 milljarða kr. Samkvæmt tillögum 1. minni hluta er hins vegar gengið lengra og lagðar til breytingar sem gera að verkum, ef samþykktar verða, að tekjuafgangur fjárlaganna verði 23,6 milljarðar. kr.

Hækkun tekna er til marks um að stjórnvöld telja augljóslega sjálf að ekkert lát verði á þeirri gríðarlegu þenslu sem einkennt hefur íslensk efnahagslíf. Gjaldaaukningin samkvæmt tillögum meiri hlutans bendir til þess að stjórnvöld ætli sér að gæta meira aðhalds hvað útgjöldin varðar en áður. Sporin hræða hins vegar í því efni. Eitt megineinkenni þessarar ríkisstjórnar er hömlulaus þensla útgjalda. Fátt hefur breyst í því efni eins og speglast í áætlaðri útkomu á þessu ári, sem bendir eindregið til að útgjöld verði mun meiri en stjórnvöld höfðu ætlað.

Markmið fjárlagafrumvarpsins, efnahagsforsendur og ótraustar spár.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggjast á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 4,6% á árinu 2006 og að verðbólga verði um 3,8%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn aukast um 2,7%, einkaneysla er talin aukast um 4,3% og atvinnuleysi talið minnka áfram og verða um 1,8%. Miður jákvætt er að ekkert lát er á miklum viðskiptahalla við útlönd sem talinn er verða nálægt 12,2% af landsframleiðslu á næsta ári. Þessar forsendur hafa ekki verið endurmetnar af fjármálaráðuneytinu fyrir 2. umræðu um frumvarpið. Reynslan sýnir því miður að erfitt er að treysta þeim forsendum sem fjármálaráðuneytið leggur til grundvallar. Þannig blasir við að efnahagsþróunin á yfirstandandi ári hefur einfaldlega orðið allt önnur en ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 2005. Þetta kemur vel fram í eftirfarandi töflu:

Magnbreytingar, %	Fjárlög 2005	Áætlun 2005	Frumvarp 2006
Einkaneysla	5,0	9,5	4,3
Samneysla	2,0	2,4	2,2
Fjárfesting	18,0	28,5	0,8
Verg landsframleiðsla	5,0	6,0	4,6
Þjóðarútgjöld alls	7,5	12,8	2,9
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-11,0	-13,3	-12,2
Tekju- og verðlagsbreytingar, %			
Ráðstöfunartekjur á mann	6,75	7,6	6,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,25	3,7	2,7
Vísitala neysluverðs	3,5	3,9	3,8
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,75	2,2	1,8

Í töflunni kemur glöggt fram að lykilstærðir hafa þróast með allt öðrum hætti á árinu en fjármálaráðuneytið spáði. Þannig hefur einkaneysla orðið miklu meiri og er nú spáð að hún verði 9,5% í stað 5% sem ráðuneytið taldi upphaflega. Fjárfestingar eru nú áætlaðar 28,5% í stað 18% og þjóðarútgjöld vaxa um 12,8% í stað 7,5%. Þær efnahagsforsendur sem ríkisstjórnin leggur nú til grundvallar fjárlagafrumvarpinu er óhjákvæmilegt að skoða í þessu ljósi. Reynslan hefur einfaldlega sýnt – ekki síst af yfirstandand ári – að spár hennar um framvindu efnahagsmála hafa reynst vera úr takti við raunveruleikann. Í þessu samhengi vekur 1. minni hluti sérstaka athygli á því að forsendur fjármálaráðuneytisins um vöxt einkaneyslu eru mun varfærnari en spár bæði Seðlabankans og greiningardeilda bankanna. 1. minni hluti telur því að tekjur ríkissjóðs séu líklegar til að verða umtalsvert hærri á næsta ári en fram kemur í frumvarpinu.

Ábyrgir aðilar hafa haft uppi sterk varnaðarorð um þróun efnahagsmála og sinnuleysi sem stjórnvöld sýna gagnvart því ójafnvægi efnahagsmálanna sem við blasir. Þannig lýsti miðstjórn ASÍ strax yfir vonbrigðum með þá efnahags-, atvinnu- og félagsmálastefnu sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. ASÍ benti á þá sérkennilegu staðreynd að fjármálaráðuneytið spái um 4% verðbólgu næstu árin á grundvelli eigin fjárlagafrumvarps, það spái sjálft miklu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi háum vöxtum og sterku gengi með tilheyrandi vandræðum fyrir útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegina. Það skortir því augljóslega ábyrgð í efnahagsstefnunni og eins og stjórnarandstaðan hefur ítrekað bent á síðustu ár þarf meiri festu í ríkisfjármálum. Miðstjórn ASÍ sá því sérstaka ástæðu til að skora á ríkisstjórnina og Alþingi að taka með ábyrgum hætti þátt í efnahagsstjórninni og beita ríkisfjármálunum þannig að það dragi úr þörf fyrir harkalegar aðgerðir Seðlabankans í peningamálum.

Athyglisvert er jafnframt að fleiri aðilar í fjármálalífinu taka undir varnaðarorð ASÍ og spara heldur ekki stóru orðin þegar kemur að umfjöllun um efnahagsmálin. Í hagspá Landsbankans 2005–2010 frá því í september kemur t.d. fram að viðskiptahallinn hafi orðið mun meiri en talið var í fyrri spá og gengi krónunnar hafi styrkst langt umfram það sem flestir reiknuðu með. Þar segir síðan orðrétt: „Það hefur því reynt á þanþol hagkerfisins af enn meiri þunga en flestir sáu fyrir og því ekki að undra að gripið sé til orða á borð við ógnarjafnvægi til að fanga það ástand sem nú ríkir í efnahagsmálunum.“ Bent er á mikilvægi hagstjórnar í þessu sambandi, bæði stjórn peningamála og ríkisfjármála.

Fyrsti minni hluti undirstrikar að margt jákvætt er að finna í þróun efnahagslífsins á undanförnum árum. Það hefur einkennst af sköpunarkrafti og frumkvæði sem birtist glöggt

í útrás fyrirtækja erlendis. Þennan þrótt má rekja til aukins frelsis og minni hafta sem lagður var grunnur að með EES-samningnum fyrir áratug. Með frumkvæði sínu að honum áttu jafnaðarmenn stærstan þátt í því frelsi sem lagt hefur grunninn að gríðarlega sterkri samkeppnisstöðu Íslands í dag. Sala bankanna var að sönnu mjög umdeild á sínum tíma. Hitt er óefað að hún leysti mikinn kraft úr læðingi í atvinnu- og efnahagslífinu. Þetta er hin jákvæða hlið efnahagsmálanna í dag. Neikvæða hliðin birtist í því að dökkar blikur rísa nú hratt á loft efnahagsmála. Miklu skiptir því að stjórnvöld greini vandann rétt til að hægt sé að grípa til samræmdra gagnráðstafana. Stjórntækin sem völ er á, peningastefna Seðlabankans og ríkisfjármálin, verða að grípa saman eins og tannhjól í vél.

Lykilþættir í ólagi.

Því miður bendir margt til þess að lykilþættir séu að fara úrskeiðis við þessar viðkvæmu aðstæður. Ríkisstjórnin neitar að horfast í augu við afleiðingar óhóflegrar þenslu. Það kom skýrt fram í stefnuræðu forsætisráðherra þar sem ekki var vikið einu orði að veikleikum í efnahagslífinu og engin merki um skilning á afleiðingum þenslunnar hafa komið úr herbúðum ríkisstjórnarinnar. Hún lifir því miður í sýndarveruleika. Þessi afstaða veldur því að meiri hlutinn á Alþingi hefur sneitt hjá því að beita fjárlögum með virkum hætti til að slá á þensluna eins og margoft hefur verið lagt til við umræður um fjárlög síðustu árin. Hagstjórninni er velt nær alfarið yfir á Seðlabankann sem á fárra kosta völ annarra en að halda áfram að hækka vexti sem leiðir til hærra gengis og enn meiri erfiðleika fyrir útflutningsgreinarnar. Vaxtahækkanir og hátt gengi krónunnar með tilheyrandi vandræðum fyrir útflutningsgreinarnar eru því að verulegu leyti heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar.

Hitt sem einnig er vaxandi áhyggjuefni er ósamræmið sem nú er að koma fram í mati annars vegar Seðlabankans og hins vegar fjármálaráðuneytisins á framleiðsluspennu í hagkerfinu en hún er helsti mælikvarðinn á þensluna. Seðlabankinn telur að hér sé meiri spenna en nokkru sinni fyrr meðan fjármálaráðuneytið virðist einfaldlega álíta að hagkerfið sé því sem næst í jafnvægi. Mismunandi mat þessara lykilstofnana veldur því að þær hafa ekki sömu skoðanir á því til hvaða aðgerða beri að grípa til að draga úr þenslunni, og í hve ríkum mæli. Þetta á m.a. við aðhald í ríkisfjármálum. Mótvægisaðgerðir þeirra eru því líklegar til að verða ómarkvissar og ónógar eins og sést á undirbúningi fjárlaga. Aðgerðirnar eru því miður ólíklegar til að vinna nægilega vel saman til að tryggja að hægt sé að koma böndum á þensluna.

Blikur á lofti.

Kaupmáttur hefur vissulega aukist. Um það er ekki deilt. Samhliða hefur hækkun á lánshlutfalli vegna íbúðakaupa, hækkun á lánaþakinu og samkeppni banka við Íbúðalánasjóð um endurfjármögnun stóraukið aðgengi almennings að lánum á lágum vöxtum sem slegin eru út á húsnæði sem þar að auki er miklu verðmætara en áður. Þessi þættir, sem rekja má að hluta til stjórnvaldsaðgerða, hafa ýtt af stað gríðarlegri neyslubylgju sem birtist í langtum meiri aukningu einkaneyslu en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir í þjóðhagsáætlun síðasta árs. Þessi þróun er ekki sísta orsök þenslunnar og á mun ríkari þátt í henni en fjárfestingar vegna stóriðju.

Afleiðingarnar birtast í því að alvarlegar blikur blasa nú alls staðar við eins og kemur fram jafnt í umsögnum ASÍ og greiningardeilda bankanna um stöðu efnahagsmála. Viðskiptahallinn er á leið yfir 14% og hefur ekki mælst meiri í þau 60 ár sem hann hefur verið mældur. Stýrivextir Seðlabankans fara stöðugt hækkandi. Gengi krónunnar er gríðarlega hátt og tekjur útflutningsgreinanna hafa lækkað að sama skapi. Fyrirtækin eru því farin að greiða atkvæði

með fótunum og freista þess að flýja óstöðugleikann með því að flytja starfsemi sína til útlanda. Önnur, sem eiga þess ekki kost, munu þurfa að segja upp starfsfólki eða loka endanlega eins og gerst hefur víða á landsbyggðinni að undanförnu. Ýmsir í fjármálalífinu hafa spáð því að hugsanlega sé fram undan skarpt gengissig og virtar bankastofnanir hafa nefnt allt að 25% gengisfall í opinberum greiningum sínum. Verðbólgan gæti tímabundið rokið upp, sumar greiningadeildir nefndu allt að 8% fyrr á árinu, með tilheyrandi áföllum fyrir heimilin og einstaklingana í landinu. Þessi staða ber því alls ekki vott um ábyrgð eða nægilegt aðhald af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Veikleikar fjárlagafrumvarpsins.

Stýritækin sem stjórnvöld hafa í sínum höndum til að ráðast gegn ofrisi og þenslu eru aðallega tvenns konar. Seðlabankinn getur hækkað stýrivexti og slegið þannig á eftirspurn eftir fjármagni. Það eykur hins vegar kostnað fyrirtækja og ýtir undir hækkun gengisins þannig að staða útflutningsgreinanna versnar enn. Hins vegar getur ríkisstjórnin slegið á þenslu með því að skila sem mestum afgangi af fjárlögum. Meiri afgangur þýðir meira viðnám gegn þenslu og á miklum veltu- og þenslutímum á að vera auðveldara að skila miklum afgangi. Það er jafnframt miklu brýnna en ella við aðstæður eins og nú ríkja. 1. minni hluti bendir þó á að langvarandi hömluleysi í útgjaldaþenslu ríkisins hefur leitt til þess að blikur dregur á loft eins og birtast nú í lykilstærðum, t.d. genginu, viðskiptahalla og verðbólgu, er erfitt að grípa í einu vetfangi til aðgerða sem leiða til fjárlagaafgangs sem sérfræðingar telja nauðsynlegan.

Samkvæmt tillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu er gert ráð fyrir að afgangur af fjárlögum aukist. Í því birtist meiri skilningur en fram kom í fjárlagafrumvarpinu. Það ber sannarlega að virða. 1. minni hluti telur þó að afgangur af fjárlögum þyrfti að vera meiri og til að undirstrika það leggur hann til breytingar sem, ef samþykktar verða, munu leiða til þess að tekjuafgangur ríkissjóðs verði fjórum milljörðum kr. meiri en meiri hlutinn leggur til, eða 23,6 milljarðar kr.

Annar veikleiki fjárlagafrumvarpsins birtist svo í skattalækkunum. Menn geta deilt um réttmæti þeirra. Í þeim birtist sorglegur ójöfnuður þar sem langflestar krónur fara í vasa hálaunahópa en langtum minna rennur til þeirra samfélagshópa sem mest eru þurfandi. Sé á annað borð svigrúm til skattalækkana á að fara aðrar leiðir til að nýta það og bæta kjör þeirra sem verst eru settir. Um það gerir 1. minni hluti sérstakar tillögur við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Þessi ójöfnuður er alvarlegur veikleiki á hagstjórninni af ríkisins hálfu og ber vott um vanhugsuð áform þar sem ekki er spáð í afleiðingar.

Varanlegur agi í ríkisfjármálum og sterkt viðnám gegn þenslu ríkisútgjalda, ekki síst á tímum góðæris og fyrirsjáanlegrar þenslu, er sá grunnur sem fyrirhyggjusöm og ábyrg ríkisstjórn leggur svo að unnt sé að mæta mögulegri ofþenslu þegar hagsveiflan nær toppi. Það verður því að rifja upp að í niðursveiflunni árið 2000 var ríkisstjórnin brýnd til að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum til að vera undirbúin hugsanlegum afleiðingum uppsveiflunnar sem þá var strax spáð. Ráð er ekki nema í tíma sé tekið. En það var ekki tekið. Ríkisstjórnin svaf á verðinum. Hún lét skammsýni ráða för. Útgjaldaþensla ríkisins fór úr böndum og hefur lítið batnað síðan.

Agaleysið speglast mjög vel í því ósamræmi sem hefur birst annars vegar í áformum fjárlagafrumvarpa síðustu ára um tekjuafgang af fjárlögum og hins vegar í raunverulegum afgangi samkvæmt ríkisreikningi. Á veltuárunum 2000–2004 átti afgangurinn samtals að nema 82 milljörðum kr. en endaði í 8 milljarða kr. halla. Munurinn á þessu tímabili er því

90 milljarðar kr., eða 18 milljarðar kr. að meðaltali á ári. Það munar um minna. Í þessu birtist agaleysið í hnotskurn.

Ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar.

Yfirstandandi ár er þó ef til vill besta dæmið um hvernig tækifæri til að skila miklum tekjuafgangi af fjárlögum tapaðist. Áformað var að skila 10 milljörðum kr. Meðan árinu vatt fram varð gríðarleg veltuaukning í samfélaginu eins og fyrr er rakið. Ríkissjóður fékk því óvæntan búhnykk sem svaraði til nær 30 milljarða kr. tekjuaukningar. Hefðu áform um útgjöld staðist hefði afgangur ríkissjóðs því getað verið fast að 40 milljörðum kr. – í stað nær þrjátíu. En áform um útgjöld stóðust ekki. Tækifæri til að beita ríkisfjármálum af festu gegn þenslunni fór forgörðum.

Staðreyndin er sú að allir, jafnt greiningardeildir bankanna, ASÍ og atvinnurekendur, telja að veikleikar fjárlagafrumvarpsins veiki hagstjórnina. Það hefur ekki gerst áður að allir þessir aðilar hafi verið sammála um svo harða gagnrýni á efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Hún veltir í reynd vandanum öllum yfir á Seðlabankann og lætur skeika að sköpuðu. Í því felst mikið ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Fjárlögin sem stjórntæki.

Árum saman hafa fjárlög ekki staðist heldur gefið allt aðra mynd af ríkisfjármálunum en niðurstaða ársins hefur síðan orðið. Var á þetta bent í nefndaráliti 1. minni hluta í fyrra og þar gagnrýnt að stjórnvöld hafi m.a. viljað taka einstaka, svokallaða „óreglulega liði“, út úr samanburði fjárlaga við ríkisreikning. Til þess að nota megi fjárlög sem best til að stjórna ríkisfjármálum er nauðsynleg að huga að nokkrum atriðum.

Flutningur fjárheimilda milli ára.

Ástæða er til að geta mikilla frávika sem flutningur fjárheimilda milli ára er farinn að hafa á fjárheimildir stofnana. Hann gerir að verkum að fjárlögin segja í mörgum tilfellum lítið til um hverjar fjárveitingar þeirra eru í raun og veru. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2004 kemur fram að 19,5 milljarða kr. eldri fjárheimildir voru fluttar yfir á það ár. Það svarar til um 7% af fjárlögum ársins. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að undirstrika að þetta er langt umfram þau 4% viðmiðunarmörk sem talin eru ásættanleg samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisaðila. Ríkisendurskoðun hefur áður bent á að það veiki framkvæmd fjárlaga að flutningur á fjárheimildum milli uppgjörstímabila sé jafnmikill og raun ber vitni. Að hennar mati á það jafnt við um aðila sem hafa eytt umfram gjaldaheimild og þá sem ekki hafa notað fjárheimildir sínar í mörg ár. Í skýrslunni ítrekar stofnunin það álit sitt að Alþingi taki þetta mál til skoðunar og segir þar orðrétt: „Telja verður mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé þannig ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers ár. Nefna má ýmis dæmi um fjárveitingar til stofnana samkvæmt fjárlögum sem skerðast strax í byrjun fjárlagaársins um tugi prósenta vegna umframgjalda fyrri ára. Fyrr eða síðar þarf að bregðast við þeim vanda, ýmist með viðbótarfjárveitingum, hagræðingu í rekstri eða samdrætti í starfsemi.“ Ríkisendurskoðun telur vel koma til greina að flutningi fjárheimilda milli ára með núverandi hætti verði settar skorður, t.d. að hann takmarkist við 4% af fjárheimild ársins, en að fjárveitingavaldið taki þess í stað ákvörðun um endurnýjun á heimild sem ekki var notuð og eins hvort stofnun sé látin gjalda fyrir umframútgjöld. Slík breyting dregur á engan hátt úr ábyrgð forstöðumanna sem eftir sem áður geta þurft lögum samkvæmt að sæta viðurlögum hafi þeir brotið af sér.

Útgjaldarammar fjárlaga og afgreiðsla Alþingis.

Verklag rammafjárlaga var tekið í notkun árið 1992 en í því felst að ríkisstjórnin gerir tillögu að útgjaldarömmum fyrir hvert ráðuneyti sem aftur koma með tillögur um skiptingu útgjalda vegna sinna málaflokka í fjárlagafrumvarpinu. Þegar á reynir hafa þessir ramma ekki haldið. Þeim er iðulega breytt, langoftast til hækkunar, í meðförum Alþingis á frumvarpinu. Tillögur að slíkum breytingum koma þó að stærstum hluta frá ríkisstjórninni enda þótt þær séu formlega lagðar fram af meiri hluta fjárlaganefndar. Í skýrslu sinni um fjárlagaferlið frá árinu 2001, sem er um útgjaldastýringu ríkisins, gerir Ríkisendurskoðun þetta að umtalsefni og segir: „Hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hefur almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar nær skipulagið ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögunum. Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn.“

Tímanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu.

Fyrsti minni hluti hefur áður kvartað yfir skorti á upplýsingum frá fagráðuneytum um fjárhagsstöðu stofnana til þess að hægt sé að leggja mat á fjárveitingar og fjárþörf stofnana við afgreiðslu fjárlaga. Fyrir liggur að fjármálaráðuneytið metur afkomu ríkissjóðs tvisvar til þrisvar á ári og kallar þá eftir upplýsingum og skýringum fagráðuneytanna vegna þeirra stofnana og fjárlagaliða sem stefna í að fara fram úr fjárheimildum. Auk þess tekur Fjársýsla ríkisins saman mánaðarleg yfirlit um fjárreiður ríkissjóðs sem ekki eru birt opinberlega. Mjög brýnt er að fjárlaganefnd fái aðgang að þessum gögnum. Á þetta leggur 1. minni hluti mikla áherslu. Fullnægjandi lausn á þessum málum fæst hins vegar vart fyrr en árshlutauppgjör verða birt fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir sem 1. minni hluti telur að sé löngu orðið tímabært.

Þegar litið er yfir þróun síðustu ára má greina sífellt aukna tregðu af hálfu framkvæmdarvaldsins til að láta Alþingi, þ.e. nefndum þess og einstökum þingmönnum, í té upplýsingar í tengslum við meðferð fjárlaga. Án upplýsinga er ljóst að löggjafinn hefur ekki forsendur til að endurskoða eða leggja sjálfstætt mat á þær tillögur sem fjármálaráðherra setur fram í fjárlagafrumvarpinu. Þetta dregur mjög úr möguleikum þingsins til sjálfstæðra og gagnrýninna vinnubragða og er vitaskuld ein birtingarmynd aukinnar valdtöku framkvæmdarvaldsins á kostnað löggjafans. Afleiðing þessara vinnubragða er m.a. sú að meiri hluti Alþingis telur sig ekki hafa annan kost en að fallast á tillögur ráðherra í öllum meginatriðum. Við slíkar aðstæður virkar meiri hluti fjárlaganefndar einfaldlega líkt og stimpilvél gagnvart tillögum framkvæmdarvaldsins. Þetta er til marks um vaxandi virðingarleysi framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi. Þetta háttalag grefur undan sjálfstæði Alþingis sem fjárveitingavalds og að mati 1. minni hluta er ástæða til að forsætisnefnd þingsins taki þetta mál upp við fjármálaráðherra til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um fjármál ríkisins liggi ávallt fyrir hjá fjárlaganefnd.

Langtímastefna í ríkisfjármálum.

Brýnt er orðið að stjórnvöld setji sér heildstæða langtímastefnu í ríkisfjármálum. Vísi að þessu er að vísu að finna í frumvarpinu þar sem boðuð er aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára sem felur í sér að árlegur vöxtur samneyslu verði ekki umfram 2% að raungildi, tilfærsluútgjöld ekki umfram 2,5% og tímabundinn samdráttur í framkvæmdum um 2 milljarða kr. á árinu 2006. Þá er í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu gerð nokkur grein fyrir horfum í útgjaldaþróun helstu málaflokka út frá markmiðum ríkisstjórnarinnar í

ríkisfjármálum og er þar stuðst við greiðslulíkan fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. En þar eru útgjöld metin miðað við hagrænar forsendur, gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir. Það sem hins vegar skortir talsvert á er að sett sé raunhæf stefna um útgjaldaþróun fyrir hvern málaflokk. Er þetta í fullu samræmi við tillögur sem Ríkisendurskoðun setti fram í áðurnefndri skýrslu um fjárlagaferlið, en þar segir að ekki fari fram heildstæð langtímastefnumótun um ríkisfjármál eins og æskilegt væri, en til þess að svo geti orðið þurfa stjórnvöld að fjalla um og samþykkja útgjaldastefnu til lengri tíma en eins árs í senn.

Tekjuhlið.

Tekjuspá fyrir árið 2006 er háð meiri óvissu en oft áður. Á þetta er sérstaklega bent í áliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er vissulega alltaf háð talsverðri óvissu enda byggist hún á spá um útlit og horfur á ókomnu ári. Undanfarin ár hafa mikil frávik verið á tekjuhlið fjárlaga auk þess sem mat fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og greiningardeilda bankanna er nokkuð mismunandi á því hvenær og hversu hratt muni hægja á vexti í hagkerfinu en það skiptir verulegu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Allt leiðir þetta til óvissuástands um hverjar tekjur ríkisins verði í reynd þegar árið er gert upp en eins og rakið er í upphafi þessa álits bendir margt til þess að tekjur ríkisins aukist enn meira en fram kemur í frumvarpinu.

Í efnahagslegu tilliti einkennist árið 2005 af mikilli spennu og þenslu vegna stóriðjuframkvæmda, gríðarlegrar útlánaaukningar í bankakerfinu, mikillar hækkunar á fasteignaverði og verulegrar aukningar á einkaneyslu. Allt hefur þetta ýtt undir verðbólgu og meiri viðskiptahalla en dæmi eru um. Sterk staða krónunnar er jafnframt farin að hafa mjög neikvæð áhrif á útflutnings- og samkeppnisgreinar.

Til að skapa svigrúm til að mæta tekjusamdrætti sem búast má við þegar dregur úr þensluástandi hagkerfisins er mikilvægt að ráðstafa ekki öllum tekjuaukanum til nýrra útgjalda heldur stefna að betri afkomu ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu og endurskoðaðri tekju- og útgjaldaáætlun þess. Í þessum anda eru breytingartillögur 1. minni hluta sem eins og áður sagði fela í sér að tekjuafgangur af ríkissjóði verði næstum 10 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu þegar það var lagt fram í haust.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir voru gagnrýndar í nefndaráliti 1. minni hluta í fyrra. Þar var á það bent að þær kæmu einkum hinum tekjuhæstu til góða, t.d. mundu 25% þeirra tekjuhæstu fá um 2,5 milljarða kr. skattalækkun en 25% þeirra tekjuminnstu einungis fá um 300 millj. kr. í sinn hlut. Nær hefði verið að lækka virðisaukaskatt á matvöru úr 14% í 7% eins og 1. minni hluti lagði til sem hefði komið öllum landsmönnum til góða, ekki síst barnafjölskyldum, en gagnast þeim hlutfallslega mest sem hafa úr minnstu að spila.

Gjaldahlið.

Ástæða er til að gera hér athugasemdir við nokkra liði á gjaldahlið fjárlaga. Að öðru leyti vísast til álita minni hluta fagnefnda um hina ýmsu málaflokka.

Vaxtabætur.

Ljóst er að vaxtabótakerfið á undir högg að sækja og er skemmst að minnast yfirlýsinga fyrrverandi fjármálaráðherra um að til greina komi að endurskoða vaxtabótakerfið frá grunni og jafnvel að afnema það. Þessi stefna birtist enn í fjárlagafrumvarpinu þar sem lögð er til áframhaldandi 5% skerðing á rétti fólks til vaxtabóta. Auk þess er hámark vaxtagjalda til

útreiknings lækkað úr 5,5% í 5,0% af heildarskuldum til öflunar íbúðarhúsnæðis. Þessu er 1. minni hluti mótfallinn og leggur til að skerðingin verði felld úr frumvarpinu.

Fyrsti minni hluti geldur varhug við þessu breytingum. Þær munu rýra stöðu ungra fjölskyldna og barnafólks, sem er að freista þess að koma þaki yfir höfuðið, og fela því í sér aukinn ójöfnuð. Þá skekkir skerðingin fjárhagsáætlanir þeirra sem hafa gert ráð fyrir vaxtabótum við húsnæðiskaup og nú þegar húsnæðisverð hefur náð óþekktum hæðum er þörfin fyrir vaxtabætur enn meiri til að koma til móts við þá tekjulægstu.

Framhaldsskólar og háskólar.

Kostnaður við bæði framhaldsskóla og háskóla hefur vaxið mjög á síðari árum, ekki síst vegna mikillar fjölgunar nemenda og nýrra námsbrauta. Ber vissulega að fagna þeim vexti sem einkennt hefur þessi skólastig en stjórnvöld hafa samt aðeins að nokkru leyti viðurkennt þá auknu fjárþörf sem fylgir nemendafjölgun og meira framboði náms. Vandi margra framhaldsskóla vegna uppsafnaðs hallareksturs hefur margsinnis komið til umræðu án þess að á honum hafi verið tekið af nógu mikilli festu. Margir skólar eru látnir dragast áfram með mikinn halla, ólíkt t.d. sumum stofnunum utanríkis- og landbúnaðarráðuneytisins sem fá hallareksturinn strokaðan út með fjáraukalögum.

Skortur á fjármagni og skilningsleysi stjórnvalda hefur heft þróun íslenskra skóla. Um þverbak hefur þó keyrt í tíð núverandi menntamálaráðherra. Skilningur ráðherrans á þörfinni fyrir nægilegar fjárveitingar til að menntun á Íslandi standi jafnfætis menntakerfum nágrannalandanna er átakanlega rýr. Eins og fram kemur í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar er framtíðarfjármögnun opinberu háskólanna í óvissu og samkeppnisstöðu þeirra innan lands og utan ógnað vegna alvarlegs fjárskorts. Má í þessu sambandi bæði nefna Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, en auk þess liggur fyrir að Kennaraháskólinn hefur lengi þurft að vísa frá umsækjendum um nám.

Í þessu sambandi er vert að rifja upp að nýlega hafa verið gerðar úttektir á Háskóla Íslands annars vegar af Ríkisendurskoðun og hins vegar af Evrópusamtökum háskóla. Niðurstöðurnar voru samhljóða um það að skólinn standi mjög vel hvað varðar gæði náms og rannsókna í samanburði við evrópska háskóla. Það var þó athyglisvert að miðað við samanburðarskólana stóð þó HÍ mjög höllum fæti hvað fjárveitingar varðar. Þetta er dæmigert um skilningsleysi Sjálfstæðisflokksins sem um alltof langt skeið hefur farið með stjórn menntamála hér á landi. Undir hans stjórn hefur menntakerfið ekki náð að þroskast og dafna með svipuðum hætti og hjá nágrannaþjóðunum. 1. minni hluti telur þörf á sérstöku átaki í menntamálum með áherslu á framhaldsskóla- og háskólastigið og gerir breytingartillögur í þeim anda.

Hjúkrunar- og dvalarheimili.

Hlutfallsleg fjölgun aldraðra kallar á aukin útgjöld til öldrunarmála en því má heldur ekki gleyma að þjóðfélagið gerir meiri kröfur en áður um þjónustu og aðbúnað sjúkra, aldraðra og fatlaðra. Töluverð umræða hefur spunnist um bið eftir fullnægjandi þjónustuúrræðum og um aðbúnað íbúa hjúkrunarheimila sem mörg hver fullnægja engan veginn lágmarkskröfum sem eðlilegt er að gera til slíkrar starfsemi. Þjónusta utan stofnana hefur á sama tíma staðið í stað eða jafnvel dregist saman þrátt fyrir yfirlýst markmið um að hana beri að auka. Fyrirliggjandi frumvarp gefur ekki til kynna að stjórnvöld ætli að taka á þessum vanda á næsta ári né er þar að finna nein fyrirheit um framtíðaruppbyggingu þessarar þjónustu. 1. minni hluti gerir því tillögu um auknar fjárveitingar til þessa málaflokks.

Fæðingarorlofssjóður.

Fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs hefur verið vanáætluð. Útgjöld sjóðsins voru áætluð innan við 6,0 milljarðar kr. í fjárlagafrumvarpi 2005 en minni hlutinn hélt því fram að þau yrðu 6,2–6,4 milljarðar kr. Nú er komið á daginn að útgjöld á þessu ári eru áætluð 6,7 milljarðar kr. Í frumvarpi þessa árs eru útgjöld sjóðsins áætluð 7.041 millj. kr. Tekjur sjóðsins af iðgjöldum eru áætlaðar 6.353 millj. kr. og því stefnir í að halli ársins verði 688 millj. kr. og eigið fé sjóðsins neikvætt um 1.558 millj. kr. í lok árs. Ekki er tekið á þessum vanda sjóðsins í fjárlagafrumvarpinu heldur er honum frestað eins og oft áður. Gerð er tillaga af hálfu 1. minni hluta til að unnt sé að draga úr þeim skerðingum sem fram hafa komið við þær breytingar sem gerðar voru á lögunum

Byggðastofnun.

Full samstaða virðist um það á Alþingi að leggja áherslu á að óvissu um starfsemi Byggðastofnunar verði eytt, eins og birtist í samstöðu iðnaðarnefndar í umsögn hennar um stofnunina. Nú er svo komið að stofnunin getur ekki lengur sökum fjárskorts sinnt því hlutverki sínu að styðja við atvinnurekstur á landsbyggðinni með lánveitingum og styrkjum. Ekkert bendir til að ríkisstjórnarmeirihlutinn ætli að taka á þeim vanda í tengslum við fjárlög næsta árs en með slíku aðgerðarleysi sýnir ríkisstjórnin algert ábyrgðarleysi gagnvart stofnuninni. 1. minni hluti leggur til auknar fjárveitingar til byggðamála og telja fulltrúar Samfylkingarinnar eðlilegt að Byggðastofnun verði aftur flutt til forsætisráðuneytisins til að leggja áherslu á mikilvægi málaflokksins sem hefur drabbast niður undir stjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.

Breytingartillögur.

Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 leggja þingmenn Samfylkingarinnar, einir eða með öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar, fram breytingartillögur við frumvarpið. Tillögurnar miða m.a. að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að það svigrúm sem ríkisstjórnin telur til skattalækkana verði fremur notað til að lækka matarskattinn og auka persónuafslátt. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. Lagðar eru fram tillögur um að bæta stöðu menntakerfisins um rúmlega milljarð króna, auka hlut velferðarmála um tvo milljarða króna og hálfan milljarð króna til að jafna stöðu landsbyggðarinnar.

Í menntamálum er m.a. gerð tillaga um 500 milljónir kr. til Háskóla Íslands og tekur sú tillaga mið af niðurstöðum þeirra úttekta sem gerðar hafa verið á skólanum nýlega og getið er fyrr í álitinu. Í velferðarmálum eru m.a. gerðar tillögur um bætta þjónustu við börn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, annars vegar til stækkunar á barna- og unglingageðdeild og hins vegar til barnadeildar, og um aukna þjónustu hjá Barnaverndarstofu og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Tillaga um fjármagn til sérstakra verkefna á landsbyggðinni er sett á lið hjá forsætisráðuneyti eins og áður er reifað. Þá er lagt til aukið fjármagn til Listdansskólans, jöfnunar námskostnaðar og vegna svokallaðra vasapeninga bótaþega.

Þá er gerð tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig enn einu sinni gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs verulega en auk þess er gerð tillaga um að fresta yfirfærslu 3 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru tæpir 20 milljarðar kr. í árslok 2004. Í heild gera tillögur 1. minni hluta að verkum

að tekjuafgangur ríkissjóðs mundi aukast í 23,6 milljarða kr. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunum í umræðunum.

Lokaorð.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006, líkt og fjárlagafrumvörp síðustu ára, ber einkenni óvandaðra vinnubragða. Slík vinnubrögð eru á ábyrgð framkvæmdarvaldsins en það er ekki síður ábyrgðarhluti löggjafans að gera ekki þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar eru til að tryggja trúverðug fjárlög. Það er með ólíkindum ef það gerist eitt árið enn að fjárlaganefnd berist ekki upplýsingar um áætlaða stöðu stofnana í árslok. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir og í raun forsenda þess að löggjafinn viti í raun hvaða fjárveitingar er verið að ákveða til rekstrar næsta árs .

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í stórum málaflokkum einkennir það fjárlagafrumvarp sem hér er fjallað um og þess vegna skortir bæði heildarsýn og forgangsröðun. Þegar þensluástand færir ríkissjóði auknar tekjur reynir mjög á aga og stjórnfestu í ríkisbúskapnum. Því miður hafa þeir sem nú ráða för ekki staðist álagið. Þess vegna munu fjárlög næsta árs ekki nýtast eins og nauðsynlegt er í baráttunni við þenslu og vaxandi verðbólgu.

Sýndarveruleiki stjórnarherranna þarf að hverfa og raunveruleikinn að taka við. Virðing fyrir fjárlögum þarf að taka við af kæruleysi síðustu ára. Meiri hlutinn á Alþingi þarf að hafa trú á því að ríkisfjármálin leiki mikilvægt hlutverk í baráttunni fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Þegar raunveruleikinn sigrar og virðing fjárlaga verður sú sama og í flestum löndum verða fjárlög upplýsandi um framvindu efnahagslífsins.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd er sammála nefndaráliti þessu.

Alþingi, 24. nóv. 2005.

Einar Már Sigurðarson, frsm.	Helgi Hjörvar.	Katrín Júlíusdóttir.

405. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2006 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur skýrt fram stefna ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokkum sem ríkisvaldið ber ábyrgð á. Fram kemur hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla tekna og hún leggur til hvernig þeim skuli ráðstafað á einstaka málaflokka og verkefni. Þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað í heild sinni kemur greinilega fram sá munur sem er á áherslum núverandi meiri hluta annars vegar og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hins vegar.

Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er sú að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag þar sem skammtímaarður og peningalegur mælikvarði er lagður á allt og alla.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægjanlegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðum sé dreift með sanngjörnum hætti. Stefna núverandi ríkisstjórnar í skatta- og velferðarmálum hefur þveröfug áhrif.

Efnahagslegar forsendur fjárlaga.

Með frumvarpi til fjárlaga fylgir greinargerð fjármálaráðuneytisins um þróun helstu stærða í þjóðarbúskapnum. Þær forsendur sem fjármálaráðuneytið lagði af stað með í frumvarpi til fjárlaga hafa breyst verulega hvað varðar gengisvísitöluna og áætlaðan viðskiptahalla. Gert var ráð fyrir að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 en hún er nú rétt rúmlega 100. Ljóst var að viðskiptahallinn yrði verulegur. Í skýrslu fjármálaráðuneytis um þjóðarbúskapinn í janúar sl. er áætlað að viðskiptahallinn verði 103 milljarðar kr. Í skýrslu frá október sl. er þessi áætlun komin í 128 milljarða kr. Þá má nefna að í hagspá Landsbankans frá því í september með yfirskriftinni „Ógnarjafnvægi efnahagsmála" er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 132 milljarðar kr. Þá er ljóst að verðbólgan verður meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2005. Í áætlunum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að gengisvísitala verði um 114 sem allsendis er óvíst að náist og að viðskiptahallinn verði 12,2% af landsframleiðslu sem er ískyggilega hátt og efnahagssérfræðingar, m.a. Seðlabankans, hafa varað alvarlega við þessu. Útflutningsgreinarnar, sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan, nýsköpunin og hátæknigreinarnar berjast nú við verstu hamfarir af mannavöldum sem er efnahagsstefna ríkisstjórnar, ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar og skattalækkanir til hátekjufólks og birtist í ofurgengi krónunnar, gífurlegri skuldasöfnun þjóðarbúsins og heimilanna og háum stýrivöxtum Seðlabankans. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram á þingi sem fyrsta mál sitt í haust þingsályktunartillögu um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og fylgir hún þessu nefndaráliti sem fylgiskjal.

Efnahagsskrifstofa Alþingis.

Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins og fellur að stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar. Eins og hér hefur verið bent á hafa ýmsar grunntölur þeirra væntinga á undanförnum árum verið í takmörkuðum takti við raunveruleikann. Fjárlaganefnd hefur litla möguleika til að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytis.

Aðstæður fjárlaganefndar til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Æ erfiðara hefur reynst að fá nauðsynlegar upplýsingar úr ráðuneytum um stöðu stofnana og verkefna og forsendur að baki einstökum tillögum í frumvarpinu. Í ljósi þess hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á Alþingi stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins og verið þingmönnum og nefndum þingsins til ráðuneytis um mat og tillögugerð í þeim efnum.

Fjárlög og raunveruleikinn.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar skal þegar Alþingi er saman komið leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer. Fjármálaráðherra leggur frumvarpið fram fyrir hönd framkvæmdarvaldsins á fyrsta degi þingsins að hausti. Eftir það er frumvarpið á

ábyrgð þingsins og fer til fjárlaganefndar sem vinnur það áfram til 2. og 3. umræðu. Nefndin hefur því aðeins tæpa tvo mánuði til að fara yfir frumvarpið, forsendur tekna og gjalda og gera á því þær breytingar sem nefndin og Alþingi telja nauðsynlegar. Þegar tekið er mið af því hvernig samþykkt fjárlög hafa staðist á undanförnum árum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið með fjáraukalögum er ljóst að frávikin eru allt of mikil. Á síðustu fimm árum hafa gjöldin að meðaltali verið 10% umfram heimildir fjárlaga eða alls um 119 milljarðar kr. Á árinu 2004 voru tekjur 21 milljarður kr. umfram áætlanir fjárlaga og gjöldin 25 milljörðum kr. hærri en heimildir fjárlaga. Fjárlög gerðu þá ráð fyrir að tekjuafgangur yrði tæpir 7 milljarðar kr. en raunin varð 2 milljarðar kr.

Ríkisendurskoðun hefur bent á það í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga að allt of margir fjárlagaliðir hafi safnað upp verulegum halla á undanförnum árum. 2. minni hluti leggur áherslu á mikilvægi þess að til fjárlagagerðarinnar sé vandað og framkvæmdarvaldið virði lögin og fari ekki fram úr fjárheimildum. Ef rekstrarforsendur breytast og framkvæmdarvaldið sér fram á að fjárheimildir dugi ekki fyrir rekstrinum, þá verður að tryggja að beiðnir um aukafjárveitingar séu lagðar fyrir Alþingi eins og lög kveða á um áður en til útgjalda er stofnað. Því skiptir máli að fjárlagagerðin sé vönduð og gjöld til einstakra stofnana og verkefna ákveðin í samræmi við það sem vænst er af viðkomandi stofnunum en ekki reynt að ljúka fjárlagagerðinni með einhverri ímyndaðri stöðu sem lítur vel út á pappírnum en reynist svo óraunhæf þegar til kastanna kemur og veldur stofnunum ómældum erfiðleikum í starfsemi sinni. Síðan er fyrirsjáanlegur fjárskortur dreginn að landi í fjáraukalögum. Slíkt eru óviðunandi vinnubrögð. Að mati 2. minni hluta er afar brýnt að bæta vinnubrögð við fjárlagagerðina.

Staða efnahagsmála.

Ruðningsáhrif stjóriðjustefnunnar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað bent á erfiða stöðu útflutningsgreina og ferðaþjónustunnar vegna allt of hás gengis krónar. Jafnframt blasir við að sívaxandi viðskiptahalli með tilheyrandi skuldasöfnun getur ekki gengið til lengdar. Á innan við ári hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um fimm hundruð. Útflutnings- og samkeppnisiðnaðurinn bregst við með því að leggja niður starfsemi og flytja hana úr landi. Talsmenn atvinnulífsins vítt og breitt um landið, sem og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafa ítrekað bent á þá hættu sem ruðningsáhrif stóriðjunnar mundu hafa á hagkerfið og aðrar atvinnugreinar í landinu. Samþjöppun í stóriðjuframkvæmdum mundi stefna efnahagslegum stöðugleika í voða. Ruðningsáhrifin koma nú fram í erfiðleikum í sjávarútvegi. Þá hefur ríkisstjórnin, þvert ofan í viðvaranir hagfræðinga, ýtt undir þensluna með skattkerfisbreytingum sem koma langbest við þá efnameiri og auka þannig misskiptinguna í þjóðfélaginu.

Skattamál.

Skatttekjur ríkisins fjármagnaðar með lánum – óreglulegar skatttekjur.

Á síðustu tveimur árum hefur allt efnahagskerfið tekið miklum breytingum. Bankarnir keppa nú við Íbúðalánasjóð um lánveitingar vegna húsnæðis og vaxtakjör hafa batnað verulega, þó að enn vanti upp á að Íslendingar njóti sambærilegra kjara og bjóðast annars staðar á Norðurlöndunum. Þessi breytta staða hefur orðið til þess að verulegur hluti af einkaneyslunni hefur verið fjármagnaður með lánum. Því er rétt að fá það fram hjá fjármálaráðherra hversu mikið hann áætli að skatttekjur ríkisins lækki þegar einkaneyslan verður einungis borin uppi af raunverulegum tekjum. Nauðsynlegt er að fá þær upplýsingar fram til þess að hægt sé að meta hversu háum tekjum af vöru og þjónustu sé hægt að gera ráð fyrir á komandi

árum. Það má því segja að nokkrir milljarðar króna af veltisköttum áranna 2004 og 2005 hafi verið „óreglulegar skatttekjur“. Engu að síður var reksturinn nánast í járnum árið 2004 og áætlanir gera ekki ráð fyrir miklum afgangi fyrir árið 2005 ef hagnaður af símasölunni er ekki talinn með. Tekjur ríkissjóðs eru nú í auknum mæli tilkomnar vegna skatta á viðskiptahallann, þ.e. innflutninginn. Þetta eru þensluskattar. En með því að lækka tekjuskattinn fyrst og fremst hjá hátekjufólki er verið að rýra stórlega fastan tekjugrunn ríkissjóðs.

Breytingar á skattkerfinu – vaxandi misskipting.

Við breytingar á skattkerfinu á síðasta þingi kom skýrt fram hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þar væri gengið fram algerlega andstætt áherslum vinstri-grænna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á öfluga samfélagsþjónustu sem fjármögnuð sé af þjóðinni sameiginlega, m.a. með sköttum en ekki notendagjöldum, hvort sem það eru skólagjöld, álögur á sjúklinga eða aðra sem þurfa á þjónustunni að halda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hins vegar endurskoða skattkerfið, gera það réttlátara og markvissara og hefur flokkurinn lagt fram þingmál í þessum efnum sem fylgir álitinu sem fylgiskjal.

Norðurlöndin koma vel út í öllum lífsgæðakönnunum. Þar hefur hið opinbera tryggt ákveðinn jöfnuð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokka sem vinnur leynt og ljóst að því að lækka skatta þeirra sem betur mega sín og hækkar beinar álögur á þá sem höllum fæti standa og umfram aðra eru háðir öflugri samfélagsþjónustu. Gini-stuðullinn svonefndi hefur verið notaður til að bera saman launamun eða tekjuskiptingu. Jöfnuður er hvergi í heiminum meiri en á Norðurlöndum, en þar hefur þó orðið ein snögg og hastarleg breyting á síðustu árum. Ísland siglir hratt í burtu frá hinum ríkjunum á Norðurlöndum. Hérlendis hefur misskipting eða ójöfnuður aukist gríðarlega síðustu ár. Danmörk er enn það land innan OECD þar sem jöfnuður er mestur. Gini-stuðullinn fyrir Danmörku er undir 25 en því lægri sem Gini-stuðullinn er, þeim mun jafnari er tekjuskiptingin. Í fjórða, fimmta og sjötta sæti, neðan frá talið, koma svo Svíþjóð, Noregur og Finnland með Gini-stuðul rúmlega 25. Frá árinu 1995 hefur Gini-stuðullinn fyrir Ísland hækkað úr 21 í 31. Núverandi ríkisstjórn hefur því tekist á ótrúlega skömmum tíma að stórauka misskiptinguna. Eftir síðustu skattkerfisbreytingu, sem samþykkt var á síðasta þingi, færumst við nú enn hraðar frá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þessari stefnu vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð snúa við.

Tekjuskattar – skattleysismörk hafa ekki fylgt hækkun verðlags og launa.

Þegar lög um breytingar á skattkerfinu voru samþykkt á síðasta þingi benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að breytingar á tekju- og eignarskatti kæmu langbest við þá efnameiri í þjóðfélaginu. Landssamband eldri borgara lagði fram á síðasta ári útreikning sem sýnir vel að skattbyrðin hefur aukist á þeim sem hafa lægstu samfélagslaunin. Meginástæða þessa er að skattleysismörkin hafa ekki fylgt þróun verðlags eða launa. Á árinu 1988 voru skattleysismörkin við rúmar 44 þús. kr. Ef skattleysismörkin hefðu þróast með sama hætti og hækkun vísitölu neysluverðs væru þau nú rúmlega 100 þús. kr. Skattleysismörkin voru 75 þús. kr. á árinu 2005 en verða 79 þús. kr. á árinu 2006. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt hækkun neysluverðs væru ráðstöfunartekjur af fyrstu 100 þús. kr. tekjunum tæplega 8 þús. kr. hærri en þær eru nú. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt hækkun launavísitölu frá 1989 væru þau nú við 133 þús. kr.. Þegar einungis er horft á árin 2005 og 2006 kemur í ljós að ríkisstjórnin festi hækkun persónuafsláttar árið 2006 við 2,5%, en vísitala neysluverðs hækkar líklega um rúm 4% á árinu. Ef persónuafsláttur hefði fylgt þeirri hækkun yrðu skattleysismörkin rúm 80 þús. kr. en ekki 79 þús. kr. Ríkisstjórnin er því í raun alltaf að færa skatt-

leysismörkin neðar. Þessi framkvæmd kemur þeim sem minnst mega sín verst en lækkunin á skattprósentunni kemur þeim best sem hafa hæstu tekjurnar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að það sé lágmarkskrafa að skattleysismörk fylgi almennum verðlagsbreytingum.

Breyting á skattkerfinu – eigna- og fjármagnssköttum.

Tekjumyndun í þjóðfélaginu hefur breyst gífurlega á síðustu árum. Sífellt fleiri Íslendingar hafa mjög háar tekjur af eignum sínum. Þær tekjur bera 10% skatt en skattprósentan á launatekjur er um 37%. Til þess að jafna og gera skattlagninguna réttlátari hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. fjármagnstekjum er náð. Í fylgigögnum með frumvarpinu eru dæmi sem sýna að skattlagning fjármagnstekna er almennt lægri hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar. Núverandi ríkisstjórn létti skattbyrðinni mest af stóreignamönnum þegar eignarskatturinn var afnuminn. 2. minni hluti leggur til að nú þegar stór hluti tekna í þjóðfélaginu skapast af eignum verði skattbyrði réttlátari með því að jafna betur skattana á milli tekna af launum og fjármagns- og arðgreiðslna. Frumvarpið fylgir áliti þessu sem fylgiskjal.

Gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins.

Áherslur ríkisstjórnarinnar koma vel fram þegar aukning á útgjöldum einstakra ráðuneyta undanfarin ár er skoðuð. Hækkun á fjárlögum 2004 til frumvarpsins 2006 er rúm 14%. Hækkunin á fjárlagaliðum utanríkisráðuneytis er þó mest eða tæp 37%. Verulegur hluti aukningarinnar er vegna aukins framlags til þróunarmála og alþjóðlegs hjálparstarfs. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á að framlög til þróunarhjálpar þurfi að auka en ríkisstjórnin hefur sett verulegar fjárhæðir undir þennan lið sem tengist aðstoð við friðargæslu sem reynist síðan í raun tengjast hernaði Bandaríkjamanna og NATO í Afganistan og Írak. Illu heilli studdu forustumenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins innrás Bandaríkjamanna í Írak og eru enn tengdir þeim hernaði og hörmungum sem dynja á íbúum hins stríðshrjáða lands. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótmælt þátttöku Íslendinga í þessum hernaði .

Þegar hefur verið gagnrýnt í umræðu um frumvarp til fjáraukalaga að skrifstofa utanríkisráðuneytis og kostnaður við sendiráðin skuli hafa farið verulega fram úr fjárheimildum á undanförnum árum.

Sérstaka athygli vekur að í mörgum tilfellum virðast gilda önnur lögmál um aðhald og sparnað hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna en hjá undirstofnunum þeirra. Þar má nefna að þrátt fyrir að ákveðin verkefni verði færð frá aðalskrifstofum landbúnaðar- og samgönguráðuneyta með stofnun Landbúnaðarstofnunar og Ferðamálstofu kemur það aðeins að litlu leyti fram í breyttum fjárheimildum til þeirra sjálfra.

Menntamál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að undirstaða framfara í mörgum atvinnugreinum byggist á góðri háskólamenntun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram frumvarp um að sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum verði óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla. Mikilvægt er að tryggja sem best aðgengi að háskólanámi á Íslandi og að tryggt sé að staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna sé þannig að sjóðurinn geti staðið undir hlutverki sínu.

Menntamálaráðherra hefur tekið þá einhliða ákvörðun að Listdansskóli Íslands verði lagður niður. Þeirri ákvörðun má sjá stað í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem fjárheimildir skólans eru skornar niður um 25 millj. kr. frá fjárlögum síðasta árs. Með þessari aðgerð ræðst menntamálaráðherra sjálfur gegn því mikla starfi sem óeigingjarnir unnendur danslistarinnar hafa lagt af mörkum í rúm 50 ár. Ákvörðun ráðherrans var tekin án nokkurs samráðs við fagfólk í greininni, sem lýsir slíku skilningsleysi og vanþekkingu á eðli listdanskennslu að ekki er sæmandi ráðherra menntamála. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þessari ákvörðun og krefst þess að hún verði dregin til baka. Þá er lagt til að veitt verði 50 millj. kr. viðbótarfjárveiting til að tryggja áframhaldandi rekstur skólans.

Framlög ríkisins til tónlistarkennslu í framhaldsskólum falla að óbreyttu niður um næstu áramót. Ábyrgð ríkisins og staða tónlistarnáms í skólakerfinu í heild sinni er fullkomlega í lausu lofti þrátt fyrir fyrirheit um annað. Er það harðlega gagnrýnt. Lagt er til að 40 millj. kr. verði varið til að standa að tónlistarnámi í framhaldsskólum á næsta ári með hliðstæðum hætti og var gert á þessu ári.

Áfram er gert ráð fyrir að nám til stúdentspróf verði stytt í þrjú ár. Á það hefur verið bent, m.a. af mörgum framhaldsskólakennurum, að markmiðið með styttingu námsins sé sparnaður fyrir ríkissjóð á kostnað menntunarstigsins. Ætlunin er að færa hluta þess náms sem nú fer fram í framhaldsskólum niður í grunnskólann. Hvergi hefur komið fram að búið sé að semja við sveitarfélögin um að taka við því námi og axla þann kostnað sem í því felst. 2. minni hluti leggur því til að horfið sé frá styttingu náms til stúdentsprófs og þeim fjármunum, 90 millj. kr., sem til þess er ætlað verði varið til Listdansskólans og tónlistarnáms í framhaldsskólum.

Varðandi stöðu menntamála og annarra verkefna á sviði menntamálaráðuneytis er vísað til meðfylgjandi álits 2. minni hluta menntamálanefndar.

Heilbrigðis- og tryggingamál, kjör og þjónusta við aldraða.

Allt of margir fjárlagaliðir heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins hafa safnað halla á undanförnum árum. Samkvæmt ríkisreikningi var hallinn alls um 2,6 milljarðar kr. í árslok 2004. Þessi staða er óviðunandi og ekki er tekið á þessum vandamálum að neinu marki í fjárlagafrumvarpinu. Það er því ljóst að miðað við óbreytt rekstrarumfang verður reksturinn umfram heimildir á árinu 2006. Aðrir fjárlagaliðir eiga ónýttar fjárheimildir. Þegar staða ráðuneytisins er birt í einni tölu jafnast hallinn út fyrir ráðuneytið í heild sinni en það gefur ekki rétta mynd af stöðunni. Nauðsynlegt er að tekið sé á þessum málum við fjárlagagerðina.

Ljóst er að veruleg fjárvöntun er hjá flestum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum í landinu.

Nauðsynlegt er að gjörbreyta áherslum í almannatryggingakerfinu. Í stað þess að nota hugtökin „bætur“ og „bótaþegi“ um þá sem fá greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um „laun“ og „launþega“ til að leggja áherslu á þann rétt sem hverjum einstaklingi ber til tekna, hvort sem um er að ræða atvinnutekjur eða samfélagslaun. Lífeyrir þarf að taka mið af framfærslukostnaði og hækka samkvæmt launavísitölu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að auka þurfi framlög til aldraðra og tryggt verði að eldri borgarar þessa lands njóti mannsæmandi kjara og aðbúnaðar. Ríki og sveitarfélög þurfa að koma málum þannig fyrir að aldraðir geti notið heimaþjónustu sem lengst og einnig þarf að fjölga mjög hjúkrunarrýmum. Lagðar eru fram tillögur til að styrkja stöðu heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og til elli- og hjúkrunarheimila. Þá er lagt til að fallið sé frá skerðingu á Framkvæmdasjóði aldraðra og að fjármagn hans renni óskipt til stofnkostnaðar eins og ætlunin er. Vísað er til álita 2. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar

og minni hluta félagsmálanefndar varðandi frekari áherslur í þessum efnum. Þessum málaflokki verða svo gerð ítarleg skil við 3. umræðu fjárlaga.

Málefni öryrkja.

Í mars 2003 undirrituðu Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, samkomulag um hækkun grunnlífeyris öryrkja frá 1. janúar 2004. Samkomulag þetta var samþykkt í ríkisstjórninni. Í fréttatilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu er gert ráð fyrir að þessar viðbótargreiðslur nemi rúmum 1 milljarði kr. Með samkomulaginu er komið sérstaklega til móts við þá sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni, en fram til þessa hefur eitt og sama almannatryggingakerfið gilt fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega. Þar náðist tímamótaáfangi í baráttu fyrir viðurkenningu á sérstöðu ungra öryrkja. Samkvæmt samkomulaginu hefur starfshópur unnið að tillögum að lagabreytingum og nánari útfærslu á framkvæmdinni. Á aðalfundi Öryrkjabandalagsins í október sl. kom fram í máli formanns bandalagsins, sem jafnframt á sæti í umræddri nefnd, að um 1,5 milljarða kr. þurfi á fjárlögum næsta árs til að fullnusta þetta tímamótasamkomulag ríkisstjórnarinnar og Öryrkjabandalagsins.

Flutt er tillaga um að staðið verði við samninginn við öryrkja frá 2003.

Hlúa að barnafjölskyldum – gjaldfrjáls leikskóli í áföngum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar auknum framlögum til barnabóta í frumvarpinu. Til lengri tíma litið er það eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að foreldrum séu sköpuð skilyrði til samveru með börnum sínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft forustu í umræðunni um gjaldfrjálsan leikskóla og þingflokkurinn hefur í tillögu til þingsályktunar lagt til að unnið verði að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum. Slíkt jafnar aðstöðu barnafjölskyldna og gefur þeim aukið tekju- og fjölskyldulegt svigrúm. Til þess að þetta verði mögulegt er lagt til að ríkið komi til móts við sveitarfélögin með sérstakri fjárveitingu til að hrinda í framkvæmd fyrsta áfanga áætlunar um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir alla. Nánar er gerð grein fyrir þessu máli í meðfylgjandi þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um gjaldfrjálsan leikskóla.

Umhverfismál.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Lögð er áhersla á að auka fjárframlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða og landvörslu. Vakin er athygli á að hvergi er ætlað fjármagn til náttúruverndaráætlunar, sem þó hefur verið samþykkt hér á Alþingi. Vísað er til álits 2. minni hluta umhverfisnefndar, frá fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni.

Lokaorð.

Allmargar beiðnir um upplýsingar um fjárlagavinnuna liggja óafgreiddar hjá ráðuneytum og á nefndin eftir að kalla fulltrúa nokkurra stofnana á sinn fund til að gefa skýringar áður en hægt er að ljúka fjárlagagerðinni.

Flutningsmaður hefur ítrekað lagt til breytt vinnulag við gerð fjárlaga og sýnist það aldrei brýnna en nú. Nauðsynlegt er að fjárlaganefnd taki til efnislegrar umræðu stöðu fjárlaga og raunkostnaðar bæði á vor- og haustþingi. Það verklag sem nú viðgengst, að koma eftir á með

óskir um samþykki á útgjöldum umfram heimildir, er ekki í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Áætlað er að tekjur ríkisins verði alls 334 milljarðar kr. á árinu 2006. Það er hækkun um rúma 24 milljarða kr. frá fjárlögum 2005, eða 8,6%.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 og tillögum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni og meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári nemi um 315 milljörðum kr. Samkvæmt því, er eins og áður, sagði gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs dragist saman frá yfirstandandi ári. Þó er ljóst að framlög til fjölmargra málaflokka eru óafgreidd og bíða þau úrvinnslu og afgreiðslu við 3. umræðu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samfélagsþjónustu og velferðarkerfið og tryggja að fjárhagsleg staða fólks skerði aldrei möguleika þess til að njóta opinberrar þjónustu og félagslegs öryggis. Aðhaldsaðgerðir bitna mest á öldruðum, sjúklingum, öryrkjum og þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Breytingar á skattkerfinu hafa aukið misskiptingu verulega þar sem skattar þeirra sem hæstar hafa tekjurnar hafa lækkað verulega.

Fjölmargir málaflokkar fjárlaga bíða afgreiðslu við 3. umræðu. Nánar verður gerð grein fyrir afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til fjárlagafrumvarpsins þegar lokaútgáfa þess liggur fyrir við 3. umræðu.

Alþingi, 23. nóv. 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson. Sjá þskj. 141, 141. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 755–757.

II. Tillaga til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson. Sjá þskj. 26, 26. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 549–551.

III. Tillögugrein tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson. Sjá þskj. 5, 5. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 483–484.

IV. Úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum. Sjá þskj. 31, 31. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 566–567.

V. Álit 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um 1. gr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Sjá samhljóða fylgiskjal I í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395, 1. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1587–1588.

VI. Álit minni hluta allsherjarnefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti). Sjá samhljóða fylgiskjal IV í nefndaráliti

meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395,132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1590– 1592.

VII. Álit 2. minni hluta menntamálanefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (02 Menntamálaráðuneyti). Sjá samhljóða fylgiskjal VI í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395, 1. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1594–1597.

VIII. Álit minni hluta félagsmálanefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (07 Félagsmálaráðuneyti). Sjá samhljóða fylgiskjal XI í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395, 1. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1603–1606.

IX. Álit 2. minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti). Sjá samhljóða fylgiskjal XIII í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395, 1. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1611–1613.

X. Álit minni hluta umhverfisnefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 (14 Umhverfisráðuneyti). Sjá samhljóða fylgiskjal XVII í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefnar, þskj. 395, 1. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 1617–1618.

XI. Til varnar Listdansskóla Íslands. Marinó G. Njálsson. (Morgunblaðið, 7. nóvember 2005.)

XII. Ódýrar lausnir í menntamálum! Kolbrún Elfa Sigurðardóttir. (Morgunblaðið, 8. nóvember 2005.)

XIII. Ísfirðingar fórnarlömb stóriðjustefnunnar. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 1. september 2005.)

XIV. Þeir sem borga stóriðjutollinn. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 5. júní 2005.)

406. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	69.900,0	3.000,0	72.900,0
b. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	100,0	750,0	850,0
c. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	14.000,0	100,0	14.100,0
d. 2.2.1.1 Tryggingagjald, almennt	30.259,0	400,0	30.659,0
e. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	114.400,0	-2.000,0	112.400,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **00-201 Alþingi**			
1.05 Hagdeild	0,0	10,0	10,0
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.19 Efnahagsrannsóknir	49,9	-10,0	39,9
b. 1.92 Sérstök verkefni á landsbyggðinni	0,0	500,0	500,0

4. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	100,2	250,0	350,2
5. Við **02-564 Listdansskólinn**			
1.01 Kennsla	27,5	35,0	62,5
Greitt úr ríkissjóði	*34,3*	*35,0*	*69,3*
6. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	486,6	130,0	616,6
7. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.24 UNIFEM í Kosovo	0,0	70,0	70,0
8. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.87 Íslensk friðargæsla	573,1	-70,0	503,1
9. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.22 Ný meðferðarúrræði	0,0	50,0	50,0
10. Við **07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**			
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	250,0	25,0	275,0
11. Við **07-989 Fæðingarorlofssjóður**			
1.11 Fæðingarorlofssjóður	6.560,0	400,0	6.960,0
Innheimt af ríkistekjum	*6.611,0*	*400,0*	*7.011,0*
12. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	311,0	155,5	466,5
b. 1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	65,0	32,5	97,5
Greitt úr ríkissjóði	*11.248,9*	*188,0*	*11.436,9*
13. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	29.262,0	40,0	29.302,0
Greitt úr ríkissjóði	*27.949,0*	*40,0*	*27.989,0*
14. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0
15. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	5.100,0	600,0	5.700,0

16. Við 6. gr. Nýir liðir:
    2.24 Að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 900 m.kr. og láta andvirðið renna í ríkissjóð.
    7.11 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.12 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 3 milljarða kr.
    7.13 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
    7.14 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 900 m.kr.

407. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006 og við brtt. á þskj. 396.

Frá Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Guðmundi Magnússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
1.1.5.1 Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	12.300,0	4.800,0	17.100,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-910 Náttúruminjasafn			
1.01 Náttúruminjasafn – undirbúningur	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*
3. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*140,0*	*140,0*
4. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.92 Jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands	0,0	150,0	150,0
5. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.12 Fyrsti áfangi gjaldfrjáls leikskóla	0,0	700,0	700,0
6. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.31 Þjálfun	1.618,0	100,0	1.718,0
7. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.307,0	40,0	3.347,0
8. Við 54. tölul brtt. á þskj. 396. B-liður falli brott.			
9. Við 55. tölul. brtt. á þskj. 396. Liðurinn falli brott.			
10. Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	186,7	200,0	386,7
11. Við **08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 1.10 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	231,5	-200,0	31,5
b. 6.21 Stofnkostnaður og endurbætur	582,5	200,0	782,5
c. Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*0,0*	*0,0*
12. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
1.15 Heimahjúkrun	0,0	80,0	80,0
13. Við 62. tölul. brtt. á þskj. 396. Liðurinn falli brott.			
14. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
6.11 Stafræn myndgreining á Norður- og Austurlandi	0,0	17,0	17,0
15. Við **08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**			
1.11 Sjúkrasvið	216,6	15,0	231,6
16. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	130,0	250,0	380,0
b. 6.43 Áningarstaðir fyrir ferðafólk	0,0	25,0	25,0

17. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Uppýsingamiðstöðvar á landsbyggðinni	0,0	50,0	50,0
18. Við **11-411 Byggðastofnun**			
a. 1.10 Byggðastofnun	203,9	500,0	703,9
b. 1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	133,4	200,0	333,4
19. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	31,0	30,0	61,0
Greitt úr ríkissjóði	*587,5*	*30,0*	*617,5*

408. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Jóni Bjarnasyni, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.23 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	0,5	4,5
b. 1.26 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	0,6	0,6
2. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.45 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0	0,5	4,5
b. 1.48 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	0,6	0,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*157,1*	*1,1*	*158,2*

409. Svar [260. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um störf hjá Rarik.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg störf voru hjá Rarik frá 1995 til dagsins í dag á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan höfuðborgarsvæðis hins vegar, sundurliðað eftir landshlutum?

Í eftirfarandi töflu má sjá að 1995 voru 80 heildarstörf á höfuðborgarsvæðinu en 56 árið 2005 og nemur fækkunin 30%. Utan höfuðborgarsvæðisins var fjöldi starfa 194 árið 1995 en 158 árið 2005 og fækkunin á tímabilinu nemur því 19%.

Sjá nánari sundurliðun starfa milli landshluta á árunum 1995–2005 í töflunni. Þar má sjá að fækkunin er minnst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra, eða 11%, sem m.a. stafar af kaupum Rariks á hitaveitum í þéttbýlisstöðum í þessum landshlutum.

Starfsmannafjöldi Rafmagnsveitna ríkisins 1995 - nóv 2005

Skipt eftir svæðum.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	nóv. 2005	*Breyting*	*Breyting %*
Reykjavík	80	73	68	60	59	55	55	55	57	55	56	*-24*	*-30%*
Vesturland	35	33	34	32	33	32	32	33	33	32	31	*-4*	*-11%*
Norðurland vestra	36	33	31	31	30	27	27	31	30	29	32	*-4*	*-11%*
Norðurland eystra	35	32	33	33	31	28	28	27	28	26	25	*-10*	*-29%*
Austurland	58	54	54	54	52	50	51	49	49	48	46	*-12*	*-21%*
Suðurland	30	27	26	25	25	25	26	25	25	24	24	*-6*	*-20%*
Samtals	**274**	**252**	**246**	**235**	**230**	**217**	**219**	**220**	**222**	**214**	**214**	***-60***	***-22%***

Ath að á þessu tímabili hafa eftirfarandi veitur verið keyptar

1995 rafveita Borgarness	Rekstur yfirtekinn 1995
1999 rafveita Hveragerðis	Rekstur yfirtekinn 2000
2001 rafveita Sauðárkróks	Rekstur yfirtekinn 2002
2003 hitaveita Dalabyggð	Rekstur yfirtekinn 2003
2003 rafdreifikerfi Húsafelli	Rekstur yfirtekinn 2004
2005 hitaveita Blönduóss	Rekstur yfirtekinn 2005

410. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	6.468,0	500,0	6.968,0
Greitt úr ríkissjóði	*4.816,1*	*500,0*	*5.316,1*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.068,4	100,0	1.168,4
Greitt úr ríkissjóði	*897,9*	*100,0*	*997,9*
3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.01 Kennaraháskóli Íslands	1.595,5	150,0	1.745,5
Greitt úr ríkissjóði	*1.370,8*	*150,0*	*1.520,8*

411. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Helga Hjörvar, Einari Má Sigurðarsyni, Katrínu Júlíusdóttur, Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	4.949,0	600,0	5.549,0
Greitt úr ríkissjóði	*11.248,9*	*600,0*	*11.848,9*
2. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.80 Fjölgun hjúkrunarrýma	0,0	300,0	300,0

412. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Margréti Frímannsdóttur, Þuríði Backman og Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
6.70 Nýframkvæmdir	100,0	90,0	190,0
Greitt úr ríkissjóði	*27.949,0*	*90,0*	*28.039,0*

413. Frumvarp til laga [362. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sbr. þó 2. mgr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög skv. 1. mgr. 1. gr. fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

c. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðsins „alþjóðlegum“ í 7. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: settum.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 59. gr.“ í 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: 5. mgr. 59. gr.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

5. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og

reglugerðar nr. 2002/1606/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu, kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða og stafliða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við undirbúning á endurútgáfu laga um ársreikninga í samræmi við 2. mgr. 75. gr. laga nr. 45/2005, um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, kom í ljós að röng málsgrein féll niður með lögum nr. 45/2005. Enn fremur kom í ljós að millivísanir milli lagagreina voru ekki að öllu leyti réttar. Frumvarp þetta er flutt til að leiðrétta framangreint áður en lögin verða endurútgefin. Jafnframt er í 5. gr. tekin upp 74. gr. laga nr. 45/2005 sem breytingartillaga við lög nr. 144/1994 til þess að það ákvæði komi inn í endurútgáfu laganna sem mælt er fyrir um að nýju í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 45/2002 var 2. mgr. 11. gr. laganna felld brott í stað 3. mgr.

Um 2.–4. gr.

Í 2. gr. er orðalagsbreyting í samræmi við sams konar breytingu í lögum nr. 45/2005, en í 3. og 4. gr. er leiðrétting á millivísunum.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er talið að fram komi í endurútgáfu laganna tilvísun til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gildistökuákvæði en 2. mgr. heimilar að fella megi meginmál laganna inn í lög um ársreikninga og gefa þau út svo breytt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram til leiðréttingar á fyrri breytingum á lögum um ársreikninga og til að taka upp í þau 74. gr. laga nr. 45/2005 með það fyrir augum að þessi ákvæði komi rétt fram við endurútgáfu laganna um ársreikninga. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

414. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 70/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2006.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/2005, um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var lögfest tímabundin lækkun frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005 á fjárhæð olíugjalds um 4 kr., eða úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Eins og kom fram í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 70/2005 var markmið þessarar tímabundnu lækkunar að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er lögð til framlenging á hinni tímabundnu lækkun olíugjalds um hálft ár, eða til 1. júlí 2006. Fjárhæð hins lækkaða olíugjalds er hin sama og í lögum nr. 70/2005 eða 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu.

Eins og bent hefur verið á áður er það eitt af markmiðum laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., að innbyrðis samræmi sé í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til og að sambærilegar rekstrarforsendur eigi við hvort sem bifreið er dísil- eða bensínknúin.

Verð á dísilolíu á heimsmarkaði er enn þá óvenjuhátt í samanburði við heimsmarkaðsverð á bensíni sé til viðmiðunar litið nokkur ár aftur í tímann. Eiga því þær forsendur sem komu fram í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 70/2005 enn við að þessu leyti. Óvissa er um það hvernig heimsmarkaðsverð á dísilolíu og bensíni mun þróast innbyrðis á næstu mánuðum. Með vísan til þessa ástands er því með frumvarpi þessu lagt til að hin tímabundna lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár eða til 1. júlí 2006. Á fyrri hluta næsta árs mun þá gefast færi á að yfirfara betur innbyrðis samræmi milli olíugjalds, bensíngjalds og kílómetragjalds, en þess ber að geta að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 kemur fram að í tengslum við lögfestingu tímabundinnar lækkunar olíugjalds, sbr. lög nr. 70/2005, kynni bensíngjald, olíugjald og kílómetragjald að verða stillt frekar af innbyrðis áður en gildistími tímabundinnar lækkunar olíugjalds rennur út um næstu áramót, þó þannig að miðað væri við að tekjur ríkissjóðs héldust þær sömu.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að það muni leiða af sér um 160 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 2006 frá því sem miðað var við í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olígjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds um 4 kr., sem gildir á tímabilinu frá 1. júlí til loka þessa árs samkvæmt lögum sem sett voru á sl. vorþingi, verði framlengd um hálft ár eða til 1. júlí árið 2006. Áætlað er að þessi lækkun á olíugjaldinu hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði um 160 m.kr. lægri en þær ella hefðu orðið. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

415. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi Magnússyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	88,8	-50,0	38,8

416. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Þuríði Backman, Guðmundi Magnússyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**			
a. 1.12 Sólarhringsvaktir	0,0	30,0	30,0
b. 6.01 Innréttingar nýrrar álmu	0,0	25,0	25,0

417. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Guðmundi Magnússyni, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.39 Tónlistarnám í framhaldsskólum	0,0	40,0	40,0
b. 1.40 Breytt skipan náms til stúdentsprófs	0,0	-90,0	-90,0
2. Við **02-564 Listdansskólinn**			
1.01 Kennsla	27,5	50,0	77,5
Greitt úr ríkissjóði	*34,3*	*50,0*	*84,3*

Greinargerð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 90 m.kr. framlagi til verkefna sem tengjast breyttri skipan, þ.e. styttingu, náms til stúdentsprófs og er framlagið fært á ýmsa liði. Hér er lagt til að fjárveiting verði felld niður og gert ráð fyrir að framlagið verði tekið af viðeigandi liðum og notað til tónlistar- og listdanskennslu.

418. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: og skal Fasteignamat ríkisins gera nauðsynlegar breytingar á Landskrá fasteigna í þessu skyni.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið. Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

a. Allt að 0,5% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:
   Sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
c. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:
   Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum 3. mgr. þessarar greinar, öðrum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í Landskrá fasteigna. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd álagningar.

Eigandi greiðir skattinn nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs en heimilt er sveitarstjórn að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Á nýjar fasteignir leggst fasteignaskattur frá næstu mánaðamótum eftir að lóð og mannvirki eru skráð í Landskrá fasteigna í hlutfalli við ársálagningu, í samræmi við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnum í té. Fasteignaskattur fellur niður frá næstu mánaðamótum eftir að fasteign er afskráð í Landskrá fasteigna.

Eindagi fasteignaskatts er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Undanþegnar fasteignaskatti eru eftirtaldar fasteignir ásamt lóðarréttindum:

a. kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem hlotið hafa skráningu dóms- og kirkjumálaráðuneytis;
b. safnahús, að því leyti sem þau eru ekki rekin í ágóðaskyni;
c. hús erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og hús alþjóðastofnana, eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi hér á landi.

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Nú eru hús þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og

örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ef afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, er á þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. þessara laga skal álagningarhlutfall samkvæmt þeim lið vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006. Álagning fasteignaskatts fyrir árið 2006 skal þó fara fram á þann hátt sem sveitarstjórnir ákveða, en einstökum sveitarstjórnum er heimilt í samstarfi við Fasteignamat ríkisins að leggja á fasteignaskatt í Landskrá fasteigna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Efni þessa frumvarps er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til, í samræmi við 2. lið tillagna nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga frá 17. mars 2005, að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað. Þær undanþágur sem um er að ræða varða einkum fasteignir í eigu ríkissjóðs og mun breytingin skila sveitarfélögum 600 millj. kr. í auknum tekjum frá ríkinu þegar hún kemur að fullu til framkvæmda verði frumvarpið að lögum. Í öðru lagi er lagt til að fasteignaskattur verði lagður í Landskrá fasteigna sem hefur meðal annars í för með sér að breytingar sem verða á fasteignamati, svo sem ef nýjar fasteignir eru skráðar í Landskrá fasteigna, hafi áhrif á skattstofn. Er þetta gert í samræmi við 5. lið í tillögum sömu nefndar og tillögur samráðshóps Fasteignamats ríkisins, félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skilaði tillögum 14. september 2005 til að undirbúa breytingar á álagningu fasteignagjalda.

II.

Í áðurnefndum samráðshópi áttu sæti Haukur Ingibergsson, forstöðumaður Fasteignamats ríkisins, Guðni Geir Einarsson, deildarsérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hópurinn gerði eftirfarandi tillögur um breytingar á framkvæmd álagningar fasteignagjalda, sbr. minnisblað sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu:

1. *Álagningin fari fram í Landskrá fasteigna.*

   Þetta er skilvirkasta leiðin til að bæta úr ágöllum núverandi fyrirkomulags. Með henni er hægt að auka öryggi við álagningu, einfalda verkferla, minnka leiðréttingarvinnu, nýta kosti rafrænnar stjórnsýslu, auka gagnsæi og hagkvæmni.

2. *Sveitarfélög skrái allar forsendur álagningar beint í Landskrá fasteigna.*
   Þetta gefur kost á að einfalda verkferil álagningar og fækka þrepum í ferlinum og afnemur tvískráningu sem nú er til staðar. Með þessu er mögulegt að hætta að skrá upplýsingar eða vinna leiðréttingar um fasteignir í álagningarkerfinu svo að álagningin verði sjálfvirk og nær eingöngu vélræn.
3. *Reglur um veitingu afslátta verði samræmdar.*
   Þetta merkir að einstök sveitarfélög taki fyrst og fremst ákvörðun um fjárhæð eða hlutfall afsláttar í einstökum flokkum. Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega verði unnar með tengingu við skrár ríkisskattstjóra. Önnur ákvæði um afslætti og undanþágur verði felld úr lögum (nema um húsnæði trúfélaga og erlendra ríkja) en sveitarfélög geti veitt styrki til greiðslu fasteignagjalda vegna fasteigna sem nýttar eru í almannaþágu.
4. *Álagning fari fram um hver mánaðamót og gjalddagar verði 12 á ári.*
   Þessi leið felur í sér mánaðarlega álagningu þar sem fasteignagjöld eru lögð á miðað við stöðu fasteignar og eiganda hennar 1. hvers mánaðar. Þetta er besti kosturinn út frá tæknilegu sjónarmiði auk þess sem hann tryggir best jafnræði við álagningu, að afsláttaþegar njóti afsláttar, lágmarkar leiðréttingarvinnu, hámarkar álagningarstofn sveitarfélaga og jafnar greiðsluálag fyrir gjaldendur yfir allt árið.

Ítarlegri útfærslu á tillögunum og skilgreiningar á verkferlum má sjá í skýrslunni „Álagningar fasteignagjalda í Landskrá fasteigna. Greining og tillögur unnar að beiðni samráðshóps.“ Skýrslan kom út í september sl. og er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga skal árlega leggja fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári. Í reglugerð um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 406/1978, er hins vegar mælt fyrir um að taka skuli mannvirki í fasteignamat við fokheldi þeirra. Þetta hefur í för með sér að eigendur nýrra fasteigna sem metnar eru fasteignamati í upphafi árs geta komist hjá greiðslu fasteignaskatts í tæpt ár og skapar það ójafnræði í skattgreiðslum þeirra og annarra fasteignaeigenda sem fá eignir sínar metnar fasteignamati undir lok árs. Þetta leiðir einnig til þess að sveitarfélög, sérstaklega þar sem mikil uppbygging á sér stað, verða af tekjum í tæpt ár vegna fasteigna sem metnar eru fasteignamati í upphafi árs. Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 4. gr. tekjustofnalaganna þess efnis að fasteignaskattur taki breytingum við mánaðamót ef breytingar verða á fasteignamati. Einnig er gert ráð fyrir að fasteignaskattur falli niður frá næstu mánaðamótum eftir að fasteign er afskráð í Landskrá fasteigna. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um fjölda gjalddaga verði á forræði sveitarstjórna líkt og verið hefur. Til að draga úr kostnaði við innheimtu er lagt til að sveitarfélögum verði heimilt að hafa aðeins einn gjalddaga þegar um lágar fjárhæðir er að ræða.

Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og innheimtu hans og ber ábyrgð á skiptingu fasteigna í gjaldflokka. Til að auka öryggi og hagkvæmni við álagningu fasteignaskatta er í frumvarpinu lagt til að sveitarfélög leggi skattinn á í Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2007 og að álagning fari þannig fram í einu heildstæðu skráarumhverfi. Einnig er gert ráð fyrir að álagning fasteignagjalda geti farið fram á sama hátt. Þetta fyrirkomulag mun spara sveitarfélögum, Fasteignamati ríkisins og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga umtalsverða vinnu við úrvinnslu upplýsinga um álagningu fasteignaskatts, sem er grundvöllur úthlutunar sjóðsins á framlögum til jöfnunar tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum. Einnig má benda á að með því að taka upp mánaðarlega álagningu fasteignaskatta á nýjar fasteignir þyrfti Fasteignamat ríkisins að óbreyttu fyrirkomulagi að senda hverju sveitarfélagi skrá yfir nýjar fasteignir eftir hver mánaðamót og þau þyrftu síðan hvert um sig að láta keyra skrána inn í hin ýmsu álagningarkerfi.

Álagning fasteignaskatts í Landskrá fasteigna er því mikilvæg forsenda þess að álagning sem tekur mið af breytingum á fasteignamatsskrá sé hagkvæm og örugg í framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að Fasteignamat ríkisins veiti hverri sveitarstjórn aðgang að aðgangsstýrðu svæði í skránni til að skrá álagningarforsendur. Að álagningu lokinni er gert ráð fyrir að hægt sé að tengja upplýsingar um fjárhæðir álagningarinnar við innheimtu- og fjárhagsbókhald sveitarfélaganna. Markmiðið með Landskrá fasteigna er að hafa eina skrá sem nýtist öllum stjórnvöldum til að sinna stjórnsýslu sinni er varðar fasteignir. Álagning fasteignaskatts í landskránni er í samræmi við það markmið. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um framkvæmd í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

III.

Í tillögum tekjustofnanefndar, sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, er vísað til skýrslu nefndar sem fyrrverandi félagsmálaráðherra skipaði í janúarmánuði árið 2001 til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti. Í nefndinni áttu sæti Hjörleifur B. Kvaran borgarlögmaður, Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, og Guðjón Bragason, lögfræðingur í félagsmálaráðuneyti, sem var formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði skýrslu í desember sama ár þar sem gerðar voru tillögur um verulega fækkun undanþágna en þær tillögur koma fyrst til framkvæmda með frumvarpi þessu, verði það að lögum.

Nefndin gerði meðal annars tillögu um nýja 1. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og er sú tillaga sett fram óbreytt í 3. gr. frumvarps þessa. Miðar tillagan að því að fella brott undanþágur vegna sjúkrastofnana samkvæmt heilbrigðislögum, skóla, heimavista, barnaheimila, íþróttahúsa, skipbrotsmannaskýla, sæluhúsa og bókasafna. Eftir munu því einungis standa undanþágur vegna kirkna, safnahúsa og húsa annarra ríkja og alþjóðastofnana.

Þá lagði nefndin til að í stað heimilda til niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. tekjustofnalaga yrði kveðið skýrt á um heimildir sveitarstjórna til styrkveitinga til greiðslu fasteignaskatts vegna starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfa. Einnig er gert ráð fyrir því í skýrslu nefndarinnar að sveitarstjórnum verði gert skylt að setja reglur um beitingu þessarar heimildar. Nefndin kannaði meðal annars með hvaða hætti sveitarfélög ívilna einstökum gjaldendum eða hópum gjaldenda fasteignaskatts. Könnunin leiddi í ljós að afar misjafnt er hvort sveitarfélög kjósa fremur beinar styrkveitingar eða að lækka eða fella niður skattinn hjá einstökum gjaldendum. Lagði nefndin til að beinar styrkveitingar sveitarfélaga yrðu meginreglan framvegis, enda væri ljóst að sú leið gerði sveitarfélögum kleift að leiða fram í bókhaldi raunverulegar tekjur af fasteignaskatti og kostnað sem hlýst af niðurfellingu og afslætti. Jafnframt yrðu allar ívilnanir gagnvart gjaldendum sýnilegri og með því ætti að vera betur tryggt að fyllsta jafnræðis væri gætt við álagningu og innheimtu skattsins.

Nefndin taldi þó óhjákvæmilegt að leyfa undantekningu frá þessari meginreglu varðandi elli- og örorkulífeyrisþega, þar sem skylt væri að gefa upp til tekjuskatts beinar styrkveitingar til þess hóps. Kynni það fyrirkomulag einnig að hafa áhrif á rétt einstaklinga til tekjutrygginga o.fl. Er því ekki lögð til breyting á núgildandi 4. mgr. 5. gr. laganna varðandi þennan hóp gjaldenda fasteignaskatts, að öðru leyti en því að sveitarstjórnum verði gert skylt að samþykkja reglur um beitingu ívilnunar af þessum toga. Rétt er að geta þess að félagsmálaráðuneytið gerði úttekt á beitingu sveitarstjórna á þessari heimild árið 2003 og í framhaldi af því voru sveitarstjórnum sendar leiðbeiningar í þeim tilgangi að stuðla að samræmi í veitingu afsláttar. Sveitarfélög fengu síðan sendan spurningalista sumarið 2004 um viðbrögð þeirra við

leiðbeiningum ráðuneytisins en ekki hefur gefist tækifæri til að fylgja málinu frekar eftir gagnvart einstökum sveitarfélögum.

Afnám undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, meðal annars varðandi framhaldsskóla og sjúkrastofnanir. Einnig munu ýmsar sjálfseignarstofnanir og fleiri aðilar verða fyrir kostnaði vegna breytinganna. Þá munu tekjur sveitarfélaga aukast að sama skapi. Í tillögum tekjustofnanefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 2003 í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins, er gerð tillaga um að álagningarhlutfall af fasteignum sem nú eru undanþegnar skattinum takmarkist við það að kostnaður ríkissjóðs verði 600 millj. kr. á ári. Jafnframt er þar gert ráð fyrir að fækkun undanþágna komi til framkvæmda í áföngum árin 2006–2008. Í samræmi við tillögur nefndarinnar er gert ráð fyrir því að við lögin bætist bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að álagningarhlutfallið verði 0,44% árið 2006 og 0,88% árið 2007.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við efni 3. gr. frumvarpsins er í greininni lagt til að sveitarfélögum verði gert mögulegt að leggja fasteignagjöld á í Landskrá fasteigna frá og með árinu 2007, jafnhliða álagningu fasteignaskatts.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að tekinn verði upp nýr gjaldflokkur, er nefnist b-flokkur, þar sem verði að finna ýmsar fasteignir sem nú eru undanþegnar álagningu fasteignaskatts. Undir þennan gjaldflokk falla sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn. Lagt er til að núverandi b-flokkur nefnist framvegis c-flokkur og til þess flokks teljist allar fasteignir sem ekki falla í a- eða b-flokk og ekki eru undanþegnar fasteignaskatti skv. 5. gr. laganna eða ákvæðum sérlaga. Álagningarhlutfall skv. b-flokki verður nánast hið sama og skv. c-flokki en sá munur er á að fyrrnefnda hlutfallið er fastákveðið og á það bætist ekki álag skv. 4. mgr. greinarinnar. Nýmæli er að í 3. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að ákveða álagningarhlutfall skv. a- og c-liðum þeirrar málsgreinar fyrir lok árs. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber sveitarstjórnum að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok desembermánaðar og við þá afgreiðslu tekur sveitarstjórn meðal annars ákvarðanir um nýtingu tekjustofna á komandi ári.

Fellt er brott ákvæði gildandi laga um að Fasteignamat ríkisins láti sveitarfélögum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi fyrir 1. desember ár hvert. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir því að framkvæmd álagningar muni innan tíðar verða rafræn. Með tilliti til þessa þykir eðlilegra að kveða á um upplýsingagjöf Fasteignamats ríkisins gagnvart einstökum sveitarfélögum í reglugerð.

Um ástæður þess að tilteknar fasteignir verða áfram undanþegnar fasteignaskatti er í athugasemdum þessum stuðst við rökfærslu í skýrslu undanþágunefndar sem áður er getið. Tillaga nefndarinnar, sem er eins og áður segir fylgt í öllum meginatriðum í frumvarpinu, felur í sér að felldar eru brott allar undanþágur núverandi 5. gr., að undanskildum undanþágum vegna kirkna, safnahúsa og húsa í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana. Nánar tiltekið er gert ráð fyrir að eftirfarandi undanþágur falli brott:

Sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum.

Allt frá setningu fyrstu laga um fasteignaskatt hefur verið í lögum undanþága vegna

sjúkrahúsa eða sjúkrastofnana sem starfa samkvæmt heilbrigðislögum. Sú undanþága byggðist í upphafi annars vegar á samfélagslegum sjónarmiðum og hins vegar því að ríki og sveitarfélög stóðu saman að rekstri heilbrigðisstofnana. Með færslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga annast ríkið nú alla heilbrigðisþjónustu. Sveitarfélögin taka þó enn þátt í þessum rekstri með því að sjúkrastofnanir ríkisins samkvæmt heilbrigðislögum eru undanþegnar fasteignaskatti. Mikil breyting hefur orðið á rekstri heilbrigðisþjónustunnar á síðustu árum og má vænta þess að framhald verði þar á. Fjölmargir aðilar reka nú heilbrigðisþjónustu utan heilbrigðisstofnana og greiða fasteignaskatt af eignum sínum, eigi þeir þær sjálfir, en ella greiðir leigusali skattinn. Þessi heilbrigðisþjónusta er í flestum tilvikum kostuð af ríkissjóði með samningum við Tryggingastofnun ríkisins, en er engu að síður oft í samkeppni við opinberar heilbrigðisstofnanir. Ljóst er að allur rekstrarkostnaður opinberrar heilbrigðisþjónustu kemur ekki fram ef þjónustan er undanþegin gjöldum sem samkeppnisaðilum er gert að greiða. Af þessum ástæðum er ekki hægt að réttlæta þann greinarmun sem gerður er í núgildandi 1. mgr. 5. gr. laganna á sjúkrastofnunum eftir eignarhaldi þeirra og er því lagt til að undanþága sjúkrastofnana frá greiðslu fasteignaskatts falli brott.

Skólar, heimavistir og leikskólar.

Grunnskólar og leikskólar eru að stærstum hluta reknir af sveitarfélögum og er því óþarft að undanþiggja þær byggingar fasteignaskatti. Á móti vegur að nokkuð er um að sveitarfélög eigi og starfræki skóla í formi byggðasamlaga en hugsanleg vandamál varðandi kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga, eftir að fasteignaskattur bætist við annan kostnað af starfseminni, má leysa með samningum milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sömu sjónarmið og rakin eru hér að framan varðandi sjúkrastofnanir eiga um margt við um framhaldsskóla. Með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru framhaldsskólar alfarið verkefni ríkisins. Af hálfu sveitarfélaga hefur því ítrekað verið lýst yfir að óviðunandi sé að sveitarfélögin séu með óbeinum hætti að taka þátt í kostnaði við rekstur framhaldsskólanna með því að undanþiggja þær byggingar fasteignaskatti, auk þess sem bent hefur verið á þá meginreglu að allur rekstrarkostnaður opinberra stofnana eigi að vera sýnilegur. Er í frumvarpinu fallist á þessi sjónarmið.

Sveitarfélög hafa aldrei komið beint að rekstri skóla á háskólastigi. Er rekstur þeirra almennt á hendi ríkisvaldsins en að undanförnu hefur þó fjölgað skólum sem reknir eru af einkaaðilum eða sjálfseignarstofnunum. Verði þessir aðilar skyldaðir til greiðslu fasteignaskatts kann það að hafa nokkur áhrif á rekstargrundvöll þeirra. Á hitt skal bent að viðkomandi sveitarfélögum er frjálst að veita háskólum styrki til greiðslu fasteignaskatts, enda séu þeir ekki reknir í ágóðaskyni. Eru því ekki sérstök rök til að undanskilja þessa aðila greiðslu fasteignaskatts.

Samkvæmt framansögðu er í frumvarpinu lagt til að allar undanþágur vegna skóla og leikskóla verði felldar brott úr lögum. Til frekari stuðnings tillögunni hefur verið bent á að einkaframkvæmd er nokkuð farin að ryðja sér til rúms við framkvæmdir á flestum skólastigum. Leiðir sú þróun til þess að þörf er á skýrari reglum um álagningu fasteignaskatts á skólabyggingar.

Íþróttahús.

Algengast er að íþróttahús séu í eigu sveitarfélaganna sjálfra. Nokkuð er þó um að íþróttafélög eigi og reki slík hús, auk þess sem einkaframkvæmd er orðin vel þekkt aðferð til uppbyggingar á þessu sviði. Einnig er þekkt að einkaaðilar standi að rekstri íþróttahúsa og líkamsræktarstöðva með fjárhagslegan ávinning að markmiði. Afnám undanþágu vegna íþróttahúsa mun væntanlega stuðla að því að gefa rétta mynd af rekstrarkostnaði þessara mannvirkja. Líklegt má telja að sveitarfélög muni almennt nýta sér heimild til að veita

íþróttafélögum styrki til greiðslu fasteignagjalda í þeim tilvikum sem rekstur íþróttamannvirkja er í þeirra höndum. Er því lítil ástæða til að óttast að þessi breyting muni hafa veruleg áhrif á afkomu íþróttafélaga.

Sæluhús og skipbrotsmannaskýli.

Fasteignamat sæluhúsa og skipbrotsmannaskýla er almennt afar lágt og hefur afnám undanþágna vegna þeirra því lítil áhrif á afkomu einstakra sveitarfélaga. Þá má telja afar líklegt að sveitarfélög muni veita styrki til þeirra félagasamtaka sem eiga slík hús til að standa straum af skattinum, svo fremi sem húsin eru ekki leigð til ferðaþjónustu eins og nú er nokkuð tíðkað. Afnám undanþágunnar verður fyrst og fremst til þess að einfalda álagningu fasteignaskatts, sem er eitt af yfirlýstum markmiðum frumvarpsins, og stuðla að því að gera tekjur og útgjöld sveitarfélaga sýnilegri en nú er. Að öðru leyti mun þessi breyting væntanlega hafa lítil áhrif.

Bókasöfn.

Almenningsbókasöfn eru að stærstum hluta í eigu sveitarfélaga þótt enn sé nokkuð um að lestrarfélög eða aðrir aðilar starfræki smærri söfn. Tekjur sveitarfélaga munu því ekki aukast að ráði þótt undanþága vegna bókasafna falli brott, ef frá eru taldar væntanlegar tekjur Reykjavíkurborgar af Þjóðarbókhlöðu.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn annist álagningu fasteignaskatts og fari hún fram í Landskrá fasteigna. Í því skyni er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Fasteignamat ríkisins veiti sveitarstjórn aðgang að aðgangsstýrðu svæði í skránni til skráningar álagningarforsendna fasteigna í umdæmi þeirra. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila. Reglugerð um fasteignaskatt, nr. 945/2000, verður endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem fram koma í frumvarpinu, verði það að lögum.

Í greininni er lagt til að fjöldi gjalddaga verði háður ákvörðun sveitarstjórnar líkt og verið hefur. Einnig er gert ráð fyrir því að álagning innan ársins taki mið af breytingum sem verða á fasteignamati. Þessi breyting gerir mögulegt að leggja fasteignaskatt á nýjar fasteignir sem bætast í Landskrá fasteigna í hlutfalli við ársálagningu. Í greininni er einnig nýtt ákvæði um að fasteignaskattur falli niður frá næstu mánaðamótum eftir afskráningu fasteignar úr landskránni. Í því getur falist að sveitarstjórn endurgreiði innheimtan fasteignaskatt af viðkomandi eign í hlutfalli við ársálagningu hafi skatturinn þegar verið greiddur fyrir allt árið.

Um 4. gr.

Eins og rakið er í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að allar undanþágur í 1. mgr. 5. gr. gildandi laga falli brott, að undanskildum undanþágum vegna kirkna, safnahúsa og húsa í eigu erlendra ríkja. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að felldar verði brott heimildir sveitarstjórna til að lækka eða fella niður fasteignaskatt vegna heilsuhæla, endurhæfingarstöðva og húsa sem notuð eru til tómstundaiðju. Þess í stað er lagt til að í 2. mgr. greinarinnar verði sveitarstjórnum gert skylt að setja reglur um veitingu styrkja til greiðslu fasteignaskatts. Slíkar styrkveitingar munu væntanlega einkum renna til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana, en skilyrði er að ekki sé um að ræða starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni. Dæmi um fasteignir í eigu félagasamtaka sem átt geta undir ákvæðið eru til dæmis íþróttahús, skipbrotsmannaskýli og félagsheimili sem ekki eru leigð í ágóðaskyni.

Rétt þykir að færa fram helstu rök fyrir því að veita áfram í lögum undanþágu fyrir þær fasteignir sem taldar eru upp í 1. mgr. og er sem fyrr stuðst við röksemdir í skýrslu undanþágunefndar:

Kirkjur og bænahús.

Fram kemur í skýrslu undanþágunefndar að niðurstöður könnunar, sem nefndin gerði um umfang undanþágna í einstökum sveitarfélögum bendi til þess að framkvæmd sé nokkuð misjöfn hjá sveitarfélögum varðandi það hvernig staðið er að álagningu og innheimtu fasteignaskatts hjá trúfélögum öðrum en þjóðkirkjunni. Bænahús eða samkomustaðir slíkra safnaða falla í mörgum tilvikum ekki augljóslega undir undanþáguákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna, enda ekki um eiginlegar kirkjur að ræða í skilningi ákvæðisins. Í Reykjavík hafi sá háttur verið hafður á að trúfélögum sem viðurkennd eru af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi verið veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts. Er þessum aðilum þannig tryggt jafnræði á við þjóðkirkjuna og gerði nefndin ekki athugasemd við framangreinda framkvæmd.

Undanþága vegna kirkna byggist á ríkri hefð og er ekki lagt til að hún verði afnumin. Þess í stað er lagt til að orðalagi 1. mgr. 5. gr. verði breytt þannig að það taki einnig til bænahúsa trúfélaga sem hafa hlotið viðurkenningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. lög um skráð trúfélög, nr. 108/1999. Rétt er að taka fram, með vísan til umfjöllunar í II. kafla skýrslu undanþágunefndar, að safnaðarheimili hafa ekki verið undanþegin fasteignaskatti frá setningu laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu skal bent á að brottfall undanþágunnar mundi stuðla að einföldun álagningar og innheimtu fasteignaskattsins. Yrði þar með komist hjá flóknum vandamálum varðandi trúfélög sem til dæmis iðka bænahald eða safnaðarstarf með óhefðbundnum hætti þannig að ekki sé unnt að benda á ákveðna húseign sem miðpunkt safnaðarstarfs líkt og raunin er almennt um kirkjubyggingar. Slík vandamál verða þó væntanlega fátíð, enda takmarkast undanþágan almennt við eina kirkju eða bænahús safnaðar í hverri sókn. Sá skilningur útilokar að sjálfsögðu engan veginn að fleiri en ein fasteign kunni að vera undanþegin í sveitarfélagi þar sem eru margar sóknir eða trúfélög.

Safnahús.

Að því er varðar önnur söfn en bókasöfn má gera ráð fyrir að sveitarfélög mundu í mörgum tilvikum veita rekstaraðilum styrki til að standa undir greiðslu fasteignaskatts. Þetta yrði þó væntanlega ekki algilt. Skiptar skoðanir urðu um það í undanþágunefnd hvort rétt væri að fella undanþáguna brott en samstaða náðist um að leggja til að undanþágan verði áfram í lögum. Byggðist sú afstaða nefndarinnar fyrst og fremst á því að rekstur safna sé þýðingarmikil menningar- og fræðslustarfsemi sem almennt sé ekki í samkeppnisrekstri. Um skilgreiningu á því hvaða fasteignir geta fallið undir undanþáguna vísast til 4. gr. safnalaga, nr. 106/2001.

Hús erlendra ríkja og alþjóðastofnana.

Undanþága vegna húsa erlendra ríkja hefur verið óbreytt í lögum frá árinu 1921. Undanþágunefnd leitaði álits utanríkisráðuneytisins á því að hve miklu leyti undanþága 5. gr. gildandi tekjustofnalaga væri í samræmi við ákvæði Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 1961, sem Ísland gerðist aðili að árið 1971. Einnig óskaði nefndin álits utanríkisráðuneytisins á því hvaða aðili bæri kostnað af undanþágum vegna fasteignaskatta í þeim löndum þar sem Ísland hefur sendiráð. Vísaði nefndin til þess að henni væri kunnugt um að í Kanada væri það ríkið sem greiddi fasteignaskattinn fyrir sendiríkið og bæri hlutaðeigandi sveitarfélag því ekki tekjutap vegna þessara mannvirkja. Í svari utanríkisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið telji undanþáguákvæði 5. gr. ekki ganga lengra í því að undanskilja fasteignir í eigu eða umsjá sendiráða erlendra ríkja en þörf er á samkvæmt Vínarsamningnum. Jafnframt telur ráðuneytið skýrt skv. 1. mgr. 34. gr. samningsins að sendierindreki skuli vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og fasteignir, hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma. Er það mat ráðuneytisins að ekki skipti

máli hvort fasteign sé eign sendiríkis eða leiguhúsnæði. Ef fasteign er í einkaeigu þurfa þó skilyrði b-liðar 34. gr. Vínarsamningsins að vera uppfyllt, þ.e. að sendierindreki hafi vörslur fasteignanna á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið. Hvað síðustu spurningu nefndarinnar varðar telur utanríkisráðuneytið að fyrirkomulag sé með ýmsum hætti í öðrum ríkjum og engin algild regla í þeim efnum. Hafi fyrirkomulag í Kanada því ekki fordæmisgildi. Í ljósi þessa svars utanríkisráðuneytisins er ekki unnt að afnema né skerða undanþáguákvæði varðandi hús erlendra ríkja sem notuð eru af sendimönnum í milliríkjaerindum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er í þessu frumvarpi lagt til að orðalag ákvæðisins verði óbreytt hvað þessar fasteignir varðar. Þó er lagt til að við upptalningu fasteigna sem undanþegnar eru fasteignaskatti bætist hús alþjóðastofnana eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Samkvæmt ýmsum milliríkjasamningum er Ísland skuldbundið að þjóðarétti til að fella niður skatta og gjöld, þ.m.t. fasteignaskatta, sem áðurnefndar stofnanir mundu annars bera hér á landi. Í sumum tilvikum hafa slík ákvæði milliríkjasamninga verið lögfest í sérlögum. Sem dæmi má nefna lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, nr. 54/1973, lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, nr. 4/1987, lög um norrænan þróunarsjóð, nr. 14/1989, og lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, nr. 102/1990. Í öðrum tilvikum hefur lögfesting samninga ekki þótt nauðsynleg heldur hefur verið vísað til 1. gr. laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, en þar segir að alþjóðastofnanir skuli njóta þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Þrátt fyrir þetta almenna ákvæði þykir rétt að í lögum um tekjustofna sveitarfélaga komi skýrt fram að kveði alþjóðasamningur á um að alþjóðleg stofnun sé undanþegin fasteignasköttum skuli sú undanþága gilda hér á landi ef samningurinn hefur öðlast stjórnskipulegt að því er Ísland varðar. Sem dæmi um slíkan samning má nefna samninginn um Norræna fjárfestingarbankann sem undirritaður var af Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum 11. febrúar 2004 og öðlaðist gildi 1. janúar 2005.

Í stað heimilda til niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga er lagt til að ívilnanir sveitarstjórna verði framvegis í formi styrkveitinga til greiðslu fasteignaskatts. Slík ívilnun verði heimil ef um er að ræða starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfa. Einnig er lagt til, í samræmi við skýrslu undanþágunefndar, að sveitarstjórnum verði gert skylt að setja reglur um beitingu þessarar heimildar. Þessi breyting mun meðal annars gera sveitarfélögum auðveldara að leiða fram í bókhaldi raunverulegar tekjur af fasteignaskatti og kostnað sem hlýst af niðurfellingu og afslætti. Jafnframt verði allar ívilnanir gagnvart gjaldendum sýnilegri og með því á að vera betur tryggt að fyllsta jafnræðis sé gætt við álagningu og innheimtu skattsins.

Í 3. mgr. er þó lagt til frávik frá fyrrgreindri meginreglu varðandi elli- og örorkulífeyrisþega. Ástæða þess að áfram er gert ráð fyrir lækkunarheimild til þessa hóps er að skylt væri að gefa upp til tekjuskatts beinar styrkveitingar til aldraðra og öryrkja sem meðal annars gæti haft áhrif á rétt einstaklinga til tekjutryggingar o.fl. Er því ekki lögð til breyting á núverandi 4. mgr. 5. gr. laganna varðandi þennan hóp gjaldenda fasteignaskatts, að öðru leyti en því að sveitarstjórnum verði gert skylt að samþykkja reglur um beitingu ívilnunar af þessum toga.

Í 5. mgr. er lögð til breyting þess efnis að sveitarstjórn sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar. Fasteignamat ríkisins hefur á stefnuskrá sinni að endurmeta bújarðir um allt land. Þar sem slíkt endurmat hefur þegar farið fram hefur það í mörgum tilvikum leitt til þess að fasteignamat hefur margfaldast. Víða

er fasteignamat lands utan þéttbýlis ekki í nægilega góðu samræmi við gangverð og ætla má að það leiði oftar en ekki til lægri skattstofns en annars væri og misræmis í mati sambærilegra eigna. Sé vilji til að halda fasteignasköttum sem bændur greiða lítt breyttum virðist eðlilegra að hafa ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem heimilar sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum frekar en að bújarðir skuli sæta sérstakri matsaðferð við ákvörðun fasteignamats. Í 1. mgr. 27. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, segir að matsverð fasteignar til fasteignamats skuli vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu. Í 3. mgr. 27. gr. sömu laga er ákvæði um að bújarðir skuli metnar miðað við notkun þeirra til búskapar á meðan þær eru nýttar þannig. Þetta ákvæði flækir verulega aðferðafræði við ákvörðun fasteignamats bújarða. Bújarðir og landspildur um land allt ganga kaupum og sölum þannig að ákvæði laganna um að skráð matsverð fasteignar skuli vera gangverð umreiknað til staðgreiðslu hentar ekki síður til ákvörðunar fasteignamats á bújörðum en öðrum tegundum fasteigna. Með vísan til meginreglu stjórnsýsluréttar um jafnræði verður einnig að telja að ekki séu rök fyrir því að þessar eignir sæti sérstakri matsaðferð og algengt er að land og landspildur séu ekki leystar úr landbúnaðarnotkun þótt hefðbundinn búskapur sé í reynd aflagður. Landbúnaður er mun fjölbreyttari atvinnugrein en áður og undir hann geta heyrt m.a. verndun lands og endurheimt landkosta, akuryrkja, landgræðsla, garðyrkja, skógrækt, veiði í ám og vötnum, nýting annarra hlunninda, fiskeldi og ferðaþjónusta. Þá gjörbreytir tilkoma framleiðsluréttar í nokkrum greinum landbúnaðar starfsumhverfi þessara greina frá því sem var þegar framangreint ákvæði var lögleitt. Einnig skal bent á að með nýjum jarðalögum, nr. 81/2004, var slakað á þeim takmörkunum sem áður giltu um ráðstöfunarrétt jarðareiganda til að samræma eins og unnt er eignarrétt og umsýslu jarða þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að byggingarfulltrúa í hverju sveitarfélagi verði falið að ákveða hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka þegar greiða ber fasteignaskatt samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki. Ákvörðun byggingarfulltrúa er unnt að skjóta til Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna, ef deilt er um gjaldstofn. Ágreiningi um gjaldskyldu má enn fremur skjóta til yfirfasteignanefndar samkvæmt sömu grein.

Um 6. gr.

Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar er í greininni gert ráð fyrir að áhrif fækkunar undanþágna frá fasteignaskatti komi til framkvæmda í áföngum. Er gert ráð fyrir að á árunum 2006 og 2007 fari álagningarhlutfall stighækkandi vegna þeirra fasteigna sem falla framvegis í b-flokk 3. mgr. 3. gr. laganna og endanlegt álagningarhlutfall komi ekki til framkvæmda fyrr en árið 2008. Álagningarhlutfall er reiknað miðað við að kostnaður ríkissjóðs af breytingunni verði 200 millj. kr. árið 2006, 400 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. frá þeim tíma, miðað við fasteignamat sem gildir fyrir árið 2005. Hækkun fasteignamats og fjölgun fasteigna ríkissjóðs mun leiða til þess að framangreindar fjárhæðir geta eitthvað hækkað þegar frá líður.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að lagabreytingar samkvæmt frumvarpinu taki gildi 1. janúar 2006. Þó þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir að álagning fasteignaskatts í sérstöku álagningarumhverfi í Landskrá fasteigna geti að fullu tekið gildi fyrr en ári síðar. Þó er gert ráð fyrir að einhver sveitarfélög muni í samstarfi við Fasteignamat ríkisins prófa hið nýja álagningarum-

hverfi á komandi ári og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að það verði heimilt í samræmi við þá breytingu á 1. mgr. 4. gr. laganna sem lögð er til í frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Vinnuhópur um álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna:

Minnisblað um tillögur um fyrirkomulag á álagningu fasteignagjalda.
Til samráðshóps um álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna.
(14. september 2005.)

Í framhaldi af tillögum tekjustofnanefndar hefur vinnuhópur unnið að greiningu á fyrirkomulagi á álagningu fasteignagjalda. M.a. fól vinnuhópurinn ráðgjafafyrirtækinu Stjórnhátt-um ehf. að vinna frumgreiningu og lýsingu á valkostum og gera um það skýrslu. Þar er fjallað um ýmsar athuganir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á fyrirkomulagi álagningar fasteignaskatts. Gerð er grein fyrir fasteignagjöldum, lagagrundvelli þeirra og aðferðum við álagningu. Fjallað er um framkvæmd álagningar, gerð grein fyrir þeim tölvukerfum sem notuð eru og gerð ítarleg greining á verkferli við álagninguna. Á grundvelli ofangreindar lýsingar eru greind vandamál við núverandi aðferðir og gerð grein fyrir mögulegum breytingum á verkferli álagningar.

Niðurstöður skýrslunnar eru að núverandi aðferðir við álagningu fasteignagjalda eru ekki nægilega kerfisbundnar, skortur er á gagnsæi og verkferlar eru flóknir og kostnaðarsamir og kostir Landskrár fasteigna við álagninguna ekki nýttir. Umtalsverðir möguleikar eru á að bæta verklag, auka hagkvæmni og bæta gæði. Þá verður ekki séð að núverandi aðferðir séu fullnægjandi til að tryggja að hægt verði að leggja fasteignagjöld á nýjar fasteignir innan ársins eins og tillögur tekjustofnanefndar miða að. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi á álagningu fasteignagjalda:

1. *Álagningin fari fram í Landskrá fasteigna.*
   Þetta er skilvirkasta leiðin til að bæta úr ágöllum núverandi fyrirkomulags. Með henni er hægt að auka öryggi við álagningu, einfalda verkferla, minnka leiðréttingarvinnu, nýta kosti rafrænnar stjórnsýslu, auka gagnsæi og hagkvæmni.
2. *Sveitarfélög skrái allar forsendur álagningar beint í Landskrá fasteigna.* .
   Þetta gefur kost á að einfalda verkferil álagningar og fækka þrepum í ferlinum og afnemur tvískráningu sem nú er til staðar. Með þessu er mögulegt að hætta að skrá upplýsingar eða vinna leiðréttingar um fasteignar í álagningarkerfinu og álagningin verði sjálfvirk og nær eingöngu vélræn.
3. *Reglur um veitingu afslátta verði samræmdar.*
   Þetta merkir að einstök sveitarfélög taki fyrst og fremst ákvörðun um fjárhæð eða hlutfall afsláttar í einstökum flokkum. Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega verði unnar með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra. Önnur ákvæði um afslætti og undanþágur verði felld úr lögum (nema um húsnæði trúfélaga og erlendra ríkja) en sveitarfélög geti veitt styrki til greiðslu fasteignagjalda vegna fasteigna sem nýttar eru í almannaþágu.
4. *Álagning fari fram um hver mánaðamót og gjalddagar verði 12 á ári.*
   Þessi leið felur í sér mánaðarlega álagningu þar sem fasteignagjöld eru lögð á miðað við stöðu fasteignar og eiganda hennar 1. hvers mánaðar. Þetta er besti kosturinn út frá

tæknilegu sjónarmiði auk þess hann tryggir best jafnræði við álagningu, að afsláttaþegar njóti afsláttar, lágmarkar leiðréttingarvinnu, hámarkar álagningarstofn sveitarfélaga og jafnar greiðsluálag fyrir gjaldendur yfir allt árið.

Fylgiskjal II.

Álagning fasteignagjalda í Landskrá fasteigna.
Greining og tillögur unnar að beiðni samráðshóps.
(20. september 2005.)

Formáli.

Í maí 2005 skipuðu félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Fasteignamat ríkisins samráðshóp til að undirbúa álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna. Hlutverk samráðshópsins er að hafa yfirsýn og fylgjast með verkefninu. Einnig var skipaður sérstakur vinnuhópur til að greina, útfæra og ferla viðfangsefnið og vera til ráðgjafar og rýni við forritun, prófun og innleiðingu.

Forsaga þess að áformað er að álagning fasteignagjalda fari fram í Landskrá fasteigna eru áætlanir um breytingar á álagningu fasteignaskatts. Í þeim felst að leggja skuli fasteignaskatt á nýja fasteign frá næstu mánaðamótum eftir að hún er metin fasteignamati í fyrsta sinn. Einnig höfðu komið fram ábendingar um veikleika við álagningu fasteignaskatta sem ástæða þótti til að taka á.

Í samráðshópnum eiga sæti:
- Haukur Ingibergsson, Fasteignamati ríkisins (FMR), formaður,
- Guðni Geir Einarsson, félagsmálaráðuneyti,
- Gunnlaugur Júlíusson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í vinnuhópunum eiga sæti:
- Sigurjón Friðjónsson forstöðumaður tölvudeildar FMR, formaður,
- Björn Magnússon, svæðisstjóri, FMR,
- Arnar Már Sigurðsson, viðskiptafræðingur, FMR,
- Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri, Stjórnhættir ehf.,
- Heiður Hjaltadóttir, forstöðumaður fjárreiðudeildar Akureyrarbæjar,
- Kristján Svanbergsson, fjárreiðustjóri, Reykjavíkurborg,
- Halldór Hróarr Sigurðsson, endurskoðandi, KPMG,
- Gissur Ísleifsson, Tölvumiðlun.

Magnús Theódórsson frá Maritech veitir ráðgjöf við framkvæmd verkefnisins.

Í tengslum við vinnu verkefnisins var ráðgjafarfyrirtækinu Stjórnháttum ehf. falið að vinna greiningu og lýsingu á nýju fyrirkomulagi við álagningu fasteignagjalda. Markmiðið er að skapa nauðsynlegan grundvöll þannig að hægt sé að vinna að lagabreytingum og hefja hönnun nýs álagningarkerfis. Niðurstöðurnar er að finna í þessari skýrslu.

Við vinnslu verkefnisins var rætt við ýmsa sérfræðinga og hagsmunaaðila og könnuð gögn og skýrslur um álagningu fasteignagjalda. Náið samráð var haft við vinnuhópinn og samráðshópinn við vinnslu verkefnisins.

Meginniðurstaða skýrslunnar er að núverandi aðferðir við álagningu fasteignagjalda eru ekki nægilega kerfisbundnar, skortur er á gagnsæi og verkferlar eru flóknir og kostnaðarsamir. Umtalsverðir möguleikar eru á að bæta núverandi verklag, auka hagkvæmni og bæta gæði.

Þá verður ekki séð að núverandi aðferðir séu fullnægjandi til að tryggja að hægt verði að leggja fasteignagjöld á nýjar fasteignir innan ársins.

Skilvirkasta leiðin til að bæta úr ágöllum núverandi aðferða er að álagning fasteignagjalda fari fram í Landskrá fasteigna.

1. Inngangur.

Fasteignaskattur er einn af þremur megin tekjustofnum sveitarfélaga.[1] Skatturinn er innheimtur ásamt lóðarleigu og ýmsum þjónustugjöldum undir samheitinu fasteignagjöld.

Umfang fasteignagjalda er umtalsvert og því mikilvægt að vel sé staðið að álagningu þeirra og innheimtu. Samkvæmt skýrslu KPMG[2] var á árinu 2004 áætlað að tekjur sveitarfélaga sem byggjast á fasteignamati og upplýsingum um stærð fasteigna úr Landskrá fasteigna væru um 18 milljarðar kr. Í ljósi þessa umfangs verður að gera kröfur til þess að aðferðir séu skilvirkar og þær tryggi sem best hagsmuni sveitarfélaga og gjaldenda. Ein meginforsenda þessa er að til séu öruggar og aðgengilegar upplýsingar um fasteignir. Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að þessar upplýsingar skuli vistaðar í sameiginlegum gagnagrunni, Landskrá fasteigna.

Þessi stefnumótun hefur fram að þessu ekki haft bein áhrif á aðferðir við álagningu fasteignagjalda. Þetta er veikleiki þar sem það er einmitt í tengslum við álagningu gjalda sem sveitarfélög og fasteignaeigendur eru mest vakandi fyrir því hvort upplýsingar um fasteignir séu réttar og ganga eftir því að villur séu leiðréttar. Virkt samspil Landskrár fasteigna og álagningar fasteignagjalda er því ein af forsendum þess að skráin innihaldi réttar og nákvæmar upplýsingar um fasteignir.

Áform stjórnvalda um að fasteignaskattur skuli lagður á nýja fasteign frá næstu mánaðamótum eftir að hún er metin fasteignamati í fyrsta sinn hefur, eins og gerð verður grein fyrir í skýrslunni, meiri áhrif á fyrirkomulag álagningar fasteignagjalda en ætla mætti við fyrstu sýn.

Í ljósi þessa er full ástæða til að endurmeta aðferðir við álagningu fasteignagjalda með það að markmiði að hún fari fram í Landskrá fasteigna.

Í þessari skýrslu er að finna greiningu á þessu viðfangsefni ásamt lýsingu á nýjum aðferðum við álagningu fasteignagjalda:

- Í öðrum kafla er fjallað um ýmsar athuganir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á fyrirkomulagi álagningar fasteignaskatts.
- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir fasteignagjöldum, lagagrundvelli þeirra og aðferðum við álagningu.
- Í fjórða kafla er fjallað um framkvæmd álagningar, gerð grein fyrir þeim tölvukerfum sem notuð eru og gerð ítarleg greining á verkferli við álagninguna.
- Í fimmta kafla eru greind vandamál við núverandi aðferðir og framkvæmd álagningar fasteignagjalda.
- Í sjötta kafla er gerð grein fyrir áformuðum breytingum á verkferli álagningar.
- Í sjöunda kafla er fjallað um möguleika til að afmarka þær álagningarforsendur sem eðlilegt er að hafi áhrif á álagningu fasteignagjalda innan ársins.

---

[1] Hinir tveir eru útsvar og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

[2] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins, bls. 4.

- Í áttunda kafla eru lagðir fram þrír valkostir um nýjan verkferil álagningar.
- Niðurstöður skýrslunnar eru dregnar saman í níunda kafla.

2. Breytingar á álagningu fasteignaskatts.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmiss konar athuganir á fyrirkomulagi álagningar fasteignagjalda og gerðar tillögur um marghátttaðar breytingar og umbætur:

- Í skýrslu tekjustofnananefndar frá október 2000 var m.a. lagt til að álagningarstofni fasteignaskatta yrði breytt og undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts fækkað.
- Nefnd um undanþágur frá fasteignaskatti sem skilaði áliti sínu í desember 2001 lagði til að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts yrði fækkað.
- Félagsmálaráðuneyti framkvæmdi vorið 2003 könnun á beitingu sveitarfélaga á heimild til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt frá fasteignaskatti.
- Í framhaldi af könnuninni gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeiningar til sveitarfélaga um veitingu afslátta frá fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega.
- Í júní 2004 skilaði KPMG skýrslu til félagsmálaráðuneytisins og Fasteignamats ríkisins um fasteignaskatta og lagði fram ýmsar ábendingar um úrbætur.
- Í áliti nefndar um tekjustofna sveitarfélaga frá mars 2005 er lagt til að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað og að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin fasteignamati.

2.1 Skýrsla tekjustofnanefndar frá árinu 2000.

Tekjustofnanefndin frá árinu 2000 fjallaði um ýmsa þætti fjármála sveitarfélaga. Varðandi fasteignaskatt þá lagði nefndin til breytingu á álagningarstofninum. Frá 1990 hafði álagningarstofn á hús og mannvirki (að undanteknum sumarhúsum og útihúsum í sveitum) verið afskrifað endurstofnverð fasteigna, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík. Þetta þýddi í raun að lögð voru gjöld á eignirnar miðað við markaðsverð sambærilegra eigna í Reykjavík.

Tilgangur þessa fyrirkomulags var að „jafna aðstöðu sveitarfélaga og gera fasteignir að svipuðum skattstofni óháð því í hvaða sveitarfélagi þær voru staðsettar. Sveitarfélögunum var því gefinn möguleiki á að hafa sömu tekjur af sambærilegum fasteignum óháð raunverulegu verðmæti eignanna.“[3]

Nefndin taldi þetta óeðlilegt og lagði til að álagningarstofn fasteignaskatts yrði fasteignamat. Með þessu myndi álagningin endurspegla raunverulegt markaðsverð fasteigna óháð staðsetningu.

Þessari tillögu nefndarinnar var hrundið í framkvæmd með breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.[4]

Þá lagði nefndin til að undanþágum frá álagningu fasteignaskatts yrði fækkað og „að þegar verði hafin vinna við að endurskoða ákvæði þar að lútandi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga og öðrum lögum.“[5] Það var álit nefndarinnar að slíkt myndi einfalda álagninguna og auka skatttekjur sveitarfélaga. Þessum tillögum nefndarinnar var ekki hrint í framkvæmd.

---

[3] Félagsmálaráðuneytið, október 2000. Skýrsla tekjustofnananefndar: Greinargerð nefndarinnar með tillögum og viðaukum, bls. 18.

[4] Lög nr. 144/2000, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

[5] Félagsmálaráðuneytið, október 2000. Skýrsla tekjustofnananefndar: Greinargerð nefndarinnar með tillögum og viðaukum, bls. 8–9.

2.2 Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti.

Nefndin gerði athugun á því hvernig staðið væri að niðurfellingu, lækkunum og styrkveitingum vegna fasteignaskatts. Í ljós kom að framkvæmd laganna væri breytileg milli sveitarfélaga og að afar misjafnt væri „hvort sveitarfélög kjósa fremur beinar styrkveitingar eða að lækka eða fella niður skattinn hjá einstökum gjaldendum.“[6]

Í skýrslunni leggur nefndin til „að felldar verði brott úr lögum allar undanþágur frá fasteignaskatti í sérlögum, að undanskildum ákvæðum er varða norrænar stofnanir og sjóði. Jafnframt leggur nefndin til að felldar verði brott allar undanþágur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, að frátöldum undanþágum vegna kirkna, safna og húsa erlendra ríkja að því leyti sem þau eru nýtt af sendimönnum í milliríkjaerindum.“[7]

Þá lagði nefndin einnig til breytingar á ákvæðum sem veita sveitarfélögum heimildir til að lækka eða fella niður fasteignaskatt. Í stað núverandi heimildaákvæða var lagt til að sett verði „nýtt ákvæði sem skyldar sveitarfélög til að setja reglur um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts af eignum sem ekki eru nýttar í ágóðaskyni, svo sem til menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi, mannúðarmála eða sambærilegrar starfsemi.“[8]

Það var mat nefndarinnar að ákvörðunarvald um niðurfellingu, afslætti og styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts væri best komið á hendi sveitarfélaganna sjálfra. Þá lagði nefndin áherslu á „að hentugast sé að slíkar ívilnanir verði í framtíðinni í formi beinna styrkveitinga, enda er ljóst að sú leið gerir sveitarfélögum kleift að leiða fram í bókhaldi raunverulegan kostnað og tekjur. Jafnframt verða allar ívilnanir gagnvart gjaldendum sýnilegri og með því á betur að vera tryggt að fyllsta jafnræðis sé gætt við álagningu skattsins.“[9]

Sem rökstuðning við tillögurnar var m.a. nefnt að samkeppnisjónarmið valdi því að afslættir og undanþágur geti verið óeðlilegar enda oft dæmi um að í þeim eignum sem notið hafi afslátta sé rekin samkeppnisstarfsemi, jafnframt almannaþjónustu. Þá benti nefndin á að með aukinni nýtingu einkaframkvæmdar væri hætta á að rekstrarskilyrði sambærilegrar þjónustu yrði ójöfn allt eftir því hvernig eignarhaldi húsnæðis væri háttað.

Þrátt fyrir áherslu á að fækka undanþágum taldi nefndin óhjákvæmilegt að tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar ættu áfram kost á afslætti enda myndu styrkir til greiðslu fasteignaskatts vera tekjuskattsskyldir. Það sama taldi nefndin gilda um undanþágu vegna útihúsa í sveitum.

Nefndin lagði fram ákveðna tillögu að breytingu á ákvæðum 5. gr. laga á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og lagði til að þau yrðu sem hér segir:[10]

„Eftirtaldar fasteignir ásamt lóðum eru undanþegnar fasteignaskatti:

a. kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem hlotið hafa skráningu dóms- og kirkjumálaráðuneytis;
b. safnahús, að því leyti sem rekstur þeirra er ekki í ágóðaskyni;
c. hús erlendra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum.

Heimilt er sveitarstjórnum að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts vegna starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, æskulýðs- og tómstunda-

---

[6] Félagsmálaráðuneytið, desember 2001. Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, bls. 15.
[7] Félagsmálaráðuneytið, desember 2001. Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, bls. 4.
[8] Félagsmálaráðuneytið, desember 2001. Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, bls. 4.
[9] Félagsmálaráðuneytið, desember 2001. Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, bls. 4.
[10] Félagsmálaráðuneytið, desember 2001. Skýrsla nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, bls. 19.

starfsemi og mannúðarmála. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Nú eru hús þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot."

Þessar tillögur nefndarinnar hafa ekki komið til framkvæmda en eins og gerð verður grein fyrir í kafla 2.6 eru nú uppi ráðagerðir um slíkt.

2.3 Könnun á veitingu afslátta til lífeyrisþega.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmdi vorið 2003 könnun á beitingu sveitarfélaga á heimild til að veita niðurfellingu/afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega skv. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.[11] Markmiðið var að fá heildarsýn yfir framkvæmd sveitarfélaga á ákvæðinu.

Í ljós kom að mjög breytilegt er hvernig sveitarfélög kjósa að standa að veitingu afslátta til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Meðal niðurstaðna könnunarinnar má nefna:[12]

- Flest sveitarfélög veittu afslætti og höfðu um 84% sett sér reglur um það. Um 10% sveitarfélaga veittu ekki afslætti.
- Mjög breytilegt var hvort sveitarfélög veittu afslætti (58%) eða felldu fasteignarskattinn alveg niður (40%).
- Sum sveitarfélög veittu stigskiptan tekjutengdan afslátt sem gat mest verið 100%, á meðan önnur gáfu fastan afslátt á bilinu 50–100%. Þá tóku sum sveitarfélög fram að ellilífeyrisþegum væri veittur fastur afsláttur en að afsláttur til öryrkja væri tekjutengdur. Einnig var nokkuð um að hámarksafsláttur væri tilgreindur í krónutölu.
- Flest sveitarfélög veittu bæði elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt (tæp 80%) en þó veitti hluti þeirra aðeins ellilífeyrisþegum afslátt (16%).
- Breytilegt var við hvaða örorkustig sveitarfélög miðuðu. Stærsti hlutinn miðaði við 75% örorku eða meira en einnig voru dæmi um að sveitarfélög miðuðu við lægra örorkustig, allt niður í 50% örorku.
- Um helmingur sveitarfélaga miðaði afslátt við ákveðnar viðmiðunartekjur.
- Rúmur helmingur sveitarfélaga tók tillit til tekna maka en tæpur helmingur veitti afslætti óháð tekjum maka.
- Rúm 40% sveitarfélaga veittu einungis eiganda húsnæðis ívilnun en um 58% veittu einnig maka ívilnun þó að hann væri ekki skráður eigandi húsnæðis.
- Hluti sveitarfélaga (15%) veitti einnig afslætti vegna atvinnuhúsnæðis og útihúsa í eigu lífeyrisþega.
- Í flestum tilfellum var áskilið að sá sem nyti afsláttar hefði lögheimili eða aðsetur í viðkomandi fasteign.
- Í 35 sveitarfélögum þurfti að sækja sérstaklega um ívilnun en hjá 61 sveitarfélagi var afsláttur veittur sjálfkrafa. Í 15 sveitarfélögum var afsláttur veittur sjálfkrafa til ellilífeyrisþega en öryrkjar þurftu að sækja um.

---

[11] Félagsmálaráðuneytið 2003. Beiting sveitarfélaga á heimild til að veita niðurfellingu/afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega skv. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Skýrsla byggð á niðurstöðum könnunar félagsmálaráðuneytisins vorið 2003.

[12] Ef samtala prósentna er minni en 100% stafar það í flestum tilfellum af því að hluti sveitarfélaga hefur ekki svarað viðkomandi spurningu.

Þó að liðin séu rúm tvö ár frá því að könnunin var framkvæmd og nokkrar breytingar kunni að hafa verið gerðar, er fjölbreytileiki í veitingu afslátta mikill og má í raun furðu sæta hversu margar ólíkar leiðir hafa verið farnar varðandi framkvæmd einnar málsgreinar í lögum.

2.4 Leiðbeiningar um veitingu afslátta til lífeyrisþega.

Í framhaldi af könnuninni ákvað félagsmálaráðuneytið að gefa út sérstakar leiðbeiningar til sveitarfélaga varðandi beitingu 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Þar kom fram að það væri mat félagsmálaráðuneytisins að það sé á „valdi sveitarfélaga að ákveða hvort þau nýta sér heimild 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, og almennt með hvaða hætti þau kjósa að útfæra hana.“ Þrátt fyrir þetta hafa sveitarfélögin þó ekki „að öllu leyti frjálsar hendur hvað þetta varðar, en útfærsla þeirra verður að vera innan þess ramma sem orðalag ákvæðisins markar og byggjast á málefnalegum og lögmætum sjónarmiðum.“[13]

Meðal leiðbeininga sem ráðuneytið gefur sveitarfélögum má nefna:

- Veita ber bæði ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum afslátt eða niðurfellingu, kjósi sveitarfélög á annað borð að beita heimildarákvæðinu.
- Sú útfærsla að tekjutengja eingöngu afslátt til öryrkja en ekki ellilífeyrisþega, samræmist illa heimildarákvæðinu.
- Sveitarfélög skulu setja ákveðin tekjuviðmið við ákvörðun um hverjir skuli njóta afsláttar eða niðurfellingar.
- Heimilt er að líta til fjármagnstekna við mat á tekjum elli- og örorkulífeyrisþega.
- Með örorkulífeyrisþegum er almennt átt við þá sem metnir eru til 75% örorku. Þó hafa sveitarfélög ákveðið svigrúm til að ákveða rýmri skilgreiningu.
- Sveitarfélögum er heimilt að afmarka nánar til hvaða húsnæðis afsláttur eða niðurfelling tekur.
- Heimilt er að líta til tekna maka við ákvörðun um hvort veita skuli afslátt.
- Afar æskilegt er og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að sveitarfélög setji sér reglur um afslátt eða niðurfellingu fasteignaskatts.

2.5 Skýrsla KPMG um fasteignaskatta.

Árið 2004 fólu Félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins KPMG að gera úttekt á skattflokkun fasteigna og álagningu fasteignaskatta og benda á leiðir til umbóta.[14] Gerð var úttekt á stjórnsýslu, fyrirkomulagi, framkvæmd og ferlum varðandi skattflokkun fasteigna, skráningu fasteigna og álagningu fasteignaskatta. Markmiðið var að leita leiða til að:

- Auka gæði og áreiðanleika upplýsinga í Landskrá fasteigna.
- Bæta framkvæmd og auka hagkvæmni við álagningu fasteignaskatta.
- Tryggja öryggi og samræmingu við álagningu.
- Bæta yfirsýn og rekjanleika vegna álagningar.
- Bæta upplýsingagrunn vegna ákvarðana um jöfnunarútfærslur vegna fasteignaskatta.

Í skýrslunni er bent á ýmsa ágalla á núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignagjalda. Fram kemur að verkferlar við framkvæmd álagningarinnar eru töluvert breytilegir

---

[13] Félagsmálaráðuneytið 30. október 2003. Leiðbeiningar til sveitarfélaga varðandi beitingu 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, bls. 2

[14] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins.

milli sveitarfélaga. Ólík framkvæmd getur valdið ósamræmi í skráningu fasteigna í Landskrá fasteigna:

> „Þau sveitarfélög sem uppfæra ekki upplýsingar beint í LF [Landskrá fasteigna] í tengslum við álagninguna, s.s. skattflokkun fasteigna, breyta upplýsingum í fasteignaskránni áður en til álagningar kemur. Við skoðun á þeirri vinnslu virðist utanumhald og rekjanleiki breytinga á fasteignaskránni ekki vera í lagi hjá sumum sveitarfélögum sem skapar m.a. hættu á mismunandi túlkun sveitarfélags á undanþáguákvæðum laga á milli ára og misræmis á upplýsingum um veittar undanþágur frá greiðslu fasteignagjalda."[15]

Þetta skapar sérstakt vandamál fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þegar álagningarstofni fasteignaskatta var breytt (sjá kafla 2.1) var Jöfnunarsjóði falið að standa fyrir jöfnunaraðgerðum til að bæta sveitarfélögum tekjutap vegna breytinganna. Jöfnunin er reiknuð út á grundvelli skráningar í Landskrá fasteigna. Þar sem upplýsingar frá sveitarfélögum, sem þau skrá í tengslum við álagningu fasteignagjalda, skila sér ekki með fullnægjandi hætti í Landskrá fasteigna hefur Jöfnunarsjóður orðið að safna viðbótarupplýsingum beint frá sveitarfélögum. Þetta er gert á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Sveitarfélögum er gert að skrá allar eignir sem þær hafa flokkað í annan skattflokk en skráður er í Landskrá fasteigna. Jafnframt óskar sjóðurinn eftir „upplýsingum um afslætti og niðurfellingar sem veittar eru á álagningu, svo sem vegna tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega, heilsuhæla, endurhæfingarstöðva og húsa sem notuð eru til [tómstundaiðju]."[16]

Ekki þarf að fjölyrða um hversu miklum vandkvæðum það veldur Jöfnunarsjóðnum að ekki er hægt að ganga að réttum og áreiðanlegum upplýsingum um forsendur álagningar fasteignagjalda í Landskrá fasteigna. Fyrir utan þá handavinnu sem sveitarfélög og Jöfnunarsjóðurinn þurfa að leggja í er mikil hætta á ósamræmi og skráningarvillum. Aðferðin dregur beinlínis úr því að röng eða ónákvæm skráning í Landskrá fasteigna sé leiðrétt. Af þessum ástæðum er í skýrslunni lagt til að sveitarfélög skrái breytingar á skattflokkun fasteigna beint í Landskrá fasteigna. Með þessum hætti væri tryggt að skráin sé uppfærð og ávallt rétt og Jöfnunarsjóður þyrfti þar af leiðandi ekki að safna upplýsingum beint frá sveitarfélögum.

Í skýrslu KPMG[17] er bent á að núverandi aðferðir við álagningu fasteignagjalda hafi það í för með sér „að eigendur fasteigna sem metnar eru í byrjun árs sleppa við greiðslu fasteignagjalda í tæpt ár." Þetta hefur þær afleiðingar að sveitarfélög þar sem mikið er byggt af nýjum fasteigunum verða „af umtalsverðum tekjum af þessum sökum en þurfa samt sem áður að veita viðkomandi fasteign þá þjónustu sem fasteignagjöldum er ætlað að greiða fyrir." Lagt er til að lögum verði breytt þannig að „að álagning fasteignaskatta á fasteignir hefjist um leið og fasteign er metin fasteignamati í fyrsta sinn." Bent er á að þetta væri tiltölulega auðvelt í framkvæmd ef álagning fasteignagjalda færi fram í Landskrá fasteigna. Því er lagt til að kannaðir verði kostir þess að sveitarfélög framkvæmi álagningu fasteignaskatta í Landskrá fasteigna.

Einnig er bent á það í skýrslunni að endurskoða þurfi gildandi reglur um undanþágur frá fasteignaskatti og um fasteignir undanþegnar fasteignamati.

---

[15] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins, bls. 5.

[16] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins, bls. 5.

[17] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins, bls. 6.

2.6 Álit tekjustofnanefndar frá árinu 2005.

Tekjustofnanefnd, sem sendi frá sér álit á árinu 2005, lagði til eftirtaldar breytingar á álagningu fasteignaskatts:[18]

- Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, sbr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, verði afnumdar frá og með 1. janúar 2006 í samræmi við tillögur nefndar frá desember 2001.[19] Álagning fasteignaskatts komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008.
- Lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin fasteignamati.
- Unnið verði að endurskoðun á fasteignamati landa og jarða og lagaákvæðum er það varðar.

Tilgangur tillagnanna er að einfalda álagningu fasteignaskatta með því að fækka undanþágum og stuðla að auknu samræmi í álagningunni, þannig að ekki skipti máli hvenær árs eign er fyrst metin fasteignamati. Talið er að þessar breytingar muni auka tekjur sveitarfélaga um samtals 800 m.kr. á árinu 2008.

3. Fasteignagjöld.

Fasteignagjöld eru samheiti yfir ýmiss konar gjaldheimtu sveitarfélaga sem byggir á verðmæti, stærð, notkun eða öðrum eiginleikum fasteigna. Skipta má fasteignagjöldum í þrennt:

- Fasteignaskattur, sem er skattur sem greiddur er óháð þeirri þjónustu sem sveitarfélög veita.
- Lóðarleiga, sem fasteignaeigendur greiða fyrir afnot af lóð sem er í eigu sveitarfélagsins.
- Þjónustugjöld, sem eru innheimt sem endurgjald fyrir ýmiss konar þjónustu sem sveitarfélög veita eigendum fasteigna.

3.1 Fasteignaskattur.

Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er fasteignaskattur einn megintekjustofn sveitarfélaga. Í 3. gr. er kveðið á um að leggja skuli „árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári“. Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra og skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi fyrir 1. desember ár hvert. Fasteignaskattur getur verið allt að:

- ½ % af álagningarstofni fyrir eftirtaldar fasteignir: „Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.“
- 1,32% af álagningarstofni fyrir: „Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.“

Skv. 3. gr. laganna er sveitarstjórn heimilt að hækka gjöldin um allt að 25% fyrir annan hvorn eða báða flokkana. Einnig er sveitarstjórn, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús þessu álagi á fasteignaskatt.

---

[18] Álit nefndar um tekjustofna sveitarfélaga frá 17. mars 2005.

[19] Sbr. umfjöllun í kafla 2.2.

Frá ákvæðum um álagningu fasteignaskatta eru tilgreindar ákveðnar undantekningar og eru „sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum“ samkvæmt 5. gr. laganna undanþegin fasteignaskatti. Það sama „gildir um lóðir slíkra húsa.“ Ákvæði um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta er einnig að finna í ýmsum sérlögum. Eins og komið hefur fram er ráðgert að endurskoða þessar undanþágur með því markmiði að fækka þeim.

Samkvæmt ofangreindu falla fasteignir í þrjá álagningarflokka A, B og 0. Íbúðarhúsnæði er flokkað í A-flokk, atvinnuhúsnæði í B-flokk og eignir undanþegnar fasteignaskatti í 0-flokk og er ábyrgð á skattflokkun og breytingu á henni í höndum sveitarfélaga. Þar sem áformað er að fækka undanþágum mun bætast við einn skattflokkur í viðbót enda byggja tillögur tekjustofnanefndar frá 2005 á því að skatthlutfallið verði ákvarðað með tilliti til þess að tekjur sveitarfélaga aukist um ákveðna upphæð.[20]

Samkvæmt 5. gr. laganna hafa sveitarstjórnir heimildir til að lækka eða fella niður fasteignaskatt af ýmsum ástæðum. Þannig er sveitarstjórn heimilt „að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómstundaiðju sem viðurkennd eru af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.“ Einnig er sveitarstjórn heimilt „að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.“ Þá er sveitarstjórn heimilt að „að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð.“

Sveitarstjórn er heimilt skv. 4. gr. laganna að fela sérstökum innheimtuaðila innheimtu skattsins. Í sömu gr. er að finna ákvæði um að eigandi greiði skattinn „nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.“ Þá er í 4. gr. ákvæði um að sveitarstjórn ákveði „hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.“

Ef afnotum fasteignar er þannig háttað að hún falli undir báða gjaldflokkana (t.d. íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði) ber skv. 6. gr. laganna að greiða af henni fasteignaskatt samkvæmt báðum gjaldflokkum „og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.“

Í 7. gr. laganna kemur fram að fasteignaskattinum fylgi „lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.“

Ekki er að finna í lögunum nein ákvæði um að leiðrétta beri fasteignaskatt eða breyta álagningu innan ársins þó að þær forsendur sem lágu til grundvallar álagningunni hafi breyst. Þannig verður, svo dæmi sé tekið, ekki séð beint af lögunum að eigandi eigi rétt á lækkun fasteignaskatts þó að bygging sé rifin á miðju ári. Með sama hætti er ekki lagður fasteignaskattur á nýjar eignir á því ári sem þær eru skráðar og metnar heldur fyrst árið eftir.

Þessi atriði geta bent til þess að fasteignaskattur sé í raun greiddur eftir á og að forsendur hans séu fasteignin og notkun hennar eins og hún var á fyrra ári. Ýmsir aðrir þættir mæla þó gegn þessari túlkun og benda til þess að um staðgreiðslu sé að ræða. Má í því sambandi nefna að fasteign sem er metin á síðari hluta ársins ber fasteignaskatt fyrir heilt ár, þó að hún hafi

---

[20] 200 m.k. árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008.

aðeins verið í notkun hluta fyrra árs. Einnig benda þau uppgjör sem gerð eru við kaup og sölu eigna til þess að um staðgreiðslu sé að ræða. Í raun er það því ekki skýrt hvort fasteignaskattur sé greiddur eftir á eða staðgreiddur. Ástæða er til að lagaákvæði um þetta verði gerð skýr. Ákvörðun um að leggja á fasteignaskatta í næsta mánuði eftir að fasteign er metin í fyrsta sinn, felur jafnframt í sér að ótvírætt verður að fasteignaskattur er staðgreiddur.

3.2 Önnur fasteignagjöld.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga hafa sveitarfélög „ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.“ Getur sveitarstjórn ákveðið að „gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.“ Um álagningu þjónustugjalda gilda að öðru leyti ýmis sérlög.

Eftirfarandi gjöld eru innheimt samhliða fasteignasköttum hjá flestum sveitarfélögum:

- Lóðarleiga.
- Holræsagjald eða fráveitugjald.
- Sorphirðugjald og í sumum tilfellum einnig sorpeyðingargjald.
- Vatnsgjald

Auk þess er mögulegt að einstök sveitarfélög innheimti sérstök gjöld, s.s. gjald fyrir hreinsun taðþróa eða rotþróargjald.

3.3 Aðferðir við álagningu fasteignagjalda.

Samkvæmt dómum um gjaldtöku og álitum umboðsmanns Alþingis eru skilyrði fyrir álagningu þjónustugjalda eftirfarandi:

1. Þjónustugjald er lagt á með heimild í lögum.
2. Kveða skal á um hverjir eru gjaldskyldir.
3. Þjónustan verður að vera skilgreind.
4. Fjárhæð gjaldanna skal ekki vera hærri en sá kostnaður sem almennt er af þeirri þjónustu sem veitt er, þ.e.:
   - 4.1 Heildargjaldtaka sé ekki hærri en heildarkostnaður við veitingu þjónustu.
   - 4.2 Skipting gjalda milli þjónustuþega endurspegli umfang þeirrar þjónustu sem þeir fá.

Ýmsar leiðir eru færar til að uppfylla þessi skilyrði og því hafa sveitarfélög farið ólíkar leiðir varðandi ákvörðun þjónustugjalda. Þá er misjafnt hversu nákvæmlega sérlög kveða á um hvernig staðið skuli að ákvörðun einstakra tegunda þjónustugjalda. Í töflu 3.1 er að finna yfirlit yfir aðferðir sem notaðar eru við álagningu fasteignagjalda.

Eins og sést á töflunni eru ýmsar upplýsingar nýttar sem forsenda álagningar. Þó að algengast að gjöld séu lögð á sem hlutfall af fasteignamati, eru einnig dæmi um að fermetrafjöldi byggingar, fermetrafjöldi lóðar, fjöldi sorpíláta, fjöldi rúmmetra af vatni og íbúðin sem eining séu nýtt sem forsenda álagningar ásamt einingaverði sem sveitarfélag tekur ákvörðun um. Einnig kemur fram að breytileiki er talsverður eftir sveitarfélögum. Auk ólíks álagn-

ingarhlutfalls og einingaverða eru aðferðir við álagningu lóðarleigu, sorphirðugjalds og vatnsgjalds ólíkar eftir sveitarfélögum.[21]

Tafla 3.1 Yfirlit yfir aðferðir sem notaðar eru við álagningu fasteignagjalda.[22]

Fasteignagjald	Álagningarforsenda	Hlutfall	Einingaverð	Breytileiki[23]
1. Fasteignaskattur	1.1 Fasteignamat húss og lóðar	✓		✓
2. Lóðarleiga	2.1 Fasteignamat lóðar	✓		✓
	2.2 Fjöldi fermetra		✓	✓
3. Holræsagjald	3.1 Fasteignamat húss og lóðar	✓		✓
4. Sorphirðugjald	4.1 Íbúð		✓	
	4.2 Fjöldi sorpíláta		✓	
5. Sorpeyðingargjald	5.1 Íbúð		✓	
6. Vatnsgjald	6.1 Fasteignamat húss og lóðar	✓		
	6.2 Íbúð		✓	
	6.3 Fermetrar		✓	
	6.4 Mæld notkun		✓	✓
7. Önnur gjöld	7.1 Breytileg		✓	

Flestar álagningarforsendur koma úr Landskrá fasteigna (fasteignamat, fjöldi fermetra, íbúð sem eining og tegund fasteignar). Aðrar upplýsingar koma annars staðar frá (fjöldi sorpíláta og mæld vatnsnotkun, auk hluta þeirra forsendna sem notaðar eru við álagningu annarra gjalda) og eru annaðhvort vistaðar í álagningarkerfum eða uppfærðar árlega.

Gjalddögum er yfirleitt dreift á nokkra mánuði á fyrri hluta ársins. Einhver breytileiki er milli sveitarfélaga um dreifingu gjalddaga en algengast er að þeir séu 6 eða 8. Dæmi eru um að lágar upphæðir séu innheimtar í einu lagi. Einnig eru dæmi um að veittur sé staðgreiðsluafsláttur séu fasteignagjöld greidd í einu lagi fyrir tiltekna dagsetningu.

3.4 Afslættir.

Eins og komið hefur fram hafa sveitarstjórnir heimild til að veita afslætti vegna fasteignaskatta. Um er að ræða heimildarákvæði og geta sveitarstjórnir því ákveðið að veita ekki afslætti. Engu að síður er það svo að flest sveitarfélög veita afslætti. Við umfjöllun um afslætti

---

[21] Umfjöllun um lögmæti aðferða við ákvörðun þjónustugjalda er ekki viðfangsefni þessarar skýrslu. Samt sem áður er ástæða til að benda á að sveitarfélög þurfa að huga vel að því hvort þær aðferðir sem notaðar eru við ákvörðun þjónustugjalda uppfylli þær kröfur sem lýst var hér að framan og þá einkum lið 4.2. Þetta gildir sérstaklega um vatnsgjald þar sem aðferðir eru fjölbreyttastar. Það er t.d. ekki augljóst að samhengi sé milli vatnsnotkunar og fasteignamats.

[22] Kannaðar voru aðferðir nokkurra sveitarfélaga við álagningu, þ.m.t. aðferðir stærstu sveitarfélaganna. Ekki er víst að taflan gefi tæmandi mynd af þeim aðferðum sem notuð eru við álagningu gjalda en hún endurspeglar þær aðferðir sem eru algengastar. Þar sem fram koma ólíkar álagningarforsendur fyrir sama gjald, þýðir það að sveitarfélög nota ólíkar aðferðir við álagninguna. Þannig eru notaðar a.m.k. fjórar aðferðir við álagningu vatnsgjalds.

[23] Með breytileika er átt við hvort hlutfall eða upphæð gjalda geti verið breytilegt eftir tegundum húsnæðis (t.d. íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði).

verður að greina á milli fjögurra tegunda tilfella þar sem greiðslur fasteignaskatts geta verið lægri en almennar reglur segja til um:

- Samkvæmt 26. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna eru tilteknar eignir eins og vegir, rafveitur, vatnsveitur, flugbrautir, hafnir, vitar o.fl. undanþegnar fasteignamati. Þar sem fasteignamat er ekki fyrir hendi vantar álagningarstofna og því eru þessar eignir ekki skattlagðar.
- Eins og komið hefur fram eru vissar fasteignir undanþegnar álagningu fasteignaskatts. Hér er því ekki um afslátt að ræða heldur fasta undanþágu frá skattskyldu. Undanþágan tekur aðeins til fasteignaskatts og ekki til þjónustugjalda.
- Sveitarstjórnum er heimilt að veita afslætti vegna einstakra fasteigna á grundvelli notkunar þeirra, þ.e. ef notkun er í almannaþágu. Í þessum tilfellum þarf eigandi eða umsjónaraðili fasteignar að sækja um afslátt. Afslátturinn tekur aðeins til fasteignaskatts og ekki til þjónustugjalda.
- Sveitarstjórnum er heimilt að veita afslátt af fasteignasköttum til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega. Samskonar heimild er til niðurfellingar holræsagjalds fyrir þennan hóp. Eins og fram hefur komið er eðlilegt að sveitarstjórnir setji sér reglur um veitingu slíks afsláttar þannig að tryggt sé að jafnræðis sé gætt við málsmeðferð.

Breytileiki í veitingu afslátta til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega kom skýrt fram í könnun félagsmálaráðuneytisins sem lýst var í kafla 2.3. Reglur um veitingu afslátta til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega voru kannaðar hjá nokkrum sveitarfélögum, þ.m.t. þeim stærstu. Niðurstöðurnar voru í flestu í samræmi við könnun félagsmálaráðuneytisins frá 2003:

- Þar sem afslátturinn er bundinn við tekjulitla einstaklinga er eðlilegt að hann sé tekjutengdur. Sveitarfélögin nota ólík viðmið um tekjutengingu og nýta ólíka afsláttarflokka.
- Upphæðir afslátta eru breytilegar. Í sumum tilfellum er um hlutfallslegan afslátt að ræða en í öðrum tilfellum er afslátturinn föst krónutala. Sum sveitarfélög sem veita hlutfallslegan afslátt hafa ákvæði um hámarksafslátt fyrir hvern tekjuflokk.
- Dæmi eru um að afslátturinn sé tengdur aldri, þ.e. sé hærri þegar umsækjandi er 70 ára eða eldri.
- Breytilegt er hvernig afsláttur er veittur til hjóna og sambúðarfólks. Í sumum tilfellum er veittur fullur afsláttur þó aðeins annar aðilinn hafi rétt til afsláttar.
- Breytilegt er hvort sækja þurfi um afslátt. Dæmi eru um að afsláttur sé veittur sjálfvirkt og eru þá nýttar upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjuflokk elli- og örorkulífeyrisþega. Í öðrum tilfellum þurfa allir að sækja um afslátt. Þá eru dæmi um að hluti umsækjenda þurfi að sækja um. Einnig getur verið breytilegt hvort skila þurfi upplýsingum um tekjur árlega.
- Málsmeðferð er ólík. Í sumum tilfellum er afsláttur afgreiddur sjálfvirkt í samræmi við fyrirliggjandi gögn en í öðrum tilfellum er um formlega afgreiðslu hverrar umsóknar að ræða.

4. Framkvæmd álagningar.

Álagning er framkvæmd af fjármáladeildum sveitarfélaga og eru nýtt til þess sérstök álagningarkerfi. Í sumum tilfellum vinnur fjármáladeildin sjálf meginhluta verkefna við álagninguna en í öðrum tilfellum felur sveitarstjórn umsjónaraðila viðkomandi álagningarkerfis að annast framkvæmdina.

Grunnur að álagningu er skrá úr Landskrá fasteigna með ýmsum upplýsingum um fasteignir, notkun þeirra og fasteignamat. Einnig eru nýttar upplýsingar frá álagningu síðasta árs, ásamt upplýsingum sem fjármáladeild hafa borist og skráðar eru í álagningarkerfi.

Sveitarfélög nýta þrjú ólík álagningarkerfi frá fyrirtækjunum: Tölvumiðlun, Vigor og Maritech. Þessi kerfi nýta ólíka tækni en eru að mörgu leyti byggð upp með svipuðum hætti og bjóða upp á sambærilega möguleika og verkferla. Eitthvað er um að álagning sé reiknuð út handvirkt (eða með aðstoð töflureiknis) hjá minnstu sveitarfélögunum.

Þegar álagningu er lokið eru niðurstöðurnar settar fram í álagningarskrá sem lesin er í innheimtukerfi þess aðila sem annast innheimtu fyrir viðkomandi sveitarfélag. Þá eru upplýsingar einnig lesnar inn í fjárhagsbókhald sveitarfélagsins.

4.1 Álagningarkerfi.

Álagningarkerfi Vigor er nýtt af flestum stærri sveitarfélögum. Það er ekki samþætt ákveðnu reikningshaldskerfi. Álagningarkerfi Maritech er samþætt Navision fjárhagskerfinu og nýtt af hluta þeirra sveitarfélaga sem vinna í því umhverfi. Kerfi Tölvumiðlunar er nýtt af flestum minni sveitarfélögum og er samþætt SFS fjárhagsupplýsingakerfi Tölvumiðlunar. Hér verður gerð stutt grein fyrir virkni álagningarkerfis Tölvumiðlunar.

- Helstu vinnslur í kerfinu:
  - Innlestur gagna úr skrá sem unnin er úr Landskrá fasteigna. Þessi skrá inniheldur helstu forsendur álagningar.
  - Áramótavinnsla býr til nauðsynlegar færslur fyrir álagningu næsta árs. Auk upplýsinga úr Landskrá fasteigna eru álagningarforsendur fyrra árs nýttar.
  - Uppfærsla matseiningaskrár myndar gjaldfærslur á nýjar matseiningar.
  - Sannreynir nýtingarhlutföll, athugar hvor allar matseiningar séu rétt skráðar hvað nýtingu varðar. Hægt er að skrá nauðsynlegar leiðréttingar að lokinni þessari vinnslu.
  - Álagning fasteignagjalda reiknar út öll gjöld sem sveitarfélagið leggur á hverja matseiningu.
  - Sannreynir skatthlutföll, athugar hvort allar matseiningar séu með skilgreinda greiðendur. Villur eru síðan leiðréttar.
  - Álagning færð í innheimtuskrá, útreiknuð álagning flyst við það í innheimtuskrá. Hægt er að skoða og lagfæra skrána áður en hún er send til innheimtuaðila eða færð í reikningagerð SFS kerfisins.
- Skráning grunnupplýsinga:
  - Gjaldskrá. Í hana eru skráðir allir gjaldflokkar vegna álagningar allra gjalda. Hægt er að velja um ólíkar reiknireglur sem nýta fastar upphæðir (einingaverð), hámörk og lágmörk í krónum og prósentum.
  - Álagningastofnar stýra því hvaða útreikningar eru notaðir við álagningu einstakra gjaldflokka.
  - Notkunarflokkar. Hver notkunarflokkur ber ákveðna gjaldaliði. Hægt er að breyta því hvaða gjöld tengjast einstökum notkunarflokki.
  - Notkun inniheldur upplýsingar úr Landskrá fasteigna um notkun matseininga.
- Viðhald eignaskráa og eigendaskráa:
  - Allar leiðréttingar vegna skiptingu eigna í ólíka nýtingaflokka og skiptingar greiðslna fara fram í matseiningaskrá og eigendaskrá.

Virkni álagningarkerfisins frá Vigor virðist vera sú sama og virkni kerfis Tölvumiðlunar. Það kerfi notar ekki skattflokk frá Landskrá fasteigna, heldur notkunarkóða sem flokkaðir

hafa verið niður á skattflokka. Til að breyta skattflokki er notkun breytt og þá breytist hann sjálfkrafa. Þessar breytingar skila sér ekki í Landskrá fasteigna.

Sorpílát eru handfærð í kerfinu. Ef um fjölbýli er að ræða deilast sorpílát á eignir (t.d. 1,24 sorpílát). Kerfið notar eigendakóða lóðar til að greina eignarlóðir frá leigulóðum. Skráning aukanotkunar er nýtt bæði þegar notkun er breytileg eftir árstímum (t.d. heimagisting) en einnig þegar bygging er rifin á árinu.

Í Reykjavík er fyrsti skráður eigandi greiðandi ef um íbúðarhúsnæði er að ræða og er aðeins sendur einn greiðsluseðil fyrir íbúðarhúsnæði. Forsendur álagningar, þ.e. hvaða gjöld eru lögð á fasteign ráðast af notkun húsnæðisins.

Þó að ekki sé mikill munur á virkni álagningarkerfanna er talsverður munur á viðmóti þeirra. Þannig eru álagningarkerfi Tölvumiðlunar og Maritech í gluggaviðmóti en kerfi Vigor er í eldra stafaviðmóti sem er ekki jafn notendavænt. Líklegt er að núverandi tölvukerfi og viðmót þeirra kerfa sem hafa gluggaviðmót geti nýst við gerð nýs álagningarkerfis.

4.2 Verkferill álagningar fasteignagjalda.

Gerð var sérstök greining á verkferli álagningar fasteignagjalda. Við þessa greiningu verður að setja þann almenna fyrirvara að verklag sveitarfélaga getur verið ólíkt. Því var valin sú leið að lýsa meginþáttum verkferilsins og þeim megindráttum sem eru sameiginlegir fyrir þorra sveitarfélaga. Ef farið væri meira í smáatriðin myndi sennilega koma í ljós nokkur breytileiki í verklagi. Þá er hugsanlegt að einstök sveitarfélög víki í framkvæmd sinni frá afmörkuðum þáttum þess verkferils sem hér er lýst.

Núverandi verkferill álagningar fasteignagjalda er sýndur á mynd 4.1 og meginþáttum hins árlega álagningarferils er lýst hér á eftir.

Mynd 4.1 Verkferill álagningar fasteignagjalda.[24]



[24] Myndum af núverandi verkferli og tillögum að nýjum verkferli er skipt í fjóra hluta: forsendur, grunnálagning, árleg álagning ásamt innheimtuskrá og innheimta og reikningshald. Verkþættir sem fela í sér leiðréttingar eða viðbótarálagningu eru sýndir með rauðum römmum og línum.

1. *Uppfærsla skráa og forsendna álagningar:*
   1.1 Sveitarfélög (eða álagningaraðilar á þeirra vegum) fá senda skrá úr Landskrá fasteigna með upplýsingum um fasteignir og eigendur þeirra. Meðal upplýsinga í skránni má nefna matseiningar, fasteignamat byggingar og lóðar, stærð byggingar, notkunarflokkur og byggingarstig. Þessar upplýsingar eru mikilvægar forsendur álagningar fasteignagjalda.
   1.2 Upplýsingar um álagningu fyrra árs eru nýttar við álagningu ársins. Gengið er út frá því að ef engar breytingar koma fram frá Landskrá fasteigna, þá séu lögð á sömu gjöld með sama hætti og á síðasta ári.
   1.3 Sveitarstjórn tekur ákvörðun um gjaldtöku, s.s. álagningarhlutfall hinna ýmsu gjalda, upphæð einingaverða, gjaldflokka og afslætti. Ef breytingar verða á gjaldtöku eru grunnskrár uppfærðar.
   1.4 Ofangreindar þrjár tegundir upplýsinga eru samkeyrðar í sérstakri áramótavinnslu. Áramótavinnslan uppfærir þannig allar grunnforsendur álagningar fasteignagjalda.
2. *Breytingar á forsendum:*
   2.1 Þegar grunnforsendur hafa verið uppfærðar, fer fjármáladeild sveitarfélags yfir þær og gerir leiðréttingar í samræmi við upplýsingar sem henni hafa borist. Þetta geta t.d. verið leiðréttingar frá fyrra ári sem ekki hafa verið skráðar í Landskrá fasteigna eða álagningarkerfi og upplýsingar um notkun fasteignar.
   2.2 Mögulegt er að nýttar séu álagningarforsendur sem skrá verður inn handvirkt. Þetta gildir t.d. um upplýsingar um fjölda sorpíláta. Aðeins þarf að skrá breytingar, annars gilda forsendur síðasta árs.
3. *Grunnálagning:*
   3.1 Á grundvelli áramótavinnslu og breytinga á forsendum er reiknuð grunnálagning allra gjalda. Grunnálagning er hér skilgreind sem álagning án afsláttа.
4. *Veiting afsláttа:*[25]
   4.1 (A) Upplýsinga um elli- og örorkulífeyrisþega og tekjur þeirra (tekjuflokk) er aflað með skrá frá Ríkisskattstjóra.[26]
   (B) Elli- og örorkulífeyrisþegar sækja um afslátt og senda inn tekjuupplýsingar. Í sumum tilfellum þarf að senda inn tekjuupplýsingar árlega.
   4.2 (A) Afsláttur er reiknaður út rafrænt.
   (B) Umsóknir eru afgreiddar, tekin er ákvörðun um afslátt og upplýsingar skráðar handvirkt í álagningarkerfi.
5. *Árleg álagning:*
   5.1 Árleg álagning, þ.e. endanleg álagning sem innheimt er af gjaldendum, byggir á grunnálagningu að teknu tilliti til afsláttа.
   5.2 Árleg álagning er sett fram í tölvutækri innheimtuskrá sem send er til innheimtuaðila.
   5.3 Niðurstöður álagningar eru skráðar í fjárhagsbókhald eftir gjaldflokkum og innheimtutímabilum.
6. *Innheimta:*
   6.1 Greiðsluseðlar eru unnir á grundvelli innheimtuskrár og sendir til gjaldenda.
   6.2 Eigandi (eða umboðsmaður eiganda) annast greiðslu.

---

[25] Meðferð afsláttа er ólík eftir sveitarfélögum Þeir eru annað hvort veittir sjálfvirkt (A) eða á grundvelli umsókna (B).

[26] Einnig er mögulegt að gagna um tekjur sé aflað beint frá framtalsnefnd sveitarfélags.

6.3 Greiðsla berst til innheimtuaðila.[27]
6.4 Upplýsingar um innheimtar greiðslur eru færðar í fjárhagsbókhald sveitarfélags.
7. *Leiðréttingar eftir að hinni árlegu álagningu er lokið:*
7.1 Upplýsingar um eigendabreytingar og aðrar hugsanlegar breytingar berast frá Landskrá fasteigna eða eiganda.
7.2 Gerð er breyting á forsendum álagningar, þ.m.t. breyting á forsendum afsláttar.
7.3 Álagning er leiðrétt með:
7.3.1 (A) uppfærslu á innheimtuskrá.
7.3.2 (B) tilkynningu til innheimtuaðila um breytta álagningu.

5. Vandamál við álagningu fasteignagjalda.

Greining á núverandi aðferðum við álagningu fasteignagjalda leiðir í ljós ýmiss konar vandamál. Segja má að vandinn sé þríþættur:

- Skráning álagningarforsendna er ekki nægilega kerfisbundin og ekki er tryggt að upplýsingar skili sér í Landskrá fasteigna.
- Þegar litið er til sveitarfélaga í heild sinni er skortur á gagnsæi varðandi álagningu og óljóst hvort álagning uppfylli sjónarmið um góða og vandaða stjórnsýslu.
- Verkferlar við álagningu eru flóknir og kostnaðarsamir.

Hvert þessara vandamála er þess eðlis að ástæða er til að endurskoða núverandi aðferðir. Ekki verður annað séð en að umtalsverðir möguleikar séu til að bæta núverandi verklag, auka hagkvæmni og bæta gæði.

5.1 Skráning álagningarforsendna.

Álagning fasteignagjalda byggir á margvíslegum upplýsingum sem eru forsendur útreiknings hinna ýmsu gjalda. Forsendurnar tengjast bæði fasteignunum sjálfum og notkun þeirra en einnig gjaldendum. Mikilvægt er að forsendurnar séu réttar, breytingar séu skráðar fljótt og örugglega og að upplýsingarnar skili sér á réttan stað. Ófullkomnar upplýsingar geta leitt til rangrar álagningar með tilheyrandi vinnu við leiðréttingar. Hætta er á að sveitarfélög verði fyrir tekjutapi ef lagt er á eftir úreltum forsendum.

Með Landskrá fasteigna var mörkuð sú stefna að opinberar upplýsingar um fasteignir eigi að vistast í einum samræmdum gagnabanka. Séu upplýsingar í Landskrá fasteigna réttar og uppfærðar þegar breytingar verða, tryggir það að verulegu leyti rétta álagningu fasteignagjalda.

Núverandi verklag hefur það hins vegar í för með sér að óvíst er hversu vel upplýsingar skila sér í Landskrá fasteigna. Svo virðist sem algengt sé að breytingar á forsendum álagningar séu aðeins skráðar í álagningarkerfi fasteignagjalda í stað þess að vera skráðar í Landskrá fasteigna. Þetta gildir sérstaklega um notkunarflokk fasteignar og upplýsingar um hugsanlega aukanotkun eignar, en báðir þessir þættir hafa áhrif á það í hvaða skattflokk fasteign er flokkuð.

Þá virðist sem breytingar og leiðréttingar yfir árið séu meðhöndlaðar beint í innheimtuferlinu og hvorki skráðar í Landskrá fasteigna né álagningarkerfi. Þetta getur t.d. gerst þannig að eigandi sækir um leiðréttingu á álagningu vegna breyttra forsendna og að leiðrétting á gjöldum sé framkvæmd með skriflegum fyrirmælum fjármáladeildar sveitarfélags til innheimtuaðila. Erfitt er að meta umfang slíkra breytinga og það getur verðið mjög misjafnt

[27] Ýmsir aðilar geta annast innheimtu auk sveitarfélaganna sjálfra, þ.m.t. innheimtumenn ríkissjóðs og bankar.

milli sveitarfélaga. Í þessu sambandi skiptir máli að réttur fasteignaeiganda til að fá leiðréttingu vegna breytinga á miðju áru er óljós og hugsanlega hafa sveitarfélög ólíkt verklag hvað þetta varðar.

Sameiginlegt báðum þessum aðferðum er að óvíst er hvort breytingarnar skili sér í Landskrá fasteigna.[28] Sveitarfélög hafa ekki sérstaklega mikinn hvata til að tryggja þetta þegar þau geta leyst vandamál varðandi eigin álagningu með öðrum hætti.

Afleiðingin verður ósamræmi, þar sem opinberar skrár innihalda ólíkar upplýsingar um sömu húseign. Þannig er mögulegt að Landskrá fasteigna skrái upplýsingar um notkun fasteignar með einum hætti og álagningarkerfi eða skjalakerfi fjármáladeildar og innheimtuaðila með öðrum. Erfitt getur verið að meta hvaða upplýsingar eru réttar þar sem skort getur á gagnsæi og rekjanleika varðandi forsendur breytinga.

5.2 Gagnsæi og góðir stjórnsýsluhættir.

Skortur er á gagnsæi varðandi álagningu sem veldur því að óljóst er hvort álagning fari í öllum tilfellum fram í samræmi við lög, reglur og góða stjórnsýslu, t.d. jafnræðisreglu. Sveitarfélögin hafa mikinn sveigjanleika um tilhögun álagningar og verklagið getur verið breytilegt. Því er erfitt að leggja mat á hvort verklag hinna ólíku sveitarfélaga uppfylli settar reglur.

Með þessu er ekki verið að fullyrða að vandamál af þessu tagi séu algeng. Þó bendir könnun félagsmálaráðuneytisins um veitingu afsláttа til þess að ýmis dæmi séu um að álagning fasteignagjalda uppfylli ekki sjónarmið um góða og vandaða stjórnsýsluhætti. Skortur á gagnsæi og rekjanleika veldur því að erfitt er að fullyrða að ekki geti verið misbrestir í þessum efnum, t.d. þannig að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á niðurstöðu álagningar.

Það eitt að sögusagnir virðast vera í gangi um skort á jafnræði við álagningu, dregur úr því trausti sem almenningur verður að geta borið til vinnubragða við álagningu opinberra skatta og gjalda.

Sá mikli sveigjanleiki sem einkennir álagningu fasteignagjalda veldur því að mikið ósamræmi er í aðferðum sveitarfélaga. Þetta gildir t.d. um reglur um veitingu afsláttar til elli- og örorkulífeyrisþega þar sem ósamræmi torveldar samhæfingu, samanburð og nýtingu upplýsinga um fasteignagjöld. Ástæða er til þess að kanna leiðir til að auka samræmingu, án þess þó að ganga gegn sjónarmiðum um sjálfstæði sveitarfélaga varðandi álagningu fasteignagjalda.

Annað dæmi um ósamræmi er skráning fasteigna sem sveitarfélag ákveður að veita afslátt. Í einhverjum tilfellum hafa slíkar eignir verið skráðar í álagningarflokk 0 sem er ætlaður þeim fasteignum sem lögum samkvæmt eru undanþegnar fasteignasköttum. Í slíkum tilfellum verður kostnaður vegna veitingar afsláttа ekki sýnilegur, heldur virðist sem gjaldstofninn sé minni en hann í raun og veru er.

Hægt er að skrá og meðhöndla sömu forsendur með ólíkum hætti og fá samt sem áður rétta niðurstöðu varðandi álagningu einstakra fasteigna. Ósamræmi í því með hvaða hætti hinar ýmsu forsendur eru skráðar, getur hins vegar haft þær afleiðingar að erfitt sé að bera saman álagningu milli sveitarfélaga. Það er m.a. þetta sem hefur valdið Jöfnunarsjóði sveitarfélaga erfiðleikum við að nýta upplýsingar um álagningu fasteignagjalda. Þá getur slíkt

---

[28] Mögulegt er að upplýsingarnar berist með öðrum hætti í Landskrá fasteigna en engin trygging er fyrir því að þær séu skráðar með nákvæmlega sama hætti í skrána og hjá fjármáladeild sveitarfélagsins.

ósamræmi valdið erfiðleikum varðandi rekjanleika upplýsinga sem gerir endurskoðun álagningarinnar flókna og erfiða.

Við núverandi álagningu fá sveitarfélög og álagningaraðilar á vegum þeirra sendar skrár úr Landskrá fasteigna með upplýsingum um fasteignir og eigendur þeirra. Upplýsingar í Landskrá fasteigna eru að hluta til persónulegar og bera stjórnvöld ábyrgð á að þær komist ekki í hendur óviðkomandi aðila. Dreifing skráa til notkunar við álagningu í stað beinnar aðgangsstýringar að upplýsingum, veldur því að erfitt er að gæta ofangreindra sjónarmiða um persónuvernd, þar sem ekki er hægt að rekja hverjir hafa aðgang að skránum eftir að þær hafa verið sendar frá Fasteignamati ríkisins.

5.3 Flóknir og kostnaðarsamir verkferlar.

Verkferlar við álagningu fasteignagjalda eru flóknir og fela í sér umtalsverða handavinnu. Þetta kemur skýrt fram í greiningu á núverandi verkferlum sem lýst var hér að framan. Möguleikar til rafrænnar stjórnsýslu eru ekki nýttir í þeim mæli sem mögulegt væri. Þetta gildir sérstaklega um afslætti, þar sem fjöldi sveitarfélaga fær umsóknir og upplýsingar um tekjur á pappír og verður þ.a.l. að skrá þær handvirkt í álagningarkerfi.

Vandamál varðandi skráningu upplýsinga veldur því að talsvert er um leiðréttingar innan ársins sem eru meira eða minna leystar handvirkt. Möguleikar til að sækja nýjar og uppfærðar upplýsingar úr Landskrá fasteigna og leiðrétta álagningu með kerfisbundnum hætti eru yfirleitt ekki nýttir. Þó má nefna í þessu sambandi að Reykjavíkurborg fær rafrænar upplýsingar um eigendabreytingar og nýtir þær til að leiðrétta afslætti.

Álagning fasteignagjalda er nú framkvæmd í þremur tölvukerfum. Þegar breytinga er þörf á tölvukerfum í tengslum við álagninguna þarf að leggja í kostnað við uppfærslu á öllum þessum kerfum. Í skýrslu KPMG[29] um álagningu fasteignaskatta er bent á að:

> „Þar sem álagning fasteignagjalda er sambærileg aðgerð hjá öllum sveitarfélögum er hugsanlegt að hægt sé að [spara] umtalsverða fjármuni, einfalda framkvæmd, styrkja eftirlit og auka öryggi upplýsinga með því [að]leggja fasteignagjöld á í einu miðlægu kerfi, Landskrá fasteigna, samkvæmt þeim forsendum sem hvert [sveitarfélag] færir inn í skrána."

Flóknir verkferlar og umtalsverð handavinna valda því að álagningarferlið er ekki hagkvæmt og kostar umtalsverða fjármuni. Svo virðist sem miklir möguleikar séu til hagræðingar.

6. Breytingar á verkferli álagningar.

Eins og komið hefur fram er verkferill álagningar flókinn og felur í sér verulega handavinnu. Möguleikar til rafrænnar stjórnsýslu eru vannýttir og leiðréttingar yfir árið eru ekki kerfisbundnar. Álagningarferlið er ekki hagkvæmt og kostar umtalsverða fjármuni.[30] Í ljósi þessa er áformað að gera eftirfarandi breytingar á verklagi við álagningu fasteignagjalda.

---

[29] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins, bls. 6.

[30] Í þessu sambandi verður að gera greinarmun á kostnaði við fasteignamat (sem sveitarfélög greiða fyrir að hluta til með gjaldtöku Fasteignamats ríkisins) og kostnaði við álagninguna sjálfa. Í þessari greinargerð er einungis fjallað um kostnað við álagninguna og ekki kostnað við að framkvæma fasteignamat.

6.1 Verkferill álagningar.

Verkferillinn verði einfaldaður þannig að þrepum í ferlinum verði fækkað eins og unnt er. Álagningin verði sjálfvirk og nær eingöngu vélræn þannig að ekki þurfi að skrá upplýsingar inn handvirkt eða vinna leiðréttingar í álagningarkerfinu. Gera verður þær kröfur til nýs verkferils að hann nái auk árlegar álagningar til allra þeirra þátta sem geta breyst innan ársins, bæði vegna nýrra eigna og vegna þeirra tilfella þar sem eðlilegt er talið að eigandi geti farið fram á endurskoðun álagningar.

6.2 Kerfisbundin skráning álagningarforsendna.

Allar forsendur álagningar verði skráðar í Landskrá fasteigna. Í þessu felst að þeir verkferlar sem eiga að tryggja að upplýsingar berist beint til Landskrár fasteigna verði virkjaðir og gerðir skilvirkari. Hætt verði að skrá upplýsingar um t.d. notkun fasteignar í álagningarkerfi, heldur verði tryggt að þær berist rétta og skilgreinda leið frá byggingarfulltrúa í Landskrá fasteigna. Með þessum hætti verði ekki lengur þörf á að nýta álagningu síðasta árs sem forsendu nýrrar álagningar, heldur verði allar nauðsynlegar forsendur til í sjálfri grunnskránni, þ.e. Landskrá fasteigna.[31]

Í skýrslu KPMG um fasteignaskatta[32] er að finna ítarlega greiningu á því hvernig tryggja má að álagningarforsendur verði skráðar með kerfisbundnum hætti. Móta þarf skýrt verklag um hvaða aðili ber ábyrgð á skráningu sérhverrar tegundar breytinga. Lykilatriðið er að viðkomandi skráningaraðilar geti með einföldum hætti skráð breytingar beint í Landskrá fasteigna.

6.3 Leiðrétting og breytingar.

Allar leiðréttingar og breytingar fari fram í Landskrá fasteigna og komi sjálfkrafa fram í álagningarkerfinu. Í þessu felst að hætt verði að gera leiðréttingar og breytingar með skráningu í álagningarkerfi eða með tilkynningum til innheimtuaðila. Þess í stað verði upplýsingar um breyttar forsendur álagningar skráðar í Landskrá fasteigna. Leiðréttingar og breytingar komi síðan fram í næstu mánaðarlegri vinnslu í álagningarkerfinu og þar með í leiðréttri innheimtuskrá einstakra sveitarfélaga. Með þessu móti verða leiðréttingar og breytingar skilvirkar og kerfisbundnar. Landskrá fasteigna er ávallt uppfærð og ekki þörf á sérstakri vinnu eða leiðréttingum þegar kemur að álagningu næsta árs.

Ein af tillögum tekjustofnanefndar er að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að álagning vegna nýrra fasteigna hefjist þegar eignin er metin fasteignamati í fyrsta sinn. Það hefur verið meginregla við álagningu fasteignaskatta að þeir eru lagðir á miðað við „stöðu“ fasteignarinnar á tilteknum tímapunkti og gildir sú staða fyrir álagningu á næsta ári. Með fyrirhugaðri breytingu er verið að breyta þessari meginreglu.

Þrátt fyrir að ekki sé að finna í lögunum nein ákvæði um að leiðrétta beri fasteignaskatt eða breyta álagningu innan ársins, þá virðist sem ýmis dæmi séu um að sveitarfélög hafi orðið við umsóknum fasteignaeigenda um að leiðrétta álagningu innan ársins. Ástæða þessa getur verið að sveitarfélög hafa talið að almenn sjónarmið um sanngirni og jafnræði hafi staðið til þess að rétt væri að endurskoða álagningu. Þetta getur t.d. átt við um þegar bygging er rif-

---

[31] Hægt er að nýta álagningu síðasta árs við villuprófanir og útskrift á breytingalistum sem hægt er að nota við yfirferð nýrrar álagningar.

[32] KPMG 2004. Fasteignaskattar: Úttekt og ábendingar. Skýrsla unnin í mars–maí 2004 af KPMG fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins.

in eða notkun hennar breytt þannig að hún fellur í nýjan skattflokk. Það sama á við þegar fasteign skiptir um eiganda og nýr eigandi hefur annan rétt til afsláttar en sá fyrri.

Erfitt er að fá yfirsýn yfir hversu algengar slíkar leiðréttingar hafa verið, hvort sveitarfélög hafi staðið að þeim með sambærilegum hætti og hvaða breytingar á forsendum álagningar hafa verið taldar svo veigamiklar að þær kölluðu á leiðréttingar. Líklegt verður þó að telja að verklag sveitarfélaga sé ólíkt á þessu sviði eins og öðrum sviðum sem varða álagningu fasteignagjalda.

Ákvörðun um að leggja á fasteignaskatt þegar fasteign er metin í fyrsta sinn felur í sér mikilvæga undantekningu frá núverandi meginreglu um árlega álagningu. Ekki er ólíklegt að þessi undantekning (sem eykur tekjur sveitarfélaga á kostnað eigenda fasteigna) leiði til aukinna krafna um undantekningar þar sem eigendur hafa hag af því að álagning sé leiðrétt innan ársins (sem dregur úr gjöldum eigenda fasteigna á kostnað sveitarfélaga).

Við þessu er hægt að bregðast með svipuðum hætti og nú er gert, þ.e. að það sé mat einstakra sveitarfélaga hvenær endurskoðun sé sanngjörn og eðlileg. Hins vegar gerir samræmd álagning, sem byggir á upplýsingum í Landskrá fasteigna, kröfur til þess að reglur um endurskoðun álagningar innan ársins verði samræmdar. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði í lög eða reglugerð um álagningu fasteignagjalda um rétt eigenda fasteigna til að gjöldin séu endurskoðuð. Enn betra væri þó að slíkar leiðréttingar fari fram sjálfkrafa þegar upplýsingar um breyttar forsendur eru skráðar í Landskrá fasteigna.

6.4 Afslættir elli- og örorkulífeyrisþega.

Mikil vinna fer nú í núverandi feril þar sem mörg sveitarfélög taka á móti umsóknunum um afslætti og þurfa árlega að taka á móti eða skrá handvirkt upplýsingar um tekjur. Vinnan lendir ekki síst á borgurunum, elli- og örorkulífeyrisþegum sem þurfa að útbúa umsóknir og taka saman nauðsynleg gögn.

Vafasamt er að efnislegar forsendur séu fyrir því að nota svo fjölbreyttar og ólíkar reglur við veitingu afslátta til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eins og sveitarfélögin nota nú. Því er full ástæða til að skoða möguleika til að samræma reglur og vinnubrögð. Æskilegt er að eftirtalin atriði verði samræmd:

- Til hvaða hópa afslátturinn nær til (t.d. ellilífeyrisþega og 75% öryrkja).
- Að sömu reglur gildi um alla sem eiga rétt á afslætti.
- Hvort og hvernig eigi að taka tillit til tekna maka við ákvörðun afsláttar.
- Hvort og hvernig eigi að taka tillit til hvort hjóna eða sambúðarfólks er skráð fyrir fasteigninni.
- Til hvaða húsnæðis afslættir taka (hvort gerð sé krafa um lögheimili eða aðsetur í húsnæðinu og að aðeins sé veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis).
- Hvort aðeins eigi að taka tillit til launatekna eða hvort einnig eigi að taka tillit til fjármagnstekna.

Að lágmarki er nauðsynlegt að afsláttarflokkar vegna elli- og örorkulífeyrisþega verði samræmdir og skrár frá Ríkiskattstjóra verði nýttar sem grundvöllur á útreikningi afsláttar. Slík samræming tekjuviðmiðs í ákveðna afsláttarflokka getur falið í sér mikla hagræðingu

og skapað forsendur til að fella niður umsóknarferilinn þannig að afslættir komi sjálfkrafa til þeirra sem á þeim eiga rétt.[33]

Ofangreind samræming felur í sér óverulega breytingu á sjálfstæði sveitarfélaga varðandi veitingu afsláttа. Einstök sveitarfélög gætu eftir sem áður valið upphæðir, hlutföll og hámark afsláttar í einstökum afsláttarflokkum og stjórnað því hvaða tekjuhópar fá afslátt og þar með ráðið heildarupphæð afsláttа.

6.5 Aðrir afslættir

Sveitarfélög hafa heimild til að veita afslætti vegna tiltekinna fasteigna sem nýttar eru í almannaþágu. Í samræmi við tillögur sem gerð var grein fyrir í öðrum kafla verði slíkir afslættir ekki veittir eða afgreiddir við reglubundna álagningu fasteignagjalda. Þess í stað verði gjöldin lögð á með venjubundum hætti.

Eðlilegt er að farið verði að mestu leyti eftir tillögum nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti frá árinu 2001. Þó verður ekki séð að ástæða sé til að safnahús njóti lögbundinnar undanþágu frá fasteignaskatti. Einnig er ástæða til að fella úr lögum ákvæði um að sveitarstjórn sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af útihúsum í sveitum ef þau eru aðeins notuð að hluta eða standa ónotuð. Þetta heimildarákvæði er lítið notað og veldur erfiðleikum í framkvæmd. Slík útihús eru yfirleitt úrelt og því geta eigendur beðið um endurmat sem í flestum tilfellum leiðir til lágs fasteignamats.

Í stað núverandi heimildar til veitingar afsláttа geta sveitarfélög veitt styrki frá sveitarfélaginu til greiðslu fasteignagjalda sem verði gjaldfærðir sem útgjöld. Síðan er hægt að skuldajafna fasteignagjöld og styrki í innheimtuferlinu. Þessi málsmeðferð myndi einfalda mjög álagningu fasteignagjalda. Þar að auki myndu styrkirnir verða sýnilegir í reikningum sveitarfélaga. Slíkt er í anda nútímalegra reikningsskilareglna um að gera allan kostnað sýnilegan.

Ekki er alveg augljóst að lögfesta skuli heimild sveitarfélaga til að veita slíka styrki eins og nefndin frá 2001 lagði til. Telja verður að sveitarfélög hafi almennar heimildir til að styrkja starfsemi í almannaþágu. Lagaákvæði sem tilgreinir hvaða aðilar geta notið slíks styrks vegna fasteignaskatta getur verið túlkað þannig að það þrengi sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga við styrkveitingar af þessu tagi.

6.6 Álagning fasteignagjalda í Landskrá fasteigna.

Álagning fasteignagjalda fari fram í Landskrá fasteigna. Slík breyting er forsenda þess að hægt verði að framkvæma aðrar umbætur sem hér hafa verið nefndar, s.s. að einfalda verkferil álagningar og lækka kostnað, draga úr handavinnu og margskráningu upplýsinga, tryggja að álagningarforsendur og leiðréttingar og breytingar skili sér í Landskrá fasteigna og að afslættir til elli- og örorkulífeyrisþega verði afgreiddir með skilvirkum hætti.

Landskrá fasteigna er sívinnslukerfi þar sem upplýsingar eru uppfærðar daglega. Svo dæmi sé tekið þá eru upplýsingar um eigendur uppfærðar daglega með þinglýsingum sýslumanna. Nýjar eignir eru skráðar og byggingarstig uppfært á hverjum degi. Áætlaðar breytingar á álagningu fasteignagjalda færa hana frá árlegum útreikningi í átt að sívinnslu. Því er eðlilegt og hagkvæmt að álagningin fari fram í Landskrá fasteigna.

---

[33] Telji sveitarfélög eðlilegt að frumkvæði að umsókn verði áfram hjá gjaldandanum felur þessi breyting engu að síður í sér hagræðingu, þar sem aðeins þyrfti að skrá hvort einstaklingur njóti afsláttar en ekki þyrfti að skrá tekjuupplýsingar eða afsláttarflokk.

Álagning í Landskrá fasteigna getur því aukið gagnsæi, lækkað kostnað og auðveldað breytingar og þróun á fasteignagjöldum.

6.7 Innleiðing.

Við innleiðingu á álagningu fasteignagjalda í Landskrá fasteigna er mikilvægt að tími gefist til undirbúnings. Það er ekki síst mikilvægt öryggisatriði að hægt sé að gera samanburð á niðurstöðum álagningar í Landskrá fasteigna við álagningu sem framkvæmd er í núverandi álagningarkerfum. Með því móti er hægt að bera niðurstöður álagningar úr Landskrá fasteigna saman við álagningu sveitarfélaganna og leiðrétta misræmi í forsendum og niðurstöðum á kerfisbundinn hátt. Þessi aðferð tryggir að ekki er tekin nein áhætta vegna þessara breytinga.

Í samræmi við þetta gæti innleiðingu nýs fyrirkomulags álagningar verið skipt í eftirfarandi áfanga miðað við að lagabreytingar séu samþykktar á haustþingi 2005:

1. Álagning ársins 2006 fari fram í núverandi álagningarkerfum.
2. Álagningarkerfi í Landskrá fasteigna verði tilbúið á síðari hluta ársins 2006 og verði þá framkvæmdur samanburður á því kerfi og raunverulegri álagningu ársins 2006.
3. Álagning ársins 2007 fari fram í Landskrá fasteigna og hefjist þá mánaðarleg álagning. Notkun annarra álagningarkerfa verði þá hætt. Í því sambandi getur verið þörf á sérstökum lausnum til að aðlaga upplýsingar í staðlaðri innheimtuskrá að einstökum innheimtukerfum.
4. Samhliða þessu verða kannaðir kostir þess að greiðsluseðlar verði sendir beint úr Landskrá fasteigna og að upplýsingar um greiðslustöðu verði sendar frá innheimtuaðila í Landskrá fasteigna. Líklegt er að útbreiðsla rafrænnar greiðslumiðlunar auki kosti þess að þessi leið verði farin.

7. Breyttar álagningarforsendur.

Ýmiss konar breytingar sem gerðar eru á skráningu fasteigna geta haft áhrif á álagningu fasteignagjalda. Þær geta verið frá því að vera tæknilegar leiðréttingar, sem skipta litlu máli, yfir í viðameiri breytingar sem hafa veruleg áhrif á álagningu fasteignagjalda. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessum breytingum og lagt mat á hvort hægt sé að afmarka þær breytur sem eðlilegt má telja að leiði til breytinga á álagningu fasteignagjalda innan ársins.

7.1 Aðilar sem skrá breytingar.

Til að hægt sé að nýta breytingar til endurskoðunar á álagningu innan ársins þarf að tryggja að upplýsingar skili sér með kerfisbundum hætti í Landskrá fasteigna. Ýmsir aðilar koma að skráningu nýrra upplýsinga um fasteignir:

- Sveitarfélög skrá margþættar upplýsingar:
  - Byggingarfulltrúi skráir margvíslegar upplýsingar um fasteignina og notkun hennar.
  - Fjármáladeild skráir upplýsingar um álagningu gjalda, gjaldendur og afslætti.
  - Einnig er mögulegt að innheimtuaðili skrái upplýsingar sem leiða til breytingar á álagningu. Slík gerist væntanlega eftir fyrirmælum fjármáladeildar viðkomandi sveitarfélags.
- Sýslumaður skráir upplýsingar um nýjar eignir og um eigendur.
- Fasteignamat ríkisins skráir upplýsingar um fasteignina og mat hennar.
- Ríkisskattstjóri heldur skrár yfir tekjur og getur einnig veitt upplýsingar um hverjir séu elli- og örorkulífeyrisþegar.

Eins og komið hefur fram geta margvíslegar breytingar á skráningu eigna jafnframt falið í sér breytingar á álagningarforsendum. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þessum breytingum og er þeim skipt í þrjár tegundir:

- Breytingar á fasteign.
- Breytingar á gjaldtöku.
- Aðrar breytingar.

7.2 Breytingar á fasteign.

Fyrirhuguð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga felur í sér að álagning vegna nýrra fasteigna hefjist þegar eignin er metin fasteignamati í fyrsta sinn. Vegna þess hvernig staðið er að skráningu nýrra eigna í Landskrá fasteigna er nauðsynlegt að skilgreina betur hvað er átt við með nýrri fasteign.

Fasteignir eru yfirleitt stofnaðar í Landskrá fasteigna sem lóðir áður en framkvæmdir við bygginguna hefjast. Eftir að byggingaframkvæmdir hefjast er byggingarstig uppfært eftir því sem framkvæmdinni miðar áfram. Skilgreind eru 9 byggingarstig auk stigs 0 sem ekki getur talist eiginlegt byggingarstig:

0 Lóð úthlutað.
1 Byggingar- og framkvæmdaleyfi veitt.
2 Undirstöður reistar.
3 Burðarvirki reist.
4 Bygging fokheld.
5 Tilbúin til innréttingar.
6 Bygging fullfrágengin án lóðarfrágangs.
7 Fullgerð eign.
8 Tekin í notkun ófullgerð.
9 Í endurbyggingu.

Ný eign er stofnuð við skráningu eignar í Landskrá fasteigna og er þá jafnframt framkvæmt fasteignamat. Frummat fasteignar fer yfirleitt fram á eftirtöldum byggingarstigum:

0 Lóð úthlutað.
1 Byggingar- og framkvæmdaleyfi veitt.

Við mat á því hvaða aðrar breytingar á byggingarstigi og þar með fasteignamati eigi að leiða til endurskoðunar á álagningu þarf að huga að nokkrum þáttum. Ekki eru öll byggingarstig skráð kerfisbundið. Þannig er fremur sjaldgæft að fasteignir séu skráðar á byggingarstig 2–3 og 5–6. Fasteignamat byggingar (húsmat) er ekki framkvæmt fyrr en bygging er fokheld. Því er ekki greiddur fasteignaskattur af byggingum fyrr en þær eru fokheldar (byggingarstig 4). Byggingarstig 2–3 skipta því ekki máli vegna skattheimtu.

Út frá sjónarhorni skattheimtu eru það eftirtalin þrjú stig sem skipta mestu máli:

4 Bygging fokheld.
7 Bygging fullgerð.
8 Tekin í notkun ófullgerð.

Þetta eru þau stig þar sem mest breyting verður á verðmæti eignar og jafnframt þau stig sem eru skráð kerfisbundnast. Því verður að teljast eðlilegt, miðað við þær fyrirætlanir um lagabreytingar sem gerð hefur verið grein fyrir, að fasteignaskattur verði endurskoðaður þegar eignir eru skráðar í ofangreind byggingarstig.

Ýmsar breytingar, sem eigendur gera á fasteign, geta haft áhrif á forsendur álagningar. Má þar nefna uppskiptingu matseininga (t.d. þegar einbýlishúsi er breytt í tvær íbúðir), sameiningu matseininga (t.d. þegar tvær íbúðir eru sameinaðar) og niðurrif eigna. Einnig er mögu-

legt að byggingarstig sé fært niður vegna endurbyggingar (Byggingarstig 9, í endurbyggingu).

Viðbygging (sem ekki er ný matseining) eða endurbygging getur haft veruleg áhrif á fasteignamat. Þá geta tæknilegar breytingar einnig haft áhrif á fasteignamat. Þannig eru dæmi um að bætt eða leiðrétt skráning (t.d. hvað varðar stærð fasteignar) og eignaskiptasamningur geti hækkað eða lækkað fasteignamat.

7.3 Breytingar á gjaldtöku.

Sveitarfélög taka ákvarðanir um gjaldtöku fasteignagjalda innan þess ramma sem lögin setja. Þau taka árlega ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

- Tegundir gjalda.
- Gjald- eða skatthlutfall.
- Einingaverð.
- Hlutfall eða upphæð afsláttar.

Þessar forsendur breytast ekki innan ársins. Sveitarfélög þurfa hins vegar að hafa aðgang að því að breyta þessum forsendum í nýju álagningarkerfi.

7.4 Aðrar breytingar.

Ýmsar aðrar breytingar geta haft áhrif á forsendur álagningar. Má í þessu sambandi nefna að skattflokkur fasteigna ræðst af notkun þeirra og er skatthlutfall atvinnuhúsnæðis hærra en íbúðarhúsnæðis. Ef íbúðarhúsnæði er breytt í atvinnuhúsnæði (eða öfugt) hefur það veruleg áhrif á álagninguna. Þá getur notkun húsnæðis verið breytileg eftir tímabilum, t.d. þegar hluti íbúðarhúsnæðis er nýttur til heimagistingar yfir sumartímann.

Eigendaskipti fasteignar getur haft áhrif á fasteignagjöld. Þetta helgast af því að nýr eigandi getur átt annan rétt til afslátta en fyrri eigandi. Reykjavíkurborg hefur leiðrétt álagningu vegna þessa með kerfisbundnum hætti. Þá getur þurft að breyta skráningu á gjaldanda innan ársins (t.d. ef eigandi tilnefnir umboðsmann sem annast greiðslur).

Almennt fasteignamat er uppfært árlega í samræmi við verðþróun á fasteignamarkaði. Þá getur fasteignamat einstakra eigna breyst innan ársins vegna endurmats.[34] Einnig getur endurupptaka fasteignamats leitt til breytingar á matinu.

7.5 Valkostir um breytingar innan ársins.

Hugsanlegt er að taka tillit til margvíslegra breytinga álagningarforsendna innan ársins og breyta þar með álagningu fasteignagjalda. Þó að þetta sé mögulegt er ekki þar með sagt að slíkt sé skynsamlegt. Ekki er í sjálfu sér ástæða til að eltast við breytingar sem hafa óverulega áhrif á álagninguna.

Það veldur talsverðri óvissu í þessu sambandi að ekki er með öllu ljóst hvaða breytingar á álagningarforsendum einstök sveitarfélög hafa talið að leiða ættu til leiðréttingar á álagn-

---

[34] Samkvæmt lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna eru tvær tegundir endurmats: Annars vegar endurmat skv. 31. gr. á einstökum fasteignum, yfirleitt að beiðni eiganda en einnig geta aðrir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta um matsverð eignar óskað eftir endurmati. Hins vegar fjöldaendurmat skv. 32. gr. á stærri flokkum eigna (einstakar tegundir eigna eða eignir í tilteknum hverfum, sveitarfélögum eða landshlutum) eftir kröfu af hálfu fjármálaráðuneytisins eða sveitarfélags. Þegar fjallað er um endurmat í skýrslunni er átt við báðar þessar tegundir.

ingu innan ársins. Slíkar leiðréttingar eru væntanlega gerðar á innheimtustiginu og koma því ekki alltaf fram í álagningarkerfum.

Fjöldi og tegund breytinga álagningarforsendna sem tekið er tillit til hefur áhrif á verkferil við álagningu. Því verður annaðhvort að leitast við að takmarka fjölda þeirra breytinga sem tekið er tilliti til eða taka tillit til allra breyta.

Einfaldara er að velja takmarkaðan fjölda breyta. Þegar ákveða á til hvaða breyta taka verður tillit, verður að greina hverjar eru mikilvægastar með hliðsjón af gjaldtöku og hverjar er auðvelt að halda utanum innan ársins.

Í ljósi þessa var farið skipulega yfir allar breytingar á forsendum álagningar og reynt að sérgreina þær breytur sem myndu hafa umtalsverð áhrif á álagningu fasteignagjalda innan ársins.

7.6 Breytur sem hafa umtalsverð áhrif.

Eftirtaldar breytur skipta mestu máli varðandi álagningu innan ársins. Álagningarforsendurnar eru flokkaðar eftir helstu tegundum.

- Ný eign metin fasteignamati:
  - Byggingarstig 0 Lóð úthlutað.
  - Byggingarstig 1 Byggingar- og framkvæmdaleyfi veitt.
- Breyttur skattflokkur:
  - Breyttur notkunarflokkur.
- Breyttir afslættir:
  - Eigendaskipti sem hafa áhrif á afslætti.
  - Breytingar á fasteignamati einstakra eigna.
  - Byggingarstig 4 Bygging fokheld.
  - Byggingarstig 7 Bygging fullgerð.
  - Byggingarstig 8 Bygging tekin í notkun ófullgerð.
  - Niðurrif eignar.
  - Endurupptaka sem leiðir til breytingar á fasteignamati.

7.7 Breytur sem hafa takmörkuð áhrif.

Eftirtaldar breytur hafa engin eða mjög takmörkuð áhrif á heildarálagningu innan ársins. Álagningarforsendurnar eru flokkaðar eftir helstu tegundum.

- Gjaldskrá sveitarfélags:
  - Tegundir gjalda.
  - Gjald- eða skatthlutfall.
  - Einingaverð.
  - Hlutfall eða upphæð afsláttar.
- Almennar breytingar á fasteignamati:
  - Árleg uppfærsla fasteignamats.
- Breytingar á fasteignamati einstakra eigna:
  - Uppskipting matseininga, sameining matseininga.
  - Viðbygging eða endurbygging.
  - Byggingarstig 5 Bygging tilbúin til innréttingar.
  - Byggingarstig 6 Bygging fullfrágengin án lóðarfrágangs.
  - Bygging í endurbyggingu.
  - Bætt eða leiðrétt skráning.

- Eignaskiptasamningur.
- Endurmat.

– Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega:
  - Tekjuflokkur elli- og örorkulífeyrisþega.

7.8 Möguleg afmörkun á breytum.

Lagt var mat á það hvort nota mætti ofangreinda skiptingu til að afmarka þær breytur sem leiða ættu til leiðréttingar eða endurskoðunar álagningar innan ársins. Slík afmörkun er í raun forsenda þess að unnt sé að velja valkost 1 um verkferil álagningar.[35] Í ljós kom að mjög erfitt eða útilokað reyndist að afmarka breytur og notast við ofangreinda skiptingu í því sambandi. Ástæðan er m.a. sú að ólíkar breytur geta spilað saman með margvíslegum hætti. Sem dæmi má nefna að uppskipting matseininga getur leitt til stofnunar á nýrri eign í Landskrá fasteigna.

7.9 Hlutfallsleg breyting álagningar.

Þegar tegundir álagningarforsendna eru skoðaðar kemur fram að oft er tiltölulega einfalt að meta hvort verulegir hagsmunir séu af því að tiltekin forsenda hafi áhrif á álagningu innan ársins eða ekki. Þannig eru veigamikil rök fyrir því að nýjar eignir, breytt notkun og breyttur réttur til afsláttar leiði til endurskoðunar á álagningu fasteignagjalda.

Það er mun flóknara að taka afstöðu til þeirra margvíslegu álagningarforsendna sem geta haft áhrif á fasteignamat einstakra eigna. Þessar breytingar eru mjög fjölbreytilegar, allt frá því að vera óverulegar upp í að hafa mikil áhrif á fasteignamat. Sumar þessara álagningarforsendna falla undir það markmið að lögð séu fasteignagjöld á nýjar eignir þegar þær eru skráðar og metnar (t.d. þegar bygging er fokheld).

Þar sem sú aðferð að afmarka breytur sem leiða til endurskoðunar innan ársins reyndist ekki fær var athugað hvort unnt væri að nota aðra aðferð sem byggir á hlutfallslegri breytingu á álagningu fasteignaskatts. Aðferðin felur í sér að álagning fasteignagjalda skuli endurskoðuð ef samanburður á upphaflegri álagningu og mánaðarlegri álagningu leiðir í ljós frávik um t.d. +/– 10% frá upphaflegri álagningu.[36]

Þetta myndi hafa þær afleiðingar að álagning yrði endurskoðuð við allar stærri breytingar á byggingarstigi, t.d. þegar eign nær fokheldisstigi enda hækkar fasteignamatið um meira en 10%. Með sama hætti lækkar fasteignamat verulega þegar bygging er rifin og því myndi það þýða lækkun á álagningu fasteignagjalda.

Með því að velja 10% vikmörk er verið að tryggja að allar veigamiklar breytingar á álagningarforsendum hafi áhrif á álagninguna en ekki þarf að leggja í vinnu og óþægindi fyrir gjaldendur, vegna minni háttar frávika innan ársins. Ekki þarf heldur að skilgreina í smáatriðum hvaða breytingar eigi að leiða til endurskoðunar álagningar.

Hægt væri að nota þessa aðferð í tengslum við valkost 2 um nýjan verkferil álagningar.[37] Ekki verður í fljótu bragði annað séð en að þessi leið sé fær en ekki er þar með sagt að mælt verði sérstaklega með henni.

---

[35] Sjá umfjöllun um valkosti í næsta kafla.

[36] Hugsanlegt er að miða við aðra prósentu en 10%.

[37] Sjá umfjöllun um valkosti í næsta kafla.

8. Valkostir um nýjan verkferil álagningar.

Á grundvelli þeirra tillagna sem lýst var í sjötta kafla eru settir fram þrír valkostir um nýjan verkferil álagningar fasteignagjalda. Munurinn á valkostunum felst einkum í því hversu langt er gengið í að breyta núverandi verkferli sem byggir á árlegri álagningu yfir í verkferil sem byggir á mánaðarlegri álagningu.

Í valkosti 1 er árlegri álagningu haldið en leiðréttingar og breytingar sem gerð var grein fyrir hér að framan unnar með kerfisbundum hætti. Valkostur 3 byggir á því að hverfa frá árlegri álagningu og nota þess í stað mánaðarlega álagningu. Með því móti væri ekki þörf á leiðréttingum og allar breytingar kæmu sjálfkrafa fram í hinni mánaðarlegu álagningu. Valkostur 2 er síðan millistig milli þessara valkosta.

Mat á því hvaða valkostur er hagkvæmastur fer ekki síst eftir því hversu viðamikilla breytinga og leiðréttinga þörf er á að taka tillit til innan ársins. Ef unnt er að takmarka breytingarnar er ástæða til að velja valkost 1 sem felur í sér minnstar breytingar frá núverandi aðferðum og er því einfaldastur í framkvæmd.

Því fleiri og viðameiri sem breytingarnar eru því meiri ástæða er til að fara í átt að mánaðarlegri álagningu (valkostur 3).

8.1 Valkostur 1.

Valkostur 1 felur í sér nokkra einföldun á álagningarferlinu. Árlegri álagningu er haldið sem meginaðferð en auk þess koma mánaðarlegar viðbætur vegna nýrra eigna og mánaðarlegar leiðréttingar vegna tiltekinna og afmarkaðra breytinga á forsendum álagningar.

Álagningarferillinn samkvæmt valkosti 1 er sýndur á mynd 8.1. Meginþáttum valkostar 1 er lýst hér að aftan.

Mynd 8.1 Álagningarferill samkvæmt valkosti 1.



1. *Forsendur skráðar beint í Landskrá fasteigna.*
   1.1 Allar almennar forsendur um fasteignir, notkunarflokk, fasteignamat, eigendur og gjaldendur.
   1.2 Upplýsingar frá sveitarfélagi um gjaldtökuna, s.s. tegundir gjalda, gjald- eða skatthlutfall, einingaverð og afsláttarreglur.
   1.3 Aðrar upplýsingar, t.d. fjöldi sorpíláta.
2. *Grunnálagning.*
   2.1 Grunnálagningin er reiknuð beint skv. forsendum í Landskrá fasteigna.
3. *Veiting afsláttа.*
   3.1 Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega og tekjuflokka sóttar til Ríkisskattstjóra.
   3.2 (A) Afsláttur reiknaður rafrænt án umsóknar.
   (B) Afsláttur reiknaður rafrænt en verður því aðeins virkur að umsókn hafi verið samþykkt og samþykki skráð í álagningarkerfi.
4. *Árleg álagning.*
   4.1 Árleg álagning byggir á grunnálagningu að teknu tilliti til afsláttа.
   4.2 Árleg álagning er sett fram í innheimtuskrá sem send er til innheimtuaðila.
   4.3 Niðurstöður álagningar eru skráðar í fjárhagsbókhald eftir gjaldflokkum og innheimtutíma.
5. *Innheimta.*
   5.1 Greiðsluseðlar eru unnir á grundvelli innheimtuskrár og sendir til gjaldenda.
   5.2 Eigandi (eða umboðsmaður eiganda) annast greiðslu.
   5.3 Greiðsla berst til innheimtuaðila.
   5.4 Upplýsingar um innheimtar greiðslur eru færðar í fjárhagsbókhald sveitarfélags.
6. *Endurskoðun álagningar.*
   6.1 Fasteignagjöld eru lögð á nýjar eignir (byggingarstig 0–1) sem metnar eru fasteignamati í fyrsta sinn.
   6.2 Við eigendaskipti eru afslættir leiðréttir ef réttur eldri og nýrri eiganda til afsláttа er ólíkur.
   6.3 Breytingar á notkunarflokki leiða til endurskoðunar á álagningu fasteignagjalda.
   6.4 Tilteknar breytingar sem hafa áhrif á fasteignamat eru keyrðar úr Landskrá fasteigna og nýttar til að endurskoða álagningu.[38]
   6.5 Hugsanlegur afsláttur er reiknaður út rafrænt (sbr. 3.2).
   6.6 Álagningin er leiðrétt með uppfærslu á innheimtuskrá.

8.2 Valkostur 2.

Valkostur 2 felur í sér frekari einföldun á álagningarferlinu. Árleg álagning er meginaðferðin en auk þess er reiknuð mánaðarleg álagning samkvæmt forsendum í Landskrá fasteigna fyrsta dag hvers mánaðar. Gerður er samanburður á niðurstöðum árlegrar álagningar (1/12) og mánaðarlegri álagningu og álagning leiðrétt þar sem misræmi er meira en sem nemur t.d. 10% af upphaflegri álagningu. Einnig er lagt á þær eignir sem metnar eru í fyrsta sinn (enda er frávikið þá 100%). Meginmunurinn á þessum valkosti miðað við valkost 1 er að ekki er valið hvaða breytur það eru sem leitt geta til leiðréttingar á álagningu innan ársins heldur ræður hlutfall fráviks hvort álagning er endurskoðuð.

[38] Fjallað var um þessar breytingar í sjöunda kafla.

Álagningarferillinn samkvæmt valkosti 2 er sýndur á mynd 8.2. Meginþáttum valkostar 2 er lýst hér að aftan.

Mynd 8.2 Álagningarferill samkvæmt valkosti 2.



1. *Forsendur skráðar beint í Landskrá fasteigna.*
   1.1 Allar almennar forsendur um fasteignir, notkun þeirra, fasteignamat, eigendur og gjaldendur.
   1.2 Upplýsingar frá sveitarfélagi um gjaldtökuna, s.s. tegundir gjalda, gjald- eða skatthlutfall, einingaverð og afsláttarreglur.
   1.3 Aðrar upplýsingar, t.d. fjöldi sorpíláta.
2. *Grunnálagning.*
   2.1 Grunnálagningin er reiknuð beint skv. forsendum í Landskrá fasteigna.
3. *Veiting afslátta.*
   3.1 Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega og tekjuflokka sóttar til Ríkisskattstjóra.
   3.2 (A) Afsláttur reiknaður rafrænt án umsóknar.
   (B) Afsláttur reiknaður rafrænt en verður því aðeins virkur að umsókn hafi verið samþykkt og samþykki skráð í álagningarkerfi.
4. *Árleg álagning.*
   4.1 Árleg álagning byggir á grunnálagningu að teknu tilliti til afslátta.
   4.2 Árleg álagning er sett fram í innheimtuskrá sem send er til innheimtuaðila.
   4.3 Niðurstöður álagningar eru skráðar í fjárhagsbókhald eftir gjaldflokkum og innheimtutíma.
5. *Innheimta.*
   5.1 Greiðsluseðlar eru unnir á grundvelli innheimtuskrár og sendir til gjaldenda.
   5.2 Eigandi (eða umboðsmaður eiganda) annast greiðslu.
   5.3 Greiðsla berst til innheimtuaðila.
   5.4 Upplýsingar um innheimtar greiðslur eru færðar í fjárhagsbókhald sveitarfélags.
6. *Viðbótarálagning og leiðréttingar.*
   6.1 Reiknuð er mánaðarleg grunnálagning miðað við forsendur í Landskrá fasteigna 1. dag hvers mánaðar.
   6.2 Hugsanlegir afslættir eru reiknaðir rafrænt (sbr. 3.2).
   6.3 Gerður er samanburður á mánaðarlegri álagningu og 1/12 árlegrar álagningar.
   6.4 Álagning er leiðrétt ef frávik frá upphaflegri álagningu er meira en +/– 10%.
   6.5 Álagning er leiðrétt með uppfærslu á innheimtuskrá.

8.3 Valkostur 3.

Valkostur 3 felur í sér að enn lengra er gengið í að breyta aðferðum við álagninguna. Í stað árlegrar álagningar er mánaðarleg álagning ásamt mánaðarlegri innheimtu. Fasteignagjöld eru lögð á miðað við stöðu fasteignar og eiganda hennar fyrsta dag hvers mánaðar. Þetta veldur því að nær engin þörf fyrir viðbætur og leiðréttingar. Ferillinn er mun einfaldari en áður en á móti kemur að álagning er unnin 12 sinnum á ári fyrir alla gjaldendur.

Álagningarferillinn samkvæmt valkosti 3 er sýndur á mynd 8.3. Meginþáttum valkostar 3 er lýst hér að aftan.

Mynd 8.3 Álagningarferill samkvæmt valkosti 3.



1. *Forsendur skráðar beint í Landskrá fasteigna.*
   1.1 Allar almennar forsendur um fasteignir, fasteignamat, notkun þeirra, eigendur og gjaldendur.
   1.2 Upplýsingar frá sveitarfélagi um gjaldtökuna, s.s. tegundir gjalda, gjald- eða skatthlutfall, einingaverð og afsláttarreglur.
   1.3 Aðrar upplýsingar, t.d. fjöldi sorpíláta.
2. *Grunnálagning.*
   2.1 Grunnálagningin er reiknuð beint skv. forsendum í Landskrá fasteigna.
3. *Veiting afslátta.*
   3.1 Upplýsingar um elli- og örorkulífeyrisþega og tekjuflokka sóttar til Ríkisskattstjóra.
   3.2 (A) Afsláttur reiknaður rafrænt án umsóknar.
   (B) Afsláttur reiknaður rafrænt en verður því aðeins virkur að umsókn hafi verið samþykkt og samþykki skráð í álagningarkerfi.
4. *Mánaðarleg álagning.*
   4.1 Mánaðarleg álagning byggir á grunnálagningu að teknu tilliti til afslátta.
   4.2 Mánaðarleg álagning er sett fram í innheimtuskrá sem send er til innheimtuaðila.
   4.3 Niðurstöður álagningar eru skráðar í fjárhagsbókhald eftir gjaldflokkum og innheimtumánuði.
5. *Innheimta.*
   5.1 Greiðsluseðlar eru unnir á grundvelli innheimtuskrár og sendir til gjaldenda.
   5.2 Eigandi (eða umboðsmaður eiganda) annast greiðslu.
   5.3 Greiðsla berst til innheimtuaðila.
   5.4 Upplýsingar um innheimtar greiðslur eru færðar í fjárhagsbókhald sveitarfélags.

8.4 Mat á valkostum.

Mat á valkostum um verkferil álagningar fasteignagjalda benti við fyrstu sýn til þess að valkostur 1 væri einfaldastur í framkvæmd. Eins og lýst hefur verið í sjöunda kafla leiddi nánari greining í ljós að erfitt eða nær útilokað er að afmarka þær breytur sem eðlilegt má telja að leiði til breytinga innan ársins. Ástæðan er m.a. sú að ólíkar breytur geta spilað saman með margvíslegum hætti. Sú óvissa sem þetta veldur þýðir að ekki er hægt að mæla með valkosti 1.

Mánaðarleg álagning er ótvírætt besti kosturinn út frá tæknilegu sjónarmiði, auk þess hann tryggir best jafnræði við álagningu, að afsláttarþegar njóti afsláttar, lágmarkar leiðréttingarvinnu, hámarkar álagningarstofn sveitarfélaga og jafnar greiðsluálag fyrir gjaldendur yfir allt árið. Mánaðarleg álagning er eina aðferðin sem örugglega nær til allra þeirra þátta sem geta breyst innan ársins, bæði vegna nýrra eigna og vegna þeirra tilfella þar sem eðlilegt er talið að eigandi geti farið fram á endurskoðun álagningar.

Því er lagt til að valkostur 3 um mánaðarlega álagningu sé valinn. Valkostur 2 kemur til greina en ekki er mælt með valkosti 1.

9. Niðurstöður.

Núverandi aðferðir við álagningu fasteignagjalda eru ekki nægilega kerfisbundnar, skortur er á gagnsæi og verkferlar eru flóknir og kostnaðarsamir. Umtalsverðir möguleikar eru á að bæta núverandi verklag, auka hagkvæmni og bæta gæði. Þá verður ekki séð að núverandi aðferðir séu fullnægjandi til að tryggja að hægt verði að leggja fasteignagjöld á nýjar fasteignir innan ársins.

Skilvirkasta leiðin til að bæta úr ágalla núverandi aðferða er að álagning fasteignagjalda fari fram í Landskrá fasteigna. Með því er hægt að einfalda verkferilinn, nýta kosti rafrænnar stjórnsýslu, auka gagnsæi og hagkvæmni. Mælt er með því að álagningin fari fram mánaðarlega enda hefur sú aðferð marga ótvíræða kosti.

Til að hægt sé að ná þessum markmiðum þarf, auk hönnunar nýs álagningarkerfis í Landskrá fasteigna, að endurskoða lagaákvæði um álagningu fasteignaskatts með því markmiði að setja skýrari ákvæði og auka samræmingu varðandi ýmsa þætti.

Fylgiskjal III.

Félagsmálaráðuneyti,
skrifstofa sveitarstjórnamála:

Mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

(Gert í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 30. júní 2004.)

Efni frumvarpsins er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til, í samræmi við 2. lið tillagna nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga frá 17. mars 2005, að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað. Þær undanþágur sem um er að ræða varða einkum fasteignir í eigu ríkissjóðs og mun breytingin, verði frumvarpið að lögum, skila sveitarfélögum auknum tekjum frá ríkinu er nema 200 m.kr. á árinu 2006, 400 m.kr. á árinu 2007 og 600 m.kr. frá og með árinu 2008 miðað við núverandi verðlag.

Í öðru lagi er lagt til að lagður verði fasteignaskattur í hlutfalli við ársálagningu á nýjar lóðir og mannvirki sem eru skráð í Landskrá fasteigna í samræmi við 5. lið í tillögum sömu nefndar og tillögur samráðshóps Fasteignamats ríkisins, félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem skilaði tillögum 14. september 2005 til að undirbúa breytingar á álagningu fasteignagjalda. Breytingin mun hafa áhrif á álagningarstofn fasteignaskatts innan hvers árs. Samkvæmt úttekt sem KPMG Endurskoðun hf. gerði fyrir félagsmálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins í júní 2004 er áætlað að tekjuauki sveitarfélaga vegna þessa geti numið um 150–200 m.kr. á ári.

Fjárhagsleg heildaráhrif frumvarpsins þegar breytingar eru að fullu komnar til framkvæmda, þ.e. frá og með árinu 2008, eru samanlögð tekjuaukning sveitarfélaga sem nemur um 750–800 m.kr. á ári.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað og hins vegar að fasteignaskattur verði lagður á mánaðarlega, sem hefur óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Fækkun undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts varðar einkum fasteignir í eigu ríkisins. Breytingin er í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga frá 17. mars 2005. Afnám undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts mun hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð þar sem t.d. framhaldsskólar og sjúkrastofnanir hafa verið undanþegin skattinum. Gerir frumvarpið ráð fyrir að álagningarhlutfall af fasteignum sem nú fá undanþágu takmarkist við að kostnaður ríkissjóðs verði 600 m.kr. á ári þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda miðað við álagningarstofn í ársbyrjun 2005. Einnig er gert ráð fyrir að fækkun undanþágna komi til framkvæmda í áföngum árin 2006–2008, þannig að greiðslur ríkisins verði 200 m.kr. á árinu 2006, 400 m.kr. á árinu 2007 og 600 m.kr. á árinu 2008.

419. Frumvarp til laga [365. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem eru nákomin geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

2. gr.

Ákvæði 191. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Við XXV. kafla laganna bætist ný grein, 233. gr. b, svohljóðandi:

Sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skal sæta fangelsi allt að tveimur árum.

4. gr.

Ákvæði 1. tölul. 242. gr. laganna verður svohljóðandi: Brot gegn ákvæðum 233. gr., 233. gr. a og 233. gr. b sæta opinberri ákæru.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra.

Mál er tengjast heimilisofbeldi hafa undanfarið verið til sérstakrar athugunar í dómsmálaráðuneytinu. Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 18. nóvember 2004, fór ráðherra þess á leit við refsiréttarnefnd að nefndin gæfi álit á þeim sjónarmiðum sem fram hefðu komið um hvort setja bæri í almenn hegningarlög refsiákvæði þar sem heimilisofbeldi yrði lýst sem sérstökum refsinæmum verknaði eða hvort áfram skyldi stuðst við hin almennu líkamsmeiðingarákvæði 217. og 218. gr. laganna. Í bréfinu er jafnframt tekið fram að telji nefndin ástæðu til að lýsa sjónarmiðum um önnur atriði þessa máls væri óskað eftir því að þau yrðu kynnt. Í tengslum við vinnu sína aflaði refsiréttarnefnd gagna um löggjafarþróun á þessu sviði á Norðurlöndum og á meginlandi Evrópu. Þá var enn fremur farið ítarlega yfir fyrirliggjandi gögn og upplýsingar hér á landi, m.a. skýrslur opinberra nefnda, er beinast að þáttum er varða heimilisofbeldi og meðferð slíkra mála. Þá var einnig leitast við að greina þá dómaframkvæmd sem telja verður að geti haft þýðingu í þessum efnum og þá einkum í þeim málum þar sem háttsemi ákærða getur talist vera heimilisofbeldi m.t.t. tengsla geranda og þolanda. Með hliðsjón af þeim atriðum sem greind eru hér að framan var sá kostur kannaður hvort lagaleg eða refsipólitísk rök stæðu til þess að lögfesta nú sérstakt refsiákvæði um heimilisofbeldi í almenn hegningarlög eða hvort fara bæri aðrar leiðir í þessum efnum. Í álitsgerð refsiréttarnefndar til dómsmálaráðherra, dags. 29. ágúst 2005, lagði nefndin til að gerðar yrðu eftirfarandi breytingar á almennum hegningarlögum:

„1. Að lögfest yrði ný málsgrein í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem yrði 3. mgr., þar sem væri að finna refsiþyngingarástæðu þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar;
2. Að gerðar yrðu breytingar á orðalagi 191. gr. almennra hegningarlaga þannig að ákveðið yrði gert skýrara m.a. í ljósi 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar."

Í framhaldi af álitsgerð refsiréttarnefndar fól dómsmálaráðherra nefndinni að semja frumvarp þetta til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, þar sem ofangreindar tillögur eru nánar útfærðar.

Í II. kafla verður stuttlega lýst þeirri vinnu sem áður hefur verið ráðist í af hálfu opinberra nefnda hér á landi um málefni er varða heimilisofbeldi. Í III. kafla verður fjallað um löggjafarþróun í öðrum ríkjum, einkum í refsilöggjöf á Norðurlöndunum. Í IV. kafla verður vikið að þeim forsendum sem refsiréttarnefnd lagði til grundvallar við mat á hvort þörf væri á að lögfesta nýtt sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi í almenn hegningarlög og niðurstöðum nefndarinnar um það efni lýst. Í V. kafla verður efni frumvarpsins skýrt.

II. Skýrslur opinberra nefnda um heimilisofbeldi.

Með bréfi, dags. 13. febrúar 1995, skipaði dómsmálaráðherra nefnd í samræmi við ályktun Alþingis á 117. löggjafarþingi sem var falið að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í skýrslu dómsmálaráðherra af þessu tilefni frá 28. febrúar 1997, sem lögð var fram á 121. löggjafarþingi, sbr. þskj. 612 – 340. mál, segir um skilgreiningu hugtaksins heimilisofbeldi:

„Í þessari skýrslu er hugtakið heimilisofbeldi (domestic violence) notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Skilgreiningin

takmarkast ekki við hjón og nær jafnframt til fólks í sambúð. Hins vegar tekur skilgreiningin ekki til annarra tegunda ofbeldis, svo sem ofbeldis gegn börnum, kynferðislegrar misnotkunar á börnum eða annars konar ofbeldis sem getur átt sér stað inni á heimilum eða milli fjölskyldumeðlima."

Í framhaldi af störfum ofangreindrar nefndar skipaði dómsmálaráðherra 18. ágúst 1997 þrjár nefndir til að fjalla um heimilisofbeldi, þ.e. um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu og í dómskerfinu og um forvarnir gegn heimilisofbeldi o.fl. Afrakstur þessa nefndarstarfs voru þrjár skýrslur dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 sem nú verður stuttlega gerð grein fyrir.

Í skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu, sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi 1997–1998, sbr. þskj. 1383 – 712. mál, er notast við það hugtak sem að framan greinir. Um lýsingu á eðli þeirra mála sem lögreglan þarf í störfum sínum að kljást við í tilvikum sem þessum segir svo í kafla III:

„Heimilisofbeldi er afbrot sem tengist mjög einkalífi manna, enda oft um að ræða persónuleg málefni sem eiga sér stað innan „friðhelgi heimilisins". Vegna þessa geta málin verið mjög erfið og vandasöm úrlausnar fyrir lögreglu. Þannig finnst þeim sem hlut eiga að máli lögreglan oft komin út fyrir yfirráðasvæði sitt og farin að hnýsast í einkamál þeirra. Þetta á einkum við í þeim tilvikum þar sem hvorki brotaþoli né gerandi kalla til lögreglu. Lögreglumenn eru því oft að vinna í umhverfi þar sem þeir eru óvelkomnir og hafa fá úrræði til að hjálpa hlutaðeigandi."

Í skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu, sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi, sbr. þskj. 1384 – 713. mál, er að finna greinargóða lýsingu á þeim ákvæðum refsilaga og réttarfarslaga sem þá voru í gildi og gátu að mati nefndarinnar tekið til heimilisofbeldismála. Ekki er þörf á að taka þau upp hér.

Í skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur, sem lögð var fram á 122. löggjafarþingi, sbr. þskj. 1382 – 711. mál, er vísað til ofangreindrar skilgreiningar úr skýrslu ráðherra frá 28. febrúar 1997 og segir að verksvið nefndarinnar afmarkist af henni. Þar segir þó jafnframt:

„Það er hins vegar álit nefndarmanna að ekki sé unnt að skilja ofbeldi gegn börnum frá umræðu um heimilisofbeldi. Allt ofbeldi þar sem börn eru á heimili sé jafnframt ofbeldi gagnvart börnum. Nefndin bendir á að mörg úrræði sem lögð eru til í skýrslunni geta komið börnum til góða, en lýsir jafnframt þeirri skoðun að þörf sé heildstæðrar rannsóknar á tíðni ofbeldis- og kynferðisbrota gegn börnum og meðferð slíkra mála, hvort sem þau verða innan veggja heimilisins eða utan."

Í ofangreindum skýrslum er hvorki tekin bein afstaða til þess álitaefnis hvort lögfesta eigi sérstakt refsiákvæði um heimilisofbeldi né að öðru leyti lagt mat á hvort gildandi ákvæði refsilaga veiti nægа refsivernd að því er varðar þær athafnir sem falla undir þá skilgreiningu heimilisofbeldis sem notast er við í skýrslunum.

III. Löggjafarþróun í öðrum ríkjum.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið unnið mikið þverfaglegt starf í þessum málaflokki. Til að mynda hafa stjórnvöld í Noregi og Danmörku sett fram ítarlegar aðgerðaráætlanir til nokkurra ára í senn þar sem m.a. er lögð áhersla á aðstoð og úrræði fyrir þolendur og gerendur heimilisofbeldis sem og bættar starfsaðferðir lögreglu. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum stendur ekki til að lögfesta sérstakt refsiákvæði um heimilisofbeldi í Danmörku eða Finnlandi. Árið 1998 var í Svíþjóð lögfest ákvæði í þarlendum hegn-

ingarlögum (Brottsbalken), 4. gr. a í fjórða kafla, þar sem lýst er með sérgreindum hætti ofbeldisbrotum gagnvart nákomnum. Ákvæðið er tvískipt þannig að í 1. mgr. er lýst brotum gagnvart þeim sem teljast nákomnir (s. närstående) en 2. mgr. fjallar sérstaklega um ofbeldisbrot karls gagnvart konu sem hann er eða hefur verið giftur eða í sambúð með og er heiti brotsins tiltekið í verknaðarlýsingunni sem gróft kvenfrelsisbrot (s. grov kvinnofridskränkning). Ákvæði 4. gr. a er eyðuákvæði að því leyti sem það vísar til almennu ákvæða hegningarlaganna um líkamsmeiðingar (þriðji kafli), um brot gegn frjálsræði manna (fjórði kafli) og um kynferðisbrot (sjötti kafli). Ákvæðið áskilur hins vegar að auki að hver og einn þessara verknaða sé þáttur í endurteknum brotum gegn friðhelgi brotaþolans (s. personens integritet) og að hann sé til þess fallinn að skaða alvarlega sjálfsmat hans (Brottsbalken 4. kapittel § 4 a):

„Den som begår brottsliga gärningar enligt 3, 4 eller 6 kap. mot en närstående eller tidigare närstående person, döms, om var och en av gärningarna utgjort led i en upprepad kränkning av personens integritet och gärningarna varit ägnade att allvarligt skada personens självkänsla, för grov fridskränkning till fängelse, lägst sex månader och högst sex år.

Har gärningar som anges i första stycket begåtts av en man mot en kvinna som han är eller har varit gift med eller som han bor eller har bott tillsammans med under äktenskapsliknande förhållanden, skall i stället dömas för grov kvinnofridskränkning till samma straff."

Í íslenskri þýðingu hljóðar ákvæðið svo:

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum 3., 4., eða 6. kafla, og brotaþoli er eða hefur verið nákominn, skal dæmdur fyrir gróft frelsisbrot og sæta fangelsi, allt frá sex mánuðum til sex ára, ef hver og einn þessara verknaða er þáttur í endurteknum brotum gegn friðhelgi brotaþola og til þess fallinn að skaða alvarlega sjálfsmat hans.

Hafi brot, sem um getur í 1. mgr., verið framið af karli gegn konu sem hann er eða hefur verið giftur eða í sambúð með, skal hann dæmdur fyrir gróft kvenfrelsisbrot og sæta sömu refsingu.

Eins og sést af verknaðarlýsingu 1. mgr. ákvæðisins er það ekki kynbundið en brot karls gegn núverandi eða fyrrverandi eiginkonu eða sambúðarkonu fær sérstakt heiti í 2. mgr. Refsiábyrgð samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæðisins er að verulegu leyti reist á mati á andlegum afleiðingum verknaðarins. Reynslan af ákvæðinu hefur leitt í ljós ákveðinn sönnunarvanda tengdan hinu andlega ofbeldi. Þá hefur ákærum og sakfellingum í minni háttar málum ekki fjölgað eftir gildistöku ákvæðisins. Refsingar í hinum alvarlegri málum hafa hins vegar þyngst enda dæmt fyrir gróft frelsisbrot/kvenfrelsisbrot þar sem refsilágmarkið er 6 mánaða fangelsi, auk annarra brota.

Í Noregi hefur verið í gangi vinna við breytingar á norskum hegningarlögum vegna ofbeldis á milli þeirra sem teljast nákomnir (n. vold i nære relasjoner). Í þeirri vinnu hefur m.a. verið kannað hvort taka eigi upp sjálfstætt refsiákvæði eða hvort gera eigi breytingar á 219. gr. laganna, sem er efnislega sambærileg við 191. gr. íslensku hegningarlaganna.

Í skýrslu norskrar ráðgjafarnefndar, sem birtist í NOU 2003:31, er í kafla 9.1.2. fjallað um hvort setja eigi sérstakt refsiákvæði í norsku hegningarlögin sem taki mið af ofangreindu ákvæði í 4. kafla sænsku hegningarlaganna. Er þar lýst að reynsla Svía eftir lögfestingu ofangreinds ákvæðis sé beggja blands en jafnframt tekið fram að það sé mat sænskra stjórnvalda að of stuttur tími sé liðinn frá lögfestingu ákvæðisins til að draga einhlítar ályktanir um hvort lögfesting þess hafi verið til bóta.

Í norsku skýrslunni eru sett fram rök með og á móti því að lögfesta sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi í norsk hegningarlög en það skal tekið fram að áherslan í störfum nefndarinnar beindist fyrst og fremst að því að taka afstöðu til þess hvernig slíkar breytingar á refsilög-

gjöf gætu aukið réttarvernd kvenna. Í fyrsta lagi er rakið að það sé reynsla sænska ákæruvaldsins að það hafi verið verulega erfitt að færa fram viðhlítandi sönnun í einstökum tilvikum um að atvik hafi verið með þeim hætti sem lýst er í ákvæði sænsku hegningarlaganna. Í skýrslu norsku nefndarinnar er hins vegar tekið fram að sönnunarvandkvæði geti ein og sér ekki réttlætt að látið verði hjá líða að lögfesta slíkt ákvæði í Noregi. Í annan stað er nefnt í skýrslunni að í Svíþjóð hafi refsingar vegna ofbeldisbrota gegn konum orðið talsvert þyngri eftir lögfestingu umrædds ákvæðis. Nefndin telur að þessi staðreynd feli í sér rök með þeirri leið sem farin hafi verið í Svíþjóð enda sé það mat norsku nefndarinnar að það sé æskilegt að refsingar í þessum málaflokki í Noregi verði hertar. Í þriðja lagi er rakið í norsku skýrslunni að lögfesting sérstaks ákvæðis um heimilisofbeldi í ætt við það sænska geti umfram hin lagalegu áhrif einnig haft tiltekin táknræn eða réttarpólitísk áhrif um þá afstöðu samfélagsins að taka skuli hart á brotum af þessu tagi. Slíkt ákvæði muni því hafa að geyma tiltekinn mælikvarða um félagslegt samneyti manna auk þess að hafa tiltekin fyrirbyggjandi áhrif. Það er niðurstaða norsku nefndarinnar að rök standi til þess að lögfesta nýtt refsiákvæði sem beinist að ofbeldisbrotum gegn konum sem framin eru af körlum sem teljast nákomnir þeim. Í skýrslunni er hins vegar tekið fram að ekki hafi verið mögulegt af hálfu nefndarinnar að útfæra orðalag slíks ákvæðis og gera á þeim grundvelli ákveðnar tillögur í því efni. Þess skal getið að í umfjöllun norsku ráðgjafarnefndarinnar er ekki sérstaklega fjallað um aðra möguleika í þessum efnum, svo sem lögfestingu á sérgreindri refsiþyngingarheimild þegar brot er framið í samskiptum þeirra sem teljast nákomnir, heldur beinist hún einungis að því að meta hvort fara eigi sömu leið og í Svíþjóð.

Á grundvelli framangreindrar skýrslu var þann 9. september 2005 kynnt og samþykkt í norsku ríkisstjórninni frumvarp dómsmálaráðherra m.a. til breytinga á norsku hegningarlögunum (Ot.prp. nr. 113, Om lov om oppheving af løsgjengerloven og om endringer i straffeloven mv. (eget straffebud mot vold i nære relasjoner mv.)), þar á meðal um breytingu á 219. gr. laganna sem er sambærilegt ákvæði 191. gr. íslensku hegningarlaganna, eins og rakið er hér að framan. Í hinu nýja frumvarpi kemur fram að núgildandi ákvæði sé um margt óskýrt og nauðsynlegt sé að aðlaga orðalagið betur nútímaviðhorfum svo unnt sé að beita því í meira mæli í framkvæmd. Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp sérstakt refsiákvæði vegna ofbeldis á milli þeirra sem teljast nákomnir og orðast breytingartillagan um nýtt orðalag á 219. gr. laganna svo:

„Den som ved å true, tvinge, begrense bevegelsesfriheten til, utøve vold mot eller på annen måte krenke, grovt eller gjentatt mishandler

a) Sin tidligere eller nåværende ektefelle,
b) sin eller tidligere eller nåværende ektefelles slektning i rett nedstigende linje,
c) sin slektning i rett oppstigende linje,
d) noen i sin husstand, eller
e) noen i sin omsorg

straffes med fengsel inntil 3 år.

Dersom mishandlingen er grov eller fornærmede som følge av handlingen dør eller får betydelig skade på legeme eller helse, er straffen fengsel inntil 6 år. Ved avgjørelsen av om mishandlingen er grov, skal det særlig legges vekt på om den har vart over lang tid og om det foreligger forhold som nevnt i § 232.

Medvirkning straffes på samme måte."

Í verknaðarlýsingu 1. mgr. ákvæðisins er m.a. lýst verknuðum sem nú þegar falla undir gildandi norsk refsilög. Í athugasemdum með frumvarpinu er lögð áhersla á að beita eigi ákvæðinu þegar um líkamlegt ofbeldi er að ræða í stað hinna almennu líkamsmeiðingar-

ákvæða norsku hegningarlaganna. Þá eru í ákvæðinu tilgreindir þeir aðilar sem njóta refsiverndar á grundvelli ákvæðisins. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að ef verknaðurinn þykir grófur, leiðir til bana eða hefur í för með sér stórfellt líkams- eða heilsutjón skuli refsingin vera allt að sex ára fangelsi. Við grófleikamat verknaðarins skal samkvæmt ákvæðinu einkum horft til þess hvort hann hafi verið langvarandi eða til staðar séu einhverjar refsiþyngingarástæður sem tilgreindar eru í 232. gr. laganna, þ.e. hvort brot sé framið vísvitandi á sérstaklega sársaukafullan hátt, það telst sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þar á meðal tækja eða efna sem notuð eru, eða sakir eru miklar vegna sérstakra kringumstæðna. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að refsivernd þeirra sem teljist nákomnir sé stórlega aukin með breytingartillögunni, m.a. sé fyrrverandi mökum nú einnig veitt refsivernd á grundvelli ákvæðisins. Lagafrumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að tekið sé upp ofangreint ákvæði í 4. kafla sænsku hegningarlaganna um gróft kvenfrelsisbrot karls gagnvart fyrrum eiginkonu eða sambúðarkonu. Þá er í frumvarpinu ítrekað að lögfesting sérstaks ákvæðis um heimilisofbeldi geti umfram hin lagalegu áhrif einnig haft tiltekin táknræn eða réttarpólitísk áhrif um þá afstöðu samfélagsins að taka skuli hart á brotum af þessu tagi.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur einnig verið aflað upplýsinga frá fleiri löndum til að öðlast betri yfirsýn yfir þær leiðir sem farnar hafa verið í þessum efnum. Fyrir utan Svíþjóð hafa ýmis ríki sett tiltekin ákvæði í refsilöggjöf sem lúta að brotum sem eiga sér stað í samskiptum þeirra sem teljast nákomnir. Þessi ákvæði eru breytileg að inntaki en hafa öll það að meginmarkmiði að beinast að ofbeldisbrotum sem eiga sér stað við slíkar aðstæður. Sem dæmi má nefna að í refsilöggjöf Belgíu, Frakklands, Portúgals og Spánar er t.d. að finna heimild til að þyngja refsingu þegar ofbeldisbrot er framið í samskiptum maka.

IV. Er þörf á að lögfesta sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi?

Við skoðun á dómaframkvæmd hér á landi kemur í ljós að um er að ræða talsverðan fjölda mála sem skilgreina mætti sem heimilisofbeldismál að virtum sjónarmiðum og viðhorfum sem fram koma í II. og III. kafla hér að framan. Þá verður ráðið að ýmis brot önnur en líkamsmeiðingar geta fallið undir það hugtak, svo sem kynferðisbrot, húsbrot, hótanir og eignaspjöll. Ekki verður alltaf lesið út úr dómunum hvort litið hefur verið til tengsla geranda og brotaþola við ákvörðun refsingar. Þá sýnir dómaframkvæmd undanfarinna ára að konur eru í sumum tilvikum einnig gerendur þegar kemur að heimilisofbeldi, þó að karlar séu þar í meiri hluta. Má hér nefna dóma þar sem konur voru sakfelldar fyrir að beita hnífi gagnvart maka sínum. Með hliðsjón af framangreindu er talið rétt að almennt beri að miða við það við mat á hvort ástæða sé til að lögfesta sérstök refsiákvæði, eða fara aðrar leiðir til að bregðast við þeim vanda sem leiðir af heimilisofbeldi, að gerendur og þolendur geta við slíkar aðstæður verið af báðum kynjum. Hér er einnig haft í huga það almenna löggjafarviðhorf hér á landi við mótun og setningu refsiákvæða að lýsing gerenda- og þolendahóps skuli ekki byggð á kyni nema slíkt leiði af eðli máls.

Það er ljóst að markmið opinberra aðgerða til að sporna við heimilisofbeldi, eins og það hugtak hefur almennt verið skilið, t.d. í umfjöllun um breytingar á refsilöggjöf í þeim ríkjum sem nefnd eru í III. kafla hér að framan, er fyrst og fremst að veita þeim einstaklingum réttarvernd sem hafa þolað langvarandi eða endurtekið ofbeldi af hálfu þeirra sem teljast nákomnir. Undir það ofbeldishugtak sem byggt hefur verið á í þessari umræðu kunna að falla aðrir verknaðir en þeir sem beinlínis er lýst í gildandi refsilöggjöf. Það álitaefni sem þarf því að svara er hvort ástæða sé til að lögfesta sérrefsiákvæði sem hafi það að markmiði að bregðast við þeim tilvikum þar sem gerandi er sekur um þá verknaði sem falla undir gildandi refsilög, en jafnframt sé í slíku ákvæði gerður sá áskilnaður að verknaður hafi t.d. verið til þess fallinn

að skerða sjálfsvirðingu brotaþola eða hafa í för með sér niðurlægingu eða skert sjálfsmat hans, enda verði gerandi talinn honum nákominn. Dæmi um slíkt ákvæði er ofangreind 4. gr. a í fjórða kafla sænsku hegningarlaganna. Hins vegar kynni slíkt sérgreint refsiákvæði að gera beinlínis ráð fyrir því að tilteknir verknaðir, sem hingað til hafa ekki verið taldir þess eðlis að þeir ættu að falla undir refsilög, yrðu gerðir refsiverðir þegar þeir eiga sér stað í samskiptum nákominna. Hér má sem dæmi nefna að gerandi kemur í veg fyrir að maki sinn eigi félagslegt samneyti við aðra í fjölskyldu og vini, dragi úr fjárhagslegu sjálfstæði hans, setji fram svívirðingar í tíma og ótíma o.s.frv að því marki sem slík háttsemi fellur ekki undir verknaðarlýsingu 191. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í þessu frumvarpi er byggt á þeirri niðurstöðu refsiréttarnefndar að ekki standi til þess viðhlítandi lagaleg eða refsipólítisk rök að lögfesta sérrefsiákvæði í ætt við hið sænska ákvæði eða ákvæði sem gerir aðrar athafnir refsiverðar en þær sem nú falla undir refsilög og eiga sér stað í samskiptum þeirra sem teljast nákomnir. Þessi niðurstaða byggist einkum á eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi verður talið í ljósi þeirra upplýsinga og sjónarmiða sem vísað er til hér að framan, og eftir mat á fyrirliggjandi dómaframkvæmd og fræðiviðhorfum, að varhugavert sé að leggja til grundvallar fastmótaða skilgreiningu á hugtakinu heimilisofbeldi þegar tekin er afstaða til þess hvort rök standi til þess að leggja til breytingar á refsilöggjöf í tilefni af refsiverðum brotum sem eiga sér stað á milli nákominna. Þó er ljóst að það hlýtur að teljast grundvallarhugtaksatriði þeirrar tegundar háttsemi sem hér um ræðir að hún á sér stað á milli einstaklinga sem teljast *nákomnir* á verknaðarstundu enda hafi þeir á þeim tíma eða áður myndað náin samfélagsleg tengsl sem endurspeglast í sambandi foreldris og barns, systkina eða maka, eða eru að öðru leyti taldir að lögum nákomnir þar sem þeir hafa myndað á einhverjum tímapunkti tiltekna fjölskylduheild í rýmri merkingu þess orðs. Það er því ekki verknaðurinn sem slíkur, hvort sem um beint líkamlegt eða andlegt ofbeldi er að ræða, kynferðislega misnotkun, brot tengd misnotkun fjármuna, hótanir, nauðung eða eignaspjöll, sem leiðir til þess að samfélagið álítur brot þessi siðferðilega ámælisverðari en endranær, heldur sú aðstaða að gerendur og þolendur slíkra brota teljast nákomnir enda eru þeir eða hafa verið tengdir nánum samfélagslegum böndum. Þessi nánu tengsl á milli einstaklinga eru þannig talin auka á grófleika tiltekins verknaðar vegna þess trúnaðarbrots sem hann endurspeglar en þessi aðstaða breytir almennt í engu um refsinæmi verknaðarins. Það er því vandséð að rökrétt sé að skilgreina heimilisofbeldi með tæmandi hætti, a.m.k. í refsiréttarlegum skilningi, og þá að teknu tilliti til þeirra refsiverðu athafna (eða athafnaleysis) sem eiga sér stað á milli þeirra sem teljast nákomnir. Það verður fremur að meta það hverju sinni hvort þær athafnir sem refsiverðar eru samkvæmt gildandi ákvæðum almennra hegningarlaga teljist í ljósi náinna tengsla geranda og brotaþola verðskulda aðrar áherslur við rannsókn slíkra mála og við ákvörðun refsingar. Af þessu leiðir að breytingar á refsilöggjöf, sem hafa það að markmiði að auka varnaðaráhrif í málum af þessu tagi og treysta þar með réttarvernd þeirra sem verða fyrir ofbeldi af hálfu nákominna, verða því fyrst og fremst að vera til þess fallnar að beina sjónum dómenda að því mati löggjafans að litið sé eftir atvikum alvarlegar á brot sem framin eru við þessar aðstæður en í öðrum tilvikum.

Í öðru lagi sjást þess ekki merki úr réttarframkvæmd, hvort sem um rannsóknarathafnir lögreglu er að ræða eða dómaframkvæmd, að á skorti að núgildandi refsilöggjöf lýsi með fullnægjandi hætti óæskilegum athöfnum sem eiga sér stað á milli nákominna um skemmri eða lengri tíma. Hvað varðar til að mynda það álitamál hvort þörf sé á að setja sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi sem tæki þá við af líkamsmeiðingarákvæðum 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga verður að horfa til þess að undir þessi ákvæði falla allar hefðbundnar ofbeldis-

athafnir gagnvart brotaþola sem telst nákominn sem leiða til tjóns á líkama eða andlegu heilbrigði hans. Hvað tjón á andlegu heilbrigði varðar sem hlýst af ofbeldisathöfnum sem eiga sér stað í sambúð má í þessu sambandi benda á dóm Hæstaréttar frá 5. júlí 2005 í máli nr. 287/2005. Þar reyndi á skilyrði 2. mgr. 44. gr. b laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 36/1999 um skipun réttargæslumanns til handa brotaþola. Samkvæmt nefndu ákvæði er það m.a. skilyrði þess að brotaþoli geti fengið tilnefndan réttargæslumann að ætla megi að hann hafi orðið fyrir „verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins“. Héraðsdómur taldi því skilyrði ekki fullnægt en málið hófst með kæru konu á hendur fyrrum sambúðarmaka fyrir líkamsárás og önnur ofbeldisbrot á sambúðartíma þeirra. Í dómi Hæstaréttar var fallist á að ofangreint skilyrði 2. mgr. 44. gr. b laga nr. 19/1991 væri fullnægt en forsendur dómsins eru athyglisverðar fyrir það efni sem hér er til umfjöllunar en þar segir m.a. svo:

„... Á þessu stigi málsins verður ekkert fullyrt um til hverrar niðurstöðu rannsókn leiðir og hvort hún muni beinast eingöngu að líkamsárás 25. febrúar 2005. Ljóst er hins vegar að sí endurtekið ofbeldi innan heimilis er til þess fallið að valda þeim sem fyrir því verður verulegu tjóni á andlegu heilbrigði sínu.“

Ljóst er af þessum forsendum að gildandi refsilöggjöf, og þá einkum ákvæði almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar, kynferðisbrot, brot gegn frjálsræði manna og um ýmis nauðungarbrot, geta eftir atvikum leitt til þess að sannað þyki að tjón hafi orðið á andlegu heilbrigði brotaþolans enda þótt ekkert liggi fyrir um beina líkamlega áverka.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að við undirbúning þessa frumvarps var höfð hliðsjón af nýsamþykktum verklagsreglum ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu sem tóku gildi 20. október 2005, sbr. fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Í 1. mgr. 1. gr. verklagsreglanna kemur fram að forsenda skráningar máls í verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* sé að ætlaður gerandi eða þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir. Til nákominna í þessu sambandi teljist m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk, börn, systkini og foreldra eða forráðamenn, sbr. 2. mgr. 1. gr. Í 2. gr. eru síðan skilgreindir þeir brotaflokkar sem falla undir reglurnar en ákvæðið er svohljóðandi:

„Þegar um er að ræða skyldleika eða tengsl geranda og þolanda, sbr. 1. gr., og rannsókn beinist að brotum á eftirgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga, skal auk venjubundinnar skráningar færa málið undir verkefnaflokkinn heimilisofbeldi:

a. brot á ákvæðum 108., 231., 232. og 233. gr.
b. brot á ákvæðum 217. og 218. gr.
c. brot á ákvæðum 1. mgr. 191. gr., 194., 195., 196., 200., 201., 202., og 209. gr.
d. brot á ákvæðum 225. og 226. gr.
e. brot á ákvæðum 253. og 257. gr.“

Lögð er á það áhersla að allir þeir verknaðir sem lýst er í tilvitnaðri 2. gr. verklagsreglanna geta átt sér stað í samskipum nákominna og þannig verið liður í heimilisofbeldi.

Í þriðja lagi má almennt fallast á þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu norsku ráðgjafarnefndarinnar, sem rakin er í III. kafla hér að framan, um að sjónarmið er lúta að sönnunarvanda geti ekki ein og sér haft þau áhrif að látið sé hjá líða að mæla með lögfestingu sérrefsiákvæðis um heimilisofbeldi. Sú hætta verður þó ugglaust fyrir hendi með lögfestingu slíks ákvæðis, sem áskilur t.d. að sýnt sé fram á skert sjálfsmat brotaþola eða að um sé að ræða athafnir sem eru til þess fallnar að niðurlægja þann sem þeim er beint að þegar til lengri tíma er litið, að sá þröskuldur sem ákvæðið setur refsiréttarlega og réttarfarslega verði óyfirstíganlegur í fjölda tilvika. Þá kunna refsiskilyrði slíks ákvæðis að vera þess eðlis að rann-

sóknir brota af þessu tagi verði mjög íþyngjandi fyrir ætlaðan geranda og brotaþola og aðra einstaklinga, svo sem börn eða aðra nákomna, í ljósi tengsla allra þessara aðila innbyrðis, sbr. tilvitnaða lýsingu úr skýrslu dómsmálaráðherra frá 12. maí 1998 um meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu sem getið er í II. kafla hér að framan.

Í fjórða lagi er unnt að nefna að orðalag sérrefsiákvæðis um heimilisofbeldi yrði án vafa verulega matskennt svo að raunhæft væri að ná þeim refsiréttarlegu og réttarpólitísku markmiðum sem almennt eru lögð til grundvallar í þessu sambandi. Með það í huga verður að horfa til þess að verulegar hömlur eru settar við því í íslenskum rétti að löggjafinn orði refsiákvæði með matskenndum hætti. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar eru gerðar strangar kröfur til skýrleika refsiheimilda. Draga verður t.d. í efa að refsiskilyrði umrædds ákvæðis í 4. gr. a í fjórða kafla sænsku hegningarlaganna yrðu talin nægilega skýr miðað við þær kröfur sem gerðar hafa verið að þessu leyti í íslenskri dómaframkvæmd.

V. Efni frumvarpsins.

Í ljósi þeirra viðhorfa sem fram hafa komið hér á landi og erlendis um málefni fjölskylduunnar, og þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands á því sviði, verður að telja að rökrétt sé og nauðsynlegt að íslensk refsilöggjöf endurspegli með skýrari hætti það mat löggjafans að brot, sem framin eru í samskiptum nákominna, hafi sérstöðu. Er þá bæði horft til refsiréttarlegra og afbrotafræðilegra raka er tengjast varnaðaráhrifum og samkvæmni í löggjöfinni og hins vegar mikilvægum sjónarmiðum um táknræn eða réttarpólitísk áhrif slíkra lagareglna á félagslegt samneyti þeirra sem tengjast eða hafa tengst nánum fjölskylduböndum í rúmri merkingu. Í ljósi ofangreindra sjónarmiða og raka verður hins vegar ekki talið rétt eða nauðsynlegt að fara þá leið að lögfesta sérstakt refsiákvæði um heimilisofbeldi heldur að brugðist verði við með því að gera dómendum að líta til atvika af þessu tagi við ákvörðun refsingar. Með því móti verði það lagt í hendur dómarans á refsiákvörðunarstigi að meta hvort náin tengsl geranda og brotaþola séu þess eðlis að slík atvik verða talin auka á grófleika þeirra brota sem sannað er að viðkomandi hafi framið.

Með framangreint í huga er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að lögfest verði ný málsgrein í 70. gr. almennra hegningarlaga, er verði 3. mgr., þar sem verði að finna refsiþyngingarástæðu þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Um yrði að ræða heimild til að hækka refsingu innan lögmæltra refsimarka viðkomandi refsiákvæðis með sama hætti og nú er gert á grundvelli þeirra heimilda sem fram koma í 1. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður að ákvæði af þessu tagi sé til þess fallið að beina sjónum dómara að nánum tengslum geranda og brotaþola þegar kemur að því að ákvarða refsingu fyrir brot á gildandi refsilögum. Þannig þurfi dómari ávallt að leggja á það mat og rökstyðja í forsendum sínum hvort náin tengsl geranda og brotaþola hafi haft einhver áhrif við ákvörðun refsingar. Með lögfestingu ákvæðisins yrði ljós sá vilji löggjafans að almennt beri að þyngja refsingu innan lögmæltra refsimarka ákvæðis þegar slík tengsl eru talin auka á grófleika verknaðar. Ákvæði af þessu tagi mundi því jafnframt styrkja lagalegan grundvöll sakamálarannsóknar þar sem grunur leikur á að heimilisofbeldi hafi átt sér stað enda mun rannsókn af því tagi þá m.a. beinast að því að upplýsa hvort atvik og aðstæður hafi verið með þeim hætti að rétt sé að beita þeirri refsiþyngingarástæðu sem hér er gerð tillaga um, sbr. til hliðsjónar áðurnefndar verklagsreglur ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu. Um nánari skýringar við þetta ákvæði vísast að öðru leyti til sérstakra athugasemda við ákvæðið í þessu frumvarpi.

Í álitsgerð refsiréttarnefndar til dómsmálaráðherra var lagt til að gerðar yrðu orðalagsbreytingar á 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga þannig að ákveðið yrði gert skýrara,

m.a. í ljósi 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að 191. gr. verði felld brott í heild sinni en að í samræmi við tillögur refsiréttarnefndar verði með 3. gr. frumvarpsins lögfest nýtt ákvæði sem taki við af 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nánar þau sjónarmið sem rakin verða hér síðar um 3. gr. frumvarpsins.

Um rök fyrir því að fella brott 2. og 3. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga með 2. gr. frumvarpsins er vísað til þess að í athugasemdum með greininni kemur fram að 2. mgr. 191. gr. eigi einkum við um menn sem hafa nægileg efni á að inna af höndum framfærslutillög en greiða þau ekki góðfúslega eða valda erfiðleikum við innheimtuna. Ákvæðið nái til hjóna þótt þau búi ekki samvistum eða séu skilin að borði og sæng. Hins vegar eigi það ekki við um meðlagsgreiðslu eftir að fullur lögskilnaður er orðinn. Í 3. mgr. ákvæðisins birtist síðan það viðhorf að ef afbrot bitnar á nánum vandamanni geranda sé heimilt að taka tillit til hagsmuna hans og vandamannsins og láta sökina niður falla. Með hliðsjón af þeirri þjóðfélagsþróun sem átt hefur sér stað hér á landi á síðustu áratugum og þeim sjónarmiðum sem nánar eru rakin í IV. kafla hér að framan verður hvorki talið að til þess standi refsiréttarleg né refsipólitísk rök að viðhalda 2. mgr. 191. gr. í almennum hegningarlögum. Sama á við um 3. mgr. 191. gr. þegar horft er til sérstaks eðlis þessara brota og meginreglunnar um að sérhver refsiverður verknaður sæti ákæru, sbr. 24. gr. almennra hegningarlaga og 111. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Með þessari ráðagerð er einnig lögð áhersla á það mat löggjafans að litið sé eftir atvikum alvarlegar á brot sem framin eru við þessar aðstæður en í öðrum tilvikum. Brotaþolinn, vegna tengsla sinna við geranda og fyrri samskipta, kann því í kjölfar kæru að standa frammi fyrir frekari ofsóknum eða ógnunum í einni eða annari mynd sem telja verður sérstaklega meinlegar fyrir þann sem misgert er við, sem og fjölskyldu hans. Er þessi tillaga í samræmi við sjónarmið er birtust í skýrslu dómsmálaráðherra til Alþingis um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu, sem lögð var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi, og ýmissa samtaka sem hafa látið sig þetta málefni sérstaklega varða.

Í 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga segir að ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefur til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varði það fangelsi allt að 2 árum. Í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi því er varð að almennum hegningarlögum kemur fram að brot skv. 1. mgr. sé fólgið í því að misbjóða tilteknum vandamönnum með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum. Sem dæmi um tilvik þar sem ákvæðið eigi við er í dæmaskyni nefnt að einhver þessara vandamanna er látinn búa við skort þótt þess sé ekki þörf, að stórfelldar ærumeiðingar hafa verið í frammi hafðar eða aðrar slíkar móðganir, t.d. það að eiginmaður lokar konu sína úti eða gerist sekur um verknað er getur í síðasta málslið 184. gr. almennra hegningarlaga handa Íslandi frá 25. júní 1869, þ.e. að hvetja í ávinningsskyni konu sína til að hafa holdlegt samræði við aðra menn.

Eins og greinir hér að framan er að finna sambærilegt ákvæði í norsku (219. gr.) og dönsku hegningarlögunum (213. gr.) Hafa ákvæði þessi verið gagnrýnd af þarlendum fræðimönnum og á það bent að þau séu að miklu leyti úrelt og óskýr. Dómaframkvæmd ber þess enda merki að lítið hefur reynt á þau fyrir dómstólum síðustu áratugi. Í frumvarpi því sem greint er frá í III. kafla, og varðar fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á norsku hegningarlögunum, er ákvæðið lagt niður í núverandi mynd og í stað þess er lagt til að sett verði sjálfstætt ákvæði um heimilisofbeldi þar sem ekki er beinlínis að finna þá efnisþætti sem nú eru tilgreindir í verknaðarlýsingu 219. gr. laganna. Fram kemur í skýringum með frumvarpinu að mikilvægt hafi verið að nútímavæða ákvæðið enda hafi það lítið verið notað í réttarfram-

kvæmd og ekki veitt þá refsivernd sem að hafi verið stefnt, þ.e. að vernda friðhelgi einstaklinga, heilbrigði og velferð almennt.

Telja verður að markmiðið að baki 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga sé einkum að vernda friðhelgi og æru einstaklinga í samskiptum við aðra fjölskyldumeðlimi. Ljóst er hins vegar að refsivernd ákvæðisins hefur ekki, frekar en í Danmörku og Noregi, verið virk í réttarframkvæmd frá gildistöku laganna. Með hliðsjón af ofangreindum atriðum, og þeirri löggjafarþróun sem átt hefur sér stað á síðari tímum um þörfina á að vernda einstaklinga betur en áður gegn afbrotum nákominna í skjóli hjónabands og fjölskyldu í rúmri merkingu þess orðs, er með 3. gr. þessa frumvarps gerð tillaga um nýmæli sem hefur það að markmiði að gera þá refsivernd gegn stórfelldum ærumeiðingum, sem núgildandi 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga átti að mæla fyrir um, virka þannig að raunhæfara sé að ná þeim refsiréttarlegu og réttarpólitísku markmiðum sem eðlilegt er að leggja til grundvallar í þessu sambandi. Er þá einnig í samræmi við tilmæli refsiréttarnefndar horft til lagasjónarmiða um skýrleika refsiheimilda, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, enda verður talið að gildandi ákvæði 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga hafi þýðingu þegar lagt er heildstætt mat á þá refsivernd sem lögin veita einstaklingum í samskiptum við þá sem teljast þeim nákomnir. Hafa verður þó í huga í þessu sambandi að ávallt verður þó meiri hætta á sönnunarerfiðleikum við þessar aðstæður, einkum meðan þolandi reynir að halda fjölskyldunni saman, en það eitt og sér á ekki að hafa þau áhrif að látið sé hjá líða að mæla fyrir um lögfestingu þessa ákvæðis, sbr. þau sjónarmið sem fram koma í IV. kafla hér að framan.

Í samræmi við framangreint er í 3. gr. þessa frumvarps lagt til að sá efnisþáttur 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga sem varðar stórfelldar ærumeiðingar í samskiptum innan fjölskyldu verði útfærður í nýju ákvæði sem lögfest verði í XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Orðalag ákvæðisins taki þá mið af öðrum ákvæðum í sama kafla, einkum 233. gr. a og 234. gr., og kveði á um að sá sem smánar eða móðgar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Um nánari skýringar við þessa frumvarpsgrein vísast til sérstakra athugasemda við hana hér síðar.

Ákvæði 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga gerir ráð fyrir því að þau brot sem þar er lýst sæti opinberri ákæru, sbr. meginreglu 24. gr. sömu laga. Ekki er ætlunin að breyta þeirri skipan mála með nýmæli 233. gr. b, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum þarf að gera þá breytingu á 1. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ný málsgrein í 70. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er verði 3. mgr., þar sem verði að finna refsiþyngingarástæðu þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Um yrði að ræða heimild til að hækka refsingu innan lögmæltra refsimarka viðkomandi refsiákvæðis með sama hætti og nú er gert á grundvelli þeirra heimilda sem fram koma í 1. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Miðast ákvæðið við að brotaþolinn og gerandinn teljist vera nákomnir á verknaðarstundu og að þau nánu tengsl séu þannig talin auka á grófleika verknaðar en þessi aðstaða breyti almennt í engu um refsinæmi verknaðarins. Mat á hvort náin tengsl aðila hafi aukið á grófleika verknaðar er háð mati dómara að virtum atvikum hverju sinni.

Tekið skal fram að við mótun á orðalagi ákvæðisins hefur að vel athuguðu máli verið ákveðið að nota orðin „karl, kona eða barn“ til að lýsa hópi brotaþola. Hefur sú lýsing tvíþættan tilgang. Í fyrsta lagi er talið að hún hafi tiltekna táknræna þýðingu, sem ekki næst með almennu orðalagi á borð við „einstakling“ eða „mann“, með tilliti til þess að refsiþyngingarástæða 1. gr. frumvarpsins beinist að verknuðum sem eiga sér stað í samskiptum á milli nákominna. Í öðru lagi er með þessari lýsingu leitast við að draga með skýrum hætti fram að refsiþynging á grundvelli þessa ákvæðis byggist á þeirri grundvallarforsendu að þolendur heimilisofbeldis geta verið hvort tveggja fullorðnir einstaklingar eða börn enda sé öðrum skilyrðum ákvæðisins fullnægt.

Lögð er á það áhersla að þótt ljóst sé að tengsl geranda og brotaþola séu þess eðlis að aðilar teljast nákomnir getur það ekki eitt og sér leitt til þess að beitt sé þessari refsiþyngingarástæðu. Mat á hvort náin tengsl aðila hafi aukið á grófleika verknaðar yrði háð atvikum hverju sinni. Yrði þá einkum að horfa til þess hvort um langvarandi eða endurtekin brot er að ræða og því almennt ekki gert ráð fyrir að einstök tilvik séu þess eðlis að refsiþynging á grundvelli þessa ákvæðis kæmi til greina en það yrði að vera háð mati hverju sinni. Þar sem um refsiþyngingarástæðu er að ræða, sem háð er mati dómara að virtum atvikum hvers máls, mætti jafnframt líta til þess hvort atvik eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að þrot hafi verið til þess fallið á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða að niðurlægja brotaþola eða jafnvel að skerða sjálfsmat hans eða sjálfsvirðingu.

Ekki er talin ástæða til þess að skilgreina það með tæmandi hætti í lagatextanum eða lögskýringargögnum hvernig tengsl geranda og brotaþola þurfa að vera úr garði gerð. Samkvæmt tillögunni er ákvæðið bundið við það að karl, kona eða barn séu *nákomin* geranda. Það áskilur því að náin félagsleg tengsl séu á milli aðila. Það þýðir hins vegar ekki að gerandi og brotaþoli þurfi að búa saman á verknaðarstundu eða hafa verið í daglegum samskiptum þegar verknaður á sér stað. Ákvæðið tekur því til samskipta fyrrverandi maka, þ.e. hjóna sem eru skilin og sambúðarfólks, svo lengi sem tengsl þeirra verða talin þess eðlis samkvæmt almennum mælikvarða að þau séu nákomin. Refsiþynging samkvæmt því ákvæði sem hér er gerð tillaga um kæmi því t.d. vel til greina ef einstaklingur tæki upp á því að ofsækja fyrrum maka sinn eða hóta honum jafnvel þótt nokkuð langt væri um liðið frá samvistarslitum enda yrði háttsemi geranda talin í beinum tengslum við fyrri sambúð hans og brotaþola. Eins og þegar um aðrar lögmæltar refsiákvörðunarástæður er að ræða verður það á endanum að vera mat dómarans miðað við atvik máls í heild hvort skilyrði ákvæðisins verða talin uppfyllt. Í því sambandi er bent á að almennt verða ekki gerðar sömu kröfur til orðalags lagareglna sem hafa að geyma sjónarmið sem horfa skal til við refsiákvörðun og gerðar eru þegar um eiginleg refsiákvæði er að ræða.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að 191. gr. falli brott í heild sinni. Hér vísast til athugasemda í V. kafla hér að framan.

Um 3. gr.

Lagt er til með þessu ákvæði frumvarpsins að lögfest verði ný grein í XXV. kafla almennra hegningarlaga er verði 233. gr. b þar sem gert er ráð fyrir allt að tveggja ára fangelsi ef maður móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar.

Um tengsl þessa ákvæðis við gildandi 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga vísast til almennra athugasemda í V. kafla hér að framan. Ítrekað skal að með þessu ákvæði er ekki

verið að lögfesta nýmæli í íslenska refsilöggjöf heldur er verið að útfæra með skýrari hætti þá refsivernd sem þegar leiðir af 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga um stórfelldar ærumeiðingar í samskiptum fjölskyldumeðlima. Markmið þessa nýmælis er því að stuðla að virkari refsivernd fyrir einstaklinga gegn stórfelldum ærumeiðingum í samskiptum við þá sem teljast þeim nákomnir með því að útfæra refsiákvæði um þetta efni með nútímalegra orðalagi sem tekur að nokkru leyti mið af gildandi refsifyrirmælum 233. gr. a og 234. gr. almennra hegningarlaga. Þá er lagt til að ákvæðið verði lögfest í XXV. kafla almennra hegningarlaga sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Ekki er talið rökrétt að viðhalda þeirri skipan mála að brot af þessu tagi sé lýst í XXI. kafla laganna um sifskaparbrot. Er því leitast við að koma því refsipólitíska sjónarmiði löggjafans á framfæri að ætlast sé til að tekið verði á þessum brotum sem hverjum öðrum brotum gegn æruvernd manna.

Ákvæðið tekur til brota í samskiptum maka eða fyrrverandi maka og falla þar undir hvort tveggja hjón og sambúðarfólk. Þá tekur ákvæðið til samskipta geranda og barns hans eða annars manns, þar á meðal annars barns, sem telst nákominn geranda. Ákvæðið er því hvað afmörkun á hópi brotaþola varðar nokkuð rýmra en gildissvið 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga. Hvað varðar nánari afmörkun á hópi gerenda og brotaþola ber hér að taka mið af gildissviði nýmælis 1. gr. frumvarps þessa og vísast því um það atriði að öðru leyti til athugasemda við það ákvæði.

Í ákvæðinu er lýst þeim verknaðaraðferðum að móðga eða smána þann sem er manni nákominn. Móðgun í merkingu þessa ákvæðis getur átt sér stað í orðum eða athöfnum. Um skýringu þessa hugtaks ber að miða við þá merkingu sem lögð hefur verið í það hugtak í réttarframkvæmd um beitingu 234. gr. almennra hegningarlaga og í skrifum fræðimanna um það ákvæði. Sama gildir um hugtakið smánun sem fram kemur í 233. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 24. apríl 2002, mál nr. 461/2002, (Hrd. 2002, bls. 1485).

Lögð er á það áhersla að samkvæmt orðalagi 3. gr. frumvarpsins er refsinæmi verknaðarins bundið við að hann verði talinn fela í sér „stórfelldar ærumeiðingar“. Að þessu leyti er því stigsmunur á grófleika þess verknaðar sem falla mundi undir 3. gr. frumvarpsins annars vegar og 234. gr. almennra hegningarlaga hins vegar. Falli verknaður ekki undir það nýmæli sem hér er lagt til, sökum þess að ærumeiðing verður ekki talinn stórfelld, er sem fyrr sá möguleiki fyrir hendi að sá sem telur sig hafa orðið fyrir ærumeiðingum í samskiptum við nákominn geranda höfði einkarefsimál á grundvelli 234. gr., sbr. og 3. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga og ákvæði í IV. kafla sömu laga. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins hefur það því einkum að markmiði að sporna við því að höfð séu í frammi ummæli eða athafnir á milli nákominna sem taldar verða á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, svo sem ýmsar athugasemdir eða athafnir geranda sem beinast m.a. að útliti, persónulegum eiginleika eða hátterni brotaþola. Meiri líkur verða taldar á því að fullnægt sé skilyrðinu um stórfelldar ærumeiðingar ef fyrir liggur að móðgandi eða smánandi orðbragð eða athafnir á milli nákominna sé endurtekið eða að aðstæður séu að öðru leyti þess eðlis að móðgun eða smánun verður talin alvarleg skerðing á friðhelgi brotaþola. Af þessu leiðir að almennt séð þarf talsvert mikið til að koma að einstakar athugasemdir eða athafnir á milli nákominna eða önnur einangruð tilvik fullnægi þessu skilyrði en leggja þarf sem fyrr heildstætt mat á hvert tilvik fyrir sig.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. 191. gr. almennra hegningarlaga gerir ráð fyrir því að þau brot sem þar er lýst sæti opinberri ákæru, sbr. meginreglu 24. gr. sömu laga. Ekki er ætlunin að breyta

þeirri skipan mála með nýmæli 233. gr. b, sbr. 3. gr. frumvarpsins, um stórfelldar ærumeiðingar í samskiptum nákominna. Af þeim sökum þarf að gera þá breytingu á 1. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins.

5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Ríkislögreglustjórinn:

Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála

1. gr. Heimilisofbeldi – tengsl aðila

Forsenda fyrir skráningu máls í verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* er að gerandi og þolandi séu nákomnir, þ.e. skyldir eða tengdir.

Með geranda og þolanda er í reglum þessum átt við ætlaðan brotamann og ætlaðan brotaþola. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk, börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn.

2. gr. Brotaflokkar

Þegar um er að ræða skyldleika eða tengsl geranda og þolanda, sbr. 1. gr., og rannsókn beinist að brotum á eftirgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga, skal auk venjubundinnar skráningar færa málið undir verkefnaflokkinn heimilisofbeldi:

a. brot á ákvæðum 108., 231., 232. og 233. gr.
b. brot á ákvæðum 217. og 218. gr.
c. brot á ákvæðum 1. mgr. 191. gr., 194., 195., 196., 200., 201., 202., og 209. gr.
d. brot á ákvæðum 225. og 226. gr.
e. brot á ákvæðum 253. og 257. gr.

3. gr. Vettvangur

Heimilisofbeldi samkvæmt 1. og 2. gr. eru brot framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem skyldir og tengdir dvelja eða hittast fyrir.

4. gr. Málaskrá

Mál samkvæmt reglum þessum skal skrá í málaskrá undir verkefnaflokkinn *heimilisofbeldi* og vísa til brots eða brota, sbr. 2. gr. Sömu aðferð skal beita við skráningu máls í málaskrá þótt ekki sé talin þörf á frekari afskiptum lögreglu á vettvangi.

Nú er lögreglan kölluð á heimili eða á annan stað þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot, sbr. 2. gr., og skal þá færa málið í málaskrá undir verkefnaflokkinn *ágreiningur*.

Ávallt skal skrá tengsl aðila í máli, sbr. 1. gr.

5. gr.
Almenn atriði um útköll

a. Ef lögreglan er kölluð á vettvang þar sem grunur er um heimilisofbeldi getur skipt máli að hún afli upplýsinga áður en þangað er komið um fyrri tilvik, sbr. verkefnaflokkinn heimilisofbeldi.
b. Þegar komið er á vettvang og málavextir hafa verið kannaðir er mikilvægt að lögreglan geri sér grein fyrir því hvort um brot sé að ræða, sbr. 2. gr., eða hætta sé á því að brot verði framið.
c. Ef maður er gestkomandi og húsráðandi óskar eftir því að lögreglan fjarlægi hann af heimilinu getur lögreglan gert það. Ef íbúi óskar að lögreglan fjarlægi mann eða vísi af eigin heimili þurfa að liggja til þess ríkari ástæður, s.s. að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum og að handtaka sé heimil samkvæmt XII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Einnig getur þurft að fjarlægja mann af heimili sínu eftir langvarandi drykkju eða neyslu fíkniefna, s.s. ef börn eru á heimilinu, og öðrum úrræðum er ekki til að dreifa.
d. Ef lögreglan er kölluð á heimili en er ekki hleypt þar inn getur hún þurft að grípa til annarra ráðstafana. Geta nágrannar þá komið að liði ef þeir búa yfir vitneskju um aðra í fjölskyldunni sem hægt er að leita til.
e. Lokaúrræði fyrir lögregluna getur verið að brjóta sér leið inn á heimilið þegar rökstuddur grunur er um að verið sé að misþyrma manni, eða maður sé þar alvarlega veikur og bið eftir úrskurði dómara getur haft hættu í för með sér. Við þessar aðstæður skal gæta heimilda í XI. og XII. kafla laga um meðferð opinberra mála, um leit og handtöku.

6. gr.
Söfnun upplýsinga á vettvangi

Leggja ber áherslu á eftirtalin atriði:

a. Að kanna vettvang eins fljótt og mögulegt er og lýsa aðstæðum skilmerkilega, og taka myndir og nærmyndir þegar við á.
b. Skrá frásögn þolanda strax og fá hana undirritaða ef þess er nokkur kostur, upplýsa hann um réttindi sín samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og þar á meðal ákvæða 50. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu.
c. Nauðsynlegt er að lýsa andlegu ástandi þolanda og sýnilegum áverkum eins nákvæmlega og unnt er.
d. Að leita vitna og skrá upplýsingar um þau og aðra sem hlut eiga að máli.
e. Athuga fyrri útköll eða afskipti lögreglu af heimilinu og heimilisfólki, hafi upplýsinga ekki verið aflað áður en á komið var á vettvang.

7. gr.
Aðstoð við brotaþola og leiðbeiningar

a. Lögreglumönnum sem hafa afskipti af heimilisofbeldismálum ber að auðsýna þolanda fyllstu tillitssemi og vingjarnlegt viðmót. Þeir skulu svara spurningum hans og annars

heimilisfólks, en gæta ber fyllsta jafnræðis í samskiptum við þá sem deila og varast að taka afstöðu.

b. Lögreglumenn skulu vera undir það búnir að veita leiðbeiningar og svör um úrræði sem þolendum standa til boða í umdæmum þeirra, (sjá nánar í viðauka). Má þá benda á og afhenda upplýsingabækling dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir þolendur afbrota, sem geymir upplýsingar um réttindi þolenda og feril opinberra mála í meginatriðum, og nálgast má á innri vef lögreglunnar.

c. Þegar þolanda er gerð grein fyrir því á vettvangi að lögregluskýrsla verði skráð um útkallið og aðstæður allar, skal honum jafnframt tilkynnt að lögreglu beri af sjálfsdáðum að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið, hvort sem kæra hefur borist eða ekki, sbr. 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hann megi þá búast við því að verða kallaður fyrir síðar og að vitnisburður hans geti ráðið úrslitum um framvindu lögreglurannsóknar, en sé þó ekki skilyrði hennar.

d. Færa skal þolanda sem hlotið hefur áverka til læknis eða á neyðarmóttöku ef talið er að um kynferðisbrot sé að ræða, eða bjóða fram slíka aðstoð hafi þolandi ekki frumkvæði að því að óska eftir henni. Þá skal bjóða honum aðstoð við að komast í athvarf eða á annað heimili sem stendur honum til boða.

e. Í málum þar sem börn eru á heimili og aðstæður eru með þeim hætti að ekki þykir samboðið barni, eða því er ógnað, skal tafarlaust kalla til fulltrúa barnaverndaryfirvalda sem ber ábyrgð á því að barn fái þá aðstoð, skjól og umhyggju sem því ber.

f. Lögreglumenn skulu leiðbeina þolanda um réttindi hans, eftir því sem við á, og útskýra fyrir honum framhald málsins, sbr. stafaliði g til m hér á eftir.

g. Réttargæslumaður, sbr. VII kafla laga um meðferð opinberra mála: Þolanda er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í máli. Lögreglu er skylt að tilnefna réttargæslumann ef um kynferðisbrot er að ræða og þolandi óskar þess. Ef þolandi hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst, og um kynferðisbrot er að ræða, skal ávallt tilnefna honum réttargæslumann.

h. Skylt er lögreglu endranær eftir ósk þolanda eða lögráðamanns hans að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, um manndráp og líkamsmeiðingar, eða XXIV. kafla laganna, um brot gegn frjálsræði manna, og ætla má að þolandi hafi orðið fyrir tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þá getur lögregla tilnefnt þolanda réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hans hafi ekki óskað þess, ef skilyrðum laganna í 2. mgr. 44. gr. b laga um meðferð opinberra mála er fullnægt og þolandi er sérstaklega sljór eða skilningslítill.

i. Nálgunarbann, sbr. XIII kafla A laga um meðferð opinberra mála: Heimilt er að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á, sbr. 1 10. gr. laga um meðferð opinberra mála. Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann en dómari úrskurðar um kröfuna. Lögregla skal tilkynna þolanda, sem njóta á verndar með nálgunarbanni, að krafa verði lögð fyrir dóm.

j. Telji lögregla ástæðu til að ætla að þolandi treysti sér ekki til þess að leggja fram beiðni um nálgunarbann af ótta við geranda, eða honum sé það ókleift af öðrum sambærilegum ástæðum, getur lögregla af sjálfsdáðum lagt kröfuna fram. Þá skal upplýsa þolanda að

brjóti maður gegn nálgunarbanni varði það sektum eða fangelsi og að brot sæti opinberri ákæru eftir kröfu þess sem misgert er við.

k. Lögregla skal tilkynna þolanda um lok nálgunarbanns.

l. Leiðbeina skal þolanda að hann geti komið bótakröfu að í refsimáli samkvæmt XX. kafla laga um meðferð opinberra mála um einkaréttarkröfur. Hann kann að eiga rétt á að fá greiddar bætur vegna líkamstjóns og miska, samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995. Samkvæmt 18. gr. laganna skal lögregla leiðbeina þolanda um rétt til greiðslu bóta samkvæmt þeim.

m. Lögregla heldur áfram rannsókn máls ef fyrir liggja skýrar vísbendingar um að brot, sbr. 1. og 2. gr., hafi verið framin, þrátt fyrir að þolandi vilji ekki aðstoða við rannsóknina, eða hann hafi afturkallað kæru sína, nema því aðeins að málshöfðun sé háð kröfu þess sem misgert er við.

8. gr.
Afturköllun kæru

Nú óskar þolandi eftir því að afturkalla kæru sína og skal þá fara þess á leit að hann gefi skýrslu um þá ákvörðun. Þar komi fram hverjar eru ástæður afturköllunar, s.s. hvort skýrsla sem áður var gefin sé rétt og hvort hann hafi verið beittur þrýstingi.

Ef þolandi neitar að gefa skýrslu um þessi atriði skal lögreglumaður sem við hann ræðir gera eigin skýrslu um samskipti sín við hann og út á hvað þau gengu.

Gera skal þolanda grein fyrir því að málinu verði allt að einu haldið áfram af hálfu lögreglu ef grunur er um að gerandi hafi framið refsivert brot sbr. m-lið 7. gr.

9. gr.
Málshraði

Hraða skal rannsókn máls út af heimilisofbeldi, sbr. að öðru leyti fyrirmæli / leiðbeiningar ríkissaksóknara um hámarkstíma málsmeðferðar.

10. gr.
Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 20. október 2005

Haraldur Johannessen

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði refsiþyngingarástæða þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

420. Frumvarp til laga [366. mál]

um starfsmannaleigur.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði.

Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.

II. KAFLI
Skráning og tilkynning.

2. gr.
Skráning.

Hver sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi skal tilkynna um það til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemi hefst í fyrsta skipti.

Í tilkynningu til Vinnumálastofnunar skv. 1. mgr. skal koma fram nafn fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang. Þegar starfsmannaleigan hefur staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki skulu koma fram upplýsingar um staðfestu fyrirtækis í heimaríki og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild um starfsemina sem sýnir fram á að fyrirtæki starfi löglega sem starfsmannaleiga í heimaríkinu samkvæmt lögum þess ríkis.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti.

Öðrum en þeim sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun er óheimilt að veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi.

Starfsmannaleigum sem ekki hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki er óheimilt að veita hér þjónustu án staðfestu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt.

3. gr.
Sérstakur fulltrúi.

Starfsmannaleiga sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi.

Starfsmannaleiga skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ásamt kennitölu hans og lögheimili eða dvalarstað hér á landi átta virkum dögum áður en starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa á meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin án ástæðulausrar tafar.

Fulltrúi starfsmannaleigunnar ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum, sem og þær upplýsingar sem starfsmannaleigu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með

síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum birtingu stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir starfsmannaleiguna. Þessar skyldur fulltrúans skulu haldast tólf mánuðum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar er lokið hér á landi.

Starfsmannaleigu skv. 1. mgr. er óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi hún látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

4. gr.

Tilkynningarskylda.

Starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

a. yfirlit yfir starfsmenn sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur fjöldi þeirra, nöfn, heimilisföng í heimaríki, ríkisfang og starfsréttindi eftir því sem við á,
b. yfirlit yfir þann tíma sem áætlað er að starfsmenn fyrirtækisins muni dveljast hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða,
c. gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem eru ekki ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja og
d. aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til þess að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og að um sé að ræða starfsmenn þess, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinnumálastofnun skal áframsenda upplýsingar skv. a–c-lið 1. mgr. til Útlendingastofnunar eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

5. gr.

Óheimil gjaldtaka.

Starfsmannaleigu er óheimilt að krefjast greiðslna, semja um eða taka við greiðslum frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar.

6. gr.

Takmörkun á útleigu.

Starfsmannaleigu sem hefur ráðið til sín starfsmann er hefur áður starfað hjá öðru fyrirtæki er óheimilt að leigja út starfsmanninn til þess fyrirtækis fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk.

7. gr.

Ráðning til notendafyrirtækis.

Starfsmannaleigu er óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsambands við það fyrirtæki.

8. gr.

Skriflegir ráðningarsamningar.

Starfsmannaleiga skal gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki. Jafnframt skal veita skriflegar upplýsingar um það verkefni sem starfsmaður er sendur til að vinna við hverju sinni áður en vinnan hefst.

IV. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

9. gr.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laganna ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleigan starfi í samræmi við lög.

10. gr.

Upplýsingar í þágu eftirlits.

Starfsmannaleiga skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um ráðningarsamninga og ráðningarkjör.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna starfa sinna og ástæða er til að ætla að henni skuli haldið leyndri.

11. gr.

Tímabundin stöðvun á starfsemi.

Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, þegar sá frestur er liðinn sem gefinn var, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

12. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf um ákvörðunina hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

13. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.
Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Starfsmannaleiga sem þegar er starfandi á innlendum vinnumarkaði skal uppfylla skilyrði 2. og 3. gr. eigi síðar en 1. febrúar 2006.

16. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      i. Á eftir orðunum „að því er varðar lágmarkslaun“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og aðra launaþætti.
      ii. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu skulu reiknast inn í lágmarkslaun starfsmanns. Fyrirtæki, sbr. 2. gr., er þó óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem það hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og uppihalds, inn í kröfur um lágmarkslaun skv. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr.
   b. Heiti laganna verður: **Lög um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.**
2. *Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum:*
   a. Í stað 4. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Óheimilt er að veita dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.
      Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.
   b. Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur nýtt ákvæði, svohljóðandi:
      Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrr en 1. maí 2006, sbr. þó 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagt til að sett verði lög er fjalla um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Enn fremur er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Félagsmálaráðherra skipaði þriggja manna starfshóp til að fjalla um stöðu starfsmannaleigna á íslenskum vinnumarkaði í ágúst árið 2004. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, auk fulltrúa félagsmálaráðuneytis. Starfshópnum var meðal annars ætlað að skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleigna sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins en kjósa að veita þjónustu hér á landi á grundvelli 36.–39. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Enn fremur var starfshópnum ætlað að kanna nauðsyn þess að sett yrðu sérlög eða lagaákvæði í þegar gildandi löggjöf um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Samstaða náðist innan starfshópsins um setningu sérlaga um starfsmannaleigur og urðu fulltrúar aðila ásáttir um þau atriði er fram koma í frumvarpi þessu.

Hér á landi hefur ekki verið í gildi sérstök löggjöf um starfsmannaleigur enda óhætt að fullyrða að slík starfsemi hafi almennt ekki tíðkast á innlendum vinnumarkaði nema í mjög litlum mæli. Á undanförnum missirum hefur hins vegar færst í vöxt að íslensk fyrirtæki nýti sér þjónustu starfsmannaleigna. Félagsmálaráðuneytið hefur farið ítarlega yfir stöðu mála varðandi starfsmannaleigur hér á landi og erlendis. Félagsmálaráðherra aflaði meðal annars upplýsinga frá vinnumálaráðherrum í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu um gildandi löggjöf og reglur um starfsmannaleigur í einstökum ríkjum. Jafnframt fól ráðherra Rannsóknarsetri vinnuréttar og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að vinna greinargerð um starfsmannaleigur. Greinargerðin var afhent ráðherra 6. október sl. þar sem m.a. kom fram hvaða kostir væru fyrir hendi að því er varðar stöðu starfsmannaleigna hér á landi.

Eftir þá ítarlegu umfjöllun sem að framan greinir og vinnu starfshóps félagsmálaráðherra sem skipaður var fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og félagsmálaráðuneytis var eins og fyrr segir talin ástæða til að setja tilteknar lágmarksreglur um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi.

Á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda enda ríkir hér ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að breyta þeirri óskráðu reglu. Það er sameiginlegur vilji félagsmálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að ótímabundnir ráðningarsamningar starfsmanna beint við vinnuveitendur sína verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi.

Gert er ráð fyrir að hver sá sem ætlar að veita þjónustu starfsmannaleigu hér á landi tilkynni um starfsemi sína til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemin hefst í fyrsta skipti hér á landi. Vinnumálastofnun er síðan ætlað að halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt um starfsemi sína en öðrum starfsmannaleigum er ekki heimilt að stunda hér starfsemi. Enn fremur er starfsmannaleigum sem veita þjónustu á Íslandi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum gert að hafa hér sérstakan fulltrúa sem kemur fram fyrir fyrirtækið gagnvart stjórnvöldum. Þá er starfsmannaleigum ætlað að gefa Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sína hér á landi.

Almenn ákvæði er að finna um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Þar á meðal er lagt til að starfsmannaleigum verði óheimilt að krefjast greiðslna frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar. Enn fremur er gert ráð fyrir að starfsmannaleigu sé óheimilt að leigja út starfsmann til fyrirtækis

sem hann hefur áður starfað hjá fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk. Jafnframt er talið mikilvægt að starfsmannaleigu verði óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsamnings við það fyrirtæki. Er Vinnumálastofnun ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að frumvarpið gildi um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði, hvort sem þær hafa staðfestu á Íslandi, í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki. Hugtakið „starfsmannaleiga“ hefur ekki áður verið skilgreint í íslenskum lögum en gert er ráð fyrir því að frumvarpið taki til þjónustufyrirtækja sem gera samninga við önnur fyrirtæki um að leigja út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis. Fer vinnan fram undir verkstjórn notendafyrirtækisins.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að hver sá sem ætlar að veita þjónustu starfsmannaleigu hér á landi tilkynni um starfsemi sína til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemin hefst í fyrsta skipti. Á þetta bæði við um fyrirtæki sem hefja rekstur hér á landi og þau sem kjósa að veita þjónustu yfir landamæri á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Að öðrum kosti er þeim óheimilt að leigja út starfsmenn til notendafyrirtækja.

Í tilkynningu til Vinnumálastofnunar skal koma fram nafn fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang. Þegar um er að ræða starfsmannaleigu með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki verður ekki gerð krafa um heimilisfesti fyrirtækis hér á landi heldur er átt við heimilisfang í heimaríki. Enn fremur er mikilvægt að upplýsingar um staðfestu í heimaríki fylgi en það er skilyrði að hlutaðeigandi lögaðili eigi þegar staðfestu í einu ríki innan aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið áður en hann veitir þjónustu í öðru aðildarríki. Er litið svo á að þjónustan sé veitt frá þeim stað þar sem fyrirtækið er skráð með staðfestu enda einungis gert ráð fyrir að því sé heimilt að stunda starfsemi sína tímabundið í öðru aðildarríki. Lagt er til að starfsmannaleigum sem hvorki hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu né í EFTA-ríki verði óheimilt að veita hér þjónustu án staðfestu nema að samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt. Ákvæði þessu er hins vegar ekki ætlað að breyta túlkun stjórnvalda á 10. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, um að fyrirtækjum sé heimilt við sérstakar aðstæður að senda hingað sérhæfða starfsmenn sína tímabundið á grundvelli þjónustusamninga.

Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun haldi skrá yfir þá sem hafa tilkynnt um starfsemi sína til stofnunarinnar. Skal skráin birt með aðgengilegum hætti, til dæmis á heimasíðu stofnunarinnar, enda er öðrum starfsmannaleigum ekki heimilt að stunda hér starfsemi.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldu starfsmannaleigna sem veita þjónustu á Íslandi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum til að hafa hér á landi fulltrúa. Ástæða fyrir þessari skyldu er að um er að ræða sérstaklega viðkvæma starfsgrein þegar litið er til eðlis starfseminnar og þar með stöðu starfsmannanna. Þykir því nauðsynlegt að stjórnvöld, sem og aðilar vinnumarkaðarins, geti haft samband við ákveðinn aðila sem komi fram fyrir hönd starfs-

mannaleigu sem hefur starfsstöð sína erlendis en gert er ráð fyrir að fyrirsvarsmenn innlendra fyrirtækja verði fulltrúar þeirra. Er þannig gert ráð fyrir að fulltrúinn beri ábyrgð á að stjórnvöldum séu veittar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt, sem og þær upplýsingar sem starfsmannaleigu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Starfsmannaleigu er gert að tilkynna um fulltrúa sinn til Vinnumálastofnunar með tilkynningu þar sem fram kemur nafn hans ásamt kennitölu og lögheimili eða dvalarstað hans hér á landi. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um að fulltrúinn hafi fasta búsetu á Íslandi en gert er ráð fyrir að hann hafi hér dvalarstað meðan starfsemin fer fram hér á landi. Hafi fulltrúinn lögheimili hér á landi skal það tekið fram. Skipti fyrirtækið um fulltrúa meðan starfsemin stendur yfir skal jafnframt tilkynna um skiptin til stofnunarinnar. Starfsmannaleigu er óheimilt að starfa hér á landi hafi hún látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa hér á landi.

Um 4. gr.

Lagt er til að starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu sína hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum veiti Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar í hvert skipti sem þjónustan er veitt. Er gert ráð fyrir að upplýsingarnar séu sendar til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemin fer fram. Þessi tilkynningarskylda á bæði við um íslenskar starfsmannaleigur og starfsmannaleigur með staðfestu í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríkjum. Tilgangur ákvæðis þessa er að Vinnumálastofnun verði gert kleift að hafa yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði að því er varðar starfsemi starfsmannaleigna hér á landi, sem og fjölda erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að starfsmannaleigur þurfi ekki jafnframt að tilkynna um starfsmenn sína til Útlendingastofnunar skv. 110. gr. reglugerðar nr. 53/2003, um útlendinga, með síðari breytingum, enda er lagt til að Vinnumálastofnun sendi viðeigandi upplýsingar áfram til Útlendingastofnunar. Engu síður geta starfsmannaleigur þurft að sækja um EES-dvalarleyfi vegna starfsmanna sinna til Útlendingastofnunar samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að starfsmannaleigu verði óheimilt að krefjast greiðslna, semja um eða taka við greiðslum frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu. Á bannið við hvort sem er við upphaf ráðningar eða á síðari stigum og þá jafnframt þegar ráðningu er slitið. Þetta er í samræmi við venjur á íslenskum vinnumarkaði enda hefur ekki tíðkast að vinnuveitendur taki fé af fólki þegar þeir ráða það til starfa eða síðar á ráðningartímanum.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um takmörkun á útleigu á starfsmönnum til fyrirtækja sem þeir hafa áður verið í beinu ráðningarsambandi við. Er þar með komið í veg fyrir að fyrirtæki segi upp starfsmönnum til þess eins að ráða þá óbeint aftur í gegnum starfmannaleigu. Lagt er til að sex mánuðir þurfi að líða frá því að ráðningarsamningi starfsmanns við notendafyrirtæki lauk og þar til að starfsmannaleigu sem hann hefur ráðið sig til starfa er heimilt að leigja hann út til þess fyrirtækis.

Um 7. gr.

Lagt er til að starfsmannaleigu verði óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsambands við það fyrirtæki, að teknu tilliti til ákvæða um uppsagnarfrest. Þessu ákvæði er meðal annars ætlað að stuðla að beinum ótímabundnum ráðningum þannig að sjái notendafyrirtæki hag sinn í að ráða hlutaðeigandi starfsmann til sín með hefðbundnum hætti er starfsmannaleigunni óheimilt að koma í veg fyrir að starfsmaðurinn geti tekið starfinu.

Um 8. gr.

Í ljósi sérstöðu starfsmanna starfsmannaleigna þótti ástæða til að kveða á um að ráðningarsamningar milli starfsmannaleigna og starfsmanna þeirra skuli vera skriflegir. Er gert ráð fyrir að ráðningarsamningarnir fullnægi skilyrðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE, um skyldu vinnuveitenda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi, sbr. auglýsingu nr. 503/1997 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 30. júní 1997. Enn fremur er gert ráð fyrir að starfsmannaleigur upplýsi starfsmenn sína skriflega um þau verkefni sem þeir eru sendir til að vinna við hverju sinni áður en vinnan hefst.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, sem og reglugerða settra samkvæmt þeim. Lagt er til að Vinnumálastofnun bregðist við rökstuddum kvörtunum um að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laganna með því að kanna málin frekar. Hver sá sem verður áskynja um að fyrirtæki brjóti gegn lögunum getur beint kvörtun sinni til Vinnumálastofnunar sem metur þá hvort ástæða sé til að aðhafast frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að starfsmannaleiga hafi brotið gegn lögunum skal hún beina þeim kröfum til fyrirtækisins að það fari að lögum. Stjórnsýslulögin gilda um málsmeðferðina og því gert ráð fyrir að stofnunin veiti hæfilegan frest til úrbóta. Þegar brot teljast alvarleg þykir eðlilegt að fyrirtækjum verði gefinn mjög stuttur frestur í því skyni enda er þá mikilvægt að ástandið verði fært til samræmis við lög án ástæðulauss dráttar.

Um 10. gr.

Á grundvelli eftirlitsskyldna sinna skv. 9. gr. frumvarpsins er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti óskað eftir upplýsingum frá starfsmannaleigum sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með að farið sé að lögum. Ljóst er að þar geta verið um að ræða ýmsar viðkvæmar upplýsingar þannig að mikilvægt þykir að kveðið sé á um þagnarskyldu starfsmanna Vinnumálastofnunar. Er ákvæðið efnislega samhljóða þeim skyldum er hvíla á starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins við sambærilegar aðstæður.

Um 11. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að tryggja að starfsmannaleiga fari að fyrirmælum Vinnumálastofnunar þegar stofnunin hefur komist að því að fyrirtæki hefur brotið lögin og það hafi ekkert aðhafst þrátt fyrir fyrirmæli stofnunarinnar. Þykir nauðsynlegt að slík þvingunarúrræði séu fyrir hendi enda þótt gert sé ráð fyrir að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi áður fengið hæfilegan frest til að færa starfsemi sína í samræmi við lög.

Um 12. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild til að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Er fresturinn þannig í samræmi við þann kærufrest sem veittur er í 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum, en málsmeðferð skal að öðru leyti fara eftir þeim lögum.

Í 2. mgr. er tilgreindur viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá félagsmálaráðuneytinu sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi.

Um 13. gr.

Lagt er til að tekin verði upp viðurlög í formi sekta brjóti starfsmannaleigur gegn lögunum. Er gert ráð fyrir að það sé dómstóla að ákveða sektir og fjárhæð þeirra.

Um 14. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmiðið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrar á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir tilteknum breytingum á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Þessum breytingum er ætlað að gera lögin skýrari en ákveðins misskilnings hefur gætt við túlkun þeirra. Meðal annars er lagt til að heiti laganna verði breytt þannig að skýrt verði í heiti þeirra að ákvæði þeirra eigi aðallega við um starfskjör starfsmanna erlendra fyrirtækja sem eru sendir tímabundið hingað til lands til að veita þjónustu en starfa að jafnaði utan Íslands. Ýmis önnur lög geta átt við um réttarstöðu þessara starfsmanna, svo sem lög um atvinnuréttindi útlendinga og lög um útlendinga. Enn fremur er leitast við að gera 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. skýrari þannig að þar komi fram að átt sé við laun, aðra launaþætti og hlunnindi, svo sem orlofs- og desemberuppbætur, eingreiðslur, flutningskostnað eftir því sem við á, fæðis- og húsnæðishlunnindi. Ákvæði 2. tölul. a-liðar er efnislega samhljóða 2. tölul. 7. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB, um útsenda starfsmenn, og er lagt til að efni ákvæðisins verði bætt við lögin til að tryggja fulla innleiðingu á efni tilskipunarinnar hér á landi.

Markmið laga um veitingu atvinnuleyfa er að veita atvinnurekendum tækifæri á að manna stöður innan fyrirtækja sinna þegar skortur er á vinnuafli á innlendum vinnumarkaði. Við mat á því hvort skortur er á vinnuafli ber að líta til skuldbindinga íslenskra stjórnvalda samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Lengi hefur tíðkast að atvinnurekendur hafi þurft að færa rök fyrir nauðsyn að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða fólk sem þegar hefur aðgengi að íslenskum vinnumarkaði. Fellur það í hlut Vinnumálastofnunar að kanna sjálfstætt áður en atvinnuleyfi er veitt hvert atvinnuástandið er á hverjum stað og hvort útséð sé um að vinnuafl fáist innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða og markmiða laganna þykir það ekki samræmast tilgangi laganna að heimila veitingu dvalar- og atvinnuleyfa vegna starfa hjá starfsmannaleigum enda ekki um að ræða ráðningar í tiltekið starf innan sama fyrirtækis í hefðbundnum skilningi þar sem starfsmenn starfsmannaleigna eru að öllu jöfnu leigðir tímabundið milli ólíkra fyrirtækja og jafnvel starfsgreina. Er jafnframt lögð áhersla á að útlendingar sem fá atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga séu ráðnir með hefðbundnum ráðningum sem er meginreglan á íslenskum vinnumarkaði. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd laganna heldur eru eingöngu settar styrkari stoðir undir stefnu stjórnvalda við veitingu atvinnuleyfa til útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög um starfsmannaleigur og einnig að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði almenn ákvæði um starfsemi starfsmannaleigna og um skyldu þeirra til að tilkynna Vinnumálastofnun starfsemi sína og áður en hún hefst. Skal stofnunin halda skrá yfir þær starfsmannaleigur sem tilkynnt hafa starfsemi sína. Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um að starfsmannaleigum verði óheimilt að krefjast greiðslna frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar. Vinnumálastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það leiða til aukinna útgjalda hjá Vinnumálastofnun sem er áætlað að jafngildi kostnaði við einn starfsmann og rúmast sá útgjaldaauki innan fjárhagsramma stofnunarinnar.

421. Svar [217. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um framlög til framhaldsskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur framlag hins opinbera verið til framhaldsskóla á hvern nemanda árin 1995–2005, sundurliðað eftir árum, á verðgildi ársins 2005?

Svar við fyrirspurninni er háð skilgreiningu á „hinu opinbera“, notkun orðsins „nemandi“ og síðan á því hvernig „framlag“ er skilgreint.

Hagstofa Íslands safnar saman upplýsingum um útgjöld hins opinbera og er þá um að ræða útgjöld ríkis, sveitarfélaga og samneyslu. Hagstofan lítur jafnframt á framhaldsskólastigið

sem eina heild óháð því hver fjármagnar rekstur skólanna. Þetta þýðir m.a. að rekstur ýmissa skóla sem ekki heyra undir menntamálaráðuneytið er tekinn með í upplýsingaöflun Hagstofunnar. Skilgreining á hugtakinu nemandi hefur jafnframt tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Gagnasöfnun Hagstofu Íslands um nemendur í framhaldsskólum nær aftur til ársins 1975. Fram til ársins 1997 voru skólar eingöngu beðnir um upplýsingar um nemendur í fullu námi. Haustið 1997 var gerð breyting á gagnasöfnuninni og þá voru skólar beðnir um upplýsingar um alla nemendur, einnig þá sem voru í hlutanámi, í kvöldskólum, öldungadeildum, meistaraskóla og fjarnámi. Nemendaskrá Hagstofunnar er byggð á upplýsingum um einstaklinga sem stunda nám í hinu hefðbundna skólakerfi svo að námskeið eru ekki talin með.

Nemendatalning og forsendur hennar hafa þannig tekið breytingum á því tímabili sem um ræðir og því er ekki til samfellt nemendatal fyrir framhaldsskóla sem byggist á sömu forsendum fyrir allt tímabilið. Með tilkomu reiknilíkans fyrir framhaldsskólana fór menntamálaráðuneytið að styðjast við hugtakið „nemendaígildi“, eða „ársnemendur“. Stuðst er við þessa skilgreiningu á ársnemendum í fjárlögum og uppgjöri við skóla. Að baki hverjum ársnemanda eru 35 prófaðar einingar. Fjöldi ársnemenda er að mati menntamálaráðuneytis öruggasti mælikvarðinn á afköst skólanna.

Þá er rétt að geta þess að á tímabilinu 1995–2005 hafa skólar flust á milli skólastiga, t.d. Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskólinn, Íþróttaskólinn o.fl. Þá var Fiskvinnsluskólinn fyrst sameinaður Flensborgarskólanum en síðan lagður niður.

Meðal álitamála sem koma upp við útreikning á framlagi er t.d. stofnkostnaður og framlög til jöfnunar námskostnaðar. Í eftirfarandi töflu miðar ráðuneytið við tölur samkvæmt ríkisreikningi sem sýnir heildarframlag ríkisins til þeirra framhaldsskóla sem undir ráðuneytið heyra, á hvern ársnemanda samkvæmt skilgreiningu ráðuneytisins. Í heildarframlaginu eru meðtaldar allar millifærslur, t.d. vegna forfalla, sérkennslu og launabóta, ef við á. Við verðlagsuppfærslu er miðað við vísitölu neysluverðs. Ríkisreikningur fyrir árið 2005 liggur ekki fyrir og því er stuðst við þær fjárheimildir sem þegar hafa verið færðar á skólana í bókhaldskerfi ríkisins og því er ekki um endanlegar fjárveitingar að ræða.

Tafla 1.1 Framlag ríkisins á hvern ársnemanda í framhaldsskólum samkvæmt samræmdu nemendatali ráðuneytisins fyrir árin 1995–2005.

Fjárlagaár	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi 2005
1995	285.873	400.536
1996	343.293	470.395
1997	330.022	444.184
1998	414.432	548.665
1999	435.179	556.987
2000	428.887	522.743
2001	562.642	642.826
2002	584.146	636.814
2003	619.864	661.779
2004	651.269	673.672
2005	663.370	663.370

422. Svar [325. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikill dragnótarafli barst á land úr Faxaflóa sl. fjögur fiskveiðiár, sundurliðað eftir árum og fisktegundum?*
2. *Hverjar voru aflaheimildir og afli einstakra báta, sundurliðað eftir árum?*
3. *Hvar var aflanum landað og hve miklu á hverjum löndunarstað, sundurliðað eftir árum?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og byggist eftirfarandi á svari frá henni. Fyrirspurnin er í þremur liðum; um dragnótarafla sl. fjögur ár eftir árum og fiskitegundum, um aflaheimildir og afla einstakra báta og um skiptingu aflans eftir löndunarstöðum. Haft var samráð við þingmanninn um svörin og kom fram að hann leitaði svara um aflaheimildir, veiðar og ráðstöfun afla sem fékkst í dragnót í Faxaflóa við veiðar samkvæmt svokölluðum „flóaleyfum".

Í meðfylgjandi töflum eru upplýsingar um ofangreindar veiðar og um aflann eftir bátum, fiskitegundum, löndunarhöfnum og árum.

Tafla 1 sýnir dragnótarafla báta með „flóaleyfi" á árunum 2001–2004 eftir fiskitegundum.

Tafla 2 sýnir dragnótarafla hvers báts með „flóaleyfi" á árunum 2001–2004 eftir fiskitegundum. Aflaheimildir báta með „flóaleyfi" við þessar tilteknu veiðar takmörkuðust við eftirtalin skilyrði (auk þeirra sem leiða af almennum reglum um fiskveiðar í atvinnuskyni):

1. Þorskafli má ekki nema meira en 15% af afla veiðitímabils. (Til 2. september 2005 gilti sú regla að þorskafli mátti ekki vera meira en 15% af afla hvers tveggja vikna tímabils innan veiðitímabils.)
2. Aflinn skal veiddur í dragnót.
3. Veiðarnar eru bundnar veiðitímabili, sem var 15. júlí–15. desember þar til tímabilinu var breytt með 3. gr. reglugerðar nr. 383/2005, um dragnótaveiðar, í 15. ágúst–15. desember.
4. Bátar sem haft hafa veiðileyfi með dragnót í Faxaflóa voru 13 árið 2001, 12 árið 2002 og 14 árin 2003 og 2004.

Tafla 3 sýnir hvernig dragnótarafli báta með „flóaleyfi" skiptist á löndunarhafnir á árunum 2001–2004.

Tafla 1. Dragnótarafli skipa með Faxaflóaleyfi á gildistíma leyfanna á árunum 2001–2004.
(Magn í kg upp úr sjó – Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.)

Teg.	Tegundarheiti	2001	2002	2003	2004
1	Þorskur	73.193	90.831	112.639	91.567
2	Ýsa	2.863	21.472	24.315	54.745
3	Ufsi	33	152	94	114
4	Lýsa	17	32	11	63
5	Karfi/gullkarfi	7	9	72	421
6	Langa	3	2	29	10
8	Keila			261	
9	Steinbítur	2.957	5.373	14.056	15.255
12	Tindaskata	206.744	273.609	216.394	123.127
13	Hlýri	3			
14	Skötuselur	19.927	36.927	23.823	21.221
15	Skata	73		65	138
16	Háfur	2	7	27	16
20	Ósundurliðað	26		180	71
21	Lúða	24.497	22.775	17.090	10.324
23	Skarkoli	338.512	569.552	533.173	405.563
24	Þykkvalúra/sólkoli	6.229	10.750	33.727	35.053
25	Langlúra	316	1.072	2.766	4.248
26	Stórkjafta/öfugkjafta			104	1.143
27	Sandkoli	1.972.159	2.049.114	1.877.620	1.136.775
28	Skrápflúra	3.756	10.510	219	578
55	Annað	40	140	0	
62	Snarphali				0
95	Sandhverfa	4			5
199	Sæbjúga/hraunpussa			160	1057
200	Tröllakrabbi			25	
951	Grásleppa	1			
	Samtals	**2.651.362**	**3.092.327**	**2.856.850**	**1.901.494**

Tafla 2. Dragnótarafli báta á Faxaflóaleyfi á árunum 2001–2004.
(Magn í kg upp úr sjó (óslægt) – samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.)

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
311	Baldur GK 97	Þorskur	3.496	715		
		Ýsa	113	422		
		Karfi/gullkarfi		6		
		Langa	3			
		Steinbítur	53	509		
		Tindaskata	22.144	45.783		
		Skötuselur	1.422	3.902		
		Lúða	1.323	1.940		
		Skarkoli	14.713	42.637		
		Þykkvalúra/sólkoli	1.454	2.013		
		Sandkoli	164.473	153.965		
Samtals			**209.194**	**251.892**		
1269	Aðalbjörg II RE 236	Þorskur	3.982	10.264	8.635	6.321
		Ýsa	610	5.330	3.714	5.613
		Ufsi		3	15	20
		Lýsa	17			63
		Karfi/gullkarfi	6		21	85
		Steinbítur	278	636	1.405	1.329
		Tindaskata	13.033	16.780	13.036	10.922
		Hlýri	3			
		Skötuselur	1.183	3.089	1.674	1.158
		Skata	10		21	62
		Lúða	1.756	2.014	1.726	1.093
		Skarkoli	30.511	57.309	57.750	36.766
		Þykkvalúra/sólkoli	308		1.680	2.977
		Langlúra			653	1.669
		Stórkjafta/öfugkjafta				134
		Sandkoli	146.068	171.153	122.219	95.687
		Skrápflúra	37		80	
		Annað	40			
		Sandhverfa	4			
		Sæbjúga/hraunpussa				20
		Tröllakrabbi			25	
		Grásleppa	1			
Samtals			**197.847**	**266.578**	**212.654**	**163.919**
1305	Garðar GK 53	Þorskur	6.804	7.132	451	127
		Ýsa	4	1.220	32	1.072
		Ufsi				22
		Steinbítur	66	210	733	639
		Tindaskata	6.147	14.002	14.473	7.980
		Skötuselur	554	4.328	1.465	392
		Skata			15	
		Ósundurliðað				3
		Lúða	772	621	467	225
		Skarkoli	14.183	27.811	21.405	9.880
		Þykkvalúra/sólkoli	559	1.029	1.366	1.607
		Langlúra	25			
		Sandkoli	185.226	194.526	71.534	35.213
		Annað	0			
Samtals			**214.340**	**250.879**	**111.941**	**57.160**

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
1475	Sæborg ÞH 55	Þorskur	1.144			
		Ýsa	134			
		Steinbítur	47			
		Tindaskata	1.603			
		Skötuselur	2.128			
		Háfur	2			
		Lúða	399			
		Skarkoli	11.489			
		Þykkvalúra/sólkoli	455			
		Sandkoli	75.492			
Samtals			**92.893**			
1575	Njáll RE 275	Þorskur	6.479	8.199	10.523	6.471
		Ýsa	240	1.771	3.351	1.846
		Langa			23	
		Keila			151	
		Steinbítur	118	244	883	933
		Tindaskata	19.291	12.756	9.910	7.550
		Skötuselur	1.882	2.330	1.307	1.030
		Skata			25	
		Háfur			27	
		Lúða	1.458	1.922	2.170	852
		Skarkoli	34.515	64.065	53.961	50.094
		Þykkvalúra/sólkoli	732	476	1.427	1.841
		Langlúra	66		246	36
		Stórkjafta/öfugkjafta				40
		Sandkoli	174.215	192.771	160.059	100.935
		Skrápflúra		38		
Samtals			**238.996**	**284.572**	**244.063**	**171.628**
1636	Farsæll GK 162	Þorskur	14.784	8.805	20.503	6.982
		Ýsa	5	213	221	2.142
		Lýsa		32		
		Steinbítur	156	598	1.342	915
		Tindaskata	29.305	49.701	35.286	6.284
		Skötuselur	2.360	2.385	1.852	1.610
		Skata	14			
		Lúða	1.995	2.804	2.304	1.222
		Skarkoli	18.281	27.672	32.344	17.511
		Þykkvalúra/sólkoli	571	1.514	3.343	2.793
		Langlúra	91	33		
		Stórkjafta/öfugkjafta				123
		Sandkoli	158.111	146.192	109.250	47.652
		Skrápflúra	130	92		453
Samtals			**225.803**	**240.041**	**206.445**	**87.687**

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
1755	Aðalbjörg RE 5	Þorskur	2.220	7.819	5.745	7.384
		Ýsa	136	3.467	5.535	4.211
		Ufsi		4		24
		Karfi/gullkarfi	1		13	94
		Langa			5	
		Keila			30	
		Steinbítur	275	431	1.316	1.393
		Tindaskata	12.134	14.396	13.670	8.417
		Skötuselur	952	1.405	298	1.796
		Skata	13			
		Lúða	1.783	1.479	857	873
		Skarkoli	41.886	60.136	70.016	45.410
		Þykkvalúra/sólkoli	105		915	1.605
		Langlúra	95		53	
		Sandkoli	193.685	208.255	110.296	80.828
		Skrápflúra	212		55	
		Annað			0	
Samtals			**253.497**	**297.392**	**208.804**	**152.035**
1990	Þröstur RE 21	Þorskur			5.033	10.383
		Ýsa			710	3.556
		Ufsi			9	
		Lýsa			3	
		Karfi/gullkarfi			5	
		Steinbítur			1.039	729
		Tindaskata			9.408	5.242
		Skötuselur			2.250	2.379
		Lúða			1.057	163
		Skarkoli			15.456	8.216
		Þykkvalúra/sólkoli			1.966	2.688
		Langlúra			1.373	
		Stórkjafta/öfugkjafta			104	
		Sandkoli			140.275	135.900
		Skrápflúra			43	
Samtals					**178.731**	**169.256**
2150	Árni KE 89	Þorskur	185	1.426	1.523	1.695
		Ýsa		270	805	1.415
		Ufsi	3			
		Steinbítur	105	258	1.084	1585
		Tindaskata	18.909	30.076	29.493	13.481
		Skötuselur	895	3.226	1.711	1.411
		Ósundurliðað			180	
		Lúða	1.076	1.286	936	792
		Skarkoli	21.369	29.669	24.048	25.126
		Þykkvalúra/sólkoli	277	1.010	2.133	3.200
		Langlúra				18
		Sandkoli	166.466	181.000	155.179	92.543
		Skrápflúra	139			125
		Annað		140		
		Sæbjúga/hraunpussa			160	1.037
Samtals			**209.424**	**248.361**	**217.252**	**142.428**

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
2313	Örn KE 14	Þorskur	11.726	17.809	15.268	11.518
		Ýsa	416	964	2.614	7.925
		Ufsi	24	145	36	16
		Steinbítur	175	246	779	1.045
		Tindaskata	16.601	13.131	7.800	10.553
		Skötuselur	3.445	3.278	2.848	2.755
		Skata	29			13
		Ósundurliðað				68
		Lúða	1.469	1.488	1.459	978
		Skarkoli	32.020	60.257	53.498	56.710
		Þykkvalúra/sólkoli	682	2.248	4.494	3.379
		Langlúra				195
		Stórkjafta/öfugkjafta				235
		Sandkoli	148.736	160.436	125.731	45.940
		Snarphali				0
Samtals			**215.323**	**260.002**	**214.527**	**141.330**
2323	Hafborg EA 152	Þorskur	520	10.267	9.793	10.236
		Ýsa	414	3.880	1.014	3.751
		Ufsi	0		12	
		Karfi/gullkarfi			3	
		Langa			1	4
		Steinbítur	63	560	965	1.045
		Tindaskata	1.022	13.855	6.566	5.625
		Skötuselur	679	3.372	1.045	1.424
		Skata				50
		Háfur		7		5
		Lúða	503	1.741	832	775
		Skarkoli	9.373	28.862	27.966	30.695
		Þykkvalúra/sólkoli	106	297	1.521	1.449
		Langlúra	39	698	171	1.257
		Sandkoli	62.891	121.077	139.804	90.410
		Skrápflúra	3.238	9.997	41	
		Sandhverfa				5
Samtals			**78.848**	**194.613**	**189.734**	**146.731**
2325	Reykjaborg KE 6	Þorskur	4.005	2.145	6.989	4.077
		Ýsa	431	1.475	2.297	4.834
		Ufsi			5	4
		Lýsa			8	
		Karfi/gullkarfi		3	30	80
		Steinbítur	472	331	1.284	1.095
		Tindaskata	18.029	13.409	11.397	13.096
		Skötuselur	1.543	4.226	1.576	1.698
		Háfur				8
		Ósundurliðað	9			
		Lúða	3.618	1.943	1.279	728
		Skarkoli	42.592	48.544	64.419	42.381
		Þykkvalúra/sólkoli	236	541	1.544	1.977
		Langlúra		35	3	
		Sandkoli	189.376	181.264	178.165	94.696
		Skrápflúra		155		0
Samtals			**260.311**	**254.071**	**268.996**	**164.674**

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
2400	Valur HF 322	Þorskur			8.353	4442
		Ýsa			446	4230
		Keila			80	
		Steinbítur			477	520
		Tindaskata			12.511	3.114
		Skötuselur			1.646	1.117
		Lúða			1.002	454
		Skarkoli			11.704	7.965
		Þykkvalúra/sólkoli			2.036	2.067
		Sandkoli			157.219	103.559
Samtals					**195.474**	**127.468**
2430	Benni Sæm GK 26	Þorskur	12.648	10.894	2.020	3.059
		Ýsa	133	798	518	3.821
		Steinbítur	704	465	376	1.029
		Tindaskata	31.681	21.533	4.067	5.172
		Skötuselur	1.793	1.415	1.479	1.029
		Skata	7			
		Ósundurliðað	17			
		Lúða	5.892	2.761	150	690
		Skarkoli	33.024	62.900	24.541	23.258
		Þykkvalúra/sólkoli	744	919	1.989	3.732
		Langlúra		149		940
		Stórkjafta/öfugkjafta				611
		Sandkoli	131.777	160.524	132.870	52.762
		Skrápflúra		228		
Samtals			**218.420**	**262.586**	**168.010**	**96.103**
2454	Siggi Bjarna GK 5	Þorskur			10.064	11.186
		Ýsa			893	4.500
		Ufsi				13
		Steinbítur			959	1.251
		Tindaskata			25.761	9.674
		Skötuselur			3.189	2.026
		Skata			4	
		Lúða			1.363	671
		Skarkoli			16.568	17.539
		Þykkvalúra/sólkoli			6.778	3.460
		Langlúra			197	
		Sandkoli			133.191	35.697
Samtals					**198.967**	**86.017**
2462	Ósk KE 5	Þorskur	5.200	5.356	7.739	7.686
		Ýsa	227	1.662	2.165	5.829
		Ufsi	6		17	15
		Karfi/gullkarfi				162
		Langa		2		6
		Steinbítur	445	885	1.414	1.747
		Tindaskata	16.845	28.187	23.016	16.017
		Skötuselur	1.091	3.971	1.483	1396
		Skata				13
		Háfur				3
		Lúða	2.453	2.776	1.488	808
		Skarkoli	34.556	59.690	59.497	34012

Skip	Skipsheiti	Fisktegund	2001	2002	2003	2004
		Þykkvalúra/sólkoli		703	2.535	2278
		Langlúra		157	70	133
		Sandkoli	175.643	177.951	141.828	124.953
Samtals			**236.466**	**281.340**	**241.252**	**195.058**
		Alls:	**2.651.362**	**3.092.327**	**2.856.850**	**1.901.494**

Fiskistofa 18. nóvember 2005.

Tafla 3. Dragnótarafli báta á Faxaflóaleyfi eftir löndunarhöfnum á árunum 2001–2004.

(Magn í kg upp úr sjó (óslægt) – samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.)

Löndunarhöfn	Tegundarheiti	2001	2002	2003	2004
Grindavík	Tindaskata	592			
	Skarkoli	298			
	Sandkoli	2.749			
Samtals		**3.639**			
Sandgerði	Þorskur		10	12.477	14.315
	Ýsa			1.443	9.363
	Ufsi				35
	Steinbítur		143	1.873	2.405
	Tindaskata	486	2.213	41.114	22.370
	Skötuselur		41	5.440	2.989
	Skata			19	
	Lúða	37	51	1.942	1.486
	Skarkoli	394	686	54.621	48.916
	Þykkvalúra/sólkoli		63	9.605	7.963
	Langlúra			197	940
	Stórkjafta/öfugkjafta				611
	Sandkoli	5.560	4.952	308.470	115.223
	Annað	0			
Samtals		**6.477**	**8.159**	**437.201**	**226.616**
Keflavík	Þorskur	44.392	44.202	61.137	41.548
	Ýsa	912	4.874	8.147	21.144
	Ufsi	27	145	45	16
	Lýsa		32	3	
	Karfi/gullkarfi		6	5	
	Langa	3		23	
	Keila			231	
	Steinbítur	650	1.942	5.809	5.988
	Tindaskata	112.922	163.236	107.097	46.529
	Skötuselur	12.510	20.539	12.530	10.740
	Skata	43		25	13
	Háfur	2		27	
	Ósundurliðað			180	68
	Lúða	8.376	10.077	8.955	4.542
	Skarkoli	138.876	257.427	199.638	166.124
	Þykkvalúra/sólkoli	4.595	8.308	16.613	16.659
	Langlúra	182	33	1.619	249
	Stórkjafta/öfugkjafta			104	398
	Sandkoli	1.080.054	1.086.277	890.671	533.962
	Skrápflúra	269	130	43	578
	Annað		140		

Löndunarhöfn	Tegundarheiti	2001	2002	2003	2004
	Snarphali				0
	Sæbjúga/hraunpussa			160	1.037
Samtals		**1.403.813**	**1.597.368**	**1.313.062**	**849.595**
Hafnarfjörður	Tindaskata				151
	Skarkoli				393
	Þykkvalúra/sólkoli				35
	Sandkoli				1.016
Samtals					**1.595**
Reykjavík	Þorskur	20.271	36.345	29.232	25.468
	Ýsa	1.039	12.718	13.711	20.487
	Ufsi	6	7	37	63
	Lýsa	17		8	63
	Karfi/gullkarfi	7	3	64	421
	Langa		2	5	6
	Keila			30	
	Steinbítur	1.902	2.718	5.409	5.564
	Tindaskata	91.722	94.305	61.617	48.452
	Hlýri	3			
	Skötuselur	4.234	12.975	4.808	6.048
	Skata	30		21	75
	Háfur				11
	Lúða	12.622	10.906	5.361	3.502
	Skarkoli	175.711	282.577	250.352	158.569
	Þykkvalúra/sólkoli	737	2.065	5.988	8.837
	Langlúra	95	341	779	1.802
	Stórkjafta/öfugkjafta				134
	Sandkoli	820.875	836.808	538.675	396.164
	Skrápflúra	249	383	135	0
	Annað	40		0	
	Sandhverfa	4			
	Sæbjúga/hraunpussa				20
	Tröllakrabbi			25	
	Grásleppa	1			
Samtals		**1.129.565**	**1.292.153**	**916.257**	**675.686**
Akranes	Þorskur	520	10.267	9.793	10.236
	Ýsa	414	3.880	1.014	3.751
	Ufsi	0		12	
	Karfi/gullkarfi			3	
	Langa			1	4
	Steinbítur	63	560	965	1.045
	Tindaskata	1.022	13.855	6.566	5.625
	Skötuselur	679	3.372	1.045	1.424
	Skata				50
	Háfur		7		5
	Lúða	503	1.741	832	775
	Skarkoli	9.373	28.862	27.966	30.695
	Þykkvalúra/sólkoli	106	279	1.521	1.449
	Langlúra	39	698	171	1.257
	Sandkoli	62.891	121.077	139.804	90.410
	Skrápflúra	3.238	9.997	41	
	Sandhverfa				5
Samtals		**78.848**	**194.595**	**189.734**	**146.731**

Löndunarhöfn	Tegundarheiti	2001	2002	2003	2004
Ýmsir staðir	Þorskur	449	7		
	Ýsa	232			
	Steinbítur	42	10		
	Skötuselur	829			
	Skarkoli	1.255			
	Þykkvalúra/sólkoli	180	35		
	Sandkoli	11			
Samtals		**2.998**	**52**		
Gámur/sigling	Þorskur	7.561			
	Ýsa	266			
	Steinbítur	300			253
	Skötuselur	1.675			20
	Ósundurliðað	26			3
	Lúða	2.959			19
	Skarkoli	12.605		596	866
	Þykkvalúra/sólkoli	611			110
	Sandkoli	19			
Samtals		**26.022**		**596**	**1.271**
Heildarafli:		**2.651.362**	**3.092.327**	**2.856.850**	**1.901.494**

Fiskistofa 18. nóvember 2005.

423. Fyrirspurn [367. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Framkvæmdasjóð aldraða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu mikið fé hefur runnið til Framkvæmdasjóðs aldraða árlega sl. 10 ár?
2. Hversu háar fjárveitingar fóru á hverju ári til
   a. uppbyggingar,
   b. rekstrar,
   c. annars og þá hvers?
3. Hversu háar greiðslur til uppbyggingar komu frá öðrum en ríkisvaldinu, svo sem sveitarfélögum, félagasamtökum o.s.frv., skipt eftir árum?
4. Hversu margar voru einkaframkvæmdir á þessu sviði á tímabilinu?
5. Hefur verið sótt um heimildir til að byggja hjúkrunarheimili án mótframlags? Ef svo er, hversu oft og hafa þær heimildir verið veittar?
6. Hvaða framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru fyrirhugaðar og vanda hversu margra munu þær leysa? Listi yfir framkvæmdirnar óskast og upplýsingar um hvenær gert er ráð fyrir að þeim verði lokið.

Skriflegt svar óskast.

424. Fyrirspurn [368. mál]

til umhverfisráðherra um endurskoðun skipulags- og byggingarlaga.

Frá Guðmundi Magnússyni.

Hvað líður endurskoðun skipulags- og byggingarlaga og gerð frumvarps að nýjum lögum sem Öryrkjabandalag Íslands fékk frumdrög að í júlí árið 2004?

Skriflegt svar óskast.

425. Fyrirspurn [369. mál]

til menntamálaráðherra um brottfall úr framhaldsskólum.

Frá Ástu Möller.

Hvert hefur verið hlutfallslegt brottfall nemenda úr framhaldsskólum að meðatali síðustu fimm ár, skipt eftir skólaárum?

426. Fyrirspurn [370. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni heilabilaðra.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Er hafin eða í undirbúningi heildarstefnumótun í málefnum heilabilaðra?
2. Hvað eru starfræktar margar sérdeildir fyrir heilabilaða og hvar eru þær?

427. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 12%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „65%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 75%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 60%.
c. Í stað orðsins „ársuppgjöri“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: uppgjöri.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna skal á árinu 2006 lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs vera a.m.k. 11% af iðgjaldsstofni.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 8%.

5. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 23. gr. laganna kemur: að lágmarki 8%.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. málsl. 4. mgr. 13. gr. skulu launagreiðendur á árinu 2006 greiða að lágmarki 7% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. sömu greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 23. gr. skulu launagreiðendur á árinu 2006 greiða að lágmarki 7% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins, og skal greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: að lágmarki 8%.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laganna skulu launagreiðendur á árinu 2006 greiða að lágmarki 7% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

9. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal að lágmarki nema 12% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr., sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 8%.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna skal iðgjald til sjóðsins á árinu 2006 að lágmarki nema 11% af iðgjaldsstofni, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna, sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 7%.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 8%.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna skal mótframlag á árinu 2006 vera að lágmarki 7% af iðgjaldsstofni.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12% í tveimur áföngum á næstu tveimur árum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem snúa að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Með umræddum breytingum er stefnt að því að bæta starfsumhverfi lífeyrissjóða og laga starfsemi þeirra að breyttum aðstæðum á fjármálamarkaði í því skyni að auðvelda þeim að sinna því hlutverki sínu að ná sem mestri ávöxtun á fjármunum sínum með sem minnstri áhættu.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem fela í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða og breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Í II.–V. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sérlögum um einstaka lífeyrissjóði til samræmis við þá hækkun á lágmarksiðgjaldi sem fjallað er um í I. kafla frumvarpsins. Enn fremur eru lagðar til orðalagsbreytingar sem miða að því að gera ákvæði umræddra lagabálka um greiðslu lágmarksiðgjalds efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni. Hér er um lágmarksiðgjald að ræða og því heimilt að semja um hærra hlutfall. Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um hækkun á þessu lágmarksiðgjaldi úr 10% í 12%. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur verið samið um 2% hækkun á mótframlagi vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði í tveimur áföngum, eða úr 6% í 7% frá og með 1. janúar 2005 og síðan úr 7% í 8% frá og með 1. janúar 2007. Þessi hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóða, sem lögð er til hér er til samræmis við þær breytingar.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er almennt veðsetningarhlutfall fasteigna af metnu markaðsvirði 65% að hámarki. Í ljósi breyttra aðstæðna á fasteignalánamarkaði er hér lagt til að þetta hlutfall verði hækkað úr 65% í 75% af metnu markaðsvirði.

Um b-lið.

Hér er lögð til hækkun á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum, úr 50% í 60%. Með því er sveigjanleiki lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga í hlutabréfum aukinn sem auðveldar þeim að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.

Um c-lið.

Í ákvæðinu er lagt til að heimilt verði að meta hreina eign lífeyrissjóða við endurskoðað uppgjör innan ársins í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör. Meginástæður þess eru þær að örar breytingar á verðbréfamarkaði á gengi verðbréfa geta leitt til verulegra breytinga á hreinni eign lífeyrissjóða frá síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Við slíkar aðstæður kann viðmiðun við síðasta endurskoðaða ársuppgjör að takmarka svigrúm lífeyrissjóða til að nýta sér þau fjárfestingartækifæri sem kunna að bjóðast með tilheyrandi skerðingu á ávöxtun sjóðanna. Er því talið eðlilegt að lífeyrissjóðum verði heimilt að meta hreina eign sína við endurskoðað uppgjör innan ársins í stað þess að vera bundnir við síðasta ársuppgjör við slíkt mat. Áfram verða gerðar ríkar kröfur um réttmæti umræddra gagna og þurfa uppgjörin að vera vottuð af löggiltum endurskoðanda.

Um 3. gr.

Í greininni er bráðabirgðaákvæði sem mælir fyrir um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera a.m.k. 11% af iðgjaldsstofni á árinu 2006. Nánari umfjöllun um ástæðu hækkunarinnar er að finna í almennum athugasemdum við lagafrumvarp þetta og í athugasemdum við 1. gr. þess.

Um 4.–12. gr.

Í 4.–12. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á mótframlagi á móti iðgjaldi sjóðfélaga í samræmi við 1. og 3. gr. Miða ákvæðin að því að 1. janúar 2006 verði mótframlagið hækkað úr 6% í 7% og aftur 1. janúar 2007, úr 7% í 8%. Auk þess eru í 4.–10. gr. frumvarpsins lagðar til orðalagsbreytingar sem miða að því að gera þau ákvæði þar sem fjallað er um lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Annars vegar er lagt til að lögfest verði hækkun á lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóði um 2%, úr 10% í 12%, sem verði komin að fullu til framkvæmda 1. janúar 2007, eins og almennt hefur verið samið um í kjarasamningum. Hins vegar eru lagðar til þrjár breytingar á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestingar en þær eru að heimild til veðsetningar á fasteignum fyrir skuldabréfalánum verði hækkuð úr 65% í 75% af markaðsvirði, að heimild til fjárfestingar í tilteknum tegundum verðbréfa verði hækkuð úr 50% í 60% af hreinni eign og að við mat á hreinni eign verði heimilt að miða við endurskoðað uppgjör í stað þess að þurfa jafnan að miða við síðasta endurskoðaða ársuppgjör. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

428. Frumvarp til laga [372. mál]

um rannsóknarnefndir.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Valdimar L. Friðriksson, Katrín Júlíusdóttir, Jóhann Ársælsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþingi getur ályktað að skipa skuli rannsóknarnefnd til að rannsaka og gefa skýrslu um mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag.

2. gr.

Hlutverk rannsóknarnefndar er að varpa ljósi á tiltekið mál eða stjórnvaldsathöfn sem hefur mikla og almenna þýðingu. Nefndin gerir grein fyrir störfum sínum og niðurstöðu í skýrslu til Alþingis.

Rannsóknarnefnd fer ekki með dómsvald.

II. KAFLI
Skipulag rannsóknarnefndar.

3. gr.

Alþingi ákveður fjölda nefndarmanna í hverju máli.

Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og ákveður hver skuli vera formaður nefndar. Nefndarmenn skulu hafa menntun eða starfsreynslu á sviðum sem nýtast í hverju máli fyrir sig.

Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

Formaður rannsóknarnefndar skal uppfylla skilyrði laga til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

5. gr.

Formaður rannsóknarnefndar stýrir störfum hennar.

Rannsóknarnefnd skal að jafnaði hafa aðsetur í Reykjavík og sér Alþingi henni fyrir aðstöðu.

Kostnaður vegna starfa rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefnd skal starfa sjálfstætt og óháð stjórnvöldum.

6. gr.

Rannsóknarnefnd ræður sér til aðstoðar starfsmann sem undirbýr fundi nefndar, ritar fundargerð, aðstoðar við gagnaöflun og gerð skýrslu og hvað annað sem nefndin felur honum.

Nefndin skal halda gerðabók og skulu nefndarmenn árita allar fundargerðir.

Rannsóknarnefnd er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti rannsóknar.

III. KAFLI
Störf rannsóknarnefndar.

7. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að kalla á sinn fund hvern þann sem hún telur geta veitt upplýsingar sem nýst geta við rannsókn máls. Hverjum sem nefndin kallar til fundar við sig er skylt að verða við því kalli og gefa skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni.

Um skýrslutökur rannsóknarnefndar sbr. 1. mgr. og rétt þeirra sem fyrir nefndina koma gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við á.

Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er rétt að skorast undan því að svara spurningu nefndarinnar ef ætla má að sá möguleiki sé fyrir hendi að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.

Þeir sem geta skorast undan því að gefa vitnaskýrslu skv. 5. mgr. 52. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og þeir sem án leyfis hlutaðeigandi ráðherra er óheimilt að svara tilteknum spurningum skv. 1. mgr. 53. gr. sömu laga og einnig þeir sem óheimilt er án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum skv. c- og d-lið 2. mgr. 53. gr. sömu laga skulu þrátt fyrir þessi lagaákvæði gefa skýrslu fyrir rannsóknarnefnd og svara spurningum hennar ef nefndin krefst þess og framburður þeirra er talinn hafa umtalsverða þýðingu fyrir rannsóknina og gildi hennar fyrir samfélagið réttlætir það.

Verði einhver sá sem rannsóknarnefnd vill kalla á sinn fund ekki við því má nefndin fara þess skriflega á leit við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu um málið sem vitni. Þegar skýrslutaka fer fram fyrir dómi gilda ákvæði 4. mgr. en að öðru leyti skal farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði um kvaðningu vitnis, skyldu til vitnisburðar, viðurlög á hendur vitni og skýrslutökuna sjálfa, eftir því sem átt getur við.

8. gr.

Rannsóknarnefnd er heimilt að leita eftir gögnum og upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi rannsóknina, m.a. hjá stjórnvöldum.

Skylt er að afhenda rannsóknarnefnd öll gögn sem hún telur nauðsynleg við rannsókn máls, óháð því hvort gögnin kunna að vera undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn skv. 4. gr. upplýsingalaga er þó ekki skylt að afhenda.

9. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn rannsóknarnefndar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum fyrir rannsóknarnefndina.

10. gr.

Fundir rannsóknarnefndar skv. 7. gr. eru opnir en aðrir fundir rannsóknarnefndar eru lokaðir.

Rannsóknarnefnd getur ákveðið að fundur skuli fara fram fyrir luktum dyrum ef það þykir nauðsynlegt:

a. til að tryggja starfsfrið nefndarinnar,
b. til að verja rannsóknarhagsmuni,
c. til að vernda þá sem gefa skýrslu fyrir nefndinni,
d. til að vernda hagsmuni íslenska ríkisins gagnvart erlendum ríkjum, vegna þjóðaröryggis eða sambærilegra atvika,
e. ef aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Aðgangur að gerðabók nefndarinnar og gögnum sem nefndin fær eða aflar við rannsókn máls er óheimill öðrum en nefndinni og starfsmönnum hennar.

Ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gilda ekki um rannsóknarnefnd.

IV. KAFLI
Skýrsla rannsóknarnefndar.

11. gr.

Rannsóknarnefnd skilar niðurstöðu í skýrslu sem afhent skal forseta Alþingis. Í skýrslunni skal nefndin greina skilmerkilega frá störfum sínum og rannsókn, hvað upplýst hefur verið

og, ef tilefni er til, gera tillögur um lyktir máls, um breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, höfðun refsimáls eða hvað annað sem nefndin telur viðeigandi.

Nefndarmönnum er heimilt að greina frá sérálitum í skýrslunni.

12. gr.

Forseti Alþingis leggur skýrslu rannsóknarnefndar fram á þingfundi og kynnir Alþingi niðurstöðu hennar.

Skýrslan telst opinber frá því að hún hefur verið kynnt á Alþingi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði sérstök lög um rannsóknarnefndir. Í íslenskum rétti er ekki gert ráð fyrir skipun almennra rannsóknarnefnda sem rannsakað geta mál sem varða mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir er varða almannahag og á þetta frumvarp að bæta úr því.

Víða í nágrannaríkjum okkar er skipun rannsóknarnefnda í einstökum málum vel þekkt. Í Danmörku getur þingið t.d. samþykkt að skipuð skuli sérstök nefnd til að skoða mikilvæg mál er varða almenning og um störf slíkra nefnda gilda sérstök lög. Dönsku lögin eru að nokkru leyti fyrirmynd þessa frumvarps.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að í íslenskri löggjöf verði heimild til skipunar óháðra rannsóknarnefnda sem eiga að varpa ljósi á mikilvæg mál eða stjórnvaldsathafnir sem varða almannahag. Hlutverk slíkra nefnda er ekki að rannsaka og dæma í málum enda er slíkt hlutverk framkvæmdarvalds og dómsvalds. Þeim er fremur ætlað að skoða tiltekna atburðarás eða athöfn, leita skýringa og jafnvel að koma með tillögur til úrbóta þar sem eitthvað hefur farið úrskeiðis. Í kjölfarið geta vaknað spurningar um ábyrgð einstaklinga eða eftir atvikum embættismanna. Sömuleiðis getur slík rannsókn eytt tortryggni og endurreist trúverðugleika viðkomandi aðila eða aðgerða. Rannsóknarnefnd getur einnig komið með tillögur um lyktir máls, um breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, höfðun refsimáls eða hvað annað sem nefndin telur viðeigandi.

Rannsóknarnefnd samkvæmt frumvarpinu fer ekki með dómsvald. Henni er heimilt að kalla til sín einstaklinga til upplýsingagjafar og hverjum sem nefndin kallar til fundar við sig er skylt að verða við því kalli. Rannsóknarnefnd skal ávallt veita hverjum þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni möguleika á að færa rök fyrir máli sínu á fundi með nefndinni.

Þeir sem koma fyrir nefndina til að gefa skýrslu hafa ekki stöðu sakbornings í skilningi laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, heldur hafa þeir stöðu vitnis og um rétt þeirra gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við á.

Rannsóknarnefnd er heimilt að leita eftir gögnum og upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi rannsóknina, m.a. hjá stjórnvöldum. Skylt er að afhenda rannsóknarnefnd öll gögn sem hún telur nauðsynleg við rannsókn máls óháð því hvort gögnin kunna að vera undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn skv. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, eru þó áfram undanþegin upplýsingarétti.

Fundir rannsóknarnefndar þegar hún kallar á einstaklinga til upplýsingagjafar eru að jafnaði opnir en aðrir fundir rannsóknarnefndar eru lokaðir. Rannsóknarnefnd metur þó sjálf hvort fyrrnefndu fundirnir skuli vera opnir.

Frumkvæði að skipun rannsóknarnefndar kemur frá Alþingi í formi þingsályktunar. Að sjálfsögðu ber að fara varlega með slíka heimild og nota hana einungis í viðamiklum málum sem varða almannahag.

Alþingi ákveður fjölda nefndarmanna og rannsóknarandlag nefndarinnar en Hæstiréttur velur og tilnefnir nefndarmennina. Þegar Alþingi setti lög árið 1985 um skipun nefndar sem átti að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. var gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefndi nefndarmenn. Rétt er að taka fram að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að rannsóknarnefnd setji sér sjálf starfsreglur og hafi fullt sjálfstæði í störfum sínum og sé öðrum óháð.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Þetta úrræði hefur einungis einu sinni verið notað og hefur í raun og veru margs konar annmarka. Má þar nefna að ekki eru til neinar málsmeðferðarreglur og að einungis alþingismenn geta setið í slíkri nefnd.

Samkvæmt 26. gr. þingskapalaga hafa fastanefndir þingsins heimild til að fjalla að eigin frumkvæði um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu en í þessum nefndum sitja að sjálfsögðu einungis alþingismenn. Heimildinni hefur ekki verið beitt í þeim tilgangi að rannsaka mál á þann hátt sem rannsóknarnefndum er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað flutt frumvarp um að fela fastanefndum þingsins skv. 26. gr. þingskapalaga víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, m.a. með rannsóknarheimildum. Þar hefur verið lagt til að tryggt verði að fastanefndirnar geti að eigin frumkvæði efnt til sérstakra rannsókna sem fram fari fyrir opnum tjöldum og fengið heimild til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta munnlegar og skriflegar skýrslur af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Markmiðið er að skerpa eftirlits- og aðhaldshlutverk þingsins og færa heimildir löggjafarvaldsins nær því rannsóknarvaldi sem önnur þjóðþing hafa. Þetta mál verður áfram flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar enda brýnt að styrkja einnig rannsóknarheimildir þingnefnda og nauðsynlegt að báðir þessir möguleikar um rannsóknarnefndir, innan og utan þings, séu fyrir hendi og geti nýst í ólíkum málum.

Með þessu frumvarpi er lagt til nýtt úrræði sem ætti að leiða til opnara samfélags og felur í sér að umdeild mál verði rannsökuð af óháðri rannsóknarnefnd. Samkvæmt frumvarpinu verður hægt að skipa ýmiss konar sérfræðinga, jafnvel erlenda, í rannsóknarnefndina en slíkt er ekki hægt þegar skipaðar eru nefndir skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar eða 26. gr. þingskapalaga þar sem einungis alþingismenn geta setið í slíkum nefndum. Sömuleiðis eru í frumvarpi þessu málsmeðferðarreglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér að Alþingi ályktar að skipa skuli rannsóknarnefnd með þingsályktun. Alþingi ákveður hvað skuli rannsaka en rannsóknarnefnd ákveður hvernig rannsókn er háttað að öðru leyti. Rannsókn kemur til greina í tvenns konar tilvikum. Annars vegar ef um er að ræða mikilvæg mál sem varða almannahag og hins vegar ef um er að ræða stjórnvaldsathafnir sem sömuleiðis varða almannahag. Alþingi metur hvort tilefni er til rannsóknar og almannahagur krefur.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að hlutverk óháðrar rannsóknarnefndar sé að varpa ljósi á tiltekið mál eða stjórnvaldsathöfn sem hefur mikla og almenna þýðingu.

Rannsóknarnefnd hefur hvorki dómsvald né refsivald.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram að Alþingi ákveður fjölda nefndarmanna. Rétt er að undirstrika að skv. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins er rannsóknarnefndin öðrum óháð í störfum sínum. Aðkoma Hæstaréttar að rannsóknarnefndinni er einungis að tilnefna nefndarmenn. Nefndarmenn skulu hafa menntun eða starfsreynslu á sviðum sem nýtast í hverju máli fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að nefndin sjálf setji sér starfsreglur. Í þeim er hægt að útfæra frekar reglur um störf nefndarinnar.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að formaður nefndarinnar uppfylli skilyrði laga til að gegna embætti hæstaréttardómara. Um sérstakt hæfi nefndarmanna að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að formaður rannsóknarnefndar stýri störfum hennar. Nefndin skal að jafnaði hafa aðsetur í Reykjavík. Fram kemur að kostnaður vegna starfa rannsóknarnefndar greiðist úr ríkissjóði og þá skal nefndin vera öðrum óháð í störfum sínum en afar mikilvægt er að nefndin sé sjálfstæð og óháð stjórnvöldum.

Um 6. gr.

1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa. Í 3. mgr. er rannsóknarnefndinni heimilað að leita sér aðstoðar sérfræðinga við einstaka þætti rannsóknar. Skv. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins skal kostnaður við slíka aðstoð greiddur úr ríkissjóði.

Um 7. gr.

Rannsóknarnefnd hefur heimild til að kalla til sín einstaklinga til upplýsingagjafar og er viðkomandi skylt að verða við því kalli. Þessi skylda á við alla einstaklinga og skulu þeir gefa skýrslu fyrir nefndinni.

Í 2. mgr. er lagt til að um rétt þeirra sem fyrir nefndina koma gildi ákvæði VIII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við á. Í þessum kafla laga um meðferð einkamála kemur m.a. fram hvenær vitni er heimilt að skorast undan vitnaskyldu og hvaða afleiðingar það hefur ef vitni fullnægir ekki vitnaskyldu sinni. Má þar nefna sérstaklega 52. og 53. gr. laga um meðferð einkamála.

Þó ber að hafa í huga að samkvæmt 4. mgr. greinarinnar eiga 5. mgr. 52. gr., 1. mgr. 53. gr. og c- og d-liður 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála ekki við ef rannsóknarnefnd krefst þess og framburður viðkomandi er talinn hafa umtalsverða þýðingu fyrir rannsóknina og gildi rannsóknarinnar fyrir samfélagið réttlætir það.

Í 5. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála segir að embættis- og sýslunarmönnum sé óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik sem hafa gerst í embætti þeirra eða sýslan og má leiða nægilega í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

Í 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála segir að án leyfis hlutaðeigandi ráðherra sé vitni óheimilt að svara spurningum um leynilegar ráðagerðir, ályktanir eða samninga hand-

hafa ríkisvalds um málefni sem varða öryggi, réttindi eða heill ríkisins eða skipta mjög miklu fyrir viðskipti eða fjárhag þjóðarinnar.

Í c- og d-lið 2. mgr. 53. gr. sömu laga segir að vitni sé óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt. Sama á við um leyndarmál um viðskipti, uppgötvanir eða önnur slík verk sem vitni hefur komist að í starfi.

3. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 3. mgr. 52. gr. laga um meðferð einkamála.

5. mgr. felur í sér úrræði fyrir rannsóknarnefnd ef skyldu til skýrslugjafar er ekki sinnt en samkvæmt ákvæðinu er nefndinni heimilt að leita eftir því við héraðsdómara að hlutaðeigandi verði kvaddur fyrir dóm til skýrslugjafar. Slík skýrslutaka færi fram eftir almennum reglum um skýrslutökur yfir vitnum í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Svipað úrræði hafa skiptastjórar skv. 3. mgr. 81. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þegar þrotamenn fást ekki til að gefa skýrslu.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að rannsóknarnefnd hafi heimild til að leita eftir upplýsingum og gögnum sem kunna að vera nauðsynleg við rannsókn máls og að skylt sé að verða við þess konar ósk frá nefndinni óháð því hvort gögnin kunna að vera undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996. Gögn skv. 4. gr. upplýsingalaga eru þó áfram undanþegin upplýsingarétti skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. upplýsingalaga segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til:

1. fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi;
2. bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað;
3. vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota; þó skal veita aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá;
4. umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða; þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Þetta eru því gögn sem rannsóknarnefnd á ekki rétt á. Hins vegar eru t.d. gögn samkvæmt 5. og 6. gr. upplýsingalaga ekki undanþegin upplýsingarétti rannsóknarnefndar telji nefndin þörf á slíkum gögnum.

Í 5. gr. upplýsingalaga er að finna takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna og þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Í 6. gr. upplýsingalaga er að finna takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna og þar segir að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjist, enda hafi þau að geyma upplýsingar um:

1. öryggi ríkisins eða varnarmál;
2. samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir;
3. viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra;

4. fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavitorði.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að fundir rannsóknarnefndar þar sem einstaklingar eru kallaðir fyrir nefndina til að gefa skýrslu séu að jafnaði opnir. Þar sem meginmarkmið rannsóknarnefnda er að varpa ljósi á tiltekið mál eða stjórnvaldsathöfn er talið rétt að slíkir fundir séu haldnir fyrir opnum tjöldum. Aðrir fundir rannsóknarnefndar verða lokaðir samkvæmt greininni en rétt er að taka fram að skv. 11. gr. frumvarpsins er niðurstaða rannsóknarnefndar gerð opinber í skýrslu til forseta Alþingis sem kynnir efni hennar á Alþingi.

Í 2. mgr. er lagt til að rannsóknarnefnd geti ákveðið af tilteknum ástæðum að fundir skv. 7. gr. skuli fara fram fyrir luktum dyrum ef það þykir nauðsynlegt.

Lagt er til að ekki verði veittur aðgangur að gögnum nefndarinnar sem hún fær eða aflar við rannsókn máls og að ákvæði upplýsingalaga gilda ekki um nefndina.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að rannsóknarnefnd skuli skila niðurstöðu í skýrslu sem hún afhendir forseta Alþingis. Alþingi ákveður að skipa rannsóknarnefnd skv. 1. gr. frumvarpsins og því er talið rétt að skýrslunni sé skilað til forseta Alþingis sem kynnir hana fyrir Alþingi.

Um 12. gr.

Lagt er til að forseti Alþingis kynni skýrslu rannsóknarnefndar á þingfundi alveg eins og hann kynnir skýrslu umboðsmanns Alþingis á Alþingi.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

429. Fyrirspurn [373. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um þær endurbætur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem nauðsynlegar eru taldar með tilliti til breytinga á fyrirkomulagi sjúkraflugs?
2. Hvernig standa framkvæmdir samkvæmt þeim áætlunum?

430. Fyrirspurn [374. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla smábáta.

Frá Adolf H. Berndsen.

1. Hvernig hefur afli smábáta (krókaaflamarksbáta og dagabáta) skipst eftir veiðarfærum sl. fimm fiskveiðiár?
2. Hvernig hefur landaður afli smábáta (krókaaflamarksbáta og dagabáta) skipst eftir löndunarhöfnum sl. fimm fiskveiðiár?

Skriflegt svar óskast.

431. Frumvarp til laga [375. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar siglingaráð sér til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Í siglingaráði skulu eiga sæti tólf fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Níu fulltrúar skulu skipaðir til allt að fjögurra ára samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila sem tilnefna einn fulltrúa hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, samtök skemmtibátaeigenda, Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasamband Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Vélstjórafélag Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins. Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf. Hlutverk siglingaráðs er meðal annars að fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda og þykir af þeim sökum eðlilegt að samtök skemmtibátaeigenda hafi þar fulltrúa, til jafns við aðra hagsmunaaðila.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hagsmunasamtök skemmtibátaeigenda komi sér saman um að tilnefna einn sameiginlegan fulltrúa. Í dag eru eftirfarandi samtök skemmtibátaeigenda starfandi: Brokey – Siglingafélag Reykjavíkur, Kjölbátafélag Íslands, Siglingasamband Íslands og Snarfari, félag sportbátaeigenda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

432. Frumvarp til laga [376. mál]

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

238. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji eða annar starfsmaður, sem hefur með hendi starfa í skipi, er við stjórn skips eða reynir að stjórna skipi, hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Ef skipverji eða annar starfsmaður, sem hefur með hendi starfa í skipi, er við stjórn skips eða reynir að stjórna skipi, er vegna neyslu áfengis, ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt, varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu einnig gilda um þá sem stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða.

Nú er vínandamagn í blóði aðila sem nánar greinir í 2. mgr. yfir 0,5‰ eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira og telst hlutaðeigandi þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Það leysir viðkomandi ekki undan sök þótt hann haldi vínandamagn í blóði sínu minna.

Aðila skv. 2. mgr. er skylt, að kröfu lögreglu eða annarra sem með löggæsluvald fara, að gangast undir öndunarpróf með þeim hætti sem lögregla ákveður þegar ástæða er til að ætla að viðkomandi hafi brotið gegn ákvæðum þessarar greinar. Honum er jafnframt skylt að hlíta kröfu sömu aðila um að láta flytja sig til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Skip merkir í þessari grein sérhvert fljótandi far, óháð lengd eða knúningsmáta. Með stjórn skips er einnig átt við vélstjórn og önnur ábyrgðarstörf um borð í skipi.

2. gr.

Á eftir 238. gr. laganna kemur ný grein, 238. gr. a, sem orðast svo:

Í refsidómi skv. 238. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur starfsréttindum ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

Sé um skipstjórnarréttindi að ræða skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Að sama skapi skal ákveðið hvort stýrimenn, vélstjórar eða aðrir sem ákveðið er að skuli sviptir starfsréttindum megi gegna öðrum réttindaminni störfum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og atvinnuskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna annarri stöðu lætur ráðuneytið honum í té skírteini þar að lútandi.

Hafi dómfelldi verið sviptur atvinnuréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur atvinnuréttindi enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur atvinnuréttindum ævilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur atvinnuréttindi þegar a.m.k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meiri hluti dómenda í sjóprófi að aðili hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann atvinnuréttindum til bráðabirgða með úrskurði en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsimál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans þannig að viðkomandi haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

Hafi meiri hluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

Hafi skipverji verið sviptur atvinnuréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á einni grein siglingalaga, 238. gr., sem varðar öryggi á sjó og viðurlög vegna hættulegrar hegðunar eða ástands skipstjóra, skipverja eða annarra starfsmanna.

Gildissvið.

Gildissvið núgildandi ákvæða siglingalaga vegna ölvunar skipverja er mjög þröngt, en það tekur einungis til skipa stærri en 6 m og 238. gr. tekur ekki til annarra skipverja en skipstjóra. Jafnframt hefur orðalag sumra ákvæða greinarinnar ekki þótt nægilega skýrt og beiting þeirra erfið í framkvæmd.

Í þessari tillögu að breytingum á 238. gr. siglingalaga hefur núverandi ákvæðum um refsingar og réttindasviptingu samkvæmt siglingalögum verið breytt, m.a. með hliðsjón af ákvæðum umferðar- og loftferðalaga. Ákvæðinu hefur verið skipt upp og lagt til að sett verði ný grein sem innihaldi einungis ákvæði um réttindasviptingar. Jafnframt er lagt til að greinarnar taki til fleiri áhafnarmeðlima en eingöngu til skipstjóra eins og núgildandi ákvæði gera.

Prómillmörk.

Nauðsynlegt þykir að setja í lögin ákvæði um prómillmörk, þ.e. að fortakslaust sé refsivert að starfa á skipi fari áfengismagn í blóði yfir ákveðin takmörk, en svipuð ákvæði er að finna bæði í lögum um loftferðir og umferðarlögum. Slík ákvæði er víðast hvar að finna í lögum varðandi siglingar hjá nágrannalöndum okkar, m.a. hafa Finnar og Norðmenn sett ný ákvæði um þetta á síðustu misserum. Algengt er að miðað sé við svipuð prómillmörk og hér er gert. Núgildandi ákvæði mæla eingöngu fyrir um að það varði sektum ef skipstjóri telst ófær um að stýra skipi, en það hefur ekki verið talið nægjanlega skýrt orðalag.

Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um sönnunargildi öndunarmælinga fyrir dómi og að slík mæling teljist fullnægjandi sönnun um ölvunarástand einstaklings. Hér er því lagt til að sett verði í lögin viðmið um það hvenær telja megi skipstjóra og aðra þá sem starfa á skipi óhæfa til starfa síns sökum ölvunar.

Núgildandi löggjöf.

Í núgildandi lögum vantar raunhæf úrræði vegna ölvunar- eða fíkniefnanotkunar skipverja við störf sín. Auk 238. gr. siglingalaga, sem hér er lagt til að verði gerð skýrari og auðveldari í notkun, er almennt ákvæði í 22. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, vegna starfa flugmanna, bifreiðarstjóra, skipstjóra, stýrimanna, bátsformanna og vélstjóra undir áhrifum áfengis, en brot gegn því varða réttindamissi og sektum eða fangelsi skv. 27. gr. laganna. Loks mætti nefna 3. tölul. 17. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, um að skip skuli teljast óhaffært sé skipshöfn svo áfátt eða með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

Dómaframkvæmd.

Sem dæmi úr dómaframkvæmd, þar sem menn hafa orðið uppvísir að ölvun við skipstjórn, mætti nefna dóm Hæstaréttar frá 3. nóvember 1994, bls. 2215 í dómasafni 1994, þar sem ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 238. gr. siglingalaga og 24. gr. þágildandi áfengislaga sem er sama efnis og áðurnefnd 22. gr. núgildandi áfengislaga. Brast lögreglustjóranum í Reykjavík ákæruvald um brot gegn siglingalögum enda hafði hann samkvæmt þágildandi 27. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki heimild til að höfða mál fyrir brot gegn öðrum lögum en umferðarlögum og áfengislögum þegar þyngri viðurlög en sektir eða upptaka eigna lægju við. Þótti sekt á hendur ákærða vegna brots á ákvæði áfengislaga hæfilega ákveðin 100.000 kr., ásamt því að hann var sviptur skipstjórnarréttindum í 12 mánuði.

Erfitt getur verið að sýna með nægilegri vissu að brotið hafi verið gegn núverandi 2. mgr. 238. gr., þ.e. að skipstjóri hafi með neyslu áfengis eða fíkniefna reynst ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt. Í tveimur málum sem fóru fyrir héraðsdóm Reykjavíkur árið 2002, mál nr. 3148/2002 frá 29. október og nr. 3126/2002 frá 6. desember, var ekki reynt að koma ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 238. gr. að. Hins vegar var sakfellt í þeim báðum fyrir brot gegn 22. gr. áfengislaga. Í síðarnefnda málinu reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 0,98 prómill. Héraðsdómur dæmdi hann til greiðslu 75.000 kr. sektar og svipti hann rétti til skipstjórnar í 6 mánuði á grundvelli áfengislaga. Einnig var ákært fyrir sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 3. tölul. 17. gr. siglingalaga, sem áður var nefnt, en dómarinn taldi ekkert fram komið sem styddi það að áfengisneysla skipstjórans hefði leitt til óhaffæris skipsins, og var hann því sýknaður af þeim lið. Forvitnilegt hefði verið að fá álit Hæstaréttar á þessu álitaefni, enda um skip í farþegaflutningum að ræða og mætti vel rökstyðja að hættulegra hafi

verið að vera í förum með skipið en venjulegt hafi verið. Skipstjórinn sem um var að ræða lést hins vegar áður en hægt var að áfrýja málinu.

Þróun á alþjóðavísu.

Í Noregi voru nýlega settar nokkuð strangar reglur um refsiverð prómillmörk áfengis í blóði í kjölfar þess að norski togarinn Murman sökk undan ströndum landsins árið 2002 (lög nr. 10/2004 um breytingar á sjøloven), en skipstjóri skipsins mældist eftir slysið með áfengismagn í blóði sem nam 1,9 prómillum. Þar er nú refsivert fyrir þá sem starfa á skipum sem eru lengri en 15 m að vera með hærra hlutfall en 0,2 prómill af áfengi í blóði (sömu mörk og eru fyrir bifreiðarstjóra), en mörkin eru 0,8 fyrir önnur skip. Í Þýskalandi er fyrirhugað að prómillmörk verði sett í 0,5 varðandi siglingar skipa eftir að tankskipið Ena 2 sökk við Hamborg á síðasta ári og 960 tonn af brennisteinssýru fóru í hafið. Skipstjóri skipsins mældist með 2,19 prómilla áfengismagn í blóði. Þjóðverjar hafa lagt til við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) að ákvæði um þetta verði sett í STCW-samþykktina eða SOLAS.

Í B-hluta STCW-samþykktar IMO er mælst til þess að stjórnvöld setji reglur um 0,08% hámarksmagn áfengis í blóði (blood alcohol level – BAC) sem lágmarkskröfu. Þess skal getið að skv. 1. gr. gildandi laga ná siglingalög til allra skipa sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi og jafnframt til erlendra skipa, eftir því sem við á, þegar athafnir íslensks framkvæmdarvalds taka til erlendra, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

Breytt ákvæði um réttindamissi.

Lagt er til nýtt ákvæði að danskri fyrirmynd um að ákveða skuli í dómi hvort m.a. stýrimenn og vélstjórar geti gegnt lægra settum störfum séu þeir sviptir starfsréttindum, en í gildandi lögum er ákvæði um þetta sem tekur til skipstjóra eingöngu. Lagt er til að gildissvið núgildandi ákvæða um réttindasviptingu sé aukið og látið ná jafnt til skipverja sem annarra starfsmanna, með fyrirmynd í loftferðalögum, en sambærileg ákvæði þeirra taka til flugverja eða annars starfsmanns loftfars.

Auknar heimildir lögregluyfirvalda.

Einnig er lagt til að þvingunarúrræði lögregluyfirvalda séu aukin þannig að lögregla, tollyfirvöld og Landhelgisgæsla hafi sömu valdheimildir í siglingalögum og lögregla í loftferða- og umferðalögum, til að bregðast við hugsanlegri ölvun skipstjóra og annarra starfsmanna á skipum. Lagt er til að þeir sem fari með lögregluvald geti framkvæmt rannsókn á vínandamagni í útöndunarlofti og fært grunaðan aðila til læknisrannsóknar í sama tilgangi án úrskurðar dómara, en samkvæmt núgildandi ákvæðum er sú leið ein fær að bíða eftir heimild dómara til þess að framkvæma rannsóknir fáist ekki samþykki viðkomandi.

Brotlegt að stjórna eða reyna að stjórna (tilraun til stjórnunar).

Lagt er til að það verði jafnframt gert refsivert að reyna að stjórna skipi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa, en slíkt telst nauðsynlegt vegna hugsanlegra sönnunarörðugleika, þegar aðili setur vél skips í gang, en hefur ekki siglt af stað. Í áðurnefndum héraðsdómi nr. 3148/2002 taldist skipstjóri hafa verið undir áhrifum áfengis við stjórn vélar skipsins með því að lögreglan kom að honum undir áhrifum áfengis með vélina í gangi þar sem skipið lá við landfestar við Grandagarð. Var honum ákveðin 50.000 kr. sekt ásamt því að hann var sviptur skipstjórnarréttindum í einn mánuð. Hinu tillagða ákvæði er ætlað að styrkja þau sjónarmið sem þar koma fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjölgað þeim aðilum sem fallið geta undir ákvæðið þannig að það sé ekki einungis skipstjóri sem getur sætt ábyrgð vegna vanrækslu í starfi sem veldur sjóslysi. Er þetta til samræmis við þau sjónarmið frumvarpsins að það sé ekki aðeins skipstjóri sem verði að getað hugsað skýrt og brugðist skjótt við.

Lagt er til í 2. mgr. að fleiri en einungis skipstjóri geti skapað sér refsiábyrgð fyrir að vera undir áhrifum efna við störf sín. Orðalagi ákvæðisins er einnig breytt á þann hátt að nú er skilyrði að viðkomandi teljist óhæfur til að rækja starfann, en hann þarf ekki að hafa talist ófær líkt og áður var.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er nýmæli, en í henni er mælt fyrir um að þegar ákveðið magn áfengis mælist í einstaklingi skuli telja að hann geti ekki rækt starfa sinn á fullnægjandi hátt. Hér þarf því ekki að liggja fyrir játning þar að lútandi, vitnaskýrslur um ástand viðkomandi eða yfirgnæfandi líkur á því að ástand hans hafi verið sem hér segir, t.d. þegar áfengismagnið fer yfir 1 prómill. Lagt er til að miða við 0,5 prómill líkt og gert er í umferðarlögum, en til samanburðar er miðað við 0,8 í viðmiðunarreglum IMO og 0,2–0,8 í Noregi. Að auki er hér bætt við sakarlíkindareglu sem er bæði að finna í loftferða- og umferðarlögum, en samkvæmt henni stoðar ekki að bera fyrir sig að maður hafi talið áfengismagn innan leyfilegra marka heldur er það áfengismagnið sem ræður.

Lagt er til að teknar verði upp í 4. mgr. heimildir fyrir handhafa lögregluvalds til þess að láta menn gangast undir blóð- og þvagsýnatöku í þágu opinbers máls þegar rökstudd ástæða er til. Slíkar heimildir er að finna í loftferða- og umferðarlögum og eru til þess ætlaðar að sakborningur geti ekki spillt rannsóknarhagsmunum með því að bíða þurfi eftir úrskurði dómara til þess að beita umræddum úrræðum.

Niðurlagi greinarinnar er ætlað að víkka gildissvið hennar, en það er nú bundið við skráð eða skráningarskyld skip, þ.e. skip lengri en 6 m. Telja verður að þeir sem eru við stjórn skemmtibáta og annarra minni skipa geti valdið sjálfum sér eða öðrum tjóni með vanrækslu sinni eða með því að sigla undir áhrifum áfengis, vímuefna og annarra örvandi eða slævandi efna. Því eru ríkar ástæður til þess að láta greinina taka til þeirra líka.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að fleiri en skipstjóri geti misst atvinnuréttindi sín og í beinu framhaldi lagt til að mæla megi fyrir um það í dómi að sá sem sviptur er megi gegna réttindaminni störfum en þeim sem hann var sviptur réttindum til að starfa við.

Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar að mestu óbreytt frá gildandi 3.–6. mgr. 238. gr. siglingalaga, utan þess að röðun ákvæða hefur verið breytt lítillega.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á einni grein siglingalaga, 238. gr., sem varðar öryggi á sjó og viðurlög vegna hættulegrar hegðunar skipstjóra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

433. Frumvarp til laga [377. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Liðurinn *Bifhjól* orðast svo:
Bifhjól:
   a. Vélknúið ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
   b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma, sé það rafknúið.

b. Við bætast þrír nýir liðir í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
Farstarfsmaður:
   Starfsmaður sem er hluti af ferðastarfshóp, þ.m.t. lærlingar og nemar, sem er í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningsþjónustu á vegum fyrir farþega eða vörur gegn gjaldi eða á eigin vegum.
Flytjandi:
   Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks- eða vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.
Ökumaður:
   Hver sá sem stjórnar ökutæki eða hreyfir það úr stað, jafnvel þótt það sé aðeins um stutta stund.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, um akstur utan vega.

b. 2. mgr. orðast svo:
   Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis, ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, eða af öðrum orsökum, er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

b. 4. mgr. orðast svo:

Enginn má neyta áfengis, ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis.

4. gr.

44. gr. a laganna orðast svo:

Ráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni, ökurita o.fl., þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. lágmarksaldur ökumanna sem sjá um þá flutninga sem reglurnar taka til,
c. aksturstíma ökumanns hvern dag, skyldu ökumanns til að gera hlé á akstri og til að taka daglega og vikulega hvíld frá akstri,
d. skyldu til notkunar ökurita sem er búnaður ökutækis þar sem m.a. eru skráðar og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns auk hraða ökutækis,
e. skyldu til að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma,
f. skyldu til afhendingar gagna með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. c- og d-lið,
g. útgáfu, efni og form ökuritakorts sem er lykill að rafrænum ökurita og í eru varðveittar rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
h. skyldu ökumanns til að leita til viðurkenndra viðgerðarmanna eða verkstæða til uppsetningar ökurita,
i. gjald fyrir ökuritakort,
j. skyldu ökumanns og flytjanda til að fylgja reglum sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein.

Ökumaður og flytjandi skulu sjá til þess að ökuriti sé notaður og fylgt sé reglum um notkun hans og um varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma. Gerist ökumaður eða flytjandi brotlegur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má gera þeim að greiða *in solidum* sekt fyrir brot sín. Framangreind heimild gildir, óháð því hvort brotið verður rakið til saknæms verknaðar starfsmanns flytjanda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir flytjanda eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

Óheimilt er að miða laun ökumanns, sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni samkvæmt þessari grein, við ekna vegalengd eða flutt vörumagn séu greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er óheimilt að veita ökumanni kaupauka eða launauppbót í framangreindum tilvikum.

Ráðherra setur reglur um viðurkennda viðgerðarmenn eða verkstæði til uppsetningar ökurita.

5. gr.

Á eftir 44. gr. a laganna kemur ný grein, 44. gr. b, sem orðast svo:

Ráðherra setur reglur um skipulag vinnutíma farstarfsmanna sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni, sbr. 1. mgr. 44. gr. a. Í reglunum skal m.a. kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. skilgreiningu vinnustaðar, vinnutíma og hvíldartíma,
c. heimilaðan hámarksfjölda vinnustunda á viku og skyldu til að vinna ekki umfram hann,
d. skyldu til að gera hlé á vinnu og til að taka daglegan og vikulegan hvíldartíma,
e. skyldu til skráningar vinnutíma og
f. skyldu til varðveislu gagna í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

Farstarfsmönnum er skylt að haga vinnutíma og vinnutilhögun í samræmi við reglur sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein. Flytjandi skal bera ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., svohljóðandi:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir svo miklum áhrifum örvandi eða deyfandi efna að hann geti eigi, að mati læknis, stjórnað ökutækinu örugglega.

Ef mælast í blóði ökumanns ólögleg ofskynjunarefni eða önnur örvandi eða deyfandi efni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

b. 4. mgr., er verður 6. mgr., orðast svo:

Nú hefur ökumaður neytt áfengis, ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna fyrir eða við akstur svo að vínandamagn eða magn framangreindra efna í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínanda- eða efnamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

c. 5. mgr., er verður 7. mgr., orðast svo:

Það leysir ökumann ekki undan sök að hann ætli vínandamagn eða magn ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna minna en um ræðir í 2.–5. mgr.

d. Á eftir orðinu „áfengis“ í 6. mgr., er verður 8. mgr., kemur: ofskynjunarefna.

7. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Ökumanni vélknúins ökutækis er skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og/eða láta í té munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef

a. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. gr.,
b. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim enda sé þar kveðið á um heimild til töku öndunar- eða munnvatnssýna,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

Lögreglan getur fært ökumann til rannsóknar á öndunar- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té

munnvatnssýni eða er ófær um það. Liggi fyrir grunur um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglan auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.

Lögregla annast töku öndunar- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns- og þvagsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.

Ráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1., 2. og 3. mgr. Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 15.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „bifreið“ í 1. mgr. kemur: bifhjól.
b. Orðin „bifhjól og“ í 3. mgr. falla brott.

9. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

Lögreglu er heimilt að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu án sérstaks tilefnis. Henni er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Ráðherra getur ákveðið að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði heimilt að stöðva ökutæki til þess að sinna eftirliti með:

a. aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita,
b. stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja,
c. hleðslu, frágangi og merkingu farms,
d. ástandi ökutækja í umferðinni, þar á meðal með því að annast sérstaka skoðun á vegum úti í samræmi við reglur um skoðun ökutækja sem ráðherra setur.

Ráðherra setur reglur um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki og um framkvæmd eftirlits.

Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður gefur stöðvunarmerki. Honum er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður athugi ástand ökutækis og hleðslu og skal veita honum aðgang að upplýsingum og gögnum sem varðveitt eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti, á skráningarblöðum ökurita eða með öðrum hætti. Ef við eftirlit vaknar grunur um alvarlegt brot er eftirlitsmönnum heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta banni eftirlitsmanns um frekari för þar til því hefur verið aflétt.

Ökumaður eða flytjandi skal, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, afhenda eftirlitsaðila gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 44. gr. a. Þetta gildir jafnt um eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn fer um leit og haldlagningu gagna eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

Neiti ökumaður eða flytjandi að verða við tilmælum lögreglu eða eftirlitsmanns um stöðvun ökutækis, banni við áframhaldandi för þess eða um aðgang að upplýsingum og gögnum, má gera þeim að greiða *in solidum* sekt fyrir brot á lögum þessum. Framangreind heimild gildir óháð því hvort brotið verður rakið til saknæms verknaðar starfsmanns flytjanda eða ekki, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir flytjanda eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því. Skal eiganda ökutækisins gert viðvart og tilkynnt til lögreglu, verði eigi úr bætt.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis þar sem m.a. skal kveðið á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í ökutæki.*

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifhjólið er á ferð.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður við akstur bifhjóla.*

12. gr.

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur sett frekari reglur um hleðslu og frágang farms, skyldu til að breiða yfir farm, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

13. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, sem orðast svo:

Refsa skal ökumanni og/eða flytjanda fyrir brot á ákvæðum 44. gr. a og 68. gr. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má ökumanni og/eða flytjanda fésekt, einum sér eða ásamt einstaklingum honum tengdum, eftir því sem nánar er kveðið á um í 44. gr. a og 68. gr., sbr. 100. gr. Sama gildir um greiðsluábyrgð flytjanda á sekt sem fyrirsvarsmanni hans eða öðrum starfsmönnum kann að vera gerð.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu viðurlög eiga við ef brotið er gegn ákvæðum 1., sbr. 4. mgr. 45. gr. eða neitað er um atbeina við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr.

b. Í stað orðanna „og vínandamagn í lofti“ í 3. mgr. kemur: eða vínandamagn í lofti.

c. Við 3. mgr. bætist svohljóðandi málsliður: Sömu viðurlög eiga við ef brotið er gegn 45. gr. og mælst hafa í blóði ökumanns ólögleg ofskynjunarefni eða önnur örvandi eða deyfandi efni samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni, sbr. 5. mgr. 45. gr.

d. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Sömu viðurlög og í 1. málsl. eiga við ef áður hefur verið brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða neitað er um atbeina við rann-

sókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og ökumaður gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 4. mgr. 45. gr. Ef einungis síðara brotið varðar við 5. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjú ár.

e. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. geti hann:

a. sannað, með vottorði læknis, að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans greinast að læknisráði og vegna sjúkdómsmeðferðar,
b. sannað að hann hafi fengið útgefið lyfjakort frá Tryggingastofnun ríkisins vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans greinast vegna tiltekinnar sjúkdómsmeðferðar og
c. sannað, með vottorði læknis að undangenginni læknisskoðun, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega, að mati læknis.

Læknir skal vekja athygli sjúklings á þeirri hættu sem skapast getur vegna inntöku efna í tengslum við skerta getu til stjórnunar ökutækis.

15. gr.

G-liður 1. mgr. 108. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

3. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

a. Orðin „og rannsóknir á orsökum umferðarslysa“ í h-lið 1. mgr. falla brott.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Umferðarstofa skal setja reglur um gerð og búnað ökutækja í samræmi við ákvæði laga þessara. Skulu reglur þessar birtar. Umferðarstofa ber jafnframt ábyrgð á því að Ísland uppfylli á hverjum tíma alþjóðlegar skuldbindingar um gerð og búnað ökutækja sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði umferðarmála. Skal hún beina tilmælum um breytingar á lögum og reglum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.

18. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „200 kr.“ í 2. mgr. 114. gr. laganna kemur: 400 kr.

19. gr.

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir ESB sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Reglugerð ráðsins um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, nr. 3820/85/EBE (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 20 í viðauka XIII).
b. Reglugerð ráðsins um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, nr. 3821/85/EBE, með síðari breytingum (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 21 í viðauka XIII).
c. Tilskipun ráðsins um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og 3821 (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 23 í viðauka XIII).
d. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá

um flutninga á vegum, nr. 2002/15/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2003.

e. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins, nr. 91/671/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn, nr. 2003/20/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2003.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins í samráði við Umferðarstofu. Breytingar sem frumvarpið felur í sér eru liður í markmiði samgönguráðuneytisins um bætt umferðaröryggi fyrir landsmenn í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005 í formi þingsályktunar. Ráðuneytið hefur sett fram eftirfarandi markmið í því efni: Fjöldi látinna í umferð á hverja 100 þúsund íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, mælt sem meðaltal 5 undanfarandi ára.

Á vormánuðum 2004 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til að vinna að stefnumótun í umferðaröryggismálum til ársins 2016. Aðgerðum sem stýrihópurinn lagði sérstaka áherslu á var skipt í eftirtalda flokka: Öruggur ökuhraði, öruggari vegir, öruggari ökumenn, öryggisbúnaður ökutækja og löggæsla/forvarnir. Frumvarpi þessu um breytingar á umferðalögum er auk þess ætlað að renna stoðum undir umferðaröryggisáætlun samgönguráðuneytisins og stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir landsmenn alla.

II. Helstu breytingar sem í frumvarpinu felast.

1. Gerðir Evrópusambandsins (ESB).

Lagðar eru til nokkrar breytingar í frumvarpinu til samræmis við fimm gerðir Evrópusambandsins með síðari breytingum. Tvær þeirra, reglugerð (EB) nr. 3820/85/EBE frá 20. desember 1985 og reglugerð (EB) nr. 3821/85/EBE frá 20. desember 1985, varða akstur og hvíldartíma ökumanna auk ökurita. Sú þriðja, tilskipun ráðsins (EBE) nr. 88/599, frá 23. nóvember 1988, varðar eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Hin fjórða er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EBE frá 11. mars 2002 sem varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum. Fimmta gerðin er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB frá 8. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Allar kveða gerðirnar á um nokkrar efnisbreytingar á lögunum.

a. Reglur um akstur og hvíld atvinnubílstjóra.

Breytingar á lögunum sem framangreindar gerðir hafa í för með sér, felast einkum í því að innleiða ítarlegri reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í atvinnurekstri, notkun ökurita og eftirlit með notkun þeirra. Ein af þýðingarmestu breytingum frumvarpsins er að styrkja lagastoðir ákvæða um akstur og hvíld atvinnubílstjóra. Breytingin er m.a. til komin vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 251/2004 þar sem ákærði var sýknaður af kröfu ákæruvalds fyrir brot á reglu um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Með dómi Hæstaréttar var ekki hægt að framfylgja reglum um hvíldartíma ökumanna. Þessi réttaróvissa er óviðunandi og

hefur slæm áhrif á umferðaröryggi. Breyting frumvarpsins á ákvæðum varðandi aksturs- og hvíldartíma miðar að því að bæta verknaðarlýsingar laganna þannig að refsiákvæðin verði virk og hægt verði að framfylgja reglum um aksturs- og hvíldartíma. Breytingarnar kveða á um lágmarkshvíldartíma ökumanna til að draga úr hættu sem skapast getur vegna þreytu atvinnubílstjóra.

Markmið reglnanna um aksturs- og hvíldartíma er að auka umferðaröryggi. Á Íslandi hefur þróun flutninga verið hröð á undanförnum árum. Auknar kröfur viðskiptalífsins um meiri hraða og sveigjanleika í fólks- og vöruflutningum hafa leitt til umsvifameiri landflutninga, m.a. á kostnað sjóflutninga. Þessir auknu landflutningar hafa líkt og í öðrum löndum orsakað meira álag á vegakerfið, flutningsfyrirtæki og starfsmenn þeirra, með vaxandi hættu á slysum vegna þreytu atvinnubílstjóra.

Þegar stórt flutningatæki sem flytur fjölda farþega, þungan farm eða hættuleg efni lendir í umferðaróhappi geta afleiðingarnar orðið mjög alvarlegar. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem lögð hefur verið á það mikil áhersla innan Evrópusambandsins að auka umferðaröryggi með reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra og nú síðast með tilskipun um notkun á rafrænum ökuritum. Þetta er mikilvægur liður í eftirliti með það að markmiði að draga úr álagi á atvinnubílstjóra við akstur stórra ökutækja.

Samkvæmt tölum frá rannsóknarnefnd umferðarslysa má rekja í það minnsta eitt banaslys á ári undanfarin ár beint til þreytu ökumanns en nefndin hefur hingað til einungis rannsakað banaslys. Erfitt er að ná fram tölfræði um þetta því slysavaldar eru ekki líklegir til að gefa upp þreytu sem orsök óhapps. Árlega verða mörg þúsund umferðarslys á Íslandi og mörg hver með alvarlegum afleiðingum. Ætla má að þreyta sé undirliggjandi orsök í stórum hluta tilvika. Í því sambandi má benda á norska skýrslu sem áætlar að um 30% framaná- og útafkeyrslna séu af völdum þreytu ökumanna. Það má vel yfirfæra þessar tölur á Ísland, enda aðstæður svipaðar hér og í öðrum löndum Evrópu.

Röksemdir gegn innleiðingu ökurita hafa einkum verið þær að á Íslandi séu aðstæður ekki þær sömu og á meginlandi Evrópu. Þar sé hægt að aka þúsundir kílómetra í einni lotu og því meiri hætta á að ökumenn valdi slysum þegar þeir hafa verið lengi við akstur. Þessi hætta sé í raun ekki fyrir hendi hér á landi þar sem vegalengdir eru styttri. Þetta er vissulega rétt. Hins vegar skal á það bent að það tíðkast mjög hér á landi meðal atvinnubílstjóra að þeir taki að sér mörg verkefni, hvert á eftir öðru, eins og alkunna er í íslensku viðskiptalífi. Þetta hefur það í för með sér að sami bílstjórinn tekur að sér akstur milli margra staða á skömmum tíma og með litlum hléum. Sami bílstjórinn skiptir jafnvel um ökutæki nokkrum sinnum á leið sinni um landið. Þetta hefur það í för með sér að þegar á heildina er litið samsvarar ökutími atvinnubílstjóra á Íslandi þeim ökutíma sem viðgengst víða á meginlandi Evrópu. Uppsöfnuð þreyta og streita atvinnubílstjóra á Íslandi er því af sama meiði og þreyta atvinnubílstjóra á meginlandi Evrópu. Þreyttur ökumaður er jafn hættulegur umhverfi sínu, hvort sem hann keyrir um á götum stórborga á meginlandinu eða á Íslandi. Jafnframt má halda því fram að íslenska vegakerfið sé í raun ekki eins þróað og vegakerfi á meginlandinu og því krefjist akstur á íslenskum vegum mun meiri einbeitingar en ella. Af framangreindu má því vera ljóst að reglur sem stuðla að hæfilegri hvíld atvinnubílstjóra á meginlandi Evrópu eiga fullt erindi við ökumenn á Íslandi sem vinna við svipaðar aðstæður, þ.e. langan vinnutíma og streituvaldandi vinnuumhverfi.

Á margan hátt má líkja reglum um akstur og hvíld við þær öryggisreglur sem eru í gildi í flugi. Enginn myndi sætta sig við að reglum um vinnutíma starfmanna í flugvélum yrði ekki framfylgt. Fyrir flugmenn eru þetta sjálfsagðar öryggiskröfur og brot á þeim ekki liðin. Þessi

sjónarmið ættu einnig að vera í hávegum höfð þegar fjallað er um flutninga á vegum, því umferðarslys eru ekki einkamál þess sem veldur, heldur málefni sem snertir allt samfélagið.

Önnur rök fyrir reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra snúa að heilsuvernd og félagslegum þáttum. Reglunum fylgir öruggara og betra starfsumhverfi fyrir stéttina. Viðurkennd eru heilsuspillandi áhrif streitu og þreytu sem fylgir löngum vinnulotum. Þar er reglum um akstur og hvíld ætlað að grípa inn í.

Að lokum leiða reglurnar til jafnari samkeppnisstöðu flutningafyrirtækja sem undir reglurnar falla. Minni hætta er á að fyrirtæki leitist við að skapa sér betri samkeppnisstöðu með því að leggja að starfsmönnum sínum að vinna langa vinnudaga eða gangast undir langar fjarvistir frá heimilum sínum. Í stað þess verða fyrirtækin að bæta samkeppnisstöðu sína eftir öðrum leiðum, t.d. með hagkvæmari tækjum eða aðhaldi í rekstri. Þetta gildir hvorutveggja um fyrirtæki í Evrópu og á Íslandi. Þess þekkjast dæmi að erlendar ferðaskrifstofur sendi rútur og ökumenn með ferju til landsins til að aka ferðamönnum á þeirra vegum um landið. Reglur um aksturs- og hvíldartíma ná jafnt til slíkra ökumanna sem innlendra.

Með hliðsjón af framangreindu og fyrrnefndum dómi Hæstaréttar er því með þessu frumvarpi lagt til að ákvæði umferðarlaga um þetta efni verði ítarlegri en nú er og tiltaka í lögum nánar þær kvaðir sem megi leggja á ökumenn með reglugerð. Miðað er við að ný reglugerð verði gefin út þar sem reglur um aksturstíma ökumanns hvern dag verði settar fram með beinum hætti og um skyldu ökumanns til þess að gera hlé á akstri vegna daglegs eða vikulegs hvíldartíma.

b. Reglur um farstarfsmenn og aukið eftirlit Vegagerðarinnar.

Jafnframt er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EBE gert ráð fyrir reglum varðandi farstarfsmenn (mobile workers), sem ekki hafa verið sérstakar reglur um í íslenskri löggjöf til þessa. Gert er ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, hleðslu og ástandi þeirra, þannig að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði fengnar auknar heimildir til úrræða. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra verði falið ákvörðunarvald um eftirlitsaðila og hvernig eftirlitinu skuli háttað með setningu reglugerðar þar að lútandi. Veruleg breyting verður á framkvæmd eftirlitsins með tilkomu nýrra rafrænna ökurita og rafrænna ökuritakorta sem árita skal í notkun fyrir 1. janúar 2006. Þá er í frumvarpinu nýmæli um skyldu ökumanns og flytjanda til þess að afhenda, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, gögn vegna eftirlits með aksturs- og hvíldartíma. Markmiðið er að auka umferðaröryggi þannig að minni hætta skapist af ökumönnum, ökutækjum eða skemmdum vegum.

c. Skyldubundin notkun öryggisbelta í ökutækjum.

Jafnframt er lögð til breyting á 71. gr. laganna með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB frá 8. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Miðar breytingin að því að ráðherra verði falið að setja frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis.

d. Skilgreiningar.

Lagt er til að bæta tveimur nýjum skilgreiningum í 2. gr. laganna, í samræmi við gerðir Evrópusambandsins, annars vegar á hugtakinu *flytjandi* og hins vegar á hugtakinu *farstarfsmaður*. Þá er talið eðlilegt að hugtakið *ökumaður* sé skilgreint rétt eins og hugtakið *vegfar-*

andi. Jafnframt er skilgreiningu hugtaksins *bifhjól* breytt nokkuð með hliðsjón af aukinni notkun nýrra ökutækja í umferðinni.

2. Ávana- og fíkniefni.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að byggt verði undir heimildir laganna varðandi óheimila stjórnun ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna, sbr. 44. gr. laganna. Þá er sett fram nýmæli í 47. gr. varðandi skyldu ökumanns til að láta í té munnvatnssýni, að kröfu lögreglu, þegar grunur er um að hann hafi gerst brotlegur við lög vegna neyslu ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis, sbr. 47. gr. laganna. Nýmæli þetta er til komið vegna vinnu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði í júlí árið 2000 til að skoða gildandi umferðarlöggjöf og reglugerðir samkvæmt þeim. Hópurinn sendi frá sér skýrslu í febrúar árið 2001 þar sem settar voru fram tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Er í skýrslunni m.a. lagt til að lögreglu verði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er í frumvarpinu jafnframt gert ráð fyrir því að lögreglumönnum verði heimilað að færa ökumann til rannsóknar ef hann neitar lögreglunni um slíkt sýni eða ef hann er ófær um að láta það í té. Með tilkomu nýrrar tækni við rannsókn umferðarlagabrota af þessu tagi eru skilgreind ný viðmið í 45. gr. laganna vegna neyslu ökumanna á ofskynjunarefnum eða öðrum örvandi eða deyfandi efnum. Lagt er til annars vegar að veitt verði ákveðið svigrúm varðandi þau efni eða lyf sem talist geta til almennrar notkunar, t.d. vegna sjúkdómsmeðferðar. Er í slíkum tilvikum gert ráð fyrir mati læknis á því hvort ökumaður sé hæfur til aksturs þrátt fyrir inntöku örvandi eða deyfandi efna af einhverju tagi. Hins vegar er sett fram skýrt viðmið um það að ökumaður teljist óhæfur til að stjórna ökutæki ef í blóði hans mælast ólögleg ávana- og fíkniefni og beri að refsa sem slíkum. Einnig er gerð breyting á viðurlagaákvæði 102. gr. laganna með það fyrir augum að akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna geti varðað ökuleyfissviptingu auk sekta eða fangelsis eins og áskilið er í hinu almenna refiákvæði 100. gr. laganna. Gengið er út frá því að svipaðar reglur gildi og varða ökuleyfissviptingu vegna aksturs undir áhrifum áfengis. Mikilvægt er að ökumenn aki ekki undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna. Öryggi í umferðinni mundi stórbatna ef enginn æki við slíkar aðstæður en í 10% banaslysa er aðalorsök talin vera sú að sá látni hafi ekið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og 2,4% allra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Til að ná fram bættu umferðaröryggi verður 250 millj. kr. varið til þess á næstu fjórum árum að draga úr akstri undir áhrifum áfengis eða annarra efna, m.a. með auknu eftirliti lögreglu, gerðar fræðslu- og kynningarefnis og áróðri.

3. Akstur utan vega.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til að sett verði í lögin tilvísun í lög um náttúruvernd varðandi akstur utan vega í dreifbýli. Í 17. gr. þeirra laga er að finna bann við akstri utan vega þar sem gert er ráð fyrir refsiábyrgð skv. 76. gr. náttúruverndarlaganna.

4. Gjaldtökuheimildir.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til að felld verði niður gjaldtökuheimild vegna brota á ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 67. gr. laganna. Talið er heppilegra að gjald vegna slíkra brota sé í formi sektar. Jafnframt er gerð sú breyting að fjárhæð umferðaröryggisgjalds er hækkuð.

5. Umferðarstofa.

Í fimmta lagi er lagt til að ákvæði um hlutverk Umferðarstofu varðandi rannsóknir á orsökum umferðarslysa verði fellt brott enda hefur það hlutverk verið flutt til rannsóknarnefndar umferðarslysa, með samnefndum lögum. Einnig er lagt til að Umferðarstofu verði falið að setja reglur um gerð og búnað ökutækja til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar.

6. Öryggis- og verndarbúnaður fyrir ökumann og farþega ökutækis og bifhjóls.

Í sjötta lagi er lagt til að lögfest verði heimild ráðherra til að setja frekari reglur um öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega ökutækis til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lagt til að lögfest verði skylda til notkunar öryggisbeltis við akstur bifhjóls, sé það til staðar. Fellt er niður bann við því að tengja eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um skyldu til að breiða yfir farm, sbr. 4. mgr. 73. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreind verði fjögur ný hugtök. Í fyrsta lagi hugtakið *ökumaður*. Talið er eðlilegt að skilgreint sé í lögunum hugtakið *ökumaður* rétt eins og hugtakið *vegfarandi*. Ökumaður telst vera hver sá sem stjórnar ökutæki, jafnvel þótt það sé aðeins um stutta stund. Gengið er út frá því að ökumaður hafi fullgild ökuréttindi, þar sem það á við.

Í öðru lagi hugtakið *flytjandi*. Hugtakið *flytjandi* er í frumvarpinu skilgreint sem skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks eða vöruflutninga á vegum og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu. Hér er átt við þann aðila sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum, í atvinnuskyni og ber ábyrgð á því, ásamt ökumanni þegar við á, að fylgt sé reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Hugtakið flytjandi hefur fyrst og fremst þýðingu í lögunum að því er varðar reglur um akstur og hvíld atvinnubílstjóra.

Í reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ökurita o.fl., og innleiddar hafa verið með reglugerð nr. 136/1995 og breytingu á þeirri reglugerð, eru lagðar skyldur á þann sem annast í atvinnuskyni fólks- og vöruflutninga á vegum. Í íslenskri þýðingu EB-reglugerða nr. 3820/85 og nr. 3821/85 eru ýmist notuð orðin *fyrirtæki*, *flutningafyrirtæki* eða *vinnuveitandi* um þann sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni. Orðið *flytjandi* er hugsað sem samheiti yfir öll framangreind hugtök.

Með því að nota orðið *flytjandi* og skilgreina það með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er leitast við að hafa það skýrt hver það er sem annast þá flutninga sem hér um ræðir.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að hugtakið *farstarfsmaður* (mobile worker), sem er nýyrði, verði skilgreint sem starfsmaður sem er hluti af ferðastarfshóp, þ.m.t. lærlingar og nemar, sem er í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningsþjónustu á vegum fyrir farþega eða vörur gegn gjaldi eða á eigin vegum. Er hér átt við aðstoðarmann ökumanns, sem vinnur í teymi með honum en sér þó ekki um akstur ökutækisins. Starf farstarfsmanns getur t.d. falist í því að sjá um hleðslu ökutækisins, affermingu, aðstoð við farþega, hreingerningu, viðhald o.fl.

Að lokum er í frumvarpinu lagt til að skilgreiningu hugtaksins *bifhjól* verði breytt á þann hátt að það nái til vélknúins ökutækis á fjórum hjólum eða fleiri, auk þess sem nú er, þ.e. ökutækis á tveimur eða þremur hjólum. Hugtökin *bifhjól* og *torfærutæki* eru skilgreind í 2. gr. gildandi laga og í regluerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Reglur um bifhjól

mótast af EES-reglum en engar EES-reglur hafa verið innleiddar í íslenskan rétt um torfærutæki. Erlendis mun vera algengt að fjórhjól, skráð sem bifhjól, séu notuð til aksturs á vegum. Hér á landi eru á skrá fjölmörg torfærutæki, einkum fjórhjól, sem notuð eru við ýmis störf, einkum í landbúnaði. Slík tæki hafa að nokkru komið í stað dráttarvéla. Samkvæmt gildandi lögum má ekki aka torfærutæki á vegi auk þess sem mun minni kröfur eru gerðar til búnaðar þess en til bifhjóls eða bifreiðar. Bifhjól á fjórum hjólum (fjórhjól) hefur hins vegar ýmsa kosti umfram torfærutæki og telst notkun þess því öruggari. Af þeim sökum er lagt til í frumvarpinu að heimilt sé að aka bifhjólum á fjórum hjólum eða fleiri á vegum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting að bætt verði inn orðinu „ofskynjunarefna“ á tveimur stöðum í 44. gr. laganna. Með þessu er áréttað að óheimilt sé með öllu að stjórna eða gera tilraun til stjórnunar vélknúins ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða annarra ofskynjunarefna, af hvaða tagi sem er. Jafnframt er með breytingunni kveðið skýrt á um það að óheimilt sé að neyta ávana- og fíkniefna eða annarra ofskynjunarefna við stjórn vélknúins ökutækis.

Í 1. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, er tekið fram að hugtakið ávana- og fíkniefni taki í þeim lögum einnig til ávana- og fíknilyfja. Líklega eru flest efni, þar með talin lyf, sem falla undir lög nr. 65/1974, örvandi og/eða deyfandi. Jafnframt eru mörg þeirra ofskynjunarefni. Rannsókn vegna brota á 44. gr. umferðarlaganna beinist að því að kanna hvort ökumaður sé ófær um að stjórna ökutæki örugglega, m.a. vegna neyslu annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis eða neyslu ofskynjunarefna.

Með því að bæta orðinu „ofskynjunarefni“ (í viðeigandi orðmynd) inn í texta 2. mgr. 44. gr. er leitast við að tryggja að í hverju tilviki sé formleg lagaheimild fyrir hendi til þess að krefjast munnvatnssýnis þegar grunur vaknar um að ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna og sé vegna þess ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega.

Um 4. gr.

Í 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 var svohljóðandi ákvæði um hvíldartíma ökumanna: „Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.“ Með lögum nr. 84/1984 var 6. mgr. 44. gr. felld niður en í hennar stað sett ákvæði 44. gr. a sem kveður á um heimild ráðherra til að setja reglur um akstur og hvíldartíma ökumanns, þar á meðal notkun ökurita, varðveislu hans, ökuritakort og gjaldtöku fyrir ökuritakort. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er reynt að styrkja frekar lagastoð um akstur og hvíld atvinnubílstjóra. Þessi breyting er m.a. til komin vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 251/2004, þar sem ákærði var sýknaður af kröfu ákæruvaldsins fyrir brot á reglum um akstur og hvíldartíma ökumanna. Var í dómnum vísað til þess að sjálfstæða verknaðarlýsingu á broti varðandi hvíldartíma ökumanna væri hvorki að finna í 6. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, né heldur í reglugerð sem sett var með stoð í lögunum. Ákvæði 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hefur að geyma aðgreinda refsireglu sem vísar til verknaðarlýsinga í öðrum ákvæðum laganna og í ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Niðurstaða dómsins var sú að skýra refsiheimild skorti svo samrýmanlegt væri 1. mgr. 69. gr. Stjórnarskrárinnar. Í 100. gr. umferðarlaga er kveðið á um refsingu, sektir og fangelsi, vegna brota *gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim*. Samkvæmt því getur verknaðarlýsing brots verið

hvort sem er í umferðarlögum eða í reglum settum samkvæmt þeim. Breyting frumvarpsins á ákvæðum laganna varðandi akstur og hvíldartíma ökumanna miðar að því að bæta verknaðarlýsingar þeirra þannig að refsiákvæðin verði virk og hægt verði að framfylgja reglum um aksturs- og hvíldartíma.

Breytingunni er jafnframt ætlað að tryggja að skýr lagaheimild sé fyrir innleiðingu áðurnefndra reglugerða Evrópusambandsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl.

Reglur um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt í framhaldi af gildistöku EES-samningsins 1993, með innleiðingu á reglugerðum Evrópubandalagsins frá 1985 nr. 3820/EBE, 3821/EBE og tilskipunum nr. 88/599/EBE og 2002/15/EB.

Ákvæði c–f liðar 1. mgr. um skyldu til notkunar ökurita og ökuritakorts, skráningar og varðveislu upplýsinga um aksturs- og hvíldartíma veita eftirlitsmanni rétt til aðgangs að upplýsingum um akstur ökutækisins. Þá er í i-lið gert ráð fyrir gjaldtökuheimild vegna kostnaðar sem af búnaðinum hlýst. Framangreind ákvæði eru einkum til komin vegna þess að til stendur að setja rafræna ökurita í þær bifreiðir sem reglur um aksturs- og hvíldartíma taka og nota í því sambandi rafræn ökuritakort. Gert var ráð fyrir að samræmdar reglur um notkun rafrænna ökurita tækju gildi 5. ágúst 2004 og þar með samræmdar reglur um notkun þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Gildistökunni hefur verið frestað til 1. janúar 2006 en nýjar bifreiðir, sem reglur um akstur og hvíldartíma ökumanna taka til og skráðar eru frá þeim tíma, skulu vera búnar rafrænum ökurita.

Í 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir jafnri skyldu ökumanns og flytjanda til að tryggja að ökuriti sé notaður og fylgt sé reglum um notkun hans og varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma. Gerist annar hvor aðilinn brotlegur við lög þessi eða reglur þar að lútandi má refsa þeim með sektargreiðslu, báðum eða hvorum sem er. Ekki þarf að sýna fram á saknæma háttsemi starfsmanns flytjanda í þessum tilvikum hafi brotið verið drýgt til hagsbóta fyrir flytjanda eða hann notið hagnaðar af því. Markmiðið með því að leggja svo ríka ábyrgð á hendur flytjanda er að hann geti ekki firrt sig ábyrgð í þeim tilvikum þegar hann hefur lagt að ökumanni framkvæmd verks sem ekki er í samræmi við ákvæði laganna eða reglna settra með stoð í þeim.

Samkvæmt 3. mgr er vinnuveitendum óheimilt að miða laun starfsmanna sinna, þ.e. ökumanna sem stunda vöru- og fólksflutninga í atvinnuskyni, við ekna vegalengd eða flutt vörumagn, séu slíkar greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er talið eðlilegt að sporna við því að atvinnubílstjórar geti fengið slíkar launagreiðslur í formi kaupauka eða launauppbótar. Báðir málsliðirnir miða að því að reynt sé að fyrirbyggja að atvinnubílstjórum verði gert að vinna „í akkorði“ undir mikilli tímapressu, eða langar vinnutarnir, sem hvort tveggja er til þess fallið að skapa mikla hættu í umferðinni. Með orðunum „flutt vörumagn“ er einkum horft til þess að bílstjórum verði ekki gert að sérstöku kappsmáli hversu margar ferðir þeir fara eða hversu fljótir þeir eru að aka bæjarhluta á milli. Ákvæðinu er því ætlað að standa vörð um aukið umferðaröryggi í landinu.

Að lokum er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglur um viðurkennda viðgerðarmenn eða verkstæði sem bærir eru til uppsetningar og viðgerðar ökurita.

Um 5. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að bætt verði við lögin nýrri grein, 44. gr. b, þar sem kveðið er á um skyldur farstarfsmanna (mobile workers), þ.e. þeirra aðila í áhöfn flutningabifreiða sem ekki teljast ökumenn í bókstaflegri merkingu orðsins. Gengið er út frá því að orðið farstarfs-

maður verði nánar skilgreint í 2. gr. laganna. Þessi tillaga er til komin vegna tilskipunar nr. 2002/15/EB, sem inniheldur ákvæði um vinnutíma annarra í áhöfn flutningabifreiða en ökumanns. Tilskipunin gildir um farstarfsmenn sem eru ráðnir hjá fyrirtækjum sem stunda flutningastarfsemi á vegum sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til. Markmiðið með tilskipuninni er að setja lágmarkskröfur um skipulag á vinnutíma í því skyni að bæta heilsuvernd og öryggi farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum og til að bæta umferðaröryggi og samræma samkeppnisskilyrði. Tilskipunin gildir því til viðbótar ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85. Eðlilegt er að setja lagastoð vegna þeirra í umferðarlög. Á hinn bóginn er fátítt enn sem komið er að hér á landi starfi aðstoðarmenn atvinnubílstjóra á ferðum þeirra um landið svo efni tilskipunarinnar mun að líkindum koma til með að snerta fáa einstaklinga hérlendis eins og málum er nú háttað. Sú tillaga sem sett er fram í lokamálslið 2. mgr., varðandi ábyrgð flytjanda á skráningu vinnutíma farstarfsmanna, er til komin vegna áskilnaðar í fyrrnefndri tilskipun um ábyrgð og skyldur atvinnurekenda í þessu sambandi.

Breyting á umferðarlögunum er nauðsynleg þar sem í gildandi 44. gr. a umferðarlaga, sbr. einnig tillögu um breytingu á 44. gr. a í frumvarpi þessu, veitir ráðherra eingöngu heimild til að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sjálfra en nær ekki til vinnutíma aðstoðarmanna sem sinna öðrum störfum sem tengjast fólks- og vöruflutningum á vegum, þ.e. öðrum en akstri.

Tillaga um reglur samkvæmt framangreindu mótast af sömu sjónarmiðum og tillaga sú sem rakin er í athugasemdum um 4. gr. frumvarpsins þar sem tekið er mið af fyrrnefndum dómi Hæstaréttar. Samkvæmt því er lagt til að settar verði sérstakar efnisreglur þar sem kveðið er nánar á um helstu atriði sem ráðherra skuli setja reglur um varðandi skipulag vinnutíma farstarfsmanna.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á 45. gr. laganna þess efnis að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er undir áhrifum ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna. Nú þegar er í lögunum bann við stjórnun ökutækis eða tilraun til stjórnunar ökutækis undir áhrifum áfengis. Hér er því um að ræða viðbót við núgildandi ákvæði með það fyrir augum að sporna við því að ökumenn séu undir áhrifum fíkniefna, hvort heldur sem er ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn ökutækis. Gert er ráð fyrri því að unnt sé að refsa fyrir tilraun til stjórnunar ökutækis undir slíkum kringumstæðum og telst hún því vera sem fullframið brot.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á 1.–3. mgr. ákvæðisins. Hins vegar er lagt til að bæta við tveimur málsgreinum eftir 3. mgr. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ótvírætt verði kveðið á um það að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir svo miklum áhrifum örvandi eða deyfandi efna að hann geti eigi stjórnað ökutækinu örugglega. Er gert ráð fyrir því að mat um það hvort ökumaður teljist geta stjórnað ökutæki örugglega sé læknisfræðilegt eins og fram kemur í refsiákvæðaumfjöllun frumvarpsins, sbr. athugasemdir um 12. gr. Til aðgreiningar frá 5. mgr. ákvæðisins, sem jafnframt er nýmæli og varðar ólöglega efni, er í þessari málsgrein gengið út frá því að um sé að ræða lögleg efni, t.d. ávísuð af lækni eða keypt af viðurkenndum lyfsala, til meðferðar á tilteknum sjúkdómum o.fl. Oft eru slík efni (lyf) merkt sérstaklega með lituðum viðvörunarþríhyrningi á söluumbúðum til að vekja athygli á því að ekki sé óhætt að stjórna ökutæki í ákveðinn tíma eftir inntöku efnisins. Ljóst er að séu slík efni yfir ákveðnu magni í blóði ökumanns kann að skapast hætta af honum í umferðinni. Æskilegt væri því að skilgreina í lögum þau hættumörk sem hér um ræðir varðandi notkun löglegra, örvandi eða deyfandi efna á sama hátt og gildir um magn áfengis

sem mælst getur í blóði. Ekki er talið unnt að skilgreina mörk þeirra efna sem hér um ræðir með því að setja föst viðmið eins og gert hefur verið varðandi vínandamagn í blóði eða lofti ökumanns, þar sem áhrif lyfja og/eða efna á fólk geta verið mjög einstaklingsbundin. Af þessum sökum er það talið heppilegra í slíkum tilvikum að fela lækni mat á því hvort ökumaður teljist hæfur til stjórnunar ökutækis í hvert sinn.

Í 5. mgr. frumvarpsins eru dregnar skýrar línur hvað varðar mælanleg mörk *ólöglegra* ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni í blóði ökumanns. Í ákvæðinu er gengið út frá því að í slíkum tilvikum sé rétt að taka af öll tvímæli um það að stjórnun eða tilraun til stjórnunar ökutækis undir áhrifum ólöglegra efna af því tagi sem hér um ræðir er óheimil undir öllum kringumstæðum. Skilgreint mæligildi í blóði ökumanns er því 0 (núll).

Ákvæðum 6. og 7. mgr. 45. gr. er breytt til samræmis við það sem þegar hefur komið fram í umfjöllun frumvarpsins um 2. og 4. mgr. 44. gr. laganna, hvað varðar neyslu ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.

Um refsingar vísast til umfjöllunar um 14. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir heimild lögreglu til að framkvæma öndunarpróf á ökumanni vélknúins ökutækis undir ákveðnum kringumstæðum. Lögð er til sú breyting á ákvæðinu að ökumanni verði gert skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf. Jafnframt er lagt til það nýmæli að ökumanni verði gert skylt að láta í té munnvatnssýni undir ákveðnum kringumstæðum. Lögreglumaður getur í þeim tilvikum sem upp eru talin í 1. mgr. ákvæðisins krafist þess að ökumaður vélknúins ökutækis gangist undir öndunarpróf og/eða láti í té munnvatnssýni eftir atvikum ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. laganna sbr. 45. gr. vegna neyslu áfengis, ofskynjunarefna, örvandi eða deyfandi efna ef hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Jafnframt er lögreglu heimilt að gera ökumanni að gangast undir slík próf ef talin er ástæða til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið sérstaklega á um heimild til töku öndunar- eða munvatnssýna. Í samræmi við þetta nýmæli er núgildandi 2. mgr. 47. gr. breytt á þann hátt að lögreglumaður geti fært ökumann til rannsóknar á munnvatnssýni, auk öndunarsýnis eins og nú er, eða til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða láta í té munnvatnssýni eða er ófær um það.

Framangreind breyting er til komin vegna tillögu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði og skilaði skýrslu í febrúar árið 2001. Í skýrslunni er m.a. lagt til að lögreglu verði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í skýrslunni er m.a. eftirfarandi tekið fram: „Skaðleg áhrif áfengis á hæfni ökumanns eru vel þekkt. Síðustu ár hefur aukin athygli beinst að akstri undir áhrifum fíkniefna með tilliti til umferðaröryggis. Erfitt er að segja til um ætlaðan fjölda ökumanna sem aka eða hafa ekið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja, vegna skorts á prófun ökumanna. Hins vegar er ljóst að fjöldi þeirra hefur aukist undanfarin ár og er talið að í Noregi hafi fjöldi þeirra sem aka undir áhrifum fíkniefna eða lyfja fimmfaldast á síðastliðnum 10–15 árum.“

Mun erfiðara er fyrir lögreglu að leiða í ljós hvort ökumaður sé undir áhrifum annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis þar sem hún getur ekki með einföldum hætti sýnt fram á það á staðnum að viðkomandi sé undir áhrifum þessara efna.

Í fyrrnefndri skýrslu starfshópsins kemur enn fremur eftirfarandi fram: „Komið hafa fram nýjar aðferðir við að mæla hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna, aðrar en með blóð- eða þvagsýni. Þróuð hafa verði tæki til að greina hvort ökumaður sé undir áhrifum ýmissa ávana- og fíkniefna með töku munnvatnssýnis. Er þessi aðferð einföld í framkvæmd og er gerð af lögreglumanni á staðnum í stað þess að færa ökumann til læknis til rannsóknar. Í Belgíu og Sviss eru í almennri notkun tæki til slíkra mælinga. Slík tæki eru þó ekki lögfull sönnun þess að ökumaður sé ekki undir áhrifum og reynist sýnið jákvætt þarf að færa ökumann til blóð- eða þvagrannsóknar til nánari greiningar og staðfestingar. Með þessu er hins vegar hægt að leiða í ljós hvort ástæða sé til að færa ökumann til slíkrar rannsóknar og þannig hægt að komast hjá því að sýni séu send í dýrar rannsóknir sem ekki reynast svo jákvæð. Slíkar mælingar myndu auðvelda eftirlit lögreglu, spara verulega tíma hjá lögreglu, starfsfólki heilsugæslu og rannsóknarstofu, og þeirri kvöð oft létt af ökumanni að vera færður til frekari rannsóknar."

Lögregla annast töku öndunar- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir annast töku blóðsýnis og eftir atvikum þvag- og munnvatnssýnis. Talið er eðlilegt að heimild til töku munnvatnssýnis sé bæði til handa lögreglu og fyrrgreindum heilbrigðisstarfsmönnum svo unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir á síðari stigum gerist þess þörf. Þær heimildir sem lögregla hefur til að rannsaka hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna felast í því að færa hann til töku á blóð- og þvagsýni sé ástæða til að ætla að ökumaður sé undir áhrifum. Öndunarsýni koma ekki að gagni í þessu skyni. Eftirlit lögreglu er því nokkuð torvelt og þekking lögreglumanna til að bera kennsl á einkenni áhrifa er takmörkuð. Talið er að tilkoma munnvatnssýnatöku muni auka skilvirkni og auðvelda eftirlit lögreglu í þessum málum til muna.

Breyta þarf gjaldtökuheimild 4. mgr. 47. gr. laganna um heimild til töku 6.500 kr. gjalds vegna töku öndunarsýnis. Um er að ræða heimild sem er ætlað að gera sakfellda aðila jafnstæða, hvort heldur sem þeim hefur verið gert að greiða reikning frá lækni vegna töku blóðsýnis eða eingöngu verið tekið öndunarsýni hjá lögreglu. Vegna aukins kostnaðar við töku og rannsókn blóðsýna er ástæða til hækkunar gjaldsins í 15.000 kr. til samræmis við framangreint.

Um 8. gr.

Fellt er niður bann við því að tengja megi eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Ekki er talin þörf á banninu enda eru í reglugerð um gerð og búnað ökutækja settar reglur um þann tengibúnað sem vera skal á bifhjóli til þess að tengja megi við það eftirvagn eða tengitæki.

Um 9. gr.

Samkvæmt 68. gr. laganna er lögbundið að Vegagerðin annast eftirlit með aksturs og hvíldartíma ökumanna. Lagt er til í frumvarpinu að í stað þess að lögbundið sé með þessum hætti að eftirlit með tilteknum þáttum umferðarlaga sé í höndum Vegagerðarinnar geti ráðherra ákveðið með reglugerð að fela eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar að sinna eftirliti með tilteknum skýrt afmörkuðum þáttum. Er lagt til að heimild ráðherra verði bundin við sérhæft eftirlit sem krefst tiltekins búnaðar og þekkingar á ökutækjum og flutningum, svo sem vigtun ökutækja, álestur og úrvinnsla gagna úr ökuritum og skoðun á frágangi farms og hleðslu. Enn fremur er lagt til að fela megi eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar ástandsskoðun ökutækja á vegum. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á 1. og 2. mgr. 68. gr. um heimildir lögreglu og skyldur verkstæða, sem verða 1. og 7. mgr. samkvæmt frumvarpinu. Almennt umferðareftirlit í þéttbýli og á þjóðvegunum er enn sem fyrr eitt af meginviðfangsefnum lögreglunnar.

Með breytingum á 68. gr. laganna er byggt undir heimildir Vegagerðarinnar til að viðhafa aukið eftirlit með ökutækjum o.fl. Vegagerðin hefur í mörg ár haft eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita í því sambandi, svo og með heildarþyngd og ásþunga ökutækja. Eftirlitið hefur að verulegu leyti farið fram í samvinnu við lögregluna þegar stöðva þarf ökutæki og taka skýrslur af ökumönnum. Í frumvarpinu er nú lagt til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði veitt aukið vald til að stöðva ökutæki, banna frekari för þeirra og krefjast upplýsinga og gagna, án aðkomu lögreglunnar. Einungis í þeim tilvikum þegar ökumaður eða vinnuveitandi hans neitar að afhenda gögn er gert ráð fyrir aðkomu lögreglu með sama hætti og gildir um haldlagningu gagna samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Það er mikilvægt að umferðareftirlit á þjóðvegum sé öflugt, ekki síst vegna aukins fjölda ökutækja og aukinna vöruflutninga. Miklir hagsmunir eru af því að þungatakmarkanir séu virtar. Of þungar bifreiðir á vegum geta valdið skemmdum á yfirborði og/eða burðarlagi vega. Viðgerð getur verið afar kostnaðarsöm og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir með eftirliti með þunga vöruflutningabifreiða. Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, renna tekjur af þungaskatti til vegagerðar. Vegagerðin les af ökumælum og hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Þetta eftirlit fer að nokkrum hluta fram úti á vegum landsins.

Samkvæmt 3. gr. tilskipunar 96/96/EB skal sérhvert aðildarríki taka upp tæknilegt eftirlit á vegum þannig að markmiðunum 1. gr. verði náð að því er varðar vöruflutningabifreiðir, sem falla undir tilskipunina, með tilliti til innlendra reglna sem eiga við um slík ökutæki samkvæmt tilskipun 96/96/EB. Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 680/2002, sem breyting á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378/1998.

Hagkvæmt er að eftirlit beinist að öllum þeim atriðum sem skoða ber samkvæmt gildandi reglum þegar ökumaður vöruflutningabifreiðar hefur sinnt stöðvunarmerki lögreglu eða eftirlitsmanns á vegum úti. Er í því sambandi átt við reglur um þungatakmarkanir, aksturs og hvíldartíma, frágang farms og ástand ökutækis.

Ráðherra er samkvæmt frumvarpinu falið að setja nánari reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna, auðkenni þeirra og framkvæmd eftirlits. Enn fremur er í þessari grein frumvarpsins lagt til að kveðið verði nánar á um eftirlitsheimildir þeirra, svo sem heimild til stöðvunar ökutækja og skyldu ökumanns til að veita upplýsingar og aðgang að viðeigandi gögnum. Vakni grunur um brot á ákvæðum laganna, t.d. er varðar ásþunga, hvíldartíma ökumanns, búnað bifreiðar eða um að frágangur farms sé hættulegur, og ökumaður neitar sök eða að ráðast í úrbætur getur eftirlitsmaður bannað áframhaldandi för á meðan beðið er eftir lögreglu sem við þær aðstæður tekur við málinu. Hlíti ökumaður ekki fyrirmælum eftirlitsmanns er um sjálfstætt brot að ræða sem tilkynna yrði til lögreglu og óska eftir aðstoð við að framfylgja fyrirmælum eftirlitsmanns.

Í tilskipun EB 88/599 er kveðið á um að tiltekinn hluti eftirlits með aksturs og hvíldartíma ökumanna skuli eiga sér stað í starfsstöð eða með því að óska eftir afhendingu gagna frá flytjanda. Er gert ráð fyrir að eftirlit sé framkvæmt annars vegar með heimsókn í starfsstöðvar flytjanda þar sem óskað er eftir tilteknum gögnum og hins vegar með því að óska eftir því að flytjandi sendi eftirlitsmanni gögn til skoðunar. Með heimsókn í starfsstöð flytjenda er unnt að stunda forvarnastarf með því að veita fræðslu um gildandi reglur og leiðbeina um skipulagningu aksturs innan ramma gildandi reglna. Synji aðili um að afhenda eða senda gögn er gert ráð fyrir að um málið fari í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála um leit og haldlagningu gagna. Í 2. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um eftirlit ríkja EB með aksturs- og hvíldartíma í starfsstöðvum og á vegum úti. Hvert aðildarríkjanna skal

skipuleggja eftirlit á þann hátt að árlega sé kannaður a.m.k. 1% vinnudaga ökumanna ökutækja sem falla undir gildissvið reglugerða EBE nr. 3820/85 og EBE nr. 3821/85. Minnst 15% af heildarfjölda kannaðra vinnudaga sé með vegaeftirliti og a.m.k. 25% með eftirliti á athafnasvæðum fyrirtækjanna.

Í frumvarpinu er lögð til heimild til að sekta fyrir brot á umferðarlögum, neitun ökumanns eða flytjanda að verða við tilmælum lögreglu eða eftirlitsmanns um stöðvun ökutækis, banni við áframhaldandi för þess eða um aðgang að upplýsingum og gögnum. Gert er ráð fyrir að ökumaður og flytjandi verði báðir dregnir til ábyrgðar á þann hátt að unnt er að krefjast greiðslna *in solidum* fyrir brotin. Ekki er gert ráð fyrir því að sanna þurfi sök ökumanns í þeim tilvikum þegar ábyrgð flytjanda er lögð til grundvallar, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir flytjanda eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu. Fjárhæð sektar er ákveðin í reglugerð sbr. 4. mgr. 100. gr. laganna.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 71. gr. laganna, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Rétt er að gera ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð, svo sem verið hefur um tilskipanir og reglugerðir á sviði umferðarmála.

Tillögur um breytingu á 71. gr. laganna byggjast á því að ráðherra verði falið að setja frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis. Með þessu er m.a. gert ráð fyrir heimild ráðherra til að kveða nánar á um það hvaða búnaður teljist vera viðurkenndur, í skilningi umferðarlaga og reglna settra samkvæmt þeim. Skylda til notkunar slíks búnaðar verður eftir sem áður lögbundin. Þá er ráðherra einnig falin heimild til að ákveða í reglugerð þau tilvik þar sem kveðið skal á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Er hér einkum horft til þess að ráðherra geti t.d. ákveðið með reglugerð að skylt sé að tilkynna í hópferðabílum um skyldubundna notkun öryggistækja og jafnframt með hvaða hætti skuli tilkynnt þar um.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á 72. gr. laganna sem er nýmæli þess efnis að ökumanni bifhjóls sem búið er öryggisbelti verði gert skylt að nota beltið þegar bifhjólið er á ferð. Talið er að slíkur áskilnaður sé nauðsynlegur vegna þeirrar hættu sem getur skapast fyrir ökumann lendi ökutækið í óhappi.

Um 12. gr.

Lögð er til breyting á 73. gr. laganna um hleðslu ökutækja. Tillaga þessi er sett fram vegna ábendingar ríkislögreglustjóra í bréfi frá 3. október 2005 þar sem fram kemur ábending um að endurskoða þurfi lög um frágang á farmi.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. 73. gr. laganna að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um þau tilvik þar sem skylt verður að breiða yfir farm ökutækis.

Um 13. gr.

Ákvæði 100. gr. a er nýmæli varðandi refsinæmi brota ökumanns og flytjanda. Skal samkvæmt ákvæðinu refsa ökumanni og/eða flytjanda fyrir þau brot á lögunum er falla undir verknaðarlýsingar ákvæða í 44. gr. a og 4.–5., sbr. 6. mgr. 68. gr. Gert er ráð fyrir því að tilraun til brota og hlutdeild í brotum sé refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegn-

ingarlaga. Jafnframt því að ásetningur eða gáleysi nægi til sakfellingar í slíkum tilvikum. Þá er lagt til að gera megi flytjanda fésekt, einum sér eða ásamt einstaklingum honum tengdum, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. mgr. 44. gr. a. Sama gildir um greiðsluábyrgð flytjanda á sekt sem fyrirsvarsmanni hans eða öðrum starfsmönnum (ökumanni) kann að vera gerð.

Um 14. gr.

Ákvæði 3. mgr. 102. gr. laganna er svohljóðandi: „Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ og vínandamagn í lofti fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.“ Hér stendur „og vínandamagn í lofti“ þar sem standa skal „eða vínandamagn í lofti“. Það er skilyrði brots að annaðhvort sé vínandamagn í blóði ökumanns yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti fari yfir 1,00 milligramm í lítra lofts. Það er ekki skilyrði brots að hvort tveggja sé.

Þá er lagt til að bætt verði við 2. og 3. mgr. ákvæðisins nýjum málsliðum varðandi sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 45. gr. um bann við stjórnun ökutækis undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna eða annarra ávana- og fíkniefna. Lagt er til að sömu reglur verði að meginstefnu látnar gilda um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og gilda um akstur undir áhrifum áfengis. Þannig eru lagðar að jöfnu refsingar vegna ölvunaraksturs þegar ökumaður hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laganna eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. hvort heldur sem viðkomandi hefur verið undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna eða annarra ávana- og fíkniefna. Skal ökumaður í slíkum tilvikum sviptur ökurétti. Málsbætur koma ekki til álita þegar ökumaður hefur reynst undir áhrifum ofskynjunarefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, ólíkt því sem gildir um ölvunarakstursbrot, sbr. 2. mgr. 45. gr. laganna.

Jafnframt er gengið út frá því í frumvarpinu að lögð séu að jöfnu ákvæði um það þegar vínandamagn í blóði ökumans nemur 1,20‰ eða meira og þess þegar ökumaður reynist hafa neytt svo mikilla örvandi eða deyfandi efna að hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega eða hefur neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. laganna. Lækni er falið mat á hæfni ökumanns til að stjórna ökutæki í slíkum tilvikum. Áhrif lyfja og annarra efna, jafnt örvandi sem deyfandi, á einstaklinga eru mjög misjöfn. Því er talið nauðsynlegt að fela lækni þetta mat í hverju tilviki fyrir sig. Miðað er við að lágmarksrefsing í slíkum tilvikum skuli vera eitt ár, sbr. 2. mgr. 102. gr. laganna.

Þá er lagt til með nýjum málslið við 3. mgr. ákvæðisins að sá aðili sem mælist með eitthvert magn ólöglegra ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna samkvæmt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni skuli hljóta sömu refsingu og sá sem brotið hefur gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er 2‰ eða meira. Miðað er við að lágmarksrefsing í slíkum tilvikum skuli vera tvö ár, sbr. 3. mgr. 102. gr. laganna. Í framangreindu tilviki er um að ræða efni sem teljast vera ólögleg í skilningi laga um ávana- og fíkniefni, ólíkt því sem gildir um þau efni sem fjallað er um í 2. mgr. ákvæðisins.

Lagt er til að sömu refsingar gildi varðandi ítrekunaráhrif þeirra brota sem hér um ræðir, sbr. 4. mgr. 102. gr. laganna. Hafi stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. laganna, hvort heldur sem er vegna áfengishrifa eða annarlegs ástands af öðrum orsökum, eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota eða bæði brotin varða við ákvæði 4. mgr. 45. gr. laganna, þá skal lágmarkssvipting ökuréttar vera tvö ár. Framangreint hefur það í för með sér að hafi stjórnandi ökutækis í tvígang verið metinn af lækni óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega, skal hann sviptur ökurétti eigi skemur en í tvö ár. Hafi stjórnandi ökutækis gerst sekur um ítrekað brot,

hvort heldur sem er vegna áfengisneyslu eða annarlegs ástands af öðrum toga, og síðara brotið varðar við 5. mgr. 45. gr., þ.e. hann hefur mælst með ólögleg efni í blóði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, skal lágmarkssvipting ökuréttar vera þrjú ár.

Að lokum er lagt til að bætt verði við greinina nýrri málsgrein þess efnis að ökumaður geti undir ákveðnum kringumstæðum komist hjá viðurlögum skv. 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. ákvæðisins. Er með þessum hætti komið til móts við þá ökumenn sem eru sjúklingar og þurfa á læknisfræðilegri meðhöndlun að halda sem slíkir. Ákveðnir sjúkdómar, svo sem krabbamein, eru meðhöndlaðir með lyfjagjöf efna sem geta greinst í miklu magni í blóði ökumanns og teljast jafnvel í sumum tilvikum til ólögmætra ávana- og fíkniefna. Sjúklingar sem hafa verið í slíkri læknismeðferð í lengri tíma og hafa náð ákveðnu jafnvægi í lyfjagjöf geta verið fullkomlega hæfir til að stjórna ökutæki eðlilega. Ákvæðinu er ætlað að taka tillit til slíkra aðila eingöngu og verður því beitt í algerum undantekningartilvikum. Skilyrði þess að ökumaður verði ekki beittur viðurlögum samkvæmt framangreindu eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að ökumaður geti sannað, með vottorði læknis, að hann hafi tiltekinn sjúkdóm og inntaka þess tiltekna efnis sem um ræðir, sé nauðsynleg við sjúkdómsmeðferðina. Í öðru lagi er það skilyrði að ökumaður geti sannað með framlagningu lyfjakorts frá Tryggingastofnun ríkisins að hann þurfi að neyta umræddra efna vegna sjúkdómsmeðferðar. Í þriðja lagi er sett fram það skilyrði að ökumaður geti sýnt fram á það að hann hafi verið fullkomlega hæfur til að stjórna ökutækinu, að mati læknis. Er hér gert ráð fyrir því að ökumaður verði færður til læknisskoðunar eins og almennt gildir þegar grunur leikur á um að viðkomandi sé undir áhrifum. Skorti á sönnun einhverra framangreindra atriða, skal ökumaður beittur viðurlögum skv. 2. málsl. 2. mgr. eða 2. málsl. 3. mgr.

Um 15. gr.

Í 13. gr. fumvarpsins er lagt til að g-liður 1. mgr. 108. gr. laganna falli brott þar sem þegar eru til önnur úrræði til innheimtu gjaldsins sem álitlegra er talið að beita í þeim kringumstæðum sem hér um ræðir, þ.e. í formi sektargreiðslna.

Um 16. gr.

Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna verði felldur brott til samræmis við ákvæði 13. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til að orðin „og rannsóknir á orsökum umferðarslysa“ í h-lið 1. mgr. 112. gr. falli brott, til samræmis við ákvæði nýrra laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að Umferðarstofa annist skráningu umferðarslysa eins og henni er falið í h-lið 112. gr. umferðarlaga.

Jafnframt er lagt til að við ákvæðið bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., varðandi heimildir Umferðarstofu til að setja reglur um gerð og búnað ökutækja í samræmi við ákvæði laganna. Umferðarstofu eru þannig veittar auknar heimildir til reglusetningar í málum er varða gerð og búnað ökutækja. Skulu reglur þessar birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Umferðarstofa skal jafnframt hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um varðandi gerð og búnað ökutækja í alþjóðlegum samningum á sviði umferðarmála. Talið er eðlilegt að Umferðarstofa hafi þetta hlutverk sem fagaðili á sviðinu og beri ábyrgð sem slíkur. Skal hún beina tilmælum um breytingar á lögum og reglum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.

Um 18. gr.

Lögð er til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 200 kr. í 400 kr. sbr. 2. mgr. 114. gr. laganna. Gjaldið skal renna til Umferðarstofu. Hækkuninni er ætlað að tryggja fjármagn til þess að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar. Síðast liðið vor samþykkti Alþingi samgönguáætlun 2005–2008 en umferðaröryggisáætlun var í fyrsta sinn hluti hennar. Miðað er við að Umferðarstofa taki þátt í verkefnum umferðaröryggisáætlunar sem falla undir lögbundið hlutverk hennar. Einnig er gert ráð fyrir að Umferðarstofa hafi umsjón með framkvæmd og skýrslugerð vegna umferðaröryggisáætlunar. Umferðaröryggisgjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði vegna fjármögnunar áætlunarinnar. Miðað er við að verja 368 millj. kr. til umferðaröryggisfræðslu og -áróðurs á næstu fjórum árum. Fjármununum verður m.a. varið til þess að efla umferðaröryggisfræðslu í leik- og grunnskólum. Áhersla á aukna fræðslu kemur m.a. fram í námskrám og mótun á starfi umferðarfulltrúa. Einnig verður fé varið til fræðslu ökumanna í þjónustu ýmissa fyrirtækja, gerð kynningarefnis fyrir erlenda ferðamenn og fræðsluefnis um notkun öryggisbelta. Í dag gefur umferðaröryggisgjaldið árlega um 35 millj. kr. eða samtals 140 millj. kr. til þessara verkefna á næstu fjórum árum. Verkefnin eru því jafnframt fjármögnuð af öðrum liðum af vegaáætlun. Tvöföldun gjaldsins gæfi um 280 millj. kr. sem dugar þó ekki til þess að standa straum af kostnaði við þau verkefni áætlunarinnar sem Umferðarstofu er ætlað að sinna.

Um 19. og 20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela í sér markmið um bætt umferðaröryggi fyrir landsmenn. Meðal annars er kveðið á um akstur og hvíld atvinnubílstjóra, aukið eftirlit Vegagerðarinnar, öryggisbeltanotkun, stjórnun ökutækja undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur utan vega. Þá er lagt til að Umferðarstofa hafi ekki það hlutverk að rannsaka umferðarslys að henni verði falið að setja reglugerðir um gerð og búnað ökutækja til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lögð til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 200 kr. í 400 kr. Áætlað er að árlegar tekjur af umferðaröryggisgjaldi verði því 70 m.kr. í stað 35 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

434. Frumvarp til laga [378. mál]

um breytingu á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989, 4. nóvember 1993 og 29. nóvember 2001.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó hafa lagagildi á Íslandi. Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð skv. 1. reglu alþjóðareglnanna.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn alþjóðareglunum og viðaukum, sem reglunum fylgja, varða sektum ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM ALÞJÓÐAREGLUR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÁREKSTRA Á SJÓ, 1972, MEÐ BREYTINGUM

AÐILAR AÐ ÞESSARI SAMÞYKKT,

SEM ÓSKA að tryggja víðtækt öryggi á sjó,

SEM GERA SÉR LJÓSA nauðsyn þess að endurskoða og færa í nútímahorf alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó sem fylgdu lokagerð alþjóðaráðstefnunnar um öryggi mannslífa á hafinu, 1960,

SEM HAFA ATHUGAÐ þessar siglingareglur í ljósi þróunarinnar síðan þær voru samþykktar,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

I. gr.

Almennar skyldur.

Aðilar að þessari samþykkt skuldbinda sig til að koma reglunum í framkvæmd og öðrum viðaukum sem mynda meðfylgjandi alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 (hér eftir nefndar „siglingareglurnar“).

II. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykkt og aðild.

1. Þessi samþykkt skal liggja frammi til undirritunar til 1. júní 1973 og eftir það til aðildar.

2. Ríki, sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum eða að einhverri sérstofnun þeirra eða að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni eða eiga aðild að samþykktum Alþjóðadómstólsins mega gerast aðilar að þessari samþykkt með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og síðari fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
c. aðild.

3. Fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild skal fara fram með þeim hætti að skjal þar að lútandi er afhent Alþjóðasiglingamálastofnuninni[1] (hér eftir nefnd „stofnunin“), sem tilkynni ríkisstjórnum, sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessari samþykkt, um afhendingu sérhvers slíks skjals og hvenær það hafi verið afhent.

III. gr.

Gildi samþykktarinnar gagnvart lendum sem ekki ráða sér sjálfar.

1. Í þeim tilvikum er Sameinuðu þjóðirnar hafa forræði lendna, eða einhver samningsaðila annast samskipti lendna á alþjóðlegum vettvangi, geta þessir aðilar hvenær sem er látið þessa samþykkt ná til slíkra lendna með því að tilkynna það skriflega framkvæmdastjóra stofnunarinnar (hér eftir nefndur „framkvæmdastjórinn“).

2. Þessi samþykkt skal frá móttökudegi tilkynningarinnar að telja eða degi, sem þar er tilgreindur, ná til lendunnar sem þar er nefnd.

3. Sérhverja tilkynningu sem gefin er skv. 1. mgr. þessarar greinar má afturkalla að því er varðar hverja þá lendu sem getið er um í tilkynningunni og fellur gildi þessarar samþykktar fyrir lenduna niður að ári liðnu frá afturkölluninni eða síðar, sé slíkt fram tekið, þegar afturköllunin á sér stað.

4. Framkvæmdastjórinn skal kunngera öllum samningsaðilum um tilkynningar sem honum berast um útfærslur á gildissvæði í sambandi við ákvæði þessarar greinar eða afturkallanir.

IV. gr.

Gildistaka.

1. a. Þessi samþykkt skal öðlast gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi sem að minnsta kosti 15 ríki hafa gerst aðilar, enda eigi þau ekki minna en 65% af kaup-

---

[1] ATHUGIÐ: Nafni stofnunarinnar var breytt í „INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION“ vegna breytinga á samþykkt stofnunarinnar sem gengu í gildi 22. maí 1982. Heiti stofnunarinnar á íslensku hefur verið óbreytt síðan Ísland varð aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) 8. nóvember 1960.

skipum heims 100 brúttótonna og stærri, annaðhvort miðað við fjölda eða brúttótonnatölu, eftir því hvoru markinu verður fyrr náð.

b. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar þessarar málsgreinar skal þessi samþykkt ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1976.

2. Fyrir þau ríki sem í samræmi við II. gr. fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðilar að samþykktinni eftir að ákvæðum í a-lið 1. mgr. hefur verið fullnægt, og áður en hún tekur gildi, öðlast samþykktin gildi á gildistökudegi hennar.

3. Fyrir þau ríki sem fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðilar að samþykktinni eftir gildistökudag hennar öðlast hún gildi þann dag sem skjal skv. II. gr. er afhent.

4. Eftir gildistökudag breytinga á samþykktinni skv. 4. mgr. VI. gr. skal hver fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild ná til samþykktarinnar í hinu breytta formi.

5. Á gildistökudegi samþykktarinnar koma siglingareglurnar í staðinn fyrir og fella úr gildi Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1960.

6. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna ríkisstjórnum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessari samþykkt um gildistökudag.

V. gr.

Ráðstefna um endurskoðun.

1. Stofnuninni er heimilt að kalla til ráðstefnu um endurskoðun á samþykktinni eða siglingareglunum eða hvoru tveggja.

2. Stofnuninni er skylt að kalla til ráðstefnu samningsaðila í þeim tilgangi að endurskoða þessa samþykkt eða siglingareglurnar, eða hvort tveggja, ef eigi færri en þriðjungur samningsaðila óskar þess.

VI. gr.

Breytingar á siglingareglunum.

1. Sérhver breyting sem samningsaðili leggur til að gerð verði á siglingareglunum skal athuguð hjá stofnuninni fari hann þess á leit.

2. Hljóti breytingartillagan stuðning ⅔ af aðilum siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, skal hún kunngerð öllum samningsaðilum og aðilum að stofnuninni að minnsta kosti sex mánuðum áður en hún verður lögð fyrir þing stofnunarinnar. Hver sá samningsaðili sem er ekki aðili að stofnuninni hefur rétt til að taka þátt í afgreiðslu breytingartillögunnar.

3. Hljóti breytingartillagan samþykki ⅔ viðstaddra þingfulltrúa sem greiða atkvæði skal framkvæmdastjórinn leggja hana fyrir samningsaðila til staðfestingar.

4. Slík breyting skal taka gildi á degi sem þingið ákveður við samþykkt hennar nema því aðeins að meira en þriðjungur samningsaðila hafi þá fyrir dag sem tiltekinn er af sama þingi tilkynnt stofnuninni að þeir séu mótfallnir breytingunni. Ákvarðanir þingsins um dagsetningarnar sem um ræðir í þessari málsgrein skulu krefjast stuðnings ⅔ viðstaddra þingfulltrúa sem greiða atkvæði.

5. Við gildistöku skal sérhver breyting koma í staðinn fyrir og ógilda öll fyrri ákvæði sem breytingin tekur til að því er varðar alla samningsaðila sem hafa ekki mótmælt henni.

6. Framkvæmdastjórinn skal kunngera öllum samningsaðilum og aðilum stofnunarinnar sérhverja beiðni eða tilkynningu samkvæmt þessari grein, svo og gildistökudag hverrar breytingar.

VII. gr.

Uppsögn.

1. Þessi samþykkt er uppsegjanleg af hálfu samningsaðila að liðnum fimm árum frá þeim degi sem samþykktin öðlaðist gildi fyrir þann aðila.

2. Uppsögn skal fara fram með þeim hætti að skjal þar að lútandi sé afhent stofnuninni til vörslu. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum öðrum samningsaðilum um móttöku uppsagnarskjalsins og afhendingardag þess.

3. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir að uppsagnarskjalið hefur borist stofnuninni eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

VIII. gr.

Varsla og skráning.

1. Þessi samþykkt og siglingareglurnar skulu vera í vörslu stofnunarinnar og framkvæmdastjórinn skal senda staðfest afrit til allra ríkisstjórna sem hafa undirritað samþykktina eða gerst aðilar að henni.

2. Þegar þessi samþykkt öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda texta hennar til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar skv. 102. gr. Sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

IX. gr.

Tungumál.

Þessi samþykkt, ásamt siglingareglunum, er gerð í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Löggiltar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar og varðveittar með hinum undirritaða frumtexta.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir[2], sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað þessa samþykkt.

GJÖRT Í LUNDÚNUM tuttugasta dag októbermánaðar 1972.

ALÞJÓÐAREGLUR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÁREKSTRA Á SJÓ, 1972, MEÐ BREYTINGUM

KAFLI A – ALMENN ÁKVÆÐI

1. regla.

Gildissvið.

a. Reglur þessar gilda um öll skip á úthafinu og á öllum leiðum sem eru tengdar því og færar eru hafskipum til siglinga.

b. Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu að fylgt verði sérreglum sem hlutaðeigandi yfirvöld setja um skipalægi, hafnir, fljót, vötn eða vatnavegu innan lands sem tengdir eru úthafi og færir eru hafskipum til siglinga. Þannig sérreglur skulu fylgja reglum þessum eins náið og auðið er.

c. Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu að fylgt verði hverjum þeim sérstöku reglum sem einstakar ríkisstjórnir setja um frekari notkun legu- eða merkjaljósa, dag-

[2] Undirritunum sleppt.

eða hljóðmerkja á herskipum og skipum sem sigla í skipalest eða við frekari notkun legu- eða merkjaljósa eða dagmerkja á fiskiskipum sem veiða í flota. Þessi legu- eða merkjaljós, dag- eða hljóðmerki til viðbótar, gefin með skipsflautu, sem eru ákveðin með sérreglum skulu, svo framarlega sem unnt er, vera þannig gerð að þau verði ekki tekin fyrir nokkurt þeirra ljósa, dag- eða hljóðmerkja sem heimiluð eru annars staðar í þessum siglingareglum.

d. Við beitingu þessara reglna getur Alþjóðasiglingamálastofnunin[3] samþykkt ákvæði um aðskildar siglingaleiðir.

e. Ef skip af sérstakri gerð, eða skip sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki að áliti ríkisstjórnar að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda og staðsetningu ljósa eða dagmerkja, langdrægi eða ljósgeira eða lögun dagmerkja, sem og ákvæðum um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda og staðsetningu ljósa eða dagmerkja, langdrægi eða ljósgeira eða lögun dagmerkja, sem og ákvæðum um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja sem að áliti hlutaðeigandi ríkisstjórnar fylgir þessum siglingareglum eins náið og kostur er hvað varðar þetta skip.

2. regla.

Ábyrgð.

a. Ekkert í þessum reglum getur leyst nokkurt skip eða eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b. Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, einkum þó takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til stjórntaka, sem kann að valda því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

3. regla.

Almennar skilgreiningar.

Í þessum reglum gilda eftirfarandi skilgreiningar á orðum og hugtökum nema annað komi fram af samhengi textans:

a. „Skip“ merkir sérhvert fljótandi far, þar á meðal farkosti án særýmis, svifför og sjóflugvélar sem eru notaðar eða nota má til flutninga á sjó og vötnum.

b. „Vélskip“ merkir sérhvert skip sem knúið er vélarafli.

c. „Seglskip“ merkir sérhvert skip undir seglum, svo framarlega sem aflvél, sé skipið búið henni, er ekki í notkun.

d. „Skip að fiskveiðum“ merkir sérhvert skip að veiðum með netum, línu, togvörpu eða öðrum veiðarfærum sem draga úr stjórnhæfni skips en á ekki við skip að veiðum með toglínum eða veiðarfærum sem draga ekki úr stjórnhæfni.

e. „Sjóflugvél“ merkir hvert það loftfar sem er þannig búið að því má stjórna á sjó og vötnum.

f. „Stjórnvana skip“ merkir skip sem vegna óvenjulegra aðstæðna verður ekki stjórnað eða snúið eins og krafist er í þessum reglum og getur því ekki vikið fyrir öðru skipi.

g. „Skip með takmarkaða stjórnhæfni“ merkir skip sem hefur takmarkaða hæfni til stjórntaka eins og kveðið er á um í þessum reglum vegna þeirra sérstöku starfa sem skipið er

---

[3] International Maritime Organization (IMO).

bundið og getur því ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi. Hugtakið „skip með takmarkaða stjórnhæfni“ nær til en takmarkast þó ekki við:

i. skip við lögn, viðgerð eða upptöku siglingamerkis, neðansjávarstrengs eða leiðslu;
ii. skip við dýpkun, sjómælingar eða neðansjávarvinnu;
iii. skip við móttöku eða losun eldsneytis, vista og farms skipa á milli eða við flutning fólks, vista eða farms meðan skipið er laust;
iv. skip við flugtak eða lendingu flugvéla um borð;
v. skip sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða;
vi. skip sem dregur eitthvað við þær aðstæður að mjög erfitt er fyrir dráttarskipið og það sem er dregið að víkja frá stefnu sinni.

h. „Skip sem er bagað vegna djúpristu“ merkir vélskip sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við dýpi og breidd á þeirri leið sem skipið siglir eftir.

i. „Laust“ er skip sem liggur hvorki við akkeri né landfestar né stendur á grunni.

j. „Lengd“ og „breidd“ skips merkir mestu lengd og mestu breidd þess.

k. Skip eru því aðeins talin „í sjónmáli“ að þau sjáist með berum augum hvert frá öðru.

l. „Takmarkað skyggni“ merkir hverjar þær aðstæður þegar dregur úr skyggni vegna þoku, dimmviðris, snjókomu, steypiskúra, sandstorma eða af öðrum svipuðum orsökum.

m. „Sviffar“ (WIG)[4] merkir fjölnota far sem nýtir loftpúðaáhrif sem farið myndar í förum þegar það svífur rétt ofan við yfirborðið.

KAFLI B – REGLUR UM STJÓRN OG SIGLINGU

I. hluti – Stjórn og sigling skipa í hvers konar skyggni.

4. regla.

Gildissvið.

Reglur í þessum hluta eiga við í hvaða skyggni sem er.

5. regla.

Útvörður.

Á hverju skipi skal ávallt halda dyggilegan vörð, jafnt með auga og eyra sem og með öllum tiltækum ráðum sem eiga við aðstæður og ástand hverju sinni svo að unnt sé að leggja fullkomið mat á aðstæður og hver hætta sé á árekstri.

6. regla.

Örugg ferð.

Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórntökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.

Þegar ákveða skal hvað sé örugg ferð skal m.a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

a. Öll skip skulu taka tillit til:
i. skyggnis;
ii. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða hvers konar annarra skipa;

---

[4] Wing-In-Ground Craft.

iii. stjórnhæfni skipsins, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa skipinu við aðstæður hverju sinni;
iv. villuljósa að nóttu frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;
v. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;
vi. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b. Skip sem nota ratsjá skulu auk þess taka tillit til:
i. sérstakra eiginleika ratsjárinnar við mismunandi aðstæður, myndgæða og takmarkana við notkun tækisins;
ii. allra takmarkana vegna þeirrar fjarlægðarstillingar sem notuð er;
iii. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflanavalda á ratsjármynd;
iv. líkinda þess að lítil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjánni í nægilegri fjarlægð;
v. fjölda, legu og hreyfinga skipa sem vart verður á ratsjánni;
vi. nákvæmara mats á skyggni sem má fá þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

7. regla.
Hætta á árekstri.

a. Á sérhverju skipi skal beita öllum tiltækum ráðum sem eiga við aðstæður og ástand hverju sinni til að ganga úr skugga um hvort hætta sé á árekstri. Ef nokkur vafi er skal líta svo á að hætta sé á árekstri.

b. Ef skip er búið ratsjá skal nota hana af árvekni, þar með er talin stilling á lengri vegalengdir til þess að fá viðvörun um árekstrarhættu í tæka tíð og útsetning ratsjármyndar eða jafngild kerfisbundin athugun á endurvörpum sem sjást á ratsjánni.

c. Ekki skal draga ályktanir af ónógum upplýsingum, einkum þó ófullnægjandi upplýsingum frá ratsjá.

d. Þegar ákvarða skal hvort hætta sé á árekstri skal m.a. taka eftirfarandi til athugunar:
i. ef kompásmiðun af skipi sem nálgast breytist ekki svo að greint verði skal gera ráð fyrir að slík hætta sé fyrir hendi;
ii. jafnvel þó að miðun breytist greinilega getur stundum verið hætta á árekstri, einkum þegar nálgast er mjög stórt skip, eða eitthvað sem er dregið, eða skip sem er mjög skammt undan.

8. regla.
Stjórntök til að forðast árekstur.

a. Sérhver stjórntök til að forðast árekstur skulu framkvæmd í samræmi við reglur í þessum kafla og skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð og um leið skal taka fullt tillit til þess sem góð sjómennska krefst.

b. Stefnubreyting og/eða hraðabreyting til að forðast árekstur skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil að á skipi þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og/eða hraða.

c. Ef nægilegt svigrúm er getur stefnubreyting ein saman verið árangursríkast stjórntak til að komast hjá að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo um munar og stefnubreyting leiðir ekki til þess að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d. Þegar afstýra skal árekstri við annað skip skal það gert þannig að skipin fari hvort fram hjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með að stjórntak til að víkja beri tilætlaðan árangur uns komið er alveg fram hjá skipinu og á frían sjó.

e. Ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur, eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum, skal draga úr ferð skips eða stöðva það alveg með því að stöðva það sem knýr skipið áfram eða láta það ganga aftur á bak.

f. i. Sé einhvers staðar í reglum þessum mælt svo fyrir að skip hvorki trufli siglingu né hindri örugga siglingaleið annars skips skal það, þegar aðstæður krefjast, beita stjórntökum í tæka tíð þannig að nægilegt svigrúm verði fyrir örugga siglingu hins skipsins.

ii. Skip, sem ber hvorki að trufla siglingu né hindra örugga siglingaleið annars skips, er ekki leyst undan þeirri skyldu sinni þó að það nálgist skipið þannig að hætta geti orðið á árekstri og skal við stjórntök taka fullt tillit til stjórntaka sem kann að verða gripið til í samræmi við reglur þessa kafla.

iii. Skipi, sem má halda óhindrað áfram, ber full skylda til að fylgja reglum þessa kafla þegar skipin tvö nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri.

9. regla.

Þröngar siglingaleiðir.

a. Skip sem siglir eftir þröngri siglingaleið eða ál skal halda eins nærri ytri mörkum siglingaleiðarinnar eða álsins sem veit að stjórnborða og unnt er án áhættu.

b. Skip styttra en 20 m eða seglskip má ekki trufla siglingu skips sem aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þrönga siglingaleið eða ál.

c. Skip að fiskveiðum má ekki trufla siglingu nokkurs skips sem fer eftir þröngri siglingaleið eða ál.

d. Skip má ekki sigla þvert yfir þrönga siglingaleið eða ál ef það truflar með því siglingu skips sem öryggis vegna verður að þræða siglingaleiðina eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips sem ætlar að sigla þvert yfir.

e. i. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi á þröngri siglingaleið eða í ál að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórntökum svo sigla megi fram hjá því með fullu öryggi skal skipið, sem ætlar að sigla fram úr, láta þá fyrirætlun í ljós með viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir um í i. lið c-liðar 34. reglu. Ef skipið sem sigla á fram úr fellst á framúrsiglingu skal það gefa viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir um í ii. lið c-liðar 34. reglu og gera viðhlítandi ráðstafanir til að sigla megi fram hjá því með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er getur skipið gefið hljóðmerki eins og mælt er fyrir um í d-lið 34. reglu.

ii. Regla þessi leysir ekki skipið, sem siglir fram úr, undan skyldum samkvæmt ákvæðum 13. reglu.

f. Skip sem nálgast bugðu eða svæði á þröngri siglingaleið eða í ál þar sem önnur skip geta verið í hvarfi skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g. Sérhvert skip skal, svo framarlega sem aðstæður leyfa, forðast að varpa akkeri á þröngri siglingaleið.

10. regla.

Aðskildar siglingaleiðir.

a. Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) hefur samþykkt og leysir ekkert skip undan skyldum þess samkvæmt sérhverri annarri reglu.

b. Skip sem siglir á aðskilinni siglingaleið skal:
   i. sigla innan þeirrar einstefnuleiðar sem við á og í þá meginátt sem allri umferð skipa er stefnt í innan þessarar leiðar;
   ii. eftir því sem framast er unnt halda sig frá leiðarmörkunum og svæðum sem skilja að einstefnuleiðir;
   iii. að jafnaði sigla inn á eða út úr einstefnuleið þar sem hún endar og þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á eða út úr einstefnuleið skal það gert undir eins litlu horni, miðað við meginstefnu skipaumferðarinnar, og framkvæmanlegt er með góðu móti.

c. Skip skal eftir því sem framast er unnt forðast að sigla yfir einstefnuleiðir, en ef það er óhjákvæmilegt skal fara yfir leiðina á stýrðri stefnu sem myndar sem næst rétt horn við meginstefnu skipaumferðarinnar.

d. i. Skip má ekki sigla eftir strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir einstefnuleið sem við á í aðliggjandi, aðskilinni siglingaleið. Þó mega skip styttri en 20 m, seglskip og skip að fiskveiðum sigla og athafna sig á strandleiðinni.
   ii. Þrátt fyrir i. lið d-liðar má skip sigla um strandleið þegar það er á leið til eða frá höfn, mannvirki eða byggingu á hafi úti, stöð hafnsögumanns eða öðrum þeim stað sem er innan strandleiðar eða til að forðast yfirvofandi hættu.

e. Skip má venjulega ekki sigla inn á svæði sem skilur að einstefnuleiðir eða sigla yfir markalínu nema það ætli að sigla þvert yfir aðskildu siglingaleiðina, inn á eða út úr einstefnuleið og:
   i. í neyðartilvikum til að forðast bráða hættu;
   ii. við fiskveiðar á svæði sem skilur að einstefnuleiðir.

f. Skip sem siglir nálægt endamörkum aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g. Eftir því sem framast er unnt á ekki að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða á svæðum nálægt endamörkum leiðarinnar.

h. Skip sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i. Skip að fiskveiðum má ekki trufla siglingu nokkurs skips sem siglir eftir einstefnuleið.

j. Skip styttra en 20 m eða seglskip má ekki trufla örugga siglingu vélskips sem siglir eftir einstefnuleið.

k. Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa til að viðhalda öryggi við siglingar á aðskilinni siglingaleið er undanþegið ákvæðum þessarar reglu að því marki sem nauðsynlegt er til að skipið megi sinna störfum sínum.

l. Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðansjávarstrengs innan aðskilinnar siglingaleiðar er undanþegið ákvæðum þessarar reglu að því marki sem nauðsynlegt er til að skipið geti sinnt störfum sínum.

II. hluti – Stjórn og sigling skipa í sjónmáli.

11. regla.

Gildissvið.

Reglur í þessum hluta eiga við skip í sjónmáli.

12. regla.

Seglskip.

a. Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri skal annað þeirra víkja fyrir hinu samkvæmt þeim reglum sem hér segir:

i. þegar þau hafa vind á gagnstæð borð skal skipið sem hefur vindinn á bakborða víkja fyrir hinu;
ii. þegar bæði hafa vind á sama borð skal skipið sem er á kulborða víkja fyrir hinu sem er á hléborða;
iii. ef skip með vind á bakborða sér skip á kulborða og getur ekki með vissu ákvarðað hvort hitt skipið hefur vindinn á bakbords- eða stjórnborðshlið þá skal víkja fyrir því skipi.

b. Með kulborða í þessari reglu er átt við borðið sem er gagnstætt því sem stórseglið er haft í eða, ef um er að ræða rásiglt skip, gagnstætt því borði sem stærsta stagseglið eða gaffalseglið er haft í.

13. regla.
Siglt fram úr skipi.

a. Sérhvert skip sem siglir fram úr öðru skipi skal víkja fyrir því án tillits til þess sem segir í I. og II. hluta kafla B í þessum reglum.

b. Skip telst sigla fram úr öðru skipi ef það nálgast það úr átt sem er meira en 22,5° aftan við þverskipsstefnu þess, þ.e. í þeirri stöðu, miðað við skipið sem siglt er fram úr, mundi að nóttu til aðeins sjást skutljós skipsins en hvorugt hliðarljósa þess.

c. Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu hvort eigið skip teljist sigla fram úr öðru skipi þá skal álíta að svo sé og haga siglingu í samræmi við það.

d. Ekki skal nein breyting er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa valda því að skipið sem siglir fram úr falli undir ákvæði þessara reglna um skip þegar leiðir skerast, né leysa það undan þeirri skyldu að halda sig frá skipinu sem siglt er fram úr, uns komið er alveg fram hjá því og á frían sjó.

14. regla.
Vélskip á gagnstæðum stefnum.

a. Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðum stefnum eða næstum því gagnstæðum stefnum svo að hætta er á árekstri skulu bæði víkja til stjórnborða þannig að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða.

b. Þetta á við þegar skip sést beint fram undan eða næstum því beint fram undan og að nóttu mundu þá sigluljós skipsins sjást bera saman eða því sem næst og/eða bæði hliðarljósin mundu sjást en að degi til væri afstaða til hins skipsins samsvarandi.

c. Ef einhver vafi er á því hvort hitt skipið sé í þeirri afstöðu sem að framan greinir skal álíta að svo sé og haga siglingu í samræmi við það.

15. regla.
Þegar leiðir skipa skerast.

Þegar tvö vélskip stefna þannig að leiðir þeirra skerast, og hætta er á árekstri, skal skipið sem hefur hitt á stjórnborða víkja og skal, ef aðstæður leyfa, forðast að sigla fyrir framan hitt skipið.

16. regla.
Stjórntök skips sem á að víkja.

Sérhvert skip sem skylt er að víkja fyrir öðru skipi skal, eftir því sem framast er unnt og í tæka tíð, beita stjórntökum sem um munar og duga til að víkja og veita nóg rúm.

17. regla.

Stjórntök skips sem á að halda stefnu og ferð óbreyttri.

a. i. Þegar annað tveggja skipa á að víkja skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri.

ii. Skip sem á að halda stefnu og ferð óbreyttri má þó grípa til stjórntaka til þess að afstýra árekstri um leið og ljóst er að skipið sem átti að víkja gerir ekki viðhlítandi ráðstafanir samkvæmt þessum reglum.

b. Þegar skipið sem á að halda stefnu og ferð óbreyttri er af einhverjum ástæðum komið svo nærri að ekki verður komist hjá árekstri með þeim einum stjórntökum sem skipið sem á að víkja grípur til skal skipið sem á að halda stefnu og ferð óbreyttri gera hverjar þær ráðstafanir sem best geta afstýrt árekstri.

c. Vélskip, sem grípur til stjórntaka í samræmi við ii. lið í a-lið þessarar reglu til þess að afstýra árekstri við annað vélskip þegar leiðir þeirra skerast, skal, ef aðstæður leyfa, ekki breyta stefnu til bakborða fyrir skipi sem það hefur á bakborðshlið.

d. Regla þessi leysir ekki skipið sem á að víkja undan þeirri skyldu sinni að víkja.

18. regla.

Gagnkvæmar skyldur skipa.

Komi ekki annað fram í 9., 10. og 13. reglu gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Vélskip sem er laust skal víkja fyrir:

i. stjórnvana skipi;

ii. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;

iii. skipi að fiskveiðum;

iv. seglskipi.

b. Seglskip sem er laust skal víkja fyrir:

i. stjórnvana skipi;

ii. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;

iii. skipi að fiskveiðum.

c. Skip að fiskveiðum sem er laust skal eftir því sem framast er unnt víkja fyrir:

i. stjórnvana skipi;

ii. skipi með takmarkaða stjórnhæfni.

d. i. Sérhvert skip, annað en stjórnvana skip eða skip með takmarkaða stjórnhæfni, skal, eftir því sem aðstæður leyfa, forðast að trufla örugga siglingu skips sem er bagað vegna djúpristu og sýnir ljós- eða dagmerkið sem um getur í 28. reglu.

ii. Skip sem er bagað vegna djúpristu skal sigla með sérstakri varúð og taka fullt tillit til sérstaks ástands skipsins.

e. Sjóflugvél á sjó og vötnum skal að jafnaði halda sig fjarri öllum skipum og forðast að trufla siglingu þeirra. Við aðstæður þar sem hætta er á árekstri skal sjóflugvél þó fylgja reglum þessa kafla.

f. i. Sviffar (WIG) skal þegar það lyftir sér til flugs, lendir og svífur nærri yfirborði halda sig fjarri og vel frítt af öðrum skipum og forðast að trufla siglingu þeirra;

ii. Sviffar (WIG) í förum á yfirborði sjávar og vatna skal fylgja reglum þessa kafla eins og um vélskip væri að ræða.

III. hluti – Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

19. regla.

Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

a. Regla þessi á við um skip sem eru ekki í sjónmáli þegar siglt er á eða nærri svæði þar sem skyggni er takmarkað.

b. Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c. Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla skulu öll skip taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis.

d. Þegar skip verður aðeins vart við nærveru annars skips í ratsjá skal ganga úr skugga um hvort skipin muni nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri og ef breytt er um stefnu við þau stjórntök skal eftir því sem framast er unnt forðast:

i. að breyta stefnu til bakborða fyrir skipi sem er framan við þvert nema breytt sé stefnu fyrir skipi sem siglt er fram úr;

ii. að breyta stefnu í átt að skipi sem er þvert eða aftan við þvert.

e. Sérhvert skip skal, nema engin hætta sé á árekstri, draga úr hraða og setja á minnstu stjórnferð þegar það heyrir þokumerki frá öðru skipi sem virðist vera framan við þvert eða það, svo að ekki verður við ráðið, nálgast um of annað skip framan við þvert. Ef nauðsyn krefur skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ýtrustu varkárni þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

KAFLI C – LJÓS OG DAGMERKI

20. regla.

Gildissvið.

a. Fylgja skal reglum þessa kafla hvernig sem viðrar.

b. Reglunum um siglingaljós skal fylgja frá sólarlagi til sólaruppkomu og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa sem unnt er að rugla saman við hin lögboðnu siglingaljós og gera erfiðara að sjá ljósin, eða sem draga úr sérstökum einkennum þeirra, eða torvelda að halda dyggilegan útvörð á skipinu.

c. Á skipum, sem eru búin þeim ljósum sem mælt er fyrir um í þessum reglum, skal einnig hafa þau kveikt frá sólaruppkomu til sólarlags í takmörkuðu skyggni og þau má hafa uppi við allar aðrar aðstæður þegar það er álitið nauðsynlegt.

d. Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e. Siglingaljós og dagmerki sem tilgreind eru í reglunum skulu vera í samræmi við ákvæði í I. viðauka við þessar reglur.

21. regla.

Skilgreiningar.

a. „Sigluljós“ er hvítt ljós yfir miðlangskurðarfleti skips og varpar samfelldri birtu á 225° boga af sjóndeildarhringnum og skal þannig komið fyrir að það lýsi beint fram og til hliðar 22,5° aftur fyrir þvert á hvorri hlið skipsins.

b. „Hliðarljós“ er grænt ljós á stjórnborðshlið og rautt ljós á bakborðshlið og varpar hvort ljós samfelldri birtu á 112,5° boga af sjóndeildarhringnum og skal þannig komið fyrir að ljósið lýsi beint fram og til hliðar 22,5° aftur fyrir þvert á hvorri hlið, eftir því sem við á um

hvort ljós. Á skipi styttra en 20 m má hafa hliðarljósin í einu samsettu ljóskeri í miðlangskurðarfleti skipsins.

c. „Skutljós“ er hvítt ljós, komið fyrir eins nærri skut skipsins og við verður komið, og varpar samfelldri birtu yfir 135° boga af sjóndeildarhringnum þannig að ljósið lýsi beint aftur og 67,5° á hvora hlið skipsins.

d. „Dráttarljós“ er gult ljós sem lýsir eins og skutljósið sem skilgreint er í c-lið þessarar reglu.

e. „Hringljós“ er ljós sem varpar samfelldri birtu á 360° boga sjóndeildarhringsins.

f. „Leifturljós“ er ljós sem leiftrar með reglulegu millibili og með tíðni sem er 120 leiftur eða fleiri á hverri mínútu.

22. regla.

Langdrægi ljósa.

Ljós sem mælt er fyrir um að hafa uppi í þessum reglum skulu hafa þann ljósstyrk sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við þessar siglingareglur og skulu ljósin sjást þá lágmarksvegalengd sem hér segir:

a. Á skipum 50 m að lengd eða lengri:
- sigluljós, 6 sjómílur;
- hliðarljós, 3 sjómílur;
- skutljós 3, sjómílur;
- dráttarljós, 3 sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós, 3 sjómílur.

b. Á skipum 12 m að lengd eða lengri en styttri en 50 m:
- sigluljós, 5 sjómílur; nema á skipum styttri en 20 m, 3 sjómílur;
- hliðarljós, 2 sjómílur;
- skutljós, 2 sjómílur;
- dráttarljós, 2 sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós, 2 sjómílur.

c. Á skipum styttri en 12 m:
- sigluljós, 2 sjómílur;
- hliðarljós, 1 sjómílu;
- skutljós 2, sjómílur;
- dráttarljós 2, sjómílur;
- hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós, 2 sjómílur.

d. Á lítt áberandi skipum að nokkru í kafi eða hlutum í drætti:
- hvítt hringljós, 3 sjómílur.

23. regla.

Vélskip sem eru laus.

a. Vélskip sem er laust skal hafa uppi:
i. sigluljós frammá;
ii. annað sigluljós aftar og ofar en sigluljósið frammá, nema á skipi styttra en 50 m er ekki skylt að hafa uppi þetta ljós en má hafa það;
iii. hliðarljósin;
iv. skutljósið.

b. Loftpúðaskip í förum án særýmis skal, auk þeirra siglingaljósa sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, hafa uppi gult hringleifturljós.

c. Sviffar (WIG) skal aðeins þegar það lyftir sér til flugs, lendir og svífur nærri yfirborðinu hafa uppi mjög skært, rautt hringleifturljós, auk þeirra ljósa sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu.

d. i. Vélskip styttra en 12 m má í stað ljósanna sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu hafa uppi hvítt hringljós og hliðarljósin.

ii. Vélskip sem er styttra en 7 m og nær mest 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund má í stað þeirra ljósa sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu hafa uppi hvítt hringljós og skal einnig hafa uppi hliðarljósin ef það er unnt með góðu móti.

iii. Sigluljósinu eða hringljósinu á vélskipi sem er styttra en 12 m má, ef óframkvæmanlegt er með góðu móti að hafa ljósið í miðlangskurðarfletinum, koma fyrir utan við miðlangskurðarflöt skipsins, þó að því tilskildu að hliðarljósin séu í einu samsettu ljóskeri sem skal haft í miðlangskurðarfleti skipsins eða eins nærri og unnt er í sama langskurðarfleti og sigluljósið eða hvíta hringljósið.

24. regla.

Skip sem draga eða ýta.

a. Vélskip skal þegar það dregur hafa uppi:

i. tvö sigluljós, og sé annað lóðrétt upp af hinu, í stað ljóssins sem mælt er fyrir um í i. eða ii. lið a-liðar í 23. reglu. Þegar lengd þess sem dregið er, mæld frá skut skipsins sem dregur til afturenda þess sem er dregið, verður yfir 200 m á að hafa þrjú sigluljós lóðrétt hvert upp af öðru;

ii. hliðarljósin;

iii. skutljósið;

iv. dráttarljósið, lóðrétt ofan við skutljósið;

v. tígullaga dagmerki þar sem best verður séð þegar lengd þess sem er dregið er yfir 200 m.

b. Þegar skip sem ýtir og skip sem ýtt er áfram eru fasttengd í eina samsetta heild skal líta á þau sem eitt vélskip og skal hafa uppi ljósin sem mælt er fyrir um í 23. reglu.

c. Þegar vélskip ýtir einhverju áfram eða dregur sér við hlið, nema þegar um eina samsetta heild er að ræða, skal skipið hafa uppi þessi ljós:

i. tvö sigluljós, og sé annað lóðrétt upp af hinu, í stað ljóssins sem mælt er fyrir um í i. eða ii. lið a-liðar í 23. reglu;

ii. hliðarljósin;

iii. skutljósið.

d. Þegar a- eða c-liður þessarar reglu á við vélskip skal það einnig fara eftir ákvæðum í ii. lið a-liðar í 23. reglu.

e. Skip eða hlutur sem er dreginn og fellur ekki undir g-lið þessarar reglu skal hafa uppi:

i. hliðarljósin;

ii. skutljósið;

iii. tígullaga dagmerki þar sem það sést best þegar lengd þess sem er dregið er yfir 200 m.

f. Þegar eitt eða fleiri skip eru dregin við hlið dráttarskips eða ýtt í hóp skal hafa uppi ljós eins og um eitt skip væri að ræða:

i. skip sem ýtt er áfram, og er ekki hluti samsettrar heildar, skal hafa hliðarljósin frammá skipinu;

ii. skip sem er dregið við hlið dráttarskips skal hafa uppi skutljósið og frammá skipinu hliðarljósin.

g. Skip eða hlutur sem er lítt áberandi og að hluta til í kafi eða samsafn slíkra skipa eða hluta í drætti skal hafa uppi:

i. eitt hvítt hringljós á eða við framendann og annað hvítt hringljós á eða við afturendann ef breidd þess sem er dregið er undir 25 m, farmslöngur (dracones) þurfa þó ekki að hafa ljós á eða við framendann;

ii. tvö hvít hringljós til viðbótar komið fyrir á eða rétt við þá staði þar sem breiddin er mest ef breidd þess sem er dregið er 25 m eða meiri;

iii. hvít hringljós til viðbótar á milli ljósanna sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið og þannig fyrir komið að fjarlægðin milli ljósanna sé ekki meiri en 100 m ef lengd þess sem er dregið fer yfir 100 m;

iv. tígullaga dagmerki á eða við afturenda aftasta skipsins eða hlutarins sem er dreginn og ef lengd þess sem er dregið er meiri en 200 m skal hafa uppi annað tígullaga dagmerki þar sem það sést best og eins langt frammá og við verður komið.

h. Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt með góðu móti á skipi eða hlut sem dreginn er að hafa uppi þau ljós eða merki sem mælt er fyrir um í e- eða g-lið þessarar reglu skal gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að lýsa upp skipið eða hlutinn sem dreginn er eða að minnsta kosti gefa til kynna að slíkt skip eða hlutur sé nærri.

i. Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt með góðu móti á skipi sem að jafnaði er ekki notað sem dráttarskip að hafa uppi ljósin sem mælt er fyrir um í a- eða c-lið þessarar reglu skal því ekki skylt að sýna þau ljós þegar það dregur annað skip sem er í nauðum statt eða þarf á annan hátt aðstoðar við. Allar tiltækar ráðstafanir skulu gerðar til að beina athygli að því hvernig samband og dráttartaug eru á milli skipsins sem dregur og þess sem er dregið eins og 36. regla heimilar og þá sérstaklega með því að lýsa upp dráttartaugina.

25. regla.

Seglskip sem eru laus og skip undir árum.

a. Seglskip sem er laust skal hafa uppi:

i. hliðarljósin;

ii. skutljósið.

b. Seglskip styttra en 20 m má hafa ljósin sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu í einu samsettu ljóskeri á eða nærri siglutoppi þar sem það sést best.

c. Seglskip sem er laust má auk ljósanna sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu hafa uppi á eða nærri siglutoppi, þar sem þau sjást best, tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og skal efra ljósið vera rautt og neðra ljósið grænt, en þessi hringljós má ekki hafa uppi ásamt samsetta ljóskerinu sem heimilað er í b-lið þessarar reglu.

d. i. Seglskip styttra en 7 m skal, ef unnt er, hafa uppi ljósin sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið þessarar reglu, en ef seglskipið hefur ekki uppi þessi ljós skal raflugt eða tendrað ljósker sem sýnir hvítt ljós vera tiltækt og skal því brugðið tímanlega upp til þess að koma í veg fyrir árekstur.

ii. Skip undir árum má hafa uppi ljósin sem mælt er fyrir um í þessari reglu að seglskip hafi uppi, en ef þau ljós eru ekki höfð uppi skal raflugt eða tendrað ljósker sem sýnir hvítt ljós vera tiltækt og skal því brugðið tímanlega upp til þess að koma í veg fyrir árekstur.

e. Á skipi undir seglum og á ferð, sem einnig er knúið áfram með vél, skal frammá skipinu hafa uppi keilu þar sem hún sést best og vísi oddur keilunnar niður.

26. regla.

Fiskiskip.

a. Skip að fiskveiðum, hvort sem það er laust eða við akkeri, skal aðeins hafa uppi þau ljós og dagmerki sem mælt er fyrir um í þessari reglu.

b. Skip að togveiðum, en með því er átt við skip sem dregur vörpu eða annað tæki til fiskveiða í gegnum sjóinn, skal hafa uppi:

i. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og skal efra ljósið vera grænt og neðra ljósið hvítt, eða dagmerki sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni og snúi topparnir saman;

ii. sigluljós, aftar og ofar en græna hringljósið; á skipi styttra en 50 m er ekki skylt að hafa uppi þetta ljós en það má hafa;

iii. þegar skipið er á ferð skal það hafa uppi hliðarljós og skutljós auk þeirra ljósa sem mælt er fyrir um í þessum lið.

c. Skip að fiskveiðum, annað en skip að togveiðum, skal hafa uppi:

i. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og skal efra ljósið vera rautt og neðra ljósið hvítt, eða dagmerki sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni og snúi topparnir saman;

ii. þegar veiðarfæri í sjó nær lengra en 150 m í lárétta stefnu frá skipinu, hvítt hringljós eða keilu í þá átt sem veiðarfærið liggur og snúi toppur keilunnar upp;

iii. þegar skipið er á ferð skal það hafa uppi hliðarljós og skutljós auk þeirra ljósa sem mælt er fyrir um í þessum lið.

d. Viðbótarmerki sem lýst er í II. viðauka við þessar siglingareglur eiga við skip að fiskveiðum mjög nærri öðrum skipum að fiskveiðum.

e. Þegar skip er ekki að fiskveiðum má það ekki hafa uppi ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um að sýna í þessari reglu heldur aðeins ljósin og dagmerkin sem mælt er fyrir um að jafnlöng skip hafi uppi.

27. regla.

Stjórnvana skip og skip með takmarkaða stjórnhæfni.

a. Stjórnvana skip skal hafa uppi:

i. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, þar sem þau sjást best;

ii. tvær kúlur eða áþekk dagmerki, annað lóðrétt upp af hinu, þar sem þau sjást best;

iii. hliðarljósin og skutljósið þegar skipið er á ferð auk ljósanna sem mælt er fyrir um í þessum lið.

b. Skip með takmarkaða stjórnhæfni, nema skip sem starfar að hreinsun tundurdufla-svæða, skal hafa uppi:

i. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru þar sem þau sjást best; efsta og neðsta ljósið skal vera rautt en miðljósið hvítt;

ii. sem dagmerki, þrjú merki lóðrétt hvert upp af öðru þar sem þau sjást best; efsta og neðsta merkið á að vera kúla en miðmerkið tígullaga;

iii. sigluljósið eða -ljósin, hliðarljósin og skutljósið þegar skipið er á ferð, auk ljósanna sem mælt er fyrir um í i. lið;

iv. ljósið, ljósin eða dagmerkið sem mælt er fyrir um í 30. reglu þegar legið er við akkeri, auk ljósa eða dagmerkja sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið.

c. Vélskip sem dregur, þannig að geta skipsins eða þess sem er dregið til að víkja frá stefnu sinni er verulega takmörkuð, skal auk ljósanna og dagmerkjanna sem mælt er fyrir um

í a-lið 24. reglu hafa uppi ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar þessarar reglu.

d. Skip við dýpkun eða neðansjávarvinnu skal, þegar það er með takmarkaða stjórnhæfni, hafa uppi ljósin og dagmerkin sem mælt er fyrir um í i., ii. og iii. lið b-liðar þessarar reglu og þegar skipið mætir hindrun skal það auk þess hafa uppi:

i. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvær kúlur, önnur lóðrétt upp af hinni, sem sýna á hvora hlið hindrunin er;
ii. tvö græn hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvö tígullaga merki, annað lóðrétt upp af hinu, sem sýna á hvora hlið önnur skip geta siglt fram hjá;
iii. þegar legið er við akkeri, ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um í þessum lið í stað ljósanna eða dagmerkisins sem mælt er fyrir um í 30. reglu.

e. Þegar stærð skips að köfunarstörfum veldur því að óframkvæmanlegt er með góðu móti að hafa uppi öll þau ljós og dagmerki sem kveðið er á um í d-lið þessarar reglu skal það hafa uppi:

i. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru þar sem þau sjást best; efsta og neðsta ljósið skal vera rautt en miðljósið hvítt;
ii. stíft spjald með nákvæmri mynd af alþjóðamerkjafánanum „A“ sem skal ekki vera lægra en 1 m á hæð; þess skal gætt að það sjáist úr öllum áttum.

f. Skip sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða skal, auk ljósanna sem mælt er fyrir um í 23. reglu að vélskip hafi uppi, eða ljósanna eða dagmerkisins sem mælt er fyrir um í 30. reglu að skip sem liggja við akkeri hafi uppi, eftir því sem við á, hafa uppi þrjú græn hringljós eða þrjár kúlur. Eitt þessara ljósa eða dagmerkja skal vera á eða nálægt húni framsiglu og eitt á hvorum enda framrár. Ljósin eða dagmerkin merkja að hættulegt sé fyrir önnur skip að fara nær skipinu sem hreinsar tundurduflasvæði en 1.000 m.

g. Skipum styttri en 12 m, öðrum en þeim sem eru að köfunarstörfum, er ekki skylt að hafa uppi ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um í þessari reglu.

h. Ljósin og dagmerkin sem mælt er fyrir um í þessari reglu eru ekki merki skipa í sjávarháska sem þarfnast aðstoðar. Neyðarmerkjum er lýst í IV. viðauka við þessar siglingareglur.

28. regla.

Skip böguð vegna djúpristu.

Skip sem er bagað vegna djúpristu má, auk ljósanna sem mælt er fyrir um í 23. reglu fyrir vélskip, hafa uppi, þar sem þau sjást best, þrjú rauð hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, eða sívalning.

29. regla.

Hafnsöguskip.

a. Skip sem gegnir hafnsöguerindum skal hafa uppi:

i. tvö hringljós á eða nærri siglutoppi, annað lóðrétt upp af hinu, og skal efra ljósið vera hvítt og neðra ljósið rautt;
ii. auk þess hliðarljósin og skutljósið þegar það er laust;
iii. ljósið, ljósin eða dagmerkið sem mælt er fyrir um í 30. reglu um skip sem liggja við akkeri, auk ljósanna sem mælt er fyrir um í i. lið þegar legið er við akkeri.

b. Hafnsöguskip sem gegnir ekki hafnsöguerindum skal hafa uppi ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um að sams konar skip jafnlöng eigi að hafa uppi.

30. regla.

Skip sem liggja við akkeri og skip sem standa á grunni.

a. Skip sem liggur við akkeri skal þar sem það sést best hafa uppi:

i. hvítt hringljós eða kúlu framan til á skipinu;

ii. hvítt hringljós á eða nærri skut og lægra en ljósið sem mælt er fyrir um í i. lið.

b. Skip styttra en 50 m má í stað ljósanna sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu hafa uppi hvítt hringljós þar sem það sést best.

c. Skip 100 m að lengd og lengra sem liggur við akkeri skal einnig nota tiltæk vinnuljós eða jafngild ljós til að lýsa upp þilför skipsins. Önnur skip sem liggja við akkeri má lýsa upp á sama hátt.

d. Skip sem stendur á grunni skal hafa uppi þau ljós sem mælt er fyrir um að höfð séu uppi í a- og b-lið þessarar reglu og auk þess þar sem það sést best:

i. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu;

ii. þrjár kúlur, hver lóðrétt upp af annarri.

e. Á skipi styttra en 7 m er ekki skylt að hafa uppi ljósin eða dagmerkið sem mælt er fyrir um í a- og b-lið þessarar reglu þegar það liggur við akkeri annars staðar en í eða nálægt þröngri siglingaleið eða ál eða á akkerislegu eða þar sem önnur skip sigla venjulega um.

f. Á skipi styttra en 12 m er ekki skylt að hafa uppi ljósin eða dagmerkin sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið d-liðar þessarar reglu þegar það stendur á grunni.

31. regla.

Sjóflugvélar.

Þegar óframkvæmanlegt er með góðu móti að hafa uppi ljósin og dagmerkin á sjóflugvél eða sviffari (WIG) með þeim einkennum eða þeirri staðsetningu sem lýst er í reglum þessa kafla skal farið hafa uppi ljós og dagmerki sem eru sem líkust hinum réttu einkennum og komið fyrir eins nærri réttri staðsetningu og við verður komið.

Kafli D – HLJÓÐ- OG LJÓSMERKI

32. regla.

Skilgreiningar.

a. „Flauta“ er sérhver hljóðgjafi sem getur gefið frá sér þau hljóð sem mælt er fyrir um að gefa og í samræmi við tækniforskriftirnar í III. viðauka við þessar siglingareglur.

b. „Stutt hljóð“ merkir hljóð sem varir í um það bil eina sekúndu.

c. „Langt hljóð“ merkir hljóð sem varir í fjórar til sex sekúndur.

33. regla.

Tæki til hljóðmerkjagjafa.

a. Skip 12 m að lengd eða lengra skal búið flautu, skip 20 m að lengd eða lengra skal auk flautunnar búið skipsklukku og skip 100 m að lengd eða lengra skal auk þess búið málmtrumbu enda sé tryggt að hljómur hennar og hljóð verði ekki tekið fyrir hringingu skipsklukkunnar. Skipsflautan, klukkan og málmtrumban eiga að vera í samræmi við tækniforskriftirnar í III. viðauka við þessar siglingareglur. Í stað klukkunnar eða málmtrumbunnar, eða í stað hvorutveggja, má nota annað tæki sem gefur frá sér hljóð með sömu einkennum og þau hvort um sig að því tilskildu að ávallt sé unnt að gefa hin fyrirskipuðu hljóðmerki með handafli.

b. Ekki er skylt að búa skip styttra en 12 m þeim hljóðgjöfum sem mælt er fyrir um í a-lið

þessarar reglu en ef skipið er ekki búið þessum tækjum skal það hafa einhvern annan útbúnað sem gefur frá sér fullnægjandi hljóðmerki.

34. regla.

Merki um stjórntök og til viðvörunar.

a. Þegar skip eru í sjónmáli skal vélskip sem er laust og þegar beitt er stjórntökum sem eru heimiluð eða krafist er í þessum reglum gefa þau til kynna með eftirfarandi hljóðmerkjum með flautunni:

- Eitt stutt hljóð merkir: „Ég breyti stefnu minni til stjórnborða.“
- Tvö stutt hljóð merkja: „Ég breyti stefnu minni til bakborða.“
- Þrjú stutt hljóð merkja: „Ég læt vélina ganga aftur á bak.“

b. Á hverju skipi má, auk hljóðmerkja sem mælt er fyrir um í a-lið þessarar reglu, gefa ljósmerki sem eftir því sem við á eru endurtekin á meðan stjórntök fara fram:

i. Ljósmerki þessi skulu hafa svohljóðandi merkingu:
   - Einn blossi merkir: „Ég breyti stefnu minni til stjórnborða.“
   - Tveir blossar merkja: „Ég breyti stefnu minni til bakborða.“
   - Þrír blossar merkja: „Ég læt vélina ganga aftur á bak.“

ii. Lengd hvers blossa skal vera um ein sekúnda; bilið milli blossanna skal einnig vera um ein sekúnda og bil milli ljósmerkja, sem eru send hvert á eftir öðru, skal ekki vera styttra en tíu sekúndur.

iii. Ef skipið er búið sérstöku ljóskeri til þessara merkjagjafa skal það vera hvítt hringljós, sem sést að minnsta kosti í 5 sjómílna fjarlægð, og skal það uppfylla ákvæðin í I. viðauka við þessar siglingareglur.

c. Þegar skip eru í sjónmáli á þröngri siglingaleið eða ál gilda þessar reglur:

i. Skip sem ætlar að sigla fram úr öðru skipi skal í samræmi við i. lið e-liðar í 9. reglu gefa fyrirhugaða framúrsiglingu til kynna með eftirfarandi hljóðmerkjum, gefnum með flautunni:
   - Tvö löng hljóð með eftirfarandi stuttu hljóði merkja: „Ég ætla að sigla fram úr þér á stjórnborða.“
   - Tvö löng hljóð með eftirfarandi tveimur stuttum hljóðum merkja: „Ég ætla að sigla fram úr þér á bakborða.“

ii. Skip sem sigla á fram úr skal í samræmi við i. lið e-liðar í 9. reglu gefa til kynna að fallist sé á framúrsiglingu með eftirfarandi hljóðmerkjum með flautunni:
   - eitt langt hljóð, eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð og skal gefa hljóðmerkin í þessari röð.

d. Þegar skip eru í sjónmáli og nálgast hvort annað en fyrirætlanir eða stjórntök annars hvors skipsins eru af einhverjum ástæðum óskiljanlegar stjórnendum hins, eða efast er um að hitt skipið geri fullnægjandi ráðstafanir til að forðast árekstur, skal skipið sem er í óvissu láta slíkar efasemdir í ljós þegar í stað með því að gefa hratt að minnsta kosti fimm stutt hljóð með flautunni. Auk hljóðmerkisins má sýna ljósmerki sem eru a.m.k. fimm stuttir blossar sem lýsa hratt hver á eftir öðrum.

e. Skip sem nálgast bugðu eða svæði á þröngri siglingaleið eða ál þar sem önnur skip geta verið í hvarfi vegna tálma sem ber á milli skal gefa eitt langt hljóð. Öll skip sem nálgast bugðuna hinum megin frá, eða eru bak við hvarfið sem ber á milli þaðan sem hljóðmerkið heyrist, skulu svara því með öðru löngu hljóði.

f. Ef skip er búið flautum sem eru í meira en 100 m fjarlægð hvor frá annarri skal aðeins nota eina flautu til að gefa hljóðmerki vegna stjórntaka og til viðvörunar.

35. regla.

Hljóðmerki í takmörkuðu skyggni.

Á eða nærri svæði þar sem skyggni er takmarkað skal, hvort sem er að nóttu eða degi, gefa hljóðmerki þau sem mælt er fyrir um í þessari reglu sem hér greinir:

a. Vélskip á ferð skal með tveggja mínútna millibili í mesta lagi gefa eitt langt hljóð.

b. Vélskip sem er laust en hefur stöðvast og er ferðlaust skal með tveggja mínútna millibili í mesta lagi gefa tvö löng hljóð, hvert á eftir öðru, með um það bil tveggja sekúndna þögn á milli þeirra.

c. Stjórnvana skip, skip með takmarkaða stjórnhæfni, skip bagað vegna djúpristu, seglskip, skip að fiskveiðum og skip sem dregur annað skip eða ýtir því skulu í stað þeirra hljóðmerkja sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið þessarar reglu gefa með tveggja mínútna millibili í mesta lagi þrjú hljóð hvert á eftir öðru, þ.e. eitt langt hljóð og á eftir því tvö stutt hljóð.

d. Skip að fiskveiðum sem liggur við akkeri og skip með takmarkaða stjórnhæfni sem liggur við akkeri þegar það er að störfum skulu í stað hljóðmerkjanna sem mælt er fyrir um í g-lið þessarar reglu gefa hljóðmerkið sem mælt er fyrir um í c-lið þessarar reglu.

e. Skip sem er dregið skal með tveggja mínútna millibili í mesta lagi gefa fjögur hljóð hvert á eftir öðru, þ.e. eitt langt hljóð og á eftir því þrjú stutt, eða ef fleiri en eitt skip eru dregin þá skal aftasta skipið í lestinni ef það er mannað gefa sams konar hljóðmerki. Þegar því verður við komið skal gefa hljóðmerkið strax á eftir hljóðmerki dráttarskipsins.

f. Þegar skip sem ýtir og annað sem ýtt er áfram eru fasttengd í eina samsetta heild skal líta á þau sem vélskip og gefa skal hljóðmerkin sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið þessarar reglu.

g. Skip sem liggur við akkeri skal með einnar mínútu millibili í mesta lagi hringja skipsklukkunni ótt og títt í um það bil fimm sekúndur. Skip 100 m að lengd eða lengra skal hringja klukkunni frammá skipinu og strax á eftir klukkuhringingunni skal berja málmtrumbuna afturá skipinu ótt og títt í um það bil fimm sekúndur. Skip sem liggur við akkeri má auk þess gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, þ.e. eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til þess að vara skip sem nálgast við legu skipsins og hver hætta kunni að vera á árekstri.

h. Skip sem stendur á grunni skal hringja klukkunni ótt og títt í um það bil fimm sekúndur og, ef þess er krafist, berja málmtrumbuna eins og mælt er fyrir um í g-lið þessarar reglu og auk þess skal slá þrjú aðgreind og greinileg högg á skipsklukkuna strax á undan og eftir hverri hringingu með klukkunni sem slegin er ótt og títt. Skip sem stendur á grunni má auk þess gefa önnur viðeigandi hljóðmerki með flautunni.

i. Skipi 12 m að lengd eða lengra en styttra en 20 m er ekki skylt að hringja skipsklukkunni eins og mælt er fyrir um í g- og h-lið þessarar reglu. Ef þessi hljóðmerki eru ekki gefin skal samt sem áður með tveggja mínútna millibili í mesta lagi gefa eitthvert annað greinilegt hljóðmerki.

j. Skipi styttra en 12 m er ekki skylt að gefa framangreind hljóðmerki en ef það gefur ekki þessi hljóðmerki skal með tveggja mínútna millibili í mesta lagi gefa eitthvert annað greinilegt hljóðmerki.

k. Hafnsöguskip í hafnsöguerindum má auk hljóðmerkjanna sem mælt er fyrir um í a-, b- eða g-lið þessarar reglu gefa hljóðmerki til auðkenningar sem eru fjögur stutt hljóð.

36. regla.

Merki til að vekja á sér athygli.

Ef nauðsynlegt er að vekja athygli annars skips má sérhvert skip sýna ljós eða gefa hljóðmerki sem verður ekki ruglað saman við neitt af þeim merkjum sem heimilað er að nota

annars staðar í þessum reglum, eða það má beina geisla ljóskastara skipsins í átt að hættunni þannig að það trufli ekki önnur skip. Hvert eitt ljós, sem notað er til þess að vekja athygli annars skips, skal vera þannig að það verði ekki tekið fyrir neitt ljós sem notað er til aðstoðar við leiðsögu og siglingu skipa. Við beitingu þessarar reglu skal forðast að nota skær blikk- eða hverfiljós svo sem glampaljós (e. *strobe lights*, da. *blitzlys*).

37. regla.
Neyðarmerki.

Þegar skip er í sjávarháska og þarfnast aðstoðar skal nota eða sýna þau merki sem lýst er í IV. viðauka við þessar siglingareglur.

KAFLI E – UNDANÞÁGUR

38. regla.
Undanþágur.

Sérhvert skip (eða flokkur skipa) sem lagður er kjölur að eða er á samsvarandi smíðastigi áður en þessar reglur taka gildi má, svo framarlega sem skipið uppfyllir kröfur í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1960, vera undanþegið þessum siglingareglum sem hér greinir:

a. Uppsetning ljósa með langdrægi sem krafist er í 22. reglu í allt að fjögur ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

b. Uppsetning ljósa með þeim sérstöku litareinkennum sem krafist er í 7. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur í allt að fjögur ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

c. Tilfærsla ljósa vegna breytinga frá breskum mælieiningum í metrakerfi og notkun lengdarmála upp á heilan og hálfan metra um alla framtíð.

d. i. Tilfærsla á sigluljósi skipa styttri en 150 m vegna fyrirmæla í a-lið 3. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur um alla framtíð.

ii. Tilfærsla sigluljósa skipa 150 m að lengd eða lengri vegna fyrirmæla í a-lið 3. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur í allt að níu ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

e. Tilfærsla sigluljósa vegna fyrirmæla í b-lið 2. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur í allt að níu ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

f. Tilfærsla hliðarljósa vegna fyrirmæla í g-lið 2. hluta og b-lið 3. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur í allt að níu ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

g. Fyrirmæli um hljóðmerkjatæki sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessar siglingareglur í allt að níu ár frá þeim degi að þessar siglingareglur taka gildi.

h. Tilfærsla hringljósa vegna fyrirmæla í b-lið 9. hluta í I. viðauka við þessar siglingareglur um alla framtíð.

I. VIÐAUKI

Staðsetning og nákvæm tæknileg lýsing ljósa og dagmerkja.

1. Skilgreiningar.

„Hæð upp frá bol skipsins“ merkir hæð upp frá efsta þilfari sem nær stafna á milli. Hæðin skal mæld frá punkti sem er lóðrétt undir ljósinu.

2. Lóðrétt staðsetning og fjarlægð á milli ljósa.

a. Á vélskipi 20 m að lengd eða lengra skal sigluljósum komið fyrir sem hér segir:

i. fremra sigluljósið, eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós, þá það ljós, skal vera í að minnsta kosti 6 m hæð upp frá bol skipsins og ef skipið er breiðara en 6 m þá að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur, ljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 m upp frá bol skipsins;

ii. þegar tvö sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 m hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

b. Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil að við eðlilegan stafnhalla sjáist frá sjávarfleti í 1.000 m fjarlægð frá stafni skipsins aftara sigluljósið ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c. Sigluljósi vélskips 12 m að lengd eða lengra, en styttra en 20 m, skal komið fyrir í minnst 2,5 m hæð ofan við borðstokk skipsins.

d. Á vélskipi styttra en 12 m má efsta ljósið vera lægra en 2,5 m ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er samt sem áður haft uppi auk hliðarljósanna og skutljóssins eða haft er uppi hringljós eins og mælt er fyrir um í i. lið d-liðar 23. reglu skal þetta sigluljós eða hringljósið vera að minnsta kosti 1 m ofan við hliðarljósin.

e. Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa sem mælt er fyrir um að vélskip skuli hafa uppi þegar þau draga annað skip eða ýta því skal komið fyrir annaðhvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósið að því tilskildu að ef ljósin eru höfð á aftursiglu skal lægsta aftara sigluljósið vera a.m.k. 4,5 m hærra en fremra sigluljósið mælt í lóðlínu.

f. i. Sigluljósinu eða ljósunum sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir nema eins og lýst er í ii. lið.

ii. Sé óframkvæmanlegt með góðu móti að hafa hringljósin, sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, neðan við sigluljósin má setja þau ofan við aftara sigluljósið(in) eða lóðrétt milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóss (sigluljósa), enda sé í síðara tilvikinu fylgt ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g. Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur þremur fjórðu (¾) af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin má ekki setja svo lágt að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h. Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á vélskipi sem er styttra en 20 m skal þeim komið fyrir minnst 1 m neðan við sigluljósið.

i. Þegar mælt er fyrir í reglunum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

i. Á skipi 20 m að lengd eða lengra skulu vera minnst 2 m á milli ljósanna og skal neðra eða neðsta ljósinu komið fyrir í minnst 4 m hæð upp frá bol skipsins, nema hafa skuli uppi dráttarljós.

ii. Á skipi styttra en 20 m skal minnst vera 1 m á milli ljósanna og skal neðsta ljósinu komið fyrir í minnst 2 m hæð ofan við borðstokk skipsins, nema hafa skuli uppi dráttarljós.

iii. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi skal vera jafnt bil á milli þeirra.

j. Lægra ljósið af hringljósunum tveimur sem mælt er fyrir um að skip að fiskveiðum hafi uppi skal vera minnst tvöföld sú fjarlægð sem er á milli lóðréttu hringljósanna ofan við hliðarljósin.

k. Fremra akkerisljósið sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 30. reglu skal, þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, vera minnst 4,5 m ofar en aftara ljósið. Á skipi 50 m að lengd eða lengra skal fremra akkerisljósinu komið fyrir í minnst 6 m hæð upp frá bol skipsins.

3. Lárétt staðsetning og fjarlægð á milli ljósa.

a. Lárétt fjarlægð milli sigluljósa á vélskipi sem mælt er fyrir um að hafi uppi tvö sigluljós skal vera minnst hálf skipslengdin en þarf þó ekki að vera lengri en 100 m. Fremra sigluljósinu skal ekki komið fyrir fjær stafni en sem nemur fjórðungi af lengd skipsins.

b. Á vélskipi 20 m að lengd eða lengra skal ekki setja hliðarljósin framan við fremri sigluljósin. Hliðarljósunum skal komið fyrir á eða nærri hliðum skipsins.

c. Þegar hringljósunum, sem kveðið er á um í i. lið b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, er komið fyrir lóðrétt á milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóss(a) skulu hringljósin ekki vera nær miðlangskurðarfleti skipsins en 2 m mælt lárétt í þverskipsstefnu.

d. Þegar mælt er fyrir um að vélskip hafi aðeins eitt sigluljós uppi skal ljósið vera framan við miðju skipsins nema á skipi styttra en 20 m þarf þó ekki að hafa ljósið framan við miðju skipsins, en það skal haft eins framarlega á skipinu og við verður komið með góðu móti.

4. Nánari ákvæði um staðsetningu bendiljósa á fiskiskipum, dýpkunarskipum og skipum við neðansjávarvinnu.

a. Ljósið sem mælt er fyrir um í ii. lið c-liðar 26. reglu og bendir í hvaða átt veiðarfæri skips að fiskveiðum liggja skal vera minnst í 2 m en mest í 6 m láréttri fjarlægð frá rauða og hvíta hringljósinu. Þetta ljós skal ekki vera hærra en hvíta hringljósið sem mælt er fyrir um í i. lið c-liðar 26. reglu og ekki lægra en hliðarljósin.

b. Ljósin og dagmerkin á skipi sem vinnur við dýpkun eða neðansjávarvinnu til að sýna á hvora hlið er hindrun og/eða á hvora hlið er öruggt að sigla fram hjá, eins og mælt er fyrir um í i. og ii. lið d-liðar 27. reglu, skal komið fyrir í eins mikilli láréttri fjarlægð og unnt er en í engum tilvikum styttra en 2 m frá þeim ljósum eða dagmerkjum sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 27. reglu. Hærra ljósið eða dagmerkið má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærra en ljósið eða dagmerkið sem lægst er þeirra þriggja ljósa og dagmerkja sem mælt er fyrir um í i. og ii. lið b-liðar 27. reglu.

5. Hlífar fyrir hliðarljós.

Hliðarljósin á skipum 20 m að lengd eða lengri skulu búin svartmáluðum, möttum hlífum á þeirri hlið sem veit inn að skipinu og skulu fullnægja þeim kröfum sem eru gerðar í 9. hluta þessa viðauka. Á skipum styttri en 20 m skulu hliðarljósin vera búin svörtum, möttum hlífum á þeirri hlið sem veit inn að skipinu ef nauðsyn krefur til að þau fullnægi kröfum í 9. hluta þessa viðauka. Þegar um er að ræða samsett ljósker með einum lóðréttum glóðarþræði og örþunnu skilrúmi á milli græna og rauða ljósgeirans þarf ekki að búa hliðarljósin hlífum að utanverðu.

6. Dagmerki.

a. Dagmerki skulu vera svört og af eftirfarandi stærðum:
   i. þvermál kúlu skal ekki vera minna en 0,6 m;
   ii. þvermál grunnflatar keilu skal ekki vera minna en 0,6 m og skal hæð keilunnar vera jöfn þvermáli grunnflatar;
   iii. þvermál sívalnings skal vera a.m.k. 0,6 m og skal hæð sívalningsins vera tvisvar sinnum þvermál hans;
   iv. tígullaga merki skal vera tvær keilur sem hafa sameiginlegan grunnflöt og séu keilurnar af sömu gerð og lýst er í ii. lið hér að framan.

b. Lóðrétt fjarlægð á milli dagmerkja skal vera a.m.k. 1,5 m.

c. Á skipi styttra en 20 m má hafa uppi minni dagmerki en þau skulu samt svara til stærðar skipsins og fjarlægð milli merkjanna má stytta samsvarandi.

7. Skilgreining lita á ljósum.

Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla sem eru innan marka sem tilgreind eru um hvern lit í litatöflu sem Alþjóðaljóstækninefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit gefin með hornhnitum eru þessi:

i. Hvítt							
	x	0	0	0,452	0,310	0	0,443
	y	0	0	0	0	0	0
ii. Grænt							
	x	0	0	0	0		
	y	0	0	0	0		
iii. Rautt							
	x	0	0	0	0		
	y	0	0	0	0		
iv. Gult							
	x	0	0	0	0		
	y	0	0	0	0		

8. Ljósstyrkur.

a. Minnsta ljósstyrk skal reikna út með því að nota jöfnuna:

$$I = 3{,}43 \times 10^6 \times T \times D^2 \times K^{-D}$$

þar sem I er ljósstyrkur í kandelum[5] þegar ljósið er komið á sinn stað og í notkun.
T er raftregðustuðull 2×10^{-7} lúx[6],
D er langdrægi ljóssins (sjónarlengd) í sjómílum,
K er ljósleiðni andrúmsloftsins, þ.e. hversu auðveldlega ljósið berst í andrúmsloftinu.

Fyrir ljós sem mælt er fyrir um í reglunum skal K-gildið vera 0,8 sem svarar til að skyggni með berum augum sé um það bil 13 sjómílur.

---

[5] Kandela (enska: candela) er mælieining á ljósstyrk (ljóma) táknað með cd; 1 cd er ljósstyrkurinn hornrétt frá fleti sem er $\frac{1}{60}$ cm^2 og skín eins og fullkominn ljósgjafi. Íslensk orðabók, þriðja útgáfa. Edda, Reykjavík 2002.

[6] Lúx er mælieining um styrkleika birtu (tákn lx) þar sem 1 lx jafngildir lýsingu flatar sem fær á hvern fermetra ljósflæðið 1 lm (lúmen) sem samsvarar ljósi frá kerti í 1 m fjarlægð. Íslensk orðabók, þriðja útgáfa. Edda, Reykjavík 2002.

b. Valin gildi fundin með jöfnunni eru tilgreind í eftirfarandi töflu:

Langdrægi ljóssins í sjómílum (sjónarlengd) ***D***	**Ljósmagn í kandelum fyrir K = 0,8** ***I***
1	0,9
2	4,3
3	12
4	27
5	52
6	94

ATHUGIÐ: Hámarksljósstyrk siglingaljósa ætti að miða við að komist verði hjá óæskilegri blindun af ofbirtu. Þessu má ekki ná fram með stillanlegum ljósrofa.

9. Láréttir ljósgeirar.

a. i. Hliðarljósin skulu, þar sem þeim er komið fyrir um borð, sýna lágmarksljósstyrk sem krafist er í stefnu fram á við. Ljósstyrkur skal minnka og verða í reynd ómælanlegur á milli 1° og 3° utan þeirra geira sem mælt er fyrir um að ljósin skuli lýsa.

ii. Lágmarksljósstyrk sem krafist er fyrir skutljós, sigluljós og hliðarljós, 22,5° aftan við þverskipsstefnu, skal haldið á þeim boga sjóndeildarhringsins sem mælt er fyrir um í 21. reglu að 5° innan marka ljósgeiranna. Frá 5° innan ljósgeiranna sem mælt er fyrir um má ljósstyrkurinn minnka um 50% að mörkunum sem mælt er fyrir um; síðan skal stöðugt draga úr ljósstyrknum þar til hann er í raun enginn og í síðasta lagi 5° utan ljósgeiranna sem mælt er fyrir um að ljósin lýsi.

b. i. Hringljósum skal þannig komið fyrir að ekki beri fyrir þau stærri hluti mastra, siglutoppa eða yfirbygginga en sem nemi 6° nema akkerisljósin sem mælt er fyrir um í 30. reglu, en þau þarf ekki að setja ofar bol skipsins en framkvæmanlegt er með góðu móti.

ii. Ef óframkvæmanlegt er með góðu móti að fara eftir i. lið b-liðar í þessum hluta og hafa uppi aðeins eitt hringljós skal hafa uppi tvö hringljós sem skulu eftir því sem frekast er unnt þannig sett upp og búin hlífum að þau sjáist sem eitt ljós í einnar sjómílu fjarlægð.

10. Lóðréttir ljósgeirar.

a. Lóðréttir ljósgeirar rafljósa, nema um sé að ræða ljós á seglskipum sem eru laus, skulu þar sem ljósum er komið fyrir tryggja:

i. að ljósstyrk, sem er a.m.k. sá lágmarksljósstyrkur sem krafist er, verði viðhaldið við öll horn frá 5° yfir láréttum fleti að 5° undir láréttum fleti;

ii. að ljósstyrk, sem er a.m.k 60% lágmarksljósstyrks sem krafist er, verði viðhaldið frá 7,5° yfir láréttum fleti að 7,5° undir láréttum fleti.

b. Ef um er að ræða seglskip sem eru laus skulu lóðréttir ljósgeirar rafljósa þar sem þeim er komið fyrir tryggja:

i. að ljósstyrk, sem er a.m.k. sá lágmarksljósstyrkur sem krafist er, verði viðhaldið við öll horn frá 5° yfir láréttum fleti að 5° undir láréttum fleti;

ii. að ljósstyrk, sem er a.m.k. 50% lágmarksljósstyrks sem krafist er, verði viðhaldið frá 25° yfir láréttum fleti að 25° undir láréttum fleti.

c. Þegar um önnur ljós en rafljós er að ræða skal fylgja þessum tækniforskriftum um lýsingu eins náið og kostur er.

11. Ljósstyrkur annarra ljósa en rafljósa.

Önnur ljós en rafljós skulu eftir því sem framkvæmanlegt er með góðu móti uppfylla kröfur um lágmarksljósstyrk eins og skilgreint er í töflu í 8. hluta þessa viðauka.

12. Stefnuljós.

Þrátt fyrir ákvæðin í f-lið 2. hluta þessa viðauka skal stefnuljósi sem lýst er í b-lið 34. reglu komið fyrir í sama lóðrétta langskurðarfleti og sigluljósinu eða sigluljósunum og þar sem því verður við komið a.m.k. 2 m lóðrétt ofan við fremra sigluljósið þó að því tilskildu að ljósið sé minnst 2 m lóðrétt fyrir ofan eða neðan aftara sigluljósið. Á skipi með aðeins eitt sigluljós skal, ef skipið er búið sérstöku stefnuljósi, hafa ljósið þar sem það sést best en aðskilið minnst 2 m lóðrétt frá sigluljósinu.

13. Háhraðaför[7].

a. Sigluljósið á háhraðafari má miðað við breidd skipsins hafa lægra en mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 2. hluta þessa viðauka að því tilskildu að hornið við grunnlínu jafnarma þríhyrnings sem hliðarljósin og sigluljósið mynda þegar horft er á ljósin framan frá sé ekki minna en 27°.

b. Á háhraðafari 50 m að lengd eða lengra má laga 4,5 m lóðrétta fjarlægð á milli fremra og aftara sigluljóss sem krafist er í ii. lið a-liðar 2. hluta þessa viðauka að aðstæðum að því tilskildu að fjarlægðin sé ekki minni en það gildi sem ákvarðast með eftirfarandi formúlu:

$$Y = \frac{(a + 17\,\Psi)\,C}{1000} + 2$$

þar sem:
- Y er hæðin á aftara sigluljósi í metrum yfir fremra sigluljósi;
- a er hæð fremra sigluljóss í metrum yfir yfirborði sjávar og vatna þegar skipið er í venjulegum rekstri;
- Ψ er stafnhalli skipsins í gráðum í venjulegum rekstri;
- C er lárétt fjarlægð í metrum á milli sigluljósa.

14. Samþykki.

Gerð ljósa og dagmerkja, svo og uppsetning ljósa um borð í skipinu, skal uppfylla þær kröfur sem eru settar af hlutaðeigandi yfirvöldum í því ríki sem heimilar skipi að sigla undir fána sínum.

---

[7] Vísað er til Alþjóðakóða um öryggi háhraðafara frá 1994 og 2000 (International Code of Safety for High-Speed Craft, 1994 and the International Code of Safety for High-Speed Craft, 2000).

II. VIÐAUKI

Viðbótarmerki fyrir fiskiskip að veiðum mjög nærri hvert öðru.

1. Almenn ákvæði.

Ef ljós þau sem hér er um fjallað eru höfð uppi skv. d-lið 26. reglu skal þeim komið fyrir þar sem þau sjást best. Á milli þeirra skulu vera a.m.k. 0,9 m og þau skulu vera neðar en ljósin sem mælt er fyrir um í i. lið b- og c-liðar 26. reglu. Ljósin skulu sjást hvaðan sem litið er í a.m.k. einnar sjómílu fjarlægð en styttra en ljósin sem mælt er fyrir um í þessum reglum að fiskiskip hafi uppi.

2. Merki skipa að togveiðum.

a. Skip að togveiðum 20 m að lengd eða lengri skulu hvort sem þau veiða með botnvörpu eða flotvörpu hafa uppi:
   i. þegar vörpunni er kastað: tvö hvít ljós, annað lóðrétt upp af hinu;
   ii. þegar varpan er hífð um borð: hvítt ljós lóðrétt yfir rauðu ljósi;
   iii. þegar varpan er föst í hindrun: tvö rauð ljós, annað lóðrétt upp af hinu.

b. Skip 20 m að lengd eða lengri sem toga vörpu saman skulu hvort um sig hafa uppi:
   i. að nóttu til ljóskastara sem beint er fram á við og fyrir stafn hins skipsins sem varpan er toguð með;
   ii. ljósin sem kveðið er á um í a-lið 2. hluta hér að framan þegar vörpunni er kastað, hún hífð um borð eða er föst í hindrun.

c. Skip styttra en 20 m að togveiðum, hvort sem skipið er að veiðum með botnvörpu eða flotvörpu, eða togar vörpu með öðru skipi, má hafa uppi eftir því sem við á þau ljós sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið þessa hluta.

3. Merki skipa að nótaveiðum.

Skip að nótaveiðum mega hafa uppi tvö gul ljós, annað lóðrétt upp af hinu. Ljósin skulu blossa til skiptis hverja sekúndu og vari ljósið jafnlangan tíma og myrkrið. Ljós þessi má eingöngu sýna þegar skipið er bundið veiðarfærum sínum.

III. VIÐAUKI

Tæknilegur útbúnaður og gerð hljóðmerkjatækja.

1. Flautur.

a. Tíðnisvið og langdrægi hljóðmerkja.

Grundvallartíðni hljóðmerkisins skal vera innan marka 70–700 riða (Hz). Langdrægi hljóðmerkis frá flautu skal ákvarða með tíðnum sem geta verið grundvallartíðnin og/eða ein eða fleiri hærri tíðnir sem liggja innan tíðnimarka 180–700 riða (Hz) (±1%) fyrir skip 20 m að lengd eða lengra eða 180–2100 riða (Hz) (± 1%) fyrir skip styttra en 20 m og ná upp hljóðþrýstingsstigi sem tilgreint er í c-lið 1. hluta hér á eftir.

b. Mörk grundvallartíðna.

Til þess að tryggja mikla fjölbreytni í einkennum hljóðmerkja frá skipsflautu skal grundvallartíðni flautu liggja á milli eftirfarandi marka:
   i. 70–200 rið (Hz) á skipi 200 m að lengd eða lengri;
   ii. 130–350 rið (Hz) á skipi 75 m að lengd eða lengra en styttra en 200 m;
   iii. 250–700 rið (Hz) á skipi styttra en 75 m.

c. Hljóðstyrkur og langdrægi hljóðmerkis.

Skipsflauta um borð skal í þá átt sem hljóðstyrkur flautunnar er mestur og í 1 m fjarlægð frá flautunni ná hljóðþrýstingsstigi sem er a.m.k. ⅓ úr áttund og innan tíðnimarka 180–700 riða (Hz) (±1%) fyrir skip 20 m að lengd eða lengra eða 180–2.100 riða (Hz) (±1%) fyrir skip styttra en 20 m og hljóðþrýstingsstigi sem er ekki undir þeim gildum sem við eiga og eru í eftirfarandi töflu:

Lengd skips í metrum	**Hljóðþrýstingsstig ⅓ úr áttund í 1 m fjarlægð í dB talið og vísar til 2×10^{-5} N/m²**	**Langdrægi heyranlegra hljóðmerkja í sjómílum**
200 eða yfir	143	2
75 en undir 200	138	1,5
20 en undir 75	130	1
Undir 20	120*	0,5
	115†	
	111‡	

Tölur um langdrægi hljóðmerkja í töflunni hér að framan eru til upplýsingar og í kyrru veðri um borð í skipi með venjulegan hávaða (talin vera 68 dB í þeirri áttund sem hefur miðju á 250 riðum (Hz) og 63 dB í áttund sem hefur miðju á 500 riðum (Hz)) í bakgrunni á þeim stöðum sem er hlustað, eru 90% líkur til að tölurnar gefi nokkurn veginn það langdrægi sem heyra má í flautu í beinu framhaldi af langskurðarfleti (miðjuási) hennar.

Í reynd er sú vegalengd sem hljóð flautunnar heyrist ákaflega breytileg og ræður veðurlag mestu um langdrægi hljóðsins; gildin sem eru gefin má líta á sem dæmigerð en í miklum stormi og hávaða allt um kring þar sem hlustað er getur dregið verulega úr langdrægi hljóðmerkjanna.

d. Stefnuákvarðandi þættir.

Hljóðþrýstingsstig flautu sem beinir hljóðinu í tiltekna átt skal ekki fara undir 4 dB miðað við hljóðþrýstingsstigið sem mælt er fyrir um í miðjuási flautunnar í hvaða átt sem vera skal í láréttum fleti innan ±45° frá ásnum. Hljóðþrýstingsstigið í allar aðrar áttir í láréttum fleti má ekki vera meira en 10 dB undir hljóðþrýstingsstiginu sem mælt er fyrir um í ási flautunnar þannig að langdrægi hljóðsins í allar áttir verði a.m.k. helmingur af langdrægi í stefnu sem er í beinu framhaldi af miðjuásnum. Hljóðþrýstingsstigið skal mæla á því þriðjungsáttundarsviði (⅓ úr áttund) sem ákvarðar langdrægi hljóðmerkja.

---

* Þegar mæld tíðni er innan marka 180–450 Hz

† Þegar mæld tíðni er innan marka 450–800 Hz

‡ Þegar mæld tíðni er innan marka 800–2100 Hz

e. Staðsetning skipsflauta.

Þegar nota skal sem einu flautuna um borð flautu sem beinir hljóðinu í tiltekna átt skal koma henni þannig fyrir að hámarkshljóðstyrkur sé beint fram undan.

Skipsflautu skal setja eins hátt um borð í skipi og við verður komið til þess að minnka líkur á því að hljóðið sem sent er út rofni eða truflist af hindrunum og einnig til að draga úr hættu á að áhöfnin verði fyrir heyrnarskaða. Hljóðþrýstingsstig hljóðmerkja frá eigin skipi skulu ekki fara yfir 110 dB (A) á þeim stöðum sem hlustað er og ættu ekki að fara yfir 100 dB (A) ef því verður við komið.

f. Skip útbúin fleiri flautum en einni.

Ef flautur hafa verið settar upp í meira en 100 m fjarlægð hver frá annarri skal gengið svo frá þeim að þær gefi ekki hljóð samtímis.

g. Samsett flautukerfi.

Ef líklegt er að hljóðsvið einu flautunnar um borð, eða einnar af flautunum sem getið er um í f-lið 1. hluta hér að framan, hafi mjög skertan hljóðstyrk á tilteknu svæði vegna hindrana er mælt með að setja upp samsett flautukerfi til þess að bæta úr þessari truflun. Í þessum reglum er litið á samsett flautukerfi sem einstaka flautu. Í samsettum flautukerfum mega ekki vera meira en 100 m á milli flautanna og skulu þær þannig settar upp að þær gefi samtímis hljóð. Tíðni hverrar einstakrar flautu skal víkja a.m.k. um 10 rið frá tíðnum hinna.

2. Skipsklukka eða málmtrumba.

a. Hljóðstyrkur.

Skipsklukka eða málmtrumba, eða önnur tæki sem hafa svipuð hljóðeinkenni, skulu gefa frá sér hljóð sem sé a.m.k. 110 dB í 1 m fjarlægð frá þessum hljóðgjöfum.

b. Gerð.

Skipsklukkur og málmtrumbur skulu smíðaðar úr ryðfríu efni og þannig gerðar að þær hafi tæran hljóm. Þvermál klukkunnar að neðan skal ekki vera minna en 300 mm á skipum 20 m að lengd eða lengri. Þar sem því verður við komið er mælt með að nota vélknúinn kólf til þess að tryggja stöðugan kraft í klukkuslögunum en klukkunni skal þó vera unnt að hringja með handafli. Efnismassi kólfsins skal ekki vera undir 3% af efnismassa klukkunnar.

3. Samþykki.

Gerð hljóðgjafa, hljómburður þeirra og uppsetning um borð í skipinu skal uppfylla þær kröfur sem eru settar af hlutaðeigandi yfirvöldum í því ríki sem heimilar skipi að sigla undir fána sínum.

IV. VIÐAUKI

Neyðarmerki.

1. Eftirfarandi merki, hvort sem þau eru notuð saman eða hvert fyrir sig, gefa til kynna að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar:

a. byssuskot eða annað hvellmerki hleypt af með um það bil einnar mínútu millibili;
b. notkun hvers konar þokumerkjatækis í sífellu;
c. flugeldar eða sprengjur sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, skotið einum eða einni í einu með stuttu millibili;

d. merkið . . . – – – . . . (SOS) eftir morskerfi sent með loftskeytatækjum eða hvaða öðrum aðferðum til merkjasendinga sem vera skal;
e. orðið „Mayday“ kallað út í talstöð;
f. neyðarmerki með alþjóðamerkjafánunum N.C.;
g. merki sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað sem líkist kúlu fyrir ofan eða neðan fánann;
h. bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu, olíutunnu o.s.frv.);
i. fallhlífarflugeldur eða handblys sem sýnir rautt ljós;
j. reykmerki sem gefur frá sér rauðgulan reyk;
k. hægar og endurteknar hreyfingar upp og niður með útréttum handleggjum;
l. loftskeyta-vekjaramerkið[8];
m. talstöðvar-vekjaramerkið[9];
n. merki send frá neyðarradíóbauju sem gefur staðarákvörðun;
o. viðurkennd merki send frá fjarskiptakerfum, þar með taldir ratsjársvarar[10] í björgunarförum.

2. Framangreind merki má ekki sýna eða gefa nema í þeim tilgangi að gefa til kynna að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar en notkun annarra merkja sem kann að vera ruglað saman við neyðarmerkin er bönnuð.

3. Athygli er vakin á köflum um neyðarmerki í *Alþjóðlegri merkjabók, Handbók kaupskipa um leit og björgun*[11] og á eftirfarandi merkjum:

a. dúk sem er rauðgulur og annaðhvort með svörtum ferningi og hring eða öðru heppilegu tákni (til auðkenningar úr lofti);
b. litarefni sem er sett í sjóinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþjóðasiglingareglurnar hafa í rúmlega 200 ár verið höfuðreglur siglingaþjóða um stjórn og siglingu skipa á höfunum. Meginmarkmið siglingareglnanna er að koma í veg fyrir árekstra á sjó og stuðla að betri og öruggari siglingum og þar með auknu öryggi sæfarenda við hinar margvíslegustu aðstæður. Hér má nefna siglingar með ratsjá, siglingar á þröngum siglingaleiðum og í skipaskurðum og siglingar í takmörkuðu skyggni og dimmviðri. Siglingareglurnar fjalla einnig um merkingar skipa, ljós- og dagmerki, við margvísleg störf og aðstæður eins og skipa að fiskveiðum, stjórnvana skipa og skipa við sérstök störf sem draga úr stjórnhæfni þeirra. Sérstakir viðaukar eru um fyrirkomulag ljósa, tæknilegan útbúnað og gerð hljóðmerkjatækja og ljósa og um merkingu togveiðiskipa, hvort þau eru að kasta, hífa eða í festu. Einnig er sérstakur viðauki um neyðarmerki skipa í sjávarháska.

Sögulegur aðdragandi alþjóðasiglingareglnanna.

1776 Reglur Howes aðmíráls í frelsisstríði Bandaríkjanna.
1840 Reglur Trinity House.
1846 Enska þingið lögfestir reglur Trinity House.
1848 Gufuskip hafi uppi græn og rauð hliðarljós og hvítt sigluljós.

---

[8] Er ekki lengur notað þar sem fjarskipti með morsmerkjum hafa verið lögð niður.
[9] Emergency Position Indicating Radio Beacon (EPIRB).
[10] Search and Rescue Transponder (SART).
[11] Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR).

1858 Seglskip hafi uppi rauð og græn hliðarljós. Skip gefi hljóðmerki í þoku.
1860 Nýjar siglingareglur. Reglurnar tóku gildi 1863.
1864 Yfir 30 þjóðir gerast aðilar að samkomulagi um reglurnar frá 1860.
1889 Alþjóðleg ráðstefna í Washington um nýjar alþjóðasiglingareglur. Reglur ráðstefnunnar gengu í gildi 22. janúar 1897.
1910 Ráðstefna í Brüssel. Alþjóðareglur samræmdar. Engar meiri háttar breytingar.
1929 Alþjóðleg ráðstefna í London. Ekki næst samkomulag um alþjóðareglur. Gerð samþykkt um skyldu skipa til að tilkynna hættur fyrir siglingar.
1948 Nýjar siglingareglur samþykktar í London. Reglurnar tóku gildi 1954.
1960 Ráðstefna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í London samþykkti nýjar alþjóðasiglingareglur sem tóku gildi 1. september 1965.
1972 Ráðstefna á vegum IMO samþykkti nýjar siglingareglur 20. október 1972. Reglurnar gengu í gildi 15. júlí 1977.
1981 Hinn 19. nóvember 1981 samþykkti IMO breytingar á siglingareglunum frá 1972, ályktun A464, sem tóku gildi 1. júní 1983.
1987 IMO samþykkti á 15. þingi stofnunarinnar 19. nóvember 1987 ályktun A626 um breytingar á alþjóðasiglingareglunum sem tóku gildi 19. nóvember 1989.
1989 Hinn 19. október 1989 samþykkti IMO á 16. þingi stofnunarinnar ályktun A678 um breytingar á 10. reglu um aðskildar siglingaleiðir sem tók gildi 19. apríl 1991.
1993 Hinn 4. nóvember 1993 samþykkti 18. þing IMO ályktun A736 um breytingar á 26. reglu; I. viðauka um lárétta staðsetningu ljósa og ljósgeira, nýtt ákvæði, 13. gr. um háhraðaför; II. viðauka um merki skipa að togveiðum og o-lið um ratsjársvara í IV. viðauka. Þessar breytingar tóku gildi alþjóðlega 4. nóvember 1995.
2001 Hinn 29. nóvember 2001 samþykkti allsherjarþing IMO breytingar á siglingareglunum, aðallega nýjar reglur um sviffar (Wing-In-Ground Craft (WIG)) sem merkir fjölnota far sem nýtir loftpúðaáhrif sem það myndar í förum og svífur rétt ofan við yfirborðið. Reglurnar tóku alþjóðlegt gildi 29. nóvember 2003.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó sem gerð var í Lundúnum 20. október 1972. Samþykktin var fullgilt 21. apríl 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 6/1975 og 4/1977.

Með lögum nr. 56/1986 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. nóvember 1981. Breytingarnar tóku gildi 1. júní 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 4/1983.

Með lögum nr. 25/1990 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. nóvember 1987. Breytingarnar tóku gildi 19. nóvember 1989.

Með lögum nr. 19/1993 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. október 1989. Breytingarnar tóku gildi 19. apríl 1991.

Með lögum nr. 123/2001 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 4. nóvember 1993. Breytingarnar tóku gildi 4. nóvember 1995.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðareglunum. Á þingi stofnunarinnar 29. nóvember 2001 voru gerðar breytingar á alþjóðareglunum um siglingar aðallega nýjar reglur um sviffar

(Wing-In-Ground Craft (WIG)) sem merkir fjölnota far sem nýtir loftpúðaáhrif sem það myndar í förum og svífur rétt ofan við yfirborðið. Þær öðluðust gildi alþjóðlega 29. nóvember 2003, en með frumvarpi þessu er lagt til að þær öðlist lagagildi hér á landi.

Undanfarið hefur verið unnið að því innan Siglingastofnunar Íslands að þýða síðustu breytingar frá árinu 2001 á alþjóðasiglingareglunum auk þess sem þýðing samningsins í heild sinni hefur verið endurskoðuð. Að þessu verki hafa komið Helgi Jóhannesson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs Siglingastofnunar Íslands, Sverrir Konráðsson, sérfræðingur hjá Siglingastofnun Íslands og löggiltur skjalaþýðandi, og Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrverandi skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þessi nýja og uppfærða þýðing alþjóðareglnanna er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu og hafa alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó haft lagagildi á Íslandi frá árinu 1975, sbr. 2. gr. laga nr. 7/1975.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

Meginmarkmið siglingareglna er að koma í veg fyrir árekstra á sjó og stuðla að betri og öruggari siglingum. Hér má nefna siglingar með ratsjá og siglingar á þröngum siglingaleiðum, í skipaskurðum og í takmörkuðu skyggni og dimmviðri.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

435. Frumvarp til laga [379. mál]

um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Bílaleiga er starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskylt ökutæki að jafnaði um skemmri tíma, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Vegagerðarinnar.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 25.000 kr.
c. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Vegagerðin.

d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Bílaleiga á grundvelli starfsleyfis skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma.
e. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Opnunartími skal auglýstur á skýran og ótvíræðan hátt og við hann skal staðið.
f. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 1. málsl. 5. mgr. og orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: Vegagerðarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Vegagerðin.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Bílaleigu er óheimilt að leigja út ökutæki nema það sé sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Leigusamningur milli bílaleigu og leigutaka skal að jafnaði takmarkast við þrjár vikur ef ökutæki sem leigt er hefur notið lægri vörugjalda sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Ef ökutæki hefur ekki notið lægri vörugjalda eða 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. 1. málsl., er bílaleigu heimilt að leigja það til lengri tíma.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Brot gegn 3., 5., 6. og 7. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. kemur: Vegagerðin.
c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Vegagerðin skal hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Bílaleigu er skylt að veita Vegagerðinni allar upplýsingar sem varða starfsleyfi hennar. Vegagerðin getur afturkallað starfsleyfi bílaleigu veiti hún Vegagerðinni ekki umbeðnar upplýsingar. Vegagerðinni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögunum.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 10. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu starfsleyfi sem gefin hafa verið út halda gildi sínu í samræmi við leyfistímann.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjá samgönguráðuneytinu hefur verið unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, í samráði við Vegagerðina auk þess sem hagsmunaðilum hefur verið sent það til umsagnar.

Helsta breytingin sem ráðgerð er í frumvarpinu er að leyfisveitingar til að reka bílaleigur færast frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem vilji reka bílaleigur hafi starfsleyfi frá Vegagerðinni en ekki samgönguráðuneytinu. Þetta er í samræmi við grundvallarhugsun stjórnsýslulaga. Stjórnsýslulögin kveða á um þann grundvallarrétt borgaranna að þeir geti skotið stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Með því að veita undirstofnunum ráðuneyta heimild til að ákvarða um rétt og skyldu manna, svo sem um veitingu leyfa, eftirlit með því að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt o.s.frv., verður þessu viðkomið. Þessi skipan mála er jafnframt í samræmi við þá þróun sem verið hefur. Þannig hefur Vegagerðin með höndum útgáfu starfsleyfa til leigubifreiðastöðva og atvinnuleyfa til aksturs leigubifreiða, sbr. lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001. Þá annast Vegagerðin jafnframt leyfisveitingar og eftirlit með fólksflutningum og farmflutningum, sbr. lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að Vegagerðin haldi skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögunum og birti hana með aðgengilegum hætti, t.d. á veraldarvefnum.

Þá er lagt til að gjald fyrir útgáfu starfsleyfis hækki úr 10.000 krónum í 25.000 krónur. Vegagerðin hefur reiknað út kostnað við útgáfu starfsleyfa og aðra umsjón með bílaleigum, sbr. eftirfarandi töflu, og því er lagt til að gjaldið hækki þannig að það geti staðið undir þeim kostnaði:

Kostnaðaráætlun fyrir umsjón með bílaleigum.
(Unnið af Vegagerðinni.)

Kostnaðarliðir	Klst.	Kr./klst.	Samtals
Leyfisveiting	20	3.000	60.000
Eftirlit	50	3.000	150.000
Niðurfelling leyfis	1	3.000	3.000
Endurnýjun	10	3.000	30.000
Álag vegna tölvunotkunar, húsnæðis o.fl. 20%			49.000
Samtals			**292.000**
55–60 leigur => Árlegt gjald pr. leigu.			5.000
Starfsleyfi gildir í 5 ár og er því lagt til að það verði:			25.000

Aðrar breytingar á lögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru:

1. Kveðið er á um að bílaleiga skuli rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Þá er einnig lögð sú skylda á bílaleigur að þær auglýsi opnunartímann á skýran og ótvíræðan hátt og skuli standa við hann. Það er nýmæli að gerð sé krafa um að starfsstöðin skuli opin almenningi á tilgreindum tíma og að bílaleigur skuli auglýsa opnunartímann á skýran og ótvíræðan hátt en talið er mikilvægt að viðskiptavinir geti náð persónulegu sambandi við þann sem skipt er við.

2. Áréttað er að bílaleigu er bannað að leigja út ökutæki sem ekki er sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt eru í atvinnuskyni án ökumanns. Ástæðan er meðal annars sú að í umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 378/1998 er kveðið á um að slík ökutæki skuli færa árlega til almennrar skoðunar frá og með næsta ári eftir skráningu en það er ríkari krafa en gerð er til ökutækja til einkanota.
3. Kveðið á um heimild fyrir bílaleigur til að leigja til lengri tíma ökutæki sem ekki hefur notið lægri vörugjalda og ökutæki þar sem 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Þetta er talið nauðsynlegt þar sem aukin eftirspurn hefur verið eftir ökutækjum til leigu til lengri tíma en þriggja vikna. Þetta er einnig í samræmi við framkvæmd núgildandi laga en þau hafa verið túlkuð þannig að bílaleigum sé heimilt að leigja ökutæki sem ekki hafa notið lægri vörugjalda og ökutæki þar sem 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. áðurnefnd lög, til lengri tíma en þriggja vikna. Talið er að þessi heimild raski ekki samkeppnisstöðu milli bílaleiga annars vegar og kaupleigueða fjármögnunarfyrirtækja hins vegar.
4. Refsiákvæði laganna er gert skýrara og tekið fram hvaða ákvæði þeirra geta falið í sér refsiverð brot.
5. Bætt er inn ákvæði sem kveður á um að Vegagerðin hafi eftirlit með framkvæmd laganna og er bílaleigum skylt að veita henni upplýsingar er varða starfsleyfi þeirra. Þá er Vegagerðinni veitt heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögunum.
6. Bætt er við nýju ákvæði þar sem aðilum er veitt heimild til að skjóta ákvörðunum Vegagerðarinnar á grundvelli laganna til samgönguráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin frá núgildandi lögum er að skilgreiningu á bílaleigu er breytt þannig að tekið er út að hún sé starfsemi þar sem ökutæki er að jafnaði ekki leigt út til lengri tíma en þriggja vikna. Áfram er þó gert ráð fyrir að bílaleiga sé starfsemi þar sem skráningarskylt ökutæki er boðið til leigu að jafnaði um skemmri tíma. Breytingin miðar að því að nánar verði kveðið á um leigutímann í 2. mgr. 6. gr. laganna. Sjá nánar umfjöllun um 5. gr. um leigutíma.

Um 2. gr.

Breytingin miðar að því að færa þau verkefni sem samgönguráðuneytið hefur haft með höndum er varðar veitingu starfsleyfa til bílaleiga og aðra umsýslu tengda því, svo sem að halda skrá yfir leyfishafa, til Vegagerðarinnar. Þá er kveðið á um að gjaldið fyrir útgáfu starfsleyfis verði 25.000 krónur.

Breytingin sem lögð er til á 1. málsl. 4. mgr. miðar að því að leyfishafar verði að reka bílaleigu á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Þá er lagt til að við 4. mgr. bætist nýr málsliður þar sú skylda er lögð á bílaleigu að auglýsa á skýran og ótvíræðan hátt opnunartímann og að við hann skuli staðið. Leyfishafa er hins vegar í sjálfsvald sett að ákveða hvernig opnunartíma hans er háttað.

Um 3. gr.

Breytingin miðar að því að færa þau verkefni sem samgönguráðuneytið hefur haft með höndum er varðar bílaleigur til Vegagerðarinnar. Starfsábyrgðartrygging sem umsækjandi

um starfsleyfi til að reka bílaleigu verður að leggja fram verður því metin af Vegagerðinni en ekki samgönguráðherra.

Um 4. gr.

Breytingin miðar að því að tryggja að öll skráningarskyld ökutæki sem bílaleigur leigja út séu sérstaklega skráð í notkunarflokk hjá Umferðarstofu sem bílaleigubílar. Þannig er tryggt að eftirlit með þessum skráningarskyldu ökutækjum sé í samræmi við umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 378/1998 sem sett hefur verið á grundvelli 67. gr. þeirra laga.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þessi breytingin miðar að því að kveða nánar á um leigutíma þannig að lögin séu í samræmi við framkvæmd núgildandi laga. Þannig er gert ráð fyrir því að leigusamningur milli bílaleigu og leigutaka um leigu á ökutæki til afnota gegn gjaldi skuli að jafnaði takmarkast við þrjár vikur ef ökutæki sem leigt er hefur notið lægri vörugjalda, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Bílaleigum er hins vegar heimilt að leigja út til lengri tíma en þriggja vikna ökutæki sem ekki hafa notið lægri vörugjalda og ökutæki sem notið hafa lægri vörugjalda, sbr. áðurnefnd lög, ef 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu þeirra.

Um 6. gr.

Breytingin miðar að því að gera refsiheimildina skýrari þar sem vísað er til þeirra ákvæða laganna sem geta falið í sér refsivert brot. Þá er bætt við nýrri málsgrein sem kveður á um að Vegagerðin skuli hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Til að framkvæma þetta eftirlit er svo skýrt kveðið á um skyldur bílaleiga til að veita Vegagerðinni upplýsingar er varða starfsleyfi þeirra svo að hún geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Þá getur Vegagerðin afturkallað starfsleyfi bílaleigu ef hún veitir Vegagerðinni ekki þær upplýsingar sem óskað er eftir. Jafnframt er Vegagerðinni veitt heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögunum.

Um 7. gr.

Með því að færa leyfisveitingu og stjórnsýslu er henni tengist til Vegagerðarinnar er komið á málskotsleið til ráðuneytisins og er það í samræmi við reglur stjórnsýsluréttar.

Um 8. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2006.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er tekið fram að þau leyfi sem þegar hafa verið gefin út halda gildi sínu út leyfistímann. Bílaleigur sem þegar hafa fengið leyfi þurfa því ekki að endurnýja leyfin við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

Helsta breyting frumvarpsins er að leyfisveitingar til að reka bílaleigur færast frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Þá er lagt til að gjald fyrir útgáfu starfsleyfis hækki úr 10.000 kr. í 25.000 kr. Með tillit til fjölda bílaleiga og að starfsleyfin eru til fimm ára er tekjuhækkunin óveruleg.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

436. Frumvarp til laga [380. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum, sbr. ákvæði um greiðsluþátttöku í eldri hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum, til ársloka 2008. Þetta á við um framkvæmdir sem skilgreindar eru í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2005–2008 og þær framkvæmdir sem koma inn í siglingamálakafla samgönguáætlunar 2007–2010 vegna endurskoðunar á áformum samgönguyfirvalda um að hafnir skuli jafnsettar á aðlögunartíma nýrra hafnalaga.

Þrátt fyrir 26. gr. þessara laga er Hafnabótasjóði heimilt að veita styrk skv. 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1994 fram til 1. janúar 2009.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram svo að aðlögun hafna að nýjum hafnalögum geti gengið sem best fyrir sig. Núverandi hafnalög gera ráð fyrir verulegum breytingum á styrkjum til hafna þegar á árinu 2007, sbr. bráðabirgðaákvæði II í sömu lögum. Margt mælir nú hins vegar með því að gildistími bráðabirgðaákvæðisins verði framlengdur hvað þetta varðar. Hér er þó ekki lagt til að breyting verði á fjárútlátum ríkissjóðs umfram það sem núgildandi áætlanir í ríkisfjármálum tiltaka því að miðað er við ákveðin skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins. Skilyrði þessi eru af tvennum toga.

Hið fyrra miðast við hafnir sem af framkvæmdalegum orsökum telja hagfellt að fresta þegar ákveðnum framkvæmdum á samgönguáætlun 2005–2006 til áranna 2007–2008 án þess

að styrkhlutfall breytist miðað við þrengri ákvæði nýrra hafnalaga. Fyrst skal bent á að nú þegar hefur verið ákveðið að leggja til frestun greiðslu 200 millj. kr. til hafnarframkvæmda í fjárlagafrumvarpi ársins 2006. Gert er ráð fyrir að þessi fjárhæð komi til baka á árinu 2007. Vegna þenslu í þjóðfélaginu, og þá sérstaklega á verktakamarkaði, og bágrar fjárhagsstöðu nokkurra hafnarsjóða hefur reynst erfitt að halda uppi þeim framkvæmdahraða í hafnargerð sem gildandi samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Erfitt er að fá verktaka til að vinna sérhæfð hafnargerðarverkefni og dæmi er um að ekkert tilboð hafi borist í verk sem boðið var út. Þá er algengt að verk hafi dregist sökum manneklu og að verktakar hafi ekki getað byrjað á umsömdum tíma á verkefnum þar sem þeir eru uppteknir í öðrum hafnargerðarverkefnum. Margir verktakar eru mjög ásettir og hefur verktökum sem bjóða í verk fækkað sem aftur hefur orðið til þess að tilboðsverð hefur hækkað. Augljós tengsl eru jafnframt við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en frestun hafnarframkvæmda hefur æskileg áhrif á almenna þenslu sem á sér stað í þjóðfélaginu nú um þessar mundir. Allt þetta gerir það að verkum að hagfellt er að fresta ákveðnum framkvæmdum tímabundið með óskertu styrkhlutfalli.

Seinna skilyrðið snýst um það að heimilt verði að beita þessu ákvæði gagnvart endurskoðun á áformum samgönguyfirvalda um jafnsetningu hafna í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartíma nýrra hafnalaga líkt og bráðabirgðaákvæði II í lögunum gerir beinlínis ráð fyrir. Jafnsetningin snýst um að þessi vatnaskil í styrkjum ríkissjóðs til hafnarframkvæmda komi með líkum hætti við hafnir. Forsenda þess að hægt sé að beita ákvæðinu er að við gerð samgönguáætlunar 2007–2010 liggi fyrir endurskoðuð áætlun um jafnsetningu hafna og þá með tilliti til staðalkrafna til viðkomandi hafnar og ástands hafnarmannvirkja. Í gildandi samgönguáætlun lúta flest jafnsetningarverkefnin að endurnýjun gamalla viðlegukanta, en sú endurnýjun sem nú á sér stað í fiskiskipaflotanum gerir ekki síður kröfur til að jafnsetningin nái til dýpis í höfn og innsiglingu. Þá má einnig nefna að í kjölfar sameiningar sveitarfélaga og breytinga á útgerðarmynstri á landsbyggðinni hafa óskir og áherslur nokkurra hafnarstjórna um endurbyggingarverkefni breyst frá því sem lagt var upp með við gerð samgönguáætlunar 2005–2008 og m.a. þess vegna þarf að endurskoða þá jafnsetningaráætlun sem fram kemur áætluninni. Enn og aftur kemur fram þessi mikli kraftur sjávarútvegsins til aðlögunar og breytinga sem aftur kallar á breytingar hjá höfnunum.

Sökum þess að framkvæmdir hafa dregist, eins og áður hefur verið vikið að, liggur nú fyrir að um áramótin 2005/2006 mun standa inni í ríkissjóði ónotuð fjárveiting, sem ætluð var til hafnargerðar. Í frumvarpi þessu, og þeirri áætlun sem með því fylgir, er gert ráð fyrir að þessar ónotuðu fjárveitingar verði notaðar á næstu þremur árum í stað eins, sem er hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Að óbreyttum hafnalögum yrði að vinna upp þessa seinkun árið 2006 til viðbótar við þau verkefni sem fyrir eru á áætlun ársins, en sýnt hefur verið fram á hér að framan að slíkt er einkar óhagkvæmt fyrir alla aðila. Með frumvarpi þessu er því lagt til að næstu þrjú ár (árin 2006, 2007 og 2008) verði notuð til að vinna upp umræddа seinkun og að auki verði tekin til endurskoðunar áætlun um þau jafnsetningarverkefni sem ólokið er.

Samþykkt þessa frumvarps mun ekki þýða breytingar á fjárveitingum til hafnargerðar frá því sem segir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 og enn fremur við það miðað að á árum 2007 og 2008 verði fjárveitingar til siglingamála innan þess ramma sem settur er fram í kaflanum „Horfur í ríkisfjármálum næstu fjögur árin“ á bls. 399 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006. Heildarframkvæmdakostnaður 2006–2008 er áætlaður um 5.107 millj. kr., með virðisaukaskatti, og þar af er fjárveiting ríkissjóðs 1.920 millj. kr. en þá er ekki tekið tillit til frestaðra fjárveitinga frá árinu 2005.

Í fylgiskjali I er tafla yfir framkvæmdir og áætlaða ríkisstyrki á árunum 2006–2008 sem miðast við að frumarp þetta verði samþykkt. Hér er í reynd verið að sýna öll þau verkefni

sem áætlað er að komi fram í tillögu að samgönguáætlun 2007–2008 svo að það fari ekki milli mála. Sá fyrirvari er hér gerður að taka gæti þurft tillit til breyttra óska hafnarstjórna fram að samþykkt samgönguráætlunar 2007–2010. Þannig gæti þessi framkvæmdalisti tekið einhverjum breytingum, þó ekki þannig að heildarfjárhæðir breytist.

Rétt er að geta þess að eftirtaldar hafnarframkvæmdir hafa fallið út frá fyrri áætlun: endurbygging aðalhafnargarðs á Akranesi í Faxaflóahöfn, uppsátur fyrir smábáta á Ólafsfirði, klæðning Gömlu bryggju í Austurbyggð og lenging stálþils á Djúpavogi.

Nokkur verkefni hafa verið útvíkkuð með tilliti til jafnsetningar hafna, og þá út frá dýpi í innsiglingu og innan hafnar, frá því sem er gert ráð fyrir í samgönguáætlun 2005–2008. Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta samþykkt liggi fyrir heimild Alþings um þessa nýju útfærslu á samgönguáætlun 2005–2008. Verkefnin sem um er að ræða eru: Dýpkun innsiglingar í höfnum Snæfellsbæjar, dýpkun við lengingu Löndunarbryggju á Vopnafirði og breikkun innsiglingarrennu í Grindavík.

Að lokum er rétt að tiltaka að verði frumvarp þetta að lögum munu smærri hafnir sem falla undir b-lið 24. gr. núgildandi hafnalaga ekki njóta styrkhlutfalls samkvæmt þeirri grein fyrr en árið 2009. Í staðinn eiga þær möguleika á styrk úr B-deild Hafnabótasjóðs svo sem verið hefur.

Fylgiskjal I.

Samgönguáætlun 2005–2008, siglingamálakafli. Tillaga að breytingum 2006–2008.

Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum í grunnneti.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs sem reiknast af heildarkostnaði að frádregnum virðisaukaskatti. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2006.

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTURKJÖRDÆMI				
Snæfellsbær				
Rifshöfn:				
Lokið endurbyggingu trébryggju (5x18 m) og rif á eldri bryggju (eftirstöðvar frá 2005)	23,6			60%
Tengibrautir að hafnarvog frá Staurakistu og stálþili (800+1.630 m²), slitlag og lýsing	8,5			60%
Lýsing við núverandi flotbryggju (ljósamastурshús 2x2, mastur og raflögn)	4,4			60%
Stofndýpkun í innsiglingu og höfn (áætl. um 40 þús. m³ gröftur og 5 þús. m³ dælanlegt)	62,0			75%
Ólafsvík:				
Breikkun þekju við Suðurþil úr 11 m í 20 m (810 m²)			8,0	60%

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Endurbygging grjótgarða, Suður- og Norðurgarður (endurraða og bæta í um 7.000 m³)			46,1	75%
Stofndýpkun í höfn (áætlað 8 þús. m³)	16,0			75%
Grundarfjörður				
Stálþil sunnan Litlubryggju (br. 20 m, N.hl. 85 m, dýpi 6 m, S.hl. 60 m, dýpi 4 m), lagnir og þekja (1.700 m²) og rif á Litlubryggju	118,5	60,3		60%
Dýpkun hafnar við nýja bryggju, smábátaaðstöðu og víðar (um 15.000 m³, dæling)	9,6			75%
Smábátaaðstaða, uppsátur (15x30 m), flotbryggja (10 m), lýsing, vatns- og raflögn			12,2	60%
Stykkishólmur				
Stálþil Súgandisey, lagnir og þekja (700 m²)		10,2		60%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús		3,2		60%
Bryggja við Árnasteina, léttbyggð trébryggja (30 m, dýpi 3 m – 16 m, dýpi 2,5m)		28,6		60%
Vesturbyggð				
Patreksfjörður:				
Innsigling lagfærð, dýpkun (um 4.000 m³) og grjótvörn (500 m³) á enda Oddans			17,5	75%
Endurbygging stálþils, 1. áfangi, (140 m, dýpi 6–8 m, þekja 2.800 m²)		103,2	42,4	60%
Endurbygging stálþils, seinni áfangi (140 m þil, dýpi 6 m, þekja 2.800 m²).			143,0	60%
Ísafjarðarbær				
Ísafjörður:				
Ásgeirsbakki, endurbygging þils frá 1955 (95 m, dýpi 8 m, þekja 1.900 m²)	27,5	41,4		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	2,7			60%
Ný flotbryggja Sundahöfn (40 m)		12,9		60%
Bátahöfn við Olíumúla, lokið endurbyggingu		19,0	20,0	60%
Dýpkun við Olíumúla (u.þ.b. 22.000 m³ – gröftur)			50,0	75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlaðir efnisflutningar 2–3 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Bolungarvík				
Endurbygging stálþils efst við Brjótinn (100 m, dýpi 7 m), lagnir og þekja (2.000 m²)		81,0	41,6	60%
Öldudempandi flái næst Brjót (100 m, um 3.000 m³)			9,5	75%
Grundargarður, endurbygging á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)			32,4	75%
Viðhaldsdýpkun, innsiglingarrenna (áætlaðir efnisflutningar 1–2 þús. m³/ár) – sjá óskipt				

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Skagaströnd				
Endurbygging á plani og löndunarbryggju, stálþil (75 m, dýpi 7 m) og rif á löndunarbryggju	30,0	55,7	32,3	60%
Lenging viðlegukants við hafnarvog, staurabryggja (40 m, dýpi 4 m)			31,0	60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 2–3 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Skagafjörður				
Sauðárkrókur:				
Grjótgarður innan Norðurgarðs til suðvesturs, þvergarður (35 m – um 10.000 m³)	20,3			75%
Smábátahöfn, endurbætur á aðstöðu smábáta – léttbyggð tré-bryggja (44 m, dýpi 3 m)	16,7			60%
Smábátahöfn, endurbætur á aðstöðu smábáta – dýpkun við tré-bryggju (500 m³)	1,2			75%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 4–5 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI				
Siglufjörður				
Dýpkun við Óskarsbryggju (54.000 m², dæling)		33,0		75%
SR-bryggja, kaup og niðurrif (um 1.000 m² bryggja)		23,7		60%
Lenging skjólgarðs við Öldubrjót (80 m, um 35.000 m³ – þar af 15.000 m³ úr dýpkun)			37,0	75%
Hafnasamlag Eyjafjarðar				
Ólafsfjörður:				
Innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda		26,0		75%
Viðhaldsdýpkun, innsigling og höfn (áætlaðir efnisflutningar 4–5 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Dalvík:				
Styrking grjótvarnar Suðurgarði og grjótflái við verbúð (8.000 m³), frestað 2004			22,0	75%
Timburbryggja Suðurgarði, endurbygging (65 m), frestað 2004		46,0		60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlaðir efnisflutningar um 1 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Hafnasamlag Norðurlands				
Akureyri:				
Tangabryggja, lenging til norðurs (100 m, dýpi 11 m), lagnir og þekja (3.000 m²)	30,5	47,1		60%
Ísbryggja ÚA, stálþil (70 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (1.600 m²)	25,0	33,2	29,4	60%

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Húsavík				
Bökugarður, stálþil (130 m), lagnir og steypt þekja (3.900 m²)	80,7			60%
Endurbygging bryggju Suðurgarði, 1. áfangi (150 m stálþil, dýpi 6–6,5 m), lagnir og þekja (2.600 m²)		121,8	47,9	60%
Endurbygging Suðurgarði, 2. áfangi (60 m bryggja, dýpi 3,5 m)			56,0	60%
Smábátahöfn, flotbryggja (30 m) og endurbygging trébryggju (40 m, dýpi 3 m)	11,0	22,0		60%
Viðhaldsdýpkun, innsigling (áætlaðir efnisflutningar um 1 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Raufarhöfn				
Frágangur vegna niðurrifs á bryggjum, grjóthleðsla við hótel Norðurljós (120 m)	4,6			60%
Bryggja fyrir björgunarbát, frágangur (trédekk, handrið og fenderklæðning)	3,7			60%
Slitlag á smábátagarð (u.þ.b. 1.500 m² klæðning)			4,0	60%
Breikkun þekju (10x55 m steypt) og tengibraut að löndunarbryggju (800 m² klæðning)			8,4	60%
Þórshöfn				
Endurbygging löndunarbryggju, stálþil (67 m), lagnir og þekja (1.500 m²)	24,6			60%
Lenging Norðurgarðs (50 m, um 15.000 m³)	41,0			75%
Hafskipabryggja, endurbygging, stálþil (135 m, dýpi 6,5–8 m)		30,0	110,0	60%
Vopnafjörður				
Miðbryggja – Löndunabryggja, stálþil, lagnir og þekja (3.240 m²)	67,0			60%
Dýpkað í 10 m að Miðbryggju eftir endurbyggingu og stækkun (viðbót 2.400 m² spr.)	30,0			75%
Ásgarður, endurnýjun staura í trébryggju og steypukants á stálþili			16,0	60%
Seyðisfjörður				
Bæjarbryggja, endurbygging (40 m staurabryggja, dýpi 7 m)	15,5			60%
Bryggja við bræðslu endurbyggð (40 m, dýpi 8,5 m), lýsisbryggja breikkuð (100 m²) og 2 einbúar	44,5			60%
Ferjulægi, sérbúnaður (frágangur þjónustuhúss)	5,0			75%
Austurendi Bjólfsbakka, stálþil (7 m, dýpi 6 m og gaflþil – frestað 2004)		10,6		60%
Fjarðabyggð				
Neskaupstaður:				
Skjólgarður norðan hafnar, byggður í áföngum (alls um 155.000 m³), lokaáfangi	24,7			75%
Stálþil við Togarabryggju lengt (78 m, dýpi 9 m), lagnir og þekja (2.700 m²)	40,0			60%
Stálþil við bræðslu lengt (52 m, dýpi 9 m)		50,1		60%

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Reyðarfjörður				
Stóriðjuhöfn Mjóeyri, verklok stálþils, lagnir og þekja (11.400 m²)	124,0			60%
Stóriðjuhöfnin, siglingarmerki Stórhólma	3,0	10,0		75%
Hafnsögubátur (15 t togkraftur, LOA um 20 m – tölur án vsk.)	112,0	30,0		75%
Djúpivogur				
Smábátaaðstaða, trébryggja endurbyggð og lengd (5x24 m), lagnir og lýsing	10,0	33,1		60%
Dýpkað við þil í Gleðivík í 7 m (um 2.000 m²) frestað 2004			5,2	75%
SUÐURKJÖRDÆMI				
Hornafjörður				
Stofndýpkun innan hafnar (47.000 m³, að hluta klöpp)	33,8			75%
Bátstangabryggja, staurabryggja (40 m, dýpi 8 m), lagnir og lýsing	32,8			60%
Endurnýjuð raflögn á Austur- og Suðurfjöru og lýsing á Hlein	8,7			75%
Bryggja við vogarhús, endurbygging, harðviðarbryggja (50 m, dýpi 4 m)		47,0		60%
Sandfangari út í Einholtskletta og styrking grjótvarnar á Suðurfjöru (um 70.000 m³)		70,0	72,0	75%
Viðhaldsdýpkun í höfn (áætlaðir efnisflutningar 25 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Viðhaldsdýpkun á Grynnslum eftir stofndýpkun (áætlaðir efnisflutningar 60 þús. m³/ár en minna eftir byggingu sandfangara) – sjá óskipt				
Vestmannaeyjar				
Básaskersbryggja, endurbygging, norður- og austurkantur, stálþil (210 m, dýpi 4–8 m), lagnir og þekja (5.200 m²)	156,8	88,0		60%
Viðhaldsýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar 10–12 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Þorlákshöfn				
Þil norðan Svartaskers (250 m, dýpi 5–9 m), lagnir og þekja (7.000 m²)	81,0	55,0		60%
Dýpkun í vestur-, austur- og smábátahöfn í 2–8 m (dæling um 118.000 m³, grafið 47.000 m³)	104,0	35,0		75%
Byggjurif, rifinn fremsti hluti Norðurvararbryggju (um 25.000 m³ steypuker)	90,0			60%
Aðstaða fyrir smábáta í austurhöfn, færð flotbryggja, lýsing o.fl.	4,9			60%
Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn (áætlaðir efnisflutningar 8–10 þús. m³/ár) – sjá óskipt				
Grindavík				
Dýpkun og breikkun innri rennu (u.þ.b. 25.000 m³ spr./fleygað og grafið)	70,0			75%
Svíragarður, endurbygging, lagnir og þekja (4.000 m³)	70,0			60%
Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs (100 m, dýpi 9 m)	50,0	69,0	47,0	60%

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Nýr hafnsögubátur (togkraftur 12 t, LOA <15 m) smíðaverð án vsk.			62,0	75%
Sandgerði				
Dýpkun í suðurhöfn við flotbryggjur, dýpkað í 3 m (um 15.000 m³ dæling)		11,2		75%
Flotbryggja (40 m, kostnaður án fingra)		12,9		60%
Reykjanesbær				
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (tveir 100 t pollar)	4,0			60%
ÓSKIPT				
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	76,8	130,9	184,2	75%
Til slysavarna o.fl. (styrkhæfni 40%–75%, meðaltal áætlað 60%)	25,0	21,7	30,0	60%
Ferjulægi Bakkafjöru – rannsóknir	10,0			100%
Áætlaður heildarkostnaður í grunnneti samtals	**1.855,6**	**1.472,8**	**1.217,1**	
Þar af vsk.	343,1	283,9	227,3	

Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum utan grunnnets.

Skýringar við töflu: Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs sem reiknast af heildarkostnaði að frádregnum virðisaukaskatti. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2006.

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐVESTUR KJÖRDÆMI				
Snæfellsbær				
Arnarstapi:				
Viðhaldsdýpkun (áætlaðir efnisflutningar 800–1.000 m³/ár) – sjá óskipt				
Dalabyggð				
Gamla bryggjan Búðardal, endurbyggð kanttré, þybbur, stigar og þekja (130 m² – frestað 2004)		3,7		60%
Skarðsstöð, lagfærð löndunaraðstaða, steypt plan (50 m²) við löndunarkrana o.fl.		1,0		60%
Reykhólar				
Dýpkun, innsigling, 40 m breið í 4 m og innan garðs í 2 m (dælt 20.000 m³)	6,7			75%
Grjótvarnargarður norðaustan við höfnina, lengd u.þ.b. 200 m (18.000 m³)			41,0	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (20 m)			6,8	60%
Viðhaldsdýpkun í höfn og innsiglingu (áætlaðir efnisflutningar um 1 þús. m³/ár) – sjá óskipt				

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
Vesturbyggð				
Brjánslækur:				
Færð flotbryggja og endurbyggð legufæri (frestað 2004)	4,1			60%
Bíldudalur:				
Stálþil við kalkþörungaverksmiðju (80 m, dýpi 10 m), lagnir og þekja (2.400 m²)	37,3			60%
Dýpkun við þil (1.000 m³)			4,1	75%
Tálknafjörður				
Lagfærðir stigar á stálþili og sett í þá lýsing	2,3			60%
Endurnýjun á flotbryggjum (27 m og 37 m)		16,5		60%
Gamla bryggja endurbyggð, stálþil utan með bryggjuhluta 2, 3 og 4 (140 m, dýpi 6 m)			110,0	60%
Ísafjarðarbær				
Þingeyri:				
Rifin gamla trébryggjan við ytri hafnargarð og gengið frá kanti (frestað 2004)	5,6			60%
Dýpkun í smábátahöfn (um 3.000 m³)		6,1		75%
Suðureyri:				
Stækkun smábátahafnar, dýpkun (4.000 m³ – frestað 2004)		7,8		75%
Stækkun smábátahafnar, flotbryggja (30 m – frestað 2004)			9,0	60%
Dýpkun innsiglingarrennu í 5 m (10.000 m³, dæling)		8,7		75%
Súðavík				
Suðurgarður, endurbyggð grjótvörn innan á garði á 100 m kafla		3,3		75%
Harðviðarbryggja við Frosta, lenging til norðurs (35 m, dýpi 6 m)			45,2	60%
Viðhaldsdýpkun við hafnarmynni (áætlaðir efnisflutningar um 1.000 m³/ár) – sjá óskipt				
Norðurfjörður				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)	3,2			60%
Drangsnes				
Drangsnesbryggja, grjótvörn í kverkina utan á bryggju (um 1.000 m³)		4,3		75%
Drangsnesbryggja, endurbyggð þekja við krana og fram á enda bryggju (um 280 m²)		3,2		60%
Flotbryggja Kokkálsvík endurnýjuð (40 m)			9,9	60%
Hólmavík				
Bætt aðstaða smábáta, flotbryggja – frestað 2004	7,3			60%
Húnaþing vestra				
Hvammstangi:				
Dýpkað í smábátahöfn (um 5.000 m³ – grafið frá landi)		6,1		75%
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsigling í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m²)			20,9	75%
Blönduós				
Endurbyggð steypt þekja efst á bryggju (950 m²)			9,8	60%
Skagafjörður				
Hofsós:				
Flotbryggja út frá Árgarði, 12 m	4,7			60%
Norðurgarður, bryggjuveggur grjótvarinn (um 80 m – grjótvörn 2.500 m³)		6,0		60%
Haganesvík:				
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 200 m³/ár) – sjá óskipt				

Höfn Verkefni	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.	2008 millj. kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐAUSTURKJÖRDÆMI				
Hafnasamlag Norðurlands				
Hjalteyri:				
Viðhaldsdýpkun við bryggju (áætlaðir efnisflutningar um 400 m³/ár) – sjá óskipt				
Svalbarðseyri:				
Rifin trébryggja og lengdur grjótgarður, u.þ.b. 25 m (2.500 m³)	6,9			60%
Trébryggja (10 m, dýpi 3 m)	5,4			60%
Grímsey				
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (300 steinar 6–10 t – frestað 2004)		14,0		75%
Lenging harðviðarbryggju (20 m, dýpi 3 m)	19,0			60%
Dýpkað við lengingu harðviðarbryggju í 2 m (15x20 m svæði)	6,5			75%
Steypt þekja við harðviðarbryggju og flotbryggju (1.500 m²)			18,2	60%
Bakkafjörður				
Lenging steyptrar skábrautar (u.þ.b. 5x5 m) og grjóthleðsla – seinkað (móti námufrágangi)		2,6		60%
Borgarfjörður eystri				
Lenging Nýjubryggju í átt að Hólma (12 m, dýpi 3 m)	4,2			60%
Mjóifjörður				
Styrking og endurbygging trébryggju	6,9			60%
Hafnasamlag Austur-Héraðs og Fella				
Hafnaraðstaða Lagarfljóti, undirbúningsframkvæmdir			5,0	60%
Breiðdalsvík				
Endurbygging brimvarnargarðs			16,0	75%
ÓSKIPT				
Viðhaldsdýpkanir og viðhald skjólgarða	7,8	10,2	22,7	75%
Til slysavarna o.fl. (styrkhæfni 60%–90%, meðaltal áætlað 75%)	5,0	8,0	8,0	75%
Áætlaður heildarkostnaður utan grunnnets samtals	**132,9**	**101,5**	**326,6**	
Þar af vsk.	26,2	20,0	64,3	
Áætlaður heildarkostnaður alls innan og utan grunnnets	**1.988,5**	**1.574,3**	**1.543,7**	
Samtals 2006–2008			**5.106,5**	

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

Markmiðið með frumvarpinu er að gera höfnum kleift að aðlaga sig betur að nýjum hafnalögum. Með frumvarpinu verður höfnum, með skilyrðum, gert kleift að fresta framkvæmdum tímabundið með óskertu styrktarhlutfalli. Einnig að heimilt verði að beita heimildarákvæðinu gagnvart endurskoðun á áformum samgönguyfirvalda um jafnsetningu hafna. Hér er þó ekki

átt við að breyting verði á fjárútlátum ríkissjóðs umfram núgildandi áætlanir í samgönguáætlun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

437. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2006.

(Eftir 2. umr., 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2006 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**306.452,0**	**297.212,1**
Skattar á tekjur einstaklinga	82.300,0	79.405,0
Skattar á tekjur lögaðila	17.500,0	14.700,0
Tryggingagjöld	34.410,6	33.423,6
Eignarskattar	7.065,0	7.065,0
Virðisaukaskattur	114.400,0	112.112,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	48.056,0	47.904,1
Skattar ótaldir annars staðar	2.720,4	2.602,4
Aðrar rekstrartekjur	**26.169,2**	**21.473,1**
Arðgreiðslur	1.444,0	1.444,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	16.434,0	11.844,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.291,2	8.185,1
Sala eigna	540,0	540,0
Fjárframlög	1.478,0	1.478,0
Tekjur alls	**334.639,2**	**320.703,2**
Æðsta stjórn ríkisins	2.855,9	2.855,9
Forsætisráðuneyti	1.129,1	1.129,1
Menntamálaráðuneyti	41.135,4	41.135,4
Utanríkisráðuneyti	7.544,8	7.544,8
Landbúnaðarráðuneyti	13.046,2	13.046,2
Sjávarútvegsráðuneyti	2.820,5	2.820,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	17.722,2	17.733,3
Félagsmálaráðuneyti	28.747,2	28.747,2

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	126.181,4	126.181,4
Fjármálaráðuneyti	31.626,5	24.903,5
Samgönguráðuneyti	18.100,4	18.035,3
Iðnaðarráðuneyti	4.119,7	4.119,7
Viðskiptaráðuneyti	1.433,4	1.446,9
Hagstofa Íslands	655,7	655,7
Umhverfisráðuneyti	4.500,9	4.500,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.440,0	9.810,0
Gjöld samtals	**315.059,3**	**304.665,8**
Tekjujöfnuður	**19.579,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2006 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	19.579,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-967,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.156,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	40,5
Handbært fé frá rekstri	**15.497,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-400,0
Veitt löng lán	-5.425,0
Afborganir veittra lána	4.950,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-500,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	540,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-835,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**14.662,4**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	1.100,0
Afborganir lána	-12.500,0
Fjármögnun samtals	**-11.400,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**-737,6**

C-hluti.
Fjárreiður ríkisstofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2006 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.493,0	8.260,0	65,0	5.100,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.225,0	0,0	10,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	341,0	12.335,0	4,0	12.059,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	204,0	0,0	1,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam.	-744,0	0,0	4,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	232,0	72.999,0	12,0	68.873,0
Orkusjóður	6,5	25,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	-7,7	1.500,0	0,0	1.500,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	1,0	0,0	1,0	0,0
Samtals	**5.750,8**	**95.119,0**	**97,0**	**87.532,0**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 10.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 5.625 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 5.100 m.kr.
   2.2 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 325 m.kr.
   2.3 Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli allt að 200 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2006 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.5, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 45.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 68.873 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 12.059 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 1.500 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
   3.5 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 1.000 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
      a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
      b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
      c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
   4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir.

6. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.2 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.3 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.4 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.5 Að selja prestssetur húsið Glaumbæ, Skagafjarðarprófastsdæmi.
2.6 Að selja fasteign Blóðbankans við Eiríksgötu í Reykjavík og kaupa eða leigja annað hentugra.
2.7 Að selja fasteignir ríkisins við Flókagötu 29 og 31 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.8 Að selja prestssetrið að Sunnubraut 12, Búðardal, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.
2.9 Að selja húsnæði og lóð Landhelgisgæslunnar við Seljaveg og verja hluta af andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.

2.10 Að selja íbúð við Leifsgötu 5 og verja andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði fyrir barnaspítala Hringsins.
2.11 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.12 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.13 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarbraut 6, Dalvík.
2.14 Að selja húsnæði Rafmagnsveitu ríkisins að Sandholti 34, Ólafsvík.
2.15 Að selja fasteignina Markarholt 1, Garðabæ, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.16 Að selja fasteignina Árveg 8, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.17 Að selja fasteignina Lambhaga 48, Árborg, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja fasteignina Byggðaveg 91, Akureyri, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.19 Að selja húseignir ríkisins í Arnarholti, Kjalarnesi, og verja andvirðinu í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.21 Að selja flugafgreiðslu á Kirkjubæjarklaustri.
2.22 Að selja flugafgreiðslu á Patreksfirði.
2.23 Að selja flugafgreiðslu á Hólmavík.
2.24 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
2.25 Að selja flugafgreiðslu á Húsavíkurflugvelli.
2.26 Að selja einangrunarstöðina í Hrísey.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.7 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar í þágu Landspítala – háskólasjúkrahúss.
3.10 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Klettsbúð 3, Hellissandi.
3.11 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sjávarflöt 7, Stykkishólmi, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.

3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í flugskýli á Patreksfjarðarflugvelli.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.14 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi að Fannborg 7–9 og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði.
3.15 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Hjarðartúni 7, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í Bleiksárhlíð 56, Eskifirði, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugra húsnæði fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Hulduhlíð.
3.17 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í Vogsholti 5, Raufarhöfn og verja andvirðinu til endurbóta á heilsugæslustöðinni á staðnum.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað við Reykjalund.
3.20 Að selja eignarhlut ÁTVR á Eiðistorgi 11, Seltjarnarnesi.
3.21 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Mánabraut 20, Akranesi.
3.22 Að selja eignarhluta ríkisins í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.23 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholt 6, Reykjavík, og leigja hentugra húsnæði.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.4 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.5 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.6 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.7 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.8 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.9 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.10 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.11 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Brúar í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.13 Að selja hluta af jörðinni Arnarbæli, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja jörðina Kollafjarðarnes, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.15 Að selja jörðina Stóra-Bakka, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
4.16 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.17 Að selja prestssetursjörðina Desjarmýri – Setberg í Borgarfirði eystra, Múlaprófastsdæmi.
4.18 Að selja hluta af prestssetursjörðinni Mosfelli í Mosfellsdal.
4.19 Að selja jörðina Kvíarhól, Ölfusi, Árnessýslu.
4.20 Að selja prestssetursjörðina Árnes, Árneshreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.21 Að selja landspildur í eigu ríkissjóðs í Garðabæ.

4.22 Að selja um 235 ha landspildur í eigu ríkisins í nágrenni Grindavíkur sem ekki eru nýttar í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.23 Að selja hluta af jörðinni Álftagróf, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Hraungerði í Árnesprófastsdæmi.
4.25 Að selja prestssetursjörðina Prestbakka við Hrútafjörð, Húnavatnsprófastsdæmi.
4.26 Að selja jörðina Skriðu í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.27 Að selja jörðina Glaumbæ, Staðarsveit, Snæfellsbæ.
4.28 Að selja hluta jarðarinnar Norðurgarðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.
4.29 Að selja hluta jarðarinnar Sveinsstaða í Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.30 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar Holts undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.31 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.32 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.33 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.34 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.35 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.36 Að selja hluta jarðarinnar Hólma, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.37 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.38 Að selja jörðina Bakka, Ólafsfjarðarbæ.
4.39 Að selja jörðina Fornhaga II, Hörgárbyggð.
4.40 Að selja jörðina Stað, Grindarvíkurbæ.
4.41 Að hafa landskipti á hluta prestssetursjarðarinnar að Holti undir Eyjafjöllum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.42 Að selja hluta prestssetursjarðarinnar að Hálsi II, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
4.43 Að selja hluta prestsseturjarðarinnar að Hofi, Múlaprófastsdæmi.
4.44 Að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
4.45 Að selja hluta af jörðinni Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
4.46 Að selja hluta af jörðinni Hólsseli, Öxarfjarðarhreppi.
4.47 Að selja hluta af jörðinni Ytri-Grenivík, Grímseyjarhreppi.
4.48 Að selja hluta af jörðinni Brjánslæk, Vesturbyggð.
4.49 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.50 Að selja hluta af jörðinni Gröf í Hrunamannahreppi.
4.51 Að selja fasteignir í Flatey á Skjálfanda.
4.52 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.53 Að selja prestssetursjörðina Hvol, Saurbæjarhreppi, Snæfells- og Dalaprófastsdæmi.
4.54 Að selja jörðina Borg í Skriðdal í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði.
4.55 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
4.56 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
4.57 Að selja íbúðarhúsið Sigtún í Grímsey.
4.58 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.3 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.4 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans.
6.5 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum.
6.6 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu.
6.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu.
6.8 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.9 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.11 Að leigja hentugt húsnæði fyrir sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og selja núverandi húsnæði.
6.12 Að leigja með kauprétti sérhannað fangelsishúsnæði.
6.13 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.14 Að kaupa jarðir innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs.
6.15 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.16 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.17 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins.
6.18 Að nýta kauprétt á reiðkennsluhúsnæði að Hólum í Hjaltadal þegar fé hefur verið veitt til þess á Alþingi.
6.19 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Landbúnaðarstofnun.
6.20 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík.
6.21 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir stjórnsýslu Heilsugæslunnar í Reykjavík.
6.22 Að kaupa eða leigja bílskúr fyrir sjúkrabifreið á Raufarhöfn.
6.23 Að kaupa jarðir austan Jökulsár á Fjöllum vegna stækkunar þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum.
6.24 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
6.25 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
6.26 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.27 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
6.28 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sameinaða stofnun Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar.
6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2006 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2006, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.5 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

7.6 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.7 Að greiða hlut ríkisins í undirbúningskostnaði Austurhafnar TR sem stofnað var á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg um rekstur og byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík.

7.8 Að selja flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN og ráðstafa andvirðinu til að kaupa eða leigu á sérhannaðri flugvél til að sinna gæslustörfum.

7.9 Að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju.

7.10 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta af lóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.

7.11 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir.

Sundurliðun 1.

Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, verður svohljóðandi:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	69.900,0	67.104,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	100,0	100,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	12.300,0	12.201,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**82.300,0**	**79.405,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	17.500,0	14.700,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	760,0	755,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.037,0	1.002,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**1.797,0**	**1.757,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**101.597,0**	**95.862,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	210,0	210,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	30.259,0	29.350,8

2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.941,6	3.862,8
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**34.410,6**	**33.423,6**
	Tryggingagjöld	**34.410,6**	**33.423,6**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	242,4	242,4
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	500,0	500,0
4.4.1	Stimpilgjöld	6.000,0	6.000,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	565,0	565,0
	Eignarskattar	**7.065,0**	**7.065,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	114.400,0	112.112,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.294,0	2.271,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	809,0	809,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	6.557,0	6.557,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	1.852,8	1.852,8
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	6.566,4	6.566,4
5.1.2.1.33	Olíugjald	3.456,5	3.456,5
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	39,0	39,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	401,0	401,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	7.475,0	7.378,0
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.730,0	3.730,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	2.311,9	2.311,9
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	3.613,3	3.551,5
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.998,5	1.998,5
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	2,6	2,6
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**155.507,0**	**153.037,2**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	3.501,0	3.501,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.053,6	1.053,6
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	103,5	103,5
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	73,6	73,6
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	702,2	701,1
5.2.2.25.1.25	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	806,0	837,0
5.2.2.25.5.95	Ýmis skráningargjöld	239,5	239,5
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	452,5	452,5
5.2.2.35	Ýmislegt	17,1	17,1
	Neyslu- og leyfisgjöld	**6.949,0**	**6.978,9**
	Skattar á vörur og þjónustu	**162.456,0**	**160.016,1**

6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	214,3	214,3
6.1.15	Markaðsgjald	303,2	303,2
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	60,0	60,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**577,5**	**577,5**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	103,5	25,5
	Aðrir skattar	**681,0**	**603,0**
	Skatttekjur, samtals	**306.452,0**	**297.212,1**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	9,0	9,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.435,0	1.435,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.444,0**	**1.444,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	9.000,0	4.410,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	5.520,0	5.520,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.870,0	1.870,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	44,0	44,0
	Aðrar eignatekjur	**16.434,0**	**11.844,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**17.878,0**	**13.288,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	573,4	573,4
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	254,8	254,8
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.550,0	2.550,0
9.1.3.5	Skólagjöld	634,3	634,3
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	636,0	636,0
9.1.3.20	Prófgjöld	30,3	30,3
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	104,5	104,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.469,9	1.469,9
9.1.3.35	Ýmislegt	406,1	406,8
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	429,3	429,3
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	35,6	35,6
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**7.224,2**	**7.224,9**
	Ýmsar tekjur	**7.224,2**	**7.224,9**

10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	429,4	398,9
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	225,6	149,3
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**690,0**	**583,2**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	314,0	314,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	63,0	63,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**377,0**	**377,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**26.169,2**	**21.473,1**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	500,0	500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	40,0	40,0
	Sala eigna, samtals	**540,0**	**540,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	103,0	103,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	325,0	325,0
	Rekstrarframlög	**428,0**	**428,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	605,0	605,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	445,0	445,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.478,0**	**1.478,0**
	Fjárframlög, samtals	**1.478,0**	**1.478,0**
	Heildartekjur samtals	**334.639,2**	**320.703,2**

Sundurliðun 2.

Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	718,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	55,0
1.03 Fastanefndir	16,9
1.04 Alþjóðasamstarf	82,3
1.06 Almennur rekstur	682,0
1.07 Sérverkefni	30,4
1.10 Rekstur fasteigna	163,7
Almennur rekstur samtals	1.748,7
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	60,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	52,6
Gjöld samtals	**1.861,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,4
Gjöld umfram tekjur	**1.852,9**

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	96,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	96,1

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	410,8

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 3,0

Gjöld samtals **413,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -20,1

Gjöld umfram tekjur **393,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 393,7

01-190 Ýmis verkefni
Almennur rekstur:
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 14,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar 7,9
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni 18,0
1.16 Evrópunefnd 12,0
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga 4,2
1.18 Stjórnarskrárnefnd 20,9
1.19 Efnahagsrannsóknir 49,9
1.20 Jafnréttissjóður 10,0
1.23 Hrafnseyri 5,9
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi 22,0
1.27 Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal 2,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar 5,5
1.42 Grænlandssjóður 1,0
1.90 Ýmis verkefni 37,6
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum 40,0

Almennur rekstur samtals 250,9

Viðhaldsverkefni:
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum 3,0

Gjöld samtals **253,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **252,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 252,9

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 54,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 31,0

Gjöld samtals **87,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,7

Gjöld umfram tekjur **73,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,7

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands 6.470,1
1.13 Háskólasjóður 108,0
Almennur rekstur samtals 6.578,1

Viðhaldsverkefni:
5.50 Fasteignir 40,0

Stofnkostnaður:
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup 910,0

Gjöld samtals **7.528,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.758,2

Gjöld umfram tekjur **5.769,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.818,0
Innheimt af ríkistekjum 951,9

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans 498,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -219,6

Gjöld umfram tekjur **278,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 278,4

02-215 Kennaraháskóli Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands 1.595,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -134,9

Gjöld umfram tekjur **1.460,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.370,9
Innheimt af ríkistekjum 89,8

02-227 Háskólinn í Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn í Reykjavík 1.373,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.373,6

02-228 Listaháskóli Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 506,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 506,7

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 148,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -27,4

Gjöld umfram tekjur **121,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,5

02-236 Rannsóknasjóður

Almennur rekstur:

1.10 Rannsóknasjóður	550,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	550,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:

1.15 Nýsköpunarsjóður	20,0
1.73 Reykjavíkurakademían	12,0
1.80 Vísindastarfsemi	17,8
1.90 Háskólastarfsemi	61,3
1.91 Háskólar, óskipt	63,5
Almennur rekstur samtals	174,6
Gjöld samtals	**174,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	174,6

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:

1.01 Menntaskólinn á Akureyri	372,8

Sértekjur:

Sértekjur	-10,4
Gjöld umfram tekjur	**362,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	356,9
Innheimt af ríkistekjum	5,5

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:

1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	627,6

Sértekjur:

Sértekjur	-31,5
Gjöld umfram tekjur	**596,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	586,7
Innheimt af ríkistekjum	9,4

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:

1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum	242,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,7
Gjöld umfram tekjur	**218,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	215,8
Innheimt af ríkistekjum	2,9

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:

1.01 Menntaskólinn í Kópavogi	680,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,1
Gjöld umfram tekjur	**631,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,6
Innheimt af ríkistekjum	8,9

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík	290,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**277,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	272,9
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:

1.11 Sameiginleg þjónusta	60,5
1.12 Orlof kennara	144,1
1.13 Forfallakennsla	65,7
1.14 Sérkennsla	32,8
1.15 Prófkostnaður	82,8
1.16 Nýjungar í skólastarfi	21,6

1.17 Námsskrárgerð	59,8
1.18 Námsefnisgerð	31,2
1.19 Kennslueftirlit	6,6
1.20 Sjálfsmatskerfi framhaldsskóla	83,9
1.21 Nám tannsmiða	10,8
1.23 Ólympíuleikar í raungreinum	2,8
1.24 Iðnnemasamband Íslands	5,6
1.26 Þróunarsjóður	17,1
1.27 Íslenskukennsla	18,8
1.28 Mat á skólastarfi	47,8
1.29 Forvarnastarf í skólum	5,2
1.30 Endurmenntun	39,6
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	13,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,8
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	5,0
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar	18,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	101,2
Almennur rekstur samtals	892,2
Gjöld samtals	**892,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	892,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla	696,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,5
Gjöld umfram tekjur	**627,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	618,8
Innheimt af ríkistekjum	8,9

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Flensborgarskóli	350,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,7
Gjöld umfram tekjur	**335,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 330,1
Innheimt af ríkistekjum 5,1

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 394,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,5

Gjöld umfram tekjur **371,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 366,4
Innheimt af ríkistekjum 4,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 149,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,9

Gjöld umfram tekjur **145,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,2
Innheimt af ríkistekjum 1,7

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 279,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,0

Gjöld umfram tekjur **257,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 254,0
Innheimt af ríkistekjum 3,0

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands 559,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,2

Gjöld umfram tekjur **523,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 516,8
Innheimt af ríkistekjum 6,7

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri 876,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -43,7

Gjöld umfram tekjur **832,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 822,7
Innheimt af ríkistekjum 10,2

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 410,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,4

Gjöld umfram tekjur **387,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,4
Innheimt af ríkistekjum 6,0

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum
Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum 101,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,4

Gjöld umfram tekjur **91,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,9
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:

1.01 Borgarholtsskóli	726,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,2
Gjöld umfram tekjur	**683,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	674,9
Innheimt af ríkistekjum	8,1

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:

1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	166,1
1.11 Símenntun og fjarkennsla	24,6
1.13 FS-net, símenntunarstöðvar	11,6
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	9,9
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9,9
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	9,9
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	9,9
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	9,9
1.26 Fræðslunet Austurlands	9,9
1.27 Fræðslunet Suðurlands	9,9
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	9,9
1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	9,9
Almennur rekstur samtals	291,4
Gjöld samtals	**291,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	291,4

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Fjöltækniskóli Íslands	251,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,9

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Iðnskólinn í Reykjavík	1.180,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-84,5

	Gjöld umfram tekjur	**1.096,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1.084,7
	Innheimt af ríkistekjum	11,6
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.477,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	4.477,0
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Þjóðminjasafn Íslands	347,5
	1.10 Byggða- og minjasöfn	40,9
	1.11 Hönnunarsafn Íslands	9,9
	Almennur rekstur samtals	398,3
	Viðhaldsverkefni:	
	5.21 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins	70,0
	Gjöld samtals	**468,3**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-43,5
	Gjöld umfram tekjur	**424,8**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	424,8
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	146,1
	1.11 Héraðsskjalasöfn	12,9
	Almennur rekstur samtals	159,0
	Gjöld samtals	**159,0**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-13,1
	Gjöld umfram tekjur	**145,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,9

02-907 Listasafn Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 147,0
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 5,0
Almennur rekstur samtals 152,0

Gjöld samtals **152,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -22,6

Gjöld umfram tekjur **129,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,4

02-909 Blindrabókasafn Íslands
Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 74,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **68,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,6

02-919 Söfn, ýmis framlög
Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 5,3
1.11 Nýlistasafn 7,8
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 7,4
1.41 Galdrasýning á Ströndum 5,0
1.90 Söfn, ýmis framlög 14,9
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 10,9
Almennur rekstur samtals 51,3

Stofnkostnaður:
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði 15,0
6.45 Víkinganaust í Reykjanesbæ 20,0
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 90,5
Stofnkostnaður samtals 125,5

Gjöld samtals	**176,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,8

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.03 Þjóðskjalasafn Íslands	20,0
6.21 Endurbætur menningarstofnana	24,7
6.73 Þjóðleikhúsið	20,0
6.95 Menningarhús	36,0
6.96 Byggðasöfn	24,0
Stofnkostnaður samtals	124,7
Gjöld samtals	**124,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,7

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhúsið	736,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-193,2
Gjöld umfram tekjur	**543,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	543,4

02-979 Húsafriðunarnefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Húsafriðunarnefnd	16,8
Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarsjóður	202,4
Gjöld samtals	**219,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,0
Gjöld umfram tekjur	**174,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,2

02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands	69,6
1.10 Kvikmyndasjóðir	372,4
Almennur rekstur samtals	442,0
Gjöld samtals	**442,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	442,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:

1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	12,5
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	10,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	18,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	57,0
1.25 Tónlistarsjóður	50,0
1.27 Tónlist fyrir alla	7,0
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,6
1.30 Íslenska óperan	175,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	90,0
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	37,0
1.44 Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	15,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	43,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,0
1.90 Listir	29,7
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	20,2
Almennur rekstur samtals	662,0
Gjöld samtals	**662,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	662,0

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:

1.10 Fræðistörf	10,7
1.11 Styrkir til útgáfumála	13,4
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	11,4
1.20 Iðnsaga Íslands	3,8
1.21 Tónlistarsaga Íslands	4,1

1.23	Hið íslenska bókmenntafélag	15,0
1.51	Fræða- og þekkingasetur	66,6
1.52	Skriðuklaustur	16,2
1.53	Snorrastofa	11,1
1.54	Fornleifasjóður	5,0
	Almennur rekstur samtals	157,3
	Gjöld samtals	**157,3**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	157,3

02-988 Æskulýðsmál

	Almennur rekstur:	
1.10	Æskulýðsráð ríkisins	3,0
1.12	Ungmennafélag Íslands	82,0
1.13	Bandalag íslenskra skáta	22,5
1.14	Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5
1.15	Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17	Landssamband KFUM og KFUK	25,0
1.18	Æskulýðsrannsóknir	3,0
1.19	Æskulýðssjóður	10,0
1.90	Æskulýðsmál	14,1
	Almennur rekstur samtals	162,6
	Gjöld samtals	**162,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	162,6

02-989 Ýmis íþróttamál

	Almennur rekstur:	
1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	108,7
1.12	Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14	Íþróttasamband fatlaðra	21,5
1.15	Skólaíþróttir	2,0
1.16	Íþróttasjóður	18,3
1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,5
1.18	Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20	Glímusamband Íslands	4,5
1.21	Skáksamband Íslands	15,0
1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	11,6
1.25	Skákskóli Íslands	6,9
1.29	Afreksmannasjóður	30,0
1.30	Bridgesamband Íslands	12,0
1.31	Lyfjaeftirlit	7,0
1.90	Ýmis íþróttamál	10,9

Almennur rekstur samtals	254,4
Stofnkostnaður:	
6.50 Landsmót ungmennafélaga í Kópavogi 2007	20,0
6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð	5,0
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	30,0
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	5,0
6.57 Sparkvellir	25,0
6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík	50,0
Stofnkostnaður samtals	135,0
Gjöld samtals	**389,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	389,4

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.13 Útvarpsréttarnefnd	9,6
1.90 Ýmis framlög	65,5
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	55,6
Almennur rekstur samtals	130,7
Stofnkostnaður:	
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	152,5
6.91 Þróunarmál í upplýsingatækni	117,0
Stofnkostnaður samtals	269,5
Gjöld samtals	**400,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	400,2

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	4,9
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.21 Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	2,3
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	6,2
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,8
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	7,0
Almennur rekstur samtals	28,7
Gjöld samtals	**28,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,7

03-300 Sendiráð Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Sendiráð Íslands	1.494,0

Viðhaldsverkefni:

5.21 Viðhald fasteigna	30,0

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður	23,0
Gjöld samtals	**1.547,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.547,0

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.11 Framkvæmd búvörusamnings	4,7
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	28,6
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,6
1.90 Ýmis verkefni	35,3
1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis	10,7
Almennur rekstur samtals	89,5

Stofnkostnaður:

6.41 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum	10,0
Gjöld samtals	**99,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	99,5

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:

1.01 Veiðimálastofnun	149,4

Sértekjur:

Sértekjur	-86,0
Gjöld umfram tekjur	**63,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	63,4

04-234 Landbúnaðarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarstofnun 580,8

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **584,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,1

Gjöld umfram tekjur **561,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 372,1
Innheimt af ríkistekjum 189,6

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 841,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -268,8

Gjöld umfram tekjur **572,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 572,8

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 318,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 4,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0

Gjöld samtals **340,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -119,2

Gjöld umfram tekjur **221,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 221,4

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 467,2
1.90 Fyrirhleðslur 56,3
Almennur rekstur samtals 523,5

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 8,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 41,4

Gjöld samtals **572,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -70,4

Gjöld umfram tekjur **502,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 502,5

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 250,6
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá 89,3
Almennur rekstur samtals 339,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **355,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -119,9

Gjöld umfram tekjur **235,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,3

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0
1.23 Matvælasetur	6,6
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	38,8
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	14,1
1.49 Úrskurðarnefndir	2,2
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7,7
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	20,2
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	3,9
1.90 Ýmislegt	7,7
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytisins	18,9
Almennur rekstur samtals	150,2

Stofnkostnaður:

6.41 Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	16,0
Gjöld samtals	**166,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	166,2

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:

1.01 Hafrannsóknastofnunin	1.592,8

Sértekjur:

Sértekjur	-482,8
Gjöld umfram tekjur	**1.110,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.110,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:

1.01 Fiskistofa	776,5

Sértekjur:

Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**768,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	687,8
Innheimt af ríkistekjum	80,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	42,4
1.11 Námsleyfi lögfræðinga	3,4
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0
1.25 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	28,0
1.26 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	13,2
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	78,1
1.40 Alþjóðasamstarf	6,6
1.45 Mannréttindamál	8,0
1.47 Íslensk ættleiðing	6,5
1.51 Innheimta meðlaga	3,8
1.82 Biblíuþýðingar	0,6
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður	17,3
Almennur rekstur samtals	226,9
Gjöld samtals	**226,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,3
Gjöld umfram tekjur	**208,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,1
Innheimt af ríkistekjum	32,5

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.01 Héraðsdómstólar	809,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	809,0

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	171,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,4

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	2.269,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,0

Gjöld umfram tekjur **2.252,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.236,0
Innheimt af ríkistekjum 16,3

06-395 Landhelgisgæsla Íslands
Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 1.290,1

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 107,0

Gjöld samtals **1.397,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -33,0

Gjöld umfram tekjur **1.364,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.364,1

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 283,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **282,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 282,9

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 70,3
1.20 Löggæsla 100,0
1.40 Tollgæsla 5,5
Almennur rekstur samtals 175,8

Gjöld samtals **175,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur	**174,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,8

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	68,3
1.20 Löggæsla	87,3
Almennur rekstur samtals	155,6
Gjöld samtals	**155,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**154,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,9

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	71,2
1.20 Löggæsla	90,4
1.40 Tollgæsla	19,3
Almennur rekstur samtals	180,9
Gjöld samtals	**180,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,4
Gjöld umfram tekjur	**174,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,5

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	70,8
1.20 Löggæsla	116,7
Almennur rekstur samtals	187,5
Gjöld samtals	**187,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **185,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,4

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 59,9
1.20 Löggæsla 85,6
1.40 Tollgæsla 16,3
Almennur rekstur samtals 161,8

Gjöld samtals **161,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,0

Gjöld umfram tekjur **152,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,8

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 133,3
1.20 Löggæsla 269,1
1.40 Tollgæsla 16,5
Almennur rekstur samtals 418,9

Gjöld samtals **418,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **416,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 416,1

06-591 Fangelsisbyggingar
Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

06-701 Þjóðkirkjan
Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 1.354,9
1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans 6,9
1.15 Kirkjumiðstöðvar 2,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,7
1.91 Skálholtsskóli 9,1
Almennur rekstur samtals 1.374,8

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 5,4
6.22 Hallgrímskirkja 5,4
6.23 Hóladómkirkja 5,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 10,4
6.28 Þingeyraklausturskirkja 3,0
Stofnkostnaður samtals 29,2

Gjöld samtals **1.404,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -64,7

Gjöld umfram tekjur **1.339,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.339,3

06-733 Kirkjugarðar
Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 749,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 749,5

07-700 Málefni fatlaðra
Almennur rekstur:
1.01 Stjórnarnefnd málefna fatlaðra 18,3
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl. 15,0
1.80 Starfsþjálfun 28,8
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra 7,1
1.90 Ýmis verkefni 37,3
Almennur rekstur samtals 106,5

Gjöld samtals **106,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,5

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1.808,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir 46,5
Almennur rekstur samtals 1.854,6

Gjöld samtals **1.854,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.854,6

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 181,2
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 48,3
Almennur rekstur samtals 229,5

Gjöld samtals **229,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **216,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 216,2

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 150,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,2

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra
Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,1
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 249,6
Almennur rekstur samtals 250,7

Gjöld samtals **250,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,7

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra
Almennur rekstur:
1.10 Svæðisráð 1,2
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða 70,3
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 617,7
Almennur rekstur samtals 689,2

Gjöld samtals **689,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 689,2

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 213,8
1.30 Verndaðir vinnustaðir 2,0
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða 22,6
Almennur rekstur samtals 238,4

Gjöld samtals **238,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **236,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 236,0

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ
Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 273,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **272,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 272,8

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:

1.11 Atvinnuleysisbætur	3.137,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	66,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	174,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	81,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	155,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	65,0
Almennur rekstur samtals	3.850,0
Gjöld samtals	**3.850,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-623,0
Gjöld umfram tekjur	**3.227,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3.227,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	30,4
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	179,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	21,5
1.35 Félag heyrnarlausra	9,2
1.36 Félagið Geðhjálp	16,0
1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	5,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	30,9
1.41 Stígamót	25,3
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	22,2
1.44 Byrgið, líknarfélag	28,2
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	3,0
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	16,3
1.49 Móttaka flóttamannahópa	33,7
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	18,0
1.90 Ýmis framlög	53,7
1.98 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis	65,0
Almennur rekstur samtals	557,9
Gjöld samtals	**557,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	557,9

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:

1.11	Mæðra- og feðralaun	343,0
1.15	Umönnunargreiðslur	988,0
1.21	Makabætur og umönnunarbætur	85,0
1.25	Dánarbætur	49,0
1.31	Endurhæfingarlífeyrir	1.108,0
1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar	120,0
1.41	Heimilisuppbót	2.541,0
1.51	Frekari uppbætur	1.456,0
1.55	Uppbætur vegna bifreiðakaupa	265,0
	Almennur rekstur samtals	6.955,0
	Gjöld samtals	**6.955,0**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	6.955,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:

1.11	Ellilífeyrir	7.377,0
1.15	Örorkulífeyrir	4.949,0
1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega	10.333,0
1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	6.197,0
1.26	Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	993,7
1.27	Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	964,7
1.28	Vasapeningar ellilífeyrisþega	311,0
1.29	Vasapeningar örorkulífeyrisþega	65,0
1.31	Örorkustyrkur	167,0
1.35	Barnalífeyrir	2.294,0
1.91	Annað	155,0
	Almennur rekstur samtals	33.806,4
	Gjöld samtals	**33.806,4**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	10.855,3
	Innheimt af ríkistekjum	22.951,1

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:

1.11	Lækniskostnaður	3.666,0
1.15	Lyf	6.107,0
1.21	Hjálpartæki	1.644,0
1.25	Hjúkrun í heimahúsum	108,0
1.31	Þjálfun	1.487,3
1.35	Tannlækningar	1.303,0

1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	251,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	489,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	112,0
1.55 Sjúkradagpeningar	210,0
1.91 Annað	134,0
Almennur rekstur samtals	15.511,3
Gjöld samtals	**15.511,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15.511,3

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	130,3
1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	36,6
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri	6,3
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal	19,7
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	22,9
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	3,2
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	6,9
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	5,4
1.80 Gigtarráð	4,4
1.90 Ýmis starfsemi	2,2
Almennur rekstur samtals	237,9
Stofnkostnaður:	
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda	7,0
Gjöld samtals	**244,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	244,9

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.319,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	25,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	65,0
6.50 Nýbygging	140,0
Stofnkostnaður samtals	205,0
Gjöld samtals	**3.549,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -195,0

Gjöld umfram tekjur **3.354,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.354,9

08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús
Almennur rekstur:
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús 29.288,2

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 178,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 201,0
6.70 Nýframkvæmdir 100,0
Stofnkostnaður samtals 301,0

Gjöld samtals **29.767,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... - 1.747,0

Gjöld umfram tekjur **28.020,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27.920,2
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt
Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 114,3

Stofnkostnaður:
6.50 Stofnkostnaður 25,0

Gjöld samtals **139,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 139,3

08-384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn
Almennur rekstur:
1.01 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn 96,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,6

08-386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna
Almennur rekstur:
1.10 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 166,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur 165,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,9

08-388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið
Almennur rekstur:
1.10 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 507,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 507,3

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi
Almennur rekstur:
1.10 Samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 28,1
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga 29,6
1.16 Lyfjagreiðslunefnd 29,5
1.17 Vísindasiðanefnd 22,8
1.21 Eftirlit með greiðslum almannatrygginga 41,5
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning 17,2
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit 264,8
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir 13,0
1.34 Hjartaheill 4,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð 55,4
1.36 Stórstúka Íslands 1,5
1.37 Skrifstofa líknarfélaga 5,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp 6,8
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 2,7
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi .. 81,6
1.43 Viðbúnaður gegn sýklahernaði 50,0
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina 115,8
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 48,7
1.68 Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna 20,0
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn 10,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 8,1
1.90 Ýmis framlög 34,1
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi 5,7

1.98 Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	10,2
Almennur rekstur samtals	906,6
Stofnkostnaður:	
6.91 Upplýsingatæknimál	32,5
Gjöld samtals	**939,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,0
Gjöld umfram tekjur	**908,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	908,1

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	187,3
1.09 Ný hjúkrunarrými	112,4
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	264,7
Almennur rekstur samtals	564,4
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	60,0
Stofnkostnaður:	
6.15 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	47,9
6.17 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	8,1
6.27 Jaðar, Ólafsvík	30,0
6.38 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	17,5
Stofnkostnaður samtals	103,5
Gjöld samtals	**727,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-204,4
Gjöld umfram tekjur	**523,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	523,5

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1.320,3
1.11 Dvalarrými	272,7
Almennur rekstur samtals	1.593,0

Gjöld samtals **1.593,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -52,2

Gjöld umfram tekjur **1.540,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.540,8

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 807,3
1.11 Dvalarrými 169,5
1.15 Dagvist 20,2
Almennur rekstur samtals 997,0

Gjöld samtals **997,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,4

Gjöld umfram tekjur **965,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 965,6

08-407 Grund, Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 1.000,0
1.11 Dvalarrými 119,9
Almennur rekstur samtals 1.119,9

Gjöld samtals **1.119,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -39,7

Gjöld umfram tekjur **1.080,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.080,2

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 387,7
1.15 Dagvist 13,9

Almennur rekstur samtals	401,6
Gjöld samtals	**401,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,3
Gjöld umfram tekjur	**386,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	386,3

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	591,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,1
Gjöld umfram tekjur	**568,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	568,1

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	932,5
1.15 Dagvist	47,3
Almennur rekstur samtals	979,8
Gjöld samtals	**979,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-36,7
Gjöld umfram tekjur	**943,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	943,1

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	224,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7

Gjöld umfram tekjur **215,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 215,9

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 382,6
1.71 Endurhæfingardeild 83,2
Almennur rekstur samtals 465,8

Gjöld samtals **465,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,9

Gjöld umfram tekjur **450,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 450,9

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 452,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,4

Gjöld umfram tekjur **435,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 435,2

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 134,1
1.11 Dvalarrými 16,8
Almennur rekstur samtals 150,9

Gjöld samtals **150,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,3

Gjöld umfram tekjur **145,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,6

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 87,0
1.11 Dvalarrými 14,7
1.15 Dagvist 3,0
Almennur rekstur samtals 104,7

Gjöld samtals **104,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **101,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,1

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 105,4
1.11 Dvalarrými 23,0
1.15 Dagvist 4,6
Almennur rekstur samtals 133,0

Gjöld samtals **133,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **128,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,8

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 67,1
1.11 Dvalarrými 17,1
1.15 Dagvist 3,0
Almennur rekstur samtals 87,2

Gjöld samtals **87,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **84,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,4

08-418 Seljahlíð, Reykjavík
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 150,1
1.11 Dvalarrými 28,3
Almennur rekstur samtals 178,4

Gjöld samtals **178,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **172,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 172,5

08-419 Sólvangur, Hafnarfirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 458,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,0

Gjöld umfram tekjur **440,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 440,4

08-421 Víðines
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 194,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,1

Gjöld umfram tekjur **185,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 185,9

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	213,3
1.11 Dvalarrými	77,5
1.15 Dagvist	15,5
Almennur rekstur samtals	306,3
Gjöld samtals	**306,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,7
Gjöld umfram tekjur	**297,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	297,6

08-424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	104,1
1.11 Dvalarrými	71,2
Almennur rekstur samtals	175,3
Gjöld samtals	**175,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**171,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,1

08-425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	51,2
1.11 Dvalarrými	23,0
Almennur rekstur samtals	74,2
Gjöld samtals	**74,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**72,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,1

08-426 Fellaskjól, Grundarfirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 51,2
1.11 Dvalarrými 14,7
Almennur rekstur samtals 65,9

Gjöld samtals **65,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **63,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,8

08-427 Jaðar, Ólafsvík
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 50,1
1.11 Dvalarrými 14,3
1.15 Dagvist 1,7
Almennur rekstur samtals 66,1

Gjöld samtals **66,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **64,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,0

08-428 Fellsendi, Búðardal
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 138,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,9

Gjöld umfram tekjur **133,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,0

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	65,5
1.11 Dvalarrými	4,2
Almennur rekstur samtals	69,7
Gjöld samtals	**69,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,8
Gjöld umfram tekjur	**66,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,9

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	125,5
1.11 Dvalarrými	46,4
1.15 Dagvist	10,9
Almennur rekstur samtals	182,8
Gjöld samtals	**182,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,1
Gjöld umfram tekjur	**177,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,7

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	799,1
1.11 Dvalarrými	133,1
1.15 Dagvist	30,9
Almennur rekstur samtals	963,1
Gjöld samtals	**963,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,8
Gjöld umfram tekjur	**931,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 931,3

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 67,6
1.11 Dvalarrými 25,2
Almennur rekstur samtals 92,8

Gjöld samtals **92,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,8

Gjöld umfram tekjur **90,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 135,9
1.11 Dvalarrými 29,4
1.15 Dagvist 4,9
1.81 Sjúkrarými og fæðingar 50,6
Almennur rekstur samtals 220,8

Gjöld samtals **220,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **215,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 215,3

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 88,8
1.11 Dvalarrými 8,5
1.15 Dagvist 0,7
Almennur rekstur samtals 98,0

Gjöld samtals **98,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,6

Gjöld umfram tekjur **94,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,4

08-439 Hjallatún, Vík
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 55,1
1.11 Dvalarrými 14,7
Almennur rekstur samtals 69,8

Gjöld samtals **69,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **67,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,5

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 218,0
1.11 Dvalarrými 46,1
Almennur rekstur samtals 264,1

Gjöld samtals **264,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **255,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 255,2

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 136,0
1.11 Dvalarrými 169,1
1.17 Geðrými 160,6

Almennur rekstur samtals	465,7
Gjöld samtals	**465,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**460,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	460,2

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	148,1
1.11 Dvalarrými	35,2
1.15 Dagvist	7,6
Almennur rekstur samtals	190,9
Gjöld samtals	**190,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**185,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	185,2

08-443 Holtsbúð, Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	205,4
1.15 Dagvist	7,8
Almennur rekstur samtals	213,2
Gjöld samtals	**213,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**204,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	204,7

08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 271,1

Sértekjur:

Sértekjur ..... -10,6

Gjöld umfram tekjur **260,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 260,5

08-447 Sóltún, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Hjúkrunarrými 783,9

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 783,9

08-460 Dvalarrými aldraða, önnur

Almennur rekstur:

1.11 Dvalarrými aldraða, önnur 485,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 485,7

08-472 Hlíðabær, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.10 Hlíðabær, Reykjavík 37,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 37,3

08-473 Lindargata, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.10 Lindargata, Reykjavík 34,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 34,7

08-474 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga

Almennur rekstur:

1.10 Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga 67,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 67,6

08-475 Múlabær, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.10 Múlabær, Reykjavík	52,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	52,6

08-476 Fríðuhús, Reykjavík

Almennur rekstur:

1.10 Fríðuhús, Reykjavík	28,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	28,1

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:

1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	225,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	225,8

08-478 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:

1.10 Vistheimilið Bjarg	42,2

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	42,2

08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.079,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.079,8

08-492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:

1.10 Endurhæfingardeild	175,4
1.15 Almenn deild	245,1
Almennur rekstur samtals	420,5
Gjöld samtals	**420,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	420,5

08-493 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:

1.10 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	370,1

Viðhaldsverkefni:

5.21 Viðhald fasteignar	5,0
Gjöld samtals	**375,1**

Sértekjur:

Sértekjur	-8,0
Gjöld umfram tekjur	**367,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	367,1

08-494 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:

1.10 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	86,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	86,8

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:

1.11 Sjúkraflutningar	458,2
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	60,4
1.15 Sjúkraflug	105,1
Almennur rekstur samtals	623,7
Gjöld samtals	**623,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	623,7

08-505 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	0,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	0,4

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	3.741,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -247,6

Gjöld umfram tekjur **3.493,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.493,5

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 113,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **104,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,3

08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu
Almennur rekstur:
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu 424,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,8

Gjöld umfram tekjur **399,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 399,1

08-700 Heilbrigðisstofnanir
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 50,0

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald heilbrigðisstofnana 46,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 58,1
6.45 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi 15,0
6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði 40,0
6.77 Heilbrigðisstofnun Austurlands 98,0
6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands 100,0
Stofnkostnaður samtals 311,1

Gjöld samtals	**407,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	407,7

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	155,9
1.11 Sjúkrasvið	968,5
1.21 Hjúkrunarrými	126,9
Almennur rekstur samtals	1.251,3
Gjöld samtals	**1.251,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-77,0
Gjöld umfram tekjur	**1.174,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.174,3

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	56,7
1.11 Sjúkrasvið	217,0
1.21 Hjúkrunarrými	48,6
Almennur rekstur samtals	322,3
Gjöld samtals	**322,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,2
Gjöld umfram tekjur	**308,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	308,1

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	57,1
1.11 Sjúkrasvið	55,3
1.21 Hjúkrunarrými	90,7
Almennur rekstur samtals	203,1
Gjöld samtals	**203,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,4

Gjöld umfram tekjur **195,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,7

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 184,8
1.11 Sjúkrasvið 382,6
1.21 Hjúkrunarrými 153,4
Almennur rekstur samtals 720,8

Gjöld samtals **720,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -51,2

Gjöld umfram tekjur **669,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 669,6

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 64,6
1.21 Hjúkrunarrými 63,5
Almennur rekstur samtals 128,1

Gjöld samtals **128,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,6

Gjöld umfram tekjur **123,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 123,5

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 47,5
1.11 Sjúkrasvið 7,3
1.21 Hjúkrunarrými 59,4
Almennur rekstur samtals 114,2

Gjöld samtals **114,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **111,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 111,8

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 61,6
1.11 Sjúkrasvið 46,6
1.21 Hjúkrunarrými 117,9
Almennur rekstur samtals 226,1

Gjöld samtals **226,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,5

Gjöld umfram tekjur **216,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 216,6

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 68,1
1.11 Sjúkrasvið 98,5
1.21 Hjúkrunarrými 165,9
Almennur rekstur samtals 332,5

Gjöld samtals **332,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,7

Gjöld umfram tekjur **320,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 320,8

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 90,5

1.11 Sjúkrasvið	320,5
1.21 Hjúkrunarrými	287,1
Almennur rekstur samtals	698,1
Gjöld samtals	**698,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-29,4
Gjöld umfram tekjur	**668,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	668,7

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	46,6
1.11 Sjúkrasvið	144,2
1.21 Hjúkrunarrými	146,1
Almennur rekstur samtals	336,9
Gjöld samtals	**336,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,3
Gjöld umfram tekjur	**323,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	323,6

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	238,8
1.11 Sjúkrasvið	389,4
1.21 Hjúkrunarrými	122,8
Almennur rekstur samtals	751,0
Gjöld samtals	**751,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-47,2
Gjöld umfram tekjur	**703,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 703,8

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 571,7
1.11 Sjúkrasvið 612,0
1.21 Hjúkrunarrými 297,7
Almennur rekstur samtals 1.481,4

Gjöld samtals **1.481,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -73,4

Gjöld umfram tekjur **1.408,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.408,0

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 107,7
1.11 Sjúkrasvið 364,6
1.21 Hjúkrunarrými 85,8
Almennur rekstur samtals 558,1

Gjöld samtals **558,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -31,6

Gjöld umfram tekjur **526,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 526,5

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 658,7
1.11 Sjúkrasvið 525,6
1.21 Hjúkrunarrými 139,3
Almennur rekstur samtals 1.323,6

Gjöld samtals **1.323,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -82,4

Gjöld umfram tekjur **1.241,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.241,2

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum
Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 348,1
1.11 Sjúkrasvið 746,4
1.21 Hjúkrunarrými 131,2
Almennur rekstur samtals 1.225,7

Gjöld samtals **1.225,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -77,8

Gjöld umfram tekjur **1.147,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.147,9

08-795 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði
Almennur rekstur:
1.11 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 666,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -73,4

Gjöld umfram tekjur **593,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 593,0

09-201 Ríkisskattstjóri
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 544,0
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 139,8
1.41 Skattvinnslukerfi 271,6
Almennur rekstur samtals 955,4

Stofnkostnaður:
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 27,5

Gjöld samtals	**982,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**977,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	907,3
Innheimt af ríkistekjum	70,0

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	925,1
1.45 Tollafgreiðslukerfi	165,5
Almennur rekstur samtals	1.090,6
Gjöld samtals	**1.090,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**1.085,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.085,1

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	184,5
1.05 Rekstur tölvukerfis	35,3
Almennur rekstur samtals	219,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	58,3
6.41 Tölvubúnaður	13,0
Stofnkostnaður samtals	71,3
Gjöld samtals	**291,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-261,2
Gjöld umfram tekjur	**29,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,9

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:

1.90 Launa- og verðlagsmál	690,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	690,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,2
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	8,0
1.13 Kjarasamningar	33,2
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	40,0
1.15 Kjararannsóknir	10,0
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 6. gr.	200,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	75,0
1.45 Ýmsar nefndir	28,1
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	5,4
1.60 Dómkröfur	139,3
1.65 Kjaranefnd	21,3
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	4,9
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	87,6
Almennur rekstur samtals	723,0

Stofnkostnaður:

6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	10,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
Stofnkostnaður samtals	14,8
Gjöld samtals	**737,8**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	737,8

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	277,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	275,8
Innheimt af ríkistekjum	1,5

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	6,6
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.19 Útgáfa ökuskírteina	15,4
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	55,1
1.25 Staðsetningarkerfi	6,7
1.34 Flugskóli Íslands	22,0
1.35 Átak í umferðaröryggismálum	50,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	12,2
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	150,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	47,1
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	12,5
1.90 Ýmislegt	18,3
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	31,5
Almennur rekstur samtals	436,7
Stofnkostnaður:	
6.42 Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	6,0
Gjöld samtals	**442,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**442,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	442,6

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	543,1
1.11 Vaktstöð siglinga	199,8
Almennur rekstur samtals	742,9
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	20,4
6.80 Sjóvarnargarðar	119,6
Stofnkostnaður samtals	140,0
Gjöld samtals	**882,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-137,1
Gjöld umfram tekjur	**745,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 639,7
Innheimt af ríkistekjum 106,1

10-336 Hafnabótasjóður
Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki 816,8
6.74 Lendingabætur 7,0
6.76 Ferjubryggjur 8,8
Stofnkostnaður samtals 832,6

Gjöld samtals **843,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 832,6
Viðskiptahreyfingar 11,1

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar
Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 1.755,8
1.70 Alþjóðaflugþjónusta 1.419,9
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 102,2
Almennur rekstur samtals 3.277,9

Gjöld samtals **3.277,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.923,6

Gjöld umfram tekjur **1.354,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 976,7
Innheimt af ríkistekjum 377,6

10-472 Framkvæmdir Flugmálastjórnar
Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald 174,1

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 280,3

Gjöld samtals **454,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 454,4

10-651 Ferðamálastofa
Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 59,9
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 107,1
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 25,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 12,6
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir 60,1
Almennur rekstur samtals 264,7

Gjöld samtals **264,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,5

Gjöld umfram tekjur **261,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 261,2

11-102 Einkaleyfastofan
Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 126,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,8
Innheimt af ríkistekjum 111,5

11-301 Orkustofnun
Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 660,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -270,0

Gjöld umfram tekjur **390,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 390,6

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku
Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku 255,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 255,0

11-399 Ýmis orkumál
Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 13,4
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum 142,0
1.21 Nýskipan orkumála 43,3
1.22 Vistvænir orkugjafar 26,1
1.23 Þróunarverkefni o.fl. 11,0
1.24 Notendur utan samveitna 7,0
Almennur rekstur samtals 242,8

Gjöld samtals **242,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 242,8

11-401 Byggðaáætlun
Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 314,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 314,5

12-402 Fjármálaeftirlitið
Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 410,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 424,0
Viðskiptahreyfingar ..... -13,5

12-421 Neytendastofa
Almennur rekstur:
1.01 Neytendastofa 247,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,3

Gjöld umfram tekjur **238,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,5
Innheimt af ríkistekjum 164,5

12-425 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:

1.01 Talsmaður neytenda	13,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	13,0

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:

1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið	14,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	14,8

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	542,0
1.50 Þjóðskráin	129,6
Almennur rekstur samtals	671,6
Gjöld samtals	**671,6**

Sértekjur:

Sértekjur	-15,9
Gjöld umfram tekjur	**655,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	575,5
Innheimt af ríkistekjum	80,2

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.10 Fastanefndir	8,5
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	11,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	13,3
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.36 Rannsóknir og útrýming á mink	46,5
1.40 Alþjóðastofnanir	15,9
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	8,5
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	8,5
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	6,5
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	7,4
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	26,7

1.90 Ýmis verkefni	13,5
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	67,8
Almennur rekstur samtals	263,4
Gjöld samtals	**263,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	263,4

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	618,3
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	33,1
Almennur rekstur samtals	651,4
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	31,0
Gjöld samtals	**682,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-57,5
Gjöld umfram tekjur	**624,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	587,7
Innheimt af ríkistekjum	37,2

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	16,9
1.02 Setur í Reykjavík	255,6
1.03 Setur á Akureyri	83,8
Almennur rekstur samtals	356,3
Gjöld samtals	**356,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,1
Gjöld umfram tekjur	**248,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,2

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	13,4
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	13,4
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	13,4
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	13,4
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	13,4
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	13,4
1.16 Náttúrustofa Húsavík	13,4
Almennur rekstur samtals	93,8
Gjöld samtals	**93,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	547,7
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	179,1
Almennur rekstur samtals	726,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,0
Gjöld samtals	**746,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-233,2
Gjöld umfram tekjur	**513,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	513,6

SÉRSTÖK YFIRLIT II

	Þús. kr.
1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).	
1. Byggðasafn Akraness, bátasafn	500
2. Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000
3. Flateyjarbókasafn á Reykhólum	500
4. Hið íslenska reðursafn	500
5. Kvennasögusafn Íslands	1.400
6. Langabúð á Djúpavogi	1.500
7. Safnasafnið, Svalbarðsströnd	4.000
8. Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000

9.	Tæknisafn Íslands	500
	Samtals	**14.900**

2. Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-919-1.98).

1.	Tilnefning staða á Heimsminjaskrá UNESCO	6.000
2.	Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs	4.900
	Samtals	**10.900**

3. Söfn, ýmis stofnkostnaður (02-919-6.90).

1.	Búvéla- og búnaðarsögusafn á Saurbæjarjörðinni	1.000
2.	Búvélasafnið á Hvanneyri	2.000
3.	Byggðasafnið í Gröf í Hrunamannahreppi	1.000
4.	Eyrbyggja, Sögumiðstöð í Grundarfirði	4.000
5.	Félag um bátaflota Gríms Karlssonar	1.000
6.	Hvalasafnið á Húsavík	5.000
7.	Iðnaðarsafnið á Akureyri, frágangur útisýningarsvæðis	2.000
8.	Íslenska stríðsárasafnið	2.000
9.	Málverkasafn Tryggva Ólafssonar	3.000
10.	Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti, umhverfi safnsins	2.000
11.	Safnahús í Búðardal	4.000
12.	Safnhús í Neðstakaupstað á Ísafirði	4.000
13.	Saltfisksetur Íslands í Grindavík	4.000
14.	Samgönguminjasafnið Ystafelli	5.000
15.	Samgöngusafnið í Skógum	5.000
16.	Sauðfjársetur á Ströndum	3.000
17.	Selasetur Íslands ehf.	4.000
18.	Síldarminjasafnið á Siglufirði, viðgerð á skipum	4.000
19.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.500
20.	Sjóminjasafnið í Sjómannagarðinum á Hellissandi	3.000
21.	Sjóminjasafnið Ósvör	5.000
22.	Sögusafnið í Perlunni	5.000
23.	Sögusetrið	3.000
24.	Sögusýning um Samvinnuhreyfinguna á Íslandi	4.000
25.	Tækniminjasafn Austurlands	5.000
26.	Veiðisafnið á Stokkseyri, stækkun	2.000
27.	Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík, breytingar á húsnæði	5.000
	Samtals	**90.500**

4. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Ásgerður Búadóttir	1.600
3.	Erró	1.600
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
5.	Guðbergur Bergsson	1.600
6.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
7.	Hannes Pétursson	1.600

8.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
9.	Jóhann Hjálmarsson	1.600
10.	Jón Nordal	1.600
11.	Jón Sigurbjörnsson	1.600
12.	Jón Þórarinsson	1.600
13.	Jónas Ingimundarson	1.600
14.	Jórunn Viðar	1.600
15.	Kristbjörg Kjeld	1.600
16.	Kristinn Hallsson	1.600
17.	Kristján Davíðsson	1.600
18.	Matthías Johannessen	1.600
19.	Megas	1.600
20.	Róbert Arnfinnsson	1.600
21.	Thor Vilhjálmsson	1.600
22.	Vigdís Grímsdóttir	1.600
23.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.600
24.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.600
25.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
26.	Þráinn Bertelsson	1.600
27.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**43.200**

5. Listir (02-982-1.90).

1.	Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2.	Harmonikkufélag Vestfjarða	300
3.	Hlunnindasýning á Reykhólum	2.000
4.	Íslensk grafík	1.300
5.	Kling og Bang gallerí ehf.	1.000
6.	Leikbrúðuland	1.200
7.	Leikminjasafn Íslands	5.000
8.	Listvinafélag Vestmannaeyja	500
9.	Minnisvarði um breska sjómenn í Vík	1.000
10.	Músík í Mývatnssveit	1.000
11.	Rannsóknastofa um helgisiðafræði í Skálholti	7.000
12.	Samband íslenskra myndlistarmanna	4.000
13.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
14.	Tónahátíð í Þjórsárveri	500
15.	Tónleikar í Skaftárhreppi	500
16.	Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
17.	Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	500
18.	Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
	Samtals	**29.700**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).

1.	Bókasafn Dagsbrúnar, útgáfustarfsemi verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda á 20. öld	1.000
2.	Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	1.500

3.	Búnaðarsamband Vestfjarða, Sögufélag Barðstrendinga og Sögufélag Ísfirðinga, rit um Vestur-Barðastrandarsýslu	500
4.	Börn og bækur – IBBY á Íslandi	500
5.	Eyrbyggjar, útgáfa á menningar- og sögutengdu efni	500
6.	Færeysk orðabók	2.400
7.	Kjarvalsstofa	2.000
8.	Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.000
9.	Strandir – byggðasaga	1.000
10.	Útgáfufélagið Guðrún, útgáfa íslenskra fornbókmennta á erlendum tungumálum	3.000
	Samtals	**13.400**

7. Norræn samvinna (02-984-1.90).

1.	Norræna félagið á Íslandi	7.500
2.	Óskipt	5.500
	Samtals	**13.000**

8. Æskulýðsmál (02-988-1.90).

1.	AFS á Íslandi	1.000
2.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, 70 ára afmæli	2.000
3.	Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4.	KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands	1.000
5.	Krossinn, unglingastarf	2.000
6.	Landssamband æskulýðsfélaga	2.600
7.	Skólabúðirnar Reykjaskóla	1.500
8.	Snorraverkefnið, samskipti við Vestur-Íslendinga	2.000
	Samtals	**14.100**

9. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	400
2.	Handknattleikssamband Íslands	3.000
3.	Skákskóli Hróksins	4.000
4.	Sumarbúðirnar Ástjörn	3.500
	Samtals	**10.900**

10. Ýmis framlög (02-999-1.90).

1.	200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, nefnd	3.000
2.	Dýragarðurinn í Slakka	1.000
3.	Fornleifastofnun Íslands	2.500
4.	Frumkvöðlafræðslan ses.	1.000
5.	Holt í Önundarfirði, endurbætur	1.000
6.	Íslenskar æviskrár frá landnámstíð til 2000	2.500
7.	Kirkjubæjarstofa	5.000
8.	Kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn	1.000
9.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.000
10.	Kópavogsbær, rússnesk menningarvika	2.000
11.	Kvenfélagasamband Íslands	3.000

12.	Kvenréttindafélag Íslands	2.400
13.	Leiðbeiningarstöð Kvenfélagasambands Íslands	3.000
14.	Mats Wibe Lund sf., heimildamyndasafn	2.000
15.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
16.	Músík og saga, verkefnið munnleg geymd	2.000
17.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið Hugsað um barn	5.000
18.	Rannsóknir og greining	3.500
19.	Rekstrarfélag Sarps sf.	4.000
20.	Snjáfjallasetur	2.000
21.	Sturlustofa í Dölum	600
22.	Surtseyjarfélagið	500
23.	Sögufélag	1.500
24.	Sögufélag Barðstrendinga, Sögufélag Ísfirðinga og Búnaðarsamband Vestfjarða, tölvusetning	1.500
25.	Tónminjasetur Íslands	2.000
26.	Tölvuskráning á myndasafni Heiðars Marteinssonar um sjávarútveg	1.000
27.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
28.	Víkingahátíð í Hafnarfirði	2.000
29.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.500
	Samtals	**65.500**

11. Ýmis framlög menntamálaráðuneytis (02-999-1.98).

1.	Sögufélagið	500
2.	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1.500
3.	Hið íslenska fornritafélag	500
4.	Ýmsir alþjóðasamningar	10.600
5.	Samningar og styrkir á grundvelli umsókna	42.500
	Samtals	**55.600**

12. Ýmislegt, ýmis stofnkostnaðarframlög (02-999-6.90).

1.	Draugasetrið, Stokkseyri	2.000
2.	Eikar- og furubáturinn Sædís ÍS 67	3.500
3.	Flugsafn Íslands, stofnkostnaður við að koma upp aðstöðu og sýningu	2.000
4.	Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	3.000
5.	Grettisból á Laugarbakka, uppbygging	5.000
6.	Hátæknisetur í Skagafirði	4.000
7.	Heimskautsgerði, bygging	5.000
8.	Heklusetrið á Leirubakka, bygging sýningar-, kennslu- og ráðstefnuhúss	3.000
9.	Herjólfsbær í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum, endurbygging	3.000
10.	Húni II	4.000
11.	Hús Gísla í Uppsölum	1.000
12.	Íslenski bærinn, kennslu- og fræðamiðstöð	1.000
13.	Íþróttabandalag Reykjavíkur, borgarleikar unglinga í Reykjavík. 2007	10.000
14.	Kvennaskólinn Blönduósi, úttekt á byggingu	1.000
15.	Landnámssetur Íslands í Borgarnesi	5.000
16.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 2006	15.000
17.	Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	4.000

18.	Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal, viðgerð	1.000
19.	María Júlía BA 36, viðgerð	3.000
20.	Minjagarður í Reykholti	3.000
21.	Nýtt handverk á gömlum rótum, sýningin TRANSform í Bryggen (Vestnorden)	2.000
22.	Rannsóknarsetur í Snæfellsbæ, rannsóknir á lífríki sjávar í Breiðafirði	4.000
23.	Safns Alberts Thorvaldsens á Sauðárkróki, undirbúningur	2.000
24.	Samgönguminjasafnið að Stórageröi í Óslandshlíð í Skagafirði, uppbygging	5.000
25.	Skemmti- og dýragarður á Blönduósi	5.000
26.	Skíðaskáli í Stafdal, bygging	5.000
27.	Skíðasvæðið á Dalvík, snjókerfi	5.000
28.	Skíðasvæðið í Tindastól	5.000
29.	Steinaríki Íslands	2.000
30.	Surtseyjarstofa	1.000
31.	Sæljón, viðgerð	1.000
32.	Töfragarðurinn Stokkseyri	1.000
33.	Vestnorræna menningarhúsið í Hafnarfirði	2.000
34.	Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðaþjónusta	5.000
35.	Þingeyjarsveit. Unglingalandsmót 2006	25.000
36.	Þórbergssetur, uppbygging, uppsetning sýninga og endurbætur á húsnæði	4.000
	Samtals	**152.500**

13. Ýmis verkefni (04-190-1.90).

1.	Búnaðarsaga Íslands	1.500
2.	Framkvæmdasjóður Skrúðs	2.500
3.	Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð	3.000
4.	Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs	4.000
5.	Hólaskóli, gæðamat á ferðaþjónustu	3.000
6.	Hólaskóli, Líf í fersku vatni	1.500
7.	Landvernd	4.000
8.	Landvernd, vegna Akureyrar	1.000
9.	Lifandi landbúnaður, grasrótarhreyfing kvenna	1.500
10.	Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar	2.300
11.	Nytjaland	2.500
12.	Rannsóknir á glerál	1.000
13.	Rannsóknir á landslagi undir jökli	3.000
14.	Sláturfélag Austurlands, Austurlamb	500
15.	Vottunarstofan Tún	4.000
	Samtals	**35.300**

14. Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis (04-190-1.98).

1.	Endurskoðun laga, m.a. laga um lax- og silungsveiði	4.000
2.	Rannsóknarstarfsemi í landbúnaði	2.000
3.	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1.900

4.	Landþurrkun	500
5.	Óskipt	2.300
	Samtals	**10.700**

15. Fyrirhleðslur (04-311-1.90).

1.	Vesturland og Vestfirðir	3.000
2.	Norðurland	14.000
3.	Austurland	9.000
4.	Suðurland	30.300
	Samtals	**56.300**

16. Ýmis framlög sjávarútvegsráðuneytis (05-190-1.98).

1.	Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisks	3.000
2.	Íslenskur sérfræðingur í fiskimáladeild Evrópusambandsins	6.000
3.	Til að gæta íslenskra hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna milliríkjasamninga	9.900
	Samtals	**18.900**

17. Ýmis framlög (07-999-1.90).

1.	ADHD-samtökin	1.200
2.	Barnaheill	1.000
3.	Blindrafélagið	8.500
4.	Daufblindrafélag Íslands	700
5.	Félag ábyrgra feðra	800
6.	Félag einstæðra foreldra	3.000
7.	Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	6.000
8.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	700
9.	Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
10.	Hósanna-hópurinn	200
11	Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra	1.000
12.	Kvennaráðgjöfin	700
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Leigjendasamtökin	300
15.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	4.000
16.	Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	700
17.	Regnbogabörn	3.000
18.	Samtök áhugafólks um spilafíkn	800
19.	Samtökin '78	1.500
20.	Sjálfsbjörg	4.000
21.	Systkinasmiðjan	500
22.	Umsjónarfélag einhverfra	1.200
23.	Vernd	1.200
24.	Vímulaus æska	6.000
25.	Þroskahjálp	5.000
	Samtals	**53.700**

18. Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis (07-999-1.98).

1.	Húsaleiga, Efri-Brú	9.000
2.	Minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur	3.000
3.	Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10.000
4.	Rannsóknarsetur í vinnu- og jafnréttismálum	5.000
5.	Samtökin Barnaheill, átak gegn barnaklámi	3.200
6.	Sjónarhóll	15.000
7.	Verkefnið Karlar til ábyrgðar	6.500
8.	Endurskoðun á stofnanakerfi ráðuneytisins	3.500
9.	Samtökin '78	1.500
10.	Óskipt	8.300
	Samtals	**65.000**

19. Ýmis framlög (08-399-1.90).

1.	Aðstandendur Alzheimer-sjúklinga	2.000
2.	Alnæmissamtökin	1.200
3.	Astma- og ofnæmisfélagið	2.000
4.	Beinvernd	500
5.	Bergmál, líknar- og vinafélag	500
6.	Blóðgjafafélag Íslands	500
7.	Elín Ebba Ásmundsdóttir, hlutverkasetur	4.000
8.	Félag kvenna í læknastétt	200
9.	Foreldrafélag sykursjúkra barna og unglinga	500
10.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.000
11.	Gigtarfélag Íslands	2.500
12.	Heilaheill	700
13.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.000
14.	Heimili og skóli, foreldrasamningur	1.700
15.	Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, forvarnastarf og ráðgjöf	1.000
16.	Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, útgáfa Hjartabókarinnar	1.000
17.	Húsnæðisfélag SEM	2.000
18.	LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki	1.200
19.	MS-félag Íslands vegna leigu á íbúð við Sléttuveg	1.000
20.	MS-félag Íslands vegna formennsku í norræna MS-ráðinu	400
21.	Parkinsonsamtökin á Íslandi	700
22.	PKU-félagið á Íslandi	500
23.	Samtök lungnasjúklinga	800
24.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	2.500
25.	Samtök sykursjúkra	1.000
26.	Samtök um sárameðferð	200
27.	Samtökin Lífsvog	500
28.	Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	1.500
29.	Tilvera	700
30.	Tourette-samtökin	600
31.	Vífilsstaðadeild SÍBS	200
	Samtals	**34.100**

20. Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (08-399-1.98).

1.	Gæðastyrkir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	2.500
2.	Athvarf fyrir geðsjúka á Akureyri	2.000
3.	Missoc-þátttökugjald	1.900
4.	Óskipt	3.800
	Samtals	**10.200**

21. Gestastofur, söfn og markaðsstarf (10-190-1.42).

1.	Ferðamálanefnd Austur-Flóa	1.000
2.	Ferðaþjónustan Grunnavík	1.000
3.	Gestastofa í Bjarnarhöfn	1.500
4.	Gestastofa og þjónustuhús í Árneshreppi	2.000
5.	Þórbergssetur að Hala í Suðursveit	2.700
6.	Óskipt	4.000
	Samtals	**12.200**

22. Ýmislegt (10-190-1.90).

1.	Drangeyjarfélagið	1.000
2.	Ferðafélag Íslands	2.500
3.	Ferðaklúbburinn 4x4	800
4.	Ferðamálafélag Dalasýslu og Reykhólasveitar	1.000
5.	Hveravallafélagið	1.000
6.	Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	3.000
7.	Slysavarnafélagið Kári í Öræfum	1.000
8.	Svifflugfélag Íslands	2.000
9.	Tálknafjarðarhreppur, uppbygging ferðaþjónustu	5.000
10.	Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Vestmannaeyjum	1.000
	Samtals	**18.300**

23. Ýmis framlög samgönguráðuneytis (10-190-1.98).

1.	Til markaðsstofa landshluta	6.000
2.	Vefur um menningartengda ferðaþjónustu	3.500
3.	Aðild að menningarsamningum vegna ferðaþjónustu	9.000
4.	Samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál	10.000
5.	Óskipt	3.000
	Samtals	**31.500**

24. Lendingabætur (10-336-6.74).

1.	Englendingavík, Borgarnesi	800
2.	Búðir og Hellnar, Snæfellsbæ	300
3.	Við Galtarvita	300
4.	Grunnavík	500
5.	Ingólfsfjörður	900
6.	Karlshöfn, Gjögri	200
7.	Selvík, Skagafirði	800
8.	Reykir, Reykjaströnd	1.350
9.	Rifós, Kelduhverfi	1.350

10.	Flatey á Skjálfanda	500
	Samtals	**7.000**

25. Nýsköpun og markaðsmál (11-299-1.50).

1.	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	4.000
2.	Árneshreppur á Ströndum	5.000
3.	Fagráð textíliðnaðarins	4.000
4.	Rannsóknastofa í hagnýtri örverufræði	12.000
5.	Vesturbyggð, atvinnuuppbygging	4.000
6.	Óskipt	1.000
	Samtals	**30.000**

26. Ýmis verkefni (14-190-1.90).

1.	Blái herinn	2.000
2.	Framkvæmdaráð Snæfellsness, umhverfis- og ferðamál	4.000
3.	Fuglaathugunarstöð á Höfn	1.500
4.	Súðavíkurhreppur vegna Garðsstaða	2.000
5.	Stofnun alþjóðlegrar rannsóknarstöðvar á sviði loftslagsbreytinga og jarðkerfisfræða	4.000
	Samtals	**13.500**

27. Ýmis framlög umhverfisráðuneytis (14-190-1.98).

1.	Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15.000
2.	Frjáls félagasamtök	10.000
3.	Hoffellsstofa	10.000
4.	Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	6.500
5.	Staðardagskrá 21	5.000
6.	Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	5.000
7.	Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi	1.400
8.	Umhverfisfræðsluráð	1.000
9.	Byggingastaðlar	500
10.	Samstarf við Kína á sviði umhverfismála- og jarðskjálftavöktunar	4.000
11.	Ýmis umhverfisverkefni	4.500
12.	Óskipt	4.900
	Samtals	**67.800**

Sundurliðun 4.

Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Eftirtalinn liður í sundurliðun 4, **Fjármál lánastofnana í C-hluta**, breytist og hljóðar svo:

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:	
Fjármunatekjur	3.430,0
Fjármagnsgjöld	3.140,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	910,0
Hreinar fjármunatekjur	**-620,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	4.477,0
Aðrar rekstrartekjur	17,0
Önnur rekstrargjöld	381,0
Hagnaður (-tap)	**3.493,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	3.493,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-630,0
Handbært fé frá rekstri	**2.863,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	8.260,0
Afborganir af veittum löngum lánum	3.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	65,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-4.525,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	5.100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.550,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.550,0**
Breyting á handbæru fé	**-112,0**
Handbært fé í ársbyrjun	666,0
Handbært fé í árslok	554,0

438. Frumvarp til laga [381. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað dagsetningarinnar „15. september“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 1. júlí.
b. Í stað dagsetningarinnar „15. ágúst“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 1. júní.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast skal miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra fyrir næstliðið ár skv. 1. mgr. Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00792% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,341% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,065% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,008% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,131% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,07% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,07% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,01092% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,6% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00745% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 250.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 400.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 700.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 1.300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 1.500.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.

7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,81% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,017% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0015% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

4. gr.

5. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Vanræki eftirlitsskyldur aðili greiðslu eftirlitsgjalds er heimilt að afturkalla starfsleyfi í samræmi við þau lög sem um viðkomandi starfsemi gilda, enda séu liðnir sex mánuðir frá fyrsta gjalddaga í vanskilum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi,segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 298 millj. kr. árið 2005 í 424 millj. kr. árið 2006 sem er hækkun um 126 millj. kr. eða um 42,3%. Rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins samkvæmt upphaflegri áætlun fyrir árið 2005 var 309,5 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2006 er 410,5 millj. kr. sem er hækkun um 101 millj. kr. eða 32,6%. Mismunur á hækkun eftirlitsgjalds og rekstrarkostnaðar milli ára, samtals 25 millj. kr., skýrist af 17 millj. kr. meiri tekjuhalla á árinu 2005 en áætlað var og um 9 millj. kr. yfirfærslu á eigin fé frá árslokum 2004 sem hafði áhrif til lækkunar á eftirlitsgjaldi fyrir árið 2005. Hækkun rekstrar-

kostnaðar um 101 millj. kr. stafar fyrst og fremst af auknum launakostnaði, tæplega 80 millj. kr., og öðrum rekstrarkostnaði, tæplega 22 millj. kr.

Aukinn launakostnaður skýrist annars vegar af áætlaðri fjölgun stöðugilda úr rúmlega 35 samkvæmt upphaflegri áætlun fyrir árið 2005 í 39,7 samkvæmt áætlun fyrir árið 2006 og hins vegar af hækkun samkvæmt kjarasamningum og launaskriði. Fjölgun stöðugilda helst í hendur við aukin verkefni og er þar einkum um að ræða aukin verkefni í tengslum við breytingar á verðbréfaviðskiptalögum, undirbúning að innleiðingu nýrra eiginfjárreglna fyrir fjármálafyrirtæki og aukin verkefni sem tengjast vaxandi umsvifum íslensku viðskiptabankanna á erlendum mörkuðum. Af 22 millj. kr. hækkun á öðrum rekstrarkostnaði eru 10 millj. kr. vegna sérstaks hugbúnaðarkerfis (tilkynningarskyldukerfis vegna verðbréfaviðskipta) sem nauðsynlegt er að koma upp vegna breytinga á verðbréfaviðskiptalögunum.

Hluti af rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins tengist eftirliti með verðbréfamarkaðnum og eftirliti með útgefendum verðbréfa sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Hluti af ofangreindri kostnaðaraukningu áranna 2005 og 2006 tengist þessu eftirliti. Er það mat Fjármálaeftirlitsins að nýlegar breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti hafi leitt til þess að fjölga hafi þurft starfsmönnum sem nemur tveimur stöðugildum auk viðbótarkostnaðar vegna hugbúnaðargerðar. Kostnaði vegna þessa eftirlits hefur hingað til verið skipt á eftirlitsskylda aðila í sömu hlutföllum og tímamæling vegna eftirlits með þeim sömu aðilum gefur tilefni til. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á því fyrirkomulagi í frumvarpinu.

Vakin er athygli á að í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 er ekki sérstaklega gert ráð fyrir auknum verkefnum í tengslum við eftirfylgni við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Nú liggur fyrir að hinn formlegi eftirlitsaðili hér á landi, ársreikningaskrá, hefur óskað eftir viðræðum við Fjármálaeftirlitið um að það taki að sér eftirlitshlutverkið varðandi innleiðingu staðlanna gagnvart þeim aðilum sem Fjármálaeftirlitið hefur almennt eftirlit með lögum samkvæmt. Verði samið við ársreikningaskrá um slíkt eftirlit af hálfu Fjármálaeftirlitsins er líklegt að fjölga þurfi stöðugildum um eitt til að byrja með til að annast slíkt verkefni. Útgjaldaaukning hjá Fjármálaeftirlitinu af því tilefni ætti þó ekki að hafa áhrif á álagningarhlutföll á eftirlitsskylda aðila sem fjallað er um í 3. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að viðeigandi tekjustofnar fylgi til að standa undir þessum kostnaði.

Nánar er gerð grein fyrir rekstraráætluninni fyrir árið 2006 og samanburði við fyrra ár í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2006, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að tryggja það að rétt áætlun vegna kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins og álagningar eftirlitsgjalds skili sér inn í fjárlagafrumvarpið er hér lagt til að dagsetningar verði færðar fram um 2 ½ mánuð. Ekki eru gerðar aðrar efnislegar breytingar á greininni.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 99/1999 skal miða álagningu eftirlitsgjalds við samanlagða ársreikninga tveggja eða fleiri eftirlitsskyldra aðila sem sameinast hafa. Talið er að 4. gr. laganna nái einnig til þess þegar eftirlitsskyldur aðili sameinast öðru fyrirtæki eða einstökum rekstrarhlutum þess og samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf að koma til, sbr. t.a.m. ákvæði 106. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hins vegar er nú talið heppilegra að skýrt verði kveðið á um þetta og því er lagt til að bætt verði við 2. mgr. 4. gr. laga nr.

99/1999 eftirfarandi málslið: „Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.“

Um 3. gr.

Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir lækkuð en álagningarhlutföll vegna annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Mismunur á breytingum hvað þetta varðar skýrist af mismunandi þróun álagningarstofna einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila en rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 gerir í meginatriðum ráð fyrir óbreyttri hlutfallslegri skiptingu eftirlitsgjaldsins milli þessara flokka.

Lágmarks- og fastagjöld samkvæmt frumvarpinu eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að fastagjald lífeyrissjóða, sem er stighækkandi eftir fjárhæð hreinnar eignar til greiðslu lífeyris, breytist, auk þess sem viðmiðunarþrepum varðandi hækkun fastagjaldsins hefur verið fjölgað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lágmarksfastagjald á lífeyrissjóði fari úr 150.000 kr. í 250.000 kr. og að hámarksgjald fari í 1.500.000 kr. í stað 600.000 kr. Þá er viðmið varðandi skiptingu þess hluta eftirlitsgjslds á lífeyrissjóði sem ekki reiknast sem fastagjald nú hlutfallsleg skipting hreinnar eignar til greiðslu lífeyris milli einstakra lífeyrissjóða en ekki hlutfallskipting fjölda virkra sjóðfélaga eins og var. Breytingar á fastagjaldi lífeyrissjóða og nefndu viðmiði varða innbyrðis skiptingu eftirlitsgjalds milli sjóðanna en hafa ekki áhrif á heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóði. Haft var samráð við Landssamtök lífeyrissjóða við útfærslu þessara breytinga.

Fjármálaeftirlitið afskráði Póstgíróstofu Íslandspósts hf. sem eftirlitsskyldan aðila í febrúar 2005 þar sem engin innlán eru þar lengur til staðar. Nafn fyrirtækisins fellur því brott úr 8. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Um 4. gr.

Sú efnisbreyting er gerð á ákvæðinu að afturköllun starfsleyfis er ekki eingöngu bundin við ráðherra eins og er í gildandi lögum heldur við þann aðila sem veitir og afturkallar starfsleyfi, sem getur verið ráðherra eða Fjármálaeftirlitið, og fer það eftir þeim lagaákvæðum sem gilda um viðkomandi starfsemi.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaeftirlitið:

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2006, skv. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(13. september 2005.)

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármála-

eftirlitið vegna ársins 2006. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. september ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2006. Átti Fjármálaeftirlitið fundi með nefndinni þann 19. ágúst sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2006. Samráðsnefndin skilaði skriflegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni þann 29. ágúst sl. Þann 2. september sl. sendi Fjármálaeftirlitið samráðsnefndinni ný drög að rekstraráætlun. Samráðsnefndin skilaði skriflegu áliti um rekstraráætlunina 8. september sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um álit nefndarinnar á stjórnarfundi þann 13. september sl. og staðfesti rekstraráætlunina. Álit samráðsnefndar fylgir hjálagt.

Í skýrslu þessari er að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2004 og rekstraráætlun vegna ársins 2005. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir forsendum rekstraráætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2006 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2006.

Skýrslunni fylgja einnig þrjár töflur þar sem gerð er grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2004 og samanburði við rekstraráætlun fyrir það ár (*tafla 1*), áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári (*tafla 2*) og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2006 (*tafla 3*). Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2004 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2004.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu á árinu 2004 288,3 m.kr. Ýmsar tekjur námu 6,7 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 2,7 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 293,6 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam 4,1 m.kr. Eignir í árslok 2004 námu samtals um 17,2 m.kr. og skuldir 8,4 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 8,8 m.kr. Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að eigið fé í árslok yrði 0 kr. Skýringin á 8,8 m.kr. fráviki er annars vegar 8,5 m.kr. hærra eigið fé í ársbyrjun 2004 en gert var ráð fyrir í rekstraráætluninni og 0,3 m.kr. hærri tekjuafgangur en áætlað var.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að tekjuafgangur á árinu 2004 yrði 3,8 m.kr. til að jafna út áætlaða 3,8 m.kr. neikvæða stöðu eigin fjár í ársbyrjun. Tekjuafgangur reyndist hins vegar verða 4,1 m.kr. eða 0,3 m.kr. hærri en áætlunin. Helstu frávik rekstrarliða frá áætluninni voru 7,7 m.kr. lægri laun og launatengd gjöld en þar á móti reyndust önnur gjöld samtals (úrskurðarnefndir undanskildar) 6,2 m.kr. hærri en áætlunin. Lækkun á launakostnaði skýrist m.a. af fækkun á stöðugildum um tvö frá því sem áætlunin gerði ráð fyrir þar sem ekki náðist að fylla tímanlega í stöður þeirra sem létu af störfum eða tóku barneignaleyfi. Aukning á öðrum rekstrargjöldum stafaði fyrst og fremst af hærri tölvukostnaði (leyfisgjöld o.fl.), sérfræðikostnaði (m.a. vegna lægri launakostnaðar) og eignakaupum (breytingar á innréttingum) en samkvæmt áætluninni. Tekjur af eftirlitsgjaldi reyndust 1,2 m.kr. lægri en samkvæmt áætluninni sem skýrist af breytingum á starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila. Í töflu 1 er sýnd nánari sundurliðun á rekstrarliðum samkvæmt áætluninni annars vegar og rauntölum fyrir árið 2004 hins vegar.

Um rekstur FME á árinu 2004 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2004.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2005.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar næsta árs hefur Fjármálaeftirlitið á hverju ári endurskoðað upphaflega rekstraráætlun yfirstandandi árs í því skyni að áætla eins nákvæmlega og kostur er stöðu í lok árs sem yfirfærist til næsta árs og hefur áhrif á ákvörðun um álagningarhlutföll þess árs. Með hliðsjón af bráðabirgðarekstraruppgjöri fyrir fyrri helming yfirstandandi árs telur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að endurskoða upphaflega áætlun fyrir árið 2005.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2005, sbr. töflu 2, verður tekjuafgangur neikvæður um 25,5 m.kr. í stað þess að vera neikvæður um 8,5 m.kr. samkvæmt upphaflegu áætluninni. Mismunurinn að fjárhæð 16,9 m.kr. skýrist af fráviki í þremur rekstrarliðum, þ.e. launakostnaði 15,2 m.kr., tölvukostnaði 1,4 m.kr. og erlendum ferðakostnaði 0,8 m.kr. eða samtals 17,4 m.kr. en þar á móti kemur 0,5 m.kr. aukning á öðrum tekjum.

Breyting í launakostnaði skýrist af eftirfarandi: Viðbót um tvö stöðugildi frá ágúst/sept. 2005 (6,0 m.kr.), vanáætlun vegna kjarasamninga (1,2 m.kr.), uppgjör á óteknu orlofi (1,8 m.kr.) og launaskrið (6,2 m.kr.). Viðbótarstöðugildin skýrast af auknum verkefnum í kjölfar breytinga á lögum um verðbréfaviðskipti á fyrri hluta þessa árs, sem tóku gildi 1. júlí 2005. Sérstaklega var gerð grein fyrir þessari auknu starfsmannaþörf hjá Fjármálaeftirlitinu í frumvarpinu til breytinga á verðbréfaviðskiptalögunum og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Segja má að löggjafinn hafi viðurkennt þessa auknu starfsmannaþörf við gildistöku laganna og taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að bregðast strax við. Launaskrið umfram áætlun samsvarar 2,8% af launakostnaði. Það skýrist fyrst og fremst af áhrifum af mikilli þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði

Hækkun á tölvukostnaði stafar af hækkun á þjónustugjöldum annars vegar (0,6 m.kr.) og hugbúnaðarkostnaði hins vegar (0,8 m.kr.). Hækkun á erlendum ferðakostnaði skýrist af aukningu í ferðum vegna aukinnar starfsemi bankanna á erlendum vettvangi, sbr. enn fremur nánari umfjöllun í skýrslu um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.

Yfirfært eigið fé frá árinu 2004 reyndist vera 8,9 m.kr. Að teknu tilliti til 25,5 m.kr. áætlaðs tekjuhalla verður eigið fé í árslok 2005 því neikvætt um 16,6 m.kr. sem jafna þarf með eftirlitsgjaldi á árinu 2006.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2006.

Í töflu 2 er sýnd rekstraráætlun fyrir árið 2006 í samanburði við rekstraráætlun fyrir árið 2005. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Launakostnaður.

Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu rekstrarstærðir, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir aukningu í meðalfjölda stöðugilda milli ára um rúmlega 4 eða úr 35,5 í 39,7. Því til viðbótar verði svigrúm til að ráða sumarstarfsmann í tímabundin verkefni. Nánar er fjallað um rökin fyrir þessu í fylgiskjali (*Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár*).

Í töflu 2 kemur fram að laun- og launatengd gjöld vegna starfsmanna eru áætluð 298,8 m.kr. árið 2006 samanborið við 235 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 2005. Hækkun launakostnaðar milli ára miðað við endurskoðaða áætlun ársins 2005 er því tæplega 64 m.kr. eða 27%. Nánari sundurgreining á hækkuninni er eftirfrandi: 1) að öllu öðru óbreyttu verður

launakostnaður á árinu 2006 15,2 m.kr. hærri en endurskoðuð áætlun 2005 gerir ráð fyrir, 2) fyrirséðar samningsbundnar launahækkanir reiknast vera 14,4 m.kr.,[1] 3) 20 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna eins og gerð er grein fyrir hér að ofan og 4) ófyrirséð 5% af launakostnaði, eða 14,2 m.kr., áætlað svigrúm til að bregðast við óvæntum útgjöldum og launaskriði en það síðarnefnda er nauðsynlegt vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði, sbr. umfjöllun um samkeppnishæfni Fjármálaeftirlitsins um starfsfólk í skýrslu um rekstur og starfsumhverfi næstu þrjú ár (kafli 4).

Laun stjórnarmanna eru ákveðin af ráðherra.

Rekstur á húsnæði.

Húsaleiga byggist á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu. Samtals kostnaður vegna þessara liða er áætlaður 20,2 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 19,9 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 2005 eða hækkun um tæplega 2%.

Rekstur tölvubúnaðar og eignakaup vegna tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 3,4 m.kr., eða tæplega 21%, úr 16,4 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2005 í 19,8 m.kr. á árinu 2006. Af 3,4 m.kr. hækkun eru 2 m.kr. eyrnamerktar nýjum hugbúnaði vegna heimasíðu en önnur hækkun er áætluð 1,4 m.kr. eða 8,5% og er við þá áætlun byggt á reynslu síðustu ára og fjölda starfsfólks. Þá er gert ráð fyrir að eignakaup í tengslum við tölvubúnað hækki úr 3 m.kr. í 13 m.kr. eða um 10 m.kr. Aukningin stafar af áætluðum kostnaði á árinu 2006 við smíði á hugbúnaðarkerfi, tilkynningarskyldukerfi, til að safna upplýsingum um viðskipti með fjármálagerninga á skipulegum verðbréfamörkuðum í samræmi við svonefnda MiFiD tilskipun ESB (Markets in Financial instruments Directive) sem lögleidd var hér á landi á fyrri hluta þessa árs með breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti. Ákvæði sem varða umrædda upplýsingasöfnun taka gildi á seinni hluta ársins 2006. Fyrirvara verður að hafa varðandi áætlun um kostnað við umrætt hugbúnaðarkerfi þar sem óvissa er um þennan þátt.[2]

Ferðakostnaður, kostnaður vegna funda og þátttökugjöld vegna erlends samstarfs.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 12% frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2005 og verði 14 m.kr. Gert er ráð fyrir 100 ferðum á næsta ári á móti 85 árið 2005. Aukningin skýrist af samstarfi eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu og auknum umsvifum íslenskra viðskiptabanka erlendis, sbr. enn fremur umfjöllun um þessa þætti í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár). Rétt er að nefna að ítarlegt yfirlit yfir erlent samstarf Fjármálaeftirlitsins er birt á heimasíðu þess.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður vegna funda innan lands verði 1,8 m.kr. á árinu 2006 sem er sama fjárhæð og fyrir árið 2005.

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda, þ.e. reksturs Samstarfsnefnd-

---

[1] Samkvæmt kjarasamningum og áætlun vegna ógerðra stofnanasamninga.

[2] Þess má geta að finnska fjármálaeftirlitið áætlar að kostnaður við hönnun og smiði á slíku hugbúnaðarkerfi muni kosta 1 milljón evrur. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði og mun eftir því sem kostur er reyna að nýta þá vinnu sem þar er unnin.

ar evrópskra verðbréfaeftirlita, Committee of European Securities Regulators (CESR), Samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita, Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervision (CEIOPS) og Samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita, Committee of European Banking Supervisiors (CEBS). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Þátttökugjöld vegna þessara þriggja nefnda eru áætluð 3,3 m.kr. Þá má nefna þátttökugjald í Alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (IAIS) 0,5 m.kr. Samtals þátttökugjöld samkvæmt framangreindu eru 3,8 m.kr. af 4,5 m.kr. áætluðum þátttökugjöldum í heild vegna erlends samstarfs og funda erlendis á árinu 2006 og er um að ræða 0,5 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Innifalið í þessum gjaldalið er jafnframt gert ráð fyrir erlendum námskeiðakostnaði.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna funda innan lands hækki úr tæplega 0,4 m.kr. í 1,4 m.kr. eða um tæplega 1 m.kr. Hækkunin skýrist af áætluðum kostnaði Fjármálaeftirlitsins vegna funda í norrænu samstarfi sem haldnir eru hér á landi á fimm ára fresti.

Eignakaup.

Á liðinn eignakaup er færður kostnaður vegna kaupa á húsgögnum og tækjum og viðhaldi á innréttingum, tækjum og búnaði vegna skrifstofuhalds (tölvubúnaður undanskilinn). Þessi kostnaðarliður er áætlaður 4 m.kr. fyrir árið 2006 samanborið við 3 m.kr. á árinu 2005. Hækkun um 1 m.kr. skýrist fyrst og fremst vegna áætlaðrar fjölgunar starfmanna.

Annar kostnaður.

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 33,0 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 31,0 m.kr. fyrir árið 2005 og nemur hækkunin 2 m.kr. eða 6,5%. Áætlunin er m.a. byggð á reynslu fyrri ára. Að hluta til stafar hækkunin á þessum kostnaðarliðum af áhrifum af fjölgun starfsmanna. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3% af heildarlaunum. Ekki er í drögum að áætlun gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 5, 6, 11, 16 og 18.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð tæplega 411 m.kr. á árinu 2006 samanborið við tæplega 327 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2005 eða tæplega 26% hækkun milli ára. Hækkunin frá upphaflegu áætluninni fyrir árið 2005 er hins vegar tæplega 33%.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur.

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðu á reikningi í Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu miðað við álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir öðrum tekjum en vaxtatekjum. Þess ber þó að geta að áætlað er að á árinu 2005 verði um að ræða tæplega 0,5 m.kr. tekjur vegna yfirlestrar á útboðslýsingum félaga sem ekki eru skráð í Kauphöll Íslands hf. en um er að ræða tilfallandi tekjur sem óvarlegt er að reikna með í áætlun fyrir næsta ár. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, og 3. mgr 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, til að innheimta sérstaklega útlagðan kostnað vegna umframeftirlits eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Er þar einkum haft í huga innleiðing á nýjum eiginfjárreglum.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2006.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur eins og áður gert athugun á því hvort ástæða sé til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins með tilliti til þess hvernig ráðstöfunartími í eftirliti hefur á síðustu árum fallið á einstaka flokka fjármálafyrirtækja. Niðurstaða þessarar athugunar leiddi til svipaðrar niðurstöðu og fyrri ár. Eins og áður má merkja lítils háttar breytingar á tímaskiptingu milli ára sem þó gefa ekki tilefni til verulegra breytinga. Hlutfallsleg skipting eftirlitsgjalds er því í meginatriðum áætluð óbreytt á árinu 2006 eins og var vegna ársins 2005.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 424,1 m.kr. samanborið við 298 m.kr. áætlað eftirlitsgjald á árinu 2005 eða hækkun á eftirlitsgjaldi um rúmlega 42% milli ára. Hærri hlutfallsleg aukning á eftirlitsgjaldinu en á rekstrarkostnaðinum skýrist af yfirfærslu á neikvæðu eigin fé frá fyrra ári sem jafna þarf með eftirlitsgjaldi á árinu 2006. Í meðfylgjandi töflu nr. 3 eru áætluð álagningarhlutföll vegna ársins 2006 sýnd með hliðsjón af rekstraráætluninni fyrir það ár.

Við undirbúning að tillögum til breytinga á álagningarhlutföllum í lögum nr. 99/1999, með áorðnum breytingum, til samræmis við ofangreinda rekstraráætlun fyrir árið 2006 telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að hugað sé að eftirfarandi breytingum á sömu lögum:

- Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 99/1999 er gert ráð fyrir að miða skuli álagningu við samanlagða ársreikninga tveggja eða fleiri eftirlitsskyldra aðila sem sameinast hafa. Fjármálaeftirlitið telur að 4. gr. laganna nái einnig til þess þegar eftirlitsskyldur aðili sameinast öðru fyrirtæki eða einstökum rekstrarhlutum þess og samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi að koma til, sbr. t.a.m. ákvæði 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið heppilegra að skýrt verði kveðið á um þetta og leggur því til að bætt verði við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 99/1999 eftirfarandi setningu: „Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess."
- Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999 er nánar kveðið á um skiptingu á eftirlitsgjaldi á lífeyrissjóði milli einstakra lífeyrissjóða og er þar miðað við annars vegar tiltekin lágmarksgjöld og hins vegar hlutfallslega skiptingu í fjölda virkra sjóðfélaga. Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að hverfa frá viðmiði um fjölda virkra sjóðfélaga vegna þess hversu ónákvæmur sá mælikvarði hefur reynst vera og taka upp annað viðmið eins og t.d. hreina eign til greiðslu lífeyris. Breytingar í þessu efni hafa ekki áhrif á heildareftirlitsgjald sem lagt er á lífeyrissjóði. Fjármálaeftirlitið mun kynna Landssamtökum lífeyrissjóða tillögur að breytingum á skiptingu eftirlitsgjaldsins og koma endanlegum tillögum á þessu sviði á framfæri við viðskiptaráðuneytið áður en vinnu lýkur við frumvarpsgerð til breytinga á lögum nr. 99/1999.

Fjármálaeftirlitið **Tafla 1**

Áætlaður rekstur ársins 2004 og samanburður við rauntölur

Í þúsundum króna	Áætlun	Rauntölur		Raunt. í %
GJÖLD	**2004**	**2004**	**Mismunur**	**af áætlun**
Laun og launat. gjöld starfsmanna	202.617	195.172	7.445	96,3%
Gisti og íþróttastyrkur	2.000	1.871	129	93,6%
Stjórnarlaun	6.400	6.315	85	98,7%
Laun og launat. gjöld samtals	*211.017*	*203.358*	7.659	*96,4%*
Starfsmannaþj., kaffi, fundir	2.800	2.682	118	95,8%
Endurm.kostnaður og skólakostnaður	2.000	1.475	525	73,8%
Húsaleiga	17.150	16.790	360	97,9%
Rafmagn, hiti, húsfélag	2.000	1.828	172	91,4%
Símakostnaður	1.800	1.653	147	91,8%
Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	2.300	3.183	-883	138,4%
Bækur og ritföng	2.900	2.268	632	78,2%
Póstkostnaður	600	355	245	59,2%
Rekstur tölvubúnaðar og sérfr. v. tölvumála	16.000	18.239	-2.239	114,0%
Rekstru tölvubúnaðar, eignakaup	1.000	1.047	-47	104,7%
Sérfræðikostnaður	3.000	6.195	-3.195	206,5%
Ferðakostnaður erlendis	10.800	11.137	-337	103,1%
Ferðakostnaður innanlands	1.800	2.225	-425	123,6%
Þátttökugjöld funda erlendis	4.700	4.246	454	90,3%
Kostnaður vegna funda hér á landi	350	49	301	14,0%
Eignakaup, önnur en v/ tölvubún.	2.000	4.985	-2.985	249,3%
Öryggisgæsla	700	302	398	43,1%
Ræsting, ræstingarvörur	2.820	3.151	-331	111,7%
Styrkur til starfsmannafélags	570	571	-1	100,2%
Ýmis gjöld og þjónusta	2.430	1.522	908	62,6%
Önnur gjöld samtals	*77.720*	*83.903*	-6.183	*108,0%*
Gjöld alls án úrskurðarnefnda	**288.737**	**287.261**	1.476	**99,5%**
TEKJUR				
Álagt eftirlitsgjald 2004	289.508	288.322	1.186	99,6%
Vaxtatekjur netto	3.000	2.673	327	89,1%
Aðrar tekjur	0	391	-391	
Tekjur alls án úrskurðarnefnda	**292.508**	**291.386**	1.122	**99,6%**
Úrskurðarnefndir				
Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	5.000	6.353	-1.353	127,1%
Aðrar tekjur úrskurðarnefnda	5.000	6.348	-1.348	127,0%
Tekjuafgangur	**3.771**	**4.120**	-349	**109,3%**
Yfirfært frá fyrra ári	**-3.771**	**4.758**	-8.529	**100,0%**
Eigið fé í árslok	**0**	**8.878**	-8.878	**104,1%**

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ Tafla 2

Rekstraráætlun FME

Í þús. kr.	Áætlun vegna 2005 Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun	Áætlun vegna 2006	Breyting % D1 til D3	Breyting % D2 til D3
Rekstrarkostnaður:	1	2	3		
Laun og launatengd gjöld	219.757	235.000	298.800	36,0%	27,1%
Íþrótta- og gististyrkur	2.000	2.000	2.300	15,0%	15,0%
Stjórnarlaun	6.400	6.400	6.400	0,0%	0,0%
Laun og launatengd gjöld samtals	*228.157*	*243.400*	*307.500*	*34,8%*	*26,3%*
Starfsmannafj., kaffi, fundir	3.000	3.000	3.400	13,3%	13,3%
Endurm.kostnaður og skólakostnaður	2.400	2.400	2.800	16,7%	16,7%
Húsaleiga	17.850	17.850	18.100	1,4%	1,4%
Rafmagn, hiti, húsfélag	2.000	2.000	2.100	5,0%	5,0%
Símakostnaður	2.000	2.000	2.100	5,0%	5,0%
Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	2.750	2.750	3.000	9,1%	9,1%
Bækur og ritföng	2.900	2.900	3.100	6,9%	6,9%
Póstkostnaður	540	540	550	1,9%	1,9%
Rekstur tölvub. og sérfr.þj. v. tölvumála	15.000	16.400	19.800	32,0%	20,7%
Rekstur tölvub., eignakaup	3.000	3.000	13.000	333,3%	333,3%
Sérfræðikostnaður	3.000	3.000	3.000	0,0%	0,0%
Ferðakostnaður erlendis	11.750	12.500	14.000	19,1%	12,0%
Ferðakostnaður innanlands	1.800	1.800	1.800	0,0%	0,0%
Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	4.000	4.000	4.500	12,5%	12,5%
Kostnaður vegna funda innanlands	350	350	1.400	300,0%	300,0%
Eignakaup	3.000	3.000	4.000	33,3%	33,3%
Öryggisgæsla	700	700	700	0,0%	0,0%
Ræsting, ræstingarvörur	3.000	3.000	3.100	3,3%	3,3%
Styrkur til starfsmannafélags	570	570	580	1,8%	1,8%
Ýmis gjöld og þjónusta	1.730	1.730	1.950	12,7%	12,7%
Önnur gjöld samtals	*81.340*	*83.490*	*102.980*	*26,6%*	*23,3%*
Gjöld alls án úrskurðarnefnda	309.497	326.890	410.480	32,6%	25,6%
Tekjur					
Álagt eftirlitsgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	297.968	297.968	424.074	42,3%	42,3%
Vaxtatekjur nettó	3.000	3.000	3.000	0,0%	0,0%
Aðrar tekjur	0	450	0		
Tekjur alls án úrskurðarnefnda	300.968	301.418	427.074	41,9%	41,7%
Úrskurðarnefndir					
Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	5.000	6.000	6.000	20,0%	0,0%
Tekjur úrskurðarnefnda	5.000	6.000	6.000	20,0%	0,0%
Tekjuafgangur	-8.529	-25.472	16.594		
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	8.529	8.878	-16.594		
Eigið fé í árslok	0	-16.594	0		

Fjármálaeftirlitið **Tafla 3**

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2006 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Miðað er við álagningarþörf 424.074 þús.kr. skv. rekstraráætlun FME vegna 2006

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr.	Útr.-stofn *)	Álagt eftirlits-gjald í jan. 2005	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v.álagn 2005	Lág-marks-gjald 2005	Álagningar-stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2004	Áætluð álagningar hlutföll - % og fastagjöld vegna ársins 2006	Gildandi álagningar-hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2006 *1)*	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2006
Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals*			*147.392*	*49,47*		*2.592.496.894*	0,00792	0,00874	*207.887*	*49,02*
Viðskiptabankar	*1*	e	118.690	39,83	400	2.136.623.554	0,00792	0,00874	169.221	39,90
Sparisjóðir	*1*	e	19.522	6,55	400	227.812.524	0,00792	0,00874	21.613	5,10
Lánafyrirtæki	*1*	e	9.180	3,08	400	228.060.816	0,00792	0,00874	17.054	4,02
Vátryggingafélög: - *tölul. 2. samtals*			*64.828*	*21,76*	400				*91.735*	*21,63*
Bókf. frumtrygg.iðgj.	*2*	i	64.348	21,60		26.328.193	0,34100	0,23200	90.417	21,32
Bókf. fengnum endurtrygg.iðgj.	*2*	i	478	0,16		180.592	0,06500	0,04500	1.317	0,31
Vegna söfnunarlíftrygginga	*2*	i	2	0,00		9.654	0,00800	0,00590	1	0,00
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	1.800	0,60	200	373.035	0,13100	0,09000	1.600	0,38
Verðbréfafyrirtæki	*4*	e	3.406	1,14	400	5.046.105	0,07000	0,10000	4.784	1,13
Verðbréfamiðlanir	*4*	e	750	0,25	250	134.298	0,07000	0,10000	750	0,18
Rekstrarfélög	*4*	e	19.824	6,65	400	277.680.574	0,01092	0,00988	30.534	7,20
- *töluliður 4. samtals*			*23.979*	*8,05*					*36.068*	*8,51*
Kauphallir	*5*	t	1.785	0,60	250	420.492	0,60000	0,50000	2.523	0,59
Lífeyrissjóðir	*6*	el	49.851	16,73	150-600	986.534.746	0,00745	0,00605	73.497	17,33
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	1.120	0,38	250	197.522	0,81000	0,65000	1.600	0,38
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:										
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	1.250	0,42	250		250	250	750	0,18
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	*9*	e	454	0,15	400	3.763.578	0,01700	0,01100	640	0,15
Íbúðalánasjóður	*9*	e	5.058	1,70	400	497.813.107	0,00150	0,00110	7.474	1,76
Tryggingarsj. innst.eig. og fjárf.	*10*	f	150	0,05	150		150	150	150	0,04
Tryggingarsjóður sparisjóða	*10*	f	150	0,05	150		150	150	150	0,04
Samtals			297.967	100,00					424.074	100,00

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald*

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgj. og ákvæðis í 10. tl. 5. gr. l. 99/1999 er varðar 9/10 hluta eingaraðild.

ATH: Gert er ráð fyrir að álagningarstofn rekstrarfélags séu eignir félagsins og viðkomandi sjóða samanlagt.

Fylgiskjal.

Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.
(13. september 2005.)

Inngangur.

Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi sitt næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi á árinu 2001 tilmælum til eftirlitsins um að slík umfjöllun fylgdi árlegri greinargerð með rekstraráætlun. Slíkar skýrslur hafa fylgt með rekstraráætlun fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Hér á eftir fer skýrsla Fjármálaeftirlitsins fyrir næstu þrjú ár.

1. Lagabreytingar og þróun fjármálamarkaða leiðir til aukningar í eftirliti.

Á undanförnum árum hafa orðið umfangsmiklar breytingar á lagaumgjörð fjármálamarkaðarins sem leitt hafa til verulega aukins umfangs í eftirliti. Breytingar á lögunum hafa fyrst og fremst átt uppruna sinn í breytingum á regluverki Evrópusambandsins. Þá hefur endurskipulagning á eftirlitssamstarfi á hinu Evrópska efnahagssvæði kallað á aukna samræmingu og þátttöku í því samstarfi. Í kafla 2 er nánari grein gerð fyrir íslenskum fjármálamarkaði og eftirliti með honum sem hluta af stærri heild. Auknu umfangi í eftirliti hefur á undanförnum árum að verulegu leyti verið mætt með skilvirku innra starfi og hagræðingu, sbr. enn fremur sérstaka umjöllun í kafla 3 hér á eftir.

Í niðurlagskafla í síðustu skýrslu um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár eru tilgreind þau verkefni sem þá voru fyrirsjáanleg og voru talin kalla á aukið umfang í eftirliti. Umrædd verkefni og umfjöllun um þau var eftirfarandi:

a. Aukin umsvif íslenskra viðskiptabanka erlendis kalla á aukið eftirlit með þessum fjármálafyrirtækjum á samstæðugrunni. Þegar íslenskir bankar reka starfsemi í gegnum dótturfélög erlendis hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með samstæðunni, en leitar samstarfs við eftirlitsstofnanir í heimaríkjum viðkomandi dótturfyrirtækja. Þrátt fyrir slíkt samstarf leiða þessar breytingar ótvírætt til aukins eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins og kostnaðar sem því fylgir. Þessum breytingum fylgja fjölbreyttari áhættur sem ástæða er til að fylgjast vel með. Það á einnig við um samstarf viðskiptabanka og vátryggingafélaga, sem í auknum mæli bjóða fram samþætta þjónustu.
b. Framangreind umsvif og vöxtur innlendra fjármálafyrirtækja kallar á vandaðan undirbúning undir nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki sem taka gildi árið 2006, en nú má telja ljóst að aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins muni nýta sér flóknar matsaðferðir sem hinar nýju eiginfjárreglur bjóða upp á. Í því felst að Fjármálaeftirlitið þarf að vera í stakk búið að meta og votta slíkar aðferðir.
c. Sinna þarf innleiðingu og eftirfylgni við nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla að því er varðar eftirlitsskylda aðila. Upptaka staðlanna um næstu áramót [ársbyrjun 2005], vegna samstæðuuppgjöra félaga sem skráð eru á kauphöll, kallar á breyttar reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil eftirlitsskyldra aðila og breytingar í eftirliti. Gert er ráð fyrir að ársreikningaskrá verði hið lögbæra stjórnvald, samkvæmt frumvarpi sem kynnt var á vordögum. Ekki liggur fyrir hvernig þetta eftirlit verður samræmt í heild sinni.
d. Eftirfylgni við framkvæmd nýrrar löggjafar á verðbréfasviði mun kalla á aukna vinnu eftirlitsins. Breytingarnar lúta að nokkrum tilskipunum Evrópusambandsins sem innleiða á á þessu og næsta ári, þ.e. tilskipun um markaðsmisnotkun, tilskipun um útboðslýsingar, tilskipun um verðbréfaþjónustu, tilskipun um upplýsingaskyldu og tilskipun

um yfirtökutilboð. Þessar breytingar munu hafa í för með sér stóraukin verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið, bæði tímabundið vegna eftirfylgni við framkvæmd nýrrar löggjafar og varanlega vegna nýrra reglulegra verkefna.

e. Með nýlegum lagabreytingum var Fjármálaeftirlitinu falið heildareftirlit með Íbúðalánasjóði, en hafði áður einungis eftirlit með húsbréfadeild sjóðsins. Þetta ásamt breytingum á áhættum í starfsemi sjóðsins hefur í för með sér aukin verkefni í eftirliti.

f. Að síðustu er rétt að nefna aukin verkefni sem tengjast breytingum á lögum á vátryggingamarkaði. Breytingar á löggjöf um miðlun vátrygginga, vegna nýrrar tilskipunar sem kemur til framkvæmda í janúar 2005, munu hafa í för með sér fleiri eftirlitsskylda aðila og aukin verkefni bæði tímabundið og varanlega. Ný lög um vátryggingarsamninga munu taka gildi í janúar 2006, en aðlögun vátryggingafélaga hefst á þessu ári því huga þarf að endurnýjun vátryggingarsamninga frá og með 1. janúar 2005. Lögin hafa tímabundið í för með sér aukin verkefni.

Framangreind upptalning verkefna og umfjöllun um þau á enn við þegar lagt er mat á rekstur og starfsumhverfi næstu þrjú árin. Það er þó einkum aukning í verkefnum samkvæmt a-, b- og d-liðum sem að mati Fjármálaeftirlitsins kallar á viðbótarstarfskrafta. Þegar á síðasta ári var bent á að líkur væru til þess að umfang eftirlits mundi enn aukast og að þörf væri á meiri mannafla en því eina starfi sem beðið var um, þó reynt yrði að mæta þeirri þörf með hagræðingu. Að mati Fjármálaeftirlitsins hefur vöxtur og útrás íslensks fjármálamarkaðar auk nýrra lagaákvæði fært því nýjar og auknar skyldur sem ekki verður mætt nema með nokkurri fjölgun starfsfólks.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að bæta við ársverkum í samræmi við eftirfarandi:

- Eitt ársverk vegna aukinna umsvifa viðskiptabankanna erlendis, sbr. a-lið hér á undan svo og umfjöllun í kafla 2 hér á eftir.
- Eitt ársverk vegna innleiðingar á nýjum eiginfjárreglum fjármálafyrirtækja, sbr. b-lið hér á undan svo og umfjöllun í viðauka I með þessari skýrslu.[3]
- Tvö ársverk vegna verkefna sem tengjast breytingum á lögum á verðbréfamarkaði sbr. d-lið hér á undan svo og viðauka II með þessari skýrslu. Með hliðsjón af ummælum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum má líta svo á að löggjafinn hafi fallist á þessa viðbótarstarfsmannaþörf. Í trausti þess hefur nú þegar (ágúst/september 2005) verið ráðið í umrædd störf enda tóku lögin gildi 1. júlí 2005.

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006 er ekki sérstaklega gert ráð fyrir auknum verkefnum í tengslum við eftirfylgni við innleiðingu alþjóðlegara reikningsskilastaðla, sbr. c-lið hér á undan. Nú liggur fyrir að hinn formlegi eftirlitsaðili hér á landi verður ársreikningaskrá. Hins vegar er mögulegt að eftirlit hvað þetta varðar með aðilum, sem Fjármálaeftirlitið hefur almennt eftirlit með lögum samkvæmt, verði framselt til stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitið getur ekki tekið við slíkum verkefnum nema viðeigandi tekjustofnar fylgi sem standi undir auknum kostnaði. Hugsanleg verkefni á þessu sviði á næstu árum gætu því haft í för með sér aukna starfsmannaþörf hjá Fjármálaeftirlitinu sem mætt yrði með gjaldtöku á þá aðila sem hlut ættu að máli.

---

[3] Fjármálaeftirlitið gerir þann fyrirvara að nauðsynlegt kann að reynast að leggja sérstaklega út fyrir viðbótarkostnaði í tengslum við vottun hjá einum eða fleiri bönkum hér á landi á flóknari aðferðum samkvæmt eiginfjárreglum sem mætt yrði með innheimtu útlagðs kostnaðar á grundvelli heimilda í lögum, sbr. 7. gr. laga nr. 99/1999 og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998.

Auknum verkefnum samkvæmt e- og f-liðum hér á undan verður reynt að mæta með skilvirku innra starfi og hagræðingu, sbr. enn fremur kafla 3 hér á eftir.

Að meðtöldum framangreindum viðbótarstarfskröftum á árinu 2006 er áætlaður fjöldi stöðugilda að meðaltali 39,7 á því ári samanborið við áætluð 35,5 á árinu 2005, sbr. mynd 1.

Mynd 1.

Meðalstöðugildi hjá FME og forverum



*) Tölur frá 1995 og 1998 eru árslokatölur.
Meðtalin er hlutdeild í yfirstjórn og ýmsum deildum S.Í.
Bankaeftirlit og Vátryggingaeftirlit sameinuð í FME 1.1. 1999.

2. Íslenskur fjármálamarkaður og eftirlit með honum er hluti af stærri heild.

Íslensk fjármálafyrirtæki, einkum viðskiptabankarnir, starfa nú sem alþjóðleg fjármálafyrirtæki. Þróun í átt til þessarar alþjóðavæðingar hefur verið mjög hröð á undanförnum fáum árum, einkum með stofnun/kaupum á dótturfélögum erlendis, sbr. enn fremur mynd 2. Sem dæmi um aukningu í þessu sambandi á tímabilinu frá því unnið var að rekstraráætlun fyrir árið 2005 (í ágúst 2004) má nefna kaup Íslandsbanka hf. á 2 bönkum í Noregi, kaup Landsbanka Íslands hf. á verðbréfafyrirtæki og Kaupþingi banka hf. á banka í Bretlandi.

Dótturfélög íslenskra banka eru nú starfrækt í 9 löndum en þar af er meginstarfsemin í 6 löndum, þ.e. á hinum Norðurlöndunum, Lúxemborg og Bretlandi. Á fyrri helmingi ársins 2005 nam hlutdeild erlendrar starfsemi í hreinum rekstrartekjum þriggja stærstu viðskiptabankanna 42% samanborið við 30% á öllu árinu 2004 og 25% árið 2003. Þess ber að geta að áhrifin af kaupum viðskiptabankanna á erlendum bönkum á fyrri hluta ársins 2005 eru einungis að litlu leyti komin fram í samstæðuuppgjörum íslensku bankanna.

Mynd 2.



Samfara þessum auknu umsvifum á erlendum vettvangi hefur orðið veruleg aukning á samskiptum Fjármálaeftirlitsins við systurstofnanir í þeim löndum þar sem íslensku bankarnir eru með starfsemi og starfsstöðvar bankanna þar. Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli hefur skyldum að gegna sem erlendir samstarfsaðilar treysta á að sé sinnt með trúverðugum hætti. Þessi aukning endurspeglast í mikilli aukningu á fjölda ferða til útlanda en mynd 3 sýnir fjölda slíkra ferða undanfarin ár í tengslum við starfsemi viðskiptabankanna erlendis. Tilgangur ferðanna hefur fyrst og fremst verið fundir með eftirlitsstjórnvöldum vegna samstarfs um eftirlit, þ.m.t. gerð samstarfssamninga, og þátttaka í eftirliti með dótturfélögum íslenskra banka.

Mynd 3.



Fjármálaeftirlitið hefur frá upphafi starfsemi sinnar litið svo á að því beri að tryggja samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar með styrku eftirliti, en það stuðlar að öruggari starfsemi og þar með samkeppnishæfni fyrirtækja undir eftirliti. Fjármálaeftirlitið hefur kappkostað að ganga úr skugga um gæði starfsemi sinnar í þessu tilliti, og í tvígang hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ráðist í ítarlega athugun á því hvort umgjörð fjármálamarkaðar og starfsemi Fjármálaeftirlitsins uppfylli alþjóðlegar grunnreglur um árangursríkt eftirlit. Samstarf eftirlita á evrópskum vettvangi miðar að hinu sama. Árangur af þessu starfi hefur m.a. komið fram í jákvæðara viðhorfi erlendra matsfyrirtækja í garð íslensks fjármálamarkaðar og einstakra fjármálafyrirtækja, sem aftur hefur haft áhrif á lánskjör íslenska ríkisins og íslenskra aðila. Nýlegar niðurstöður matsfyrirtækja sýna þetta. Sem dæmi í þessu sambandi má nefna umsögn í skýrslu Standard & Poor's frá 10. febrúar 2005. Mikilvægt er í þessu efni að halda áfram á sömu braut til að íslenskur fjármálamarkaður njóti trausts á erlendum vettvangi. Í þessu sambandi má nefna að áhugi erlendra aðila, t.d. eftirlitsaðila, fjármálafyrirtækja og fjölmiðla, á því hversu traustar undirstöður íslenska fjármálamarkaðarins eru hefur farið vaxandi undanfarin misseri.

Aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði hefur einnig í för með sér sífellt aukna samræmingu. Umfangsmiklar breytingar á ákvörðunarferli innan Evrópusambandsins í málefnum fjármálamarkaða miða að aukinni samræmingu í reglusetningu og eftirliti, en markmiðið er að koma á skilvirkum innri markaði á þessu sviði.

Í þessum efnum stendur Fjármálaeftirlitið frammi fyrir svipuðum verkefnum og önnur eftirlit í Evrópu. Þar hefur auknum verkefnum í eftirliti víðast verið mætt með stækkun eftirlitsstofnana. Í þeim samanburði telst þróun í kostnaði Fjármálaeftirlitsins hófleg, einkum þegar horft er til þess að íslenskur fjármálamarkaður og Fjármálaeftirlitið hefur á síðustu árum tekið gríðarlegum breytingum og þróast hraðar en markaðir og eftirlit í flestum öðrum Evrópuríkjum á sama tíma. Sem dæmi um þróun í rekstrarkostnaði fjármálaeftirlita á Norðurlöndunum sýnir eftirfarandi tafla 1 kostnaðinn á árunum 2002 og 2004 og hlutfallslega breytingu milli áranna.

Tafla 1.

		2002	2004	Hlutfallsleg breyting 2002–2004
Rekstrarkostnaður í milljónum				
Ísland	IKR	271,8	293,6	8,0%
Danmörk	DKR	122,3	134,1	9,6%
Finnland	EURO	14,2	15,6	9,9%
Noregur	NOK	123,6	145,9	18,0%
Svíþjóð	SEK	145,2	194,6	34,0%

3. Skilvirkt innra starf og hagræðing.

Á síðustu tíu árum, eða frá 1995 til 2005, hefur stöðugildum/ársverkum í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi fjölgað úr tæplega 32 í 35,5, sbr. enn fremur mynd 1. Á því tímabili hafa stöðugildi fæst orðið um 24 árið 1999, en þá fækkun má að mestu rekja til óvissu í aðdraganda að stofnun Fjármálaeftirlitsins. Rétt er að hafa í huga að í upphafi þessa tímabils

var eftirlit með lífeyrissjóðum takmarkað. Það sama má segja um eftirlit með verðbréfamarkaði. Af því leiðir að hlutfall ársverka af heildarumfangi eftirlits og stærðar fjármagnsmarkaðar er mun minna nú en var í upphafi þessa tímabils.

Á umræddu tímabili hafa verkefni eftirlits stóraukist í takt við aukna alþjóðavæðingu íslensks fjármálamarkaðar, vöxt á fjármálamarkaði og auknar áhættur þessu samfara. Vöxtur rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins hefur ekki haldist í hendur við aukin verkefni og vöxt eftirlitsskyldra aðila. Á mynd 4 er að finna samanburð á vexti í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila við þróun rekstrarkostnaðar hjá Fjármálaeftirlitinu. Það athugist að álagningarstofnar miðast við tölur úr ársreikningum eftirlitsskyldra aðila 2 árum fyrir álagningarár.

Mynd 4.



Þróun í álagningarstofnum annars vegar og rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins samkvæmt mynd 4 endurspeglast síðan í þróun á álagningarhlutföllum sbr. mynd 5. Þar kemur fram að veruleg lækkun hefur orðið á álagningarhlutfalli á lánastofnanir og er það áætlað á árinu 2006 einungis 40% af því sem það var á árinu 1999. Álagningarhlutfall á lífeyrissjóði á árinu 2006 er áætlað 80% af því sem það var í byrjun tímabilsins en nokkur hækkun hefur þó orðið á síðustu árum. Áætlað álagningarhlutfall á vátryggingafélög fyrir árið 2006 í samanburði við fyrri ár sker sig talsvert úr framangreindri þróun sem skýrist af því að álagningarstofn fyrir vátryggingafélög er nánast óbreyttur milli síðustu tveggja viðmiðunaráranna samtímis því sem gert er ráð fyrir talsverðri hækkun í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins.

Mynd 5.



Eins og framangreind umfjöllun ber vott um hefur Fjármálaeftirlitið að verulegu leyti mætt auknu umfangi í eftirliti með skilvirku innra skipulagi, aukinni reynslu og skýrum markmiðum. Að mati Fjármálaeftirlitsins er komið að endamörkum í því að hægt sé að mæta aukningu í umfangi eftirlits með aukinni skilvirkni og hagræðingu og nú þurfi að auka við starfskrafta með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í 1. og 2. kafla þessarar skýrslu. Rétt er þó að geta þess að Fjármálaeftirlitið mun mæta aukningu á eftirlitsskyldum á vátryggingasviði og vegna verðbréfasjóða og Íbúðalánasjóðs með innri hagræðingu. Jafnframt mun Fjármálaeftirlitið verða vakandi fyrir hagræðingarmöguleikum og mun á næstu misserum endurskoða fyrirkomulag upplýsingatæknimála m.a. í tengslum við MiFiD tilskipunina, uppbyggingu gagnagrunna og kanna möguleika á auknum rafrænum samskiptum við eftirlitsskylda aðila.

4. Lykilatriði öflugs eftirlits eru starfsmenn.

Forsenda þess að Fjármálaeftirlitið geti sinnt skilvirku og trúverðugu eftirliti er að stofnunin búi yfir reynslu og þekkingu til að takast á við þau margbreytilegu og flóknu mál sem upp koma á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur átt því láni að fagna að búa yfir starfsfólki með menntun og reynslu til að takast á við umrædd verkefni. Ströng hæfnisskilyrði við nýráðningar og öflug símenntunarstefna gegnir þar lykilhlutverki. Leitast er við að ná hámarksafköstum með innra skipulagi, skýrum markmiðum og verkáætlunum.

Í störfum sínum á starfsfólk Fjármálaeftirlitsins mest samskipti við starfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða sérfræðinga á þeirra vegum. Slíkir aðilar eru því eðlilegur viðmiðunarhópur varðandi kröfur um hæfni og jafnframt laun. Í því efni hefur Fjármálaeftirlitið orðið vart við verulega hækkun á launum hjá fjármálafyrirtækjum, sem hæglega kann að hafa áhrif á getu eftirlitsins til þess að halda í og laða til sín starfsmenn. Sem dæmi um þetta má nefna að samkvæmt skýrslu Háskólans í Reykjavík fyrir Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (*Áhrif fjármálafyrirtækja á íslenskan efnahag*) þá hafa meðallaun í viðskiptabönkunum þremur hækkað um 52% á milli áranna 2002 og 2004, en á sama tíma hækkuðu meðallaun hjá FME um 15%.

Til þess að tryggja samkeppnishæfni Fjármálaeftirlitsins um hæft starfsfólk er nauðsynlegt að gera ráð fyrir einhverju launaskriði umfram kjarasamninga.

5. Niðurstöður.

Stærð og efnahagsleg áhrif íslensks fjármálamarkaðar hefur aukist umtalsvert á síðustu misserum auk þess sem starfsemi stærstu fjármálafyrirtækjanna fær sífellt á sig alþjóðlegri blæ. Þessi þróun, sem vakið hefur nokkra athygli erlendis, hefur aukið umfang í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á næstu árum sér Fjármálaeftirlitið fyrir sér að eftirfarandi verkefni muni kalla á aukna starfsemi:

- Á lánamarkaði mun áhersla verða lögð á það að takmarka hættu á áföllum með athugunum á innra eftirliti, áhættustýringu, eiginfjárstöðu og eftirliti með stórum áhættuskuldbindingum. Aukin umsvif íslenskra banka erlendis þýða fjölbreyttari áhættur en jafnframt er eftirlit með starfsemi þeirra á samstæðugrunni flóknara en áður og kallar á samstarf við og ábyrgð gagnvart erlendum eftirlitsstjórnvöldum.
- Innleiðing á nýjum eiginfjárreglum fyrir fjármálafyrirtæki og nýjar skyldur samkvæmt þeim munu færa Fjármálaeftirlitinu ný verkefni, bæði tímabundið og til frambúðar. Slíkt kallar á vandaðan undirbúning og nægjanlega sérfræðiþekkingu innan eftirlitsins (sjá nánar viðauka I).
- Aukin umsvif á verðbréfamarkaði og einkum eftirfylgni við nýja löggjöf um verðbréfaviðskipti hafa lagt auknar skyldur á Fjármálaeftirlitið, einkum hvað varðar innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun, útboðslýsingar og yfirtökutilboð. Erlent samstarf á þessu sviði verður sífellt viðameira í kjölfar útrásar íslenskra fjármálafyrirtækja. Framundan er jafnframt vinna við gerð tilkynningarskyldukerfis um viðskipti á fjármálamörkuðum skv. tilskipun Evrópusambandsins þar að lútandi. Jafnframt er stefnt að auknu frumkvæðiseftirliti bæði almennt og vegna tiltekinna atburða á markaði (sjá nánar viðauka II).
- Eftirlit með verðbréfasjóðum og fjárfestingarfélögum í kjölfar nýrrar löggjafar (30/2003) kallar á eftirlit með fjárfestingum, eignastöðu og áhættustýringu þeirra auk úttekta á starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða.
- Á vátryggingasviði mun reyna á ný lög um miðlun vátrygginga (gildistaka í maí 2005) og vátryggingarstarfsemi (gildistaka í janúar 2006) og aðlögun markaðsaðila að þeim. Áhersla verður lögð á eftirlit með áhættustýringu, innra eftirliti og tæknilegum grundvelli trygginga, auk mats á hæfi stjórnenda. Unnið verður að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu og álagspróf og hliðarstarfsemi vátryggingafélaga.
- Varðandi lífeyrissjóðasvið verða auk almennra úttekta gerðar reglulegar athuganir á skuldbindingum, réttindabókhaldi og fjárfestingum lífeyrissjóða. Að auki verður innra eftirlit, áhættustýring og hæfi stjórnenda metið.
- Eftirlit með upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum verður áfram mikilvægur þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á eftirlit með þessum þætti hjá stærstu fyrirtækjunum. Á fyrri hluta ársins 2005 gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2005, um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Vinna þarf að mótun eftirlitsverklags sem byggist á þeim tilmælum.

Hér hafa einungis ákveðin verkefni Fjármálaeftirlitsins verið talin. Fjölmörg verkefni, þar sem reynir á „þjónustu" eftirlitsins, svo sem útgáfa starfsleyfa, samþykki virkra eignarhluta, mat á fjárfestingum í erlendum fjármálafyrirtækjum o.fl., hafa ekki verið nefnd en þau hafa einnig farið vaxandi. Í öllum tilvikum fara eftirlitsskyldir aðilar fram á skjóta afgreiðslu.

Í ljósi alls ofangreinds er það mat Fjármálaeftirlitsins að hinu aukna umfangi eftirlits sem

leiðir af vexti og alþjóðavæðingu íslenska fjármálakerfisins og nýjum lagareglum verði ekki mætt nema með nokkurri fjölgun starfsmanna. Öflugt fjármálaeftirlit er samgæði sem nýtast öllum markaðnum og er til þess fallið að tryggja trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fjárfesta og efnahagslífs erlendis. Þess verður því að gæta að Fjármáleftirlitið sé í stakk búið til að mæta auknum verkefnum.

Viðauki I.

Umfjöllun um nýjar eiginfjárreglur vegna undirbúnings að rekstraráætlun FME fyrir árið 2006.

1. Lýsing á nýjum eiginfjárreglum.

Nýjar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja eiga að ganga í gildi á EES um áramót 2006–7. Reglurnar hafa verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið og hefur FME tekið þátt í því starfi innan EES og í norrænu samstarfi. Baselnefndin um bankaeftirlit gaf út nýjan staðal, svokallaðan Basel II, í júní 2004. Mánuði síðar lagði framkvæmdatjórn ESB fram frumvarp um breytingar á tilskipunum EES til samræmis við staðalinn. Búist er við að það verði afgreitt, nokkuð breytt, af pólitískum stofnunum ESB í haust og verði síðan tekið inn í EES-samninginn á vetri komanda. Undirbúningur að nýjum eiginfjárreglum í landsrétti aðildarríkja EES er hvarvetna unninn samhliða ESB-starfinu og drög að nýjum reglum lögð fram sem umræðuskjöl þar sem gerður er fyrirvari um endanlega gerð tilskipunarinnar. Sama hátt þarf að hafa á Íslandi.

Margvíslegar breytingar verða frá núverandi skipan eiginfjárreglna. Basel II staðallinn, sem nýju reglurnar byggjast á, tekur til fleiri þátta en eldri reglur auk þess að leyfa ýmis frávik frá aðalreglunum. Einstök fyrirtæki geta valið að nota frávik í samræmi við starfsemi þeirra, enda uppfylli innra starf viðkomandi fyrirtækis tilteknar gæðakröfur. Þessi fjölbreytileiki í reglum er til þess ætlaður að fjármálafyrirtæki með öflugt innra starf geti notað nákvæmara áhættumat, í sumum tilvikum sitt eigið, meðan einfaldari og grófari viðmiðanir, og líkari þeim sem nú gilda, eru einnig í boði fyrir þau fyrirtæki sem það kjósa. Segja má að aðalreglur Basel II séu sniðnar að litlum fjármálafyrirtækjum, en öflugri fyrirtæki geti fengið að nota reglur sem eru nákvæmari, en jafnframt flóknari.

1.1 Nýju eiginfjárreglurnar eru þríþættar.

Þáttur 1 um lágmark eigin fjár (einnig kallaður stoð 1, á ensku „pillar 1“, „minimum capital requirements“) fjallar um breytingar á útreikningi eiginfjárkröfu. Byggt verður á nákvæmari áhættumælingum heldur en í núverandi reglum og boðið upp á tvær meginleiðir, svonefnda staðlaða aðferð, sem felur ekki í sér stórvægilegar breytingar frá núgildandi reglum, og svonefnda innra mats aðferð, sem felur í sér að eiginfjárkrafan verður reiknuð út á grundvelli innra mats fjármálafyrirtækisins á tilteknum áhættuþáttum. Það þarf þá að meta vanskilalíkur og jafnvel líkleg töp miðað við tiltekin vanskil. Við það mat skal hafa hliðsjón af sögulegum gögnum um vanskil útlána. Innra mats aðferðin krefst umfangsmikillar upplýsingasöfnunar og greiningar af hálfu fjármálafyrirtækisins og innra eftirlitskerfis sem fá þarf nokkurs konar vottun frá viðkomandi fjármálaeftirliti. Innan hvorrar leiðar er síðan unnt að velja um nokkra kosti við útreikningana.

Þáttur 2 um mat eftirlitsaðila (á ensku „pillar 2“, „supervisory review“) er nýr þáttur í eiginfjárreglum sem felur í sér skyldu til að meta hvort eigið fé sé fullnægjandi, með hliðsjón

af áhættustigi viðkomandi fyrirtækis. Jafnframt metur fjármálaeftirlit hvort áhættustig og innri eftirlitsaðgerðir hjá öllum fjármálafyrirtækjum séu viðunandi. Það mat getur skilað hærri eiginfjárkröfu til einstakra fyrirtækja en almennt lágmark samkvæmt þætti 1 kveður á um auk þess sem eftirlitsstjórnvöld gætu þurft að krefjast úrbóta í innra starfi. Sum atriðin í þætti 2 eru þegar til staðar, en verða nú hluti af reglubundinni starfsemi fjármálafyrirtækja og eftirlitsstjórnvalda.

Þriðji þátturinn um markaðsaðhald („pillar 3", „market discipline") fjallar um skyldu fjármálafyrirtækja til að birta opinberlega tilteknar upplýsingar um áhættur í starfsemi sinni. Þessi þáttur skarast að einhverju leyti við staðla Alþjóðareikningsskilaráðsins fyrir skráð fyrirtæki.

2. Starf FME til þessa.

Vinna FME við nýju eiginfjárreglurnar hefur til þessa falist í að fylgjast með mótun á nýjum alþjóðlegum reglum og að undirbúa breytingar með því að bera saman við gildandi reglur. Jafnframt hafa verið lögð drög að nýjum reglum og fylgst með undirbúningi fjármálafyrirtækja. Frá því snemma árs 2004 hefur að jafnaði einn sérfræðingur verið í þessari vinnu, auk þess sem nýju reglurnar hafa verið ofarlega á baugi í reglubundnu alþjóðlegu samstarfi bankaeftirlita.

Vitað er að viðskiptabankar hafa hug á að nýta sér mikilvægar frávikheimildir, sem hafa þýðingu í alþjóðlegri starfsemi. Önnur fjármálafyrirtæki kunna einnig að nýta ýmsar frávikheimildir.

3. Nýjar eiginfjárreglur og starf FME.

Þátt eitt, lágmark eigin fjár, má líta á sem átaksverkefni sem ljúki á árinu 2007 eða 2008. Þáttur tvö, mat eftirlitsaðila, veldur talsvert miklum varanlegum breytingum á eftirlitsháttum, en þáttur þrjú, markaðsaðhald, hefur ekki mikil bein áhrif á starf FME nema hvað setja þarf reglur um hann.

Nýjar eiginfjárreglur hafa ferns konar áhrif á starf FME til skamms og langs tíma.

3.1. Gefa út nýjar reglur.

Gefa þarf út nýjar reglur, kynna þær og þjálfa starfslið FME. Þetta er tímabundið verk, nýjar reglur þurfa flestar að koma út á árinu 2006, þótt stöku þættir megi bíða eitthvað lengur.

Gera má ráð fyrir að a.m.k. einn starfsmaður að jafnaði verði upptekinn af þessu fram á árið 2007. Talsvert alþjóðlegt samstarf er um þetta efni, sem útheimtir ferðalög.

3.2. Úttektir í tengslum við breytingarnar.

Taka þarf út matskerfi einstakra viðskiptabanka áður en þeir geta fengið að byggja útreikning á lágmarki eigin fjár á eigin áhættumati. Erlend systurstofnun hefur áætlað að hver úttekt taki hálft til eitt mannár í vinnu eftirlitsins. Þetta verk er tímabundið og lýkur með því að óskir um leyfi verða afgreiddar.

Gera má ráð fyrir einu og hálfu mannári í þennan lið á árunum 2006 og 2007. Einhver ferðalög fylgja þessum þætti vegna starfsemi íslenskra banka erlendis.

3.3. Núverandi eftirlitsverkefni sem breytast til frambúðar.

Ýmis núverandi eftirlitsverkefni breytast eitthvað, einkum eftirlit með því að eigið fé fjármálafyrirtækja sé fullnægjandi. Ekki liggur fyrir hvort þær breytingar hafi einar sér um-

talsverð áhrif á vinnuframlag FME eftir að þær ganga í gildi. Bein eftirlitsstörf erlendis munu þó aukast vegna umsvifa íslenskra banka þar, sem að hluta til skýrist af þessum nýju reglum.

3.4. Ný reglubundin verkefni.

Gerðar verða auknar kröfur til innra starfs fjármálafyrirtækja, sem þarf að mæta með reglubundnu eftirliti af hálfu FME, þótt fjármálafyrirtækin sjálf beri þungann af því að efla sitt innra starf. Ný reglubundin eftirlitsverkefni bætast við undir þætti 2, bæði alveg ný verkefni og verkefni sem til þessa hafa gilt um heimildarákvæði eða leiðbeinandi reglur sem aðeins hafa kallað á eftirlit af sérstöku tilefni.

Reglubundin eftirlitsverkefni þurfa stuðning af öflugu upplýsingakerfi (sjá þar).

4. Niðurstaða.

Gera má ráð fyrir að einn til tvo nýja starfsmenn þurfi til frambúðar vegna breyttra eftirlitshátta, auk þeirra sem sinna þáttum 1 og 2 hér að framan. Sumt af hinum nýju reglubundnu verkefnum útheimtir verulega sérfræðikunnáttu og ferðalög.

Viðauki II.

Umfjöllun um eftirlitsverkefni á verðbréfamarkaði vegna undirbúnings að rekstraráætlun FME fyrir árið 2006.

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á fyrirbyggjandi eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði. Í þessu skyni hefur FME haldið sérstaka kynningarfundi fyrir regluverði, þar sem farið er yfir hlutverk og skyldur regluvarða. Kynningarfundunum hefur verið fylgt eftir með athugunum hjá útgefendum þar sem ítarlega er farið yfir starfshætti regluvarða og framkvæmd innherjaviðskipta. Í framhaldi af þessum athugunum hafa verið gerðar athugasemdir og kröfur um úrbætur á starfsháttum regluvarða og starfsemi útgefenda. Verkefnið hefur gefið góða raun og er fyrirséð að framhald verði á því. Alls hafa athuganir verið gerðar hjá 22 útgefendum frá ársbyrjun 2004. Verkáætlun hefur gert ráð fyrir fleiri athugunum, en það hefur ekki gengið eftir vegna skorts á mannafla og þar sem úttektirnar hafa reynst tímafrekari en ætlað var. Ætla má 1,5–2 stöðugildi í samskipti og fyrirbyggjandi eftirlit með útgefendum.

Ætlunin er að auka enn frekar við kynningar- og fræðslustarfsemi verðbréfamarkaðar með skipulögðum fundum. Er það nauðsynlegt til þess að fylgja nýrri löggjöf úr hlaði og viðhalda meðvitund á markaði um regluverkið. Í tengslum við gagnsæisstefnu FME er nauðsynlegt að upplýsa markaðinn um mál sem hafa verið til skoðunar.

FME hefur lagt áherslu á að beita heimild til stjórnvaldssekta vegna brota á formreglum um framkvæmd innherjaviðskipta, sem gildi tók 1. júlí 2003, með markvissum hætti og styðja þannig við hið fyrirbyggjandi eftirlit. Nokkur fjöldi mála hefur farið fyrir kærunefnd og hefur málarekstur í því sambandi kallað á nokkra vinnu. Átak er ráðgert í málum vegna skila á innherjalistum. Horfur eru á áframhaldandi umsvifum í stjórnvaldssektamálum og aukningu í kærumálum í tengslum við gagnsæisstefnu FME.

Á árinu 2005 var gerður samsstarfssamningur við Kauphöll Íslands um samstarf í eftirlitsmálum. Þá hefur FME gefið út yfirlýsingu um eftirlitsverkefni sem Kauphöllinni hafa verið falin með heimild í 71. gr. laga um verðbréfaviðskipti, en þar er m.a. skerpt á samstarfi aðila og kveðið á um reglulega fundi um eftirlitsmál til að tryggja öflugra og skilvirkara eftirlit. Töluverð vinna hefur farið í gerð þessara samninga og má gera ráð fyrir að svo verði áfram

við þróun samstarfs aðila. Markaðsvakt FME hefur haft með höndum yfirsýn yfir viðskipti á verðbréfamarkaði og frumathugun mála.

Jafnframt hefur töluverð vinna farið í gerð samstarfssamninga við Kauphöllina um útvistun verkefna vegna útboðslýsinga og tilboðsyfirlita. Samningarnir eru nú á lokastigi. FME mun hafa eftirlit með framkvæmd Kauphallarinnar á samningunum og forræði á álitaefnum sem koma upp, og má gera ráð fyrir talsverðri vinnu við það.

Veruleg vinna hefur farið í erlent samstarf og innleiðingu tilskipana um markaðssvik (MAD), útboðslýsingar og yfirtökur. Í ii. lið e-liðar II. kafla athugasemda við frumvarp það sem varð að lögum nr. 31/2005, sem innleiða framangreindar tilskipanir, og í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, er ráðgert að aukin verkefni vegna frumvarpsins kalli á a.m.k. 2 ný stöðugildi hjá FME. FME hefur þegar gefið út reglur um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga sem tóku gildi 1. júlí 2005. Þá hefur verið gefin út stefna FME um gagnsæi í málum á verðbréfamarkaði sem einnig tók gildi 1. júlí, en ljóst er að hún mun kalla á aukna vinnu við meðferð mála og frekari útfærslu í framkvæmd. Ítarleg ákvæði hafa verið sett um yfirtökutilboð með lögum nr. 31/2005 og FME fær aukið hluterk við framfylgd þeirra.

Áfram er unnið að vinnu við MiFiD (gildistaka haust 2006, nefnd á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis tekin til starfa) og Transparency (gildistaka 2007) tilskipanir ESB. Ljóst er að innleiðingin mun hafa talsverða vinnu í för með sér fyrir FME. Þá hefur FME tekið þátt í vinnu nefndar Evrópska Seðlabankans og CESR um „clearing and settlement". Starfsemi CESR-Pol eftirlitsnefndarinnar hefur aukist, samfara auknum kröfum framangreindra tilskipana um samstarf eftirlitsaðila í Evrópu og samræmingu í regluverki. Útrás íslenskra fjármálafyrirtækja hefur einnig haft áhrif á aukið samstarf FME við erlenda eftirlitsaðila. Sýnileiki FME í samstarfi evrópskra eftirlitsaðila hefur verulega þýðingu fyrir trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar og útrás íslensks atvinnulífs.

Undirbúningsvinna var hafin við smíði tilkynningarskyldukerfis (Transaction Reporting) sem taka verður upp við innleiðingu MiFiD, en veruleg vinna mun fylgja smíði kerfisins (tengist upplýsingatæknimálum).[4] Með kerfinu mun FME fá kost á að útbúa öflugt rafrænt eftirlitskerfi og hefur FME kynnt hugmyndir í þá veru. Vinnuhópur hefur verið settur á laggirnar með þátttöku Kauphallar, Verðbréfaskráningar og fulltrúa frá viðskiptabönkum. Þá hefur verið samið við upplýsingatækniráðgjafa.

Á sl. ári var farið í ítarlega úttekt á starfsháttum fjármálafyrirtækis í verðbréfaviðskiptum. Leiddi athugunin til margvíslegra athugasemda og krafna um úrbætur. Á verkáætlun 2005 er ráðgert að fara í slíka úttekt og er stefnt að því að fara í a.m.k. eina slíka úttekt á ári. Þessar úttektir hafa reynst mun tímafrekari en ætlað var. Með innleiðingu MAD og MiFiD tilskipana Evrópusambandsins er skerpt á réttindum og skyldum fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum og er fyrirséð að FME mun verja auknum tíma í eftirlit með þessum reglum.

Á verkáætlunum sl. 2 ár hefur verið stefnt að meiri áherslu á frumkvæðiseftirlit FME og vettvangsathuganir, en þær áætlanir hafa ekki gengið eftir vegna skorts á mannafla. Hinu sama gegnir um staðlaðar eftirlitsaðgerðir í tengslum við tiltekna atburði á verðbréfamarkaði, svo sem samruna og yfirtökur, stórar fréttir sem áhrif hafa á gengi fyrirtækja o.fl.

Helstu verkefni samkvæmt framangreindu:

- Framhald fyrirbyggjandi eftirlits með samskiptum við útgefendur.
- Aukin áhersla á kynningar og fræðslu.

---

[4] Finnar hafa gert ítarlega greiningu á verkefninu og ráðgera 1 milljón evra í verkið.

- Framkvæmd og þróun gagnsæisstefnu.
- Nýsettum reglum FME um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja fylgt eftir af festu.
- Markviss beiting stjórnvaldssekta vegna formbrota á lögum um verðbréfaviðskipti. Horfur á auknum verkefnum í tengslum við gagnsæisstefnu.
- Þróun samstarfs við Kauphöllina í eftirlitsmálum. Eftirlit með verkefnum við útboðslýsingar og tilboðsyfirlit.
- Þátttaka í erlendu samstarfi og innleiðing MiFiD og Transparency tilskipana.
- Hönnun og smíði tilkynningarskyldukerfis. Þróun rafræns eftirlitskerfis.
- Framhald úttekta á verðbréfasviðum fjármálafyrirtækja og viðvarandi eftirlit með þeim.
- Aukin áhersla á staðlað eftirlit í tengslum við atburði á markaði, svo sem yfirtökur og stórar fréttir.

Fylgiskjal II.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila:

Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2006.

Meðfylgjandi er álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 og 4. gr. reglugerðar nr. 562/2001, við rekstraráætlun FME fyrir árið 2006 og skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað, en endanleg áætlun og skýrsla um hana voru send nefndinni þann 2. sept. sl.

Rekstur ársins 2005.

1. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stefnir í 25,5 millj. kr. halla á rekstri FME árið 2005, en upphafleg áætlun kynnt samráðsnefnd á síðasta ári hafði gert ráð fyrir 8,5 millj. kr. halla. Þarna munar 17 millj. kr. eða um 6% af heildarrekstrarkostnaði sem verður að teljast verulegt. Í bréfi FME til nefndarinnar koma fram skýringar en athygli vekur að FME telur að löggjafinn hafi heimilað fjölgun stöðugilda sem ekki var búið að tryggja fjármögnun á. Samráðsnefndin ítrekar að um rekstur FME hvert ár gilda skýr lagaákvæði, sem gera ráð fyrir að sú nefnd sem löggjafinn hefur skipað til eftirlits með fjárhag stofnunarinnar sé ávallt höfð með í ráðum um atriði, sem hafa umtalsverða þýðingu varðandi starfsemina og aukinn kostnað. Þess utan fær samráðsnefnd ekki séð að fyrir liggi samþykki frá löggjafanum um fjölgun starfsmanna, umfram það sem síðasta staðfesta fjárhagsáætlun bar með sér. Það er skoðun samráðsnefndarinnar að FME verði að leita eftir fjárframlögum frá löggjafanum vegna slíkra ráðninga, en síðan komi málið til skoðunar við gerð næstu rekstraráætlunar FME. Samráðsnefnd telur auk þess að FME hafi ekki sýnt fram á að ekki hefði mátt mæta viðbótarverkefnum með öðrum hætti en ráðningu í tvær nýjar stöður, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í samþykktri áætlun fyrir árið 2005.

Áætlaður rekstur 2006.

2. Í drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að launakostnaður hækki um 36% frá áætlun ársins 2005 og um 27,1% frá spá um rekstur ársins 2005. Um verulegar hækkanir er að ræða sem bæði skýrast af fjölgun starfsmanna og hækkun á launum. Þar sem launakostnaður er um ¾ af rekstrarkostnaði FME þarf að skoða þennan rekstrarþátt mjög vel. Samráðsnefndin vill fyrir það fyrsta ítreka ábendingu um að FME hefur ekki sýnt fram á að auknu umfangi vegna viðbótarverkefna, svo sem í tengslum við breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, hafi ekki mátt mæta með öðrum hætti en nýráðningum, þ.e. með endurskipulagningu eða með því að kaupa sérfræðiaðstoð utan frá. Þá telur samráðsnefnd FME heldur ekki hafa sýnt fram á raunverulega þörf til ráðningar viðbótarstarfsmanns vegna aukinna umsvifa bankanna erlendis, sbr. ummæli í fylgiskjali með skýrslu. Vísast um þetta nánar til liðar 4 hér á eftir. Hvað varðar áætlun um launahækkun gerir samráðsnefnd athugasemdir við eftirfarandi. Í fyrsta lagi er vísað til hækkana hjá eftirlitsskyldum aðilum, án þess að leitast sé við að skoða eðlilega viðmiðunarhópa innan þeirra. Vissulega hafa orðið verulegar hækkanir hjá aðilum sem starfa á tekjusviðum, en sambærilegar hækkanir hafa ekki orðið hjá þeim hópum sem vinna sambærileg störf og starfsmenn FME, svo sem á laga- og tölfræðisviðum. Hafa ber í huga að stór hluti þessara hækkana skýrist af einskiptis greiðslum sem eru bundnar við árangur viðkomandi einstaklinga/sviðs við tekjuöflun hverju sinni. Þá hlýtur FME í þessu sambandi að þurfa jafnframt að horfa til launaþróunar sambærilegra hópa starfsmanna hjá öðrum opinberum stofnunum þannig að þar gæti samræmis. Í öðru lagi er í drögunum rætt um 5% hækkun, 14,2 millj. kr., vegna óvæntra útgjalda og launaskriðs. Er launaskrið sagt nauðsynlegt vegna þenslu í launakostnaði á fjármálamarkaði. Samráðsnefnd telur bæði óvanalegt og óvarlegt að nefna algerlega óvisst launaskrið í rekstraráætlun af þessu tagi, enda hlýtur öll opinber umfjöllun vinnuveitenda um launaskrið að vera ávísun til starfsmanna um að kalla eftir launahækkun, óháð því hvort slík hækkun eigi rétt á sér eða ekki. Það er mat samráðsnefndar að nauðsynlegt sé að endurskoða forsendur tillagna um hækkun launakostnaðar.

   Samráðsnefnd er fullljóst um mikilvægi þess að eftirlitið hafi yfir að ráða starfsfólki sem gerir því kleift að sinna því hlutverki sem lög mæla fyrir um. Samráðsnefnd telur starfsfólk FME hafa sýnt að svo er, auk þess sem ávallt ber að hafa í huga að FME hefur lögbundna heimild til að kaupa sérfræðiaðstoð utan frá vegna einstakra verkefna.

3. Af öðrum liðum rekstraráætlunar telur samráðsnefnd ástæðu til að fjalla sérstaklega um þann sem ráðgerir rúmlega 400% hækkun á rekstri tölvubúnaðar, þ.e. úr 3 millj. kr. í 13. millj. kr. FME skýrir þessa hækkun með vísun í væntanlegt tilkynningarskyldukerfi varðandi viðskipti með fjármálagerninga, í tengslum við nýja MiFID tilskipun. Í viðauka II í umfjöllun um rekstur og starfsumhverfi til næstu þriggja ára kemur fram að undirbúningsvinna sé hafin við smíði slíks tilkynningarskyldukerfis og að vinnuhópur sé kominn af stað hvað það varðar. Einstök samtök eftirlitsskyldra aðila hafa gert FME skýra grein fyrir þessu og að þau telji með öllu óásættanlegt að fara út í kostnað í þessum efnum, meðan ekki liggur fyrir hvernig með þessi mál verði farið í nágrannalöndunum. Samráðsnefnd er kunnugt um að enn sem komið er sé alls óljóst hvort slík afdráttarlaus skylda verði til staðar á aðildarríki EES og þá með hvaða hætti hún yrði út-

færð. Meðan jafnmikil óvissa ríkir telur samráðsnefnd með öllu óeðlilegt að hafa þennan lið inni í áætlun ársins 2006.

Rekstraráætlun til þriggja ára.

4. Með fjárhagsdrögunum fylgir eins og síðustu þrjú ár greinargerð um rekstur og starfsumhverfi FME næstu þrjú árin. Greinargerðin er vel unnin, með góðum skýringartöflum, og hjálpar þannig þeim sem að rekstri eftirlitsins koma til að fá heildaryfirsýn yfir starfsemina næstu misseri. Reyndar virðist eitthvað um að í henni séu talin upp atriði sem hefðu betur átt heima í umfjöllun um áætlun ársins 2006, svo sem upptalning á viðbótarstöðugildum sem hefur þegar verið ráðið í eða stefnt að ráða í á næsta ári.

   Í greinargerðinni eru útlistuð verkefni sem hafa verið að bætast á eftirlitið og eru í farveginum. Er þar bæði um að ræða verkefni sem stafa af breytingum hér innan lands en þó fyrst og fremst verkefni tengd breytingum í alþjóðlegu rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja. Fyrir liggur að samfara auknum erlendum umsvifum hérlendra banka, koma aukin samskipti FME við eftirlit í þeim löndum þar sem íslenskir bankar eru með starfsemi. Hins vegar þarf að hafa í huga að FME hefur þegar myndað ágæt tengsl við eftirlit flestra ef ekki allra þeirra landa þar sem íslensk fjármálafyrirtæki hafa verið með starfsemi síðustu ár. Þá ber að gjalda varhug við að horfa of mikið til stækkunar efnahags í samhengi við starfsmannafjölda eftirlitsins á hverjum tíma. Ljóst er að stækkun eigna þarf alls ekki að þýða aukna vinnu eftirlitsaðila. Þvert á móti má segja að þróun undanfarinna ára ætti að einhverju marki að hafa minnkað álag á FME þar sem bæði fjármálafyrirtæki og aðrir útgefendur hlutabréfa hafa sameinast og jafnvel horfið af markaði. Eðli máls samkvæmt á að vera einfaldara að hafa eftirlit með einni stórri rekstrareiningu en mörgum litlum. Þá ber þess að geta að hérlendis eru enn sem komið er engir erlendir bankar starfandi, svo að FME þarf ekki að sinna eftirlitsskyldu gagnvart gistiríki eins og erlendir kollegar þess.

   Það allra mikilvægasta er að íslenskt fjármálaeftirlit sé traust og skapi tiltrú erlendra aðila. Ekki verður annað séð en að FME hafi tekist vel upp í þeim efnum. Hins vegar varar samráðsnefndin við því að drög að þriggja ára áætlun skilji eftir opinn tékka á verulega fjölgun starfsmanna, eins og niðurlag í skýrsludrögum FME gerir.

Skipting eftirlitsgjaldsins.

5. Í töflu 3 kemur fram áætlun um skiptingu eftirlitsgjaldsins. Mjög mikilvægt er að tímaskipting starfa FME milli einstakra hópa eftirlitsskyldra aðila sé sem skýrust, svo kostnaðarskipting greiðist í réttum hlutföllum. Samráðsnefndin hefur ár eftir ár bent FME á heimildir þess skv. 7. gr. laganna, þ.e. til að láta einstaka aðila greiða fyrir umframeftirlit þegar óvenjumikill tími fer í einstaka aðila af sérstökum ástæðum.
   Á fundi samráðsnefndar með FME 19. ágúst sl. dreifði FME minnisblaði um skiptingu tíma eftirlitsins eftir vinnu við einstakar greinar eftirlitsskyldra aðila. Ber að fagna því, en þetta er í fyrsta skipti sem samráðsnefndin fær afhentar upplýsingar af þessu tagi, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Töluvert ósamræmi er milli vinnuframlags og eftirlitsgjalds, og getur sá mismunur verið allt að þrefaldur. Það er skoðun samráðsnefndarinnar

að rétt sé að FME fylgi jafnan sem kostur er upplýsingum um ætlað vinnuframlag við álagningu eftirlitsgjaldsins á einstakar greinar eftirlitsskyldra aðila.

6. Samráðsnefndin fagnar því að starfsemi Íbúðalánasjóðs sé nú komin undir eftirlit FME. Heildareignir sjóðsins nema í dag um 500 milljörðum kr. Samráðsnefndin ítrekar ábendingar sínar frá síðasta ári um að hlutfallsleg greiðsla Íbúðalánasjóðs sé enn langtum minni en annarra lánastofnana. Þannig greiða lánafyrirtæki sama gjald og viðskiptabankar og sparisjóðir, en Íbúðalánasjóður hefur rúmlega 80% afslátt af því gjaldi. Þá má sjá að Íbúðalánasjóður er að greiða margfalt lægra gjald en lífeyrissjóðir, þótt efnahagur fyrrnefnda sjóðsins sé um helmingur af heildareignum lífeyrissjóða landsins.

7. Samráðsnefndin vill að lokum árétta mikilvægi þess að sem fyrst verði farið að huga að því að ríkið greiði fyrir þá þætti í starfsemi FME sem hafa ekki með hefðbundið eftirlit að gera. Nefndin setur sig ekki upp á móti því að FME komi með einum eða öðrum hætti að setningu löggjafar sem varða markaðinn, þ.e. þegar sú sérþekking sem eftirlitið býr yfir getur nýst vel. Fyrir slíkt vinnuframlag, sem getur bundið starfsmenn FME um skemmri eða lengri tíma frá eftirlitsstörfum, er hins vegar bæði sjálfsagt og eðlilegt að vinnubeiðandi greiði fyrir. Sama á við um önnur þau verkefni sem FME er falið og hafa ekkert með eiginlega eftirlitsstarfsemi að gera. Eins og nefndin hefur ítrekað bent á telur hún það leiða beint af 1. og 8. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, að eftirlitsskyldir aðilar eigi aðeins að bera kostnað FME af eiginlegri eftirlitsstarfsemi en ekki öðrum störfum, sem FME hefur í vaxandi mæli verið falið af stjórnvöldum. Auk þeirra dæma sem nefnd voru í fyrra (eftirlit með innherjaskrám og flöggunarskyldu) er ljóst að reglusetningarhlutverk FME er sífellt að aukast. Má þar nefna nýsett ákvæði 5. mgr. 73. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, sem felur FME að mestu það hlutverk að innleiða undirtilskipanir við markaðssvikatilskipun EB.

Reykjavík 8. september 2005.

Guðjón Rúnarsson
formaður samráðsnefndar.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999.

Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um breytingar á eftirlitsgjaldi og tímamörk við skil á áætlunum Fjármálaeftirlitsins. Með auknu rekstrarumfangi Fjármáleftirlitsins er áætlað að eftirlitsgjald hækki úr 289 m.kr. árið 2005 í 424 m.kr. árið 2006, sem er hækkun um 126 m.kr. Aukinn rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins stafar fyrst og fremst af auknum launakostnaði, tæplega 80 m.kr. og öðrum rekstrarkostnaði, tæplega 22 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að það muni ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

439. Framhaldsnefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögur við sundurliðun 2 sem samtals nema 1.765,9 m.kr. til hækkunar.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 4 m.kr.

988 Æskulýðsmál.

1.90 Æskulýðsmál. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til Snorraverkefnisins, samskiptaverkefnis við Vestur-Íslendinga.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 11,9 m.kr.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Lagt er til að framlög til neyðaraðstoðar í kjölfar jarðskjálftanna í Pakistan hækki um 11,9 m.kr., úr 18,1 m.kr. í 30 m.kr., vegna þróunar mála á jarðskjálftasvæðunum og ákalls hjálparstofnana um aukin framlög opinberra aðila og einstaklinga til hjálparstarfsins.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 430 m.kr.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.95 Lífeyrissjóður bænda. Lagt er til að framlag ríkissjóðs í Lífeyrissjóð bænda af söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins hækki úr 2.200 m.kr. í 2.630 m.kr., eða um 430 m.kr. Um er að ræða 2.653 m.kr. söluandvirði sjóðsins að frádegnum 11 m.kr. áætluðum biðlaunakostnaði og 12 m.kr. sölukostnaði í samræmi við 1. gr. laga nr. 68/2005, um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 40 m.kr.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta. Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag vegna ófyrirséðra viðgerða á þyrluspöðum og viðgerða á spili um borð í Ægi.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 60 m.kr.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs verði aukin um 60 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum njóti sambærilegra eingreiðslna í desember og samkomulag varð um í forsendunefnd aðila vinnumarkaðarins.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 720 m.kr.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega og *1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.* Lagt er til að tekjutrygging ellilífeyrisþega hækki um 456 m.kr. og að tekjutrygging örorkulífeyrisþega hækki um 264 m.kr. vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar njóti sambærilegra eingreiðslna og samkomulag varð um í forsendunefnd aðila vinnumarkaðarins. Við ákvörðun um framhald kjarasamninga fjallaði forsendunefndin um hvort verðlagsþróun hefði verið í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands og um þróun kostnaðar vegna annarra kjarasamninga á vinnumarkaði. Samkomulag varð í forsendunefndinni um að í desember 2005 yrði greidd sérstök eingreiðsla og er lagt til að hún verði útfærð sem álag á tekjutryggingu með sama hætti og gert hefur verið við sambærilegar eingreiðslur í almannatryggingum. Samtals er áætlað að þessar eingreiðslur almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega nemi 720 m.kr. í desember.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 500 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að launa- og verðlagsliður fjárlaga hækki um 500 m.kr. Í kjarasamningum ríkisstarfsmanna er kveðið á um að komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skuli sambærileg breyting gilda um samninga ríkisstarfsmanna. Nefnd aðila á vinnumarkaði hefur komist að samkomulagi sem felur m.a. í sér að greidd verði 26 þús. kr. eingreiðsla í desember á þessu ári til starfsmanna í fullu starfi. Lögð er til fjárheimild á þessum lið til að standa undir kostnaði við sams konar eingreiðslu og samkomulag varð um í forsendunefnd aðila vinnumarkaðarins til starfsmanna sem eru á launum hjá ríkinu og vegna verkefna og rekstraraðila sem hafa sambærilegar launaforsendur fyrir sínum framlögum og ríkisstofnanir. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði millifærð af liðnum til viðkomandi stofnana innan ársins.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði óbreytt.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.07 Þjónusta. Gerð er tillaga um leiðréttingu á fjármögnun 100 m.kr. útgjaldaaukningar vegna vetrarþjónustu sem samþykkt var við 2. umræðu. Gert var ráð fyrir viðskiptahreyfingu en hér er lögð til hækkun greiðslu úr ríkissjóði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. nóv. 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Drífa Hjartardóttir.

Guðmundur Hallvarðsson.

440. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnbS, BjarnB, BJJ, DrH, GHall).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður: **02-988 Æskulýðsmál**			
1.90 Æskulýðsmál	0,0	4,0	4,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,0*	*4,0*
2. **Við 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	49,1	11,9	61,0
3. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
1.95 Lífeyrissjóður bænda	2.200,0	430,0	2.630,0
4. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	0,0	40,0	40,0
5. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.11 Atvinnuleysisbætur	-643,0	60,0	-583,0
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*60,0*	*60,0*
6. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	0,0	456,0	456,0

b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	0,0	264,0	264,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*-402,6*	*720,0*	*317,4*
7. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	150,0	500,0	650,0
8. Við **10-211 Rekstur Vegagerðarinnar**			
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*100,0*	*100,0*
Viðskiptahreyfingar	*183,0*	*-100,0*	*83,0*

441. Svar [258. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða einstaklingar höfðu diplómatísk vegabréf 1. september sl., sundurliðað eftir töluliðum 2. gr. reglna um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf frá 14. janúar 2004?*
2. *Hvaða einstaklingar höfðu þjónustuvegabréf 1. september sl., sundurliðað eftir töluliðum 3. gr. reglna um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf frá 14. janúar 2004?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi listum.

Diplómatísk vegabréf				
Nafn	**Grein**	**Liður**		
Ólafur Ragnar Grímsson	2	1		
Vigdís Finnbogadóttir	2	2		
Halldór Blöndal	2	3		
Markús Sigurbjörnsson	2	4		
Pétur Kr. Hafstein	2	4		
Guðrún Erlendsdóttir	2	4		
Árni Kolbeinsson	2	4		
Ólafur Börkur Þorvaldsson	2	4		
Ingibjörg Benediktsdóttir	2	4		
Garðar Gíslason	2	4		
Gunnlaugur Claessen	2	4		
Jón Kristjánsson	2	5		
Geir H. Haarde	2	5		
Árni Matthías Mathiesen	2	5		
Halldór Ásgrímsson	2	5		
Sigríður Anna Þórðardóttir	2	5		
Davíð Oddsson	2	5		
Sturla Böðvarsson	2	5		
Árni Magnússon	2	5		
Guðni Ágústsson	2	5		
Karl Sigurbjörnsson	2	6		
Guðný Helgadóttir	2	7		
Sigurður Arnarson	2	7		
Albert Jónsson	2	7		
Anna S. Alfreðsdóttir	2	7		
Anna Hjartardóttir	2	7		
Anna Jóhannsdóttir	2	7		
Anna Katrín Vilhjálmsdóttir	2	7		
Arnór Sigurjónsson	2	7		
Atli Ásmundsson	2	7		
Auðbjörg Haraldsdóttir	2	7		
Auðunn Atlason	2	7		
Auður Edda Jökulsdóttir	2	7		
Axel Nikulásson	2	7		
Árni Helgi Helgason	2	7		
Benedikt Ásgeirsson	2	7		
Benedikt Höskuldsson	2	7		
Benedikt Jónsson	2	7		
Bergdís Ellertsdóttir	2	7		
Berglind Sigmarsdóttir	2	7		
Bjarni Sigtryggsson	2	7		
Bjarni Vestmann	2	7		
Björn Dagbjartsson	2	7		
Bryndís Kjartansdóttir	2	7		
Dagný Hulda Erlendsdóttir	2	7		
Dóra Ásgeirsdóttir	2	7		
Eiður Guðnason	2	7		
Einar Gunnarsson	2	7		
Elín Flygenring	2	7		
Elín Rósa Sigurðardóttir	2	7		
Emil B. Hreggviðsson	2	7		
Erna Sigríður Hallgrímsdóttir	2	7		
Estrid Brekkan	2	7		

Finnbogi Rútur Árnason	2	7		
Finnur Þór Birgisson	2	7		
Friðrik Jónsson	2	7		
Gísli Pálsson	2	7		
Grétar Már Sigurðsson	2	7		
Guðmundur Eiríksson	2	7		
Guðmundur Árni Stefánsson	2	7		
Guðni Bragason	2	7		
Guðrún Sigríður Þorgeirsdóttir	2	7		
Gunnar Gunnarsson	2	7		
Gunnar Snorri Gunnarsson	2	7		
Gunnar Pálsson	2	7		
Hafsteinn Hafsteinsson	2	7		
Hannes Heimisson	2	7		
Harald Aspelund	2	7		
Haukur Ólafsson	2	7		
Heiðrún Pálsdóttir	2	7		
Helga Hauksdóttir	2	7		
Helga Þórarinsdóttir	2	7		
Helgi Ágústsson	2	7		
Helgi Gíslason	2	7		
Hermann Ingólfsson	2	7		
Hjálmar W. Hannesson	2	7		
Hjördís Gunnarsdóttir	2	7		
Hrund Hafsteinsdóttir	2	7		
Högni Kristjánsson	2	7		
Hörður H. Bjarnason	2	7		
Inga Cleaver	2	7		
Ingibjörg Davíðsdóttir	2	7		
Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir	2	7		
Jóhann Pálsson	2	7		
Jón Baldvin Hannibalsson	2	7		
Jón Egill Egilsson	2	7		
Jón Gauti Jóhannesson	2	7		
Jón Erlingur Jónasson	2	7		
Jóna Gróa Valdimarsdóttir	2	7		
Jónína Sigmundsdóttir	2	7		
Jóhannes Júlíus Hafstein	2	7		
Jörundur Valtýsson	2	7		
Katrín Einarsdottir	2	7		
Kjartan Jóhannsson	2	7		
Kornelíus Sigmundsson	2	7		
Kristinn F. Árnason	2	7		
Kristín Ólafsdóttir	2	7		
Kristín Sigríður Halldórsdóttir	2	7		
Kristín Eva Sigurðarsdóttir	2	7		
Kristinn Andri Stefánsson	2	7		
Lilja Tryggvadóttir	2	7		
Lilja Viðarsdóttir	2	7		
Magnús Bjarnason	2	7		
Magnús K. Hannesson	2	7		
Margrét Einarsdóttir	2	7		
María Erla Marelsdóttir	2	7		
Nína Björk Jónsdóttir	2	7		
Markús Örn Antonsson	2	7		
Matthías Geir Pálsson	2	7		

Már Másson	2	7		
Nikulás Peter John Hannigan	2	7		
Ólafur Davíðsson	2	7		
Ólafur Egilsson	2	7		
Ólafur Sigurðsson	2	7		
Ólöf Hrefna Kristjánsdóttir	2	7		
Petrína Bachmann	2	7		
Pétur Ásgeirsson	2	7		
Pétur Þorsteinn Óskarsson	2	7		
Pétur Gunnar Thorsteinsson	2	7		
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir	2	7		
Ragnar Baldursson	2	7		
Ragnar Gísli Kristjánsson	2	7		
Ragnheiður E. Árnadóttir	2	7		
Sighvatur Björgvinsson	2	7		
Sigríður Gunnarsdóttir	2	7		
Sigríður Jónsdóttir	2	7		
Sigríður Á. Snævarr	2	7		
Sigrún Jónsdóttir	2	7		
Sigþór Hilmisson	2	7		
Skafti Jónsson	2	7		
Stefán Haukur Jóhannesson	2	7		
Stefán Skjaldarson	2	7		
Stefán L. Stefánsson	2	7		
Sturla Sigurjónsson	2	7		
Svavar Gestsson	2	7		
Sveinn Björnsson	2	7		
Sveinn Á. Björnsson	2	7		
Sverrir Haukur Gunnlaugsson	2	7		
Tómas H. Heiðar	2	7		
Tómas Ingi Olrich	2	7		
Tómas Orri Ragnarsson	2	7		
Unnur Orradóttir Ramette	2	7		
Vigdís Pálsdóttir	2	7		
Þorbjörn Jónsson	2	7		
Þorsteinn Ingólfsson	2	7		
Þorsteinn Pálsson	2	7		
Þórður Bjarni Guðjónsson	2	7		
Þórður Ingvi Guðmundsson	2	7		
Þórður Ægir Óskarsson	2	7		
Þórir Ibsen	2	7		
Þórir Jökull Þorsteinsson	2	7		
Sigurður Hrafn Gíslason	2	7		
Halldóra Sigríður Brandsdóttir	2	7		
Þóra Magnúsdóttir	2	7		
Haukur Guðmundsson	2	7		
Guðrún Eyjólfsdóttir	2	7		
Stefán Baldursson	2	7		
Hermann Sæmundsson	2	7		
Davíð Þór Björgvinsson	2	7		
Garðar Lárusson	2	7		
Kristrún Kristinsdóttir	2	7		
Angantýr Einarsson	2	7		
Halldór Þórður Ólafsson	2	7		
Jakob Falur Garðarsson	2	7		
Kolbeinn Árnason	2	7		

Þorgeir Örlygsson	2	7		
Gréta Gunnarsdóttir	2	7		
Þorsteinn Geirsson	2	8		
Baldur Guðlaugsson	2	8		
Jón Birgir Jónsson	2	8		
Magnús Jóhannesson	2	8		
Vilhjálmur Egilsson	2	8		
Bolli Þór Bollason	2	8		
Davíð Á. Gunnarsson	2	8		
Guðmundur Helgason	2	8		
Ragnhildur Hjaltadóttir	2	8		
Kristján Skarphéðinsson	2	8		
Björn Ingi Hrafnsson	2	9		
Illugi Gunnarsson	2	9		
Tryggvi Gunnarsson	2	10		
Sigurður Þórðarson	2	11		
Haraldur Johannessen	2	14		
Skarphéðinn Þórisson	2	15		
Eiríkur Guðnason	2	16		
Finnur Ingólfsson	2	16		
Birgir Ísl. Gunnarsson	2	16		
Vigdís Bjarnadótir	2	17		
Ragna Þórhallsdóttir	2	17		
Ömólfur Thorsson	2	17		
Sveinn Einarsson	2	18		
Indriði H. Þorláksson	2	18		
Steinar Berg Björnsson	2	18		
Snorri Olsen	2	18		
Bjarney Friðriksdóttir	2	18		
V. Ashkenazy	2	19		
Matthías Á. Mathiesen	2	20		
Steingrímur Hermannsson	2	20		
Benedikt Gröndal	2	21		
Björgvin Guðmundsson	2	21		
Brynhildur Jónsdóttir	2	21		
Hannes Guðmundsson	2	21		
Hannes Jónsson	2	21		
Ingimundur Sigfússon	2	21		
Ingvi S. Ingvarsson	2	21		
Niels P. Sigurðsson	2	21		
Tómas Á. Tómasson	2	21		
Sigrún Ingibjörg Sigurðardóttir	2	22		
Inga Ásta Hafstein	2	22		
Margrét Einarsdóttir	2	22		
María Friðrika Haraldsdóttir	2	22		
Inga Jóna Þórðarsdóttir	2	22		
Þorgerður Lára Guðfinnsdóttir	2	22		
Sigrún Þ. Mathiesen	2	22		
Ástríður Thorarensen	2	22		
Erna Finnsdóttir	2	22		
Ragnheiður Hermannsdóttir	2	22		
Kristín Vigfúsdóttir	2	22		
Brynhildur Ingimundardóttir	2	22		
Bjarnþóra Hauksdóttir	2	22		
Kristín Egilsdóttir	2	22		
Steinunn K. Friðjónsdóttir	2	22		

Sonja Backman	2	22		
Sigríður Thorlacius	2	22		
Iðunn Steinsdóttir	2	22		
Örn Clausen	2	22		
Kristín Anna Claessen	2	22		
Kristín Þórdís Guðjónsdóttir	2	22		
Kristrún Eymundsdóttir	2	22		
María A. Björnsson	2	22		
Edda Guðmundsdóttir	2	22		
Svala Ólafsdóttir	2	22		
Guðrún Sesselja Grímsdóttir	2	22		
Eyjólfur Andri Björnsson	2	22		
Hólmfríður Rós Eyjólfsdóttir	2	22		
Sigurjóna Sigurðardóttir	2	22		
Jón Þorsteinsson	2	22		
Guðrún Björk Einarsdóttir	2	22		
Bára Baldursdóttir	2	22		
Elín Hjartar Gunnarsson	2	22		
Þórunn Jóhannsdóttir Ashkenazy	2	22		
Edda B. Hákonardóttir	2	22		
Margrét Þóra Gunnarsdóttir	2	22		
Þórunn Ragnarsdóttir	2	22		
Inga Rut Karlsdóttir	2	22		
Vigdís Jakobsdóttir	2	22		
Eva Margrét Ævarsdóttir	2	22		
Hallgerður Gunnarsdóttir	2	22		
Guðrún Sveinbjörnsdóttir	2	22		
Margrét Hauksdóttir	2	22		
Magnús Hjörleifsson	2	22		
Jón Örn Brynjarsson	2	22		
Guðrún Matthíasdóttir	2	22		
Þrúður Helgadóttir	2	22		
Sigríður Ragna Jónsdóttir	2	22		
Jón Ormur Halldórsson	2	22		
Guðný Reynisdóttir	2	22		
Heidi Gröndal	2	22		
Hjördís Magnúsdóttir	2	22		
Aðalheiður Ósk Óskarsdóttir	2	22		
Anna Elísabet Möller	2	22		
Rakel Árnadóttir	2	22		
Dagný Þorvaldsdóttir	2	22		
Skúli Thorarensen Theodórsson	2	22		
Björn Ingi Jósefsson	2	22		
Eyglóð Helga Haraldsdóttir	2	22		
Elísabet Þórðardóttir	2	22		
Finnbogi Jakobsson	2	22		
Þórunn Hreggviðsdóttir	2	22		
Elínborg Þóra Þorbergsdóttir	2	22		
Dóra Guðrún Þorvarðardóttir	2	22		
Þórey Vigdís Ólafsdóttir	2	22		
Jóna Dóra Karlsdóttir	2	22		
Unnur Úlfarsdóttir	2	22		
Elín Snorradóttir	2	22		
Ragnheiður Hafstein	2	22		
Guðrún Margarét Sólonsdóttir	2	22		
Karin Waag Jónsson	2	22		

Ásthildur B. Jónsdóttir	2	22		
Erna Gunnarsdóttir	2	22		
Hafþór Þorleifsson	2	22		
Hervör Jónsdóttir	2	22		
Hildur Blöndal Sveinsdóttir	2	22		
Anna Birgis Hannesson	2	22		
Ásgerður I Magnúsdóttir	2	22		
Baldur Berndsen Maríusson	2	22		
Árni Hjörleifsson	2	22		
Valgerður Valsdóttir	2	22		
Hólmfríður G. Jónsdóttir	2	22		
Finnur Magnússon	2	22		
Afifa Luleimane Valgi	2	22		
Bryndís Schram	2	22		
Inga Lis östrup Hauksdóttir	2	22		
Nino Laperashuili Jóhannesson	2	22		
Védís Jónsdóttir	2	22		
Erna Hauksdóttir	2	22		
Karólína Hlíðdal	2	22		
Irma Karlsdóttir	2	22		
Anna Soffía Hauksdóttir	2	22		
Ásdís Þórarinsdóttir	2	22		
Örn Svavarsson	2	22		
Atli Gunnarsson	2	22		
Anna Sveinsdóttir	2	22		
Feng Jiang Hannesdóttir	2	22		
Steinunn Ármannsdóttir	2	22		
Eva Þengilsdóttir	2	22		
Rán Tryggvadóttir	2	22		
Helga Einarsdóttir	2	22		
Ragna Ragnars	2	22		
Svala Guðmundsdóttir	2	22		
Jóhanna Gunnarsdóttir	2	22		
Hulda Stefánsdóttir	2	22		
Birna Hreiðarsdóttir	2	22		
Pétur Már Ólafsson	2	22		
Dagný Ming Chen	2	22		
Þórunn Scheving Elíasdóttir	2	22		
Sarah Ross Helgason	2	22		
Björk Melax	2	22		
Kristján Þór Sigurðsson	2	22		
Sigrún Ó. Tryggvason	2	22		
Ólöf Pétursdóttir	2	22		
Sigríður Aðalsteinsdóttir	2	22		
Kristín Þorsteinsdóttir	2	22		
Halldóra Hermannsdóttir	2	22		
Guðrún Harðardóttir	2	22		
Elín Jónsdóttir	2	22		
Guðrún Ágústsdóttir	2	22		
Sigríður Hrafnhildur Jónsdóttir	2	22		
Magnea Sigríður Sigurðarsdóttir	2	22		
Guðný Aðalsteinsdóttir	2	22		
Nína Þórðardóttir	2	22		
Hildur Kristín Friðleifsdóttir	2	22		
Hólmfríður Kofoed-Hansen	2	22		
Ingibjörg Þórunn Rafnar	2	22		

Jórunn Kristinsdóttir	2	22		
Guðrún Salóme Jónsdóttir	2	22		
Þórunn Halldóra Þórðardóttir	2	22		
Sigurborg Oddsdóttir	2	22		
Vegabréf barna og unglinga, sem gefin hafa verið út á grundvelli. 2. gr. 22 tl. eru ekki tilgreind.				

Þjónustuvegabréf		
Nafn	Grein	Liður
Ásta R. Jóhannesdóttir	3	1
Sólveig Guðrún Pétursdótir	3	1
Steingrímur J. Sigfússon	3	1
Siv Friðleifsdóttir	3	1
Drífa Hjartardóttir	3	1
Rannveig Guðmundsdóttir	3	1
Jóhanna Sigurðardóttir	3	1
Margrét Frímannsdóttir	3	1
Örlygur Geirsson	3	4
Stefán Eiríksson	3	4
Gylfi Kristinsson	3	4
Jóhann Jóhannsson	3	4
Jón Sæmundur Sigurjónsson	3	4
Ingimar Sigurðsson	3	4
Snjólaug Ólafsdóttir	3	4
Halldór S. Kristjánsson	3	4
Jón B. Jónasson	3	4
Sigurjón Örn Þórsson	3	5
Steingrímur Sævar Ólafsson	3	5
Ágústa Gísladóttir	3	6
Ólafur Skúlason	2	6
Trausti Þorláksson	3	6
Franklín Georgsson	3	6
Ísleifur Pétursson	3	6
Anna Elísabet Gísladóttir	3	6
Anna Ósk Kolbeinsdóttir	3	6
Arndís Dögg Arnardóttir	3	6
Arngrímur Ómar Sigurdórsson	3	6
Ágústa Óskarsdóttir	3	6
Ásdís Hreinsdóttir	3	6
Ásta Rut Jónasdóttir	3	6
Bergljót Björk Halldórsdóttir	3	6
Brynja Jónsdóttir	3	6
Elín Einarsdóttir	3	6
Erla Helgadóttir	3	6
Hafrún Ösp Stefánsdóttir	3	6
Helga Bertelsen	3	6
Höskuldur Hermannsson	3	6
Ingibjörg Aradóttir	3	6
Íris Magnúsdóttir	3	6
Kristín Guðmundsdóttir	3	6
Lára Björg Björnsdóttir	3	6
Lára Margrét Ragnarsdóttir	3	6
Martha V.L. Finnsdóttir	3	6
Marta Einarsdóttir	3	6
Sigríður Anna Harðardóttir	3	6
Sigrún Andrésdóttir	3	6
Sigurður Þór Baldvinsson	3	6
Sigrún Svandal	3	6
Árni Árnason	3	7
Ágúst Jónsson	3	7
Ingibjörg Benediktsdóttir	3	7
Stefanía R. Khalifeh	3	7

Rut Magnúsdóttir	3	7
Gísli Þór Reynisson	3	7
Þórhildur Þorsteinsdóttir	3	7
Þórir Gunnarsson	3	7
Sigrún K. Baldvinsdóttir	3	7
Skúli Eggert Þórðarson	3	8
Vilhjálmur Lúðvíksson	3	8
Guðmundur Bjarnason	3	8
Guðríður Sigurðardóttir	3	8
Jóhann Sigurjónsson	3	8
Karl Steinar Guðnason	3	8
Óskar Bragi Valdimarsson	3	8
Eyjólfur Sæmundsson	3	8
Guðmundur Árnason	3	8
Þórður Örn Sigurðsson	3	8
Ólafur Sigurður Ásgeirsson	3	8
Jónas R. Jónsson	3	11
Þorsteinn Ólafsson	3	12
Óskar Þórmundsson	3	12
Gunnar Finnsson	3	12
Þorvaldur Gylfason	3	12
Ástfríður Sigurðardóttir	3	12
Hjörtur Torfason	3	14
Hjalti Nick Zóphóníasson	3	14
Ármann Snævarr	3	14
Jón G. Tómasson	3	14
Ólafur G. Einarsson	2	15
Jón L. Arnalds	3	16
Knútur Hallsson	3	16
Páll Sigurðsson	3	16
Björn Sigurbjörnsson	3	16
Finnur M. Sigurðsson	3	16
Tómas Árnason	3	17
Hrafnhildur Haraldsdóttir	3	19
Guðrún Dagbjartsdóttir	3	19
Ragna Bjarnadóttir	3	19
Þorsteinn Húnbogason	3	19
Fjóla Magnúsdóttir	3	19
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	3	19
Þóra Eiríksdóttir	3	19
Vigdís Gunnarsdóttir	3	19
Helga P. Sigurbjörnsson	3	19
Guðbjörg M. Þorláksson	3	19
Erna Hjaltalín	3	19
Dagmar E. Sigurðardóttir	3	19
Oddný Gísladóttir	3	19
Ellen Júlíusdóttir	3	19
Jón Gunnar Ottóson	3	19
Helga Snæbjörnsdóttir	3	19
Helga Ragnarsdóttir	3	19
Guðrún Jónsdóttir	3	19
Þórdís Þormóðsdóttir	3	19
Jónína Ólafsdóttir	3	19
Nanna Þorláksdóttir	3	19
Auður Albertsdóttir	3	19
Valborg Snævarr	3	19

Kristín Erla Albertsdóttir	3	19
Sigríður Þórðardóttir	3	19
Ingibjörg Jóhannesdóttir	3	19
Jóhann Gunnar Þorbergsson	3	19
Jón Gíslason	3	19
Páll Ingi Magnússon	3	19
Ingólfur Arnar Stangeland	3	19
Ragnar Thor Elísson	3	19
Vangie Tampon Hermannsson	3	19
Guðni Pétursson	3	19
Sigurður Gíslason	3	19
Ebba Sigurðardóttir	2	22
Vegabréf barna og unglinga, sem gefin hafa verið út á grundvelli 3. gr. 19 tl. eru ekki tilgreind.		

442. Frumvarp til laga [382. mál]

um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Af fé því sem rann í Verkefnasjóð sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 27 14. apríl 2005, um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, skulu 660 millj. kr. renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 27. 14. apríl 2005, um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, var ákveðið að stytta gildistíma laganna um Þróunarsjóðinn þannig að lögin féllu úr gildi 1. október 2005, þar sem verkefnum var lokið og höfuðstóll sjóðsins var orðinn jákvæður. Jafnframt var ákveðið að eignir sjóðsins umfram skuldir skyldu renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verða varið til hafrannsókna.

Í samræmi við framangreind lagaákvæði lauk starfsemi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins þann 1. október sl. Stjórn sjóðsins hafði þá selt eignir sjóðsins og greitt upp skuldir hans. Er nú unnið að uppgjöri á Þróunarsjóðinum og gerð ársreiknings fyrir árið 2005. Hinn 1. október sl. afhenti stjórn sjóðsins Verkefnasjóði sjávarútvegsins um 689 millj. kr. Í ljósi þess hve hér er um háa fjárhæð að ræða þykir rétt að leggja til með frumvarpi þessu að 660 millj. kr. af því fé sem rann í Verkefnasjóðinn renni í ríkissjóð. Fé þessu skal varið til hafrannsókna og er því við það miðað að hafrannsóknir verði efldar og fé sem varið er til hafrannsókna aukið. Annars vegar er lagt til að í fjárlögum ársins 2006 verði rammi fjárveitinga Hafrannsókna-

stofnunarinnar hækkaður um 50 millj. kr. og um 100 millj. kr. frá og með fjárlögum ársins 2007. Enn fremur er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að á árinu 2006 muni a.m.k. 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrk til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknaverkefnanna. Með þessari tilhögun vinnst tvennt, annars vegar verða hafrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar auknar í kjölfar hærri fjárveitinga og hins vegar gefst öðrum aðilum sem starfa utan Hafrannsóknastofnunarinnar færi á að sækja um styrk til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að stunda hafrannsóknir en sá hópur hefur haft takmarkaðan aðgang að styrkjum til þessa. Þess má geta að í Verkefnasjóð renna sektir af ólögmætum sjávarafla og tekjur af svonefndum 5% afla. Á árinu 2004 voru tekjur hans að frádregnum afskriftum um 112,1 millj. kr. og nam eigið fé í árslok um 45,6 millj. kr. Á árinu 2004 var um 129,2 millj. kr. úthlutað til verkefna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Í frumvarpinu er lagt til að 660 m.kr. af því fé sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins fékk við sölu á eignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins renni í ríkissjóð.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er ríkisaðili í A-hluta fjárlaga. Fé úr sjóðnum skal varið til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Þegar Þróunarsjóður sjávarútvegsins var lagður niður með lögum nr. 27/2005 var ákveðið að eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna skyldu renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

Samhliða þessu frumvarpi verður óskað eftir hækkun framlags til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar við þinglega meðferð á fjárlagafrumvarpi 2006.

Að mati fjármálaráðuneytis hefur frumvarpið ekki áhrif á afkomu ríkisins verði það að lögum.

443. Framhaldsnefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld ríkissjóðs verði enn aukin um 1,8 milljarða kr. Að stærstum hluta skýrist þessi hækkun af tvennu, annars vegar af breytingum á kjarasamningum á almennum

vinnumarkaði og hins vegar af ráðstöfun á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins í Lífeyrissjóð bænda.

Í kjarasamningum ríkisstarfsmanna eru ákvæði um sambærilegar breytingar á launakjörum og ráðast í samningum á almennum vinnumarkaði. Í framhaldi af samningum milli aðila á vinnumarkaði og aðkomu ríkisstjórnarinnar vegna þess samkomulags ákvað ríkisstjórnin að þeir sem fá lífeyri hjá almannatryggingum og atvinnuleysisbætur skyldu einnig fá eingreiðslu í desember. Af þessum sökum er reiknað með að launa- og verðlagsliður fjárlaga ársins 2005 hækki um 500 millj. kr., tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega aukist um 720 millj. kr. og atvinnuleysisbætur um 60 millj. kr.

Þá er lagt til að framlag til Lífeyrissjóðs bænda vegna sölu á Lánsjóði landbúnaðarins hækki úr 2.200 millj. kr. í 2.630 millj. kr. eða um 430 millj. kr.

Afkoma ríkissjóðs 2005.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði jákvæð um 91,2 milljarða kr. en samkvæmt fjárlögum ársins 2005 var áætlað að afkoman yrði jákvæð um 10,0 milljarða kr. Ef tekið er tillit til áhrifa af sölu Símans stefnir í að ríkissjóður verði rekinn með um 33 milljarða kr. afgangi á árinu 2005 sem er 23 milljarða kr. betri afkoma en reiknað var með í fjárlögum. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til þeirrar þenslu sem er í þjóðfélaginu. Má í því sambandi benda á að nú er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga og lögaðila aukist um 11,2 milljarða kr., virðisaukaskattur um 7,0 milljarða kr. og vörugjöld af innfluttum ökutækjum um 4,1 milljarð kr.

Fjáraukalög og fjárreiðulög.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er ekki beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem lagðar eru til í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframgjalda frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærðar í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframútgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast ónýttar fjárheimildir og umframútgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Í þessu sambandi má benda á að ráðstöfun á söluandvirðis Símans og Lánasjóðs landbúnaðarins fellur ekki undir ákvæði fjárreiðulaganna um fjáraukalög. Hér er einfaldlega verið að komast hjá því að þessar fjárhæðir birtist í fjárlögum næsta árs og hafi þar með áhrif á afkomu ríkissjóðs það ár. Þessi útgjöld nema samtals 4,1 milljarði kr. og hefði áætluð afkoma samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2006 lækkað um tæp 30% ef gert væri ráð fyrir þessum útgjöldum í því frumvarpi eins og eðlilegt er.

Eins og áður er í mörgum tilfellum verið að bæta rekstrarhalla nokkurra stofnana sem þær hafa safnað á undanförnum árum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í nokkrum tilfellum er lagt til að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana eða verkefna verði bættur að hluta eða öllu leyti. Er það gert í þeim tilvikum að verkefni sé lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur stöðvaður. Þetta eru tiltölulega fáar stofnanir sem þannig fá leiðréttingu en það vekur upp spurningar um aðrar stofnanir sem eru í svipaðri stöðu. Hvað ræður vali á stofnunum, hvaða reglur gilda innan og milli ráðuneyta eða ræður, eins og oft áður, hrein tilviljun hvaða stofnanir eru leiðréttar hverju sinni?

Þá skal það ítrekað hér að samkvæmt fjárreiðulögum eiga þessar leiðréttingar hins vegar að afgreiðast í tengslum við fjárlög næsta árs en ekki fjáraukalög yfirstandandi árs.

Staða stofnana.

Eins og undanfarin ár gengur erfiðlega að fá upplýsingar um áætlaða fjárhagsstöðu stofnana í árslok, en slíkt er nauðsynlegt til að meta trúverðugleika fjárlaga og fjáraukalaga. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings ársins 2004 er slök framkvæmd fjárlaga gerð að umtalsefni. Þar kemur einmitt fram sú skoðun stofnunarinnar að það verði að teljast mjög óheppilegt að stór hluti útgjaldaákvarðana sé ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Nefna megi dæmi um fjárveitingar til stofnana samkvæmt fjárlögum sem skerðast strax í byrjun fjárlagaársins um tugi prósenta vegna umframgjalda fyrri ára. Fyrr eða síðar þurfi svo að bregðast við þeim vanda, ýmist með viðbótarfjárveitingum, hagræðingu í rekstri eða samdrætti.

Síðan segir orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Af þessari ástæðu telur Ríkisendurskoðun vel koma til greina að flutningi fjárheimilda milli ára með núverandi hætti verði settar skorður, t.d. að hann takmarkist við 4% af fjárheimild ársins.“ Bendir stofnunin m.a. á að ef fjárheimild væri ekki nýtt vegna frestunar á verkefni þá gæti fjárveitingavaldið tekið nýja ákvörðum um verkefnið í tengslum við aðrar fjárveitingar. Þá sé eðlilegt að samdráttur í útgjöldum stofnana vegna halla fyrri ára sé ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og komi fram í þeim sem hækkun eða lækkun á framlagi.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar getur tekið undir það sem Ríkisendurskoðun leggur til í skýrslunni. Ákvæði fjárreiðulaga um flutning fjárheimilda á milli ára hefur verið togað og teygt í allar áttir þannig að það er hætt að virka eins og til var ætlast í upphafi. Þá benda umsagnir fjármálaráðherra við 2. umræðu um fjárlög ársins 2006 til þess að því miður hafi hann ekki áttað sig á mikilvægi reglufestu varðandi flutning fjárheimilda milli ára. Meðan svo er er vart hægt að búast við að vinnubrögð verði bætt á þessu sviði.

Í fjárlagavinnunni mörg undanfarin ár hefur 1. minni hluti fjárlaganefndar óskað eftir því að fjármálaráðuneytið veitti upplýsingar um rekstrarstöðu stofnana eftir fyrstu níu mánuði yfirstandandi fjárlagaárs ásamt áætlaðri stöðu í árslok. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að leggja mat á trúverðugleika frumvarps til fjárlaga fyrir næsta ár. Engar heildstæðar upplýsingar hafa borist fjárlaganefnd. 1. minni hluti er sannfærður um að þessar upplýsingar eru til, annað bæri vott um lélega fjármálastjórn og slakt eftirlit með rekstri ríkisstofnana og væri ekki í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Það vekur því furðu að þessum upplýsingum skuli ekki komið á framfæri við fjárlaganefnd.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að í árslok 2004 fóru 179 fjárlagaliðir samtals 21,3 milljörðum kr. fram úr fjárheimildum en 280 fjárlagaliðir voru samtals 16,4 milljörðum kr. innan fjárheimilda. Einnig kemur fram að fluttar inneignir frá árinu 2003 námu 14,9 milljörðum kr. en fluttar skuldir námu 4,5 milljörðum kr. Þetta eru ótrúlega stórar tölur sem nauðsynlegt er að gerð sé ítarleg grein fyrir af hálfu fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta.

Fyrsti minni hluti leggur því áherslu á að upplýsingum um rekstur stofnana á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs og áætluð staða þeirra í árslok verði strax komið á framfæri við fjárlaganefnd þannig að tími gefist til að skoða stöðuna fyrir 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006.

Efnahagsstjórnin.

Eins og fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 eru efnahagsforsendur fjárlaga yfirstandandi árs algerlega brostnar. Því er nú spáð að einkaneyslan tvöfaldist frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir og hið sama gildir um fjárfestingu. Ríkisstjórnin hefur hingað til treyst Seðlabankanum fyrir stjórn efnahagsmála en bankinn

getur í raun aðeins beitt stjórn peningamála og hefur til þess aðeins eitt verkfæri sem eru stýrivextir. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki unnið með Seðlabankanum að því markmiði að halda verðbólgu innan ákveðinna viðmiðunarmarka. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa jafnvel gengið þvert á verðbólgumarkmiðin og forsendur fjárlaga næsta árs miðast við að verðbólgan haldist ekki innan markmiðanna.

Að öllu óbreyttu ættu auknar tekjur ríkissjóðs árið 2005, umfram forsendur fjárlaga, að auka afgang á fjárlögum um sambærilega fjárhæð. Það hefur hins vegar ekki gerst þar sem ríkisstjórninni hefur ekki tekist að halda útgjöldum í skefjum og aukið raunútgjöld ríkissjóðs jafnt og þétt á undanförnum árum og í raun unnið þannig m.a. gegn þeim verðbólgumarkmiðum sem Seðlabankanum hafa verið sett.

Afleiðing af efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar eða öllu frekar efnahagsóstjórn var m.a. sú að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði stóðust ekki. Nú er komið að skuldadögum og má orða það þannig að nú þurfi ríkissjóður að greiða vel yfir 1 milljarð kr. í „sekt“ fyrir efnahagsóstjórnina.

Hvort þessi staðreynd verði til þess að ríkisstjórnin sjái að sér og fari að vanda vinnubrögð sín við fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaga er óvíst en reynsla undanfarinna ára gefur því miður ekki tilefni til bjartsýni.

Lokaorð.

Því miður hefur á undanförnum árum ótrúlega lítið áunnist varðandi umgengni ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis um lögin um fjárreiður ríkisins. Þess vegna vantar enn verulega upp á að eftir þeim lögum sé farið í einu og öllu. Meðan svo er munu fjárlög og fjáraukalög ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisreksturinn. Meðan þessi vinnubrögð ráða för og meiri áhersla er lögð á glansmyndir en raunverulega áætlunargerð munu fjárlög og fjáraukalög ekki gefa þá mynd af ríkisrekstrinum sem nauðsynlegt er. Meðan ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis umgengst fjárlög og fjáraukalög af slíkri léttúð er því miður ekki hægt að búast við að slík stjórntæki nýtist við efnahagsstjórnina og á meðan fá þessi lög ekki þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Alþingi, 29. nóv. 2005.

Einar Már Sigurðarson, frsm.	Helgi Hjörvar.	Katrín Júlíusdóttir.

444. Framhaldsnefndarálit [144. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er lagt til að útgjöld ríkisins verði aukin um tæplega 21 milljarð kr. Heimild til gjalda í fjárlögum ársins 2005 var 296,4 milljarðar kr., þ.e. 6,4% hækkun frá útgjöldum fjárlaga ársins 2004.

Enn er áréttað að í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Undanfarin ár hafa ýmis fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna mennta- og heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og því átt heima í fjárlagafrumvarpi þess árs.

Í fyrra nefndaráliti 2. minni hluta, sem lagt var fram 14. nóvember sl. (þskj. 350), var farið yfir hversu ónákvæmar grundvallarforsendur fjárlaga hafa verið, t.d. vegna gengisvísitölu og viðskiptahalla. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til að sérstök efnahagsskrifstofa verði sett á fót við Alþingi og þar starfi sérfræðingar sem geti lagt sjálfstætt mat á efnahagsforsendurnar og verið Alþingi og þingmönnum til ráðgjafar við mat og tillögugerð einstakra þátta efnahags- og fjármála.

Núverandi efnahagsástand kalla margir „ógnarjafnvægi“ með réttu, þar sem óljóst er hvaða afleiðingar það ójafnvægi sem stóriðjuframkvæmdir hafa skapað hefur gagnvart öðrum atvinnugreinum, eins og sjávarútvegi, ferðaþjónustu og hátækniiðnaði. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði í upphafi þings fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, sjá fylgiskjal.

Skatttekjur byggjast á veikum grunni.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á að tekjur ríkissjóðs byggjast í auknum mæli á sköttum af neyslu sem fjármögnuð er með lánum. Það er því ekki hægt að búast við því að tekjuaukningin í því þensluástandi sem nú ríkir haldist til frambúðar. Skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar veikir mjög framtíðartekjugrunn ríkissjóðs og í framkvæmd stuðlar hún að aukinni þenslu en færir um leið skattbyrðina hlutfallslega yfir á hina tekjulægri.

Gæluverkefni ráðherra leyst en halla velferðarkerfisins sópað undir teppið.

Eins og áréttað var hér að framan á einungis að veita viðbótarheimildir í fjáraukalögum vegna ófyrirséðra verkefna. Undanfarin ár hafa sérstaklega verið nefndir ýmsir fjárlagaliðir vegna mennta- og heilbrigðismála sem hafa fengið viðbótarheimildir í fjáraukalögum, þrátt fyrir að bent hafi verið á við fjárlagagerð að ljóst væri að fjárveitingar væru ekki nægar. Sem dæmi um viðbótarheimildir í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005 er sérstaklega bent á viðbótarheimild til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis (50 millj. kr.) og sendiráða Íslands (276 millj. kr.). Eini rökstuðningurinn fyrir viðbótarheimildinni er sagður vera uppsafnaður halli, en í greinargerð Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá því í júní sl. kemur fram að um 120 fjárlagaliðir voru með verulegan halla í árslok 2004. Halli samkvæmt höfuðstól einstakra fjárlagaliða í ríkisreikningi fyrir árið 2004 er alls rúmir 20 milljarðar kr., þar af eru lífeyrisskuldbindingar 7,3 milljarðar kr. og afskriftir skattkrafna 4,8 milljarðar kr. en ónýttar fjárheimildir eru rúmir 16 milljarðar kr. Þessi frávik eru orðin allt of mörg og mikil. Uppsafnaður halli flyst sjálfkrafa yfir á næsta ár. Það er ljóst að sá vandi sem fluttist frá árinu 2004 yfir á árið 2005 er ekki leystur í fjárlögum fyrir árið 2005 eða með fjáraukalagafrumvarpinu. Í þessu sambandi má benda á að fjárlagaliðir sem eru komnir umfram heimildir hjá menntamálaráðuneyti í árslok 2004 námu alls um 1,5 milljörðum kr. og hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti um 2,6 milljörðum kr.

Um neyðaraðstoð til Kasmír.

Í fjáraukalagafrumvarpinu er lagt til 50 millj. kr. viðbótarframlag til Þróunarstofnunar Íslands til uppbyggingar og þróunarstarfs á Sri Lanka á árinu 2005 vegna jarðskjálfta og flóða þar í upphafi ársins og 10 millj. kr. framlag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna sama máls. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mundu styðja hærri upphæð. Þá er í frumvarpinu lagt til 31 millj. kr. framlag í Bush-Clinton-sjóðinn til stuðnings við fórnarlömb fellibylsins Katrínar í Bandaríkjunum.

Við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga lagði meiri hlutinn til að varið yrði 18,1 millj. kr. til hjálparstarfs vegna náttúrhamfaranna í Kasmír. Þá lagði 2. minni hluti til ásamt fleirum að aðstoð við hjálparstarfið í Kasmír næmi samtals um 98 millj. kr. Sú tillaga var síðan kölluð til 3. umræðu. Nú hefur meiri hluti fjárlaganefndar lagt til að fjárveiting til hjálparstarfs í Kasmír verði hækkuð í 30 millj. kr. Er það í áttina svo langt sem það nær.

Af fréttum að dæma ríkir mikil neyð á hamfarasvæðunum í Kasmír og ákaft er kallað til alþjóðasamfélagsins um stuðning. Vetur gengur nú í garð á þessum svæðum og eykur kuldi, snjór og samgönguerfiðleikar enn á hörmungarnar. Við Íslendingar þekkjum hörmungar náttúruhamfara af eigin raun. Því er lagt til að samtals 87 millj. kr. verði veittar til hjálparstarfsins á fjáraukalögum. Minna má á að það er hliðstæð upphæð og veitt er á fjáraukalögum til hernaðarflugs á vegum Nató í Afganistan og Írak.

Vandamál sem ekki er tekið á.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill sérstaklega benda á að ekki er með nægjanlega ákveðnum hætti tekið á uppsöfnuðum vanda hjá hjúkrunar- og elliheimilum. Uppsafnaður halli hefur í mörgum tilfellum aukist á árinu 2005 án þess að tekið sé á honum. Þá er einnig rétt að benda á að halli Háskólans á Akureyri hefur enn aukist á árinu og þær 110 millj. kr. sem hér eru í fjáraukalagafrumvarpinu duga engan veginn til að leysa hallann sem skólinn hefur þegar safnað.

Alvarlegast er þó hvernig elli- og hjúkrunarheimili eru skilin eftir með mikinn uppsafnaðan rekstrarhalla sem annaðhvort hvílir á heimilinum sjálfum og torveldar starfsemi þeirra eða hlutaðeigandi sveitarfélag hlaupa undir bagga og taka hallann á sig. Eru þau þó mörg ekki fjárhagslega burðug fyrir. Þessi vandi er þó ekki nýr en sýnir í hnotskurn forgangsröðun ríkisstjórnarinnar þar sem ekki er komið til móts við augljósa þörf fyrir hækkun á daggjöldum. Meðfylgjandi er grein Elsu B. Friðfinnsdóttur, formanns Félags hjúkrunarfræðinga, og forystugrein úr Morgunblaðinu en greinarnar skýra ákveðna þætti umræðunnar um rekstur öldrunarheimila og hjúkrun aldraða.

Verður rekstrarafgangur árið 2005?

Fjárlögin fyrir árið 2005 heimiluðu tæplega 300 milljarða kr. útgjöld og nú er bætt við tæplega 20 milljörðum kr. Tekjurnar í fjárlögum 2005 voru áætlaðar um 306 milljarðar kr. Þegar bætt er við auknum skatttekjum samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 340 milljarðar kr. án tekna af sölu Símans. Miðað við þá umræðu sem á sér stað núna um stöðu lífeyris- og örorkumála má búast við enn frekari uppsöfnun skulda vegna þeirra mála. Ýmislegt bendir því til þess að þrátt fyrir að skatttekjur ríkissjóðs séu mun meiri nú en áður vegna þensluástandsins verði nánast enginn rekstrarafgangur í ríkisreikningi fyrir rekstur ársins 2005.

Breytt vinna við fjárlagagerð.

Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur sá sem undir þetta nefndarálit ritar tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og bregðast þarf við því. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Afar brýnt er að þessi endurskipan fjárlagagerðarinnar komist sem fyrst á svo það verði Alþingi sem raunverulega ákveði fjárveitingar til einstakra verkefna. Eins og nú er stendur Alþingi frammi fyrir ákvörðunum framkvæmdarvaldsins um fjárveitingar sem þegar hafa verið teknar. Sú er því miður raunin í allt of mörgum tilvikum í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Alþingi, 28. nóv. 2005.

Jón Bjarnason.

Með framhaldsnefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Tillögugrein þingsályktunartillögu um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson. Sjá þskj. 5, 5. mál 132. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2005–2006, bls. 483–484.

II. Hjúkrunarrými í stað skattalækkana. Elsa B. Friðfinnsdóttir. (Morgunblaðið, 27. nóvember 2005.)

III. Aldraðir og einbýli. (Morgunblaðið, ritstjórnargrein, 5. nóvember 2005.)

445. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2005.

Frá Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Þuríði Backman og Guðmundi Magnússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	49,1	68,9	118,0

Greinargerð.

Gerð er tillaga um að heildarframlag til neyðaraðstoðar í kjölfar jarðskjálftanna í Kasmír í september sl. verði 87 m.kr., þ.e. hækki um 68,9 m.kr. frá 2. umræðu fjáraukalaga.

446. Svar [124. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum og um skattlagningu vaxta til erlendra aðila.

1. *Hver er afstaða ráðherra til þess að endurskoðuð verði heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum með það fyrir augum að koma í veg fyrir flutning á óskattlögðum söluhagnaði í erlend hlutabréf og hlutabréf í eigu einkahlutafélaga, sbr. skýrslu skattsvikanefndar frá desember 2004? Er samsvarandi ákvæði um frestun á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum að finna í öðrum löndum?*

Til svars við þessari spurningu er rétt að minna á að í lok árs 2000 var samþykkt á Alþingi að frumkvæði fjármálaráðherra að fella niður heimild til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu einstaklinga, m.a. með þeim rökum að þágildandi reglur hvettu til fjárfestingar í félögum erlendis, andstætt upprunalegu markmiði umræddra lagaákvæða, sem sett voru árið 1996, um eflingu íslensks atvinnulífs með aukinni þátttöku almennings. Þessi breyting tók gildi á árinu 2003. Á hinn bóginn var ekki talið heppilegt að fella niður þessa heimild í tilviki rekstraraðila, þar sem slíkt gæti ýtt undir þá tilhneigingu að fjármagn yrði bundið óeðlilega lengi í hlutabréfaeign af skattalegum ástæðum, þ.e. til að forðast skattlagningu, og þrengdi þannig óeðlilega svigrúm til endurfjárfestinga. Einnig var talið að slík breyting gæti dregið úr endurfjárfestingum söluhagnaðar í atvinnurekstri. Í því sambandi var líka horft til þess að hér væri eingöngu um skattfrestun að ræða, enda gera tekjuskattslögin ráð fyrir því að söluhagnaðar af íslenskum hlutabréfum sé skattskyldur óháð því hvar handhafi þeirra er búsettur. Eftirfylgni með því að það gangi eftir er hins vegar háð öflugu skatteftirliti. Í skýrslu skattsvikanefndar er bent á að misbrestur sé á því að rekstraraðilar fari að settum reglum í þessum efnum, ekki síst í tilviki einkahlutafélaga. Sé raunin sú kallar það vitaskuld á að þessi mál séu tekin til nánari skoðunar miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað í íslensku viðskiptaumhverfi á undanförnum árum, eða frá því að fyrrgreind breyting var gerð á heimild einstaklinga.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um í hvaða mæli samsvarandi ákvæði er að finna í öðrum löndum, en það er eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða sérstaklega, m.a. með hliðsjón af samkeppnistöðu Íslands. Þó er ljóst að dæmi eru um að söluhagnaður af hlutabréfum er að uppfylltum tilteknum skilyrðum óskattskyldur.

2. *Hvaða áhrif hefði það á tekjur ríkissjóðs og stöðu fyrirtækja ef óheimilt yrði að flytja óskattlagðan söluhagnað í erlend hlutabréf og hlutabréf í eigu einkahlutafélags?*

Sé farið að settum reglum, sbr. svar við 1. lið, yrðu áhrifin af slíkri breytingu á tekjur ríkissjóðs þau að skatttekjurnar skiluðu sér fyrr í kassann. Séð frá sjónarhóli fyrirtækjanna mundi slík breyting draga úr ráðstöfunartekjum þeirra sem nemur skattinum af söluhagnaðnum til skamms tíma, en til lengri tíma litið væru áhrifin hins vegar engin, þar sem eingöngu er um skattfrestun að ræða. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu háar fjárhæðir eru í óinnleystum söluhagnaði hlutabréfa hjá fyrirtækjum, hvorki í formi erlendra hlutabréfa eða hjá einkahlutafélögum. Á hinn bóginn skal á það bent að væri reglum um frestun skattlagningar á söluhagnaði hlutabréfa í eigu rekstraraðila breytt yrði sú breyting að vera almenn, m.a. á grundvelli EES-samningsins, þ.e. hún gæti ekki aðeins átt við þegar fjárfest er í erlendum hlutabréfum, heldur yrði hún að ná til allra íslenskra hlutabréfa líka, hvort heldur í hlut á hlutfélag, sameignarfélag eða einkahlutafélag.

3. *Er hægt að áætla hvaða áhrif það hefur á skatttekjur ríkissjóðs að Ísland skuli ekki leggja skatt á vexti sem greiddir eru úr landi og hvaða áhrif það hefur á skattasniðgöngu og ósamræmi í skattlagningu vaxta hér á landi?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu háar fjárhæðir eru greiddar til erlendra aðila í formi vaxtatekna, svo sem af bankainnstæðum, ríkisskuldabréfum eða verðbréfum ýmiss konar. Ljóst er að skattfrelsi vaxtatekna ræður einhverju um slíka fjárfestingu eða kannski fremur sparnað hjá aðilum sem búsettir eru erlendis, og því mundi skattlagning vaxta draga úr áhuga þeirra á því sparnaðarformi og þar með úr mögulegum tekjum ríkissjóðs af slíkri skattlagningu.

Hins vegar greiðum við Íslendingar mjög háar fjárhæðir í vaxtagjöld af erlendum lánum, en sú staðreynd var meginástæða þess að ekki var tekinn upp fjármagnstekjuskattur af vöxtum sem greiddir eru úr landi á sínum tíma. Sú ráðstöfun var talin geta leitt til verri lánskjara í formi hærri vaxtagreiðslna á erlendum lánamörkuðum, auk þess að hafa ófyrirsjáanleg áhrif á ýmsa lánasamninga sem þegar höfðu verið gerðir. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands var hlutur vaxta í þjónustuviðskiptum okkar við útlönd, samtals 35 milljarðar kr. á gjaldahlið, en aðeins tæpir 9 milljarðar kr. á tekjuhlið á árinu 2004. Þá þarf jafnframt að horfa til þess að í flestum þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við erlend ríki höfum við afsalað okkur rétti til að skattleggja vexti sem greiddir eru úr landi, ekki síst á grundvelli gildandi lagaákvæða um skattfrelsi vaxtatekna. Þeirri heimild verður ekki breytt nema með endurskoðun á tvísköttunarsamningum við umræddar þjóðir.

Þá má halda því fram að almenn upptaka fjármagnstekjuskatts hér á landi nú, á vexti sem greiddir eru úr landi, væri á skjön við þá þróun sem átt hefur sér stað í öðrum löndum á undanförnum árum, ekki síst innan Evrópu. Þar gengur þróunin í þá átt að afnema slíka skattlagningu. Þetta á t.d. við um önnur ríki Norðurlanda, en ekkert þeirra leggur nú afdráttarskatt á vexti sem greiddir eru úr landi, nema í mjög afmörkuðum tilvikum. Sem dæmi leggja Danir eingöngu afdráttarskatt á vexti sé móttakandinn búsettur í einhvers konar „skattaparadís“.

4. *Hefur verið kannað hvort sparnaðartilskipun ESB (Council Directive 2003/48/EC) tekur einnig til Íslands sem EES-ríkis og hvort skylt sé að innleiða hana hér á landi? Kemur til álita að taka upp hliðstæðar reglur hér á landi?*

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur ekki verið litið svo á að skylt sé að innleiða tilskipun ráðsins nr. 2003/48/EC, um skattlagningu sparnaðar í formi vaxtagreiðslna, í landsrétt EES-ríkjanna. Um er að ræða tilskipun á sviði skattamála, en samræming skatta er ekki hluti af efnissviði EES-samningsins. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess innan fjármálaráðuneytisins hvort til álita komi að taka upp hliðstæðar reglur hér á landi.

447. Svar [125. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um upplýsingaskyldu í ársreikningum.

1. *Hver er skoðun ráðherra á tillögu skattsvikanefndar frá desember 2004, sbr. 442. mál frá 131. löggjafarþingi, um að auka kröfur um að í ársreikningum félaga verði gerð grein fyrir öllum greiðslum og samskiptum félagsins við eigendur og stjórnendur, svo og að þar verði að finna samantekt á öllum greiðslum til eða frá öðrum löndum?*

Á undanförnum árum hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og sömuleiðis á lögum nr. 145/1994, um bókhald. Meginmarkmið þessara breytinga, þ.m.t. upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hefur verið að færa íslenskar reikningsskilavenjur og almenna upplýsingagjöf um starfsemi fyrirtækja að því sem tíðkast hjá öðrum þjóðum, jafnt að því er varðar viðskipti milli tengra aðila sem ótengdra. Stóran hluta af umræddum breytingum má raunar rekja til nýrra tilskipana ESB á þessu sviði sem okkur ber skylda til að innleiða í íslenskan rétt. Sem dæmi má benda á þá breytingu sem gerð var á 48. gr. ársreikningslaganna, sem fjallar um upplýsingar um launakostnað o.fl., þar sem hertar voru kröfur um upplýsingar frá skráðum félögum og stórum félögum með 500 millj. kr. eða meira í rekstrartekjur um greiðslur og samninga við stjórnendur.

Í ljósi þess sem að framan er sagt telur fjármálaráðherra ekki nauðsynlegt að gera frekari breytingar á íslensku ársreikningslögunum að svo stöddu, enda mikilvægt að það lagaumhverfi sem fyrirtæki hér á landi búa við á þessu sviði, jafnt varðandi uppgjörsstærðir og upplýsingagjöf, sé sambærilegt því sem gerist annars staðar. Þróunin á alþjóðavettvangi hefur verið sú að auka kröfur um upplýsingagjöf frá fyrirtækjum og ekki ólíklegt að þar verði framhald á. Íslensk stjórnvöld hafa fylgt þessari þróun eftir á undanförnum árum eins og fram kemur hér að framan og munu gera það áfram.

Á hinn bóginn verður að gæta meðalhófs í allri upplýsingasöfnun, m.a. út frá almennum sjónarmiðum um persónuvernd. Þá ber einnig að hafa í huga að séu umræddar upplýsingar nauðsynlegar í skattalegum tilgangi, hafa skattyfirvöld allar heimildir til að óska eftir tilteknum upplýsingum samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

2. *Er hægt að áætla hve mikil brögð eru að tilflutningi fjármagns milli félags og eigenda og stjórnenda fyrirtækja til að komast hjá skattgreiðslum?*

Erfitt er að átta sig á hvað fyrirspyrjandi á nákvæmlega við með orðunum „tilflutningi fjármagns milli félags og eigenda og stjórnenda fyrirtækja til að komast hjá skattgreiðslum“. Einfalda svarið við þessari spurningu er því að engin leið sé að áætla þessa stærð, en þá þarf

einnig að hafa í huga að tilflutningur fjármagns á milli félags og tengdra aðila þarf ekki að vera óeðlilegur eða ólöglegur og alls ekki gerður í því skyni að komast hjá skattgreiðslum. Sé hins vegar um ólöglegan tilflutning fjármagns að ræða er það hlutverk skattyfirvalda að sjá til þess með öflugu skatteftirliti að á því sé tekið, eins og hefur verið gert í öllum stærri málum sem sætt hafa skatteftirliti og skattrannsókn á síðustu missirum. Þau mál benda til að nokkur brögð muni vera að slíkum tilflutningi. Jafnframt er það skylda skattyfirvalda að brýna fyrir rekstraraðilum með reglubundnum hætti að slíkar tilfærslur séu í takt við almenna viðskiptahætti og þær leikreglur sem um þær gilda samkvæmt almennum skattalögum, í formi ákvarðandi bréfa eða fyrirmæla eins og gjarnan er gert.

3. *Hve oft hafa skattyfirvöld árlega á síðastliðnum þremur árum gert athugsemdir við að eftirfarandi sé gert í þeim tilgangi að dylja tekjur og hve háar fjárhæðir má áætla að um sé að ræða:*
   a. *hluti launa stjórnenda, einkum í formi bónusa eða kaupréttа, hefur ekki verið gefinn upp,*
   b. *stjórnendum eða hluthöfum hafa verið veitt vaxtalaus lán eða lán með lægri vöxtum en tíðkast í viðskiptum ótengdra aðila eða lánin eru ekki endurgreidd?*

Ekki hefur reynst unnt að afla talnalegra upplýsinga frá skattyfirvöldum um fjölda þeirra tilvika sem um er spurt né heldur um hvaða fjárhæðir kunni að vera að tefla, þar sem tölfræði um greiningu eftirlits eftir tilefnum er af skornum skammti og flokkun ekki samræmd milli skattumdæma.

Varðandi a-lið liggja þó fyrir upplýsingar hjá skattyfirvöldum um það að á árunum 2002–2004 hafi mál sem varða vanframtaldar tekjur stjórnenda fyrirtækja, hjá rúmlega 300 einstaklingum, verið til meðferðar og hafi rannsókn þeirra leitt til 450 millj. kr. hækkunar á gjaldstofnum.

Til svars við b-lið má benda á að ívilnandi lánveitingar til stjórnenda og eigenda er hefðbundið andlag skatteftirlits. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá skattyfirvöldum sættu um 125 einstaklingar endurákvörðun skatta vegna óeðlilegra lánveitinga á árunum 2002–2004, þar sem heildarhækkun skattstofns nam samtals um 500 millj. kr.

448. Svar [126. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um saksókn og ákæruvald í skattamálum.

1. *Hve mörg mál hafa borist yfirskattanefnd árlega á síðastliðnum þremur árum og hver er meðalafgreiðslutími til lúkningar málum?*

172 mál voru send yfirskattanefnd til sektarmeðferðar á sl. þremur árum og skiptast þau sem hér segir: 64 mál árið 2002, 44 mál árið 2003 og 64 mál árið 2004.

Úrskurðir hafa verið kveðnir upp í 151 máli og 21 mál er því óafgreitt hjá yfirskattanefnd.

Meðaltími frá því að kröfugerð er send og þar til úrskurður liggur fyrir eru 269 dagar.

2. *Hve mörg mál hafa árlega á síðastliðnum þremur árum sætt skattrannsókn og hversu mörg þeirra hafa farið til lögregluranns óknar?*

469 mál voru tekin til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á sl. þremur árum og skiptast þau sem hér segir: 166 mál árið 2002, 142 mál árið 2003 og 161 mál árið 2004.

Af þessum málum hefur 118 verið vísað til opinberrar rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans.

3. *Hve oft hafa mál sem kærð hafa verið vegna ætlaðra skattsvika farið til ákæruvaldsins árlega á síðastliðnum þremur árum og hve mörgum þeirra hefur lokið með sakfellingu? Hver var meðalafgreiðslutími mála frá því að skattrannsókn hófst og í hve mörgum tilvikum hafa mál fyrnst í kæru- og dómsmeðferð?*

Á sl. þremur árum var 127 málum vísað til opinberrar rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans og skiptast þau sem hér segir: 35 mál árið 2002, 54 mál árið 2003 og 38 mál árið 2004.

Dómar hafa gengið í 78 þessara mála.

Meðaltími frá því að rannsókn hefst hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og þar til dómur fellur í héraði eru 768 dagar. Frá því að rannsókn hefst hjá skattrannsóknarstjóra og þar til máli er vísað til opinberrar rannsóknar líða að meðaltali 305 dagar. Frá því að máli er vísað til opinberrar rannsóknar og þar til dómur fellur líða að meðaltali 463 dagar.

Í dómum allra 78 málanna var um sakfellingu að ræða. Af fyrrgreindum 127 málum hefur ríkislögreglustjórinn fallið frá rannsókn í sex málum sökum ótilgreindra ástæðna. Þá hefur verið gefin út ákæra í 19 málum til viðbótar.

Alls eru 24 mál því óafgreidd af hálfu ríkislögreglustjórans, þ.e. hafa ekki sætt ákæru eða verið felld niður.

4. *Hver er skoðun ráðherra á því að færa saksókn og ákæruvald í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra og málsforsvar í dómsmálum um ágreining í skattamálum til embættis ríkisskattstjóra, sbr. tillögur skattsvikanefndar frá desember 2004, og hvaða áhrif hefði það á málsmeðferð og skilvirkni í skattsvikamálum?*

Framangreindur liður er tvíþættur og er svarað í samræmi við það. Fyrri hlutinn varðar hugsanlegan tilflutning á saksókn og ákæruvaldi í skattsvikamálum frá embætti ríkislögreglustjóra til skattrannsóknarstjóra, en sá seinni tilflutning á málsforsvari í dómsmálum er varða skatta frá ríkislögmanni til embættis ríkisskattstjóra.

Flutningur saksóknar og ákæruvalds í skattsvikamálum frá ríkislögreglustjóra til skattrannsóknarstjóra.

Fyrirkomulag við rannsókn mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er að nokkru leyti sambærilegt við fyrirkomulag rannsókna hjá ríkislögreglustjóra. Þannig er þess gætt við rannsóknir skattrannsóknarstjóra að framfylgt sé ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt, einkum varðandi réttarstöðu grunaðra manna, sbr. 7. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Þegar skattrannsóknarstjóri hefur lokið rannsókn telst mál að fullu upplýst og samhliða liggur fyrir mat á fjárhæðum undandreginna skattstofna.

Á þeim tímapunkti tekur skattrannsóknarstjóri ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til opinberrar rannsóknar. Geri hann það tekur ríkislögreglustjóri málið til rannsóknar á ný. Segja má að í því að hin meinta refsiverða háttsemi er rannsökuð aftur felist ákveðin endurtekning sem kann að leiða til þess að málsmeðferðartími í einstökum skattsvikamálum verði lengri en ella væri. Skattrannsóknarstjóri fer hins vegar ekki með lögregluvald og þeirri stöðu hans verður ekki breytt nema með lögum.

Núgildandi fyrirkomulag má rekja allt aftur til ársins 1980, en með 2. mgr. 47. gr. laga nr. 7/1980 var rannsóknarlögreglu ríkisins, nú embætti ríkislögreglustjóra, falið að fara með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Af því leiðir að á undanförnum árum hefur safnast þar upp mikil sérþekking við rannsókn og gerð ákæra í opinberum málum, skattsvikamálum sem öðrum, enda er gefinn út fjöldi ákæra árlega, eins og fram kemur í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar. Þá má halda því fram að of mikil dreifing ákæruvalds gæti reynst miður heppileg í ljósi þess að alhliða fagleg reynsla á því sviði getur ráðið miklu um framgang mála.

Flutningur málsforsvars í dómsmálum er varða skatta frá ríkislögmanni til embættis ríkisskattstjóra.

Samkvæmt lögum fer ríkislögmaður með fyrirsvar í málum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn mála sem ríkið höfðar á hendur einkaaðilum. Tiltölulega fá skattamál fara fyrir dómstóla árlega og því er eðli málsins samkvæmt ákveðnum erfiðleikum bundið að byggja upp sérþekkingu í flutningi skattamála. Það gildir vitaskuld um flutning skattamála fyrir dómstólum, sem um flutning annarra mála, að reynsla málflutningsaðila getur skipt sköpum. Það sjónarmið vegur á móti því sjónarmiði að sérfræðiþekkingu í skattamálum sé fremur að finna hjá skattyfirvöldum en hjá embætti ríkislögmanns.

Samantekt.

Af framansögðu leiðir að ekki er til einhlítt svar við því hvernig saksókn og ákæruvaldi í skattamálum og málsforsvari í dómsmálum um ágreining í skattamálum verði best fyrir komið. Á þessu stigi eru ekki uppi sérstök áform um breytingar á núverandi fyrirkomulagi, en tilhögun þessara mála hlýtur þó jafnan að vera til skoðunar í ljósi aðstæðna á hverjum tíma.

449. Svar [127. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skatteftirlit með stórfyrirtækjum.

1. *Hve mörg af 100 stærstu fyrirtækjum landsins, mælt í veltu, hafa sætt skatteftirliti á síðustu tíu árum og hvaða árangri hefur það skilað, m.a. í auknum skattskilum?*

Samkvæmt upplýsingum sem ríkisskattstjóri hefur aflað frá skattstjórum, hafa á sl. tíu árum sex af þeim fyrirtækjum sem nú eru á lista yfir 100 stærstu fyrirtæki landsins sætt almennri endurskoðun skattskila. Hjá 36 öðrum fyrirtækjum hafa einstakir þættir skattskila verið skoðaðir. Upplýsingar um árangur eða skattbreytingar vegna þess eftirlits liggja ekki fyrir.

2. *Hvernig hefur skatteftirliti með stórfyrirtækjum verið háttað á tímabilinu og hvernig hefur verið búið að skattyfirvöldum til þeirra verka?*

Til þess að unnt sé að svara fyrirspurninni þarf að gera sér grein fyrir hvað átt er við með stórfyrirtækjum. Það hefur enn sem komið er hvorki verið skilgreint sérstaklega af hálfu skattyfirvalda né í lögum, sbr. nánar svar við 3. lið fyrirspurnarinnar. Sérstakar verklagsreglur hafa ekki gilt varðandi skoðun á stórum fyrirtækjum og hafa þau fallið undir almennt skatteftirlit. Embætti ríkisskattstjóra hefur árlega gert áætlun um samræmt skatteftirlit þar

sem fyrirtæki eru valin eftir fyrirframákveðnum sjónarmiðum, svo sem til þess að skoða frádráttarheimildir, hlunnindi o.s.frv. Enn fremur hafa skattstjórar valið fyrirtæki til eftirlits. Þetta fyrirkomulag hefur það í för með sér að ekki er gerður sérstakur greinarmunur á fyrirtækjum eftir stærð þeirra, hvað tíðni eftirlits eða annað varðar. Sérstakar eftirlitseiningar starfa á skattstofunum í Reykjavík og Reykjanesi, svo og á Akureyri og Akranesi, en þær tvær síðastnefndu fara með skatteftirlit á landsbyggðinni.

3. *Hvert er mat ráðherra á tillögu sem fram kemur í skýrslu skattsvikanefndar frá desember 2004, um að koma á fót sérhæfðri eftirlitsdeild með stórfyrirtækjum, t.d. við embætti Ríkisskattstjóra, eða sérstakri miðlægri skattstofu, en slík deild eða skattstofa annaðist eftirlit og aðra framkvæmd á skattalögum fyrir stórfyrirtæki um land allt? Hafa verið gerðar áætlanir um mannaflaþörf eða kostnað við þetta?*

Hugmyndir um að skattaleg málefni stórfyrirtækja verði til meðferðar á einum stað innan skattkerfisins hafa verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu um nokkurt skeið. Slíkt kallar á skipulagsbreytingar innan skattkerfisins sem þarf að skoða gaumgæfilega út frá margvíslegum sjónarhornum, m.a. hvar slíkri einingu, ef til kæmi, sé best fyrirkomið í því skattkerfi sem við búum við í dag. Innan ráðuneytisins er að störfum starfshópur sem skoðar mismunandi möguleika í þessum efnum. Er verkefni starfshópsins að afmarka helstu viðfangsefni slíkrar einingar þar á meðal mannaflaþörf, m.a. með tilliti til reynslu annarra þjóða. Endanlegar tillögur starfshópsins liggja ekki fyrir. Meðal þeirra atriða sem taka þarf afstöðu til er hvort einungis eftirlitið með stórfyrirtækjum yrði falið sérstakri einingu eða hvort álagningu, eftirliti og öllum samskiptum yrði komið fyrir á einum stað. Taka þarf afstöðu til þess hvers konar fyrirtæki yrðu felld undir starfssvið slíkrar einingar. Einn möguleikinn væri sá að miða við veltu þeirra. Annar að fella ákveðna tegund af fyrirtækjum undir slíka einingu, svo sem fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum o.s.frv.

4. *Er í undirbúningi frumvarp um eftirlitsdeild eða skattstofu af þessu tagi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að það verði lagt fram á Alþingi?*

Ekki er hafinn undirbúningur að lagafrumvarpi af þessu tagi. Þegar niðurstöður þeirrar vinnu sem er í gangi innan ráðuneytisins liggja fyrir verður tekin afstaða til þess hvort lagt verður fram slíkt lagafrumvarp. Ekki er tímabært að kveða upp úr um hvenær það gæti orðið.

5. *Hver er reynslan af starfrækslu sérstaks skatteftirlits með stórfyrirtækjum annars staðar á Norðurlöndunum?*

Ráðuneytið hefur skoðað sérstaklega reglur sem gilda um álagningu og eftirlit með stórfyrirtækjum í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Þessi ríki hafa öll sett á laggirnar sérstakar einingar sem fara með álagningu og eftirlit með stórfyrirtækjum. Reynslan af þessu fyrirkomulagi í nágrannaríkjum okkar virðist almennt vera góð, og eru ekki síst gjaldendur ánægðir með þetta fyrirkomulag. Í Danmörku gilda sérstök lög um álagningu og eftirlit með stórum fyrirtækjum og er markmiðið með þeim að stærstu fyrirtækin, eða fyrirtækjasamsteypurnar, skuli vera í sérstöku reglubundnu eftirliti. Ástæða þessa fyrirkomulags er einkum sú að ósamræmi var í álagningu og eftirliti með stórfyrirtækjum og í mörgum umdæmum ekki nægilegt.

Finnar hafa sett á laggirnar sérstaka skattstofu til að annast skattlagningu stórra fyrirtækja. Stofnunin hefur á hendi skattlagningu stórfyrirtækja um allt Finnland. Vegna skattamála þurfa fyrirtækin því einungis að hafa samskipti við þessa einu stofnun.

Í Noregi var sérstök skattstofa fyrir stórfyrirtæki sett á laggirnar á árinu 1992. Þar er um að ræða sérstaka álagningarskattstofu sem hefur það að markmiði að tryggja samræmda álagningu á stór fyrirtæki án tillitis til þess hvar í Noregi þau eru. Markmið stjórnvalda var að safna saman hæfum aðilum með mikla þekkingu á einn stað til þess að tryggja gæði og árangur við álagninguna. Þetta átti ekki síst við um félagasamsteypur, félög í alþjóðaviðskiptum og félög sem voru með skattskyldu í mörgum sveitarfélögum.

450. Fyrirspurn [383. mál]

til menntamálaráðherra um fréttaþáttinn Auðlind.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Ætlar Ríkisútvarpið að taka aftur upp útsendingar Auðlindar, fréttaþáttar um sjávarútvegsmál?

451. Fyrirspurn [384. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hversu lengi hafa fiskiskip frá Evrópusambandinu haft leyfi til karfaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands?
2. Hvaða skip hafa stundað þessar veiðar? Óskað er upplýsinga um nöfn skipa, nöfn útgerðarfélaga, skráningarnúmer, kallmerki og þjóðerni.
3. Hvernig skiptist afli hvers skips árlega á milli tegunda?
4. Hve mikill hluti afla þessara skipa hefur farið til vinnslu hér á landi, hvaða tegundir og hve mikið af hverri tegund?
5. Hve mikið hefur verið flutt óunnið til vinnslu erlendis, hvaða tegundir og hve mikið af hverri tegund?
6. Hafa skipin leyfi til að umbreyta t.d. karfaafla í þorsk sem síðan dregst frá karfakvótanum?

Skriflegt svar óskast.

452. Svar [208. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um Gini-stuðul.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver er Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks árið 2004?

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks fyrir tekjuárið 2004 er 0,308. Til ráðstöfunartekna teljast heildartekjur að viðbættum fjármagnstekjum samkvæmt skattframtali ásamt barna- og vaxtabótum að frádregnum tekju-, eignar- og fjármagnstekjuskatti.

453. Svar [219. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um skatttekjur ríkissjóðs árið 2004.

1. *Hverjar hefðu tekjur ríkissjóðs orðið af tekjuskatti einstaklinga vegna tekjuársins 2004 ef skatturinn hefði numið 18% af öllum launatekjum að undanteknum atvinnuleysisbótum, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar en vaxta- og barnabætur hefðu verið óbreyttar frá því sem var?*

Samanlagður tekjuskatts- og útsvarsstofn einstaklinga vegna tekjuársins 2004 nam 527 milljörðum kr. samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Ef atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur frá Tryggingastofnun eru ekki taldar með lækkar tekjuskatts- og útsvarsstofninn í 492 milljarða kr. Tekjur ríkissjóðs af 18% tekjuskatti miðað við framangreindan tekjuskattsstofn hefðu numið um 89 milljörðum kr. og er þá ekki gert ráð fyrir persónuafslætti. Ef frádreginn persónuafsláttur væri sá sami og í álagningu 2005 hefðu tekjur ríkissjóðs numið um 20 milljörðum kr. Vaxta- og barnabætur koma ekki inn í þennan útreikning.

2. *Hverjar voru tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga af tekjuskatti einstaklinga vegna tekjuársins 2004?*

Samkvæmt álagningu skattstjóra árið 2005 vegna tekjuársins 2004 voru opinber gjöld einstaklinga vegna almenna tekjuskattsins 67.125 millj. kr. og sérstaka tekjuskattsins 1.411 millj. kr. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2004 námu tekjur ríkissjóðs af staðgreiðslu ársins 61.704 millj. kr. og af sérstökum tekjuskatti 1.161 millj. kr. Tekjur af eftirstöðvum tekjuskatts frá fyrri árum námu 2.141 millj. kr.

3. *Hve miklu skilaði núverandi virðisaukaskattskerfi vegna ársins 2004?*

Heildartekjur af virðisaukaskatti árið 2004 námu 96.433 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2004. Tekjurnar skiptust þannig að tekjur af innfluttum vörum námu 60.197 millj. kr., tekjur af sölu vöru og þjónustu námu 43.859 millj. kr. og endurgreiðslur námu 7.623 millj. kr.

4. *Hverju hefði virðisaukaskattur skilað hefði hann verið í einu þrepi og numið 21,95%, þ.e. 18% af útsöluverði, þó með þeim undanþágum sem nú eru í gildi?*

Virðisaukaskattur af sölu vöru og þjónustu hefði skilað um 43 milljörðum kr. árið 2004 ef skatturinn hefði numið 21,95%. Virðisaukaskattur af innfluttum vörum hefði skilað um 56 milljörðum kr. Samtals hefði því 21,95% virðisaukaskattur skilað ríkissjóði um 99 milljörðum kr. Ekki eru forsendur til að meta breytingu á endurgreiðslum og eru þær ekki taldar með í þessum samanburði.

5. *Hve miklu skilaði núverandi fjármagnstekjuskattur árið 2004 og hve miklu hefði 18% fjármagnstekjuskattur skilað að óbreyttum skattstofni?*

Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 13.544 millj. kr. árið 2004 samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2004. Væri fjármagnstekjuskatturinn 18% hefðu tekjurnar orðið 24.397 millj. kr.

6. *Hve miklu hefði 18% skattur af dagpeningum og bifreiðastyrkjum skilað?*

Stofn til álagningar tekjuskatts af dagpeningum og bifreiðastyrkjum nam 2.464 millj. kr., sem skiptast þannig að dagpeningar og bifreiðastyrkir námu samtals 11.616 millj. kr. en frádráttur á móti þessum tekjum nam 9.152 millj. kr. 18% skattur hefði skilað ríkissjóði 444 millj. kr. í tekjur.

7. *Hve hárri fjárhæð námu vörugjöld af öðrum vörum en áfengi, eldsneyti, bifreiðum og tóbaki árið 2004?*

Vörugjöld af öðrum vörum en áfengi, eldsneyti, bifreiðum og tóbaki námu 6.256 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2004.

8. *Hve miklu hefði 10% sérstakur tekjuskattur á tekjur yfir 500 þús. kr. á mánuði skilað?*

Ef gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi og í núverandi skattkerfi varðandi sérstakan tekjuskatt en miðað við að sérstakur tekjuskattsstofn einhleypings sé yfir 6 millj. kr. og 12 millj. kr. hjá hjónum, hefðu tekjur af þessum sérstaka tekjuskatti numið um 1,2 milljörðum kr.

454. Tillaga til þingsályktunar [385. mál]

um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaðra.

Flm.: Guðmundur Magnússon, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig samráð stjórnvalda við samtök fatlaðra verði gert skylt og eftir atvikum bundið í lög. Markmiðið verði að við undirbúning allrar löggjafar, setningu reglugerða og stjórnarframkvæmdir sem sérstaklega snerta fatlaða eða hafa áhrif á aðstæður þeirra í samfélaginu verði skylt að hafa samráð við þá í anda kjörorða Evrópusamtaka fatlaðra „ekkert um okkur án okkar“. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar tilnefndir af umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra, Öryrkjabandalagi Íslands, Sjálfsbjörg og Þroskahjálp, auk formanns sem forsætisráðherra skipar án tilnefningar.

Greinargerð.

Sem betur fer eru þeir tímar liðnir að fjallað sé um fötlun, svo sem hreyfihömlun, sjóndepru eða heyrnarskerðingu, sem sjúkdóm sem dæmi fólk frá þátttöku í samfélaginu eða geri það að annars flokks borgurum. Almennt er unnið eftir þeirri hugsun að auðvelda beri fötluðum eins og kostur er að lifa og starfa í samfélaginu á sömu forsendum og aðrir. En til þess þarf að ryðja ýmsum hindrunum úr vegi og enn er því miður langt í land, t.d. hvað aðgengismál snertir. Of rík tilhneiging er til að fjalla um málefni fatlaðra, og reyndar margra annarra hópa samfélagsins, að þeim fjarstöddum en krafa fatlaðra er „ekkert um okkur án okkar". Fatlaðir eru sjálfir dómbærastir á það hvar skórinn kreppir og því er hætt við að farið sé á mis við sérþekkingu ef ekki er haft samráð við þá um málefni sem þá varðar sérstaklega, t.d. við undirbúning löggjafar eða ákvarðanir í skipulagsmálum. Tillagan gerir ráð fyrir því að úr þessu sé bætt og slíkt samráð verði gert skylt og eftir atvikum bundið í lög.

455. Svar [359. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðar og stofnstærð kolmunna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur stofnstærð kolmunna þróast frá 2000?*
2. *Hvað var mælt með að mikið yrði veitt á fyrrgreindu tímabili, ár fyrir ár?*
3. *Hversu mikið var í heildina veitt á hverju þessara ára?*

Leitað var til Hafrannsóknastofnunarinnar um svar við fyrirspurninni og fylgir hér svar hennar.

Stofnstærð kolmunna og afli.

Tölur um afla og stofnstærð eru í millj. tonna.

Ár	Hrygningarstofn	Áætlaður afli miðað við ráðgjöf	Afli
2000	3.562	0.800	1.412
2001	4.005	0.628	1.772
2002	4.881	[1]	1.556
2003	5.730	0.600	2.365
2004	5.113	0.925	2.420
2005	5.000	1.075	2.571[2]

[1] ICES samþykkti að engin tillaga yrði lögð fram um ráðlagðan heildarafla fyrr en samningar hefðu tekist um nýtingu kolmunnastofnsins.

[2] Aflatölur miðaðar við síðustu tölur í október 2005.

456. Tillaga til þingsályktunar [386. mál]

um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Jóhann Ársælsson, Björgvin G. Sigurðsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrif þessa til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtryggingu á inn- og útlánum í áföngum, sem og þess að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndin verði skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 128., 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Málið var sent til umsagnar á tveimur síðastnefndu þingunum.

Verðtrygging hefur verið á inn- og útlánum á Íslandi í rúmlega þrjátíu ár, en meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu við að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Þótt verðtrygging fjárskuldbindinga hafi sína kosti hefur hún sætt mikilli gagnrýni, ekki síst í byrjun níunda áratugarins þegar mikið misgengi varð milli launa og lánskjara með því að vísitala launa var tekin úr sambandi en verðtryggingu fjárskuldbindinga viðhaldið.

Stigin hafa verið skref í þá átt að draga úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Árið 1995 var ákveðið að minnka verðtryggingu í áföngum. Síðasta skrefið var stigið 1998 en þá var gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en til þriggja ára og styttri útlán en til fimm ára. Þetta hefur ekki haft veruleg áhrif og lítið dregið úr verðtryggingu fjárskuldbindinga. Er verðtryggingin enn á flestöllum lengri skuldbindingum. Eins og áður sagði hefur verðtryggingu ekki verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf. Verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hæst hér á landi, um 86%, í Bretlandi er það um 18%, í Svíþjóð rúm 7% og í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar.

Með þessari tillögu er lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Afar mikilvægt er að kostir og gallir þess séu metnir af fyllstu varfærni, en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Lagt er til að nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar

heimila, atvinnulífs og hins opinbera. Jafnframt er lagt til að sett verði fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabanka um verðbólguspá. Eins og af þessu sést er hér lagt til að varlega sé farið í sakirnar. Vissulega eru rök bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldara, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má einnig að verðtryggingin er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur því torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því að ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar.

Líta verður líka á að efnahagslegar aðstæður eru hér allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok áttunda áratugarins þegar verðbólgan var mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann upp á verðbólgubálinu. Á síðasta einum og hálfum áratug hefur orðið veruleg breyting á fjármálamarkaðinum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa aukist mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu. Auk þess sem innleitt hefur verið frelsi í vaxtaákvörðunum er fjármagnsflæði milli landa orðið vaxandi þáttur í atvinnulífinu, jafnframt því sem fyrirtæki eru í auknum mæli að færa út starfsemi sína til annarra landa. Verðtryggingin hafði vissulega afar jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn, einkum fyrir peningalegan sparnað, og var því nauðsynleg á tímum niðursveiflu og mikillar verðbólgu.

Stöðugleiki hefur nú varað í hartnær tíu ár með nokkrum undantekningum í verðbólguskotum sem staðið hafa í tiltölulega skamman tíma. Þau verðbólgumarkmið sem Seðlabankinn vinnur nú eftir ættu líka að auðvelda gerð skipulegrar áætlunar um afnám verðtryggingar í áföngum. Vissulega er mikilvægt að markaðurinn hafi trú á viðvarandi stöðugleika og sterkri peningamálastjórn og það er einmitt ein meginástæða þess að rétt er að fara varlega í sakirnar eins og hér er gert ráð fyrir og að verðbólgumarkmið Seðlabankans gangi fram á næstunni. Engu síður er mikilvægt að kannaðir séu kostir þess og gallar að fjárskuldbindingar heimila og fyrirtækja séu án verðtryggingar eins og er í flestum löndum í kringum okkur. Með ólíkindum er reyndar að þrátt fyrir verðtrygginguna séu vextir með þeim hæstu sem þekkjast og vaxtamunur inn- og útlána eins mikill og raun ber vitni. Til sanns vegar má að vísu færa að á Íslandi eru hvað mestar sveiflur í efnahagsmálum miðað við önnur vestræn ríki og hagkerfi okkar er lítið þannig að líkur eru á að sveiflur verði áfram meiri hér en annars staðar. Því reynir enn meira á styrka stjórn peninga- og efnahagsmála hér á landi ef afnema á verðtryggingu á fjárskuldbindingum.

Flutningsmenn telja að fyrsta skrefið sé að gera þá úttekt sem hér er lögð til og áður hefur verið lýst og að gerðar verði áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans. Líklegt er að skynsamlegt sé að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga fyrst í stað á lánveitingum til skemmri tíma en 20 ára. Einnig er lögð áhersla á að íhugað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

457. Fjáraukalög [144. mál]

fyrir árið 2005.

(Afgreidd frá Alþingi 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 367 (sbr. 144) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2005, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**37.537,5**	**36.203,8**
Skattar á tekjur og hagnað	21.401,0	20.082,7
Tryggingagjöld	600,1	582,8
Eignarskattar	4.980,0	4.980,0
Skattar á vörur og þjónustu	10.546,7	10.548,6
Aðrir skattar	9,7	9,7
Aðrar rekstrartekjur	6.312,1	7.157,6
Sala eigna	58.350,0	58.350,0
Fjárframlög	0,0	0,0
Tekjur samtals	**102.199,6**	**101.711,4**
Æðsta stjórn ríkisins	113,0	113,0
Forsætisráðuneyti	851,1	851,1
Menntamálaráðuneyti	975,4	975,4
Utanríkisráðuneyti	529,3	529,3
Landbúnaðarráðuneyti	3.247,4	3.247,4
Sjávarútvegsráðuneyti	65,0	65,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	248,0	248,0
Félagsmálaráðuneyti	690,8	630,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.310,0	2.310,0
Fjármálaráðuneyti	11.264,4	7.264,4
Samgönguráðuneyti	1.760,7	1.677,7
Iðnaðarráðuneyti	405,0	405,0
Viðskiptaráðuneyti	42,8	42,8
Hagstofa Íslands	6,0	6,0
Umhverfisráðuneyti	-150,7	-150,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-1.340,0	140,0
Gjöld samtals	**21.018,2**	**18.355,2**
Tekjujöfnuður	**81.181,4**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2005:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	81.181,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-60.112,6
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	3.794,4
Viðskiptaskuldir, (breyting)	43,0
Handbært fé frá rekstri	**24.906,2**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	250,0
Afborganir veittra lána	800,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	68.713,0
Fjármunahreyfingar samtals	**68.763,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**93.669,2**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	-29.500,0
Afborganir lána	-27.300,0
Fjármögnun samtals	**-56.800,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**36.869,2**

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
02-988 Æskulýðsmál	
Almennur rekstur:	
1.90 Æskulýðsmál	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0
03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	
Almennur rekstur:	
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	61,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,0
04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði	
Almennur rekstur:	
1.95 Lífeyrissjóður bænda	2.630,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.630,0
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	9,8
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	40,0
Gjöld samtals	**49,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	49,8
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	
Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-583,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	42,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	-42,0
1.41 Framlög og styrkir	15,0
Almennur rekstur samtals	-568,0

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 93,2

Gjöld samtals ..... **-474,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -534,8
Viðskiptahreyfingar 60,0

08-204 Lífeyristryggingar
Almennur rekstur:
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega 456,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 264,0
Almennur rekstur samtals 720,0

Gjöld samtals **720,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 317,4
Innheimt af ríkistekjum 402,6

09-989 Launa- og verðlagsmál
Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 650,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 650,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar
Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 83,0
1.07 Þjónusta 100,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa 30,0
Almennur rekstur samtals 213,0

Gjöld samtals **213,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0
Innheimt af ríkistekjum 30,0
Viðskiptahreyfingar 83,0

458. Svar [121. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikill er kostnaðurinn við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna orðinn og hvað er áætlað að hann verði hár?

Kostnaður við framboðið frá árinu 2001 er orðinn um 200 millj. kr. uppsafnað. Hann er aðallega til kominn vegna fjölgunar í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, sem hefur átt sér stað til að styrkja þátttöku Íslands í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og undirbúa framboðið.

Undirbúningsvinnu og áætlanagerð vegna framboðsins hefur hingað til verið sinnt samhliða öðrum málum og hefur því ekki leitt til fjölgunar í utanríkisráðuneytinu. Enginn teljandi risnu- eða ferðarkostnaður hefur fallið til vegna framboðsins.

Gætt verður hófs í framhaldinu. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna framboðsins næstu þrjú ár, eða þar til kosið verður um sætið í ráðinu haustið 2008, verði rúmlega 200 millj. kr. Það felur í sér lækkun frá fyrri áætlun vegna þessara þriggja ára um u.þ.b. 170 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum farandsendiherra vegna framboðsins eða öðrum sérstökum ferðalögum vegna þess. Kosningabaráttan verður fyrst og fremst háð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York. Ekki er heldur gert ráð fyrir risnu eða stórum menningarviðburðum vegna framboðsins. Þó að óumflýjanlegt sé að fjölga frekar starfsmönnum í fastanefnd Íslands í New York, verður það gert með tilfærslu starfsmanna úr ráðuneytinu. Litið verður á framboðið sem tímabundið forgangsverkefni utanríkisþjónustunnar, sem önnur verkefni víkja fyrir á meðan á því stendur.

Ráðherra fór ítarlega yfir þessar forsendur og kostnaðaráætlunina á fundi með utanríkismálanefnd og mun hafa samráð við nefndina um stöðu framboðsins á hverjum tíma og kostnað þess vegna.

Nái Ísland kjöri hefur verið áætlað að kostnaður vegna setunnar í öryggisráðinu árin 2009–2010 gæti numið um 100 millj. kr. á ári. Þennan kostnað er þó erfitt að áætla nákvæmlega. Þannig er auðvitað ekki hægt að útiloka að atburðir í alþjóðamálum á kjörtímabili Íslands leiddu til aukinna umsvifa í störfum ráðsins.

459. Svar [319. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var stærð viðmiðunarstofns þorsks fjögurra ára og eldri, ráðlögð þorskveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á þorski og landaður þorskafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá 1985?*
2. *Hvert var ráðlagt aflamark Hafrannsóknastofnunarinnar á Íslandsmiðum og landaður úthafsrækjuafli fyrir hvert ár frá fiskveiðiárinu 1997/1998 og hver var þróun stofnstærðar úthafsrækju á sama tíma?*

3. *Hver var stofnstærð grálúðu, ráðlögð grálúðuveiði Hafrannsóknastofnunarinnar, úthlutun stjórnvalda á heildaraflamarki á grálúðu og landaður grálúðuafli, fyrir hvert fiskveiðiár frá árinu 1997/1998?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og byggist eftirfarandi á upplýsingum þaðan. Eftirfarandi tafla svarar 1. lið fyrirspurnarinnar.

Þorskur (þús. tonna):

Ár	Viðmiðunarstofn	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark	Afli alls
1985[1)]	928	200	263[2)]	326
1986[1)]	851	300	300[2)]	369
1987[1)]	1.032	300	330[2)]	392
1988[1)]	1.040	300	350	378
1989[1)]	1.010	300	325	356
1990[1)]	841	250	300	335
1991[3)]	698	240	245	244
1991/92[4)]		250	265	274
1992/93[4)]	547	190	205	241
1993/94[4)]	590	150	165	197
1994/95[4)]	575	130	155	165
1995/96[4)]	553	Aflaregla	155[5)]	170
1996/97[4)]	669	Aflaregla	186[5)]	202
1997/98[4)]	785	Aflaregla	218[5)]	227
1998/99[4)]	719	Aflaregla	250[5)]	254
1999/00[4)]	729	Aflaregla	250[5)]	257
2000/01[4)]	583	Aflaregla	220[6)]	223
2001/02[4)]	694	Aflaregla	190[6)]	218
2002/03[4)]	746	Aflaregla	179[6)]	198
2003/04[4)]	767	Aflaregla	209[6)]	221
2004/05[4]	854	Aflaregla	205[6)]	211

1) Almanaksár.
2) Í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984–1987 var umframafli ekki áætlaður vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta.
3) Tímabilið janúar–ágúst 1991.
4) Fiskveiðiárið september–ágúst.
5) Samkvæmt aflareglu.
6) Samkvæmt endurskoðaðri aflareglu.

Ekki liggur fyrir mat á raunverulegri stærð úthafsrækjustofnsins en notað hefur verið fjölstofnalíkan til að meta afrakstursgetu stofnsins.

Í mörkun langtímastefnu við nýtingu þorskstofns árið 1995 var stefnt að því að styrkja stofn þorsks sem til lengri tíma litið gæti leitt til minnkunar úthafsrækjustofns vegna aukins afráns. Með aukinni útbreiðslu þorsks á norðurmiðum sl. áratug og innfjarða vestan lands og norðan á undanförnum árum hefur afrán þorsks leitt til hruns rækjustofna. Gjörbreytt umhverfisskilyrði við landið um og eftir aldamótin hafa einnig mjög líklega haft áhrif á óhagstæða þróun rækjustofna.

Úthafsrækja (þús. tonna):

Ár	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark	Afli
1997/98[2]	70	75	60,9
1998/99[2]	40[4]	40	30,7
1999/2000[2]	20	20	20,6
2000/2001[2]	25	25	22,1
2001/2002[2]	35	35	27,3
2002/2003[2]	30	30	24,3
2003/2004[2]	20	20	18
2004/2005[2]	15[5]	10	4,9

2) Fiskveiðiár.
4) Tillaga um leyfilegan hámarksafla var upphaflega 60 þús. tonn en hún var endurskoðuð í janúar 1999 og breytt í 40 þús. tonn.
5) Engin tillaga um hámarksafla en í ráðgjöf kemur fram að óbreytt sókn leiði til 15 þús. tonna afla.

Þar sem aldursákvarðanir á grálúðu eru mjög ónákvæmar er ekki talið mögulegt að beita aldurs-afla líkönum til að meta stofnstærð. Við ráðgjöf er stuðst við upplýsingar sem fást úr stofnmælingu og úr aflaskýrslum veiðiskipa.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið í samræmi við ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og miðast við afla á útbreiðslusvæði grálúðu sem nær frá ströndum Grænlands, við Ísland og til Færeyja. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu er heildaraflinn að jafnaði verulega umfram ráðgjöf en þess skal getið að svo hefur verið sl. tvo áratugi.

Grálúða (þús. tonna):

Ár	Ráðlögð veiði	Heildaraflamark[3]	Afli á Íslandsmiðum[3]	Afli á öðrum miðum[1]	Afli alls
1997/98[3]	10[4]	10	11	9,8	20,8
1998/99[3]	10[4]	10	11,2	9,3	20,5
1999/00[3]	10[4]	10	11,5	12	23,5
2000/01[3]	20[4]	20	20	11,3	31,3
2001/02[3]	20[4]	20	19,2	9,9	29,1
2002/03[3]	23[4]	23	20,3	10,2	30,5
2003/04[3]	20[4]	23	15,8	11,3	27,1
2004/05	15[4]	15	13		
2005/06	15[4]	15			

1) Almanaksárið.
2) Tímabilið janúar–ágúst 1991.
3) Heildaraflamark á Íslandsmiðum fiskveiðiárið september–ágúst.
4) Ráðlögð heildarveiði fyrir Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar.

460. Svar [321. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um gjaldþrot ungs fólks.

1. *Hversu margir einstaklingar undir 30 ára aldri hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum og aldri?*

Sjá eftirfarandi töflu en upplýsingar eru fengnar úr málaskrám héraðsdómstólanna. Rétt er að taka fram að samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði hafa úrskurðir um gjaldþrotaskipti ekki verið kveðnir upp undanfarin ár yfir 18 og 19 ára ungmennum.

Fjöldi gjaldþrotaúrskurða samkvæmt aldri og árum.

Aldur	2005	2004	2003	2002	2001	2000
20 ára	0	0	0	0	1	2
21 árs	0	1	0	4	1	4
22 ára	1	0	0	3	2	4
23 ára	4	2	2	1	5	8
24 ára	2	0	3	5	2	6
25 ára	1	3	5	5	4	10
26 ára	1	2	3	7	6	12
27 ára	1	4	12	7	9	17
28 ára	2	8	8	5	1	11
29 ára	1	2	6	7	9	8
Alls 20–29 ára	**13**	**22**	**39**	**44**	**40**	**82**

2. *Hve mörg árangurslaus fjárnám hafa verið gerð hjá sama aldurshópi sl. fimm ár, sundurliðað á sama hátt?*

Sjá eftirfarandi töflu en upplýsingarnar eru fengnar úr málaskrám sýslumannsembættanna.

Árangurslaus fjárnám ungmenna 2001–2005 (fjöldi kröfuþola).

Aldur, ár	2001	2002	2003	2004	jan.–nóv. 2005	alls
15–17 ára	2	0	0	0	0	2
18 ára	3	3	2	1	6	15
19 ára	25	20	19	2	15	81
20 ára	38	60	63	22	54	237
21 árs	59	82	70	42	68	321
22 ára	69	103	102	85	76	435
23 ára	59	99	110	110	93	471
24 ára	62	93	108	115	104	482
25 ára	88	100	117	117	108	530
26 ára	78	106	106	136	108	534
27 ára	84	102	109	151	135	581
28 ára	98	108	128	133	113	580
29 ára	93	134	125	161	110	623
30 ára	106	120	134	159	116	635
Alls 15–30 ára	**864**	**1.130**	**1.193**	**1.234**	**1.106**	**5.527**

461. Svar [330. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar endurbætur á varðskipinu Ægi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarkostnaður við endurbætur á varðskipinu Ægi sem lauk í haust í Póllandi? Svarið óskast sundurliðað eftir kostnaði við endurbætur, eftirlit, siglingu til og frá Póllandi og ferðakostnað.*
2. *Upp á hvaða upphæð hljóðaði tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri í sömu endurbætur á Ægi?*

Leitað var til Landhelgisgæslunnar um svör við fyrirspurninni og eru eftirfarandi upplýsingar þaðan komnar. Að mati Landhelgisgæslunnar er rétt að taka fram að í upplýsingum um tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri er ekki að finna kostnað við aukaverk samfara tilboðsverki, eðli máls samkvæmt, en þau hefðu að umfangi verið þau sömu burtséð frá því hvar verk hefði verði unnið. Jafnframt er það mat Landhelgisgæslunnar að eftirlitskostnaður hefði ekki orðið lægri á Akureyri en í Póllandi. Fjárhæðir sem tilgreindar eru bæði í evrum og krónum eru upprunalega í krónum en reiknaðar yfir í evrur miðað við núverandi gengisskráningu.

Kostnaðarliðir	**Fjárhæð í evrum**	**Fjárhæð í krónum**
1. Endurbætur í Póllandi		
Tilboð	1.559.065	
Aukaverk	104.445	
Samtals	*1.662.510*	
2. Eftirlit		
Gisting og dagpeningar	62.363	4.677.253
Ferðakostnaður	7.091	531.884
Samtals	*69.454*	*5.209.137*
3. Sigling		
Samtals (212 klst.)	*28.693*	*2.152.000*
4. Ferðakostnaður áhafnar		
Gisting og dagpeningar	14.689	1.101.665
Ferðakostnaður	7.907	593.020
Samtals	*22.596*	*1.694.685*
5. Dagsektir		
Dagsektir greiddar af viðgerðaraðila	*18.425*	*1.381.855*
Heildarkostnaður að frádregnum dagsektum	**1.764.828**	
Tilboð Slippstöðvarinnar		
Tilboð (ekki kostnaður við aukaverk)	*1.733.734*	

462. Svar [309. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um merkingar ásetningsfjár.

1. *Hver er ástæða þess að reglugerð um merkingar búfjár, nr. 289/2005, byggist á Evrópusambandsreglum þótt landbúnaður sé undanskilinn í EES-samningnum?*

Umtalsverður útflutningur á landbúnaðarvörum er til landa Evrópusambandsins og fjölmargar reglugerðir sem varða aðbúnað búfjár og framleiðslu og vinnslu búfjárafurða hafa á undanförnum árum verið settar með hliðsjón af sambærilegum reglum Evrópusambandsins m.a. í þeim tilgangi að gæta slíkra viðskiptahagsmuna.

2. *Eru einhverjir annmarkar á núverandi einstaklingsmerkingum sauðfjár með tilliti til rekjanleikja dýra og afurða og ef svo er, hverjir eru þeir?*

Í lögum um afréttamálefni fjallskil o.fl., nr. 6/1986, er að finna ákvæði um búfjármörk. Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimerki, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimerki eða númeri lögbýlis og eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn. Engar samræmdar reglur hafa fram til þessa verið um notkun og gerð plötumerkja eða áletrun á þau. Er nokkur fjöldi þeirra á markaði hér og þau mismunandi að gerð og stærð, einnig hafa margir bændur búið til slík merki sjálfir.

Ef rætt er um sauðfé sérstaklega er meginástæða þess að nauðsynlegt er að taka upp breytt fyrirkomulag sú að það merkingarkerfi sem að framan er lýst er eingöngu eigandamerking sem hefur þann tilgang að rekja megi uppruna dýrsins til eiganda síns og/eða upprunahjarðar/býlis. Kerfið felur ekki í sér þann möguleika að rekja megi feril afurðanna frá bónda til borðs sem er eitt aðalmarkmið reglugerðar nr. 289/2005. Meginbreytingin með merkingareglugerð nr. 289/2005 er að hvert einstakt dýr (eldishópar í svína- og alifuglarækt) fær einkvæmt númer, líkt og kennitölu, sem fylgir dýrinu alla ævi þess og að skráðar eru upplýsingar um uppruna, fóðrun, meðhöndlun sjúkdóma o.fl. Plötumerkin skulu vera stöðluð og með forprentaðri áletrun. Rekjanleiki búfjárafurða frá bónda til borðs er grundvallarmarkmið í matvælaframleiðslu helstu viðskiptalanda okkar. Alkunna er að neytendur vilja geta fengið upplýsingar um við hvaða aðstæður vara sem þeir kaupa er framleidd, hvernig aðbúnaði og fóðrun dýra er háttað og hvort notuð hafa verið lyf og varnarefni við framleiðsluna. Enda þótt aðstæður í íslenskum landbúnaði gefi ekki jafn ríka ástæðu til slíkra efasemda og víða annars staðar er óhjákvæmilegt að íslenskur landbúnaður svari þessu kalli neytenda. Jafnframt eru útflutningshagsmunir landbúnaðarins hér hafðir í huga.

3. *Hver var ástæða þess að landbúnaðarráðuneytið stóð að lokuðu útboði á nýjum plötumerkjum fyrir sauðfé í stað þess að fela Innkaupastofnun ríkisins að sjá um útboð?*

Framkvæmd útboðs á merkjum til nota í búfé var alfarið í höndum Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 289/2005 skal vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar. Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri skráningarkerfisins en felur Bændasamtökum Íslands eða öðrum til þess bærum aðilum að hafa umsjón með skráningu upplýsinga í tölvuskráningarkerfið. Í desember 2002 var gert samkomulag milli ráðuneytisins og Bændasamtakanna um hönnun og rekstur tölvuskráningarkerfis. Þar er Bændasamtökunum m.a. falið að annast útboð og öflun á viðurkenndum merkjum til nota í búfé og dreifa þeim til umráðamanna búfjár. Það er skoðun ráðu-

neytisins að nauðsynlegt sé vegna áreiðanleika kerfisins að umsjón og eftirlit með því hvaða merki hver bóndi kaupir sé á einni hendi. Einnig að sem minnstur kostnaður falli á bændur vegna kaupa á merkjum og því sé útboð nauðsynlegt til þess að leiða í ljós hagstæðustu kostina. Að öðru leyti hefur ráðuneytið engin afskipti haft af þessum þætti málsins.

4. *Hver er ástæða þess að merkja þarf ásetningslömb í bæði eyru, annaðhvort með plötumerkjum eða öðrum viðurkenndum merkjum?*

Ráðherra hefur með breytingu á reglugerð nr. 289/2005 ákveðið að ásetnisgslömb skuli merkt með plötumerki í annað eyrað.

463. Svar [89. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiða-, ferða- og risnukostnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var bifreiða-, ferða- og risnukostnaður ríkisins árin 2003 og 2004, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvaða breytingar hafa orðið milli þessara ára, sundurliðað á sama hátt?*
2. *Telur ráðherra að hægt væri að ná fram sparnaði, og þá hve miklum, í ofangreindum útgjöldum ríkisins, sundurliðað eftir bifreiða-, ferða og risnukostnaði, og hyggst ráðherra beita sér sérstaklega í því efni, t.d. með sérstakri sparnaðarkröfu á ráðuneyti og ríkisstofnanir?*

Samkvæmt bókhaldi stofnana ríkisins fyrir árin 2003 og 2004 urðu þær breytingar helstar á heildarútgjöldum til bifreiða-, ferða- og risnukostnaðar á milli áranna að kostnaður vegna þessara liða hefur hækkað um 29 millj. kr. á milli ára eða um tæplega 1%. Ferðakostnaður nam 2.299 millj. kr. á árinu 2004 sem er um 32 millj. kr., eða 1,%, lækkun frá fyrra ári. Bifreiðakostnaður nam 1.221 millj. kr. á árinu 2004 sem er um 31 millj. kr., eða 2,6%, hækkun frá fyrra ári. Risnukostnaður nam um 327 millj. kr. á árinu 2004 sem er um 30 millj. kr., eða 10%, hækkun frá fyrra ári.

Eins og fram hefur komið hafa útgjöld vegna bifreiða, ferða og aksturs hækkað um rúmlega 29 millj. kr. milli ára. Í svari fjármálaráðherra við sambærilegri fyrirspurn fyrir einu ári, kom fram að kostnaður lækkaði á milli áranna 2002 og 2003. Lækkun útgjalda af þessum liðum frá árinu 2002 nemur tæplega 320 millj. kr. á verðlagi ársins 2004. Því telur ráðherra ekki tilefni til sérstakrar sparnaðarkröfu á ráðuneyti og ríkisstofnanir hvað þetta varðar umfram aðra þætti í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana.

Samantekt á ferða- risnu- og aksturskostnaði ráðuneyta 2003 og 2004.

		2004	2003	Breyting	Breyting %
Ferðir					
00	Æðsta stjórn ríkisins	124.259	126.131	-1.872	-1,5%
01	Forsætisráðuneyti	34.108	27.764	6.344	22,8%
02	Menntamálaráðuneyti	445.986	444.553	1.433	0,3%
03	Utanríkisráðuneyti	319.956	270.474	49.482	18,3%
04	Landbúnaðarráðuneyti	88.312	90.498	-2.186	-2,4%
05	Sjávarútvegsráðuneyti	141.432	145.370	-3.938	-2,7%
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161.274	175.716	-14.442	-8,2%
07	Félagsmálaráðuneyti	65.020	72.558	-7.538	-10,4%
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	348.083	372.653	-24.570	-6,6%
09	Fjármálaráðuneyti	64.904	69.587	-4.683	-6,7%
10	Samgönguráðuneyti	270.625	285.346	-14.721	-5,2%
11	Iðnaðarráðuneyti	91.143	90.313	830	0,9%
12	Viðskiptaráðuneyti	26.411	36.055	-9.644	-26,7%
13	Hagstofa Íslands	12.159	13.200	-1.041	-7,9%
14	Umhverfisráðuneyti	105.829	111.471	-5.641	-5,1%
		2.299.500	**2.331.689**	**-32.189**	**-1,4%**
Risna					
00	Æðsta stjórn ríkisins	33.697	33.877	-180	-0,5%
01	Forsætisráðuneyti	23.284	12.838	10.446	81,4%
02	Menntamálaráðuneyti	54.768	43.735	11.033	25,2%
03	Utanríkisráðuneyti	73.869	66.679	7.190	10,8%
04	Landbúnaðarráðuneyti	9.553	8.393	1.160	13,8%
05	Sjávarútvegsráðuneyti	8.169	8.308	-139	-1,7%
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	24.387	18.995	5.392	28,4%
07	Félagsmálaráðuneyti	10.890	9.025	1.865	20,7%
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20.047	21.913	-1.866	-8,5%
09	Fjármálaráðuneyti	10.075	15.072	-4.997	-33,2%
10	Samgönguráðuneyti	24.418	27.050	-2.632	-9,7%
11	Iðnaðarráðuneyti	12.699	8.146	4.553	55,9%
12	Viðskiptaráðuneyti	2.482	5.229	-2.747	-52,5%
13	Hagstofa Íslands	2.114	3.443	-1.329	-38,6%
14	Umhverfisráðuneyti	16.155	13.861	2.294	16,5%
		326.609	**296.564**	**30.045**	**10,1%**
Akstur					
00	Æðsta stjórn ríkisins	54.173	58.020	-3.847	-6,6%
01	Forsætisráðuneyti	9.641	7.530	2.111	28,0%
02	Menntamálaráðuneyti	140.304	128.688	11.616	9,0%
03	Utanríkisráðuneyti	31.040	24.944	6.096	24,4%

		2004	2003	Breyting	Breyting %
04	Landbúnaðarráðuneyti	65.891	63.091	2.800	4,4%
05	Sjávarútvegsráðuneyti	14.208	15.685	-1.477	-9,4%
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	69.547	62.613	6.934	11,1%
07	Félagsmálaráðuneyti	72.785	66.785	6.000	9,0%
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	389.532	395.759	-6.227	-1,6%
09	Fjármálaráðuneyti	28.832	29.973	-1.141	-3,8%
10	Samgönguráðuneyti	282.605	273.058	9.547	3,5%
11	Iðnaðarráðuneyti	25.524	25.417	107	0,4%
12	Viðskiptaráðuneyti	5.448	6.176	-728	-11,8%
13	Hagstofa Íslands	1.816	1.997	-181	-9,1%
14	Umhverfisráðuneyti	29.963	30.315	-352	-1,2%
		1.221.308	**1.190.051**	**31.257**	**2,6%**
Samtals					
00	Æðsta stjórn ríkisins	212.128	218.028	-5.900	-2,7%
01	Forsætisráðuneyti	67.033	48.132	18.901	39,3%
02	Menntamálaráðuneyti	641.058	616.976	24.082	3,9%
03	Utanríkisráðuneyti	424.865	362.097	62.768	17,3%
04	Landbúnaðarráðuneyti	163.757	161.982	1.775	1,1%
05	Sjávarútvegsráðuneyti	163.809	169.363	-5.554	-3,3%
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	255.208	257.324	-2.116	-0,8%
07	Félagsmálaráðuneyti	148.695	148.368	327	0,2%
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	757.662	790.325	-32.663	-4,1%
09	Fjármálaráðuneyti	103.811	114.632	-10.821	-9,4%
10	Samgönguráðuneyti	577.648	585.454	-7.806	-1,3%
11	Iðnaðarráðuneyti	129.366	123.876	5.490	4,4%
12	Viðskiptaráðuneyti	34.341	47.460	-13.119	-27,6%
13	Hagstofa Íslands	16.089	18.640	-2.551	-13,7%
14	Umhverfisráðuneyti	151.947	155.647	-3.700	-2,4%
		3.847.416	**3.818.304**	**29.112**	**0,8%**

Samantekt á ferða- risnu- og aksturskostnaði ráðuneyta 2003 og 2004.

Í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
00		*00*	*Æðsta stjórn ríkisins*	*33.697*	*33.877*	*-180*	*-1%*	*124.259*	*126.131*	*-1.872*	*-1%*	*54.173*	*58.020*	*-3.847*	*-7%*
00	101	00101	Embætti forseta Íslands	12.381	13.685	-1.304	-10%	12.827	12.548	279	2%	5.903	5.768	135	2%
00	201	00201	Alþingi	19.052	17.503	1.549	9%	105.043	105.865	-822	-1%	45.444	49.574	-4.130	-8%
00	401	00401	Hæstiréttur	0	0	0	0%	0	0	0	0%	1.059	992	67	7%
00	610	00610	Umboðsmaður Alþingis	843	483	360	75%	967	1.827	-860	-47%	299	340	-41	-12%
00	620	00620	Ríkisendurskoðun	1.420	2.206	-786	-36%	5.422	5.891	-469	-8%	1.468	1.346	122	9%
01		*01*	*Forsætisráðuneyti*	*23.284*	*12.838*	*10.446*	*81%*	*34.108*	*27.764*	*6.344*	*23%*	*9.641*	*7.530*	*2.111*	*28%*
01	101	01101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	13.593	9.925	3.668	37%	19.941	13.878	6.063	44%	3.550	2.999	551	18%
01	190	01190	Ýmis verkefni	4.461	820	3.641	444%	3.435	2.127	1.308	62%	813	299	514	172%
01	201	01201	Fasteignir forsætisráðuneytis	0	0	0	0%	0	0	0	0%	1.338	933	405	43%
01	203	01203	Fasteignir Stjórnarráðsins	0	0	0	0%	0	336	-336	-100%	0	0	0	0%
01	231	01231	Norræna ráðherranefndin	3.141	746	2.395	321%	4.662	5.007	-345	-7%	659	254	405	159%
01	241	01241	Umboðsmaður barna	107	109	-2	-2%	795	543	252	46%	140	153	-13	-8%
01	251	01251	Þjóðmenningarhúsið	607	433	174	40%	482	491	-9	-2%	156	103	53	51%
01	253	01253	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	0	79	-79	-100%	656	472	184	39%	0	14	-14	-100%
01	255	01255	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	271	0	271	0%	381	121	260	215%	540	56	484	864%
01	261	01261	Óbyggðanefnd	128	111	17	16%	0	1.884	-1.884	-100%	914	1.303	-389	-30%
01	271	01271	Ríkislögmaður	170	43	127	294%	597	-90	687	-763%	579	526	53	10%
01	303	01303	Kristnihátíðarsjóður	222	167	55	33%	207	140	67	48%	89	81	8	10%
01	902	01902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	584	405	179	44%	2.952	2.855	97	3%	864	809	55	7%
02		*02*	*Menntamálaráðuneyti*	*54.768*	*43.735*	*11.033*	*25%*	*445.986*	*444.553*	*1.433*	*0%*	*140.304*	*128.688*	*11.616*	*9%*
02	101	02101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8.358	7.416	942	13%	16.977	22.330	-5.353	-24%	3.552	4.404	-852	-19%
02	201	02201	Háskóli Íslands	13.976	10.804	3.172	29%	159.599	163.823	-4.224	-3%	23.372	21.008	2.364	11%
02	202	02202	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	26	154	-128	-83%	3.415	4.976	-1.561	-31%	4.907	4.852	55	1%
02	203	02203	Raunvísindastofnun Háskólans	202	172	30	18%	26.716	20.282	6.434	32%	3.366	2.983	383	13%
02	204	02204	Stofnun Sigurðar Nordals	389	293	96	33%	1.528	1.424	104	7%	7	53	-46	-86%
02	205	02205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	178	60	118	197%	2.706	481	2.225	463%	187	173	14	8%
02	206	02206	Orðabók Háskólans	175	0	175	0%	1.192	626	566	90%	0	0	0	0%
02	207	02207	Íslensk málstöð	32	135	-103	-76%	487	2.382	-1.895	-80%	62	140	-78	-56%
02	208	02208	Örnefnastofnun Íslands	0	0	0	0%	283	484	-201	-42%	0	0	0	0%
02	210	02210	Háskólinn á Akureyri	1.345	2.780	-1.435	-52%	59.561	45.650	13.911	30%	6.567	7.064	-497	-7%
02	211	02211	Tækniháskóli Íslands	1.023	646	377	58%	3.615	4.866	-1.251	-26%	1.137	908	229	25%
02	215	02215	Kennaraháskóli Íslands	1.024	892	132	15%	24.398	24.927	-529	-2%	8.151	8.258	-107	-1%
02	223	02223	Námsmatsstofnun	26	65	-39	-60%	4.479	3.331	1.148	34%	1.089	1.025	64	6%
02	231	02231	Rannsóknamiðstöð Íslands	1.476	1.098	378	34%	10.733	11.272	-539	-5%	771	870	-99	-11%
02	235	02235	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum	26	0	26	0%	79	194	-115	-59%	62	134	-72	-54%
02	236	02236	Rannsóknasjóður	18	0	18	0%	0	0	0	0%	7	4	3	68%
02	237	02237	Tæknisjóður	0	0	0	0%	0	65	-65	-100%	0	43	-43	-100%
02	238	02238	Tækjasjóður	0	0	0	0%	31	0	31	0%	0	0	0	0%
02	239	02239	Rannsóknarnámssjóður	0	0	0	0%	126	135	-9	-6%	15	0	15	0%
02	269	02269	Háskóla- og vísindastarfsemi, viðhald og stofnkostnaður	284	96	188	195%	69	94	-25	-27%	9	0	9	0%
02	299	02299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	102	441	-339	-77%	474	722	-248	-34%	0	0	0	0%
02	301	02301	Menntaskólinn í Reykjavík	190	0	190	0%	117	492	-375	-76%	1.052	852	200	23%
02	302	02302	Menntaskólinn á Akureyri	651	307	344	112%	1.798	1.712	86	5%	916	1.033	-117	-11%

Í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
02	303	02303	Menntaskólinn að Laugarvatni	3	697	-694	-100%	1.301	471	830	176%	2.198	2.485	-287	-12%
02	304	02304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	0	0	0	0%	2.593	3.176	-583	-18%	2.972	2.987	-15	0%
02	305	02305	Menntaskólinn við Sund	438	359	79	22%	204	853	-649	-76%	541	454	87	19%
02	306	02306	Menntaskólinn á Ísafirði	79	72	7	9%	1.118	1.769	-651	-37%	617	1.037	-420	-41%
02	307	02307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	37	0	37	0%	1.390	1.235	155	13%	1.408	1.193	215	18%
02	308	02308	Menntaskólinn í Kópavogi	381	97	284	293%	4.099	4.264	-165	-4%	2.834	3.151	-317	-10%
02	309	02309	Kvennaskólinn í Reykjavík	1.093	1.141	-48	-4%	2.811	2.503	308	12%	1.571	1.358	213	16%
02	316	02316	Fasteignir framhaldsskóla	0	0	0	0%	613	26	587	2256%	604	360	244	68%
02	318	02318	Framhaldsskólar, stofnkostnaður	0	0	0	0%	105	0	105	0%	125	809	-684	-85%
02	319	02319	Framhaldsskólar, almennt	52	23	29	126%	3.109	3.324	-215	-6%	665	420	245	58%
02	350	02350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	0	0	0	0%	279	595	-316	-53%	1.125	748	377	50%
02	351	02351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	544	383	161	42%	2.230	2.647	-417	-16%	1.597	1.287	310	24%
02	352	02352	Flensborgarskóli	466	175	291	166%	1.171	1.030	141	14%	877	711	166	23%
02	353	02353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	0	29	-29	-100%	446	1.386	-940	-68%	1.856	1.578	278	18%
02	354	02354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	0	0	0	0%	521	963	-442	-46%	8.881	9.019	-138	-2%
02	355	02355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	399	15	384	2562%	693	542	151	28%	660	358	302	84%
02	356	02356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	0	3	-3	-100%	1.211	1.437	-226	-16%	1.085	1.312	-227	-17%
02	357	02357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	0	0	0	0%	6.632	2.968	3.664	123%	18.284	19.067	-783	-4%
02	358	02358	Verkmenntaskóli Austurlands	498	452	46	10%	638	2.245	-1.607	-72%	1.360	835	525	63%
02	359	02359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	813	211	602	285%	3.200	2.097	1.103	53%	1.648	1.395	253	18%
02	360	02360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	431	667	-236	-35%	2.963	3.777	-814	-22%	1.889	2.023	-134	-7%
02	361	02361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	21	0	21	0%	373	1.370	-997	-73%	204	651	-447	-69%
02	362	02362	Framhaldsskólinn á Húsavík	144	32	112	350%	636	851	-215	-25%	378	955	-577	-60%
02	363	02363	Framhaldsskólinn á Laugum	0	100	-100	-100%	1.253	2.421	-1.168	-48%	762	738	24	3%
02	365	02365	Borgarholtsskóli	81	55	26	47%	700	1.825	-1.125	-62%	3.481	2.724	757	28%
02	367	02367	Snæfellsskóli	0	0	0	0%	553	0	553	0%	8.239	0	8.239	0%
02	430	02430	Samskiptamiðstöð heymarlausra og heymarskertra	25	1.056	-1.031	-98%	847	556	291	52%	1.107	1.016	91	9%
02	451	02451	Símenntun og fjarkennsla	0	0	0	0%	97	216	-119	-55%	0	101	-101	-100%
02	506	02506	Vélskóli Íslands	0	285	-285	-100%	0	49	-49	-100%	0	471	-471	-100%
02	507	02507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0	125	-125	-100%	0	494	-494	-100%	0	211	-211	-100%
02	514	02514	Iðnskólinn í Reykjavík	3.180	722	2.458	340%	2.499	3.714	-1.215	-33%	1.026	1.002	24	2%
02	516	02516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	0	0	0	0%	457	1.297	-840	-65%	968	720	248	34%
02	564	02564	Listdansskólinn	296	372	-76	-21%	2.251	2.786	-535	-19%	272	379	-107	-28%
02	571	02571	Sjómannaskólahúsið	0	224	-224	-100%	0	103	-103	-100%	0	120	-120	-100%
02	720	02720	Grunnskólar, almennt	0	165	-165	-100%	169	178	-9	-5%	609	622	-13	-2%
02	725	02725	Námsgagnastofnun	443	310	133	43%	2.515	1.603	912	57%	1.451	1.298	153	12%
02	804	02804	Kvikmyndaskoðun	13	344	-331	-96%	0	1.074	-1.074	-100%	55	461	-406	-88%
02	901	02901	Fornleifavernd ríkisins	0	4	-4	-100%	1.750	2.788	-1.038	-37%	116	1.182	-1.066	-90%
02	902	02902	Þjóðminjasafn Íslands	346	347	-1	0%	3.238	4.838	-1.600	-33%	1.673	859	814	95%
02	903	02903	Þjóðskjalasafn Íslands	464	1.482	-1.018	-69%	4.787	3.168	1.619	51%	1.246	1.031	215	21%
02	905	02905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1.500	1.344	156	12%	2.384	9.860	-7.476	-76%	817	736	81	11%
02	906	02906	Listasafn Einars Jónssonar	0	27	-27	-100%	0	0	0	0%	54	75	-21	-28%
02	907	02907	Listasafn Íslands	804	163	641	393%	1.851	389	1.462	376%	591	333	258	77%
02	908	02908	Kvikmyndasafn Íslands	84	11	73	660%	542	358	184	52%	154	4	150	3762%
02	909	02909	Blindrabókasafn Íslands	154	253	-99	-39%	990	456	534	117%	363	196	167	85%
02	918	02918	Safnasjóður	36	0	36	0%	282	0	282	0%	157	0	157	0%
02	919	02919	Söfn, ýmis framlög	130	139	-9	-7%	477	627	-150	-24%	0	53	-53	-100%

Í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
		Heiti Stofnunar		2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
02	969	02969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	1.776	0	1.776	0%	154	399	-246	-62%	21	121	-100	-83%
02	972	02972	Íslenski dansflokkurinn	152	170	-18	-11%	4.224	3.295	929	28%	84	181	-97	-54%
02	973	02973	Þjóðleikhús	1.560	1.980	-420	-21%	3.349	2.331	1.018	44%	1.834	2.145	-311	-15%
02	976	02976	Menningarsjóður	12	36	-24	-67%	0	0	0	0%	0	40	-40	-100%
02	978	02978	Listasjóðir	0	0	0	0%	22	8	14	170%	20	5	15	290%
02	979	02979	Húsafriðunarnefnd	99	138	-39	-28%	2.895	2.407	488	20%	971	1.167	-196	-17%
02	981	02981	Kvikmyndamiðstöð Íslands	2.380	1.663	717	43%	5.508	6.403	-895	-14%	911	275	636	231%
02	982	02982	Listir, framlög	3.056	653	2.403	368%	6.794	1.844	4.950	268%	736	186	550	296%
02	983	02983	Ýmis fræðistörf	0	0	0	0%	149	0	149	0%	0	0	0	0%
02	984	02984	Norræn samvinna	1.870	228	1.642	720%	9.492	1.413	8.079	572%	992	0	992	0%
02	985	02985	Alþjóðleg samskipti	983	1.026	-43	-4%	26.677	29.202	-2.525	-9%	23	85	-62	-73%
02	988	02988	Æskulýðsmál	32	0	32	0%	0	157	-157	-100%	0	0	0	0%
02	989	02989	Ýmis íþróttamál	289	0	289	0%	-1.133	1.656	-2.789	-168%	747	210	537	256%
02	994	02994	Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni	0	0	0	0%	776	199	577	290%	5	126	-121	-96%
02	995	02995	Tungutækni	0	0	0	0%	0	11	-11	-100%	0	0	0	0%
02	996	02996	Íslenska upplýsingasamfélagið	0	278	-278	-100%	1.549	4.463	-2.914	-65%	656	556	100	18%
02	999	02999	Ýmislegt	104	320	-216	-68%	1.173	2.165	-992	-46%	1.556	1.262	294	23%
03		*03*	*Utanríkisráðuneyti*	*73.869*	*66.679*	*7.190*	*11%*	*319.956*	*270.474*	*49.482*	*18%*	*31.040*	*24.944*	*6.096*	*24%*
03	101	03101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	19.430	17.561	1.869	11%	79.422	113.809	-34.387	-30%	8.885	8.800	85	1%
03	190	03190	Ýmis verkefni	260	1.168	-908	-78%	4.333	5.034	-701	-14%	35	32	3	10%
03	201	03201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	850	653	197	30%	8.054	6.964	1.090	16%	17.677	13.352	4.325	32%
03	221	03221	Umsýslustofnun varnarmála	0	0	0	0%	0	73	-73	-100%	0	110	-110	-100%
03	300	03300	Sendiráð Íslands	42.891	0	42.891	0%	74.433	0	74.433	0%	2.354	0	2.354	0%
03	301	03301	Sendiráð Íslands í Berlín	0	1.759	-1.759	-100%	0	95	-95	-100%	0	27	-27	-100%
03	302	03302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	0	2.361	-2.361	-100%	0	0	0	0%	0	67	-67	-100%
03	303	03303	Sendiráð Íslands í London	0	2.366	-2.366	-100%	0	474	-474	-100%	0	258	-258	-100%
03	304	03304	Sendiráð Íslands í Moskvu	0	1.987	-1.987	-100%	0	0	0	0%	0	9	-9	-100%
03	305	03305	Sendiráð Íslands í Ósló	0	1.279	-1.279	-100%	0	0	0	0%	0	21	-21	-100%
03	306	03306	Sendiráð Íslands í París,fastanefnd OECD,UNESCO,FAO	0	2.539	-2.539	-100%	0	0	0	0%	0	48	-48	-100%
03	307	03307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	0	1.131	-1.131	-100%	0	1.533	-1.533	-100%	0	74	-74	-100%
03	308	03308	Sendiráð Íslands í Washington	0	2.675	-2.675	-100%	0	29	-29	-100%	0	87	-87	-100%
03	309	03309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism. N.Y	0	4.282	-4.282	-100%	0	333	-333	-100%	0	184	-184	-100%
03	310	03310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ES	0	3.749	-3.749	-100%	0	0	0	0%	0	12	-12	-100%
03	311	03311	Fastanefnd Ísl hjá N-Atlantshafsbandal	0	2.880	-2.880	-100%	0	0	0	0%	0	-24	24	-100%
03	312	03312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA,Genf	0	2.806	-2.806	-100%	0	487	-487	-100%	0	24	-24	-100%
03	313	03313	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá ÖSE	0	2.004	-2.004	-100%	0	30	-30	-100%	0	110	-110	-100%
03	314	03314	Sendiráð Íslands í Peking	0	2.472	-2.472	-100%	0	204	-204	-100%	0	61	-61	-100%
03	315	03315	Sendiráð Íslands í Ottawa	0	3.039	-3.039	-100%	0	779	-779	-100%	0	53	-53	-100%
03	316	03316	Sendiráð Íslands í Tókíó	0	2.058	-2.058	-100%	0	99	-99	-100%	0	141	-141	-100%
03	317	03317	Sendiráð Íslands í Helsinki	0	1.296	-1.296	-100%	0	46	-46	-100%	0	1	-1	-100%
03	318	03318	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	0	1.192	-1.192	-100%	0	0	0	0%	0	56	-56	-100%
03	319	03319	Sendiráð Íslands í Mapútó	0	462	-462	-100%	0	19	-19	-100%	0	0	0	0%
03	320	03320	Sendiráð, almennt	0	195	-195	-100%	0	33.008	-33.008	-100%	0	344	-344	-100%

Í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
03	390	03390	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	2.233	2.110	123	6%	30.886	24.856	6.030	24%	1.051	900	151	17%
03	391	03391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	0	0	0	0%	254	625	-371	-59%	0	34	-34	-100%
03	401	03401	Alþjóðastofnanir	8.205	2.655	5.550	209%	122.572	81.977	40.595	50%	1.038	163	875	537%
04		*04*	*Landbúnaðarráðuneyti*	*9.553*	*8.393*	*1.160*	*14%*	*88.312*	*90.498*	*-2.186*	*-2%*	*65.891*	*63.091*	*2.800*	*4%*
04	101	04101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	6.284	5.061	1.223	24%	13.161	10.343	2.818	27%	3.748	3.345	403	12%
04	190	04190	Ýmis verkefni	113	0	113	0%	628	847	-219	-26%	1.424	1.005	419	42%
04	211	04211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	620	315	305	97%	10.773	11.985	-1.212	-10%	7.404	5.788	1.616	28%
04	221	04221	Veiðimálastofnun	54	176	-122	-69%	4.636	4.911	-275	-6%	956	516	440	85%
04	222	04222	Veiðimálastjóri	36	67	-31	-46%	2.103	2.256	-153	-7%	954	879	75	9%
04	233	04233	Yfirdýralæknir	124	78	46	60%	10.607	5.945	4.662	78%	15.643	14.636	1.007	7%
04	236	04236	Aðfangaeftirlit ríkisins	17	120	-104	-86%	2.910	4.048	-1.138	-28%	903	841	62	7%
04	261	04261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0	0	0	0%	1.227	2.294	-1.067	-47%	4.900	5.461	-561	-10%
04	271	04271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	17	0	17	0%	10.661	12.246	-1.585	-13%	3.557	3.629	-72	-2%
04	283	04283	Garðyrkjuskóli ríkisins	325	236	89	38%	978	2.060	-1.082	-53%	1.378	848	530	63%
04	293	04293	Hagþjónusta landbúnaðarins	0	2	-2	-100%	558	842	-284	-34%	141	624	-483	-77%
04	311	04311	Landgræðsla ríkisins	186	19	167	880%	4.767	3.984	783	20%	12.215	12.691	-476	-4%
04	321	04321	Skógrækt ríkisins	1.100	1.445	-345	-24%	19.377	21.113	-1.736	-8%	4.162	4.095	67	2%
04	331	04331	Héraðsskógar	631	196	435	222%	1.922	1.754	168	10%	1.611	1.579	32	2%
04	343	04343	Landshlutabundin skógrækt	46	678	-632	-93%	3.734	5.556	-1.822	-33%	6.418	6.932	-514	-7%
04	831	04831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	0	0	0	0%	258	289	-31	-11%	396	133	263	198%
04	843	04843	Fiskræktarsjóður	0	0	0	0%	11	24	-13	-54%	66	89	-23	-26%
05		*05*	*Sjávarútvegsráðuneyti*	*8.169*	*8.308*	*-139*	*-2%*	*141.432*	*145.370*	*-3.938*	*-3%*	*14.208*	*15.685*	*-1.477*	*-9%*
05	101	05101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	5.299	3.894	1.405	36%	11.926	5.982	5.944	99%	1.387	1.316	71	5%
05	190	05190	Ýmis verkefni	296	1.040	-744	-72%	18.887	23.697	-4.810	-20%	848	977	-129	-13%
05	202	05202	Hafrannsóknastofnunin	1.568	1.533	35	2%	44.859	53.963	-9.104	-17%	4.760	6.165	-1.405	-23%
05	203	05203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	375	1.154	-779	-68%	14.093	9.571	4.522	47%	3.234	2.413	821	34%
05	204	05204	Fiskistofa	562	523	39	7%	51.037	51.368	-331	-1%	3.245	4.259	-1.014	-24%
05	213	05213	Verðlagsstofa skiptaverðs	70	18	52	291%	211	332	-121	-36%	137	133	4	3%
05	272	05272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0	0	0	0%	0	0	0	0%	237	152	85	56%
05	801	05801	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	0	0	0	0%	21	0	21		0	0	0	0%
05	901	05901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	0	146	-146	-100%	396	458	-62	-14%	360	270	90	33%
06		*06*	*Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*	*24.387*	*18.995*	*5.392*	*28%*	*161.274*	*175.716*	*-14.442*	*-8%*	*69.547*	*62.613*	*6.934*	*11%*
06	101	06101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	10.783	6.474	4.309	67%	18.394	19.551	-1.157	-6%	1.941	1.138	803	71%
06	102	06102	Stjórnartíðindi	0	16	-16	-100%	33	0	33	0%	0	0	0	0%
06	105	06105	Lögbirtingablað	16	5	11	224%	0	0	0	0%	106	72	34	48%
06	111	06111	Kosningar	0	0	0	0%	657	1.028	-371	-36%	1.363	690	673	98%
06	190	06190	Ýmis verkefni	0	39	-39	-100%	26	125	-99	-79%	5	192	-187	-97%
06	201	06201	Hæstiréttur	53	164	-111	-68%	844	462	382	83%	603	549	54	10%
06	210	06210	Héraðsdómstólar	513	572	-59	-10%	3.616	4.158	-542	-13%	4.007	4.788	-781	-16%
06	231	06231	Málskostnaður í opinberum málum	0	0	0	0%	18.657	21.351	-2.694	-13%	6.194	4.640	1.554	34%
06	232	06232	Opinber réttaraðstoð	0	0	0	0%	108	639	-531	-83%	200	46	154	335%
06	251	06251	Persónuvernd	489	113	376	332%	2.300	2.807	-507	-18%	46	25	21	82%
06	301	06301	Ríkissaksóknari	11	296	-285	-96%	1.873	1.962	-89	-5%	886	811	75	9%
06	303	06303	Ríkislögreglustjóri	1.103	1.474	-371	-25%	42.984	38.814	4.170	11%	4.727	3.425	1.302	38%
06	305	06305	Lögregluskóli ríkisins	329	482	-153	-32%	3.491	3.210	281	9%	1.571	1.118	453	41%

í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
		Heiti Stofnunar		2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
06	311	06311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	204	128	76	60%	9.236	11.308	-2.072	-18%	3.598	4.542	-944	-21%
06	321	06321	Almannavarnir ríkisins	0	0	0	0%	0	212	-212	-100%	0	381	-381	-100%
06	333	06333	Umferðarstofa	0	139	-139	-100%	0	5.649	-5.649	-100%	0	132	-132	-100%
06	390	06390	Ýmis löggæslumál	0	0	0	0%	65	717	-652	-91%	0	0	0	0%
06	395	06395	Landhelgisgæsla Íslands	1.438	404	1.034	256%	18.406	16.680	1.726	10%	4.937	3.700	1.237	33%
06	397	06397	Schengen samstarf	0	1.451	-1.451	-100%	4.497	5.824	-1.327	-23%	29	12	17	138%
06	398	06398	Útlendingastofnun	245	120	125	104%	4.634	4.029	605	15%	309	430	-121	-28%
06	411	06411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	500	399	101	25%	59	52	7	14%	1.950	2.166	-216	-10%
06	412	06412	Sýslumaðurinn á Akranesi	265	271	-6	-2%	356	457	-101	-22%	895	933	-38	-4%
06	413	06413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	147	167	-20	-12%	758	456	302	66%	1.549	1.210	339	28%
06	414	06414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	0	160	-160	-100%	1.081	1.006	75	7%	2.691	2.407	284	12%
06	415	06415	Sýslumaðurinn í Búðardal	0	0	0	0%	315	334	-19	-6%	525	459	66	14%
06	416	06416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	59	0	59	0%	874	1.095	-221	-20%	1.221	1.355	-134	-10%
06	417	06417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	70	34	36	105%	534	521	13	3%	0	0	0	0%
06	418	06418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	256	50	206	411%	2.122	1.489	633	43%	510	479	31	6%
06	419	06419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	0	119	-119	-100%	1.299	1.343	-44	-3%	1.358	1.632	-274	-17%
06	420	06420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	406	42	364	866%	753	1.329	-576	-43%	1.694	1.541	153	10%
06	421	06421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	256	331	-75	-23%	998	1.525	-527	-35%	646	665	-19	-3%
06	422	06422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	26	156	-130	-83%	883	1.174	-291	-25%	595	325	270	83%
06	423	06423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	76	209	-133	-64%	163	169	-6	-3%	463	324	139	43%
06	424	06424	Sýslumaðurinn á Akureyri	738	277	461	166%	2.209	2.545	-336	-13%	1.571	1.455	116	8%
06	425	06425	Sýslumaðurinn á Húsavík	78	90	-12	-13%	1.333	1.633	-300	-18%	923	875	48	6%
06	426	06426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	41	37	4	10%	1.542	2.060	-518	-25%	1.431	1.575	-144	-9%
06	428	06428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	10	0	10	0%	900	1.200	-300	-25%	192	214	-22	-10%
06	429	06429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	67	20	47	237%	1.215	1.291	-76	-6%	568	571	-3	0%
06	430	06430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	125	105	20	19%	250	261	-11	-4%	880	615	265	43%
06	431	06431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	296	324	-28	-9%	1.247	725	522	72%	439	418	21	5%
06	432	06432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	628	181	447	247%	1.488	1.543	-55	-4%	876	691	185	27%
06	433	06433	Sýslumaðurinn á Selfossi	293	684	-391	-57%	686	957	-271	-28%	2.398	2.516	-118	-5%
06	434	06434	Sýslumaðurinn í Keflavík	1.180	598	582	97%	405	1.018	-613	-60%	2.699	2.332	367	16%
06	436	06436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	721	721	0	0%	248	419	-171	-41%	1.748	1.534	214	14%
06	437	06437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	152	94	58	62%	303	329	-26	-8%	896	845	51	6%
06	490	06490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	0	0	0	0%	0	64	-64	-100%	19	0	19	0%
06	491	06491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	0	0	0	0%	740	0	740	0%	826	0	826	0%
06	501	06501	Fangelsismálastofnun ríkisins	996	250	746	298%	4.502	5.334	-832	-16%	3.998	3.501	497	14%
06	701	06701	Þjóðkirkjan	1.818	1.799	19	1%	4.189	6.862	-2.673	-39%	5.463	5.284	179	3%
07		*07*	*Félagsmálaráðuneyti*	*10.890*	*9.025*	*1.865*	*21%*	*65.020*	*72.558*	*-7.538*	*-10%*	*72.785*	*66.785*	*6.000*	*9%*
07	101	07101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.043	4.529	-486	-11%	13.502	14.223	-721	-5%	2.959	1.500	1.459	97%
07	190	07190	Ýmis verkefni	1.179	342	837	245%	3.489	1.175	2.314	197%	1.249	1.240	9	1%
07	302	07302	Ríkissáttasemjari	7	30	-23	-75%	401	561	-160	-29%	175	250	-75	-30%
07	313	07313	Jafnréttisstofa	384	152	232	152%	3.970	6.633	-2.663	-40%	284	505	-221	-44%
07	331	07331	Vinnueftirlit ríkisins	601	431	170	39%	15.813	18.850	-3.037	-16%	23.496	21.543	1.953	9%
07	400	07400	Barnaverndarstofa	263	1.064	-801	-75%	4.536	6.441	-1.905	-30%	3.618	3.727	-109	-3%
07	700	07700	Málefni fatlaðra	0	22	-22	-100%	108	462	-354	-77%	26	127	-101	-80%
07	701	07701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	115	109	6	5%	1.081	744	337	45%	9.761	7.671	2.090	27%
07	702	07702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	44	38	6	16%	1.036	1.104	-68	-6%	8.601	8.122	479	6%
07	703	07703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	0	16	-16	-100%	829	536	293	55%	6.079	6.159	-80	-1%
07	704	07704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	409	102	307	301%	1.376	1.601	-225	-14%	1.079	628	451	72%

í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
07	705	07705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	0	0	0	0%	33	48	-15	-31%	146	181	-35	-20%
07	706	07706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	0	0	0	0%	45	21	24	113%	151	237	-86	-36%
07	707	07707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	114	0	114	0%	2.221	2.151	70	3%	2.089	1.670	419	25%
07	708	07708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	0	5	-5	-100%	134	109	25	23%	2.945	2.445	500	20%
07	750	07750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	412	629	-217	-35%	5.094	3.578	1.516	42%	1.837	1.721	116	7%
07	795	07795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	6	108	-102	-95%	498	261	237	91%	114	508	-394	-78%
07	980	07980	Vinnumálastofnun	2.832	985	1.847	187%	7.048	9.515	-2.467	-26%	5.208	5.097	111	2%
07	981	07981	Vinnumál	40	63	-23	-36%	1.825	2.315	-490	-21%	0	0	0	0%
07	984	07984	Atvinnuleysistryggingasjóður	132	97	35	36%	370	352	18	5%	2.075	2.835	-760	-27%
07	987	07987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	0	0	0	0%	0	0	0	0%	91	195	-104	-53%
07	999	07999	Félagsmál, ýmis starfsemi	311	303	8	3%	1.612	1.878	-266	-14%	803	424	379	89%
08		*08*	*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti*	*20.047*	*21.913*	*-1.866*	*-9%*	*348.083*	*372.653*	*-24.570*	*-7%*	*389.532*	*395.759*	*-6.227*	*-2%*
08	101	08101	Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	8.739	9.390	-651	-7%	23.859	22.883	976	4%	3.620	3.954	-334	-8%
08	201	08201	Tryggingastofnun ríkisins	1.822	2.340	-518	-22%	7.077	10.334	-3.257	-32%	2.882	2.089	793	38%
08	209	08209	Sjúklingatryggingar	0	0	0	0%	0	0	0	0%	198	7	191	2724%
08	301	08301	Landlæknir	279	355	-76	-21%	5.621	11.157	-5.536	-50%	665	741	-76	-10%
08	305	08305	Lýðheilsustöð	812	259	553	214%	5.066	1.175	3.891	331%	1.914	412	1.502	364%
08	324	08324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	155	32	123	383%	1.956	1.654	302	18%	664	789	-125	-16%
08	326	08326	Sjónstöð Íslands	127	55	72	131%	1.456	1.197	259	22%	1.306	1.541	-235	-15%
08	327	08327	Geislavarnir ríkisins	233	209	24	11%	3.644	5.027	-1.383	-28%	1.567	1.726	-159	-9%
08	330	08330	Manneldisráð	0	148	-148	-100%	0	106	-106	-100%	0	62	-62	-100%
08	340	08340	Málefni fatlaðra	18	27	-9	-35%	0	84	-84	-100%	0	0	0	0%
08	358	08358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	508	117	391	335%	28.925	32.712	-3.787	-12%	26.172	25.224	948	4%
08	373	08373	Landspítali - háskólasjúkrahús	2.964	1.734	1.230	71%	151.061	170.289	-19.228	-11%	139.337	133.958	5.379	4%
08	379	08379	Sjúkrahús, óskipt	28	0	28	0%	780	417	363	87%	340	417	-77	-19%
08	384	08384	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	0	0	0	0%	0	0	0	0%	319	0	319	0%
08	386	08386	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0	0	0	0%	11	245	-234	-95%	6.295	6.239	56	1%
08	397	08397	Lyfjastofnun	96	150	-54	-36%	6.349	5.837	512	9%	498	405	93	23%
08	399	08399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	19	122	-103	-85%	1.650	4.884	-3.234	-66%	149	1.034	-885	-86%
08	500	08500	Heilsugæslustöðvar, almennt	0	0	0	0%	29	32	-3	-8%	104	298	-194	-65%
08	505	08505	Heilsugæsla í Reykjavík	133	1.351	-1.218	-90%	13.591	13.254	337	3%	58.507	73.036	-14.529	-20%
08	510	08510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1.310	1.907	-597	-31%	5.146	3.799	1.347	35%	6.571	6.189	382	6%
08	522	08522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0	210	-210	-100%	2.294	797	1.497	188%	1.360	1.083	277	26%
08	524	08524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	3	329	-326	-99%	674	937	-263	-28%	646	856	-210	-25%
08	525	08525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0	0	0	0%	1.137	405	732	181%	131	178	-47	-27%
08	526	08526	Heilsugæslustöðin Búðardal	0	0	0	0%	1.424	1.504	-80	-5%	2.622	1.819	803	44%
08	551	08551	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0	0	0	0%	496	487	9	2%	106	0	106	0%
08	552	08552	Heilsugæslustöðin Dalvík	0	0	0	0%	632	799	-167	-21%	599	329	270	82%
08	571	08571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0	0	0	0%	0	0	0	0%	40	222	-182	-82%
08	572	08572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0	5	-5	-100%	4	4	0	-3%	129	133	-4	-3%
08	574	08574	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	0	89	-89	-100%	420	688	-268	-39%	1.402	2.164	-762	-35%
08	576	08576	Heilsugæslustöðin Laugarási	49	0	49	0%	0	376	-376	-100%	1.288	1.796	-508	-28%
08	578	08578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	50	106	-56	-52%	1.081	1.913	-832	-43%	779	814	-35	-4%
08	579	08579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0	63	-63	-100%	146	70	76	108%	82	103	-21	-21%
08	582	08582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	0	84	-84	-100%	3.293	3.595	-302	-8%	10.188	9.609	579	6%
08	583	08583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	76	115	-39	-34%	1.683	1.357	326	24%	3.811	3.336	475	14%
08	584	08584	Heilsugæsla í Kópavogi	0	178	-178	-100%	3.390	4.261	-871	-20%	6.941	10.586	-3.645	-34%

Í þúsundum kr.

				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
08	585	08585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	196	142	54	38%	2.284	1.894	390	21%	1.739	2.356	-617	-26%
08	586	08586	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	25	48	-23	-49%	1.151	2.015	-864	-43%	1.289	1.827	-538	-29%
08	621	08621	Forvarnasjóður	0	106	-106	-100%	0	1.331	-1.331	-100%	0	365	-365	-100%
08	711	08711	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	524	266	258	97%	5.382	4.455	927	21%	15.908	17.613	-1.705	-10%
08	721	08721	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	0	0	0	0%	2.905	2.585	320	12%	706	1.244	-538	-43%
08	725	08725	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	0	0	0	0%	5.564	4.545	1.019	22%	1.381	1.406	-25	-2%
08	731	08731	Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	8	155	-147	-95%	1.049	729	320	44%	749	579	170	29%
08	735	08735	Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	169	176	-7	-4%	842	503	339	67%	1.579	938	641	68%
08	741	08741	Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	0	0	0	0%	2.046	1.664	382	23%	2.589	2.802	-213	-8%
08	745	08745	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	0	0	0	0%	2.749	3.328	-579	-17%	3.216	3.093	123	4%
08	751	08751	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	0	275	-275	-100%	4.350	4.160	190	5%	7.101	7.439	-338	-5%
08	755	08755	Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	535	641	-106	-17%	2.148	2.011	137	7%	1.505	1.566	-62	-4%
08	761	08761	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	199	84	115	137%	6.834	6.464	370	6%	8.130	5.910	2.220	38%
08	777	08777	Heilbrigðisstofnun Austurlands	465	223	242	109%	25.231	24.948	283	1%	7.024	7.368	-344	-5%
08	781	08781	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	46	8	38	478%	3.317	2.748	569	21%	2.714	2.556	158	6%
08	785	08785	Heilbrigðisstofnunin Selfossi	0	0	0	0%	1.703	1.535	168	11%	11.558	16.380	-4.822	-29%
08	787	08787	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	123	0	123	0%	1.793	0	1.793	0%	8.583	0	8.583	0%
08	791	08791	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	213	0	213	0%	3.299	2.405	894	37%	26.868	26.159	709	3%
08	795	08795	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	110	243	-133	-55%	1.189	2.225	-1.036	-47%	5.651	5.002	649	13%
08	996	08996	Íslenska upplýsingasamfélagið	10	171	-161	-94%	1.354	829	525	63%	11	7	4	58%
09		*09*	*Fjármálaráðuneyti*	*10.075*	*15.072*	*-4.997*	*-33%*	*64.904*	*69.587*	*-4.683*	*-7%*	*28.832*	*29.973*	*-1.141*	*-4%*
09	101	09101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.549	7.246	-1.697	-23%	27.803	29.212	-1.409	-5%	1.600	1.852	-252	-14%
09	103	09103	Fjársýsla ríkisins	690	1.037	-347	-33%	3.216	2.967	249	8%	1.826	1.869	-43	-2%
09	201	09201	Ríkisskattstjóri	627	345	282	82%	6.850	6.363	487	8%	653	442	211	48%
09	202	09202	Skattstofan í Reykjavík	0	139	-139	-100%	54	66	-12	-18%	556	469	87	19%
09	203	09203	Skattstofa Vesturlands	45	110	-65	-59%	294	357	-63	-18%	707	815	-108	-13%
09	204	09204	Skattstofa Vestfjarða	53	116	-63	-54%	873	506	367	73%	33	20	13	63%
09	205	09205	Skattstofa Norðurlands vestra	174	281	-107	-38%	479	280	199	71%	684	441	243	55%
09	206	09206	Skattstofa Norðurlands eystra	0	0	0	0%	708	505	203	40%	281	210	71	34%
09	207	09207	Skattstofa Austurlands	82	97	-15	-15%	660	720	-60	-8%	144	189	-45	-24%
09	208	09208	Skattstofa Suðurlands	0	8	-8	-100%	193	202	-9	-4%	485	388	97	25%
09	209	09209	Skattstofa Vestmannaeyja	38	0	38	0%	447	560	-113	-20%	141	136	5	4%
09	211	09211	Skattstofa Reykjaness	37	36	1	2%	0	0	0	0%	366	297	69	23%
09	212	09212	Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	368	0	368	0%	0	0	0	0%	0	0	0	0%
09	214	09214	Yfirskattanefnd	207	182	25	14%	64	0	64	0%	26	12	14	115%
09	215	09215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0	189	-189	-100%	1.513	1.415	98	7%	161	150	11	7%
09	250	09250	Innheimtukostnaður	0	0	0	0%	54	0	54	0%	22	0	22	0%
09	262	09262	Tollstjórinn í Reykjavík	779	3.152	-2.373	-75%	7.510	8.431	-921	-11%	3.125	2.675	450	17%
09	402	09402	Fasteignamat ríkisins	249	793	-544	-69%	6.619	5.875	744	13%	9.779	10.426	-647	-6%
09	901	09901	Framkvæmdasýsla ríkisins	123	123	0	0%	1.458	2.305	-847	-37%	2.300	2.750	-450	-16%
09	905	09905	Ríkiskaup	20	82	-62	-76%	3.084	3.936	-852	-22%	3.480	2.842	638	22%
09	972	09972	Lánasýsla ríkisins	729	663	66	10%	720	641	79	12%	274	1.745	-1.471	-84%
			Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við												
09	980	09980	Amarhól	28	43	-15	-34%	522	633	-111	-17%	155	145	10	7%
09	981	09981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	0	0	0	0%	76	116	-40	-34%	18	17	1	8%
09	984	09984	Fasteignir ríkissjóðs	277	302	-25	-8%	1.102	1.517	-415	-27%	1.503	1.634	-131	-8%
09	999	09999	Ýmislegt	0	128	-128	-100%	606	2.980	-2.374	-80%	515	449	66	15%
10		*10*	*Samgönguráðuneyti*	*24.418*	*27.050*	*-2.632*	*-10%*	*270.625*	*285.346*	*-14.721*	*-5%*	*282.605*	*273.058*	*9.547*	*3%*
10	101	10101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	7.800	4.556	3.244	71%	16.297	16.620	-323	-2%	2.082	3.550	-1.468	-41%

Í þúsundum kr.				RISNA				FERÐAKOSTNAÐUR				AKSTUR			
			Heiti Stofnunar	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%	2004	2003	Mism.	%
10	190	10190	Ýmis verkefni	0	110	-110	-100%	1.158	4.721	-3.563	-75%	750	114	636	558%
10	211	10211	Rekstur Vegagerðarinnar	7.683	10.849	-3.166	-29%	157.887	156.135	1.752	1%	226.657	218.513	8.144	4%
10	251	10251	Umferðarstofa	239	0	239	0%	5.302	0	5.302		1.682	0	1.682	0%
10	335	10335	Siglingastofnun Íslands	756	1.921	-1.165	-61%	19.253	26.598	-7.345	-28%	10.917	14.710	-3.793	-26%
10	381	10381	Rannsóknanefnd sjóslysa	179	214	-35	-16%	522	1.426	-904	-63%	799	341	458	134%
10	471	10471	Rekstur Flugmálastjórnar	2.955	5.160	-2.205	-43%	46.373	55.187	-8.814	-16%	33.768	31.316	2.452	8%
10	472	10472	Flugvellir	0	0	0	0%	4.277	0	4.277	0%	398	0	398	0%
10	481	10481	Rannsóknanefnd flugslysa	16	31	-15	-47%	2.114	1.136	978	86%	622	284	338	119%
10	512	10512	Póst- og fjarskiptastofnunin	1.064	1.300	-236	-18%	8.446	9.550	-1.104	-12%	1.123	1.229	-106	-9%
10	651	10651	Ferðamálaráð	3.725	2.909	816	28%	8.995	13.973	-4.978	-36%	3.807	3.001	806	27%
11		*11*	*Iðnaðarráðuneyti*	*12.699*	*8.146*	*4.553*	*56%*	*91.143*	*90.313*	*830*	*1%*	*25.524*	*25.417*	*107*	*0%*
11	101	11101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	5.445	1.222	4.223	346%	10.554	5.358	5.196	97%	1.326	1.047	279	27%
11	102	11102	Einkaleyfastofan	1.072	565	507	90%	3.828	3.251	577	18%	270	116	154	133%
11	201	11201	Iðntæknistofnun Íslands	520	1.287	-767	-60%	15.618	14.584	1.034	7%	9.618	9.827	-209	-2%
11	203	11203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.030	376	654	174%	12.488	11.239	1.249	11%	7.708	7.258	450	6%
11	240	11240	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	0	1.527	-1.527	-100%	436	3.269	-2.833	-87%	50	16	34	215%
11	299	11299	Iðja og iðnaður, framlög	1.142	367	775	211%	2.546	2.977	-431	-14%	242	55	187	340%
11	301	11301	Orkustofnun	2.208	2.048	160	8%	41.328	45.862	-4.534	-10%	6.058	6.936	-878	-13%
11	373	11373	Niðurgreiðslur á húshitun	0	0	0	0%	0	122	-122	-100%	0	0	0	0%
11	399	11399	Ýmis orkumál	1.251	352	899	255%	2.725	496	2.229	449%	212	0	212	0%
11	401	11401	Byggðaáætlun	31	402	-371	-92%	1.619	3.155	-1.536	-49%	39	162	-123	-76%
12		*12*	*Viðskiptaráðuneyti*	*2.482*	*5.229*	*-2.747*	*-53%*	*26.411*	*36.055*	*-9.644*	*-27%*	*5.448*	*6.176*	*-728*	*-12%*
12	101	12101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	402	2.590	-2.188	-84%	2.623	8.704	-6.081	-70%	996	1.350	-354	-26%
12	190	12190	Ýmis verkefni	131	858	-727	-85%	2.817	5.487	-2.670	-49%	61	195	-134	-69%
12	302	12302	Löggildingarstofa	961	605	356	59%	5.265	6.213	-948	-15%	1.693	1.752	-59	-3%
12	402	12402	Fjármálaeftirlitið	633	766	-133	-17%	11.671	11.568	103	1%	1.692	1.887	-195	-10%
12	902	12902	Samkeppnisstofnun	355	410	-55	-13%	4.035	4.083	-48	-1%	1.007	992	15	2%
13		*13*	*Hagstofa Íslands*	*2.114*	*3.443*	*-1.329*	*-39%*	*12.159*	*13.200*	*-1.041*	*-8%*	*1.816*	*1.997*	*-181*	*-9%*
13	101	13101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	2.114	3.443	-1.329	-39%	12.159	13.200	-1.041	-8%	1.816	1.997	-181	-9%
14		*14*	*Umhverfisráðuneyti*	*16.155*	*13.861*	*2.294*	*17%*	*105.829*	*111.471*	*-5.641*	*-5%*	*29.963*	*30.315*	*-352*	*-1%*
14	101	14101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	7.096	4.700	2.396	51%	22.088	19.440	2.648	14%	2.552	2.762	-210	-8%
14	190	14190	Ýmis verkefni	2.013	438	1.575	360%	3.072	8.863	-5.791	-65%	2.534	2.344	190	8%
14	202	14202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	23	0	23	0%	282	415	-133	-32%	147	-22	169	-768%
14	205	14205	Náttúruvernd ríkisins	0	0	0	0%	0	-105	105	-100%	0	0	0	0%
14	211	14211	Umhverfisstofnun	2.313	3.081	-768	-25%	28.511	34.806	-6.295	-18%	7.191	7.290	-99	-1%
14	221	14221	Hollustuvernd ríkisins	0	0	0	0%	0	-3.119	3.119	-100%	0	0	0	0%
14	281	14281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	0	0	0	0%	0	0	0	0%	17	0	17	0%
14	287	14287	Úrvinnslusjóður	36	120	-84	-70%	2.216	1.775	441	25%	297	564	-267	-47%
14	301	14301	Skipulagsstofnun	588	553	35	6%	3.858	3.185	673	21%	2.817	2.383	434	18%
14	310	14310	Landmælingar Íslands	1.030	1.776	-746	-42%	7.339	6.358	981	15%	6.357	6.375	-18	0%
14	321	14321	Brunamálastofnun ríkisins	838	720	118	16%	7.254	6.333	921	15%	2.613	3.017	-404	-13%
14	381	14381	Ofanflóðasjóður	107	0	107	0%	1.211	675	536	79%	278	347	-69	-20%
14	401	14401	Náttúrufræðistofnun Íslands	803	790	13	2%	11.862	12.322	-460	-4%	1.504	1.593	-89	-6%
14	407	14407	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	91	120	-29	-24%	4.523	2.680	1.843	69%	99	161	-62	-39%
14	410	14410	Veðurstofa Íslands	1.216	1.563	-347	-22%	13.613	17.840	-4.227	-24%	3.557	3.501	56	2%
			Samtals	**326.609**	**296.564**	**30.045**	**10%**	**2.299.500**	**2.331.689**	**-32.189**	**-1%**	**1.221.308**	**1.190.051**	**31.257**	**3%**

464. Nefndarálit [284. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson, Ernu S. Hallgrímsdóttur, Nínu Björk Jónsdóttur og Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Túnis sem undirritaður var í Genf í Sviss 17. desember 2004.

Samningurinn kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum auk þess sem í honum eru ákvæði um vernd fjárfestinga og hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin afnemi tolla og aðrar takmarkanir á innflutningi vöru sem samningurinn tekur til um leið og hann öðlast gildi en Túnis afnemi hins vegar tolla á ákveðnu aðlögunartímabili sem lýkur 1. júlí 2008. Aðlögunartími fyrir sjávarafurðir verður hins vegar allt að 18 árum uns fullri fríverslun með sjávarafurðir verður komið á.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 23. nóv. 2005.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Jónína Bjartmarz.

Steingrímur J. Sigfússon.

465. Nefndarálit [285. mál]

um till. til þál.um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson, Ernu S. Hallgrímsdóttur, Nínu Björk Jónsdóttur og Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar geta allir einstaklingar og lögaðilar óskað eftir aðgangi að upplýsingum um umhverfismál sem opinber yfirvöld ráða yfir eða eru geymdar fyrir þeirra hönd án þess að þurfa að sýna fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta. Efnisákvæði tilskipunarinnar taka mið af þeim hluta Árósasamningsins frá 25. júní 1998 sem varðar aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.

Umhverfisráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp til að innleiða tilskipunina í íslenskan rétt (þskj. 300, 221. mál) og er það nú til meðferðar í umhverfisnefnd Alþingis.

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir álitið með fyrirvara.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 23. nóv. 2005.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.
	Jónína Bjartmarz.	

466. Nefndarálit [286. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson, Ernu S. Hallgrímsdóttur, Nínu Björk Jónsdóttur og Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júní 2004 og 134/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og 2003/108/EB frá 8. desember 2003 um breytingu á tilskipun 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

Markmið tilskipunar 2002/96/EB er að draga úr myndun raftækja- og rafeindatækjaúrgangs, auka endurnýtingu og endurnotkun á slíkum úrgangi og vinna að aukinni umhverfisvitund allra aðila sem koma að lífsferli vörunnar en í henni eru m.a. ákvæði um hvernig skuli fjármagna, safna, meðhöndla og endurnýta raftækja- og rafeindatækjaúrgang. Tilskipun 2003/108/EB felur í sér breytingar á fyrrnefndri tilskipun.

Innleiðing tilskipananna krefst lagabreytinga hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 23. nóv. 2005.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

Jónína Bjartmarz.

467. Nefndarálit [287. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson, Ernu S. Hallgrímsdóttur, Nínu Björk Jónsdóttur og Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Meginmarkmið löggjafar um evrópsk samvinnufélög er að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eða lögaðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Tilskipun 2003/72/EB er svo ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir vinna hjá.

Innleiðing tilskipunarinnar krefst lagabreytinga hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 23. nóv. 2005.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.

Jónína Bjartmarz.

468. Svar [374. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsens um afla smábáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur afli smábáta (krókaaflamarksbáta og dagabáta) skipst eftir veiðarfærum sl. fimm fiskveiðiár?*
2. *Hvernig hefur landaður afli smábáta (krókaaflamarksbáta og dagabáta) skipst eftir löndunarhöfnum sl. fimm fiskveiðiár?*

Leitað var til Fiskistofu um svör við fyrirspurninni og fylgir hér svar hennar.

Afli krókabáta eftir veiðarfærum fiskveiðiárin 2000/2001–2004/2005.

Tölurnar eru í tonnum og miðast við afla upp úr sjó (óslægt).

Veiðarfæri	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005
Lína	44.633	31.417	36.796	42.027	52.424
Handfæri	18.025	20.066	18.805	16.734	9.557
Önnur veiðarfæri	445	374	512	414	315
Samtals	**63.102**	**51.857**	**56.113**	**59.175**	**62.296**

Afli krókabáta eftir löndunarhöfnum fiskveiðiárin 2000/2001–2004/2005.

Tölurnar eru í tonnum og miðast við afla upp úr sjó (óslægt).

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005
1	Vestmannaeyjar	397	351	378	290	249
11	Þorlákshöfn	1.040	535	957	764	1.128
13	Grindavík	2.751	2.006	2.215	2.833	3.075
17	Sandgerði	5.031	3.689	4.933	5.159	4.491
21	Keflavík	384	62	131	108	135
27	Hafnarfjörður	662	755	727	968	866
31	Kópavogur	61	20	35	149	186
33	Reykjavík	1.369	557	561	674	724
35	Akranes	381	404	409	496	394
36	Hvalseyjar			4	6	
38	Arnarstapi	1.700	898	934	1.313	1.175
42	Rif	1.594	1.906	1.969	2.375	2.410
43	Ólafsvík	3.910	3.787	3.586	4.313	3.972
45	Grundarfjörður	1.140	993	917	735	892
47	Stykkishólmur	1.118	1.118	843	646	525
51	Búðardalur		0			
55	Brjánslækur	278	248	145	73	24
56	Haukabergsvaðall	94	87	6	16	1
57	Patreksfjörður	2.394	2.009	1.236	1.005	998
59	Tálknafjörður	4.373	3.638	3.178	2.554	1.819
61	Bíldudalur	334	183	258	259	12
63	Þingeyri	1.140	553	339	656	583
65	Flateyri	3.264	3.299	3.182	2.871	2.971

Hafnarnr.	Löndunarhöfn	2000/2001	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005
67	Suðureyri	5.062	3.773	3.871	3.305	2.760
69	Bolungarvík	7.068	5.664	6.422	6.831	5.371
73	Ísafjörður	1.756	1.338	1.374	1.444	1.278
75	Súðavík				21	104
77	Norðurfjörður	345	766	666	625	163
79	Drangsnes	945	756	1.024	1.336	1.623
81	Hólmavík	606	609	570	571	704
83	Hvammstangi	169	142	412	801	310
85	Blönduós	1				
87	Skagaströnd	1.121	1.614	2.064	2.103	3.688
89	Sauðárkrókur	124	58	168	436	633
91	Hofsós	128	209	202	329	201
92	Haganesvík	28	3	11	1	
93	Siglufjörður	387	354	731	1.199	3.829
95	Ólafsfjörður	128	129	89	84	189
97	Grímsey	2.691	2.565	2.962	2.641	2.362
99	Hrísey	347	377	526	499	735
101	Dalvík	287	151	743	739	466
103	Árskógssandur	484	329	278	307	812
104	Hauganes	7	18	43	40	40
105	Hjalteyri	84	43	48	46	5
107	Akureyri	4	19	24	57	76
111	Grenivík	98	102	52	94	155
115	Húsavík	465	328	320	650	1.926
117	Kópasker	32	27	15	32	59
119	Raufarhöfn	169	114	133	289	334
121	Þórshöfn	556	402	565	608	562
123	Bakkafjörður	750	582	447	407	579
125	Vopnafjörður	88	74	110	95	67
129	Borgarfjörður eystri	441	347	342	392	399
131	Seyðisfjörður	332	247	258	171	219
133	Mjóifjörður	27	24	23	33	39
135	Neskaupstaður	289	263	380	387	194
137	Eskifjörður	289	251	249	267	353
139	Reyðarfjörður	1				4
141	Fáskrúðsfjörður	247	157	236	77	23
143	Stöðvarfjörður	550	957	1.121	1.054	1.332
145	Breiðdalsvík	421	238	153	201	478
147	Djúpivogur	475	569	674	723	1.707
149	Hornafjörður	1.794	1.027	1.742	1.808	1.748
150	Ýmsir staðir	111	61	39	15	0
159	Erlendis	778	68	84	194	139
	Samtals	**63.102**	**51.857**	**56.113**	**59.175**	**62.296**

469. Frumvarp til laga [387. mál]

um stofnun Matvælarannsókna hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag, sem nefnist Matvælarannsóknir hf., um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

3. gr.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

5. gr.

Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu

með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

7. gr.

Matvælarannsóknum hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

8. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. ágúst 2006.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum:

a. Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. falla brott.
b. IV. kafli, **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**, 19.–28 gr., fellur brott.

Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 5. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn skal fyrir 1. febrúar 2006, skipar sjávarútvegsráðherra félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 4. gr.

II.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir og skuldir sem tengjast rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og færðar verða samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra til félagsins. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 20. júlí 2006.

III.

Stjórn Matvælarannsókna hf. annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna starfsemi félagsins.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögaðila án starfsemi vegna uppgjörs og aðildar að samningum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. ágúst 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forsætisráðherra skipaði hinn 6. júní 2005 starfshóp sem var falið að undirbúa sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun. Starfshópnum var einnig ætlað að undirbúa frumvarp til

laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þar sem m.a. væri kveðið á um rekstrarform og stjórn sameiginlegrar matvælarannsóknastofnunar, tengsl hennar við háskólana og aðkomu samtaka atvinnulífsins að slíkri stofnun.

Starfshópnum var m.a. falið að taka mið af eftirfarandi atriðum:

- Markmið stofnunarinnar verði m.a. að efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu, stuðla að hollustu og öryggi matvæla og styðja við vísindastarfsemi háskólastofnana og sinna samfélagslegum skyldum gagnvart einstökum atvinnugreinum.
- Verksvið stofnunarinnar nái yfir rannsóknir, þróun og framleiðslu og meðferð matvæla frá hráefni, óháð uppruna þess, til neytendavöru með hagkvæmni framleiðslunnar og gæði og hollustu vörunnar í fyrirrúmi.
- Kanna að hvaða leyti starfsemi matvælarannsókna geti verið rekin á markaðslegum forsendum, kosti þess að rekstrarform stofnunarinnar verði hlutafélag og möguleika á aðkomu atvinnulífsins að stofnuninni.
- Stofnunin búi við sem mest rekstrarlegt sjálfstæði, henni verði sett stjórn sem marki stefnu og starfsemi stofnunarinnar og beri faglega og fjárhagslega ábyrgð á starfseminni gagnvart eigendum. Sjávarútvegsráðherra skipi stjórn stofnunarinnar en landbúnaðarráðherra, umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra tilnefni fulltrúa í stjórnina.
- Framlag ríkisins til stofnunarinnar taki mið af samningi sem gerður verði við stofnunina og sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti komi að. Gengið er út frá því að núverandi fjárframlag á fjárlögum til þeirra stofnana og verkefna sem renna inn í sameinaða matvælastofnun flytjist til hinnar nýju stofnunar og verði hluti af fyrrnefndum samningi.
- Gert er ráð fyrir að vísindasamstarf stofnunarinnar við háskóla í landinu verði á grundvelli samnings við þá háskóla sem þess óska.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, var formaður starfshópsins. Aðrir í starfshópnum voru Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, tilnefndur af umhverfisráðherra, Leifur Eysteinsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af fjármálaráðherra, Sveinn Þorgrímsson skrifstofustjóri, tilnefndur af iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Vilhjálmur Egilsson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af sjávarútvegsráðherra, og Þorsteinn Tómasson skrifstofustjóri, tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Matthías Imsland, deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, starfaði með hópnum.

Nefndin skilaði forsætisráðherra drögum að lagafrumvarpi um stofnun Matvælarannsókna hf. ásamt greinargerð sem er samhljóða því frumvarpi sem hér er lagt fram og greinargerð sem því fylgir.

1. Aðdragandi.

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem samþykkt var árið 2003, er meginhersla lögð á að treysta menningarlega og efnahagslega stöðu Íslands í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þannig að efnahagur og lífsgæði Íslendinga skipi þeim áfram í fremstu röð meðal þjóða. Enn fremur er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, aukna verðmætasköpun, bætt heilsufar og félagslegt öryggi.

Á grundvelli stefnu Vísinda- og tækniráðs hafa stjórnvöld lagt áherslu á eftirfarandi verkefni á kjörtímabilinu:

- Auka úthlutunarfé opinberra samkeppnissjóða og samhæfa starfsemi þeirra.
- Byggja upp og efla fjölbreyttar háskólarannsóknir á Íslandi.
- Endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana.

Forsætisráðherra ákvað 22. mars 2004 að skipa starfshóp undir forustu Halldórs Árnasonar skrifstofustjóra til að endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana. Markmiðið væri að sameina krafta þeirra og tengja starfsemi þeirra betur við háskólana og atvinnulífið í landinu. Sá starfshópur skilaði fyrstu tillögum 24. maí 2004. Þar var m.a. lagt til að könnuð yrði möguleg samþætting eða sameining matvælarannsókna í eina stofnun eða fyrirtæki.

Vísinda- og tækniráð tók undir þessa tillögu vorið 2004 og 5. ágúst sama ár skipaði forsætisráðherra nefnd undir forustu Þorkels Sigurlaugssonar framkvæmdastjóra sem átti að kanna mögulega samþættingu eða sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun. Almenn markmið slíkrar sameiningar væru aukin gæði rannsókna, hagræðing, samræmd vinnubrögð og betri þjónusta við sjávarútveg, landbúnað og annan matvælaiðnað.

Nefndin skilaði forsætisráðherra niðurstöðu 3. nóvember 2004. Helstu tillögur hennar voru:

1. Matvælarannsóknir á Íslandi fari að mestu fram hjá einni öflugri stofnun, Matvælarannsóknastofnun Íslands. Lagt er til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, matvælarannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Iðntæknistofnunar Íslands (MATRA) og rannsóknastofa Umhverfisstofnunar renni inn í þessa nýju stofnun. Gert er ráð fyrir virkri aðkomu viðkomandi ráðuneyta og aðila atvinnulífs á sviði matvælaframleiðslu í stjórn hennar. Stofnunin taki mið af stefnu stjórnvalda í málefnum matvælarannsókna og verði starfrækt á ábyrgð ríkisins og samtaka atvinnulífsins á þessu sviði. Athugaðir verði möguleikar þess að stofnunin verði rekin sem sjálfseignarstofnun eða hlutafélag.
2. Höfuðstöðvar Matvælarannsóknastofnunar Íslands verði í Reykjavík en öflugt rannsóknarsetur á hennar vegum verði byggt upp við Háskólann á Akureyri. Náin tengsl verði einnig við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands. Tengslin verði efld með sameiginlegri starfsaðstöðu, nýtingu starfskrafta, rannsóknartengdu framhaldsnámi, auk verkefnasamstarfs og þátttöku í vaxandi alþjóðasamstarfi á sviði matvælarannsókna.
3. Stjórnvöld leiti eftir því við samtök atvinnulífsins að skipuð verði viðræðunefnd um nánari útfærslu og undirbúning samnings um málið. Samhliða fari fram undirbúningur að nauðsynlegri breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Starfsnefndir Vísinda- og tækniráðs fóru yfir tillögur þessar og hvöttu til þess að Matvælarannsóknastofnun Íslands og háskólar sem sinntu kennslu og rannsóknum í líf- og heilbrigðisvísindum, raunvísindum, verk- og tæknifræði, lýðheilsu- og næringarfræði mynduðu samstarfsklasa á alþjóðlegan mælikvarða þar sem hver eining héldi sjálfstæði og sérhæfingu, jafnframt því sem allt samstarf þeirra efldist. Með náinni samvinnu við háskóla um kennslu og rannsóknir skapast öflugur vettvangur rannsókna og þróunar á sviðinu.

Vísinda- og tækniráð tók í desember 2004 undir álit starfshópsins að matvælarannsóknir á Íslandi fari að mestu fram hjá einni sjálfstæðri og öflugri stofnun sem hafi margþætt tengsl við háskóla í landinu. Jafnframt beindi ráðið því til forsætisráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun og frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þar yrði m.a. kveðið á um rekstrarform og stjórn sameiginlegrar matvælarannsóknastofnunar, tengsl hennar við háskólana og aðkomu samtaka atvinnulífsins að slíkri stofnun.

2. Mikilvægi matvælaframleiðslu fyrir Ísland.

Íslendingar eru afar háðir matvælaframleiðslu, bæði til eigin neyslu og til útflutnings. Beint eða óbeint er matvælaframleiðsla langumsvifamesta svið íslensks atvinnulífs og vinnumarkaðar.

Mikilvægi matvælaiðnaðar og tengdra greina í íslensku efnahagslífi má marka af eftirfarandi hagtölum:

- Útflutningsverðmæti sjávarafurða, landbúnaðarafurða og annarra matvæla nam um 126 milljörðum kr. árið 2004, eða um 62,3 % af öllum vöruútflutningi.
- Árið 2004 voru nálægt 3,4% starfa í landinu í landbúnaði, 2,9% við fiskveiðar, 3,5% í fiskvinnslu og um 3% í öðrum matvælaiðnaði, eða nærri 12,7% af öllum störfum í landinu á því ári, eða um 20.000 störf.
- Útflutningur á tæknivörum, sem tengjast sjávarútvegi og matvælavinnslu, nam um 5 milljörðum kr., eða 2,5% af verðmæti alls vöruútflutnings.
- Innkaup á matvælum er stærsti liðurinn í útgjöldum heimilanna að verðmæti 66,8 milljarðar kr. á árinu 2003, eða 15,2% af einkaneyslu í landinu, og að verðmæti 87,8 milljarðar kr., eða 18,9% ef áfengi og tóbak er meðtalið.

Auk þess hefur matvælaiðnaður umtalsverð áhrif á flutninga, verslun og aðra þjónustu. Þar eru áhrif sjávarútvegs og fiskvinnslu sýnu mest. Framleiðsla tækja og búnaðar til matvælavinnslu er ört vaxandi grein og sömuleiðis eru umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis mikil þótt ekki komi þau nema að litlu leyti fram í íslenskum hagtölum. Þetta hvoru tveggja byggist að sjálfsögðu á reynslu og þekkingu sem áunnist hefur heima fyrir. Matvælaframleiðsla er einn af mikilvægustu atvinnuvegum þjóðarinnar og hefur verið vettvangur nýsköpunar og nýrra tækifæra í alþjóðlegum viðskiptum og er líklegt að svo verði á komandi árum. Nýsköpun í atvinnulífinu er mikilvæg forsenda hagvaxtar og bættrar samkeppnisstöðu Íslands. Framleiðendur tækja fyrir matvælaiðnað sækja talsvert af þekkingu og reynslu til matvælaframleiðslu hér á landi og fyrirtækin verja umtalsverðum fjármunum til rannsókna og þróunar nýrrar tækni og aðferða við matvælavinnslu. Hátæknifyrirtæki á þessu sviði þróa tæki og vinnuaðferðir fyrir margar greinar matvælaiðnaðar, bæði á sviði frumvinnslu og fullvinnslu afurða úr landbúnaði jafnt sem sjávarfangi.

Matvælarannsóknir eru að stórum hluta óháðar uppruna hráefnis. Sem dæmi um náið samspil milli tækjabúnaðar og matvælavinnslu má nefna að stærðarflokkun, skurður, rekjanleiki og pökkun matvæla eru að verða grundvallaratriði fyrir matvælafyrirtæki til að halda samkeppnisstöðu og geta keppt við ódýrt vinnuafl í ýmsum löndum. Áhersla á matvælarannsóknir er því mikilvæg forsenda hagvaxtar og viðunandi launa hér á landi.

Ísland er matvælaframleiðsluland og því er afar mikilvægt að hafa yfir að ráða fullkomnustu þekkingu á því sviði. Það á við um frumframleiðslu, úrvinnslu, framleiðslu tækjabúnaðar og alþjóðleg viðskipti með matvæli, þ.m.t. gæslu öryggis og gæða í öllu framleiðslu- og viðskiptaferlinu frá uppruna hráefnis til afhendingar hjá neytendum vörunnar. Síðastnefnda atriðið verður sífellt mikilvægara í alþjóðlegum viðskiptum þar sem vaxandi kröfur til verndar lýðheilsu eru bundnar í alþjóðlegum samningum og reglum um viðskipti með matvæli. Áreiðanleiki og skjótvirkur rekjanleiki vöru og haldgóðar upplýsingar um efnainnihald getur ráðið úrslitum fyrir samkeppnisstöðu íslenskrar matvælaframleiðslu. Gildir það hvort sem um er að ræða fiskmeti, landbúnaðarafurðir eða aðrar unnar matvælaafurðir.

3. Matvæli og þekking – hlutverk hins opinbera.

Þekkingarstarf á sviði matvæla er hagsmunamál fyrir íslenska þjóð. Þeir hagsmunir snúa beint að heilsu og fæðuöryggi þjóðarinnar og ekki síður að atvinnu- og viðskiptahagsmunum í útflutningi og samkeppni við erlenda aðila. Hið opinbera hefur hlutverki að gegna á þessu sviði, eins og fjallað verður um í stuttu máli hér á eftir.

3.1 Matvælaöryggi.

Samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, ber íslenska ríkinu að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti.

Því er mikilvægt að stjórnvöld geri ráðstafanir svo að aðstaða, þekking og reynsla sé til staðar til að sinna verkefnum sem stuðla að öryggi matvæla.

Nauðsynlegt er að opinberir eftirlitsaðilar geti gengið að mæliþjónustu vísri, og þá sérstaklega er varðar öryggismælingar. Þar má nefna mælingar vegna matarsjúkdóma, ekki síst bráðatilfella, sem búast má við að komi upp með reglulegu millibili. Til þess að hið opinbera geti sinnt hlutverki sínu á þessu sviði þarf þjónusta á sviði matvælarannsókna að vera þannig að heilbrigðiseftirlitið og heilbrigðisþjónustan geti gengið að því vísu að njóta ávallt forgangs þegar nauðsyn krefur. Forgangsþjónusta á þessu sviði gerir sérstakar kröfur til búnaðar og starfsfólks.

Hin síðari ár hafa komið upp allmörg bráðatilfelli sem rekja má til sýklamengunar í matvælum og sem bregðast hefur þurft við í skyndingu. Aðgerðir hafa m.a. beinst að því að greina ýmsar tegundir sýkla í matvælum og leggja á ráðin um rannsóknir til að fá sem fyrst yfirsýn yfir hættuna og þegar því er náð að vakta virkni aðgerða.

Umhverfisstofnun sem yfirumsjónaraðili matvælaeftirlits þarf að hafa aðgang að öryggisþjónustu hjá rannsóknastofu sem gefur henni forgang þegar bráðatilvik koma upp. Landfræðileg einangrun Íslands með tilheyrandi fjarlægð við erlenda rannsókna- og öryggisþjónustu gerir það að verkum að tryggja þarf að þessi þjónusta og sérfræðiþekking henni tengd sé til staðar í landinu. Ef svo er ekki eru verulegar líkur á að aðgerðir verði ómarkvissar og að almenningur missi tiltrú á að stjórnvöld séu fær um að takast á við bráðar matareitranir og matarsýkingar.

Landbúnaðarstofnun sinnir margvíslegum stjórnsýsluverkefnum sem eru skyld þeim sem Umhverfisstofnun annast og þarfnast hliðstæðrar efna- og örverurannsókna, svo sem vegna fóðureftirlits, dýraheilsu og fleiri þátta. Einnig hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Fiskistofa þörf fyrir hliðstæða þjónustu.

3.2 Menntun og grunnrannsóknir.

Ríkinu ber skylda til að bjóða fólki tækifæri til að búa sig undir ýmis störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Í því skyni rekur ríkið framhaldsskóla og háskóla eða styrkir skólarekstur á vegum einkaaðila. Í háskólum eru jafnframt stundaðar rannsóknir sem tengjast kennslunni bæði beint og óbeint, sérstaklega framhaldsnámi. Þá rekur ríkið margar rannsóknastofnanir, bæði sem sjálfstæðar stofnanir og stofnanir innan háskólanna, auk þess sem einkaaðilar reka nokkrar rannsóknastofur. Rannsóknastofnanirnar eru í nánu samstarfi við háskóla og fyrirtæki um rannsóknarverkefni og við háskólana um nám og kennslu nemenda. Meðal annars sjá starfsmenn þeirra um hluta af kennslunni í háskólunum og nemendur í framhaldsnámi taka þátt í verkefnum þeirra. Á þennan hátt meðal annars starfa háskólarnir, rannsóknastofnanirnar og fyrirtækin saman að því að búa til og miðla þekkingu.

Grunnrannsóknir fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem er innt af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á meginundirstöðum fyrirbæra og atburða sem unnt er að skoða án þess að hafa alltaf tiltekna hagnýtingu eða notkun í huga. Með grunnrannsóknum er verið að greina eiginleika, formgerðir og tengsl í þeim tilgangi að setja fram og prófa tilgátur, kenningar eða lögmál. Rannsóknirnar geta tekið langan tíma og skilað óvissri niðurstöðu. Af þeim sökum leggja einstök fyrirtæki ógjarnan fram háar fjárhæðir til slíkra rannsókna þar sem beinn hagur þeirra er oft óljós og takmarkaður. Grunnrannsóknir hafa hins vegar þjóðhagslega þýðingu sé horft til framtíðar, t.d. vegna brýnna samfélagslegra viðfangsefna og sem aflgjafar framfara. Rannsóknir eru að stórum hluta fjármagnaðar með beinum fjárstuðningi ríkisins til stofnana en einnig leggur ríkið fé í rannsóknasjóði sem þeir sem standa fyrir rannsóknum sækja um styrki í. Stefna stjórnvalda er að efla rannsóknasjóði, sérstaklega þar sem samkeppni um rannsóknarfé á grundvelli vel skilgreindra verkefna og hæfra umsækjenda er talin bæta árangur á þessu sviði.

3.3 Lýðheilsa.

Aukið heilbrigði er þjóðarhagur. Miklu skiptir að stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda á sviði lýðheilsu séu byggðar á bestu þekkingu á hverjum tíma. Öflun þeirrar þekkingar kallar á menntun, þróun og rannsóknir á sviði lýðheilsu og beitingu viðurkenndra aðferða við mat á árangri aðgerða. Lögbundið hlutverk manneldisráðs skv. 7. gr. laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, er að stuðla að heilsusamlegu mataræði þjóðarinnar í samræmi við manneldismarkmið. Ráðið vinnur að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits.

4. Matvælarannsóknir á Íslandi.

Matvælarannsóknir sem kostaðar eru af hinu opinbera fara einkum fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknum Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þessari starfsemi. Auk þessa er unnið að mikilvægum rannsóknum á vegum háskóla, annarra rannsóknastofnana og fyrirtækja, einatt í samstarfi við ofangreindar rannsóknastofnanir.

4.1 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf) er rannsókna- og þjónustustofnun fyrir sjávarútveginn og annan matvælaiðnað og starfar samkvæmt lögum nr. 64/1965. Lögbundið hlutverk Rf er að stunda rannsóknir, framkvæma prófanir, veita ráðgjöf og miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og neytenda. Stefna Rf er að auka verðmæti sjávarfangs með rannsóknum, þróunarvinnu, miðlun þekkingar og ráðgjöf og vera þannig þekkingarbrú á milli atvinnulífsins og háskóla hér á landi sem og erlendis.

Hjá Rf eru 56 starfsmenn, þar af 35 sérfræðingar, 10 í þjónustumælingum, forstjóri, fjármálastjóri, sérfræðingur í markaðsmálum, starfsmaður í símasvörun, starfsmaður í tölvumálum og sex í almennum tæknimálum. Tekjur Rf byggjast á fjárveitingum ríkisins og sértekjum sem aflað er hjá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, svo og með verkefnum sem fyrirtæki greiða til. Ríkisframlag Rf fyrir árið 2005 er áætlað 197 millj. kr., 176 millj. kr. eru áætlaðar í rannsóknartekjur og 77 millj. kr. í sértekjur, samtals 450 millj. kr.

Höfuðstöðvar Rf eru í Reykjavík þar sem stærsti hluti rannsókna fer fram. Húsnæði Rf þar, sem er í eigu ríkisins, er 2.118 fm en það er ekki talið ákjósanlegt til frambúðar. Stofnunin er einnig með vaxandi rannsóknarstarfsemi á Akureyri í um 300 fm húsnæði með 20–25 ára óuppsegjanlegan leigusamning. Í Vestmannaeyjum er útibú þar sem stundaðar eru rann-

sóknir í um 30 fm leiguhúsnæði sem er uppsegjanlegt. Á Ísafirði eru stundaðar rannsóknir í um 150 fm húsnæði, þar af notar Rf 25 fm, framleigir 125 fm og gildir leigusamningur til 2009, óuppsegjanlegur á leigutíma. Í Neskaupstað fara fram þjónustumælingar í um 150 fm húsnæði og gildir leigusamningur til 2011, óuppsegjanlegur.

Þjónusta Rf á sviði faggiltra örveru- og efnagreininga er veitt á samkeppnisgrundvelli af fjárhagslega aðgreindri deild innan stofnunarinnar. Þessi þjónusta var veitt á mörgum stöðum á landinu en hún hefur dregist saman á síðustu árum og er nú veitt á tveimur stöðum. Aftur á móti hefur Rf lagt á síðustu árum aukna áherslu á að auka vægi rannsókna og nýsköpunar innan stofnunarinnar. Vegna þessa er vaxandi samstarf við háskóla, bæði hérlendis og erlendis, og hefur Rf gert samstarfssamninga við flesta háskólana í landinu, oft um sameiginlega ráðningu starfsmanna. Auk þess hefur Rf séð um kennslu og umsjón með námi fyrir Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á sviði gæða, vinnslu og öryggi sjávarfangs.

Flest verkefni Rf eru unnin í samstarfi við fyrirtæki. Gerður hefur verið formlegur samningur við eitt fyrirtæki um beina samvinnu um þróun og rannsóknir og eru fleiri í farvatninu. Rf hefur lagt áherslu á eftirfarandi fjögur fagsvið: líftækni, öryggi og heilnæmi, kældar afurðir og fiskeldi. Sérfræðisvið Rf eru vinnslutækni, líftækni, efna- og eðliseiginleikar matvæla, örverur, aðskotaefni, gæði, rekjanleiki, öryggi sjávarfangs, fóður og fóðurtækni í fiskeldi og umhverfisrannsóknir.

4.2 Matvælarannsóknir Keldnaholti.

Matvælarannsóknir Keldnaholti (MATRA) hafa verið starfræktar frá árinu 1998 í samstarfi Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Rannsóknastofnun landbúnaðarins) og Iðntæknistofnun Íslands (ITÍ). MATRA hagnýtir búnað og starfsemi beggja stofnananna. Starfsemin skiptist í þrjá meginþætti: rannsóknir og þróun á sviði matvælatækni, ráðgjöf og þjónustuverkefni. Sem dæmi má nefna efnisval, vinnsluferla og samsetningu matvæla og rekstur gagnagrunns um efnainnihald matvæla.

Markmið með starfsemi MATRA er þríþætt: Í fyrsta lagi að auka þekkingu og tækni í íslenskum matvælaiðnaði, í öðru lagi að efla tengsl æðri menntastofnana við atvinnulífið með því að bjóða námsmönnum í framhaldsnámi að vinna við rannsóknarverkefni sem tengjast þörfum matvælaiðnaðarins og í þriðja lagi að efla tengsl við erlendar stofnanir, skóla og fyrirtæki með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og með því að bjóða sérfræðingum og erlendum námsmönnum í framhaldsnámi upp á rannsóknaaðstöðu.

MATRA er með 299 fm aðstöðu í húsakynnum ITÍ þar sem starfa átta sérfræðingar í sjö og hálfu stöðugildi. MATRA fær ýmsa þjónustu frá ITÍ og Landbúnaðarháskólanum er lýtur að húsnæði og rekstri svo sem tölvuþjónustu, hita, rafmagni, síma, ræstingu og kynningarmálum. Tekjur MATRA árið 2005 eru áætlaðar 51 millj. kr., þar af eru 16 millj. kr. framlag frá Landbúnaðarháskólanum og ITÍ en um 35 millj. kr. sértekjur frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. MATRA greiðir ekki fyrir húsnæði og þjónustu sem Landbúnaðarháskólinn og ITÍ láta í té og er því ríkisframlagið í raun hærra sem þessu nemur.

Mikilvægur þáttur í starfseminni er samstarf við marga sérfræðinga innan Landbúnaðarháskólans, einkum á sviði lífeðlisfræði, fóðurfræði og erfðafræði. Flest verkefni eru unnin í samstarfi við fyrirtæki. MATRA á einnig samstarf við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um verkefni sem fjármögnuð eru úr erlendum sjóðum.

Starfsmenn MATRA búa einkum yfir faglegri þekkingu á eðliseiginleikum matvæla, vöruþróun, nýrri framleiðslutækni og efnainnihaldi matvæla. Slík þekking er mikilvæg til að hámarka gæði matvæla í þágu atvinnulífs og neytenda.

4.3 Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar.

Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar (RUST) er fjárhagslega sjálfstætt svið innan stofnunarinnar skýrt aðgreint frá stjórnsýslusviðum hennar. RUST tók við starfsemi Matvælarannsókna ríkisins sem starfrækt var samkvæmt lögum nr. 74/1977. Fram til ársins 1978 annaðist Rf þessa þjónustu fyrir heilbrigðisráðuneytið og opinbert heilbrigðiseftirlit í landinu. Rekstur rannsóknastofunnar hefur ekki verið lögbundinn en hlutverk hennar er einkum að sinna matvælarannsóknum fyrir opinbert umhverfis- og heilbrigðiseftirlit í landinu með áherslu á matvælaöryggi og heilnæmi neysluvatns. Starfsmenn eru tólf í ellefu og hálfu stöðugildi, örverufræðingar, líffræðingar, matvælafræðingar, efnafræðingur og sex rannsóknarmenn. Tekjur eru áætlaðar 68 millj. kr. árið 2005 og þar af eru 35 millj. kr. samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem RUST veitir þjónustu og ráðgjöf sem tengist lögbundnu yfirumsjónarhlutverki stofnunarinnar gagnvart heilbrigðiseftirliti í landinu, eftirliti með innflutningi matvæla og ráðgjöf við stjórnvöld. RUST leigir tækjabúnað og kaupir skrifstofuþjónustu af Umhverfisstofnun. RUST annast örveru- og efnafræðilegar mælingar og rannsóknir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara, m.a. í lyfjaiðnaði og vegna mengunar. Stór hluti þeirra aðferða sem notaðar eru við örverurannsóknir á matvælum og vatni eru nú faggiltar og stefnt er að því að aðrar algengar þjónustumælingar sem rannsóknastofan býður upp á verði faggiltar á næstu árum. RUST leigir búnað af Umhverfisstofnun en húsnæðið sem er 641 fm að stærð er í eigu ríkisins og er leigan fyrir það greidd Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

Efnarannsóknir hafa sérstaklega beinst að varnarefnum í grænmeti og ávöxtum, m.a. til að uppfylla skyldur opinberra aðila samkvæmt EES-samningnum. Jafnframt veitir stofan upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf til stjórnvalda, opinberra eftirlitsaðila, fyrirtækja og almennings. Þá veitir hún öðrum starfssviðum Umhverfisstofnunar sérfræðiþjónustu. Hún er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi, ekki síst norrænu, og hefur haft áhrif á aðferðafræði við örverurannsóknir, svo sem á salmonellu og kampýlóbakter.

Auk þess að veita opinberu heilbrigðiseftirliti í landinu þjónustu á sviði örveru- og efnarannsókna hefur rannsóknastofan selt fyrirtækjum samsvarandi þjónustu.

4.4 Samantekt.

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir fjölda starfa, stærð húsnæðis og áætlaðar tekjur umræddra þriggja rannsóknastofnana á árinu 2005:

Fjöldi starfa, húsnæði og tekjur 2005.

Fjárhæðir í millj. kr.	Rf	MATRA	RUST	Samtals
Fjöldi starfsmanna	56	8	12	**76**
Húsnæði, fermetrar	2.593	299	641	**3.533**
Ríkisframlag	197	16	0	**213**
Sértekjur	253	35	68	**356**
Samtals tekjur	**450**	**51**	**68**	**569**

4.5 Aðrar rannsóknir sem tengjast matvælarannsóknum.

Starfsemi Rf, MATRA og RUST er nátengd rannsóknum og fræðimennsku sem fram fer hjá öðrum opinberum aðilum. Þá er gert ráð fyrir að sameinuð matvælarannsóknastofa veiti háskólum og rannsóknastofum þjónustu á fræðasviði matvæla á grundvelli samninga sem hljóti að skila þeim öflugra og betra starfi.

Í Háskóla Íslands (HÍ) er boðið upp á nám í matvæla- og næringarfræði sem eru þverfaglegar vísindagreinar sem byggðar eru á grunni raunvísinda og verkfræði. Markmið námsins er að veita menntun á sviði matvælafræða. Matvælafræðiskor HÍ hefur náið samstarf við ýmsar stofnanir, atvinnulíf og erlenda háskóla. Nýlega gerðu HÍ og Landspítali – Háskólasjúkrahús með sér samkomulag um starfsemi Rannsóknastofu í næringarfræði. Matvælarannsóknir hafa verið stundaðar við Háskólann á Akureyri frá árinu 1990. Þá eru stundaðar rannsóknir við Landbúnaðarháskóla Íslands er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu á matvælum og til annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar. Tilraunastöðin að Keldum vinnur að ýmiss konar rannsóknum er tengjast beint matvælum, bæði grunn- og þjónusturannsóknum, en meginverkefni Tilraunastöðvarinnar eru á sviði líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkjudýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði. Þá fara fram innan Landspítala – Háskólasjúkrahúss örveru- og sýklarannsóknir.

Auk framangreindra aðila stendur ríkið fyrir ýmiss konar starfsemi sem nýtir niðurstöður matvælarannsókna og býr yfir upplýsingum sem geta haft áhrif á val rannsóknarverkefna. Hér er fyrst og fremst átt við opinbera eftirlitsaðila á sviði matvæla og umhverfis og þá sem vinna að bættri lýðheilsu í landinu.

5. Ávinningur af sameiningu stofnana.

Sameining matvælarannsókna á vegum hins opinbera hefur verið til umræðu í langan tíma og hafa margar nefndir fjallað um málið og lagt til að unnið yrði að sameiningu en samt hefur málið ekki komist í höfn.

Það fyrirkomulag að skipuleggja rannsóknastofnanir á vegum ríkisins þannig að hver um sig þjóni tiltekinni atvinnugrein eða afmörkuðum verkefnum byggist á viðhorfum sem voru við lýði á sjöunda áratugnum. Reynslan sýnir að þetta getur valdið tvíverknaði og dregið úr heildarárangri. Örar breytingar á ytri skilyrðum og hnattrænu viðskiptaumhverfi Íslands kallar á breytingar til að styrkja stoðir þessa mikilvæga þáttar íslensks atvinnulífs. Tilgangurinn með sameiningu matvælarannsóknastofa á vegum ríkisins er að forðast tvíverknað með því að styrkja stjórnun og bæta nýtingu fjármagns, tækjabúnaðar og þekkingar og treysta stoðir atvinnulífs á þessu mikilvæga sviði.

Fátt mælir gegn sameiningu Rf, MATRA og RUST og mætti gjarnan ganga lengra og sameina fleiri rannsóknastofur á sviði matvæla. Niðurstaðan er sú að sameina nú starfsemi þessara þriggja rannsóknastofa og leggja til skipulag sem stuðlar að sem mestum sveigjanleika í rekstri hinnar sameinuðu rannsóknastofu sem gæti leitt til þess að frekari sameining yrði fýsileg og einföld í framkvæmd.

Með sameiningu Rf, MATRA og RUST verður til sterk eining, bæði fjárhagslega og faglega, sem gæti þjónað háskólum og atvinnulífi betur en núverandi stofnanir gera. Má þar nefna ýmis atriði:

- *Samnýting starfsmanna og búnaðar* stuðlar að hagkvæmni og bættri aðstöðu til rannsókna. Verk- og fagþekking starfsmanna stofnananna er náskyld. Auk þess er tækjabúnaður að töluverðu leyti sambærilegur. Talið er að búnaður, þekking og starfskraftar gætu nýst betur í stærri einingu og skilað sér í sterkari faglegri starfsemi.
- *Samhæfð stjórnun bætir viðbragð.* Vaxandi kröfur og hraði í samfélaginu gera það að verkum að bregðast verður hratt við ógnunum. Með breyttum neysluvenjum Íslendinga þarf að takast á við ný vandamál.
- *Nýsköpun eykst.* Aukið samstarf vísindamanna með fagþekkingu á mismunandi sviðum stuðlar að aukinni nýsköpun.

- *Stoðþjónusta verður betri.* Í stórri rekstrareiningu er hægt að skipuleggja stoðþjónustu með öðrum hætti en í lítilli og einfaldara verður að taka í notkun besta fáanlega tækjabúnað.
- *Betri forsendur fyrir uppbyggingu þekkingar.* Rannsóknaraðferðir eru tiltölulega óháðar því hvert hráefnið er. Það er ekki grundvallarmunur á því að rannsaka innihald, geymsluþol eða gæði fisks, kjúklings, kjöts, mjólkurafurða eða gosdrykkja, svo dæmi séu nefnd. Uppbygging sérfræðiþekkingar á einum stað samnýtist fyrirtækjum í mismunandi atvinnugreinum.
- *Bolmagn eykst* til að takast á við stærri og fjölbreyttari verkefni með þátttöku innlendra og erlendra aðila. Stór rannsóknastofa sem býr yfir yfirgripsmeiri þekkingu en lítil getur veitt atvinnulífi og neytendum betri þjónustu en litlar rannsóknastofur.
- *Betri miðlun upplýsinga til almennings, stofnana og fyrirtækja.* Fleiri tækifæri verða til að miðla þekkingu og upplýsingum, t.d. með öflugri heimasíðu, útgáfu og ráðstefnuhaldi.
- *Aukin þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.* Breiðari sérfræðiþekking eykur möguleika á þátttöku í sérfræðinefndum á vegum ESB eða annarra alþjóðlegra samtaka og hefur þannig áhrif á verkefnaval stofnunar sem er í þágu íslenskra hagsmuna.
- *Bætt þjónusta við háskóla.* Rannsóknastofa með yfirgripsmeiri þekkingu getur veitt háskólum um allt land betri þjónustu. Góð tengsl við háskóla sem bjóða nám á sviði matvæla skiptir miklu fyrir eflingu matvælarannsókna. Stór rannsóknastofa hefur meiri burði en lítil til að taka þátt í að þróa rannsóknartengt framhaldsnám með háskólunum.
- *Aukin þátttaka í þróun staðla og aðferðafræði.* Stór rannsóknastofa hefur meiri möguleika en lítil á að verða það sem kallað er „national reference laboratory“ og taka þátt í alþjóðlegri umræðu um þróun staðla og mælitækni fyrir ýmsar efna- og örverugreiningar þ.m.t. greiningar á sjúkdómsvaldandi örverum í matvælum. Þetta hefur vaxandi þýðingu fyrir alþjóðleg viðskipti með matvæli og viðbrögð við kröfum þrýstihópa eða atvikum sem vekja ótta hjá neytendum.

6. Samkeppni á sviði matvælarannsókna.

Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að tryggja að öflug samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífsins til hagsbóta fyrir neytendur. Stórt skref var stigið til að efla samkeppni með samkeppnislögum sem hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Þær rannsóknastofur, sem lagt er til að verði sameinaðar, hafa allar staðið í samkeppnisrekstri að einhverju leyti. Samkeppnisyfirvöld geta gripið til ýmissa ráða til að bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Meðal annars skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar, svo sem beinna framlaga úr ríkissjóði.

Nokkur samkeppni er á milli aðila sem starfa við matvælarannsóknir, aðallega þó á sviði mælingaþjónustu og ráðgjafar. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um þrjú einkafyrirtæki sem eru að hluta til á sama markaði og Rf, MATRA og RUST.

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. býður upp á ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurframleiðendur. Boðið er upp á örverumælingar, t.d. vegna mats á ferskleika, efnagreiningar vegna krafna um næringargildismerkingar, aðstoð við uppsetningu og viðhald innra

eftirlits, hreinlætiseftirlit og ýmiss konar fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk í matvæla- og fóðuriðnaði. Hjá Sýni eru 15 starfsmenn.

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. starfrækir einu einkareknu prófunarstofuna á þessu sviði sem fengið hefur faggildingu samkvæmt IST EN ISO/IEC 17025 staðlinum fyrir algengustu efna- og örveruprófanir.

Agar ehf. á Ísafirði tók til starfa fyrir ári er fyrirtækið tók við útibúi Rf á Ísafirði. Nú eru tveir starfsmenn hjá Agar ehf. og helstu verkefni eru á sviði þjónustumælinga fyrir aðila á Vestfjörðum í nánu samstarfi við Rf.

Promat ehf. á Akureyri var stofnað fyrir rúmu ári þegar fyrirtækið tók við útibúi Rf á Akureyri. Hjá því eru fjórir starfsmenn í þremur stöðugildum. Helstu verkefni eru þjónustumælingar fyrir aðila á Norðurlandi.

Samkeppni milli fyrirtækja er talin stuðla að hagkvæmum rekstri og sanngjörnu verði samhliða góðri þjónustu við notendur. Sýni, Agar og Promat eiga í samkeppni við rannsóknastofur ríkisins. Almennt er litið svo á að ríkið eigi ekki að halda úti rekstri í samkeppni við einkaaðila. Fjölmargar kvartanir og kærur hafa borist samkeppnisyfirvöldum vegna starfsemi matvælarannsóknastofa ríkisins og hefur verið brugðist við ábendingum samkeppnisyfirvalda m.a. með því að aðgreina samkeppnishluta rekstrarins fjárhagslega. Þrátt fyrir það er óleystur ágreiningur um hvort samkeppnisreksturinn njóti opinbers stuðnings eða ekki.

Mikilvægt er að búa þannig um hnútana að rannsóknastofan, sem verður til með sameiningu Rf, MATRA og RUST, geti boðið fjölbreytta þjónustu og að ekki verði efast um að hún starfi á almennum markaði á sömu forsendum og önnur fyrirtæki er stunda matvælarannsóknir. Heilbrigð samkeppni mun efla matvælarannsóknir á Íslandi og stuðla að skilvirkari starfsemi, að mati starfshópsins.

6.1 Kaup ríkisins á rannsóknaþjónustu og ríkisstyrkir.

Ef ríkið hættir að reka matvælarannsóknastofur innan A-hluta ríkisins þarf það að kaupa þjónustu af slíkum aðilum á viðskiptalegum forsendum eða veita styrki til starfsemi og verkefna sem nauðsynlega þarf að halda úti.

Um slík viðskipti gilda meðal annars lög um opinber innkaup og ákvæði fjárreiðulaga um samninga til langs tíma, en styrkveitingar þurfa að vera í samræmi við reglur um ríkisstyrki á Evrópska efnahagssvæðinu. Því þarf að styrkja hlutverk ráðuneyta og stjórnsýslustofnana sem kaupanda að þjónustu. Hér á eftir verður fjallað um helstu reglur sem um þetta gilda.

Ríkið þarf sem kaupandi þjónustu á sviði matvælarannsókna að skilgreina þau verkefni og þjónustu sem það vill að unnin séu á kostnað skattgreiðenda. Í mörgum tilvikum er um að ræða verkefni og þjónustu sem æskilegt er að raska sem minnst eða þarf að vinna við í nokkur ár og þess vegna er talið best að gera um slíkt samninga til nokkurra ára. Auk þess þarf að halda viðskiptakostnaði vegna kaupanna í lágmarki. Í 30. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, er heimild til að gera samninga til langs tíma um þjónustuverkefni enda uppfylli þeir ákveðnar kröfur. Í reglugerð nr. 262/1999 eru settar ítarlegri kröfur um samningsgerðina og efni samninga. Nánari leiðbeiningar eru í handbók um þjónustusamninga sem fjármálaráðuneytið gaf út í janúar 2005.

Stór hluti af rannsóknarverkefnum er fjármagnaður með styrkjum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Margir þessara sjóða fjármagna einungis viðbótarkostnað við verkefni en ekki allan kostnað við þau. Umsækjendur um styrki þurfa í slíkum tilvikum að leggja fram mótframlag sem getur numið um helmingi af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins. Ríkið leggur háskólum og rannsóknastofnunum sem það rekur til þetta grunnframlag. Grunnframlög, sem veitt eru ríkisaðilum, eru ákveðin í fjárlögum og engar almennar reglur gilda

um þau. Á hinn bóginn lúta framlög til fyrirtækja ákveðnum skilyrðum samkvæmt reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Breyti ríkið rekstrarformi matvælarannsóknastofnana sinna með því að færa þær út fyrir A-hluta ríkisins þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að kerfisbreytingin sem slík komi ekki í veg fyrir að hægt verði að uppfylla kröfu um mótframlag. Til greina kemur að setja grunnframlög í sjóð sem veiti mótframlög vegna rannsóknarverkefna á sviði matvæla sem hljóta styrki úr samkeppnissjóðum enda fái umsækjandi ekki grunnframlag með öðrum hætti frá ríkinu.

Eins og fram kom í kafla 3.1 ber íslenska ríkinu, samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, að tryggja sem kostur er gæði, öryggi og hollustu matvæla. Hér er um er að ræða þjónustu í almannaþágu í skilningi EES-samningsins (Services of General Interest). Almennt hlutverk og nauðsyn skilgreindrar opinberrar þjónustu í almannaþágu er viðurkennt í EES-samningnum. Lykilákvæði í þeim efnum er í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins sem hljóðar svo: „Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna."

Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað í dómi sínum í máli Altmark Trans GmbH[1] að „þegar líta verður á ríkisráðstöfun sem uppbót fyrir þjónustu, sem þiggjandi fyrirtæki veitir, til að leysa af hendi almenna þjónustuskyldu, þannig að þessi fyrirtæki njóti ekki raunverulegs fjárhagslegs ávinnings og ráðstöfunin hafi því ekki þau áhrif að ívilna þeim í samkeppni á kostnað samkeppnisaðila heyrir slík ráðstöfun ekki undir 1. mgr. 92. gr. [nú 1. mgr. 87. gr.] EB-sáttmálans".

Samkvæmt Altmark-dómi Evrópudómstólsins er ekki um ólögmæta ríkisaðstoð að ræða í slíkum tilvikum. Hins vegar verður, samkvæmt dómnum, að fullnægja fjórum skilyrðum til að slíkt ríkisframlag sleppi við að vera flokkað sem ólögmæt ríkisaðstoð:

„*Í fyrsta lagi* verður hið þiggjandi fyrirtæki í raun að gegna almennum þjónustuskyldum og þær skyldur verða að vera skýrt skilgreindar,

í öðru lagi verða breyturnar, sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á uppbótinni, að vera ákvarðaðar fyrir fram á hlutlægan og gagnsæjan hátt, til að koma í veg fyrir að hún veiti efnahagslegan ávinning sem gæti ívilnað hinu þiggjandi fyrirtæki á kostnað samkeppnisaðila,

í þriðja lagi getur uppbótin ekki verið hærri en sú fjárhæð sem nægir til greiðslu alls eða hluta þess kostnaðar sem framkvæmd almennrar þjónustuskyldu hefur í för með sér þar sem tekið er tillit til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar sem fæst fyrir framkvæmd þjónustuskyldunnar,

í fjórða lagi, þegar fyrirtækið sem gegna á almennu þjónustuskyldunni, í sérstöku tilviki, er ekki valið í opinberu innkaupaferli þar sem hægt væri að velja þann bjóðanda sem gæti veitt þjónustuna með minnstum kostnaði fyrir samfélagið, verður að tilgreina fjárhæð uppbótarinnar á grunni greiningar á kostnaði sem dæmigert fyrirtæki, vel rekið og nægilega vel útbúið flutningatækjum til að geta staðið undir almennu þjónustuskyldunni, hefði stofnað til við framkvæmd þjónustuskyldunnar þar sem tekið er tillit til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar sem fást fyrir framkvæmd þjónustuskyldunnar."

---

[1] Mál C-280/00 Altmark Trans GmbH, Regierungspräsidium Magdeburg v Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH [2003], Dómasafn EB I-7747, frá og með 89. mgr.

Ríkisstuðningur, sem fullnægir framangreindum skilyrðum, flokkast því ekki undir ríkisaðstoð samkvæmt merkingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þarf ekki að tilkynna sem slíkan til Eftirlitsstofnunar EFTA.

7. Stofnun Matvælarannsókna hf.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélagið Matvælarannsóknir hf. sem geti leyst af hendi verkefni sem nú eru hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsóknum Keldnaholti.

Hlutverk félagsins verði að stunda rannsóknir og þróunarstarf sem miðar að því að auka samkeppnishæfni íslensks matvælaiðnaðar, auka arðsemi fyrirtækja í matvælaframleiðslu, stuðla að nýsköpun í íslenskum matvælaiðnaði, bæta þekkingu og fagmennsku og stuðla að auknum gæðum, öryggi, heilnæmi og hollustu matvæla. Þetta gerist með rannsóknum, þróunarvinnu, prófunum, miðlun þekkingar og ráðgjöf í samvinnu við fyrirtæki og háskóla hér á landi og erlendis. Félaginu er þannig ætlað að vera þekkingarbrú á milli atvinnulífsins og háskóla.

Meðal verkefna nýrrar stjórnar og stjórnenda Matvælarannsókna hf. verður að:

- skilgreina betur framtíðarsýn félagsins,
- skilgreina þau verkefni á sviði matvælarannsókna sem brýnt er að félagið sinni,
- útfæra og efla samstarf við aðra rannsóknaaðila, háskólastofnanir og atvinnulíf,
- huga að framtíðaruppbyggingu starfseminnar og húsnæðismálum,
- tryggja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar til framtíðar.

Stofnun sérstaks félags nú er fyrsta skrefið til þess að samhæfa og samtvinna verkefni sem nú eru unnin víðs vegar í samfélaginu. Eitt af verkefnum nýrrar stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins verður að kanna mögulega samvinnu eða sameiningu annarra stofnana eða starfsemi við fyrirtækið. Meðal annars verði horft til starfsemi Tilraunastöðvarinnar á Keldum og Rannsóknastofu í næringarfræðum.

7.1 Hlutafélagaformið.

Rannsóknastofnanir ríkisins, og reyndar fleiri ríkisstofnanir, hafa um langt skeið óskað eftir því að fá meira svigrúm til athafna en reglur um ríkisrekstur gera ráð fyrir. Starfsumhverfi ríkisstofnana einkennist af vaxandi kröfum um árangur og aðlögunarhæfni, hröðum breytingum á tækni og aðstæðum, náinni samvinnu um úrlausn verkefna við aðra aðila og samkeppni um gott starfsfólk. Margar ríkisstofnanir, ekki síst rannsóknastofnanir, afla töluverðra tekna með sölu á þjónustu og úr rannsóknasjóðum í samkeppni við aðra. Tekjuöflunin getur því verið háð mikilli óvissu og mikilvægt að geta mætt sveiflum í tekjum án tafar, hvort sem þarf að takast á við aukin verkefni eða brest í tekjum. Með því að reka matvælarannsóknir í formi hlutafélags eykst svigrúm stjórnenda félagsins til að taka sjálfstæðar ákvarðanir frá því sem nú er.

Stjórnendur hjá A-hluta ríkisaðila eru háðir meiri takmörkunum í rekstri en stjórnendur fyrirtækja með annað rekstrarform. Helstu ástæðurnar eru þær að ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstri sem það stendur fyrir. Stjórnendur ríkisstofnana ráðstafa tekjum sem aflað er með skattheimtu og ríkið hefur ákveðnar skyldur í þágu samfélagsins sem skilgreindar eru í lögum. Ríkisaðilar geta því ekki tekið að sér hvaða verkefni sem er og einkaaðilar geta eingöngu í takmörkuðum mæli farið inn á verksvið ríkisins og keppt við það. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um starfsmenn ríkisins gilda aðrar reglur um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt. Í lögum og reglum um fjármál ríkisaðila gilda m.a. aðrar reglur um bókhald, endurskoðun reikninga, lántökur og

aðrar skuldbindingar til margra ára, innkaup, húsbyggingar, eignakaup og þátttöku í hlutafélögum en gilda almennt um fyrirtæki. Þá er innra stjórnkerfi flestra eða allra ríkisstofnana bundið í lögum, reglugerðum eða háð samþykki ráðherra. Að lokum má nefna að skipting ábyrgðar milli forstöðumanna stofnana og stjórna ríkisstofnana á rekstri er að mörgu leyti óskýr.

Almennt er það eitt af markmiðum hlutafélaga að reksturinn skili afgangi, að minnsta kosti til lengri tíma litið, þótt ekki sé víst að það takist fyrstu árin eftir stofnun félags þegar uppbyggingarstarf er gjarnan hvað mest. Gera þarf sams konar kröfu til hlutafélags í eigu ríkisins um arðsaman rekstur og gerðar eru til fyrirtækja á sama markaði.

Hlutafélög eru skattskyld af tekjum sínum og eignum en ríkisstofnanir, sem reknar eru fyrir skattfé, eru það hins vegar ekki. Þó eru undanþegin félög sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Ríkisstofnanir eru virðisaukaskattsskyldar eins og hlutafélög að því leyti sem þær selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Til greina kom sá möguleiki að reka sameinaðar matvælarannsóknastofur í formi sjálfseignarstofnunar. Niðurstaða athugunar var sú að auðveldara yrði að fá fleiri aðila til að taka þátt í hlutafélagi þegar fram í sækir en í sjálfseignarstofnun. Þannig mætti sjá t.d. Samtök atvinnulífsins, öflug matvælafyrirtæki eða háskóla gerast eignaraðila að Matvælarannsóknum hf. Sú áhætta hefur oft verið nefnd að sjálfseignarstofnun gæti orðið munaðarlaus vegna þess að stofnunin á sig sjálf eftir að stofnframlag er greitt. Sjálfseignarstofnanir eiga almennt mun erfiðara með að fá aukin stofnframlög en hlutafélög að auka hlutafé sitt eða breikka hópinn sem leggur þeim til fé. Þær þurfa því jafnvel að reiða sig mun meira á að reksturinn sé arðsamur en hlutafélög sé ætlunin að færa út kvíarnar.

Með hlutafélagi í stað ríkisstofnunar breytast tengslin við ríkisvaldið/ráðuneyti. Starfsemin verður sjálfstæðari og stjórnin hefur skýrara hlutverk sem gefur aukna möguleika á tengslum, m.a. við atvinnulífið.

Kostir þess að reka hlutafélag um matvælarannsóknir eru:

- Hlutafélagsformið er þrautreynt og fastmótað.
- Eigendur bera meiri ábyrgð á stjórnun og eignarhaldi.
- Stjórn félagsins ber skýrari ábyrgð.
- Sveigjanleiki í rekstri er meiri en hjá ríkisfyrirtæki til að nýta tækifæri sem gefast og aðlagast breytingum í umhverfinu.
- Möguleiki á auknum tengslum við háskóla, fyrirtæki o.fl.

7.2 Geta til að annast verkefni fyrir stjórnvöld.

Nauðsynlegt er talið að Matvælarannsóknir hf. beri skýra skyldu til að sinna rannsóknum fyrir ríkið á sviði matvælaöryggis. Samkvæmt gildandi lögum hvílir þessi skylda ekki á neinum aðila. Umhverfisstofnun, sem fer með yfirumsjón með matvælaeftirliti, mun ekki lengur reka slíka þjónustu á eigin vegum og er því háð rannsóknastofum annarra.

Eins og áður er komið fram er íslenska hagkerfið mjög háð matvælaframleiðslu og matvæli standa undir stórum hluta gjaldeyristekna þjóðarbúsins. Kröfur yfirvalda, kaupenda og neytenda um öryggi, heilnæmi og rekjanleika matvæla verða sífellt meiri. Þessar kröfur þarf að uppfylla til að tryggja útflutningstekjur íslenskra matvæla til framtíðar. Líta verður svo á að það sé hlutverk ríkisins að sjá til þess að aðgangur sé að nauðsynlegri þekkingu og aðbúnaði á þessu sviði. Með því að hlutafélag komi í stað ríkisstofnana er sú krafa gerð til ríkisvaldsins að það skilgreini með ítarlegri hætti en hingað til þau verkefni og þjónustu á sviði matvælarannsókna sem nauðsyn er að sinna með tilliti til þessara hagsmuna. Hlutverk

ríkisins breytist þannig frá því að skammta fé til rannsóknastofnana yfir í það að tileinka sér hlutverk upplýsts verkkaupa.

7.3 Geta til að þjónusta háskóla.

Íslenskir háskólar hafa í auknum mæli lagt áherslu á rannsóknartengt framhaldsnám. Samstarf rannsóknastofnana og háskólanna hefur verið töluvert og vaxandi enda er mikilvægt að tengja saman rannsóknir í atvinnulífinu og í háskólunum með sem sterkustum böndum. Mikilvægt er að Matvælarannsóknir hf. og háskólarnir efli samstarf sitt og auki með því ávinning beggja, t.d. með sameiginlegum starfsmönnum þar sem starfsmaður stundar rannsóknir hjá félaginu samhliða kennslu í háskóla. Einnig er mikilvægt að gefa nemendum í rannsóknartengdu framhaldsnámi tækifæri til að stunda rannsóknir innan félagsins og læra þannig af reynslu og þekkingu starfsmanna en jafnframt koma inn með ferskar hugmyndir. Þannig fá skólar og nemendur aðgang að þekkingu og tækjum en félagið aðgang að hugmyndaríkum nemendum sem bera gjarnan með sér nýjar og ferskar hugmyndir.

Það getur sömuleiðis þjónað hagsmunum bæði háskólanna og Matvælarannsókna hf. að fjárfesta saman í dýrum aðbúnaði og tækjum til að bæta nýtingu fjárfestinga.

7.4 Geta til að þjónusta atvinnulífið.

Uppbygging starfsemi Matvælarannsókna hf. þarf að stefna að því að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stunda rannsóknir og miðla þekkingu sem hefur hagnýtt gildi. Auk þess að hafa aðgang að rannsóknum og þekkingu þurfa framleiðslufyrirtæki aðgang að ýmsum gagnagrunnum, m.a. til þess að geta forgangsraðað aðgerðum sem auka öryggi afurða þeirra. Flest íslensk framleiðslufyrirtæki eru það smá að þau geta ekki lagt í mikinn kostnað til þess að byggja upp þá þekkingu og gagnasafn sem þarf til slíks.

Þá er jafnframt mikilvægt að fyrirtæki og ríkið geti leitað til óháðs aðila með góða faglega þekkingu þegar upp koma vandamál í sölu- og markaðsmálum og fengið túlkun og mat á gögnum.

7.5 Fyrirhugað skipulag á starfsemi.

Það er hlutverk stjórnar og stjórnenda félagsins að ákvarða innra skipulag starfseminnar og marka félaginu stefnu.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af félagi sem getur fengist við margvísleg viðfangsefni sem tengjast framleiðslu, þróun og viðskiptum með matvæli.

Til að skýra fyrirhugaða starfsemi félagsins er sett fram dæmi um hugsanlegt skipulag starfseminnar. Þar er gert ráð fyrir að starfseminni verði skipt upp í tvö meginsvið, annars vegar rannsókna- og þróunarsvið og hins vegar stoðsvið. Uppsetning skipulags Matvælarannsókna hf. miðast við þá starfsemi sem nú er stunduð í Rf, MATRA og RUST ásamt því að taka mið af reynslu svipaðra stofnana í Noregi og Svíþjóð, þ.e. SIK – Institutet för Livsmedel och Bioteknik AB í Svíþjóð og Matforsk AS í Noregi.



Stoðsvið gæti skipst í tvær einingar, rannsóknastofu og rekstur, en rannsókna- og þróunarsviði í eftirfarandi fjórar einingar:

Afurðir: – Markaðs- og neytendaprófanir. – Gæði. – Nýjar afurðir. – Eiginleikar og bygging. – Skynmat og bragð. – Markfæði, heilsufæði og lífvirk efni. – Eiginleikar og nýting hráefnis. – Veita og leita að markaðsupplýsingum.	**Vinnsluferlar:** – Þrifavæn hönnun. – Nýir ferlar. – Flutningar. – Líftækni. – Vinnsla og þróun matvæla. – Endurbættir ferlar (breyta ferlum). – Hermun og bestun ferla (bæta ferla).
Umhverfi: – Umhverfisvæn framleiðsla. – Sjálfbær nýting hráefnis. – Líftímagreining.	**Öryggi og heilnæmi:** – Hreinlæti og þrif. – Auk- og aðskotaefni. – Vöktun og gagnasöfnun. – Gagnagrunnar og upplýsingaveita. – Áhættugreining. – Næring og hollusta.

7.6 Starfsmannamál.

Breytingar á rekstrarformi ríkisfyrirtækja hafa veruleg áhrif á starfsmannamál. Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög), taka ekki til starfsmanna sem starfa hjá félögum einkaréttarlegs eðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins. Starfsmenn Matvælarannsókna hf. munu ekki heyra undir þá kjarasamninga sem ríkið á aðild að.

Í 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis starfsmannalaganna stendur: „Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælarannsóknir hf. bjóði öllum starfsmönnum Rf, MATRA og RUST störf. Ástæðan er sú að starfsemin byggist á þekkingu og færni þessara starfsmanna. Þetta eykur rétt starfsmanna Rf, MATRA og RUST sem missa störf þegar þau verða lögð niður og leggur sérstakar kvaðir á félagið.

Fyrrverandi ríkisstarfsmenn geta almennt ekki átt áframhaldandi aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) eftir að þeir eru komnir í starf hjá öðrum launagreiðanda en ríkinu. Starfsmenn í B-deild LSR eiga þó rétt á áframhaldandi aðild sem einstaklingar, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Viðkomandi einstaklingar bera þá ábyrgð á greiðslum til sjóðsins, þ.e. 4% eigin iðgjaldi og 6% mótframlagi félagsins. Ríkissjóður ber bakábyrgð á skuldbindingum deildarinnar að því leyti sem vaxtatekjur hrökkva ekki til. Þá geta starfsmenn í A-deild LSR, með samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins, fengið áframhaldandi aðild enda liggi fyrir samþykki félagsins fyrir aðildinni og skuldbindingum sem henni fylgja. Í þessum tilvikum er það skilyrði að viðkomandi sé félagsmaður í aðildarfélagi BHM, BSRB, KÍ eða öðrum félögum utan bandalaga sem semja á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í skilyrðinu um félagsaðild felst ekki krafa um að viðkomandi fái laun samkvæmt kjarasamningi þessara stéttarfélaga.

Að lokum er lagt til að komið verði í veg fyrir að starfsmenn Rf, MATRA og RUST, sem eiga aðild að B-deild LSR og nýta rétt sinn til að þiggja starf hjá Matvælarannsóknum hf., geti nýtt sér rétt til að hefja töku lífeyris meðan þeir eru fastráðnir hjá félaginu. Ef ekki er sett sérstakt lagaákvæði þar um geta starfsmenn, sem þetta á við, hafið töku lífeyris samhliða starfi sínu hjá félaginu. Slíkt er í ósamræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild er starfa hjá ríkinu.

7.7 Stofnfé.

Lögð er áhersla á að fyrirtækið verði stofnað í rekstrarhæfu formi, þ.e. að það sé nægjanlega stöndugt til að geta gert ráðstafanir til að sameina starfsemina undir einu þaki og staðið undir eðlilegri endurnýjun á tækjabúnaði. Lagt er til að stofnhlutafé fyrirtækisins taki mið af því. Miðað við áætlaða húsrýmisþörf, eðlilega lausafjárstöðu og 45–50% eiginfjárhlutfall má lauslega áætla að stofnhlutafé ríkisins þurfi að vera 350–400 millj. kr.

8. Nauðsynleg lagasetning.

Ríkið getur stofnað hlutafélag með því annaðhvort að óska eftir heimild í fjárlögum eða með sérstakri lagasetningu um hlutafélagið sem skal stofna. Sérstök lagasetning á við þegar nauðsynlegt er að víkja frá lögum um hlutafélög, svo sem til þess að leggja á það sérstakar skyldur eða veita því meiri rétt en almennt gildir. Í þeim tilvikum sem hlutafélag tekur við

af ríkisstofnun með lögbundið hlutverk þarf að gera viðeigandi breytingar á lögum um stofnunina.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar starfar innan lagaramma Umhverfisstofnunar og MATRA er samstarfsvettvangur sem ekki hefur sérstakar lagastoðir. Stofnun Matvælarannsókna hf. kallar því á breytingu á áðurnefndum lögum nr. 64/1965.

Vegna aðgengis að gögnum, gagnaskilaskyldu og öryggisþjónustu er lagt til að umhverfisráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, til þess að tryggja að Umhverfisstofnun hafi ávallt undir höndum tiltækar upplýsingar um niðurstöður úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Helgast það af því að rannsóknastofa Umhverfisstofnunar verður hluti af Matvælarannsóknum hf. hér eftir en ekki hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar.

Í þessu skyni er lagt til að 22. gr. laga um matvæli orðist svo:

„Heilbrigðisnefnd hefur undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum aðilum. Umhverfisstofnun skráir nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu og dreifingu matvæla vegna matvælaeftirlitsins. Umhverfisstofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er áhersla á að félagið verði stofnað í rekstrarhæfu formi, þ.e. að það sé nægjanlega stöndugt til að geta gert ráðstafanir til að sameina starfsemina undir einu þaki og staðið undir eðlilegri endurnýjun á tækjabúnaði. Lagt er til að stofnhlutafé fyrirtækisins taki mið af því. Miðað við áætlaða húsrýmisþörf, eðlilega lausafjárstöðu og 45–50% eiginfjárhlutfall má lauslega áætla að stofnhlutafé ríkisins þurfi að vera 350–400 millj. kr.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að nýtt félag komi til með að þjóna háskólunum í landinu, atvinnulífinu og hinu opinbera. Stefnt er að gerð samstarfssamninga við þessa aðila.

Um 3. gr.

Hlutafélag í eigu ríkisins hefur litla sem enga sérstöðu umfram önnur hlutafélög. Verkefni, sem Rf, MATRA og RUST hafa annast fyrir ríkið, svo sem rannsóknir í almannaþágu, öryggisþjónusta o.fl., þarf að skilgreina og bjóða út á almennum markaði. Matvælarannsóknir hf. eiga að hafa alla burði til að bjóða í þau verk þegar þau verða auglýst.

Um 4. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneyti, er langstærsta stofnunin sem lögð verður niður við stofnun Matvælarannsókna hf. Það þykir því eðlilegt að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

Gert er ráð fyrir því að stjórn verði þannig samsett að tveir fulltrúar séu skipaðir af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar, einn fulltrúi tilnefndur af landbúnaðarráðherra, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisráðherra, einn fulltrúi tilnefndur af iðnaðarráðherra, einn fulltrúi til-

nefndur af Samtökum atvinnulífsins og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Um 5. gr.

Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum fyrrgreindra stofnana verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki. Um biðlaunarétt þeirra fer eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um þá starfsmenn sem hafa áunnið sér lífeyrisrétt í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ráðast til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira. Lagt er til að sama regla gildi um þessa starfsmenn og almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild lífeyrissjóðsins. Réttur til töku lífeyris úr B-deild er bundinn við starfslok viðkomandi, þ.e. starfslok úr því starfi sem veitt hefur aðild að deildinni. Sjá nánar 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Lagt er til að sambærileg regla gildi um sjóðfélaga B-deildar sem þiggja störf hjá hlutafélaginu.

Um 7. gr.

Samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, ber íslenska ríkinu að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með fræðslu og upplýsingamiðlun, rannsóknum og eftirliti. Því er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að þekking og reynsla sé til staðar til að sinna þeim verkefnum sem staðar eru varðandi öryggi matvæla. Þar sem Umhverfisstofnun mun ekki reka rannsóknastofu þarf að vera lögbundið að hægt verði að ganga að forgangsöryggisþjónustu vísri þegar nauðsyn krefur, t.d. vegna almannaheilla.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Með lögum um stofnun Matvælarannsókna hf. falla úr gildi ákvæði um starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Mikilvægt er að skipa félaginu stjórn hið fyrsta til að undirbúa starfsemi félagsins sem á að hefjast 1. ágúst 2006. Gert er ráð fyrir að stjórnin ráði hið fyrsta í starf forstjóra sem í samráði við hana undirbúi starfsemi félagsins, gangi frá ráðningarmálum starfsmanna og hugi að framtíðaruppbyggingu félagsins.

Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi ráðherra taki ákvörðun um þær eignir og skuldir sem tengjast rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og færðar verða til félagsins. Þessar eignir og skuldir verða hluti af stofnfé félagsins skv. 2. mgr. 1. gr. Verðmæti þeirra verður metið af þriggja manna

nefnd endurskoðanda og tveggja sérfræðinga á viðkomandi fræðasviði sem sjávarútvegsráðherra skipar.

Með lögum um stofnun Matvælarannsókna hf. falla úr gildi ákvæði laga um starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Viðhalda þarf stofnuninni áfram sem lögaðila án starfsemi til að efna samninga stofnunarinnar sem gerðir hafa verið eða gerðir verða fram til 1. ágúst 2006.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsókna hf.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði einkahlutafélag í eigu ríkisins um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsókna Keldnaholti, sem jafnframt verða lagðar niður. Hlutverk félagsins verði að sinna nýsköpun, öryggisþjónustu og fræðslu á sviði matvælarannsókna.

Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar er sjálfstæð fjárhagsdeild innan Umhverfisstofnunar. Bókfært eigið fé hennar var neikvætt um 0,6 m.kr. í árslok 2004. Matvælarannsóknir Keldnaholti eru reknar innan Iðntæknistofnunar Íslands samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands og eru ekki með sjálfstæðan ársreikning. Eignir, skuldir og skuldbindingar þessara rannsóknastofa falla á framangreindar stofnanir þegar þær verða lagðar niður. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun samkvæmt lögum og renna eignir hennar og skuldbindingar til ríkisins. Bókfært eigið fé hennar var 20,2 m.kr. í árslok 2004 og þá eru undanskildar eignir sem hafa verið gjaldfærðar og eru á eignaskrá.

Lagt er til að skipuð verði nefnd til að meta eignir og skuldir sem tengjast rekstri rannsóknastofanna sem renna saman í Matvælarannsóknir hf. og verða færðar til félagsins sem stofnfé samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra. Gert er ráð fyrir að þannig verði staðið að matinu að niðurstaðan hafi ekki áhrif á kostnað ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu skal stofnfé félagsins ákveðið í fjárlögum. Stofnfé samanstendur af þeim nettó eignum sem lagðar verða til félagsins samkvæmt ákvörðun ráðherra og greiðslu á sérstöku hlutafjárframlagi. Ekki er gerð tillaga í frumvarpinu um upphæð þess, en í athugasemdum er áætlað að það þurfi að vera 350–450 m.kr. Stofnframlagið verður bókfært sem eign ríkisins og mun því ekki teljast til útgjalda samkvæmt bókhaldsreglum ríkisins þótt hlutafjárframlagið verði greitt úr ríkisjóði að fenginni heimild í fjárlögum.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er áætlað að beinar fjárveitingar ríkisins til reksturs áðurnefndra rannsóknastofa nemi 212,4 m.kr. á yfirstandandi ári. Að auki er talið að þær afli 355,8 m.kr. sértekna með sölu á þjónustu til stofnana sem að þeim standa, annarra opinberra stofnana og til fyrirtækja og með því að afla styrkja hjá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Rannsóknastofurnar hafa verið undanþegnar því að greiða virðisaukaskatt í ríkissjóð nema vegna sölu á þjónustu sem veitt er í samkeppni. Af þessum sökum hafa þær haft takmarkaða möguleika til að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af aðföngum til rekstrarins. Samþykkt frumvarpsins mun leiða til breytinga á þessu sviði en ekki eru forsendur til að áætla áhrif þeirra á ríkissjóð.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður haldi áfram að verja fé til þeirra verkefna sem rannsóknastofurnar hafa annast og að Matvælarannsóknir

keppi við aðra um verkefnin. Ætla má að einhver kostnaður fylgi því að bjóða út verkefni, koma á verksamningum og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Á móti kemur að þess er vænst að verkefni verði betur skilgreind en áður og skili því betri árangri. Fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á fjárveitingar.

Frumvarpið felur í sér að öll störf verða lögð niður hjá rannsóknastofunum sem sameinast í félaginu, en þau eru áætluð 76, og er því skylt að bjóða öllum starfsmönnum rannsóknastofanna önnur störf. Hluti starfsmanna á rétt á sex eða tólf mánaða biðlaunum þegar störf þeirra verða lögð niður í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Áætlað er að réttur starfsmanna til biðlauna svari til 45,5 ársverka sem gæti kostað ríkissjóð allt að 140 m.kr. Ekki er unnt að meta hversu mikil útgjöld lenda á ríkinu vegna þessara réttinda, en hér er giskað á að þau geti orðið 10–25 m.kr. Miðað er við að biðlaunin verði greidd af framlögum til þeirra rannsóknastofa sem verða lagðar niður að því leyti sem eigið fé þeirra hrekkur ekki til.

Niðurstaða þessa kostnaðarmats er í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að ríkið leggi Matvælarannsóknum hf. til stofnframlag þótt upphæðin liggi ekki fyrir. Í öðru lagi gætu breytingarnar haft einhver áhrif á tekjur ríkisins af virðisaukaskatti. Í þriðja og síðasta lagi er líklegt að frumvarpið leiði til einhvers biðlaunakostnaðar og er giskað á 10–25 m.kr. þótt óvissa um fjárhæð sé afar mikil.

470. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með þjónusturými er í lögum þessum átt við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, svo og samkomutjöld og sýningartjöld, sem almenningur hefur aðgang að vegna viðskipta og veittrar þjónustu og þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þ.m.t. áhorfendasvæði, biðstofur, gestamóttaka, forstofur, gangar, snyrtiherbergi o.fl.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þ.m.t. íþrótta- og tómstundastarf. Sama er um þjónustusvæði utan húss séu þau undir föstu eða færanlegu þaki og meira en að hálfu leyti umlukin veggjum eða sambærilegum mannvirkjum.

b. 2. og 5. mgr. falla brott.

c. 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 2. mgr. 9. gr. skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi hans sjá til þess að hann njóti þess réttar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. koma til framkvæmda 1. júní 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Kristjánsson, óskaði á árinu 2004 eftir tillögum frá tóbaksvarnaráði og Lýðheilsustöð um endurskoðun þeirra ákvæða tóbaksvarnalaga sem heimila reykingar á afmörkuðum svæðum veitinga- og skemmtistaða. Þessar tillögur hafa nú borist og er þar lagt til að reykingar í þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verði bannaðar með öllu. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram og samið er af starfsmönnum ráðuneytisins, Lýðheilsustöðvar og tóbaksvarnaráðs er því lagt til að fyrrgreint ákvæði laga um tóbaksvarnir verði afnumið og reykingar í þjónusturými veitinga- og skemmtistaða verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007. Með þeirri frestun á framkvæmd laganna verði rekstraraðilum gefinn kostur á aðlögunartíma.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er vinnuvernd starfsmanna með vísan til gildandi vinnuverndarlaga og tóbaksvarnalaga og vernd almennings með vísan til hratt vaxandi fjölda vísindalegra sannana fyrir því að óbeinar reykingar valdi heilsuskaða og dauðsföllum. Þegar þetta meginmarkmið er uppfyllt má búast við ýmiss konar öðrum ávinningi af reykbanninu, bæði fyrir samfélag og einstaklinga.

Forsaga.

Í áranna rás hafa íslensk stjórnvöld verið í fararbroddi í heiminum í lagasetningu og forvörnum á sviði tóbaksvarna og mörg lönd litið hingað til lands þegar marka á stefnu í tóbaksvörnum.

Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, tóku gildi 1. janúar 1985 og hafa breyst nokkuð á þeim tíma sem liðinn er. Í 1. gr. núgildandi tóbaksvarnalaga, nr. 6/2002, er lögð áhersla á að draga skuli úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að minnka tóbaksneyslu og hlífa fólki við áhrifum tóbaksreyks. Einnig segir þar að virða beri rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

Frá 1985 hefur þrisvar verið hert á ákvæðum tóbaksvarnalaga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fólk þurfi að anda að sér tóbaksreyk frá öðrum. Í 9. gr. laganna, eins og þau eru nú, er kveðið á um að reykingar séu óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka en leyfa megi þær með ákveðnum skilyrðum á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Í ljósi nýrrar þekkingar um skaðsemi óbeinna reykinga væri afnám undanþágu 9. gr. tóbaksvarnalaga (sbr. 2. mgr.) eðlileg framvinda.

Árið 1980 samþykkti Alþingi lög um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum. Markmið *vinnuverndarlaga, nr. 46/1980,* er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins. Í ákvæði 65. gr. laganna kemur fram að at-

vinnurekanda ber að grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Miðað við núverandi undanþágu, sem veitinga- og skemmtistaðir hafa frá 9. gr. tóbaksvarnalaga, nýtur starfsfólk þessara staða ekki þeirra réttinda sem vinnuverndarlögum er ætlað að tryggja því jafnt og öðru vinnandi fólki.

Árið 1999 samþykkti Alþingi með öllum greiddum atkvæðum *heilbrigðisáætlun til ársins 2010*. Er henni ætlað að marka stefnu í heilbrigðismálum fram til ársins 2010. Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að koma reykingum Íslendinga á aldrinum 18–69 ára niður fyrir 15% (eru nú tæplega 20%) og reykingum ungmenna 14–17 ára undir 5% (eru nú 7,7%).

16. júní 2003 skrifuðu Íslendingar undir *rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)* um tóbaksvarnir og voru þeir meðal fyrstu þjóða sem það gerðu. Í 8. grein samningsins er staðfest að aðilar viðurkenni að vísindaleg gögn hafi með óyggjandi hætti sýnt að óbeinar reykingar valdi dauða, sjúkdómum og fötlun og þeir skuldbindi sig til þess hver og einn að samþykkja og framkvæma lög og aðrar ráðstafanir til verndar gegn óbeinum reykingum á vinnustöðum innan húss, í almenningsfarartækjum, á stöðum sem ætlaðir eru fyrir almenning innan húss og, eftir því sem við á, á öðrum stöðum fyrir almenning.

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar, sem haldinn var í apríl 2005, samþykkti að ganga til viðræðna við stjórnvöld um að allir veitinga- og skemmtistaðir yrðu reyklausir frá og með 1. júní 2007. Með þessari ályktun lýsa Samtök ferðaþjónustunnar yfir áhuga sínum á að stuðla að bættu vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt, í samvinnu við stjórnvöld.

Í ljósi vinnuverndarlaga, tóbaksvarnalöggjafar, heilbrigðisáætlunar til ársins 2010, þess að Ísland hefur fullgilt rammasamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir og síðast en ekki síst í ljósi stuðnings veitingaiðnaðarins við lagasetningu um reyklausa veitinga- og skemmtistaði er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram á þeirri braut sem þau hafa markað og tryggi öllum reyklaust vinnuumhverfi, þar með talið starfsfólki á veitinga- og skemmtistöðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 9. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, var kveðið á um bann við reykingum í „þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs í sambandi við afgreiðslu eða þjónustu sem þessir aðilar veita“. Ákvæðið var síðar skýrt nánar á dreifispjaldi um takmarkanir reykinga á vinnustöðum. Voru þar m.a. nefnd helstu dæmi um hvað teldist til þess hluta húsnæðis þar sem ekki mætti reykja. Fyrrgreindu orðalagi í 1. mgr. 9. gr. var ekki breytt með breytingalögum nr. 101/1996 en í breytingalögum nr. 95/2001 er í þessu sambandi talað um „þjónusturými“, án skýringa. Lagt er til að úr þessu verði bætt með því að skilgreina þetta hugtak í lögum um tóbaksvarnir.

Um 2. gr.

Um a-lið. Breytingin á 1. mgr. 9. gr. laganna felst í viðbótarákvæði um að við tiltekin skilyrði skuli farið með þjónustusvæði utan húss með sama hætti og þjónusturými innanhúss að því er varðar bann við reykingum. Er þá einkum litið til svæða í tengslum við kaffihús og aðra matsölustaði. Reglan sem hér er sett fram er hin sama og í írsku lögunum sem sagt er frá í almennum athugasemdum hér að framan.

Um b-lið. Lagt er til að 2. mgr. 9. gr. laganna verði felld brott og er sú breyting megintilgangur frumvarpsins, þ.e. afnám undanþágu frá reykingabanni sem veitinga- og skemmtistöðum er veitt í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 6/2002. Núgildandi ákvæði laganna um reykingar á

veitinga- og skemmtistöðum voru sett með lögum nr. 95/2001. Með þeim var gengið lengra en áður í viðleitni til að vernda fólk fyrir tóbaksreyk á þessum stöðum. Um rök fyrir því að ganga enn lengra og banna reykingar þar alfarið í öllu þjónusturými er vísað til almennra athugasemda.

Lagt er til að 5. mgr. 9. gr. laganna verði felld brott og tengist sú breyting því að þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verða með öllu reyklaus, sbr. umfjöllun hér að framan, og því ekki ástæða til að kveða framvegis sérstaklega á um skyldu stjórnenda veitingastaða til að vernda starfsfólkið gegn tóbaksreyk.

Um c-lið. Breytingin samkvæmt þessum lið tengist einnig breytingunni skv. b-lið með hliðsjón af því að ekki er að sinni hróflað við ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 6/2002 um heimild til reykinga í tilteknum gistiherbergjum á gististöðum. Að því er varðar veitinga- og skemmtistaði er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að stuðla að því að banni við reykingum verði framfylgt með setningu reglugerðar um framkvæmd bannsins í samráði við aðra ráðherra.

Um 3. gr.

Breytingin á 1. mgr. 12. gr. laganna er eðlileg afleiðing breytingar skv. b-lið 2. gr. frumvarpsins, sbr. einnig það sem áður segir um gististaði.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að veitinga- og skemmtistaðir hafi tíma til að undirbúa starfsemi sína og laga hana að áformuðum breytingum til 1. júní 2007, en þá eigi staðirnir að vera orðnir reyklausir.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ LÝÐHEILSUSTÖÐVAR

Óbeinar reykingar og afleiðingar þeirra.

Í tóbaksreyk eru nokkur þúsund efni og efnasambönd. Uppruni þeirra er margvíslegur. Nefna má efni úr tóbaksjurtinni sjálfri, efni notuð við ræktun hennar (t.d. skordýraeitursleifar), efni notuð við vinnslu plöntunnar (t.d. klórsambönd) og efni notuð til að auka fíknaráhrif nikótíns (t.d. ammoníak). Fjölmörg þessara efna og efnasambanda eru hættuleg heilsu manna, þar á meðal eru tugir krabbameinsvaldandi efna.

Þegar sígaretta eða annað tóbak brennur verða til tvær tegundir reyks, annars vegar reykurinn sem reykingamenn sjúga að sér, kallað meginreykur (main stream smoke), og hins vegar reykurinn sem myndast þegar tóbakið brennur sjálft, hliðarreykur (side stream smoke). Reykurinn, sem reykingamenn sjúga að sér, verður til við tiltölulega fullkominn bruna (800–900°C) og inniheldur minna af skaðlegum efnum fyrir vikið. Reykurinn, sem myndast þegar tóbakið brennur sjálft, myndast hins vegar við ófullkominn bruna (ca. 600°C) og inniheldur því meira af skaðlegum efnum[1]. Meiri hluti hverrar sígarettu (og annars tóbaks) brennur upp

[1] Claxton, L.D., Morin, R.S., et al. (1989). A genotoxic assessment of environmental tobacco smoke using bacterial bioassays. Mutation Research, 222, 81–99.

án sogs og myndar hættulegri reykinn (hliðarreykinn). Reykmengun, sem myndast þar sem reykt er innan húss, t.d. á veitinga- og skemmtistöðum, verður því að stærri hluta til úr hinum hættulegri hliðarreyk.

Óbeinar reykingar (passive smoking, involuntary smoking) er það þegar einstaklingur andar að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk. Sá sem verður fyrir óbeinum reykingum andar að sér sömu efnum og sá sem reykir.

Rúm hálf öld er síðan fyrstu sannanir um heilsuskaðleg áhrif reykinga komu fram og hefur það margoft verið staðfest síðan. Áratugir eru liðnir síðan menn gerðu sér grein fyrir því að reykingar þungaðra kvenna hafa skaðleg áhrif á fóstur. Styttra er síðan vísbendingar komu fram um heilsuskaða hjá þeim sem ekki reykja sjálfir en búa við tóbaksreykmengað andrúmsloft á heimili eða í vinnu.

Á undanförum árum hefur komið fram fjöldi rannsókna sem sýna að slíkar „óbeinar" reykingar eru skaðlegar heilsunni og geta auk ýmiss konar óþæginda og vanlíðunar valdið mörgum sömu sjúkdómum og hljótast af því að reykja. Taflan hér á eftir sýnir heilsufarslegar afleiðingar óbeinna reykinga.

Þekktar afleiðingar óbeinna reykinga.

Fullorðnir:

Lungnakrabbamein.
Hjarta- og æðasjúkdómar.
Brjóstverkir og fleiri einkenni hjartasjúkdóma versna.
Astmaköst hjá þeim sem hafa astma.
Berkjubólga versnar.
Heilablóðfall.
Fósturvöxtur minni en ella (lítil fæðingarþyngd).
Fæðing fyrir tímann.

Börn:

Vöggudauði.
Eyrnabólgur.
Sýkingar í öndunarfærum.
Astmaköst hjá þeim sem hafa astma.
Þróun astma hjá einkennalausum.

Aðrar afleiðingar óbeinna reykinga:

Öndunarerfiðleikar.
Ógleði.
Óþægindi í öndunarfærum.
Höfuðverkur.
Hósti.
Óþægindi í augum.

Taflan er fengin hjá breska læknafélaginu (British Medical Association, 2002[2]).

Óþægindi í augum, nefi og öndunarfærum eru vel staðfestar afleiðingar óbeinna reykinga. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt að fólk sem vinnur í reykmettuðu umhverfi kvartar yfir

---

[2] British Medical Association (2002). *Toward smoke-free public places.* London: BMA.

slíkum óþægindum[3,4]. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á að óbeinar reykingar hafa þau áhrif að lungnavirkni fólks sem er reglulega í slíku umhverfi minnkar[5,6,7] og að tengsl eru við ýmis öndunarfæravandamál, svo sem andnauð, þyngsli fyrir brjósti og lungnaþembu[8,9]. Enn fremur hefur verið sýnt fram á að þeir sem verða fyrir tóbaksreyk heima eða í vinnunni séu í 40–60% meiri hættu á að fá astma en þeir sem ekki verða fyrir tóbaksreyk[10]. Fólk, sem er með astma, fær ekki aðeins alvarlegri astmaköst ef það verður fyrir tóbaksreyk heldur líður því almennt verr og þarf oftar að leggjast inn á sjúkrahús[11].

International Agency for Research on Cancer (IARC) skoðaði nýlega allar stærri rannsóknir þar sem könnuð höfðu verið tengsl milli óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Þessi sérfræðingahópur kemst að þeirri niðurstöðu að óbeinar reykingar geti aukið hættu á lungnakrabbameini um 20–30%[12]. Tengsl eru milli þess magns reyks sem einstaklingur verður fyrir og hættu á lungnakrabbameini, rétt eins og hjá reykingamönnum. Einnig benda rannsóknarniðurstöður til þess að óbeinar reykingar geti aukið hættuna á legháls-[13,14] og brjósta-

---

3 Eisner, M.D., Smith, A.K., & Blanc, P.D. (1998). Bartenders respiratory health after establishment of smoke-free bars and taverns. *Journal of American Medical Association, 280,* 1909–1914.

4 Directorate for Health and Social affairs. (2005). *Norway's ban on smoking in bars and restaurants – A review of the first year.* Oslo: SHDIR.

5 Chen, R., Tunstall-Pedoe, H., & Tavendale, R. (2001). Environmental tobacco smoke and lung function in employees who never smoked: the Scottish MONICA study. *Occupational and Environmental Medicine,* 58, 563–568.

6 Carey, I.M., Cook, D.G., & Strachan, D.P. (1999). The effect of environmental tobacco smoke exposure on lung function in longitudinal study of British adults. *Epidemiology, 10*(3), 319–326.

7 Masjedi, M.R., Kazemi, H., & Johnson, D.C. (1990). Effect of passive smoking on the pulmonary function of adults. *Thorax, 45,* 27–31.

8 Janson, C., Chinn, S., Jarvis, D., Zock, J.P., Torén, K., & Burney, P. (2001). Effect of passive smoking on respiratory symptoms, bronchial responsiveness, lung function, and total serum IgE in the European Community Respiratory Health Survey: a cross-sectional study. *Lancet, 358,* 2103–2108.

9 Vineis, P., Airoldi, L., Veglia, P., Olgiati, L., Pastorelli, R., Autrup, H., Dunning, A., Garte, S., Gormally, E., Hainaut, P., Malaveille, C., Matullo, G., Peluso, M., Overvad, K., Tjonneland, A., Clavel-Chapelon, F., Boeing, H., Krogh, V., Palli, D., Panico, S., Tumino, R., Bueno-De-Mesquita, B., Peeters, P., Berglund, G., Hallmans, G., Saracci, R., & Riboli, E. (2005). Environmental tobacco smoke and risk of respiratory cancer and chronic obstructive pulmonary disease in former smokers and never smokers in the EPIC prospective study. *British Medical Journal, 330*(7486), 277–281.

10 Coultas, D.B. (1998). Health effects of passive smoking. 8. Passive smoking and risk of adult asthma and COPD: An update. *Thorax, 53,* 381–387.

11 Ulrich, C.S., & Lange, P. (2001). Cigarette smoking and asthma. *Monaldi Archive of Chest Disease, 56,* 349–353.

12 WHO International Agency for Research on Cancer (2004). *Monograph on the evaluation of carcinogenic risks to humans, Volume 83: Tobacco smoke and involuntary smoking.* Lyons: WHO IARC.

13 Tay, S.K., og Tay, K.J. (2004). Passive cigarette smoking is a risk factor in cervical neoplasia. *Gynecologic Oncology, 93*(1), 116–20.

14 Trimble, C.L., Genkinger, J.M., Burke, A.E., Hoffman, S.C., Helzlsouer, K.J., Diener-West, M., Comstock, G.W., & Albert, A.J. (2005). Active and passive cigarette smoking and the risk of cervical neoplasia. *Obstetrics & Gynecology, 105*(1), 174–181.

krabbameini[15,16] þrátt fyrir að orsakasamband hafi ekki verið staðfest eins og með lungnakrabbamein.

Margar rannsóknir hafa sýnt að óbeinar reykingar auka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum hjá þeim sem búa við reykingar heima og/eða í vinnunni. Þessar rannsóknir benda til þess að ef einstaklingur, sem reykir ekki, á maka sem reykir eða vinnur í reykmettuðu umhverfi eykst hættan á að hann fái hjartaáfall um 25–30%[17,18,19,20]. Í nýlegri 20 ára framskyggnri rannsókn (*prospective study*) þar sem mælt var magn *cotinine* (niðurbrotsefni nikótíns) í blóði, í stað þess að nota sjálfsmat, kom í ljós að áhrif óbeinna reykinga á hjarta- og æðasjúkdóma hafa hugsanlega verið vanmetin í fyrri rannsóknum. Samkvæmt þessari nýju rannsókn auka óbeinar reykingar hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum um 45–57%[21]. Þegar rannsóknir eru teknar saman kemur í ljós að áhrif óbeinna reykinga eru allt að því jafnmikil og þess að reykja sjálfur (80–90%) og aðeins þarf lítið magn reyks til að hafa áhrif á áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma, svo sem storknun blóðs, myndun blóðtappa og hörðnun kransæða[22].

Nokkuð er um að rannsóknir sýni tengsl milli óbeinna reykinga og heilablóðfalls. Í ljós hefur komið að fólk, sem verður reglulega fyrir óbeinum reykingum, er í allt að því tvöfalt meiri hættu á að fá heilablóðfall en þeir sem ekki verða fyrir óbeinum reykingum[23,24].

Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir óbeinum reykingum. Tóbaksreykur minnkar lungnavirkni þeirra og þau verða viðkvæmari fyrir sýkingum, svo sem lungnabólgu, berkjubólgu og eyrnabólgu. Einnig valda þær einkennum eins og hósta og blístri í öndunarfærum. Óbeinar reykingar hafa jafnframt verið tengdar minni vexti lungna og auknum líkum á að þróa með

---

[15] Johnson, K.C., Hu, J., Mao, Y., & The Canadian Cancer Registries Epiemiology Research Group. (2000). Passive and active smoking and breast cancer risk in Canada, 1994–1997. *Cancer Causes and Control, 11,* 211–221.

[16] Johnson, K.C. (2005). Accumulating evidence on passive and active smoking and breast cancer risk. *International Journal of Cancer, 117*(4), 619–628.

[17] Glantz, S.A., & Parmley, W.W. (1995). Passive smoking and heart disease. *Mechanisms and risk. Journal of American Medical Association, 273,* 1047–1053.

[18] He, J., Vupputuri, S., Allen, K., Prerost, M., Hughes, J., & Whelton, P. (1999). Passive smoking and the risk of coronary heart disease – a meta-analysis of epidemiologic studies. *New England Journal of Medicine, 340,* 920–926.

[19] Law, M.R., Morris, J.K., og Wald, N.J. (1997). Environmental tobacco smoke and ischaemic heart disease: an evaluation of the evidence. *British Medical Journal, 315,* 973–9.

[20] Rosenlund, M., Berglind, N., Gustavsson, A., Reuterwall, C., Hallqvist, J., Nyberg, F., & Pershagen, G. (2001). Environmental tobacco smoke and myocardial infarction among never-smokers in the Stockholm Heart Epidemiology Program (SHEEP). *Epidemiology, 12,* 558–564.

[21] Whincup, P.H., Gilg, J.A., Emberson, J.R., Jarvis, M.J., Feyerabend, C., Bryant, A., Walker, M., & Cook, D.G. (2004). Passive smoking and risk of coronary heart disease and stroke: prospective study with cotinine measurement. *British Medical Journal, 329,* 200–205.

[22] Barnoya, J., & Glantz, S.A. (2005). Cardiovascular Effects of Secondhand Smoke: Nearly as large as smoking. *Circulation, 111,* 2684–2698.

[23] Bonita, R., Duncan, J., et al. (1999). Passive smoking as well as active smoking increases the risk of acute stroke. *Tobacco Control, 8,* 156–160.

[24] You, R.X., et al. (1999). Ischemic stroke risk and passive exposure to spouses' cigarette smoking. *American Journal of Public Health, 89,* 572–5.

sér astma, sem og auknum fjölda og alvarleika astmakasta[25,26]. Í Bretlandi er áætlað að um 17.000 börn undir fimm ára aldri séu lögð inn á sjúkrahús á ári hverju vegna heilsubrests sem rekja má til óbeinna reykinga[27].

Ófædd börn verða fyrir óbeinum reykingum ef móðirin reykir á meðgöngu eða ef þá er reykt í kringum hana. Flestum er ljóst að reykingar móður á meðgöngu geta verið mjög skaðlegar fóstri en einnig benda nýlegar rannsóknir til þess að reykingar í umhverfi þungaðrar konu geti haft áhrif á fóstur. Lítil fæðingarþyngd[28,29] og fyrirburafæðingar[30] eru algengari ef móðirin hefur orðið fyrir óbeinum reykingum á meðgöngu og hættan á minni fæðingarþyngd eykst eftir því sem óbeinu reykingarnar eru meiri og tíðari[31].

Heilsuvernd starfsmanna.

Margir starfsmenn veitinga- og skemmtistaða verða fyrir miklum áhrifum af óbeinum reykingum. Þetta er ein fárra stétta sem ekki fær vernd skv. 9. gr. tóbaksvarnalaga og 1. gr. vinnuverndarlaga, nr. 46/1980. Þetta starfsfólk býr margt við það í vinnu sinni að anda að sér reykmenguðu lofti þótt sannað sé að það valdi bæði óþægindum, sjúkdómum og dauðsföllum. Til eru margar rannsóknir sem benda til þess að óbeinar reykingar á vinnustöðum séu skaðlegar heilsu fólks. Rannsóknarmenn hafa til að mynda sýnt fram á að fólk, sem vinnur á vínveitingabar en reykir ekki sé með svipaða þéttni nikótíns í blóði og fólk sem reykir daglega[32].

Þegar skoðaðar eru rannsóknir, þar sem könnuð hafa verið tengsl lungnakrabbameins og hjarta- og æðasjúkdóma og þess að vinna í umhverfi þar sem reykt er, kemur í ljós að áhætta starfsfólks eykst við að vinna í slíku umhverfi. Fólk, sem vinnur í reykmettuðu umhverfi, er t.d. í allt að 50% meiri hættu á að fá lungnakrabbamein[33,34,35] og rannsóknir á hjarta- og æða-

---

[25] World Health Organisation (1999). *International consultation on environmental tobacco smoke and child health: consultation report.* Geneva: WHO.

[26] DiFranza, J.R., Aligne, A., Weitzman, M. (2004). Prenatal and Postnatal Environmental Tobacco Smoke Exposure and Children's Health. *Pediatrics, 113,* 1007–1015.

[27] Royal College of Physicians of London. (1992). *Smoking and the young.* London, RCP.

[28] Misra, D.P., og Nguyen, R.H. (1999). Environmental tobacco smoke and low birth weight: a hazard in the workplace? *Environmental Health Perspective, 107,* 897–90.

[29] Hruba, D., og Kachlik, P. (2000). Influence of maternal active and passive smoking during pregnancy on birthweight in newborns. *Central European Journal of Public Health, 8,* 249–52.

[30] Windham, G.C., Hopkins, B., Fenster, L., og Swan, S.H. (2000). Pre-natal active or passive tobacco smoke exposure and the risk of pre-term delivery or low birth weight. *Epidemiology, 11,* 427–33.

[31] Hruba, D. og Kachlik, P. (2000). Influence of maternal active and passive smoking during pregnancy on birthweight in newborns. *Central European Journal of Public Health, 8,* 249–52.

[32] Al-Delaimy, W., Fraser, T., & Woodward, A. (2001). Nicotine in hair of bar and restaurant workers. *New Zealand Medical Journal, 114,* 80–83.

[33] Brown, K.G. (1999). Lung cancer and environmental tobacco smoke: occupational risk to nonsmokers. *Environmental Health Perspective, 107* (supplement 6), 885–890.

[34] Reynolds, P. (1999). Epidemiologic evidence for workplace ETS as a risk factor for lung cancer among nonsmokers: specific risk estimates. *Environmental Health Perspective, 107* (supplement 6), 865–872).

[35] Siegel, M. (1993). Involuntary smoking in the restaurant workplace. A review of employees exposure and health effects. *Journal of the American Medical Association, 270,* 490–493.

sjúkdómum benda til 20% meiri hættu[36,37]. Í nýlegri bandarískri rannsókn voru skoðuð áætluð dauðsföll vegna óbeinna reykinga í vinnu og þar kom í ljós að áætlað er að 2.000– 3.000 manns deyi á ári hverju úr hjartasjúkdómum vegna óbeinna reykinga í vinnu[38]. Einnig hefur nýleg rannsókn frá Nýja-Sjálandi (3,8 milljónir íbúa) sýnt að hægt er að fækka dauðsföllum um 300 á ári ef óbeinar reykingar eru takmarkaðar[39].

Nýlega gerðu Svíar, Finnar og Eistar sameiginlega rannsókn þar sem komu fram tengsl milli óbeinna reykinga og margra einkenna, svo sem langvinns hósta, blísturs í öndunarfærum, óeðlilegrar slímmyndunar og mæði. Einnig fundu þeir sterk tengsl milli magns tóbaksreyks, sem fólk verður fyrir, og óþæginda í öndunarfærum og að óbeinar reykingar í vinnu eru hættulegri en óbeinar reykingar á heimili[40]. Nærtækasta skýringin á þessu er að í vinnu reykja fleiri í einu rými og að tillitssemi er sennilega meiri á heimili. Fleiri rannsóknir hafa sýnt hið sama[41,42,43]. Þessar niðurstöður benda til þess að sérstaklega mikilvægt sé að veita starfsfólki vernd fyrir tóbaksreyk í vinnunni.

Tilgangur lagasetningar um reyklausa veitinga- og skemmtistaði er fyrst og fremst að bæta vinnuumhverfi þeirra sem þar vinna og draga þannig úr áhættu starfsmanna. Rannsóknir á heilsu og vellíðan starfsmanna fyrir og eftir að slík lög hafa tekið gildi sýna að slíkar aðgerðir skila tilskildum árangri. Í rannsókn, sem gerð var í Kaliforníu, kom fram að þjónustufólk kvartaði undan óþægindum í öndunarfærum, svo sem hósta, mæði, blístri í öndunarfærum og óþægindum í augum, nefi og hálsi fyrir lagasetninguna. Einum mánuði eftir lögin tóku gildi höfðu einkenni í öndunarfærum minnkað um 60% og óþægindi um 80%. Lungnavirkni hafði einnig aukist nokkuð[44]. Einnig sýnir norsk rannsókn sem gerð var fyrir og eftir að sambærileg lög tóku gildi að gæði lofts sem fólkið vann í batnaði til muna. Enn fremur sögðust færri starfsmenn finna fyrir almennum heilsufarsvandamálum, svo sem höfuðverk,

---

[36] Kawachi, I., Colditz, G.A., Speizer, F.E., Manson, J.E., Stampfer, M.J., Willett, W.C., & Hennekens, C.H. (1997). *Circulation, 95*(10), 2374–9.

[37] Steenland, K. (1999). Risk assessmen for heart disease and workplace ETS exposure among nonsmokers. *Environmental Health Perspectives, 107*(supplement 6), 859–63.

[38] Steenland, K., Burnett, C., Lalich, N., Ward, E., & Hurrell, J. (2003). Dying for work: The magnitude of US mortality from selected causes of death associated with occupation. *American Journal of Industrial Medicine, 43*(5), 461–482.

[39] Woodward, A., og Laugesen, M. (2001). How many deaths are caused by second-hand cigarette smoke? *Tobacco Control, 10,* 283–388.

[40] Larsson, M.L., Loit, H.M., Meren, M., Pölluste, J., Magnusson, A., Larsson, K., & Lundback, B. (2003). Passive smoking and respiratory symptoms in the FinEsS Study. *European Respiratory Journal, 21,* 672–676.

[41] Jansson, C., Chinn, S., Jarvis, D., Zock, JP., Torén, K., & Burney, P. (2001). Effects of passive smoking on respiratory symptoms, bronchial responsiveness, lung function and total IgE in the European Community Respiratory Health Survey: a cross-sectional study. *Lancet,* 2103–2109.

[42] Leuenberger, P., Schwartz, J., Ackermann-Liebrich, U., et al. (1994). Passive smoking exposure in adults and chronic respiratory symptoms (SAPALDIA study). *American Journal of Respiratory Critical Care Medicine, 150,* 1222–1228.

[43] White, J.R., Froeb, H.F., & Kulik, J.A. (1991). Respiratory illness in non-smokers chronically exposed to tobacco smoke in the work place. *Chest, 100*(1), 39–43.

[44] Eisner, M.D., Smith, A.K., & Blanc, P.D. (1998). Bartenders respiratory health after establishment of smoke-free bars and taverns. *Journal of American Medical Association, 280,* 1909–1914.

ertingu í augum og þurrki í hálsi, og færri fundu fyrir óþægindum í öndunarfærum[45]. Þessar rannsóknarniðurstöður sýna að það að útiloka óbeinar reykingar úr umhverfi starfsmanna hefur mjög fljótt jákvæð áhrif á vellíðan þeirra. Rannsóknarniðurstöður um neikvæð langtímaáhrif óbeinna reykinga benda til þess að lagasetning hafi ekki síður mjög jákvæð áhrif á heilsu fólks til lengri tíma og fækki ótímabærum dauðsföllum.

Enda þótt margt starfsfólk veitinga- og skemmtistaða sé í hættu vegna óbeinna reykinga eru sumir hópar viðkvæmari en aðrir. Eins og minnst var á hér að framan hefur verið sýnt fram á skaðleg áhrif óbeinna reykinga á fóstur þungaðra kvenna og meiri einkenni meðal astmasjúklinga. Í ljósi þessa eru þungaðar konur og fólk með öndunarfæravandamál eins og astma í aukinni áhættu. Starfsmenn, sem reykja sjálfir, verða einnig fyrir skaðlegum áhrifum af völdum óbeinna reykinga á vinnustað sínu í viðbót við eigin reykingar.

Heilsuspillandi áhrif tóbaksreyks á fólk í þjónustustörfum virðast nokkuð óyggjandi en spyrja mætti af hverju núgildandi löggjöf um reyklaus svæði og loftræstingar eru ekki fullnægjandi til að vernda starfsfólk og af hverju sé þörf á að afnema þá undanþágu sem nú er í tóbaksvarnalögum fyrir veitinga- og skemmtistaði. Nokkrar ástæður liggja þar að baki:

1. Starfsfólk fær ekki þá heilsuvernd sem það á rétt á.

Þrátt fyrir að skipt sé í reyksvæði og reyklaus svæði á veitinga- og skemmtistöðum og farið sé fullkomlega að lögum og reglum þarf starfsfólk engu síður að sinna starfi sínu á reyksvæðum. Með því að hafa reyksvæði og reyklaus svæði en ekki reyklausa staði er þessi hópur því áfram undanskilinn þeirri vinnuvernd sem 1. gr. vinnuverndarlaga, nr. 46/1980, er greinilega ætlað að tryggja öllu vinnandi fólki.

2. Reykur berst milli reyksvæða og reyklausra svæða.

Nokkrar erlendar mælingar sýna að þrátt fyrir að reyklaus svæði séu notuð eins og til er ætlast duga þau hvorki til að vernda gesti né starfsfólk. Ástralskir heilsugæslulæknar gerðu nýlega athugun á 17 veitingastöðum og börum sem allir voru með reyklaus svæði og reyksvæði. Mældu þeir nikótín og önnur efni úr tóbaksreyk í andrúmslofti á báðum þessum svæðum og komust að þeirri niðurstöðu að reyklausu svæðin veittu litla vernd gegn óbeinum reykingum. Reykmengunin mældist þar í besta falli helmingi minni en á reyksvæðunum[46]. Norðmenn hafa gert nokkrar svipaðar mælingar og í ljós hefur komið að þótt hlutfall efna úr tóbaksreyk sé eitthvað lægra á reyklausum svæðum en reyksvæðum séu efnin jafnan langt yfir hættumörkum[47].

3. Reglur um reyklaus svæði og loftræstingu virðast ekki vera virtar.

Sumarið 2002 var gerð ítarleg vettvangskönnun á 40 veitingastöðum í Reykjavík þar sem leyft var að reykja. Kom í ljós að á öllum nema einum vantaði meira eða minna á að settum skilyrðum væri fullnægt. Á flestum þessum stöðum var að vísu við lýði skipting í reyklaus svæði og reyksvæði en aðeins á um helmingi staðanna voru reyklausu svæðin álíka stór eða

---

[45] Directorate for Health and Social affairs. (2005). *Norway's ban on smoking in bars and restaurants – A review of the first year.* Oslo: SHDIR.

[46] Cains, T., Cannata, S., Poulos, R., Ferson, M.J., og Stewart, B.W. (2004). Designated „no smoking" areas provide from partial to no protection from environmental tobacco smoke. *Tobacco control, 13,* 17–22.

[47] Ministry of Health (2002). *Proposition to the Odelsting: Smoke-Free Food and Drink Establishments.* Oslo: Ministry of Health.

stærri en reyksvæðin (reiknað út frá borðafjölda). Á þremur stöðum voru reykingar leyfðar í öllu þjónusturýminu. Loftræsting var í flestum tilvikum annaðhvort engin sýnileg eða lítt eða ekki virk og á þeim stöðum þar sem ástandið var þó skást að þessu leyti nægði loftræstingin aðeins á einum stað (tveir alveg aðskildir salir) til að reykurinn mengaði ekki merkjanlega andrúmsloftið á reyklausu svæðunum. Athyglisvert er að í ljós kom að aðeins 8% gesta reyktu en 92% gerðu það ekki[48].

4. Loftræstibúnaður ræður ekki við tóbaksreykjarmengun.

Erlendir sérfræðingar hafa komist að því að engin loftræstikerfi séu nógu öflug til hreinsa loftið nægilega til að vernda starfsfólk. Til þess þarf loftræstikerfi almennt að vera um 20 þúsund sinnum áhrifaríkara[49].

Aðrir kostir reyklausra veitingahúsa.

1. Vernd gesta gegn óbeinum reykingum.

Þótt meginmarkmiðið lagasetningar um reyklaus veitingahús sé að hlífa starfsfólki við óbeinum reykingum vinnst það einnig að allir gestir veitinga- og skemmtistaða fá sömu vernd. Augljóst má vera hve mikilvægt það er, ekki síst fyrir ákveðna hópa, svo sem þungaðar konur, börn og fólk með öndunarfærasjúkdóma eða hjartasjúkdóma.

2. Minnkun heildarreykinga.

Reynslan sýnir að lagasetning um reyklausa vinnustaði, þ.m.t. veitinga- og skemmtistaði, dragi úr heildarreykingum í samfélaginu. Í Kaliforníu, þar sem slík lagasetning hefur gilt síðan 1998, drógust reykingar saman eftir lagasetninguna og nú reykja 16,4% þar en 33% í Kentucky þar sem slík lög eru ekki í gildi[50]. Í mati, sem Írar gerðu stuttu eftir að slík lög tóku gildi hjá þeim, kom einnig fram að 20% reykingamanna slepptu alveg að reykja þegar þeir fóru út á veitinga- eða skemmtistaði og bendir það til minnkunar í heildarreykingum[51].

Þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé síðan löggjöf um þessi efni tók gildi bæði í Noregi og Írlandi benda tölur til þess að fleiri hafi reynt að hætta að reykja þar eftir að nýju lögin tóku gildi og að sala á sígarettum hafi dregist saman. Í Noregi hefur ekki dregið marktækt úr tíðni reykinga en mun fleiri hafa reynt að hætta eftir lagasetningu en áður og sala á sígarettum hefur minnkað[52]. Sama ár og lög um reyklausa vinnustaði tóku gildi á Írlandi (árið 2004) bárust einnig fréttir af því að sala á tóbaki hefði dregist saman. Í september 2004 tilkynnti Gallaher Group, sem er með um helmingsmarkaðshlutdeild í sígarettusölu á Írlandi, að sala á sígarettum frá fyrirtækinu hefði minnkað um 7,5% og fyrirtækið seldi 260 milljón færri

---

[48] Tóbaksvarnanefnd (2002). *Vettvangskönnun á 40 veitingastöðum í Reykjavík.* Reykjavík: Tóbaksvarnanefnd.

[49] Repace, J. (2000). Can ventilation control secondhand smoke in the hospitality industry? California Department of Health Services.

[50] Balluz, L., Ahluwalia, I.B., Murphy, W., Mokdad, A., Giles, W., og Harris, V.B. (2004). Surveillance for certain health behaviors among selected local areas – United States, Behavioral Risk Factor Surveillance System, 2002. *MMWR Surveillence Summary, 53*(5), 1–100.

[51] Office of Tobacco Control (2004). *Smoke-Free Workplace Legislation Implementation: Progress Report, May 2004.* Office of Tobacco Control.

[52] Lund, M., Lund, K.E., Rise, J., Aarø, L.E., Hetland, J. (2005). *Smoke-Free bars and restaurants in Norway.* Oslo/Bergen: SIRUS/HEMIL.

sígarettur frá janúar til júní 2004 en næstu sex mánuði á undan[53]. Í byrjun nóvember bárust svo fréttir frá næststærsta tóbakssala Íra um að sala þeirra hefði minnkað um 10% árið 2004 og að fyrirtækið byggist við að selja 200 milljón færri sígarettur árið 2004 en árið 2003[54]. Þessar tölur benda til þess að reyklausir veitingastaðir hafi áhrif á heildarreykingar þjóðarinnar.

Á skemmtistöðum er nokkuð um að ungt fólk reyki. Við slíkar aðstæður er sú hætta vel þekkt að fólk, sem áður hefur ekki reykt, byrji að prófa það („fikta"). Þetta getur verið upphafið að daglegum reykingum. Við lagasetningu má búast við að dragi úr þessari hættu en einnig má búast við að samkvæmisreykingar minnki.

Reyklaust umhverfi er einnig mikilvægur stuðningur við þá sem hætta að reykja. Kanadískir rannsóknarmenn spurðu 191 fyrrverandi reykingamann um hvað hefði orðið til þess að þeir hættu. Um 39% sögðu ástæðuna vera lagasetningu sem bannaði reykingar á öllum opinberum stöðum. Einnig kom í ljós að reykingamenn, sem reyndu að hætta, voru þrisvar sinnum líklegri til að ná því markmiði þar sem lög voru í gildi en þar sem ekki voru slík lög[55].

3. Minni kostnaður.

Sé litið til kostnaðar við rekstur veitinga- og skemmtistaða sést að ýmis ávinningur fylgir því að þeir séu reyklausir. Nægir að nefna minni eldhættu og minni viðhaldsþörf vegna skemmda á húsbúnaði og óþrifa. Einnig hafa óbeinar reykingar aðrar afleiðingar fyrir starfsfólk, vinnuveitendur og heilbrigðiskerfið. Óbeinar reykingar hafa verið tengdar við fjarvistir frá vinnu, fjölda heimsókna til lækna og notkun lyfja hjá körlum[56]. Hagfræðistofnun HÍ mat framleiðslutap vegna óbeinna reykinga á Íslandi árið 2000 upp á 448 milljónir[57]. Athuga ber að aðeins var tekið mið af hjartasjúkdómum og lungnakrabbameini en fjarvistir frá vinnu o.fl. voru ekki teknar þar inn í. Ætla má að talan mundi hækka ef það væri gert.

4. Minnkun eldhættu.

Búast má við að brunahætta á veitingastöðum minnki við að gera þá reyklausa þar sem bruni af völdum tóbaksreykinga er ein af þremur algengustu orsökum bruna á Íslandi. Þegar tölur Brunamálastofnunar frá árunum 1995–2003 eru skoðaðar kemur í ljós að um 3% bruna á Íslandi eru af völdum reykinga (þ.e. brunar sem eru það stórir að þeir eru tilkynntir til

---

[53] Halm, J. (2004). Cigarette sales in Ireland fall. Birt: 10. september 2004. http://www.bbc.co.uk/worldservice/learningenglish/newsenglish/witn/2004/09/040910 smoking ban.shtml. Skoðað: 15. nóvember 2004.

[54] The Irish Examiner. (2004). Smoking Ban hits cigarette sales. Birt: 9. nóvember 2004. http://www.examiner.ie/registration/login_and_reg.asp?page. Skoðað: 15. nóvember 2004.

[55] Hammond, D., McDonald, P.W., Fong, G.T., Brown, K.S., og Cameron, R. (2004). The impact of cigarette warning labels and smoke-free bylaws on smoking cessation. *Canadian Journal of Public Health, 95*(3), 201–204.

[56] McGhee, S.M., et al. (2000). Passive smoking at work: the short-term cost. *Journal of Epidemiology and Community Health, 54,* 673–676.

[57] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Kostnaður vegna reykinga á Íslandi árið 2000.* Reykjavík: Hagfræðistofnun.

lögreglu)[58]. Þetta eru um 30 brunar á ári sem telst 68 milljónir í eignatap á verðlagi ársins 2003 samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar HÍ[59].

Viðhorf viðskiptavina veitinga- og skemmtistaða.

Gallup gerði tvívegis viðhorfsrannsókn (2002 og 2004) þar sem skoðuð voru viðhorf fullorðinna til reykinga á veitinga- og kaffihúsum og árið 2004 var spurt hvort fólk mundi fara sjaldnar, jafnoft eða oftar á þessa staði ef þeir væru alveg reyklausir. Í báðum rannsóknunum kom fram að rúmlega 60% svarenda voru andvíg reykingum á veitinga- og kaffihúsum og í maí 2004 sögðust 85,8% svarenda mundu fara jafnoft eða oftar á veitingastaði eða kaffihús ef þessir staðir yrðu reyklausir. Aðeins 14,1% töldu sig mundu fara sjaldnar. Athygli vekur að 52,8% fólks, sem reykir, sögðust mundu fara jafnoft eða oftar á kaffihús og veitingastaði ef þeir yrðu reyklausir. Þessar niðurstöður benda til þess að meiri hluti fullorðinna sé hlynntur algjörlega reyklausum veitinga- og kaffihúsum[60,61].

Áhrif reykbanns á rekstur veitingahúsa.

Í þeim löndum þar sem lög um reyklausa veitinga- og skemmtistaði hafa tekið gildi, hafa áhyggjur víða vaknað meðal veitingamanna. Þeir hafa jafnan áhyggjur af því að tap verði á rekstri, að þeir verði að segja upp fólki og jafnvel að fyrirtækið beri sig ekki ef staðurinn verður reyklaus. Fjárhagsleg áhrif reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum hafa verið skoðuð mjög víða og ekki finnast nokkur áreiðanleg gögn sem styðja þessar áhyggjur veitingamanna[62].

Árið 1997 var gerð rannsókn í Bandaríkjunum þar sem bornar voru saman borgir sem annars vegar leyfðu reykingar á veitinga- og skemmtistöðum og hins vegar borgir sem leyfðu það ekki. Niðurstaða þessarar rannsóknar var að enginn munur var á hlutfallslegri sölu drykkja og matar í þeim borgum sem bornar voru saman[63]. Þessar niðurstöður studdu margar fyrri rannsóknir sem höfðu sýnt slíkt hið sama. Í annarri rannsókn, sem gerð var í Texas 2002, voru bornar saman sölutölur 12 ár aftur í tímann (fyrir lagasetningu) og ári eftir lagasetningu og komust menn að því að enginn munur var á sölu drykkjar og matar á þessum tíma[64]. Niðurstöður þessara tveggja rannsókna hafa verið staðfestar í samantekt 97 rannsókna þar sem fram kemur að engar áreiðanlegar heimildir eru fyrir því að bann við reykingum á

---

[58] Guðmundur Gunnarsson. (2004). *Brunar af völdum tóbaks 1995–2004.* Reykjavík: Brunamálastofnun.

[59] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Kostnaður vegan reykinga á Íslandi árið 2000.* Reykjavík: Hagfræðistofnun.

[60] IMG Gallup (2002). *Tóbaksvarnaráð: Viðhorf til reykinga mars 2002.* Reykjavík: Gallup.

[61] Gallup (2004). *Tóbaksvarnaráð: Viðhorf til reykinga maí 2004.* Reykjavík: Gallup.

[62] Scollo, M., Lal, A., Hyland, A., og Glantz, S. (2003). Review of the quality of studies on the economic effects of smoke-free policies on the hospitality industry. *Tobacco Control, 12,* 13–20.

[63] Glantz, S.A., og Smith, L.R.A. (1997). The effect of ordinances requiring smoke-free restaurants and bars on revenues: a follow up. *American Journal of Public Health, 87*(10), 1687–1693.

[64] Hang, P., De, A.K., og McCrucker, M.E. (2004). Impact of smoking ban in restaurant and bar revenues-El Paso, Texas, 2002. *Morbidity and Mortality Weekly Report, 53*(7), 150–152.

þessum stöðum hafi neikvæð fjárhagsleg áhrif heldur fundust ýmist engin áhrif eða jákvæð áhrif á sölu og fjölda starfa í atvinnugreininni[65].

Reynsla annarra þjóða.

Með aukinni þekkingu á þeim afleiðingum sem óbeinar reykingar geta haft á heilsu hafa mörg lönd á undanförnum árum hert tóbakslöggjöf sína til verndar landsmönnum.

Þróun til reykleysis á veitingastöðum á sér hvað lengsta sögu í Bandaríkjunum og náði þar fyrst til einstakra borga og sýslna en síðan heilla ríkja. Kaliforníuríki bannaði fyrst reykingar í veitingastöðum árið 1994 en fjórum árum síðar var lagasetningin færð út og látin ná yfir hvers kyns veitinga- og skemmtistaði. Kannanir hafa sýnt mikinn og vaxandi stuðning við lagasetninguna, einnig meðal reykingamanna[66]. Eins og áður hefur verið bent á hafa sömuleiðis komið fram eindregin jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan starfsmanna[67].

Fordæmi Kaliforníumanna hefur víða verið fylgt þar vestra og þróunin ekki síst markast af því að æ fleiri ríki og borgir fella bann við reykingum á veitingastöðum inn í heildarlöggjöf um reyklausa vinnustaði („smokefree workplace legislation") þar sem engir vinnustaðir eru undanskildir. Í New York-borg tóku slík lög t.d. gildi í mars 2003 en reykingar höfðu þá verið bannaðar á matsölustöðum þar um átta ára skeið. Þrátt fyrir hrakspár andstæðinga virðist hin víðtæka löggjöf yfirleitt ekki hafa bitnað á veitingahúsarekstri eða ferðaþjónustu í New York-borg[68]. Fyrsta árið eftir að lögin tóku gildi fjölgaði störfum í greininni, velta veitinga- og skemmtistaða jókst og veitingaleyfum fjölgaði. Langflestir New York-búar studdu lagasetninguna og 97% veitinga- og skemmtistaða virða lögin[69].

Svipuð þróun og í Bandaríkjunum á sér nú stað í Kanada. Þar hafa fimm af fylkjunum níu þegar sett sér lög um reyklausa vinnustaði og tvö eru að vinna í því.

Nýja Sjáland hefur gengið skrefinu lengra og bannar reykingar á veitinga- og skemmtistöðum sínum um allt land.

Árið 2004 bönnuðu Írar og Norðmenn og Möltubúar reykingar á öllum veitinga- og skemmtistöðum í sínum löndum. Í janúar fylgdu Ítalir í kjölfarið. Í öllum þessum löndum hefur framkvæmd laganna gengið mjög vel.

Tóbaksvarnaráð Írlands (Office of Tobacco Control) mat árangurinn á Írlandi rúmum mánuði eftir að lögin tóku gildi og bar saman við tölur frá því mánuði fyrir gildistöku laganna. Í þessu mati kom fram 97% hlýðni við bannið, 71% þeirra sem spurðir voru höfðu farið á bar síðastliðinn hálfan mánuð en 68% fyrir gildistöku (aukningin var meðal þeirra sem ekki reyktu en þeir sem reyktu fóru jafnoft og áður). Um 92% sögðust fara jafnoft eða oftar á

---

[65] Scollo, M., Lal, A., Hyland, A., og Glantz, S. (2003). Review of the quality of studies on the economic effects of smoke-free policies on the hospitality industry. *Tobacco Control, 12,* 13–20.

[66] Tang, H., Cowling, D.W., Lloyd, J.C., Rogers, T., Koumjian, K.L., Stevens, C.M., Bal, D.G. (2003). Changes of Attitudes and Patronage Behaviors in Response to a Smoke-Free Bar Law. *American Journal of Public Health, 93,* 611–617.

[67] Eisner, M.D., Smith, A.K., & Blanc, P.D. (1998). Bartenders' respiratory health after establishment of smoke-free bars and taverns. *Journal of American Medical Association, 280,* 1909–1914.

[68] Hyland, A., & Tuk, J. (2001). Restaurant employment boom in New York City. *Tobacco Control, 10,* 199–200.

[69] NYC Department of Finance, NYC Department of Health & Mental Hygiene, NYC Department of Small Business Services, NYC Economic Development Corporation. (2004). The State of Smoke-Free New York City: A One-Year Review. New York.

veitingastaði og 20% reykingamanna sögðust sleppa því að reykja þegar þeir færu út[70].

Norðmenn gerðu könnun á stuðningi við löggjöfina bæði í maí 2004 (fyrir gildistöku laga) og í október 2004. Í maí studdu 54% Norðmanna löggjöfina en í október hafði stuðningur aukist upp í 62%[71]. Einnig hafði lagasetningin haft jákvæð, almenn áhrif á heilsu starfsfólks. Samtímis var starfsfólk spurt um hlýðni við lagasetningu og kom í ljós að um 90% fólks fór að lögum eftir lagasetningu um algjört bann en aðeins um 51% þegar veitingastöðum var skipt í reyk- og reyklaus svæði[72].

Í júní síðastliðnum (2005) gengu í gildi lög í Svíþjóð um að banna reykingar í öllum húsakynnum þar sem matur og drykkur er framreiddur, hvort heldur er á matsölustöðum, kaffihúsum, krám, börum eða skemmtistöðum. Svíar völdu að fara aðra leið en Norðmenn og Írar og leyfa reykingar í sérstökum reykherbergjum þar sem hvorki má framreiða né neyta matar eða drykkjar[73]. Innleiðing þessara laga gengur vel.

Í fleiri löndum eru vinnuverndarlög sem þessi að taka gildi á landsvísu eða í einstökum fylkjum. Þar má nefna Ástralíu og Skotland. Skotland er fyrsti hluti Bretlands sem samþykkir löggjöf um reyklausa vinnustaði en þar sagði mikill meiri hluti þingmanna (97 á móti 17) já við lögunum. Lögin munu taka gildi 26. mars 2006. Í Ástralíu hafa lögin verið samþykkt en taka gildi á mismunandi tíma eftir fylkjum[74].

Dæmin hér á undan sýna að víða hefur svipuð löggjöf og lögð er til hér á landi þegar tekið gildi og í ýmsum löndum stendur yfir umræða um slíka lagasetningu. Í fylgiskjali I má sjá lista yfir stöðu lagasetninga um reyklausa veitinga- og skemmtistaði víða um heim.

Fylgiskjal II.

Staða reyklausra veitinga- og skemmtistaða víða um heim.

Í eftirfarandi lista má sjá stöðu lagasetningar um reyklausa veitinga- og skemmtistaði víða um heim. Athuga skal að þessi listi er frá apríl 2005 og er ekki tæmandi.

EVRÓPA

England:

Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum. Í umræðu að gera staði sem selja mat reyklausa árið 2008.

Frakkland:

Reyklaus svæði á veitingastöðum og börum.

Grikkland:

Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.

---

[70] Office of Tobacco Control (2004). *Smoke-Free Workplace Legislation Implementation: Progress Report, May 2004.* Office of Tobacco Control.

[71] Sosial- og helsedirektoratet. (2004). Enda flere er positive til røykfrie serveringssteder. Ósló: Social- og helsedirektoratet.

[72] Lund, M., Lund, K.E., Rise, J., Aarø, L.E., Hetland, J. (2005). *Smoke-Free bars and restaurants in Norway.* Oslo/Bergen: SIRUS/HEMIL.

[73] Persson, G., & Johansson, M. (2003). *Regeringens proposition: Rökfria serveringsmiljöer.* Stockholm.

[74] ANRF (2005). *Smokefree status of restaurants and bars around the world.* California: ANRF.

Írland:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Ítalía:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir (leyfa reykherbergi sem verða að vera alveg lokuð frá öðru svæði og með sér loftræstingu).
Malta:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Noregur:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Rússland:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.
Skotland:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með apríl 2006.
Serbía:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Spánn:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum. Umræða um heildarlöggjöf um reyklausa vinnustaði áætluð 2005.
Svartfjallaland:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Svíþjóð:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir (leyfð eru reykherbergi þar sem ekki er nein þjónusta).
Tékkland:
Neðri deild þingsins samþykkti frumvarp um reyklausa veitinga- og skemmtistaði (leyfa reykherbergi). Tekur gildi 2006.
Wales:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum. Í umræðu að gera staði sem selja mat reyklausa árið 2008.
Þýskaland:
Reykingar eru takmarkaðar á veitinga- og skemmtistöðum.

KANADA
British Columbia:
Veitingastaðir og barir eru með reykherbergi.
Manitoba (Winnipeg):
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
New Brunswick:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Nunavut:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Northwest Territories:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Nova Scotia:
Engin takmörkun á reykingum (frumvarp um heildarlöggjöf um reyklausa vinnustaði verður lagt fram haustið 2005).

Ontario:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir frá og með maí 2006.
Saskatchewan:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Quebec:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.

MIÐ- OG SUÐUR-AMERÍKA
Brasilía:
Veitingastaðir og barir hafa reyklaus svæði.
Kostaríka:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.
Gvatemala:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.
Mexíkó:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.
Perú:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.

AFRÍKA
Kenýa:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.
Nígería:
Engin takmörkun á reykingum á veitinga- og skemmtistöðum.
Suður-Afríka:
Veitingastaðir og barir eru með reyklaus, loftræst svæði.
Úganda:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Tansanína
Veitingastaðir hafa reyklaus svæði.

MIÐAUSTURLÖND
Egyptaland:
Reykingar eru ekki leyfðar á lokuðum almenningsstöðum.
Íran:
Allir veitinga- og skemmtistaðir (sem og svæði með þaki) skulu nú vera reyklausir.
Ísrael:
Matsalur veitingastaða skal vera reyklaus. Barir hafa reyklaus svæði.

SUÐUR-ASÍA
Bangladess:
Flestir opinberir staðir eru reyklausir. Umræða um að gera veitingastaði reyklausa.
Bútan:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Indland:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.

Maldíveyjar:
Allir veitinga- og skemmtistaðir á nokkrum eyjum sem tilheyra Maldíveyjum skulu nú vera reyklausir. Allir loftkældir veitingastaðir skulu vera reyklausir.

AUSTUR-ASÍA OG VESTUR-KYRRAHAF
Fijieyjar:
Reyklaus svæði á veitingastöðum. Engin takmörkun á börum.
Filippseyjar:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.
Hong Kong:
Lagasetning um reyklausa veitinga- og skemmtistaði er fyrirhuguð. Áætlað að lögin taki gildi í október 2006.
Indónesía:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.
Japan:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.
Kína:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.
Nýja-Sjáland:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu nú vera reyklausir.
Singapúr:
Allir veitingastaðir með loftkælingu skulu nú vera reyklausir. Yfirvöld eru að íhuga að láta lögin einnig ná til klúbba.
Tævan:
Reyklaus svæði á veitingastöðum. Engin takmörkun á börum.
Tæland:
75% veitingastaða skulu vera reyklaus. Engin takmörkun á börum.
Víetnam:
Engin takmörkun reykinga á veitinga- og skemmtistöðum.

ÁSTRALÍA
Sidney:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með desember 2006.
New South Wales:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með júní 2007.
Queensland:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með júní 2007.
Viktoría:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með júní 2007.
Suður-Ástralía:
Allir veitinga- og skemmtistaðir skulu vera reyklausir frá og með janúar 2006.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Megintilgangur frumvarpsins er að afnema undanþágur sem nú eru í 2. mgr. 9. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2003, frá ákvæði 1. mgr. sömu greinar um bann við tóbaksreykingum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

471. Frumvarp til laga [389. mál]

um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til réttinda foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Lögin eiga einnig við um rétt foreldra í námi til sömu greiðslna.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

a. *Barn:* Einstaklingur sem er yngri en 18 ára.
b. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.
c. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagaforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.
d. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn greiðslna til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Framkvæmdaraðili.

Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

6. gr.
Umsókn um greiðslur.

Foreldri skal sækja um greiðslur skv. III. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barns, staðfesting frá vinnuveitanda um að foreldri leggi niður störf, staðfesting um starfstímabil, vottorð frá skóla um að foreldri hafi gert hlé á námi og fyrri námsvist, sem og aðrar upplýsingar sem framkvæmdaraðili telur nauðsynlegar.

Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hans.

Umsóknin skal undirrituð af báðum foreldrum enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Forsjárlaust foreldri skal undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 5. mgr. 8. gr. eða 6. mgr. 12. gr., sem og maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki þegar það á við.

7. gr.
Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 6. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Réttindi foreldra.

8. gr.
Skilyrði fyrir réttindum foreldra á vinnumarkaði.

Foreldri, sbr. b- og c-liði 3. gr., sem leggur niður launuð störf þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að foreldri hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri leggi niður störf til að annast barnið meðan greiðslur standa yfir, barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi. Foreldrar skulu hafa lagt niður störf samtals lengur en 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil.

Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

9. gr.
Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.

Greiðsla til foreldris skv. 8. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

Greiðslur til foreldra reiknast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum foreldris hafa fallið niður enda hafi foreldrar lagt niður störf samtals lengur en 14 virka daga, sbr. 2. mgr. 8. gr. Foreldri skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að það hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur hefjist við síðara tímamark en um getur í 1. málsl.

Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur reiknast greiðslur frá og með þeim degi er foreldrar hafa lagt niður störf samtals í 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við getur átt.

Greiðslur skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, 15. virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir 5. virka dag mánaðarins.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil sem eru hærri en nemur mismun greiðslna skv. 1. mgr. og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri, sbr. b- og c-liði 3. gr., sem leggur niður störf að hluta þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8.–9. gr. samhliða minnkuðu starfshlutfalli samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Hið sama á við þegar foreldri kemur aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði niður störf tímabundið og ástæður þess að foreldrið er í hlutastarfi má rekja til veikinda eða fötlunar barnsins, sbr. 8. gr. Skilyrði eru meðal annars að foreldrar hafi lagt niður störf og/eða verið í hlutastarfi samfellt lengur en í 14 virka daga og breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Að öðru leyti gilda skilyrði 8.–9. gr. um greiðslur til foreldra samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri sem fær hlutfallslegar greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 1. mgr. getur átt rétt á greiðslum í hlutfallslega lengri tíma en kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 8. gr.

11. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Foreldri, sbr. b- og c-liði 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8.–10. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir mótframlag að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Foreldri er heimilt að óska eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá framkvæmdaraðili um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

12. gr.

Skilyrði fyrir réttindum foreldra í námi.

Foreldri sem gerir hlé á námi þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að foreldrið hafi verið í námi, sbr. d-lið 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri geri hlé á námi í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla til að annast barnið sem þarfnast sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, foreldri hafi átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði áður en barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta með sér réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eiga rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

13. gr.

Undanþágur frá skilyrðum fyrir réttindum foreldra í námi.

Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 12. gr. hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis eftir að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og flytur aftur hingað til lands þegar barnið greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 12. gr. um samfellt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þess getur foreldri átt rétt á greiðslum skv. 12. gr. hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Hið sama á við hafi foreldri lokið a.m.k. einnar annar nám, sbr. d-lið 3. gr., og

hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

14. gr.

Tilhögun greiðslna til foreldra í námi.

Greiðsla til foreldris skv. 12. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er 14 virkir dagar eru frá því að barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði, sbr. 12. gr. Þær skulu inntar af hendi eftir á þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að foreldri hafi gert hlé á námi vegna veikinda eða fötlunar barns þess. Foreldri skal leggja fram vottorð skóla um að foreldri hafi gert hlé á námi. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur miðist við síðara tímamark en um getur í 1. málsl. þegar sjúkdómur eða fötlun barns er þess eðlis að foreldri getur haldið áfram námi en þarf að gera hlé á náminu síðar til að annast barn sitt vegna þróunar sjúkdóms barnsins eða fötlunar.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur frá öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla með hinu foreldri barnsins enda hafi foreldri verið samfellt á vinnumarkaði í tólf mánuði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 12. gr. eftir því sem við á.

Foreldrar geta átt rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla þegar annað barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun enda þótt foreldrarnir hafi áður fengið greiðslur vegna fyrra barns. Foreldrar geta þó einungis fengið greitt vegna eins barns í einu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Foreldri sem fær atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um foreldri sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæð-

ingar- og foreldraorlof öðlast foreldrarnir ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum vegna sama barns, sbr. þó 15. gr.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur en því bar samkvæmt lögum þessum er heimilt að skuldajafna ofgreiddum greiðslum á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. júlí 2006, sbr. þó 2.–4. mgr. Ákvæði laganna eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur þó átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006.

Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2006 vera allt að einn mánuður. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að tvo mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2007 vera allt að tveir mánuðir. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að fjóra mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Lögin koma að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2008 eða síðar. Sama á við um aðstæður skv. 1. mgr. 15. gr. enda þótt börnin hafi greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2008.

20. gr.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Við 3. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, en áður en það verður fullra átján ára.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd árið 2001 sem hafði það hlutverk að finna leiðir til að auka rétt foreldra á innlendum vinnumarkaði til greiðslna í fjarveru þeirra frá vinnu vegna langvarandi veikinda barna þeirra. Skipun nefndarinnar var í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna frá febrúar 2000. Þar kemur meðal annars fram að stuðla skuli að aðgerðum sem beinast að því að tryggja enn betur rétt langveikra barna og foreldra þeirra á sviði almannatrygginga. Enn fremur segir að fjárhagsleg aðstoð vegna langveikra barna verði aukin. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í febrúar 2005 og er frumvarp þetta byggt á tillögum hennar.

Það er löng og viðtekin venja á íslenskum vinnumarkaði að aðilar vinnumarkaðarins semji um rétt foreldra til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna sinna í kjarasamningsviðræðum. Samkvæmt gildandi kjarasamningum eiga foreldrar sem eru launamenn á vinnumarkaðnum rétt á fjarveru í 7–10 daga á ári hverju vegna veikinda barna sinna. Dagafjöldinn er misjafn eftir kjarasamningum en í flestum þeirra er miðað við að barnið sé yngra en 13 ára og að annarri umönnun verði ekki við komið. Á síðastliðnum árum hefur færst í aukana að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna veiti félagsmönnum sínum fjárhagsaðstoð vegna langvarandi veikinda barna. Ljóst er þó að fjölmennari sjúkra- og styrktarsjóðirnir eru betur í stakk búnir til að veita félagsmönnum sínum aukin réttindi við slíkar aðstæður en þeir sem eru fámennari.

Nefndin taldi mikilvægt að kanna raunaðstæður fjölskyldna langveikra barna, þar á meðal hversu algengt það væri að foreldrar legðu niður störf þegar barn þeirra greinist með langvarandi veikindi og þá aðallega í hve langan tíma. Spurningalistar voru sendir út vorið 2004 til foreldra allra barna er nutu umönnunargreiðslna í 1., 2. og 3. flokki samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Voru sendir út tæplega 1.100 spurningalistar og var svarhlutfallið tæp 33%.

Foreldrar voru spurðir um atvinnuþátttöku þeirra fyrir og eftir að veikindi greindust hjá börnum þeirra. Niðurstöður könnunarinnar benda til að það virðist algengara að mæður (76%) fækki vinnustundum eftir að veikindi barnanna komu fram heldur en feður (42%). Enn fremur virðist sem að vinnustundum mæðra fækki að meðaltali meira en vinnustundum feðra. Þá sýndu niðurstöður könnunarinnar að 61% mæðra og 19% feðra lögðu tímabundið niður störf eftir að barnið greindist langveikt. Þeir foreldrar sem lögðu niður störf tímabundið voru að meðaltali í sex mánuði frá störfum eftir að barnið greindist langveikt. Átti það bæði við um feður og mæður. Meiri hluti bæði mæðra og feðra kváðust hafa hafið störf á ný.

Tillögur nefndarinnar tóku mið af niðurstöðum könnunarinnar. Áhersla var lögð á að foreldrar langveikra barna hefðu tækifæri til að viðhalda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þeir þyrftu að leggja tímabundið niður störf vegna veikinda barna sinna. Miðað var því við að bæði ríkið og sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga kæmu til móts við aðstæður foreldra langveikra barna. Nefndin gerði ráð fyrir í tillögum sínum að sama kerfi gilti er barn greinist með langvinnan sjúkdóm og alvarlega fötlun. Ástæðan var sú að rök hnigu ekki til þess að greina milli foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna þar sem umrædd börn þarfnast sérstakrar umönnunar foreldra óháð því hvort þau greinast með langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Frumvarp þetta fjallar um þann hluta tillagna nefndarinnar er lýtur að þætti stjórnvalda. Kveðið er á um rétt foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna er börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti sameiginlega átt rétt á

greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila að uppfylltum tilteknum skilyrðum frumvarpsins. Þegar barn þarfnast verulegrar umönnunar vegna alvarlegra og langvinnra veikinda eða alvarlegrar fötlunar er lagt til að heimilt verði að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna í allt að sex mánuði til viðbótar. Skilyrði er meðal annars að foreldrar leggi niður launuð störf en greiðslunum er ætlað að koma til móts við sannanlegt tekjutap þeirra. Gert er ráð fyrir að greiðslur reiknist frá og með þeim degi er vinnuveitandi hættir að greiða starfsmanni sínum full laun í forföllum hans í tengslum við alvarleg veikindi eða fötlun barns hans enda hafi foreldrar samtals verið frá vinnu í 14 virka daga vegna veikinda eða fötlunar barnsins.

Áhersla er lögð á sveigjanleika þannig að foreldri geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli eigi foreldri kost á að fara í hlutastarf. Þetta er í samræmi við það markmið að stuðla að því að foreldri sjái sér hag í því að halda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir alvarleg og langvinn veikindi eða alvarlega fötlun barns þess þegar því verður við komið. Þetta getur einnig átt við þegar foreldri snýr til baka á vinnumarkaðinn í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði tímabundið niður störf vegna veikinda eða fötlunar barnsins og hefur ekki fullnýtt sér rétt sinn til greiðslna.

Nefndin fjallaði einungis um rétt foreldra sem eru starfandi á innlendum vinnumarkaði. Við nánari athugun þótti hins vegar ástæða til að veita foreldrum sem þurfa að gera hlé á námi í a.m.k. eina önn sambærileg réttindi. Ástæðan er einkum sú að það getur falið í sér verulegt fjárhagslegt óhagræði fyrir fjölskyldur námsmanna er þeir geta ekki sýnt fram á eðlilega námsframvindu vegna alvarlegra og langvinnra veikinda eða alvarlegrar fötlunar barna sinna. Í slíkum tilvikum eiga námsmenn á hættu að eiga ekki rétt á námsláni eða öðrum fjárhagslegum stuðningi sem byggist yfirleitt á að námsmaður fullnægi þeim skilyrðum sem viðkomandi skóli setur um eðlilega námsframvindu. Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur það einnig haft áhrif á getu foreldranna til að stunda vinnu samhliða náminu sem ætluð var fjölskyldunni til framfærslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að foreldrum sem eru þátttakendur á innlendum vinnumarkaði verði veittur réttur til tímabundinna greiðslna þegar þeir þurfa að leggja niður störf að fullu eða að hluta þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Er með þessu átt við að foreldrar geti ekki stundað vinnu vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Tekið skal fram að ekki er átt við þau tilvik er foreldrar taka sér leyfi frá störfum vegna tilfallandi veikinda barna sinna, svo sem vegna hlaupabólu, eyrnabólgu eða annarra álíka sjúkdóma, enda þótt veikindin geti verið þrálát. Bæði er átt við foreldra sem eru launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar en hugtökin eru nánar skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að foreldrum í námi verði veitt sambærileg réttindi til greiðslna við sömu aðstæður.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er að tryggja foreldrum félagslega aðstoð í formi tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þurfi þeir að leggja niður störf eða gera hlé á námi þegar börn þeirra þarfnast sérstakrar umönnunar er þau greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Með mikilli atvinnuþátttöku bæði karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði þykir eðlilegt að stjórnvöld komi til móts við foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna með þessum hætti enda algengt að báðir foreldrar vinni utan heimilis. Þegar barn greinist

með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun þarf oft að minnsta kosti annað foreldranna að hverfa tímabundið af vinnumarkaði í því skyni að veita barninu sérstaka umönnun. Er með frumvarpinu þannig verið að veita foreldrum fjárhagslegan stuðning við slíkar aðstæður til að koma til móts við sannanlegt tekjutap geti þeir ekki stundað vinnu sína vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp kunna að koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Á sama hátt er komið til móts við aðstæður foreldra í námi þurfi þeir sannanlega að gera hlé á námi sínu vegna sömu ástæðna.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta felur í sér nánari skýringar á hvað átt er við með orðunum „barn“, „launamaður“, „sjálfstætt starfandi einstaklingur“ og „nám“ í skilningi frumvarpsins. Orðskýringarnar eru efnislega samhljóða skilgreiningum barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sbr. einnig lögræðislög, nr. 71/1997, og laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. einnig reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

Um 4. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra annist yfirstjórn greiðslna til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna samkvæmt frumvarpi þessu. Sú skipan er í samræmi við stefnu stjórnvalda í málefnum langveikra barna en þar var félagsmálaráðherra falið að skipa sérstaka nefnd sem ætlað var að fjalla um réttindi foreldra langveikra barna á innlendum vinnumarkaði. Efni frumvarps þessa byggist á tillögum nefndarinnar en þar er lögð sérstök áhersla á að foreldrar haldi tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þeir þurfi að leggja tímabundið niður störf í tengslum við aðstæður barna sinna. Þykir því eðlilegt að ráðherra vinnumála fari með yfirstjórn þeirra réttinda sem fjallað er um í frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laganna. Stefnt er því að Vinnumálastofnun annist greiðslur til foreldra sem réttinda njóta samkvæmt frumvarpinu þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Viðkomandi framkvæmdaraðila yrði þar með falið að meta á grundvelli vottorða sérfræðinga þeirra greiningar- og meðferðarstofnana sem veita börnunum þjónustu og annarra viðeigandi gagna um aðstæður allar hvort foreldrar uppfylli skilyrði laganna til greiðslna, þar á meðal í hversu langan tíma foreldrar eiga rétt á greiðslum skv. 8.–10. gr. og 12.–14. gr. frumvarpsins. Gera má ráð fyrir að reynsla Vinnumálastofnunar við útgreiðslur atvinnuleysisbóta komi til með að nýtast við framkvæmd á efnisákvæðum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um umsókn foreldra um greiðslur. Gert er ráð fyrir að fyrir hendi verði sérstök eyðublöð til að greiða fyrir framkvæmd laganna. Mikilvægt er að nauðsynleg gögn fylgi umsókn foreldra en þau gögn sem þurfa að fylgja með svo unnt verði að afgreiða umsóknir eru ekki tæmandi talin í frumvarpinu. Ástæðan er einkum sú að aðstæður foreldra geta verið fjölbreyttar og þarf að vera unnt að meta þær í hverju tilviki fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðila sé heimilt að leita umsagnar annarra aðila þegar ástæða þykir til að mati hans. Í sumum tilvikum getur verið mikilvægt að leita álits annarra sérfræðinga en þeirra sem þegar hefur verið leitað til. Enn fremur getur átt við að tiltekin mál verði send í umsögn til annarra opinberra aðila, svo sem svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna til að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi þeirra sem teknar eru á grundvelli frumvarps þessa til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Þótti ekki ástæða til að setja á laggirnar nýja úrskurðarnefnd enda má gera ráð fyrir að eðli mála sem upp kunna að koma geri sambærilegar kröfur um hæfni nefndarmanna og gerðar eru í þeirri nefnd. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, skal einn nefndarmanna uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara en annar er læknir. Einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er ekki sérstaklega kveðið á um hæfni hans. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun framkvæmdaraðila og er það í samræmi við 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga.

Í 3. mgr. er tilgreindur viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá nefndinni sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á að tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að 6. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og ákvæði stjórnsýslulaga gildi um málsmeðferð nefndarinnar.

Um 8. gr.

Lagt er til að foreldrar sem eru starfandi á innlendum vinnumarkaði og þurfa að leggja niður launuð störf þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun geti átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Þannig fellur það í hlut framkvæmdaraðila að meta hvort og í hversu langan tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum samkvæmt ákvæði þessu enda eru aðstæður foreldra og barna mjög misjafnar. Skilyrði fyrir réttinum til greiðslna eru meðal annars að foreldrar hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Er hér átt við almanaksmánuði en sérfræðingur þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu skal votta hvenær barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal miða við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Enn fremur er það skilyrði að foreldri hafi lagt niður störf til að annast barnið enda er átt við tilvik þegar upp koma aðstæður þar sem barn þarfnast þjónustu þriðja stigs greiningar- eða meðferðarstofnunar, hvort sem barnið er lagt inn á sjúkrahús eða nýtur meðferðar í heimahúsi. Með þriðja stigs greiningar- eða meðferðarstofnun er átt við sérhæfðar meðferðar- og greiningarstofnanir á landsvísu, svo sem Barnaspítala Hringsins og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Er þá gert ráð fyrir að við slíkar bráðaaðstæður geti foreldri ekki stundað vinnu utan heimilisins að teknu tilliti til þeirrar miklu umönnunar sem barnið þarfnast. Enn fremur er miðað við að barn sem greinist með alvarlega fötlun þurfi víðtæka aðstoð, umönnun og þjálfun sem ekki verður veitt með öðrum hætti. Framkvæmdaraðila ber að meta aðstæður fjölskyldna heildstætt, meðal annars með hliðsjón af þeirri vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila, svo sem hjá leikskólum, dagvistunarþjónustu og skammtímavistun fyrir fatlaða. Þá er sett fram skilyrði um að foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur standa yfir.

Gert er ráð fyrir að foreldrar öðlist rétt til greiðslna hafi þeir lagt niður störf samtals í 14 virka daga. Ástæðan er sú að umræddu kerfi er ætlað að taka við þegar réttindi foreldra á vinnumarkaði þrýtur. Flestir kjarasamningar kveða á um rétt foreldra til fjarveru frá vinnu

í 7–10 daga en jafnframt er gert ráð fyrir að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga komi félagsmönnum sínum til aðstoðar við þær aðstæður sem fjallað er um í frumvarpi þessu. Þykir því hæfilegt að greiðslur geti ekki hafist fyrr en foreldrar hafa verið frá vinnu í samtals 14 virka daga. Með þessu er lögð áhersla á jafna fjölskylduábyrgð og við það miðað að báðir foreldrarnir nýti sér kjarasamningsbundin réttindi sín til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna. Í tilvikum þegar einungis annað foreldrið leggur niður störf er gert ráð fyrir að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna komi til móts við félagsmenn sína þann tíma er kjarasamningsbundin réttindi þrýtur og greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu hefjast. Leggi foreldrar báðir niður vinnu á sama tíma telst hver dagur sem einn dagur og ákveða foreldrar sjálfir hvort þeirra nýtur greiðslna fyrir það tímabil. Foreldrar geta skipt með sér réttinum enda þótt annað foreldrið sé á vinnumarkaði en hitt í námi en þá er gert ráð fyrir að foreldrið sem er í námi fullnægi skilyrðum 12. gr. frumvarpsins en hitt foreldrið skilyrðum ákvæðis þessa.

Í tilvikum þegar barn þarfnast verulegrar umönnunar foreldra vegna veikinda sinna eða fötlunar er heimilt að lengja greiðslutímabilið um sex mánuði. Foreldrar geta þá átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að níu mánuði. Við mat á því hvenær barn telst þarfnast verulegrar umönnunar foreldra þannig að komi til framlengingar samkvæmt ákvæði þessu skal meðal annars taka mið af lengd vistunar á sjúkrahúsi eða hjúkrunar í heimahúsi sem og yfirsetu foreldris vegna alvarlegs og langvinns sjúkdóms. Einnig ber að líta til þess hvort um sé að ræða tíðar sjúkrahúsinnlagnir enda þótt hver þeirra standi yfir í skamman tíma. Jafnframt er gert ráð fyrir að samhliða tíðum sjúkrahúsinnlögnum þarfnist barn meðferðar í heimahúsi vegna alvarlegs og langvarandi sjúkdóms. Að því er varðar börn með mjög alvarlega fötlun ber að líta til þeirrar umönnunar sem fötlunin krefst enda er miðað við að barnið sé algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs. Framkvæmdaraðila er á sama hátt og áður falið að meta hvort og í hve langan tíma foreldrar geti átt rétt á framlengingu skv. 3. mgr. á grundvelli vottorða sérfræðinga og mats að öðru leyti á aðstæðum foreldra og barns.

Þegar foreldrar eru báðir virkir þátttakendur á vinnumarkaði geta þeir ákveðið sjálfir hvernig þeir skipta með sér greiðslunum en skilyrði er að foreldri leggi niður störf í því skyni að annast barnið þann tíma er greiðslur standa yfir. Foreldar geta ekki fengið greitt fyrir sama tímabil, þ.e. sömu daga eða vikur.

Réttur til greiðslna er bundinn við að foreldrið fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess, sbr. þó 5. mgr. Hér er ekki átt við maka eða sambúðarmaka enda þótt sá aðili fari með forsjá skv. 2. mgr. 29. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þegar foreldrar fara ekki sameiginlega með forsjá barnsins þegar barnið greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun er þó gert ráð fyrir að forsjárlausa foreldrið geti átt rétt til greiðslna enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir og annist það. Slíkt samþykki leiðir af inntaki forsjár en skv. 28. gr. barnalaga felur forsjá barns í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barnsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að maki, sambúðarmaki og samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána geti einnig átt rétt á greiðslum leggi sá aðili niður störf til að annast barnið enda liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barnsins um þá ráðstöfun. Í tilvikum þegar annað kynforeldrið er sannanlega ekki til staðar er nægjanlegt að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem hefur forsjána. Slíkar aðstæður geta komið upp þegar annað kynforeldri barns er látið.

Þá er lagt til að félagsmálaráðherra verði heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra samkvæmt frumvarpinu. Með þessu er átt við að ráðherra verði heimilt að útfæra nánar hina matskenndu lagareglu sem ákvæðið felur í sér til leiðbeiningar fyrir framkvæmdaraðila.

Þegar stjórnvaldi er falið að meta hvernig atvik og aðstæður þess máls er fyrir því liggur falla að settri lagareglu er því meðal annars rétt og skylt að líta til málefnalegra sjónarmiða en einnig til reglugerðarákvæða sem útfæra nánar hina matskenndu reglu. Slík reglugerð getur verið til þess fallin að gæta betur samræmis í stjórnsýsluframkvæmd og gera almenningi auðveldara að sjá fyrir niðurstöður stjórnvalds. Með stjórnsýslufyrirmælum er matið takmarkað að ákveðnu leyti enda þótt slíkar reglur geti ekki afnumið það skyldubundna mat sem stjórnvöldum er falið með lögum. Í þessu sambandi er meðal annars lagt til að félagsmálaráðherra verði heimilt að setja reglur um til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta þegar teknar eru ákvarðanir um réttindi foreldra samkvæmt lögunum, þar á meðal um alvarleika sjúkdóms eða fötlunar þar sem fram kemur nánari lýsing á aðstæðum barns þeirra foreldra sem geta átt rétt samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra sé heimilt að skilgreina nánar hvað átt er við með samfelldu starfi.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir mánaðarlegum greiðslum til foreldra sem þurfa að leggja niður störf til að annast börn sín að uppfylltum skilyrðum 8. gr. frumvarpsins. Lagt er til að foreldrar öðlist rétt til greiðslna þegar fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda hafa fallið niður í forföllum foreldra enda hafi foreldrar samtals verið frá vinnu í 14 virka daga vegna veikinda eða fötlunar barns. Með fullum launagreiðslum er vísað til þess að vinnuveitandi geti áfram greitt starfsmanni sínum laun samkvæmt kjarasamningi, ráðningarsamningi eða einhliða ákvörðun sinni til hagsbóta fyrir starfsmanninn. Þykir þá ekki ástæða til að foreldri njóti greiðslna samkvæmt frumvarpi þessu á sama tíma. Engu síður er gert ráð fyrir að vinnuveitandi geti greitt starfsmanni mismun greiðslnanna og launa starfsmannsins án þess að það skerði greiðslur til foreldra samkvæmt frumvarpi þessu. Hið sama getur átt við um greiðslur úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga. Er þá miðað við fyrri tekjur starfsmannsins áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Í tilvikum þegar foreldrar fá greidd laun frá vinnuveitanda og/eða öðrum aðilum, t.d. sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga, sem reynast hærri en sem nemur mismun greiðslnanna og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun er gert ráð fyrir að viðbótin komi til frádráttar greiðslunum. Er þannig ekki gert ráð fyrir að foreldrar hagnist fjárhagslega við þessar aðstæður.

Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslunum. Aðallega er hér átt við umönnunargreiðslur skv. 4. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, en einnig geta komið hér til aðrar greiðslur frá opinberum aðilum eða sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga sem einungis er ætlað að mæta útlögðum kostnaði vegna aðstæðna barnsins.

Þá er gert ráð fyrir að foreldrar geti óskað eftir því að greiðslur samkvæmt ákvæði þessu hefjist við síðara tímamark en 14 virkum dögum eftir að þeir hafa lagt niður störf og fullar launagreiðslur vinnuveitanda hafa fallið niður. Sem dæmi má nefna tilvik þegar foreldri nýtur greiðslna úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags og óskar eftir því að greiðslur hefjist þegar réttindi þess úr sjóði stéttarfélagsins hafa fallið niður. Enn fremur getur sjúkdómur eða fötlun barnsins verið þess eðlis að liðið getur nokkur tími frá greiningu áður en sjúkdómurinn eða fötlunin verður þess valdandi að foreldri þurfi að leggja niður störf til að annast barnið, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús eða annars konar þjónustu þriðja stigs meðferðarstofnunar.

Gert er ráð fyrir að greiðslurnar verði inntar af hendi eftir á fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði 15. virkan dag hvers mánaðar. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er einkum sú að ljóst er að aðstæður foreldra þegar barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan

sjúkdóm eða alvarlega fötlun verða ekki skipulagðar fyrir fram. Á sama hátt getur verið erfitt fyrir foreldra að átta sig á í hversu langan tíma þau þurfa að leggja niður störf. Er því lagt til að foreldrum verði gefið svigrúm til að upplýsa framkvæmdaraðila um hversu marga daga þeir hafa lagt niður störf í mánuðinum á undan. Enn fremur þarf framkvæmdaraðilinn að hafa tíma til að reikna út greiðslur til foreldranna.

Um 10. gr.

Talið er mikilvægt að foreldrum verði gefinn kostur á ákveðnum sveigjanleika þannig að þeir geti átt rétt á hlutfallslegum greiðslum samhliða minnkuðu starfshlutfalli hafi þeir svigrúm til að minnka við sig vinnuna. Helgast þessi sveigjanleiki einkum af því markmiði að koma í veg fyrir að efni frumvarps þessa standi í vegi fyrir því að foreldrar geti nýtt sér þau tækifæri sem þeim kunna að bjóðast í starfi til að halda tengslum við vinnumarkaðinn eins og frekast er unnt enda þótt börn þeirra þarfnist sérstakrar umönnunar þeirra. Ákvæði þetta á við um sömu aðstæður sem gert er ráð fyrir í 8. gr. frumvarpsins og eiga því skilyrðin sem þar koma fram einnig við þegar foreldri sækir um hlutfallslegar greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Þetta getur átt við þegar unnt er að koma við annarri umönnun en umönnun foreldra hluta úr degi eða foreldrar skipta með sér umönnuninni. Enn fremur getur þetta átt við þegar ástand barnanna er að ná jafnvægi þannig að foreldrarnir geta snúið aftur á vinnumarkaðinn í lægra starfshlutfalli en þeir voru í áður en þeir lögðu tímabundið niður störf án þess að hafa fullnýtt réttinn til greiðslna. Þó er gert ráð fyrir að breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Tímatakmörk þessi eru sett til að greiða fyrir framkvæmd laganna þar sem ljóst er að kerfið yrði mjög flókið væri unnt að breyta starfshlutfalli eftir hendinni. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 8.–9. gr. frumvarps þessa.

Um 11. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja áframhaldandi uppsöfnun lífeyrissjóðsréttinda en lagt er til að foreldri á vinnumarkaði greiði 4% af greiðslum í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiði mótframlag að lágmarki 6%. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði mótframlag ef foreldri ákveður að greiða framlag í séreignarsjóð. Enn fremur er gert ráð fyrir að foreldri geti óskað eftir því að framkvæmdaraðili dragi stéttarfélagsgjald af greiðslunum og greiði það til hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að foreldrar sem gera hlé á námi þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun geti átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Þannig fellur það í hlut framkvæmdaraðila að meta hvort og í hversu langan tíma foreldrar eiga rétt á greiðslum samkvæmt ákvæði þessu. Er það meðal annars gert að skilyrði að foreldri hafi verið í námi í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðunum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun en með því þykir ljóst að foreldrið hafi sannanlega verið námsmaður. Enn fremur er gert ráð fyrir að veikindi eða fötlun barnsins hafi veruleg áhrif á tækifæri foreldrisins til að stunda námið og því gert að skilyrði að foreldrið geri hlé á námi í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla enda er átt við tilvik þegar upp koma aðstæður þar sem barn þarfnast þjónustu þriðja stigs greiningar- eða meðferðarstofnunar, hvort sem barnið er lagt inn á sjúkrahús eða nýtur meðferðar í heimahúsi. Er þá gert ráð fyrir að við slíkar bráðaaðstæður eigi foreldri þess ekki kost að stunda námið að teknu tilliti til þeirrar miklu umönnunar sem barnið þarfnast. Enn fremur er miðað við að barn sem greinist með

alvarlega fötlun þurfi víðtæka aðstoð, umönnun og þjálfun sem ekki verður veitt með öðrum hætti. Að öðrum kosti má gera ráð fyrir að foreldrið geti ekki aflað sér lífsviðurværis með þeim hætti sem áætlað var er ákvörðun um að fara í nám var tekin. Framkvæmdaraðila ber að meta aðstæður fjölskyldna heildstætt, meðal annars með hliðsjón af þeirri vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila. Enn fremur er gert ráð fyrir að foreldri hafi átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði áður en barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og að foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Á sama hátt og gildir um foreldra á vinnumarkaði er gert ráð fyrir að heimilt verði að framlengja réttinn til greiðslna um sex mánuði þannig að foreldri í námi geti átt rétt á greiðslum í allt að níu mánuði þegar barnið þarfnast verulegrar umönnunar foreldra vegna veikinda sinna eða fötlunar. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við ákvæði 8. gr. frumvarps þessa eftir því sem við getur átt.

Um 13. gr.

Lagt er til að heimilt verði að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 12. gr. í tilvikum þegar foreldrar hafa flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Er þá skilyrði að foreldri hafi átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og foreldri og barn flytji aftur hingað til lands þegar barnið greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Einungis er átt við foreldri sem hefur verið í námi, sbr. d-lið 3. gr., og námið stendur enn yfir.

Auk þessa er lagt til að undanþága verði veitt frá skilyrðinu um lengd skólavistar til að koma eins og frekast er unnt í veg fyrir að fólk lendi milli kerfa þegar það hefur störf eftir nám eða hefur nám eftir að hafa verið á vinnumarkaði. Skilyrði er þá að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

Um 14. gr.

Lagt er til að greiðslur til foreldra í námi verði inntar af hendi eftir á þegar fram er komið að veikindi eða fötlun barnsins hafi haft veruleg áhrif á námsframvindu foreldris. Ástæðan er sú að umræddum greiðslum er ætlað að bæta framfærslumissi foreldra sem námsmanna en er ekki ætlað að vera styrkur vegna veikinda eða fötlunar barns. Erfitt getur hins vegar verið að meta hvenær aðstæður sem fjallað er um í frumvarpi þessu hafa þau áhrif á nám foreldra að þær hafi jafnframt áhrif á leiðir þeirra til framfærslu. Á það einkum við þar sem margir skólar gera ekki kröfur um mætingu eða aðra ástundun heldur meta framvindu náms með prófum í lok annar. Þá er gert ráð fyrir að foreldri geti óskað eftir því að miðað verði við síðara tímamark en 14 daga eftir greiningu. Á það eingöngu við um tilvik er sjúkdómur eða fötlun er þess eðlis að barnið þarfnast ekki sérstakrar umönnunar þegar við greiningu heldur síðar í ferlinu. Er þá miðað við að foreldri geri hlé á námi í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla. Kæmi það í hlut framkvæmdaraðila að meta þessi tilvik en foreldrar þurfa að uppfylla skilyrði 12.–14. gr. að öðru leyti.

Þá er gert ráð fyrir að greiðslur frá öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil komi til frádráttar greiðslunum sem inntar eru af hendi samkvæmt ákvæði þessu. Hér er einkum átt við lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem ætlað er námsmönnum til framfærslu sem og laun sem foreldri kann að afla sér á tímabilinu.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við ákvæði 9. gr. frumvarps þessa eftir því sem við getur átt.

Um 15. gr.

Lagt er til að foreldri geti átt rétt á greiðslum vegna sama barns í tilvikum er barnið greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm. Fjölmörg dæmi eru um að alvarleg veikindi barns kunni að taka sig upp aftur síðar á ævinni. Getur þá verið mikilvægt að foreldrar eigi sama rétt og áður enda er líklegt að sams konar bráðaaðstæður komi upp aftur og komu fram er barnið veiktist í fyrra skiptið. Á sama hátt er gert ráð fyrir að foreldrar geti átt rétt á greiðslum þegar ástand barns versnar aftur vegna sjúkdóms eða fötlunar eftir að hafa náð jafnvægi. Getur þetta átt við þegar heilsu barns hrakar mjög þannig að barnið verður jafnvel lífshættulega veikt eftir að sjúkdómurinn hafði áður náð jafnvægi. Hið sama getur gilt um börn með alvarlega fötlun. Enn fremur er lagt til að foreldrar geti átt rétt á greiðslum þegar önnur börn þeirra greinast með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Einungis er gert ráð fyrir að foreldrar eigi rétt á greiðslum vegna eins barns í einu.

Um 16. gr.

Foreldri sem fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil enda er atvinnuleysisbótum ætlað að tryggja framfærslu hlutaðeigandi þann tíma. Sama á við um foreldri sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Enn fremur er gert ráð fyrir að greinist barn með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun á þeim tíma er foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk vegna fæðingar barnsins, ættleiðingar eða töku þess í varanlegt fóstur eigi foreldrarnir ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu vegna sama barns. Ástæðan er sú að foreldrum er tryggð framfærsla í fæðingarorlofi sem nemur tilteknu hlutfalli fyrri tekna en foreldrar geta átt kost á framlengingu á fæðingarorlofi þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð. Þannig geta foreldrar átt rétt á framlengingu á sameiginlegum rétti til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði vegna alvarlegs sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris auk þeirra daga sem barn dvelur á sjúkrahúsi í beinu framhaldi af fæðingu umfram fyrstu sjö dagana. Samtals geta foreldrar langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna því átt rétt á allt að sextán mánaða fæðingarorlofi. Þó er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins eigi við þegar aðstæður sem lýst er í 15. gr. koma upp hjá fjölskyldum barna sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þeirra voru í fæðingarorlofi að því gefnu að foreldrarnir uppfylli skilyrði frumvarpsins að öðru leyti.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimilt verði að skuldajafna ofgreiddum greiðslum samkvæmt frumvarpinu á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Á þetta einkum við er foreldrar hafa haldið áfram að fá greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum sem hafa verið hærri en sem nemur mismun greiðslna skv. 8. gr. frumvarpsins og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, sbr. 6. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Einnig getur þetta átt við er foreldri hefur fengið greiðslur skv. 14. gr. frumvarpsins en síðar kemur í ljós að það hefur jafnframt fengið greiðslur frá öðrum aðilum fyrir sama tímabil, sbr. 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Markmið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrt á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til enda um nýmæli að ræða.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2006 en lagt er til að rétturinn til greiðslna skv. III. kafla taki gildi í áföngum á þremur árum. Þannig er gert ráð fyrir að sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2006 verði allt að einn mánuður. Eigi skilyrði um framlengingu við um aðstæður barnanna og foreldra þeirra er heimilt að framlengja rétt foreldra þessara sömu barna til greiðslna um tvo mánuði. Vegna barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2007 geta foreldrar þeirra átt rétt á greiðslum í allt að tvo mánuði. Krefjist veikindi barnsins eða fötlun verulegrar umönnunar er heimilt að framlengja rétt foreldra þeirra til greiðslna um fjóra mánuði. Síðan er ráðgert að lögin komi að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2008 eða síðar. Foreldrar þeirra barna geta þá átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði. Í tilvikum þegar skilyrði um framlengingu eiga við geta foreldrar þessara barna átt rétt á greiðslum í allt að sex mánuði til viðbótar eða samtals allt að níu mánuðum. Aðstæður þær sem lýst er í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins geta átt við foreldra barna er greinast í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006 en rétturinn samkvæmt ákvæðinu tekur gildi í áföngum skv. 2.–4. mgr.

Um 20. gr.

Foreldrar eiga rétt á 13 vikna foreldraorlofi hvort um sig fyrir hvert barna sinna yngra en átta ára skv. VII. kafla laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Er foreldrum því heimilt að taka foreldraorlof þegar þeir leggja niður störf vegna veikinda barna sinna sem eru yngri en átta ára. Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrum langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna verði gert kleift að nýta sér þann hluta foreldraorlofs sem þeir nýttu sér ekki áður en orlofsrétturinn féll niður í tilvikum þegar börn greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun eftir átta ára aldur en áður en þau verða fullra átján ára.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Markmið frumvarpsins er að tryggja foreldrum, sem verið hafa samfellt sex mánuði á innlendum vinnumarkaði, tímabundna fjárhagsaðstoð er þeir geta ekki stundað vinnu vegna bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötluð. Sama gildir um foreldra sem geta ekki stundað nám sitt vegna sömu ástæðna. Þegar ákvæði frumvarpsins eru komin til fullra framkvæmda getur foreldri sem leggur niður launuð störf eða nám við þessar aðstæður átt sameiginlegan rétt á greiðslum

í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins. Greinist barn mjög alvarlega langveikt eða mjög alvarlega fatlað verður heimilt að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna um allt að sex mánuði. Er áætlað að foreldrar 250–300 barna geti átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði en foreldrar 30–40 barna vegna framlengingar. Mánaðargreiðsla til foreldra skal nema 93.000 kr. en þá fjárhæð skal endurskoða árlega með tilliti til launaþróunar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að taka greiðslurnar upp í þrepum þannig að á árinu 2006 miðist réttur foreldra til greiðslu við einn mánuð en allt að þrjá mánuði ef börn þeirra greinast mjög alvarlega langveik eða mjög alvarlega fötluð. Á árinu 2007 verði miðað við tvo mánuði en allt að sex mánuði í tilvikum mjög alvarlegra langveikra eða mjög alvarlega fatlaðra barna. Í ársbyrjun 2008 er miðað við að lögin verði komin til fullra framkvæmda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði 40 m.kr. á árinu 2006 og aukist um 40 m.kr. á árinu 2007 og um 50 m.kr. árið 2008 og útgjöldin vegna þessa verði þá 130 m.kr. Gera má auk þess ráð fyrir að kostnaðaráhrif frumvarpsins komi ekki að fullu fram fyrr en nokkru síðar og að árleg útgjöld geti numið um 160–170 m.kr. á árinu 2010.

472. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 7. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, er kveðið á um að starfrækja skuli sóttvarna- og einangrunarstöðvar vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni þeirra. Í samræmi við þessi ákvæði laganna stofnsetti landbúnaðarráðuneytið árið 1990 einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey. Með lögum nr. 175/2000, um breytingu á lögum um innflutning dýra, var landbúnaðarráðherra heimilað að fela einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur einangrunarstöðva. Með reglugerð nr. 432/2003 voru síðan skilgreindar þær kröfur sem gerðar eru um útbúnað einangrunarstöðva fyrir gæludýr og hvernig skuli staðið að veitingu rekstrarleyfis fyrir slíkar stöðvar. Landbúnaðarráðherra hefur nú veitt einkaaðila leyfi til reksturs einangrunarstöðvar fyrir gæludýr og er stefnt að því að stöðin taki til starfa 1. desember nk. Í framhaldi af því mun landbúnaðarráðuneytið hætta rekstri einangrunarstöðvarinnar í Hrísey og stefnt er að því að aðstaðan verði seld.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna, sem hér er lagt til að falli brott, er kveðið á um gjaldskrá fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Óeðlilegt þykir að gefin sé út opinber verðskrá fyrir þjónustu einangrunarstöðva eftir að ríkið hefur dregið sig út úr slíkum rekstri og stöð í eigu einkaaðila hefur tekið til starfa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning á dýrum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að lagaskylda landbúnaðarráðherra til útgáfu gjaldskrár fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva falli niður.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

473. Frumvarp til laga [391. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði eftirfarandi:

1. *Bættar samgöngur:* Unnið verði að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningssamgangna.
2. *Efling sveitarstjórnarstigsins:* Áfram verði unnið að sameiningu sveitarfélaga í heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Samhliða verði unnið að hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga.
3. *Bætt fjarskipti:* Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.
4. *Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga:* Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga, þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.
5. *Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun:* Árið 2006 verði skipulögð

markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.

6. *Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana:* Athugaðar verði niðurstöður verkefnis Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni, sem saman mundu ná yfir Ísland allt.
7. *Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun:* Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.
8. *Styrking atvinnuþróunar:* Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.
9. *Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar:* Árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.
10. *Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra:* Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.
11. *Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum:* Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.
12. *Efling símenntunar:* Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.
13. *Efling menningarstarfsemi:* Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.
14. *Hagnýting upplýsingatækni:* Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.
15. *Bætt heilbrigðisþjónusta:* Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet, sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar, verði þróað áfram og tekið í fulla notkun.
16. *Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning:* Unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.
17. *Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu:* Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

18. *Uppbygging ferðaþjónustu:* Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.
19. *Stuðningur við atvinnurekstur kvenna:* Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.
20. *Styrking skapandi greina:* Unnið verði að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.
21. *Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum:* Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.
22. *Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP):* Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.
23. *Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA):* Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi, skv. 7. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í henni skal einnig gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar um Byggðastofnun, nr. 347/2000, segir jafnframt að í byggðaáætlun skuli gerð grein fyrir framvindu gildandi byggðaáætlunar. Lögum samkvæmt vann iðnaðarráðherra að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og hafði við gerð hennar víðtækt samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og fleiri.

Haustið 2004 fól iðnaðarráðuneyti Byggðastofnun að vinna frumdrög að nýrri byggðaáætlun sem skyldi byggjast á grunni gildandi áætlunar fyrir árin 2002–2005. Segja má að einkunnarorð hennar hafi verið: Þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar. Með áætluninni voru eftirfarandi meginmarkmið sett:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleikana til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Markmiðin hafa verið dregin saman og einfölduð og hljóða nú þannig:

a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum.
c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun kölluðu atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga til fundar um gerð nýrrar byggðaáætlunar 18. febrúar 2005. Á fundinum var kallað eftir hugmyndum fundarmanna um aðgerðir til þess að ná markmiðum áætlunarinnar. Fjölmargar tillögur komu fram á fundinum og í kjölfar hans. Iðnaðarráðuneyti fór yfir tillögurnar og tók mið af þeim við gerð áætlunarinnar. Byggðastofnun skilaði drögum að byggðaáætlun til ráðuneytisins í apríl 2005. Þá kallaði ráðuneytið önnur ráðuneyti til liðs við sig og óskaði eftir að þau skilgreindu hvert á sínu sviði aðgerðir til að ná markmiðum byggðaáætlunar. Uppkast að þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 lá fyrir í byrjun október sl. og var þá sent til umsagnar hins breiða hóps sem komið hafði að gerð þess auk annarra sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta. Uppkastið var jafnframt lagt fram á heimasíðu Byggðastofnunar. Hátt á fjórða tug umsagna bárust og var tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram eins og völ var á.

Inngangur.

Efling byggðar er meðal meginmarkmiða ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Stefnt er að því að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á samvinnu dreifbýlis og þéttbýlis um efnahagslegan stöðugleika svo markmið um frekari framfarir, uppbyggingu atvinnulífs, bættar samgöngur og öryggi borgaranna náist. Í yfirlýsingunni segir að hagsmunir landsins felist í markvissu samstarfi höfuðborgar og landsbyggðar og gagnkvæmum skilningi.

Eitt fjögurra meginstefnumiða iðnaðar- og viðskiptaráðherra fyrir árin 2004–2007 er að treysta búsetu á landsbyggðinni. Í stefnumörkun sinni hefur iðnaðarráðherra tekið mið af þeim aðgerðum sem skilgreindar voru í gildandi byggðaáætlun. Byggt er á því að menntun, hátt almennt þekkingarstig og nýsköpun í atvinnulífinu séu meginstoðir varanlegrar búsetu á landsbyggðinni og forsenda efnahagslegra framfara og félagslegrar velferðar íbúanna.

Þingsályktunartillaga þessi og athugasemdir með henni hafa að geyma nánar útfærða stefnu stjórnvalda í byggðamálum fyrir árin 2006–2009. Sett eru fram markmið, lagðar áherslur og mótaðar áætlanir um aðgerðir. Greinargerð Byggðastofnunar um ástand og horfur í þróun byggðar, byggðaáætlanir og byggðaaðgerðir, fylgir tillögunni og skýrsla iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 er lögð fram samhliða.

Áherslur.

Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 byggist á eftirtöldum fimm meginstoðum: Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun. Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 verður áfram byggt á sömu stoðum en lagt er til að sérstök áhersla verði lögð á fernt:

1. Gildi menntunar og menningar.
2. Aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi.
3. Bættar samgöngur og fjarskipti.
4. Styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.

1. Gildi menntunar og menningar.

Flest bendir til þess að efnahagsþróun muni í hratt vaxandi mæli byggjast á margs konar þekkingariðnaði. Aukin menntun, þekking og færni er því sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að tryggja eigi öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags. Háskólanám verði eflt og fjarnám þróað í samvinnu við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi. Öflugt símenntunarkerfi verði þróað áfram í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og sérstök áhersla verði lögð á sókn á sviði starfs- og verkmenntunar. Sérstök áhersla er auk þess lögð á fjarnám til þess að sem flestir geti stundað nám í sinni heimabyggð.

Menntunarstig á landsbyggðinni er umtalsvert lægra en á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að framboð og möguleikar til menntunar hafi aukist þar verulega á undanförnum árum, m.a. með fjölbreyttari fjarkennslu, tilkomu háskóla og háskóla- og þekkingarsetra. Rannsóknir hafa sýnt að menntunaráform eru meðal helstu ástæðna þess að ungt fólk fyrirhugar að flytja úr heimabyggð og þeir sem flytja á brott til þess að afla sér menntunar eru gjarnan tregir til þess að snúa aftur til varanlegrar búsetu.

Staðbundnar aðstæður á landsbyggðinni eru tíðum uppspretta dýrmætrar þekkingar. Nám í heimabyggð stuðlar að því að sú þekking og staðbundin menning varðveitist. Líklegt er að vel menntað samfélag fæði af sér nýjar hugmyndir sem knýja atvinnulífið áfram. Með því að gera fleirum kleift að stunda nám í sinni heimabyggð, auka námsframboð á öllum skólastigum, efla rannsóknir og tengsl menntunar og atvinnulífs er því stuðlað að aukinni nýsköpun og jákvæðri þróun atvinnulífs. Þannig skapast forsendur efnahagslegra framfara og félagslegrar velferðar íbúanna.

Menning er samfélagsgrunnur þjóðar, byggðar og einstaklings. Af henni myndast sérkenni, sjálfsmynd og hæfni til sköpunar, sóknar og aðlögunar. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að standa vörð um íslenska tungu, sögu og þjóðmenningu. Markmið hennar er að sköpuð verði frekari vaxtarskilyrði fyrir blómlegt menningarlíf. Jafnframt verði öflugt listalíf aðgengilegt öllum landsmönnum og menningarstarfsemi búin viðeigandi aðstaða.

Fjölbreytt menningarstarf, þar með talið útivist og íþrótta- og æskulýðsstarf, er mikilvægur samfélagsþáttur og stór áhrifaþáttur við val á búsetu. Í menningararfinum felast líka fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar Þannig er menningartengd ferðaþjónusta t.d. ört vaxandi atvinnugrein. Vöxtur atvinnulífsins hefur einnig verið hraður innan skapandi greina, og því hefur verið spáð að þær muni valda miklu um efnahagsþróun og atvinnu á komandi árum.

2. Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi.

Á síðustu árum hefur störfum í frumvinnslu innan hefðbundinna greina haldið áfram að fækka og litlar horfur eru á að þessi þróun snúist við. Því er nauðsynlegt að leita nýrra leiða til þess að efla atvinnulíf og styrkja samkeppnishæfni byggða með eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja rannsókna- og þróunarstarf og vinna að markvissri uppbyggingu rannsóknarstarfsemi og nýsköpunar á sem flestum sviðum í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Þá skal haldið áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Margir aðilar mynda stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni; helstir

þeirra eru Impra – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin. Starf þeirra hefur verið gott og árangursríkt en þyrfti að vera samhæfðara og markvissara. Alþjóðlegt samstarf er jafnframt mikilvægt, eins og m.a. hefur komið í ljós með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA). Gæta þarf að því að frumkvæði í þróunarstarfi sé sem víðast í höndum heimamanna. Svokallaðir vaxtarsamningar færa ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála til hagsmunaaðila í héraði, en með þeim vinna opinberir aðilar og einkaaðilar saman að uppbyggingu atvinnulífs á tilteknu svæði með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og stuðla að auknum hagvexti.

3. Bættar samgöngur og fjarskipti.

Samgöngur geta ráðið miklu um þróun byggðar. Gæði þeirra hafa afgerandi áhrif á stærð atvinnu-, verslunar- og þjónustusvæða. Þannig hafa bættar samgöngur þegar stuðlað að stækkun markaðssvæða og breytt um leið samkeppnis- og búsetuskilyrðum. Bættar samgöngur eru mikilvæg forsenda fyrir styrkingu landshlutakjarna og leggja grunninn að farsælli sameiningu sveitarfélaga.

Alþingi samþykkti á vorþingi 2003 í fyrsta sinn samgönguáætlun þar sem sett eru markmið til tólf ára. Áætlunin er fyrir árin 2003–2014 og í henni er litið á samgöngur landsmanna sem eina heild. Innan ramma samgönguáætlunarinnar eru gerðar áætlanir til fjögurra ára sem taka til nánari sundurliðunar heildaráætlunarinnar. Samgönguáætlunin er leið til að nýta betur þá fjármuni sem varið er til samgöngumála og mikilvægt tæki til að móta framtíðarsýn í samgöngumálum, þar sem hagsmunir heildarinnar; landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, eru hafðir að leiðarljósi.

Góð fjarskipti eru grundvöllur fyrir þróttmiklu mannlífi. Greið og örugg fjarskipti eru þannig lykilþættir við rekstur fyrirtækja og forsenda þess að fólk geti notið þeirra lífsgæða sem nútíminn gerir kröfu um. Sem dæmi má nefna að hagnýting upplýsingatækni býður upp á fjölbreytt menntunartækifæri, veitir aðgengi að afþreyingu og margvíslegri þjónustu, gefur kost á fjarvinnu og er til þess fallin að stuðla að auknu lýðræði með bættu aðgengi að stjórnsýslunni. Þá eru traust fjarskipti ótvírætt mikilvæg öryggi borgaranna. Það er því mikilvægt hagsmunamál fyrir landsbyggðina að jafnað verði aðgengi að fjarskiptum og kostnaður við gagnaflutninga. Á þessu er m.a. tekið í fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005–2010, þar sem sett er fram fjarskiptastefna stjórnvalda, og stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2004–2007.

4. Styrking landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands.

Eitt meginmarkmiða gildandi byggðaáætlunar er að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að áfram verði unnið að uppbyggingu byggðakjarna.

Fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins síðustu árin hafa verið mestir af Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi þó að lítilsháttar fólksfjölgun hafi orðið á nokkrum þéttbýlisstöðum í þessum landshlutum. Með því að efla tiltekna byggðakjarna í hverjum þessara landshluta; svokallaða landshlutakjarna, er leitast við að styrkja byggð í landshlutunum í heild. Markmiðið er að mynda mótvægi við höfuðborgarsvæðið og freista þess að ná hliðstæðum áhrifum og styrk staða höfuðborgarsvæðisins hefur haft á umhverfi þess, þótt áhrifin verði ekki jafnvíðtæk.

Á Norðurlandi hefur Akureyri yfirburðastöðu sem landshlutakjarni með fjölbreytta þjónustustarfsemi og listalíf, mikilvægar stofnanir og góðar flugsamgöngur. Svipuðu máli gegnir um stöðu Ísafjarðar sem landshlutakjarna á Vestjörðum, þótt samgöngur séu þar enn nokkuð örðugar. Með hliðsjón af mikilli uppbyggingu á Miðausturlandi, virkjun, álveri og áhrifum þess, ríður á að miðhluti Austurlands verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði og þéttbýlisstaðirnir þar nái saman sem landshlutakjarni.

Samhliða styrkingu landshlutakjarna þarf að huga heildstætt að þróun byggðar í landinu öllu og hlúa að svæðum sem standa höllum fæti. Bregðast þarf við vanda þeirra byggðarlaga sem búa við mikla fólksfækkun. Þannig þyrfti að mynda sameiginlega framtíðarsýn fyrir stærri svæði en hingað til hefur verið gert og móta sameiginlegar áherslur. Í framtíðarsýn fyrir hvert svæði þarf að horfa til menningar og menningararfs, félagslegra og hagrænna þátta og náttúrufars með það að markmiði að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og skilyrði til sjálfbærrar þróunar.

Aðgerðir.

Hér verður lýst áætlunum um helstu aðgerðir stjórnvalda til þess að ná markmiðum stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009. Skilgreindar hafa verið 23 aðgerðir, en með þeim er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Aðgerðir byggðaáætlunar hafa almennt í för með sér eflingu opinberrar starfsemi á landsbyggðinni. Rétt er að taka fram að aðgerðirnar 23 eru fjarri því tæmandi fyrir aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum á gildistíma byggðaáætlunarinnar.

Greint er frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsanlegum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna. Ekki ber að líta svo á að listi yfir þátttakendur sé bindandi eða tæmandi. Aðgerðirnar marka í flestum tilvikum ákveðinn ramma. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti skilgreini nánar í samstarfi við önnur ráðuneyti og fleiri aðila tiltekin samstarfsverkefni innan rammans. Verkefnin geta jafnframt falið í sér samstarf ráðuneyta og annarra aðila án beinnar aðkomu iðnaðarráðuneytis. Með þessum hætti hefur verið staðið að framkvæmd gildandi byggðaáætlunar. Náið samstarf iðnaðarráðuneytis við önnur ráðuneyti um framkvæmd verkefna á málefnasviðum þeirra er mikilvægt, enda nær byggðaáætlun til flestra þátta samfélagsins.

Heildarkostnaður við framkvæmd aðgerða samkvæmt byggðaáætlun hefur ekki verið metinn, þar sem margar þeirra eru hluti af öðrum áætlunum ríkisins og erfitt að skipta þeim upp. Auk þess munu útgjöld tengjast verkefnum sem ekki eru fullmótuð á þessu stigi áætlunarinnar og verða ákveðin nánar við fjárlagagerð hvers árs. Þó liggur fyrir að kostnaðarsömustu aðgerðirnar snúa að eflingu sveitarstjórnarstigsins, samgöngumálum, og fjarskiptamálum. Í samræmi við viljayfirlýsingu frá 17. september 2004 hafa ríkissjóður og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga heitið því að leggja fram allt að 2,4 milljarða kr. á næstu árum í fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga í samræmi við reglur Jöfnunarsjóðs. Ekki er á þessu stigi ljóst hver endanleg fjárþörf verður vegna þessa en í ljósi niðurstöðu sameiningarkosninga 8. október sl. má reikna með að hún verði umtalsvert minni en áætlað var. Verkefni á sviði samgöngu- og fjarskiptamála verða fjármögnuð af fjárveitingum til samgönguráðuneytisins og eftir atvikum af einkaaðilum í samræmi við forgangsröðun þessara aðila. Gert verður ráð fyrir sérstöku ríkisframlagi til vaxtarsamninga og reksturs Impru, nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri, á lið byggðaáætlunar. Reiknað er með að aðrir aðilar, bæði opinberir og einkaaðilar, taki þátt í fjármögnun vaxtarsamninganna. Önnur verkefni hafa minni kostnað í för með sér, en reiknað er með að þau verði fjármögnuð sameiginlega af lið byggðaáætlunar, hlutaðeigandi ráðuneyta, Byggðastofnunar og annarra aðila, bæði opinberra og einkaaðila.

Fjármögnun aðgerða krefst þess að ráðuneyti og stofnanir forgangsraði verkefnum sínum í þágu þeirra.

1. Bættar samgöngur.

Meginhugmynd Góðar og öruggar samgöngur hafa afgerandi áhrif á búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Bættar samgöngur innan landshluta hafa þegar stuðlað að stækkun markaðssvæða, aukinni fjölbreytni þjónustu og fjölgun atvinnutækifæra. Rannsóknir hafa sýnt að með því að bæta samgöngur innan Austurlands, Norðurlands og Vestfjarða sé unnt að skapa þéttbýliskjarna sem bjóði upp á svipaða kosti og höfuðborgarsvæðið. Greiðar samgöngur milli landshlutakjarnanna og höfuðborgarsvæðisins eru jafnframt mikilvægar. Almenningssamgöngur gætu þegar til lengri tíma er litið skipt verulegu máli fyrir þróun byggðar í landinu. Nefnd skipuð af samgönguráðherra hefur lagt fram tillögur um málefni almenningssamgangna milli þéttbýliskjarna til næstu framtíðar, þar sem er m.a. lagt til að eftir samruna sveitarfélaga verði unnið að því að sveitarfélög takist á hendur meiri ábyrgð á uppbyggingu og stjórnun almenningssamgangna á landi en talið er að þetta muni m.a. stuðla að bættu þjónustustigi á landsbyggðinni.

Unnið verður að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun og hugað að þróun almenningssamgangna.

Ábyrgð á framkvæmd Samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Samgönguráð, Alþingi vegna samgönguáætlunar, sveitarfélög.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Samkvæmt samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 skal á tímabilinu unnið að verkefnum sem falla undir þau fjögur stefnumið sem lagt var upp með í samgönguáætlun 2003–2014, þ.e. markmið um greiðari samgöngur, um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og um öryggi í samgöngum. Meira fé er veitt í þennan málaflokk á áætlunartímabilinu en nokkru sinni áður og þeir áfangar sem stefnt er að munu stórbæta samgöngur á landsbyggðinni en þar valda jarðgöng sennilega mestum straumhvörfum. Benda má á að ákvæði um eflingu almenningssamgangna er að finna í stefnumörkun stjórnvalda í loftslagsmálum.

2. Efling sveitarstjórnarstigsins.

Meginhugmynd Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu. Sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga treystist og eflist, stjórnsýsla þeirra verður markvissari, gæði þjónustu betur tryggð og staðbundið lýðræði eflist. Haustið 2003 hófst samstarfsverkefni félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Lagðar hafa verið fram tillögur til breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. um að sveitarfélög taki meiri ábyrgð á sviði atvinnuþróunar og byggðamála, samhliða breytingum á uppbyggingu stoðkerfis atvinnu- og byggðamála. Einnig hafa verið lagðar fram tillögur til breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga, sem einkum miða að því að styðja við sveitarfélög sem standa höllum fæti fjárhagslega, og jafnframt er nýhafin vinna við endurskoðun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Bæði ríki og sveitarfélög hafa litið svo á að sameining sveitarfélaga í öflugar stjórnsýslueiningar sé forsenda flutnings umfangsmikilla verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Ljóst er að það markmið hefur ekki náðst sem að var stefnt með átaki um eflingu sveitarstjórnarstigsins, að ná fram grundvallarbreytingu á sveitarfélagaskipan í landinu og áfram verður töluverður fjöldi mjög fámennra sveitarfélaga. Ríki og sveitarfélög munu eiga viðræður um það hvort grundvöllur sé fyrir verkefnaflutningi í ljósi þessarar niðurstöðu.

Áfram verður unnið að sameiningu sveitarfélaga í heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Samhliða verður unnið að hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga.

Ábyrgð á framkvæmd Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Efnahagur sveitarfélaga endurspeglar að jafnaði ágætlega efnahag þess samfélags sem sveitarfélagið nær yfir. Séu tekjur samfélagsins litlar, kemur það fram í litlum skatttekjum sveitarfélagsins. Því má ljóst vera að styrkja þarf undirstöður atvinnulífs þeirra sveitarfélaga sem standa höllum fæti fjárhagslega. Annað eru einungis tímabundnar aðgerðir en jafnhliða er m.a. mögulegt að skoða hvort þörf sé á að jafna tekjustofna sveitarfélaga enn frekar en nú er gert með tilliti til ólíkra tekju- og hagræðingarmöguleika þeirra. Nauðsynlegt er að huga að því hvernig bregðast eigi við fækkun opinberra starfa samfara hagræðingu við sameiningu sveitarfélaga.

3. Bætt fjarskipti

Meginhugmynd Nútíminn gerir kröfu um aðgengi að góðum og öruggum fjarskiptum hvar og hvenær sem er. Góð fjarskipti eru þannig mikilvægur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni, þau draga úr neikvæðum áhrifum fjarlægðar og geta þannig ráðið miklu um samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Mishár kostnaður við gagnaflutninga skekkir verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Greið og traust fjarskipti eru jafnframt forsenda þess að fólk geti notið þeirra lífsgæða sem nútíminn gerir kröfu um og eru mikilvæg fyrir öryggi borgaranna.

Unnið verður áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.

Ábyrgð á framkvæmd Samgönguráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Fjarskiptasjóður, fjarskiptafyrirtæki.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Alþingi hefur samþykkt fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005–2010. Í henni er gert ráð fyrir að allir landsmenn eigi að geta tengst háhraðaneti árið 2007 og aukið verði aðgengi að GSM-farsímaþjónustu á hringveginum, helstu stofnvegum, ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum árið 2006. Sama ár á háhraðafarþjónusta að standa til boða um allt land. Jafnframt kemur fram að langdrægt farsímakerfi sem þjóni landinu öllu og miðunum eigi að standa til boða eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur. Í fjarskiptaáætlun er einnig stefnt að því að allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og gert er ráð fyrir að útvarpað verði stafrænt um gervihnött um allt land og næstu mið. Þá er eitt markmiða áætlunarinnar að stuðla að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.

4. Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga.

Meginhugmynd Með vaxtarsamningum skuldbinda opinberir aðilar og einkaaðilar sig til þess að vinna saman að uppbyggingu atvinnulífs á tilteknu svæði með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og stuðla að auknum hagvexti. Vaxtarsamningar færa ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála til hagsmunaaðila í héraði. Byggt er á styrk hvers svæðis og unnið að því að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla svæðisbundna þekkingu með uppbyggingu klasa og tengslaneta. Þegar hafa verið gerðir vaxtarsamningar um Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og unnið er að gerð vaxtarsamnings fyrir Suðurland með áherslu á Vestmannaeyjar og samnings fyrir Austurland þar sem skal tekið tilliti til svæða á jaðri landshlutans, svo sem Hafnar í Hornafirði. Þá hefur verið ákveðið að ráðast í gerð vaxtarsamninga fyrir Norðvesturland og Vesturland.

Unnið verður að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga, þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verður metinn reglulega.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun og Iðntæknistofnun.

Aðrir þátttakendur Iðnaðarráðuneyti, önnur ráðuneyti, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, skólastofnanir, Útflutningsráð Íslands, stéttarfélög, einkaaðilar o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Mikilvægt er vaxtarsamningar séu vel kynntir og staða þeirra skýr. Vaxtarsamningar hafa verið gerðir með góðum árangri víða um heim. Vaxtarsamningur um Oulusvæðið í Finnlandi hefur verið hafður til fyrirmyndar hér á landi, en þar náðist framúrskarandi árangur.

5. Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun.

Meginhugmynd Mikilvægt er að tölfræðileg gögn um byggðaþróun séu ávallt tiltæk, enda eru slík gögn grundvallaratriði við stefnumótun og ákvörðunartöku. Mikils af þeim grunnupplýsingum sem þörf er á er þegar aflað hjá ýmsum opinberum aðilum en nokkuð hefur vantað upp á að gögnum sem snúa að byggðaþróun sé markvisst safnað, unnið úr þeim og þau birt með reglubundnum hætti. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessara þátta á hagkerfi og samfélag þurfa að vera aðgengilegar. Gögnin þurfa að vera samhæfð við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, bæði varðandi val grunnupplýsinga og framsetningu þeirra eftir úrvinnslu. Auk stöðugrar gagnaöflunar og miðlunar tölfræðilegra upplýsinga um byggðamál þarf að vera unnt að vinna sértækar greiningar með stuttum fyrirvara, t.d. þar sem búist er við breytingum, jafnt vegna nýrra sóknarfæra í atvinnulífi og aðsteðjandi vanda. Þannig er Byggðastofnun betur í stakk búin til að bregðast við nýjum aðstæðum og ráðleggja að eigin frumkvæði um viðbrögð ef á þarf að halda.

Á árinu 2006 verður skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur Iðnaðarráðuneyti, Hagstofa Íslands, Ríkisskattstjóri, Rannís, Ferðamálaráð, Bændasamtökin, Fiskistofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, rannsóknastofnanir, háskólar o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Samstarf þeirra sem safna tölfræðilegum upplýsingum er mikilvægt og til hagsbóta fyrir alla. Gæta þarf að því að ekki verði um tvíverknað að ræða við öflun grunnupplýsinga.

6. Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana.

Meginhugmynd Mikilvægt er að víðtæk samstaða og samkennd ríki innan landshluta ef efla á samkeppnishæfni þeirra. Þannig skiptir máli að sveitarfélög innan landshluta beri sameiginlega ábyrgð á þróun hans alls en standi ekki í harðri samkeppni innbyrðis. Innan Evrópusambandsins er unnið skipulag fyrir stór landssvæði sem kallað er „Spatial Planning & Development", þar sem mynduð er sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun svæða um sjálfbæra þróun efnahags, samfélags og náttúrufars. Íslendingar taka nú þátt í verkefni Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum (Spatial Planning in Northern Peripheral Regions). Markmiðið með verkefninu er að reyna og kanna þessa skipulagsaðferð við okkar aðstæður. Verkefnislok eru áætluð snemma árs 2008.

Unnið verður með niðurstöður NPP-verkefnis um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni, sem saman mundu ná yfir Ísland allt.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur Skipulagsstofnun, ráðuneyti, einkum umhverfisráðuneyti, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög.

Tímaáætlun 2008–2009.

Annað Samhæfa þarf gerð landshlutaáætlana annarri opinberri áætlanagerð, svo sem samgönguáætlun, byggðaáætlun, fjarskiptaáætlun, ferðamálaáætlun o.s.frv.

7. Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun.

Meginhugmynd Þótt víða hafi tekist að snúa vörn í sókn í byggðamálum hefur ýmsum byggðarlögum á landsbyggðinni reynst erfitt að glíma við fólksfækkun, sem sums staðar hefur verið viðvarandi um nokkurt skeið. Staðan hefur verið einna erfiðust hjá byggðarlögum sem liggja það fjarri þéttbýliskjörnum að ekki er hagkvæmt að sækja vinnu þangað og erfitt er um vik að njóta þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Þrátt fyrir að efling landshlutakjarna styrki byggðina umhverfis, dugir hún ekki ein og sér fyrir þá sem fjærst búa. Því er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að þessum byggðarlögum.

Gerð verður athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verða metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur Sveitarfélög, ráðuneyti o.fl., svo sem atvinnuþróunarfélög og Impra – nýsköpunarmiðstöð.

Tímaáætlun 2006–2007.

8. Styrking atvinnuþróunar.

Meginhugmynd Atvinnuþróunarfélögin eru hornsteinar svæðisbundinnar nýsköpunar atvinnulífsins, enda skiptir miklu að heimamenn gegni sem víðast forystuhlutverki í atvinnuþróun. Þeir hafa víðtæka þekkingu á umhverfi sínu og mesta möguleika til þess að stuðla að því að árangur starfsins varðveitist heima í héraði. Impra – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, sem stofnuð var 2002, er mikilvæg viðbót og bakhjarl við þá atvinnuþróunarstarfsemi sem Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa staðið fyrir á landsbyggðinni. Tilgangur nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að efla nýsköpun í atvinnulífi landsbyggðarinnar og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Miðstöðin þjónar öllum atvinnugreinum og starfsemi hennar byggir á faglegri þekkingu um rekstur, markaðsmál og tækniþróun. Samstarf framangreindra aðila að atvinnuþróun er enn í mótun og mikilvægt er að það verði samhæft frekar til þess að sem bestur árangur náist.

Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verður samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verður áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Byggðastofnun, atvinnuþróunarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, Iðntæknistofnun, Vísinda- og tækniráð.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Stuðningur við atvinnulífið er dreifður þótt nokkuð hafi áunnist í samhæfingu á síðustu missirum. Í lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003, er nýsköpunarmiðstöð falið að eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið.

9. Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

Meginhugmynd Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar sem byggist á sérkennum lands og þjóðar er líkleg til árangurs og verðmætasköpunar á landsbyggðinni. Nefna má líftækni á grunni sjávarútvegs og landbúnaðar, margvíslegar rannsóknir á sviði fiskeldis, veiðarfæra, matvæla og svæðisbundinna hafrannsókna, nýjungar við meiri og fjölbreyttari nýtingu skógarafurða en þekkst hefur hér á landi, skapandi sóknarfæri á sviði orkumála, m.a. við nýtingu minni vatnsfalla og lághitasvæða í eigu bænda, og þróun menningartengdrar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að rannsóknir og tækniþróun á fræðasviðum sem sérstaklega eru til þess fallin að styrkja nýsköpun í atvinnulífi fái varanlega fótfestu.

Árið 2006 verður gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verða skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verður rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Önnur ráðuneyti, Vísinda- og tækniráð, háskólar, rannsóknastofnanir, atvinnuþróunarfélög, Impra – nýsköpunarmiðstöð, Rannsóknamiðstöð Íslands, þekkingarsetur, fræðasetur, náttúrustofur o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað

Á síðustu árum hefur skilningur á mikilvægi rannsókna og þróunarstarfsemi í tengslum við starfsemi háskóla utan Reykjavíkur aukist. Efling þessara háskóla er ein af forsendum fyrir styrkingu byggðar og rannsóknir innan vébanda þeirra forsenda eflingar skólanna.

10. Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra.

Meginhugmynd

Vorið 2005 var Háskólasetur Vestfjarða ses. stofnað á Ísafirði, en tilgangur þess er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar og rannsókna- og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Slíkt nábýli og tengsl menntunar, opinberra rannsókna og atvinnulífs nýtir betur mannauð og fjárfestingar og stuðlar að bættum árangri og traustari búsetuskilyrðum: auknu framboði háskólanáms, öflugra rannsókna- og þekkingarstarfi, aukinni nýsköpun og markvissari atvinnuþróun. Til þess að sem bestur árangur náist er mikilvægt að þekkingarsetur/háskólasetur byggist á sérkennum og styrk þess landshluta sem þau eru staðsett í. Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til undirbúnings þekkingarseturs á Austurlandi, sem byggist á þessari hugmyndafræði. Þá hefur Þekkingarsetur Þingeyinga verið starfrækt á Húsavík í á þriðja ár, en það er háskólanáms- og rannsóknastofnun með Þingeyjarsýslur sem starfssvæði. Auk þess eru starfandi þekkingar- og fræðasetur víða um land.

Áfram verður unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd

Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur

Önnur ráðuneyti, háskólar, háskóla- og þekkingarsetur, rannsóknastofnanir, Impra – nýsköpunarmiðstöð, fræðasetur, frumkvöðlasetur, ýmsir opinberir atvinnuráðgjafar, náttúrustofur o.fl.

Tímaáætlun

2006–2009.

Annað

Vísinda- og tækniráð lýsti í ályktun sinni 17. desember 2004 yfir stuðningi við hugmyndir um þekkingarsetur á landsbyggðinni. Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní sl. er einnig fjallað um þekkingarsetur. Þar segir: „Vísinda- og tækniráð fagnar stofnun Háskólaseturs Vestfjarða ses. og þeirri breiðu samvinnu sem tekist hefur um starfsemi þess. Ráðið leggur áherslu á mikilvægi þessa þekkingarseturs sem gæti orðið fyrirmynd annars staðar á landinu með sameiginlegu átaki ráðuneyta og stofnana þeirra í félagi við heimamenn.“ Eðlilegt er að hugsa sér að þekkingarsetur/háskólasetur á landsbyggðinni hafi þegar fram í sækir öflugan bakhjarl í hliðstæðri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, en Vísinda- og tækniráð hefur lagt áherslu á þá möguleika til nýrrar sóknar sem felast í sameiningu opinberra rannsóknastofnana á höfuðborgarsvæðinu og nábýli þeirra við háskóla og þekkingarfyrirtæki.

11. Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum.

Meginhugmynd Efling atvinnulífs og varanleg styrking búsetu byggist að verulegu leyti á því að fólki gefist sem lengst kostur á að stunda fjölbreytt nám í heimabyggð, hvort tveggja bók- og verknám. Aukið framboð náms á öllum skólastigum á landsbyggðinni stuðlar að því að fleiri sæki sér menntun, dregur að sér fólk og eykur líkur á því að það staldri við en flytjist ekki til höfuðborgarsvæðisins. Nám í heimabyggð stuðlar einnig að því að staðbundin þekking og menning varðveitist og verði uppspretta nýrra atvinnuhátta. Með dreifmenntun, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, skapast möguleikar á að koma á samstarfi skóla um námsframboð, stuðla að auknum gæðum og auka námsmöguleika einstaklinga.

Kostir dreifmenntunar verða nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verður stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verða ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu á þeim í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Skólastofnanir, önnur ráðuneyti.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Varðandi starfsmenntun er mikilvægt að huga að samstarfi framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva (sbr. aðgerð 12). Með dreifmenntun gefst ekki aðeins kostur á að auka námsframboð á landsbyggðinni heldur veitir hún einnig tækifæri á að breiða út þekkingu fólks á landsbyggðinni.

12. Efling símenntunar.

Meginhugmynd Símenntun eflir og styrkir atvinnulíf og samfélag og stuðlar þannig að bættum búsetuskilyrðum. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni færa menntunarmöguleika nær íbúum þar og stuðla að hækkun menntunarstigs. Hlutverk miðstöðvanna er m.a. að efla símenntun í atvinnulífinu, sjá til þess að allir íbúar eigi kost á námi við hæfi, ná til fólks með stutta skólagöngu og vera virk upplýsingaveita um námsmöguleika fullorðinna. Námsframboð símenntunarmiðstöðvanna tekur mið af stöðu menntunar og atvinnulífi á hverjum stað. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur í auknum mæli stutt við þróun námsframboðs í símenntun og viðurkenningu þess í tengslum við atvinnulíf.

Framboð á símenntun á landsbyggðinni verður aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verður stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Skólastofnanir, símenntunarmiðstöðvar, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar, fyrirtæki o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

13. Efling menningarstarfsemi.

Meginhugmynd

Öflug menningarstarfsemi, þar með talið íþrótta- og æskulýðsstarf, er mikilvæg forsenda þess að mannlíf dafni á landsbyggðinni. Góður árangur hefur náðst með gerð menningarsamninga við sveitarfélög á landsbyggðinni, en þannig hefur fengist samstaða um uppbyggingu menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á tilteknum landssvæðum. Gildi menningarhúsa á landsbyggðinni er jafnframt ótvírætt, en ríkisstjórnin ákvað í janúar 1999 að taka þátt í að reisa menningarhús á fimm stöðum á landsbyggðinni: Ísafirði, Skagafirði, Akureyri, Austurlandi og Vestmannaeyjum. Þá er aukið samstarf safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn mikilvægt til að auka samlegð og bæta þjónustu. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttar leiðir til þess að miðla menningararfi þjóðarinnar en þar getur upplýsingatækni leikið þýðingarmikið hlutverk. Þannig má jafnframt auka framboð fjölmiðlaefnis af landsbyggðinni.

Áfram verður unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verður að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verða möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verður að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, önnur ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, menningarstofnanir, söfn, æskulýðs- og íþróttafélög.

Tímaáætlun 2006–2009.

14. Hagnýting upplýsingatækni.

Meginhugmynd

Ljóst er að þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni ræðst m.a. af því hvernig til tekst við hagnýtingu upplýsingatækni. Á grunni byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 voru tvö byggðarlög valin til að reka tilraunaverkefni um svokallað „rafrænt samfélag". Þetta eru annars vegar sveitarfélögin Árborg, Hveragerði og Ölfus og hins vegar sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjasveit. Markmiðið með tilraunaverkefninu, sem stendur fram á árið 2006, var að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins á landsbyggðinni; að styrkja samfélagsgerð þar, m.a. með því að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.

Unnið verður að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur Iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sveitarfélög og önnur ráðuneyti.

Tímaáætlun 2007–2009.

Annað Unnið verður að hagnýtingu upplýsingatækni í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.

15. Bætt heilbrigðisþjónusta.

Meginhugmynd Greiður aðgangur að öflugri heilbrigðisþjónustu er mikilvægur þáttur í mati á búsetuskilyrðum. Nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra kannar hvaða verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða sé mögulegt og æskilegt að flytja frá ríki til sveitarfélaga. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er m.a. að bæta þessa þjónustu á landsbyggðinni. Í inngangsorðum áfangaskýrslu nefndarinnar frá því í nóvember 2004 segir m.a.: „Staðbundnar aðstæður kalla vafalaust á mismunandi lausnir og útfærslu og mögulegt er að heilbrigðisþjónustan gæti orðið bæði sveigjanlegri og öflugri undir stjórn þeirra sem eru öllum hnútum kunnugir á sveitarstjórnarstiginu.“ Þá hefur verið unnið að heilbrigðisneti, sem getur bætt þjónustu við landsbyggðina verulega. Netið tengir m.a. saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar. Uppbygging fjarlækninga gefur nýja möguleika á að nýta krafta sérhæfðs heilbrigðisstarfsfólks um land allt.

Unnið verður að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet verður þróað áfram og tekið í fulla notkun.

Ábyrgð á framkvæmd Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Sveitarstjórnir, heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Í fjarlækningum er nútímafjarskiptatækni nýtt til þess að sérfræðingar á hátæknisjúkrahúsunum geti veiti sjúklingum og læknum læknisfræðilega ráðgjöf án þess að sjúklingar eða sérfræðingar þurfi að leggjast í löng ferðalög. Unnið verður að heilbrigðisneti í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.

16. Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning.

Meginhugmynd Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað umtalsvert á Íslandi á undanförnum árum, ekki síst á landsbyggðinni. Til að tryggja gagnkvæma aðlögun innfæddra og innflytjenda er nauðsynlegt að koma á skipulegu samstarfi milli þeirra sem geta sameiginlega tryggt að hún verði farsæl. Í því skyni hefur félagsmálaráðherra ákveðið að stofnað verði innflytjendaráð með þátttöku fulltrúa þeirra ráðuneyta sem mest koma að þessum málum auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og innflytjenda. Reknar eru þrjár þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur. Félagsmálaráðuneytið rekur Fjölmenningarsetur á Ísafirði sem gegnir veigamiklu hlutverki á landsvísu við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Á meðal mikilvægra verkefna setursins er könnun um viðhorf og aðstæður innflytjenda utan EES-svæðisins, en þegar er búið að afla upplýsinga frá Vestfjörðum og Austurlandi og mun könnunin halda áfram á árinu 2006. Þá rekur Akureyrabær Alþjóðastofu sem veitir upplýsingar og ráðgjöf um málefni innflytjenda og Alþjóðahúsið í Reykjavík, sem er samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, veitir innflytjendum margþættar upplýsingar og er vettvangur fjölmenningarlegra samskipta. Gera má ráð fyrir að stofnun fleiri þjónustumiðstöðva í öðrum landshlutum tryggi betur en nú er gert farsæla aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Unnið verður markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verður að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.

Ábyrgð á framkvæmd Félagsmálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Innflytjendaráð, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Fjölmenningarsetur, Alþjóðahús, Alþjóðastofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaganna, aðilar vinnumarkaðarins, samtök innflytjenda, Rauði kross Íslands, skólar o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Erlendir ríkisborgarar voru u.þ.b. 5 þúsund á Íslandi árið 1996, en 10.636 árið 2004, sem er fjölgun úr 1,5% af heildarmannfjöldanum í 3,5%. Verkefni innflytjendaráðs verða margþætt, m.a. að sjá um gerð þjónustusamninga um ákveðin verkefni sem lúta að bættum hag innflytjenda, vinnsla og útgáfa upplýsingaefnis, miðlun upplýsinga og aðstoð og ráðgjöf við sveitarfélögin. Innflytjendaráði verður ætlað að kynna sveitarfélögunum markvisst þarfir og aðstæður innflytjenda auk þess að gera tillögur um hlutverk þeirra við aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Áhersla verður lögð á heildræna þjónustu við fjölskyldur og sveitarfélögin hvött til að tryggja að innflytjendum verð kynnt réttindi sín og skyldur í samfélaginu, sbr. niðurstöður í skýrslu nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi (félagsmálaráðuneytið 2005).

17. Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu.

Meginhugmynd Aukin framleiðni í frumvinnslu innan hinna hefðbundnu atvinnugreina, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, hefur m.a. leitt til fækkunar starfa á landsbyggðinni. Flest bendir til þess að þróunin muni verða í þá átt að þörf fyrir starfskrafta í frumvinnslu muni enn dragast saman. Þessi þróun hefur komið nokkuð hart niður á landsbyggðinni, sem víða hefur byggt atvinnulíf sitt að stórum hluta á þessari starfsemi. Því má hins vegar ekki gleyma að breyttar aðstæður geta haft í för með sér tækifæri fyrir hinar hefðbundnu atvinnugreinar að sækja fram á nýjum sviðum. Mikilvægt er að meta hver staða hinna hefðbundnu atvinnugreina er á landsbyggðinni og leita leiða til viðbragða. Jafnframt er mikilvægt að opinber þjónusta við atvinnugreinarnar sé öflug þar sem þær eru helst stundaðar.

Gerð verður úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verður að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

Ábyrgð á framkvæmd Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Byggðastofnun o.fl.

Tímaáætlun 2006–2007.

18. Uppbygging ferðaþjónustu.

Meginhugmynd Vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi er ör og gildi atvinnugreinarinnar fyrir landsbyggðina ótvírætt. Á grundvelli byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 hefur verið ráðist í sérstök verkefni til eflingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni, m.a. uppbyggingu upplýsingamiðstöðva á lykilstöðum á landinu, menningartengda ferðaþjónustu og þátttöku í vottunarkerfum. Mikilvægt er að nýta sóknarfæri ferðaþjónustunnar og vinna áfram að markvissri uppbyggingu greinarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfbæra þróun hennar, bæta arðsemi og auka samkeppnishæfni einstakra svæða. Jafnframt er mikilvægt að byggja upp aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum til þess að minnka álag á náttúru landsins.

Unnið verður að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verður lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verður unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

Ábyrgð á framkvæmd Samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Önnur ráðuneyti, fyrirtæki í ferðaþjónustu, upplýsingamiðstöðvar ferðamanna, Ferðamálaráð, Samtök ferðaþjónustunnar, Umhverfisstofnun, markaðsskrifstofur, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Unnið verður að uppbyggingu ferðaþjónustu í samræmi við ferðamálaáætlun fyrir árin 2006–2015, en með henni er stefnt að eftirfarandi meginmarkmiðum: 1. Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála. 2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni. 3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna. 4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

19. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Meginhugmynd Breytingar í atvinnuháttum og atvinnulífi með fækkun starfa í frumvinnslugreinum hafa einkum komið niður á atvinnumöguleikum kvenna á landsbyggðinni. Þá hafa kannanir ítrekað sýnt að mjög hallar á konur í frumkvöðlastarfi og fyrirtækjarekstri. Ein af ástæðunum fyrir því hefur verið talin sú að konur eigi af ýmsum ástæðum ekki eins greiðan aðgang að stoðkerfi atvinnulífsins og karlar. Iðnaðarráðuneyti fól Byggðastofnun í apríl 2005 að vinna úttekt á því hvaða árangur hefði náðst undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri. Markmiðið er að niðurstöðurnar geti orðið grundvöllur að frekari aðgerðum til að efla þátt kvenna í atvinnurekstri. Mikilvægt er að aðgerðum til stuðnings atvinnureksturs kvenna á landsbyggðinni sé fylgt eftir heima fyrir svo árangur skili sér.

Unnið verður að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verður að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur Byggðastofnun, félagsmálaráðuneyti, Jafnréttisstofa, atvinnuþróunarfélög, skólastofnanir, Iðntæknistofnun, Impra – nýsköpunarmiðstöð o.fl.

Tímaáætlun 2006–2009.

Annað Í GEM, alþjóðlegri rannsókn á frumkvöðlastarfsemi, kemur fram að árin 2002, 2003 og 2004 töldust íslenskir karlmenn tvöfalt líklegri til að stofna fyrirtæki en konur og tölur um nýskráningu fyrirtækja sýna að árin 2003 og 2004 stofnuðu karlar 80% nýrra fyrirtækja og konur 20%. Tölur fyrirtækjaskrár Hagstofunnar sýna einnig að konur reka aðeins um 20% fyrirtækja á Íslandi. Frá 1993 til 2003 hefur fyrirtækjum kvenna aðeins fjölgað um 5%. Það er mun minni fjölgun en í Bandaríkjunum, en þar fjölgaði fyrirtækjum í eigu kvenna um 16% frá 1992–1997, og annars staðar á Norðurlöndunum fjölgaði þeim um 9–14%. Niðurstöður fjölþjóðlegrar könnunar um stöðu kvenna í atvinnurekstri, sem Byggðastofnun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Bændasamtök Íslands tóku þátt í og birtar voru í mars 2005, benda til þess að kraftar kvenna til nýsköpunar og eflingar atvinnulífsins nýtist ekki eins og þeir ættu og gætu gert ef þeir væru nýttir til jafns við krafta karla.

20. Styrking skapandi greina.

Meginhugmynd	Vöxtur atvinnulífsins hefur verið hraður innan skapandi greina, þar sem háþróuð tæknikunnátta og sérhæfð vísindaþekking fléttast margvíslegri lista- og menningarstarfsemi. Til skapandi greina teljast m.a. listsköpun, hönnun, fjölmiðlun, tölvunarfræði, verkfræði, tæknifræði, húsagerðarlist, kennsla, útgáfur, sýningarhald, stjórnun og starfsemi tengd listviðburðum. Að undanförnu hefur athygli beinst að efnahagslegu mikilvægi þessara greina og því hefur verið spáð að þær muni valda miklu um efnahagsþróun og atvinnu á komandi árum. Á þessu sviði hefur orðið mikil nýsköpun hér landi og frammistaða einstakra listamanna hefur skilað mikilvægri kynningu, efnahagslegum ávinningi, góðum fyrirmyndum og auknu sjálfstrausti. Í öflugri stöðu skapandi greina felast tækifæri til að bæta samkeppnisstöðu Íslands með virkri þátttöku landsbyggðarinnar, en þar er blómleg skapandi starfsemi og varðveitt mörg sérkenni þjóðarinnar sem títt eru uppsprettur framsækinnar sköpunar. Unnið verður að eflingu skapandi greina í takt við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.
Ábyrgð á framkvæmd	Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Vísinda- og tækniráð, samstarfsvettvangur um hönnun, tónlistarsjóður, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Iðntæknistofnun, Impra – nýsköpunarmiðstöð o.m.fl.
Tímaáætlun	2006–2009.
Annað	Í ályktun Vísinda og tækniráðs frá 2. júní 2005 segir um skapandi greinar: „Er því beint til menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra að ýta undir frumkvæði og framþróun á þessu sviði og minna á gildi samspils milli lista og nýsköpunar á grunni vísinda- og tækniþekkingar.“

21. Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum.

Meginhugmynd	Sjálfbær þróun miðar að því að samþætta efnahagsleg félagsleg og umhverfisleg sjónarmið. Með framkvæmd Staðardagskrár 21 geta sveitarfélög um land allt náð margvíslegum árangri. Helst ber að nefna beinan fjárhagslegan ávinning í bættum rekstri og stjórnun sveitarfélagsins þegar til lengri tíma er litið, samfélagslegan og menningarlegan ávinning, þar sem sveitarfélög móta sér stefnu til framtíðar, skapa sér sérstöðu og leggja áherslu á jákvæða þætti samfélagsins og skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda og verndun sérstæðra náttúrufyrirbæra. Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verður efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.
Ábyrgð á framkvæmd	Umhverfisráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Önnur ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, verkefnið Staðardagskrá 21 o.fl.
Tímaáætlun	2006–2009.
Annað	Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun.

22. Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP).

Meginhugmynd Með aukinni alþjóðavæðingu verður erlent samstarf æ mikilvægara. Ísland hefur verið þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme) frá miðju ári 2002 en núgildandi áætlunartímabili lýkur árið 2006. Reynslan af þátttöku í áætluninni hefur verið góð, en meginmarkmið hennar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður. Á grunni áætlunarinnar hafa verið rekin samstarfsverkefni einstaklinga, fyrirtækja og stofnana yfir landamæri. Gert er ráð fyrir að nýtt áætlunartímabil með auknu fjármagni hefjist árið 2007 og gildi til ársins 2010.

Ísland verður áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun 2006–2009.

23. Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA).

Meginhugmynd Norræna Atlantsnefndin, NORA, er ein af stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs og hefur að markmiði að styðja atvinnu- og byggðaþróun með styrkjum, myndun tengslaneta o.fl. Ísland hefur beitt sér á norrænum vettvangi fyrir eflingu NORA og útvíkkun á starfsemi nefndarinnar til fleiri byggðasvæða við Norður-Atlantshaf: Austurstrandar Kanada, Skotlands og skosku eyjanna. Taka þarf á fjármögnun starfs nefndarinnar, en hún hefur misst hluta tekna sinna frá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda.

Ísland mun vinna áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beita sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Aðrir þátttakendur NORA, Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis.

Tímaáætlun 2006–2009.

Verkefnisstjórn.

Til þess að tryggja árangur af byggðaáætluninni sem best skipar iðnaðarráðherra sérstaka verkefnisstjórn sem verður falin umsjón með framvindu áætlunarinnar. Verkefnisstjórnin verður m.a. skipuð fulltrúum þeirra ráðuneyta og stofnana sem er falin ábyrgð á aðgerðum áætlunarinnar. Byggðastofnun mun halda utan um störf verkefnisstjórnarinnar og vinna að setningu mælikvarða til að leggja mat á árangur byggðaáætlunarinnar.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun:

Ástand og horfur í þróun byggðar. Byggðaáætlanir og byggðaaðgerðir.

Formáli.

Markaðsvæðing vestrænna þjóðfélaga var eitt af einkennum síðustu aldar, markaðsvæðing vex enn og framleiðsla á vörum og þjónustu fyrir markað knýr þessi þjóðfélög. Markaðssvæði hafa stækkað frá því að miðast við stað, síðan land og nú má tala um einn alþjóðlegan markað. Önnur þjóðlönd en hin vestrænu eru einnig að markaðsvæðast, bætast við hið alþjóðlega markaðssvæði og alþjóðavæðingin er eitt helsta einkenni samtímans.

Vaxandi verkaskipting, sérhæfing og landrænn aðskilnaður verkþátta hefur fylgt markaðsvæðingunni ásamt stórfelldum fólksflutningum, miklum vexti borga og fólksfækkun til sveita. Stjórnvöld hafa hvarvetna brugðist við með byggðastefnu, áætlunum og aðgerðum til mótvægis. Byggðastefna og aðgerðir hafa breyst og þróast frá stuðningi við atvinnugreinar sem hafa látið undan síga á markaði og miðast æ víðar við að aðstoða borgir, héruð og landshluta við að taka þátt í alþjóðavæðingunni og bæta og jafna samkeppnisskilyrði svæða í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Á sama hátt hafa stoðkerfi fyrir atvinnuvegi og byggðir í þessum löndum byggst sífellt meira á menntun, nýsköpun, rannsóknum og fjölþjóðlegu samstarfi. Nýsköpun og nýbreytni, einkum á Norðurlöndum, varðar ekki einungis fyrirtæki heldur jafnvel enn frekar opinbera stjórnsýslu og þjónustu ríkis, amta eða fylkja og sveitarfélaga. Áætlanir um byggðaþróun miða að styrkari samkeppnisstöðu með því að samþætta áætlanir hinna ýmsu ráðuneyta, sveitarfélaga og atvinnugreina. Áhersla er samt á lýðræðisþróun og aðild heimamanna að ákvörðunum og sífellt meiri áhersla er lögð á uppbyggingu sem byggist á staðbundnum sérkennum, menningu og náttúru. Norðurlöndin öll og Evrópusambandið leggja mikla áherslu á sjálfbæra þróun og í Evrópusambandinu er mikil áhersla lögð á byggðaþróun, rannsóknir, undirbúning og áætlanir, mikið starf unnið og stórir sjóðir til fjárveitinga.

Íslensk samfélagsþróun hefur um margt líkst þróun annarra markaðsvæddra samfélaga, stöðugur fólksflutningur verið til höfuðborgarsvæðisins og raunar svo mikill að íbúafjöldi þar, sem hlutfall af heildarfjölda landsmanna, á sér vart hliðstæðu. Kannski stafar þetta af því hversu fámenn íslenska þjóðin er og lítill markaður. Fámenni margra sveitarfélaga í landinu veldur því að þau eru ekki fær um að veita íbúum þá þjónustu og skapa þau búsetuskilyrði sem þeir krefjast í auknum mæli. Höfuðborgarsvæðið hefur eflst til að verða samkeppnishæft í alþjóðlegu samhengi og þróun þess hefur mikla þýðingu fyrir aðra hluta landsins, ekki aðeins að fólk geti flust þangað, heldur skilar það aftur sérmenntuðu fólki og býður sérhæfða þjónustu og störf sem annars þyrfti að sækja yfir hafið.

Með byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005 var mörkuð byggðastefna með svipuðum áherslum og í öðrum löndum Vestur-Evrópu, að efla byggðir til sjáfbærni með því að styrkja samkeppnisstöðu þeirra, bæta búsetuskilyrði og samgöngur, stækka markaðssvæði með styrktum byggðakjörnum og efla menningar-, mennta- og rannsóknastarf. Að auki er lögð áhersla á stoðkerfi atvinnuveganna og á alþjóðlegt samstarf um byggðamál. Byggðaáætluninni hefur verið fylgt eftir með aðgerðaáætlunum, svæðisáætlunum og vaxtarsamningum fyrir nokkur svæði, nýjum samningum við atvinnuþróunarfélög og auknu fjölþjóðlegu samstarfi

um rannsóknir í byggðamálum. Rannsóknastarf í byggðamálum fer vaxandi sem og aðild Íslendinga að fjölþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Þetta starf er mikilvæg forsenda fyrir aðgerðir og nýsköpun í byggðamálum og árangur mun skila sér á komandi árum.

Opinber fjárstuðningur við fyrirtæki í byggðum landsins hefur aðallega byggst á lánveitingum en slík fyrirgreiðsla er víða víkjandi byggðaaðgerð. Aðstæður á íslenskum lánamarkaði hafa breyst mikið á síðustu missirum og endurskoðun á formi og fyrirkomulagi opinbers fjárstuðnings við fólk og fyrirtæki undir formerkjum byggðastefnu er nú tímabær.

Í þessu fylgiskjali með tillögu til byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009 er stiklað á stóru í þróun byggðamála síðustu ár hér á landi og leitast við að setja þau í samhengi við þróun byggðamála erlendis og lýsa þannig grundvelli byggðaáætlunar.

Siðmenntað samfélag, sem virðir gildi menningar, velferðar, samhjálpar, samkeppnishæfni og framfara í frjálsu atvinnulífi, hlýtur að framfylgja byggðastefnu. Byggðastefna er víða umdeild en hvorki er deilt um mikilvægi þess fyrir þjóðlíf að hafa byggðastefnu né mikilvægi þess, að samfélagsþróun leiði til framfara og jafnræðis borgaranna.

1. Byggðaáætlanir og framkvæmd.

1.1 Byggðaáætlanir.

Byggðaáætlun er eitt áhald stjórnvalda til að jafna skilyrði til atvinnu- og mannlífs í landinu og bæta samkeppnishæfni byggða. Störfum hefur fækkað í landbúnaði og fiskiðnaði á Íslandi líkt og í frumvinnslu og úrvinnsluiðnaði í öðrum markaðsvæddum þjóðfélögum og þeim hefur fjölgað í þekkingariðnaði og þjónustu sem þurfa annað umhverfi. Breyttir framleiðsluhættir leiða af sér breytta samfélagshætti, búsetu fólks og fyrirtækja. Markaðssvæði, verslunar-, þjónustu- og atvinnusvæði, og samkeppnishæfni þeirra verða mikilvægari en lítil sveitarfélög, vægi atvinnugreina breytist og arðsemiskrafan verður áhrifameiri.

Vöxtur borganna er eitt af einkennum markaðssamfélagsins og það má sjá um allan heim þó vart finnist svo hátt hlutfall þjóðar í einni borg eins og á Íslandi. Í öllum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku standa stjórnvöld fyrir byggðastefnu sem ekki er beint gegn meginstoðum markaðssamfélagsins og í Evrópubandalaginu fer mest til breytinga á svæðum þar sem markaðsaðstæður eru erfiðar og þá einkum í dreifbýli og jaðarbyggðum. Byggðastefna vísar að jafnaði til stefnumörkunar um stuðning hins opinbera við slík svæði, að stefnt sé að stuðningi til jöfnunar í samkeppni við önnur svæði innan ríkis eða ríkjabandalags vegna efnahags- eða félagslegs aðstöðumunar sem ekki er álitinn réttlætanlegur.

Byggðastefna byggist á þeirri forsendu að metið sé eðli og umfang þess vanda sem steðjar að dreifbýli og jaðarbyggðum og á þeim auðlindum sem skipta mestu máli fyrir langtímaþróun þeirra og mikil áhersla er á byggðarannsóknir í flestum löndum Evrópu og Ameríku.

Áherslur í byggðastefnu hafa verið að breytast á undanförnum árum. Bæði Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Evrópusambandið (ESB) hafa í stefnumörkun beint sjónum að aðgerðum sem auka líkur á því að byggðasvæði eigi auðveldara með að standa á eigin fótum í fjölþjóðlegu markaðsumhverfi. Dregið hefur úr aðgerðum sem beinast fyrst og fremst að einni atvinnugrein en sjónum verið beint að tilteknum svæðum og þeim möguleikum sem fólgnir eru í umhverfi þeirra og menningararfi. Í samræmi við það er fjármagn veitt til svæðisbundinna tilrauna- og þróunarverkefna. Árangur þeirra getur orðið grundvöllur að víðtækri stefnumörkun og orðið fordæmi fyrir önnur svæði. Í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú stendur yfir hjá Evrópusambandinu og á vettvangi alþjóðaviðskipta með matvæli er áherslan að færast frá niðurgreiðslukerfi yfir á stuðning við afmörkuð svæði og umbætur í umhverfismálum framleiðslunnar (grænar greiðslur).

Áherslur í byggðastefnu hafa verið færast yfir á að:
- virkja íbúa til fjárfestingar í nýjum tækifærum sem byggjast á hagnýtingu auðlinda sem fyrir eru,
- bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins til lengri tíma litið,
- efla nýsköpun og að auka fjölbreytni atvinnustarfsemi,
- auka verðmæti og gæði vöru og þjónustu,
- styðja aðferðir sem uppfylla strangar kröfur um verndun umhverfisins.

Ísland: ESA-svæði.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, skilgreinir svæði sem ríkið má veita fjárhagsstuðning til uppbyggingar. Starfssvæði Byggðastofnunar nær yfir allt Reykjanes en fjárstuðningur er takmarkaður.



Byggðarannsóknir og áætlanir eru líka umfangsmiklar vestanhafs, í Kanada og Bandaríkjunum, þar sem mikil áhersla er á þýðingu skipulags byggðar fyrir lífsgæði fólks. Uppbygging Kísildals í Kaliforníuríki er heimsþekkt og hefur víða orðið fyrirmynd, t.d. í Finnlandi, þangað sem sóttar hafa verið fyrirmyndir fyrir klasasamstarf og vaxtarsamninga á Íslandi.

Byggðaáætlanir á Íslandi voru miðaðar við afmörkuð svæði, t.d. Vestfirði og Inn-Djúp, eða við atvinnugreinar eins og Hraðfrystihúsaáætlunin 1976. Þær voru gerðar af Byggðastofnun. Vinna á vegum Byggðastofnunar færðist þó yfir á það á 10. áratug síðustu aldar að skilgreina svæði eftir ríkjandi aðstæðum í atvinnuháttum, tekjum og öðrum samfélagsþáttum í þeirri viðleitni að skapa grundvöll fyrir markvissar svæðisbundnar áætlanir og aðgerðir.

Öflun grunnupplýsinga og vinnsla þeirra hefur verið mikill hluti þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í byggðaáætlanir. Tölulegar og landrænar upplýsingar um byggðir landsins hafa

ekki verið mjög aðgengilegar og eru ekki enn. Mikilvæg forsenda allrar áætlanagerðar er gott aðgengi að vönduðum grundvallarupplýsingum og slíkt aðgengi er því enn mikilvægur þáttur við gerð byggðaáætlana.

Eitt af einkennum svæðisbundinna byggðaáætlana var eflaust áhersla á þróun atvinnuvega sem fyrir voru þó þeir væru ekki vaxandi og á uppbyggingu opinberrar þjónustu. Þær voru grundvöllur fjárveitinga af hálfu ríkisins til uppbyggingar atvinnuvega í byggðum landsins meira en áætlanir um uppbyggingu opinberrar þjónustu. Sú þjónusta hefur að miklu leyti byggst upp á höfuðborgarsvæðinu.

Byggðastofnun setti fram athyglisverða tillögu í framfylgd byggðaáætlunar 1999–2001 þar sem slegið var á nýja strengi. Tillagan snerist um að setja á laggirnar sérstök þróunarsetur á landsbyggðinni. Þau áttu að byggja á klasamyndun atvinnuþróunarfélaga, háskóla og rannsóknastofnana atvinnuveganna og verða vettvangur fyrir uppbyggingu rannsóknarstarfs og aðstoð við frumkvöðla með sérstaka áherslu á starfsemi tengda staðháttum. Markmið með þróunarsetrunum áttu að vera að

- veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja,
- auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það rannsóknar- og þróunarstarfi á höfuðborgarsvæðinu,
- veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar,
- efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni.

Þessi tillaga hefur orðið að veruleika að nokkru í breyttri mynd. Þekkingarstofnunum hefur fjölgað út um land á síðustu árum, öðrum vaxið fiskur um hrygg og starf atvinnuþróunarfélaga að rannsóknum hefur aukist mjög.

Byggðaáætlun 2002–2005 markaði áherslubreytingar og nýjar áherslur. Meiri áhersla var lögð á menntun og menningu, á að efla atvinnuþróun og nýsköpun og á frumkvæði og þátttöku heimamanna í því starfi. Þessar áherslur voru undir merkjum sjálfbærrar þróunar og bættrar samkeppnishæfni byggðanna og var fylgt eftir með aðgerðaáætlun sem er í framkvæmd. Í þeirri framkvæmd hafa vaxtarsamningar fyrir skilgreind svæði verið farvegur nánari starfsáætlana og framkvæmd þeirra hefur verið falin svæðisbundnum atvinnuþróunarfélögum. Vaxtarsamningur hefur verið gerður fyrir Eyjafjarðarsvæðið í kjölfar þess að gerð var byggðaáætlun fyrir svæðið. Svipuðum vinnubrögðum var beitt fyrir Vestfirði þar sem vaxtarsamningur var undirritaður vorið 2005. Unnið er að gerð vaxtarsamninga á Suðurlandi með áherslu á Vestmannaeyjar og á Austurlandi með áherslu á Höfn og undirbúningur er hafinn að gerð vaxtarsamninga á Vesturlandi og Norðurlandi vestra.

Með vaxtarsamningum skuldbinda opinberir aðilar og einkaaðilar sig til þess að vinna saman að uppbyggingu atvinnulífs á tilteknu svæði með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og stuðla að auknum hagvexti. Vaxtarsamningar færa ábyrgð á framkvæmdum á sviði byggðamála til hagsmunaaðila í héraði. Byggt er á styrkleikum hvers svæðis og unnið að því að þróa og styrkja vaxtargreinar og efla svæðisbundna þekkingu með uppbyggingu klasa og tengslaneta.

Undirbúningur að byggðaáætlun 2002–2005 var um margt ólíkur undirbúningi annarra byggðaáætlana, einkum að því leyti að skipaðir voru faghópar til vinnunnar með aðild fólks úr öllum landshlutum.

Líta má á svæðisskipulagsgerð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum sem eina gerð byggðaáætlana. Svæðisskipulag þarf að ná yfir tvö sveitarfélög hið minnsta en í flestum tilvikum taka fleiri sveitarfélög sig saman um slíkt skipulag og víða er miðað við gömlu sýslurnar. Sveitarfélög eru nú að sameinast í eitt í sumum sýslum og staðbundin markaðssvæði eru sums staðar orðin stærri en þær, t.d. þjónustusvæði sérhæfðrar þjónustu og verslunar-

svæði lágvöruverðsverslana. Því er það svæði sem svæðisskipulag nær yfir víða orðið minna en þyrfti til þess að fullnýta kosti slíkrar áætlunargerðar.

Svæðisskipulag og svæðisbundin byggðaáætlun hafa ekki verið gerð samhliða á Íslandi en það var þó nánast raunin í Eyjafirði þar sem byggðaáætlun var gerð í kjölfar svæðisskipulags og á eftir fylgdi síðan vinna við vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Í þessari áætlanagerð fólst mikil undirbúningsvinna fyrir vaxtarsamninginn.

Staða svæðisskipulags í október 2005.
(Heimild: Skipulagsstofnun.)



Flest sveitarfélög gera ráð fyrir fólksfjölgun í aðalskipulagsáætlunum og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gera ráð fyrir að fólksstraumurinn þangað haldi áfram eins og áður. Sveitarfélög gera ekki í aðalskipulagsáætlunum ráð fyrir samdrætti í þjónustu ríkisins. Ráðuneyti gera áætlanir og t.d. hefur heilbrigðisráðuneytið gengist fyrir samningum um samstarf heilbrigðisstofnana í landshlutum, samgönguráðuneyti gerir samgönguáætlun fyrir landið allt, ferðamálaáætlun og fjarskiptaáætlun og áætlanir á sviði mennta og menningar eru gerðar af menntamálaráðuneytinu.

Ástæða er til að samhæfa þessar áætlanir, mynda samstöðu um framtíðarsýn fyrir stærri landshluta en sveitarfélög og þá með hliðsjón af áætlunum ríkisstofnana, breyta samkeppnisáherslum sveitarfélaga á sama markaðssvæði og færa til víglínur. Ástæða er líka til að samræma áherslur í áætlunum ríkisstofnana, byggðaáætlun og áætlunum sveitarfélaga og landssvæða. Samfelldur þróunarferill byggðaáætlunar fyrir landið allt er þess vegna áherslumál,

að stungin séu út samstarfsverkefni og rannsóknarsvið sem aftur hafi áhrif á byggðaáætlunina og komi fram við endurskoðun hennar. Mikilvægt er að slíkri samhæfðri áætlanagerð sé fundinn lýðræðislegur farvegur þar sem íbúarnir eru virkir þátttakendur.

Í þessu samfellda þróunarferli byggðaáætlunar er sambandið við svipaða starfsemi í öðrum löndum mikilvægt, einkum á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, ekki síst vegna þess að byggðaáætlanir og starfsreglur tengdar henni lúta tilskipunum sambandsins og eru teknar inn í íslenska löggjöf. Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum áætlana í samræmi við tilskipun ESB er í undirbúningi. Þannig er útlit fyrir að framvegis verði að meta áhrif byggðaáætlana og margra annarra áætlana ríkis og sveitarfélaga á umhverfi, náttúrufar, samfélag og efnahag, með tilliti til sjálfbærrar þróunar samkvæmt reglum ESB.

Byggðastofnun hefur tekið upp samstarf við Skipulagsstofnun um verkefni á sviði landshlutaáætlana sem byggist á skipulagsviðhorfum og aðferðum sem tíðkast í Evrópusambandinu, „Spatial Planning and Development". Verkefnið verður unnið á árunum 2005–2007 og þess er vænst að mynd fáist af því hvernig þessi aðferð hentar hér á landi og hvernig megi innleiða hana. Samkvæmt þessari aðferð eru aðstæður metnar með tilliti til sjálfbærrar þróunar, áætlanir samhæfðar og mótvægisaðgerðir skilgreindar á þeim þremur sviðum sem liggja til grundvallar sjálfbærri þróun: náttúrufari, samfélagi og efnahag.

Landshlutaáætlun felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og stefnumótun fyrir stórt svæði, þar sem stefnt er að sjálfbærri þróun og samkeppnishæfni. Hún byggist á faglegum og lýðræðislegum grundvelli og getur því orðið leiðarvísir fyrir framkvæmdaáætlanir um tiltekin mál og tiltekin svæði.

Byggðaþróunarstarf á vegum atvinnuþróunarfélaga hefur vaxið á síðustu árum. Starf þeirra á sviði ráðgjafar, fræðslu, nýsköpunar, markaðssetningar, rannsókna og stjórnunarsamstarfsverkefna hefur allt aukist. Þau hafa sýnt fram á gildi sitt og þess að þetta starf fari fram í byggðum landsins. Átta atvinnuþróunarfélög byggja starf sitt á samningum við Byggðastofnun um byggða- og atvinnuþróun og um sérstök verkefni. Þessir samningar grundvallast á árlegum fjárveitingum Alþingis. Félögin átta eru grundvölluð á svæðisbundnum samtökum sveitarfélaga og starfa sjálfstætt. Starfshættir þeirra eru mismunandi en samstarf þeirra við Byggðastofnun og Impru – nýsköpunarmiðstöð er mikið. Þannig gangast þau fyrir námskeiðum um þessar mundir um klasa og klasasamstarf sem byggjast á samningi Impru og Byggðastofnunar. Auk þeirra átta félaga sem gert hafa starfssamning við Byggðastofnun eru starfandi nokkur staðbundin félög, t.d. í Vestmannaeyjum og á Akranesi. Byggðastofnun hefur einnig gert samstarfssamninga við aðrar stofnanir um samstarf þar sem einnig er kveðið á um samstarf þessara stofnana við atvinnuþróunarfélög. Þar á meðal eru Útflutningsráð, Bændasamtök Íslands, viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskólinn á Akureyri, Rannsóknamiðstöð Íslands, Listaháskóli Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Þjóðminjasafn Íslands, Hólaskóli, Háskóli Íslands og Iðntæknistofnun.

Rannsóknir eru forsenda byggðaáætlana og mikilvægi þeirra fyrir byggðaþróunarstarf er vaxandi. Byggðastofnun hefur haft umsjón með hluta af styrkjakerfum sem tengjast Evrópusambandinu og norrænu samstarfi í byggðamálum. Því hefur stofnunin verið í samstarfi við sprotafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þar sem þau hafa skilyrði til viðgangs og þá með þeim væntingum að starfið muni skila sér út fyrir höfuðborgarsvæðið, hafa áhrif á fyrirtæki um allt land og að stofnunin geti átt þátt í því, m.a. með byggðaáætlunum og samstarfi við aðrar stofnanir.

1.2 Styrkir til sérstaks átaks 2003.

Þann 14. mars 2003 ákvað ríkisstjórnin að verja 700 millj. kr. til atvinnuátaks á landsbyggðinni. Byggðastofnun var falið að ráðstafa 500 millj. kr. af þessu fé, 350 millj. kr. til fjárfestinga í álitlegum sprotafyrirtækjum og 150 millj. kr. til að styrkja verkefni sem til þess væru fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar í byggðum landsins.

Skilyrði fyrir kaupum á hlutafé í fyrirtækjum voru helst:

- Ríkt nýsköpunargildi og fjölgun starfa.
- Hæfir stjórnendur og raunhæfar áætlanir.
- Fjárhagslegur styrkur til að ljúka verkefninu.
- Heilbrigður rekstur og efnahagur.
- Skýr og afmörkuð framkvæmdaáætlun með upplýsingum um fjárþörf og fjárfestingu.

98 umsóknir bárust frá fyrirtækjum, alls að fjárhæð 1.750 millj. kr. en 23 voru samþykktar. Hlutafé sem keypt var skiptist svo á milli greina:

Sjávarútvegur og tengdar greinar	90.000.000
Iðnaður, landbúnaður, líftækni, upplýsingatækni og tengdar greinar	232.600.000
Ferðaþjónusta og tengdar greinar	25.000.000

Hlutafé var keypt í eftirtöldum fyrirtækjum eins og tilgreint er:

ORF líftækni hf.	Möðruvöllum	30.000.000 kr.
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	Reykjahlíð	25.000.000 kr.
Íslenskur kúfiskur ehf.	Þórshöfn	25.000.000 kr.
Primex ehf.	Siglufirði	25.000.000 kr.
Skaginn hf.	Akranesi	25.000.000 kr.
Feyging ehf.	Þorlákshöfn	22.000.000 kr.
Globodent á Íslandi ehf.	Akureyri	20.000.000 kr.
MT-bílar ehf.	Ólafsfirði	20.000.000 kr.
Reykofninn ehf.	Stykkishólmi	20.000.000 kr.
Doc hf.	Húsavík	15.000.000 kr.
HEX-tækni ehf.	Akureyri	15.000.000 kr.
HotMobileMail ehf.	Bolungarvík	15.000.000 kr.
Bonus Ortho System Ísland hf.	Ólafsfirði	10.000.000 kr.
Fjölnet hf.	Sauðárkróki	10.000.000 kr.
Norðurós ehf.	Blönduósi	10.000.000 kr.
Saxa smiðjufélag ehf.	Stöðvarfirði	10.000.000 kr.
Sindraberg ehf.	Ísafirði	10.000.000 kr.
Þvottatækni ehf.	Seyðisfirði	10.000.000 kr.
Kjörorka ehf.	Hvolsvelli	8.000.000 kr.
Trico ehf.	Akranesi	8.000.000 kr.
Rennex ehf.	Ísafirði	6.000.000 kr.
Íslenska polyolfélagið	Vestmannaeyjum	5.000.000 kr.
Yrkjar ehf.	Eyja- og Miklaholtshreppi	3.600.000 kr.

Úr hinum hlutanum, sem Byggðastofnun var falið að nota til að styrkja verkefni sem til þess væru fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar í byggðum landsins, voru 150 millj. kr. til ráðstöfunar. Fyrstu styrkveitingar voru samþykktar síðla árs 2003 og vinna við val verkefna stóð fram á árið 2005. Samþykktir voru styrkir til 45 verkefna eða til um

helmings þeirra verkefna sem sótt var um styrki til. Styrkfjárhæðir fóru aldrei yfir 50% af kostnaði við verkefnin og í flestum tilvikum var styrkhlutfallið mun lægra.

Verkefnin eru fjölbreytt og niðurstöður þeirra geta leitt til breyttra áherslna og aðgerðatillagna í byggðaáætlun. Til dæmis má nefna að mikil áhersla hefur verið lögð á ferðaþjónustu sem byggðamál, þótt arðsemi greinarinnar hafi verið umdeild, en bent hefur verið á þýðingu hennar fyrir aðrar greinar og samfélagið. Áhrifin hafa þó ekki verið metin en staðbundin áhrif ferðaþjónustu eru einmitt eitt þeirra verkefna sem Byggðastofnun veitti fjárstuðning úr fyrrnefndum sjóði. Niðurstaðan kann að skipta miklu, mestu fyrir jaðarsvæðin þar sem samkeppnishæfnin er minnst, fábreytni er í atvinnulífi og langt að sækja þjónustu og atvinnu utan heimilis. Þar geta góð sóknarfæri verið í ferðaþjónustu og mikilvægt að skilja hagræn og staðbundin áhrif hennar.

Hér að neðan má sjá hvernig styrkir flokkast en flokkar geta þó skarast, t.d. getur verkefni flokkast bæði sem ferðaþjónusta og menning og verkefni sem flokkast til nýsköpunar- og þróunarverkefna geta fjallað um ýmsar atvinnugreinar.

Flokkur	Fjöldi verkefna	Styrkhlutfall %
Menning	5	15
Menntun	11	23
Rannsóknir	6	14
Nýsköpun og þróun	16	35
Ferðaþjónusta	7	13
Alls	45	100

Flestar umsóknir bárust frá Norðurlandi vestra og eystra en úthlutun styrkja dreifðist nokkuð jafnt yfir landshluta, utan Reykjaness. Nokkrar umsóknir bárust frá Reykjavík. Í mörgum verkefnum stóðu nokkrir aðilar úr fleiri en einum landshluta saman að umsóknum og því er skipting eftir landshlutum ekki hrein. Að auki ná mörg verkefnanna til landsins alls eða nokkurra svæða á landinu og stundum verður hægt að nota þau til fyrirmyndar.

Yfirlit yfir verkefni sem styrkt voru.

- Efling frumkvöðlafræðslu, Frumkvöðlafræðslan SES, Höfn í Hornafirði. Undirbúningur að stofnun sjálfseignarstofnunar um frumkvöðlafræðslu á Íslandi. Markmiðið er að efla og styrkja frumkvöðlafræðslu með hliðsjón af grunn- og framhaldsskólum og fullorðinsfræðslu. Styrkfjárhæð 2.600.000 kr.
- Þróun og framfarir með þróun „vörumerkis bæja", Brandr, Akureyrarbær. Þetta er NPP-verkefni með þátttöku Íslands, Noregs og Svíþjóðar og markmið þess er að styrkja ímynd sveitarfélaga sem þátt taka með markaðssetningu og kynningu. Styrkfjárhæð 2.700.000 kr.
- Rannsókn á nýsköpunarkerfum á jaðarsvæðum, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. NPP-verkefni sem snýst um upplýsingaöflun og greiningu á grunngerð nýsköpunarumhverfis í ákveðnum atvinnugreinum á völdum landsbyggðarsvæðum. Íslenska rannsóknin beindist að nýsköpunarumhverfi landbúnaðar og ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra. Styrkfjárhæð 1.500.000 kr.
- Rannsókn á högum og viðhorfum innflytjenda, Fjölmenningarsetur á Ísafirði. Með verkefninu á að finna leiðir til að fá innflytjendur til að taka virkari þátt í samfélaginu, bæta þjónustu við þá og auðvelda sveitarfélögum að móta stefnu í málefnum útlendinga. Styrkfjárhæð 1.100.000 kr.
- Ungir frumkvöðlar, Young Entrepreneurship Factory, Atvinnuráðgjöf Vesturlands. NPP-verkefni sem byggist á að örva nýsköpun og frumkvöðlastarf meðal ungs fólks á landsbyggðinni. Haldin verða námskeið og staðið fyrir samkeppni. Styrkfjárhæð 3.200.000 kr.

- Einkahagur, gerð námsefnis fyrir grunnskóla og námskeiðahald, Junior Achievement á Íslandi. Verkefnið felst í námskeiðahaldi fyrir grunnskólanemendur með það að markmiði að auka skilning þeirra á markaðs- og efnahagsmálum. Styrkfjárhæð 2.450.000 kr.
- Greining á möguleikum á klasamyndun á norðanverðum Vestfjörðum, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Greina möguleika á og stuðla að klasamyndun á Vestfjörðum. Með því verði atvinnulíf á svæðinu styrkt og nýsköpun aukin. Styrkfjárhæð 4.675.000 kr.
- Viðskiptanámskeið á Suðurlandi, Suðausturlandi og Austurlandi, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Þróunarstofa Austurlands. Halda á námskeið fyrir þá sem stunda atvinnurekstur eða ætla að stofna fyrirtæki til þess að styrkja atvinnulíf á svæðinu. Styrkfjárhæð 2.955.000 kr.
- Miðlun viðskipta- og upplýsingatæknilausna í dreifbýli, Rural Business Information Exchange System (RUBIES), Upplýsingatækni í dreifbýli. NPP-verkefni þar sem greina á þarfir í dreifbýli fyrir upplýsingakerfi og hugbúnað og láta smíða kerfi sem hentar. Gera á gagnaflutning í dreifbýli hraðvirkari og ódýrari. Styrkfjárhæð 2.700.000 kr.
- Máttur kvenna, Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Rekstrarnám fyrir konur í atvinnurekstri í Norðvesturkjördæmi. Með náminu á að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki og efla þannig atvinnulíf á landsbyggðinni. Styrkfjárhæð 2.500.000 kr.
- Sögueyjan Ísland, Arthur Björgvin Bollason og Björn Emilsson. Gera á fjóra sjónvarpsþætti um sögustaði Íslendingasagna og styrkja með því menningartengda ferðaþjónustu auk þess sem þættirnir eiga að nýtast sem kennsluefni. Styrkfjárhæð 2.000.000 kr.
- Nature Based Tourism, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. NPP-verkefni með það að markmiði að efla þekkingu í afþreyingarfyrirtækjum, auka vöruframboð, styrkja umhverfisvitund og auka þekkingu í markaðsmálum. Styrkfjárhæð 3.000.000 kr.
- Iðnmenntun í netagerð, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Atvinnuráðgjöf SSS. Markmiðið með verkefninu er að viðhalda og efla sérþekkingu á sviði veiðarfæragerðar og að flytja út þessa þekkingu. Stofna á sjálfseignarstofnun um kennslu í veiðarfæragerð fyrir Íslendinga og útlendinga. Styrkfjárhæð 3.500.000 kr.
- Ferðaþjónustuverkefnið USEVENUE, Héraðsnefnd Snæfellsness og Ísafjarðarbær. NPP-verkefni með það að markmiði að efla ferðaþjónustu með áherslu á viðburði. Þróa á viðburði og hátíðir til að auka efnahagslegan ávinning utan hefðbundinna ferðamannastaða. Styrkfjárhæð 2.610.000 kr.
- Lífræn ræktun, Vottunarstofan Tún ehf. Markmið verkefnisins er að efla lífræna framleiðslu með því að gerð verði tilraun á nokkrum svæðum sem geti orðið til fyrirmyndar víðar. Styrkfjárhæð 1.200.000 kr.
- Rannsókn á stöðu kvenna í fiskeldi á Íslandi, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Markmið verkefnisins er að meta stöðu kvenna í greininni, benda á leiðir til að fjölga konum sem starfa við fiskeldi og veita stjórnvöldum og fyrirtækjum leiðsögn um hvernig auka megi hlut kvenna í þessari atvinnugrein. Styrkfjárhæð 1.000.00 kr.
- Undirbúningur að uppbyggingu minjagarðs í Reykholti, Snorrastofa. Undirbúa á minjagarð í Reykholti, gera þróunaráætlun um framtíð Snorrastofu og nýrra mannvirkja, sem m.a. felur í sér að gera fornminjar sýnilegar og miðla þekkingu til ferðamanna og fræðimanna. Styrkfjárhæð 4.000.000 kr.
- Rannsóknir á samfélagsáhrifum og þróun byggðar og atvinnulífs á Austurlandi, Byggðastofnun, Byggðarannsóknastofnun og fleiri. Rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi í samvinnu við heimamenn. Styrkfjárhæð 10.000.000 kr.
- Bjólfskviða, P. Stephens og Friðrik Þ. Friðriksson. Stofna á félag með það að markmiði að byggja upp þjónustuiðnað sem tengist kvikmyndagerð. Gert verður samkomulag við þá aðila sem vinna að kvikmyndun Bjólfskviðu sem tekin verður að mestu í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að kortleggja megi þá þjónustu sem slíkt verkefni krefst. Styrkfjárhæð 10.000.000 kr.

- Vocal training & Advisory Partnership (VoTAP), Félag ferðamálafulltrúa. Þetta er Evrópuverkefni á sviði starfsþjálfunar og endurmenntunar fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og felst í miðlun þekkingar á milli fagfólks og til starfsfólks í ferðaþjónustu. Styrkfjárhæð 1.600.000 kr.
- Þróun fyrirtækjaklasa í Borgarfirði, SSV – Þróun og ráðgjöf. Byggja á upp fyrirtækjaklasa í Borgarfirði og nágrenni með því að nýta þekkingu háskóla- og menningarsetra á svæðinu með samstarf fyrirtækja í huga. Styrkfjárhæð 2.247.800 kr.
- Námskeiðahald í Dalabyggð, SSV – Þróun og ráðgjöf. Verkefnið felst í nokkrum námskeiðum í Dalabyggð á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og markmiðið er að styrkja byggð og atvinnulíf. Styrkfjárhæð 684.000 kr.
- Þróun fyrirtækjaneta á Austurlandi, Þróunarstofa Austurlands. Markmið verkefnisins er þróun fyrirtækjaneta sem hafa kjarna á landsbyggðinni en tengjast fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og erlendis. Styrkfjárhæð 2.450.000 kr.
- Strandmenning, Northern Costal Experience (NORCE), Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra. NPP-verkefni sem á að efla ferðaþjónustu í strandhéruðum við N-Atlantshaf og í Helsingjabotni með áherslu á varðveislu og kynningu náttúru- og menningarverðmæta við sjávarsíðuna. Íslensku strandsvæðin eru Breiðafjörður, Húnaflói og ströndin frá Húsavík að Langanestá. Styrkfjárhæð 6.000.000 kr.
- Snjór og menning, Snow Magic, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. NPP-verkefni um ferðaþjónustu að vetrinum. Greina á styrkleika vetrarferðaþjónustu í Mývatnssveit og auka samstarf við önnur svæði. Virkja á heimamenn og stuðla að sjálfbærri þróun. Styrkfjárhæð 3.000.000 kr.
- Yfirlitsrannsókn og skráning á íslenskum baðlaugum, Háskólasetrið í Hveragerði. Gera á gagnagrunn um allar náttúrulegar baðlaugar á landinu. Þessar upplýsingar munu nýtast ferðaþjónustunni og stuðla að lengingu ferðamannatímans. Styrkfjárhæð 4.250.000 kr.
- Ungmennabúðir að Laugum í Sælingsdal, Dalabyggð. Koma á upp og reka ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal með áherslu á ræktun lýðs og lands. Búðirnar eru fyrir ungmenni úr 9. bekkjum grunnskóla. Styrkfjárhæð 5.000.000 kr.
- Uppbygging og framkvæmd fjarnáms í opinberri stjórnsýslu, Háskóli Íslands, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála. Boðið hefur verið upp á fjarnám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands frá árinu 2003 en með þessu verkefni var námsframboð aukið. Hægt er að ljúka diploma-prófi og einnig er boðið upp á tveggja ára meistaranám. Styrkfjárhæð 1.000.000 kr.
- Klasar á Íslandi, Impra – nýsköpunarmiðstöð. Markmið verkefnisins er að greina möguleika ólíkra svæða til klasamyndunar, kynna klasasamstarf og koma af stað undirbúningsverkefnum. Til verði a.m.k. fimm klasar með 20 eða fleiri fyrirtækjum innan fjögurra ára. Styrkfjárhæð 8.505.000 kr.
- Þjóðgarðar og sjálfbær þróun svæða, NEST, Háskólasetrið Nýheimar á Höfn í Hornafirði. NPP-verkefni sem felst í því að nýta þau tækifæri sem felast í búsetu í og nálægt þjóðgörðum og verndarsvæðum. Vinna á að sjálfbærri þróun í dreifbýli með aukningu á framboði afþreyingar fyrir ferðamenn í þjóðgörðum. Styrkfjárhæð 2.600.000 kr.
- Hagvöxtur á heimaslóðum, Útflutningsráð. Markmið verkefnisins er að aðstoða íslensk ferðaþjónustufyrirtæki við að nýta markaðstækifæri erlendis. Þetta er þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og byggist á vinnufundum, ráðgjöf og vöruþróun. Styrkfjárhæð 3.000.000 kr.
- Northern Wood Heat, Héraðsskógar. Þriggja ára NPP-verkefni um notkun eldiviðar við húshitun á köldum svæðum. Styrkfjárhæð 2.000.000 kr.
- Frumkvöðlasetur ungs fólks í Húnaþingi vestra, Hagfélagið. Markmið verkefnisins er að stuðla að nýsköpun. Vinna á úr reynslu Frumkvöðlasetursins og gera viðhorfskannanir á svæðinu. Styrkfjárhæð 1.300.000 kr.
- Uppbygging náms fyrir samfélagstúlka á Íslandi, Fjölmenningarsetur. Markmiðið með verkefninu er að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi með því að bjóða upp á menntun samfélagstúlka. Gera á námsefni og mennta kennara til að sinna þessari kennslu. Styrkfjárhæð 2.300.000 kr.

- Jarðhitaauðlindir – tækifæri til atvinnusköpunar og byggðaeflingar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Markmið verkefnisins er að kortleggja jarðhitaauðlindir á Norðausturlandi og greina tækifæri sem felast í nýtingu jarðhita, m.a. fyrir heilsutengda ferðaþjónustu. Styrkfjárhæð 1.000.000 kr.
- Á slóð Vatnsdælasögu, SSNV-atvinnuráðgjöf. Með verkefninu á að gera Vatnsdælasögu skil í sínu eiginlega umhverfi með því að gera minjastaði aðgengilega. Með þessu á að efla ferðaþjónustu og atvinnulíf á svæðinu. Styrkfjárhæð 2.500.000 kr.
- Íþrótta- og viðburðastjórnunarnám, Nýsköpunarstofa Vestmannaeyja. Boðið verður upp á nám á framhalds- og háskólastigi, auk fornáms. Í náminu er lögð áhersla á nýtingu tækifæra sem til staðar eru og tengjast íþróttamannvirkjum og viðburðum af ýmsu tagi. Styrkfjárhæð 3.000.000 kr.
- Heilsuefling í Stykkishólmi, SSV – Þróun og ráðgjöf. Breyta á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi í bakmeðferðarmiðstöð, byggja hvíldar- og hressingarhótel og smáhýsabyggð í tengslum við heitar laugar. Styrkfjárhæð 4.000.000 kr.
- Hagræn áhrif ferðaþjónustu, Ferðamálasetur Íslands. Meta á bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Akureyri og mun aðferðafræðin nýtast víðar. Styrkfjárhæð 1.717.000 kr.
- Upplýsingatækni í dreifbýli, Broadband in Rural and Remote Areas (BIRRA), Byggðastofnun. NPP-verkefni með það að markmiði að skilgreina stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni. Styrkfjárhæð 2.170.000 kr.
- Integrate to Innovate, Þróunarfélag Austurlands. NPP-verkefni með það að markmiði að kortleggja og tengja saman innlend og alþjóðleg tengslanet samkvæmt Triple Helix hugmyndafræði, þ.e. tengsl háskóla, atvinnulífs og hins opinbera. Styrkfjárhæð 1.000.000 kr.
- Máttur kvenna, Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Námskeið fyrir konur í atvinnurekstri í Norðaustur-, Suður- og Suðvesturkjördæmi, sjá umfjöllun hér að framan. Styrkfjárhæð 2.500.000 kr.
- Þorskeldi í sjókvíum við Ísafjarðardjúp, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Kaupa á og setja upp sjókvíar við Ísafjarðardjúp vegna rannsókna á þorski, með áherslu á að þær nýtist vestfirskum nemendum við HÍ, nemendum við HA og Hólaskóla. Styrkfjárhæð 5.000.000 kr.
- Spatial planning in Northern Peripheral Regions, Byggðastofnun. NPP-verkefni sem miðar að því að fá innsýn í evrópska skipulagsaðferð. Styrkfjárhæð 4.000.000 kr. til kaupa á vinnu utan stofnunarinnar.
- Textílsetur á Blönduósi. Styrkfjárhæð 2.000.000 kr.

1.3 Fjárhagsstuðningur.

Aðgerðir ríkisvaldins í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi byggðar í landinu eiga sér langa sögu. Má rekja þær aftur til ársins 1951 en frá því ári var árlega varið nokkru fé úr ríkissjóði til atvinnuskapandi verkefna í formi lána og styrkja.

Á sjöunda áratug síðustu aldar voru starfandi Atvinnubótasjóður og síðar Atvinnujöfnunarsjóður sem hóf starfsemi sína árið 1966. Efnahagsstofnun hóf á sama tíma gerð atvinnumálaáætlunar fyrir Norðurland sem í upphafi fékk trausta stofnfjármögnun, auk þess sem Atvinnujöfnunarsjóði voru tryggðar skatttekjur af álverinu í Straumsvík þegar það tók til starfa 1970. Byggðasjóður var stofnaður í tengslum við lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og hóf störf í ársbyrjun 1972. Sjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum Atvinnujöfnunarsjóðs og fékk til starfsemi sinnar sérstakt ríkisframlag og hluta skatttekna af Álverinu í Straumsvík. Sérstök byggðadeild tók til starfa við Framkvæmdastofnun árið 1976. Byggðastofnun tók til starfa 1. október 1985 og tók við eignum og skuldbindingum Byggðasjóðs og verkefnum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Með víðtækri uppstokkun á sjóðakerfi ríkisins var Byggðastofnun sett á fót með lögum nr. 64/1985, sem síðar var breytt með lögum nr. 106/1999 er nú gilda um stofnunina. Hlutverk Byggðastofnunar er skilgreint í 2. gr. laganna:

„Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum."

Hlutverki sínu sinnir Byggðastofnun með tvennum hætti. Annars vegar með rannsóknar- og ráðgjafarstarfsemi á sviði byggða- og atvinnumála og hins vegar með fjármögnun atvinnuverkefna og lánveitingum.

Byggðastofnun hefur veitt fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Byggðastofnun hefur veitt langtímalán til fjárfestinga, hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja á landsbyggðinni. Fyrirtækjum á landsbyggðinni hafa ekki alltaf boðist jafn hagstæðir og fjölbreyttir möguleikar á fjármögnun og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega hefur þetta átt við minni fyrirtæki og á minni stöðum. Því hefur lánastarfsemi Byggðastofnunar verið valkostur í fjármögnun sem stuðlar að hagstæðari lánskjörum og lánsframboði fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar. Byggðastofnun hefur einnig veitt styrki til nýsköpunar í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þar má t.d. nefna vöruþróun og markaðssetningu, könnun á nýjum atvinnukostum, afþreyingu í ferðaþjónustu og útflutningsverkefni.

Að auki er starf eignarhaldsfélaga, sem rekja má aftur til ályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum 1999–2001 en á þeim árum veitti Alþingi Byggðastofnun 900.000.000 kr. til hlutafjárkaupa í eignarhaldsfélögum. Markmiðið með félögunum er hlutafjárkaup í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í iðnaði og þjónustu sem eru að hefja rekstur á landsbyggðinni og hlutafjárkaup í starfandi fyrirtækjum með góða vaxtarmöguleika. Eignarhaldsfélög leggja fram áhættufé í formi hlutafjár og eru viðskiptasjónarmið lögð til grundvallar með talsverðri ávöxtunarkröfu. Eignarhaldsfélög af þessu tagi eru starfandi í öllum landshlutum og á Byggðastofnun stóra hluti í þeim öllum, mest þó 40%.

Byggðastofnun hefur nú starfað eftir lögum nr. 106/1999 frá 1. janúar 2000 og er ástæða til að taka til skoðunar hvort þörf sé á endurskoðun þeirra.

Á undanförnum missirum hafa orðið miklar breytingar á aðstæðum stoðkerfis atvinnulífs á landsbyggðinni. Fleiri starfa nú á þeim vettvangi en áður og í einhverjum tilvikum skarast verkefni og viðfangsefni. Einkum á þetta við um styrkveitingar. Með tilkomu stuðningsaðila eins og Impru – nýsköpunarmiðstöðvar, Tækniþróunarsjóðs og fleiri aðila, hafa möguleikar á styrkveitingum til rannsókna og frumkvöðlastarfs í atvinnulífinu aukist verulega. Á undanförnum árum hefur opinberum lánasjóðum fækkað og má nú segja að aðeins séu eftir Byggðastofnun og Lánasjóður landbúnaðarins, sem sinnir afmörkuðu hlutverki við fjármögnun uppbyggingar í landbúnaði. Sjóðurinn fær hluta af svokölluðu búnaðargjaldi og er það nýtt til að greiða niður vexti á hluta af lánum sjóðsins. Reglur hans kveða á um að lán skuli vera á fyrsta veðrétti. Á haustdögum 2005 er unnið að sölu á útlánasafni sjóðsins og verður hann í framhaldinu lagður niður.

Með vaxandi samkeppni á fjármagnsmarkaði undanfarna mánuði er nú svo komið að langtímavextir viðskiptabanka og sparisjóða hafa lækkað mjög, fyrirtækjum og einstaklingum á landsbyggðinni til hagsbóta. Þetta hefur leitt til þess að Byggðastofnun hefur undanfarna mánuði tapað miklum fjölda viðskiptavina sinna með þeim afleiðingum að tekjur stofnunarinnar dragast verulega saman. Enn verður þó að telja að full þörf sé á lánastarfsemi af því tagi sem rekin er innan stofnunarinnar, einkum til að tryggja aðgengi að fjármagni á viðunandi kjörum á starfssvæði hennar. Á það ber þó að líta að samkeppni við viðskiptabankana um lánakjör er ekki hlutverk opinberra lánastofnana. Mikilvægt er að samþætta krafta allra þeirra opinberu sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum með höfuðáherslu á landsbyggðina og allra styrktarforma, lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, veitingu stofnstyrkja, ábyrgða, eða annars konar verkefnafjármögnun. Með nýjum áherslum yrði verkaskiptingin mun skýrari í stoðkerfi atvinnulífsins.

Yfirlit yfir þá sjóði sem greiða fyrir fjármálum fyrirtækja í byggðum landsins er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, www.byggdastofnun.is.

2. Ástand og horfur.

2.1 Mannfjöldi og störf.

Fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum landshlutum hafa haldið áfram síðustu ár eins og alla síðustu öld. Tímabilið frá 1.12 1995 til 1.12. 2004 fjölgaði landsmönnum úr 267.809 í 293.291 eða um 25.482 sem samsvarar 9,5%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúum á þessu tímabili um 16,0%, á Reykjanesi um 9,4%, á Vesturlandi um 1,9%, á Suðurlandi um 5,0% og á Norðurlandi eystra um 0,8%. Á tímabilinu fækkaði íbúum á Vestfjörðum um 14,6%, á Norðurlandi vestra um 12,0% og á Austurlandi um 2,7%.

Breytingar á búsetu og flutningar fólks úr dreifbýli í þéttbýli eru ekki sérislenskt fyrirbæri, heldur hluti af þróun sem á sér stað um allan heim. Fólk kýs sér í vaxandi mæli búsetu í stærra þéttbýli og metur það svo að þar sé að finna fjölbreyttari möguleika á ýmsum sviðum. Aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum verða að taka mið af þessum staðreyndum, sem og þeir mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur byggðaaðgerða. Þeir mælikvarðar sem hér er litið til eru mannfjöldabreytingar og fólksflutningar, breyting á fjölda starfa, tekjum og atvinnuleysi.

Ef hugað er að þróun byggðamála á gildistíma byggðaáætlunar 2002–2005 er hægt að fullyrða að víða hefur mikið áunnist þó þróunin hafi orðið mismunandi eftir svæðum. Við slíku er að búast. Eðlilegt er einnig að horfa til þróunar á stærri landssvæðum fremur en einstökum sveitarfélögum.

Þegar tölur um íbúaþróun á landinu á tímabilinu 1996–2000 og svo aftur 2000–2004 eru skoðaðar kemur í ljós að á fyrra tímabilinu fækkaði íbúum landsbyggðar um rúmlega 2000 en fjölgaði um tæplega 1500 á síðara tímabilinu. 1996–2000 fækkaði í öllum gömlu kjördæmunum utan höfuðborgarsvæðisins nema á Reykjanesi og Suðurlandi. Á tímabilinu 2000–2004 hefur þróunin breyst á þann veg að nú er einungis fækkun í tveim gömlu kjördæmanna, þ.e. Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Á það er líka vert að benda að í þeim kjördæmum þar sem fækkar hefur hægt á fækkuninni. Innan gömlu kjördæmanna hefur íbúaþróunin verið afar mismunandi.

Sé horft til þjónustusvæða þá styrkjast þau svæði sem næst eru Reykjavík, bæði á Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig styrkist Akureyri og nálæg sveitarfélög og alger viðsnúningur hefur orðið á Miðausturlandi. Þar er nú mikil fjölgun en áður hafði verið mikil fólksfækkun um langt árabil.



Fólksflutningar 1995-1999
eftir landshlutum



Fólksflutningar 1995-1999
eftir sveitarfélögum



Fólksflutningar 2000-2004 eftir landshlutum

Fólksflutningar 2000-2004 eftir sveitarfélögum

Íbúafjöldi eftir landshlutum.
1. desember 1995 og 1. desember 1999.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

	Alls árið 1995	Alls árið 1999	Breyting	Breyting í %
Höfuðborgarsvæðið	158.597	171.514	12.917	8,1
Reykjanes	15.634	16.050	416	2,7
Vesturland	14.154	14.056	–98	–0,7
Vestfirðir	9.018	8.308	–710	–7,9
Norðurland vestra	10.208	9.449	–759	–7,4
Norðurland eystra	26.664	26.355	–309	–1,2
Austurland	12.780	12.127	–653	–5,1
Suðurland	20.754	20.843	89	0,4

Íbúafjöldi eftir landshlutum.
1. desember 2000 og 1. desember 2004.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

	Alls árið 2000	Alls árið 2004	Breyting	Breyting í %
Höfuðborgarsvæðið	175.000	183.990	8.990	5,1
Reykjanes	16.491	17.092	601	3,6
Vesturland	14.263	14.418	155	1,1
Vestfirðir	8.150	7.698	–452	–5,5
Norðurland vestra	9.432	8.984	–448	–4,7
Norðurland eystra	26.466	26.881	415	1,6
Austurland	11.924	12.435	511	4,3
Suðurland	21.119	21.793	674	3,2

Sé skoðað hvernig atvinnuleysi hefur þróast á undanförnum árum þá var atvinnuleysi meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu árið 2001. Árin síðan og það sem af er árinu 2005 hefur atvinnuleysi verið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Rétt er þó að hafa í huga að atvinnuleysi er mjög lítið um þessar mundir.

Hvað meðalatvinnutekjur varðar þá hefur þróunin verið sú á milli áranna 2001 og 2004 að á höfuðborgarsvæðinu hafa meðaltekjurnar hækkað um rúm 16% en utan höfuðborgarsvæðisins um rúm 12%. Árið 2001 voru meðallaun utan höfuðborgarsvæðisins rúmlega 13% lægri en meðallaun á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2004 er þetta hlutfall komið í 16%. Athyglisvert er að Austurland er eina svæðið þar sem meðalatvinnutekjur hækkuðu meira en á höfuðborgarsvæðinu, um 19% á milli áranna 2001 og 2004.

Myndin verður önnur ef horft er til minni svæða en þetta er hin stóra mynd.

Íbúaþróunin hefur verið hagstæðari fyrir landsbyggðina en áður. Atvinnuleysið er minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hafa atvinnutekjur verið og eru lægri á landsbyggðinni og dregur raunar heldur í sundur.

Tekjur eftir svæðum 1999–2004.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

Alls	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Landið allt	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	105,1	106,2	105,6	105,3	106,0	106,8
Suðurnes	101,8	100,2	99,4	98,9	97,6	92,2
Vesturland	93,3	92,1	92,9	92,2	90,7	91,2
Vestfirðir	93,8	89,6	88,5	89,7	87,2	86,3
Norðurland vestra	86,6	83,9	84,0	85,6	84,7	83,1
Norðurland eystra	92,2	89,8	91,6	92,8	91,0	90,5
Austurland	91,1	89,7	91,5	93,8	92,5	94,3
Suðurland	87,8	86,3	87,6	87,4	87,1	84,1
Utan höfuðborgarsvæðis	92,4	90,4	91,3	91,8	90,6	89,1

Meðallaun karla hafa breyst á svipaðan veg og launaþróun allra. Á höfuðborgarsvæðinu hafa meðallaunin hækkað úr 104,4% í 106,3%, en utan þess lækkað úr 94,0% í 90,7%. Á öðrum svæðum lækkuðu meðallaun nema á Austurlandi þar sem þau hækkuðu um 3,5 prósentustig. Langmesta lækkunin er á Suðurnesjum (10,5 prósentustig) og á Vestfjörðum (8,3 prósentustig).

Tekjur karla eftir svæðum 1999–2004.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

Karlar	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Landið allt	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	104,4	105,6	104,8	104,2	105,3	106,3
Suðurnes	104,8	103,3	102,4	101,6	100,2	94,3
Vesturland	94,8	93,8	94,7	94,0	92,1	93,0
Vestfirðir	96,1	91,5	90,3	91,8	88,7	87,8
Norðurland vestra	85,8	82,8	82,6	85,0	84,2	82,7
Norðurland eystra	95,5	92,8	94,7	96,2	93,6	93,3
Austurland	92,0	91,1	93,7	97,1	95,0	95,5
Suðurland	87,4	85,8	87,8	88,2	87,7	84,8
Utan höfuðborgarsvæðis	94,0	92,0	93,1	93,9	92,2	90,7

Meðallaun kvenna hafa hækkað hlutfallslega á höfuðborgarsvæðinu og voru 109,3% af meðallaunum kvenna árið 2004. Meðallaun kvenna utan höfuðborgarsvæðisins hafa lækkað úr 86,3% árið 1999 í 84,0% árið 2004. Meðallaun allra landsvæða hafa lækkað nema á Austurlandi þar sem þau voru 85,4% í byrjun tímabilsins en 85,5% í lok þess en höfðu þá reyndar hækkað verulega frá árinu 2003. Lækkun meðallauna er mest á sömu svæðum og hjá körlum þó að lækkunin sé hlutfallslega mun minni. Þannig lækka meðallaunin um 5,7 prósentustig á Suðurnesjum og 4,9 prósentustig á Vestfjörðum.

Tekjur kvenna eftir svæðum 1999–2004.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

Konur	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Landið allt	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Höfuðborgarsvæði	108,5	109,1	108,7	108,7	108,7	109,3
Suðurnes	92,2	91,5	90,8	90,9	90,3	86,5
Vesturland	86,8	85,4	85,9	85,3	85,2	84,6
Vestfirðir	87,2	85,1	83,2	83,9	82,4	82,3
Norðurland vestra	84,5	82,9	83,6	84,2	83,6	82,4
Norðurland eystra	83,9	82,5	84,5	85,0	84,9	84,3
Austurland	85,4	83,5	83,4	83,4	83,7	85,5
Suðurland	85,3	83,6	83,9	83,4	84,0	81,7
Utan höfuðborgarsvæðis	86,3	84,8	85,2	85,3	85,1	84,0

Á tímabilinu 1998–2003 fjölgaði störfum í þjónustu enn mest á höfuðborgarsvæðinu. Konum fjölgaði mjög í þjónustustörfum og meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Á þessu tímabili fjölgaði þjónustustörfum í öllum gömlu kjördæmunum en störfum í landbúnaði, fiskveiðum, fiskvinnslu og iðnaði fækkaði. Störfum fjölgaði á landinu um 7%, um 14% í þjónustugreinum en fækkaði í frumvinnslugreinum um 13,2%, mest um 41,9% í fiskveiðum á Vestfjörðum og um 12% í landbúnaði á Austurlandi, Norðurlandi vestra og eystra.

Fjöldi starfa á höfuðborgarsvæðinu og utan þess 1998–2003.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)



Þjónustustörfum fjölgaði hlutfallslega mest, um 17%, á Suðurlandi. Á Suðurlandi, Reykjanesi og Vesturlandi fjölgaði þjónustustörfum umfram fækkun í öðrum atvinnugreinum en í öðrum landshlutum dróst heildarfjöldi starfa saman. Í fiskvinnslu fækkaði störfum á þessu tímabili um 32,6% á Suðurlandi, 28,1% á Norðurlandi eystra, 23,6% á Norðurlandi vestra og um tæplega 18% á Vestfjörðum og Reykjanesi.

Skipting starfa á höfuðborgarsvæðinu 1998–2003.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)



Bættar samgöngur kunna að nokkru leyti að skýra þá breytingu að fólksfjölgun hefur orðið í nágrenni við höfuðborgarsvæðið og að atvinnu- og þjónustusvæði hafa stækkað. Hvalfjarðargöngin voru tekin í notkun 1998 en þau hafa haft mikil áhrif á Vesturlandi, einkum á því sunnanverðu, bæði á atvinnulíf og aðra búsetuþætti. Atvinnusvæðið stækkaði, fyrirtækjum og íbúum fjölgaði, aðgengi að þjónustu og afþreyingu batnaði og vöruverð lækkaði.

Skipting starfa utan höfuðborgarsvæðisins 1998–2003.
(Heimild: Hagstofan Íslands.)



Um 15% starfsmanna álvers í Hvalfirði búa á höfuðborgarsvæðinu, 65% á Akranesi og 20% í Borgarnesi og í nágrenni verksmiðjunnar. Með stækkun álvers horfir til frekari íbúafjölgunar á þessu svæði sem og á Austurlandi með álversframkvæmdum þar. Á höfuðborgarsvæðinu hafa framkvæmdir verið miklar á sviði orkuvinnslu og veitna, samgangna og íbúðabygginga og horfur eru til að svo verði áfram. Sveitarfélög á svæðinu gera áfram ráð fyrir mikilli fólksfjölgun.

Síðasta áratug voru karlar fleiri en konur í öllum landshlutum öðrum en höfuðborgarsvæðinu þar sem konur voru fleiri og í öllum landshlutum öðrum en höfuðborgarsvæðinu var fjöldi í aldurshópnum frá 25 til 35 ára undir landsmeðaltali. 87% kvenna á vinnumarkaði störfuðu í þjónustugreinum og 58% karla. Svipaða sögu má segja um nágrannalöndin, þar búa fleiri konur í borgum en karlar, færri konur en karlar búa í dreifbýli og konur starfa að stórum hluta í þjónustugreinum.

Þó störfum í fiskvinnslu hafi fækkað, en þau hafa að stórum hluta verið kvennastörf á landsbyggðinni, hefur aðfluttu fólki fjölgað í þessum störfum. Niðurstöður rannsókna benda til þess að fjölskyldur séu líklegri til að flytja brott ef konurnar eru óánægðar í starfi. Hátt hlutfall kvenna af íbúum höfuðborgarsvæðisins og stór hlutur þeirra í þjónustustörfum, sem jafnframt eru flest og fjölbreyttust á höfuðborgarsvæðinu, bendir í sömu átt. Rannsóknir benda einnig til þess að aðrir búsetuþættir en atvinna ráði miklu um það hvar fólk vill búa. Fjölbreytni á flestum sviðum og aðgengi að hinum ýmsu kostum sem í boði eru í samfélaginu er mikilvægur búsetuþáttur. Fjölmenn atvinnu- og þjónustusvæði, sem gefa kost á slíkri fjölbreytni, eru því eftirsótt til búsetu. Höfuðborgarsvæðið hefur mest að bjóða að þessu leyti og sömuleiðis Akureyri ásamt næsta umhverfi. Nokkrir aðrir þéttbýlisstaðir hafa haldið íbúatölunni í horfinu og í sumum hefur íbúum fjölgað, einkum í nágrenni höfuðborgarinnar. Nágrennið við hana og batnandi samgöngur virðast skýra íbúafjölgun á suðvestanverðu landinu

að talsverðu leyti og er vísbending um að áherslur kunni að vera að breytast varðandi búsetuval.

Reykjavík hefur orðið öflugasti vaxtarkjarni Íslands, markaður sem stækkaði og grundvallaði frekari vöxt, ekki síst fyrir atbeina og uppbyggingarstarf á vegum ríkisins. Áhrif Reykjavíkur á nálægar byggðir hafa leitt af sér öflugt atvinnusvæði og knúið uppbyggingu í byggðum og bæjum suður um Reykjanes, austur yfir Hellisheiði og norður fyrir Hvalfjörð. Þetta svæði er að heita má eitt atvinnusvæði. Innan þessa svæðis eru öflug bæjarfélög sem eiga sitt eigið áhrifasvæði eins og Akranes og Selfoss. Mörk hins virka atvinnusvæðis höfuðborgarinnar virðast liggja í 30 til 60 mínútna akstursfjarlægð frá miðborginni. Með tvöföldun Reykjanesbrautar, Sundabraut og bættum vegi yfir Hellisheiði mun atvinnusvæði höfuðborgarinnar styrkjast enn og íbúum fjölga.

Nokkur sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hafa á síðustu árum vakið athygli á kostum sínum til búsetu meðfram því að vinna sé sótt til höfuðborgarinnar, þau bjóði umhverfi sem betur henti barnafjölskyldum en borgarumhverfið, nábýli við lifandi náttúru og góða staðbundna þjónustu. Jarðir í nágrenni höfuðborgarinnar virðast líka eftirsóttar. Í nágrenni nokkurra þéttbýlisstaða má greina svipaða þróun, fólk kaupir jörð og sest þar að, nýtur kosta þess að búa í sveitinni en stundar vinnu í þéttbýlinu. Þróun upplýsingatækni og fjarskipta styður breytingar af þessu tagi. Sveitarfélög á Suðurlandi undirbúa um þessar mundir markvissar aðgerðir til að nýta sér þessa þróun til að fá fólk til að setjast þar að. Sú þróun að íbúar stórra borga flytji úr borgunum til smærri þéttbýlisstaða í nágrenni þeirra hefur verið stöðug í nágrannalöndunum á undanförnum árum. Breytingin á búsetumunstri hér á landi gæti bent til svipaðrar þróunar.

Áhrif Reykjavíkur á aðrar byggðir landsins eru líka augljós, ekki aðeins þau að hún dregur þaðan íbúa heldur hefur byggst upp í borginni sérhæfð og samkeppnishæf starfsemi á ýmsum sviðum, verslun, þjónusta og menntun sem landsmenn geta sótt án þess að fara yfir haf. Hún hefur skilað aftur menntuðu fólki til þeirra byggða landsins sem hafa getað tekið við því, hún hefur skilað þangað framförum, tækninýjungum og markaðsaðgangi. Reykjavík er þannig bæði landskjarni og landshlutakjarni.

Með fjölgun þjónustustarfa, samgöngubótum og stækkun atvinnu- og þjónustusvæða hefur ríkið stuðlað að bættum búsetuskilyrðum í landinu. Þjónusta og starf sveitarfélaga að bættum búsetuskilyrðum hefur líka skilað árangri. Ferðatími milli byggða á landinu hefur þó verið langur, vetrarfærð lengt hann enn, atvinnu- og markaðssvæði stækkað lítið og íbúafækkun þá gert stækkun að engu. Byggðakjarnar utan við áhrifasvæði Reykjavíkur hafa fáir náð því að verða öflugir, vöxtur þeirra stærri verið hægur og fleiri átt við íbúafækkun að stríða.

Með því að efla nokkra kjarna sem hafa styrk í þeim landshlutum sem hafa búið við íbúafækkun, stækka áhrifasvæði þeirra með samgöngubótum og styrkja þessi svæði til að skapa sóknarfæri og samkeppnisstöðu virðist mega leggja grundvöll að sjálfbærum vexti. Áhrif þessara kjarna á landshlutana gætu orðið svipuð áhrifum Reykjavíkur á grannsvæði sín þó að þau verði ekki eins sterk.

Vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið er skref í þessa átt og brýnt að stækka enn áhrifasvæði Akureyrar til Norðurlands alls með skilvirkum samgöngubótum.

Með uppbyggingu á Austurlandi, virkjunum, álveri og samgöngubótum, eru að skapast forsendur fyrir öflugt atvinnu- og markaðssvæði á Miðausturlandi. Mikilvægt er að stækka atvinnusvæði enn til þess að nýta þau sóknarfæri sem skapast með álverinu í Reyðarfirði og bæta samkeppnisstöðu. Frekari samgöngubætur á svæðinu þurfa forgang til að gagnast á réttum tíma.

Vaxtarsamningur fyrir Vestfirði er, á sama hátt og í Eyjafirði, skref í þá átt að efla samstarf þéttbýlisstaða á Vestfjörðum, skjóta stoðum undir virkt markaðssvæði þar og aðsetur fleiri ríkisstofnana á svæðinu.

2.2 Samgöngur og fjarskipti.

Miðstöð áætlunarflugs hefur verið í Reykjavík en stöðum með áætlunarflug hefur fækkað, vöruflutningar með skipum milli hafna innan lands hafa nánast lagst af og þessi þróun hefur leitt af sér meiri umferð um þjóðvegina og mun meira álag á þá en áður, jafnvel meira en þeir eru byggðir fyrir. Góðar og greiðar samgöngur eru hvarvetna mikið áherslumál í byggðaþróun og stöðugt er unnið að endurbótum á þjóðvegum og þjónustu við bílaumferð, svo sem snjómokstri. Vegalengd í kílómetrum skiptir ekki ein máli, ferðatíminn og ferðaöryggið eru einnig mikilvægar mælistikur og ráða miklu um aðgengi og stækkun atvinnu- og þjónustusvæða og þar með um samkeppnishæfni byggða. Veggöng undir fjöll og firði hafa ekki síst áhrif að þessu leyti eins og sést af áhrifum þeirra vegganga sem tekin hafa verið í notkun á síðustu árum. Þannig hafa veggöngin milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Skutulsfjarðar skipt miklu fyrir þéttbýlisstaði vestra og Hvalfjarðargöngin hafa haft áhrif á stóran hluta landsins þótt þau séu mest á Vesturlandi. Á Austurlandi er verið að grafa tvenn veggöng og frekari stækkun atvinnusvæðis þar er mikilvæg til þess að styrkingaráhrif álverksmiðju í Reyðarfirði verði sem mest fyrir byggðir eystra.

Íslendingar hafa sett sér það markmið að vera í fremstu röð þjóða í nýtingu upplýsingatækninnar. Aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni skiptir sífellt meira máli fyrir fólk, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Hann verður sífellt mikilvægari þáttur í almennum lífsskilyrðum fólks, svo sem aðstöðu þess til að afla sér upplýsinga, hafa áhrif á samfélag sitt, menntast og eiga samskipti við aðra. Slíkur aðgangur hefur einnig áhrif á möguleika á stofnun og starfsemi fyrirtækja og ekki síst fyrir opinberar stofnanir á borð við skóla, rannsóknasetur, bókasöfn og stjórnsýslustofnanir.

Nýting fjarskipta- og upplýsingatækni felur í sér einstaka möguleika til að jafna aðstöðumun milli borgaranna, sem m.a. getur skapast af fjarlægð milli staða og strjálbýlis, t.d. til að afla sér háskólamenntunar án þess að þurfa að flytjast búferlum og til fjarlækninga, því í mörgum tilvikum gefur hin nýja tækni færi á því að bjóða sérhæfðari og fullkomnari heilbrigðisþjónustu um land allt en nú býðst. Með lagningu ljósleiðara og áherslum á upplýsingatækni hefur ríkið bætt aðgengi til náms og samkeppnishæfni stofnana og fyrirtækja um allt land. Nú eru fyrirliggjandi drög að nýrri fjarskiptaáætlun fyrir tímabilið 2005–2010. Þar er lagt til að upp verði tekin viðmið svokallaðrar samþjónustu sem er metnaðarfullt viðmið til viðbótar við þau lágmörk sem gilda í Evrópusambandinu.

2.3 Menning og menntun.

Á síðustu árum hefur athygli beinst mjög að menningu og hlut hennar í byggðaþróun, einkum í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu, fyrir sjálfsmynd byggðasamfélaga og áhrif á búsetu. Í nýlegri könnun á sænskum áætlunum um vöxt byggða þar í landi kom í ljós að í öllum byggðum með íbúafjölgun var athygli beint að þeirri þýðingu sem menning hefur fyrir byggðaþróun. Aukin starfsemi á sviði fornleifarannsókna og minjaverndar hefur vakið áhuga og vitund um verðmæti og gildi menningararfleifðar.

Í nokkrum byggðarlögum hefur útlendingum fjölgað verulega og áhrif þeirra á staðbundna menningu og atvinnulíf geta orðið gjöful. Áhersla hefur verið á að auðvelda þessu fólki aðgengi að þjónustu samfélagsins og stuðla að farsælli aðlögun þess.

Listviðburðir og listaverk hafa orðið útflutningsvara, bæði leikhúsverk og tónlist, og útlenskir ferðamenn koma langan veg til að njóta íslenskra listviðburða og annarra menningarviðburða, svo sem hestamannamóta. Ný hugtök eins og „viðburðatúrismi" hafa komið fram og áhugi hefur aukist á sóknarfærum til atvinnusköpunar á menningarsviðinu.

Rannsóknir gefa til kynna að gildi hafi breyst, fyrirmyndir unga fólksins séu aðrar en voru, að flutningur til náms rýri líkur á því að unga fólkið setjist að í heimahögum og að hlutur kvennastarfa hafi mikil áhrif á búsetuval fjölskyldna.

Atvinnugreinum sem byggja á sérþekkingu hefur vaxið ásmegin, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og útflutningur á framleiðslu þeirra og þekkingu er vaxandi. Áhrifa þessarar þróunar gætir þó vítt um landið. Fólk með verk-, tækni-, raungreina- og viðskiptamenntun er mikilvægt fyrir þróun hátæknigreina, nýsköpun og atvinnuþróun og því er þróun menntastofnana mikilvæg. Skilningur á þessu hefur aukist og leitt til breytinga á sviði menntunar á öllum stigum og aðgengi að menntun hefur batnað stórlega, bæði með fjarnámi, háskólum og háskóla- og þekkingarsetrum víða um land og þar hefur rannsókna- og fræðastörfum fjölgað. Mikill fjöldi fólks stundar nú fjarnám á háskólastigi.

Aðgerðir ríkisins síðustu ár til þess að efla menntun og menningarstarf í byggðum landsins hafa verið fjölþættar. Skólar og þekkingarsetur á framhalds- og háskólastigi hafa verið styrkt, sem og safnastofnanir og rannsóknar- og fræðastarf, og samstarf hefur verið við sveitarfélög um gerð og starf menningarhúsa. Þá hafa verið settar á laggirnar stofnanir til styrktar nýsköpun og frumkvöðlastarfi og til hvatningar konum í atvinnulífi og með samgöngubótum hafa þjónustusvæði stofnana verið stækkuð, sem og starfssvæði félaga um listsköpun og afþreyingu.

Ríkið hefur beitt sér fyrir mikilli uppbyggingu í Háskólanum á Akureyri, háskólar hafa verið stofnaðir á Bifröst, Hvanneyri og á Hólum, háskólasetur og rannsóknastofnanir á fleiri stöðum og áhersla á fjarnám á framhalds- og háskólastigi hefur skilað sér í menntunarstöðvum víða um land. Með sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík verður til fjölbreytt menntastofnun í nánu samstarfi við fræðslu- og rannsóknastofnanir iðnaðarins, þar sem lögð verður aukin áhersla á meiri og fjölbreyttari verk- og tæknimenntun auk þess sem kennaramenntun þar verður í samræmi við þarfir atvinnulífsins m.a. með aukinni áherslu á vinnustaðakennslu.

2.4 Opinber starfsemi.

Sveitarfélögum hefur fækkað um helming á síðustu tíu árum, til þeirra hafa flust stór verkefni frá ríkinu og er grunnskólinn þeirra stærst. Engu að síður er hlutur sveitarfélaga í útgjöldum hins opinbera miklu minni en annars staðar á Norðurlöndum.

Fjárhagur sveitarfélaga hefur farið versnandi á undanförnum árum. Ástæður þess eru meðal annars að íbúar vænta sífellt meiri þjónustu sem sveitarfélögin hafa leitast við að veita, eftirlitshlutverk sveitarfélaga er vaxandi og krafa um faglega stjórnsýslu m.a. vegna tilskipana frá Evrópusambandinu. Aðstæður sveitarfélaga eru mjög misjafnar bæði hvað landsstærð og þéttleika byggðar varðar. Í lagasetningu er ekki tekið nægilegt tillit til sveitarfélaga sem ná yfir stór landsvæði og hafa tiltölulega fáa íbúa. T.d. má nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og skipulagslög.

Ríkið hefur auk flutnings verkefna til sveitarfélaganna dregið sig út úr margvíslegri starfsemi og einkavætt hana, selt banka, Símann, sjóði og atvinnufyrirtæki og hlutafélagavætt sum ríkisfyrirtæki, svo sem Póstinn og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Miklar breytingar hafa orðið á þjónustu banka, pósts og fjarskiptafyrirtækja, útibúum hefur fækkað eða starfsemin verið flutt og þjónusta er nú veitt á netinu meira en áður.

Aðgerðir ríkisins skipta miklu fyrir byggðaþróun. Fjölgun opinberra starfa hefur orðið langmest á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið markað ákveðið hlutverk og það eflt verulega. Áður hefur uppbyggingar Háskólans á Akureyri verið getið og jákvæðra áhrifa hennar.

Unnið hefur verið að eflingu sveitarstjórnarstigsins og undirbúnar tillögur um sameiningu sveitarfélaga ásamt tillögum um verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga og að lausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Starfsemi ríkis og sveitarfélaga á sviði grunnþjónustu og grunngerðar er áhrifamikill búsetuþáttur. Þessari starfsemi fylgja líka störf fyrir fólk sem sótt hefur sér framhaldsmenntun sem í sjálfu sér er eftirsóknarvert fyrir byggðaþróunina. Það sama gildir um nýja og eflda þjónustu á vegum sveitarfélaga, henni hafa fylgt störf sem henta báðum kynjum. Samstarf sveitarfélaga er að sama skapi mikilvægt. Í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er árlega ráðstafað til sveitarfélaganna u.þ.b. 10 milljörðum kr. vegna margvíslegra jöfnunargreiðslna og Lánasjóður sveitarfélaga hefur gegnt miklu hlutverki og fjármagnað uppbyggingu þýðingarmikilla mannvirkja í sveitarfélögum um allt land síðustu 30–40 árin.

Áætlanagerð ríkisstofnana, sveitarfélaga og samtaka þeirra er líka áhrifaþáttur fyrir byggðaþróun, að sköpuð sé sameiginleg framtíðarsýn og markmið sett. Hins vegar þarf að samræma þessar áætlanir, laga þær að breyttum aðstæðum, svo sem í samgöngum og breyttum markaðssvæðum og í ljósi þeirra breytinga á skipulagslögum sem standa fyrir dyrum og byggjast á tilskipunum Evrópusambandsins.

Íslendingum hefur að jafnaði gengið vel að nýta sér þau tækifæri sem þeim hafa boðist með þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum. Íslendingar eru þátttakendur í norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP). Meginmarkmið hennar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður. Þátttaka Íslands hefur skilað sér í nýjungum í atvinnulífi og þjóðlífi, aukinni þekkingu og kunnáttu einstaklinga sem nýtist samfélaginu nú og í framtíðinni. Með aukinni alþjóðavæðingu er sífellt mikilvægara að vinna að alþjóðlegum verkefnum til að auka samkeppnishæfni byggða og atvinnulífs.

2.5 Atvinnuvegir.

Þrátt fyrir efnahagslegan stöðugleika í landinu undanfarin ár hefur rekstrarumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni verið þeim erfitt að mörgu leyti. Störfum hefur haldið áfram að fækka í frumvinnslugreinum og fiskvinnslu en fjölgað í þjónustu, einkum á höfuðborgarsvæðinu en líka á stærri þéttbýlisstöðum. Fyrir þessu eru bæði efnahagslegar og náttúrufarslegar ástæður. Gengisþróun íslensku krónunnar undanfarin missiri hefur komið illa við höfuðatvinnuvegi á landsbyggðinni, útflutningsgreinar sem skipuleggja starfsemi sína langt fram í tímann, t.d. fiskvinnslu og ferðaþjónustu. Náttúrufarslegar ástæður hafa líka áhrif sem t.d. má sjá um þessar mundir á dræmri rækjuveiði og að skelveiðar á Breiðafirði hafa lagst af tímabundið vegna mikils náttúrulegs dauða í skelstofninum. Nokkur fyrirtæki í iðnaði hafa flutt hluta af starfsemi sinni úr landi þangað sem vinnuafl er ódýrara, svo sem fyrirtæki í hátækniiðnaði og textíliðnaði af ýmsu tagi.

Íslenskt atvinnulíf hefur gengið í gegnum mikið breytingaskeið með hlutafélagavæðingu, samruna fyrirtækja, endursköpun og útrás á erlenda markaði og fjárfestingum erlendis. Af hálfu opinberra aðila hefur markvisst verið unnið að því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Alþjóðavæðing atvinnulífsins hefur kallað eftir samræmdum starfsskilyrðum fyrirtækja ekki síst vegna reglna sem settar hafa verið vegna EES-samningsins en með honum varð Ísland hluti af innri markaði ESB. Skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir og aðgengi að fjármagni til framkvæmda er greiðara en nokkru sinni. Unnið hefur verið að því

að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptanetinu, bæði með uppbyggingu grunnnetsins og jöfnun kostnaðar. Hröð þróun hefur verið á sviði upplýsingatæknimála undanfarin ár, m.a. fyrir opinberan stuðning við þróunarverkefni á þessu sviði og vaxandi skilning á mikilvægi þess fyrir atvinnulíf og byggð.

Hagfræðingar spá því að fram undan sé á Íslandi langt hagvaxtarskeið sem felur í sér sóknarfæri fyrir atvinnuvegina en líta þarf til þess að þau gefist um allt land og að staðbundar auðlindir verði nýttar til uppbyggingar.

Hátæknigreinar eins og upplýsingatækni og framleiðsla lyfja, lækningatækja og sérhæfðs vélbúnaðar hafa vaxið hratt allra síðustu ár og er hlutur þeirra nú um 4% af landsframleiðslunni. Iðnaður aflar nú tæplega fjórðungs gjaldeyristekna þjóðarbúsins og hefur sú hlutdeild tvöfaldast frá gildistöku EES-samningsins eða úr 12% 1994 í 24% árið 2004. Helmingur af þessari aukningu kemur frá útflutningi hátæknigreina en hann var aðeins um 7% fyrir rúmum áratug. Í framtíðarsýn hátækniiðnaðarins er gert er ráð fyrir að gjaldeyristekjur af starfsemi íslenskra hátæknifyrirtækja muni verða ríflega fjórfalt hærri árið 2010 en þær voru árið 1998, eða um 75 milljarðar kr.

Í löndum þar sem hátækni hefur fleygt mest fram býr atvinnulíf við hagstæð rekstrar- og samkeppnisskilyrði, öflugan stuðning við nýsköpun á sviði hátækni og gott aðgengi vænlegra sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og eldri fyrirtækja að þolinmóðu áhættufjármagni. Þá eru hagstæð skilyrði fyrir almenna framtaksfjárfesta þýðingarmikil.

Frumkvöðlafræðsla hefur verið stórefld undanfarin ár og fræjum hefur verið sáð sem vænta má að skili þjóðarbúinu uppskeru í formi nýrra atvinnutækifæra á komandi árum. Með tilkomu opinberra stuðningsstofnana og -sjóða hafa möguleikar á styrkveitingum til rannsókna og frumkvöðlastarfs í atvinnulífinu aukist og með því að efla stoðkerfi atvinnulífsins hefur verið leitast við að leiðbeina og styðja slíkt starf. Þar hefur starf atvinnuþróunarfélaganna sem starfa í öllum landshlutum reynst mikilvægt.

Með vaxandi samkeppni á fjármagnsmarkaði hafa langtímavextir viðskiptabanka og sparisjóða lækkað mjög verulega, fyrirtækjum og einstaklingum á landsbyggðinni til hagsbóta. Þetta hefur hins vegar leitt til þess að opinberir lánasjóðir hafa tapað miklum fjölda viðskiptavina með þeim afleiðingum að tekjur þeirra dragast verulega saman. Enn verður þó að telja að full þörf sé á opinberri lánastarfsemi fyrir fyrirtæki í byggðum landsins, einkum til að tryggja aðgengi þeirra að fjármagni á viðunandi kjörum og þá ekki í samkeppni við viðskiptabankana um lánakjör. Mikilvægt er að samþætta krafta þeirra opinberu sjóða og stofnana sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum með áherslu á landsbyggðina. Samþættingin þarf að ná til allra styrktarforma, lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, veitingu stofnstyrkja, ábyrgða og annars konar verkefnafjármögnunar auk aðgengis að sérfræðiþekkingu. Með nýjum áherslum yrði stoðkerfi atvinnulífsins skilvirkara og líklegra til að ná settum markmiðum.

Með stuðningsaðgerðum og stofnanastarfi hefur ríkið leitast við að auðvelda aðgengi kvenna að vinnumarkaði, að jafna skilyrði kynjanna í atvinnulífi og að nýta kraft og viðhorf kvenna til uppbyggingar.

Með byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og samningum um byggingu álvers í Reyðarfirði hefur verið stigið eitt stærsta spor sem stigið hefur verið á síðari árum til að bæta lífskjör og afkomumöguleika fólks og fyrirtækja á Austfjörðum, þaðan sem fólksflutningar hafa verið einna mestir á undanförnum árum. Þessi framkvæmd hefur nú þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástand og tekju- og íbúaþróun á Austurlandi þó svo að hún sé nýlega hafin.

Ríkar orkulindir og mikil þekking á virkjun og hagnýtingu þeirra skapar Íslandi mikla sérstöðu og sóknarfæri til framtíðar. Orkulindirnar hafa fyrst og fremst verið nýttar til húshitunar og stóriðju og nokkrir góðir stóriðjukostir eru enn taldir vera fyrir hendi. Ný þekking og tækni þarf að leiða til þess að orkulindir verði hagnýttar á mun fjölbreyttari hátt í framtíðinni.

Ferðaþjónusta hefur verið ört vaxandi atvinnugrein um allt land. Stjórnvöld hafa stutt uppbygginguna á ýmsan hátt og horfur eru á að stuðningur í framtíðinni muni beinast að því að ná hámarksafrakstri í greininni og jafna álagið á land og þjóð frekar en að hámarka fjölda ferðamanna. Mikilvægt er að bæta nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu, beina markaðssetningu að héruðum sem síður hafa notið athygli ferðamanna og lengja ferðatímabilið. Ferðamálaáætlun fyrir árin 2006–2015 skapar forsendur fyrir markvissar aðgerðir á sviði ferðaþjónustu og dregur úr líkum á röngum fjárfestingum. Á sama hátt skapar samgönguáætlun 2003–2014 forsendur fyrir markvissar samgöngubætur með tilliti til byggðaþróunar og eftirsóknarverða stækkun markaðssvæða.

Horfur eru til að störfum muni áfram fækka innan hinna hefðbundnu atvinnugreina, landbúnaðar, fiskveiða og fiskvinnslu, því orsakir þessarar þróunar síðustu áratuga eru að miklu leyti alþjóðavæðing, samkeppni og tækniþróun. Þessi þróun hefur leitt af sér vaxandi kröfu um samkeppnishæfni byggða og fyrirtækja, og eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar sem byggist á sérkennum lands og þjóðar og er líkleg til árangurs. Þessi þróun felur þó líka í sér sóknarfæri í landbúnaði eða í tengslum við hann, t.d. á sviði ferðaþjónustu, fiskeldis, garðyrkju, lífrænnar framleiðslu, hrossaræktar, líftækni og raforkuframleiðslu auk vöruþróunar í hefðbundinni framleiðslu.

Innan sjávarútvegs mun nýsköpun að talsverðu leyti byggjast á bættri nýtingu afla sem m.a. mun grundvallast á nýjum fræðasviðum á borð við líftækni. Miklir möguleikar eru fyrir eldi sjávardýra og markvisst er unnið að rannsóknum og þróun framleiðsluaðferða á því sviði í samstarfi rannsóknastofnana og fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig virðast vera góð sóknarfæri á sviði menningar og skapandi greina, í starfi mennta- og rannsóknastofnana, opinberri þjónustu og orkufrekum iðnaði.

Víða erlendis hafa fyrirtækjaklasar eflst, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Aukið mikilvægi klasa er hluti af alþjóðavæðingu og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á síðustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum, svo sem innan EES-svæðisins. Klasar veita fyrirtækjum tækifæri til að vinna saman að verkefnum eða ákveðinni framtíðarsýn án þess að koma þurfi til samruna fyrirtækja, yfirtöku eða aukins fjárhagslegs styrks. Formið hentar þannig fyrirtækjum og stofnunum sem teljast of lítil til að ráða við stór og yfirgripsmikil verkefni og eykur sameiginlegan slagkraft þeirra. Markmiðið er sameiginleg framtíðarsýn fyrirtækja um að ná árangri á fjarlægum mörkuðum. Klasasamstarfið á jafnt við um fyrirtæki í samkeppni og fyrirtæki sem eru birgjar annarra fyrirtækja og hefur í för með sér bættar forsendur fyrir útrás fyrirtækja.

Sóknarfæri íslensks atvinnulífs eru nátengd áframhaldandi virkri þátttöku okkar í Evrópusamvinnunni og alþjóðavæðingunni. Alþjóðavæðing íslensks athafnalífs á jafnt við um aukin umsvif erlendra fyrirtækja á Íslandi og aukin umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis og mikilvægt er að tryggja hlut íslenskra byggða í þeirri þróun.

2.6 Landshlutar.

Framtíðarhorfur fyrir byggðaþróun eru misjafnar eftir landshlutum og raunar eru skilyrði misjöfn innan landshlutanna. Alls staðar eru þó möguleikar fyrir hendi en samgöngur og samkeppnishæfni ráða miklu, svo og þekking til nýsköpunar og stjórn- og stoðkerfi sem er

fært um að styðja nýsköpun og bæta búsetuskilyrði. Nú stendur yfir mikið hagvaxtarskeið sem spáð er að muni standa næstu missiri. Veltur á miklu að það nýtist sem víðast um landið.

Suðvesturland utan höfuðborgarsvæðisins.

Sérstaða þessa svæðis byggist á nálægð við höfuðborgarsvæðið. Suðvesturland, allt frá Árnessýslu til Borgarfjarðar, er smám saman að verða eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Greiðar samgöngur eru um svæðið og íbúar hafa góðan aðgang að allri þeirri þjónustu og þekkingarstarfsemi sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu. Með áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Grundartanga, hafnasamstarfi á svæðinu og eflingu háskóla, Viðskiptaháskólans að Bifröst og Landbúnaðarháskólans að Hvanneyri, og samstarfi þeirra við atvinnulífið munu byggðarlög á suðurhluta Vesturlands halda áfram að eflast. Ákveðið hefur verið að ráðast í gerð vaxtarsamnings fyrir Vesturland.

Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í Árnessýslu og atvinnulíf eflst. Skilyrði virðast vera til þess að þessi þróun haldi áfram, góðir landkostir, þétt byggð og nálægð við höfuðborgarsvæðið. Selfoss er þjónustumiðstöð Suðurlands og uppbygging þar í þjónustugreinum hefur verið mikil. Þéttbýlisstaðirnir austan fjalls hafa stefnt að því að fá fólk til að flytjast þangað, ekki síst frá Reykjavík, og samstarf þeirra um rafrænt samfélag virðist geta leitt til meiri árangurs og bætt hinar hagstæðu aðstæður fyrirtækja. Suðurstrandarvegur mun bæta samband við alþjóðaflugvöll.

Sama má segja um Suðurnes og nágrannasvæði höfuðborgarinnar í norðri og austri. Sérstaða Suðurnesja felst í staðsetningu alþjóðaflugvallarins og aðgengilegum háhitasvæðum. Uppbygging á sviði ferðaþjónustu hefur grundvallast á þessum aðstæðum og þær má nýta frekar. Hafnarskilyrði og nágrenni við fiskimið hafa skotið stoðum undir mikla útgerð og fiskvinnslu. Ástæða fyrir íbúafjölgun á Suðurnesjum síðustu ár er þó frekar nágrennið við höfuðborgarsvæðið og flugvöllinn.

Breiðafjarðarbyggðir.

Íbúum hefur fækkað á Snæfellsnesi síðasta áratug nema í Grundarfirði. Með samgöngubótum síðustu ára, Hvalfjarðargöngum, Bröttubrekku, Vatnaleið og í Kolgrafarfirði, búa byggðir á nesinu við góðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið. Á þéttbýlisstöðunum á norðanverðu nesinu er atvinnulíf fremur einhæft en næg atvinna. Sjávarútvegur er þó fjölbreyttur og byggist mjög á sókn á nálæg fiskimið. Ferðaþjónusta stendur traustum fótum og er vaxandi á Snæfellsnesi, m.a. vegna fjölbreyttrar náttúru á landi og sjó og góðra samgangna allan ársins hring. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 og skapar hann ný sóknarfæri í ferðaþjónustu, t.d. má nýta land betur fyrir sumarhúsabyggð. Möguleikar eru í fiskeldi, kræklingarækt, frekari nýtingu jarðhita á svæðinu og í fullnýtingu sjávarfangs.

Í Dalabyggð og Reykhólahreppi hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í sauðfjárrækt. Möguleikar felast helst í vöruþróun í landbúnaði, ferðaþjónustu, frekari uppbyggingu Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum og víðtækari nýtingu jarðhita.

Vestfirðir.

Þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum byggja afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Atvinnulíf er fremur fábreytt nema á Ísafirði, atvinna hefur verið næg en íbúum hefur samt fækkað alls staðar síðasta áratug. Flytja hefur þurft inn vinnuafl til fiskvinnslu.

Ferðaþjónusta hefur verið í sókn og markaðssetning Vestfjarða á því sviði vakið mikla athygli. Hin mörgu þjóðerni sem nú má finna á Vestfjörðum kunna að fela í sér möguleika til atvinnusköpunar og þróunar, t.d. á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina. Sóknarfæri

felast líka í uppbyggingu rannsókna- og menntastofnana í tengslum við fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum og tengdum greinum, svo sem eldi sjávardýra. Vetrarsamgöngur innan Vestfjarða hafa háð samstarfi þéttbýlisstaða, fyrirtækja og stofnana. Með greiðari og öruggari samgöngum milli þéttbýlisstaðanna opnast möguleikar og búsetuskilyrði batna. Vaxtarsamningur fyrir Vestfirði var gerður vorið 2005.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur fólki fækkað mikið undanfarin ár. Atvinnuástand hefur þó verið gott og jafnvel hefur þurft að flytja inn erlent vinnuafl til fiskvinnslu. Atvinnulífið er einhæft og byggist mest á sjávarútvegi. Helstu sóknarfæri auk sjávarútvegs eru í ferðaþjónustu og fiskeldi.

Í Strandasýslu hefur fólki fækkað stöðugt. Byggð er dreifð og atvinnulíf einhæft, hefur byggst á sauðfjárrækt og hlunnindanýtingu í sveitum og sjávarútvegi á Hólmavík og Drangsnesi. Nokkur vöxtur hefur þó verið í ferðaþjónustu og Galdrasetrið á Hólmavík er dæmi um velheppnaða nýsköpun á því sviði.

Ákveðið hefur verið að ráðast í gerð vaxtarsamnings fyrir Vesturland.

Norðurland vestra.

Fólki hefur fækkað mikið í Húnaþingi undanfarin ár og atvinna dregist saman, jafnt í þéttbýli sem sveitum, og útlit er fyrir að þessi þróun haldi áfram nema sérstaklega verði snúist gegn henni. Atvinnulíf byggist á landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustu, tekjur eru almennt lágar nema á Skagaströnd og þar hefur fólksfækkun verið minnst. Ullarþvottastöð hefur hafið starfsemi á Blönduósi en annars hefur dregið úr vinnslu afurðastöðva á Blönduósi og Hvammstanga. Með veiðum og vinnslu innfjarðarrækju fyrir þremur áratugum varð mikil uppsveifla á Hvammstanga sem ekki hefur náðst að fylgja eftir.

Aðstæður fyrir stóriðju hafa verið taldar góðar á svæðinu milli Skagastrandar og Blönduóss og með Þverárfjallsvegi stækkar atvinnu- og þjónustusvæðið til Sauðárkróks.

Ferðaþjónusta hefur verið í sókn á svæðinu, einkum í tengslum við menningu, veiði og húnvetnsku heiðarnar, jarðhita og nágrenni við hringveginn.

Íbúum hefur fækkað í Skagafirði en þar er atvinnulíf og opinber þjónusta tiltölulega fjölbreytt, einkum á Sauðárkróki. Menningartengd ferðaþjónusta hefur verið í þróun, t.d. tengd íslenska hestinum, vesturförum og safnastarfi. Á þessu sviði eru sóknarfæri sem og í fiskeldi og nýjum búgreinum, t.d. hrossarækt og kornrækt. Hólaskóli hefur eflst á undanförnum árum og starfar nú á háskólastigi. Háskóla- og rannsóknarstarf á sviði fiskeldis, sem fram fer í tengslum við öflug útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, kann að fela í sér tækifæri til nýsköpunar. Vöruþróun í sauðfjárslátrun í samvinnu við Nýsjálendinga er athyglisverð og lofandi. Landkostir og hafnarskilyrði hafa verið talin góð fyrir orkufrekan iðnað austan við botn Skagafjarðar og þá með hliðsjón af mögulegri orkuframleiðslu jökulánna í Skagafirði.

Ákveðið hefur verið að ráðast í gerð vaxtarsamnings fyrir Norðvesturland.

Íbúum á Siglufirði fækkaði allan seinni hluta síðustu aldar og síðasta áratug fækkaði þeim um rúm 20%. Ekki hefur náðst að skapa fjölbreytni í atvinnulífi og sóknarfæri er helst að finna í fullnýtingu sjávarafla og ferðaþjónustu. Uppbygging síldarminjasafns hefur vakið athygli og hlotið viðurkenningu og aðstæður til skíðaíþrótta eru óvíða betri frá náttúrunnar hendi en á Siglufirði. Héðinsfjarðargöng munu auðvelda aðgang að fjölbreyttri þjónustu í Eyjafirði og bæta búsetuskilyrði.

Eyjafjörður.

Nokkur íbúafjölgun hefur verið síðasta áratuginn á Akureyri, Grenivík, Svalbarðseyri og í Eyjafjarðarsveit. Íbúum hefur hins vegar fækkað í öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð,

einkum út með firðinum að vestan. Störfum í iðnaði hefur fækkað, sjávarútvegur eflst en fyrst og fremst hefur störfum fjölgað í þekkingar- og þjónustugreinum. Akureyri hefur eflst sem skólabær á síðsta áratug með skólum á framhalds- og háskólastigi. Í Eyjafirði búa nú u.þ.b. 20 þúsund manns, í fjölmennasta og öflugasta þéttbýlissvæði utan Suðvesturlands og því sem líklegast er, ásamt Miðausturlandi, til þess að laða til sín fólk og fyrirtæki utan þess svæðis.

Gerður hefur verið vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið, vinna er hafin í samræmi við hann og væntingar eru miklar um árangur af því starfi. Sameining sveitarfélaga og bættar samgöngur hafa í för með sér bætt búsetuskilyrði og starfsskilyrði fyrirtækja, meiri samkeppnishæfni svæðisins og betri skilyrði til að flytja þangað verkefni frá ríkinu, t.d. tengd sjávarútvegi.

Sóknarfæri eru á flestum sviðum og byggjast þau á íbúafjölda, þéttbýli og þeirri fjölbreytni sem er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu.

Þingeyjarsýslur.

Íbúum hefur fækkað á Húsavík og atvinnulíf átt undir högg að sækja, bæði vegna tækniþróunar í fiskveiðum og fiskvinnslu og breytinga í vinnslu landbúnaðarafurða. Hins vegar hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu verið í sókn. Nálægð við ríkar orkulindir skapar sóknarfæri til framtíðar, í iðnaði, hátækni og líftækni. Í þessu ljósi eru rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum mikilvægar.

Í Mývatnssveit hefur staðið umbrotatímabil í atvinnumálum og horfur eru óljósar. Ferðaþjónusta er öflug og þar eru sóknarfæri. Áhersla hefur verið lögð á að lengja ferðamannatímann, efla afþreyingarkosti, eins og jarðböðin eru gott dæmi um, og að nýta nálægðina við þjóðgarð norðan Vatnajökuls.

Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár. Samgöngur eru erfiðar, vegalengdir langar, atvinnulíf er einhæft og tekjur lágar. Á svæðinu eru góð skilyrði til sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Á Þórshöfn er staða útgerðar sterk og hefur hún leitt til nýsköpunar við veiðar og vinnslu á kúfiski. Samgöngubætur munu stækka atvinnu- og þjónustusvæði þéttbýlisstaðanna.

Austurland.

Á Miðausturlandi er unnið að byggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu norðan Vatnajökuls, álvers í Reyðarfirði og að eflingu fiskeldis, allt frá Berufirði til Seyðisfjarðar. Sóknarfæri er líka að finna í nýjum búgreinum, einkum á Fljótsdalshéraði. Möguleikar eru í ferðaþjónustu, t.d. í sérstakri náttúru og nálægð við miðhálendið í tengslum við millilandaflugvöll á Egilsstöðum og ferjusiglingar milli Seyðisfjarðar og hafna á meginlandi Evrópu.

Uppbygging orkufreks iðnaðar er mjög þýðingarmikil fyrir byggð á Austurlandi og áríðandi að ríki og sveitarfélög standi þannig að undirbúningi að til sem mestra hagsbóta verði fyrir svæðið. Til þessa verks heyra samgöngubætur milli byggða á Miðausturlandi, uppbygging menntastofnana og opinberrar þjónustu og bygging íbúðarhúsnæðis. Þessari uppbyggingu fylgja sóknarfæri fyrir fyrirtæki í landshlutanum.

Eftir langt tímabil fólksfækkunar hefur íbúum fjölgað síðustu missiri á Miðausturlandi en íbúum hefur áfram fækkað í sveitarfélögum norðan við Fljótsdalshérað. Uppbygging á Miðausturlandi mun hafa áhrif til norðurs þótt Vatnsskarðið dragi úr þeim. Miklu skiptir fyrir byggð í Vopnafirði og norður um, þar sem atvinnulíf er einhæft, að vegasamband við Hérað verði bætt.

Eftir mikla uppbyggingu síðustu 2–3 áratugi hefur verið afturkippur undanfarin ár í atvinnulífi á Hornafirði, m.a. vegna hagræðingar og samdráttar í landbúnaði og sjávarútvegi sem stendur þó nokkuð traustum fótum og felur í sér færi til sóknar. Þá skapar starfsemi Nýheima skilyrði til þekkingarstarfsemi í tengslum við sjávarfang og vinnslu þess auk þess sem lega Hornafjarðar og nálægð við Vatnajökul skapar sérstöðu fyrir ferðaþjónustu sem hefur verið í þróun og lofar góðu.

Hafin er undirbúningsvinna við vaxtarsamning fyrir Austurland með áherslu á Höfn.

Suðurland.

Íbúum hefur heldur fækkað síðasta áratuginn í Rangárþingum en mun meiri fækkun hefur orðið í Vestur-Skaftafellssýslu. Mikil uppbygging í ferðaþjónustu og einstakir náttúrustaðir fela í sér enn frekari sóknarfæri í þeirri grein. Nýjar fræðigreinar og bætt markaðssetning fela í sér möguleika til þróunar í vinnslu landbúnaðarafurða, nýjum búgreinum, matvælaiðnaði og ferðaþjónustu.

Í vinnu við stefnumótun fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar, sem hófst á árinu 2005, með undirbúningi vaxtarsamnings fyrir Suðurland með áherslu á Vestmannaeyjar, munu sóknarfæri í landshlutanum verða greind sérstaklega.

Vestmannaeyjar.

Í Vestmannaeyjum hefur fólki fækkað mikið. Eyjarnar hafa mikla sérstöðu hér á landi vegna legu sinnar, mikilvægis sjávarútvegs, sérstakrar náttúru, fuglalífs og jarðsögu, byggðarsögu og eyjasamfélagsins. Á litlu svæði má fá yfirsýn yfir þetta allt og það, ásamt góðri þjónustu, hefur skapað Vestmannaeyjum sérstöðu sem ráðstefnustað og áfangastað ferðafólks. Þessa sérstöðu má nýta til þess að þróa ferðaþjónustu enn frekar og bjóða þekkingarfyrirtækjum hagstætt starfsumhverfi. Atvinnulíf er einhæft, tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu, og sóknarfæri í þeim greinum er helst að finna í fullnýtingu sjávarfangs. Þekkingar- og rannsóknarstarf í Eyjum er því mikilvægt og bættar samgöngur milli lands og Eyja eru forsenda fyrir þá fjölbreytni í atvinnulífi sem annars eru góð skilyrði fyrir.

Unnið er að stefnumótun fyrir byggð í Vestmannaeyjum og öðrum hlutum Suðurlands. Í þeirri vinnu munu verða stikaðar leiðir til sóknar á grundvelli staðhátta í Eyjum.

3. Áherslusvið byggðaáætlunar 2006–2009.

Fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins og nágrannasvæða þess eru afleiðing af fækkun starfa í frumvinnslugreinum, fiskvinnslu og iðnaði, og af fábreytni í atvinnulífi, þjónustu og afþreyingu. Í byggðaáætlun þarf að leggja áherslu á að beina fyrirtækjum í vaxandi atvinnugreinum, þjónustu- og þekkingarfyrirtækjum, út á land og búa í haginn fyrir þau og starfsfólk þeirra. Þetta eykur áherslu á þéttbýlisstaði, samgöngur og aðgengi að rafrænu netsambandi. Stækka þarf markaðssvæði (atvinnu-, verslunar- og þjónustusvæði), styrkja með því grundvöll fyrir mjög sérhæfða starfsemi og skapa skilyrði til samstarfs milli þéttbýlisstaða. Nýsköpun er eftirsóknarverð á öllum sviðum, t.d. tæknisviðum og á sviðum sem byggjast á sérstöðu byggða, sérkennum þeirra í atvinnuháttum, menningu, náttúrufari og staðbundnum auðlindum. Áherslur sem hér eru nefndar voru lagðar í byggðaáætlun 2002–2005 og hafa leitt til aðgerða sem virðast gefa góða raun, þannig að þær leiði til sóknarfæra. Í byggðaáætlun 2006–2009 er því ástæða til að leggja áherslu á líka málaflokka og áður, einkum menntun og menningu, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarna.

4. Byggðaáætlanir og aðgerðir á Norðurlöndum.

Byggðaaðgerðum á Norðurlöndum má í meginatriðum skipta í tvennt. Annars vegar eru aðgerðir sem ætlað er að jafna aðstöðumun á milli svæða og hins vegar aðgerðir sem beinast að því að örva hagvöxt hvarvetna innan lands. Til fyrrgreindu aðgerðanna teljast atriði er snúa að velferðarkerfi og tekjujöfnun en síðarnefndu aðgerðirnar fela í sér almennari hagstjórn. Þetta er nokkur breyting frá því sem áður var þegar meiri áhersla var lögð á sértækar aðgerðir á einstökum svæðum og á byggðajafnvægi.

Áhrif flestra hagstjórnaraðgerða á einstaka landshluta eru mismunandi og ráðast m.a. af ólíkri uppbyggingu atvinnulífs í landshlutunum. Þau áhrif sem þessar almennu hagstjórnaraðgerðir hafa á svæðisbundna þróun hafa stundum verið skilgreind sem „breið byggðastefna“ en aðgerðir sem snúa að þróun einstakra svæða sem „þröng byggðastefna“. Sjaldnast er því nóg að líta eingöngu til þeirra ráðstafana sem sérstaklega er ætlað að bæta hag einstakra byggðarlaga, almenn hagstjórn getur einnig haft mikil áhrif á þróun atvinnulífs í hverju sveitarfélagi. Sem dæmi má nefna að enda þótt sömu stefnu sé fylgt við stjórn fiskveiða um allt Ísland geta áhrif þeirrar stefnu verið gerólík á einstök byggðarlög.

Aðgerðum samkvæmt hinni þröngu byggðastefnu má skipta í nokkra undirflokka eftir áhrifum þeirra á fyrirtæki og einstaklinga, t.d. beinar fjárhagslegar aðgerðir, fjárfestingar í rannsókna- og þróunarstarfi, endurgreiðslur rekstrarkostnaðar og skattalegar aðgerðir. Beinar fjárhagslegar aðgerðir eru t.d. lán, ábyrgðir og áhættufé sem fyrirtækjum er veitt en fjárfestingar í rannsókna- og þróunarstarfi geta t.d. falið í sér fjárfestingar í fyrirtækjum, þróunarverkefni, styrki til rannsókna og þróunar og stuðning við frumkvöðlastarfsemi. Endurgreiðslur á rekstrarkostnaði eru t.d. endurgreiðslur á hluta flutningskostnaðar. Skattalegar aðgerðir fela í sér mismunun á sköttum eftir landssvæðum, t.d. mishátt tryggingagjald.

Mikil áhersla er á að endurskipuleggja stjórnsýslueiningar, bæði sveitarfélög og ömt eða fylki á Norðurlöndum. Þannig hafa Danir nýlega kynnt hugmyndir um fækkun amta í fimm og breytingar á verkaskiptingu, í Noregi eru komnar fram hugmyndir um verulega fækkun fylkja og í Svíþjóð er einnig verið að endurskoða stjórnsýslueiningar og hlutverk þeirra. Jafnframt hefur byggðastefna margra landa breyst síðustu árum, frá því að ná aðeins til viðkomandi lands til þess að ná í vaxandi mæli til tveggja eða fleiri landa, m.a. fyrir áhrif frá Evrópusambandinu og stuðning þess við samvinnu yfir landamæri, t.d. Interreg-áætlunina.

4.1 Danmörk.

Samkeppnisaðstaða Danmerkur er aðalmarkmið í danskri byggðastefnu og áhersla lögð á hagvöxt hvarvetna í landinu, bæði á sterkum og veikum svæðum. Þrátt fyrir það má greina ýmis vandamál á landsbyggðinni, m.a. tengd hnignun iðnaðar. Fjárveitingar til veikustu svæða landsins eru tengdar samfjármögnun úr uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins og byggðastefna Danmerkur er nátengd byggðastefnu ESB. Skilgreind hafa verið sérstök jaðarsvæði með tilliti til meðaltekna og atvinnuleysis. Á þessum svæðum búa um 20% þjóðarinnar. Aðaltilgangur svæðaskiptingarinnar er að geta stutt fyrirtæki í samræmi við reglur ESB. Engir sérstakir sjóðir eru til þess, heldur er reiknað með stuðningi úr uppbyggingarsjóðum ESB ásamt mótframlagi frá dönskum stjórnvöldum.

Stjórnvöld geta veitt áhættufjármagn til lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem 20% áhættufjármagns koma frá opinberum stjórnvöldum en 80% frá einkageiranum.

Í árlegri skýrslu ríkisstjórnar til þingsins fyrir árið 2003 kom fram að ríkt þörf væri á að efla samkeppnishæfni svæða til þess að örva þróun og bæta lífsskilyrði. Ríkisstjórnin hefur í byggðaaðgerðum lagt áherslu á aukna hagkvæmni í stjórnsýslu og að skapa hagstætt

rekstrarumhverfi. Gert er ráð fyrir að hvert ráðuneyti geri grein fyrir áhrifum lagafrumvarpa og tillagna á einstök svæði og að það mat verði fastur hluti af ákvarðanaferli í stjórnsýslunni.

Stjórnarflokkarnir í Danmörku gerðu með sér samkomulag 2005 um að landið skiptist í fimm ömt, sem hvert hafi sinn kjarna. Svæðin eru Norður-Jótland með Álaborg sem miðstöð, Mið-Jótland með Viborg sem miðstöð, Suður-Danmörk með Vejle sem miðstöð, Sjáland með Sorö sem miðstöð og höfuðborgarsvæðið þar sem Hilleröd verður miðstöð. Helstu verkefni þessara amta verða heilsugæsla og öll þjónusta tryggingakerfisins, ábyrgð á áætlanagerð, bæði á sviði byggða og umhverfis, iðnaðar, ferðaþjónustu, menntamála og fleira. Þá munu ömtin sjá um málefni fatlaðra, hafa yfirumsjón með starfsemi áætlanafyrirtækja og að hluta til jarðlestakerfisins.

Danir hafa lagt mikla áherslu á að stækka atvinnusvæði með samgöngubótum og aðgerðum á húsnæðismarkaði. Skilgreind atvinnusvæði teljast vera 34 og ná þau yfir stærstan hluta landsins. Utan þessara svæða falla jaðarsvæði, einkum eyjar, svæði nyrst og syðst í landinu og staðir háðir fiskveiðum á Vestur-Jótlandi. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að samhæfa stuðning ESB við þessi svæði og mynda þannig sjóð að fjárhæð 4.000 milljónir danskra króna. Markmið þessa átaks er að efla mannauð, styrkja búsetu, bæta fjarskiptakerfi og þjónustu og veita sérstakan stuðning við nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

4.2 Finnland.

Helsta markmið finnskrar byggðastefnu er að stuðla að jafnvægi í byggðaþróun. Helstu áætlanir sem unnið er eftir eru sérhæfingaráætlunin (Centre of Expertise Programme), svæðismiðstöðvaáætlunin (Regional Centre Development Programme) þar sem unnið er að uppbyggingu 34 svæðismiðstöðva, áætlun um borgarstefnu, áætlun um þróun á strjálbýlum svæðum og sérstök áætlun fyrir eyjasamfélög. Aðaláherslan er lögð á alþjóðlega samkeppnisstöðu, hagvöxt og atvinnu. Byggðavandinn telst ekki lengur vera einskorðaður við strjálbýlustu svæðin, heldur er lögð áhersla á að þróa þéttbýliskjarna sem eiga að vera eins konar vaxtarkjarnar víða um landið. Veita á forgang aðgerðum sem miða að því að þróa nýsköpunarumhverfi og fjölbreytt atvinnulíf. Einnig er stefnt að stækkun búa og hagræðingu í landbúnaði og bættum aðstæðum fyrir ferðaþjónustu, fjarvinnslu og búsetu almennt. Ennfremur á að leggja áherslu á samband þéttbýlis og dreifbýlis og áætlanir varðandi víxlverkan milli borga og nágrannasvæða þeirra.

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa svipuð einkenni og búferlaflutningar á Íslandi. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéruðum til Helsinki og nágrennis, syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu. Finnlandi er skipt í sex umdæmi fyrir stjórnsýslu ríkisins en sveitarfélög eru 446. Þar af eru 111 bæir eða borgir.

Mikilvægasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og raunar enn hærra sums staðar. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðust á þekkingu fremur en hefðbundnar atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum, svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum. Saman mynda þessir aðilar landsnet, sem gengur undir nafninu Centre of Expertise (CoE), sem er lagað að reglum ESB og byggist á ákveðnum, tímabundnum áætlunum. Vinna við að þróa þetta net miðstöðva var megináhersla í lögum um byggðastefnu sem sett voru 1994.

CoE var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaáætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994–1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 CoE-svæði og síðan markaði innanríkisráðuneyti Finnlands megináherslur í uppbyggingu á skilgreindum tæknisviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í gildandi áætlun fyrir árin 1999–2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet miðstöðva. Áherslur geta verið tiltölulega almennar, eins og í Oulu þar sem mikil áhersla er á fjarskiptalausnir og fyrirtækjaklasa sem hægt er að þróa með slíkum lausnum. Áherslur geta hins vegar einnig verið á mjög sértækum sviðum, eins og í litlu héraði í N-Finnlandi þar sem þróa á starfsemi sem tengist kammertónlist.

Athyglisverð nýbreytni í finnskri byggðastefnu er tilraunaverkefni í Kainuu-héraði í Austur-Finnlandi. Þar hefur verið kosin héraðsstjórn í almennum kosningum og henni fengin verkefni sem í öðrum héruðum eru á forræði ríkisskipaðra ráða. Helstu verkefni eru á sviði atvinnuþróunar, vegagerðar og svæðisstjórnar, auk skógarhöggs- og umhverfismiðstöðvar.

4.3 Noregur.

Norsk byggðastefna hefur byggst á því að halda beri öllu landinu í byggð. Þetta markmið hefur verið útfært nánar á síðustu árum þannig að það gildi um byggð í einstökum landshlutum sem samsvara NUTS 2 svæðaskilgreiningu og er m.a. notuð innan Evrópusambandsins. Gerður er greinarmunur á „litlu“ og „stóru“ byggðastefnunni í Noregi. Til stóru byggðastefnunnar teljast ýmis stefnumál stjórnvalda, t.d. á sviði aðgerða í skattakerfinu, grunngerðar (samgangna, fjarskipta, menntunar og heilsugæslu), landbúnaðar, vinnumála, menntunar, landvarna og velferðar. Til litlu byggðastefnunnar teljast héfðbundnar aðgerðir á sviði atvinnu- og markaðsmála sem víða er beitt í hinum vestræna heimi. Þar má einkum nefna svæðisbundna styrki til fyrirtækja og einstakra atvinnugreina.

Í Noregi hefur skattaleg mismunun verið snar þáttur í byggðastefnu landsins. Atvinnurekendagjöld og tryggingagjöld hafa verið mishá eftir landsvæðum, hæst í þéttbýlinu í suðurhluta landsins en lækka eftir því sem norðar dregur. Þessar undanþágur verða lagðar af fyrir árslok 2006 nema í tveimur nyrstu fylkjum landsins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hins vegar samþykkt heimild til Norðmanna til að endurgreiða hluta flutningskostnaðar til og frá ýmsum byggðarlögum í Norður- og Vestur-Noregi.

Hluti af byggðaaðgerðum í Noregi hefur verið flutningur opinberra stofnana frá Ósló út á land. Þessar áherslur hafa verið mismiklar og breytilegar en í nýlegri skýrslu, Effekter af utlokalisering av statlige arbeidsplasser, er þróun þessara aðgerða rakin undanfarna áratugi. Samkvæmt skýrslunni hefur flutningur starfa farið stigvaxandi og á árunum 2000–2006 á að flytja 17 stofnanir að hluta eða að öllu leyti með samtals 1.200 störf. Árið 2006 á að flytja stóran hluta, sjö stofnanir sem einkum hafa sinnt ýmiss konar eftirliti. Niðurstaða skýrsluhöfunda er að reynsla af flutningi stofnana hafi verið góð.

Í Noregi hafa komið fram tillögur frá samtökum sveitarfélaga í landinu um að fækka fylkjum úr 19 í sjö sem hvert hafi ákveðinn fylkiskjarna. Helstu verkefni sem fylkjunum er ætlað að sinna eru byggðastefna, háskóla- og framhaldsmenntun, rannsóknir, skipulagsmál, umhverfismál og stjórnun auðlinda, samgöngumál, menningarmál, heilsugæsla og sjúkrahús.

4.4 Svíþjóð.

Á síðustu árum hafa stjórnvöld beitt almennum aðgerðum sem miða að því að auka hagvöxt í öllu landinu. Jafnframt hefur verið tekið fyrir stækkun opinbera geirans en vöxtur opinberrar þjónustu var lengi drifkraftur byggðastefnunnar í mörgum strjálbýlli héruðum.

Auk hinnar almennu byggðastefnu hefur ríkisvaldið gert svæðisbundna vaxtarsamninga, sem eru samkomulag milli aðila innan hvers svæðis, um hvernig eigi að vinna að hagvexti og byggðaþróun þess svæðis. Aðalmarkmiðið er að fá heimamenn til að koma sér saman um aðgerðir og stuðla að bestu nýtingu og samræmingu ríkisfjármagns á hverju svæði. Reiknað er með mótframlagi ESB en samningarnir eru ekki bundnir við hin hefðbundnu stuðningssvæði, heldur geta þeir átt við hvar sem er í landinu. Mikið kapp er lagt á að hið opinbera og einkafyrirtæki vinni saman á þessu sviði.

Gefin var út skýrsla á árinu 2003 þar sem lagt var mat á vaxtarsamningana í Svíþjóð. Reynslan af samningunum virðist hafa verið nokkuð mismunandi eftir svæðum og talin er þörf á að gera þá markvissari og tengja þá betur viðskiptahagsmunum. Því var ákveðið að endurskoða áætlunina og gera svokallaðar vaxtaráætlanir. Þar verður tekið tillit til mismunandi fyrirkomulags svæðisstjórna í landinu.

Flutningur ríkisstofnana frá Stokkhólmi hefur verið hluti af byggðastefnu Svía um árabil en á áttunda áratug síðustu aldar voru 48 stofnanir með samtals 10.000 störf flutt frá Stokkhólmi til 16 staða í Svíþjóð. Ekki hefur verið gert sambærilegt átak síðan en á árunum 1992–2002 var 23 af 88 nýjum stofnunum ríkisvaldsins valinn staður utan Stokkhólms. Flutningur opinberra starfa út á landsbyggðina hefur í mörgum tilvikum tengst samdrætti þar á vegum sænska hersins, t.d. á Gotlandi og víðar.

Sænsk byggðastefna hefur tekið meira mið af svæðaþróunarstefnu ESB eftir að Svíþjóð gerðist aðili að ESB árið 1995 og aukin áhersla er nú lögð á almennar aðgerðir í stað sértækra. Við aldarlok voru um 62% Svíþjóðar skilgreind sem stuðningssvæði og þar bjuggu um 13,5% íbúa landsins. Styrki má þó einnig veita til verkefna utan þessara svæða ef það hefur áhrif á atvinnu eða ef hætta er á lokun eða meiriháttar endurskipulagningu fyrirtækja. Fyrirtæki sem vilja setja á stofn eða auka starfsemi sína á skilgreindum forgangssvæðum eiga kost á fimm tegundum styrkja og lánum, auk eftirgjafar á atvinnurekendagjöldum. Styrkirnir eru svæðaþróunarstyrkur fyrir fjárfestingar í byggingum og búnaði, starfsmannastyrkur, vöruflutningastyrkur og dreifbýlisstyrkur. Þessir styrkir eru veittir sjálfkrafa til allra fyrirtækja sem uppfylla skilyrði.

5. Norrænt samstarf um byggðamál.

5.1 NERP.

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á sviði byggðamála. Norræna embættismannanefndin um byggðamál (NERP) er samstarfsvettvangur embættismanna norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið felst í að miðla reynslu, umræðum, kynnum af starfssystkinum og samvinnu um þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum.

NERP hefur samþykkt fjárveitingar til samstarfs yfir landamæri á átta norrænum svæðum þar sem stjórnmálamenn, yfirvöld og almenningur taka þátt í hagnýtu norrænu samstarfi. Af þessum grannsvæðum er langmestur fjárstuðningur við samstarfið á Norður-Atlantshafssvæðinu, NORA.

Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðunum. Ráðherrar byggðamála á Norðurlöndum hafa yfirumsjón með samstarfinu en framkvæmdin er í höndum NERP.

Samstarfið byggist á samstarfsáætlun um byggðamál en núgildandi áætlun nær til áranna 2005–2008. Áætlunin var samþykkt af norrænum ráðherrum byggðamála á fundi undir forystu Valgerðar Sverrisdóttur haustið 2004. Markmiðið með hinu byggðapólitíska samstarfi er að:

- tryggja að sjónarmið Norðurlanda nái eyrum manna í Evrópusambandinu,
- stuðla að þróun byggðastefnu norrænna landa og svæða,
- efla samkeppnishæfni svæða og þar með landa á sjálfbærum grunni.

Áætlunin tekur mið af að:

- byggðamál spanna mjög vítt svið,
- Norðurlöndin standa frammi fyrir nýrri stöðu í heimsmálunum.

Áætlunin leggur áherslu á:

- miðlun reynslu og þekkingar, rannsóknir, eflingu samkeppnishæfni og samstarf milli svæða.

Starfsáætlun 2005–2008 leggur áherslu á samstarf yfir landamæri. Þar er m.a. fjallað um „NordenPluss“ en með því er átt við að formfest verði samstarf Norðurlandanna við nágrannalönd svo sem Írland, Skotland, Eistland, Lettland og Litháen.

Áætlunin tekur mið af að Norðurlönd standa frammi fyrir nýrri stöðu í heimsmálunum með aukinni pólítískri og efnahagslegri samþættingu í Evrópu og að samstarf í byggðamálum verður sífellt alþjóðlegra. Meginefni samstarfsáætlunarinnar er tvíþætt:

1. Samstarfsverkefni yfir landamæri.

Í samstarfi yfir landamæri verður lögð áhersla á:

- að mynda breiðari samstöðu milli landanna frá Eystrasalti um Norðurlönd til Skotlands og Írlands með það markmið að vekja athygli á norrænum hagsmunum í stækkuðu Evrópusambandi,
- að þróa það norræna samstarf yfir landamæri sem þegar er fyrir hendi,
- að eiga samstarf um Interreg-áætlanir í framtíðinni,
- að örva samstarf milli landamærasvæða á grannsvæðum Norðurlanda.

Grannsvæðin og starfssvæði NORA.



2. Miðlun reynslu og þekkingarþróun.
Við miðlun reynslu og þekkingarþróun verður lögð áhersla á:
- samstarf um að fylgjast með þeim málum sem eru efst á baugi innan ESB/EES,
- að miðla reynslu milli norrænu landanna með hliðsjón af þróuninni í Evrópu,
- að fylgjast með breytingum á samfélagsskipan innan svæða á Norðurlöndum,
- að stuðla að framgangi norrænu rannsóknarstofnunarinnar Nordregio í Stokkhólmi.

5.2 Nordregio.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar starfar rannsóknarstofnunin Nordregio sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði byggða- og skipulagsmála og miðla þekkingu um þau til þeirra sem um byggðamál fjalla. Unnið er nú samkvæmt norrænu rannsóknaráætluninni innan Nordregio. Nýtt áætlunartímabil er að hefjast sem nær yfir tímabilið 2005–2008 og áherslur verða þá á svæðisbundna nýsköpunar- og vaxtarstefnu, stöðu Norðurlanda frá evrópskum sjónarhóli, svæðisbundin stjórnkerfi og lýðfræðilega þróun. Nordregio er orðin ein virtasta vísindastofnun í Evrópu á sviði rannsókna í byggðamálum. Það hefur háð þátttöku Íslands í rannsóknarverkefnum að á Íslandi eru ekki aðgengilegar svæðisgreindar tölfræðiupplýsingar sem stuðst er við í rannsóknum á ýmsum þáttum byggðamála. Íslendingar hafa tekið þátt í mótun rannsóknaáætlana og mati á styrkumsóknum.

5.3 NORA.

Starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og strandhéruð Noregs.

Markmið NORA er að efla samstarf innan starfssvæðis NORA með því að styðja við atvinnu- og byggðaþróun. Miðlun þekkingar og reynslu innan svæðisins er talin mikilvæg leið til að yfirvinna hindranir sem felast í miklum fjarlægðum og strjálbýli.

NORA auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til samstarfsverkefna á milli Íslands og hinna NORA-landanna þ.e. Grænlands, Færeyja og norðurhluta Noregs. Veittir eru styrkir til verkefna sem stuðla að auknu samstarfi í atvinnulífi á milli landanna á eftirtöldum sviðum:
- *Auðlindir sjávar.* Verkefni sem stuðla á sjálfbæran hátt að:
  - fullnýtingu þekktra auðlinda, aukaafurða, nýrra auðlinda, eldi og sjávarvöruframleiðslu til manneldis og tengdra greina og
  - þróun framleiðsluaðferða og búnaðar.
- *Ferðamál.* Verkefni sem stuðla að sjálfbærri þróun náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu í löndunum.
- *Upplýsingatækni.* Verkefni sem stuðla að:
  - hagnýtingu upplýsingatækni á svæðinu,
  - þróun hugbúnaðarlausna til eflingar atvinnulífs.
- *Annað samstarf.* Verkefni sem efla fámenn byggðarlög í löndunum.

Styrkþegar geta verið fyrirtæki ein sér eða í samstarfi við rannsóknar- og þróunarstofnanir. Styrkir eru veittir til að koma á tengslanetum, til rannsóknatengdra forverkefna og aðalverkefna, t.d. innan Norðurslóðaáætlunarinnar (NPP). Umsóknir sem fela í sér samstarf við fyrirtæki og stofnanir í Norður-Skotlandi og á austurströnd Kanada eru eftirsóknarverðar.

Styrki er lengst unnt að veita til þriggja ára og aðeins sem hluta af heildarfjármögnun verkefnis, gegn mótframlagi viðkomandi aðila. Umsóknir skulu fela í sér samstarf á milli tveggja eða fleiri NORA-landa.

Íslendingar taka þátt í mörgum verkefnum sem styrkt eru af NORA. Hér á eftir er listi yfir verkefni sem styrkt hafa verið frá 2003, sum eru ný, önnur á lokastigi og sum eru framhaldsverkefni, byggð á verkefnum sem styrkt hafa verið áður:

- Ferðaþjónusta (Knarren, havet og silden). Ferðaþjónustuverkefni er byggist á tengslum Íslands og Noregs. Fyrirtækið Bjálkinn ehf., Sigurbjörg Árnadóttir leiðir verkefnið.
- Sauðfjárrækt (Fåreavlsprogram). Samstarfsverkefni Grænlands og Íslands á sviði kynbóta. Bændasamtök Íslands er þátttakandi í verkefninu.
- Framleiðsla á þangi (Tang II). Áhersla á þróun búnaðar til framleiðslu og uppskeru á þangi. Hafrannsóknastofnunin er þátttakandi í verkefninu.
- Ráðstefna um þorskeldi (Torskeopdrætsforum). Ráðstefna um þorskeldi þar sem saman koma fyrirtæki er starfa á sviði þorskeldis og rannsóknaraðilar. Fiskeldishópur AVS – Hafrannsóknastofnunin leiða verkefnið.
- Samstarf um vottun í fiskeldi (Økostandarder for akvakulture). Samstarf vottunarstofa í löndunum á sviði staðlasetningar og vottunar lífræns fiskeldis. Vottunarstofan Tún er þátttakandi í verkefninu.
- Ráðstefna um viðskipti með sjávarafurðir (Marin strategi konference).
- Ráðstefna Norðmanna og Íslendinga um viðskipti með sjávarafurðir. Bæði löndin standa utan stærsta markaðssvæðis síns, þ.e. landa Evrópusambandsins. Sendiráð Íslands í Ósló er meðumsækjandi.
- Rannsóknarnet um peptíða – líftækni (Bioaktive peptider). Verkefnið lýtur að því að koma á fót samstarfsneti um rannsóknir og framleiðslu á peptíðum úr sjávarfangi. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins leiðir verkefnið.
- Rannsóknasamstarf innan þorskeldis (North Cod). Áherslur eru m.a. eldisaðferðir, stöðlun framleiðsluaðferða o.fl. Verkefnið er Norðurslóðaverkefni og er IceCod Ltd. þátttakandi.
- Sjálfbær ferðaþjónusta innan verkefnisins Grenselandet (Grænselandet). Verkefnið byggist á ferðaþjónustuverkefninu Grenselandet sem er á landamærum Svíþjóðar og Noregs. Háskóli Íslands er þátttakandi í verkefninu.
- Strandferðaþjónusta (Norce). Verkefnið er útvíkkun á Norðurslóðaverkefnunum Norce og Destination Viking, Sagas and Storytelling. Áhersla á þekkingaryfirfærslu og samstarf við Kanada. Þátttakendur í verkefninu eru Rannsóknarþjónusta ferðaþjónustunnar, Byggðasafnið á Reykjum og Minjasafnið á Hnjóti auk Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.
- Menningar- og náttúrutengd ferðaþjónusta (Natur- og kulturturisme). Verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Markaðsstofa Austurlands er þátttakandi í verkefninu.
- Samstarfsverkefni um náttúrufræðikennslu (IKT-netværk for børn og unge). Samstarfsverkefni með markmið um að efla áhuga ungs fólks og kennslu í náttúrufræðum og á samstarf skóla og atvinnulífs. Barnasmiðjan er þátttakandi í verkefninu.
- Greining á möguleikum á ferjusiglingum til Norður-Ameríku (Færgesejlads). Verkefnið lýtur að greiningu á áhuga og möguleikum á farþegaflutningum til Norður-Ameríku. Jóhanna Róbertsdóttir leiðir verkefnið.
- Stofnun samtaka um nýtingu vetnis (Ny energy). Greina á þörf og möguleika á hagnýtingu vetnis ásamt því að stofna samtök um hagnýtingu vetnis á Norður-Atlantshafssvæðinu. Íslensk Nýorka leiðir verkefnið.
- Netsamstarf verkfræðistofa (Nordisk Ingeniør netværk). Verkefnið lýtur að stofnun netsamstarfs verkfræðistofa á Norður-Atlantshafssvæðinu. Markmiðið er að bæta möguleika einstakra fyrirtækja til að bjóða í verkefni með samstarfi við önnur fyrirtæki á svæðinu. Verkefnið lýtur að því að finna samstarfsaðila og að halda samstarfsfund þar sem netsamstarfinu verður komið á. Línuhönnun hf. leiðir verkefnið.
- Safnasamstarf (Narhvalskeletter). Verkefnið er samstarfsverkefni tveggja hvalasafna, annars vegar á Grænlandi og hins vegar á Íslandi, um frágang og uppsetningu á hvalabeinagrindum á báðum söfnunum auk aukins almenns samstarfs. Hvalasetrið á Húsavík leiðir verkefnið.
- Þróun staðlakerfis fyrir lífræna ræktun (Økologiske standarder II). Verkefnið miðar að því að þróa og setja af stað staðla fyrir vottun lífrænna afurða á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Vottunarstofnan Tún leiðir verkefnið.

- Endurvinnsla á plasti (Genbrug í Nordatlanten). Kanna á möguleika þess að safna plastúrgangi á Færeyjum og Íslandi til endurvinnslu á Íslandi. Fyrirtækið Plastmótun ehf. leiðir verkefnið.
- Hlýraeldi (Opdræt – Plettet havkat). Rannsóknarverkefni um ræktun hlýra á Íslandi og í Noregi. Um er að ræða miðlun þekkingar og samstarf. Fyrirtækið Hlýri ehf. í Neskaupstað tekur þátt í verkefninu.
- Sjávarfang í Norður-Atlantshafi – Verðmætar hliðarafurðir (Marine råstof í Nordatlanten – Værdifulde biprodukter).
- Verkefni um þróun verðmætis úr fiskúrgangi. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins leiðir verkefnið en aðrir íslenskir þátttakendur eru Síldarvinnslan hf., Samherji hf. og Útgerðarfélag Akureyringa ehf.
- Bætt orku- og efnisnýting í skipum (Energi og materialer i notbåde). Verkefni sem miðar að þróun orkustýringarkerfis um borð í skipum. Íslenska fyrirtækið Marorka ehf. leiðir verkefni og er í samstarfi við aðila í Færeyjum, Grænlandi og Noregi.
- Baldur – kortagagnagrunnur um ferðaþjónustu (Balder – GIS – Turisme). Gerð kortagagnagrunns um ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta bænda tekur þátt í verkefninu ásamt færeyskum og norskum aðilum.
- Íþrótta- og menningarferðaþjónusta (Idræt og kulturturisme). Samstarf íslenskrar og færeyskar ferðaskrifstofu um að auka samstarf í ferðaþjónustu milli Íslands og Færeyja sérstaklega með tilliti til íþrótta- og skólaferða. IT-ferðir taka þátt í verkefninu ásamt færeyskri ferðaskrifstofu.
- BREIÐ – kræklingaeldi (BREID – muslingeopdræt). Þróun nýrra aðferða við kræklingaeldi. Fyrirtækið Breið og Veiðimálastofnun taka þátt í verkefninu ásamt fyrirtæki í Noregi.
- Villtur þorskur eða eldisþorskur (Vild eller opdrættet torsk). Skoða á mun á villtum þorski og eldisþorski. Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins leiðir verkefnið en einnig taka þátt tvær færeyskar rannsóknarstofnanir.
- Seiðaeldi (Opdræt af torskelarver). Rannsaka á skilyrði fyrir hámarksvöxt þorkseiða í fiskeldi. Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins, Hólaskóli og Fiskey hf. taka þátt í verkefninu ásamt færeyskri rannsóknarstofnun.
- Rafræn afladagbók (Elektronisk fiskerilogbog). Þróun á rafrænni afladagbók. Miðlun þekkingar frá Íslandi til Færeyja. Sjávarútvegsstofnun HÍ og fyrirtækið Radiomiðun leiða verkefnið.
- Litlir þorskhausar. (Små torskehoveder). Þróun tækis til að afhausa smáan þorsk um borð í togurum. Íslenska fyrirtækið MESA tekur þátt í verkefninu ásamt færeysku fyrirtæki.
- Köfunarbátur til hafbotnsrannsókna (U-Båd). Fyrirtækið Hafmyndir tekur þátt í verkefninu ásamt færeysku fyrirtæki.
- Framleiðsla sands 2. (Maskindsand 2). Framleiðsla sands til byggingariðnaðar. Hönnun hf. tekur þátt í verkefninu ásamt norskum og grænlenskum aðilum.
- Jarðaberjaræktun (Jordbærsorter). Garðyrkjuskóli ríkisins tekur þátt í verkefninu með norskum aðilum.
- Gluggi til heimsins (Vindue mod verden). Alþjóðlegt mót ungra leiðtoga, haldið Nuuk í mars 2004. NORA veitti ferðastyrk til þátttakenda frá NORA-löndunum.
- Nýsköpunarumhverfi smárra samfélaga (Kommunal læring). Rannsókn á nýsköpunarumhverfi smárra samfélaga á norðurslóðum. Umsækjendur eru á vegum UNESCO-verkefnisins MOST – CCPP (http://www.uit.no/MostCCPP/) en íslenskir aðilar munu einnig tengjast verkefninu.
- Syslab – tengslanet (Syslab international). Uppbygging tengslanets stofnana sem veita ráðgjöf til fyrirtækja í olíu- og gasiðnaði, fiskiðnaði, fiskeldi og framleiðsluiðnaði. Iðntæknistofnun tekur þátt í verkefninu ásamt aðilum frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi.
- Tískusýning í miðnætursól (Midnight sun fashion show). Alþjóðleg tískusýning á Íslandi. NORA veitti ferðastyrk til þátttakenda frá NORA-löndunum.

5.4 Samstarf Norðurlandanna og Evrópusambandsins, NPP.

Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery Programme – NPP) er hluti af Interreg III B áætlun Evrópusambandsins og nær til norðursvæða Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Skotlands, ásamt Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs byggða sem búa við svipaðar aðstæður á norðurslóðum. Með áætluninni er stuðlað að samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli sveitarfélaga, fyrirtækja

og stofnana í aðildarlöndunum og þar með reynt að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja hindri samstarf og framþróun byggða- og atvinnulífs, þannig að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best.

Markmið Norðurslóðaáætlunarinnar eru:

- hagsæl og sjálfbær þróun samfélaga,
- skynsamleg nýting menningarlegra og náttúrulegra auðlinda,
- að auka skilvirkni og nýta betur þá möguleika sem norðurslóðir hafa að bjóða,
- að bæta upp erfiðar aðstæður sem skapast af óblíðri veðráttu, miklum vegalengdum, erfiðum landsháttum og dreifðri búsetu.

Ísland gerðist aðili að áætluninni á miðju ári 2002. Síðan þá hafa verið samþykkt 27 verkefni með íslenskri þátttöku og nokkur eru í undirbúningi. Þessu til viðbótar hefur Ísland stutt fjölmargar forverkefnisumsóknir á tímabilinu. Íslenskir þátttakendur í NPP-verkefnum eru um 60 talsins. Heildarkostnaður verkefna með íslenskri þátttöku er 2,4 milljarðar kr. og þar af er innlendur kostnaðarhluti rúmar 300 millj. kr. Meðalkostnaðar þátttaka er 35% hvað íslensk verkefni varðar.

Heildarframlag Íslands var í upphafi um 130 millj. kr. og af þeirri fjárhæð fara 7% til greiðslu hluta Íslands í rekstrarkostnaði áætlunarinnar. Á árinu 2005 var ákveðið að auka framlag Íslands til áætlunarinnar vegna mikillar eftirspurnar og góðra verkefna um 8 millj. kr. og hefur nú öllu fjármagni verið ráðastafað (99,4%). Byggðastofnun er tengiliður NPP-áætlunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar og starfi hér á landi.

Sú reynsla sem fengist hefur af samstarfi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum hefur verið mjög góð. Með aukinni alþjóðavæðingu verður slíkt starf, með nýsköpun og samkeppnishæfni byggða og atvinnulífs að markmiði, sífellt mikilvægara.

Svæði Norðurslóðaáætlunarinnar.



Megináherslur Norðurslóðaáætlunarinnar.
Áhersla 1. Samgöngur og fjarskipti.

Áhersla er lögð á að auka virkni þeirra svæða sem áætlunin nær yfir með því að vega á móti þeim erfiðleikum sem eru fylgifiskar afskekktra og dreifðra byggða ásamt miklum vegalengdum. Áhersla er lögð á bætt fjarskipti, bætt aðgengi að upplýsingatækni og bættar samgöngur.

Átak 1.1. Samgöngur, flutningar og innviðir samgöngukerfa.

Átak 1.2. Aðgangur að upplýsingasamfélaginu.

Áhersla 2. Að styrkja sjálfbæra efnahagsþróun.

Miklar náttúruauðlindir einkenna norðurslóðir og er þá horft til orkuvinnslu, skóga og auðlinda hafsins, náttúrufegurðar og umhverfisgæða. Þessar auðlindir norðursins eru viðkvæmar og að því steðja ýmsar hættur vegna mengunar, ofnýtingar og veðurfarsbreytinga. Þessi áhersla hvetur til sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda þar sem sérstaklega er horft til samspils umhverfisverndar og efnahagslegrar nýtingar.

Átak 2.1. Sjálfbær nýting náttúrunnar og náttúruauðlinda.

Átak 2.2. Nýsköpun í atvinnulífi og efling mannauðs.

Áhersla 3. Uppbygging samfélaga.

Stuðningur við samfélög norðurslóða með það að markmiði að styrkja fullnægjandi opinbera þjónustu. Til að svo megi verða er þörf fyrir nýja nálgun. Hin dreifða búseta norðurslóða gerir bæði erfitt og kostnaðarsamt að samræma þá þjónustu sem samfélagið veitir. Finna þarf og þróa hugvitsamlegar og árangursríkar leiðir til þess að bæta þessa þjónustu og víkka út það svæði sem getur notið hennar að fullu.

Átak 3.1. Samfélagsþjónusta.

Átak 3.2. Almenn stjórnsýsla og skipulagsmál.

Norðurslóðaáætlunin hefur til ráðstöfunar samtals 50.469.000 evrur að meðtöldum mótframlögum aðildarlandanna. Framlag Byggðaþróunarsjóðs Evrópusambandsins (ERDF) er 21.275.000 evrur en aðildarríki ESB og ríki sem standa utan ESB leggja til 29.194.000 evrur. Áætlunin stendur út árið 2006, heildarframlag íslenskra stjórnvalda er 1.500.000 evrur og er þátttaka Íslands í verkefnum styrkt af þessu fjármagni, að undangengnu mati sérfræðinga frá öllum aðildarlöndunum. Stuðningur við íslensk verkefni er að hámarki 70.000 evrur og háður a.m.k. 50 % mótframlagi umsóknaraðila. Vegna mikillar eftirspurnar, góðrar reynslu og mikils fjölda umsókna sem borist hafa og að teknu tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru hefur framlag til íslenskra þátttakenda verið talsvert undir hámarkinu.

5.4.1 Verkefni Norðurslóðaáætlunarinnar.

Hér á eftir er yfirlit NPP-verkefna með íslenskri þátttöku, flokkuð eftir áherslum.

Áhersla 1. Samgöngur og fjarskipti.

- Community Learning Networks (CLN-NPA II). Háskólinn á Akureyri tekur þátt verkefninu sem er um símenntun og fjarkennslu. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 71 millj. kr. http://edge.ramk.fi
- Rural Business Information Exchange Systems. (RUBIES) er verkefni um upplýsingatækni í dreifbýli. Upplýsingatækni í dreifbýli og Iðntæknistofnun eiga aðild að verkefninu. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 62 millj. kr. http://www.rubies.eu.com

– Broadband in Rural and Remote areas (Birra). Verkefnið miðar að því að skilgreina stöðu sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni, flýta fyrir þróun upplýsingatækni og stuðla að jöfnu aðgengi á þessu sviði. Aðilar að verkefninu eru Byggðastofnun, Síminn, Póst- og fjarskiptastofnun, UD-verkefnið og IMG á Íslandi.

Áhersla 2. Að styrkja sjálfbæra efnahagsþróun.

- Rural Business Women. Verkefnið snýr að atvinnusköpun kvenna í dreifbýli. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafar Byggðastofnunar koma að verkefninu fyrir Íslands hönd. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 71 millj. kr. http://www.freyjur.is
- External Timber Cladding. Um öflun og miðlun þekkingar um bestu lausnir er varða hönnun, byggingu og viðhald timburklæðninga á norðurslóðum. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins tekur þátt í verkefninu. Heildarfjármagn verkefnisins 2003–2005 er um 75 millj. kr.
- Destination Viking – Sagas & Storytelling. Verkefnið sem fjallar um uppbyggingu á menningarferðaþjónustu í tengslum við sögu víkinganna. Íslenskir þátttakendur eru Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Dalabyggð, Safnahús Vesturlands, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær og uppsveitir Árnessýslu. Heildarfjármagn verkefnisins 2003–2005 er um 80 millj. kr. www.destinationviking.com
- Eco House North (Development and marketing of ecological wooden house systems for harsh climate areas). Viðfangsefnið er að sameina þekkingu og reynslu við framleiðslu og markaðssetningu timburhúsa fyrir norðlægar slóðir. Batteríið arkitektar ehf. er þátttakandi í verkefninu ásamt aðilum frá Finnlandi, Noregi, Skotlandi og Svíþjóð. Heildarkostnaður við verkefnið 2005–2007 er um 67 millj. kr.
- Siblarch (Decay resistant timber – Siberian larch compared to Scots pine in forestry and products). Rannsóknarverkefni á sviði skógræktar með áherslu á lerki til timburiðnaðar. Skógrækt ríkisins er þátttakandi í verkefninu ásamt aðilum frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Rússlandi. Heildarkostnaður við verkefnið 2005–2007 er um 114 millj. kr. Framlag Skógræktar ríkisins er eingöngu vinnuframlag en hún fær styrk frá Svíþjóð sem greiðir 71 % af íslenska kostnaðarhlutanum.
- Northern Wood Heat (Developing Small and Medium Scale Wood fuel Supply Chains). Tilraunaverkefni um nýtingu trjáviðar til orkuframleiðslu. Íslenskir þátttakendur í verkefninu eru Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri, Héraðsskógar og Skógrækt ríkisins en aðrir þátttakendur eru frá Skotlandi og Finnlandi. Heildarkostnaður við verkefnið 2005–2007 er um 164 millj. kr. og íslenska þátttakan í verkefninu er um 12 % af honum.
- Northern Enviroment for Sustainable Tourism; potential of national parks and protected areas for rural development in the northern periphery (Nest). Verkefnið felst í að nýta til þróunar þau tækifæri sem felst í búsetu nálægt þjóðgörðum eða verndarsvæðum. Íslenskir þátttakendur í verkefninu eru Háskóli Íslands og Háskólasetrið Höfn í Hornafirði, Hornafjarðarbær, Skaftárhreppur og Þróunarstofa Austurlands. Aðrir þátttakendur eru frá Svíþjóð, Skotlandi og Finnlandi. Ísland leiðir verkefnið. Heildarkostnaður við verkefnið 2005–2007 er um 90 millj. kr. og íslenska þátttakan í verkefninu er 12 % af honum.
- Northern Costal Experince (Norce). Verkefnið miðar að auknu samstarfi og samstarfsneti sjávarbyggða á svæði NPP en Kanada (Nýfundnaland) er einnig aðili að verkefninu. Áhersla verður m.a. á að efla ferðamennsku og menningarleg tengsl. Íslenskir aðilar að verkefninu eru Atvinnuþróunarfélög Norðurlands vestra og Þingeyinga, Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna á Reykjum og Minjasafnið á Hnjóti í Vesturbyggð. Heildarupphæð verkefnis 2004–2007 er um 107 millj. kr.
- Snow Magic. Með verkefninu er stefnt að því að þróa vörur, þjónustu og atburði sem varða ferðaþjónustu á vetrum, í nánum tengslum við menningu og sérstöðu einstakra svæða. Aðilar á nokkrum svæðum í Svíþjóð og Finnlandi eru þátttakendur í verkefninu auk Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og ferðaþjónustufyrirtækja við Mývatn. Heildarupphæð verkefnis frá 2004–7 er um 63 millj. kr.
- Nature Based Tourism. Markmið verkefnisins er að þróa og efla frekari þekkingu á sviði náttúruvænnar ferðaþjónustu með ýmsum verkefnum, svo sem tengslanetum, nýjum vörum og þjónustu. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Hólaskóli eru aðilar að verkefninu ásamt aðilum í Skotlandi, Noregi og Svíþjóð. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 130 millj. kr.

- Young Entrepreneur Factory (YEF) er verkefni sem miðar að því að virkja unga frumkvöðla á norðurslóðum. Impra – nýsköpunarmiðstöð tekur þátt í verkefninu auk nokkurra atvinnuþróunarfélaga. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 80 millj. kr. http://www.yefactory.com
- Usevenue. Verkefnið miðar að því að efla félags- og efnahagslegan styrk þeirra svæða sem það nær til með verkefnum sem miða að sköpun sjálfbærra verkefna og atburða. Verkefnið nær til Finnlands. Svíþjóðar, Skotlands og Íslands þar sem Ísafjarðarbær og Héraðsnefnd Snæfellsness eru aðilar að verkefninu. Heildarafjármagn verkefnisins er um 90 millj. kr.
- Outdoor and Fast Food. Verkefnið er á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu með áherslu á matarmenningu. Að verkefninu koma Háskólinn á Hólum í Hjaltadal, Iðntæknistofnun og Nýsköpunarmiðstöðin í Vestmannaeyjum.
- Integrade to Innovate (i2i). Markmið verkefnisins er að kortleggja og tengja saman staðbundin innlend og alþjóðleg tengslanet milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana, skapa samskiptagrundvöll og auka skilning á gildi tengslaneta. Íslenskur þátttakandi í verkefninu er Þróunarstofa Austurlands.
- North Cod. Almennt þekkingarverkefni um eldi þorsks, þ.m.t. framleiðsluaðferðir, stöðlun framleiðslu og fleiri þátta. Íslenski þátttakandi verkefnisins er IceCod Ltd.
- Elav. Skipulagsverkefni innan skógræktar þar sem áhersla er lögð á víðtæka aðild hagsmunaaðila að skipulagsmálum greinarinnar. Íslenskur þátttakandi í verkefninu er Skógrækt ríkisins.

Áhersla 3. Uppbygging samfélaga.

- Delivering Services in Remote and Rural Areas (Deserve). Verkefnið lýtur að þjónustu í dreifbýli með áherslu á að miðla upplýsingum um aðferðafræði og fyrirmyndir. Íslenski hlutinn lýtur að yfirfærslu á þekkingu á rafrænum verkefnum í dreifbýli og því hvernig hægt er að bæta þjónustu á því sviði. Byggðastofnun er aðili að verkefninu en aðrir þátttakendur eru frá Skotlandi, Svíþjóð og Finnlandi. Heildarupphæð verkefnis 2004–2007 er um 142 millj. kr.
- Development by branding the trade mark (Brandr) er samstarfsverkefni fjögurra sveitarfélaga á norðurslóðum. Markmiðið er að skoða leiðir til markaðssetningar og ímyndarsköpunar sveitarfélaga, t.d. með því að þróa „vörumerki". Akureyrarbær tekur þátt í þessu verkefni. Heildarfjármagn verkefnisins 2004–2006 er um 80 millj. kr. www.brandr.net
- Small Town Networks. Miðar að sameiginlegri vinnu að stefnumótun sveitarfélaga. Þróunarstofa Austurlands tekur þátt í verkefninu ásamt nokkrum sveitarfélögum á Austurlandi. Heildarfjármagn verkefnisins 2003–2005 er um 106 millj. kr. www.smalltownnetworks.com
- Northern Maritime Corridor. Um samgöngur á sjó með með tilliti til breyttra áherslna í flutningastarfsemi, aukinna tenginga og sjóflutninga. Norður–Atlantsnefndin (NORA) er tengiliður í verkefninu. Heildarfjármagn verkefnisins 2003–2005 er um 160 millj. kr. www.northernmaritimecorridor.no/
- Safety at Sea. Á að vinna 2005–2007. Um öryggismál sjófarenda í Norðurhöfum, sjálfvirk persónugreiningarkerfi, öryggismenningu, viðvörunarkerfi farþegaskipa, framtíðarþróun og framtíðarsamstarf um öryggismál í siglingum. Þátttaka í verkefninu verður frá Skotlandi, Noregi, Færeyjum og Grænlandi auk Siglingastofnunar, Landhelgisgæslunnar og Háskóla Íslands. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 54 millj. kr. Íslenski kostnaðarhlutinn um 11 millj. kr.
- SCRI in action. Verkefni sem er í framhaldi af fyrra verkefni, SCRI, og verður unnið 2005–2006. Felur í sér vinnu með upplýsingar og tæki til atvinnuráðgjafar. Þátttakendur eru frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 29 millj. kr. og íslenski kostnaðarhlutinn um 3 millj. kr.
- The Ambulance Transport and Services in the Rural Areas. Markmið verkefnisins er að setja fram tillögur um hvernig best verður staðið að skipulagi sjúkraflutninga í dreifbýli. Þátttaka er frá Skotlandi og Svíþjóð auk FSA – háskólasjúkrahúsi á Akureyri og Sjúkraflutningaskólanum þar. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 54 millj. kr. og íslenski kostnaðarhlutinn um 16 millj. kr.
- SPN, Spatial Planning in the Northern Peripheral Regions. Markmiðið er að reyna og kanna skipulagsaðferð sem notuð er í ESB, Spatial Planning and Development. Þátttaka er frá Finnlandi, Svíþjóð og

Skotlandi auk Íslands. Íslenski verkhlutinn verður samstarfsverkefni Byggðastofnunar og Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir aðild Færeyja, Grænlands og Noregs að hluta verksins. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 151 millj. kr. og íslenski kostnaðarhluturinn um 21 millj. kr.

6. Byggðastefna og aðgerðir í Evrópusambandinu.

ESB er ríkjasamband sem hefur það meginmarkmið að efla samstöðu og samstarf ríkja Evrópu og stuðla að auknum hagvexti og velsæld. Yfirstjórn ESB fer með ýmsa málaflokka, en framkvæmd þeirra er oft á höndum einstakra ríkja eða svæða. Svæði ESB eru margbreytileg og uppbygging þeirra og tengsl oft flókin. Það stafar m.a. af stofnbreytingum atvinnulífsins, tækniframförum og aukinni samvinnu milli svæða. Víða eru rík og nútímavædd svæði í nábýli við fátæk og vanþróuð svæði. Mörg svæði einkennast af fjölbreytni og framþróun meðan önnur, einkum óaðgengileg jaðarsvæði, hafa dregist aftur úr. Meðal þeirra síðarnefndu má finna hefðbundin landbúnaðarsvæði þar sem fólki hefur fækkað mjög, þar sem er dulið atvinnuleysi og ófullnægjandi grunngerð, t.d. samgöngukerfi. Þá má nefna svæði sem byggt hafa á einhæfum iðnaði sem nú er í hnignun og það hefur leitt til mikils atvinnuleysis.

Eitt af aðalmarkmiðum Evrópusambandsins er að sporna við fólksfækkun á strjálbýlum svæðum. Svæðaþróun er því eitt af aðalverkefnum ESB og jöfnunaraðgerðir milli svæða eru þar mikilvægur þáttur. Einkunnarorðin eru samkeppnihæfni, samstarf og samstaða. Þriðjungur fjárveitinga ESB fer til svæðajöfnunaraðgerða. Markmiðið er að jafna samkeppnishæfni og lífskjör ólíkra svæða, stuðla að breyttum atvinnuháttum á svæðum með úreltan iðnað, sporna gegn svæðisbundnu atvinnuleysi, efla starfsmenntun á svæðum þar sem starfskunnátta íbúanna samsvarar ekki kröfum nútímafyrirtækja og styrkja sérlega strjálbýl svæði. Evrópusambandið hefur horfið frá því að stýra staðarvali stórra fyrirtækja með beinum styrkjum til þeirra, en mikil áhersla er lögð á eigið framtak á svæðunum, nýsköpun í atvinnuháttum og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessar svæðajöfnunaraðgerðir byggjast að hluta til á aðgerðum ríkjanna sjálfra. Þau vinna sjálf sínar áætlanir og verða sjálf að fjármagna aðgerðir að hluta til.

ESB leggur áherslu á bættar samgöngur og bætt lífsgæði sem lið í atvinnuþróun. Evrópusambandið hefur t.d. í auknum mæli tekið skipulags- og umhverfismál inn í stefnumörkun sína. Svæðastuðningur ESB kemur frá uppbyggingarsjóðum ESB (Structure Funds). Helmingur þessa fjármagns kemur frá svæðasjóðnum, 30% frá félagsmálasjóðnum og 20% frá landbúnaðar- og fiskveiðisjóðunum. Heildarfjármagn til svæðajöfnunaraðgerða á tímabilinu 1994–1999 er 145 milljarðar ECU, sem samsvarar um 12 þús. milljörðum íslenskra króna. 90% svæðajöfnunaraðgerða renna til þriggja skilgreindra aðalmarkmiða.

Markmið 1: Stuðningur við skammt þróuð svæði og sérlega dreifbýl svæði. Skammt þróuð svæði teljast þau svæði þar sem verg þjóðarframleiðsla eða svæðisframleiðsla er undir 75% af meðaltali innan Evrópusambandsins. Þar er stutt við fjárfestingar í grunngerð, fjölbreytni atvinnulífs, þróun í landbúnaði og ferðaþjónustu, orkumál og fjarskiptatækni. Sérlega dreifbýl svæði eru til dæmis norðurhéruð Svíþjóðar og Finnlands. Þar er stutt við vöruþróun, nýja tækni, markaðssetningu, framleiðniaukningu, gæðaþróun, ferðaþjónustu, rannsóknir og þróunarsamstarf lítilla fyrirtækja, fjarskiptaþróun, upplýsingatækni og starfsmenntun. Tæp 20% af íbúum Evrópusambandsins búa á svæðum sem falla undir þennan flokk.

Markmið 2: Uppbygging og endurnýjun á svæðum með einhæft og staðnað atvinnumynstur, sem ekki heyra undir markmið 1. Stutt er við endurnýjun iðnaðar, alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, stofnun nýrra fyrirtækja (einkum meðal kvenna), samstarf fyrirtækja og háskóla varðandi rannsóknar- og þróunarstarf, fjárfestingar, nýja tækni og vöru-

þróun, starfsþjálfun, ferðaþjónustu, náttúruvernd, sjálfbæra þróun, menningarmál og fjarskiptatækni. Tæp 18% af íbúum Evrópusambandsins búa á svæðum sem falla undir þennan flokk.

Markmið 3: Aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi, einkum ungmenna, áhersla er lögð á endurmenntun starfsfólks í fyrirtækjum og bætta vinnutilhögun. Stutt er við starfsmenntun, leiðbeiningar og ráðgjöf, átaksmiðstöðvar og stofnun eigin fyrirtækja. Einnig er stutt við þróun vinnuskipulags, athuganir á þörfum starfsfólks og starfsmenntun á sviði vöruþróunar, upplýsingatækni og alþjóðavæðingar. Þetta markmið er ekki takmarkað við nein ákveðin svæði innan Evrópusambandsins eins og markmið 1 og 2.

6.1 Styrktaráætlanir og sjóðir.

Samstarfsverkefni:

9% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til svonefndra samstarfsverkefna. Oftast er krafist samstarfs aðila frá tveimur eða fleiri ríkjum. Forgangsverkefni eru m.a. þróun landsbyggðar, einkum jaðarsvæða, atvinnuþróun, mannauðsþróun, vandamál vegna breyttra atvinnuhátta, vandamálasvæði í borgum og stofnbreyting á fiskveiðum. Þessi verkefni heyra undir fjórar megináætlanir:

- INTERREG miðar að samvinnu ríkja með samliggjandi landamæri eða ríkja sem tengjast með hafsvæði. Stutt er við atvinnuþróun, menntun o.fl. Meðal verkefnaáætlana sem heyra undir þessa áherslu eru ESDP, sem er sérstakt svæðaþróunarverkefni, og Norðurslóðaáætlunin NPP.
- LEADER miðar að þróun viðkvæmra dreifbýlissvæða, einkum landbúnaðarsvæða. Unnið er að atvinnuþróun, einkum á sviði smáfyrirtækja, umhverfismála, þjónustu, ferðamála, menningar, lífsgæða o.fl. Stutt er við nýsköpunaraðgerðir, sem nýtast sem fyrirmynd fyrir önnur svæði, og myndað er samstarfsnet svæðanna.
- EQUAL vinnur gegn hvers konar misrétti og ójöfnuði á vinnumarkaði.
- URBAN snýr að félagslegum umbótum í borgum.

Tilraunaverkefni:

Um það bil 1% svæðajöfnunaraðgerða ESB renna til lítilla tilraunaverkefna á sviði nýsköpunar o.fl.:

- Svæðasjóðurinn styrkir m.a. samstarf á sviði menningar, skipulagsmála, útbreiðslu tækni, menntunar, landbúnaðar og fiskveiða.
- Félagsmálasjóðurinn styrkir m.a. verkefni á sviði almennrar menntunar, starfsmenntunar, vinnuskipulags, hreyfanleika starfsfólks og aðlögunar fólks sem fallið hefur út af vinnumarkaðinum.
- Landbúnaðarsjóðurinn styður þróunarverkefni á landbúnaðarsvæðum.
- Fiskveiðisjóðurinn styður nýsköpunarverkefni og rannsóknir á sviði sjávarútvegs.

6.2 Áherslur 2007–2013.

Á tímabilinu 2007–2013 hefur verið samþykkt að verja um 336 milljörðum evra til byggðaaðgerða hjá Evrópusambandinu, um þriðjungi heildarútgjalda sambandsins. Höfuðáhersla er á sjálfbært og samkeppnishæft þekkingarhagkerfi og evrópska efnahagsstefnu með ríka áherslu á aðgerðir á svæðum með erfiðleika í atvinnulífi. Áhersla er einnig á aukna valddreifingu og gagnsæja og hagkvæma framkvæmd aðgerða.

Þrír sjóðir standa að fjármögnun flestra verkefna. Þeir eru:

1. Byggðaþróunarsjóður Evrópu (ERDF) er stærstur svokallaðra þróunarsjóða ESB.

Meginhlutverk sjóðsins er að jafna efnahagslega stöðu svæða innan sambandsins með því að styrkja nýsköpunar- og uppbyggingarverkefni. Eins og hjá öðrum þróunarsjóðum ESB er gert ráð fyrir mótframlögum frá aðildarríkjunum og/eða sveitarstjórnum.

2. Félagsmálasjóður Evrópu (ESF) gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnumálastefnu Evrópusambandsins. Félagsmálasjóðurinn veitir fjármagn til baráttu gegn langtímaatvinnuleysi og brotthvarfi af atvinnumarkaði, til þjálfunar og endurmenntunar atvinnulausra og jöfnunar tækifæra kvenna og karla á atvinnumarkaði.
3. Aðlögunarsjóður Evrópu (Cohesion Fund (CF) hafði það hlutverk að stuðla að uppbyggingu grunngerðar og styðja verkefni í þeim fjórum löndum sem töldust búa við lökust skilyrði á tímabilinu 2000–2006, þ.e. Írlandi, Portúgal, Spáni og Grikklandi. Meginhlutverk hans á næsta tímabili verður að styrkja grunngerð og aðstæður í nýju aðildarríkjunum. Settar verða nýjar reglur um verkefni sem ná yfir landamæri.

Að auki hafa tveir smærri sjóðir veitt byggðastuðning. Þeir eru:

1. Þróunar- og ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar, þróunarhluti, sem er ætlað að ýta undir hagræðingu í landbúnaði og að styrkja atvinnuþróunarverkefni í sveitum. Hinn hluti sjóðsins, svokallaður ábyrgðarhluti, er stærri í sniðum og um hann fer bróðurpartur styrkja til landbúnaðar í ESB. Þróunin hefur þó verið sú að meira stuðningsfé fer til hagræðingar og uppbyggingar en minna til framleiðslustyrkja.
2. Sjávarútvegssjóður ESB styrkir hagræðingu og uppbyggingu í sjávarútvegi í Evrópusambandinu. Sjóðurinn er minnstur svokallaðra þróunarsjóða.

   Um 1% af fjárlögum ESB fer til reksturs sjávarútvegsstefnu sambandsins. Sú fjárhæð samsvarar um 0,0115% af vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna. Til viðbótar við það koma þó ýmis útgjöld aðildarríkjanna sjálfra. Sérstök áætlun, nefnd PESCA, hefur verið sett á laggirnar til að aðstoða þau svæði þar sem sjávarútvegur þarfnast mestrar aðstoðar við hagræðingu.

Byggt verður á þremur markmiðum, sem er ætlað að endurskapa evrópskt landslag í stækkuðu bandalagi og taka mið af alþjóðavæðingu og þróun þekkingarhagkerfisins. Markmiðin eru 1) samhæfing (convergence), 2) samkeppnishæfni og atvinnulíf (competitiveness and employment) og 3) svæðasamvinna (territorial cooperation). Þessum markmiðum er ætlað að taka við af markmiðum (Objectives) 1, 2 og 3 á núgildandi áætlanatímabili.

Markmið 1: Samhæfing. Aðgerðir eru fjármagnaðar af ERDF, ESF og CF. Markmiði 1 er ætlað að örva þróun á vanþróuðum svæðum með því að fjárfesta í gunngerð og mannauði, nýsköpun og þekkingariðnaði og örva efnahagslegar og félagslegar breytingar, ásamt því að stuðla að verndun umhverfis og bættri stjórnsýslu. Svæði með minna en 75% af vergri landsframleiðslu (GDP) að meðaltali á íbúa af meðaltali Evrópusambandsins geta notið aðgerða samkvæmt Markmiði 1, einnig einstök svæði sem eftir stækkun sambandsins verða á mörkum þessa hlutfalls og nokkur jaðarsvæði t.d. eyjar. Svæði sem áður nutu stuðnings Aðlögunarsjóðsins (CF) og eru með minna en 90% af vergum þjóðartekjum að meðaltali á íbúa (GNI) Evrópusambandsins munu áfram njóta stuðnings úr CF. Markmið 1 fær samtals 264 milljarða evra og fara um ¾ hlutar framlaganna til svæða með lága verga landsframleiðslu (GDP).

Markmið 2: Samkeppnishæfni og atvinnulíf. Aðgerðir eru fjármagnaðar af ERDF og ESF. ERDF-verkefnum er ætlað að auka samkeppnishæfni með því að stuðla að efnahagslegum og félagslegum breytingum og styðja nýsköpun, þekkingarsamfélagið, frumkvöðlastarf og náttúruvernd og að takmarka áhættu. Með ESF-verkefnum á að aðstoða starfsfólk og fyrirtæki við að mæta breytingum á vinnumarkaði og stuðla að slíkum breytingum. markmiðið nær til allra svæða sem falla ekki undir markmið 1. Svæði sem féllu undir eldra markmið 1

(Objective 1 á tímabilinu 2000–2006) fá sérstök lækkandi aðlögunarframlög fram til ársins 2013. Framlög í markmið 2 verða 57,9 milljarðar evra og fara um 83% til svæða sem ekki voru á markmiðssvæði 1 árin 2000–2006 en um 16% til aðlögunarsvæðanna.

Markmið 3: Svæðasamvinna. Aðgerðir eru fjármagnaðar af ERDF. Markmiðið á sér rætur í Interreg-verkefnum tímabilsins 2000–2006. Verkefnunum er ætlað að styrkja samvinnu á þremur stigum, sem eru samvinna yfir landamæri, fjölþjóðleg samvinna og netkerfi um samvinnu og þekkingaryfirfærslu. Samstarfsverkefni yfir landamæri geta náð til svæða beggja vegna landamæra og svæða sem liggja að sjó. Framlög til markmiðs 3 verða 13,2 milljarðar evra.

6.3 Svæðaeinkenni og aukinn kostnaðarhluti.

Stækkun ESB mun leiða af sér að margar viðmiðanir breytast á næsta starfstímabili Urban-áætlunarinnar. Tilgangur með áætluninni er að stuðla að félagslegum umbótum í borgum, t.d. menntun ungs fólks og fólks án atvinnu.

Á næsta tímabili mun sérstakt tillit verða tekið til borga og bæja sem notið hafa stuðnings við endurnýjun samkvæmt URBAN-áætluninni og horft til dreifbýlla svæða og svæða sem eru háð fiskveiðum. Einnig mun verða tekið tillit til eyja og strjálbýlla svæða sem áður nutu stuðnings frá markmiði 1 til skammt þróaðra svæða og sérlega dreifbýlla svæða á árunum 2000–2006.

Kostnaðarhlutur ESB mun nema að lágmarki 20% í einstökum verkefnum en getur orðið mun hærri og allt að 85% á svæðum sem heyra undir Aðlögunarsjóðinn (CF), 75% á svæðum sem heyra undir samhæfingarmarkmiðið og allt að 50% á svæðum sem heyra undir samkeppnishæfnimarkmiðið. Hámark kostnaðarhluta samkvæmt markmiðinu um svæðasamvinnu verður 75%. Miðað er við 50% viðbótarkostnað fyrir jaðarsvæði (outermost regions) og allt að 85% fyrir rekstrarframlög á jaðarsvæðum. Að auki hafa verið gerðar tillögur um nokkur sérákvæði fyrir enn aukin framlög til jaðarsvæða, þau helstu eru á bilinu 5–10% og gilda þau einkum fyrir norðlæg strjálbýl svæði. Hámark kostnaðarhluta sambandsins mundi með þessum viðbótarframlögum geta numið 60%.

6.4 Um ESDP og ESPON.

Mikil áhersla hefur verið á byggðamál í starfi Evrópusambandsins og að með byggðaþróun myndist skilvirk svæði án tillits til landamæra. Evrópusambandið hefur samþykkt stefnu sem rammar inn framtíðaráherslur þess um skipulag og byggðaþróun (European Spatial Development Perspective), ESDP. Aðdraganda að ESDP má rekja til umræðna á sjöunda áratug síðustu aldar en stefnan var þó ekki samþykkt fyrr en í aldarlok. Stefnt er að stöðugleika og sjálfbærni í byggðaþróun til þess að ná þremur höfuðmarkmiðum Evrópusambandsins, þ.e.:

- efnahagslegri og félagslegri aðlögun,
- varðveislu og stjórnun náttúruauðlinda og menningararfs,
- jafnari samkeppnishæfni svæða.

ESDP er ekki bindandi samþykkt um miðstýrða áætlanagerð frá Brussel, heldur hentugur rammi um áherslur fyrir hin ýmsu starfssvið eða geira Evrópusambandsins, einstakra ríkja, landshluta og sveitarfélaga til þess að ná jafnri og sjálfbærri þróun. ESDP hvetur til samstarfs yfir landamæri og hefur leitt til áætlanagerðar á hinum ýmsu stjórnsýslustigum, „Spatial Planning and Development". Leitast er við að samþætta skipulag byggða og bæja, samgöngur og þróunaráætlanir á grundvelli ESPD í þeim tilgangi að jafna aðstæður og samkeppnishæfni og nálgast sjálfbæra þróun. Á Íslandi má t.d. greina áhrif í skipulagslögum, þar sem nú er

kvatt á um mat á umhverfisáhrifum skipulagstillagna og skráningu fornleifa, í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og raunar má líka greina áhrif í byggðaáætlun 2002–2005.

Áherslur ESDP verða grundvöllur til fjárveitinga úr þróunarsjóðum Evrópusambandsins og stuðningur kemur fram við verkefni og stofnanir. Á Evrópusambandsstigi er þannig gert ráð fyrir:

- rannsóknum á framkvæmd og áhrifum stefnunnar á byggð og skilvirkni,
- samstarfi við fjölþjóðlegar stofnanir til þess að setja framkvæmdina í stærra samhengi,
- aðgerðum til þess að safna og skiptast á samanburðarhæfum upplýsingum um þau atriði sem mestu skipta fyrir áætlanagerð á grundvelli ESDP,
- miðlægri stofnun, Europen Spatial Planning Observation Network, ESPON, til þess að fylgjast með þróun svæða, verða samstarfsvettvangur evrópskra stofnana sem rannsaka byggðaþróun og styðja stefnumótun á sviði byggðamála.

Á milliríkjastigi innan sambandsins er gert ráð fyrir:

- stuðningi frá Interreg III-áætluninni,
- stuðningi við samstarf, einkum yfir landamæri og við þriðja land, utan ESB.

Á ríkisstigi er gert ráð fyrir:

- að ríkisstjórnir auki áherslu á byggða- og skilvirknisáætlanir,
- að ríkisstjórnir upplýsi almenning um hið evrópska samstarf á þessu sviði.

Á landshluta- og sveitarstjórnastigi er gert ráð fyrir:

- víðtækara samstarfi yfir landamæri, t.d. um áætlanir um byggðaþróun, skipulag landnotkunar, umferðarkerfi, sjálfbæra þróun landbúnaðarhéraða, áætlanir um uppbyggingu á náttúru- og menningararfinum og bæjanetum eða -klösum með tilliti til þéttbýlisþróunar.

Þeirri miðlægu stofnun sem sett var á laggirnar með ESDP var fundinn staður í Luxemborg og nefnd European Spatial Planning Observation Network, ESPON. Stofnunin er þó kannski frekar samstarfsvettvangur því að stofnanir um alla Evrópu hafa unnið saman að miklum rannsóknarverkefnum samkvæmt starfsáætlun um ESPON, sem nær yfir tímabilið 2000–2006. Starfið hófst raunar fyrst 2002 að undangengnu undirbúningstímabili. Starfsáætlunin er ein af áætlunum Interreg III og þykir þegar hafa skilað svo miklu að fyrir liggur að ákveða annað starfstímabil, frá 2007 til 2013.

„ESPON-svæðið“ nær yfir ESB-löndin 25 og umsóknarlöndin Búlgaríu og Rúmeníu, auk Sviss og Noregs en Ísland hefur ekki verið með í þessu samstarfi.

Rannsóknahópar sem vinna verkefni á vegum ESPON þurfa hver og einn að hafa þátttakendur frá minnst þrem löndum en margir hafa mun víðtækari þátttöku. Á þessu starfstímabili er unnið að 26 verkefnum með aðild á annað hundrað stofnana víðs vegar um Evrópu. Með starfinu safnast saman og verða aðgengilegar miklar og samanburðarhæfar upplýsingar um aðstæður og einkenni einstakra svæða í Evrópu. Eitt af einkennum ESPON-rannsóknanna er að miklar upplýsingar, greiningar og niðurstöður eru settar fram á uppdráttum, rafrænum kortum sem auðvelda yfirsýn og samanburð.

Rannsóknarverkefni á vegum ESPON eru hagnýtar rannsóknir og eiga að þjóna þremur markmiðum:

1. að auka þekkingu um landrænar og samfélagslegar aðstæður í Evrópu,
2. að styrkja grundvöll fyrir stefnumörkun (ýmist innan Evrópu, ríkja eða landshluta),
3. að styrkja þverfaglegt, evrópskt umhverfi fyrir rannsóknir á málum sem varða land og samfélag.

Skipta má ESPON-verkefnum í fjóra áhersluflokka:

Áhersla 1: Efnisflokkarannsóknir. Rannsóknir á grundvelli víðtækrar upplýsingaöflunar um áhrif stórfelldra breytinga á byggðaþróun með hliðsjón af formgerð byggðar og staðsetningu borga.

Áhersla 2: Rannsóknir á áhrifum stefnumörkunar. Rannsóknir á grundvelli víðtækrar upplýsingaöflunar um byggðaáhrif af stefnu Evrópusambandsins á ýmsum starfssviðum þess, á stefnu aðildarríkja fyrir byggðir og mismunandi gerðir samfélaga.

Áhersla 3: Þverunar- og samhæfingarrannsóknir sem lykilatriði. Árangursmat á öðrum rannsóknum með tilliti til samþættra niðurstaðna, svo sem mælinga og upplýsinga, formgerðar svæða, byggðaþróunarskilyrða og niðurstaðna um byggðaþróun.

Áhersla 4: Vísindaleg upplýsingasamantekt og netsamstarf til þess að finna samvirkni milli ESB-styrkja og ríkisstyrkja til rannsókna og rannsóknagetu.

7. Byggðaáætlanir í Kaliforníu.

Byggðastefna og byggðaþróun í Bandaríkjunum hafa vakið verulega athygli á undanförnum árum. Fæstir tengja þá hagþróun sem á sér stað þar í landi við byggðaaðgerðir en málaflokkurinn er engu að síður umfangsmikill í mörgum ríkjum Bandaríkjanna. Byggðaaðgerðir í Kaliforníu eru nýlegt fyrirbæri. Íbúafjöldi hefur vaxið ört og fjölgaði t.d. um 1,4 milljónir á síðasta áratug 20. aldar. Íbúar eru um 34 milljónir og búist er við að þeim fjölgi um 20 milljónir á næstu 15 árum. Svæðið býr yfir miklum mannauði og náttúrugæðum. Nefna má Kísildalinn, sem er miðstöð þróunar í tölvuheiminum, Biotech-ströndina í San Diego og geysistóran líffræðiklasa í San Fransisco. Í fylkinu er miðstöð skemmtiiðnaðar og þar er að finna stærsta landbúnaðarhérað í Bandaríkjunum ef tekið er mið af fjölbreytileika framleiðslunnar.

Kalifornía hefur staðið framarlega í umhverfismálum og hefur t.d. miðað löggjöf sína við Kyoto-samninginn auk þess að byggja mjög á endurnýjanlegum orkugjöfum. Stjórnvöld hafa í raun fylgt viðskiptalífinu eftir með sinni uppbyggingu og áherslum. Þannig fylgdu ákvarðanir í opinberum framkvæmdum í kjölfar þess að tæknigeiri tölvuiðnaðarins tók að byggjast upp í Kísildalnum í nágrenni háskólarannsókna. Hliðstæð uppbygging hefur orðið í Los Angeles og San Diego í öðrum greinum.

Áhersla hefur verið lögð á valddreifingu og miðast byggðaáætlanir við ákveðna skiptingu fylkisins í undirsvæði og eru aðferðir áætlunargerðar meira áberandi í fylkinu en víða annars staðar í Bandaríkjunum þar sem aðgerðir (action) er talin mikilvægasta aðferðafræðin.

Megináhersla er á það sem hefur verið kallað hin þrjú e, þ.e. hagkvæmni (economy), umhverfi (environment) og félagslegt jafnræði (social equality). Þessi atriði eru undirstaða aðferðar sem er kölluð „smart growth" og þýða mætti sem snjall vöxtur. Þetta þýðir í raun að allar framkvæmdir þurfa að standast ákveðna hagkvæmni innan borgarsvæðis. Í öðru lagi þurfa framkvæmdir að fullnægja markmiðum um umhverfisvernd. Í þriðja lagi er horft til hagkvæmni aðgerða fyrir hagkerfið og hvernig aðgerðir varða félagslegt réttlæti. Hið opinbera reynir síðan að stuðla að því að þessum markmiðum sé náð, t.d. með uppbyggingu samgöngumannvirkja og annarrar grunngerðar.

Áhersla í snjöllum vexti er lögð á að samhæfa fjölgun starfa á vinnumarkaði og framboð af nýju húsnæði, með það að markmiði að íbúðarhúsnæði henti samsetningu vinnuaflsins, og að draga úr þörf fyrir umferð um langar vegalengdir. Endurbygging eldri miðbæjarkjarna er einnig eitt af markmiðum snjalls vaxtar og verndun náttúrugæða annað, enda eru gæði umhverfis hluti þess lífsstíls sem vilji íbúa stendur til. Í fylkinu er lögð mikil áhersla á jafnræði

kynþátta, en töluverður meiri hluti íbúafjölgunar er vegna fólks af latneskum uppruna, þ.e. frá Mið- og Suður-Ameríku.

Klasamyndun hefur haft mikil áhrif á byggðaþróun Kaliforníu og orðið fyrirmynd aðgerða víða annars staðar, t.d. í Finnlandi. Í Kísildalnum sunnan við San Francisco starfa nú yfir 7.000 hátæknifyrirtæki, mörg vel þekkt um allan heim. Starfsemi þeirra hefur fylgt mikil þörf fyrir íbúðabyggð, uppbyggingu þjónustu og samgöngumannvirkja og áhersla verið á samhæfandi skipulagsaðferðir.

Heimildaskrá.

Í þessu yfirliti yfir ástand og horfur, byggðaáætlanir og byggðaaðgerðir, hefur víða verið leitað fanga, gögn og viðhorf túlkuð og metin með hliðsjón af öðrum. Því var sá kostur valinn að hafa ekki beinar tilvitnanir í texta heldur taka saman skrá yfir helstu rit og aðrar heimildir sem byggt er á ásamt ítarefni.

- Byggðarannsóknarstofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, *Fólk og fyrirtæki. Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*, 2003.
- Byggðastofnun, *Breyttar áherslur í byggðamálum*, 1994.
- Byggðastofnun, svæðisbundnar byggðaáætlanir.
- Byggðastofnun, *Tillögur að skilgreiningu sauðfjársvæða ásamt reglum um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7.500 ærgildum.*
- Búnaðarþing 2002, *ályktun (síðari u.) Byggðamál.*
- Byplan nr. 1, 2005.
- Bæjarstjórn Garðabæjar, *Aðalskipulag Garðabæjar 2004–2016*, drög, www.gardabaer.is.
- Bæjarskipulag Kópavogs, *Aðalskipulag Kópavogs 2000–2012*, 2002, www.kopavogur.is.
- Castells, M. *Rise of the network society*, 2000.
- De Jong, G. F. *Expectations, gender and norms in migration decision-making. Population Studies*. 54, 2000, 307–319.
- *Effekter af utlokalisering av statlige arbeitsplasser*, Rogaland 2004.
- Eiríkur Tómasson og Árni Vilhjálmsson, *Álitsgerð um samkeppnisumhverfi í landbúnaði og stöðu búvöruframleiðslu gagnvart samkeppnislögum*, 2004 (á vef landbúnaðarráðuneytis).
- European Spatial Development Perspective, ESDP, skýrslur á heimasíðu http://europa.eu.int/comm/regional_policy/sources/docoffic/official/reports/som_en.htm.
- European Spatial Planning Observation Network, ESPON, skýrslur og starfsáætlanir á heimasíðu www.espon.lu.
- Ferðamálaráð Íslands, *Auðlindin Ísland. Ferðaþjónustusvæði*, 2002.
- Ferðamálaráð Íslands, *Ferðafréttir* 1. tbl. 2004.
- Tal Finney, *Proceedings from an International Conference on Territorial Development*, Paris 2003.
- Forsætisráðuneytið, *Auðlind í allra þágu. Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.*
- *Frumvarp til laga um skipan ferðamála*, þskj. 1097, 735. mál á 131. löggjafarþingi 2004–2005.
- Gerður G. Óskarsdóttir, *The forgotten half: Comparison of dropouts and graduates in their early work experience*, 1995.
- Gerður G. Óskarsdóttir, *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsókn á tengslum menntunar og starfs*, 2000.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, *Íslenskur sjávarútvegur við aldahvörf. Félagfræðilegur sjónarhóll. Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, 2004.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Haustskýrsla 2002, *Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi.*
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, *Flug og ferðaþjónusta á Íslandi, Skýrsla nr. C03:07.*
- Hagstofa Íslands, hagtölur.
- Hagstofa Íslands, *Landshagir*, 2004.
- Hagtíðindi, *Konur og karlar 2004*, 2004, 1 og 40–41.
- Hagtíðindi, *Fyrirtæki og umsvif*, 16. febrúar 2004.
- IBM Business Consulting Services, *Úttekt á verkefninu um íslenska upplýsingasamfélagið*. Unnið fyrir forsætisráðuneytið, 2002.

- Ingi Rúnar Eðvaldsson,. *Háskólamenntun og búseta: Rannsókn á áhrifum háskólamenntunar á búsetuþróun á Íslandi*, 2000.
- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, *Byggðaáætlun 2002–2005 með tilheyrandi aðgerðatillögum.*
- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, *Þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar.*
- Indenrigs- og sundhedsministeriet, *Regionalpolitik og Regionernes konkurrenceevne*, á heimasíðunni www.im.dk.
- Institutet för tillväxtpolitiska studier, *Boendeflyttare och jobbflyttare – orsaker och drivkrafte till nya flyttemönster i det postindustriella samhället, Arbetsrapport.* 2004.
- Ívar Jónsson og Vífill Karlsson, *Borgarbyggð og Bifröst – Sambúð háskóla og byggðalags*, 2002.
- Journal of NordRegio, júní 2002, september 2003, desember 2003, mars 2004, september 2004.
- Jón Torfi Jónasson, *Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulífið*, 1992.
- Landbúnaðarráðuneytið, reglugerð nr. 910/2003.
- Landbúnaðarráðuneytið, reglugerð nr. 967/2003.
- Landbúnaðarráðuneytið, Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða. 13. mars 2000.
- Landbúnaðarráðuneytið, Tillögur og greinagerðir „grænmetisnefndar" til landbúnaðarráðherra, 2002.
- Landbúnaðarráðuneytið, *Úttekt á lífskjörum bænda í hefðbundnum landbúnaði 1989–1996*, 1998.
- Landvernd, *Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Meginforsendur.*
- *Meginstefnumið iðnaðar- og viðskiptaráðherra árin 2004–2007*, 2004.
- Nora, heimasíða www.nora.fo.
- Nordisk InnovationsCenter, heimasíða, www.nordicinnovation.net/.
- Nordregio, *Regional planning in Finland, Iceland, Norway and Sweden, Working paper*, 2004.
- Nordregio, heimasíða, www.nordregio.se.
- Norðurslóðaáætlunin Interreg III B, heimasíða, www.northernperiphery.net.
- Norræna ráðherranefndin, *Kommunala utjämningssystem i Norden*, 2001.
- Magnús Oddsson, *Umfang ferðaþjónustu.* Erindi haldið á ráðstefnu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 29. apríl 2004.
- Reskin og Padavic, I. *Women and men at work*, 1994.
- Ríkisendurskoðun, *Skógrækt*, 2004.
- Samgönguráðherra, *Ræða á ferðamálaráðstefnu* 14. október 2004.
- Samgönguráðuneytið, *Fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005–2010*, Drög til kynningar 2004.
- Samgönguráðuneytið, *Íslensk ferðaþjónusta. Framtíðarsýn*, 2003.
- Samtök iðnaðarins, *Hátækniiðnaður*, drög lögð fram á Iðnþingi 18. mars 2005-08-30 SI.
- Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024, Fylgirit 2, Skipulagstölur*, 2002.
- Seyfrit, C.L. og Lawerence C. H., *Who will leave? Oil migration and Scottish island youth. Society and Natural Reseources*, 1992, 5, 263–276.
- Sigríður Elín Þórðardóttir, *Bleikur og blár vinnumarkaður.* 2000, BA-ritgerð, HÍ.
- Sjávarútvegsráðuneytið, *Djúpið*, 5 tbl. 2004.
- Sjávarútvegsráðuneytið, 5 ára átak til að auka verðmæti sjávarfangs.
- Sjávarútvegsráðuneytið, *Sjávarútvegurinn í tölum 2004.*
- Sjöfn Sigurgísladóttir, *Stefna og hlutverk Rf, Rannsóknir á Norðurlandi*, 2004.
- *Skýrsla iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005*, þskj. 218, 216. mál á 131. löggjafarþingi 2004–2005.
- Smart growth, www.abag.ca.gov./planning/smartgrowth, 2005.
- Stefán Ólafsson, *Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga*, 1997.
- Stefán Ólafsson, *Kísildalur – Leiðarljós Íslands inn í þekkingarhagkerfi. Rannsóknir í félagsvísindum V*, 2004, 243–259.
- *Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn um framlög til ferðaþjónustu*, þskj. 742, 291.mál á 130. löggjafaþingi 2003–2004.
- *Tillaga til þingsályktunar um ferðamál*, þskj. 1032, 678. mál á 131. löggjafarþingi 2004–2005.
- *Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005*, þskj. 843, 538.mál á 127. löggjafarþingi 2001–2002.
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB, 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.
- Utanríkisráðuneytið, *Horft til framtíðar*, 2002.

- Valdimar Ingi Gunnarsson, *Staða og framtíðaráform í íslensku fiskeldi*, 2004.
- *Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis mars 2004*, Vísbending, 6. tölublað 2004.
- *Vísbending*, 51. tölublað 2004.
- Vottunarstofan Tún, *Lífræn byggðaþróun. Nýr kostur í íslenskum byggðamálum*, drög 2004.
- Ifor Williams, *Developing Clusters*, 2003.
- Þór Sigfússon, *Landnám. Útrás íslenskra fyrirtækja*, 2000.
- Þóroddur Bjarnason, *Leiðin að heiman ... Forspárgildi viðhorfa unglinga fyrir búsetuþróun á Íslandi. Rannsóknir í félagsvísindum V.* 2004, 303–312.

474. Frumvarp til laga [392. mál]

um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal stofna hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og leggja til þess allar eignir þeirra og skuldir, réttindi og skuldbindingar.

Skal iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hið nýja félag að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í lögum þessum.

3. gr.

Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

4. gr.

Tilgangur hlutafélagsins skal vera að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967, vegna hitaveitna, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Hlutafélaginu skal heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum skv. 1. mgr. á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal félaginu heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum.

Tilgangi og verkefnum hlutafélagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Hlutafélagið tekur við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna.

Í samræmi við 1. gr. yfirtekur hlutafélagið allar virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins og þau réttindi og skyldur sem Rafmagnsveiturnar hafa samkvæmt lögum eða stjórnvaldsákvörðunum vegna virkjunarframkvæmda og reksturs virkjana.

6. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967, vegna hitaveitna.

7. gr.

Þegar starfsemi Rafmagnsveitna ríksins verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins.

Um biðlaunarétt starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

9. gr.

Stofna skal hlutafélagið á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 15. desember 2005. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins greiðist af hlutafélaginu.

10. gr.

Iðnaðarráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins og skal nefndin leggja mat á hvert stofnfé hlutafélagsins skuli vera. Við mat þetta skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir iðnaðarráðherra eigi síðar en þremur dögum fyrir stofnfund.

11. gr.

Hlutafélagið skal taka til starfa 1. janúar 2006 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. IX. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Rafmagnsveitur ríkisins, fellur úr gildi þegar hlutafélagið tekur til starfa, sbr. ákvæði 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum 2. apríl 1946, en lögin komu til framkvæmda frá og með 1. janúar 1947. Þá voru felld úr gildi flest eldri lög um raforkumál nema vatnalögin frá 1923 sem fengu að standa óbreytt að mestu leyti. Rafmagnsveitur ríkisins tóku til starfa 1. janúar 1947.

Árið 1965 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins og Rafmagnsveitnanna með setningu laga um Landsvirkjun. Á árinu 1967 voru síðan raforkulögin endurskoðuð við samþykkt orkulaga á Alþingi. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar á stórum þáttum í raforkulögunum, sérstaklega þeim sem tengdust rannsóknum, framkvæmdum í virkjunarmálum og hagnýtingu jarðhita. Með orkulögunum var einnig gerð sú breyting að Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveiturnar voru sameinaðar í eitt fyrirtæki. Það var gert að sjálfstæðu fyrirtæki sem heyrði undir stjórn þess ráðherra sem færi með raforkumál.

Á árinu 2003 urðu ný þáttaskil í sögu orkumála landsins með setningu nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem komu til framkvæmda þann 1. júlí 2003. Með setningu þeirra laga voru skapaðar forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

Þann 18. júní 2004 tóku gildi lög um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og annast þar af leiðandi rekstur allra flutningsvirkja. Hófst rekstur þessi þann 1. janúar 2005.

Á árinu 1978 tók Orkubú Vestfjarða við rekstri Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi.

Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins búa um 49.100 manns sem njóta þjónustu fyrirtækisins.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka háspennukerfi sem er um 8.700 km að lengd. Hér er um að ræða rúmlega 5.800 km af dreifilínum á 11 og 19 kV sem byggðar hafa verið upp í sveitum landsins, ásamt um 1.600 km af 11 og 19 kV jarðstrengjum til sveita. Einnig er um að ræða stofnlínur á 33, 66 og 132 kV, svo og sæstrengi og jarðstrengi. Enn fremur eiga og reka Rafmagnsveiturnar dreifikerfi í um 50 þéttbýlisstöðum og um 55 aðveitustöðvar.

Rafmagnsveiturnar eiga níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri, flestar fremur litlar. Þær eru samtals um 19 MW og er Lagarfossvirkjun þeirra stærst, um 7,5 MW, en Skeiðsfossvirkjun næststærst, um 5 MW. Unnið er að því að stækka Lagarfossvirkjun um nær 20 MW og verður nýja vélin væntanlega gangsett á árinu 2007.

Þá eiga Rafmagnsveiturnar um 30 dísilaflstöðvar með samtals um 40 MW afli auk tveggja kyndistöðva þar sem framleitt er heitt vatn með rafskautskötlum og 5 MW varaafl er til staðar.

Raforkuöflun fer fram með tvennum hætti, annars vegar með orkukaupum af Landsvirkjun og nokkrum smærri aðilum og hins vegar með eigin framleiðslu í vatnsaflsvirkjunum og varmaafls- og kyndistöðvum. Eigin raforkuframleiðsla er um 14% af allri raforkuöflun.

Á árunum 1972–1984 byggðu Rafmagnsveiturnar 132 kV byggðalínur, samtals 1.057 km að lengd, ásamt tólf aðveitustöðvum. Með byggðalínukerfinu voru öll raforkuveitusvæði landsins tengd saman í eitt landskerfi sem aukið hefur öryggi raforkunotenda landsbyggðar-

innar verulega. Landsvirkjun tók yfir byggðalínukerfið til eignar og reksturs frá 1. janúar 1983 uns Landsnet hf. tók yfir þennan rekstur í ársbyrjun 2005. Rafmagnsveiturnar sáu hins vegar um rekstur og viðhald þess að hluta til á þessu tímabili.

Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þær eru eftirfarandi:

1991 Hitaveita Hafnar í Hornafirði
1991 Rafveita og Hitaveita Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun
1992 Hitaveita Seyðisfjarðar
1995 Rafveita Borgarness
2000 Rafveita Hveragerðis
2001 Rafveita Sauðárkróks
2003 Hitaveita Dalabyggðar
2005 Hitaveita Blönduóss

Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar Rafmagnsveitunum heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli.

Árið 1999 stofnuðu Rafmagnsveiturnar hlutafélagið Héraðsvötn ehf. ásamt heimamönnum í Skagafirði í þeim tilgangi að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Þetta var unnt eftir að Alþingi samþykkti á vorþingi 1999 að heimila Rafmagnsveitunum að gerast aðilar að hlutafélögum í orkurekstri og eiga þær 50% hlutafjár í Héraðsvötnum ehf.

Þá stofnuðu Rafmagnsveiturnar einnig á sama ári hlutafélagið Sunnlenska orku ehf. ásamt Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi í þeim tilgangi að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal. Eignarhluti Rafmagnsveitnanna er 90%. Að auki eiga Rafmagnsveitur ríkisins hluti í sjö öðrum félögum.

Starfsmenn Rafmagnsveitnanna voru 214 talsins í lok ársins 2004. Heildarorkusala Rafmagnsveitna ríkisins nam 1.252 GWst á árinu 2004. Smásala raforku nam 888 GWst, heildsala raforku 195 GWst og sala á heitu vatni 65 GWst.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er traust og nam eigið fé fyrirtækisins í árslok 2004 tæpum 10,8 milljörðum kr. Árið 2004 var veltan 6.431 millj. kr. Rekstrargjöld vegna orkukaupa námu 4.924 millj. kr. en almenn rekstrargjöld 696 millj. kr. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.507 millj. kr. Handbært fé frá rekstri var 1.782 millj. kr. og fjárfestingahreyfingar námu 1.226 millj. kr. Rekstrarhagnaður nam 472 millj. kr. eftir að afskrifaðar höfðu verið um 1.067 millj. kr.

Sveitakerfin sem fjármögnuð voru af ríkissjóði eru talin með í afskriftagrunni fyrirtækisins þannig að rekstrarreikningurinn endurspeglar tekjuþörf vegna endurnýjunar þessara kerfa. Styrking og endurnýjun hefur hin síðari ár að mestu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það lengst af valdið viðvarandi hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Fjármögnun þessa félagslega þáttar í starfsemi Rafmagnsveitnanna hefur nú verið leyst með lögum nr. 98/2004 og hefur hið nýja hlutafélag því öflugan fjárhagslegan grunn og góðar horfur eru á að unnt sé að skila nauðsynlegu fé úr rekstri til áframhaldandi uppbyggingar fyrirtækisins og viðunandi arðsemi.

Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu, einkum þegar litið er til þess meginsjónarmiðs sem raforkulögin frá 2003 byggja á, sem er að reyna að stuðla að samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipt-

ing milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar.
2. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.
3. Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.
4. Öll önnur orkufyrirtæki hér á landi hafa valið þann kost að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélagsform að undanskildri Orkuveitu Reykjavíkur sem kaus fremur sameignarfélagsformið sem er sama rekstrarform og Landsvirkjun hefur notað. Um alla Evrópu hefur sama verið uppi á teningnum, hlutafélagsformið hefur þar verið langvinsælasta rekstrarform orkufyrirtækja hin síðari ár.
5. Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutafélagsformið því sérstaklega viðeigandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að standa að stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins og að ráðherra annist undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

Um 2. gr.

Í greininni eru nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga, m.a. með tilliti til þess að ríkissjóður er eini stofnandi og hluthafi félagsins í upphafi. Að öðru leyti en fram kemur í greininni skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hlutafélagið.

Um 3. gr.

Öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess og lagt er til að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Skv. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, skulu ríkisaðilar í A-hluta hverju sinni afla heimildar í lögum, m.a. til að selja eignarhluti í félögum. Af þessum sökum getur ekki komið til sölu á hlutum ríkisins í hlutafélaginu nema með sérstakri heimild Alþingis.

Um 4. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt henni er það tilgangur félagsins að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003. Hlutverk félagsins tekur til alls orkuiðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað. Enn fremur er tilgangur félagsins öll önnur starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Til að ná þessum tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. að félaginu sé heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila og að því sé heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili í öðrum félögum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að hlutafélagið taki yfir einkarétt þann sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa til starfrækslu hita- og/eða rafveitu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna. Fær félagið að þessu leyti sömu stöðu og Rafmagnsveiturnar hafa nú.

Í 2. mgr. er sérstaklega áréttað að virkjanir og virkjunarréttur Rafmagnsveitna ríkisins færist yfir til hlutafélagsins og að það hafi jafnframt sömu skyldur vegna virkjana og Rafmagnsveiturnar hafi haft samkvæmt lögum eða stjórnvaldsákvörðunum.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og að gjaldskráin skuli vera í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003.

Um 7. gr.

Þegar starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki. Um biðlaunarétt þeirra fer eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um þá starfsmenn sem hafa áunnið sér lífeyrisrétt í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ráðast til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfesti í hálft starf eða meira. Lagt er til að sama regla gildi um þessa starfsmenn og almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild lífeyrissjóðsins. Réttur til töku lífeyris úr B-deild er bundinn við starfslok viðkomandi, þ.e. starfslok úr því starfi sem veitt hefur aðild að deildinni. Sjá nánar 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Lagt er til að sambærileg regla gildi um sjóðfélaga B-deildar sem þiggja störf hjá hlutafélaginu.

Um 9. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við að stofnfundur skuli haldinn eigi síðar en 15. desember 2005. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar. Í greininni er gert ráð fyrir að hlutafélagið beri allan kostnað af stofnun félagins og kostnað við yfirtöku þess á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Um 10. gr.

Við yfirtöku félagsins á eignum og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og stofnunar félagsins er nauðsynlegt að fram fari mat á því hvert stofnfé félagsins skuli vera. Í greininni er gert ráð

fyrir að iðnaðarráðherra skipi þriggja manna nefnd sem hafi þetta hlutverk. Í nefndinni sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi. Nefndin skal leggja fram niðurstöður sínar fyrir iðnaðarráðherra eigi síðar en þremur dögum fyrir stofnfund, sbr. ákvæði 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 2006 og að yfirtaka þess á Rafmagnsveitum ríkisins miðist við sama tímamark. Jafnframt verða Rafmagnsveitur ríkisins í núverandi mynd lagðar niður þann dag. Umboð stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins fellur niður frá og með sama degi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins hf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 15. desember 2005. Í 11. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa 1. janúar 2006 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitnanna. Þetta er gert svo að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu forstjóra og starfsmanna hlutafélagsins áður en það tekur við rekstri Rafmagnsveitnanna. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að kosin sé stjórn á stofnfundi félagsins og að hún starfi þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið tekur til starfa. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríksins með ráðningu forstjóra og starfsfólks og öðrum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að fela ríkisstjórninni að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækis renni til hins nýja hlutafélags, Rarik hf. Þar á meðal eru taldar lífeyrisskuldbindingar sem verði greiddar LSR með skuldabréfi. Skv. 10. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Einnig mun Rarik hf. taka við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og rafveitna á orkusvæði Rafmagnsveitnanna. Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða arð í ríkissjóð, sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis mun arðgreiðsla, til ríkissjóðs nema 210 m.kr. árið 2005. Samkvæmt sjóðstreymisáætlunum Rarik er gert ráð fyrir 153 m.kr. rekstrarframlagi úr ríkissjóði árið 2006. Samkvæmt rekstraruppgjöri Rariks

fyrir árið 2004 eru langtímaskuldir fyrirtækisins rúmlega 3,2 milljarðar kr. annars vegar skuldabréf vegna lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð rúmlega 1,5 milljarðar og hins vegar níu lán hjá NIB að fjárhæð rúmlega 2 milljarðar kr. sem voru tekin með ríkisábyrgð. Til stendur að taka 1 milljarðs kr. langtímalán sem mun einnig vera með ríkisábyrgð. Allar nýjar skuldbindingar munu alfarið verða á ábyrgð Rarik hf.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

475. Frumvarp til laga [393. mál]

um breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launamanni er hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun og önnur starfskjör sín.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að réttur sérhvers starfsmanns til að gefa hvenær sem er upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör verði skilgreindur. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir svokallaða launaleynd. Ákvæðið á sér danska fyrirmynd, sbr. 2. gr. a laga nr. 756/2003 frá 21. ágúst 2003, um jöfn laun karla og kvenna (d. lov om lige løn til mænd og kvinder).

Talsverð umræða hefur farið fram að undanförnu um launaleynd sem virðist töluvert útbreidd í fyrirtækjum á einkamarkaði. Í því felst að fyrirtæki semja við einstaka starfsmenn um kaup þeirra og kjör með því fororði að þeim sé óheimilt að upplýsa þriðja aðila, og þar með samstarfsmenn sína, um efni þeirra samninga. Slíkum ákvæðum er beinlínis ætlað að koma í veg fyrir að launafólk geti borið saman kjör sín hvort heldur sem er milli fyrirtækja eða innan fyrirtækja. Þau koma í veg fyrir að samstarfsmenn á vinnustað geti borið saman kjör sín og þar með verður illmögulegt að komast að því hvort fyrirtæki mismuna starfsmönnum sínum, m.a. á grundvelli kynferðis, og gerast með þeim hætti brotleg við ákvæði jafnréttislaga.

Færa má rök fyrir því að launaleynd stangist á við jafnréttislög þar sem hún getur beinlínis stuðlað að lögbroti og þar af leiðandi fái hún ekki staðist. Hún hefur hins vegar tíðkast lengi án þess að látið hafi verið reyna á lögmæti hennar og því telja flutningsmenn þessa frumvarps rétt að taka af öll tvímæli um að það sé skýlaus réttur launamanns að veita hverjum sem er, hvenær sem er upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör ef hann svo kýs. Þessi réttur er þar með lögbundinn og verður hvorki af honum tekinn með starfs- eða ráðningarsamningi.

Í 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um launajafnrétti og þar kemur skýrt fram að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og að þau skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 4. mgr. þeirrar greinar segir að með kjörum sé, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár. Í frumvarpinu er lagt til að við þessa lagagrein bætist ný málsgrein, 5. mgr., þar sem kveðið verði á um að launamanni sé hvenær sem er heimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um laun sín og önnur starfskjör. Í 27. gr. laganna er ákvæði þess efnis að óheimilt sé að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögunum. Af því leiðir að launamanni verður óheimilt að gera ráðningar- eða starfskjarasamning við atvinnurekanda sem felur í sér launaleynd nái þetta frumvarp fram að ganga.

476. Svar [109. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um hjúkrunarrými.

1. *Hvað eru margir aldraðir á biðlista á landinu öllu, skipt eftir kjördæmum, annars vegar í brýnni þörf eftir dvöl á hjúkrunarheimilum og hins vegar í mjög brýnni þörf.*

Samkvæmt vistunarskrá 1. nóvember voru í Suðvesturkjördæmi 27 aldraðir einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 64 í mjög brýnni þörf. Í Suðurkjördæmi voru 11 aldraðir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 44 í mjög brýnni þörf. Í Norðvesturkjördæmi voru sjö aldraðir einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 15 í mjög brýnni þörf. Í Norðausturkjödæmi voru tveir aldraðir í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 19 í mjög brýnni þörf. Í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður voru samtals sex einstaklingar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými og 260 í mjög brýnni þörf. Hér eru bæði kjördæmin talin saman þar sem vistunarupplýsingar eru teknar saman af einum matshópi fyrir bæði kjördæmin.

2. *Hvað eru mörg hjúkrunarrými í landinu á hverja þúsund íbúa skipt eftir sveitarfélögum og hvert er landsmeðaltalið?*

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skal starfa þjónustuhópur aldraðra í hverju heilsugæsluumdæmi og geta sveitarfélög sameinast um þjónustuhóp sé það talið hagkvæmt. Þótt ekki séu lengur skilgreind sérstök heilsugæsluumdæmi er skipulag þjónustuhópa að nokkru leyti í samræmi við þetta fyrirkomulag og mörg sveitarfélög standa saman að þjónustuhópum. Þjónustuhópar á landinu eru samtals 43, en sveitarfélögin eru meira en tvöfalt fleiri. Meðal verkefna þjónustuhópa er að meta vistunarþörf aldraðra á viðkomandi starfssvæði og hafa yfirlit yfir þjónustu við aldraða á svæðinu ásamt því að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu. Í þessu svari er því miðað við fjölda hjúkrunarrýma á starfssvæði einstakra þjónustuhópa. Tekið er fram hvaða sveitarfélög standa að hverjum þjónustuhópi. Vakin skal athygli á því að þótt engin hjúkrunarrými séu á starfssvæðum einhverra þjónustuhópa hafa þeir jafnan aðgang að hjúkrunarrýmum í öðrum sveitarfélögum.

Auk þess að birta upplýsingar um fjölda hjúkrunarrýma á hverja þúsund íbúa eftir sveitarfélögum eru hér einnig birtar sambærilegar upplýsingar eftir kjördæmum ásamt upplýsingum um fjölda hjúkrunarrýma á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík og nágrenni (Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær).

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa í Reykjavík og nágrenni.

Reykjavík og nágrenni	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær	183.990	1.468	8,0

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa, eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Reykjavík norður og suður	113.730	1.065	9,4
Suðvesturkjördæmi	70.260	403	5,7
Suðurkjördæmi	41.110	304	7,4
Norðausturkjördæmi	38.477	371	9,6
Norðvesturkjördæmi	29.714	362	12,2
Samtals	**293.291**	**2.505**	**44**
Landsmeðaltal rýma á hverja 1.000 íbúa			**8,9**

Hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa, eftir sveitarfélögum

Þjónustuhópar	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Matshópur Reykjavíkur: Reykjavíkurborg	113.730	1.065	9,4
Þjónustuhópur Garðabæjar: Garðabær	9.036	90	10,0
Þjónustuhópur Hafnarfjarðar: Hafnarfjarðarkaupstaður og Sveitarfélagið Álftanes	23.966	233	9,7
Þjónustuhópur Kópavogs: Kópavogsbær	25.784	80	3,1
Þjónustuhópur Mosfellsbæjar: Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Bláskógabyggð að hluta og Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta	6.927	0	0,0
Þjónustuhópur Seltjarnarness: Seltjarnarneskaupstaður	4.547	0	0,0
Þjónustuhópur Suðurnesja: Reykjanesbær, Grindavíkurhreppur og Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Vatnsleysustrandarhreppur	17.092	76	4,4
Þjónustuhópur Akraness: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur	6.216	67	10,8
Þjónustuhópur Borgarbyggðar og nágrennis: Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur og Kolbeinsstaðahreppur	3.652	20	5,5
Þjónustuhópur Dalabyggðar: Dalabyggð, Reykhólahreppur og Saurbæjarhreppur	971	48	49,4
Þjónustuhópur Grundarfjarðar: Grundarfjarðarbær	938	10	10,7
Þjónustuhópur Snæfellsbæjar: Snæfellsbær	1.717	10	5,8
Þjónustuhópur Stykkishólmsbæjar: Stykkishólmsbær og Helgafellssveit	1.184	19	16,0
Þjónustuhópur Bolungarvíkur: Bolungarvíkurkaupstaður	934	13	13,9
Þjónustuhópur Hólmavíkurhrepps: Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Broddaneshreppur	689	12	17,4
Þjónustuhópur Ísafjarðarbæjar: Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur	4.366	31	7,1

Þjónustuhópar	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Þjónustuhópur V-Barðastrandasýslu: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur	1.346	18	13,4
Þjónustuhópur Akureyrarbæjar: Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Grímseyjarhreppur	18.866	169	9,0
Þjónustuhópur Dalvíkurbyggðar: Dalvíkurbyggð og Hrísey	1.946	24	12,3
Þjónustuhópur Ólafsfjarðar: Ólafsfjarðarbær	980	20	20,4
Þjónustuhópur Raufarhafnarhrepps: Raufarhafnarhreppur	238	0	0,0
Þjónustuhópur S-Þingeyjarsýslu: Húsavíkurbær, Aðaldælahreppur, Tjörneshreppur, Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit	3.890	28	7,2
Þjónustuhópur Vopnafjarðar: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur	869	12	13,8
Þjónustuhópur Þórshafnarhrepps: Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur	527	13	24,7
Þjónustuhópur Öxarfjarðarhrepps: Öxarfjarðarhreppur og Kelduneshreppur	434	0	0,0
Þjónustuhópur Blönduóss: Blönduósbær, Skagabyggð, Höfðahreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Svínavatnshreppur og Bólstaðarhlíðahreppur	2.067	33	16,0
Þjónustuhópur Húnaþings vestra: Húnaþing vestra og Bæjarhreppur	1.278	24	18,8
Þjónustuhópur Siglufjarðar: Siglufjarðarkaupstaður	1.386	28	20,2
Þjónustuhópur Skagafjarðar: Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur	4.356	57	13,1
Þjónustuhópur Austurbyggðar og Fáskrúðsfjarðarhrepps: Austurbyggð og Fáskrúðsfjarðahreppur	924	13	14,1
Þjónustuhópur Djúpavogslæknishéraðs: Djúpavogshreppur og Breiðdalshreppur	728	1	1,4
*Þjónustuhópur Egilsstaðalæknishéraðs:*Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur	3.762	18	4,8
Þjónustuhópur Fjarðabyggðar: Fjarðarbyggð og Mjóafjarðarhreppur	3.213	26	8,1
Þjónustuhópur Hornafjarðar: Sveitarfélagið Hornafjörður	2.225	26	11,7
Þjónustuhópur Seyðisfjarðar: Seyðisfjarðarkaupstaður	714	19	26,6
Þjónustuhópur Árborgar: Sveitarfélagið Árborg, Hraungerðishreppur, Hrunahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur	8.322	71	8,5
Þjónustuhópur Hveragerðis: Hveragerðisbær og Ölfus að hluta	2.021	26	12,9
Þjónustuhópur Kirkjubæjarklausturs: Skaftárhreppur	506	17	33,6
Þjónustuhópur Laugaráss: Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur að hluta	1.232	3	2,4
Þjónustuhópur Rangárþings eystra og ytra: Rangárþing eystra og ytra og Ásahreppur	3.251	30	9,2

Þjónustuhópar	Íbúafjöldi 1. des. 2004	Heimiluð hjúkrunarrými	Fjöldi rýma á 1.000 íbúa
Þjónustuhópur Vestmannaeyja: Vestmannaeyjabær	4.227	43	10,2
Þjónustuhópur Víkur í Mýrdal: Mýrdalshreppur	509	12	23,6
Þjónustuhópur Ölfuss: Ölfus	1.725	0	0,0
Samtals	**293.291**	**2.505**	**509**
Landsmeðaltal rýma á hverja 1.000 íbúa m.v. þjónustuhópa			**11,8**

477. Nefndarálit [381. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Rúnarsson f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Gísla Jafetsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Í frumvarpinu er m.a. lögð til breyting á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna sem byggist á skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 309,5 millj. kr. en 410,5 millj. kr. á því næsta sem er hækkun um 101 millj. kr. eða 32,6%. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins eru álagningarhlutföll á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir lækkuð en álagningarhlutföll vegna annarra eftirlitsskyldra aðila hækkuð. Lágmarks- og fastagjöld samkvæmt frumvarpinu eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að fastagjald lífeyrissjóða, sem er stighækkandi eftir fjárhæð hreinnar eignar til greiðslu lífeyris, breytist, auk þess sem viðmiðunarþrepum varðandi hækkun fastagjaldsins hefur verið fjölgað. Þá er í frumvarpinu kveðið á um breytingar varðandi tímamörk við skil á áætlunum Fjármálaeftirlitsins auk nokkurra annarra atriða.

Við umfjöllun málsins var m.a. rætt um kosti og galla þess að eftirlitsskyldir aðilar greiði eftirlitsgjaldið sjálfir. Þá komu fram athugasemdir varðandi hækkun álagningarhlutfalls á vátryggingarmiðlara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðmundur Magnússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ásta Möller.

Siv Friðleifsdóttir.

478. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgríms Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra.

Við undirbúning á endurútgáfu laga um ársreikninga í samræmi við 2. mgr. 75. gr. laga nr. 45/2005, um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, kom í ljós að röng málsgrein féll niður með lögum nr. 45/2005. Enn fremur kom í ljós að millivísanir milli lagagreina voru ekki að öllu leyti réttar. Frumvarp þetta er flutt til að leiðrétta framangreint áður en lögin verða endurútgefin. Þá er einnig lagt til að 74. gr. laga nr. 45/2005 verði tekin upp í lögin enda talið nauðsynlegt að fram komi í endurútgáfu laganna tilvísun til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðmundur Magnússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ásta Möller.
Siv Friðleifsdóttir.		Lúðvík Bergvinsson.

479. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Við yfirferð á frumvarpinu fékk nefndin á sinn fund ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra forsætisráðuneytisins. 1. minni hluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 2. des. 2005.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Birkir J. Jónsson.	Drífa Hjartardóttir.
Bryndís Haraldsdóttir.		Sigurrós Þorgrímsdóttir.

480. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Magnúsi Stefánssyni og Einari Oddi Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	57,0	-10,0	47,0
b. 1.90 Listir	29,7	10,0	39,7
Við 5. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist nýr töluliður, svohljóðandi:			
7. Leikfélag Reykjavíkur			10,0

Greinargerð.

Gerð er tillaga um að tímabundið 10 m.kr. framlag til Leikfélags Reykjavíkur verði fært á annað viðfangsefni til starfsemi félagsins.

481. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Sú lagasetning sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir með frumvarpi þessu er málamyndagerningur. Í texta laganna leitast þingmeirihluti sem situr hið mesta til vors 2007 við að ákveða fjárveitingar fyrir þau þing sem síðar verða kjörin. Alþingi hefur í þingsályktunartillögum gefið út viljayfirlýsingar um uppbyggingaráætlanir í einstökum málaflokkum en að með lögum séu veittar fjárveitingar fram í tímann með þessum hætti er fátítt, ef ekki nýlunda, enda eru næstu þing sem kjörin verða ekki bundinn af lögum þessum og munu taka eigin ákvarðanir um fjárveitingar. Til marks um sýndartillöguna er að ósk fjárlaganefndarmanns um að fengnar yrðu umsagnir um málið eins og venja er um lagafrumvörp var hafnað.

Annar minni hluti lýsir almennum stuðningi við þau verkefni sem tilgreind eru í lögunum þó að aðferðafræði þeirra sé honum ekki að skapi. Sérstaklega lýsir hann ánægju með hlut Landspítala – háskólasjúkrahúss en nokkrir þingmenn Samfylkingar undir forustu Kristjáns Möllers fluttu þingsályktunartillögu um það efni á 130. löggjafarþingi, sjá 542. mál. Þó er aðfinnsluvert við heildarmynd tillagnanna hve hlutur aldraðra er fyrir borð borinn. Þá gerir 2. minni hluti alvarlega athugasemd við að í greinargerð sé sérstaklega vísað til innri leiðar

Sundabrautar. Leið þjóðvega um þéttbýli er skipulagsmál viðkomandi sveitarfélaga og verður að leysa í samvinnu við íbúa en ekki ákveða fyrir fram við fjárveitingar á Alþingi.

Alþingi, 5. des. 2005.

Helgi Hjörvar, frsm. Einar Már Sigurðarson.

482. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	69.900,0	3.000,0	72.900,0
b. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	100,0	750,0	850,0
c. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	17.500,0	100,0	17.600,0
d. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	114.400,0	-2.000,0	112.400,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	101,2	250,0	351,2
3. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	200,0	200,0

4. Við 6. gr. Nýir liðir:
   - 2.27 Að selja eignir utanríkisráðuneytisins erlendis fyrir 900 m.kr. og láta andvirðið renna í ríkissjóð.
   - 7.12 Að lækka önnur útgjöld ráðuneyta um 600 m.kr.
   - 7.13 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 3 milljarða kr.
   - 7.14 Að skera niður ferða- og risnukostnað ráðuneyta um 600 m.kr.
   - 7.15 Að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 900 m.kr.

483. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
1.01 Háskóli Íslands	6.470,1	500,0	6.970,1
Greitt úr ríkissjóði	*4.818,0*	*500,0*	*5.318,0*
2. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	1.068,4	100,0	1.168,4
Greitt úr ríkissjóði	*897,9*	*100,0*	*997,9*
3. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
1.01 Kennaraháskóli Íslands	1.595,6	150,0	1.745,6
Greitt úr ríkissjóði	*1.370,9*	*150,0*	*1.520,9*

484. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Helga Hjörvar, Einari Má Sigurðarsyni, Katrínu Júlíusdóttur, Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
1.15 Örorkulífeyrir	4.949,0	600,0	5.549,0
Greitt úr ríkissjóði	*10.855,3*	*600,0*	*11.455,3*
2. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.80 Fjölgun hjúkrunarrýma	0,0	300,0	300,0

485. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Margréti Frímannsdóttur, Þuríði Backman og Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
6.70 Nýframkvæmdir	100,0	90,0	190,0
Greitt úr ríkissjóði	*27.920,2*	*90,0*	*28.010,2*

486. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Guðmundi Magnússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-910 Náttúruminjasafn			
1.01 Náttúruminjasafn – undirbúningur	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*
2. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.11 Til eflingar innlendri dagskrárgerð	0,0	140,0	140,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*140,0*	*140,0*
3. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
1.12 Fyrsti áfangi gjaldfrjáls leikskóla	0,0	700,0	700,0
4. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	3.319,9	40,0	3.359,9
5. Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**			
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	187,3	200,0	387,3
6. Við **08-700 Heilbrigðisstofnanir**			
6.11 Stafræn myndgreining á Norður- og Austurlandi	0,0	17,0	17,0
7. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	150,0	250,0	400,0
b. 6.43 Áningarstaðir fyrir ferðafólk	0,0	25,0	25,0
8. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.12 Uppýsingamiðstöðvar á landsbyggðinni	0,0	50,0	50,0

9. Við **11-411 Byggðastofnun**			
a. 1.10 Byggðastofnun	203,9	500,0	703,9
b. 1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	133,4	200,0	333,4
10. Við **14-211 Umhverfisstofnun**			
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	31,0	30,0	61,0
Greitt úr ríkissjóði	*587,7*	*30,0*	*617,7*

487. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Þuríði Backman, Guðmundi Magnússyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**			
a. 1.12 Sólarhringsvaktir	0,0	30,0	30,0
b. 6.01 Til innréttingar nýrrar álmu	0,0	25,0	25,0

488. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Jóni Bjarnasyni, Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Katrínu Júlíusdóttur og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **06-190 Ýmis verkefni**			
a. Við 1.45 Mannréttindamál. Liðurinn orðist svo:			
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands	8,0	1,0	9,0
b. 1.48 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	0,0	1,2	1,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*176,1*	*2,2*	*178,3*

489. Fyrirspurn [394. mál]

til heilbrigðisráðherra um birgðir inflúensulyfja vegna fuglaflensu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Eru enn til birgðir af inflúenslulyfjum (Tamiflú og Relansa) sem nægja fyrir þriðjung þjóðarinnar, eru áform um að auka þær birgðir, og þá hve mikið?
2. Hvernig er haldið utan um þær birgðir inflúenslulyfja sem keyptar hafa verið á undanförnum mánuðum? Er lyfið geymt til notkunar ef heimsfaraldur skellur á eða hafa læknar getað ávísað því að vild sl. mánuði?
3. Hverjir munu fá lyfið ef heimsfaraldur brýst út, mun fólk í ákveðnum starfsstéttum, aldursflokkum eða með ákveðna sjúkdóma hafa forgang?
4. Hver mun sjá um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á?
5. Hafa heilbrigðisyfirvöld einhverja samvinnu við yfirmenn herstöðvarinnar í Keflavík vegna hugsanlegs fuglaflensufaraldurs, hefur verið undirbúin aðgerðaáætlun fyrir íbúa varnarsvæðisins og, ef svo er, eru íslensk stjórnvöld sátt við hana?

Skriflegt svar óskast.

490. Fyrirspurn [395. mál]

til menntamálaráðherra um styrki til háskólanáms.

Frá Adolf H. Berndsen.

1. Hefur ráðherra látið framkvæma könnun á möguleikum þess að taka upp námsstyrki á háskólastigi sambærilega þeim sem verið hafa á framhaldsskólastigi? Ef svo er ekki, er ekki ástæða til að úttekt verði gerð á hugsanlegu fyrirkomulagi og kostnaði?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir afslætti af endurgreiðslu námslána til einstaklinga sem setjast að á landsbyggðinni þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun?
3. Liggur fyrir úttekt á kostnaði sveitarfélaga við fjarkennsluþjónustu? Ef svo er ekki, hefur ráðherra hug á að framkvæma slíka úttekt?
4. Hyggst ráðherra koma til móts við sveitarfélög og mæta kostnaði þeirra af fjarkennslu?

Skriflegt svar óskast.

491. Nefndarálit [351. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Sverrisson frá Alþýðusambandi Íslands, Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti og Álfheiði M. Sívertsen frá Samtökum atvinnulífsins.

Í gildandi lögum er miðað við þrjú stjórnsýslustig en í 16. gr. laganna er gert ráð fyrir málskoti til stjórnar sjóðsins áður en heimilt er að kæra til ráðherra. Stjórn sjóðsins hefur gert þjónustusamning við Vinnumálastofnun um daglega umsýslu og annast hún afgreiðslu umsókna í umboði stjórnar sjóðsins. Litið er svo á að ákvörðun hafi verið tekin af stjórnvaldinu Ábyrgðasjóður launa hvort sem starfsmenn Vinnumálastofnunar eða stjórn sjóðsins hefur fjallað um málið. Ákvarðanir teknar í umboði stjórnar sjóðsins eru kæranlegar til félagsmálaráðherra. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er verið að treysta þessa framkvæmd. Stjórnsýslustigin eru þá tvö en heimild aðila til að höfða mál fyrir dómstólum er ekki skert.

Í frumvarpinu er auk þess lagt til að ábyrgðargjald hækki úr 0,04% í 0,1%. Þetta er óhjákvæmileg hækkun en eigið fé sjóðsins var uppurið í lok árs 2003. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að halla sjóðsins verði náð niður á sex árum ásamt því að sjóðurinn standi undir útgjöldum sínum. Ef ekkert verður að gert mun skuld sjóðsins við ríkissjóð nema um 2 milljörðum kr. að þessum sex árum liðnum.

Nefndin telur mikilvægt að unnið verði til samræmis við tillögur sem koma fram í úttekt sem Ábyrgðasjóður launa lét gera undir lok ársins 2004. Hún telur jafnframt nauðsynlegt að koma í veg fyrir óeðlilegt fjárstreymi úr sjóðnum og tryggja fjárhagsstöðu hans.

Rætt var í nefndinni um þörf á að gera breytingu á lögum um Ábyrgðarsjóð launa til samræmis við frumvarp fjármálaráðherra sem nú liggur fyrir þinginu um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði og tengist samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um hækkun iðgjaldagreiðslna til lífeyrissjóða. Á þessari stundu er ekki ljóst hvenær framangreint frumvarp nær fram að ganga og er því ekki gerð tillaga um breytingu á lögunum að svo stöddu.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 5. des. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Bjarni Benediktsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Þór Hafsteinsson.	Birkir J. Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson.

492. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Eins og fyrri ár leggur meiri hluti fjárlaganefndar ekki til nýjar breytingar við 3. umræðu fjárlaga. Sú gagnrýni sem birtist í nefndaráliti 1. minni hluta við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 er því enn í fullu gildi. Þá hefur fjármálaráðuneytið ekki séð ástæðu til að endurmeta efnahagsforsendur frumvarpsins þrátt fyrir að ný spá Seðlabankans um efnahagsþróun víki í veigamiklum atriðum frá forsendum þess. Við hana bætist síðan aukin óvissa um efnahagsforsendur frumvarpsins í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans og þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármálamarkaði og húsnæðismarkaði síðan það var lagt fram.

Afkoma ríkissjóðs.

Nú er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári nemi 315,1 milljarði kr. sem er 6,3% aukning frá samþykktum fjárheimildum ársins 2005. Tekjur eru áætlaðar 334,6 milljarðar kr. og nemur tekjuafgangur því 19,6 milljörðum kr. Tekjujöfnuður ríkissjóðs hefur því aukist um 5,5 milljarða kr. frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Ef tekjur eru framreiknaðar miðað við þjóðhagsspá Seðlabankans verða þær umtalsvert hærri en samkvæmt frumvarpinu. Þá bendir bankinn á að samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að raunútgjöld án óreglulegra liða og vaxta standi nánast í stað og telur þetta metnaðarfullt markmið miðað við að á undanförnum árum hafa slík útgjöld hækkað um minnst 2% umfram verðlag allt frá árinu 1998 og að útgjaldaþrýstingur er nú verulegur. Þrátt fyrir þetta miðar bankinn við útgjaldaáætlun frumvarpsins að viðbættum launahækkunum þegar hann metur afkomuhorfur ríkissjóðs á næsta ári.

Miðað við þjóðhagsspá Seðlabankans, og að vöxtur fyrirtækjaskatta í ár gangi einungis að hálfu leyti til baka árið 2006, verður afkoma ríkissjóðs árið 2006 mun betri en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Vöxtur tekna verður 6,5% meiri, en útgjaldavöxtur hinn sami, þ.e. 1% samdráttur á föstu verði landsframleiðslu. Afkoman batnar því um 13 milljarða kr. á milli ára miðað við þjóðhagsspá bankans án áhrifa af sölu Símans og annarra óreglulegra liða.

Miðað við reynslu undanfarinna ára má reikna með að útgjöld ríkissjóðs séu vantalin um 7–8 milljarða kr. Ekkert bendir til þess að aðhald í útgjöldum verði meira á næsta ári en undanfarin ár. Þá er verulegur undirliggjandi vandi í rekstri fjölmargra ríkisstofnana sem sópað hefur verið undir teppið. Allt þetta rökstyður þá skoðun 1. minni hluta að þetta frumvarp er meingallað og því miður ekki til þess að ná markmiðum um stöðugleika á næsta ári.

Þróun efnahagsmála.

Þjóðhagsspáin, sem Seðlabankinn kynnti sl. föstudag, bendir til þess að framleiðsluspenna verði það mikil á næstu tveimur árum að verðbólgan verði að óbreyttu töluvert yfir markmiði bankans. Þá eru horfur á að viðskiptahallinn á yfirstandandi ári verði jafnvel meiri en spáð var í september og stefni nú í að verða 15,5% af landsframleiðslu. Efnahagsspá Seðlabankans nú víkur í veigamiklum atriðum frá forsendum fjárlagafrumvarpsins eins og sést í eftirfarandi töflu.

Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar,%	Fjárlög 2006	Seðla-banki
Einkaneysla	4,30	7,80
Samneysla	2,20	2,90
Fjárfesting	0,80	-2,90
Þjóðarútgjöld alls	2,90	4,10
Útflutningur vöru og þjónustu	6,20	5,80
Innflutningur vöru og þjónustu	1,90	0,50
Verg landsframleiðsla	4,60	6,60
Viðskiptajöfnuður – % af landsframleiðslu	-12,20	-11,90

Sérstaklega eru athyglisverð frávik í einkaneyslunni en Seðlabankinn telur að vöxtur hennar á yfirstandandi ári verði um 11%. Hann gerir hins vegar ráð fyrir heldur minni aukningu á næstu tveimur árum. Þrátt fyrir að kaupmáttur aukist nokkuð vegna endurskoðunar kjarasamninga muni hert fjármálaleg skilyrði heimilanna vega þar nokkuð á móti. Gangi þetta eftir má gera ráð fyrir meiri tekjum af veltusköttum á næsta ári en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Það er athyglisvert að minna en helming viðskiptahallans í ár og á næsta ári má skýra með beinum eða óbeinum áhrifum í álbræðslu og orkuverum. Aðlögunarþörfin verður því mikil á næstu árum og mun að líkindum birtast í þrýstingi á gengi krónunnar. Seðlabankinn telur að hið opinbera geti stuðlað að átakaminni aðlögun með því að gæta strangs aðhalds í fjármálum. Mikill vöxtur eftirspurnar og hagnaður fyrirtækja hefur skilað ríkissjóði tekjum langt umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Svipuð staða gæti orðið uppi á teningnum á næsta ári. Brýnir Seðlabankinn stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, að bregðast ekki við slíkum tekjuauka með eftirgjöf á gjaldahlið.

Sambærilegar aðvaranir til stjórnvalda hafa birst á undaförnum árum, ekki bara frá Seðlabanka, heldur ýmsum hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu. Því miður hafa þessar aðvaranir ekki borið árangur. Stórum hluta af auknum tekjuafgangi hefur verið ráðstafað í aukin útgjöld. Þá eru ótalin úgjöld stofnana umfram fjárheimildir sem ekki birtast fyrr en í ríkisreikningi viðkomandi árs. Fjárlagafrumvarpinu er því verulega áfátt þegar kemur að því að meta úgjöld ríkisins á næsta ári. Reynsla undanfarinna ára sýnir að fjármálastjórn hins opinbera hefur ekki reynst það stranga aðhald sem nauðsynlegt er á þenslutímum og ekkert í dag bendir til þess að hér verði breyting á.

Aðhald í opinberum fjármálum.

Hagsmunaðilar í atvinnulífinu hafa margoft varað við veikri fjármálastjórn hins opinbera. Þeir hafa bent á að þrátt fyrir að virk peningamálastjórn Seðlabankans sé mikilvægt hagstjórnartæki við núverandi aðstæður sé hún að ýmsu leyti takmörkunum háð. Formaður samtaka atvinnulífsins hefur bent á að þar sem hagstjórn hefur byggst að langmestu leyti á aðhaldssamri peningamálastjórn hefur það leitt til alvarlegs ójafnvægis í utanríkisviðskiptum og afar erfiðrar samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsgreina og innlendra framleiðslufyrirtækja sem keppa þurfa á markaði hér á landi við erlenda framleiðendur. Þetta hefur leitt til þess að fjölmörg fyrirtæki í undirstöðuatvinnuvegum eru ýmist að draga úr starfsemi, flytja starfsemina úr landi eða hætta rekstri. Hátt gengi krónunnar og hár innlendur kostnaður er í raun að veikja verulega undirstöður atvinnulífsins með tilheyrandi afleiðingum.

Samtök atvinnulífsins, Seðlabankinn, OECD, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, ASÍ, greiningardeildir bankanna og alþjóðleg matsfyrirtæki hafa á undanförnum missirum ítrekað kallað eftir auknu aðhaldi í opinberum fjármálum til að draga út ofhitnun hagkerfisins. Þrátt fyrir að greina megi nokkra viðleitni til aðhalds í fjárlagafrumvarpinu er afgangur á næsta ári ónógur miðað við árferði og er að mestu tilkominn vegna hagstæðra ytri áhrifa en ekki vegna markvissra hagstjórnaraðgerða.

Staða stofnana.

Í framhaldsnefndaráliti 1. minni hluta við 3. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2005 var vakin athygli á skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2004 en þar kom m.a. fram að 179 stofnanir fóru samtals 21,3 milljörðum kr. fram úr fjárheimildum en 280 stofnanir voru samtals 16,4 milljörðum kr. innan fjárheimilda. Fjárlaganefnd bárust upplýsingar frá fjármálaráðuneyti í síðustu viku um stöðu ríkisfjármála í lok september 2005. Þar kemur fram að 116 fjárlagaliðir eru með halla umfram 4% miðað við 146 á sama tíma í fyrra. Ekki er tilgreint hve mikill þessi halli er en í skýrslunni kemur fram að rekstrargjöld eru 7,9 milljörðum kr. umfram áætlun. Hjá sex ráðuneytum voru rekstrargjöld umfram heimildir. Verst var staðan hjá landbúnaðarráðuneytinu þar sem rekstrargjöld voru 27% umfram heimildir.

Þegar þessi staða er skoðuð ber að hafa í huga að í árslok 2004 var búið að ráðstafa þessum 21,3 milljörðum kr., þ.e kostnaður hafði verið greiddur. Margar stofnanir eru með það mikinn rekstrarhalla að vonlaust er að ætla þeim að leiðrétta hann með hagræðingu í rekstri án þess að skerða þjónustu verulega. Samkvæmt fjárreiðulögunum ber að taka á vanda stofnana í fjárlögum næsta árs en framkvæmdarvaldið kýs að halda blekkingarleik fjárlaga áfram og óhjákvæmilega læðist sá grunur að manni að ætlunin sé að ná í viðbótarheimildir í næstu fjáraukalögum eða lokafjárlögum.

Varaformaður fjárlaganefndar nefndi það í ræðu sinni við 3. umræðu um fjáraukalög fyrir árið 2005 að það sem væri gagnrýnisvert við ríkisfjármálin væri sú staðreynd að stjórnsýslan hefði allt of mikinn pening. Undir þetta má taka. Á undanförnum árum hefur þróast visst kæruleysi, agaleysi og virðingarleysi meðal framkvæmdarvaldsins. Þeir sýna ekki það aðhald sem nauðsynlegt er á þenslutímum nema þegar kemur að kjörum aldraðra og öryrkja. Á sama tíma og ráðist er harkalega á kjör þessara þjóðfélagsþegna berast fréttir af því að risna ráðherra hafi aukist um tugi prósenta á milli ára. Hvaða skilaboð felast í þessu?

Alþingi, 5. des. 2005.

Helgi Hjörvar, frsm.

Katrín Júlíusdóttir.

493. Nefndarálit [343. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Inga Val Jóhannesson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigurð Árnason frá varasjóði húsnæðismála.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á útreikningi rekstrarframlaga til sveitarfélaga vegna hallareksturs í félagslega íbúðakerfinu. Þannig verður framlag reiknað út með hliðsjón af tekjumöguleikum og nýtingu tekjustofna sveitarfélags. Þá er lagt til að rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga verði framlengt um þrjú ár, til og með 2009. Auk þess verði ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála heimilt að ganga á eigið fé varasjóðs viðbótarlána annars vegar í þeim tilgangi að hækkra rekstarframlög til sveitarfélaga sem glíma við hallarekstur á félagslegum íbúðum í þeirra eigu eða félaga sem eru að fullu í eigu þeirra og hins vegar fái sveitarfélög aðstoð við að fækka þessum íbúðum með því að selja þær eða úrelda.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu, með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 5. des. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.
Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

494. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Bjarna Þór Eyvindsson frá Félagi ungra lækna, Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Gunnar Björnsson frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Nefndinni bárust skriflegar umsagnir frá heilbrigðis- og tryggingamála-

ráðuneytinu, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands og Samtökum atvinnulífins. Nær allir umsagnaraðilar taka undir með efnisatriðum frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Breytingarnar felast meðal annars í innleiðingu tilskipunar Evrópubandalagsins, nr. 2003/88/EB, frá 4. nóvember 2003, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma lækna í starfsnámi, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 93/104/EB, þannig að hún taki til þeirra starfsgreina sem falla utan gildissviðis þeirrar tilskipunar. Lagt er til að vikulegur vinnutímafjöldi lækna í starfsnámi verði styttur í áföngum. Frá gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, fram til 31. júlí 2007 skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi, að yfirvinnu meðtalinni, ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Frá 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2009 skal hámarkið vera 56 klukkustundir á viku. Þannig er veittur sérstakur aðlögunartími og stefnt að því að meginregla vinnutímatilskipunarinnar um 48 klukkustunda vikulegan hámarksvinnutíma verði komin til framkvæmda hér á landi 1. ágúst 2009. Jafnframt er kveðið á um að reglur sem settar voru fyrir gildistöku laga nr. 68/2003 skuli halda gildi sínu, en nokkur vafi hefur leikið á um gildi þeirra.

Rétt er að taka fram að skipuð var nefnd til að fjalla um hugtakið „læknir í starfsnámi“ og með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu að hin faglega skilgreining á hugtakinu sé þessi:

a. Læknakandídatar sem hafa lokið læknaprófi en eru ekki komnir með lækningaleyfi og starfa í kandídatsstöðu sem er viðurkennd til öflunar lækningaleyfis.
b. Læknar sem starfa í stöðum sem auglýstar eru sérstaklega sem námsstöður vegna sérnáms og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 305/1997, um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa

Við umfjöllun málsins komu fram athugasemdir af hálfu ungra lækna sem sneru að því að vinnuveitandi þeirra hefði ekki haft við þá samráð um fyrirkomulag vinnutíma, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hins vegar kom í ljós samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálráðuneyti að þó nokkur vinna hefur verið í gangi með ungum læknum og hafa þeir til dæmis átt fulltrúa í starfshópi um vaktakerfi og vinnufyrirkomulag unglækna sem skipaður var í maí 2005. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í lok júní 2005 og þar hafa læknarnir átt þess kost að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í umsögn fjármálaráðuneytis, í fylgiskjali með frumvarpinu, kemur fram að erfitt sé að meta fjárhagsleg áhrif frumvarpsins þar sem lögleiðing þess hefði í för með sér breytingu á skipulagi vinnu lækna í starfsnámi innan stærstu sjúkrahúsanna. Auk þess sé óvíst hversu marga lækna þurfi að ráða er lögin verði komin til framkvæmda að fullu, en ekki sé óraunhæft að gera ráð fyrir að stöðum unglækna við sjúkrahúsin fjölgi um tíu ár hvert vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Ráðuneytið nefnir 35 millj. kr. sem árlega aukningu útgjalda ríkissjóðs og gerir það samtals 140 millj. kr. á þessum fjórum árum. Unglæknar gera hins vegar ráð fyrir að stöðum fjölgi um 37–39 og að kostnaðaraukning muni nema um 150–160 millj. kr. þegar frumvarpið er að fullu komið til framkvæmda.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Pétur H. Blöndal og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu, með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 5. des. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

495. Beiðni um skýrslu [396. mál]

frá fjármálaráðherra um viðskipti með aflaheimildir.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Jóni Bjarnasyni, Björgvini G. Sigurðssyni, Kristjáni L. Möller, Þuríði Backman, Merði Árnasyni og Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um viðskipti með aflaheimildir á síðustu fjórum árum. Í skýrslunni komi skýrt fram hvaða viðskiptahættir hafa tíðkast með aflahlutdeildir og aflamark og hvernig skattalega meðferð verðmæti fá í þeim viðskiptum. Verði í þeim tilgangi leitað eldri upplýsinga ef þörf krefur.

1. Fram komi með hvaða hætti sjávarútvegsráðuneyti, Fiskistofa og aðrar opinberar stofnanir koma að þessum viðskiptum og hvernig milliganga Fiskistofu um viðskipti með þessi verðmæti nýtist skattyfirvöldum til eftirlits. Fyrir liggur það mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa er óskað. Ætla má að sama regla gildi um flutning aflahlutdeildar. Lagt verði mat á hvort starfshættir Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum auðveldi útgerðum að stunda viðskiptahætti sem ekki samrýmast skattalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum og reglum sem gilda um reikningshald fyrirtækja og ef svo reynist, hvernig úr megi bæta.
2. Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflahlutdeilda í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflahlutdeildir séu fluttar milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði. Ef svo reynist verði leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmist lögum.
3. Skoðað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflahlutdeildir sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk, skip eða búnað, og hvort markaðsverð aflahlutdeilda, fisks eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á hve mikið vanti á að heildarverðmæti sé rétt

skráð í þessum viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.

4. Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflamarks í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflamark séu flutt milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði þeirra. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmast lögum.
5. Skoðað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflamark sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk eða önnur verðmæti, og hvort markaðsverð aflamarks, fisks eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð í þessum viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.

Greinargerð.

Gríðarlega hátt markaðsverð aflaheimilda veldur fólki og fyrirtækjum í sjávarbyggðum vanda sem ógnar víða tilvist þeirra. Þetta ástand hefur varað árum saman og staðið í vegi fyrir eðlilegri nýliðun í sjávarútvegi. Sú staðreynd að fjöldi útgerða nýtir ekki veiðiheimildir sínar og leigir öðrum veiðiréttinn bendir til þess að útgerðir sem eru ekki samkeppnisfærar í veiðum og vinnslu bæti sér það upp með háu verði á veiðirétti til annarra útgerða. Margir telja að þennan vanda megi rekja til flókinnar blöndu viðskipta með fisk og veiðiheimildir og til þeirrar staðreyndar að sjómenn taki þátt í kaupum útgerða á veiðirétti. Alþingi og stjórnvöld bera alla ábyrgð á því stjórnkerfi sem gildir í sjávarútvegi á Íslandi. Markmið þessarar skýrslubeiðni er því að leiða í ljós hvernig viðskipti með sameiginlega auðlind þjóðarinnar fara fram og hvort í viðskiptaháttunum megi sjá ástæður þess mikla vanda sem við er að etja.

Þeir sem þessarar skýrslu óska vísa til 1. gr. laga nr. 38 15 maí 1990:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Stjórnvöld úthluta aflahlutdeildum í tengslum við kvótasetningu tegunda og aflamarki árlega á grundvelli aflahlutdeildanna til útgerða. Ekki er lagt mat á verðmæti þessara veiðiréttinda þegar úthlutun fer fram. Þau er hins vegar verðlögð í viðskiptum útgerðarmanna og ganga kaupum og sölum milli fyrirtækja og einstaklinga í útgerð á Íslandi. Hvernig útgerðarmenn bókfæra þessi verðmæti virðist ekki ljóst. Fiskistofa annast flutning aflaheimilda milli útgerða og skráningu þeirra á skip og leikur því í raun lykilhlutverk í viðskiptum milli aðila. Þarna er um geysilega verðmæt réttindi að ræða og því ljóst að mjög mikilvægt er að stjórnvöld sinni sínum þætti með sambærilegum hætti og krafist er um önnur viðskipti. Í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Ársælssyni á þskj. 348 í máli nr. 272 á yfirstandandi þingi kemur fram að gríðarleg verðmæti ganga kaupum og sölum í viðskiptum með aflahlutdeildir. Sem dæmi um þetta skal nefnt að eitt fyrirtæki flutti frá sér sem svarar 8.000 þorskígildistonnum í aflahlutdeild til óskyldra útgerða að mati Fiskistofu á þeim tveimur árum sem svar sjávarútvegsráðherra fjallaði um. Forsvarsmaður þeirrar útgerðar sem þar á í hlut lét hafa eftir sér opinberlega að þarna væri ekki á ferðinni sala á aflahlutdeild heldur vistun hennar hjá öðrum útgerðum. Slík vistun væri algeng nú um stundir. Ef vistun aflaheimilda er eitthvað annað en viðskipti með verðmæti, þ.e. sala, er nauðsynlegt að upplýsa

hvort slík vistun aflahlutdeilda samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum. Hins vegar er ljóst af efni bréfs ríkisskattstjóra til skattstjóra frá 30. júlí 2002 að engin viðskipti með aflamark mega fara fram nema fullt verð sé tilgreint í bókhaldi aðila og getur hann engra undantekninga frá þessari reglu í bréfinu. Þar segir:

„Bréf þetta er ritað skattstjórum á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Athygli ríkisskattstjóra hefur verið vakin á viðskiptum af tilteknum toga með sjávarafla og aflaheimildir milli útgerða og fiskvinnslufyrirtækja. Samkvæmt frásögnum eru viðskiptin með eftirgreindum hætti: Samið er um kauprétt fiskvinnslu á tilteknum afla. Fyrir aflann skal fiskvinnslan greiða tiltekna fjárhæð í peningum, en jafnframt skal hún leggja útgerðinni til tiltekið aflamark (leigukvóta). Aflamarkið getur verið almennt aflamark, krókaaflamark, þorskaflahámark eða sóknardagar eftir því sem veiðileyfi viðkomandi skips eða báts stendur til. Algengt er að fyrir hvert tonn af óslægðum þorski leggi fiskvinnslan til aflamark fyrir tonn af þorski (tonn á móti tonni). Af framangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram: Við færslu viðskiptanna til bókar og í skattskilum verður að líta á viðskiptin í heild. Ljóst er að útgerðin fær fyrir afla, ekki aðeins þá greiðslu sem reidd er fram í peningum, heldur einnig aflamark. Heildarverð aflans er því samtala þeirrar fjárhæðar sem greidd er í peningum og verðmætis þess aflamarks sem lagt er til. Til tekna hjá útgerðinni, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, ber að færa heildarverðið og telst það til virðisaukaskattsskyldrar veltu hennar, sbr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Útgerðinni ber að tilgreina á sölureikningi heildarverð afla og virðisaukaskatt af því verði, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988. Fiskvinnslan byggir síðan gjaldfærslu og innskattsfærslu vegna kaupa á afla á sölureikningi útgerðar. Aflamark eru bundið við tiltekið skip eða bát, sem veiðileyfi hefur. Fiskvinnsla getur ekki haft yfirráð aflamarks nema að eiga slíkt fley til að vista aflamark á. Dæmi eru um slíkt og er þá aflamark flutt af skipi fiskvinnslunnar til skips útgerðar. Algengara er þó í umræddum viðskiptum að fiskvinnslan eigi ekki skip og þar af leiðandi ekki aflamark. Gerast kaupin þá þannig að fiskvinnsla greiðir fyrir aflamark sem flutt eru af skipi seljanda þeirra yfir á skip útgerðar. Fiskvinnslan eignast þannig að formi til aldrei heimildina heldur leggur út fyrir henni. Í síðarnefnda tilvikinu má ljóst vera að fé það sem fiskvinnslan reiðir fram við kaup aflamarks myndar, ásamt beinu fjárgreiðslunni fyrir aflann, heildarverð hans. Í fyrrnefnda tilvikinu, þ.e. þegar fiskvinnslan hefur yfir að ráða úthlutuðu aflamarki, kann hins vegar að vera að verðmæti aflamarks liggi ekki fyrir með jafn óyggjandi hætti. Í slíkum tilvikum er rétt að miða verðmæti við almennt gangverð, sbr. skattverðsreglu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1988. Þar er kveðið á um að við skipti á vörum og þjónustu beri að miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Við að leiða fram almennt gangverð aflamarks má leita fanga hjá Fiskistofu þar sem skylt er að tilkynna henni flutning aflamarks og verð þess. Einnig er rétt að kanna gangverð aflamarks hjá kvótasölum, t.d. kvótamiðlun LÍÚ. Um gangverð á afla er hægt að afla upplýsinga hjá fiskmörkuðum og Verðlagsstofu skiptaverðs. Í þeim tilvikum að fiskvinnsla framselur til útgerðar eigið aflamark er um sölu að ræða. Tekjur af slíkri sölu ber fiskvinnslunni að sjálfsögðu að færa sér til tekna í bókhaldi sínu og skattskilum. Í þessu sambandi skal ítrekað að um er að ræða sölu aflamarks (kvótaleigu), en ekki sölu aflahlutdeildar (kvótasölu), sem kaupanda bæri að eignfæra. Söluverð aflamarks telst til veltu undanþeginnar virðisaukaskatti, skv. 6. tl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, eins og ákvæðið hefur verið túlkað í skattframkvæmd. Aflamark, sem útgerðin kaupir með framangreindum hætti, hvort heldur er af fiskvinnslunni eða þriðja aðila fyrir milligöngu fiskvinnslunar, er henni heimilt að gjaldfæra. Sem tekjur af viðskiptunum ber að færa eins og að framan greinir heildarverðið sem fæst fyrir aflann í formi peningagreiðslu og aflaheimildar. Ekki er útgerðinni heimilt að

færa aðeins þann hluta sem greiddur er í peningum til tekna. Slíkt samræmist hvorki ákvæðum laga nr. 50/1988 varðandi skattskylda veltu og skattverð, eins og að framan er rakið, né samræmist það ákvæði 6. gr. bókhaldslaga, nr. 145/1994, um að bókhaldi skuli haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Sé aflamark flutt á skip útgerðar áður en gagngjaldið (aflinn) er afhent, þá verður að líta á flutninginn sem fyrirframgreiðslu sem útgerðinni ber að standa skil á virðisaukaskatti af, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988.“

Í svari sjávarútvegsráðherra kom fram að 100 stærstu fyrirtækin í viðskiptum með aflamark fluttu 71.190 þorskígildistonnum meira frá sér en til sín á þessum tveimur árum. Skoðun skýrslubeiðenda er að það sé hlutverk Alþingis og stjórnvalda að fylgjast með því hvernig með þau gríðarlegu verðmæti er farið sem ganga kaupum og sölum í viðskiptum milli útgerða með aflahlutdeild og aflamark, einnig hvernig þær opinberu stofnanir, sem annast mikilvæga þætti í viðskiptunum, rækja hlutverk sitt.

496. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breyting á sundurliðun 2:			
Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
1.92 Jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands ..	0,0	100,0	100,0

Varatillaga:

Við 6. gr. Nýr liður.

7.12 Að heimila menntamálaráðherra að höfðu samráði við íþróttahreyfinguna að koma á fót sjóði til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga innan lands og leggja honum til nauðsynlegt stofnfé.

497. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Ögmundi Jónassyni, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni og Þuríði Backman.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.39 Tónlistarnám í framhaldsskólum	0,0	40,0	40,0

2. Við **02-564 Listdansskólinn**			
1.01 Kennsla	27,5	50,0	77,5
Greitt úr ríkissjóði	*34,3*	*50,0*	*84,3*

498. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006 kemur nú til lokaafgreiðslu. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur ekki séð ástæðu til að endurskoða frumvarpið eða gera á því breytingar eftir 2. umræðu þó svo að gögn og skýrslur hafi borist sem gefa ríkulegt tilefni að ákveðnir þættir, bæði í tekjum og gjöldum, væru endurskoðaðir. Má þar nefna nýja spá Seðlabankans um efnahagsþróun, bæði á þessu ári en þó sérstaklega á því næsta, sem víkur mjög frá áætlunum fjármálaráðuneytisins. Starfsemi og fjármögnun Byggðastofnunar er í uppnámi og byggðaáætlun fyrir næsta ár ekki komin fram. Ný skýrsla frá Ríkisendurskoðun um fjármögnun háskólanna sýnir fjárskort ríkisháskólanna allra en þó sérstaklega Háskólans á Akureyri sem settur er skör neðar en aðrir í fjárveitingum. Hvergi er tekið á fjárskorti elli- og hjúkrunarheimila þótt ný gögn sýni nákvæmlega hver sá skortur er. Ný skýrsla Stefáns Ólafssonar um stöðu öryrkja gæfi fjárlaganefnd einnig tilefni til að fara yfir þau mál. Þegar meiri hlutinn afgreiddi fjárlagafrumvarpið til 3. umræðu án þess að taka það inn í nefnd mótmælti 2. minni hluti því og sendi formanni nefndarinnar bréf þar sem óskað var eftir að frumvarpið kæmi inn í nefndina og fyrrgreind efnisatriði tekin fyrir. Þegar til kom reyndist það vera andstætt þingsköpum að taka fjárlagafrumvarpið ekki inn í nefnd eftir 2. umræðu. Var því haldinn fundur þar sem þeirri skyldu var fullnægt en engin efnisumræða fór fram. 2. minni hluti ítrekar þessi vinnubrögð meiri hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpinu, með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umræðu, er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 315,1 milljarður kr. Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi í skýrslu í júní á þessu ári bent á að margir fjárlagaliðir safni stöðugt upp halla er ekki tekið á þeim vanda nema að litlu leyti í þessu fjárlagafrumvarpi. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 334,6 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er áætlaður um 20 milljarðar kr. en meðan ekki er tekið á uppsöfnuðum vanda fyrri ára í fjárlögum er ljóst að reyndin verður önnur í árslok. Á undanförnum árum hefur frávikið frá fjárlögum til raunniðurstöðu nálgast 20 milljarða kr. Vinstri hreyfingin – grænt framboð áréttar enn þá kröfu að vandað sé til fjárlagagerðarinnar og að raunverulegt rekstrarumfang komi fram í fjárlögunum og fái efnislega umræðu. Ríkisstjórnin læði ekki inn eftir á, í fjáraukalögum og lokafjárlögum, þeim rekstrarvanda sem þegar er fyrirliggjandi. Framkvæmdarvaldið hefur leyft sér að auka útgjöld án þess að fá fyrst heimild hjá Alþingi og þannig brotið 41. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Reglulegar upplýsingar um fjárhagsstöðu ráðuneyta og stofnana til fjárlaganefndar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að innan ársins verði fjárlaganefnd upplýst fyrr en nú er gert um stöðu allra fjárlagaliða, þannig að Alþingi geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Jafnframt verði tryggt að framkvæmdarvaldið leggi fram beiðnir um aukafjárveitingar bæði að vori og hausti. Alþingi getur ekki, sem lykilstoðin í þrískiptingu valdsins, samþykkt að framkvæmdarvaldið gangi fram hjá Alþingi og fari á svig við lög með því að fara fram úr fjárheimildum án þess að sérstaklega sé tekið á því.

Efnahagslegar forsendur fjárlaga – efnahagsskrifstofa Alþingis.

Í fyrra nefndaráliti með fjárlögum var farið yfir hversu efnahagslegar forsendur fjárlaganna hafa reynst veikar. M.a. var bent á að gert var ráð fyrir að gengisvísitalan yrði um 125 stig á árinu 2005 en hún fór niður undir 100 og er nú um 106 og þótt áætlun fjármálaráðuneytis frá því í janúar gerði ráð fyrir rúmlega 100 milljarða kr. viðskiptahalla, þá er ljóst að hann verður vel yfir 130 milljarðar kr. á þessu ári. Samkvæmt nýjustu spám Seðlabankans er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði mun meiri á þessu ári eða um 15,5% af landsframleiðslu.

Aðstæður fjárlaganefndar til að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhlið frumvarpsins hafa versnað stórum á undanförnum árum. Í ljósi þess hve erfitt hefur reynst að fá upplýsingar er brýnna nú en nokkru sinni fyrr að styrkja stöðu þingsins og nefnda þess. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á Alþingi stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins og verið þingmönnum og nefndum þingsins til ráðuneytis um mat og tillögugerð í þeim efnum.

Seðlabanki – fjármálaráðuneyti.

Nokkur atriði sem sýna frávik frá spám sem fram koma í riti Seðlabanka Íslands nú í byrjun desember um peningamál í samanburði við rit fjármálaráðuneytis um spá og horfur sem fylgdi með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006:

- Seðlabankinn tekur sérstaklega fram að enn sé mikið ójafnvægi í þjóðarbúskapnum.
- Áætlað er að viðskiptahallinn verði 15,6% af landsframleiðslu á árinu 2005 eða um 154 milljarðar kr. Seðlabankinn spáir að viðskiptahallinn verði 11,9% af landsframleiðslu 2006 eða um 132 milljarðar kr. Fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir að viðskiptahallinn yrði ekki nema 13,3%.
- Seðlabankinn spáir að einkaneysla verði 8 milljörðum kr. meiri en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir á árinu 2005 og að breytingin á árinu 2006 verði 3,5% meiri en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir. Það jafngildir um 20 milljörðum kr. meiri einkaneyslu á árinu 2006. Þessi frávik hafa veruleg áhrif á skatttekjur af veltusköttum á árinu 2006.
- Verðbólguspá fjármálaráðuneytis sem byggðist á þjóðhagsspá frá því í október gerði ráð fyrir tæplega 4% verðbólgu árin 2005 og 2006. Seðlabankinn gerir nú ráð fyrir að verðbólgan verði um 3,5% á ári næstu tvö árin en tekur fram að mikil óvissa ríki, m.a. um þróun gengis.

Ruðningsáhrif stjóriðjustefnunnar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað bent á erfiða stöðu útflutningsgreina og ferðaþjónustunnar vegna allt of hás gengis krónunnar. Jafnframt blasir við að sívaxandi viðskiptahalli með tilheyrandi skuldasöfnun getur ekki gengið til lengdar. Á innan við ári hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um fimm hundruð. Útflutnings- og samkeppnisiðnaður

bregst við með því að leggja niður starfsemi og flytja hana úr landi. Talsmenn atvinnulífsins vítt og breitt um landið, sem og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, bentu ítrekað á þá hættu sem ruðningsáhrif stóriðjunnar mundu hafa á hagkerfið og aðrar atvinnugreinar í landinu, samþjöppun í stóriðjuframkvæmdum mundi stefna efnahagslegum stöðugleika í voða. Ruðningsáhrifin koma nú fram í erfiðleikum í sjávarútvegi. Þá hefur ríkisstjórnin, þvert ofan í viðvaranir hagfræðinga, ýtt undir þensluna með skattkerfisbreytingum sem koma langbest við þá efnameiri og auka þannig misskiptinguna í þjóðfélaginu.

Skattamál.

Skatttekjur ríkisins fjármagnaðar með lánum – óreglulegar skatttekjur.

Á síðustu tveimur árum hefur allt efnahagskerfið tekið miklum breytingum. Bankarnir keppa nú við Íbúðalánasjóð um lánveitingar vegna húsnæðis og vaxtakjör hafa batnað verulega, þó að enn vanti upp á að Íslendingar njóti sambærilegra kjara og bjóðast annars staðar á Norðurlöndunum. Þessi breytta staða hefur orðið til þess að verulegur hluti af einkaneyslunni hefur verið fjármagnaður með lánum. Því er rétt að fá það fram hjá fjármálaráðherra hversu mikið hann áætli að skatttekjur ríkisins minnki þegar einkaneyslan verður einungis borin uppi af raunverulegum tekjum. Nauðsynlegt er að fá þær upplýsingar til þess að hægt sé að meta hversu miklum tekjum af vöru og þjónustu sé hægt að gera ráð fyrir á komandi árum. Segja má að nokkrir milljarðar króna af veltisköttum áranna 2004 og 2005 hafi verið „óreglulegar skatttekjur". Engu að síður var reksturinn nánast í járnum árið 2004 og áætlanir gera ekki ráð fyrir miklum afgangi fyrir árið 2005 ef hagnaður af sölu Símans er ekki talinn með. Tekjur ríkissjóðs eru nú í auknum mæli tilkomnar vegna skatta á viðskiptahallann, þ.e. innflutninginn. Þetta eru þensluskattar. En með því að lækka tekjuskattinn fyrst og fremst hjá hátekjufólki er fastur tekjugrunnur ríkissjóðs rýrður stórlega.

Breytingar á skattkerfinu – vaxandi misskipting.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst algerri andstöðu við þá vaxandi misskiptingu sem núverandi ríkisstjórn hefur stuðlað að. Gini-stuðullinn svonefndi hefur verið notaður til að bera saman launamun eða tekjuskiptingu. Því lægri sem stuðullinn er, því minni misskipting. Gini-stuðull hinna Norðurlandaþjóðanna er um 25 en Ísland hefur hækkað úr 21 í 31 frá árinu 1995 til 2003. Eftir síðustu skattkerfisbreytingu, sem samþykkt var á síðasta þingi, færumst við nú enn hraðar frá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þessari stefnu vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð snúa við.

Tekjuskattar – skattleysismörk hafa ekki fylgt hækkun verðlags og launa.

Þegar lög um breytingar á skattkerfinu voru samþykkt á síðasta þingi benti Vinstri hreyfingin – grænt framboð á að breytingar á tekjuskatti og eignarskatti kæmu langbest við þá efnameiri í þjóðfélaginu. Ef skattleysismörk hefðu fylgt þróun neysluvísitölunnar frá árinu 1988 væru skattleysismörkin ekki 75 þús. kr. heldur ríflega 100 þús. kr. og um 130 þús. kr. ef hækkunin hefði verið í samræmi við hækkun launavísitölunnar. Á árinu sem nú er að líða hækkar neysluvísitalan um ríflega 4% en persónuafslátturinn hækkar aðeins um 2,5% fyrir árið 2006. Ríkisstjórnin er því í raun alltaf að færa skattleysismörkin neðar. Þessi framkvæmd kemur þeim sem minnst mega sín verst en lækkunin á skattprósentunni kemur þeim best sem hafa hæstu tekjurnar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að það sé lágmarkskrafa að skattleysismörk fylgi almennum verðlagsbreytingum.

Breyting á skattkerfinu.

Tekjumyndun í þjóðfélaginu hefur breyst gífurlega á síðustu árum. Sífellt fleiri Íslendingar hafa mjög háar tekjur af eignum sínum. Þær tekjur bera 10% skatt en skattprósentan á launatekjur er um 37%. Til þess að jafna skattlagninguna og gera hana réttlátari hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. fjármagnstekjum er náð. Í fylgigögnum með frumvarpinu eru dæmi sem sýna að skattlagning fjármagnstekna er almennt lægri hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar. Núverandi ríkisstjórn létti skattbyrðinni mest af stóreignamönnum þegar eignarskatturinn var afnuminn. 2. minni hluti leggur til að nú þegar stór hluti tekna í þjóðfélaginu skapast af eignum verði skattbyrði réttlátari með því að jafna betur skattana á milli tekna af launum og fjármagns- og arðgreiðslna.

Staða öryrkja, eldri borgara og þeirra sem lægst hafa launin.

Í ljósi þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt verðlagsþróuninni hefur skattbyrðin á þá sem minnst mega sín hækkað verulega og ráðstöfunartekjurnar minnkað að sama skapi. Þessi staðreynd kemur vel fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar frá 1. desember 2005. Allt virðist leggjast á eitt með að gera samanburðinn við önnur ríki á Norðurlöndum óhagstæðan. Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka öryrkja minnkað úr 42% í 38,5%. Á árinu 2003 var starfsendurhæfing hér á landi rúm 4%, en um 20% í Danmörku og tæp 40% í Noregi. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar kemur fram að hlutfall tekna öryrkja miðað við aðra þjóðfélagshópa er mun lakara á Íslandi en hjá öðrum OECD-ríkjum. Miðað við stöðuna eins og hún var 1999 var hlutfallið í Danmörku um 86% og Noregi 79% en 65% á Íslandi. Áhrifin af breytingunum sem gerðar voru 2004 koma hlutfallinu á Íslandi aðeins í 67% það ár. Þegar tekjurnar og samfélagsþátttakan er vegin saman er Ísland í einu af neðstu sætum OECD-ríkjanna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að þessi staða er algerlega óviðunandi og gerir kröfu um að brugðist verði við þessum vanda nú þegar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætlast til þess að stjórnvöld vinni samkvæmt lögum um málefni fatlaðra sem eru frá árinu 1992. Í 1. gr. þeirra laga segir „Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.“

Þrátt fyrir að íslenskt samfélag mælist nú með einna hæstar tekjur í heiminum á hvern íbúa, hefur núverandi ríkisstjórn ekki séð sóma sinn í því að sinna þeim sem minnst mega sín, heldur aukið misréttið með því að létta skattbyrðinni af þeim betur settu en þyngja hana hjá þeim sem minnst mega sín. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að þessari þróun verði að snúa við með því að bæta kjör öryrkja, aldraðra og þeirra launamanna sem verst hafa kjörin. Þar er sérstaklega bent á smánarleg kjör þeirra sem vinna að umönnun barna, sjúkra og eldri borgara. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að persónuafsláttur verði hækkaður þannig að skattleysismörkin hækki í stað þeirra ívilnana og skattalækkana hjá hátekjufólki sem ríkisstjórnin keyrir nú í gegn. Það mun leiðrétta kjör öryrkja, aldraðra og þeirra sem verst eru settir. Til að mæta þessum útgjöldum að hluta er bent á að hækka skatt af fjármagns- og arðgreiðslum úr 10% í 18% eftir að 120 þús. kr. markinu er náð eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur þegar lagt til.

Elli- og hjúkrunarheimili.

Þrátt fyrir þá miklu umræðu sem hefur verið um að bæta þurfi aðbúnað eldri borgara, þá er framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra ekki nægjanlegt til að standa undir rekstri sjóðsins

miðað við núverandi rekstur. Uppsafnaður halli sjóðsins var 174 millj. kr. í árslok 2004 samkvæmt ríkisreikningi. Miðað við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2006 þarf sjóðurinn að minnka umsvif sín verulega. Þá vekur það athygli að framlög til bygginga og viðhalds hjúkrunar- og öldrunarrýma lækka um rúmar 300 millj. kr. frá fjárlögum 2005.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð kallar eftir viðeigandi aðgerðum til að tryggja eldri borgurum þessa lands eðlilegan aðbúnað og umönnun á ævikvöldinu. Vísað er til meðfylgjandi bréfs frá fulltrúum öldrunarstofnana.

Þá kemur fram í fjárlögum að hækkun á rekstrarframlagi er eingöngu til að standa undir fjölgun hjúkrunarrýma. Því er ljóst að ríkisstjórnin er ekki að taka á þeim uppsafnaða vanda sem nú blasir við hjá mörgum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum í landinu. Ríkisstjórnin gerir því í raun kröfu til þess að þær stofnanir sem eru reknar með halla dragi úr þjónustu á árinu 2006. Framkvæmdarvaldið hefur ekki fylgt lögum og reglum um framkvæmd fjárlaga og enn á ný er ekki tekið á þessum vanda í fjárlögunum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þessi vinnubrögð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks algerlega óviðunandi og ábyrgðarlaus. Að þessu leyti er myndin í fjárlögum ekki í samræmi við raunverulegan kostnað við þjónustuna. Ríkisendurskoðun bendir sérstaklega á þessi miklu frávik í greinargerð sinni um framkvæmd fjárlaga frá júní sl. Þar segir m.a.: „Mikilvægt er að Alþingi fylgist nákvæmlega með framkvæmd fjárlaga og taki ákveðið frumkvæði ef það metur stöðuna svo að framkvæmdarvaldið sinni ekki skyldum sínum með fullnægjandi hætti“.

Menntamál – dýrar lausnir einkaframkvæmda.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á jafnrétti til náms og að ekki megi þrengja svo að opinberum háskólum að þeir þurfi í meira mæli en nú að taka upp aðgangstakmarkanir. Ljóst er að sérstaklega þarf að taka á fjárhagsvanda Háskólans á Akureyri, sem m.a. stafar af því að skólinn var þvingaður inn í allt of dýrt húsnæði af þáverandi menntamálaráðherra án þess að fjárveitingar fylgdu. Hér er eitt skýrasta dæmið um áherslu núverandi ríkisstjórnar á einkaframkvæmdir. Gerðir eru langtímasamningar til að tryggja einkaaðilum góðar tekjur og ríkið situr uppi með allt of dýrt húsnæði. Kostnaðaraukningin fær ekki faglega umræðu við fjárlagagerðina. Það er ekki fyrr en nokkrum árum síðar, þegar Háskólinn á Akureyri er búinn að safna upp halla, að fjárveitingum verður lætt inn í fjáraukalög og lokafjárlög. Miðað við núverandi stöðu og fjárheimildir samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 bendir flest til þess að Háskólinn á Akureyri verði með um 300 millj. kr. halla á árinu 2006.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki tekið á hallarekstri margra framhaldsskóla. Reiknilíkanið leysir ekki þennan vanda. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri leið sem menntamálaráðherra hefur boðað í styttingu á námi til stúdentsprófs og þeim fyrirætlunum að fella niður framlag ríkisins til tónlistarnáms í framhaldsskólum nú um næstu áramót. Vísað er til meðfylgjandi yfirlýsingar frá Félagi framhaldsskólakennara. Skipan tónlistarnáms er í uppnámi. Samningur sem gerður var milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun tónlistarnáms í framhaldsskólum rennur út um áramót og ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi þátttöku ríkisins á fjárlögum næsta árs. Einkavæðing Listdansskólans er dæmi um hvernig ríkisstjórnin lítur á nám í listgreinum, slíkt nám á að vera forréttindi hinna ríku sem geta greitt fyrir námið. Þá má og benda á það ráðstjórnarræði meiri hlutans að ráðstafa stuðningi til sjálfstæðra leikhúsa til Leikfélags Reykjavíkur til útdeilingar. Vissulega er eðlilegt að Alþingi styrki starfsemi leikfélagsins beint en það er sjálfstætt mál. Meðfylgjandi er greinargerð sjálfstæðu leikhúsanna um þetta mál.

Hlúð að barnafjölskyldum – gjaldfrjáls leikskóli í áföngum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar auknum framlögum til barnabóta í frumvarpinu. Til lengri tíma litið er það eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að foreldrum séu sköpuð skilyrði til samveru með börnum sínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft forustu í umræðunni um gjaldfrjálsan leikskóla og þingflokkurinn hefur í tillögu til þingsályktunar lagt til að unnið verði að því að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum. Slíkt jafnar aðstöðu barnafjölskyldna og gefur þeim aukið tekju- og fjölskyldulegt svigrúm. Til þess að þetta verði mögulegt er lagt til að ríkið komi til móts við sveitarfélögin með sérstakri fjárveitingu til að hrinda í framkvæmd fyrsta áfanga áætlunar um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir alla. Nánar er gerð grein fyrir þessu máli í meðfylgjandi þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um gjaldfrjálsan leikskóla.

Ferðaþjónustan.

Hátt gengi íslensku krónunnar kemur illa við ferðaþjónustuna. Nefna má að hækka hefur þurft dollarafjárhæðina um 43% frá árinu 2002 til þess að skila ferðaþjónustuaðilum sömu krónutölu. Þá er ekki tekið tillit til innlendra kostnaðarhækkana. Þessi ytri skilyrði hafa bæði leitt til þess að nú er farið að draga úr fjölgun ferðamanna og þeir eyða minna í afþreyingu. Á þessum tíma mikillar uppbyggingar í atvinnugreininni, sem nú býr við mjög erfið ytri skilyrði, dregur ríkisstjórnin úr framlögum til kynningar erlendis. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að stjórnvöld auki almennan stuðning við ferðaþjónustuna.

Að elska, virða og búa með náttúru landsins.

Í nýjasta hefti Peningamála frá desember 2005 segir: „Mikið ójafnvægi einkennir núverandi ástand efnahagsmála þar sem saman fer metviðskiptahalli, raungengi í sögulegum hæðum, mikil hækkun íbúðarverðs, vaxandi skuldsetning heimila, fyrirtækja og þjóðarbúskaparins í heild sinni og verðbólga yfir markmiði Seðlabankans.“

Samkeppnistaða útflutningsgreinanna, sjávarútvegs, fiskvinnslu, ferðaþjónustu, hátækniiðnaðarins og frumkvöðlastarfsins veikist stöðugt fyrir ruðningsáhrif stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. „Ruðningsáhrifin geta líka verið af hinu góða,“ var kveðja iðnaðaráðherra til Vestfirðinga í vor þegar þar var sagt upp fjölda manns og fiskvinnslum lokað. „Er verið að gera Ísland náttúrulaust?“ spyr hópur ungs fólks sem stendur að einni mestu tónlistarhátíð vetrarins í byrjun janúar á næsta ári, baráttutónleikum gegn áframhaldandi náttúrufórnum og álbræðslum. Fólk gerir sér æ betur grein fyrir að stóriðjustefnan skilar ekki aðeins afar litlum þjóðhagslegum ábata og krefst gríðarlegra óafturkræfra náttúrufórna heldur er hún einnig að leggja í rúst grunngerð íslensks atvinnulífs, búsetu og samfélagsmunstur. Nú blæs ungt fólk til sóknar gegn blindri áltrú þessarar ríkisstjórnar, græðgi og virðingarleysi fyrir náttúrunni og dýrustu perlum landsins. Við viljum ekki náttúrulaust Ísland.

Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Mannréttindaskrifstofa Íslands var sett út af fjárlögum á þessu ári. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að svo verði áfram og hefur hafnað beiðni Mannréttindaskrifstofu Íslands um fjárstuðning á árinu 2006. Þessu mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð harðlega. Það hefur sjaldan verið brýnna en nú að tryggja faglega og sjálfstæða umfjöllun um þessi mál. Mikilvægt er því að tryggja Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskólans sjálfstæðan starfsgrundvöll með fjárframlögum beint frá Alþingi. Stjórnarandstaðan flytur sameiginlega breytingartillögu sem miðar að því að treysta stöðu þeirra og sjálfstæði.

Meðfylgjandi eru fylgiskjöl með áskorun frá ýmsum samtökum sem vinna að mannréttindamálum.

Lokaorð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt þær áherslur sem fram koma í þessu fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið er í samræmi við fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar, þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim einstaklingum mest sem hafa mest fyrir. Staðreyndirnar tala sínu máli, sbr. nýja skýrslu Stefáns Ólafssonar um stöðu öryrkja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þessum áherslum og vill að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna stjórnvaldsaðgerða ríkisstjórnarinnar sem leitt hafa til stóraukinnar mismunar á lífskjörum fólks. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags er að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins mannsæmandi lífskjör.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og þær á að nýta í þágu almannahagsmuna án þess að gengið sé á umhverfið. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að efla stofnanir á þessu sviði og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu.

Lögð er áhersla á að auka fjárframlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða og landvörslu. Vakin er athygli á að hvergi er ætlað fjármagn til náttúruverndaráætlunar, sem þó hefur verið samþykkt hér á Alþingi. Vísað er til álits 2. minni hluta umhverfisnefndar, frá fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í nefndinni.

Leggja á meiri áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og tekið verði upp „grænt bókhald“ þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum. Stjórnvöld þurfa að stuðla að fjölbreyttari atvinnustefnu en nú er. Stefna þeirra snýst nú alfarið um að byggja hér upp erlenda stóriðju. Því miður hafa viðvaranir Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að ruðningsáhrif þessarar stefnu reynst rétt.

Alþingi, 5. des. 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf frá rektor Háskólans á Akureyri. Þorsteinn Gunnarsson. (5. desember 2005.)
II. Áskorun frá presti innflytjenda. Toshiki Toma. (1. desember 2005.)
III. Áskorun frá Landssamtökunum Þroskahjálp. (5. desember 2005.)
IV. Áskorun frá Siðmennt, félagi siðrænna húmanista á Íslandi. (1. desember 2005.)
V. Áskorun frá Hjálparstarfi kirkjunnar. (1. desember 2005.)
VI. Áskorun frá landsnefnd UNIFEM á Íslandi. (1. desember 2005.)
VII. Áskorun frá Stígamótum. (1. desember 2005.)
VIII. Skattbyrði af heildartekjum öryrkja hefur aukist verulega. (Morgunblaðið, 2. desember 2005.)
IX. Bréf til fjárlaganefndar frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH). (2. desember 2005.)

X. Bréf til fjárlaganefndar frá Sjálfstæðu leikhúsunum. (2. desember 2005.)
XI. Ályktun stjórnar Félags framhaldsskólakennara um fjárveitingar til framhaldsskóla og fjárhagsstöðu þeirra.

499. Tillaga til þingsályktunar [397. mál]

um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Björgvin G. Sigurðsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum. Nefndin kanni einnig hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi meðal eldri borgara.

Nefndin verði skipuð níu einstaklingum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Félag hjúkrunarfræðinga, Öldrunarfræðafélag Íslands, Öldrunarráð Íslands, Félag íslenskra öldrunarlækna, Geðhjálp og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hver. Nefndin skili niðurstöðum sex mánuðum eftir skipun nefndarinnar.

Greinargerð.

Eldri borgurum hefur fjölgað mikið hérlendis og þótt umfjöllun um málefni þeirra sé mun meiri en áður er á margan hátt ekki komið nægjanlega til móts við hagsmuni þeirra. Málefni eldri borgara fá sjaldan þann hljómgrunn sem þau eiga skilið og sum svið sem skipta aldraða mjög miklu liggja í þagnargildi. Einn þessara málaflokka er geðheilbrigðisþjónusta og þunglyndi meðal eldri borgara. Ýmsir sérfræðingar, svo sem sviðstjórar á Landspítalanum og geðlæknar, hafa nýverið bent á þörfina í þessum málaflokki.

Samkvæmt skýrslum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er þunglyndi einn erfiðasti sjúkdómur mannkyns og getur verið lífshættulegur. Þunglyndi er hins vegar oft læknanlegt og ætíð er hægt að ráða einhverja bót á því. Sjúkdómurinn er einnig dýr, m.a. vegna minni vinnugetu.

Á Íslandi er talið að um 12.000–15.000 manns þjáist af þunglyndi. Þetta er gríðarlegur fjöldi og þunglyndi eldri borgara er sérstakt vandamál. Vandamálið felst m.a. í því að það er að einhverju leyti falið og ógreint.

Sérstaða þunglyndis eldri borgara.

Þunglyndi meðal aldraðra getur í sumum tilfellum verið frábrugðið þunglyndi annarra aldurshópa þar sem missir maka eftir langt hjónaband, einmanaleiki, verkefnaleysi, óvirkni, hreyfingarleysi, missir sjálfstæðis, fjárhagsáhyggjur, félagsleg einangrun og jafnvel lífsleiði geta verið veigameiri orsök en hjá öðrum hópum.

Sömuleiðis geta mörg einkenni þunglyndis verið álitin eðlilegur fylgifiskur öldrunar og skörun getur verið á milli líkamlegrar vanheilsu og aukaverkana lyfjameðferðar. Dvöl á hjúkrunarheimilum getur haft ýmis andleg áhrif á viðkomandi þar sem einstaklingur stendur

skyndilega frammi fyrir því að búa við nýjar og aðrar aðstæður í nánu samneyti við nýtt og ókunnugt fólk.

Engin stofnun sem fæst við þunglyndi eldri borgara og engin öldrunargeðdeild.

Engin stofnun innan heilbrigðisgeirans hér á landi fæst á skipulagðan hátt við þunglyndi eldri borgara. Á geðlæknaþingi sem haldið var í Reykjavík sumarið 2003 kom fram hjá Ásgeiri Bragasyni, öldrunargeðlækni í Ósló og formanni öldrunardeildar norska geðlæknafélagsins, að sl. 10 ár hafi uppbygging á öldrunargeðþjónustu í Noregi verið hröð og einungis tvö af 19 fylkjum Noregs bjóði ekki upp á slík úrræði nú. Að sögn Ásgeirs ætti að starfrækja tvær slíkar stofnanir hér á landi miðað við mannfjölda.

Nú er sömuleiðis engin sérstök öldrunargeðdeild starfrækt á Íslandi. Á Landspítala – Landakoti væri hægt að búa til sérstaka öldrunargeðdeild án mikils kostnaðar þar sem margt fagfólk starfar nú þegar.

Þunglyndi eldri borgara ekki rannsakað hér á landi.

Gott starf hefur þó verið unnið hér á landi í tengslum við þunglyndi. Hjá landlæknisembættinu er sérstakt fræðslu- og forvarnaverkefni í gangi sem kallast Þjóð gegn þunglyndi og er það samvinnuverkefni fjölmargra aðila. Hjá Geðrækt, sem er samstarfsverkefni landlæknisembættisins, geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, Heilsugæslunnar í Reykjavík og Geðhjálpar, hefur þunglyndi eldri borgara verið efni sérstaks þemamánaðar undir yfirskriftinni Geðheilsa eldri landsmanna – lyf eru ekki lausn við leiða.

Þunglyndi eldri borgara hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega hér á landi og á nefndin að bæta úr því auk þess að meta umfang þess og möguleg úrræði og forvarnir. Með greiningu á þunglyndi eldri borgara má auka þekkingu á þunglyndi meðal þessa fólks í þeirri von að draga megi úr tíðni þess, gera meðferð skilvirkari og fækka sjálfsvígum.

Sjálfsvíg eldri borgara.

Mikilvægt er að skoða tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna eldri borgara, en að sjálfsögðu ber að nálgast slíkt af mikilli varúð og nærgætni. Sjálfsvíg eldri borgara hafa lengi verið feimnismál hér á landi eins og víða annars staðar. Sumir telja að sjálfsvígstíðni meðal aldraðra sé hærri en opinberar tölur segja til um. Víða erlendis, t.d. í Bandaríkjunum, er sjálfsvígstíðni hæst á meðal karlmanna sem eru eldri en 85 ára.

Það er því nauðsynlegt að meta umfang þessa vanda til að geta brugðist við honum og spornað gegn þessari vá. Lykilatriðið er að greina vandamálið svo að hægt sé að bregðast rétt við því.

Sérstækar lausnir fyrir aldraða.

Mögulegar úrlausnir vegna þunglyndis eldri borgara þurfa að vera sértækar og sérsniðnar að aldurshópnum. Nefndinni ber að skoða möguleika til að bregðast við þunglyndi eldri borgara, svo sem hvaða úrræði séu nú þegar til og hvað þurfi að bæta. Forvarnir gegn þunglyndi eru einnig afar mikilvægar. Það má leiða líkum að því að sérstök úrræði þurfi í forvörnum þegar kemur að öldruðum. Þunglyndi, kvíði og einmanaleiki á ekki vera eðlilegur fylgifiskur efri áranna.

Í ljósi mikillar notkunar á geð- og þunglyndislyfjum hér á landi er nauðsynlegt að bregðast við þunglyndi með öllum tiltækum leiðum. Tilhneigingin hefur verið að leysa þennan vanda meðal eldri borgara með lyfjagjöf í stað annarrar meðferðar. Það er hins vegar nauðsynlegt að huga einnig að annars konar meðferð samhliða lyfjameðferð eða í staðinn fyrir hana, t.d.

að auka félagslega ráðgjöf og auðvelda vitjanir til öldrunarlækna og sálfræðinga á heilsugæslustöðvum. Sömuleiðis getur aukin hreyfing verið skynsamleg leið til að sporna gegn þunglyndi og því mikilvægt að fólk hafi aðstöðu til hennar.

Fagaðilar jákvæðir á þingmálið.

Eldri borgurum fjölgar sífellt og til ársins 2010 mun landsmönnum 65 ára og eldri fjölga um 11% og landsmönnum 80 ára og eldri um 29%. Hætt er við að þunglyndi meðal eldri borgara verði að meiri háttar heilbrigðisvandamáli ef ekki er brugðist hratt og rétt við. Skipun nefndar sem rannsaki þessi mál, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er því brýnt verkefni og ætti að mati flutningsmanna að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram á síðasta þingi, 131. löggjafarþingi (þskj. 71, 71. mál), en varð ekki útrædd. Allflestir fagaðilar sem gáfu umsögn um málið voru sammála um að þörf væri á rannsóknum á þunglyndi meðal eldri borgara og fögnuðu tillögunni. Má þar nefna landlækni, stjórn Samtaka heilbrigðisstétta, Félag eldri borgara, Læknaráð og Öldrunarfræðafélag Íslands.

500. Þingsályktun [284. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Túnis.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 299.

501. Þingsályktun [285. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 300.

502. Þingsályktun [286. mál]

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 og 134/2004, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 301.

503. Þingsályktun [287. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 302.

504. Skýrsla [398. mál]

iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Hér með leggur iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu um framvindu stefnumótandi áætlunar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 347/2000. Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginþáttum byggðaáætlunarinnar, helstu aðgerðum sem stjórnvöld hafa staðið fyrir í því skyni að ná markmiðum hennar og lagt mat á hvernig til hafi tekist. Ráðherra hefur tvívegis lagt fram samsvarandi framvinduskýrslur á Alþingi vegna gildandi byggðaáætlunar: á 130. löggjafarþingi 2003–2004, þskj. 842 í 563. máli, og á 131. löggjafarþingi 2004–2005, þskj. 218 í 216. máli.

Meginþættir byggðaáætlunar.

Alþingi samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 3. maí 2002:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.
e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggð-

inni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi."

Lagt var til að þær aðgerðir sem beitt yrði til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggðust á eftirtöldum meginstoðum: Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun.

Byggðaáætlunin hefur 12 stefnumarkandi áherslusvið:

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.
2. Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum.
3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs.
4. Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu.
5. Efling sveitarfélaga.
6. Búsetuskilyrði.
7. Starfsskilyrði atvinnuveganna.
8. Mikilvægi menningar.
9. Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.
10. Bættar samgöngur.
11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.
12. Aukið alþjóðlegt samstarf.

Samþykkt Alþingis fylgdu tillögur um aðgerðir í 22 liðum til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Aðgerðirnar eru ekki tæmandi og taka ekki til allra þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í framangreindum stefnumarkandi áherslusviðum. Tiltekin ráðuneyti eða Byggðastofnun bera ábyrgð á framkvæmd hverrar hinna 22 aðgerða. Til þess að tryggja sem best framgang áætlunarinnar var skipuð sérstök verkefnastjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni. Hana skipa fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Hlutverk verkefnastjórnarinnar er nánar tilgreint að fylgjast með framgangi verkefna samkvæmt tillögunum 22 um beinar aðgerðir, upplýsa viðkomandi ráðuneyti um framgang byggðaáætlunar eins og þurfa þykir og beita sér eftir þörfum fyrir því að unnið sé að framgangi áætlunarinnar. Verkefnastjórnin skal gera iðnaðarráðherra grein fyrir framkvæmd og framvindu byggðaáætlunarinnar árlega.

Öflun efniviðar.

Iðnaðarráðherra óskaði með bréfi, dags. 31. maí 2005, eftir því að Byggðastofnun legði heildarmat á hvernig til hefði tekist við framkvæmd gildandi byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Tekið var fram að æskilegt væri að Byggðastofnun leitaði í þessu efni álits atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga. Svar stofnunarinnar, dags. 30. ágúst 2005, er birt í heild sinni í næsta kafla skýrslunnar. Þá aflaði iðnaðarráðherra upplýsinga frá þeim ráðuneytum sem fulltrúa eiga í verkefnisstjórn um framvindu byggðaáætlunarinnar, auk forsætisráðuneytis og Byggðastofnunar, um framvindu þeirra aðgerða sem þeim var falin ábyrgð á í byggðaáætluninni og/eða upplýsinga um aðrar aðgerðir sem unnið kynni að hafa verið að á þeirra vegum og tengdust meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Einungis var óskað eftir viðbótarupplýsingum við það sem þegar hefur verið gerð grein fyrir í skýrslum iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Þá var óskað eftir því að Impra nýsköpunarmiðstöð á Akureyri gæfi yfirlit yfir helstu verkefni sín. Upplýsingar bárust frá öllum framangreindum aðilum.

Heildarmat Byggðastofnunar á framvindu byggðaáætlunarinnar.

Bréf Byggðastofnunar til iðnaðarráðherra, dags. 30. ágúst 2005, fer orðrétt hér á eftir:

„Inngangur.

Með bréfi dagsettu 31. maí 2005 fól iðnaðarráðuneytið Byggðastofnun að leggja heildarmat á hvernig til hefði tekist við framkvæmd gildandi byggðaáætlunar.

Byggðaáætlun 2002–2005 hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.
e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.“

Í greinargerð með áætluninni kemur fram að þær aðgerðir sem beitt verði til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggist á fimm meginstoðum og að áætlunin hafi 12 stefnumarkandi áherslusvið. Á grundvelli þeirra er svo gerð grein fyrir aðgerðaráætlun með 22 verkefnum til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar

Hin fimm meginmarkmið byggðaáætlunar eru almennt orðuð eins og bent var á í umsögn Byggðastofnunar um framkvæmd áætlunarinnar í nóvember 2003.

Álit umsagnaraðila.

Tekið var fram í bréfi iðnaðarráðuneytisins að æskilegt væri að Byggðastofnun leitaði við vinnu sína álits atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga á framvindu byggðaáætlunarinnar.

Öllum sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögum var sent bréf þann 15. júní með ósk um umsögn. Hér á eftir eru tilgreind nokkur atriði sem fram koma í svörum umsagnaraðila.

Í nokkrum umsögnum aðila sem Byggðastofnun leitaði til, kom fram að meginmarkmið byggðaáætlunar hafi verið skýrari en í fyrri áætlunum og að hún hafi í raun verið fyrsta langtímastefnumótun í byggðamálum þar sem skilgreind eru markmið, áherslusvið og verkefni. Hins vegar kemur einnig fram það sjónarmið að þrátt fyrir að markmið byggðaáætlunar séu góð, hafi nokkuð skort á að þeim hafi verið fylgt eftir með framkvæmdum. Af einstökum markmiðum virðist að áhersla á að efla þau byggðarlög sem hafa mest aðdráttarafl sé umdeildast og ljóst af svörum nokkurra sveitarfélaga að þau telja sig afskipt í byggðaaðgerðum.

Bent var á að ekki eru settir fram í byggðaáætluninni mælikvarðar sem hægt sé að bera árangur við. Sömuleiðis kemur fram sú skoðun að byggðaáætlun sé til of skamms tíma og þyrfti að vera t.d. til 12 ára líkt og t.d. samgönguáætlun. Stofnunin tekur undir bæði þessi sjónarmið.

Í svörum af Vesturlandi kemur fram það sjónarmið að hlutur Vesturlands í byggðaáætlun hafi verið rýr nema sem þátttakandi í almennum byggðaaðgerðum. Í svari Borgarbyggðar er bent á möguleika svæðisins til að taka við verkefnum á vegum opinberra aðila og þar tilgreind Náttúrufræðistofnun Íslands og starfsemi tengd landbúnaði.

Í svörum Vestfirðinga kemur m.a. fram að byggðaaðgerðir hafi ekki náð að stöðva fækkun íbúa og starfa og árangur að því leyti ekki viðunandi. Vonir eru hins vegar bundnar við þau verkefni sem skilgreind eru í Vaxtarsamningi Vestfjarða. Fjórðungssamband Vestfirðinga nefnir Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri sem dæmi um vel heppnaða byggðaaðgerð og telur að setja eigi upp nýsköpunarmiðstöðvar á fleiri stöðum til þess að efla atvinnulíf.

Á Norðurlandi vestra kemur fram það almenna sjónarmið að landshlutinn hafi verið afskiptur í aðgerðum stjórnvalda í byggðamálum. Í greinargerð SSNV kemur fram að markmið byggðaáætlunar séu raunhæf og mikilvæg, en að skort hafi á aðgerðir.

Jákvæðar væntingar koma fram til Vaxtarsamnings Eyjafjarðar á Norðurlandi eystra, en stjórnvöld eru þó gagnrýnd fyrir að hafa ekki staðið sig sem skyldi við flutning starfa í opinberri þjónustu til svæðisins. Í umsögn sveitarfélags á Eyjafjarðarsvæði kemur einnig fram sú gagnrýni að Vaxtarsamningur Eyjafjarðar nái fyrst og fremst til Akureyrar. Í Þingeyjarsýslu kemur fram sambærileg gagnrýni um að lítið fari fyrir hagsmunum Þingeyinga í framkvæmd samningsins.

Í svari bæjarráðs Hornafjarðar kemur fram að tæknibreytingar í grunnatvinnugreinum hafi leitt til fólksfækkunar. Á ýmsum sviðum er þróunin þó jákvæð og fram kemur að mikið þróunarstarf er unnið í sveitarfélaginu á ýmsum sviðum. Nýlega voru opnuð jarðgöng undir Almannaskarð, en áhersla er lögð á frekari samgöngubætur, svo sem nýja brú yfir Hornafjarðarfljót, fækkun einbreiðra brúa, endurbætur á innsiglingu til Hornafjarðar og öruggar flugsamgöngur.

Í svörum af Suðurlandi er einnig lögð áhersla á samgöngu- og fjarskiptamál. Í svari Vestmannaeyjarbæjar kemur fram að möguleikar á að flytja störf á vegum hins opinbera út á landsbyggðina hafi ekki verið nýttir sem skyldi. Þar er sérstaklega tilgreind Vaktstöð siglinga, en niðurstaðan var að setja hana niður í Reykjavík. Samband sunnlenskra sveitarfélaga telur meðal annars að móta þurfi byggðastefnu sem sé sérhæfð fyrir hvern landshluta að teknu tilliti til atvinnuhátta, samfélagshátta og menningarlífs.

Mat sveitarfélaga á Reykjanesi er að heldur lítið hafi farið fyrir áhrifum eða framkvæmdum sem rekja megi til byggðaáætlunar. Framkvæmd sem hefur jákvæð áhrif á búsetuskilyrði er tvöföldun Reykjanesbrautar.

Í svari Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að markmið byggðaáætlunar séu almenn og opin og því ekki einfalt að leggja mælikvarða sem segi hvort markmiðssetningin hafi gengið eftir eða ekki. Bent er á að það tímabil sem valið er til að leita svara sé óheppilegt þar sem fjöldi sveitarstjórna sé í reglubundnu sumarleyfi á þessum tíma. Sambandið vísar einnig í eigin stefnumörkun í byggðamálum frá árinu 2002.

Breytingar á áætlunartímabilinu.

Breytingar á búsetu og flutningar fólks úr dreifbýli í þéttbýli eru ekki sérislenskt fyrirbæri heldur hluti af þróun sem á sér stað um allan heim. Fólk kýs sér í vaxandi mæli búsetu í stærra þéttbýli og metur það svo að þar sé að finna fjölbreyttari möguleika á ýmsum sviðum.

Aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum verða að taka mið af þessum staðreyndum, sem og þeir mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur byggðaaðgerða.

Ef hugað er að þróun byggðamála á áætlunartímanum, þ.e. frá ársbyrjun 2002 til dagsins í dag, þá er hægt að fullyrða að víða hefur mikið áunnist þótt þróunin hafi orðið mismunandi eftir svæðum. Við slíku er að búast. Eðlilegt er einnig að horfa til þróunar á stærri landsvæðum fremur en einstökum sveitarfélögum.

Þegar tölur um íbúaþróun á landinu á tímabilinu 1996–2000 og svo aftur 2000–2004 eru skoðaðar kemur í ljós að á fyrra tímabilinu fækkaði íbúum landsbyggðar um rúmlega 2000 en fjölgaði um tæplega 1500 á síðara tímabilinu. 1996–2000 fækkaði í öllum gömlu kjördæmunum utan höfuðborgarsvæðisins, nema á Reykjanesi og Suðurlandi. Á tímabilinu 2000–2004 hefur þróunin breyst á þann veg að nú er einungis fækkun í tveim gömlu kjördæmanna, þ.e. Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Á það er líka vert að benda að í þeim kjördæmum þar sem fækkar hefur hægt á fækkuninni.

Fram hjá því verður ekki horft að sé kafað dýpra blasir við að innan gömlu kjördæmanna hefur íbúaþróunin verið afar mismunandi. Sé horft til þjónustusvæða þá styrkjast þau svæði sem næst Reykjavík eru, bæði á Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig Akureyri og þau sveitarfélög sem næst Akureyri eru. Þá hefur orðið alger viðsnúningur á Miðausturlandi og þar er nú mikil fjölgun þar sem áður hafði verið mikil fólksfækkun um langt árabil. Það er áhyggjuefni hversu mjög íbúum hefur fækkað á svæðinu frá Dalabyggð norður og austur um til Vopnafjarðar að Eyjafjarðarsvæðinu undanskildu, á sunnanverðum Austfjörðum, í Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum.

Sé skoðað hvernig atvinnuleysi hefur þróast á undanförnum árum þá var atvinnuleysi meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu árið 2001. Árin síðan og það sem af er árinu 2005 hefur atvinnuleysi verið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Rétt er þó að hafa í huga að atvinnuleysi er mjög lítið um þessar mundir.

Hvað meðalatvinnutekjur varðar þá hefur þróunin verið sú á milli áranna 2001 og 2004 að á höfuðborgarsvæðinu hafa meðaltekjurnar hækkað um rúm 16% en utan höfuðborgarsvæðisins um rúm 12%. Árið 2001 voru meðallaun utan höfuðborgarsvæðisins rúmlega 13% lægri en meðallaun á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2004 er þetta hlutfall komið í 16%. Athyglisvert er að eina svæðið á landsbyggðinni sem er með meiri hækkun meðalatvinnutekna en höfuðborgarsvæðið er Austurland en þar hækkuðu meðalatvinnutekjur um nær 19% á milli áranna 2001 og 2004. Vissulega er myndin önnur ef horft er til minni svæða en gömlu kjördæmanna en þetta er hin stóra mynd sem við blasir.

Íbúaþróunin hefur verið hagstæðari fyrir landsbyggðina en áður. Atvinnuleysið er minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hafa atvinnutekjur verið og eru lægri á landsbyggðinni og dregur raunar heldur í sundur.

Aðgerðir utan byggðaáætlunar.

Fyrir utan þær 22 tillögur sem kynntar voru í greinargerð með þingsályktun til byggðaáætlunar 2002–2005, sem langflestum hefur verið hrint í framkvæmd, þá hefur á tímabili núgildandi byggðaáætlunar verið gripið til ýmissa aðgerða af hálfu stjórnvalda til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar 2002–2005.

Fyrst ber að nefna byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og álvers á Reyðarfirði og þau áhrif sem þessar framkvæmdir hafa haft og munu hafa á íbúaþróun og launatekjur á Austurlandi. Áhrif framkvæmdanna ná þó til landsins alls. Þá er og vert að benda á framkvæmdir við stækkun álvers Norðuráls við Grundartanga og virkjanaframkvæmdir því fylgjandi. Þó svo að vissulega sé það svæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins þá er ljóst að framkvæmdirnar

þar hafa þegar haft jákvæð áhrif á byggðaþróun á sunnanverðu Vesturlandi og munu þau áhrif eiga eftir að verða meiri.

Hér er og rétt að benda á ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 11. febrúar 2003 um sérstakt 700 millj. kr. framlag til þess annars vegar að leggja fram hlutafé í sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í skýrum vexti og hins vegar styðja rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna til að styðja grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar. Þetta hefur nú þegar skilað markverðum árangri.

Gerður hefur verið vaxtarsamningur um Eyjafjarðarsvæðið og er framkvæmd þeirra verkefna sem þar er kveðið á um vel á veg komin. Sömuleiðis hefur verið gerður vaxtarsamningur fyrir Vestfirði og er vinna hafin samkvæmt honum. Loks er vinna hafin við undirbúning vaxtarsamnings fyrir Suðurland með áherslu á Vestmannaeyjar og Vestur-Skaftafellssýslu.

Uppbygging háskólanna á Akureyri, Bifröst, Hólum og Hvanneyri hefur haft, og mun hafa, mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun bæði í næsta nágrenni en einnig vítt um byggðir. Hið sama mun gerast í tengslum við háskólanám á Vestfjörðum og Austurlandi. Þá er og sérstök ástæða til að geta aukinna og bættra möguleika til fjarnáms á framhaldsskóla- og háskólastigi um land allt.

Bygging menningarhúsa er verkefni sem sömuleiðis styrkir grundvöll búsetu og stuðlar að jákvæðari byggðaþróun en ella hefði orðið. Þetta samstarfsverkefni ríkis og heimamanna er nú komið á góðan rekspöl. Hið sama á við um menningarsamninga sem gerðir hafa verið á Austurlandi og víðar.

Vert er einnig að benda á stuðning ríkisvaldsins við væntanlega kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og vörubrettaverksmiðju í Mývatnssveit en báðar framkvæmdirnar munu skipta mjög miklu máli í atvinnulegu tilliti á viðkomandi stöðum ef af verður. Þá er og rík ástæða til að nefna ákvörðun landbúnaðarráðuneytis um staðsetningu hinnar nýju Landbúnaðarstofnunar á Selfossi og ákvörðun sjávarútvegsráðuneytis um fjölgun starfa á vegum Fiskistofu víðs vegar um land en þessar aðgerðir hafa mjög góð áhrif á viðkomandi stöðum.

Vakin er athygli á mikilvægi samgöngubóta fyrir afkomu og lífskjör íbúa landsbyggðarinnar. Þær stórstígu framfarir sem orðið hafa á vegakerfinu á undanförnum árum, bæði með gerð jarðganga, lagningu bundins slitlags, tvöföldun fjölfarinna vega og gerð nýrra vega sem stytta akstursleiðir á milli byggðarlaga, draga úr mismun á lífskjörum íbúanna og bæta rekstrarskilyrði fyrirtækjanna.

Niðurstaða.

Það er mat Byggðastofnunar að árangur þeirra aðgerða sem ríkisvaldið hefur ráðist í á gildistíma byggðaáætlunar 2002–2005 sé verulegur og sums staðar mjög mikill. Aðgerðir hafa þó ekki skilað nægum árangri á nokkrum landsvæðum, svo sem Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, norðausturhorninu, sunnanverðum Austfjörðum, Skaftafellssýslum og Vestmannaeyjum. Við því þarf að bregðast og hefur þegar verið gert að nokkru leyti, svo sem með gerð vaxtarsamnings fyrir Vestfirði, vinnu sem nú er í gangi við gerð vaxtarsamnings fyrir hluta Suðurlands og Vestmannaeyjar og skipun nefndar um stefnumörkun í byggðamálum á Austurlandi. Á það verður að leggja áherslu að frumkvæði og kraftur heimamanna skiptir ætíð mestu máli þegar kemur að því að takast á við breytingar í atvinnuháttum og samfélagsþróun. Skorti þar á verða aðgerðir af hálfu opinberra aðila gagnslitlar.“

Framvinda aðgerða sem lagðar voru til í byggðaáætlun.

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Meginhugmynd Að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sameiningu atvinnuþróunarstarfs á vegum iðnaðarráðuneytisins. Lagt er til að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, verði falið að samræma þessa starfsemi á landsvísu og að veita henni faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar verði komið fyrir í fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.

Markmið Að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Nýsköpunarmiðstöðinni verði tryggt fjármagn til að þróa verkefni í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla og/eða aðra. Þannig verði meginmarkmið starfseminnar að auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verði lögð á að þróa ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft. Áherslur í starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar taki mið af byggðaáætlun og áherslum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Með þessu fyrirkomulagi verður atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni fært að nýskipan vísinda- og tæknimála.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Framvinda Impra nýsköpunarmiðstöð hefur starfað á Akureyri frá því í desember 2002 og hefur verið staðsett í Rannsókna- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri frá opnun þess haustið 2004. Vikið er að helstu verkefnum nýsköpunarmiðstöðvarinnar síðar í þessari framvinduskýrslu. Atvinnuþróunarfélögin gegna nú sem fyrr veigamiklu hlutverki á starfssvæðum sínum. Byggðastofnun gerði nýja samninga við atvinnuþróunarfélögin á árinu 2003 sem enn er unnið eftir. Með samningunum var nánar kveðið á um verkefni félaganna, greiðslur og greiðslufyrirkomulag en áður hafði verið gert. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna voru hækkaðar samhliða samningagerðinni. Samstarf þeirra aðila sem starfa að atvinnuþróun á landsbyggðinni er enn í mótun og er lagt til í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 að stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Jafnframt er lagt til að Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögunum verði áfram skapaður öruggur starfsgrundvöllur.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Meginhugmynd Að auka samvinnu þeirra opinberu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar atvinnulífs, þ.e. Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lánastarfsemi Byggðastofnunar og átaks til atvinnusköpunar.

Markmið Að samþætta krafta opinberra sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, stofnstyrki, áhættulán og verkefnafjármögnun.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Framvinda Haldnir hafa verið reglulegir fundir fulltrúa Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Orkusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Byggðastofnunar þar sem aðilar hafa skipst á upplýsingum. Tilgangurinn með því að halda slíka fundi reglulega er að mynda virkan samráðsvettvang til að miðla upplýsingum milli aðila og skilgreina sameiginlega aðkomu að verkefnum í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða. Það er álit Byggðastofnunar að fenginni reynslu að samstarf sem þetta þurfi að vera formlegt á reglulegum samráðsvettvangi. Ekki er nægilegt að einungis forstjórar og stjórnarformenn viðkomandi sjóða hittist, heldur þarf að vera virkt samstarf á milli almennra starfsmanna einnig. Þar verði miðlað upplýsingum um verkefni hinna ýmsu sjóða og stofnana, og teknar ákvarðanir um frekara samstarf eftir því sem tilefni eru til, en vænta má að óformlegt samstarf og upplýsingamiðlun sé mun tíðari. Með þeim hætti gefst færi á greiðara upplýsingaflæði um verkefni og áherslur auk almenns ávinnings af bættum tengslum. Á það ber hins vegar að líta að á gildistíma núgildandi byggðaáætlunar hafa orðið verulegar breytingar á sjóðaumhverfinu. Þannig hefur Ferðamálasjóður verið lagður niður og Lánasjóður landbúnaðarins hættir starfsemi um áramótin 2005/2006. Þetta hefur haft áhrif virkni þessa samstarfs.

3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Meginhugmynd Að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að stækka sveitarfélögin í landinu á næstu árum. Þetta verði m.a. gert með hækkun á lágmarksíbúatölu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnhliða verði reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt til að þær stuðli markvisst að þessari þróun. Má þar nefna að tekjuhá sveitarfélög greiði til sjóðsins, einnig að framlög úr sjóðnum verði byggð á almennum reglum en í minna mæli á því hvernig sveitar félögin leysa verkefnin af hendi. Samhliða þessu verði undir forustu félagsmálaráðuneytisins unnið áfram að því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga mark vissari og breyta tekjustofnum sveitarfélaga til samræmis við breytt verkefni.

Markmið Að efla sveitarstjórnarstigið, treysta sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga, gera stjórnsýslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu.

Ábyrgð á framkvæmd Félagsmálaráðuneyti.

Framvinda Félagsmálaráðherra skipaði í ágúst 2003 verkefnisstjórn vegna átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem hefur þegar tekið til starfa. Jafnframt skipaði ráðherra nefnd til að gera tillögur um nýja sveitarfélagaskipan og nefnd um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og sveitarfélagaskipan. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með átakinu og tryggir nauðsynlegt upplýsingastreymi milli verkefna.

Störfum nefndanna var þannig hagað að atkvæðagreiðslur um sameiningartillögur gætu farið fram á árinu. Þar sem sameiningarviðræður voru þegar komnar af stað var sveitarstjórnum þó heimilað að ákveða að kosning færi fram fyrr. Á grundvelli þessa fóru fram atkvæðagreiðslur í nóvember 2004 og í apríl 2005 sem munu leiða til fækkunar sveitarfélaga um níu, eða úr 101 í 92. Þær sameiningar taka gildi á árinu 2006.

Verkefnisstjórnin hefur lagt fram tillögur til félagsmálaráðherra um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft var að leiðarljósi að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýr, þannig að ábyrgð á fjármögnun og stefnumótun sé á sömu hendi. Í tillögum sínum leggur verkefnisstjórnin mesta áherslu á að nærþjónustuverkefni á sviði velferðarmála verði flutt frá ríki til sveitarfélaga. Í þeim efnum er áhersla lögð á málefni fatlaðra og aldraðra, grunnheilbrigðisþjónustu og vinnumiðlun og ráðgjöf. Auk þess leggur verkefnisstjórnin til að framkvæmd opinbers eftirlits fari í auknum mæli fram á vegum sveitarfélaga og atvinnuþróun og byggðamál taki í ríkara mæli mið af nýjum og öflugum sveitarfélögum.

Í mars 2005 lagði sameiningarnefnd fram sínar lokatillögur um sameiningu sveitarfélaga. Við tillögugerðina lagði nefndin áherslu á að sveitarfélögin í landinu myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði og verði nægilega öflug til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Þann 8. október fóru fram atkvæðagreiðslur um 16 sameiningartillögur í 61 sveitarfélagi vítt og breitt um landið. Íbúar 20 sveitarfélaga samþykktu sameiningu en íbúar í 41 sveitarfélagi höfnuðu sameiningu. Í aðeins einu tilviki samþykktu íbúar allra sveitarfélaganna sem tillaga nefndarinnar varðaði, þ.e. á miðsvæði Austfjarða. Áður höfðu tillögur um sameiningu sveitarfélaga við Hvalfjörð, í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og í Austur-Húnavatnssýslu verið samþykktar og taka þær sameiningar gildi árið 2006 og verður því kosið til nýrra sveitarstjórna í 89 sveitarfélögum þann 27. maí 2006, að því gefnu að fleiri sameiningar verði ekki samþykktar fyrir þann tíma.

Þann 17. mars 2005 skilaði tekjustofnanefnd tillögum sínum. Nefndin hafði það verkefni að vinna tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við tillögur um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vinna nefndarinnar tók hins vegar fljótlega að snúast um mögulegar leiðir til að efla núverandi tekjustofna sveitarfélaga, óháð hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu hins opinbera. Aðaláhersla var lögð á að styðja við sveitarfélög sem standa höllum fæti fjárhagslega. Nefndin lagði fram ýmsar tillögur sem koma til framkvæmda á næstu árum, og eru þessar helstar:

- Á árunum 2006–2008 komi árlegt 700 millj. kr. viðbótarframlag frá ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, sbr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, verði afnumdar frá og með 1. janúar 2006 í samræmi við tillögur nefndar frá desember 2001. Álagning fasteignaskatts komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008.
- Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og söluframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007, allt að 280 millj. kr. á ári.
- Gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd til ársins 2008. Sameiginlega verði farið gagnrýnið yfir kröfur um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og kannaðar leiðir til að draga úr kostnaði.
- Lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin fasteignamati. Jafnframt verði unnið að endurskoðun á fasteignamati landa og jarða og lagaákvæðum er það varðar.

Þegar horft er til tillagna tekjustofnanefndar og allra breytinga á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ákveðnar hafa verið er ljóst að áhrif tillagnanna eru mjög mikil. Varanleg áhrif, frá og með árinu 2009, eru rúmlega 1,5 milljarða kr. árleg tekjuaukning hjá sveitarfélögum. Tímabundin áhrif eru hins vegar um 9,5 milljarðar kr. á tímabilinu 2005–2008.

Ekki er í öllum tilfellum um fjármuni úr ríkissjóði að ræða heldur er einnig um að ræða heimildir til ráðstöfunar eigin fjár sjóða í eigu sveitarfélaganna og tilfærslu fjármuna milli verkefna. Framlag úr ríkissjóði til sveitarfélaga á árunum 2005–2008 nemur 5,0 milljörðum kr. en varanleg tilfærsla fjármuna frá ríki til sveitarfélaga, sem kemur til vegna fækkunar undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts, nemur 600 millj. kr. á ári.

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Nefndinni er ætlað að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess. Sérstaklega skal horft til þess hvort breytingar á sveitarfélagaskipan, tekjustofnum og verkefnum sveitarfélaga í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins og önnur þróun hafi að einhverju leyti breytt forsendum fyrir núverandi kerfi þegar horft er til framtíðar. Í því sambandi skal nefndin meðal annars hafa hliðsjón af hugmyndum tekjustofnanefndar um áherslur við endurskoðun sjóðsins.

Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að áfram verði unnið að sameiningu sveitarfélaga í heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Samhliða verði unnið að hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Meginhugmynd Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana.

Markmið Að efla stærstu byggðarlögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta eru endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari. Að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd Forsætisráðuneyti.

Framvinda Forsætisráðherra fór þess á leit við alþingismennina Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson að vera með sér í ráðum við framkvæmd þessarar aðgerðar. Á fundum þeirra með ráðherrum kom fram almennur vilji til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf eftir því sem tækifæri gefast. Því eru ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum getur orðið.

Hjá dómsmálaráðuneyti er unnið að tillögum um stækkun lögregluumdæma, m.a. á grundvelli skýrslu sem unnin var um það efni fyrir dómsmálaráðherra. Talið er að stækkun umdæmanna muni auka öryggi þeirra sem búa á landsbyggðinni og þar með stuðla að því að festa búsetu þar í sessi. Lögð er áhersla á að stækkun lögregluembætta leiði ekki til fækkunar sýslumanna. Þeir fari áfram með framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Hins vegar mætti fela sýslumönnum fleiri verkefni í samræmi við að þeir fara með framkvæmdarvald ríkisins í héraði og hafa fleiri skyldum að gegna en falla undir verksvið dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Dómsmálaráðuneytið hefur enn fremur hugað að því að flytja eftirfarandi verkefni úr ráðuneytinu til sýslumanna á landsbyggðinni: Útgáfa vegabréfa; leyfi útlendinga til að kaupa fasteign; ættleiðingarleyfi; staðfesting skipulagsskráa og eftirlit með sjóðum; löggilding fasteignasala og eftirlit með þeim; útgáfa leyfa og eftirlit með útfaraþjónustum; skjalaþýðendur.

Á vegum félagsmálaráðuneytis, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, er unnið að uppbyggingu gagnabanka um ýmiss konar fjárhagslegar upplýsingar úr rekstri sveitarfélaga. Meginmarkmið slíkrar upplýsingaveitu er að efla hvers kyns fjárhagslegan samanburð milli sveitarfélaga er stuðlað gæti að hagkvæmari rekstri þeirra. Slík veita nýttist einnig öðrum opinberum aðilum og íbúum sveitarfélaga. Gerður hefur verið samningur til þriggja ára við fjarvinnslufyrirtæki á Hvammstanga um byggingu og rekstur gagnagrunns sem heldur utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra ákvað árið 2004 að færa skatteftirlit fyrir landsbyggðina sem framkvæmt hefur verið hjá embætti ríkisskattstjóra til skattstofanna á Akranesi og Akureyri. Við þetta fluttust sjö störf frá Reykjavík út á landsbyggðina, þrjú á skattstofuna á Akranesi og fjögur á skattstofuna á Akureyri. Þessi aðgerð er gerð til að auka sérhæfingu skattstofa á landsbyggðinni. Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með samstarfsverkefni nokkurra ráðuneyta og stofnana um innleiðingu rafrænna skilríkja fyrir ríkið. Með innleiðingu rafrænna skilríkja skapast grundvöllur fyrir örugg samskipti á rafrænu formi sem er ein meginforsenda flutnings verkefna, sem unnin eru með rafrænum hætti, út á landsbyggðina. Nú liggja fyrir drög að viljayfirlýsingu milli fjármálaráðherra og stjórnar Sambands banka og verðbréfafyrirtækja um að leggja í sameiningu grundvöll að samstarfi um rafræn skilríki í tengslum við greiðslukort viðskiptabankanna og um að vinna að gerð samninga og áætlana um innleiðingu þessara skilríkja á þeim grundvelli.

Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni undanfarin ár. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar hafa verið sameinuð undir einni stjórn sem heilbrigðisstofnanir og eru nú starfræktar 15 slíkar. Með þessu er verið að styrkja rekstur heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og auka rekstrarhagkvæmni. Unnið er að því að byggja upp Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) sem hátæknisjúkrahús landsbyggðarinnar. Mikið og vaxandi samstarf er milli FSA og Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) á fjölmörgum sviðum. Innréttingum á 890 m^2 húsnæði í suðurálmu FSA er nýlokið en þær voru boðnar út í júlí 2004 og hófust framkvæmdir í september sama ár. Hæðin verður nýtt fyrir barna- og unglingageðlækningar, meinafræðideild, iðju- og sjúkraþjálfun og kennslustofu. Nýtt og fullkomið segulómtæki var tekið í notkun við sjúkrahúsið í lok árs 2004. Áður þurfti að senda sjúklinga til Reykjavíkur í segulómun. Framkvæmdir við byggingu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis fyrir aldraða á Akureyri hófust í sumar og eru verklok áætluð haustið 2006. Til verksins var veitt stærsta framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem veitt hefur verið hingað til í einstakt verkefni. Á Kirkjubæjarklaustri var lokið við fyrsta áfanga viðbyggingar við dvalar- og hjúkrunarheimilið Klausturhóla, tæpra 1000 m^2 byggingu, vorið 2004. Vinna við að innrétta húsnæðið stendur yfir og eru verklok áætluð í maí 2006. Framkvæmdir standa yfir við endurbætur og viðbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupstað enda verkefnið brýnt vegna fyrirsjáanlegrar fólksfjölgunar á svæðinu. Innréttuð verður hjúkrunardeild fyrir 16–18 aldraða og er gert ráð fyrir 6–8 starfsmönnum. Einnig verður komið á fót nútímalegri endurhæfingardeild með starfsaðstöðu fyrir 2–3 sjúkraþjálfara.

Boðin hefur verið út bygging nýrrar heilsugæslustöðvar á Skagaströnd en núverandi aðstaða stenst ekki kröfur til slíkra stofnana. Gagngerar endurbætur eru fram undan á húsnæði Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði ásamt viðbyggingu með aðstöðu fyrir heilsugæslustöð og þrjú til fjögur vistrými. Reiknað er með verklokum árið 2008. Verulegar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á 1. og 2. hæð norðurálmu Sjúkrahússins á Akranesi. Meðal annars hefur fæðingar- og kvennadeild verið stækkuð og aðstaðan bætt. Mikil aðstöðubreyting er fyrirsjáanleg við Heilbrigðisstofnun Suðurlands þegar reist verður þriggja hæða nýbygging við sjúkrahúsið á Selfossi. Þar verður m.a. aðstaða fyrir nýja heilsugæslustöð og 26 rýma hjúkrunardeild fyrir aldraða.

Á undanförnum missirum hefur verið unnið markvisst að því að efla sérhæfingu sjúkrahúsa úti á landi, m.a. með því að nýta í auknum mæli aðstöðu sjúkrastofnana á landsbyggðinni til smærri aðgerða. Gerðir hafa verið samningar við sjúkrahúsin á Akureyri, Akranesi og Stykkishólmi um auknar bæklunarlækningar í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH). Einnig hefur nýting sjúkrahússins á Sauðárkróki til skurðlækninga aukist í samvinnu við lækna á FSA og LSH. Þá hafa samningar við barnalækna á LSH um þjónustu á Vestfjörðum, Austurlandi og víðar gefist vel.

Við Heilsustofnun Þingeyjarsýslu hefur veri unnið að þróun rafrænna lyfseðla og framhaldssamningur um sendingu rafrænna heilbrigðisupplýsinga var síðan gerður við Eyþing. Verkefnið hefur gengið vel og má t.d. geta þess að árið 2004 sendi Heilsugæslan á Akureyri um 130 rafræna lyfseðla í apótek á hverjum degi. Innleiðing rafrænna lyfseðla er hafin á landsvísu og mun þetta fyrirkomulag skapa hagræði á öllum stigum jafnframt því að auka öryggi samskipta innan heilbrigðiskerfisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur komið að fjölmörgum verkefnum á grunni byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005, sem stuðlað hafa að fjölgun starfa á landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna að Impra nýsköpunarmiðstöð hefur verið starfrækt á Akureyri frá því í desember 2002, en þar eru nú fjórir starfsmenn. Impra hefur jafnframt umsjón með rekstri Frumkvöðlaseturs Norðurlands. Ráðuneytið hefur einnig átt þátt í rekstri Frumkvöðlaseturs Austurlands ehf. Af öðrum verkefnum má nefna samkomulag við félagsmálaráðuneyti um sameiginlegt þróunarverkefni er tengist upplýsingakerfi í þjónustu fatlaðra, en það verkefni er rekið á Hvammstanga, samkomulag iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og Háskólans á Akureyri um samstarf í líftækni, samkomulag menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni og samkomulag iðnaðarráðherra og samgönguráðherra um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Gerðir hafa verið vaxtarsamningar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og hafinn er undirbúningur vaxtarsamninga á Suðurlandi með áherslu á Vestmannaeyjar, á Austurlandi með áherslu á Höfn, Norð-Vesturlandi og Vesturlandi.

Störfum á landsbyggðinni hjá Byggðastofnun hefur fjölgað um þrjú sl. þrjú ár. Á sama tíma hafa fjárveitingar til atvinnuráðgjafar hækkað úr 105,8 millj. kr. í 125,2 millj. kr. sem hefur stuðlað að fjölgun starfa á vegum atvinnuþróunarfélaganna. Byggðarannsóknastofnun var komið á fót við Háskólann á Akureyri árið 2001 í samstarfi við iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun. Þá hófst í upphafi árs 2003 starfsemi á vegum Orkumálasviðs Orkustofnunar á Akureyri. Tveir starfsmenn eru í útibúinu.

Á vegum landbúnaðarráðuneytis tók til starfa í ársbyrjun 2005 ný mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, sem stofnaður er með samruna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar eru á Hvanneyri. Á liðnu þingi voru samþykkt ný lög um Landbúnaðarstofnun. Með þeim lögum var ákveðið að fella saman í eina stofnun starfsemi nokkurra undirstofnana landbúnaðarráðuneytisins sem varðar stjórnsýslu og eftirlit. Um er að ræða embætti yfirdýralæknis, aðfangaeftirlitið, embætti veiðimálastjóra, embætti kjötmatsformanns og starfsemi plöntueftirlits. Auk þess tekur hin nýja stofnun við ýmsum stjórnsýsluverkefnum sem Bændasamtökin hafa unnið fyrir ráðuneytið. Aðsetur hinnar nýju stofnunar verður á Selfossi og er ljóst að mörg störf munu flytjast frá höfuðborginni til Selfoss.

Af verkefnum sem eru á vegum menntamálaráðuneytisins vegur uppbygging Háskólans á Akureyri þyngst til eflingar atvinnustarfsemi úti á landi. Þar verða flest störfin til. Verið er að kanna möguleika á að efla rannsóknir við skólann. Til greina kemur að rannsóknir á lesröskun fari fram við skólann. Í tengslum við Háskólann á Akureyri hefur verið reist og tekið í notkun rannsóknahús þar sem ýmsar stofnanir ríkisins hafa aðstöðu. Nám með fjarkennslu hefur aukist gríðarlega á síðustu þremur árum. Á framhaldsskólastigi stunduðu 337 nemendur fjarnám árið 1999 en árið 2004 hafði þeim fjölgað í um 2.300. Á háskólastigi stunduðu 496 nemendur fjarnám árið 1999 en árið 2004 hafði þeim fjölgað í 2.450. Stofnaðar hafa verið níu símenntunarmiðstöðvar úti á landi með stuðningi ríkisins. Um er að ræða sameiginlegt átak í byggðamálum og menntamálum. Miðstöðvarnar auka verulega sveigjanleika til náms með fjarkennslu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á starfsmenntun og kennslu fyrir nýbúa. Haustið 2004 hóf göngu sína framhaldsskóli á Snæfellsnesi sem nýta mun sér kosti fjarkennslunnar. Gengið hefur verið frá samningum við Akureyrarbæ, Ísafjarðarkaupstað og Vestmannaeyjabæ um framkvæmdir við menningarhús. Áætlað er að heildarkostnaður ríkisins vegna þessara þriggja menningarhúsa verði um 1.250 millj. kr. Þá hefur menntamálaráðherra gert menningarsamning við Akureyrarbæ þar sem tiltekin menningarstarfsemi er styrkt, fyrst og fremst starfsemi Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Listasafns Akureyrar. Enn fremur hefur ráðherra undirritað menningarsamning við sveitarfélög á Austurlandi. Einnig leggur ríkið Menningarráði Austurlands til fé sem síðar er úthlutað til að styrkja menningarverkefni. Árlegt framlag ríkisins til þessara verkefna er rúmlega 100 millj. kr. og hefur aukist allhratt á síðustu árum.

Á vegum samgönguráðuneytis var 92 störfum komið fyrir úti á landi á kjörtímabilinu 1999–2003. Samgönguráðherra setti árið 2003 á fót þriggja manna starfshóp til að gera nýja áætlun um flutning verkefna út á landsbyggðina á yfirstandandi kjörtímabili. Vegagerðin hefur unnið áfram að eflingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni. Er þar bæði um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og staðsetningu nýrra starfa á landsbyggðinni. Störfin, sem um er að ræða, eru á sviði upplýsingaþjónustu, eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðar og umferðaröryggis, umsjónar með ferjurekstri og veghönnunar. Á árinu 2004 var skoðun skipa flutt frá Siglingastofnun til einkarekinna skoðunarstofa. Þessi breyting hefur orðið til að styrkja starfsemi skoðanastofa á landsbyggðinni. Á vegum Íslandspósts hf. hefur aðalskiptiborð og þjónustuver fyrirtækisins fyrir einstaklinga verið flutt til Akureyrar, pökkun fyrstadagsumslaga til Ísafjarðar, frímerkjavarsla í Borgarnes og vinna við ársmöppur í Búðardal auk þess sem smávörulager fyrirtækisins hefur verið fluttur til Blönduóss. Þessar ákvarðanir þýða að um það bil átta til tíu ársverk hafa verið flutt út á land.

Sjávarútvegsráðherra kynnti í apríl 2005 í Vestmannaeyjum breytingar sem verða gerðar á Veiðieftirliti Fiskistofu. Þær felast í að stofnuð verða fjögur ný útibú Fiskistofu, í Vestmannaeyjum, á Höfn, í Stykkishólmi og Grindavík auk þess sem eftirlitsmönnum verður fjölgað á Akureyri. Starfsmenn veiðieftirlitsins eru nú 35 og búa á höfuðborgarsvæðinu. Bætt verður við fjórum nýjum stöðugildum þannig að árið 2009 verða starfsmenn veiðieftirlitsins 39 talsins, þar af um 30 utan Reykjavíkur. Sjávarútvegsráðuneytið í samvinnu við atvinnuvegaráðuneytin er að kanna hvernig unnt er að nýta fyrirhugað rannsóknahús á Akureyri til að efla starfsemi á vegum RF og Hafró. Helst er staðnæmst við hugmyndir um líftæknirannsóknir. RF kemur nú að starfsemi Matvælasetursins á Akureyri. Hugmyndir eru uppi um að koma á fót þorskeldismiðstöð, þ.e. fyrir framhaldseldi, á Ísafirði sem mundi tengjast þróunarsetrinu þar. Hafró og RF kæmu að þeirri starfsemi.

Á vegum umhverfisráðuneytis hafa útibú Umhverfisstofnunar á landsbyggðinni verið efld. Sömu sögu er að segja um starfsemi þjóðgarðanna. Þá hefur framlag til náttúrustofa á landsbyggðinni verið aukið á undanförnum árum og starfa nú um 30 manns í náttúrustofum víða um land sem eru að stórum hluta fjármagnaðar af umhverfisráðuneytinu. Framlag ráðuneytisins til Náttúrustofa á landsbyggðinni árið 2005 var um 90 millj. kr. Á vegum Veðurstofunnar hefur verið stofnuð Rannsóknarmiðstöð snjóflóða á Ísafirði. Nú árið 2005 eru alls um 340 stöðugildi hjá stofnunum ráðuneytisins en þar af eru 73 stöðugildi á landsbyggðinni. Á tímabilinu hefur heildarfjöldi stöðugilda stofnana ráðuneytisins fækkað um 20 en stöðugildum á landsbyggðinni hefur hlutfallslega fjölgað þar sem fjöldi stöðugilda þar hefur staðið í stað á sama tíma.

5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Meginhugmynd Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Í því sambandi verði m.a. horft til reynslu nágrannaþjóða.

Markmið Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Framvinda Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni „Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni," sem kom út í mars 2003.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Meginhugmynd Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Skoðaðar verði sérstaklega skattalegar aðgerðir og í því sambandi horft til reynslu nágrannaþjóða. Á grundvelli rannsóknar verði lagðar fram tillögur um aðgerðir.

Markmið Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Framvinda Iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarathugun á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsókn var unnin á tímabilinu júní 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni, sem kom út í mars 2003.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins voru kannaðir möguleikar á að taka upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Vinnan byggðist á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í kjölfar umfjöllunar ríkisstjórnarinnar um flutningskostnað haustið 2001 og greinargerð Byggðastofnunar sem unnin var í framhaldinu. Á fundi ríkisstjórnar í júlí 2004 varð að samkomulagi að embættismenn iðnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis tækju málið til nánari umfjöllunar. Ekki náðist samstaða um framgang þess milli ráðuneytanna þriggja.

7. Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginhugmynd

Að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig megi styrkja byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar á næstu árum um a.m.k. 2–3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist. Unnið verði að eflingu Akureyrar sem skólabæjar og menningarmiðstöðvar, svo og að eflingu ferðaþjónustu, fiskeldis og fleiri atvinnugreina á svæðinu. Einnig verði unnið að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins, t.d. á sviði sjávarútvegs í tengslum við uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri. Þá felast margvísleg sóknarfæri í að efla starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Markmið

Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Miðnorðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.

Ábyrgð á framkvæmd

Iðnaðarráðuneyti.

Framvinda

Í júlí 2004 var gerður svokallaður Vaxtarsamningur Eyjafjarðar, sem er samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um uppbyggingu atvinnulífs við Eyjafjörð. Unnið er samkvæmt kenningum um fyrirtækjaklasa þar sem fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög taka höndum saman um eflingu atvinnulífs. Lögð er áhersla á þær atvinnugreinar sem nú þegar eru sterkar í Eyjafirði og á að styrkja þær enn frekar til þess að takast á við alþjóðlega samkeppni. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar mun standa út árið 2007 og til hans munu samningsaðilar verja samtals 177,5 millj. kr., ýmist í formi beinna fjárframlaga eða vinnuframlags. Fjárframlag iðnaðarráðuneytis nemur 90 millj. kr. á samningstímanum. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um samninginn og fylgjast með framvindu hans á heimasíðu Vaxtarsamnings Eyjafjarðar: www.klasar.is.

Rannsókna- og nýsköpunarhús er risið í tengslum við Háskólann á Akureyri og var tekið í notkun í lok árs 2004. Fyrirhugað er að ýmsar stofnanir ríkisins hafi aðstöðu í rannsóknahúsinu. Eftirtaldar stofnanir á vegum opinberra aðila eru nú í húsinu:

1. Auðlindadeild HA.
2. Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Upplýsingatæknideild HA.
4. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
5. Háskólinn á Akureyri, aðalskrifstofur.
6. Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar.
7. Jafnréttisstofa.
8. Matvælasetur HA.
9. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.
10. Orkustofnun, Akureyrarútibú (AKROS).
11. Impra nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.
12. Hafrannsóknastofnun.
13. PAME International Secretariat.
14. CAFF International Secretariat.
15. Rannsóknastofnun HA.
16. Ferðamálasetur Íslands.
17. Byggðarannsóknastofnun Íslands.
18. Veðurstofa Íslands.
19. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Meginhugmynd Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1999. Skólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans. Nauðsynlegt er að treysta forustuhlutverk skólans á sviði fræðslu og rannsókna í þágu landbúnaðarins í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Með markvissu samstarfi öðlast þessar stofnanir meiri burði til þess að sinna hlutverki sínu á sviði rannsókna og fræðslu og keppa um innlent og erlent rannsóknafé og hæfustu starfskrafta en nú er. Nauðsynlegt getur verið að huga að breytingum á rekstrarformi skólanna sem geri þeim kleift að afla sértekna með sölu þjónustu og samstarfi við fyrirtæki, samtök o.fl. aðila.

Markmið Að sameina krafta rannsókna- og fræðslustofnana landbúnaðarins í öflugu átaki til eflingar landbúnaði og atvinnulífi í sveitum almennt.

Ábyrgð á framkvæmd Landbúnaðarráðuneyti.

Framvinda Á vegum landbúnaðarráðuneytis tók til starfa í ársbyrjun 2005 ný mennta- og rannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands, sem stofnaður er með samruna Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar eru á Hvanneyri. Landbúnaðarháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi. Stofnunin starfar á sviði landbúnaðar og veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, sem miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans. Landbúnaðarháskólanum er heimilt að veita framhaldsgráðu (masters- og doktorspróf) og endurmenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann og skal miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

9. Efling fiskeldis.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu fiskeldis í landinu þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, fræðslu og meiri fjárhagslegan stuðning við þróunar- og markaðsstarf í greininni. Áhersla verði lögð á að byggja upp seiðaeldi á þorski.

Markmið

Að tryggja áfram sterka stöðu Íslendinga á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem samkeppni við eldisafurðir fer vaxandi. Að nýta þau sóknarfæri sem eru í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar á Íslandi, m.a. með nýtingu jarðhita og aðgangi að sjó og fersku vatni. Að efla atvinnugrein sem hentar vel til uppbyggingar í dreifbýli, en mun byggjast mjög hægt upp ef ekki kemur til öflugur stuðningur hins opinbera við rannsóknir og markaðsþróun.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.

Framvinda

Fiskeldi fellur undir tvö ráðuneyti, eldi sjávardýra undir sjávarútvegsráðuneyti og eldi ferskvatnsfiska undir landbúnaðarráðuneyti. Á vegum þessara ráðuneyta er starfandi sérstök sameiginleg nefnd, fiskeldisnefnd, sem er til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó. Fiskeldisnefnd skilaði viðamikilli skýrslu um stöðu og framtíðaráform í íslensku fiskeldi haustið 2004, þar sem er m.a. lögð áhersla á eflingu fiskeldisrannsókna.

Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað sérstakan sjóð, AVS-sjóð, sem ætlað er að standa á bak við átak til að auka virði íslenskra sjávarafurða. Á vegum sjóðsstjórnar er starfandi sérstakur fiskeldishópur sem m.a. fer með söfnun upplýsinga, samhæfingu, kynningu og stefnumótun varðandi eldi sjávardýra. Á undanförnum árum hefur sjávarútvegsráðherra árlega veitt sérstaka styrki til fiskeldisrannsókna.

Iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið hafa gert með sér samkomulag um verkefni á sviði sjávarútvegs vegna framkvæmdar byggðaáætlunar 2002–2005. Samningurinn felur í sér að ráðuneytin munu sameiginlega vinna að því að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi á sviði sjávarútvegs. Samtals leggja ráðuneytin 20 millj. kr. til tveggja verkefna á grundvelli þessa samkomulags, þar af 10 millj. kr. af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis til framkvæmdar byggðaáætlunar. Annað þeirra verkefna sem samið var um er verkefni útibús Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði og fyrirtækja á Vestfjörðum um þorskeldi í sjókvíum. Þorskeldi á Íslandi er ný atvinnugrein. Þegar hefur víðtækt samstarf hafist á milli opinberra rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja. Rannsóknir í fiskeldi og fiskalífeðlisfræði í tengslum við þorskeldi er samstarfsverkefni útibús Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði og fyrirtækja á Vestfjörðum. Markmið verkefnisins er annars vegar að efla rannsóknir sem skila sér beint út í iðnaðinn og styðja við bakið á þeim mörgu fyrirtækjum á landsbyggðinni sem taka þátt í að efla þorskeldi og hins vegar að auka verðmætasköpun fyrirtækja og koma til móts við þau með aðgangi að sjókvíum fyrir tilraunir með áframeldi og aleldi á þorski. Til að hefja verkefnið voru á árinu 2005 keyptar átta sjókvíar og þeim komið fyrir í Ísafjarðardjúpi. Af fé byggðaáætlunar voru veittar 4 millj. kr. til þessa verkefnis.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Meginhugmynd

Skipaður verði starfshópur á árinu 2002 er fjalli um fjarskiptamál í dreifbýli. Skal starfshópurinn kanna möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli. Telji hann slíka framkvæmd fýsilega skal hann setja fram áætlun um hvernig þetta skuli gert, hvenær og hve mikið framkvæmdin kosti. Skal starfshópurinn skila af sér fyrir lok ársins 2002.

Markmið

Að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Með slíkum ljósleiðara er hægt að bjóða alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal stafrænt sjónvarp og útvarp. Með ljósleiðaravæðingu fæst góð lausn fyrir fjarskiptatengingar bæði heimila og fyrirtækja. Ljósleiðarar geta borið nærri ótakmarkaðan gagnaflaum, takmörkin eru einungis í búnaðinum sem tengdur er við ljósleiðara. Ljósleiðarar eru ódýrir en endabúnaðurinn er dýr og dýrt er að leggja ljósleiðara langar vegalengdir. Tækniframfarir í ljósleiðaratækni eru stórstígar nú og búnaður lækkar óðum í verði.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.

Framvinda

Umtalsverður kostnaður er við að leggja ljósleiðara til allra lögbýla í dreifbýli og fjarskiptafyrirtæki telja það ekki arðbæra fjárfestingu miðað við núverandi tækni og markaðsaðstæður. Innan Símans er verið að kanna möguleika á háhraðasambandi í dreifbýli eftir hagkvæmari leiðum. Landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti hafa undanfarin missiri unnið saman að verkefninu Upplýsingatækni í dreifbýli (UD) þar sem leitað er leiða til að auka og bæta gagnaflutningsmöguleika í dreifðari byggðum landsins. Í október 2003 var undirritaður samningur milli Símans og UD um útbreiðslu ISDN-tenginga í dreifbýli. Undanfarin missiri hefur flutningsgeta grunnnetsins verið stórbætt. Nú er svo komið að einungis um 50 býli á landinu öllu hafa ekki möguleika á ISDN. Síminn vinnur að áætlun með því markmiði að bjóða öllum lögbýlum ISDN samband með nýrri og endurbættri tækni.

Í ársbyrjun 2004 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Með henni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum á Íslandi til þess m.a. að kortleggja með hvaða hætti stjórnvöld geta komið að frekari uppbyggingu í fjarskiptamálum þar sem fjarskiptafyrirtækin telja að ekki séu markaðsforsendur fyrir uppbyggingu.

Stýrihópurinn skilaði tillögum að stefnu stjórnvalda vorið 2005, sem samgönguráðherra lagði fram sem þingsályktun fyrir Alþingi þar sem hún var samþykkt 11. maí 2005. Með fjarskiptaáætlun er skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda á sviði fjarskipta til næstu ára. Með henni er stefnt að því að auka samkeppnishæfni Íslands, stuðla að framþróun atvinnulífsins og að vinna að bættu aðgengi almennings að fjarskiptum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið forgangsröðun á þessu sviði. Hún miðar að stóraukinni uppbyggingu GSM-senda á hringveginum, helstu stofnvegum og á fjölförnum ferðamannastöðum. Með dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött, með stórbætta þjónustu fyrir sjófarendur að leiðarljósi, og með öflugri uppbyggingu á háhraðatengingum á svæðum sem fjarskiptafyrirtækin þjóna ekki á markaðslegum forsendum. Í þessu skyni verður m.a. komið á fót sérstökum sjóði, fjarskiptasjóði, sem ætlað er að vinna að uppbyggingunni. Farin verður útboðsleið til að ná þessum markmiðum. Fjarskiptasjóður mun bjóða út skýrt skilgreind verkefni á afmörkuðum svæðum með það fyrir augum að efla fjarskipti á landinu öllu. 2,5 milljörðum kr. af söluandvirði Símans verður varið til Fjarskiptasjóðs.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er sérstök áhersla lögð á bætt fjarskipti og m.a. lagt til að unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Meginhugmynd Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu.

Markmið Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabil. Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar.

Ábyrgð á framkvæmd Samgönguráðuneyti.

Framvinda Í leyfisbréfi Landssímans og samkomulagi fyrirtækisins við samgönguráðherra frá 16. mars 2001 er tryggð stórfelld uppbygging ATM-gagnaflutningsneta og ADSL-þjónustu, auk þess sem framtíð NMT, langdræga farsímakerfisins, er tryggð. Í kjölfar samkomulagsins kynnti Landssími Íslands hf. aðgerðir til að mæta þörfum landsbyggðarinnar á gagnaflutningsþjónustu og til að ná fram markmiðum um aukna gagnaflutningsþjónustu við almenning og atvinnulíf í landinu. Í áætlunum fyrirtækisins felst stórfelld verðlækkun og aukin þjónusta um allt land. Landssíminn skuldbatt sig til fimm ára til að tryggja viðskiptavinum á öllum þéttbýlisstöðum með fleiri en 150 íbúa aðgang að tveggja megabita samböndum yfir ATM- netið eða sambærilegri þjónustu á verði sem sé það sama innan hvers svæðis en aukakostnaður við tengingar út fyrir svæði verði ekki umfram 17.000 kr. á mánuði.

Landssíminn hefur þegar uppfyllt ákvæði ATM-samningsins og gengið lengra í sumum tilvikum. Nú býðst 2 Mb/s ATM-samband á öllum þéttbýlisstöðum með 150 íbúa eða fleiri, alls í 69 þéttbýliskjörnum. Auk þess hefur 2 Mb/s sambandi eða stærra verið komið upp á þeim skólasetrum sem samningurinn tiltók og víðar. Einnig er verðskrá fyrir ATM 2 Mb/s innan ákvæða samningsins. Þessu til viðbótar gildir sama verð innan og milli 20 þéttbýliskjarna, þ.e. ekki er tekið millisvæðagjald. Á 40 stöðum þar sem ADSL-þjónustu hefur verið komið á býðst einnig svokölluð IP-tengileið sem kalla má jafngilda ATM-tengileið. Innan og milli þessara 40 staða er ekkert millisvæðagjald.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að stuðlað verði að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við gagnaflutninga.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Meginhugmynd Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að stefnumörkun á sviði „rafrænnar" menntunar, auk þess sem margt hefur áunnist í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur markað. Í því sambandi er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarstöðva verði efld með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna" nemendahópa við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.

Markmið Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförnum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Framvinda

Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti gerðu árið 2003 með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Samkomulagið er til þriggja ára og ráðuneytin skuldbinda sig til þess að leggja hvort um sig fram að lágmarki 50 millj. kr. á ári til verkefna á grundvelli þess. Í samkomulaginu er m.a. lögð áhersla á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni. Á grundvelli samningsins hafa verið stofnuð Háskólasetur Vestfjarða, Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík og Háskólanámssetur fyrir Austurland á Egilsstöðum. Til uppbyggingar þekkingarseturs á Egilsstöðum hefur verið varið 48 millj. kr., rúmlega 15 millj. kr. er varið til þekkingarseturs á Húsavík, 56 millj. kr. til eflingar þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar og stofnunar Háskólaseturs Vestfjarða. Um 110 millj. kr. hefur verið varið til styrkingar starfsmenntunar á landsbyggðinni, eflingar fjarskipta og dreifmenntunarverkefna á grunn-, framhalds- og háskólastigi. Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar. Þar er m.a. lagt til að áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/ háskólasetra á landsbyggðinni. Jafnframt er lagt til að unnið verði að eflingu dreifmenntunar á öllum skólastigum.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd

Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.

Markmið

Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjarvinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförnum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtalsverðan hluta vinnumarkaðarins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipulagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðiskostnað.

Ábyrgð á framkvæmd

Fjármálaráðuneyti.

Framvinda

Verkefni sem varðar fjarvinnslu í tengslum við byggðaáætlun hefur verið tekið upp á víðtækari grundvelli í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið: Auðlindir í allra þágu. Áframhaldandi vinna sem því tengist hefur því farið fram á þeim vettvangi. Frá því síðast var gefin skýrsla stöðu mála, fyrir einu ári, hefur fjármálaráðuneytið unnið að því með ýmsum öðrum ráðuneytum að bæta tengingar helstu ríkisstofnana við háhraðanetið. Þetta eykur möguleika á því að starfsmenn ríkisins vinni störf sín fjarri starfsstöð vinnuveitanda og að verkefni séu unnin í fjarvinnslu. Mörg upplýsingakerfi ríkisins eru aðgengileg öllum sem hafa nettengda tölvu og viðeigandi aðgangsheimildir. Þannig hefur meðal annars Fjársýsla ríkisins tekið í notkun nýtt fjárhags- og mannauðskerfi fyrir allar ríkisstofnanir í A-hluta á tímabilinu sem um ræðir. Einnig hefur verið unnið að því að fylgja eftir innkaupastefnu ríkisins og í því sambandi meðal annars verið hvatt til þess að einkaaðilum verði falið að annast verkefni fyrir ríkisstofnanir, þar á meðal verkefni sem hentar að leysa í fjarvinnslu. Handbók fjármálaráðuneytisins um þjónustusamninga sem kom út í byrjun yfirstandandi árs auðveldar gerð slíkra samninga.

14. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Meginhugmynd Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt samfélag“, sem felur í sér að bjóða tveimur til þremur framsæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræði.

Markmið Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þátturinn í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu upplýsingasamfélagsins úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynsluverkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um landið.

Ábyrgð á framkvæmd Byggðastofnun.

Framvinda Efnt var til samkeppni um rafrænt samfélag í upphafi árs 2003. Þrettán byggðarlög af landsbyggðinni tóku þátt í forvali samkeppninnar og haustið 2003 voru tvö þeirra valin til þátttöku í þróunarverkefni um rafrænt samfélag: Árborg, Hveragerði og Ölfus, með verkefnið Sunnan3, og Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit, með verkefnið Virkjum alla – rafrænt samfélag. Framlag ríkissjóðs til verkefnisins um rafrænt samfélag nemur samtals 120 millj. kr. og dreifist á þrjú ár. Framlag byggðarlaganna er nokkuð hærra, enda var skilyrði að framlag þeirra yrði a.m.k. jafnt framlagi ríkissjóðs. Nánari upplýsingar um verkefnin er að finna á heimasíðum þeirra: www.sunnan3.is og www.skjalfandi.is.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.

15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Meginhugmynd Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í því sambandi er lagt til að stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum og að Ísland taki þátt í Northern Periphery verkefninu.

Markmið Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi, en hún hefur verið fremur lítil. Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri á sumum sviðum alþjóðlegs samstarfs, einkum með þátttöku í rammaáætlunum Evrópusambandsins. Þá þurfa Íslendingar að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og nýta sér þær hugmyndir sem líklegar eru til að geta gagnast í þeim málaflokkum hér á landi. Mikilvægt er að samþætta ólíkar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, svo sem í samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, félagsmálum og umhverfismálum. Í því sambandi er gagnlegt að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða af samræmdri byggðastefnu.

Ábyrgð á framkvæmd Iðnaðarráðuneyti.

Framvinda

Vorið 2002 gerðust Íslendingar aðilar að Northern Periphery Programme eða Norðurslóðaáætlun ESB, skammstöfuð NPP. Áætlunin nær til norðlægra svæða í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Skotlandi, en einnig til Grænlands, Færeyja og Íslands. Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs svæða og byggða með svipaðar aðstæður, með samstarfsverkefnum yfir landamæri á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana í þessum landshlutum. Reynt er að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja sé hindrun í samstarfi og framþróun byggða og atvinnulífs með það að markmiði að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best. Áætlunin er rekin þannig að innsendar umsóknir keppa í gæðum um það fjármagn sem til ráðstöfunar er og er stuðningur háður mótframlagi umsækjenda. Framlag íslenskra stjórnvalda til áætlunarinnar var upphaflega ákveðið 25 millj. kr. á ári til ársins 2006 en var í ár aukið um 8 millj. kr. vegna verkefnaþátttöku á árinu 2005. Nú þegar eru um 60 íslenskir aðilar þátttakendur í 27 verkefnum áætlunarinnar, sem sýnir glöggt þau tækifæri sem með henni bjóðast. Áherslur áætlunarinnar eru á sviði samgangna, flutninga og innviða samgöngukerfa, aðgengis að upplýsingasamfélaginu, sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og náttúruauðlinda, nýsköpunar í atvinnulífi og eflingar mannauðs, samfélagsþjónustu og almennrar stjórnsýslu og skipulagsmála. Frekari upplýsingar um þátttöku Íslands í áætluninni og um einstök verkefni er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is og á heimasíðu áætlunarinnar www.northernperiphery.net.

Af öðru alþjóðlegu samstarfi á sviði byggðamála má nefna að Ísland tekur virkan þátt í Norrænu Atlantsnefndinni – NORA verkefninu. Nefndin heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamvinnu, en starfssvæði NORA er Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noregur. NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi. Íslendingar eru þátttakendur í stórum hluta verkefna NORA. Nánari upplýsingar um NORA er að finna á vefsíðu Byggðastofnunar og www.nora.fo.

Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að Ísland verði áfram virkur þátttakandi í NPP. Jafnframt er lagt til að Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið láti gera áætlun um hvernig hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og fiskeldis með sérstakri áherslu á nýtingu aukaafurða. Gert verði yfirlit yfir allar þær aukaafurðir sem ekki eru nýttar og sett fram áætlun um hvernig hægt verði að nýta þær í framtíðinni. Stuðlað verði að samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja, háskóla, sjóða og rannsóknastofnana um rannsóknir og frumkvöðlastarf á þessu sviði með sérstakri áherslu á líftækni og nýjar vinnsluleiðir.

Markmið

Að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og fiskeldi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.

Ábyrgð á framkvæmd

Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Framvinda

Í framhaldi af skýrslu nefndar sjávarútvegsráðherra um það hvernig auka mætti verðmæti sjávarfangs var stofnaður AVS-rannsóknasjóður í sjávarútvegi. Sjóðurinn, sem rekinn er til fimm ára í fyrsta áfanga, starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og veitir styrki til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Honum er ætlað að stuðla að auknu virði íslenskra sjávarafurða og efla nýsköpun í greininni. Framlag af fjárlögum til sjóðsins nam 100 millj. kr. árið 2004 og 200 millj. kr. árið 2005.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og Háskólinn á Akureyri gerðu í júlí 2004 með sér samning um samstarf um líftækni. Markmið samstarfsins er að efla rannsóknir og tækniþróun á sviði líftækni í þágu íslensks atvinnulífs. Um er að ræða þróunarverkefni sem stendur út árið 2007 og gengur út á að koma á netsamstarfi milli þeirra sem vinna á þessum vettvangi. Í því felst m.a. að skilgreina ný rannsóknarverkefni, tengja saman þá sem stunda rannsóknir og þróunarstörf, vinna umsóknir, annast gerð samninga og stýra verkefnum. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti greiðir laun verkefnisstjóra árin 2004, 2005 og 2006 og leggur fram 20 millj. kr. í verkefnafé árin 2004 og 2005 og 10 millj. kr. árin 2006 og 2007. Menntamálaráðuneyti og Háskólinn á Akureyri leggja til húsnæði og búnað fyrir verkefnisstjórann innan ramma fjárveitinga til Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsráðuneyti leggur til starfskrafta fagráðs AVS-rannsóknasjóðs um líftækni.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu.

Meginhugmynd Að landsstefna verði mótuð fyrir þjóðmenningarstofnanir til að bæta þjónustu þeirra við landsbyggðina. Þetta er nauðsynlegt skref í kjölfar lagasetningar, t.d. á sviði minjavörslu, samninga ríkis og sveitarfélaga, nýrra leiða í rekstri og fjármögnun menningarmála, samninga um árangursstjórnun við stofnanir og átaks í upplýsingatækni. Nýleg lög, samningar og reglugerðir gera ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum, m.a. með tilkomu nýrra stofnana. Verkefni á sviði rannsókna, varðveislu og miðlunar menningar eru orðin mjög aðkallandi. Því er brýnt að stofnanir og einstaklingar sem starfa á þessu sviði stilli saman strengi við nýjar aðstæður.

Markmið Að þjóðmenningarstofnanir bæti og efli samstarf og þjónustu við landið allt með því að taka faglega forustu um stefnumótun í menningarmálum sem geti orðið grundvöllur frekari samninga- og áætlanagerðar stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila sem starfa að menningarmálum á landsbyggðinni.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Framvinda Menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti gerðu árið 2003 með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Samkomulagið er til þriggja ára og ráðuneytin skuldbinda sig til þess að leggja hvort um sig fram að lágmarki 50 millj. kr. á ári til verkefna á grundvelli þess. Á grundvelli samningsins hefur verið unnið að skráningu í menningarstofnunum og miðlun menningarefnis. Til þessa verkefnis er varið samtals 33 millj. kr. Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að sérstök áhersla verði lögð á gildi menningar og m.a. lagt til að unnið verði að eflingu menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Meginhugmynd Að stofnað verði til skipulegs samstarfs við háskólastofnanir undir forsjá miðstöðvanna og á grundvelli óska þeirra.

Markmið Að bæta möguleika fólks á Vestfjörðum og Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar og skapa þar um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum. Að efla fræðslu- og rannsóknasamstarf háskólastofnana og heimamanna í þessum landshlutum og vera nemendum og kennurum þeirra hvatning til að efna til og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum.

Ábyrgð á framkvæmd Menntamálaráðuneyti.

Framvinda

Símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar í öllum landshlutum. Hlutverk þeirra er að efla símenntun með því að miðla námskeiðum og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga. Símenntunarmiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki í að veita stoðþjónustu við nemendur og aðstöðu fyrir kennslu. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms. Á grundvelli samkomulags menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni hefur verið unnið að eflingu símenntunar um land allt. Til þess hefur verið ráðstafað 30 millj. kr. Að auki hefur verið unnið sérstaklega að eflingu símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum. Á Ísafirði og Egilsstöðum hafa símenntunarmiðstöðvar gengið til samstarfs við háskólasetur, sem þar hafa verið stofnuð, um eflingu símenntunar og háskólanáms.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er m.a. lagt til að áfram verði unnið að eflingu símenntunar á landsbyggðinni.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Meginhugmynd

Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, tengsl við skipulagsvinnu sveitarfélaga og markaðssetningu ferðaþjónustu í dreifbýli. Jafnframt verði stóraukin fræðsla og starfsmenntun í greininni. Þetta verði gert með fjárhagslegum stuðningi við þróunar- og markaðsstarf. Lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.

Markmið

Að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi fjárfestinga hins opinbera og einkaaðila og auka samkeppnishæfi einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.

Ábyrgð á framkvæmd

Samgönguráðuneyti.

Framvinda

Iðnaðarráðherra og samgönguráðherra gerðu árið 2003 með sér samkomulag til þriggja ára um sameiginleg verkefni í uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Á grundvelli samkomulagsins hafa ráðuneytin sameiginlega unnið að verkefnum er lúta að eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Samtals 100 millj. kr. hafa verið til ráðstöfunar til samstarfsverkefnanna á árunum 2003, 2004 og 2005, þar af 60 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Sex verkefni voru styrkt á grundvelli samkomulags iðnaðar- og samgönguráðherra á árinu 2003.

Á árinu 2004 voru verkefnin alls tíu talsins og átta á árinu 2005. Samgönguráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna sem styrkt eru á grunni samkomulagsins og leggur í mars ár hvert fram skýrslu þar sem mat er lagt á árangurinn. Í lokaskýrslu, sem samgönguráðuneyti vinnur og leggur fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins. Á árinu 2000 skilaði nefnd skipuð af samgönguráðherra skýrslunni „Heilsutengd ferðaþjónusta“. Í skýrslunni voru settar fram tillögur varðandi framtíð heilsutengdrar ferðaþjónustu hér á landi og hvernig best væri að standa að uppbyggingu hennar. Einnig skipaði samgönguráðherra nefnd sem skilaði af sér skýrslunni „Menningartengd ferðaþjónusta“ sem kom út síðla árs 2001. Þá vann Ferðamálaráð Íslands skýrsluna „Auðlindin Ísland“ að frumkvæði samgönguráðherra, en hún kom út árið 2002. Í skýrslunni er lögð áhersla á að kanna styrk einstakra svæða með tilliti til markhópa ferðamanna. Á grundvelli þessarar vinnu lét samgönguráðherra gera ferðamálaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015 og var þingsályktunartillaga um ferðamál fyrir tímabilið 2006–2015 samþykkt á síðasta þingi.

Í tillögu til þingsályktunar um byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 er lagt til að áfram verði unnið að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá er lagt til að unnið verði að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.

20. Endurgreiðsla námslána.

Meginhugmynd Að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána.

Markmið Að hvetja ungt fólk með menntun á háskólastigi til að setjast að og starfa úti á landi, og taka þannig þátt í uppbyggingu byggðarlaga þar sem menntað fólk vantar til starfa, og til að byggja upp ný fyrirtæki.

Ábyrgð á framkvæmd Fjármálaráðuneyti.

Framvinda Alþingi samþykkti ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna í lok síðasta árs sem fela meðal annars í sér lækkun á árlegri endurgreiðslu námslána úr 4,75% af tekjum í 3,75% hjá öllum lánþegum. Hugmynd um að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána var rædd í nefnd menntamálaráðherra sem samdi drög að lagafrumvarpinu þótt nefndin hafi ekki gert tillögu þar að lútandi í drögunum.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Meginhugmynd Að efla umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, jafnframt því að mynda stuðningsnet fyrir umhverfisnefndir og þá sem vinna að umhverfismálum hjá sveitarfélögum.

Markmið Að efla sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra og að fylgja eftir hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Ábyrgð á framkvæmd Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Framvinda Umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra gerðu á árinu 2003 með sér samkomulag um sameiginleg verkefni er tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærri byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum. Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í fjölmörgum sveitarfélögum, en þörf er á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögunum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Ávinningur sveitarfélaganna er margþættur, þ.e. beinn efnahagslegur ávinningur, samfélagslegur og menningarlegur ávinningur og betri nýting auðlinda. Til samstarfsverkefna á grundvelli samkomulagsins hafa verið til ráðstöfunar samtals 8 millj. kr. á ári á þriggja ára tímabili, þar af 7 millj. kr. á ári af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis til framkvæmdar byggðaáætlunar. Af þessu fé hafa 2 millj. kr. á ári runnið til sérstaks þróunarverkefnis um sjálfbært samfélag í Hrísey. Umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með framvindu verkefnanna. Í lokaskýrslu, sem umhverfisráðuneyti vinnur og lögð verður fram í mars 2006, verður lagt mat á heildarárangur samkomulagsins.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Meginhugmynd Að sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins verði gert kleift að nýta sér í vaxandi mæli landupplýsingakerfi í stjórnsýslu. Jafnframt geti þau nýtt sér kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku, samþættingu á skráðum upplýsingum og við að auðvelda aðkomu almennings að athöfnum stjórnsýslunnar.

Markmið	Að bæta grundvöll ákvarðanatöku sveitarfélaga og auka aðgengi almennings að upplýsingum.
Ábyrgð á framkvæmd	Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
Framvinda	Iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra gerðu árið 2003 með sér samkomulag til þriggja ára um sameiginleg verkefni sem tengjast uppbyggingu landupplýsingakerfa sveitarfélaga. Á grundvelli þess hafa ráðuneytin unnið saman og í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að verkefnum er lúta að uppbyggingu gagnabanka um fjárhagslegar upplýsingar er snerta rekstur sveitarfélaga. Meginmarkmiðið er að efla hvers kyns samanburð á fjárhagslegum upplýsingum milli sveitarfélaga sem geti nýst þeim sem öflugt tæki við stjórnun og rekstur og leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri sveitarfélaganna. Einnig er gert ráð fyrir að gagnagrunnurinn muni gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í störfum annarra opinberra aðila, svo sem fjármálaráðuneytis við gerð efnahagsspár, Hagstofu Íslands við upplýsingaöflun um búskap hins opinbera, félagsmálaráðuneytis við eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga í hagsmunagæslu þeirra. Enn fremur er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélaga geti haft aðgang að hinum samræmdu upplýsingum. Samkomulagið gerir ráð fyrir að iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra beiti sér fyrir því að samtals verði ráðstafað til verkefna á grunni þess 24 millj. kr. á árunum 2003–2005, þar af 12 millj. kr. af fjárveitingu til framkvæmdar byggðaáætlunar. Félagsmálaráðuneytið gerir iðnaðarráðuneyti grein fyrir framvindu verkefna á grunni samkomulagsins í lok hvers hinna þriggja ára og gerir grein fyrir heildarárangri eigi síðar en í mars árið 2006. Félagsmálaráðuneytið samdi í maí 2003 við fyrirtækið Forsvar ehf. á Hvammstanga um smíði upplýsingakerfis sem halda á utan um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga á Íslandi í framtíðinni. Þróun kerfisins tók lengri tíma en áætlað var, en á haustdögum 2005 mun félagsmálaráðuneytið opna fyrir vefsíðu sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að upplýsingaveitu um fjármál sveitarfélaga. Upplýsingaveitan hýsir upplýsingar úr ársreikningum, fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum sveitarfélaga, ýmsar lykiltölur úr reikningum þeirra, útsvars- og fasteignaskattsprósentur ásamt ýmsum öðrum upplýsingum er varða fjármál sveitarfélaga. Á vefsíðunni má á einfaldan hátt kalla fram upplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, gera samanburð á reikningum valinna sveitarfélaga, skoða þróun í fjármálum einstakra sveitarfélaga o.s.frv. Samkvæmt samkomulagi félagsmálaráðuneytisins, Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga mun sambandið annast söfnun upplýsinga á rafrænu formi úr ársreikningum, fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum fyrir upplýsingaveituna. Samráðsnefnd umhverfisráðuneytis um þróun landupplýsingakerfa sem sett var á laggirnar árið 2001 til þriggja ára, skilaði bráðabirgðaskýrslu til ráðherra í maí 2003 með tillögum um aðgerðir stjórnvalda. Starfstíma nefndarinnar lauk í apríl 2004 og verið er að leggja drög að frekara samstarfi á þessum vettvangi í umhverfisráðuneytinu. Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa gert með sér samstarfssamning um gagnkvæma notkun á stafrænum landfræðilegum kortagögnum og um fjarkönnun.

Aðrir samningar á grundvelli byggðaáætlunar.

Samkomulag um verkefni á sviði sjávarútvegs – veiðarfærarannsóknir.

Eins og fram hefur komið hafa iðnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið gert með sér samkomulag um verkefni á sviði sjávarútvegs vegna framkvæmdar byggðaáætlunar 2002 – 2005. Um er að ræða tvö verkefni: Annars vegar verkefni er tengist veiðarfærarannsóknum í útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði og hins vegar verkefni í útibúi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði um þorskeldi í sjókvíum, sem nánar er greint frá í tengsl-

um við framvindu aðgerðar nr. 9 hér að framan. Samtals var ráðstafað 10 millj. kr. til þessara verkefna af fjárveitingu til framkvæmda á byggðaáætlun gegn jöfnu framlagi sjávarútvegsráðuneytis.

Á árinu 2005 hóf Hafrannsóknastofnunin vinnu við fyrsta áfanga í eflingu veiðafærarannsókna í útibúi stofnunarinnar á Ísafirði. Af fé byggðaáætlunar voru veittar 6 millj. kr. til þessa verkefnis. Styrknum var m.a. varið til kaupa á myndvinnslubúnaði til að vinna á stafrænt form gamalt myndefni úr eldri veiðarfæraverkefnum sem liggur undir skemmdum. Þá var hluti styrksins, um 2,5 millj. kr., notaður til að kaupa viðbótarbúnað við nýja fullkomna neðansjávarmyndavél sem keypt hefur verið og nýtist vel við veiðarfærarannsóknir. Neðansjávarmyndavélin nýtist einkum við rannsóknir á veiðarfærum og vistkerfi sjávar. Veiðarfærarannsóknir beinast ekki eingöngu að því að hanna veiðarfæri sem skila meiri afla heldur einnig að áhrifum veiðarfæranna á umhverfið, t.d. á lífríki botnsins og meðafla. Þá er veiðarfærarannsóknunum einnig beint að kostnaði við veiðarnar þar sem veiðar á fiski með ýmiss konar vörpum eru afar orkufrekar og dýrar. Útibúið á Ísafirði er þátttakandi í verkefni ásamt Iðntæknistofnun, Netagerð Vestfjarða hf. og HG hf. sem snýr að þeim þætti og er þar leitað nýrra og hagkvæmra leiða við þróun veiðarfæra. Búnaður sá sem hér er nefndur að framan mun nýtast vel til þeirra rannsókna. Ráðinn hefur verið veiðarfærasérfræðingur til starfa á útibúinu á Ísafirði og eru uppi hugmyndir um að ráða þangað fleiri sérfræðinga.

Samkomulag um átak í menntun og menningu á landsbyggðinni.

Eins og fram hefur komið gerðu menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti árið 2003 með sér samkomulag um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Samkomulagið er til þriggja ára og ráðuneytin skuldbinda sig til þess að leggja hvort um sig fram að lágmarki 50 millj. kr. á ári til verkefna á grundvelli þess. Til viðbótar við þau verkefni sem greint hefur verið frá í tengslum við framvindu aðgerða nr. 12, 17 og 18 hefur á grundvelli samkomulagsins 10 millj. kr. verið ráðstafað til undirbúnings ungmenna- og tómstundabúða á Laugum í Sælingsdal.

Samkomulag um sameiginlegt þróunarverkefni er tengist upplýsingakerfi í þjónustu við fatlaða.

Iðnaðarráðuneyti og félagsmálaráðuneyti gerðu í maí 2005 með sér samkomulag um sameiginlegt þróunarverkefni er tengist upplýsingakerfi í þjónustu við fatlaða. Verkefnið er rekið á Hvammstanga og felst í þróun og uppbyggingu upplýsingakerfis sem heldur utan um alla félagsþjónustu í landinu. Ráðuneytin leggja sameiginlega fram 8 millj. kr. til þessa verkefnis á árinu 2005, þar af 4 millj. kr. af fjárveitingum iðnaðaðarráðuneytis vegna framkvæmdar byggðaáætlunar.

Samkomulag um undirbúning framhaldsnáms í byggðaþróunarfræðum.

Iðnaðarráðuneyti og Háskólinn á Akureyri gerðu í desember 2003 með sér samkomulag um undirbúning framhaldsnáms í byggðaþróunarfræðum. Samið var um að til þessa verkefnis yrði varið allt að 3 millj. kr. sem skiptust jafnt á samningsaðilana.

Samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir.

Iðnaðarráðuneytið og Útflutningsráð Íslands gerðu í maí 2003 með sér samkomulag um stuðning við markaðsátak erlendis fyrir íslenskar ullarafurðir. Eitt af sóknarfærum í landbúnaði tengist útflutningi á íslenskum ullarafurðum. Sérkenni íslenskrar ullar eru mikil og má vænta þess að með endurskipulagningu á markaðssetningu ullarafurða megi ná fram umtals-

verðum ávinningi. Á grundvelli þessa ákváðu iðnaðarráðuneyti og Útflutningsráð Íslands að vinna með Fagráði textíliðnaðarins að eflingu markaðsstarfs erlendis á íslenskum ullarafurðum. Iðnaðarráðuneyti leggur 8,5 millj. kr. til þessa átaks.

Vaxtarsamningar.

Vaxtarsamningur Vestfjarða.

Í maí 2005 var undirritaður Vaxtarsamningur Vestfjarða. Samningurinn er til áranna 2005–2008 og eru markmið hans að efla Vestfirði sem eftirsóttan valkost til búsetu, stuðla að fjölgun íbúa á Vestfjörðum um a.m.k. 150 á samningstímabilinu, auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt, þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu, fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vöru og þjónustu, nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu. Samningsaðilar verja samtals kr. 140,05 millj. kr. til samningsins, ýmist í formi beinna fjárframlaga eða vinnuframlags. Fjárframlag iðnaðarráðuneytis nemur 75 millj. kr. á samningstímanum.

Aðrir vaxtarsamningar í undirbúningi.

Hafinn er undirbúningur vaxtarsamninga fyrir Suðurland með áherslu á Vestmannaeyjar, Austurland með áherslu á Höfn, Vesturland og Norðvesturland.

Impra nýsköpunarmiðstöð.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Impru nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri.

Handleiðsla og fyrirspurnir: Árlega veitir Impra um 4000 handleiðsluviðtöl þar sem frumkvöðlum og stofnendum lítilla fyrirtækja er veitt leiðsögn við þróun viðskiptahugmynda og stofnun og rekstur fyrirtækja. Einnig svara starfsmenn Impru u.þ.b. 4.500 fyrirspurnum á hverju ári frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Heimasíða: Ný heimasíða var opnuð í desember 2003 eftir algjöra endurskipulagningu á markmiðum og uppbyggingu vefþjónustu Impru. Markhópar þjónustunnar eru frumkvöðlar og einstaklingar, fyrirtæki í rekstri og atvinnuþróunarfélög. Ný vefsíða færði þjónustuna nær viðskiptavinum og kemur betur til móts við þarfir hvers markhóps. Heimasíðunni er ætlað að jafna aðgengi að þjónustu óháð búsetu. Mikilvægur þáttur heimasíðunnar er gagnvirk handleiðsla þar sem viðskiptavinum er boðið upp á leiðsögn við þróun viðskiptahugmynda í gegnum netið.

Útgáfa fræðslu- og kynningarefnis: Gefin hafa verið út fimm rit í röð hagnýtra leiðbeiningarrita þar sem tekið er á ákveðnum þáttum í stofnun og rekstri fyrirtækja. Ritin sem gefin hafa verið út fjalla um vöruþróun, gæðastjórnun í vöruþróun, markaðsáætlanir, verkefnisstjórnun og klasasamstarf. Í undirbúningi er rit um þjónustugæði, gerð viðskiptaáætlana og „aðgerðaáætlun fyrir frumkvöðla“. Þá er ný útgáfa bókarinnar *Stofnun og rekstur* í útgáfu. Auk þessa hefur ýmist annað kynningarefni verið gefið út.

Brautargengi: Námskeiðið Brautargengi hefur verið rekið á Akureyri, Egilstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki, Selfossi og Vestmannaeyjum. Alls hafa 170 landsbyggðakonur tekið þátt í námskeiðinu en símakönnun framkvæmd sumarið 2005 sýnir að 46% landsbyggðarkvenna sem þá höfðu tekið þátt í verkefninu voru með fyrirtæki í rekstri.

Frumkvöðlaskólinn: Frumkvöðlaskóli hefur verið starfræktur á Akureyri frá árinu 2003. Alls hafa níu frumkvöðlar lokið námi. Fyrirhugaðar eru breytingar á Frumkvöðlaskólanum í því skyni að höfða til breiðari markhóps. Hugmyndafræðin að baki námskeiðunum byggist á því að tengja saman nám og framkvæmd raunverulegra verkefna. Nemendur vinna að verk-

efnum sem tengjast öðru námi þeirra eða starfi. Námið byggist á fyrirlestrum, þjálfun, viðtölum og verkefnum sem tengjast þeirri hugmynd sem hver einstaklingur vinnur að hverju sinni.

Frumkvöðlastuðningur: Markmið Frumkvöðlastuðnings Impru er að styðja nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og fyrirtækja. Styrkir eru veittir til verkefna sem stuðla að framþróun viðskiptahugmynda og hugmyndasmiðirnir aðstoðaðir við að hrinda þeim í framkvæmd. Alls hafa 37 fyrirtæki á landsbyggðinni tekið þátt í Frumkvöðlastuðningi frá árinu 2003.

Skrefi framar: Alls hafa 42 fyrirtæki á landsbyggðinni tekið þátt í verkefninu frá árinu 2003. Þátttakendur í verkefninu vinna náið með ráðgjafa að greiningu á stöðu og umbótum á afmörkuðum þáttum í rekstri fyrirtækjanna. Ráðgjöfin skilur eftir þekkingu meðal starfsmanna sem er mikilvæg til frekari breytinga og umbóta sem tryggja samkeppnishæfni.

Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum: Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum er verkefni sem unnið er í samstarfi stjórnenda og reyndra ráðgjafa. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu endurhugsa stjórnun og innleiða aðferðir nýsköpunar í ferla fyrirtækisins. Fyrirtækin eru styrkt til kaupa á ráðgjöf, en ráðgjafi vinnur með fyrirtækinu í 8–12 mánuði meðan breytingum er hrundið í framkvæmd. Verkefnið hófst árið 2003 og hafa 20 fyrirtæki tekið þátt í því. Almennt eru stjórnendur þeirra fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu ánægðir með árangurinn sem gjarnan felst í verulegri stefnubreytingu og nýjum áherslum og ekki síst auknu samstarfi við önnur fyrirtæki.

Vöruþróun: Líftími vöru og þjónustu verður stöðugt skemmri hvort sem um innlendar eða innfluttar afurðir er að ræða. Fyrirtæki þurfa stöðugt að þróa og endurbæta núverandi vörur og þróa nýjar til þess að viðhalda og auka samkeppnishæfni. Impra nýsköpunarmiðstöð kemur á móts við þessa þörf hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum með verkefninu „vöruþróun". Fyrirtækin fá fjárhagslegan styrk til að standa straum af hluta kostnaðarins og einnig faglegar leiðbeiningar og stuðning þar sem áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og hraða í þróunarvinnunni. Markmið verkefnisins er að veita fyrirtækjum aðstoð við að þróa samkeppnishæfa vöru á innanlandsmarkað, eða til útflutnings, innan 18 mánaða frá upphafi verkefnisins. Frá árinu 2003 hafa 36 fyrirtæki á landsbyggðinni tekið þátt í verkefninu. Um 20 vörur sem þróaðar hafa verið í verkefninu eru nú þegar komnar á markað og tíu til viðbótar verða markaðssettar á næstu mánuðum.

Micro Business og Benchmarking: Meginmarkmið verkefnanna Micro Business og Benchmarking er að gefa stjórnendum fyrirtækja kost á að bera rekstur sinn saman við fyrirtæki víða í Evrópu og greina hvar þeir standa sig vel og hvar þeir geta gert betur. Samanburður samkvæmt Micro Businenss hefur verið gerður í um 20 fyrirtækjum og hefur verið undanfari ráðgjafarverkefna eins og t.d. Skrefi framar. Með þessum undanfara verður ráðgjöfin markvissari og vinna ráðgjafans nýtist betur. Í haust mun ljúka verkefni með 50 framleiðslufyrirtækjum sem öll fara í gegnum aðferðafræði Benchmarking með það að markmiði að greina tækifæri sem þau hafa til úrbóta í rekstri.

Klasaverkefni: Unnið hefur verið að uppbyggingu þekkingar á „klasasamstarfi" fyrirtækja með það fyrir augum að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til samstarfs og sóknar. Kynningar- og fræðslufundir hafa verið haldnir víðs vegar um landið, og samstarfsverkefnum hleypt af stokkunum í samvinnu við atvinnuþróunarfélög. Samstarf er í gangi við aðila vaxtarsamninga í Eyjafirði og á Ísafirði.

Ráðstefnur og námskeið: Impra hefur staðið fyrir ýmsum ráðstefnum og málþingum bæði ein og með öðrum stuðningsaðilum atvinnulífsins. Meðal þeirra má telja frumkvöðlaþing, sprotaþing, alþjóðlega ráðstefnu frumkvöðlasetra „Building Bridges" o.fl.

Stuðningur við atvinnuþróunarfélög: Eitt af verkefnum Impru hefur verið að efla starf

atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni. Í því skyni hefur verið efnt til fjölda samstarfsverkefna með atvinnuþróunarfélögum víðs vegar um landið. Meðal verkefna eru:

- „Fiskur undir steini" – reiknilíkan og leiðbeiningarefni um rekstur smábáta og minni fiskvinnsla.
- Gagnagrunnur um fjármögnunarleiðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Áætlanagerðarlíkan fyrir ferðaþjónustu.
- Áætlanargerðarlíkan fyrir smáiðnað.
- Gæðalíkan fyrir ferðaþjónustu.
- Skrefi framar – ráðgjafarverkefni á Vesturlandi.
- Upplýsingakerfi atvinnuþróunarfélaganna – verkbókhald og tímaskráning.
- Nýsköpunarnámsleiðir fyrir grunnskóla – innleiðing námsefnis um nýsköpun í litla landsbyggðarskóla.
- Ungir frumkvöðlar – efling frumkvöðlakrafts ungs fólks í dreifðum byggðum.
- Haldin hafa verið ýmis námskeið fyrir atvinnuráðgjafa sem starfa á vegum atvinnuþróunarfélaganna.
- Gagna- og verkfæragrunnur hefur verið þróaður í tengslum við heimasíðu Impru til notkunar fyrir atvinnuráðgjafa atvinnuþróunarfélaganna.

Aðrar aðgerðir stjórnvalda.

Iðnaðarráðuneyti.

Sérstök fjárveiting til atvinnuþróunarverkefna.

Í fyrri framvinduskýrslum hefur iðnaðarráðuneyti greint frá sérstakri 700 millj. kr. fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til atvinnuþróunarverkefna, sem samþykkt var í febrúar 2003. Þar af var Byggðastofnun falið að verja allt að 350 millj. kr. til kaupa á hlutafé í álitlegum félögum sem væru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Skilyrði fyrir hlutafjárkaupum Byggðastofnunar voru margvísleg, m.a. kröfur um ríkt nýsköpunargildi og fjölgun starfa, fjárhagslegan styrk til að ljúka verkefninu, hæfa stjórnendur og raunhæfar áætlanir, heilbrigðan rekstur og efnahag, ásamt skýrt afmarkaðri framkvæmdaáætlun með upplýsingum um fjárþörf og fjárfestingu. Umsóknir voru 98 talsins, samtals að fjárhæð 1.750 millj. kr., og þar af voru 23 samþykktar. Alls var ráðstafað tæpum 348 millj. kr. Skipting á atvinnugreinar var þannig:

Flokkur	Hlutafjárkaup
Sjávarútvegur og tengdar greinar	90.000.000
Iðnaður, landbúnaður, líftækni, upplýsingatækni og tengdar greinar	232.800.000
Ferðaþjónusta og tengdar greinar	25.000.000

Meðal einstakra verkefna má nefna ORF líftækni hf., Möðruvöllum, Baðfélag Mývatnssveitar ehf., Reykjahlíð, Íslenskan kúfisk ehf., Þórshöfn, Primex ehf. Siglufirði, Skagann hf., Akranesi, og Feygingu ehf., Þorlákshöfn.

Byggðastofnun var jafnframt falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem væru til þess fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og heimilað að verja allt að 150 millj. kr. af fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til slíkra verkefna. Styrkveitingum er nú lokið en samþykkt voru 45 verkefni sem var um helmingur þeirra verkefnaumsókna sem bárust og skiptust þær nokkuð jafnt á landshluta. Eftirfarandi er gróf flokkun styrkveitinga.

Flokkur	Hlutfall styrkveitinga	Fjöldi verkefna
Menning	17,9	5
Menntun	23,2	12
Rannsóknir og þróun	26,9	14
Upplýsingatækni	3,6	2
Ferðaþjónusta	10,4	5
Markaðsmál	18,0	7

Sem dæmi um verkefni sem styrkt hafa verið eru verkefnið „Máttur kvenna“ á vegum Viðskiptaháskólans á Bifröst, rannsókn Byggðarannsóknastofnunar á nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni með skýrslu sem nefndist „Samfélagsandi og nýsköpunarstarf“, verkefnið „Klasar á Íslandi“ á vegum Impru – nýsköpunarmiðstöðvar, verkefni um eflingu frumkvöðlafræðslu á vegum Frumkvöðlafræðslunnar SES á Höfn í Hornafirði, bygging sjókvía til rannsókna í þorskeldi á Vestfjörðum, á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og rannsókn á högum og viðhorfum innflytjenda á Austurlandi og Vestfjörðum á vegum Fjölmenningarseturs. Mörg ferðaþjónustuverkefnanna eru Norðurslóðaverkefni (NPP). Sem dæmi má nefna verkefni á vegum Háskóla Íslands, háskólaseturs á Höfn í Hornafirði, um þau tækifæri sem felast í búsetu nálægt þjóðgörðum, verkefni um eflingu ferðaþjónustu í strandhéruðum og tekur til svæða á Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi og verkefnið Snow Magic sem snýst um vetrarferðaþjónustu í Mývatnssveit. Mörg verkefnanna taka til landsins alls eða nokkurra svæða á landinu, eða þá að hægt er að nota þau til fyrirmyndar víðar.

Frumkvöðlasetur á Höfn í Hornafirði.

Iðnaðarráðuneytið hefur komið að rekstri Frumkvöðlaseturs Austurlands á Höfn í Hornafirði sem komið var á fót vorið 2003.

Útibú Orkustofnunar á Akureyri.

Orkumálasvið Orkustofnunar hefur rekið útibú á Akureyri frá því í upphafi árs 2003. Útibúið hefur nú verið flutt í rannsókna- og nýsköpunarhús við Háskólann á Akureyri og starfsmönnum fjölgað í tvo.

Vöktun á samfélagsáhrifum vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Iðnaðarráðuneytið ráðstafar samtals 10 millj. kr. á árunum 2004 og 2005 til vöktunar á samfélagsáhrifum vegna stóriðju á Austurlandi.

Vísindagarðar við Háskólann á Akureyri.

Iðnaðarráðuneytið ráðstafar á árinu 2005 1 millj. kr. til Vísindagarða við Háskólann á Akureyri.

Félagsmálaráðuneyti.

Samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa.

Þriggja ára tilraunaverkefni um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á Norðurlandi vestra var hrint af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins þann 26. mars 1998. Meginverkefni ráðgjafans var að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Enn fremur átti hann að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa að fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur í kjördæminu. Verkefnið þótti gefa góða raun og var með samningi milli félagsmála-

ráðuneytisins og Byggðastofnunar ákveðið að halda verkefninu áfram fram til ársins 2005. Var meðal annars samþykkt að atvinnu- og jafnréttisráðgjafar væru jafnframt staðsettir á fleiri landsvæðum en á Norðurlandi vestra.

Um er að ræða samstarfsverkefni þessara aðila um atvinnu- og jafnréttisráðgjafa á landsbyggðinni. Auk ráðgjafans á Norðurlandi vestra var ákveðið að ráðgjafar yrðu jafnframt staðsettir í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Við framhald verkefnisins var byggt á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra enda mikilvægt að nýta þá reynslu til sóknar fyrir konur í dreifbýli á vinnumarkaðinn. Verkefnið var sérstaklega brýnt því atvinnuleysistölur sýndu að staða kvenna á landsbyggðinni hafði versnað hlutfallslega gagnvart körlum á vinnumarkaði. Samkvæmt samkomulaginu var gert ráð fyrir:

- að frá og með 1. ágúst 2002 til ársloka 2004 yrði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Norðausturkjördæmi,
- að frá og með 1. ágúst 2003 til ársloka 2005 yrði ráðinn atvinnu- og jafnréttisráðgjafi fyrir Suðurkjördæmi.

Meginverkefni atvinnu- og jafnréttisráðgjafanna var að vinna í samvinnu við atvinnuráðgjafa í viðkomandi kjördæmi að átaki í fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur, vinna að eflingu þeirra sem sjálfstæðra atvinnurekenda og við uppbyggingu fyrirtækja þeirra (sbr. samning félagsmálaráðuneytis og Byggðastofnunar, 2001).

Í verkefninu fólst að ráðinn var einn ráðgjafi til starfa í Norðvesturkjördæmi og starfaði hann þar til ársloka 2003. Annar ráðgjafi hóf störf í Norðausturkjördæmi um mitt ár 2002 og starfaði þar til 1. mars 2005. Um mitt ár 2003 var ráðinn ráðgjafi í Suðurkjördæmið og mun hann starfa til ársloka 2005. Á fjórum árum, frá 2001 til ársloka 2004, hafa hátt í átta hundruð konur leitað aðstoðar hjá ráðgjöfunum og/eða tekið þátt í námskeiðum sem atvinnu- og jafnréttisráðgjafarnir hafa staðið fyrir á tímabilinu. Auk þess stóðu ráðgjafarnir að sýninga- og ráðstefnuröðinni „Athafnakonur“ sem fram fór á fjórum stöðum á landsbyggðinni, þ.e. Seyðisfirði, Þorlákshöfn, Borgarnesi og á Akureyri, og voru sýnendur um fimmtíu.

Meðal annarra verkefna má nefna Evrópuverkefni sem taka á atvinnumálum kvenna, þátttöku í umræðu um atvinnumál á ýmsum vettvangi og seta í úthlutunarnefndum sjóða sem veita fjármagn til atvinnumála.

Stofnun Varasjóðs húsnæðismála.

Varasjóður húsnæðismála var stofnaður með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingin byggðist á samkomulagi milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002. Sjóðurinn veitir framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennan markað og rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Jafnframt hefur sjóðurinn umsýslu með varasjóði viðbótarlána. Ráðgjöf og leiðbeiningar um rekstrarform félagslegra leiguíbúða ásamt upplýsingavinnslu er í verkahring sjóðsins. Varasjóðurinn er staðsettur á Sauðárkróki og hefur hann einn starfsmann í fullu starfi.

Tekjustofnanefnd hefur lagt til að Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og sölufamlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007. Framlög þessi munu einkum nýtast þéttbýlissveitarfélögum á landsbyggðinni sem standa höllum fæti fjárhagslega.

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum á Bifröst.

Í ágúst 2003 var undirritaður samningur milli félagsmálaráðuneytisins, Íbúðalánasjóðs og Viðskiptaháskólans á Bifröst um stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir því að rannsóknarsetrið muni í fyrstu einbeita sér að hagrænum og efnahagslegum rannsóknum á sviði húsnæðismála, jafnframt því að vinna að víðtækri upplýsingaöflun um húsnæðismál. Mun rannsóknarsetrið sjá um gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga fyrir Íbúðalánasjóð og félagsmálaráðuneytið samkvæmt samningi við þessa aðila. Við stofnun rannsóknarseturs í húsnæðismálum var sett á fót sérstök rannsóknarstaða og var ráðið í hana frá hausti 2003. Innifalin í starfsskyldum forstöðumanns rannsóknarseturs er kennsla við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem svarar til 20% kennslu. Gert er ráð fyrir að nemendur Viðskiptaháskólans muni koma að starfi rannsóknarseturs samkvæmt ákvörðun forstöðumanns og skólayfirvalda.

Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála.

Félagsmálaráðuneytið og Viðskiptaháskólinn á Bifröst gerðu með sér samning um stofnun rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála við skólann í maí 2004. Markmið samningsins er að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum. Rannsóknarsetrinu er meðal annars ætlað að vera miðstöð fræðilegra rannsókna á framangreindum sviðum ásamt því að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi rannsakenda á sviði vinnuréttar. Enn fremur er setrinu ætlað að veita fræðilega ráðgjöf og standa fyrir útgáfu efnis á sviðum vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði. Forstöðumaður, sem er starfsmaður Viðskiptaháskólans á Bifröst, fer fyrir setrinu en honum er jafnframt falin kennsla við lagadeild skólans sem svarar til 20% af ársstarfi.

Heilbrigðisráðuneyti.

Fjarlækningar og bráðarannsóknir.

Undanfarin missiri hefur verið unnið að prófunum á búnaði og fyrirkomulagi vegna fjarlækninga með þátttöku Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (HÞ), Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) og Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH). Markmið verkefnisins er að styrkja tengsl milli heilbrigðisstarfsfólks á norðausturhorni landsins, efla heilbrigðisþjónustu á svæðinu og draga úr sjúkraflutningum, ásamt því að styrkja samstarf stofnana á svæðinu við FSA.

Ætlunin er að nýta fjarlækningar vegna ýmiss konar samskipta milli heilbrigðisþjónustuaðila og hafa verið gerðar tilraunir með sendingar á röntgenmyndum til greiningar hjá sérfræðingi, hjartaritum, stafrænum myndum og prófanir gerðar á stafrænni hlustunarpípu. Gert er ráð fyrir að lokaskýrsla verkefnisins liggi fyrir snemma á næsta ári og í framhaldi af því verði skilgreind frekari þróunarverkefni ásamt því að innleiðing á skilgreindum þáttum hefjist.

Fjarlækningar fyrir sjómenn.

Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar stóðu, ásamt aðilum í Norður-Noregi og með stuðningi frá NORA, að fjarlækningaverkefni er varðar heilbrigðisþjónustu fyrir sjófarendur á Norður-Atlantshafi. Á lokafundi verkefnisins sem haldinn var í Færeyjum sumarið 2004 var lagt til að áfram verði unnið að þróun fjarlækninga á þessu sviði, með áherslu á skipulag nauðsynlegrar þjónustu í landi og fræðslu fyrir sjómenn. Stefnt er að því að framhaldsverkefni verði skilgreind sem muni nýta reynslu þessa verkefnis.

Lyfseðlar.

Frá sumrinu 2003 hafa rafrænir lyfseðlar verið í prófun á Akureyri, en rafræn sending lyfseðla bæði eykur öryggi í meðhöndlun lyfseðla og hefur í för með sér vinnusparnað á öllum stigum. Gert er ráð fyrir að innleiðing rafrænna lyfseðla á landsvísu fari fram á árinu 2006.

Umhverfisráðuneyti.

Þjóðgarðar.

Á grundvelli laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, eru starfræktir þrír þjóðgarðar hér á landi auk þjóðgarðsins á Þingvöllum, sem starfar samkvæmt lögum nr. 59/1928 og heyrir undir forsætisráðuneytið. Þjóðgarðarnir þrír eru þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn Skaftafelli og þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum. Árið 2003 var heilsársstarfsmönnum í þeim fjölgað þannig að nú starfar einn starfsmaður allt árið í hverjum þjóðgarði auk þjóðgarðsvarðar og landvarða yfir sumartímann. Unnið hefur verið að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum Umhverfisstofnunar og nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hefur skilað tillögum um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, sem verði hluti af einum þjóðgarði, sem taki til Vatnajökuls og jaðarsvæða austan, sunnan og vestan jökuls, og hafi sérstöðu sem tengist beint náttúrufari Vatnajökuls. Í janúar sl. samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu umhverfisráðherra, að vinna áfram að undirbúningi að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á grundvelli tillagna nefndarinnar í samráði við heimamenn og aðra hagsmunaaðila og vinna jafnframt heildstæðar tillögur fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem taki til jökulhettunnar og aðliggjandi jaðarsvæða, bæði norðan og sunnan Vatnajökuls. Gera tillögurnar ráð fyrir að svæði þjóðgarðs norðan Vatnajökuls nái frá vatnaskilum á Vatnajökli í suðri til Tungnársvæðis vestan jökuls og nái yfir Vonarskarð, Tungnafellsjökul, meginhluta Ódáðahrauns, Jökulsá á Fjöllum ásamt helstu þverám, eins og Kreppu, Kverká, Svartá og vatnasviði öllu eins og við verður komið, Vesturöræfi, Snæfell og Eyjabakkasvæðið. Heildarstærð svæðisins er um 10.600 km^2 og það fellur undir stjórnsýslu sjö sveitarfélaga, þ.e. Ásahrepps, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps, Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps. Skaftafellsþjóðgarður hefur þegar verið stækkaður og nær nú til suðurhluta Vatnajökls sem fellur innan marka Skaftárhrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, um 60% af jöklinum, ásamt friðlýstu svæði í Lakagígum. Föstum starfsmönnum þjóðgarðsins var fjölgað úr tveimur í fjóra árið 2005 og hafa hinir nýju starfsmenn þjóðgarðsins starfsstöðvar á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri.

Fráveitumál.

Unnið er samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Ríkið tekur þátt í kostnaði við framkvæmdir sveitarfélaga samkvæmt nánari reglum þar um. Heildarframlag ríkisins til fráveitumála á árunum 1995–2005, þ.e. á gildistíma laganna er áætlað 2,2 milljarðar kr. Samkomulag er milli ríkisins og sveitarfélaganna um að framlengja gildistíma laganna næstu þrjú árin enda töluvert óunnið á þessu stigi.

Ofanflóðamál.

Samkvæmt lögum nr. 47/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, skal vinna að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla í þeim sveitarfélögum sem búa við hættu vegna ofanflóða. Til þess að fjármagna þessar aðgerðir er innheimt sérstakt gjald af fasteignaeigendum sem nemur 700–800 millj. kr. á ári. Unnið er samkvæmt framkvæmdaáætlun um uppbyggingu varna á landsvísu og er við það miðað að brýnustu aðgerðum verði lokið árið 2010. Fyrirsjáanlegt er að sú tímasetning færist aftar og er nú unnið

að endurskoðun áætlunarinnar í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Jafnhliða uppbyggingu varna hefur verið unnið að hættumati fyrir þéttbýlisstaði og er þeirri vinnu nú að mestu lokið. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður um 10 milljarðar kr.

505. Svar [248. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um svæði sem hafa lotið forræði varnarliðsins.

1. *Hve mörg svæði á Íslandi lúta nú forræði bandarískra varnarliðsins, hversu stór eru þau, hvar á landinu og hvaða breytingar hafa orðið á þessum svæðum frá árinu 1960?*

Í Varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 segir í 2. gr.: „Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenskum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.“ Varnarsamningurinn hefur lagagildi samkvæmt lögum nr. 110/1951.

Varnarsvæði eru skilgreind svo í 1. gr. 1. kafla reglugerðar nr. 293/2002, um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum: „Landsvæði það sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hefur verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn á, sbr. ákvæði laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. og ákvæði 10. tölul. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004.“

Núverandi varnarsvæði eru eftirfarandi:

Varnarstöð, Keflvíkurflugvelli á Reykjanesi	8.487 ha
Fjarskiptamiðstöð í Grindavík á Reykjanesi	420 ha
Olíubirgðastöð í Hvalfirði	48 ha
Ratsjárstöð á Bolafjalli við Djúp	7 ha
Ratsjárstöð á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi*	8,5 ha
Ratsjárstöð á Stokksnesi við Hornafjörð	132 ha

*Jörðin Gunnólfsvík I og II öll er 2.529 ha og er í eigu ríkisins.

Breytingar á þessum svæðum frá 1960 hafa verið eftirfarandi:

Land varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli minnkað um	638 ha	
Spildur við Seltjörn í Innri-Njarðvík	247 ha	skilað
Spilda í Vatnsleysustrandarhreppi	44,9 ha	skilað
Spilda úr Hraunslandi við Grindavík	102 ha	skilað
Spilda úr landi Gufuskála á Snæfellsnesi	51 ha	skilað
Spilda á Straumnesfjalli við Aðalvík	407 ha	skilað
Spildur úr landi Eiðis og Heiðar á Langanesi	140,8 ha	skilað
Spilda við Höfn í Hornafirði	0,5 ha	skilað

2. *Hverjir hafa tekið við forræði svæða sem færst hafa frá varnarliðinu og hafa þeir haft af því einhvern kostnað? Ef svo er, hver hefur kostnaðurinn verið?*

Sem framkvæmdaraðili varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, hefur utanríkisráðuneytið það hlutverk að taka formlega við þeim landsvæðum sem varnarliðið telur sig ekki lengur hafa not fyrir og óskar eftir að afhenda íslenska ríkinu til umráða á ný. Land sem hefur

verið skilað hefur í sumum tilfellum þurft að hreinsa og hefur varnarliðið tekið þátt í þeirri hreinsun.

3. *Hefur landi sem fallið hefur til ríkisins á þennan hátt verið ráðstafað til þriðja aðila? Ef svo er, hvaða svæði eru það og hvaða tekjur hefur ríkið haft af einstökum svæðum?*

Slíku landi hefur í ákveðnum tilfellum verið ráðstafað til þriðja aðila. Eftirfarandi spildur hafa verið leigðar Reykjanesbæ (og bæjarfélögum sem síðar sameinuðust í Reykjanesbæ):

Land í Ytri-Njarðvík	15,91 ha	frá 1987
Land í Ytri-Njarðvík	2,2 ha	frá 1992
Land í Ytri-Njarðvík	3,56 ha	frá 1992
Land ofan byggðar í Keflavík	55,64 ha	frá 1992
Land við Seltjörn (Broadstreet)	247 ha	frá 1992

Leigutekjur af viðkomandi svæðum hafa numið 1,2% af fasteignamati þeirra hverju sinni. Á árinu 2005 eru ætlaðar leigutekjur því eftirfarandi:

Land í Ytri-Njarðvík	15,91 ha	1.942.032 kr.
Land í Ytri-Njarðvík	2,2 ha	188.820 kr.
Land í Ytri-Njarðvík	3,56 ha	(lóðum ekki úthlutað)
Land ofan byggðar í Keflavík	55,64 ha	(lóðum ekki úthlutað)
Land við Seltjörn (Broadstreet)	247 ha	22.188 kr.

Auk þess var Reykjanesbæ leigð 9 ha spilda við Grænás árið 1996 sem bærinn framseldi Landeigendafélagi Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi árið 2002 og nema áætlaðar leigutekjur af henni árið 2005 12.620 kr.

Spildur úr landi Leiru við Reykjanesbæ (365 ha) og ofan við Reykjanesbæ (66 ha) voru seldar. Sú fyrri var seld fyrir 3.650.000 kr. en sú síðari fyrir 150.000.000 kr. og annaðist fjármálaráðuneytið/Ríkiskaup söluna.

Þar að auki hefur eftirfarandi spildum verið skilað til fyrri eigenda:

Land við Keflavík	7 ha
Spilda á Straumnesfjalli við Aðalvík	407 ha
Spildur úr landi Eiðis og Heiðar á Langanesi	140,8 ha

4. *Gilda samræmdar reglur um meðferð lands sem áður hefur heyrt undir varnarliðið?*

Tekin hefur verið upp sú stefna hjá ráðuneytinu að land sem varnarliðið hefur ekki lengur not fyrir og skilað hefur verið til utanríkisráðuneytis verði fært fjármálaráðuneyti til ráðstöfunar. Unnið er nú að því í samvinnu við fjármálaráðuneytið.

506. Svar [334. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar.

1. *Er ráðuneytinu kunnugt um að flugvélar á vegum bandarísku leyniþjónustunnar með fanga eða meinta hryðjuverkamenn, sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum, hafi farið um íslenska lofthelgi eða notað Keflavíkur- eða*

Reykjavíkurflugvöll? Ef svo er, hver voru viðkomandi flugnúmer (N-númer), hvaðan var flogið og hvert og hvaða upplýsingar voru veittar um farm og á hvers vegum flugið væri?

Líkt og fram hefur komið, þar á meðal í svari við fyrirspurn á Alþingi 16. nóvember síðastliðinn, er utanríkisráðuneytinu ekki kunnugt um flug um íslenska lofthelgi eða Keflavíkurflugvöll af því tagi sem talað er um í fyrirspurninni. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki sótt um yfirflugs- eða lendingarleyfi fyrir slíkar flugvélar.

Um borgaralega flugumferð gildir sú regla víðast hvar samkvæmt alþjóðasamningum að ekki þarf sérstakt leyfi til að fljúga um lofthelgi ríkja í friðsamlegum tilgangi. Á íslenskum flugvöllum sæta borgaralegar flugvélar venjubundinni afgreiðslu og eftir atvikum tollskoðun eða landamæraeftirliti.

Um flugvélar á vegum erlendra stjórnvalda á almennt við sú regla að sækja ber um yfirflugs- og lendingarleyfi. Reyndar er það svo að í umsóknum um yfirflugsheimildir og lendingarleyfi ber einungis að greina frá hergögnum og hættulegum varningi um borð, en ekki er skylt að greina frá hverjir eru um borð.

Það er ekki brot á alþjóðareglum að flytja fanga og slíkur flutningur á sér áreiðanlega mjög oft stað af hálfu erlendra aðila í lofthelgi Íslands sem og annarra ríkja. Öðru máli gilti ef flugvélar færu um íslenska lofthelgi eða flugvelli með fanga til pyndinga eða annarrar ómannúðlegrar meðferðar sem bönnuð er í alþjóðasamningum. Íslenskum stjórnvöldum er ekki kunnugt um að það hafi gerst.

2. *Munu íslensk stjórnvöld meina flugvélum með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem sætt hafa eða eiga á hættu að sæta pyntingum eða annarri ómannúðlegri meðferð aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum?*

Íslensk stjórnvöld mundu meina flugvélum af því tagi sem um ræðir í fyrirspurninni aðgang að íslenskri lofthelgi og afnot af íslenskum flugvöllum. Það kom skýrt fram af hálfu utanríkisráðherra á Alþingi 16. nóvember síðastliðinn. Vísað var til þess að íslensk stjórnvöld legðu áherslu á að öll ríki færu eftir gildandi mannúðar- og mannréttindalögum.

3. *Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld bregðast við því ef flug á vegum opinberra aðila sem dulbúið er sem borgaralegt flug hefur farið, eða mun fara um íslenska lofthelgi eða nota íslenska flugvelli?*

Hér er um skilyrta spurningu að ræða og því einu til að svara á þessu stigi að íslensk stjórnvöld munu að sjálfsögðu bregðast hart við öllum brotum á alþjóðalögum í íslenskri lögsögu.

4. *Hafa íslensk stjórnvöld tilkynnt eða munu þau tilkynna bandarískum stjórnvöldum um afstöðu sína í þessu efni með formlegri orðsendingu?*

Bandarískum stjórnvöldum hefur verið kynnt afstaða íslenskra stjórnvalda og þau ítrekað verið krafin um svör líkt og kom fram í svari við fyrirspurn á Alþingi 16. nóvember síðastliðinn. Viðbrögð íslenskra stjórnvalda eru sambærileg við viðbrögð annarra ríkja.

507. Breytingartillaga [366. mál]

við frv. til l. um starfsmannaleigur.

Frá Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur,
Lúðvík Bergvinssyni og Valdimar L. Friðrikssyni.

Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Notendafyrirtæki bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þrátt fyrir að starfssamband viðkomandi starfsmanns og notendafyrirtækis sé byggt á milligöngu starfsmannaleigu.

508. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 480 [Fjárlög 2006].

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Jóni Bjarnasyni.

A-liður falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að 10 m.kr. framlag sem samþykkt var við 2. umræðu standi áfram og gangi óskipt til starfsemi atvinnuleikhópa.

509. Fyrirspurn [399. mál]

til forsætisráðherra um úrskurðarnefndir.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver var kostnaðurinn við 58 úrskurðanefndir stjórnsýslunnar árið 2004?

Skriflegt svar óskast.

510. Fyrirspurn [400. mál]

til heilbrigðisráðherra um alnæmissmit.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa greinst með alnæmissmit hér á landi fram til 1. desember sl. og hvernig eru kynjahlutföllin í þeim hópi?
2. Hvernig skiptist hópurinn eftir aldri og hvert er hlutfall smitaðra af hverjum aldursflokki, þ.e. 0–14 ára, 15–19 ára, 20–29 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?
3. Hvernig er dreifingu alnæmissmitaðra háttað eftir smitleiðum og áhættuhegðun, t.d. fíkniefnaneytendur, gagnkynhneigðir, samkynhneigðir o.s.frv.?
4. Er á döfinni að hvetja til aukinnar notkunar á smokkum? Ef svo er, á hvern hátt?
5. Er fyrirhugað að dreifa smokkum ókeypis, t.d. til heilsugæslustöðva og unglingamóttöku, námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum o.s.frv.?
6. Er fyrirhugað að gera áætlun um bætt aðgengi að smokknum?
7. Er fyrirhugað að fella niður virðisaukaskatt af smokkum?
8. Hefur verið skoðaður sá möguleiki að deila út hreinum sprautum ókeypis til sprautufíkla/fíkniefnaneytenda, til að fækka smitleiðum í þessum áhættuhópi?

Skriflegt svar óskast.

511. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Í aðdraganda hlutafélagavæðingar Pósts og síma 1996 er viðtal við þáverandi samgönguráðherra Halldór Blöndal í BSRB-tíðindum, 4. tölublaði 8. árgangi frá 1995:

„Póstur og sími er vel rekin stofnun, þjónustan ódýr og mjög vel er fylgst með á tæknisviðinu. Það er t.d. afar ánægjulegt að Ísland skuli vera fyrsta landið sem notar eingöngu stafrænt símakerfi og ég legg áherslu á að Póstur og sími er hluthafi í sæstrengnum milli Evrópu og Kanada, sem hefur opnað og mun í framtíðinni opna ótalda möguleika á fjarskiptasviðinu, þannig að við getum fylgst með þeirri þróun sem er í heiminum í dag.

Á hinn bóginn geldur Póstur og sími óneitanlega þess í daglegum viðskiptum og markaðssetningu að vera opinber stofnun sem er rekin eftir fjárlögum. Póstur og sími getur t.d. ekki gerst hluthafi í hlutafélögum, þótt í smáu sé, nema slík ákvörðun hafi áður verið lögð fyrir Alþingi. Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútíma viðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur. Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins.“

Það er athyglisvert að lesa þessa yfirlýsingu ráðherra Pósts og síma sem gegndi stöðu forseta Alþingis þegar allar þessar fögru yfirlýsingar voru þverbrotnar, Landssíminn seldur og öryggi starfsfólks og þjónusta í uppnámi. Sömu orð eru nú notuð í umræðunni um einkavæðingu Ríkisútvarpsins, Rarik, Landsvirkjunar, Matvælastofnunar um að „aðlaga það nútímanum“.

Landssíminn átti að vera áfram þjóðareign.

Þegar veitt var heimild á 126. löggjafarþingi til að selja allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. var þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því andvígur og vildi að Landssíminn væri áfram í þjóðareign. Í nefndaráliti undirritaðs um þetta mál segir: „Fjarskiptaþjónusta er ein af grunnstoðum almannaþjónustu í landinu. Þessi þjónusta má ekki lúta þeim lögmálum markaðarins að arðsemiskrafa eiganda ein sé drifkraftur reksturs og þjónustu. Sjálfsagt er að gæta allra almennra hagkvæmni- og rekstrarsjónarmiða og gera kröfur um aukna þjónustu. Landssími Íslands á áfram að vera sameign þjóðarinnar og styrk hans á að nýta til hins ýtrasta til að byggja upp gott fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna án mismununar í verði eða gæðum.“

Þjóðin var alla tíð á móti sölu Landssímans og er enn.

Áform um sölu Landssímans voru afar umdeild, svo vægt sé til orða tekið. Reyndar sýndu skoðanakannanir hvað eftir annað að mikill meiri hluti landsmanna var andvígur sölu Símans og grunnfjarskiptakerfis hans. Þannig lýsti 61% svarenda andstöðu við söluna í Gallupkönnun í mars árið 2002. Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði í febrúar 2005 kváðust rúm 70% þeirra sem afstöðu tóku andvíg sölu grunnnetsins. Ekki var mikill munur á afstöðu fólks eftir því hvort það var búsett á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni, 68% höfuðborgarbúa voru andvíg sölunni en 75% landsbyggðarfólks. Í þjóðarpúlsi Gallups sem kynntur var í mars 2005 var meiri hluti aðspurðra andvígur sölu Símans og 76% andvíg því

að selja grunnfjarskiptakerfi Símans. Þannig er ljóst að allan söluferilstímann hefur yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar verið andvígur sölu Símans og viljað að hann væri áfram í þjóðareign.

Í samræmi við það fluttu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu Landsímans. Sú tillaga fékkst ekki tekin fyrir á Alþingi.

Í skoðanakönnun Gallups frá í ágúst sl., þegar salan hafði farið fram og loforðalistinn sem fylgdi um ráðstöfun fjárins var kominn fram, reyndist áfram stærstur hluti aðspurðra sem afstöðu tóku á móti sölunni og vildi að hann væri áfram í þjóðareign. Ákvörðun um sölu Landssímans einnar mikilvægustu almannaþjónustustofnunar þjóðarinnar er skýrt dæmi um mál sem átti að fara undir dóm þjóðarinnar í allsherjar þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hjá einkavæddum Landssíma ræður arðsemiskrafan ein ferð.

Síminn hafði ekki fyrr verið seldur en hinir nýju eigendur sýndu hvaða hug þeir báru til viðskiptavina sinna. Lokun þjónustustöðvar á Blönduósi og Siglufirði og lokun svarstöðvar 118 á Ísafirði, allt í hagræðingarskyni, og uppsagnirnar látnar koma fyrirvaralaust og án samráðs við heimamenn, sem þó voru þeir sem áttu að njóta þjónustunnar. Það styrkir ekki samkeppnishæfni atvinnulífsins á viðkomandi svæðum að nú þarf að bíða í nokkrar vikur eftir að fá lagt fyrir nýjum síma, eins og t.d. á Skagaströnd. Meðfylgjandi eru greinar og yfirlýsingar sveitarstjórnarmanna og fleiri við hagræðingaraðgerðum hinna nýju eigenda Símans nokkrum dögum eftir að salan hafði farið fram. Skerðing þjónustu einkavædds Síma í fákeppnisumhverfi kemur þó flutningsmanni þessa nefndarálits ekki á óvart.

Að reyna að kaupa sé vinsældir.

„Ekki er hægt að áfellast þá fyrir að gleðjast, forsvarsmenn aðskiljanlegrar starfsemi sem eygja að fá hlutdeild í söluandvirði Símans. Málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í þessu samhengi er hins vegar ekki geðfelldur. Minnir á þegar reynt er að kaupa menn til fylgis við óvinsælar ákvarðanir. Sala Símans er nefnilega óvinsæl. Fólk skynjaði að þar væri ekki búhyggindum fyrir að fara. Ítrekað kom fram í skoðanakönnunum að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar var andvígur sölunni, þótt Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri eini stjórnmálaflokkurinn sem berðist gegn einkavæðingunni á öllum stigum ferlisins.

Þegar þjóðin er hins vegar nú spurð hvort hún vilji styrkja geðfatlaða eða bæta vegasamgöngur, efla hag Árnastofnunar eða Landhelgisgæslunnar, þá svara menn því almennt að slíkum ráðstöfunum séu þeir fylgjandi. Þetta segir sig nánast sjálft. En á þetta reynir ríksstjórnin að spila," segir Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í grein í Morgunblaðinu 13. september sl., sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Málatilbúningur ótrúverðugur.

Frumvarpi um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. var mælt fyrir á Alþingi 5. október sl. og vísað til fjárlaganefndar. Málið kom fyrst á dagskrá fjárlaganefndar 2. desember en þá komu fulltrúar forsætisráðuneytis á fund nefndarinnar til að skýra frumvarpið.

Þrátt fyrir beiðni undirritaðs fékkst frumvarpinu ekki vísað til umsagnar ýmissa aðila í samfélaginu eins og venja er til. Með hliðsjón af því hversu umdeild salan var hefði enn frekar átt að vanda til þeirrar vinnu. Þá hafa komið í ljós mjög skiptar skoðanir í samfélaginu á vali einstakra verkefna og forgangsröðun. Og þá jafnframt hvort með þessu einfalda lagafrumvarpi með hæpna stjórnsýslulega stöðu sé verið að taka ákvarðanir um framkvæmdir og tilhögun þeirra sem eðlilegra væri að taka annars staðar og að loknum vönduðum undirbún-

ingi. Má þar nefna Sundabraut og hátæknisjúkrahús. Meðfylgjandi fylgiskjöl sýna að skiptar skoðanir eru um þau mál.

Fjárlög eru sérlögum æðri hvað varðar ráðstöfun fjár.

Í 21. gr. fjárreiðulaga segir svo: „Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir."

Þarna, og reyndar víðar í fjárreiðulögum, er skýrt kveðið á um að það er í raun í fjárlögum á hverjum tíma sem kveðið er á um fjármagn til einstakra stofnana og verkefna á vegum ríkisins.

Nærtækt er að benda á þingsályktun um vegáætlun sem samþykkt er af þinginu til nokkurra ára með sundurgreindum fjárupphæðum á einstakar framkvæmdir. Í fjárlögum ársins er síðan ákveðið hvert fjármagnið er. Ekki verður séð að þetta frumvarp þó að lögum verði, hafi í raun neina aðra stjórnsýslulega stöðu en þingsályktun sem lýsir vilja þingsins á þeim tíma til ákveðinna aðgerða en bindur það ekki. Það gera hins vegar fjárlögin. Eðlilegra hefði því verið að flutt væri þingsályktunartillaga en ekki lagafrumvarp um ráðstöfun á söluandvirði Símans, ekki síst í ljósi þess að meginhluta fjárins á að verja til framkvæmda að nokkrum árum liðnum, þ.e. 2007–2010.

Þótt hægt sé að taka undir mikilvægi flestra þessara verkefna sem ætlunin er að verja söluandvirði Landssímans til skal á það bent að meginákvæði þess koma ekki til framkvæmda fyrr en að tveimur til fimm árum liðnum og verða þá eðlilega háð forgangsröðun og stöðu fjármála á þeim tíma.

Í eigu þjóðarinnar hefði Landssíminn skilað mestum ábata til almennings.

Almannaþjónusta eins og fjarskipti er forsenda fyrir samkeppnishæfri búsetu og atvinnulífi um allt land. Síminn er tengdur inn á hvert heimili í landinu. Landssíminn hefur skilað milljörðum kr. í ríkissjóð á undanförnum árum. Enginn góður bóndi mundi selja bestu kúna úr fjósinu.

Nú verður sú fjarskiptaþjónusta sem ekki uppfyllir stífustu arðsemiskröfur fyrirtækis á fákeppnismarkaði að vera komin upp á náð sérstakra fjárveitinga ríkissjóðs.

Þegar frá líður hygg ég að mörgum landshlutanum, sveitabæjunum og sjávarþorpunum þyki þeir verða afskiptir og hafðir útundan í fákeppni einkavæddra fjarskipta. Þar verða engar samfélagsskyldur eða tilfinningar með nærsamfélaginu. Þetta hafa íbúar Blönduóss, Siglufjarðar og Ísafjarðar þegar fengið að reyna. Nú verður það krafan um hámarksarð fjármagnsins sem ein ræður för.

Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta samgöngunefndar (JBjarn) um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. (707. mál á 126. löggjafarþingi, þskj. 1316), frumvarps til laga um frestun á sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. (4. mál á 131. löggjafarþingi) og tillögu til þingsályktunar (JBjarn o.fl.) um þjóðaratkvæðagreiðslu um sölu Landssímans (729. mál á 131. löggjafarþingi).

Sala Símans er vitlausasta einkavæðing þessarar ríkisstjórnar.

Alþingi, 5. des. 2005.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Einkavæddur Landssími sýnir klærnar. Jón Bjarnason. (Fréttablaðið, 24. september 2005.)
II. Hörð mótmæli vegna lokunar. (Morgunblaðið, 28. september 2005.)
III. Sætta sig ekki við skerta þjónustu. (Morgunblaðið, 30. september 2005.)
IV. Heimskuleg ákvörðun sem ætti að endurskoða. (Bæjarins besta, 28. október 2005.)
V. „Of seint að iðrast eftir dauðann." (Bæjarins besta, 28. október 2005.)
VI. Ríkisstjórnin reynir að kaupa sér vinsældir. Ögmundur Jónasson. (Morgunblaðið, 13. september 2005.)
VII. Kostnaðarsöm bið? (Morgunblaðið, 30. júlí 2005.)
VIII. Er ykkur virkilega alvara?! Lýður Árnason. (Morgunblaðið, 19. nóvember 2005.)
IX. Hátæknisjúkrahús – nei takk. Guðjón Baldursson. (Morgunblaðið, 30. nóvember 2005.)
X. Allir kostir verði lagðir upp á borð. (Morgunblaðið 2. desember 2005)
XI. Þjóðin greiði atkvæði um Símann. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 16. apríl 2005.)
XII. Þjóðin vildi fá að eiga Landssímann. *Jón Bjarnason.* (Morgunblaðið, 8. september 2005.)

512. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason frá iðnaðarráðuneytinu, Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun, Davíð Egilson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Hjörleif B. Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Björn Pétursson og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun og Tryggva Þór Haraldsson frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Á síðasta þingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Var því frumvarpi ætlað að leysa af hólmi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auk þess sem því var m.a. ætlað að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum. Í meðförum Alþingis ákvað iðnaðarnefnd að fresta afgreiðslu frumvarpsins. Hins vegar lagði nefndin síðan fram nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998 þar sem kveðið var á um rannsóknir á vatnsaflsvirkjunum. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með þeirri breytingu að fellt er niður ákvæði til bráðabirgða.

Í frumvarpinu er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað þannig að lögin taki til rann-

sókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Við þessa breytingu munu ákvæði laganna, sbr. einkum ákvæði III. kafla laganna um rannsóknir og leit, taka til slíkra rannsókna eftir því sem við á. Þá er í 2. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að rannsóknarleyfi samkvæmt lögunum séu veitt einum aðila með þeirri undantekningu að hafi aðilar sammælst um rannsóknir og sæki sameiginlega um rannsóknarleyfi skuli heimilt að veita þeim það sameiginlega. Í 3. gr. frumvarpsins er síðan mælt fyrir um endurkröfurétt þeirra sem fengið hafa rannsóknarleyfi og lagt í kostnað við rannsóknir en fá af einhverjum ástæðum ekki leyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem endurgreiða ber sé í samræmi við rannsóknaráætlun og í beinum og efnislegum tengslum við fyrirhugaða nýtingu.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt er fyrir um skipun nefndar sem skal hafa það hlutverk að gera tillögu um það með hvaða hætti verði valið á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt lögunum og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndinni ber að skila tillögum sínum til iðnaðarráðherra í síðasta lagi 15. september 2006.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.

Alþingi, 3. des. 2005.

Birkir J. Jónsson, form., frsm. Einar Oddur Kristjánsson. Kjartan Ólafsson.

Sigurður Kári Kristjánsson. Birgir Ármannsson.

513. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur, Ólaf Friðriksson og Eystein Jónsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson og Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórólf Sveinsson frá Landssambandi kúabænda, Ingva Stefánsson frá Svínaræktarfélagi Íslands, Hildi Traustadóttur frá Félagi eggjaframleiðenda, Matthías Guðmundsson frá Félagi kjúklingabænda, Bergvin Jóhannsson frá

Landssambandi kartöflubænda, Þórhall Bjarnason og Helgu Hauksdóttur frá Sambandi garðyrkjubænda, Árna V. Kristjánsson frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda og Jónas Helgason frá Æðarræktarfélagi Íslands, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins og Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að búnaðargjald verði lækkað úr 2% í 1,2% vegna niðurfellingar laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Búnaðargjaldið lækkar í samræmi við það hlutfall sem áður rann til lánasjóðsins. Á árinu 2004 námu álagðar tekjur af búnaðargjaldi 312 millj. kr. og þar af runnu 115 millj. kr. til Lánasjóðs landbúnaðarins, eða rétt tæp 37% teknanna.

Búnaðargjald var fyrst innheimt á árinu 1997 og innheimtufyrirkomulag einfaldað með því að sameina innheimtuferli nokkurra gjalda og hafa einn gjaldstofn undir heitinu búnaðargjald en markmiðið var að gera innheimtuna einfalda, örugga og ódýra.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins er að störfum þar sem verið er m.a. að skoða fyrirkomulag vegna sjóðagjalda. Þá telur nefndin brýnt að niðurstöður þeirrar nefndar komi sem allra fyrst.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Lagt er til að í 1. gr. frumvarpsins verði eingöngu breytt prósentuhlutfallinu varðandi búnaðargjaldið en óþarft er að taka málsliðinn upp í heild sinni í frumvarpstextanum. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til kemur skýrar fram að aðeins sé verið að breyta prósentuhlutfallinu.
2. Lagt er til að í stað hlutfallstölunnar „2.00%“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 1,2%.
3. Lagt er til að gildistökuákvæðið breytist þannig að lögin öðlist gildi 1. janúar 2006 og komi til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007.
4. Lagt er til að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skuli vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda. Skv. 2. gr. laga nr. 68/2005 fellur Lánasjóður landbúnaðarins niður 31. desember 2005 og kemur því í hlut Lífeyrissjóðs bænda að taka ábyrgð á að greiða þann mismun til búvöruframleiðenda sem skapast getur vegna fyrirframgreiðslunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Alþingi, 5. des. 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Dagný Jónsdóttir.		Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

514. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur, Ólaf Friðriksson og Eystein Jónsson frá landbúnaðarráðuneytinu, Sigurgeir Þorgeirsson og Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórólf Sveinsson frá Landssambandi kúabænda, Ingva Stefánsson frá Svínaræktarfélagi Íslands, Hildi Traustadóttur frá Félagi eggjaframleiðenda, Matthías Guðmundsson frá Félagi kjúklingabænda, Bergvin Jóhannsson frá Landssambandi kartöflubænda, Þórhall Bjarnason og Helgu Hauksdóttur frá Sambandi garðyrkjubænda, Árna V. Kristjánsson frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda og Jónas Helgason frá Æðarræktarfélagi Íslands, Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins og Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er lagt til að í kjölfar frumvarps um lækkun búnaðargjalds úr 2% í 1,2% verði samtímis fellt niður verðskerðingargjald af nautgripakjöti. Enn fremur er lagt til að 5 kr. verðmiðlunargjald vegna flutnings sláturfjár að afurðastöð og kindakjöts á markað falli niður og í stað þess komi 2 kr. verðskerðingargjald.

Nefndin telur rétt að árétta að lögin þarfnist heildarendurskoðunar þar sem mörg atriði eru barn síns tíma og úrelt að einhverju leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Efnismálsgrein 2. gr. orðist svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda og skal gjaldið vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og skal gjaldið vera 2 kr. á kg.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 5. des. 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Dagný Jónsdóttir.		Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

515. Breytingartillögur [332. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „2,00%“ í 1. málsl. 1. gr. laganna kemur: 1,2%.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „2,00%“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1,2%.
3. Við 3. gr. er verði 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og koma til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skal vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda.

516. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneytinu. Enn fremur barst umsögn frá Dýraverndarsambandi Íslands sem lýsti ánægju sinni með frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um gjaldskrá fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðvar falli brott. Einangrunarstöð í eigu einkaaðila hefur nú tekið til starfa og er því óeðlilegt að gefin sé út opinber verðskrá fyrir þjónustu einangrunarstöðva eftir að ríkið hefur dregið sig út úr slíkum rekstri.

Í Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey og í Einangrunarstöð Reykjanesbæjar er tekið á móti köttum og hundum en fuglar og fleiri dýr fara í sóttkví hjá verslunaraðilum eða einkaaðilum. Nefndin lýsir ánægju sinni með tilkomu nýrrar einangrunarstöðvar í Reykjanesbæ og þá breytingu sem hér er lögð til, að fella niður gjaldskrárheimild landbúnaðarráðherra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Margrét Frímannsdóttir og Dagný Jónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Valdimar L. Friðriksson.

517. Frumvarp til laga [401. mál]

um Ríkisútvarpið hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Eignaraðild.

Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.

2. gr.
Leyfi til útvarps.

Ríkisútvarpið hf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem það fær til umráða eða sem því kann síðar að verða úthlutað.

II. KAFLI
Hlutverk og skyldur.

3. gr.
Útvarpsþjónusta í almannaþágu.

Hlutverk Ríkisútvarpsins hf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.
4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.
5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.
7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.
8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.
9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.

11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.
12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.
13. Að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.
14. Að sjá um að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

5. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannaþágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr.

6. gr.

Efni á erlendu máli.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins hf., skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

7. gr.

Samvinna um dagskrárgerð o.fl.

Ríkisútvarpið hf. skal kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar.

III. KAFLI

Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf.

8. gr.

Umboð menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu hf.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins.

9. gr.

Stjórn Ríkisútvarpsins hf.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Ríkisútvarpsins hf., fyrst og fremst skyldur þess til útvarps í almannaþágu. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins hf.

10. gr.

Starfssvið stjórnarinnar.

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins hf. nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

a. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
b. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir til þarfa félagsins.
c. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
d. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
e. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, sbr. lög um hlutafélög, nr. 2/1995.

11. gr.

Útvarpsstjóri.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins hf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 9. gr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf.

Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra.

IV. KAFLI

Tekjur Ríkisútvarpsins hf.

12. gr.

Tekjustofnar.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki

skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.
2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Hinn 15. febrúar og 15. maí ár hvert skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu hf. fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Lög um hlutafélög.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið hf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

14. gr.
Gildistaka laganna o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: **Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið hf.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.
Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.

Með lögum þessum er stofnað hlutafélag um Ríkisútvarpið. Skal heiti þess vera Ríkisútvarpið hf. Félagið skal skráð í hlutafélagaskrá. Frestur til þess að setja félaginu sérstakar samþykktir og halda stofnfund er 15 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal hún greiðast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá.

Við gildistöku laga þessara tekur hlutafélagið við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs.

Ríkisútvarpið hf. skal yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

II.
Réttindi starfsmanna.

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Ríkisútvarpið hf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008.

Starfsmaður Ríkisútvarpsins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

III.
Fyrsta stjórn félagsins.

Eigi síðar en 15 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins hf. þar sem jafnt stjórn sem stjórnarformaður félagsins skal kjörin. Þar til skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið er menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess.

IV.
Lok á umboði útvarpsráðs.

Umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir af Alþingi skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laga þessara.

V.
Álagning og innheimta útvarpsgjalds.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. til og með 31. desember 2007 eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum miðlum og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra skal staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Eftir 1. janúar 2008 fer um tekjur félagsins skv. 12. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins.

Á 125. löggjafarþingi lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til nýrra útvarpslaga (þskj. 241, 207. mál). Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi með nokkrum breytingum, sem menntamálanefnd Alþingis lagði til, útvarpslög, nr. 53 17. maí 2000 (þskj. 1217, 207. mál, Stjórnartíðindi A 2000, bls. 130). Með hinum nýju útvarpslögum voru felld úr gildi útvarpslög, nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið. Heiti þeirra laga varð lög um Ríkisútvarpið og voru þau gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum sem lög um Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.

Útvarpslög, nr. 53/2000, mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Helsta tilefni endurskoðunar útvarpslaganna var setning tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytti sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Ýmis nýmæli fólust í hinni nýju sjónvarpstilskipun og vísast um það efni til frumvarpsins til laga nr. 53/2000. Þá voru gerðar á útvarpslögunum ýmsar breytingar sem ekki leiddi beinlínis af tilskipun 97/36/EB.

Í áliti menntamálanefndar, þar sem mælt var með samþykkt útvarpslagafrumvarpsins, kom fram það álit nefndarinnar að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað. Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum til breytinga á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið og flytur menntamálaráðherra nú frumvarp þetta í framhaldi af þeirri vinnu og í samræmi við ósk menntamálanefndar Alþingis. Því frumvarpi sem hér liggur fyrir og útvarpslögum, nr. 53/2000, er ætlað að mynda heildarlöggjöf um útvarpsmálefni hér á landi.

Útvarp er í frumvarpi þessu notað sem samheiti fyrir hljóðvarp og sjónvarp, eins og gert er í a-lið 1. gr. útvarpslaga.

Á síðasta löggjafarþingi var af hálfu menntamálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins. Þannig var ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og að nýtt félag, sameignarfélag, tæki við rekstri þess. Enn fremur var mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur félagsins yrði eftir það grundvallaður á sérstökum skatti, nefskatti, sem lagður yrði á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum. Auk þessa var lagt til að stjórn félagsins yrði breytt þannig að útvarpsráð yrði lagt niður og að við tæki sérstök rekstrarstjórn sem mundi m.a. ráða útvarpsstjóra.

Frumvarpið breyttist umtalsvert í meðförum þingsins eftir að það var lagt fram af hálfu menntamálaráðherra. Í umsögn menntamálanefndar voru gerðar athugasemdir við fjögur atriði. Í fyrsta lagi var talið að skilgreining á útvarpi í almannaþágu væri of víðtæk og því lagt til að hún yrði þrengd að nokkru leyti. Í öðru lagi taldi nefndin að heimild hins nýja félags til að taka þátt í starfsemi sem ekki teldist útvarpsþjónusta í almannaþágu væri of víðtæk. Lagði nefndin því til að sá hluti frumvarpsins yrði að svo stöddu felldur brott. Í þriðja lagi gerði nefndin athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem gerði félaginu kleift að taka að sér sérverkefni frá stjórnvöldum þrátt fyrir að þau skiluðu ekki arði. Lagði nefndin því til að sá hluti frumvarpsins yrði felldur brott. Í fjórða lagi gerði nefndin athugasemdir við ákvæði er vörðuðu yfirtöku hins nýja félags á réttindum starfsmanna. Ekki náðist að afgreiða frumvarpið á síðasta þingi.

Hinn 23. apríl 2004 gaf Samkeppnis- og ríkisstyrkjadeild Eftirlitsstofnunar EFTA (hér eftir nefnt ESA) út leiðbeinandi reglur um ríkisstyrki á sviði almannaútvarpsþjónustu (e. public service broadcasting). Í kjölfarið hófst athugun ESA á fjármögnun og rekstri RÚV á grundvelli 1. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókunar viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð.

Hinn 3. júní sl. barst íslenskum stjórnvöldum tilkynning ESA skv. 2. mgr. 17. gr. í II. hluta 3. bókunar fyrrgreinds viðaukasamnings við EES-samninginn um eftirlit og dómstólameðferð þar sem gerð er grein fyrir bráðabirgðamati ESA varðandi fjármögnun og rekstur RÚV. Athugasemdir ESA taka bæði til gildandi laga um RÚV og frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. (643. mál á 131. löggjafarþingi). Á fundi ESA með embættismönnum fjármála- og menntamálaráðuneytisins í Reykjavík 9. júní sl. gerðu fulltrúar ESA nánari grein

fyrir bráðabirgðaniðurstöðunni og viðhorfum ESA til frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf., að teknu tilliti til nefndarálits og breytingartillögu meiri hluta menntamálanefndar Alþingis (þskj. 1438 og 1439). Á fundinum kom fram að rekstrarformið sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins sé ekki til þess fallið að leysa úr þeim vandamálum sem leiðir af ótakmarkaðri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum RÚV sem ríkisstofnunar.

Að mati ESA skapar ákvörðun, álagning og innheimta útvarpsgjalds RÚV skv. 11. gr. frumvarpsins efnahagslegt forskot á keppinauta sem stofnunin nyti ekki miðað við eðlilegar markaðsaðstæður. Í þessu felist að RÚV njóti forskots í samkeppni sem sé andstætt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt dómafordæmum Evrópudómstólsins geti slíkt forskot í samkeppni ekki viðgengist nema að uppfylltum fjórum skilyrðum:

1. að vel skilgreind skylda hvíli á viðtakanda ríkisstyrks til að láta í té opinbera þjónustu;
2. að forsendur fyrir útreikningi og ákvörðun ríkisstyrks hafi verið skilgreindar fyrir fram með hlutlægum og gagnsæjum hætti;
3. að ríkisstyrkur fari ekki fram úr nauðsynlegum kostnaði við að láta í té hina opinberu þjónustu, að öllu leyti eða að hluta, að teknu tilliti til tekna og sanngjarnrar framlegðar af rekstri þjónustunnar;
4. að þegar aðili sé valinn til að veita opinbera þjónustu án undangengins útboðs þurfi upphæð ríkisstyrks að hafa verið ákveðin á grundvelli reiknilíkans um kostnað dæmigerðs, vel rekins fyrirtækis, með nægilegan styrk, af því að veita hina opinberu þjónustu, að teknu tilliti til sanngjarnrar arðsemiskröfu.

Niðurstaða ESA er að 1. gr. frumvarps til laga um Ríkisútvarpið sf. feli það í sér að ríkissjóður komi til með að bera ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum sameignarfélagsins Ríkisútvarpið sf., enda komi fram í 3. mgr. 5. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, að greiðsluþrot hjá Ríkisútvarpinu sf. geti aldrei leitt til gjaldþrotaskiptameðferðar á stofnuninni. Þrátt fyrir greiðslu RÚV á svonefndu ríkisábyrgðargjaldi skv. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997 (0,0625%), verði ekki komist hjá þeirri niðurstöðu að telja ríkisábyrgð á skuldbindingum RÚV fela í sér ólögmætan ríkisstyrk, sbr. gr. 17.4 (3) og 17.2.1 (3) í reglum ESA, sbr. 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í ríkisstyrkjareglum ESA koma fram viðmið um svigrúm ríkisrekinna útvarpsfyrirtækja til þátttöku í samkeppnisrekstri á almennum markaði með tilliti til samkeppnisreglna EES-samningsins, sbr. 2. mgr. 59. gr. samningsins. Meðal skilyrða eru:

1. að útvarpsþjónustan sé skilgreind (í lögum) sem þjónusta sem varði almenna efnahagslega þýðingu;
2. að stjórnvöld hafi skýrlega falið fyrirtækinu að reka útvarpsþjónustu;
3. að beiting samkeppnisreglna mundi hindra fyrirtækið í að sinna framangreindum skyldum sínum og að undantekning frá samkeppnisreglum standi ekki í vegi fyrir þróun viðskipta.

Að mati ESA geta netverslun RÚV, sala á hringitónum í samstarfi við símafyrirtæki og umsvif þess á auglýsingamarkaði ekki talist til opinberrar þjónustu í skilningi ríkisstyrkjareglna ESA. Þrátt fyrir gildistöku tilskipunar 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla, sbr. tilskipun 2000/52/EB, hafi RÚV ekki innleitt fjárhagslegan aðskilnað á milli almannaþjónustustarfsemi RÚV og þeirra þátta starfsemi RÚV sem eru í samkeppnisrekstri. Því sé ekkert kerfi fyrir hendi sem tryggi að ríkisstyrkir renni ekki til samkeppnisrekstrar og þeim sé haldið aðskildum frá tekjum vegna auglýsinga og kostunar.

ESA telur að frumvarpið uppfylli ekki kröfuna um að gera verði skýran greinarmun á almannaþjónustuhlutverki RÚV og starfsemi sem sé viðskiptalegs eðlis, þ.m.t. að gera verði kröfu um fjárhagslegan aðskilnað milli þessara tveggja rekstrarþátta í starfsemi RÚV. ESA

gerir athugasemd við of víðtæka skilgreiningu á almannaþjónustuhlutverki RÚV í 18. tölul. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins (Að gera hvaðeina sem stjórn félagsins telur óhjákvæmilegt eða stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð). Þá gerir ESA athugasemd við víðtæka heimild menntamálaráðherra í 4. mgr. 3. gr. til að heimila stofnuninni þátttöku í nýjum verkefnum án frekari skilgreiningar.

Í svarbréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 15. ágúst sl. f.h. íslenskra stjórnvalda til ESA í framhaldi af áliti ESA frá 3. júní sl. kemur fram að íslensk stjórnvöld muni taka mið af þeim athugasemdum sem fram hafa komið og leitast verði við að breyta frumvarpinu um Ríkisútvarpið sf. á þann veg að þrengd verði skilgreining á almannaþjónustuhlutverki RÚV, tekin upp skýr aðgreining milli almannaþjónustuskyldna og samkeppnisrekstrar stofnunarinnar, jafnframt því sem dregið verði úr áhrifum ótakmarkaðrar ríkisábyrgðar með breytingu á rekstrarformi í átt til félags með takmarkaða ábyrgð að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins.

Í frumvarpi þessu hefur verið reynt að koma til móts við framangreind sjónarmið. Hér á eftir verður gerð grein fyrir efni frumvarps þessa, einkum þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði frá núgildandi ákvæðum um Ríkisútvarpið, og þá sérstaklega breytingu á rekstrarforminu í þá átt að Ríkisútvarpið verði eftirleiðis rekið í hlutafélagsformi.

2. Meginefni frumvarpsins.

Helstu nýmæli með frumvarpi þessu eru eftirfarandi: *Í fyrsta lagi* er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og rekstur yfirfærður í félagsform með takmarkaðri ábyrgð ríkisins. *Í öðru lagi* er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að rekstur hlutafélagsins verði eftir það grundvallaður á sérstöku gjaldi, framlagi af fjárlögum, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega. *Í þriðja lagi* er stjórnun félagsins breytt. Þessi breyting er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er ytra eftirlit útvarpsráðs lagt af með niðurlagningu þess og hins vegar er innra eftirlit framkvæmdastjórnar Ríkisútvarpsins lagt niður. Gerir breytingin því ráð fyrir því að hlutafélagið verði rekið á rekstrarlegum forsendum og stjórnunarvald fyrirtækisins verði alfarið í höndum stjórnar þess. *Í fjórða lagi* er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu eins og það er skilgreint í 3. gr. og alls annars reksturs sem ekki fellur undir þá skilgreiningu, þar á meðal samkeppnisreksturs.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Ekki er mælt fyrir um þá breytingu í þessum lögum, en ráðgert er að leggja fram frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m.a. verður felld niður greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Að teknu tilliti til framangreinds eru meginatriði frumvarpsins eftirfarandi:

1. Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins sem beri heitið Ríkisútvarpið hf., sbr. 1. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ætlunin er að í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög, og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem á að fylgja því að breytast úr ríkisstofnun í hlutafélag.
2. Íslenska ríkið verður einn eigandi félagsins eða alls hlutafjár í félaginu og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra eigenda óheimil, sbr. 1. gr.
3. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Þá fær Ríkisútvarpið hf. með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarp-

ið hefur til umráða eða Ríkisútvarpinu hf. kann síðar að verða úthlutað, sbr. 2. gr. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

4. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins hf. er skilgreind sem útvarp í almannaþágu eða útvarp með opinbert þjónustuhlutverk („public service broadcasting"), sbr. 3. gr.
5. Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi eða rekstri sem tengist aðalstarfsemi félagsins.
6. Mælt er fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr., og alls annars reksturs, þar á meðal nýrrar starfsemi sem félagið kann að fara út í eitt sér eða með öðrum og rekstur sem telja má samkeppnisrekstur og ekki fellur undir skilgreiningu um útvarp í almannaþágu.
7. Lögð er sú skylda á Ríkisútvarpið hf. að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.
8. Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu, sbr. 8. gr. Í því felst m.a. að ráðherra kýs stjórn á aðalfundum félagsins, sbr. 1. mgr. 9. gr. Hins vegar er ekki mælt fyrir um vald hans til ráðningar á tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins hf., eins og nú er gert í lögum um Ríkisútvarpið, sbr. 1. mgr. 6. gr. (skipun útvarpsstjóra) og 6. mgr. 9. gr. (ráðning framkvæmdastjóra).
9. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, sbr. 1. mgr. 9. gr., en áður en sú kosning fer fram skulu kosnir jafnmargir stjórnarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, hlutbundinni kosningu á Alþingi, sem síðan skulu kosnir í stjórnina á aðalfundi. Hlutverk stjórnarinnar verður í meginatriðum hið sama og stjórna almennt í hlutafélögum, sbr. IX. kafla laga nr. 2/1995, þ.e. yfirumsjón með rekstri félagsins, sbr. nánar 1. mgr. 9. gr. Stjórninni er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins. Slík ákvæði þykja ekki lengur eiga heima í lögum heldur heyrir það undir eðlilegt starfssvið stjórnenda Ríkisútvarpsins hf. að taka ákvarðanir um skiptingu fyrirtækisins í rekstrareiningar eins og almennt tíðkast í fyrirtækjarekstri. Það er ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá, sbr. 10. gr. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 11. gr. Tryggir þetta ákvæði ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins hf.
10. Útvarpsstjóri verður æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins hf. í daglegum rekstri, bæði framkvæmdastjóri og yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum félagsins, svo sem nefnt hefur verið, sbr. 1. mgr. 11. gr. Er þetta í stórum dráttum í samræmi við núverandi fyrirkomulag og er þó sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er. Það verður stjórn félagsins sem ræður útvarpsstjóra og hefur yfir honum að segja, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. án umsagnar eða tillagna annarra aðila gagnstætt því sem nú er. Skv. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið ræður útvarpsstjóri starfsfólk við dagskrá aðeins að fengnum tillögum útvarpsráðs og menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einstakra deilda.
11. Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið.
12. Ríkisútvarpið hf. verður stofnað með setningu laganna, sbr. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I. Framlag ríkissjóðs í formi innborgaðs hlutafjár verður í upphafi ákveðið a.m.k. 5.000.000 kr.
13. Tryggilega er búið um réttindi núverandi starfsmanna Ríkisútvarpsins, sbr. nánar ákvæði til bráðabirgða II.
14. Tekjustofnar félagsins breytast þannig að sérstakt gjald er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila

sem skattskyldir eru skv. 2. gr. sömu laga, sbr. 12. gr. og ákvæði til bráðabirgða V. Fram að þeim tíma, þ.e. til og með 31. desember 2007, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2008 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess, sbr. 2. og 4. mgr. 10. gr. og 12.–18. gr. laga um Ríkisútvarpið, en það verður þó að gerast í áföngum til þess að tryggja innheimtu þeirra afnotagjalda sem gjaldfalla í tíð núgildandi laga, sbr. gildistökuákvæði frumvarps þessa.

15. Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið hf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi. Almenn ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000, eiga því að gilda um Ríkisútvarpið hf. eins og aðrar útvarpsstöðvar, svo sem ákvæði um auglýsingabirtingu, ákvæði til verndar börnum, önnur fyrirmæli sem sett verða í samræmi við Evrópusambandstilskipanir 89/552/EBE og 97/36/EB, svo sem um hlutfall evrópsks efnis í útvarpsdagskrá og hlutfall efnis frá sjálfstæðum framleiðendum, ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar og ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni.
16. Ekki þykir ástæða til þess að taka upp í frumvarp þetta ýmis ákvæði sem nú er að finna í lögum um Ríkisútvarpið. Við gerð frumvarps þessa hefur verið leitast við að einfalda innra skipulag Ríkisútvarpsins. Vísast til þess að í texta laganna er einungis lýst helstu atriðum er varða innra skipulag Ríkisútvarpsins hf. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rekstrarleg atriði séu upptalin í lögunum sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taki ákvarðanir um.
17. Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið hf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, og nú samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

3. Formbreyting og fjárhagslegur aðskilnaður.

Sú leið hefur verið farin í auknum mæli á undanförnum árum, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög. Í þessu sambandi hefur valið um félagsform yfirleitt staðið á milli annars vegar hlutafélags, einkahlutafélags eða sameignarfélags og hins vegar sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri. Á síðasta þingi voru uppi áform um að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag eins aðila en við það fyrirkomulag hafa verið gerðar umtalsverðar athugasemdir af hálfu ESA. Varð því niðurstaðan sú að hætta við þau áform. Þá þótti einkahlutafélagsformið ekki henta fyrir svo stórt fyrirtæki sem Ríkisútvarpið enda er það félagsform einkum sniðið að einstaklingsrekstri og rekstri smáfyrirtækja. Við samanburð á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi þótti hlutafélagsformið henta betur enda gildir um hlutafélög ítarleg og skýr löggjöf, leikreglur eru þar allar vel þekktar og fjöldi fordæma til um hvernig leysa beri úr einstökum málum. Þá þótti hlutafélagsformið henta mun betur til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um fjárhagslegan aðskilnað almannaútvarps frá samkeppnisrekstri.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir þeirri leið að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og nýtt félag, hlutafélag, taki við réttindum og skyldum hennar. Þá er gert ráð fyrir því að ríkið eigi allt hlutafé í Ríkisútvarpinu hf. og sala félagsins eða eignarhluta þess svo og slit þess séu óheimil. Orðalagið er frábrugðið því sem tíðkast hefur í lögum þar sem ríkisstofnunum er breytt í hlutafélög en þar hefur verið tekið fram að sala hlutafjár væri óheimil nema með samþykki Alþingis. Í þessu frumvarpi er fyrirvarinn „nema með samþykki Alþingis“ felldur burt til þess að leggja áherslu á að breytingin er ekki gerð til þess að selja félagið. Það

verður einungis gert með nýrri lagasetningu og engin áfrom eru uppi um slíkt af hálfu núverandi ríkistjórnar.

Í tengslum við frumvarp þetta hefur verið lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, sem felur í sér að sett eru inn í lög um hlutafélög nokkur ákvæði varðandi hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti. Koma þau ákvæði til viðbótar þeim ákvæðum í lögum um hlutafélög sem fela í sér almennar leikreglur um hlutafélög hér á landi og koma því til með að gilda um Ríkisútvarpið hf.

Í flestum eða öllum Evrópuríkjum hefur ríkisvaldið um langan aldur staðið að útvarpsrekstri og á því hefur yfirleitt ekki orðið breyting þó að einkaaðilum hafi í seinni tíð einnig verið heimilaður útvarpsrekstur og ríkiseinokun á þessu sviði teljist ekki samrýmast fyrirmælum um tjáningarfrelsi. Eru útvarpsstöðvar, sem reknar eru af ríkjum, hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir („public service broadcasting"). Er ríkisútvarpsstöðvum ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki sé víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta gera eða flytja. Einnig er sú krafa gerð til ríkisútvarpsstöðvanna að þær tryggi vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, sem og að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni. Á seinni tímum er því m.a. haldið fram að almenningur eigi kröfu á því að geta gengið að einni opinni sjónvarpsrás að minnsta kosti og styðst þessi röksemd við hugmyndina um hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það er skýr stefna í öllum Evrópuríkjum að starfrækt skuli útvarp í almenningsþágu í formi opinberra þjónustufyrirtækja, núorðið víðast hvar við hlið útvarps einkaaðila í viðskiptalegum tilgangi. Til að mynda ítrekaði ráðherranefnd Evrópuráðsins á fundi sínum 11. september 1996 álit sitt um hið nauðsynlega hlutverk útvarps í almannaþágu sem afgerandi þátt í fjölhyggju í fjölmiðlun sem sé aðgengileg fyrir alla, bæði á landsgrundvelli og svæðisbundið, með því að séð sé fyrir víðtækri dagskrárþjónustu er nái til upplýsingar, menntunar, menningar og afþreyingar. Pólitísk öfl innan Evrópusambandsins, þar á meðal ráðherraráð sambandsins, leggja einnig mjög ríka áherslu á rétt ríkjanna til þess að reka útvarp í almannaþágu og rétt einstakra ríkja til þess að skilgreina hlutverk þess. Loks hafa menningarmálaráðherrar Norðurlanda á síðustu árum lýst yfir stuðningi við útvarp í almannaþágu.

Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagkvæmur og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis. Það er þekkt víða í Evrópu að ríkisútvarpsstöðvarnar séu reknar af sjálfstæðum félögum. Af Norðurlöndunum má nefna að í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð hafa verið stofnuð hlutafélög um rekstur ríkisútvarpsstöðvanna (í Svíþjóð eru hlutafélögin að vísu í eigu sérstakra stofnana). Í Danmörku er Danmarks Radio sjálfstæð ríkisstofnun með sama hætti og íslenska Ríkisútvarpið er nú.

Helstu kostir þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins í hlutafélagsform þykja vera þessir: Ábyrgð stjórnenda verður aukin og þeir verða sjálfstæðari í störfum sínum. Með breytingu í hlutafélag gefst færi á að skilgreina verkaskiptingu á milli daglegra stjórnenda og stjórnar. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að skerpa nokkuð skilgreininguna á verkaskiptingunni milli framkvæmdastjóra (útvarpsstjóra) og samstarfsmanna hans og stjórnar (10. og 11. gr.).

Þá þarf hið nýja hlutafélag að skilja á milli fjárhags þess hluta starfseminnar sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu og þess hluta starfseminnar sem fellur ekki undir þessa skilgreiningu og er jafnvel í beinni samkeppni við aðra aðila, sbr. 4. og 5. gr. Hins vegar getur sum starfsemi eða þjónusta verið þess eðlis að hún fellur undir skilgrein-

inguna um útvarp í almannaþjónustu en er jafnframt í samkeppni við aðra aðila. Verður t.d. að telja netþjónustu Ríkisútvarpsins rúmast innan hugtaksins útvarp í almannaþágu skv. 3. gr. en sjálfsagt getur það breyst í tímans rás hvers konar rekstur verður almennt talinn geta flokkast undir útvarpsþjónustu í almannaþágu. Ekki má nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað af rekstri sem ekki flokkast undir útvarp í almannaþágu.

Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að Ríkisútvarpið geti eftir rekstrarformsbreytingu ráðist í verkefni sem eru alls óskyld grundvallarhlutverki þess, en hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti eitt sér eða í samvinnu við aðra rekið starfsemi sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr., sbr. 4. gr., en þá er mælt fyrir um það að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 5. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Þykja þannig öll rök mæla með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag þó að ríkið verði áfram eigandi félagsins.

4. Tekjustofnar fyrirtækisins.

Það er mjög mismunandi meðal Evrópuríkja hvaða tekjustofnar eru fengnir útvarpsstöðvum sem flokkaðar eru undir opinber þjónustufyrirtæki. Algengasti tekjustofninn er leyfisgjald (afnotagjald) sem styðst venjulega við eign á sjónvarpsviðtæki. Einnig tíðkast leyfisgjald ásamt sérstöku gjaldi til ríkisútvarpsstöðva („public service“ gjalda sem stundum a.m.k. eru lögð á aðrar útvarpsstöðvar), sömuleiðis leyfisgjald og auglýsingatekjur eða auglýsingatekjur ásamt greiðslum af fjárlögum. Oftast er um það að ræða að tekjustofnarnir séu fleiri en einn og er algengasta samsetningin leyfisgjald (afnotagjald) og auglýsingatekjur.

Ekki eru í sjónvarpstilskipunum Evrópusambandsins nein fyrirmæli eða ráðagerðir sem takmarka heimildir aðildarríkjanna til fjármögnunar á starfsemi útvarpsstöðva í eigu opinberra aðila. Er hér um að ræða tilskipanir 89/552/EBE, sem breytt var með tilskipun 97/36/EB, en um tilskipanir þessar var ítarlega fjallað í greinargerð frumvarpsins til útvarpslaga, nr. 53/2000. Á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins, sem haldin var í Amsterdam í júnímánuði 1997, var samþykkt sérstök bókun um útvarpsþjónustu í almannaþágu í aðildarríkjunum („Protocol on the System of Public Broadcasting in the Member States“). Í bókun þessari lýstu Evrópusambandsríkin yfir þeirri skoðun sinni að útvarpsþjónusta í almannaþágu í aðildarríkjunum tengdist með beinum hætti lýðræðislegum, félagslegum og menningarlegum þörfum þjóðfélaganna og þeirri þörf að viðhalda fjölbreytni í fjölmiðlun. Evrópusambandsríkin komu sér í bókun þessari saman um eftirfarandi túlkunarreglur sem bætt var við stofnsáttmála Evrópusambandsins þegar Amsterdamsáttmálinn tók gildi 1. maí 1999: „Ákvæði stofnsáttmálans um Evrópusambandið skulu engin áhrif hafa á heimildir aðildarríkjanna til þess að gera ráðstafanir til tekjuöflunar fyrir útvarp í almannaþágu („public service broadcasting“) að svo miklu leyti sem þeim tekjum er veitt til útvarpsstöðva til þess að þær inni af hendi þau verkefni í almannaþágu, sem þeim eru falin, skilgreind og skipulögð hjá hverju aðildarríki fyrir sig, og að því leyti sem tekjuöflunin hefur ekki áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni innan sambandsins í þeim mæli að brjóti í bága við sameiginlega hagsmuni jafnframt því sem tekið skal tillit til þeirrar ætlunar að um sé að ræða starfsemi í almannaþágu.“

Í þessari bókun felst að ákvarðanir um tekjuöflun til útvarps í almannaþágu („public service broadcasting“) verði að mestu leyti látnar vera á valdsviði hvers aðildarríkis, eins og verið hefur. Búast má við að ákvæði EES-samningsins verði túlkuð með svipuðum hætti.

Hér á landi hefur það fyrirkomulag verið tíðkað lengi að Ríkisútvarpið fái greidd afnotagjöld og samkvæmt útvarpslögum er þetta gjald, útvarpsgjald, lagt á eigendur útvarpsvið-

tækja (2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000). Einnig hefur Ríkisútvarpið tekjur af auglýsingum, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið. Í framkvæmd hefur stofnunin einnig tekjur af þáttum sem í þessu tilliti er jafnað til auglýsinga, svo sem af kostun einstakra dagskrárliða, og fjarsölu. Lengi vel hafði Ríkisútvarpið einnig tekjur af aðflutningsgjöldum af útvarpsviðtækjum og hlutum í þau, en sá tekjustofn var felldur niður með 3. gr. laga nr. 144/1995.

Allt frá upphafi sjónvarpsreksturs á árinu 1966 hafa verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hefur ætíð verið nokkuð umdeild. Í upphafi var hún gagnrýnd af dagblöðunum sem töldu með þessu vegið að tekjuöflunarmöguleikum sínum. Á síðari árum hefur gagnrýnin einkum komið frá keppinautum á sjónvarpsmarkaði sem einnig hafa gagnrýnt lögbundið afnotagjald til Ríkisútvarpsins. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996 kom fram sú tillaga meiri hluta starfshópsins að Ríkisútvarpið hyrfi alveg af auglýsingamarkaði. Var augljóslega á því byggt í skýrslunni, að því er sjónvarpsstöðvar varðar, að í vændum væri mikil samkeppni milli einkarekinna sjónvarpsstöðva. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Ef sjónvarp Ríkisútvarpsins hyrfi af auglýsingamarkaði við núverandi aðstæður yrði í reynd engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Það yrðu nánast tveir aðilar sem eftir yrðu á auglýsingamarkaði í sjónvarpi (365 ehf. með Stöð 2 og Sýn annars vegar og Íslenska sjónvarpsfélagið hf. með Skjá einn hins vegar). Hver sem þróunin kann að verða í framtíðinni þykir ekki rétt að leggja það til nú að hætt verði auglýsingum í sjónvarpi Ríkisútvarpsins.

Önnur sjónarmið koma hins vegar til álita um auglýsingar í hljóðvarpi en eiga við um auglýsingar í sjónvarpi. Á hljóðvarpssviðinu er veruleg samkeppni, en hún er hins vegar að mestu leyti bundin við þéttbýlissvæði. Hljóðvarpsstöðvum hefur yfirleitt ekki tekist að byggja upp dreifikerfi sín þannig að þær nái til landsins alls, trúlega vegna þess að auglýsingatekjur þeirra hafa ekki leyft slíkar fjárfestingar. Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um að Ríkisútvarpinu hf. verði bannað að afla tekna með auglýsingum í hljóðvarpi. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Í fyrsta lagi þarf að taka slíka ákvörðun með góðum fyrirvara svo að þeir aðilar, sem fyrir eru á markaðnum, og aðilar, sem við breyttar aðstæður gætu haft hug á að fara inn á markaðinn, hafi nægan tíma til þess að laga sig að nýju umhverfi. Í öðru lagi hefur hljóðvarp Ríkisútvarpsins svo mikla útbreiðslu að ótækt þykir að svipta viðskiptalífið og allan almenning svo öflugum auglýsingamiðli án þess að gerðar hafi verið aðrar ráðstafanir sem líklegar séu til þess að bæta upp þann missi – og þá með það einnig í huga að búið verði í haginn fyrir samkeppni á þessum markaði. Eins og málum er nú háttað verður naumast hjá því komist að líta á auglýsingaþjónustu í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins sem þátt í opinberu þjónustuhlutverki þess. Þykir af framangreindum ástæðum ekki fært að leggja það til nú að auglýsingum verði hætt í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins hefur einnig verið umdeildur tekjustofn. Þeir sem andvígir eru opinberum útvarpsrekstri hafa andmælt gjaldinu sem gjaldtöku fyrir þjónustu sem þeir óski ekki eftir. Er sú röksemd skiljanleg þegar litið er á hana frá sjónarhóli þeirra sem telja ekki þörf fyrir það að ríkið standi að rekstri fjölmiðla. Einnig hafa ýmsir þeir sem aðhyllast eða geta sætt sig við útvarpsrekstur ríkisins látið í ljós efasemdir um að innheimta afnotagjalds sé eðlilegasta leiðin til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið. Starfshópur sá um endurskoðun á útvarpslögum, sem fyrr er nefndur, lagði t.d. til að afnotagjaldakerfi og innheimtukerfi Ríkisútvarpsins í núverandi mynd yrði lagt niður, enda væri sú skipan í senn þunglamaleg, kostnaðarsöm og óskilvirk. Lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpinu yrðu fengnar tekjur með nefskatti, innheimtum af landsmönnum öllum eldri en sextán ára og af öllum lögaðilum

í landinu. Til vara lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpið yrði flutt frá B-hluta og yfir á A-hluta ríkisreiknings þannig að rekstur stofnunarinnar byggðist á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni.

Við samningu frumvarps þessa hefur fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins komið til nýrrar skoðunar. Er það niðurstaða ráðuneytisins að leggja til að fjármögnun í formi afnotagjalds verði felld niður frá 1. janúar 2008, en í þess stað komi sérstakt gjald sem leggst á skattskylda einstaklinga og lögaðila, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Þessi niðurstaða styðst aðallega við þrenns konar rök. Í fyrsta lagi hefur þessi leið í för með sér sparnað þar sem sérstakur kostnaður við innheimtu afnotagjalds fellur niður. Í öðru lagi fylgir sá annmarki núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til þess að njóta þjónustu hennar verða sjálfkrafa greiðendur afnotagjalda til Ríkisútvarpsins þar sem greiðsla afnotagjaldsins er bundin við eign á viðtæki. Með því að afnema tengsl viðtækjaeignar við greiðslu til Ríkisútvarpsins eru hin neikvæðu áhrif á viðskipti sjónvarpsnotenda við einkaaðila upprætt að þessu leyti. Í þriðja lagi leiðir breytingin til þess að kostnaður hinna tekjulægstu einstaklinga við að njóta útvarps í almannaþágu fellur niður. Alls leggst gjaldið á um 160.000 einstaklinga á aldursbilinu 16–70 ára og um 22.000 lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraða til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraða. Tekjutenging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald, sbr. lög nr. 125/1999.

Á árinu 2004 námu afnotagjöld tæplega 2,4 milljarði króna af tæplega 3,4 milljarða króna rekstrartekjum Ríkisútvarpsins, eða rúmlega 70% af rekstrartekjum. Var hlutur afnotagjalda af rekstrartekjum Ríkisútvarpsins á árinu 2004 lítið eitt hærri en á árinu 2003. Aðrar tekjur Ríkisútvarpsins á árinu 2004 (auglýsingatekjur, kostunartekjur og ýmsar tekjur) námu um 988 milljónum króna.

5. Yfirlit yfir rekstrarform ríkisfjölmiðla annars staðar á Norðurlöndum, í Stóra Bretlandi, Hollandi og Austurríki.

Danmarks Radio (DR), Danmörku.

Danmarks Radio er fjárhagslega sjálfstæð ríkisstofnun sem hefur megintekjur sínar af afnotagjöldum (skylduáskrift) en fær engar auglýsingatekjur. Upphæð afnotagjalds er ákvörðuð af danska þinginu til fjögurra ára í senn. Í stjórn DR sitja 10 manns sem valdir eru til fjögurra ára í senn, þar með talinn formaðurinn sem er tilnefndur af menntamálaráðherra, þrír eru skipaðir af menntamálaráðherra, sex kosnir af þinginu og einn ráðsmaður er fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar. Útvarpsráð ber ábyrgð á dagskránni og að útvarpslögum sé framfylgt. Ráðið setur leiðbeinandi reglur um starfssemi DR og ræður útvarpsstjóra og aðra fulltrúa í framkvæmdastjórn sem annast daglega stjórn.

Norsk Rikskringkasting AS (NRK), Noregi.

Norska ríkisútvarpinu var með lögum frá 1996 breytt í hlutafélag með takmarkaða ábyrgð. Hlutafélagið um NRK, sem er að fullu í eigu norska ríkisins, er stofnað samkvæmt sérákvæði í norskum hlutafélagalögum um hlutafélög í eigu ríkisins. Samkvæmt norskum hlutafélagalögum er heimilt að stofna hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð sem eru að öllu leyti í eigu norska ríkisins. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði hlutafélagalaga um slík ríkishlutafélög, þ.m.t. NRK. Útvarpsráð NRK er skipað níu mönnum, þar af þremur fulltrúum starfsmanna. Það hefur engin afskipti af daglegum rekstri. Formaður, varaformaður og fjórir ráðsmenn eru valdir á aðalfundi NRK. Ráðið skipar útvarpsstjóra sem jafnframt er framkvæmdastjóri. Út-

varpsráðið gerir tillögur að stefnu til að leggja fyrir aðalfund um rekstur NRK og dótturfélaga þess, auk tillagna um fjárhæð afnotagjalds. Fulltrúar menningarmálaráðuneytisins og norska þingsins sækja aðalfund NRK. Ráðuneytið fer með löggjöf um útvarpsmál, reglugerðir og innheimtu útvarpsgjalds. NRK fær tekjur sínar af afnotagjöldum (skylduáskrift) og eru auglýsingar bannaðar. Ýmiss konar kostun á tilteknu efni er leyfileg.

Sveriges Radio/Television/Utbildingsradion (SR), Svíþjóð.

Frá árinu 1994 er almannaútvarpi í Svíþjóð skipt í þrjú hlutafélög með takmarkaða ábyrgð (Sveriges Radio AB, Sveriges Television AB og Utbildningsradion AB) og fer eignarhaldsfélag/sjálfseignarstofnun (Förvaltningsstiftelsen) með eignarhald og yfirstjórn þeirra allra. Ríkisstjórnin skipar 11 manna stjórn Förvaltningsstiftelsen að fengnum tilnefningum þingflokka; formaður er skipaður til fjögurra ára en aðrir stjórnarmenn til 8 ára. Stjórnarmenn eru þó ekki allir skipaðir frá sama tíma heldur er helmingi stjórnar skipt út í kjölfar þingkosninga til að tryggja að kosningaúrslit endurspegli ekki stjórnarskipan á hverjum tíma. Eignarhaldsfélagið skiptir sér ekki af innra skipulagi útvarpsfyrirtækjanna heldur hafa þau hvert um sig eigin stjórn. Svo dæmi sé tekið er stjórn sænska ríkisútvarpsins (Sveriges Radio) skipuð 14 einstaklingum og útvarpsstjóri á einnig sæti í stjórn fyrirtækisins. Tveir stjórnarmenn eru skipaðir af ríkisstjórninni, sex af aðalfundi (bolagsstamma) og fjórir af fulltrúum samtaka starfsmanna (blaðamannafélagi o.s.frv.). Almennt hefur fyrirtækið mikið sjálfstæði frá stjórnvöldum en almannaþjónustuhlutverk fyrirtækisins er ítarlega skilgreint og reglulega skilað inn ítarlegum greinargerðum um hvernig gengur að uppfylla það. Í stjórn Sveriges Television sitja sjö einstaklingar, fimm skipaðir af aðalfundi en tveir (þar af formaður) af ríkisstjórn. Fjölmiðlar í eigu sænska ríkisins eru fjármagnaðir með afnotagjöldum og eru auglýsingar bannaðar. Kostun á ýmiss konar efni, t.d. íþróttaviðburðum, er leyfileg.

Rundradion AB (YLE), Finnlandi.

Finnska ríkisútvarpið, YLE, er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð. Finnska ríkið á 99,98% hlut í félaginu, en aðrir hluthafar eru u.þ.b. 60 talsins. Eru aðrir hluthafar að mestu leyti fyrirtæki og samtök, t.d. fjölmiðlar, bankar o.fl. Ástæðan er sú að YLE var upphaflega stofnað árið 1926 sem hlutafélag í eigu einkaaðila. Árið 1934 varð sú breyting á félaginu að ríkið réði ferðinni, þ.e. ríkið skyldi ávallt eiga a.m.k. 90% hlut í félaginu. Með finnsku útvarpslögunum, sem tóku gildi 1. janúar 1994, er ákvæði þess efnis að ríkið skuli ætíð eiga a.m.k. 70% hlut í félaginu. Þess má geta að aðrir hluthafar en ríkið munu allir vera úr hópi upprunalegra eigenda YLE. Æðsta stjórn YLE er 21 manns framkvæmdaráð sem finnska þingið velur í kjölfar þingkosninga. Þann 1. janúar 2006 verða gerðar þær breytingar að framkvæmdaráðið ræður sjálfstæða sjö manna stjórn og mega stjórnarmenn hvorki sitja í framkvæmdaráðinu né vera yfirmenn innan stofnunarinnar. Þessi nýja sjálfstæða stjórn mun velja útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra YLE, samþykkja rekstraráætlanir o.fl. Framkvæmdaráðið tekur ákvarðanir um stefnumótun í fjármálum og starfseminni, sem og ákvarðanir um hvort draga skuli úr tilteknum þáttum starfseminnar, auka við þá eða ráðast skuli í verulegar skipulagsbreytingar. Finnska útvarpið er fjármagnað með afnotagjöldum og eru auglýsingar bannaðar.

British Broadcasting Corporation (BBC), Bretlandi.

Tilvist og rekstrarform British Broadcasting Corporation (BBC) byggist á konunglegum sáttmála (e. Royal Charter) frá árinu 1926 og hefur það haldið þeirri stöðu til dagsins í dag.

Að enskum rétti getur drottningin heimilað stofnun fyrirtækis um tiltekinn tíma með konunglegum sáttmála samkvæmt tillögu ráðgjafarnefndar konungdæmisins (e. Privy Council)

en slíkt fyrirkomulag rekur sögu sína allt til 13. aldar. Upprunalegur tilgangur Royal Charter var stofnun fyrirtækja, þ.m.t. stofnun borga og bæja, þar sem tilgangur og réttindi fyrirtækjanna voru skilgreind. Nú á dögum eru hinir konunglegu sáttmálar einkum ætlaðir fyrir stofnun fyrirtækja sem starfa í almannaþágu. Sáttmálinn um BBC hefur reglugerðarígildi og rennur út árið 2006. Vegna þessa er ljóst að ekki þarf að breyta lögum til að breyta rekstrarformi BBC. Að íslenskum rétti verður réttarstöðu BBC einna helst líkt við sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 33/1999. Í því felst m.a. að stofnunin ber ein fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum sínum. Talið er að breytinga sé að vænta við endurskoðun sáttmálans um BBC á næsta ári, einkum í ljósi aukinnar áherslu á þátttöku í samkeppnisrekstri, auk kröfu framkvæmdastjórnar ESB um aðskilnað samkeppnisþátta í starfsemi BBC frá opinberum þjónustuskyldum sem kostaðar eru af leyfisgjaldi (e. TV License). Samningur BBC við bresk stjórnvöld tryggir stofnuninni tekjur af innheimtu leyfisgjalds. Skylduáskrift er að leyfisgjaldinu en auk þess felast tekjur BBC í auglýsingatekjum sem aflað er utan Bretlands og tekjum fyrir ýmiss konar afleidda starfsemi í dótturfyrirtækjum stofnunarinnar. Framkvæmdastjórn BBC telur níu framkvæmdastjóra, auk forstjóra sem er formaður framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð gagnvart svonefndu tólf manna stjórnendaráði (e. Board of Governors). Hlutverk þeirra er að fylgjast með starfsemi stofnunarinnar og tryggja sjálfstæði hennar. Stjórnarmenn eru skipaðir af drottningu í samráði við ráðherra ríkisstjórnarinnar. Stjórnendaráð BBC ræður forstjóra og aðra framkvæmdastjóra og ákvarðar laun þeirra. BBC rekur fjölmörg dótturfélög sem mörg eru í samkeppni við einkarekna fjölmiðla á sviði ljósvakamiðla, fréttaþjónustu og ýmiss konar útgáfu. Dótturfélögin eru flest hlutafélög með takmarkaðri ábyrgð.

Nederlandse Omroep Stichting (NOS), Hollandi.

Í Hollandi eru nokkrar rekstrareiningar sem falla undir stofnunina Nederlandse Omroep Stichting (NOS). Ólíkar rekstrareiningar sem heyra undir stofnunina eru t.d. sjónvarpsstöðvarnar NL1, NL2, NL3 og fimm útvarpsrásir. NOS sendir sjálft út fréttir og íþróttir. NOS er með tíu ára leyfi sem gefið er út með konunglegri tilskipun í tengslum við hollensku fjölmiðlalögin. Í stjórn NOS eru 13 stjórnarmenn sem skipa þriggja manna framkvæmdastjórn með samþykki ráðherra til fimm ára. Í framkvæmdastjórn mega ekki sitja stjórnarmenn NOS. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar auk dagskrárstefnu NOS. Ríkisstjórnin skipar formann stjórnar. Ráðherra skipar hluta stjórnarinnar og skipa rekstrareiningarnar sem heyra undir NOS sína stjórnarmenn. Stjórnin samþykkir ársreikninga stofnunarinnar og tekur meiri háttar ákvarðanir um stefnu NOS í samræmi við tillögur framkvæmdastjórnarinnar. NOS fær tekjur sínar annars vegar í fjárlögum hollenska ríkisins og hins vegar með auglýsingatekjum.

Öesterreichischer Rundfund (ORF), Austurríki.

Austurríska ríkisútvarpið, ORF, er skipulagt sem stofnun. Í stjórninni (þ. Stiftungsrat) eru 35 stjórnarmenn sem valdir eru til fjögurra ára í senn. Sex stjórnarmenn eru valdir í hlutfalli við stærð flokkanna á austurríska þinginu. Níu eru valdir af héraðsstjórnum (þ. länder) Austurríkis. Níu eru valdir af ríkisstjórninni, sex af dagskrárráði ORF og fimm eru starfsmenn stofnunarinnar. Stjórnmálamenn eða starfsmenn stjórnmálaflokka mega ekki vera í stjórn ORF. Stjórnarmenn mega heldur ekki vera starfsmenn stofnunarinnar nema þeir fimm sem valdir eru frá ORF. Sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna um þekkingu á ólíkum sviðum, t.d. á austurrísku og alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi, hagfræði, vísindum, menningu o.fl. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára. Framkvæmdastjórinn sér

um allan daglegan rekstur, en stjórnin er ábyrg fyrir dagskrá ORF. Austurríska ríkisútvarpið skilar skýrslu um það hvernig hún uppfyllir almannaþjónustukröfuna til austurríska þingsins. Öesterreichischer Rundfund er fjármagnað með afnotagjöldum og auglýsingatekjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.

Í þessari grein er fjallað um eignaraðild að Ríkisútvarpinu hf. Hefur verið gerð grein fyrir efni 1. gr. í almennu athugasemdunum að framan. Grein þessi felur í sér undantekningu frá þeirri almennu reglu laga nr. 2/1995, um hlutafélög, að hluthafar í hlutafélögum skuli vera tveir hið fæsta. Í þessu hlutafélagi er aðeins einn hluthafi. Mörg fordæmi eru fyrir því að þessi leið sé farin. Þá er einnig gert ráð fyrir því í ákvæðinu að sala félagsins sé bönnuð og eins sala á hluta þess. Í því felst að óheimilt er t.d. að selja dótturfélag sem hefði verið stofnað og yfirtekið hluta af starfsemi hlutafélagsins. Ríkisútvarpinu hf. er hins vegar frjálst að stofna dótturfélög um ákveðna hluta starfseminnar en er óheimilt að selja þau, til þess þarf nýja sjálfstæða lagasetningu. Ef til sölu ætti að koma dugir því ekki að afla einungis heimildar í fjárlögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lýst hlutverki Ríkisútvarpsins hf. Í 1. mgr. kemur fram það meginhlutverk félagsins að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu. Áður hefur verið að því vikið hvað felst í skilgreiningunni á útvarpsþjónustu í almannaþágu. Er stundum í þessu sambandi talað um útvarp með opinbert þjónustuhlutverk, en í báðum tilvikum er vísað til þess sama og þegar á ensku er talað um „public service broadcasting". Þess háttar útvarpsstöðvar eiga ekki einungis að taka mið af fjárhagslegum ávinningi í rekstri sínum heldur sinna t.d. ýmiss konar menningarlegri starfsemi, rækta þjóðlegan menningararf o.s.frv., sem ekki er víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptaleg sjónarmið í huga, telji sér skylt eða fært að sinna með sama hætti. Að vísu er það svo að víða hafa mörkin milli útvarpsstöðva í almannaþágu og útvarps, þar sem viðskiptahagsmunir ráða ferðinni, dofnað mjög þar sem útvarpsstöðvar í almannaþágu flytja að stórum hluta efni sem mjög svipar til efnis annarra útvarsstöðva, svo sem skemmtiefni af ýmsu tagi. Eftir sem áður eru gerðar meiri kröfur til útvarpsstöðva í almannaþágu um flutning efnis af alvarlegra tagi, sem og til meiri varkárni í fréttaflutningi, kynningu allra sjónarmiða í þjóðfélagsmálum er almenning varða miklu o.s.frv. Annars vísast til þess hluta í almennu athugasemdunum að framan þar sem almennt var fjallað um útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Þá er í þessari grein, sem fjallar auk framangreinds um hlutverk Ríkisútvarpsins hf., fjallað um þær skyldur félagsins sem leiðir af því hlutverki þess að það reki útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Talið er rétt að skilgreina skyldur Ríkisútvarpsins hf. nokkru nákvæmar en gert er í gildandi lögum um Ríkisútvarpið, sbr. einkum 3.–5. gr. laganna. Í stórum dráttum má segja að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu: að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt sé við ýmiss konar menningar-

starfsemi, haldið sé uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tæknibúnaði.

Skal nú vikið að einstökum ákvæðum greinarinnar.

Ákvæði 1. tölul. er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 3. tölul. er að formi til nýtt ákvæði og lýsir með almennum orðum skyldu Ríkisútvarpsins hf. til þess að standa að gerð og dreifingu fjölbreytts og vandaðs dagskrárefnis fyrir sjónvarp og hljóðvarp með tæknilega fullkomnum aðferðum.

Ákvæði 2. og 4.–9. tölul. eru sama efnis og ákvæði 2.–3. mgr. 3. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar eru sums staðar gerðar. Ákvæði fyrri málsliðar 2. tölul. er í flestum meginatriðum samhljóða 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu félagsins til að senda út til alls landsins en sú breyting lögð til að miða við a.m.k. eina hljóðvarps og sjónvarpsdagskrá í stað tveggja árið um kring. Síðan er tekið fram um skyldu félagsins til þess að birta hluta efnis síns með viðeigandi hætti í öðrum miðlum, þ.m.t. á netinu. Þá er í 8. tölul. tekin berum orðum fram skylda félagsins til þess að flytja efni á sviði íþrótta og annars tómstundastarfs, en slíkt efni er sérstaklega þýðingarmikið fyrir ungt fólk.

Í 9. tölul. er tekið upp ákvæði fyrri málsliðar 4. mgr. 3. gr. gildandi laga um skyldu til að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Síðan er bætt við ákvæði um skyldu félagsins til þess m.a. að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa, en slíkar skyldur verða æ fyrirferðarmeiri í nútímaþjóðfélagi. Sem dæmi um skyldu Ríkisútvarpsins í þessu efni má nefna dóm Hæstaréttar frá 6. maí 1999 í málinu nr. 151/1999: Berglind Stefánsdóttir og Félag heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu. Í máli þessu var um það deilt hvort Ríkisútvarpinu væri skylt að láta túlka á táknmáli framboðsræður í sjónvarpinu kvöldið fyrir kosningar, um leið og þær færu fram, eða hvort Ríkisútvarpinu væri heimilt að sinna þörfum heyrnarlausra með öðrum aðferðum sem það hugðist beita. Hæstiréttur benti á að það væri óaðskiljanlegur þáttur kosningarréttar, sem verndaður væri í III. kafla stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944 og 3. gr. I. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, að sá sem réttarins nyti hefði tækifæri til að kynna sér þau atriði sem kosið væri um. Ljóst þótti að það sé í samræmi við lögákveðið hlutverk Ríkisútvarpsins skv. 15. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000) að það kynni frambjóðendur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis. Bæri Ríkisútvarpinu ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinnti þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að frambjóðendum og þeim stjórnmálaöflum sem í hlut ættu heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkisútvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Þótt játa bæri Ríkisútvarpinu verulegu svigrúmi við tilhögun dagskrár og útsendinga yrðu þær ákvarðanir, sem röskuðu þeim skyldum og réttindum sem mælt væri fyrir um í 15. gr. útvarpslaga (nú 3. gr. laga um Ríkisútvarpið) og 7. gr. laga um málefni fatlaðra, að styðjast við gild málefnaleg rök. Þótti Ríkisútvarpið ekki hafa fært fram nægilega gild og málefnaleg rök til að réttlæta þá mismunun sem fólst í ákvörðun þess, en fyrir lá að tæknilega var vel framkvæmanlegt að hafa þann háttinn á sem krafist var. Einnig var litið til þess að skammur tími var á milli útsendingar og upphafs kjörfundar. Þóttu áfrýjendur eiga rétt á því að kröfur þeirra yrðu teknar til greina við þessar aðstæður. Tilvik það sem um ræðir í máli þessu er vissulega sérstakt. Það getur hins vegar vel orðið til leiðbeiningar í öðrum málum þó að sjálfsögðu verði að meta hvert mál fyrir sig, þar á meðal það hvað teljist vera eðlilegar þarfir.

10. tölul. kemur í stað 6. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið. Efnislega eru þrjár breytingar gerðar. Hin fyrsta er sú að í stað orðalagsins að Ríkisútvarpið skuli „stefna að því“ að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins er skyldan gerð ótví-

ræð. Önnur er sú að komið skal upp víðar um landið aðstöðu til útvarps, þ.e. bæði sjónvarps og hljóðvarps, en ekki einungis hljóðvarps, eins og orðað er í gildandi lögum. Þriðja breytingin, sem lögð er til, er á þá leið að þeirri starfsemi, sem um ræðir í greininni, skuli komið upp utan höfuðborgarsvæðisins, en ekki í hverju kjördæmi, og er þessi tillaga gerð sérstaklega með hliðsjón af örri tækniþróun á sviði útvarps og að ekki þurfi að setja upp aðstöðu til dagskrárgerðar í hverjum landsfjórðungi.

Ákvæði 11. tölul. um skyldu Ríkisútvarpsins hf. til þess að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps er að formi til nýtt. Þetta hefur þó verið viðurkennt eitt meginhlutverk Ríkisútvarpsins og felst í raun og veru, a.m.k. að verulegum hluta, í 13. gr. útvarpslaga.

Í 12. tölul., sem er nýtt ákvæði, er mælt fyrir um skyldu félagsins til þess að koma sér upp þeim eignum, föstum og lausum, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi þess.

Í 13. tölul. er fjallað um skyldu félagsins til þess að gera aðgengilegt í öðru formi en sem útvarpsefni ýmislegt efni sem talið er að geti haft varanlegt gildi og sé því í samræmi við tilgang félagsins.

Ákvæði 14. tölul. er í meginatriðum sama efnis og ákvæði 5. gr. laga um Ríkisútvarpið sem fjallar um varðveislu frumflutts dagskrárefnis. Þó er breytt orðalagi síðari málsliðar greinarinnar og nú gert ráð fyrir að það sé ekki einungis heimilt heldur skylt að hafa slíkt efni til sölu eða leigu, en jafnframt tekið fram að það sé valið efni en ekki allt efni sem með þessum hætti verði gert almenningi aðgengilegt.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. er nýmæli. Í greininni er mælt fyrir um heimild til handa Ríkisútvarpinu hf. til þess að standa að annarri starfsemi sem tengist aðalstarfsemi fyrirtækisins. Getur félagið gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu. Þótt aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins hf. sé útvarp í almannaþágu er sú krafa í vaxandi mæli gerð til fyrirtækja, sem reka útvarp af því tagi, að þau séu sem best rekin, veiti öðrum útvarpsstöðvum á markaðnum samkeppni og aðhald og skili jafnvel hagnaði. Þess vegna er nauðsynlegt að veita Ríkisútvarpinu hf. heimild til að reka starfsemi sem ekki fellur undir skilgreiningu 3. gr. en með fjárhagslegum aðskilnaði frá hinni hefðbundnu starfsemi Ríkisútvarpsins hf., sbr. 5. gr. Segja má að Ríkisútvarpið hafi nú þegar stigið fyrstu skrefin á þeirri braut sem hér er mörkuð með þeirri þjónustu sem það hefur tekið upp á heimasíðunni www.ruv.is

Um 5. gr.

Um þessa grein vísast til 3. kafla í almennum athugasemdum. Í greininni felst það nýmæli að krafist er fjárhagslegs aðskilnaðar milli starfsemi sem fellur undir skilgreiningu 3. gr. um útvarp í almannaþágu og allrar annarrar starfsemi þar á meðal starfsemi sem telst til samkeppnisrekstrar. Nánari umfjöllun um efni þessarar greinar er að finna í almennum athugasemdum, einkum 1. og 3. kafla.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er tekið upp óbreytt efni 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið þess efnis að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins hf., skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni, og önnur atriði tengd

þessu fyrirmæli. Þessi áskilnaður er í samræmi við núgildandi ákvæði útvarpslaga, nr. 53/2000. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru tekin saman ákvæði um samvinnu Ríkisútvarpsins við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar (1. mgr.) og heimild til þess að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar (2. mgr.). Heimild til hvors tveggja er nú í lögum um Ríkisútvarpið (5. mgr. 4. gr.), en samkvæmt orðalagi 1. mgr. skal lögð aukin áhersla á samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar. Að öðru leyti er ákvæði 1. mgr. samhljóða 5. mgr. 4. gr. laga um Ríkisútvarpið og ákvæði 2. mgr. er samhljóða fyrri málslið 8. mgr. sömu greinar.

Um III. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf.

Samkvæmt 8. gr. fer menntamálaráðherra með eignarhlut ríkisins í félaginu. Hann kýs stjórn félagsins í samræmi við hlutbundna kosningu Alþingis. Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn þess fer með málefni félagsins á milli félagsfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Undir stjórn félagsins heyrir útvarpsstjóri, sem ráðinn er af stjórninni, og er hann æðsti yfirmaður alls daglegs rekstrar á vegum félagsins, jafnt á sviði framkvæmdastjórnar sem á sviði dagskrárgerðar, sbr. 1. mgr. 11. gr. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn félagsins og skiptir með þeim verkum í samræmi við skipurit félagsins sem stjórn félagsins ákveður, sbr. 2. mgr. 11. gr

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en fram eru komnar í athugasemdum um þennan kafla frumvarpsins og í 2. kafla í hinum almennu athugasemdum.

Um 9. gr.

Í þessari grein er leitast við að treysta sjálfstæði stjórnar félagsins með tvennum hætti. Þannig miðar 1. mgr. að því að treysta sjálfstæði stjórnarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu, en 2. mgr. leitast m.a. við að treysta sjálfstæði gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum.

Í ákvæðinu er gert er ráð fyrir því að stjórn félagsins verði kosin á aðalfundi sem haldinn skuli í síðasta lagi fyrir lok maímánaðar ár hvert. Alþingi skal fyrir þann tíma hafa kosið menn til setu í stjórninni.

Hvað varðar 2. málsl. 2. mgr. er hér í raun um hæfisreglu að ræða sem tengd er almennum neikvæðum hæfisreglum hvað varðar stjórnarsetu. Þannig verður almennt að telja að einstaklingar, sem beint eða óbeint inna af hendi störf, taka við greiðslum eða hafa hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum en Ríkisútvarpinu hf., geti ekki gætt hagsmuna félagsins hvað varðar skyldur þess til útvarps í almannaþágu.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lýst starfssviði stjórnar Ríkisútvarpsins hf. í meginatriðum. Meðal annars er í 1. mgr. nefnt að ráða útvarpsstjóra og veita honum lausn frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör, að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, sem ekki falla undir daglegan rekstur, að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár o.s.frv., og ann-

ast önnur verkefni eins og ákveðið verður í samþykktum félagsins, sbr. lög nr. 2/1995. Þá er enn fremur lögð sú skylda á stjórn félagsins að skila til aðalfundur greinargerð um það hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Í 2. mgr. er svo heimilað að skilgreina nánar starfssvið stjórnarinnar í samþykktum félagsins. Þannig er ekki mælt með tæmandi hætti fyrir um starfssvið stjórnar heldur er gert ráð fyrir að því verði gerð nánari skil í samþykktum.

Um 11. gr.

Hér eru fyrirmæli um útvarpsstjóra og starfssvið hans. Í því sem mestu skiptir er starfssvið útvarpsstjóra óbreytt frá gildandi lögum. Hann er framkvæmdastjóri félagsins og gilda um þann hluta almennar reglur um störf framkvæmdastjóra. Auk þess er útvarpsstjóri æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins hf. Í stórum dráttum er ákvæði 1. mgr. 11. gr. í samræmi við gildandi lög, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þó er sjálfstæði útvarpsstjóra og starfsmanna Ríkisútvarpsins hf. yfirleitt aukið í sambandi við dagskrárgerð þar sem útvarpsráð er lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af útvarpsefni, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Í 2. mgr. er tekið fram að útvarpsstjóri ráði aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. Er hér um að ræða verulega breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, sbr. 6. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið þar sem segir að framkvæmdastjórar deilda, sbr. 4. mgr. 9. gr., séu ráðnir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs, og útvarpsstjóri ráði starfsfólk dagskrár að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skv. 2. mgr. á útvarpsstjóri að vera algjörlega sjálfstæður í ráðningum starfsmanna félagsins, þó fyrst um sinn með þeim fyrirvara að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skal Ríkisútvarpið hf. bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Að öðru leyti vísast til 8. tölul. í lýsingunni á meginefni frumvarpsins í 2. kafla almennu athugasemdanna.

Um 12. gr.

Í 4. kafla hinna almennu athugasemda við frumvarpið (Tekjustofnar fyrirtækisins) var gerð grein fyrir því að í frumvarpi þessu er á því byggt að frá og með 1. janúar 2008 verði hætt að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum (útvarpsgjaldi). Vísast til þess sem þar sagði um þessa breytingu og rökin fyrir henni.

Í samræmi við þessa breytingu er í 12. gr. frumvarpsins lagt til að frá og með 1. janúar 2008 skiptist tekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. í þrennt:

1. Sérstakt gjald sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila.
2. Tekjur af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Tekjur skv. 1. tölul 1. mgr. ákvæðisins yrðu 13.500 kr. af hverjum gjaldanda og mundu skila alls um 2.470 milljónum kr. miðað við full skil, en gert er ráð fyrr að afnotagjaldið skili Ríkisútvarpinu um 2.500 milljónum kr. á árinu 2005. Eðlilegt er að fjárhæð nefskattsins verði endurskoðuð þegar nær dregur því að breyting á tekjustofnum Ríkisútvarpsins hf. kemur til framkvæmda. Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri. Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og

eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraða.

Hvað varðar ráðstöfun á tekjum skv. 1. tölul. 1. mgr. ber að taka fram að Ríkisútvarpið hf. verður fyrst og fremst útvarp í almannaþágu, sbr. 3. gr. frumvarps þessa. Komi hins vegar til annarrar starfsemi af hálfu félagsins, sem tengist fyrrgreindri meginstarfsemi, þarf að halda fjárreiðum vegna þess rekstrar aðskildum, þar á meðal starfsemi sem fellur undir samkeppisrekstur. Á grundvelli samkeppnissjónarmiða verður félaginu óheimilt að nota tekjur sínar til að greiða niður kostnað af öðrum rekstri, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem telst til útvarps í almannaþágu í skilningi 3. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 2. tölul. 1. mgr. er lagt til að heimilt sé að birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni þess í útvarpi og öðrum miðlum. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi rétti, en þar er heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi". Ástæða þykir að kveða með skýrum hætti á um það að Ríkisútvarpinu hf. verði heimilt að birta auglýsingar í öðrum miðlum en útvarpi að teknu tilliti til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3845/2003. Í málinu var kvartað yfir því að Ríkisútvarpið notaði tekjur sínar til þess að byggja upp vefinn www.ruv.is, en hluti hans væri fjármagnaður með afnotagjöldum á sjónvarp og útvarp. Niðurstaða umboðsmanns var m.a. sú að sala Ríkisútvarpsins á auglýsingum til birtingar á heimasíðunni gæti ekki talist heimil gjaldtaka fyrir auglýsingar í „hljóðvarpi og sjónvarpi" skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 122/2000.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að helmingur tekna vegna gjaldsins sé greiddur fyrir fram þann 15. febrúar og 15. maí ár hvert af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eftirstöðvar gjaldsins mundu greiðast á tímabilinu frá ágúst til desember í samræmi við innheimtu annarra opinberra gjalda.

Í 4. mgr. eru fyrirmæli um að setja skuli gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna og er þar átt við gjaldtöku skv. 15. gr. útvarpslaga. Er það í verkahring stjórnar að setja slíkar gjaldskrár, í reynd auðvitað í samráði við daglega stjórnendur sem fara með auglýsingamál og fjármál fyrirtækisins.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falli úr gildi. Þó er mælt fyrir um það að þær greinar sem varða álagningu afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2008, er nýr tekjustofn kemur til, og þær greinar sem varða innheimtu áfallins afnotagjalds séu í gildi til 1. janúar 2011, en skv. 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið helst lögveð fyrir afnotagjaldi í þrjú ár frá gjalddaga. Þar sem nauðsynlegt er að hafa ákvæði um innheimtu afnotagjalda, sem falla á í tíð núgildandi laga um Ríkisútvarpið, er lagt til að þau ákvæði verði í sérstökum lögum, lögum um útvarpsgjald og innheimtu þess, á meðan þau ákvæði eru í gildi. Sjá fylgiskjal I.

Samkvæmt framansögðu mun rekstur félagsins verða fjármagnaður með sérstöku gjaldi sem lagt verður á einstaklinga og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 1.–2. gr. laga nr. 90/2003. Þessi breyting mun ekki eiga sér stað strax – gert er ráð fyrir því að hið nýja félag fái tveggja og hálfs árs aðlögunartíma áður en rekstur þess verður alfarið fjármagnaður með framangreindum hætti. Í þessu felst að félaginu verður veittur þriggja ára aðlögunartími, en

hann mun fela í sér svigrúm til handa félaginu til að starfa áfram samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, en jafnframt tækifæri til að aðlaga reksturinn hinu nýja umhverfi.

Í 3. mgr. er sett ákvæði um það að þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins sé átt við Ríkisútvarpið hf. Samkvæmt athugun á lagasafni á netinu er vikið að Ríkisútvarpinu á einn eða annan hátt í 10 réttarheimildum í lagasafni auk laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, þ.e.: 8. gr. forsetabréfs nr. 114/1945, um starfsháttu orðunefndar, 28. gr. laga nr. 17/1965, um landgræðslu, 3. mgr. 47. gr. laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, 4. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, b-lið 1. mgr. 3. gr., 4. mgr. 3. gr., 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 3. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, 2. mgr. 86. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, 25. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, 6. og 34. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og 10. gr. laga nr. 20/2002, um skylduskil til safna. Samkvæmt framangreindu ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins ber eftir gildistöku laganna að skilja þau lagaákvæði þar sem talað er um Ríkisútvarpið sem þar sé átt við Ríkisútvarpið hf.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði 1. og 2. mgr. fjalla um stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið og eignir og skuldir Ríkisútvarpsins sem ganga til hlutafélagsins. Þegar hefur verið fjallað um þessa formbreytingu og þau atriði sem af henni leiðir, sbr. 3. kafla í hinum almennu athugasemdum að framan um formbreytinguna, 2. kafla almennu athugasemdanna (meginefni frumvarpsins) og athugasemdir um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Eins og þegar hefur verið lýst í 3. kafla í hinum almennu athugasemdum er ráðgert að ríkissjóður yfirtaki hlut Ríkisútvarpsins vegna greiðsluþátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í 3. mgr. er m.a. mælt fyrir um að menntamálaráðherra ákveði heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Við stofnun félagsins skuli þó lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal sú fjárhæð greidd af ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins. Samkvæmt ákvæðinu getur menntamálaráðherra ákveðið að leggja fram hærra hlutafé í upphafi kjósi hann það.

Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið hf. taki við útvarpsrekstri Ríkisútvarpsins við gildistöku laganna.

Í 5. mgr. segir að Ríkisútvarpið hf. yfirtaki þær skyldur sem Ríkisútvarpið hafi undirgengist í samningum við þriðju aðila.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu ákvæði mælir fyrir um réttindi starfsmanna við breytingu Ríkisútvarpsins í hlutafélag. Tilgangur ákvæðisins er að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti og sambærileg öðrum tilvikum um breytingar á rekstrarformi ríkisstofnana, sbr. ákvæði í frumvörpum um Rafmagnsveitur ríkisins hf. og Matvælarannsóknir hf. Ekki er þörf á að setja í lög sérákvæði um starfsmannamál þegar ríkisfyrirtæki eru hlutafélagavædd nema hvað varðar takmörkun á rétti til töku lífeyris úr B-deild LSR samhliða starfi. Um réttarstöðu starfsmanna á þessum tímamótum gilda almenn ákvæði starfsmannalaga og eftir atvikum aðilaskiptalaga. Starfsmannalögin hafa þýðingu að því er varðar starfslok í þjónustu ríkisins, þ.e. hvort starfsmaður getur átt rétt á biðlaunum ef hann fer ekki að vinna hjá hlutafélaginu, en síðarnefndu lögin hafa þýðingu að því er varðar möguleika á áframhaldandi starfi hjá nýju félagi og ýmis atriði varðandi launakjör og starfsskilyrði. Meginreglan er sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Í þessu ákvæði er veitt

undanþága frá meginreglunni þannig að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins og helst þar til 31. desember 2008. Ástæðan fyrir þessu er e.t.v. fyrst og fremst sú að 1. janúar 2008 er ráðgert að taka upp nefskatt í stað afnotagjalda og því má gera ráð fyrir að á því ári verði ljóst hvaða störf í innheimtudeild verði lögð niður. Ákvæðið tekur til allra starfsmanna þar sem ekki þótti rétt að láta það taka til starfsmanna innheimtudeildar einvörðungu, auk þess sem gera má ráð fyrir að flestar skipulagsbreytingar verði komnar fram fyrir árslok 2008.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hér er gert ráð fyrir að eigi síðar en 15 dögum eftir gildistöku laganna skuli haldinn stofnfundur þar sem menntamálaráðherra kýs stjórn Ríkisútvarpsins hf. Frá gildistöku laganna og þar til að kosning stjórnarmanna hefur farið fram skal menntamálaráðherra vera í fyrirsvari fyrir Ríkisútvarpið hf.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Þar sem ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að útvarpsráð starfi áfram eru hér fyrirmæli um það hvernig umboð þess fellur niður. Er gert ráð fyrir að umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir, falli niður við gildistöku laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Ráðgert er að afnema álagningu útvarpsgjalds 1. janúar 2008. Í ákvæðinu er mælt fyrir um hverjir tekjustofnar hlutafélagsins skuli vera frá gildistöku laganna til og með 31. desember 2007. Eftir þann tíma ber að miða við 12. gr. laganna.

Fylgiskjal I.

Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.

1. gr. (áður 12. gr.)

Eigandi viðtækis sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.

Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli og örorkulífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

2. gr. (áður 13. gr.)

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 12. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá er fæst við sölu viðtækja skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt

nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

3. gr. (áður 14. gr.)

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

4. gr. (áður 15. gr.)

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 13. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

5. gr. (áður 16. gr.)

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

6. gr. (áður 17. gr.)

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtukostnaði.

7. gr. (áður 18. gr.)

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði skv. 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

Ákvæði 1., 2., 3. og 5. gr. falla úr gildi 1. janúar 2008, en ákvæði 4., 6. og 7. gr. falla úr gildi 1. janúar 2011.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkissjóðs um rekstur Ríkisútvarpsins sem taki yfir eignir og skuldir þess. Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda og álagningu sérstaks útvarpsgjalds. Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á stjórnun. Í fjórða og síðasta lagi er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á fjárreiðum reksturs sem fellur undir útvarp í almannaþágu og annars reksturs. Í athugasemdum við frumvarpið er boðað frumvarp um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands til að fella niður greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður Ríkisútvarpið rekið sem hlutafélag í eigu ríkisins en ekki sem ríkisstofnun. Það þýðir að fjárreiður hlutfélagsins verða væntanlega sýndar í E-hluta ríkissjóðs, en til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira en ekki í B-hluta ríkissjóðs þar sem stofnunin Ríkisútvarpið hefur verið. Hlutafélagið mun fá styrk frá A-hluta ríkissjóðs sem svarar til tekna af sérstökum skatti á sama hátt og stofnunin Ríkisútvarpið hefur fengið fjárveitingu vegna tekna af afnotagjöldum þótt það innheimti þau gjöld sjálft. Gjaldstofn, álagning og innheimta munu hins vegar breytast eins og greint verður frá síðar.

Þessi formbreyting, þ.e. úr ríkisstofnun í hlutafélag, takmarkar ábyrgð ríkisins á rekstri og skuldbindingum vegna þessa rekstrar. Hlutfélagið verður jafnframt losað undan ýmsum lögum og reglum sem gilda sérstaklega um ríkisrekstur svo sem varðandi fjárreiður, upplýsingagjöf, starfsmannahald og lántökuheimildir.

Samkvæmt 1. tölul. 12. mgr. fumvarpsins er m.a. lagt til að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2008 tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Afnotagjöld sem stofnunin Ríkisútvarpið hefur innheimt falla niður frá sama tíma. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun hafi óveruleg áhrif á útgjöld skattstofa og innheimtumanna, en innheimta afnotagjalda kostar stofnunina Ríkisútvarpið nú 70–80 m.kr. á ári og ætti sú fjárhæð að sparast að mestu leyti.

Skylda til að greiða gjaldið mun hvíla samkvæmt frumvarpinu á öllum einstaklingum sem eru heimilisfastir hér á landi og þeim sem dvelja hér á landi lengur en 183 daga á ári eða hverju tólf mánaða tímabili. Undanþegnir skattinum eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skulu fá það gjald fellt niður samkvæmt lögum um sjóðinn. Samkvæmt álagningarskrá ríkisskattstjóra árið 2004 vegna tekna á árinu 2003 greiddu 160.520 einstaklingar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og hafði þeim fjölgað um 1,9% frá árinu áður. Að auki skulu lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild vera skattskyldir, þó ekki dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru 31.779 lögaðilar á skattgrunnskrá við álagningu 2004 og þar af var 23.621 aðili tekju- og eignarskattsskyldnir. Af þeim fjölda skiluðu 16.443 framtali en áætlað var á 7.178 og kunna sumir þeirra að hafa skilað framtali síðan. Gera verður ráð fyrir að ekki takist að innheimta skattinn hjá öllum sem hana verður formlega lagður á, eins og gildir um afnotagjöldin. Miðað við 13.500 kr. gjald á ári og 1,5% fjölgun greiðenda milli ára má reikna með

að um það bil 183.000 aðilar greiddu gjaldið í ár ef það væri lagt á og að það skilaði um 2.470 m.kr. nettó.

Að auki er gert ráð fyrir í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. að hlutafélagið hafi tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess. Í fjárlögum 2005 er áætlað að tekjur stofnunarinnar Ríkisútvarpsins vegna þessa nemi 975 m.kr. með virðisaukaskatti. Að síðustu er gert ráð fyrir í 3. tölul. 1. mgr. 12. gr. að Alþingi kunni að ákveða aðrar tekjur.

Til samanburðar áætlaði Ríkisútvarpið síðastliðið vor að bruttótekjur af afnotagjöldum næmu 2.541 m.kr. á árinu 2005 með virðisaukaskatti. Þar af er áætlað að innheimtar verði 2.480 m.kr. en 61 m.kr. verði afskrifuð. Samkvæmt þessum forsendum skilar hinn nýi skattstofn nánast sömu krónutölu í ríkissjóð og afnotagjöldin.

Stofnunin Ríkisútvarpið er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi þannig að afnotagjöld sem skila um 70% tekna þess bera 14% virðisaukaskatt en aðrar tekjur sem skila um 30% bera 24,5% skatt. Stofnunin skilar ríkissjóði virðisaukaskatti en fær endurgreiddan innskatt af kostnaði og fjárfestingum nákvæmlega eins og önnur fyrirtæki. Árið 2004 mun útskattur hafa numið 591 m.kr. og innskattur 201 m.kr. og voru tekjur ríkissjóðs af skattinum því 390 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðamati ríkisskattstjóra er talið að tekjur af hinu sérstaka gjaldi sem skattstjórar munu leggja á teljist skattur og því líklegt að ekki verði litið svo á að í gjaldinu felist endurgjald fyrir veitta útvarpsþjónustu. Móttaka skattfjárins virðist fljótt á litið ekki fela í sér virðisaukaskattsskyldu fyrir hlutafélagið. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess eru á hinn bóginn endurgjald fyrir virðisaukaskattsskylda þjónustu. Við gerð þessarar kostnaðarumsagnar lágu ekki fyrir forsendur til að ríkisskattstjóri gæti metið hvort hlutafélagið muni uppfylla skilyrði í 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts og þar með skyldu til innheimtu útskatts og rétt til innskatts. Tölulegar upplýsingar síðast í 4. kafla almennra athugasemda frumvarpsins benda þó fremur til þess að hlutafélagið muni ekki uppfylla skilyrðin. Ef þetta verður raunin er líklegt að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti minnki um nálægt 200 m.kr. miðað við forsendurnar hér að framan. Ef niðurstaða verður hins vegar sú að hlutafélagið fái skráningu og yrði talið vera í blandaðri starfsemi yrði tekjutap ríkisins trúlega 50–60 m.kr. meira.

Áætlað er að stofnunin Ríkisútvarpið hafi skuldað ríkissjóði 700 m.kr. um mitt yfirstandandi ár. Skuldin hefur ekki verið vaxtareiknuð fremur en almennt tíðkast um viðskiptareikninga ríkisstofnana hjá ríkissjóði. Gera verður ráð fyrir að hlutafélagið verði krafið um vexti af skuldinni og ef miðað yrði við 7% vexti mundi það greiða ríkissjóði um 50 m.kr. í tekjur á ári.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið leggi allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar stofnunarinnar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins. Samkvæmt ríkisreikningi 2004, sem er síðasti reikningur sem liggur fyrir, námu eignir Ríkisútvarpsins liðlega 4,7 milljörðum kr. í lok þess árs. Þar af voru fastafjármunir metnir á 3,7 milljarða kr. en veltufjármunir stóðu í 1 milljarði. Á móti komu liðlega 4,7 milljarðar í skuldir og nam eigið fé stofnunarinnar 10 m.kr. í árslok. Mestu munaði um skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem var áætluð 2,6 milljarðar kr. síðastliðið vor og er áætlað að afborgun af skuldabréfinu sé um 220 m.kr. í ár. Nýrri tölur liggja ekki fyrir við gerð þessa kostnaðarmats.

Í bráðabirgðaákvæðinu er einnig kveðið á um að ríkissjóður leggi hlutafélaginu til að minnsta kosti 5 m.kr. hlutafé sem greitt verði úr ríkisjóði innan ákveðins tíma. Hlutaféð yrði

ekki talið til útgjalda hjá ríkinu samkvæmt bókhaldsreglum ríkisins heldur til eignar, en afla þarf heimildar fyrir greiðslunni í fjárlögum.

Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er fjallað um breytingar sem snúa að starfsmönnum stofnunarinnar Ríkisútvarpsins. Lagt er til að hlutafélagið bjóði þeim starf og að um biðlaunarétt starfsmanna gildi ákvæði laga nr. 70/1996. Þó er lagt til að réttur starfsmanna verði ríkari þannig að þeir haldi honum verði starf sem þeir taka hjá hlutafélaginu lagt niður fyrir árslok 2008. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu frá því síðastliðið vor eiga 163 starfsmenn biðlaunarétt að upphæð 467 m.kr. Hins vegar eru ekki forsendur til að áætla að hvaða leyti mun reyna á þetta. Útgjöld sem af þessu kunna að leiða lenda á hlutafélaginu samkvæmt fyrsta bráðabirgðaákvæði frumvarpsins og þarf því að taka tillit til skuldbindingarinnar þegar stofnefnahagsreikningur hlutafélagsins verður saminn. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar verður eigið fé hlutafélagsins því væntanlega neikvætt við stofnun þess.

Ríkisútvarpið er skuldbundið til að greiða 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum um hljómsveitina. Lagafrumvarpið felur ekki í sér breytingu á þessu en samkvæmt athugasemdum er boðað sérstakt frumvarp til breytinga á lögum um Sinfóníuhljómsveitina þar sem m.a. greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins verði felld niður. Í fjárlögum 2005 er gert ráð fyrir að greiðsluþátttakan nemi 119 m.kr.

Samkvæmt framangreindum forsendum er niðurstaða þessa kostnaðarmats sú að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni, þegar lögin eru að fullu gengin í gildi, útgjöld A-hluta ríkissjóðs ekki breytast, en sé tekið tillit til þess að í frumvarpinu er boðað að greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstri til Sinfóníuhljómsveitar Íslands falli niður aukast útgjöld ríkisins um 119 m.kr. miðað við forsendur fjárlaga 2005. Að auki benda forsendur sem greint er frá að framan til að árlegar tekjur ríkisins af virðisaukaskatti minnki um 200–260 m.kr. en á móti fái ríkið 50 m.kr. í vaxtatekjur frá hlutafélaginu þar til það hefur gert upp skuld sína við ríkið. Greiða þarf a.m.k. 5 m.kr. einsskiptis framlag úr ríkissjóði vegna hlutafjár við stofnun félagsins.

518. Frumvarp til laga [402. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „56%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 82%.
b. B-liður 1. mgr. fellur brott.
c. D-liður 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að fella niður ákvæði laga um Ríkisútvarpið er varðar þátttöku þess í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það sama verði einnig gert um þátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Með lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, var mælt fyrir um hvernig standa skyldi að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Skv. 1. mgr. 3. gr. laganna var mælt fyrir um greiðsluþátttöku eftirfarandi aðila og var hún svohljóðandi:

	Aðili	**Greiðsluþátttaka**
a.	Ríkissjóður	56%
b.	Ríkisútvarpið	25%
c.	Borgarsjóður Reykjavíkur	18%
d.	Bæjarsjóður Seltjarnarness	1%

Frumvarp þetta er liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins. Í menntamálaráðuneytinu hefur verið unnið að samningu frumvarps þar sem ráðgert er að breyta rekstri Ríkisútvarpsins þannig að hlutafélag verði stofnað og taki við rekstri þess. Með frumvarpinu er ráðgert að fella úr gildi þá lagaskyldu sem falist hefur í b-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að teknu tilliti til þessarar breytingar er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og því er lagt til að menntamálaráðuneytið tilnefni mann í stjórn.

Varðandi niðurfellingu á greiðsluþátttöku Seltjarnarnesbæjar í rekstri hljómsveitarinnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hefur bæjarstjórn Seltjarnarness ítrekað móttmælt því að greiðsluþátttaka sveitarfélagsins í gildandi lögum standi óhögguð og óskað eftir því að lagabreyting verði gerð á þann veg að fella hana niður. Hefur bæjarstjórn bent á að þegar hún samþykkti aðild að rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar á árinu 1982 hafi verið gert ráð fyrir því að fleiri sveitarfélög en Reykjavík og Seltjarnarnes tækju þátt í rekstrinum, en svo hefði ekki orðið. Með frumvarpinu er orðið við þessum óskum Seltjarnarnesbæjar og því lagt til að d-liður 1. mgr. 3. gr. falli brott. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, enda náin samvinna milli ríkisins og Reykjavíkurborgar á ýmsum sviðum menningarstarfsemi, svo sem vegna Listahátíðar í Reykjavík og nú síðast samstarfsverkefni ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík þar sem m.a. hljómsveitin mun hafa aðstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu er með frumvarpi þessu lagt til að lagaskylda sú sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu og Seltjarnarnesbæ um þátttöku þeirra í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði felld niður og að framlag ríkissjóðs hækki sem nemur þessum framlögum úr 56% í 82%.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið. Það felur í sér tillögu um að ríkissjóður beri 25% hlut Ríkisútvarpsins í rekstri hljómsveitarinnar og 1% hlut Seltjarnarnesbæjar. Jafnframt eru lagðar til breytingar á skipan stjórnar sem þessu tengjast. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að það auki útgjöld ríkisins um 123 m.kr. á ári miðast við forsendur í fjárlögum fyrir árið 2005 en um 138 m.kr. miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2006.

519. Frumvarp til laga [403. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Gjöld vegna mála á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum,** með einni nýrri grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Í málum samkvæmt lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

a. Fyrir beiðni til héraðsdóms skv. II. kafla laganna ..... 3.900 kr.
b. Fyrir beiðni til sýslumanns skv. III. kafla laganna ..... 6.300 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 27. tölul. 1. mgr. orðast svo:
Fyrir umsókn og tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt:
1. Fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt ..... 10.000 kr.
2. Fyrir tilkynningu um íslenskan ríkisborgararétt ..... 5.000 kr.

b. Við 1. mgr. bætast fimm nýir töluliðir, 32.–36. tölul., svohljóðandi:
32. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir 18 ára og eldri:
a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi ..... 4.000 kr.
b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi .... 2.000 kr.
33. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi fyrir yngri en 18 ára:
a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um EES-dvalarleyfi, fyrsta leyfi ..... 2.000 kr.
b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á EES-dvalarleyfi .... 1.000 kr.
34. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir 18 ára og eldri:
a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi ..... 8.000 kr.

b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi ..... 8.000 kr.
c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi ..... 4.000 kr.

35. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og búsetuleyfi fyrir yngri en 18 ára:
a. Fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi, fyrsta leyfi ..... 4.000 kr.
b. Fyrir afgreiðslu umsóknar um búsetuleyfi ..... 4.000 kr.
c. Fyrir afgreiðslu umsóknar um framlengingu á dvalarleyfi ..... 2.000 kr.

36. Beiðni til mannanafnanefndar um að setja nýtt nafn á mannanafnaskrá . 2.000 kr.

3. gr.

Á eftir 14. gr. a laganna kemur ný grein, 14. gr. b, svohljóðandi:
Greiða skal 1.500 kr. fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að undanskilinni 1. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði gjöld af beiðnum til héraðsdóms og sýslumanns á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til slíkra laga.

Í annan stað er lagt til að gjald fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og að gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 í 5.000 kr.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og búsetuleyfi.

Í fjórða lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um samþykki fyrir nafni.

Í fimmta lagi er lagt til að tekið verði gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði en gert er ráð fyrir í lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, að kveðið sé á um slíka gjaldtöku í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í takt við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að tekin verði gjöld af beiðnum til héraðsdóms og sýslumanns á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til slíkra laga. Við ákvörðun gjaldanna var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er kveða á um gjöld fyrir þingfestingu einkamáls og gjöld fyrir fullnustugerðir, enda er hér um nokkra samsvörun að ræða.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að gjald fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og að gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 í 5.000 kr. Mikil vinna og fyrirhöfn er í kringum veitingu ríkisborgararéttar, en umsóknir um ríkisborgararétt eru sendar til umsagnar Útlendingastofnunar og lögreglustjóra. Tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt eru hins vegar ekki sendar til umsagnar og þykir því eðlilegt

að gjaldið sé lægra fyrir þær. Til samanburðar má geta þess að gjald fyrir ríkisborgarabréf í Danmörku er um 11.000 kr., í Finnlandi er gjaldið 38.000 kr., í Noregi er það 22.000 kr. og í Svíþjóð er gjaldið 16.500 kr.

Í b-lið er lagt til er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og búsetuleyfi. Gríðarleg aukning hefur verið í umsóknum um slík leyfi á undanförnum árum og mikil vinna og umstang liggur að baki hverri afgreiðslu. Lagt er til að gjöldin verði á bilinu 1.000–8.000 kr.

Loks er í b-lið lagt til að tekið verði upp hóflegt gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um samþykki fyrir nafni.

Um 3. gr.

Í lokamálslið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, er gert ráð fyrir að kveðið sé á um gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaðinu í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Hér er lagt til að það gjald verði 1.500 kr. en þess má geta að árs-áskriftargjald fyrir prentaða útgáfu Lögbirtingablaðs er 12.000 kr.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem eru í samræmi við forsendur tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2006. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

520. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera á að öllu leyti.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum.

4. gr.

Við 4. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga skal birta á vefsíðu félagsins ef til er en ella annars staðar á vefnum.

5. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund.

6. gr.

Við 2. mgr. 88. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í samþykktum opinbers hlutafélags skal kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

7. gr.

Við 6. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

8. gr.

Við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar, sem lagðar eru fram í opinberum hlutafélögum, geta m.a. byggst á spurningum hluthafa til félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

9. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vefsíðu sinni ef til er en ella annars staðar á vefnum. Jafnframt skal birta þar ársreikning, samstæðureikning og hálfsársuppgjör opinbers hlutafélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu. Þykir rétt að setja inn í lög um hlutafélög nokkur ákvæði varðandi opinber hlutafélög, þ.e. hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti. Koma ákvæðin til viðbótar þeim ákvæðum í lögum um hlutafélög sem fela í sér almennar leikreglur um hlutafélög hér á landi. Um sum opinber hlutafélög hafa einnig verið sett sérlög eða sérlagaákvæði, t.d. um viðskiptabanka á sínum tíma. Hafa þau lög m.a. falið í sér undanþágu frá almennum reglum hlutafélagalaganna. Þá má nefna að ýmis dæmi eru um sérlög um hlutafélög í opinberri eigu, t.d. hlutafélög með ríkisaðild á sviði iðnaðar.

Við samningu frumvarpsins var m.a. litið á ákvæði í danskri og norskri löggjöf en ekki hafa verið sett almenn lög um opinber hlutafélög í Danmörku og Noregi. Þá geyma dönsku lögin um ársreikninga nokkur ákvæði um opinber hlutafélög.

Nefna má að hér á landi geta ákvæði laga um ársreikninga og fleiri laga skipt máli um opinber hlutafélög. Ákvæði stjórnsýslulaga, laga um upplýsingaskyldu og laga um opinbera starfsmenn gilda ekki formlega um opinber hlutafélög.

Í frumvarpinu er m.a. að finna skilgreiningu á opinberu hlutafélagi, sérstakt ákvæði um að gæta skuli að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við kjör í stjórn opinbers hlutafélags, ákvæði um skýrslugjöf stjórnarmanna um eign þeirra í félögum, birtingu samþykkta og starfsreglna á vefnum og sams konar upplýsinga og varðandi hlutafélög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, auk heimildar til handa fulltrúum fjölmiðla til að sækja aðalfund.

Tekið skal fram að í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, eru ákvæði sem snerta opinber hlutafélög. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er þannig áskilið að á aðalfundi í hlutafélagi, sem ríkissjóður á helmings hlut eða meira í, skuli gerð tillaga um að hún endurskoði reikninga þess félags. Í 9. gr. segir að Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun í slíku ríkishlutafélagi. Í slíkri endurskoðun felst að könnuð yrði meðferð og nýting ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi. Samkvæmt 10. gr. hefur Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta varðandi stjórnsýsluendurskoðun sína.

Bent skal á lög um bókhald og ársreikninga heyra undir fjármálaráðherra. Í þeim eru nú þegar einhver ákvæði sem skipt geta máli varðandi opinber hlutafélög. Í þeim lögum er m.a. að finna ákvæði um árshlutareikninga. Bókhalds- og ársreikningalöggjöfin er stöðugt í endurskoðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nokkur sérstök ákvæði um opinber hlutafélög. Í greininni eru þau skilgreind þannig að um sé að ræða félög sem hið opinbera á að öllu leyti, t.d. ríki og ríkisstofnanir og sveitarfélög og stofnanir sveitarfélaga.

Um 2. gr.

Rétt þykir bæta við í greininni sérstakri skírskotun til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að því er snertir val í stjórn opinbers hlutafélags.

Um 3. gr.

Rétt þykir að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum gefi stjórninni skýrslu um eign sína í félögum með sama hætti og stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum í hlutafélögum er nú skylt að gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í viðkomandi félagi og félögum innan sömu samstæðu. Í greininni felst að tilkynna þarf stjórninni breytingu á eignaraðild.

Um 4. gr.

Í greininni er tillaga um birtingu starfsreglna stjórna í opinberum hlutafélögum en slíkar reglur geta skipt talsverðu máli um skilning á starfsemi félaganna.

Um 5. gr.

Rétt þykir að auka möguleika almennings á að fá upplýsingar um málefni opinberra hlutafélaga með þeim hætti að heimila fjölmiðlum að sækja aðalfundi í þessum félögum. Samsvarandi ákvæði er í 65. gr. dönsku hlutafélagalaganna.

Um 6. gr.

Rétt þykir að kveða á um skyldu til að boða ákveðna aðila á hluthafafundi í opinberu hlutafélagi. Fulltrúa fjölmiðla skal þó aðeins boða á aðalfund. Félaginu er að sjálfsögðu heimilt að bjóða fleiri aðilum á hluthafafundi, t.d. fulltrúum starfsmanna.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að fulltrúar fjölmiðla eigi aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða vegna aðalfundar sem þeir hafa rétt til að sækja. Einungis hluthafar eiga þennan aðgang nú. Réttur fjölmiðlanna takmarkast við aðalfundinn. Félag getur, ef því sýnist svo, veitt rýmri aðgang að fundargerðum sínum, jafnvel á vefnum.

Um 8. gr.

Rétt þykir að gera tillögu um viðbótarmálslið þess efnis að upplýsingagjöf félags og framkvæmdastjóra geti falið í sér svör við spurningum hluthafa um málefni félagsins. Það hefði á sér vissa samsvörun í 76. gr. danskra hlutafélagalaga.

Um 9. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að gera almenningi hægara um vik að fá upplýsingar um grundvallaratriði varðandi opinber hlutafélög, í þessu tilviki upplýsingar um samþykktir félagsins. Þá þarf ekki að leita til hlutafélagaskrár og greiða fyrir þær upplýsingar.

Samkvæmt 69. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, starfrækir ríkisskattstjóri ársreikningaskrá og skal hún veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru, þ.e. ársreikningum og samstæðureikningum en VIII. kafli þeirra laga fjallar um birtingu ársreiknings. Tekið er gjald fyrir.

Af sömu ástæðu og hvað snertir birtingu samþykkta opinbers hlutafélags á vefnum er lagt til að sama gildi um ársreikning og samstæðureikning slíkra félaga, svo og hálfsársuppgjör með hliðsjón af reglum um hlutafélög sem skráð eru á opinberan verðbréfamarkað.

Um 10. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er m.a. að bæta aðgengi almennings og annarra að upplýsingum um hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það óbreytt að lögum.

521. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um starfsmannaleigur.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Þorsteinsson og Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurð Bessason frá Eflingu, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Ragnhildi Arnljótsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Atla Gíslason, Kjartan Norðdahl og Örnólf Jónsson frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Indriða Þorlákssson frá embætti ríkisskattstjóra, Björn Bergsson, Finnbjörn Hermannsson og Þorbjörn Guðmundsson frá Samiðn, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Vilhjálm Birgisson frá Verkalýðsfélagi Akraness, Elínu Blöndal dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins og Sigurð P. Sigmundsson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun. Nefndinni bárust skriflegar umsagnir frá Alhjúkrun, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Liðsinni ehf., Oddi Friðrikssyni yfirtrúnaðarmanni við Kárahnjúka, Rafiðnaðarsambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Samiðn, Samorku, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Verkalýðsfélagi Akraness og Viðskiptaráði.

Frumvarpið felur í sér að sett verði í fyrsta sinn heildarlög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Félagsmálaráðherra skipaði árið 2004 starfshóp til að skoða stöðu starfsmannaleigna á íslenskum vinnumarkaði, þ.m.t. starfsumhverfi starfsmannaleigna sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins en kjósa að veita þjónustu hér á grundvelli 36.–39. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess var starfshópnum ætlað að kanna nauðsyn þess að sett yrðu sérlög eða lagaákvæði í gildandi lög um starfsemi starfsmannaleigna hér á landi. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og félagsmálaráðuneyti. Samstaða náðist um að sett yrðu sérlög um starfsmannaleigur og gerðu fulltrúar aðila samkomulag um þau atriði sem fram koma í því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram. Samkomulagið náðist 15. nóvember sl. og var það ein af forsendum þess að ekki kom til uppsagnar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Talsverður órói hefur skapast á íslenskum vinnumarkaði með tilkomu starfsemi erlendra starfsmannaleigna hér á landi. Frumvarpi þessu er ætlað að skýra leikreglur á vinnumarkaði þannig að starfsemi starfsmannaleigna verði mótaður ákveðinn rammi. Frumvarpið á að stuðla að því að ekki komi til félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði með þeim

hætti að erlendir starfsmenn komi hingað til starfa á lakari kjörum en ákveðin eru samkvæmt kjarasamningum og lögum. Þá er ekki síður lögð áhersla á að takmarka möguleika á óheilbrigðri samkeppni við þann meginþorra fyrirtækja sem fer í öllu að lögum og hefur í sinni þjónustu starfsmenn sem njóta starfskjara samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Taka skal fram að með frumvarpinu er ekki ætlunin að hrófla við þeirri óskráðu meginreglu að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda. Á Íslandi ríkir ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem er ætlað að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi.

Á fundum nefndarinnar var rætt um skilgreiningu hugtaksins starfsmannaleiga og í einstaka umsögnum kom fram gagnrýni á það hvernig hugtakið er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Til að taka af öll tvímæli skal tekið fram að það er hvorki ætlun löggjafans að lögin nái til þess þegar um tilfallandi lán á starfsmönnum er að ræða, né heldur verktakasamninga.

Hvað varðar 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um eftirlit, þá kemur fram þar að Vinnumálastofnun skuli, í þeim tilvikum er starfsmannaleiga hefur gerst sek um brot gegn ákvæðum laganna, krefjast þess með „hæfilegum fyrirvara“ að starfsmannaleiga starfi í samræmi við lög, ella verði unnt að krefjast þess að lögregla stöðvi starfsemi tímabundið eða loki starfsemi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar, sbr. 11. gr. Þetta orðalag er ekki óþekkt í íslenskum lögum en nefna má að í 84. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er sambærilegt orðalag notað. Vinnumálastofnun hefur samkvæmt þessu svigrúm við mat á því hversu langan frest starfsmannaleiga fær til að ráða bót á málum sínum. Eðlilegt þykir að starfsmannaleiga fái hæfilegan frest að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar þar sem um afar íþyngjandi aðgerð er að ræða þegar starfsemi er stöðvuð tímabundið eða jafnvel lokað.

Nefndin telur rétt að taka fram að þessu frumvarpi er ekki ætlað að breyta meginreglum sem gilda í samskiptum vinnuveitenda og launafólks og ber vinnuveitendum að virða gildandi kjarasamninga og önnur lög sem gilda á vinnumarkaði. Það á einnig við um starfsmannaleigur, bæði íslenskar og erlendar, sem veita tímabundna þjónustu hér á landi, sbr. t.d. lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja. Þá er frumvarpi þessu ekki ætlað að breyta hlutverki aðila vinnumarkaðarins við að halda uppi skipulagi á íslenskum vinnumarkaði, þar á meðal að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir.

Ákvæði 9. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, heldur vitanlega gildi sínu en ákvæðið fjallar um störf trúnaðarmanna stéttarfélaga. Sama gildir um ákvæði kjarasamninga sem fjalla nánar um efnið. Skal trúnaðarmaður meðal annars gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans. Þá er í gildi samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði en þar er kveðið nánar á um rétt trúnaðarmanna til að yfirfara gögn um laun og önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningur tekur til. Jafnframt var sett á fót sérstök samráðsnefnd sem getur krafist nauðsynlegra gagna frá vinnuveitanda um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem mál varðar. Samkomulagi þessu var veitt almennt gildi með 2. gr. laga. nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. lög nr. 145/2004. Fram kom hjá fulltrúum ASÍ og SA í nefndinni að samkvæmt því gætu trúnaðarmenn eða fulltrúi viðkomandi stéttarfélags ef trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi krafið starfsmannaleigur um að fá að yfirfara gögn til að sannreyna að kaup og kjör starfsfólks starfsmannaleigna væru í samræmi við kjarasamninga. Takist trúnaðarmönnum ekki

að leysa þann ágreining sem kann að rísa um kjör einstakra starfsmanna er unnt að vísa málinu til umræddrar nefndar.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins skal starfsmannaleiga veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna. Vinnumálastofnun skal afla þeirra upplýsinga sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar til að fylgjast með því að farið sé að lögum. Í frumvarpinu er því kveðið á um að ákveðnar frumupplýsingar skuli ávallt skila sér, sbr. 2. gr. frumvarpsins um skráningu og 4. gr. um tilkynningarskyldu. Í 10. gr. er ákvæði sem verður virkt ef rökstuddur grunur vaknar um að brot gegn réttindum launafólks eigi sér stað innan starfsemi starfsmannaleigna. Nefndin lítur ekki svo á að þessu kerfi sé ætlað að hafa áhrif á þær heimildir sem verkalýðshreyfingin hefur nú þegar til að fylgjast með að kjarasamningum sé fylgt eftir. Telur nefndin mikilvægt að Vinnumálastofnun sé áfram í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins en helstu samtök þeirra eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Nefndin leggur þannig áherslu á að því vinnumarkaðskerfi sem hefur verið í þróun á síðustu áratugum verði viðhaldið og lítur nefndin svo á að frumvarp þetta feli í sér ákveðið frávik frá þeim meginreglum sem gilda. Frumvarpið breytir ekki eftirlitshlutverki aðila vinnumarkaðarins en kemur því til stuðnings, m.a. ef vinnuveitendur sinna ekki upplýsingagjöf gagnvart þeim. Frumvarpinu er þannig ætlað að vera til stuðnings gildandi kerfi að því er starfsmannaleigur varðar. Jafnframt er því ætlað að tryggja að íslensk stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Til umræðu kom í nefndinni hvort frumvarpið standist ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Var í þessu sambandi rætt um hvort 3. gr., þess efnis að starfsmannaleiga skuli hafa fulltrúa hér á landi, sé of íþyngjandi og standist ekki ákvæði samningsins. Meginreglan samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er að engin höft megi leggja á veitingu þjónustu yfir landamæri innan EES og að fyrirtæki og einstaklingar geti stundað starfsemi tímabundið í öðru ríki með sömu skilyrðum og gilda um ríkisborgara hins ríkisins. Skv. 33. gr. samningsins, sbr. 39. gr., er þó heimilt í vissum tilfellum sem upp eru talin í ákvæðinu að leggja höft á veitingu þjónustu sem kunna að fela í sér mismunun gagnvart þjónustuveitendum frá öðrum EES-ríkjum. Þrátt fyrir meginregluna um að engin höft megi leggja á þjónustuviðskipti hefur dómstóll EB með fordæmum sínum mótað reglur um að ákveðin höft á þjónustuviðskipti geti í öðrum tilfellum verið réttlætanleg.

Samkvæmt frumvarpinu hafa þjónustuveitendur á Evrópska efnahagssvæðinu jafnan markaðsaðgang og innlend fyrirtæki, sömu kröfur eru gerðar til þeirra um skráningu og þau eiga jafna möguleika í samkeppni á markaðnum um veitingu starfsmannaleiguþjónustu.

Í 3. gr. frumvarpsins eru gerðar kröfur um að fyrirtæki sem ekki hafi staðfestu á Íslandi skuli tilnefna fulltrúa sem hafi dvalarstað á Íslandi meðan þjónustan er veitt ef þjónustan varir lengur en 10 virka daga. Hlutverk fulltrúans er fyrst og fremst að veita upplýsingar sem lögskylt er að veita og vera jafnframt til þess bær að taka löglega við stjórnvaldsákvörðunum eða eftir atvikum birtingu stefnu sem til fyrirtækisins er beint.

Starfsemi starfsmannaleigna varðar verulega persónulega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni starfsfólks á vinnumarkaði óháð þjóðerni þess, jafnvægi á vinnumarkaði og samkeppnishæfi fyrirtækja á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Tilgangur ákvæðisins er að auðvelda yfirvöldum að fylgjast með að framfylgt sé lágmarksreglum vinnumarkaðarins og að unnt sé að koma tilkynningum til starfsmannaleigu ef á þarf að halda. Ákvæði um að allar starfsmannaleigur skuli hafa fulltrúa staðsettan hér á landi telur nefndin samræmast EES-samningnum enda sé það gert í þágu almannaheilla og þjóni þannig lögmætu markmiði. Þá

varðar reglan öll fyrirtæki óháð staðfestu, verður að teljast hófleg miðað við tilefnið og hindrar ekki aðgang að markaðnum.

Fram kom í nefndinni að eðlilegt væri að taka til skoðunar vinnuverndarmál og skattamál er lúta að starfsmönnum starfsmannaleigna og beinir nefndin því til viðkomandi ráðherra. Í því sambandi þyrfti að skoða þau mál með heildstæðum hætti í þeim lögum sem um þessa málaflokka fjalla.

Nefndin fékk þær upplýsingar frá fulltrúum Vinnumálastofnunar að verði frumvarpið að lögum aukist árlegur kostnaður stofnunarinnar um 12–15 millj. kr., auk stofnkostnaðar vegna búnaðar sem fellur á stofnunina. Fulltrúi félagsmálaráðuneytis kom því á framfæri að ráðuneytið hefði nýlega farið yfir kostnaðaráhrif með Vinnumálastofnun og teldi vera svigrúm til að mæta aukakostnaði innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar þar sem atvinnuleysi hefur minnkað umtalsvert að undanförnu og þar með umsvif Vinnumálastofnunar. Ráðuneytið teldi því ekki þörf á viðbótarfjármagni að svo stöddu. Nefndin telur að Vinnumálastofnun muni gegna mikilvægu hlutverki verði frumvarpið að lögum og telur því mikilvægt að ef í ljós kemur að kostnaðaráhrif vegna nýrra laga um starfsmannaleigur rúmast ekki innan fjárhagsramma stofnunarinnar verði það mál skoðað sérstaklega.

Nefndin flytur breytingartillögu við frumvarpið, þess efnis að sett verði inn ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin skuli endurskoða innan tveggja ára. Telur nefndin eðlilegt að lögfesta slíkt ákvæði þar sem um ný heildarlög er að ræða sem fjalla um reglur á vinnumarkaði gagnvart starfsmannaleigum. Eðlilegt er að skýrt sé kveðið á um endurskoðun laganna strax og nokkur reynsla er komin af þeim, þ.e. innan tveggja ára.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur.

Magnús Þór Hafsteinsson og Pétur H. Blöndal standa ekki að áliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa orðið ásátt um eftirfarandi málsmeðferð í ágreiningsmálum er varða erlenda starfsmenn.

Forsendur og sameiginleg markmið

Samtökin eru sammála um að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum um frjálst flæði vöru, fjármagns, þjónustu og launafólks yfir landamæri ríkja hafi jákvæð áhrif á hagsmuni einstaklinga og fyrirtækja hér á landi samfara auknu framboði á vörum og þjónustu, útbreiðslu þekkingar milli landa, aukinni samkeppni milli fyrirtækja, framþróunar á ýmsum sviðum samfélagsins og fjölgunar starfa.

EES samningurinn felur í sér að ríkisborgarar aðildarríkjanna geta farið á milli landa í atvinnuskyni án atvinnuleyfis. Fyrirtæki sem þar hafa staðfestu eiga einnig rétt á að veita þjónustu í öðru aðildarríki með eigin starfsmönnum án sérstaks leyfis. Ríkisborgarar EFTA ríkja eiga í meginatriðum sama rétt samkvæmt stofnsamningi EFTA.

Meginreglan er að aðrir útlendingar (þriðja lands borgarar) verða ekki ráðnir til vinnu hér á landi án atvinnuleyfis.

Aðilar þessa samkomulags eru þeirrar skoðunar að breytingar á samsetningu vinnuafls vegna fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, eigi ekki að raska gildandi fyrirkomulagi við ákvörðun launa og annarra starfskjara launafólks með kjarasamningum. Áfram verði byggt á gildandi reglum um framkvæmd kjarasamninga.

Það er sameiginlegt viðfangsefni aðila að stuðla að því að fyrirtæki, sem nýta erlent vinnuafl vegna framleiðslu sinnar eða þjónustu, greiði laun og starfskjör í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi.

Ef kjarasamningar eru ekki virtir grefur það undan starfsemi annarra fyrirtækja og spillir forsendum eðlilegrar samkeppni og dregur úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.

Aðilar eru sammála um að aðlögun erlends vinnuafls og erlendra fyrirtækja að venjum og hefðum á íslenskum vinnumarkaði og samfélagi sé til þess fallin að skapa traust og frið í samskiptum aðila.

Réttur launafólks til að vinna tiltekin störf er í lögum víða bundinn skilyrðum um að viðkomandi hafi lokið tilteknu námi eða öðlast sérstaka löggildingu til að mega starfa í starfsgreininni. EES- samningurinn kveður á um rétt erlends launafólks til að fá menntun sína, starfsréttindi og starfsreynslu sem það hefur aflað í öðru EES-ríki viðurkennd hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem um það gilda.

Meginreglur um starfskjör útlendinga

Með þessu samkomulagi vilja Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tryggja framkvæmd gildandi laga um starfskjör útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þessar reglur er einkum að finna á eftirfarandi sviðum:

- *Laun og önnur starfskjör.* Í lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 , er kveðið á um að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör, óháð þjóðerni fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er kjarasamningur tekur til.

- *Starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja, þar með talið starfsmannaleiga.* Lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja nr. 54/2001, kveða m.a. á um að starfsmenn skuli, meðan þeir starfa hér, njóta kjarasamningsbundinna launa, orlofsréttinda og reglna á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum.

- *Frjáls för launafólks.* EES-samningurinn og lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993, kveða á um að óheimilt sé að láta launafólk sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem það starfar í gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör.

- *Atvinnuleyfi ríkisborgara þriðju ríkja.* Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002, kveða á um að atvinnuleyfi veiti rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og að fyrir liggi ráðningarsamningur sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög nr. 55/1980.

Upplýsingar um laun og önnur starfskjör erlends launafólks

Það er hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustað að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki, sbr. 9. gr. l. 80/1938. Sé rökstuddur grunur um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks hefur trúnaðarmaður á grundvelli þessa samkomulags rétt á semað yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningur tekur til og starfa hjá viðkomandi vinnuveitanda og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum sem slíkra réttinda er krafist.

Sé ekki trúnaðarmaður á vinnustað hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn og ber sömu skyldur.

Upplýsingarnar skulu að jafnaði veittar með því að trúnaðarmaður fái að sjá afrit af launaseðlum eða öðrum gögnum er staðfesti launagreiðslur og önnur starfskjör hlutaðeigandi starfsmanna. Trúnaðarmanni er óheimilt að fara með upplýsingarnar út af vinnustaðnum. Trúnaðarmaður skal gæta trúnaðar um upplýsingar sem honum eru látnar í té. Trúnaðarmanni er þó heimilt að ráðfæra sig við viðkomandi stéttarfélag og ber fulltrúum stéttarfélagsins þá að gæta fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem þeir fá vitneskju um.

Fallist vinnuveitandi ekki á beiðni trúnaðarmanns um að veita honum aðgang að upplýsingum um laun og önnur starfskjör útlendings og/eða ágreiningur er um hvort ákvæði kjarasamninga eða laga séu virt, sbr. lög 55/1980, lög. 54/2001 og reglugerð nr. 1612/68/EBE um frjálsa för launþega, sbr. lög nr. 47/1993, og ekki hefur tekist að leysa þann ágreining innan fyrirtækis er heimilt að vísa þeim ágreiningi til sérstakrar samráðsnefndar ASÍ og SA.

Samráðsnefnd ASÍ og SA

Samráðsnefnd ASÍ og SA sem fjallar um málefni útlendinga samkvæmt samningi þessum skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur skipuðum af ASÍ og því landssambandi sem málið varðar og tveimur fulltrúum skipuðum af SA.

Samráðsnefnd skal leita leiða til að upplýsa mál sem vísað er til hennar skv. framangreindum reglum og leiða ágreining til lykta með viðræðum sín á milli.

Mál sem vísað er til nefndarinnar skulu tekin til umfjöllunar í nefndinni innan tveggja vikna nema sérstakar ástæður hamli.

Við athugun máls getur nefndin krafist nauðsynlegra gagna frá viðkomandi vinnuveitanda um laun eða önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem málið varðar og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum þar sem slíkra réttinda er krafist. Heimildin tekur til þeirra erlendu starfsmanna sem kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ taka til, sbr. 1. gr. laga 55/1980.

Trúnaðarmaður eða fulltrúi stéttarfélags sem komið hefur í stað trúnaðarmanns er óbundinn af trúnaði varðandi samskipti sín við nefndina vegna mála sem þar eru til umfjöllunar. Þá geta fulltrúar í samráðsnefndinni leitað til trúnaðarmanns eða fulltrúa stéttarfélags sem komið hefur í stað trúnaðarmanns samkvæmt framansögðu til að afla frekari upplýsinga vegna þeirra mála sem til umfjöllunar eru.

Samráðsnefnd og einstakir fulltrúar í nefndinni skulu gæta trúnaðar um upplýsingar sem aflað er frá atvinnurekanda, trúnaðarmanni eða fulltrúa stéttarfélags og er óheimilt að afhenda eða greina þriðja aðila frá efni þeirra.

Niðurstaða nefndarinnar skal kynnt deiluaðilum.

Þrátt fyrir niðurstöðu nefndarinnar er heimilt að vísa máli til dómstóla. Trúnaðarskylda skv. framansögðu hindrar í því tilviki ekki framlagningu gagna í dómsmáli.

Reykjavík 7. mars 2004

F.h. ASÍ og landssambanda þess

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Bókun

Aðilar munu jafnframt beina því til félagsmálaráðherra að samkomulagi þessu verði veitt almennt gildi á sama hátt og samningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins samkvæmt lögum um starfskjör launafólks, nr. 55/1980. Samkomulaginu verði þannig veitt lagagildi hvað varðar málsmeðferð í ágreiningsmálum um hvort laun og ráðningarkjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga á því starfssviði sem samkomulagið tekur til. Sjá nánar eftirfarandi tillögu til breytinga á lögum nr. 55/1980.

Tillaga til breytinga á lögum nr. 55/1980
2. gr.

Samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, hafa sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr.

522. Breytingartillaga [366. mál]

við frv. til l. um starfsmannaleigur.

Frá félagsmálanefnd.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

523. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um fjarskiptasjóð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson, Unni Gunnarsdóttur, Karl Alvarsson og Bergþór Ólason frá samgönguráðuneyti, Hrafnkel V. Gíslason og Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Dóru Sif Tynes og Eirík S. Jóhannesson frá Dagsbrún, Arnþór Halldórsson og Ragnar Aðalsteinsson frá Hive, Jónatan Svavarsson frá Orkuveitu Reykjavíkur og Pál Ásgrímsson frá Símanum.

Með frumvarpinu er skotið stoðum undir ályktun Alþingis um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010 sem samþykkt var 11. maí sl. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður til að ráðstafa fjármunum til framkvæmda á þessu sviði. Þá er lagt til að setja sjóðnum

stjórn og skipulag. Gerð er tillaga um að sjóðurinn heyri stjórnskipulega undir samgönguráðuneytið.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé að fjárhæð 2.500 millj. kr., en stjórn sjóðsins ákveður greiðslu fjárins til einstakra verkefna í samræmi við fjarskiptaáætlun og ákvæði fjarskiptalaga.

Nefndin leggur áherslu á að sjóðurinn standi straum af kostnaði við nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptakerfis hér á landi og þá sé fyrst og fremst miðað við stofnkostnað en ekki þjónustu. Þá leggur nefndin áherslu á að við úthlutun úr sjóðnum skuli gæta að samkeppnissjónarmiðum og að verklag við úthlutun sé skýrt.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að því að efnisákvæði 7. gr. frumvarpsins eru gerð ítarlegri. Mikilvægt er að skýrt sé kveðið á um að sá kostnaður sem Póst- og fjarskiptastofnun mun bera vegna verkefna sem henni verða falin verði greiddur úr fjarskiptasjóði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

7. gr. orðist svo:

Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara sem lýtur að sölu Símans.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2005.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

524. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Ástu Valdimarsdóttur frá Einkaleyfastofu, Sólveigu Guðmundsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hjörleif Þórarinsson, formann Samtaka framleiðenda

frumlyfja, Ernu Sigmundsdóttur, markaðsstjóra Samtaka framleiðenda frumlyfja, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Stefán J. Sveinsson, Gunnar Þór Pétursson og Björn Aðalsteinsson frá Actavis.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar á 49. gr. laga um einkaleyfi, annars vegar að tveimur málsliðum verði bætt við 1. mgr. og hins vegar að bætt verði við nýrri málsgrein. Ákvæði 49. gr. laganna varðar heimild til nauðungarleyfis og skilyrði til að fá slíkt leyfi. Samkvæmt greininni verður nauðungarleyfi eingöngu veitt þeim sem ekki hefur með samningi tekist að fá nytjaleyfi með sanngjörnum kjörum og ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

Ástæður breytinganna eru annars vegar samþykkt ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við hugsanlegum heimsfaraldri, svo sem inflúensu, en þá má búast við að innflutningur lyfja takmarkist eða stöðvist alveg um nokkurn tíma og hins vegar að laga íslenska einkaleyfalöggjöf að ákvörðun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization – WTO) frá 30. ágúst 2003 um framkvæmd svonefndrar Doha-yfirlýsingar frá 2001 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (Agreement on Trade-related Aspects of Intellectual Property Rights – TRIPS) og heilbrigði almennings (Doha Declaration on the TRIPS Agreement and Public Health).

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í neyðartilvikum hér á landi eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða séu samningaviðræður ekki skilyrði en þannig má spara dýrmætan tíma. Einkaleyfishafi skal eftir sem áður fá sanngjarna greiðslu fyrir. Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir heimild til að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja eða ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Slík nauðungarleyfi verða þó aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmist fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins.

A-liður 1. gr. frumvarpsins er óumdeildur og ekki komu fram athugasemdir varðandi hann. Við b-lið 1. gr. frumvarpsins voru hins vegar gerðar nokkrar athugasemdir, m.a. að frumvarpstextinn væri ekki nógu ítarlegur og að of margt þyrfti að útfæra nánar í reglugerð. Þá komu fram athugasemdir við að ekki væru tiltekin í frumvarpinu nein tímamörk á hvað samningaumleitanir þyrftu að standa lengi áður en leitað er nauðungarleyfis.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að því að efnisákvæði b-liðar 1. gr. frumvarpsins eru gerð ítarlegri. Þannig er gert ráð fyrir skilyrði í lögum um undanfarandi samningaumleitanir tiltekinn lágmarkstíma áður en leitað er nauðungarleyfis í þeim tilvikum þegar ekki er um að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand í þróunarríkjum og ríkjum sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda. Einnig yrði tekið sérstaklega fram í lögunum að í reglugerð yrðu m.a. sett skilyrði um magn og merkingar allra lyfja sem framleidd yrðu á grundvelli nauðungarleyfis samkvæmt þessari málsgrein.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsgrein b-liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Sá sem óskar eftir nauðungarleyfi skal sýna fram á að hann hafi án árangurs

reynt að öðlast heimild til framleiðslu frá einkaleyfishafa í þrjátíu daga. Framangreint skilyrði um samningaumleitanir á þó ekki við þegar um er að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand. Nauðungarleyfi samkvæmt þessari málsgrein verða aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmast fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins, m.a. varðandi magn og merkingar lyfjanna.

Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
Helgi Hjörvar.	Jóhann Ársælsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
	Katrín Júlíusdóttir.	

525. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Ólafsson, Borgþór S. Kjærnested og Helga Hjálmsson frá Landssambandi eldri borgara, Stefaníu Björnsdóttur, Ásgeir Guðmundsson og Einar Árnason frá félagi eldri borgara í Reykjavík.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 5,87%, um 337 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.738 kr. í 6.075 kr. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar og að gert sé ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 5,87% frá verðlagi í desember 2003 til desember 2004. Sú hækkun liggur hins vegar fyrir og þarf því ekki að áætla hana.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ágúst Ólafur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Ásta Möller, varaform., frsm.	Magnús Stefánsson.	Pétur H. Blöndal.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Drífa Hjartardóttir.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Birkir J. Jónsson.		Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

526. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Guðmund Thorlacius frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Benedikt Bogason frá Dómarafélagi Íslands, Jóhann G. Bergþórsson og Pál Hreinsson. Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitinu, Viðskiptaráði Íslands, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Dómarafélagi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Lögmannafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands, efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, fjármálaráðuneytinu, Félagi löggiltra endurskoðenda, talsmanni neytenda og refsiréttarnefnd.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukakatt þess efnis að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum eigi einungis við um þann hluta skattfjárhæðar sem er í vanskilum en ekki upphaflega skattfjárhæð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 130. og 131. löggjafarþingi en varð ekki afgreitt sem lög. Málið er nú lagt fram að nýju nokkuð breytt og í greinargerð með frumvarpinu kemur fram í hverju breytingarnar eru fólgnar.

Í umsögnum skattrannsóknarstjóra og fjármálaráðuneytisins komu fram athugasemdir um að ósamræmi væri milli frumvarpstexta og greinargerðar, þ.e. að orðalag frumvarpstextans væri rýmra en til stæði. Við umfjöllun málsins var einnig bent á að ákvæði laganna væru of ósveigjanleg og gæfu dómara ekki færi á að taka tillit til ýmissa aðstæðna, svo sem greiðslu á hluta vanskila og reglulegum skilum á gögnum. Þá kom fram að heimild virðist skorta fyrir þeirri framkvæmd skattrannsóknarstjóra að fella niður mál áður en þeim er vísað til yfirskattanefndar eða til opinberrar rannsóknar.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu þannig að tekið verði fram að fésektarlágmark, þ.e. tvöföldun upphaflegrar skuldar, eigi ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á viðkomandi sköttum, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar. Dómara er því veitt aukið svigrúm til að ákvarða sekt í þessum málum.

Enn fremur leggur nefndin til að skattrannsóknarstjóra verði heimilað að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð með því að greiða sekt enda sé málið upplýst og um minni háttar brot er að ræða, t.d. ýmiss konar athafnaleysisbrot, svo sem að skila ekki tilteknum upplýsingum eða gögnum til skattyfirvalda, vanskilamál svo og þegar brotlegir aðilar hafa leitast við að firra skattkröfueiganda, ríkissjóð og sveitarfélög tjóni með því að greiða áfallnar kröfur meðan á meðferð málsins stendur. Þótt brotið sé unnið með saknæmum hætti er alvarleiki þess talsvert annar en þegar um hefðbundin skattsvik er að ræða enda hafa málsatvik verið upplýst eins og áður hefur komið fram. Oft eiga brotlegir sér málsbætur umfram fremjendur annarra skattalagabrota, einkum þær að brotið hafi ekki verið drýgt til persónulegs ábata né heldur í hagnaðarskyni.

Nefndin telur að með sektarákvörðun skattrannsóknarstjóra sé þess að vænta að meðferð skattsvikamála fyrir dómstólum og yfirskattanefnd fækki og ætti því öll meðferð mála af því tagi að verða bæði hraðari og skilvirkari. Hugmyndir sem hér eru settar fram um afgreiðslu

mála með sektum eiga sér hliðstæðu í lögreglumálum, sbr. 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og hefur gefist vel.

Með breytingunni er réttarstaða sökunautar bætt með því að auka möguleika hans á að ljúka refsimeðferð skjótar en verið hefur og án þess að brot verði opinbert. Það er einnig ótvírætt aukinn réttur að sökunautur veit við sektarboð hvaða fjárhæð honum er ætlað að greiða í sekt. Sætti sökunautur sig ekki við sektarboðið, hann telur það of hátt eða vill ekki sæta slíkri meðferð getur hann ætíð hafnað sektarboði og fer þá um málið samkvæmt almennum reglum með venjulegri dómsmeðferð eða sektarmeðferð fyrir yfirskattanefnd.

Sett er það skilyrði að málsmeðferðinni ljúki innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk. Telur nefndin þann frest hæfilegan. Ljúki málsmeðferð ekki innan sex mánaða fer um málið samkvæmt almennum reglum með venjulegri dómsmeðferð eða sektarmeðferð fyrir yfirskattanefnd. Nefndin telur ekki rétt að gera ráð fyrir að vararefsing fylgi ákvörðun skattrannsóknarstjóra heldur fari um innheimtu sekta samkvæmt reglum sem gilda um innheimtu sekta fyrir yfirskattanefnd.

Til þess að ná markmiði breytingartillagnanna er nauðsynlegt að gera sambærilegar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og þarf fyrirsögn frumvarpsins að breytast í samræmi við það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Ásta Möller.	Ögmundur Jónasson.	Siv Friðleifsdóttir.
	Lúðvík Bergvinsson.	

527. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný fyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.**
2. Við 1. gr.
   a. Greinin orðist svo:

      Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að

standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

b. Fyrirsögn greinarinnar falli brott.

3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
   b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

4. Á undan 2. gr. komi ný fyrirsögn, svohljóðandi: II. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.**
5. Við 2. gr.
   a. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

   b. Fyrirsögn greinarinnar falli brott.

6. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
   b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu

vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

7. Á eftir nýrri grein er verði 4. gr. komi tveir nýir kaflar, III. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum,** með einni nýrri grein, 5. gr., og IV. KAFLI, **Breytingar á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með áorðnum breytingum,** með tveimur nýjum greinum, 6. og 7. gr., svohljóðandi:

a. (5. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

b. (6. gr.)

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

c. (7. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti.

Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 18. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

8. Fyrirsögn 3. gr., er verði 8. gr., falli brott.
9. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum.

528. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson, formann fráveitunefndar, Sigurð Óla Kolbeinsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti. Nefndinni barst skrifleg umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið miðar að því að ríkissjóður haldi áfram að styrkja sveitarfélög til framkvæmda við fráveitur. Auk þess er ítrekað með frumvarpinu að styrkupphæð til einkaframkvæmda verði ekki hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna. Þá verði heimilt að verja allt að 10 millj. kr. ár hvert á gildistíma laganna til rannsókna á viðtökum.

Þess má geta að samkomulag hefur verið gert milli ríkis og sveitarfélaga í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga um að framlengja gildistíma laganna. Gildistíminn framlengist um þrjú ár, eða til og með 2008, með óbreyttri fjárhæð, þ.e. 200 millj. kr. á ári.

Ríkissjóður hefur frá setningu laganna veitt sveitarfélögunum um 1,6 milljarða kr. í styrki á þessu sviði. Verði þetta frumvarp að lögum er gert ráð fyrir 600 millj. kr. framlagi næstu þrjú árin, eða 200 millj. kr. á ári.

Verulegur árangur hefur náðst í fráveitumálum, einkum í þéttbýlinu suðvestanlands, og munu 70–80% Íslendinga búa við viðundandi ástand í fráveitumálum, og standa nú betur að vígi en flestar þjóðir Evrópu hvað þennan málaflokk varðar. Mikilvægt er að ljúka verkefninu og beinir nefndin því til hlutaðeigandi aðila að gera tímasetta áætlun um framkvæmdalok.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. des. 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ásta Möller.	Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

529. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins, Guðjón Bragason og Lárus Bollason frá félagsmálaráðuneyti og Guðna Geir Einarsson deildarsérfræðing frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Nefndinni hefur auk þess borist umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Efni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi að undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts verði fækkað. Verði frumvarpið að lögum mun breytingin skila sér í 600 millj. kr. aukningu á tekjum frá ríki til sveitarfélaga þar sem þær undanþágur sem í gildi eru nú varða helst fasteignir í eigu ríkissjóðs. Lagt er til að beinar styrkveitingar verði meginreglan framvegis. Slíkar ívilnanir verða heimilar ef um er að ræða starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni. Sú leið er talin gera sveitarfélögum kleift að leiða fram í bókhaldi raunverulegar tekjur af fasteignaskatti og kostnað sem hlýst af niðurfellingu og afslætti. Ívilnanir gagnvart gjaldendum verða jafnframt sýnilegri með þessum hætti og betur tryggt að jafnræðis verði gætt við álagningu og innheimtu skattsins. Í öðru lagi er lagt til að fasteignaskattur verði lagður á í Landskrá fasteigna sem hefur m.a. í för með sér að breytingar sem verða á fasteignamati hafa áhrif á skattstofn. Til dæmis má nefna þau tilvik er nýjar fasteignir eru skráðar í Landskrá fasteigna. Samkvæmt núgildandi lögum er mælt fyrir um að taka skuli mannvirki í fasteignamat við fokheldi þeirra. Hefur þetta fyrirkomulag leitt til þess að eigendur nýrra fasteigna sem metnar eru í upphafi árs geta komist hjá greiðslu fasteignaskatts í tæpt ár og skapar það ójafnræði í skattgreiðslum miðað við aðra fasteignaeigendur sem fá fasteignir sínar metnar undir lok árs. Í 3. gr. frumvarpsins er því lagt til að fasteignaskattur leggist á nýjar lóðir og mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna til samræmis við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnum í té. Í þriðja lagi er í frumvarpinu gerð tillaga um að sveitarfélög leggi fasteignaskatt á í Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2007 og að álagning fari þannig fram í einu heildstæðu skráarumhverfi. Ástæða þessa er einkum sú að auka hagkvæmni og öryggi.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að fasteignaskattur sé annar mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaganna og að af hálfu sambandsins hafi verið lögð áhersla á að

ákvörðunarvald um álagningarhlutfall, gjalddaga og innheimta skattsins sé hjá sveitarfélögunum. Á því verða ekki breytingar. Þá segir í áliti sambandsins: „Kerfi til álagningar fasteignaskatts í Landskrá fasteigna er enn ekki tilbúið en verður það fyrir árslok 2006. Sambandið telur að forsenda þess að unnt sé að leggja fasteignaskattinn á í Landskrá fasteigna sé að nauðsynlegar lagfæringar og kerfisbreytingar á landskránni verði unnar í samráði við sveitarfélögin. Nýtt álagningarkerfi verður að leiða til aukinnar skilvirkni og tryggja að fullu forræði sveitarfélaganna á áreiðanlegri álagningu og innheimtu þessa mikilvæga tekjustofns sveitarfélaganna. Sambandið treystir því, sem fram hefur komið í viðræðum við forstjóra Fasteignamats ríkisins, að greiðslur sveitarfélaganna til þess hækki ekki vegna þessarar breytingar og að það muni standa straum af öllum stofn- og þróunarkostnaði sem henni fylgir.“

Hvað varðar þá tillögu sem hér er gerð um fækkun undanþágna kom til umræðu í nefndinni hvort undanþága elli- og örorkulífeyrisþega skv. 4. mgr. 5. gr. laganna muni falla niður verði frumvarpið að lögum. Sú er ekki raunin, sbr. 4. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins. Í skýrslu nefndar um undanþágur frá fasteignaskatti, sem skipuð var af félagsmálaráðherra í janúar 2001, kemur fram að óhjákvæmilegt þyki þegar um þennan hóp ræðir að leyfa undanþágur frá beinum styrkveitingum sem verða annars meginreglan framvegis.

Í umsögn fjármálaráðuneytis virðist gert ráð fyrir því að fasteignaskattur verði lagður á mánaðarlega. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar lagt til að sveitarstjórn ákveði fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs, en sveitarstjórn er jafnframt heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð.

Lúðvík Bergvinsson og Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekið sé fram að álagning sé árleg og að stofn til álagningar séu allar fasteignir í fasteignamati 31. desember næstliðins árs. Þá er gerð tillaga um breytt orðalag í tilvísun í lög um heilbrigðisþjónustu. Í þriðja lagi er er lagt til að orðin mannvirki og lóðir séu notuð í stað orðsins fasteign. Í fjórða lagi er lagt til að tekið sé fram í 2. efnismgr. 4. gr. að ákvæðið nái einnig til íþróttamannvirkja. Að lokum er lagt til að 2. mgr. 20. gr. laganna verði breytt til samræmis við lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003.

Alþingi, 6. des. 2005.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.	Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.	Valdimar L. Friðriksson.

530. Breytingartillögur [364. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 5. gr.
   b. Í stað orðsins „heilbrigðislögum“ í b-lið 3. efnismgr. komi: lögum um heilbrigðisþjónustu.
2. Við 3. gr. 2. og 3. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna í samræmi við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnum í té. Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Landskrá fasteigna.
3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „menningar-“ í 2. efnismgr. komi: íþrótta-.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „1. desember“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: 31. desember.

531. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson, Dís Sigurgeirsdóttur og Rögnu Árnadóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi lögreglumanna, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, embætti ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, umboðsmanni barna, Persónuvernd, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Prestafélagi Íslands, Jafnréttisstofu, Umferðarstofu og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum um upplýsingar sem má skrá um einstaklinga og hluti í Schengen-upplýsingakerfi íslenskra stjórnvalda, hverjum sé það heimilt og hve lengi megi varðveita slíkar upplýsingar. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til skráningar sérstakra viðbótarupplýsinga vegna lögreglusamvinnu milli landa og hvenær eigi að eyða þeim upplýsingum og fleirum bætt í hóp þeirra sem hafa beinlínuaðgang að kerfinu. Loks er lagt til að ákvæði um eyðingu upplýsinga verði einfölduð og sérstök ákvæði sett um eyðingu viðbótarupplýsinga.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu byggjast á fjórum gerðum Evrópusambandsins sem breyta Schengen-samningnum m.a. vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum og vegna heimildar yfirvalda í aðildarríkjunum, er sjá um skráningu ökutækja, til aðgangs að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 4. gr. frumvarpsins í hvaða skyni Umferðarstofu sé heimilt að nota aðganginn að upplýsingakerfinu, þ.e. til að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið. Er það í samræmi við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 2005/1160/EB um aðgang yfirvalda, sem bera ábyrgð á útgáfu skráningarskírteina, að ákveðnum upplýsingum úr kerfinu.

Í öðru lagi leggur nefndin til breytingar á 5. gr. frumvarpsins, sem breytir 17. gr. laganna, þannig að hún verði í fullu samræmi við efni 12. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211/JHA. Sú grein breytir 113. gr. Schengen-samningsins og gerir ráð fyrir einföldun á reglum sem gilda um eyðingu upplýsinga úr kerfinu. Þær breytingar sem nefndin leggur til eru í samræmi við reglurnar og kveða annars vegar á um að upplýsingum um hluti sem skráðar eru á grundvelli 7. gr. laganna skuli eytt innan fimm ára frá skráningu. Sú breyting er enn fremur í samræmi við þá breytingu sem 2. gr. frumvarpsins felur í sér en þar er fleiri hlutum, svo sem bátum, skipum, loftförum og gámum, bætt við upptalningu ákvæðisins á því sem má skrá í upplýsingakerfið og orðalagið fært til samræmis við það.

Hins vegar leggur nefndin til að öllum öðrum upplýsingum en skráðar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laganna skuli eytt innan tíu ára frá skráningu. Þessar breytingar sem hér eru lagðar til breyta ekki þeim ákvæðum sem gilda um endurmat skráningar skv. 2. mgr. 17. gr. laganna né þeirri meginreglu að enginn hámarkstími gildi um geymslu skráðra upplýsinga um einstaklinga á grundvelli 6. og 7. gr. laganna.

Nefndin ræddi nokkuð um þær breytingar sem lagðar eru til í 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, en þar er bætt við tveimur nýjum skáningaratriðum, annars vegar að skrá megi hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta og hins vegar að stafi skráning af beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn eða framseldur þá skuli skrá tegund brots. Í athugasemdum með greininni kemur fram að skrá skuli hvort viðkomandi sé á flótta undan réttvísinni. Nefndinni bárust athugasemdir þar sem því sjónarmiði var hreyft að taka þyrfti af tvímæli um að frumvarpið tæki ekki til flóttamanna. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera efnislegar breytingar á frumvarpinu en áréttar þann skilning að hér sé ekki átt við flóttamenn, enda er það hugtak skýrt og afmarkað samkvæmt lögum um útlendinga og alþjóðlegum sáttmálum.

Þá ræddi nefndin einnig um ákvæði 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að skrá viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a laganna og er heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengenríki. Nefndin leggur áherslu á að upplýsingarnar verða að vera í samræmi við þann tilgang sem kerfinu er ætlað að ná yfir og að þær má einungis geyma í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár.

Þá telur nefndin rétt að taka fram vegna ábendinga sem borist hafa að í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er a-liður 2. efnismgr. sagður vera í samræmi við áskilnað 4. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211. Það ákvæði felur í sér breytingu á 99. gr. Schengen-samningsins og er réttilega tilgreint sem grundvöllur undir 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði a-liðar er hins vegar efnislega sambærilegt við a-lið 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211.

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er a-liður ákvæðisins sagður vera í samræmi við 8. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004 og 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211. Þarna hafa tilvísanir víxlast, en grundvöllur þessa ákvæðis er 8. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 2005/211 og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 871/2004.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Kjartan Ólafsson.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	

532. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir orðunum „Umferðarstofa við skráningu ökutækja“ í c-lið 4. gr. komi: í þeim tilgangi að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
   a. Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.
   b. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
      Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en fimm ár frá skráningu.
      Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6. og 7. gr. skulu ekki standa lengur en tíu ár frá skráningu.

533. Breytingartillögur [366. mál]

við frv. til l. um starfsmannaleigur.

Frá Ögmundi Jónassyni, Jóni Bjarnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Þuríði Backman.

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Lögin taka til allra erlendra launamanna sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleigna eða hliðstæðra fyrirtækja og atvinnurekenda sem nýta sér þjónustu þeirra. Enn fremur til starfsmanna sem starfa á skipum og í loftförum sem skráð eru hér á landi.
2. Á eftir 8. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
   Ákvæði laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, gilda um starfsmenn starfsmannaleigna sem lög þessi taka til.

3. Við 1. málsgrein 10. gr., sem verði 11. gr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsmannaleigu og atvinnurekendum sem nýta sér þjónustu hennar er skylt að veita trúnaðarmönnum stéttarfélags í viðkomandi starfsgrein aðgang að ráðningarsamningum og öðrum upplýsingum um launakjör leigðra starfsmanna.
4. Við 13. gr. sem verði 14. gr.
   Við bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svohljóðandi:
   Auk skaðabóta má dæma þeim starfsmönnum sem lög þessi taka til miskabætur.
   Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Viðurlög og bætur.*

Greinargerð.

Um rökstuðning fyrir þessum breytingartillögum er að svo stöddu vísað til frumvarps þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um breytingu á lögum nr. 55/1980, þskj. 171 í 171. máli. Vegna þess hve skammur fyrirvari var veittur til að gera athugasemdir við frumvarpið, og það var gagnrýnt af umsagnaraðilum, verður gerð frekari grein fyrir þessum breytingartillögum við 2. umræðu um frumvarpið.

534. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Guðlaug Sverrisson frá Úrvinnslusjóði. Umsagnir bárust frá Bændasamtökunum, Olíudreifingu, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Skeljungi, tollstjóranum í Reykjavík og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um úrvinnslugjald: Í fyrsta lagi að nýjar reiknireglur verði teknar upp vegna útreikninga á hlutfalli pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru, í annan stað breytingar á reglum um niðurfellingu og endurgreiðslu úrvinnslugjalds og í þriðja lagi er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða.

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. a laga um úrvinnslugjald er meginreglan sú að gjaldskyldur aðili skal gefa upp þyngd umbúða þegar vörusending hlýtur tollafgreiðslu. Lagt er til í a-lið 1. gr. frumvarpsins að í þeim tilvikum þegar staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða liggja ekki fyrir verði beitt ákveðnum reiknireglum sem ráðherra setur með reglugerð. Í athugasemdum með frumvarpinu er fjallað um þessar reiknireglur en þær byggjast á reiknimódeli Logisys A/S sem er danskt ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki og hefur í u.þ.b. 15 ár mælt hlutfall umbúða utan um vörur á dönskum markaði. Sýnir módelið að magn umbúða utan um vöru liggur á bilinu 1–5% af nettóþyngd hennar. A-liður 1. gr. frumvarpsins kom talsvert til umræðu í nefndinni. Nefndin telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum sé farið á svig við þær kröfur sem gerðar eru í 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kemur fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Nefndin gerir því tillögu um að viðkomandi tollskrárnúmer fylgi í viðauka við lögin og að þar komi álagningarstofninn fram, þ.e. hlutfall nettóþyngdar pappa-, pappírs- og plastumbúða utan um vöru.

Eins og að framan greinir er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á framkvæmd niðurfellingar og endurgreiðslu úrvinnslugjalds. Annars vegar er í b-lið 1. gr. heimild til niðurfellingar úrvinnslugjalds þegar um pappa-, pappír- og plastumbúðir er að ræða og á niðurfellingin einungis við um umbúðir sem heyra til ákveðinna tollskrárnúmera. Hins vegar er í 2. gr. veitt heimild til endurgreiðslu úrvinnslugjalds þegar gjaldskyld vara verður sannanlega flutt úr landi og kemur ekki til úrvinnslu hér á landi. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur um framkvæmd. Farið verður með endurgreiðslur eins og aðrar endurgreiðslur hjá skattstjórum og niðurfellingarheimildir verða í tolli.

Í umsögnum sem nefndinni bárust kom t.d. fram að það þætti kostur að settar væru nákvæmari reiknireglur um magn umbúða og þær skiptu máli varðandi markmið um endurvinnslu og endurnotkun. Þá kom fram að það fyrirkomulag að úrvinnslugjald yrði fellt niður í þeim tilfellum þegar umbúðir fara til útflutnings væri einfaldara en núverandi fyrirkomulag og kæmi í veg fyrir að úrvinnslugjald lægi falið í umbúðum á lager. Jafnframt var því fagnað að innheimta og umsýsla opinberra gjalda væri einfölduð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að innheimta og endurgreiðsla sé á sömu hendi, hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Auk þess kom fram að mikilvægt væri að vandað yrði til reglugerðar um framkvæmd endurgreiðslu.

Nefndin telur eðlilegt að gerð sé tillaga um lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða eins og gert er í frumvarpinu.

Upphaflega átti gjaldtaka úrvinnslugjalds af pappa-, plast- og pappírsumbúðum að hefjast 1. september 2005. Á vorþingi 2005 (á 131. löggjafarþingi) voru samþykkt lög sem heimiluðu frestun gjaldtöku um fjóra mánuði, eða til 1. janúar 2006. Nefndin telur ánægjulegt að niðurstaða hafa fengist og er það von hennar að þessi langi undirbúningur skili sér í góðri framkvæmd.

Að mati nefndarinnar eiga Íslendingar að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og mikilvægt er að ríki og sveitarfélög ásamt hagsmunaaðilum hugi að næstu skrefum í söfnun, úrvinnslu og endurnýtingu.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu: Í fyrsta lagi að a-lið 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að þær reiknireglur sem mynda álagningarstofn úrvinnslugjalds verði í viðauka við lögin í stað þess að ráðherra setji þær í reglugerð. Í öðru lagi að tekið verði fram að það sé umhverfisráðherra sem setur reglugerð skv. a-lið 1. gr., b-lið 1. gr. og 6. málsl. 2. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingu í 2. málsl. 3. mgr. 15. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 1. des. 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ásta Möller.	Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

535. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. A-liður 1. gr. orðist svo: Í stað 2.–4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur í viðauka XVIII.
2. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 2. mgr. b-liðar 1. gr. og 6. málsl. 2. gr. komi: Umhverfisráðherra.
3. 3. gr. orðist svo:
   3. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:
   Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

Álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. a.

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
1	0,00	0
02	0,00	0,00
0204	0,50	5,00
020423	3,00	1,00
020430	7,00	2,00
020440	4,00	1,00
0205	0,50	0,50
0206	1,00	5
0207	2,00	0,50
02072500	1,00	0,50
02072701	7,00	1,00
020736	4,00	3,00
0208	9,00	7,00
0210	9,00	7,00
03	0,00	0,00
0301	120,00	30,00
030212	4,00	2,00
030219	4,00	2,00
0302	0,00	2,00
030321	3,00	2,00
030322	1,00	1,00
0303	2,00	0,50
30332	5,00	0,00
30333	2,00	2,00
30339	2,00	2,00
030372	1,00	1,00
030373	1,00	1,00
030375	2,00	2,00
030376	2,00	2,00
030380	1,00	1,00
03038009	1,00	1,00
0304	5,00	2,00
0305	0,00	2,00
0306	3,00	3,00
03061209	11,00	13,00
03061311	0,00	2,00
03061319	4,00	4,00
03061321	0,00	4,00
03061329	0,00	3,00
030620	0,00	2,00
0307	1,00	1,00
04	0,00	0,00
0401	0,00	0,00
0402	1,00	0,50
0403	1,00	0,50
0404	1,00	0,50
040510	4,00	1,00
0405	0,50	1,00
0406	4,00	3,00
40630	8,00	9,00
40640	7,00	5,00
040690	10,00	5,00
0407	2,00	0,00
0408	5,00	0,50
0409	6,00	9,00
0410	6,00	9,00
05	3,00	3,00
0501	4,00	0,00
0502	3,00	3,00
0505	3,00	3,00
0508	1,00	0,50
0509	8,00	2,00
0511	1,00	0,50
06	0,00	0,00
06011000	8,00	1,00
06012001	5,00	4,00
06012002	8,00	1,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
0602	8,00	1,00
060290	0,00	4,00
06029070	0,50	1,00
06029091	0,50	1,00
06029092	8,00	1,00
06029093	8,00	1,00
06029099	0,50	1,00
603	5,00	1,00
0604	0,00	2,00
060499	5,00	5,00
07	0,00	0,00
0701	0,50	0,50
0702	4,00	2,00
0703	0,50	1,00
07031009	7,00	4,00
070320	12,00	2,00
070410	3,00	0,50
0704	1,00	2,00
070511	1,00	2,00
070519	2,00	6,00
0705	2,00	4,00
0706	0,50	1,00
07069001	1,00	2,00
07069009	2,00	4,00
0707	1,00	1,00
07070021	5,00	1,00
0708	5,00	1,00
0709	5,00	1,00
070920	8,00	3,00
070930	0,50	0,50
070940	2,00	1,00
070951	11,00	7,00
07096001	10,00	6,00
07096009	10,00	6,00
07097000	3,00	3,00
0710	4,00	2,00
071040	7,00	3,00
071080	7,00	3,00
0711	17,00	0,50
0712	0,00	0,50
071220	17,00	0,50
071290	0,50	0,50
0713	0,50	1,00
0714	5,00	1,00
08	0,00	0,00
080111	2,00	0,00
080119	4,00	0,00
0801	2,00	2,00
0802	2,00	0,50
0803	3,00	1,00
080410	10,00	2,00
080420	2,00	0,50
0804	1,00	0,00
080440	3,00	5,00
0805	2,00	1,00
080610	4,00	6,00
08062001	7,00	0,00
08062009	2,00	2,00
0807	1,00	0,00
0808	3,00	0,50
0809	2,00	0,00
081010	7,00	3,00
0810	3,00	0,00
081050	5,00	5,00
081090	3,00	5,00
0811	3,00	3,00
0812	1,00	1,00
0813	7,00	0,00
081320	3,00	1,00
081400	11,00	0,00
09	0,00	0,00
0901	5,00	1,00
090122	10,00	1,00
090210	7,00	1,00
0902	24,00	2,00
090230	8,00	2,00
0904	17,00	17,00
905	17,00	17,00
0906	17,00	17,00
0907	17,00	17,00
0908	17,00	17,00
0909	17,00	17,00
0910	17,00	17,00
10	0,00	0,00
1005	0,50	0,50
1006	0,50	5,00
1008	0,00	1,00
11	0,00	0,00
1101	1,00	0,00
110210	2,00	0,50
110220	2,00	0,50
1102	2,00	3,00
1103	1,00	0,50
110412	9,00	0,50
1104	1,00	0,50
1105	12,00	4,00
1106	2,00	2,00
1107	0,50	0,50
1108	0,50	0,50
1109	0,50	0,50
12	0,50	0,50
13	0,00	0,00
1301	0,00	2,00
1302	0,00	2,00
14	0,00	0,00
1401	0,00	3,00
1404	0,50	1,00
15	0,00	0,00
1501	0,50	1,00
1502	0,00	5,00
1503	0,00	5,00
1504	0,00	3,00
15042004	0,00	1,00
150430	0,00	2,00
1505	0,00	5,00
1506	0,00	5,00
1507	0,00	5,00
1508	0,00	5,00
1509	0,00	5,00
1510	0,00	5,00
1511	0,00	5,00
1512	0,00	5,00
15131901	3,00	4,00
1513	0,00	5,00
1514	0,00	5,00
1515	0,00	5,00
151610	0,00	32,00
15162001	0,00	5,00
15162002	4,00	0,00
15162009	0,00	5,00
151710	6,00	2,00
1517	0,00	5,00
1518	0,00	5,00
1520	0,00	5,00
1521	0,00	5,00
16	0,00	0,00
16010010	4,00	2,00
1601	4,00	2,00
16010023	5,00	1,00
160220	8,00	0,00
160239	5,00	0,50
1602	3,00	3,00
160290	5,00	6,00
1603	7,00	0,50
160411	0,00	0,00
1604	15,00	0,00
160413	15,00	0,00
160414	11,00	0,00
160415	6,00	1,00
1605	15,00	0,00
160520	5,00	3,00
160530	1,00	2,00
160540	10,00	3,00
16059019	10,00	0,00
17	0,00	0,00
1701	2,00	0,50
170211	0,50	0,50
170219	0,50	0,50
170220	3,00	3,00
17023002	0,50	2,00
1702	5,00	6,00
1703	0,50	0,00
170410	34,00	5,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
17049001	0,00	4,00
17049002	2,00	0,50
17049003	2,00	0,50
1704	12,00	8,00
18	0,00	0,00
1801	0,00	0,00
1802	0,00	0,00
1803	3,00	0,50
1804	3,00	0,50
1805	3,00	0,50
1805	3,00	0,50
180610	3,00	0,50
180620	1,00	1,00
1806	6,00	4,00
180690	39,00	8,00
18069039	17,00	3,00
19	0,00	0,00
190110	21,00	0,50
190120	5,00	0,50
1901	24,00	1,00
19019020	7,00	3,00
1902	4,00	3,00
1903	6,00	0,50
1904	5,00	2,00
19041002	8,00	6,00
19041009	14,00	1,00
19042009	7,00	6,00
190490	14,00	1,00
19051000	8,00	0,00
19052000	7,00	2,00
1905	9,00	2,00
19059019	0,00	0,00
19059020	25,00	0,00
19059030	2,00	1,00
19059051	15,00	5,00
20	0,00	0,00
2001	6,00	3,00
2002	5,00	0,50
2003	11,00	14,00
200410	2,00	1,00
2004	5,00	0,50
2005	5,00	3,00
2006	6,00	13,00
2007	5,00	2,00
20081101	8,00	17,00
20081900	0,00	0,00
20082009	1,00	0,50
2008	4,00	0,50
20089201	0,00	0,00
2009	1,00	3,00
21	0,00	0,00
210111	20,00	21,00
2101	2,00	2,00
2102	0,50	0,50
21021009	15,00	2,00
21022001	24,00	0,00
210230	10,00	40,00
21031000	8,00	18,00
21032000	3,00	5,00
21033001	9,00	0,50
2103	8,00	11,00
21039010	8,00	4,00
21039030	8,00	4,00
21039090	14,00	8,00
2104	11,00	0,50
21041011	2,00	2,00
21041012	2,00	2,00
21041019	2,00	2,00
21041029	2,00	2,00
210420	3,00	3,00
2105	4,00	1,00
21050021	12,00	7,00
21050029	6,00	6,00
21061000	0,00	2,00
21069011	2,00	0,50
2106	2,00	3,00
21069031	1,00	1,00
21069039	1,00	13,00
21069041	1,00	13,00
21069042	1,00	13,00
21069049	1,00	13,00
21069051	1,00	9,00
21069059	1,00	9,00
21069061	1,00	13,00
21069062	1,00	13,00
21069063	1,00	13,00
21069064	3,00	0,50
21069069	3,00	0,50
22	0,00	0,00
22011014	4,00	0,50
22011016	4,00	18,00
22011019	0,00	0,00
220190	0,00	0,00
220210	0,00	0,00
22021025	4,00	0,50
22021091	0,50	0,50
22021093	0,50	0,50
22021094	1,00	0,50
22021095	0,50	0,50
22021097	0,50	0,50
22021099	0,50	0,50
220290	0,00	0,00
22029095	0,50	0,00
22029099	0,50	0,00
22030011	2,00	0,50
22030012	0,50	0,50
2203	0,00	0,00
22030091	2,00	0,50
22030092	2,00	0,50
22030093	0,50	0,50
22030094	2,00	0,50
2204	6,00	0,50
2205	5,00	0,50
2206	3,00	0,50
2207	0,00	0,00
2208	8,00	1,00
2209	0,00	0,00
23	0,00	0,00
2301	1,00	0,00
2302	0,50	0,50
2303	0,50	0,50
2304	0,50	0,50
2305	0,00	0,00
2306	0,00	0,00
2307	0,00	0,00
2308	0,00	0,00
230910	7,00	1,00
2309	1,00	0,50
24	64,00	2,00
25	0,00	0,00
25010001	2,00	4,00
2501	0,00	0,00
2503	0,00	0,00
2504	0,00	1,00
2505	0,00	0,00
2506	0,00	0,00
2507	0,00	0,00
2508	0,00	0,00
2509	0,00	0,00
2510	0,00	0,00
2511	0,00	0,00
2512	0,00	0,00
2513	0,00	0,00
2514	0,00	0,00
2515	0,00	0,00
2516	0,00	0,00
2517	0,00	0,00
251740	0,50	0,50
2518	0,00	0,00
2519	0,00	0,00
2520	0,00	0,00
2521	0,00	0,00
2522	0,00	0,00
252310	0,00	0,50
2523	1,00	0,00
2525	0,50	0,50
2526	0,50	0,50
2529	0,00	0,00
2530	0,00	0,00
26	0,00	0,00
2601	0,00	0,00
2603	0,00	0,00
2608	0,00	0,00
2618	0,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
27	0,00	0,00
27101141	0,00	0,00
27101149	0,00	0,00
27101951	0,00	0,00
27101952	0,00	0,00
2712	0,00	3,00
28	0,00	0,00
2826	0,50	2,00
2827	0,50	2,00
2828	0,50	2,00
2829	0,50	2,00
2830	0,50	2,00
2831	0,50	2,00
2832	0,50	2,00
2833	0,50	2,00
2834	0,50	2,00
2835	0,50	2,00
2836	0,50	2,00
2837	0,50	2,00
2838	0,50	2,00
2839	0,50	2,00
2840	0,50	2,00
2841	0,50	2,00
28416100	0,00	3,00
2842	0,50	2,00
2843	1,00	4,00
2844	0,00	0,00
2845	0,00	0,00
2846	0,00	0,00
2847	0,00	0,00
2850	0,00	0,00
2851	0,00	0,00
29	0,00	0,00
2905	0,00	0,00
2906	0,00	0,00
2907	0,00	0,00
2908	0,00	0,00
2909	0,00	0,00
2910	0,00	0,00
2911	0,00	0,00
2912	0,00	0,00
2913	0,00	0,00
2914	0,00	0,00
2915	0,00	0,00
2916	0,00	0,00
2917	0,00	0,00
2918	0,00	0,00
2919	0,00	0,00
2920	0,00	0,00
2921	0,00	0,00
2922	0,00	0,00
2923	0,00	0,00
2924	0,00	0,00
2925	0,00	0,00
2926	0,00	0,00
2927	0,00	0,00
2928	0,00	0,00
2929	0,00	0,00
2930	0,00	0,00
2931	0,00	0,00
2932	0,00	0,00
2933	0,00	0,00
2934	0,00	0,00
2935	0,00	0,00
2936	2,00	2,00
2937	2,00	2,00
2938	2,00	2,00
2939	2,00	2,00
2940	2,00	2,00
2941	2,00	2,00
2942	2,00	2,00
30	0,00	0,00
3001	0,00	10,00
300190	0,00	3,00
3002	3,00	2,00
30022000	18,00	10,00
30023000	18,00	10,00
3003	21,00	29,00
3004	21,00	29,00
3005	20,00	3,00
3006	9,00	4,00
300640	13,00	10,00
300650	0,00	0,00
31	0,00	0,00
3101	0,00	1,00
3102	0,00	1,00
3104	0,00	1,00
3105	0,00	1,00
32	0,00	0,00
3201	2,00	2,00
3202	2,00	2,00
3203	2,00	2,00
3204	2,00	2,00
3205	2,00	2,00
3206	2,00	2,00
3207	2,00	2,00
3208	0,50	3,00
3209	0,50	4,00
3210	0,50	3,00
3211	0,50	3,00
3212	0,00	10,00
3213	90,00	20,00
32141001	0,00	30,00
3214	0,50	3,00
32149001	0,00	2,00
32149009	0,00	2,00
3215	0,00	4,00
33	0,00	0,00
3301	0,00	4,00
3302	2,00	4,00
33029001	0,00	4,00
33029009	0,00	7,00
3303	33,00	23,00
3304	50,00	50,00
330499	18,00	15,00
330510	12,00	15,00
330520	6,00	8,00
330530	6,00	8,00
33061000	13,00	9,00
33062000	18,00	22,00
3306	12,00	9,00
3307	12,00	13,00
33074100	13,00	18,00
34	0,00	0,00
340111	9,00	14,00
3401	0,00	0,00
34021101	0,00	7,00
34021109	3,00	2,00
340212	2,00	4,00
340213	3,00	0,50
340219	3,00	0,50
340220	2,00	4,00
340220	3,00	4,00
340290	1,00	0,50
3403	0,00	10,00
3404	0,00	6,00
340510	16,00	15,00
340520	19,00	16,00
340530	4,00	9,00
340540	4,00	10,00
340590	8,00	6,00
3406	7,00	2,00
3407	6,00	2,00
35	0,00	0,00
3501	2,00	0,50
3502	2,00	6,00
3503	6,00	1,00
3504	6,00	2,00
3505	6,00	2,00
3506	4,00	5,00
3507	6,00	1,00
36	0,00	0,00
3601	6,00	2,00
3602	6,00	2,00
3603	25,00	0,00
360410	17,00	1,00
360490	27,00	1,00
360500	22,00	0,50
360610	0,00	13,00
360690	50,00	0,00
37	0,00	0,00
370790	0,00	0,00
38	0,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
3801	0,00	8,00
380210	0,00	8,00
3802	0,00	2,00
3803	4,00	0,00
3804	4,00	0,00
3805	0,00	0,00
3806	0,00	0,00
3807	2,00	2,00
3808	2,00	2,00
3809	2,00	2,00
3810	0,50	1,00
3811	1,00	2,00
3812	1,00	2,00
3813	2,00	2,00
3814	2,00	2,00
3815	2,00	2,00
3816	1,00	0,00
3818	2,00	4,00
3819	2,00	4,00
3820	2,00	4,00
3821	2,00	4,00
3822	2,00	4,00
3823	0,00	6,00
3824	0,00	6,00
39	0,00	0,50
3914	0,50	0,50
3916	0,50	0,50
39171000	1,00	0,50
391910	4,00	1,00
3920	0,00	0,50
3921	0,00	0,50
3922	3,00	3,00
392220	6,00	6,00
3923	1,00	100,00
392410	7,00	6,00
392490	16,00	11,00
3925	0,50	1,00
392590	13,00	3,00
3926	13,00	3,00
39269029	5,00	1,00
40	0,00	0,00
4001	0,00	2,00
4002	0,00	2,00
4003	0,00	2,00
4004	0,50	0,50
4005	1,00	0,50
4006	1,00	0,50
4007	0,00	2,00
4008	0,00	2,00
4010	0,00	1,00
4011	0,00	0,00
401150	33,00	0,00
4012	0,00	0,00
4013	0,00	6,00
4014	14,00	8
401511	16,00	6,00
4015	10,00	11,00
4016	13,00	0,00
4017	0,50	1,00
41	0,00	0,00
42	0,00	0,00
4201	0,00	0,00
420210	1,00	4,00
4202	2,00	8,00
4203	4,00	8,00
4204	1,00	2,00
4205	4,00	8,00
43	0,00	0,00
4301	8,00	2,00
4302	8,00	2,00
4303	0,00	0,00
4304	0,00	0,00
44	0,00	0,00
4401	1,00	1,00
4404	0,00	8,00
4407	0,00	0,00
4408	0,00	0,00
4409	0,00	0,00
4410	0,00	0,00
4411	0,00	0,00
4412	0,00	0,00
4413	0,00	0,00
4414	3,00	2,00
4415	0,00	0,00
4417	1,00	0,50
4418	3,00	0,50
4419	3,00	3,00
4420	3,00	3,00
44209009	5,00	0,50
4421	7,00	3,00
45	0,00	0,00
4502	5,00	0,50
4503	5,00	0,50
4504	5,00	0,50
46	0,00	0,00
4601	5,00	0,50
460210	5,00	0,50
460290	9,00	1,00
47	0,00	0,00
48	0,00	0,00
4801	0,00	0,00
4802	0,00	0,00
4803	0,00	0,00
4804	0,00	0,00
4805	6,00	0
4806	6,00	0,00
4808	6,00	0,00
4809	6,00	0,00
4810	6,00	0,00
4811	6,00	0,00
48115101	100,00	0,00
48115901	100,00	0,00
48116001	100,00	0,00
4812	6,00	0,00
4813	1,00	0,00
4814	1,00	7,00
481490	6,00	0,00
4815	6,00	0,00
4816	6,00	0,00
481710	0,50	0,50
4817	6,00	0,00
48181000	0,00	0,00
48182000	1,00	1,00
48183000	0,50	0,50
48184001	1,00	4,00
48184009	3,00	3,00
48185000	1,00	2,00
48189000	1,00	2,00
481910	100,00	0,00
481920	100,00	0,00
481930	100,00	0,50
481940	100,00	0,00
481950	100,00	1,00
481960	14,00	2,00
4820	14,00	2,00
4821	0,50	0,50
4822	14,00	2,00
4823	14,00	2,00
482360	0,50	1,00
482370	0,00	0,50
4823	20,00	0,00
48239002	4,00	0,00
48239004	1,00	0,00
49	0,00	0,00
4901	8,00	0,00
4902	0,50	3,00
4903	32,00	8,00
4904	80,00	20,00
490510	11,00	3,00
4905	40,00	10,00
4906	40,00	10,00
49070001	80,00	20,00
4907	40,00	10,00
4908	16,00	4,00
4909	32,00	8,00
4910	0,50	0,50
4911	0,50	0,50
491191	15,00	3,00
491199	8,00	2,00
50	0,00	2,00
51	0,00	2

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
52	0,00	2,00
5207	9,00	1,00
53	0,00	2,00
54	0,00	2,00
540120	5,00	10,00
55	0,00	2,00
5511	12,00	0,00
56	0,00	2,00
57	0,00	0,50
58	0,00	0,00
5801	0,00	2,00
5802	0,00	2,00
5803	0,00	2,00
5804	0,00	2,00
5805	0,00	6,00
5806	0,00	6,00
5807	0,00	6,00
5808	0,00	6,00
5809	0,00	6,00
5810	0,00	6,00
5811	0,00	6,00
59	0,00	0,00
5901	0,00	6,00
5902	0,00	2,00
5903	0,00	2,00
5904	0,00	2,00
5905	0,00	2,00
590610	4,00	2,00
5906	0,00	2,00
5907	0,00	0,50
5908	0,00	2,00
5909	0,00	1,00
5910	0,00	2,00
5911	0,00	2,00
60	0,00	0,00
6001	0,00	2,00
61	0,00	0,00
6101	5,00	5,00
6102	5,00	5,00
6103	5,00	5,00
6104	5,00	5,00
6105	15,00	8,00
6106	14,00	9,00
6107	14,00	9,00
6107	14,00	9,00
6108	14,00	9,00
6108	13,00	10,00
6109	10,00	7
6110	9,00	11,00
6111	13,00	7,00
6112	5,00	7,00
6113	28,00	12,00
6114	28,00	12,00
6115	28,00	12,00
611610	4,00	2,00
6116	28,00	12,00
6117	28,00	12,00
62	0,00	0,00
6201	8,00	4,00
6202	8,00	4,00
6203	8,00	4,00
6204	8,00	4,00
6205	18,00	9,00
6206	18,00	9,00
6207	18,00	9,00
6208	18,00	9,00
6209	18,00	9,00
621010	18,00	9,00
6210	8,00	4,00
6211	8,00	3,00
62114309	10,00	2,00
62114900	25,00	13,00
621210	22,00	10,00
6212	25,00	13,00
6213	40,00	15,00
6214	20,00	8,00
6215	40,00	15,00
6216	20,00	8,00
6217	20,00	8,00
63	6,00	3,00
6303	6,00	3,00
6304	6,00	3,00
6305	5,00	0,00
6306	1,00	2,00
630710	6,00	6,00
6307	1,00	2,00
64	11,00	2,00
640212	6,00	0,00
640312	2,00	0,00
65	14,00	4,00
66	0,00	0,00
660110	1,00	0,50
660191	14,00	4,00
660199	5,00	1,00
6602	14,00	4,00
6603	14,00	4,00
67	0,00	0,00
6701	13,00	5,00
6702	13,00	5,00
6703	25,00	13
6704	25,00	13
68	0,00	0,00
6805	6,00	0,00
6806	0,00	0,50
6807	1,00	0,00
6808	0,00	0,50
6809	0,00	0,50
680990	0,50	0,50
6810	0,00	0,50
6811	0,00	0,50
6812	0,50	0,50
6813	1,00	0,50
6814	1,00	0,50
6815	0,50	1,00
69	0,00	0,00
6901	0,50	0,50
6902	1,00	0,50
6902	1,00	0,50
6903	1,00	0,50
6904	0,50	0,50
6905	1,00	0,50
6906	1,00	0,50
6907	1,00	0,50
6908	1,00	0,50
690911	4,00	3,00
690919	9,00	19,00
690990	1,00	3,00
6910	0,50	1,00
6911	8,00	2,00
6912	7,00	3,00
6913	7,00	3,00
6914	0,50	0,50
70	0,00	0,00
7001	0,00	0,00
7002	0,00	0,00
700312	0,00	0,00
7003	3,00	2,00
700420	0,00	0,00
700490	3,00	2,00
700510	0,00	0,00
7005	3,00	2,00
7006	3,00	2,00
7007	5,00	4,00
7008	5,00	4,00
7009	5,00	4,00
7010	5,00	4,00
7011	5,00	4,00
7012	0,50	0,50
7013	27,00	8,00
701329	8,00	2,00
7014	27,00	8,00
7015	27,00	8,00
7016	27,00	8,00
70169009	0,50	0,50
7017	0,50	0,50
7018	12,00	8,00
7019	0,00	1,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
7020	0,00	1,00
71	0,00	0,00
7101	0,00	10,00
7102	0,00	10,00
7103	0,00	10,00
7104	2,00	1,00
7106	2,00	1,00
7107	2,00	1,00
7108	2,00	1,00
7109	2,00	1,00
7110	2,00	1,00
7113	2,00	1,00
7114	11,00	27,00
7115	11,00	27,00
7116	10,00	27,00
7117	9,00	27,00
7118	11,00	27,00
72	0,00	0,00
73	0,00	0,00
7301	0,00	0,00
7302	0,00	0,00
7303	0,00	0,00
7304	0,00	0,00
7305	0,00	0,00
7306	0,00	0,00
7307	0,00	0,00
7308	0,00	1,00
730840	0,00	0,00
730890	0,00	0,00
7309	0,00	0,00
7310	0,00	0,00
731029	0,50	0,50
7311	0,00	0,00
7312	0,00	0,00
7313	0,00	0,00
7314	0,00	0,00
7315	0,00	0,00
7315	3,00	0,00
7316	3,00	0,00
7317	3,00	0,00
7318	3,00	0,00
7319	3,00	0,00
7320	12,00	0,00
7321	1,00	1,00
7322	0,00	2,00
732310	12,00	2,00
7323	18,00	3,00
732410	3,00	3,00
7324	1,00	1,00
7325	0,00	0,00
7326	0,00	0,00
732690	0,50	0,00
74	0,00	0,00
7402	0,00	0,00
7403	0,00	0,00
7404	0,00	0,00
7406	0,00	0,00
7407	0,00	0,00
7407	0,00	0,00
7408	0,00	0,00
7409	0,00	0,00
741011	0,00	2,00
7410	0,00	0,00
7411	0,00	0,00
7412	0,00	0,00
7413	0,00	0,00
7414	0,00	0,00
7415	10,00	0,50
7417	10,00	0,50
7418	10,00	0,50
741910	4,00	0,00
7419	0,00	0,00
75	0,00	0,00
76	0,00	0,00
7607	0,50	0,00
760720	20,00	0,00
7610	0,00	1,00
7611	1,00	1,00
7612	1,00	1,00
7613	3,00	0,00
7614	3,00	0,00
7615	3,00	0,00
7616	0,00	0,00
77	0,00	0,00
78	0,00	0,00
79	0,00	0,00
80	0,00	0,00
81	0,00	0,00
8101	0,00	1,00
8104	0,00	1,00
810490	1,00	0,50
8105	0,00	0,00
8108	0,00	0,00
8111	0,00	1,00
8112	0,00	0,00
8113	0,00	0,00
82	0,00	0,00
8201	0,00	0,50
82013001	1,00	0,50
820140	5,00	5,00
820150	0,00	10,00
820160	0,00	10
820190	0,50	0,5
820210	0,50	0,5
8202	15,00	0
820240	1,00	1,00
820291	1,00	1,00
820299	4,00	3,00
8203	20,00	0,00
8204	20,00	0,00
8205	20,00	0,00
820559	13,00	10,00
820560	3,00	0,00
820570	3,00	0,00
820580	0,00	0,00
820590	1,00	0,50
8206	1,00	0,00
8207	0,00	0,00
820720	0,50	0,00
820730	0,50	0,00
820740	10,00	0,00
820750	5,00	25,00
820760	5,00	25,00
820770	3,00	0,00
820780	3,00	0,00
820790	3,00	0,00
8208	6,00	4,00
8209	6,00	4,00
8210	6,00	5,00
821110	6,00	4,00
8211	9,00	1,00
821195	4,00	0,00
821210	9,00	1,00
8212	0,50	2,00
8213	6,00	4,00
8214	6,00	4,00
8215	6,00	4,00
83	0,00	0,00
8301	0,50	0,00
8302	0,50	0,50
8303	4,00	0,50
8304	2,00	0,50
8305	2,00	0,50
830590	7,00	0,50
8306	2,00	0,50
8307	4,00	0,50
8308	4,00	0,50
8309	4,00	0,50
8310	2,00	0,50
8311	2,00	0,50
84	0,00	0,00
8402	0,00	0,00
8403	0,00	0,00
8404	0,00	0,00
8405	0,00	0,00
8406	0,00	0,00
8407	0,00	0,00
8408	0,00	0,00
8409	0,00	0
8410	0,00	0

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
8411	0,00	0	8443	0	0	8482	6,00	0
8412	0,00	0,00	8445	0,00	0,00	8483	10,00	0,00
8413	1,00	1,00	8448	5,00	0,00	8484	6,00	0,00
8414	1,00	1,00	8450	1,00	2,00	8485	0,00	0,00
8415	3,00	1,00	8451	2,00	3,00			
8416	1,00	1,00	845140	0,00	0,00	85	0,00	0,00
8417	2,00	2,00	845150	0,00	0,00	8501	5,00	0,00
8418	1,00	1,00	845180	0,00	0,00	850164	15,00	0,00
8419	1,00	1,00	845190	5,00	0,00	850211	10,00	0,00
841939	12,00	12,00	8452	0,00	0,00	850212	5,00	0,00
84198101	8,00	2,00	845230	3,00	0,00	8502	0,00	0,00
8420	1,00	1,00	845240	3,00	0,00	850240	10,00	0,00
8421	1,00	1,00	845290	5,00	0,00	8503	2,00	0,00
84211901	3,00	1,00	8453	0,00	0,00	8504	20,00	0,00
842123	6,00	0,50	845390	5,00	0,00	8505	15,00	0,00
842131	7,00	3,00	845420	0,50	0,00	850520	3,00	0,00
8422	1,00	1,00	8455	0,00	0,00	850610	3,00	0,00
842220	6,00	6,00	8456	0,00	0,00	8506	16,00	0,00
842230	6,00	6,00	8458	0,00	0,00	850690	0,50	0,50
842310	3,00	1,00	845910	0,00	0,00	8507	0,00	0,00
842320	6,00	2,00	8459	5,00	0,00	850730	5,00	0,00
8423	1,00	1,00	8460	5,00	0,00	85078091	5,00	0,00
842381	3,00	3,00	8461	5,00	0,00	85078099	5,00	0,00
842390	0,50	0,50	846210	5,00	0,00	850790	10,00	0,00
842420	3,00	3,00	8462	0,00	0,00	850910	4,00	2,00
8424	1,00	1,00	8463	0,00	0,00	850920	2,00	1,00
8425	0,00	0,00	8464	0,00	0,00	8509	11,00	5,00
8426	0,00	0,00	8465	3,00	0,00	8510	54,00	13,00
8427	0,00	0,00	846610	0,50	0,00	851020	28,00	7,00
8428	0,00	0,00	846620	1,00	0,00	851030	28,00	7,00
8429	0,00	0,00	846630	0,50	0,00	851110	20,00	0,50
8430	0,00	0,00	8466	5,00	0,00	851120	20,00	0,50
843110	2,00	1,00	8467	6,00	2,00	851130	20,00	0,00
843120	8,00	0,00	8468	4,00	1,00	8511	4,00	0,00
843131	8,00	0,00	8469	4,00	2,00	851210	7,00	0,00
843139	8,00	0,00	847010	6,00	0,00	851220	25,00	0,00
8431	0,00	0,00	8470	7,00	3,00	8512	20,00	0,00
843290	8,00	0,00	8471	6,00	2,00	851290	40,00	0,00
8433	3,00	0,50	8472	4,00	2,00	851310	13,00	0,00
843390	8,00	0,00	847230	14,00	2,00	851390	40,00	0,00
8434	2,00	0,50	847290	14,00	2,00	8514	0,00	0,00
8435	2,00	0,50	8473	7,00	3,00	851440	4,00	0,00
8436	3,00	0,00	847340	1,00	1,00	851490	6,00	0,00
843710	0,00	0,00	847350	1,00	0,50	8515	3,00	0,00
8437	3,00	0,00	8474	0,00	0,00	851519	25,00	0,00
8438	0,00	0,00	847490	4,00	0,00	85158009	0,00	0,00
843890	2,00	0,50	8475	4,00	0,00	8516	0,00	1,00
8439	0,00	0,00	8476	3,00	0,50	851631	24,00	7,00
843999	3,00	0,00	847690	5,00	0,00	851632	16,00	5,00
8440	0,00	0,00	8477	0,00	0,00	851633	16,00	5,00
844090	10,00	0,00	8478	0,00	0,00	851640	24,00	7,00
84411009	5,00	0,00	8479	0,00	0,00	851650	8,00	3,00
8441	5,00	0,00	847960	4,00	1,00	851671	5,00	2,00
8442	0,00	0,00	847989	3,00	0,00	851672	8,00	3,00
844240	5,00	0,00	847990	3,00	0,00	851679	5,00	2,00
844250	2,00	0,50	8480	0,00	0,00	85168001	8,00	3,00
8443	0,00	0	848110	3,00	0	85168009	3,00	0
844351	2,00	0,5	8481	6,00	0	851690	10,00	3

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
851711	21,00	5
8517	7,00	3,00
85171909	53,00	7,00
851721	5,00	2,00
851750	10,00	0,00
851780	17,00	0,00
851810	20,00	0,00
851821	4,00	1,00
8518	6,00	2,00
851890	2,00	2,00
8519	16,00	4,00
851993	9,00	1,00
851999	7,00	1,00
852010	64,00	16,00
8520	21,00	5,00
852033	7,00	1,00
852039	6,00	2,00
8521	24,00	3,00
8522	28,00	40,00
852290	23,00	5,00
85232001	0,00	4,00
8523	13,00	0,00
852410	3,00	3,00
8524	10,00	0,00
852491	0,00	4,00
852499	18,00	2,00
852510	3,00	0,00
85252001	10,00	1,00
85252009	30,00	0,00
852530	3,00	0,00
852540	13,00	3,00
8526	2,00	0,50
852712	27,00	3,00
85271301	5,00	0,50
85271302	21,00	4,00
85271309	9,00	1,00
852719	2,00	2,00
852721	5,00	0,50
852729	4,00	3,00
85273101	2,00	1,00
85273102	5,00	3,00
85273109	2,00	2,00
852732	12,00	9,00
852739	2,00	2,00
85279001	12,00	8,00
85279002	47,00	3,00
85279009	28,00	2,00
852812	2,00	0,50
852813	16,00	4,00
8528	8,00	2,00
85283009	16,00	4,00
8529	3,00	1,00
8530	15,00	3,00
8531	13,00	4,00
8532	23,00	8,00
8533	23,00	8,00
8534	7,00	3
8535	1,00	0,5
8536	1,00	0,5
8537	1,00	0,50
8538	0,50	0,50
8539	0,50	0,50
853929	145,00	5,00
853931	1,00	0,50
853932	18,00	8,00
853939	18,00	8,00
853941	18,00	8,00
853949	18,00	8,00
854011	5,00	3,00
854020	3,00	5,00
854040	2,00	4,00
854060	2,00	4,00
8540	4,00	7,00
854089	9,00	15,00
8541	0,50	0,50
8542	16,00	4,00
8543	6,00	1,00
854330	7,00	0,00
854340	10,00	0,00
854381	14,00	2,00
85438901	15,00	0,50
85438909	1,00	0,50
854390	10,00	0,00
854411	10,00	0,00
8544	5,00	0,00
854470	3,00	0,50
854511	0,50	0,50
8545	3,00	0,50
8546	3,00	0,50
8547	3,00	0,50
854810	4,00	1,00
854890	7,00	3,00
86	0,00	0,00
87	0,00	0,00
8708	4,00	0,00
8709	10,00	3,00
8712	10,00	1,00
8713	0,00	0,50
8714	3,00	2,00
8715	0,50	2,00
88	0,00	0,00
89	0,00	0,00
90	0,00	0,00
9001	0,50	2,00
900130	35,00	60,00
900140	50,00	10,00
900150	50,00	10,00
9002	0,50	7,00
9003	5,00	10,00
9004	5,00	10
900510	10,00	0
9005	10,00	0,5
9006	10,00	0,50
900661	8,00	3,00
900662	8,00	5,00
900669	13,00	7,00
900691	16,00	1,00
900699	16,00	1,00
9007	7,00	0,00
9008	7,00	0,00
9009	5,00	0,00
901010	4,00	0,00
9010	11,00	2,00
901060	7,00	0,00
9011	0,00	0,00
901180	4,00	0,00
901190	11,00	2,00
9012	11,00	2,00
9013	4,00	0,00
901380	11,00	0,50
901390	10,00	0,00
9014	4,00	0,00
9015	4,00	0,00
9016	4,00	0,00
9017	6,00	2,00
901811	6,00	2,00
901812	8,00	2,00
901813	10,00	0,00
901814	10,00	0,00
901819	6,00	2,00
901820	6,00	2,00
901831	11,00	15,00
901832	11,00	15,00
901839	11,00	15,00
9018	4,00	3,00
9019	1,00	1,00
90200000	3,00	1,00
90212100	0,50	0,50
90212900	12,00	18,00
90214000	39,00	16,00
9021	4,00	3,00
90	4,00	3,00
90312000	6,00	4,00
9031	4,00	3,00
9032	4,00	3,00
9033	4,00	3,00
91	25,00	45,00
92	0,00	0,00
9201	0,00	0,00
9202	0,00	0,00
9203	0,00	0,00
9204	0,00	0,00
9205	0,00	0,00
9206	0,00	0,00
9207	2,00	1,00
9208	0,00	0
9209	3,00	3

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
93	0,00	0
9302	0,00	0,00
9303	2,00	0,00
9304	25,00	25,00
930510	50,00	0,00
930521	33,00	0,00
930529	17,00	0,00
9306	11,00	0,00
9307	0,00	0,00
94	0,00	0,00
9401	4,00	1,00
9402	1,00	0,50
9403	2,00	1,00
94032009	4,00	1,00
940330	4,00	1,00
940340	4,00	1,00
940360	4,00	1,00
940370	7,00	3,00
940380	3,00	3,00
940390	4,00	2,00
940410	3,00	3,00
9404	0,00	2,00
940430	12,00	0,50
9405	13,00	13,00
94054001	5,00	5,00
94054009	1,00	1,00
940550	3,00	3,00
940560	5,00	5
9405	13,00	13
9406	0,00	0,00
95	0,00	0,00
9501	2,00	4,00
9502	11,00	7,00
9503	11,00	7,00
950410	109,00	71,00
950420	0,00	0,00
950430	0,00	0,00
950440	27,00	1,00
950490	14,00	10,00
9505	9,00	5,00
950611	0,00	0,00
950612	6,00	0,00
950619	30,00	0,00
950621	0,00	0,00
950629	0,00	0,00
950631	0,00	0,00
950632	0,00	0,00
950651	52,00	0,00
950659	32,00	0,00
9506	14,00	2,00
950669	36,00	16,00
950670	5,00	0,00
950691	5,00	0,00
950699	24,00	8,00
9507	22,00	8
96	0,00	0,00
9601	6,00	0,00
9602	50,00	20,00
9603	32,00	8,00
96035000	6,00	6,00
96039000	0,00	0,00
9604	45,00	25,00
9605	45,00	25,00
9606	29,00	25,00
9607	14,00	10,00
9608	30,00	10,00
9609	30,00	10,00
9610	9,00	5,00
9611	22,00	2,00
9612	30,00	10,00
9613	30,00	10,00
9614	35,00	15,00
9615	30,00	10,00
9616	45,00	25,00
9617	14,00	0,00
9618	0,00	2,00
97	0,00	0,00
98	0,00	0,00
99	0,00	0

536. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Á 131. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Átti það lagafrumvarp að koma í stað laga nr. 57 1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en einnig að taka til rannsókna á vatnsaflsvirkjunum sem þau lög gera ekki nú. Eftir nokkra umfjöllun um málið komst nefndin að þeirri niðurstöðu að frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum væri ekki hæft til lagasetningar að svo komnu. Fjölmargar athugasemdir höfðu þá borist nefndinni þar sem margvísleg gagnrýni kom fram á frumvarpið en líka á frumvarp til vatnalaga sem einnig var til umfjöllunar í nefndinni. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni höfði ítrekað lagt til að hvorugt frumvarpið yrði lögfest vegna fjölmargra galla, en einnig vegna þess að frumvörpunum var ætlað að leysa af hólmi vatnalögin frá 1923 en ekki hafði þá komið fram boðað frumvarp til laga um vatnsvernd sem unnið var að í umhverfisráðuneyti. Það frumvarp hefur ekki enn borist Alþingi.

Endurskoðun hins mikla og mikilvæga lagabálks vatnalaganna frá 1923 er að mati minni hlutans verkefni sem Alþingi verður að vanda til. Til þess að svo megi verða verður glögg

heildaryfirsýn að fást á alla þá lagabálka sem eiga að taka við hlutverki vatnalaganna. Til að freista þess að skapa Alþingi tíma til að vinna að málum í þessum anda stóð minni hluti nefndarinnar að því að flytja með meiri hlutanum frumvarp sem ekki náðist að ljúka umfjöllun um á síðasta þingi en er að mestu samhljóða því frumvarpi sem iðnaðarráðherra hefur nú lagt fram. Þessu frumvarpi er ætlað að skapa svigrúm til þess að vinna áfram að undirbúningi fyrirhugaðrar lagasetningar um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Áður en það mál getur komið til umfjöllunar á Alþingi þurfa að liggja fyrir niðurstöður í afar mikilvægu máli, þ.e. með hvaða hætti velja eigi milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að skipa skuli þverpólitíska nefnd til að vinna að þeirri stefnumótun. Þessi tillaga var í því frumvarpi sem nefndin flutti á liðnu vori. Af einhverjum óútskýrðum ástæðum hefur ráðherra fellt tillöguna úr því frumvarpi sem nú liggur fyrir en það er þó að öðru leyti samhljóða frumvarpi nefndarinnar eins og áður sagði. Þessi tillaga var mikilvægur hluti málsins að mati minni hlutans og því ber að þakka meiri hlutanum fyrir að taka tillöguna upp aftur. Það er afar lýsandi fyrir vinnubrögð stjórnarmeirihlutans við endurskoðun þeirra lagabálka sem eiga að taka við af vatnalögunum frá 1923 að öll nefndin skuli sammála um að í þessu frumvarpi þurfi að vera ákvæði um endurskoðun á mjög mikilvægum grundvallarþætti málsins, þ.e. hvaða reglur eigi að gilda í framtíðinni um það hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir því að fá nýtingarrétt á auðlindum. Það að minni hlutinn tók þátt í að flytja frumvarp samhljóða þessu frumvarpi verður að skoða í því ljósi að það virtist eina færa leiðin til að koma í veg fyrir að ófullburða frumvarp um jarðrænar auðlindir yrði gert að lögum á síðasta vorþingi. Minni hlutinn harmar að ekki hefur verið fallist á þau sjónarmið hans að allir lagabálkarnir sem koma eiga í stað vatnalaga verði unnir í samhengi svo nauðsynleg yfirsýn fáist. Þetta sést á því að frumvarp til vatnalaga er nú endurflutt nánast óbreytt og því ætluð lögfesting á þessu þingi. Enn er ekki fram komið boðað frumvarp um vatnsvernd.

Sá galli er á því frumvarpi sem hér liggur fyrir að við lögfestingu þess tekur ákvæði 2. gr. frumvarpsins (5. gr. laganna) sem veitir ráðherra heimild til að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfum í tengslum við útgáfu rannsóknarleyfa einnig til nýtingarleyfa hvað vatnsafl varðar. Í því samkeppnisumhverfi sem nú er að skapast í raforkuframleiðslu er nú þegar ljóst að kapphlaup er hafið hjá orkuframleiðslufyrirtækjum um auðlindir landsins. Kapphlaupið er að mati minni hlutans háð vegna þess að stjórnendur fyrirtækjanna telja að reglur sem settar verði um val á milli þeirra sem sækjast eftir nýtingarrétti á auðlindum verði íþyngjandi. Þetta kann að vera rétt en ef svo er munu þeir sem hljóta náð fyrir augum iðnaðarráðherra í því millibilsástandi sem mun ríkja þar til fyrirhuguð lög taka gildi hafa forskot í samkeppninni við hina sem á eftir koma.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að það eru einmitt nýju aðilarnir, væntanlega aðallega einkafyrirtæki á markaðnum, sem eiga að tryggja þá samkeppni sem stjórnvöld segjast vilja skapa. Minni hlutanum hefur orðið þessi staða enn betur ljós á þeim tíma sem liðinn er frá því að málið var til umfjöllunar á síðasta þingi og nefndin fékk skýra staðfestingu á því sem hér hefur komið fram í viðræðum við forsvarsmenn orkufyrirtækja og embættismenn iðnaðarráðuneytisins við umfjöllun málsins. Af þessum ástæðum lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram þá breytingartillögu á fundi nefndarinnar að heimildarákvæðið sem ráðherra hefur skv. 5. gr. laganna verði numið úr gildi. Með þeirri ákvörðun kæmi ekki til kapphlaups á þeim forsendum sem fyrr er lýst vegna þess að allir sættu þá í framtíðinni sömu reglum eftir að ný lög um jarðrænar auðlindir öðlast gildi. Þessi breyting mundi ekki hamla í neinu veitingu leyfa til rannsókna og ekki heldur veitingu nýtingarleyfa á þeim tíma sem líður þar til endurskoðun laganna verður lokið. Það vakti þess vegna mikla undrun minni

hlutans að meiri hlutinn hafnaði tillögunni og því telur hann sig knúinn til að flytja breytingartillögur við frumvarpið sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon áheyrnarfulltrúi er í aðalatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í þessu áliti minni hlutans og telur þá breytingartillögu sem þar er boðuð til bóta. Hann telur þó réttast að fresta afgreiðslu málsins með öllu og mun gera nánar grein fyrir ástæðum þess við umræðu um málið.

Alþingi, 3. des. 2005.

Jóhann Ársælsson, frsm.	Helgi Hjörvar.	Sigurjón Þórðarson.

Katrín Júlíusdóttir.

537. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (JÁ, HHj, SigurjÞ, KJúl).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
   Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

538. Svar [349. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um innleiðingu tilskipana ESB.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar tilskipanir ESB hefur Ísland innleitt í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, Schengen-samstarfið og Dyflinnarsamninginn frá því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu?

Samkvæmt upplýsingum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem miðaðar eru við 30. apríl 2005 hafa íslensk stjórnvöld innleitt 1.331 tilskipun í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þess ber að geta að í þessari tölu eru tilskipanir ESB frá því fyrir undirritun EES-samningsins árið 1992. Þær voru um það bil 950 en hluti þeirra hefur verið felldur úr

gildi. Ísland hefur samþykkt sex tilskipanir vegna Schengen-samstarfsins en engar varðandi Dyflinnarsamninginn.

Ísland hefur því hrint í framkvæmd 1.337 tilskipunum samtals í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samstarfssamningum Íslands um þátttöku í Schengen-samstarfinu og Dyflinnarsamningnum.

539. Svar [98. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið framfylgt ályktun Alþingis frá 14. maí 1997 um að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjanesshrygg að Færeyjahrygg?

Umrædd þingsályktun kallar á viðamiklar aðgerðir og rannsóknir. Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillöguninni er m.a. rætt um rannsóknir á vannýttum auðlindum, sjómælingar og sjókort og síðan smíði á nýju varðskipi. Þegar þingsályktunin var samþykkt á Alþingi var ekki til í landinu sá tækjabúnaður sem þurfti til að vinna ítarlegt og umfangsmikið sjómælingaverkefni í þeim anda sem tilgreint var í greinargerðinni. Það var ekki fyrr en árið 2000, þegar Hafrannsóknastofnunin fékk til umráða nýtt og fullkomið hafrannsóknaskip, rs. Árna Friðriksson, að forsendur voru til mælinga eins og þeirra sem ætlast var til með þingsályktuninni. Rs. Árni Friðriksson er m.a. útbúinn með svokölluðum fjölgeisladýptarmæli (e. multibeam echo sounder) en með mælinum er hægt að kortleggja hafsbotninn af mun meiri nákvæmni en með hefðbundnum dýptarmæli.

Þessu verkefni fylgdu engar fjárveitingar frá Alþingi og hafa ekki fengist síðar. Reynsla af notkun fjölgeislamælisins í Árna Friðrikssyni við aðstæður eins og þær sem eru suður af landinu bendir til þess að unnt ætti að vera að kortleggja ítarlega á bilinu 800–1.000 km^2 á sólarhring. Svæðið sem um ræðir í þingsályktuninni er um ⅓ af lögsögunni, eða um 250.000 km^2 að stærð. Það má því ætla að allt verkið taki um 250–300 daga. Einn sjódagur við rannsóknir af þessu tagi kostar um 1.250.000 kr. með fullri áhöfn og rannsóknarmönnum. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að kortlagning á svæði því sem nefnt er í þingsályktuninni muni kosta á bilinu 310–370 millj. kr. Það má gera ráð fyrir því að um 1.000 sjódaga þyrfti til þess að kortleggja alla efnahagslögsöguna og kostnaður við það verkefni yrði um 1 milljarður kr.

Hafrannsóknastofnunin hefur eftir því sem að fjárveitingar hafa leyft notað fjölgeisladýptarmælinn við kerfisbundna kortlagningu á nokkrum svæðum á djúpslóð við landið, m.a. suður af landinu. Þá hefur skipið og tækjabúnaðurinn einnig verið notuð í mælingarverkefni sem Hafrannsóknastofnunin vann á árunum 2002–2004 fyrir hafsbotnsnefnd utanríkisráðuneytisins og Orkustofnun djúpt suður af landinu og tengist undirbúningi að kröfugerð Íslendinga varðandi yfirráðarétt yfir sjávarbotninum. Hluti af því verkefni fólst í mælingum á landgrunninu innan 200 sjómílna, m.a. á Reykjaneshrygg. Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni voru þá eingöngu sigldar stakar línur út frá landinu og oft um 100 km í næstu leiðarlínu (legg) og því ekki um heildstætt kort að ræða. Mjög mikið verk er því

óunnið í þessum efnum og þar gæti hið nýja rannsóknaskip og tækjabúnaðurinn sem þar er um borð komið að góðum notum.

Varðandi rannsóknir á djúpmiðum í þeim tilgangi að leita að nýjum fiskimiðum og nytjastofnum er þetta að segja: Á undanförnum árum hefur Hafrannsóknastofnunin í samstarfi við Landssamband íslenskra útvegsmanna staðið að nokkrum leiðöngrum til leitar og veiðitilrauna á laxsíld suðvestur og suður af landinu. Margir telja að þar geti verið um að ræða auðlind sem kunni að verða nýtt í framtíðinni. Enn sem komið er hefur árangur ekki verið sá að leitt hafi til nýtingar á þessum stofnum miðsjávarfiska. Á þessu sviði, líkt og í kortlagningunni, er hér mikið verk óunnið. Leit og veiðitilraunir á því stóra svæði sem hér um ræðir eru kostnaðarsamar og til þess að ná árangri þarf mun víðtækari rannsóknir en unnt hefur verið að stunda hingað til.

Með undirritun hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna 1994 tókst Íslandi á hendur að fara að 76. gr. samningsins um afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna og leggja greinargerð um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna fyrir Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Ísland hefur frest til að skila upplýsingum til ársins 2009. Undirbúningsvinna vegna greinargerðarinnar hófst árið 2000 og stendur enn. Ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 2001 tillögu utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra um undirbúning greinargerðarinnar. Hún felur í sér umfangsmestu landgrunnsrannsóknir umhverfis Ísland frá upphafi. Kostnaðarsamasti verkþátturinn er mælingar á því landgrunni sem Ísland gerir tilkall til utan 200 sjómílna, en það er um 1.000.000 km^2 að stærð, auk mælinga á um 350.000 km^2 af landgrunninu sem er innan 200 sjómílna. Alls er þetta um þrettánfalt landsvæði Íslands.

Orkustofnun afmarkaði þrjú mælingasvæði, Síldarsmuguna, Reykjaneshrygg út að 350 sjómílna mörkunum ásamt landgrunninu úti fyrir Suðurlandi, og Hatton Rockall-svæðið. Mælingarnar fóru fram á árunum 2002–2004. Þrenns konar mælingar voru gerðar: Fjölgeisladýptarmælingar til að kortleggja landslag á hafsbotni, hljóðendurvarpsmælingar til mælinga á þykkt setlaga, og bylgjubrotsmælingar til þess að kanna gerð berglaga á landgrunni.

Fjölgeislamælingarnar voru gerðar af Hafrannsóknastofnuninni með rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni. Árið 2002 var mælt í tilraunaskyni á Reykjaneshrygg og Hatton-Rockall svæðinu, samtals 4.800 km að lengd. Kostnaður nam 25,6 millj. kr. Árið 2003 voru gerðar mælingar í Síldarsmugunni, á Reykjaneshrygg, úti fyrir Suðurlandi, á Færeyjahrygg og á Hatton-Rockall svæðinu. Úthaldsdagar voru 84 og mælingar gerðar á línum sem eru samtals 15.400 km að lengd. Kostnaður nam 118,1 millj. kr. Árið 2004 voru mældir 10.500 km á Reykjaneshrygg og í landgrunnshlíðunum suður af landinu. Kostnaður nam 80,6 millj. kr. Dýptarmælingagögnin sem Hafrannsóknastofnunin aflaði voru í góðu lagi og standast vel kröfur Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hafsbotnsrannsóknir hafa einnig farið fram í Tjörnesbrotabeltinu fyrir Norðurlandi í samvinnu Orkustofnunar, Raunvísindastofnunar Háskólans, Hafrannsóknastofnunarinnar og erlendra rannsóknastofnana. Sumarið 2002 gerði rannsóknaskipið Árni Friðriksson fjölgeislaðýptarmælingar í Eyjafjarðarál frá mynni Eyjafjarðar norður á suðurenda Kolbeinseyjarhryggjar og á svæði frá Skjálfanda norður fyrir Grímsey. Sumarið 2003 gerðu rannsóknaskipin Bjarni Sæmundsson og mb. Baldur, skip Sjómælinga Íslands, ítarlegri mælingar á Skjálfanda, og sumarið 2004 stóðu Orkustofnun, Jarðvísindastofnun Háskólans og Landhelgisgæsla Íslands saman að mælingaleiðangri mb. Baldurs sem gerði fjölgeislamælingar á Skjálfanda og í Öxarfirði.

Eins og áður var nefnt er mikið verk óunnið í þessum málum en þó er vert að benda á búið er að mæla ákveðin svæði, m.a. í tengslum við verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir utanríkisráðuneytið og Orkustofnun sem minnst var á hér að framan.

540. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2006.

(Afgreidd frá Alþingi 7. des.)

Samhljóða þskj. 437 (sbr. 1) með þessum breytingum:

Sundurliðun 2.

Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtalinn liður í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, hljóðar svo:

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	M.kr.
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	12,5
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	10,0
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	18,0
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	18,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	47,0
1.25 Tónlistarsjóður	50,0
1.27 Tónlist fyrir alla	7,0
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslenska tónverkamiðstöðin	10,6
1.30 Íslenska óperan	175,6
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	90,0
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	37,0
1.44 Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	15,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	43,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	32,0
1.90 Listir	39,7
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	20,2
Almennur rekstur samtals	662,0
Gjöld samtals	**662,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	662,0

SÉRSTÖK YFIRLIT II

5. Listir (02-982-1.90) hljóðar svo:	Þús. kr.
1. Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	500
2. Harmonikkufélag Vestfjarða	300
3. Hlunnindasýning á Reykhólum	2.000
4. Íslensk grafík	1.300
5. Kling og Bang gallerí ehf.	1.000
6. Leikbrúðuland	1.200
7. Leikfélag Reykjavíkur	10.000
8. Leikminjasafn Íslands	5.000
9. Listvinafélag Vestmannaeyja	500
10. Minnisvarði um breska sjómenn í Vík	1.000
11. Músík í Mývatnssveit	1.000
12. Rannsóknastofa um helgisiðafræði í Skálholti	7.000
13. Samband íslenskra myndlistarmanna	4.000
14. Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.000
15. Tónahátíð í Þjórsárveri	500
16. Tónleikar í Skaftárhreppi	500
17. Tónlistarfélag Ísafjarðar	900
18. Tónlistarhúsið Laugarborg í Eyjafirði	500
19. Þjóðlagahátíð á Siglufirði	500
Samtals	**39.700**

541. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dýravernd, nr. 15/1994.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Runólfsson yfirdýralækni og Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að lagt verði bann við prófun snyrtivara á lifandi dýrum og er þannig innleidd tilskipun Evrópusambandsins 2003/15/EB um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu ákvæða í lögum aðildarríkjanna varðandi snyrtivörur.

Nefndin vill leggja áherslu á að flýtt verði vinnu sem snertir skipulagningu dýraverndunarmála með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu í tengslum við málaflokkinn og að skoðað verði að málefni dýraverndar heyri undir eitt ráðuneyti.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Nefndin gerir tillögu um að svokallað innleiðingarákvæði bætist við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. des. 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ásta Möller.	Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.

542. Breytingartillaga [312. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um dýravernd, nr. 15/1994.

Frá umhverfisnefnd.

Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2003/15/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, sem vísað er til í 1. tölul. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2004, þann 9. júní 2004.

543. Svar [336. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um íbúðalán banka og sparisjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve háa fjárhæð samtals hefur hver banki og sparisjóður lánað með veði í íbúðarhúsnæði síðan í ágúst 2004 og hver er fjöldi lántakendanna í hverju tilviki?*
2. *Hver er áætluð markaðshlutdeild hverrar lánastofnunar og þeirra allra samtals í þessum lánaflokki og hver er hlutdeildin þegar lánunum er skipt eftir höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?*
3. *Hversu margir lántakendur hjá hverri stofnun eru með*
   a. *4,15% vexti eða lægri á þeim lánum sem um er spurt og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,*
   b. *vexti á bilinu 4,15%–5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna,*
   c. *vexti hærri en 5,1% og hver er samanlögð fjárhæð lánanna?*
4. *Hve margir lánasamningar eru þannig að þinglýst er tiltekinni vaxtaprósentu en samið er við greiðanda um greiðslu lægri vaxta, hvernig skiptast þeir milli bankastofnana og hver er samanlögð fjárhæð í hverju tilviki? Hvaða vaxtaprósentu er helst þinglýst og hvaða lægri vaxtaprósentu er oftast samið um?*

5. *Hver er áætluð meðalvaxtaprósenta hverrar bankastofnunar af þessum lánum nú og hver verður hún þegar tekið hefur verið tillit til uppgreiðsluálags, endurskoðunar vaxta samkvæmt fimm ára ákvæði og skilyrða um önnur viðskipti lántakenda?*
6. *Hver er vaxtamunur hverrar bankastofnunar og áætlaður hagnaður af honum?*

Leitað var til Fjármálaeftirlitsins og Samtaka banka og sparisjóða um svör við fyrirspurninni.

Ráðuneytinu hafa nú borist svör beggja. Í svari Fjármálaeftirlitsins, en beint eftirlit með rekstri banka og annarra fjármálafyrirtækja er á hendi þeirrar stofnunar lögum samkvæmt, kemur fram að þær upplýsingar sem óskað er eftir liggi ekki fyrir hjá stofnuninni og jafnframt tekið fram að Fjármálaeftirlitinu sé óheimilt að veita slíkar upplýsingar nafngreinanlegar um einstaka banka og sparisjóði. Til þess að stofnunin geti rækt eftirlitsskyldu sína er mikilvægt, að mati ráðuneytisins, að hún njóti trausts þeirra sem hún hefur eftirlit með og að þeir geti treyst því að trúnaðarupplýsingar um einstaka eftirlitsskylda aðila séu ekki gerðar opinberar.

Í svari Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja er vísað til svars samtakanna við svipaðri ósk ráðuneytisins frá 11. febrúar 2002 þar sem efnislega kemur fram að slík fyrirspurn varði einkamálefni en ekki opinber málefni og því séu samtökin ekki í aðstöðu til að verða við beiðninni.

Til fróðleiks skal þess getið að Fjármálaeftirlitið hefur frá árslokum 2004 safnað ársfjórðungslega upplýsingum frá bönkum og sparisjóðum um stöðu lána með veði í íbúðarhúsnæði og upplýsingum sem varða fastvaxtaáhættu þessara fjármálafyrirtækja.

544. Nefndarálit [326. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnheiði Snorradóttur og Guðmund Thorlacius frá fjármálaráðuneyti og Indriða H. Þorlákssson og Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra. Umsagnir bárust nefndinni frá ríkisskattsstjóra, Sjómannasambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð í samræmi við þá hækkun persónuafsláttar sem samþykkt var í þremur þrepum haustið 2004, nánar tiltekið 2. hækkun. Þá eru lagðar til breytingar sem lúta að skattframkvæmd. Nefndin gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Hins vegar kom fram við meðferð málsins að nauðsynlegt væri að gera aðrar breytingar á lögunum, þ.e. varðandi álagningu eignarskatts á félög sem hafa annað reikningsár en almanaksárið.

Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, skal miða skatta við næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins. Skattskil skulu þó að jafnaði miðast við 12 mánaða tímabil. Ef breytt er um reikningsár þarf að gera sérstaklega upp fyrir þá mánuði ársins sem falla utan reikningsársins, hvort heldur við upphaf breytinga

eða afturhvarf til almanaksársins. Regla sem þessi hefur verið í skattalögum allt frá árinu 1921. Jafnframt segir í 78. gr. laganna að eignarskatt skuli miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir er með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

Með lögum nr. 129/2004 var kveðið á um afnám eignarskatts og skal síðasta álagning hans fara fram á árinu 2005 vegna eigna eins og þær voru í árslok 2004. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003 ákveður fjármálaráðherra hvenær álagningu skuli vera lokið. Samkvæmt auglýsingu nr. 29 frá 3. janúar 2005 var ákveðið að álagningu á lögaðila sem hafa almanaksárið sem reikningsár skuli vera lokið eigi síðar en 31. október 2005. Einnig var kveðið á um að álagningu á lögaðila sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið skuli lokið eigi síðar en sex mánuðum eftir að því reikningsári lýkur.

Félög með annað reikningsár en almanaksárið geta lokið reikningsári sínu á tímabilinu frá 31. janúar til 30. nóvember 2005. Þar sem skattstjórar hafa sex mánuði til að ljúka álagningu fer hún eðli máls samkvæmt fram í einhverjum tilvikum á fyrri hluta ársins 2006 vegna lögaðila sem ljúka reikningsárinu 31. júlí til 30. nóvember 2005. Ákvæði um heimild til álagningar eignarskatts falla niður 31. desember 2005. Þar með getur skattstjóra mögulega skort álagningarheimild vegna eignarskatts þegar um er að ræða lögaðila með annað reikningsár en almanaksárið. Úr þessu á að bæta með bráðabirgðaákvæði því sem fram kemur hér á eftir.

Tekið er fram í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 129/2004 að brottfelld ákvæði haldi gildi sínu bæði hvað varðar álagningu á félög sem hafa heimild til að miða skattuppgjör við reikningsár sitt og endurákvörðun vegna fyrri ára. Þykir þó rétt til áréttingar að taka sérstaklega fram í bráðabirgðaákvæði að skattstjórar hafi ótvíræða heimild til álagningar eignarskatts fram yfir almennt afnám eignarskatts í þeim tilvikum þegar um annað reikningsár en almanaksárið er að ræða.

Bráðabirgðaákvæðinu er einnig ætlað að bæta úr öðru atriði. 30. mars 2004 gaf embætti ríkisskattstjóra út verklagsreglur, m.a. um hvernig haga skuli skattskilum félaga á því ári sem þau fá heimild skattstjóra fyrir öðru reikningsári en almanaksárinu. Við þær aðstæður getur sú staða komið upp að reikningsár sé einungis nokkrir mánuðir, þ.e. að um skert reikningsár sé að ræða vegna tímabilsins frá áramótum að upphafi hins breytta reikningsárs. Sama getur komið upp sé breytt til baka, þ.e. frá afbrigðilegu reikningsári til almanaksárs. Í verklagsreglunum segir almennt um álagningu eignarskatts að í þeim tilvikum þegar reikningsári er breytt skuli leggja á eignarskatt fyrir framtalstímabil sem nær yfir 31. desember eða ef það er níu mánuðir eða lengra. Getur því sú staða komið upp að félög við umbreytingu í annað reikningsár sitji í einstaka tilfellum uppi með eina eignarskattsálagningu umfram félög sem hafa almanaksárið sem reikningsár.

Þá leggur nefndin til smávægilega breytingu á 3. gr. frumvarpsins er varðar gildistöku.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Vegna félaga sem hafa annað reikningsár en almanaksárið skal álagningu hagað samkvæmt eftirfarandi reglum vegna reikningsárs sem lýkur á árinu 2005. Álagningu skal haga samkvæmt þeim eignarskattsstofni sem ákvarðast í lok reikningsárs á grundvelli ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þau lög voru 30.

desember 2005. Hafi félag fengið samþykki skattstjóra fyrir öðru reikningsári en almanaksári og við þá breytingu haft skert reikningsár fyrir tímabilið frá lokum fyrra tímabils til upphafs næsta reikningsárs og jafnframt greitt eignarskatt við lok hins skerta reikningstímabils skal félagið undanþegið álagningu eignarskatts vegna reikningsárs sem lýkur á árinu 2005.

2. 2. málsl. 3. gr. orðist svo: Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Ásta Möller.	Ögmundur Jónasson.
	Siv Friðleifsdóttir.	

545. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigmar Ármannson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vátryggingarsamninga sem munu taka gildi 1. janúar næstkomandi. Um er að ræða leiðréttingar á tilvísunum milli ákvæða (3. gr. og 120. gr.), efnisbreytingar á ákvæðum í því skyni að gera skýrari greinarmun á milli svonefndra heilsutrygginga án uppsagnarréttar (sjúkdómatrygginga) annars vegar og hreinna áhættulíftrygginga hins vegar (85. gr. og 86. gr.) og loks áréttingu um rétt eftirlifandi maka til greiðslu vátryggingarfjárhæðar (100. gr.).

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að gildissvið 61. gr. laganna sem fjallar um persónutryggingar þykir fullvíðtækt, einkum með tilliti til kjarasamninga launþega á vinnumarkaði. Slysatryggingar launþega munu falla undir ákvæði laganna um hóptryggingar en slíkar tryggingar hafa hingað til verið, og verða áfram, tryggðar með kjarasamningum aðila á vinnumarkaði. Framkvæmd kjarasamningsbundinna trygginga hefur þótt einföld í framkvæmd og haft í för með sér tiltölulega lítinn kostnað við umsýslu og er því ekki ástæða til að hrófla við þeim. Nefndin leggur því til að undanþáguákvæði 4. mgr. 61. gr. laganna verði víkkað og látið ná til persónutrygginga launþega samkvæmt kjarasamningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Við 4. mgr. 61. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá gilda ákvæði um hópvátryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónutryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.

Alþingi, 7. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármansson.	Kristján L. Möller.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson.	Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

546. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Við 5. gr. Á undan orðinu „sprotafyrirtækjum“ í 1. og 2. mgr. komi: nýsköpunar- og.

Greinargerð.

Lögð er til orðalagsbreyting þar sem orðunum „nýsköpunar- og“ er bætt framan við orðið „sprotafyrirtækjum“ í 1. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Með þessari breytingu er stjórn Nýsköpunarsjóðs gefið svigrúm til að nota hið aukna fjármagn ekki eingöngu til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum eins og þau eru skilgreind í athugasemdum við frumvarpið heldur einnig í nýsköpunarfyrirtækjum í víðari skilningi. Ekki er æskilegt að skilyrða fjármögnunina meira en gildandi lög um Nýsköpunarsjóð kveða á um og því er þessi breyting lögð til.

547. Nefndarálit [345. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Knút Bruun frá Myndstefi, Tryggva P. Friðriksson frá Gallerí Fold og Emil B. Karlsson frá Samtökum verslunar og þjónustu. Nefndinni bárust umsagnir frá Gallerí

Fold, Myndstefi, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða listmunauppboðsákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt). Meginþýðing tilskipunarinnar hér á landi er sú að fylgiréttargjald mun lækka. Í 1. málsl. 6. mgr. 23. gr. gildandi laga kemur fram að á málverk, myndir og listmuni sem seldir eru á listmunauppboðum skuli leggja 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að gjaldið verði ákveðið í sex þrepum frá 0,25% upp í 10%.

Við umfjöllun málsins kom fram það sjónarmið að óeðlilegt væri að ríkið innheimti sem skatt fjármuni sem renna eiga til einkaaðila. Jafnframt var því velt upp hvort umfang innheimtunnar væri svo lítið að kostnaður vegna hennar stæði ekki undir tekjunum.

Í 6. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra geti sett nánari reglur um fylgiréttargjald að höfðu samráði við Myndlistarsjóð Íslands – Myndstef. Nefndin leggur til að tilgreining á umræddum hagsmunasamtökum verði felld brott en leggur á það áherslu að komi til reglugerðarsetningar, skuli ráðherra leita samráðs beggja hagsmunaaðila, þ.e. myndlistarmanna og fulltrúa uppboðshaldara. Þá leggur nefndin til tvær smávægilegar breytingar er varða lagatæknileg atriði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingsskjali.

Alþingi, 7. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármannsson.	Kristján L. Möller.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson.	Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

548. Breytingartillögur [345. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:
   a. 6. mgr. fellur brott.
   b. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 23. gr. a.
2. Orðin „að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef“ í 6. efnismgr. 2. gr. falli brott.
3. 3. gr. falli brott.

549. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Ásu Ögmundsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssyni frá ríkisskattsstjóra, Sigurgeir Þorgeirsson og Þórarin E. Sveinsson frá Bændasamtökum Íslands, Einar Marinósson frá Olíuverslun Íslands hf., Gest Friðjónsson frá Olíudreifingu, Ólaf Jónsson frá Skeljungi hf., Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni. Umsagnir bárust nefndinni frá Umhverfisstofnun, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Samtökum iðnaðarins, Olíuverslun Íslands hf., ríkisskattstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Vegagerðinni, Umferðarráði, Samtökum atvinnulífsins, Bændasamtökum Íslands, Skeljungi hf., Olíufélaginu hf., Olíudreifingu ehf. og Umferðarstofu.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er á lögin frá gildistöku þeirra 1. júlí 2005. Vísast nánar til þess sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að leitað verði leiða til að þau ökutæki sem hafa heimild til að nota litaða olíu verði sérstaklega auðkennd, t.d. á númeraplötu eða með miða í framrúðu.

Við umfjöllunina var varpað fram spurningu um ábyrgð afgreiðslumanna olíufélaganna. Í því sambandi var bent á að olíufyrirtæki bæru samkvæmt ákvæðum laganna ábyrgð á greiðslu gjalds af gjaldskyldri olíu og litun ógjaldskyldrar olíu, auk þess sem þeim bæri að tryggja að ógjaldskyld ólituð olía til skipa færi ekki til annarra nota. Í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Af þessu má ályktа að notandinn beri ábyrgð á því að lituð olía verði ekki notuð nema samkvæmt heimildum í 1. mgr. greinarinnar. Meiri hlutinn telur því að starfsmenn beri ekki ábyrgð á afgreiðslu olíunnar.

Meiri hlutinn undirstrikar það sem kom fram í áliti 1. minni hluta í 849. máli 130. löggjafarþings, þ.e. að endurgreiðslur, sem bændur fengu á grundvelli laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en misstu við gildistöku laga um olíugjald og kílómetragjald, verði bættar þeim með einhverjum hætti.

Fram kom við umfjöllunina að ekki hefðu orðið breytingar á áformum Evrópusambandsins að taka í notkun mælitæki í bifreiðar árið 2011 til að mæla notkun á vegum eins og fram kom í fyrrgreindu nefndaráliti 1. minni hluta. Móta þurfi stefnu í álagningu umhverfisskatta á brennsluefni og notkunarskatta (þjónustugjalda) fyrir vegi fram til þess tíma.

Meiri hlutinn leggur til að gjaldskrá sérstaks kílómetragjalds verði breytt frá því sem kveðið er á um í 4. gr. frumvarpsins. Ástæða þess er tvíþætt. Lagt hefur verið fram frumvarp um að framlengja skuli tímabundna lækkun á olíugjaldi úr 45 kr. í 41 kr. til 1. júlí 2006, sbr. 363. mál sem nefndin ræddi samhliða máli þessu. Það hefur áhrif á sérstakt kílómetragjald þar sem gæta þarf jafnræðis í skattlagningu þyngri ökutækja sem borga bæði olíugjald og kílómetragjald í samræmi við núgildandi lög. Í öðru lagi er byggt á nákvæmari og samhæfðari eyðslutölum þyngri ökutækja sem fengust frá Landsambandi vörubifreiðastjóra, nokkrum bifreiðaumboðum og Samtökum iðnaðarins. Þannig næst meira jafnræði í gjaldtöku

milli ökutækja til sérstakra nota sem aka á gjaldfrjálsri olíu og annarra ökutækja svipaðrar gerðar miðað við sambærilegan akstur í almenna vegakerfinu.

Samkvæmt frumvarpinu eiga allar dráttarvélar að fá heimild til að nota gjaldfrjálsa litaða olíu þar sem þær eru oftast notaðar sem vinnuvélar. Þess vegna leggur meiri hlutinn til að eftirvagnar sem eru þyngri en 5.000 kg og eru dregnir af dráttarvélum greiði sérstakt kílómetragjald. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem dregnir eru af bifreið á beltum eða dráttarvél og nær eingöngu notaðir utan opinberra vega. Með þessu er m.a. átt við eftirvagna í eigu bænda sem nýttir eru við eða innan landareignar lögbýla.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingsskjali.

Alþingi, 7. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Birgir Ármannsson.

Ásta Möller. | Siv Friðleifsdóttir.

550. Breytingartillögur [327. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

1. Við 4. gr.
   a. B-liður orðist svo: Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
      Greiða skal sérstakt kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:
      1. Bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.
      2. Eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og dregnir eru af dráttarvélum. Skrá ber umrædda eftirvagna sem dregnir eru af dráttarvélum hjá Umferðarstofu. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem taldir eru upp í 3. málsl. 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum.
   b. D-liður orðist svo: 5. mgr. orðast svo:
      Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald kr.
5.000–6.000	9,27	18.001–19.000	23,99
6.001–7.000	10,04	19.001–20.000	25,04
7.001–8.000	10,80	20.001–21.000	26,09
8.001–9.000	11,57	21.001–22.000	27,14
9.001–10.000	12,33	22.001–23.000	28,19
10.001–11.000	13,39	23.001–24.000	29,24
11.001–12.000	14,75	24.001–25.000	30,29
12.001–13.000	16,12	25.001–26.000	31,34
13.001–14.000	17,48	26.001–27.000	32,39
14.001–15.000	18,85	27.001–28.000	33,44
15.001–16.000	20,21	28.001–29.000	34,49
16.001–17.000	21,58	29.001–30.000	35,54
17.001–18.000	22,94	30.001–31.000	36,59
		31.001 og yfir	37,64

2. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2006:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald kr.
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

551. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Ásu Ögmundsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds um 4 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu, sem gildir á tímabilinu frá 1. júlí til loka þessa árs samkvæmt lögum sem sett voru á síðasta vorþingi, verði framlengd um hálft ár eða til 1. júlí árið 2006.

Mál þetta var rætt samhliða 327. máli.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján L. Möller, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 7. des. 2005.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

552. Svar [253. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvars um eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

1. *Hvað les ráðherra úr þeim umfangsmiklu fjárráðstöfunum sem felast í fjáraukalögum og lokafjárlögum, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2005 þar sem segir að það ætti að heyra til algerra undantekninga að stofnað sé til skuldbindinga nema lögmæt fjárheimild sé til staðar, sbr. ákvæði í stjórnskipunarlögum?*

Fjármálaráðherra er sammála því sjónarmiði að fjárheimildir settar með lögum á Alþingi séu forsenda fyrir því að efnt sé til skuldbindinga fyrir hönd ríkissjóðs. Kveðið er á um það fyrirkomulag í stjórnarskrá og lögum um fjárreiður ríkisins. Einmitt þess vegna er á ári hverju lagt fram frumvarp til fjáraukalaga þar sem lagðar eru fyrir Alþingi til umfjöllunar og ákvörðunar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta áhrifum af breyttum forsendum frá afgreiðslu fjárlaga, ýmsum ófyrirséðum atvikum og kringumstæðum og nýjum áformum um brýn forgangsverkefni. Með afgreiðslu þess frumvarps liggur fyrir ákvörðun þingsins um lögmætar fjárheimildir fyrir viðkomandi útgjöldum. Það er matsatriði hvort þær ráðstafanir geti talist umfangsmiklar í samhengi við stærðargráður fjárlaganna. Almennt má

segja að fjárhæðirnar sem þyngst hafa vegið í fjáraukalögum og lokafjárlögum síðustu ára hafi í fyrsta lagi tengst gjaldfærslum á nokkrum stórum óreglulegum liðum ríkisfjármálanna, svo sem endurmat á lífeyrisskuldbindingum, t.d. vegna áhrifa af kjarasamningum eða af breyttum lífslíkum, afskriftir skattkrafna frá fyrri árum, endurskoðuð vaxtagjöld, t.d. vegna sérstakra forinnlausna á ríkisverðbréfum, breytingar á fjölda atvinnulausra, kjarasamningagerð innan ársins o.fl. af þeim toga. Í öðru lagi hafa talsverð útgjöld oft tengst sérstökum ákvörðunum um tímabundin verkefni, svo sem einkavæðingu fjármálastofnana og fyrirtækja ríkisins, sem geta haft í för með sér sölukostnað, gjaldfærðan fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði og ráðstöfun á söluandvirði til ýmissa verkefna. Fjáraukalög fyrir árið 2005 er ágætt dæmi um þetta en þar skýrast breytingar að mestu leyti af ýmsum óreglulegum liðum á borð við sölukostnað og fjármagnstekjuskatt vegna sölu Landssímans, ráðstöfun á söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins, hækkun á áætlun um afskriftir skatttekna, útgjöldum tengdum samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga o.fl.

Nokkur hluti ráðstafana í fjáraukalögum hefur einnig tekið til uppgjörs á málum vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika tiltekinna stofnana. Í flestum tilvikum er um það að ræða að bæði hefur verið gripið til aðgerða til að draga úr kostnaði og veitt fjárheimild til að mæta uppsöfnuðum umframgjöldum frá fyrri tíð að hluta eða að fullu.

Það sem gagnrýni í skýrslu ríkisendurskoðunar beinist einkum að er að sum ráðuneyti og stofnanir þeirra hafa ekki gætt þess sem skyldi að gera ráðstafanir til að tryggja að ekki falli til meiri skuldbindingar í rekstrinum en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Þar með hafi stundum á nokkurra ára tímabili safnast upp útgjöld umfram lögmætar fjárheimildir. Fjármálaráðuneytið getur tekið undir margt í þeirri gagnrýni.

2. *Telur ráðherra það bera vott um styrka fjármálastjórn að á árinu 2004 hafi gjöld umfram fjárheimildir verið 12,7 milljarðar kr. og ónotaðar fjárheimildir 19,5 milljarðar kr.? Telur ráðherra umfang þessara heimilda ásættanlegt?*

Þessar tölur sem fyrirspyrjandi nefnir segja einar og sér ekki alla söguna um styrk fjármálastjórnarinnar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem fyrirspyrjandi vísar til, kemur einnig fram að samtals hafi frávik ársins verið –3.655 millj. kr., eða 1,3% umfram fjárheimildir án yfirfærslna frá fyrra ári. Útgjöldin voru hins vegar 6.797 millj. kr. innan heildarfjárheimilda ársins, eða 2,3% af heildarfjárheimildum. Í svo umfangsmiklum og dreifðum rekstri sem ríkisreksturinn er hlýtur það að teljast vel viðunandi niðurstaða. Auk þess má á það benda, að inni í stöðutölum spurningarinnar eru fjölmörg verkefni sem ekki eru eiginleg rekstrarverkefni ríkisins. Útgjöld þessara verkefna geta verið lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra á árinu án tillits til fjárheimilda. Má sem dæmi nefna útgjöld almannatrygginga, fæðingarorlof, lífeyrisskuldbindingar, fjármagnstekjuskatt, afskriftir skattkrafna, gengismun og vaxtagjöld.

3. *Hvernig hafa umframfjárveitingar og ónotaðar fjárveitingar þróast á síðustu fimm árum?*

	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Afgangsheimildir	7.035,2	7.643,6	8.683,3	19.745,2	12.282,2	18.438,5
Umframgjöld	–13.908,6	–10.613,6	–32.171,7	–9.556,8	–22.731,0	–13.734,3

Taflan sýnir samtölur afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998–2003. Tölurnar byggjast á árslokastöðum fjárlagaliða, líkt og í tilvitnaðri skýrslu Ríkisendurskoðunar, og eru

samkvæmt fjárheimildastöðum í lokafjárlögum viðkomandi ára. Töflur í greinargerðartexta lokafjárlagafrumvarpa þar sem árslokastöður eru greindar í afgangsheimildir og umframgjöld byggjast hins vegar á stöðum einstakra viðfangsefna og því sýna þær hærri samtölur afgangsheimilda og umframgjalda. Nettóstaðan er hins vegar sú sama.

Oft skýra tiltölulega fáir óreglulegir liðir og stofnkostnaðarliðir stóran hluta af stöðunni og breytingar milli ára. Stærstu liðir umfram fjárheimildir árið 1999 voru lífeyrisskuldbindingar sem voru 4,7 milljarðar kr. umframgjöld og vaxtagjöld ríkissjóðs sem voru tæpar 800 millj. kr. umfram heimildir. Stærstu liðir umfram fjárheimildir árið 2000 voru lífeyrisskuldbindingar með 17,5 milljarða kr. umframgjöld og afskriftir skattkrafna með 7,4 milljarða kr. umframgjöld. Árið 2001 voru lífeyrisskuldbindingar hins vegar 8,3 milljörðum kr. innan fjárheimilda og sömuleiðis var fjármagnstekjuskattur 1,6 milljörðum kr. innan heimilda, auk þess sem Siglingastofnun var 1 milljarði kr. innan fjárheimilda, aðallega vegna framkvæmda við hafnarmannvirki. Aftur á móti voru afskriftir skattkrafna 1,6 milljarðar kr. umfram fjárheimildir, auk þess sem rekstur og framkvæmdir við Landspítala – háskólasjúkrahús fóru 856 millj. kr. fram úr fjárheimildum. Árið 2002 fóru lífeyrisskuldbindingar hins vegar 10,1 milljarð kr. fram úr heimildum, afskriftir skattkrafna 5,8 milljarða kr. umfram heimildir og rekstur og framkvæmdir við Landspítala – háskólasjúkrahús fóru 795 millj. kr. fram úr fjárheimildum. Innan fjárheimilda voru hins vegar fjármagnstekjuskattur með 1,1 milljarðs kr. afgang, vaxtagjöld ríkissjóðs með 600 millj. kr. afgang og Siglingastofnun með tæplega 1 milljarðs kr. afgang, aðallega vegna framkvæmda við hafnarmannvirki. Stærstu liðir sem fóru fram úr fjárheimildum árið 2003 voru afskriftir skattkrafna, með 5,4 milljarða kr. umframgjöld, gjöld vegna yfirtekinna lífeyrisskuldbindinga og sölutaps Sementsverksmiðju ríkisins voru 885 millj. kr., rekstur og framkvæmdir við Landspítala – háskólasjúkrahús fóru 757 millj. kr. fram úr heimildum og vaxtabætur urðu 551 millj. kr. umfram fjárheimildir. Stærstu liðir innan fjárheimilda á árinu voru hins vegar lífeyrisskuldbindingar með tæpa 1,2 milljarða kr. afgang, auk þess sem Siglingastofnun og Hafnabótasjóður voru samtals tæplega 1,5 milljörðum kr. innan fjárheimilda, aðallega vegna framkvæmda við hafnamannvirki. Því til viðbótar var Vegagerðin 3,3 milljörðum kr. innan fjárheimilda og liðurinn Menningarstofnanir, viðhalds- og stofnkostnaður, var 1,1 milljarði kr. innan fjárheimilda, aðallega vegna fjárveitinga til byggingar menningarhúsa á landsbyggðinni, en þessar tvær síðasttöldu stofnanir fengu auknar fjárveitingar á fyrri fjáraukalögum 2003 vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum.

4. *Telur ráðherra að gildandi reglur um framkvæmd fjárlaga séu fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvaða þættir eru það sem bæta þarf úr?*

Með útgáfu reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum stofnana í A-hluta, sem fyrst tók gildi frá og með árinu 2001 og var endurútgefin í lok árs í fyrra, var stigið stórt skref í átt að heildstæðu regluverki um nær alla þætti í framkvæmd fjárlaga. Reglugerðin var sett með vísan í lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en 4. kafli þeirra laga fjallar um framkvæmd fjárlaga. Aðrar reglugerðir sem byggjast á sömu lögum og fjalla um framkvæmd fjárlaga eru: Reglugerð nr. 262/1999, um rekstrarsamninga til lengri tíma, og reglur nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti stofnana. Fjármálaráðuneytið gaf einnig út handbók um efnið þar sem verkaskipting, verkferlar, áætlanagerð og einstakir þættir reglugerðar um framkvæmd fjárlaga eru skýrðir nánar. Samkvæmt reglugerðinni er hlutverk fjármálaráðuneytisins m.a. að gera ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir afkomu stofnana ársfjórðungslega. Samhliða því er óskað upplýsinga frá ráðuneytunum um nauðsynlegar aðgerðir vegna tiltekinna fjárlagaliða. Fjármálaráðherra telur gildandi reglur fullnægjandi og ekki eru

uppi sérstök áform um að breyta reglugerð um framkvæmd fjárlaga, heldur er lögð áhersla á að fylgja eftir núverandi reglugerðum bæði gagnvart ráðuneytum og stofnunum.

5. *Telur ráðherra að fagráðuneytin og einstakar stofnanir hafi brugðist við eins og mælt er fyrir um í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta?*
6. *Telur ráðherra að eðlilega hafi verið tekið á vanda þeirra stofnana sem safnað hafa umtalsverðum halla á síðustu árum?*

Eðli málsins samkvæmt er erfitt að veita einhlít svör við þessum liðum fyrirspurnarinnar. Ef umtalsverð umframgjöld koma til ber forstöðumönnum að grípa til aðgerða sem færa reksturinn að fjárheimildum. Eftir atvikum gerist það í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Viðbrögð ráðuneyta og einstaka stofnana eru misjöfn og aðlögun rekstrar að heimildum gerist með ýmsum hætti. Dæmi eru um að aðgerðir sem beitt er innan stofnana séu fullnægjandi í þessu sambandi en einnig eru til dæmi um hið gagnstæða. Þá ber nokkuð á því bæði hjá ráðuneytum og stofnunum að ekki sé nægjanlega fljótt brugðist við aðsteðjandi vanda og gripið til viðeigandi ráðstafana.

7. *Hve margar stofnanir glíma við uppsafnaðan halla umfram 4% samkvæmt útkomuspá fyrir yfirstandandi ár?*

Ekki liggur fyrir heildstæð áætlun um um afkomu einstakra stofnana í lok þessa árs, en samkvæmt uppgjöri ríkisstofnana miðað við fyrstu níu mánuði ársins eru 116 fjárlagaliðir af 505 með gjöld sem eru meira en 4% umfram fjárheimildir.

8. *Hefur ákvæðum 49. gr. fjárreiðulaga um ábyrgð forstöðumanna verið beitt vegna framkvæmdar fjárlaga? Ef svo er, hversu oft og hvenær?*

Í 49. gr. fjárreiðulaganna segir m.a.: „Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.“ Fjármálaráðuneytinu er kunnugt um tilvik þar sem forstöðumönnum hefur verið vikið úr starfi. Dæmi eru einnig um að veittar hafi verið áminningar án þess að til brotvikningar hafi komið. Ráðuneytið hefur ekki undir höndum tæmandi lista um þessi tilvik, enda er ábyrgðin hjá hverju ráðuneyti fyrir sig.

9. *Hefur fjármálaráðuneytið stöðvað greiðslur til þeirra stofnana sem fara umfram 4% mörkin þar til gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana, svo sem niðurskurðar í rekstri eða að Alþingi samþykki viðbótarheimild, eins og Ríkisendurskoðun leggur til í áðurnefndri skýrslu? Ef svo er, í hvaða tilvikum? Hver er afstaða ráðuneytisins til þessa úrræðis?*

Framlagsgreiðslur til stofnana eiga sér stað með tvennum hætti. Annars vegar eru launagjöld allra stofnana greidd út óháð greiðslustöðu þeirra gagnvart ríkissjóði. Hins vegar eru framlög til greiðslu á öðrum rekstrarkostnaði. Ef launagreiðslur eru hærri en sem nemur heildarframlagi ríkissjóðs í fjárlögum getur í slíkum tilfellum komið til skerðingar á öðrum framlagsgreiðslum.

Samkvæmt framansögðu bera forstöðumenn ábyrgð á fjárreiðum stofnana. Því er það á ábyrgð viðkomandi ráðuneytis að sjá til þess að gripið sé til viðeigandi ráðstafanna ef skuldir safnast upp. Að mati fjármálaráðuneytisins eiga afleiðingar af fjármálastjórn stofnana að leiða til ábyrgðar forstöðumanna fremur en að bitna á launagreiðslum starfsmanna eða skuldum við birgja.

553. Svar [306. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um útivist í þjóðskógum.

1. *Hver er áætlaður fjöldi ferðafólks í þjóðskógum árlega?*

Þjóðskógarnir, sem svo eru kallaðir, eru 40 skógar og skógræktarsvæði um land allt sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með fyrir hönd þjóðarinnar. Þeir eru afar misjafnir; allt frá friðuðum náttúruskógum, þar sem upprunalegt birkiskóglendi fær að njóta sín, til hreinna ræktaðra nytjaskóga sem eru nauðsynlegar fyrirmyndir þeirrar skógræktar sem nú fer fram á vegum bænda landsins og ætlað er að skapa nýja auðlind. Flestir eru þó fjölnytjaskógar, þar sem saman fara náttúruvernd, útivist og framleiðsla. Meðal þeirra eru einhverjar helstu náttúruperlur landsins – Hallormsstaðaskógur, Vaglaskógur, Þórsmörk og Ásbyrgi – útivistarsvæði landsmanna frá fornu fari. Einnig eru þar á meðal skógar sem sérstaklega hafa verið opnaðir almenningi á seinni tímum – Ásólfsstaðir og Skriðufell í Þjórsárdal, Haukadalsskógur, Jafnaskarð við Hreðavatn og Reykjarhóll í Skagafirði.

Fjöldi ferðamanna sem kemur í þjóðskógana árlega er ekki þekktur með vissu, en skógarverðirnir áætla að hann sé samanlagt vel yfir 200.000. Þess má geta að Skógrækt ríkisins tekur nú þátt í fjölþjóðlegu þróunarverkefni, styrktu af Evrópusambandinu, sem mun m.a. leiða betur í ljós hversu margir leggja leið sína í skógana til að njóta þar útivistar.

2. *Hver var fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum í þjóðskógunum undanfarin fimm ár?*

Yfir gistinætur í þjóðskógunum eru til nokkuð ábyggilegar tölur. Á árunum 2000 til og með 2004 voru samtals 266.432 gistinætur á tjaldsvæðum í þjóðskógunum, eða að jafnaði rúmlega 53.000 á ári. Þar við bætist gisting á hjólhýsasvæðum sem áætluð er um 24.000 nætur á ári og nálgast heildartalan þá 390.000 eða 78.000 á ári. Fjöldinn er nokkuð jafn ár frá ári í heildina. Langflestar eru gistinætur í júlímánuði og má ætla að fjöldinn takmarkist af framboði á tjaldsvæðarými í þeim mánuði.

3. *Hvernig er rekstri tjaldsvæða Skógræktar ríkisins háttað?*

Rekstur tjaldsvæða í þjóðskógunum er í höndum ferðaþjónustuaðila í Þórsmörk og í höndum einkaaðila sem leigja aðstöðu af Skógrækt ríkisins í Þjórsárdal, Selskógi í Skorradal og Vaglaskógi. Skógrækt ríkisins rekur sjálf tjaldsvæðin í Hallormsstaðaskógi.

4. *Hver var kostnaður Skógræktar ríkisins vegna útivistar í þjóðskógunum 2004 og hverjar voru tekjurnar?*

Kostnaður Skógræktar ríkisins vegna útivistarmála 2004 var alls 18,5 millj. kr. og tekjur á móti 15,3 millj. kr. Af ríkisframlaginu til stofnunarinnar fóru því um 3,2 millj. kr. til útivistarmála.

5. *Hver er áætluð fjárþörf næstu fimm árin vegna nauðsynlegs viðhalds, endurbóta og úrbóta sem tengjast útivist í þjóðskógunum?*

Að mati Skógræktar ríkisins er áætlað að fjárþörf vegna nauðsynlegra úrbóta í útivistarmálum næstu fimm árin sé u.þ.b. 144 millj. kr. eða um 67,5 millj. kr. umfram tekjur verði þær svipaðar áfram og þær voru 2004.

554. Svar [307. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um grisjun í þjóðskógum.

1. *Hver er árleg grisjun í þjóðskógum, talin í hekturum?*

Nú eru um 50 hektarar grisjaðir árlega. Grisjun þjóðskóganna er nauðsynleg. Með henni vinnst m.a. þekking á grisjun og meðferð skóga, afurðir grisjunar nýtast til þróunar á úrvinnslu viðar og skógarnir verða opnari og aðgengilegri fólki til útivistar.

2. *Hver var kostnaður við þessa grisjun 2004 og hverjar voru tekjurnar af sölu afurða sem féllu til við hana?*

Kostnaður við þessa grisjun var 28,8 millj. kr. árið 2004. Er það um það bil helmingur af þeim hluta ríkisframlags Skógræktar ríkisins sem fer til reksturs þjóðskóganna og því ljóst að grisjun er stærsti einstaki verkþáttur í rekstri þeirra.

3. *Hver er áætluð heildargrisjunarþörf í þjóðskógunum næstu 10 árin, í hekturum?*

Skógrækt ríkisins áætlar að grisja þurfi samtals um 970 hektara í þjóðskógunum næstu 10 árin eða tæplega 100 hektara á ári að jafnaði, sem er um tvöfalt meira á ári en núverandi grisjun. Stafar það einfaldlega af því að skógarnir vaxa og dafna betur en flestir þorðu að vona.

4. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við grisjunina og hvernig verður hún fjármögnuð?*

Grisjun á hektara skógar kostar um 576.000 kr. Heildarkostnaður við grisjun þjóðskóganna er þá um 570 millj. kr. á 10 árum, eða að jafnaði um 57 millj. kr. á ári.

Að öllu óbreyttu er ljóst að Skógræktin nær ekki að framkvæma nauðsynlega grisjun en hins vegar er nú unnið að því að ná kostnaði niður með ýmsu móti. Má þar nefna að á Hallormsstað hefur grisjun verið boðin út og hefur kostnaður lækkað lítillega við það. Enn sem komið er eru þó fáir verktakar í skógarhöggi á Íslandi og því ekki um mikinn samkeppnismarkað að ræða.

Grisjun með keðjusögum verður ávallt dýr vegna launakostnaðar. Í nágrannalöndum okkar hefur slík vinna að miklu leyti lagst af, en í staðinn hafa komið grisjunarvélar. Sennilega næst ekki verulegur árangur í að ná niður kostnaði nema með því að kaupa til landsins hentugar grisjunarvélar. Þetta er nauðsynlegt fyrir þjóðskógana nú, en verður enn meira aðkallandi eftir aðeins 5–10 ár þegar grisjunarþörf eykst verulega hjá skógarbændum vegna skóga sem gróðursettir voru eftir 1990.

Eðlilegt er að verktakar eignist slíkar vélar en að Skógrækt ríkisins og aðrir skógareigendur skapi rekstrarskilyrði með því að kaupa af þeim vinnu.

Þróun á þessu sviði fer saman við markaðsþróun á afurðum grisjunar. Verið er að skoða ýmsa möguleika til að skapa sölutekjur sem kæmu upp í kostnað við grisjun. Það er þó óraunhæft að ætla að sala afurða skili mikið meiru en því sem nemur framleiðslukostnaði. Það sem fæst upp í grisjunarkostnaðinn sjálfan verður eflaust fremur lítið. Ríkið mun því þurfa að kosta grisjunina að mestu á einn eða annan hátt, gegn þeirri sjálfsögðu kröfu að hagkvæmni verði í hávegum höfð.

555. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn telur að leggja þurfi meiri vinnu í þetta frumvarp, svo og heildarendurskoðun á lögunum, en það álit kemur reyndar fram í umsögnum fjölmargra aðila um málið. Upptaka olíugjalds í stað þungaskatts átti að vera til að auðvelda kerfið, en raunin er allt önnur. Vont kerfi fer versnandi og hér er um bútasaum að ræða eins og komið hefur fram í málinu. Sumir gestir nefndarinnar töldu að verið væri að flækja flókið kerfi enn meira.

Minni hlutinn er sammála þeirri skilgreiningu og leggur því til að lögin verði endurskoðuð í heild sinni og að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir þingbyrjun haustið 2006. Leiðarljós þeirrar vinnu á að vera að gera kerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara og að mismuna ekki aðilum eftir gerð og útbúnaði ökutækjanna eða fylgivagna þeirra.

Sérstakt kílómetragjald.

Með frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp enn einn flokkur kílómetragjalds sem m.a. á að vera fyrir steypuhræribifreiðar. Gjald þetta er fyrir ökutæki frá 5.000 kg til 31.001 kg og þar yfir. Að mati nokkurra umsagnaraðila er hækkunin allt að 60%.

Í umsögn Skeljungs sagði m.a. um þetta: „Hið sérstaka kílómetragjald er hins vegar allt of hátt. Kílómetragjald fyrir 18 tonna bifreið er í dag 5,09 kr./km og hið sérstaka gjald skv. frumvarpinu er 21,40, eða samtals 26,49 kr./km. Til samanburðar var kílómetragjald fyrir 18 tonna bifreið 16,61 kr./km til 30. júní sl. og nemur hækkunin því 60% sem þarf að skoða, enda engin rök fyrir slíkri hækkun."

Frá því að þessi umsögn var skrifuð hefur meiri hlutinn hækkað þetta gjald, þ.e. fyrir 18 tonna bifreið, enn frekar eða úr 21,40 kr. í 23,99 kr., eða um rúm 12%.

Skattahækkun á bændur.

Við upptöku olíugjalds misstu bændur endurgreiðslu vegna nota eigin bifreiða í landbúnaði. Sú endurgreiðsla var framkvæmd í gegnum skattkerfið og nam fyrir árið 2002 u.þ.b. 71 þús. kr. á hvert lögbýli. Árið 2002 voru þetta um 60 millj. kr.

Í umsögn Bændasamtaka Íslands kemur m.a. þetta fram:

„Ávallt var tekið fram að þessi kerfisbreyting ætti ekki að hafa áhrif á einstaka hópa landsins og atvinnugreinar, hvorki til tekjulækkunar eða -hækkunar.

Starfs- og stjórnarmenn Bændasamtakanna hafa margítrekað þetta erindi og átt fund í fjármálaráðuneytinu, þar sem heitið var úrbótum, en jafnframt sagt að líklega þyrfti lagabreytingu til og að því yrði hugað við endurskoðun laganna í ár. Nú lítur frumvarpið dagsins ljós til lagfæringa fyrir atvinnulífið, en bændur hafa alveg gleymst."

Minni hlutinn átelur ráðuneytið og meiri hlutann fyrir þessi vinnubrögð og gerir breytingartillögu við frumvarpið þar sem komið er til móts við bændur og tryggt að þeir séu ekki verr settir hvað endurgreiðslu varðar og þegar þungaskattskerfið var við lýði.

Aukin skattheimta á almenningssamgöngur.

Eins og fram kemur í umsögn Strætó bs. í 30. máli, sem Jóhanna Sigurðardóttir er fyrsti flutningsmaður að, hefur upptaka olíugjalds aukið kostnað við strætisvagnarekstur. Þetta er m.a. vegna þess að virðisaukaskattur af olíugjaldinu er ekki endurgreiddur.

Umsögn Strætó bs. er svohljóðandi:

„Í löngum aðdraganda að upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, voru tvö meginatriði sem Strætó bs, áður SVR, óskuðu eftir í umbeðnum umsögnum til nefndarinnar. Þau eru að breytingin yrði ekki til útgjaldaauka eða aukinnar fjárbindingar.

Niðurstaðan er hins vegar að upptakan leiddi til aukins kostnaðar og fjárbindingar fyrir þjónustu strætisvagna.

Upptaka olíugjalds í stað þungaskatts hefur leitt til um 39 m.kr. kostnaðarauka á ári fyrir strætisvagnaþjónustu á þjónustusvæði Strætó bs. frá því sem var er þungaskattskerfi var til staðar. Því til viðbótar er 11–12 m.kr. fjárbinding, þar sem olíugjald er greitt að fullu við afhendingu, en 80% af 41 kr. sem er 64,3% af olíugjaldinu, er endurgreitt síðar. Virðisaukaskattur er lagður á oliugjaldið, en ekki endurgreiddur að neinu.

Verði olíugjald lækkað úr 41 kr. í 37 í fimm mánuði lækkar áðurgreindur kostnaðarauki um 3,2 m.kr. og verður tæpar 13 m.kr. í stað liðlega 16 m.kr. á fimm mánaða tímabili.

Það er því umsögn Strætó bs. að með umræddri breytingu verði að nokkru dregið úr þeim kostnaðarauka sem þjónusta strætisvagna varð fyrir við álagningu olíugjalds.

Strætó bs. áréttar jafnframt að gerðar verði ráðstafanir til að leiðrétta þann kostnaðarauka og fjárbindingu sem þjónustustarf strætisvagna er látið bera þvert gegn því sem óskað hefur verið. Þar vekur þó mesta athygli að 80% endurgreiðsluhlutfall í lögunum er við framkvæmd ekki látið ná til virðisaukaálagningar þannig að endurgreiðsla er liðlega 64%.“

Þetta sannar svo ekki verður um villst að ríkisstjórnin notar upptöku olíugjalds til að auka skattheimtu af umferð í landinu. Fram komu viðvörunarorð um þetta í umræðu um málið á sínum tíma sem þáverandi fjármálaráðherra mótmælti. Dæmið frá Strætó bs. sannar þetta.

Minni hlutinn leggur til þá breytingu að olíugjaldið og virðisaukaskattur af því verði endurgreiddur til almenningssamgöngufyrirtækja eins og var í gamla þungaskattskerfinu.

Margar athugasemdir – heildarendurskoðun.

Fjölmargir umsagnaraðilar lýstu ýmsum öðrum göllum laganna, svo sem hvað varðar eftirlitsskyldu söluaðila, og lögðu jafnvel til að auðkenna ætti þau ökutæki sem mega nota gjaldfrjálsa olíu með númeraplötum í öðrum lit og að herða þyrfti refsiákvæði brota.

Eftir standa fjölmörg álitamál sem vafalaust eiga eftir að koma til kasta ráðuneytisins og jafnvel Alþingis á næstu missirum.

Alþingi, 8. des. 2005.

Kristján L. Möller, frsm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Ögmundur Jónasson.

Lúðvík Bergvinsson.

556. Breytingartillögur [327. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (KLM, ISG, ÖJ, LB).

1. Við 3. gr. bætist tveir nýir liðir er orðist svo:
   a. Á eftir orðunum „80% olíugjalds af olíu“ í 1. mgr. kemur: að viðbættum virðisaukaskatti.
   b. Við bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr., svohljóðandi:
      Eigendur jeppa- og pallbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi olíugjalds skv. 1. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
2. Við 13. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoða skal lögin í heild sinni innan árs frá gildistöku þessara laga.

557. Svar [232. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um viðskipti með hunda.

1. Hversu margir hundar eru skráðir á Íslandi, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna og Umhverfisstofnun eru, eftir því sem næst verður komist, yfir 6.000 hundar skráðir á Íslandi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áætlar að hundar á skrá í Reykjavík við áramótin 2005–2006 verði um 1.620.

Í ársskýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis árið 2004 kemur fram að 132 hundar eru skráðir á Seltjarnarnesi í árslok en 327 í Mosfellsbæ. Í Kjós er ekki í gildi sérstök hundasamþykkt en talið er líklegt að hundar séu þar um 40.

Á Vesturlandi eru skráðir 269 hundar. Þar af 93 á Akranesi, í Borgarnesi 48, Snæfellsbæ 54, Grundarfirði 37 og í Stykkishólmi 37. Hundar á lögbýlum eru ekki skráðir.

Á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er vitað um 225 hunda í þéttbýli. Í Bolungarvík eru skráðir 36 hundar, þ.e. hundar í þéttbýli og dreifbýli, í Ísafjarðarbæ 111 hundar, Vesturbyggð 44 hundar, Tálknafirði 7 hundar og í Hólmavíkurhreppi 17 hundar. Hundar á lögbýlum eru ekki allir skráðir á svæðinu.

Á Norðurlandi vestra eru skráðir 153 hundar í stóru sveitarfélögunum. Minni sveitarfélögin á svæðinu hafa ekki sett sér hundasamþykktir og gerir heilbrigðiseftirlitið ráð fyrir því að þar séu eingöngu hundar á lögbýlum.

Í sveitarfélögum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra eru skráðir hundar sem hér segir: Í Akureyrarbæ 270, á Ólafsfirði 30, í Dalvíkurbyggð 77, Arnarneshreppi 20, Hörgárbyggð 45, Eyjafjarðarsveit 105, Svalbarðsstrandarhreppi 18, Grýtubakkahreppi 26, enginn í Grímsey, í Þingeyjarsveit 42, Skútustaðahreppi 30, Aðaldælahreppi 36, á Húsavík

52, í Tjörneshreppi 9, Kelduneshreppi 12, Öxarfjarðarhreppi 60, Raufarhafnarhreppi 11, Þórshafnarhreppi 17 og Svalbarðshreppi 20. Samtals eru þetta 880 hundar.

Eftir því sem næst verður komist eru um 225 hundar skráðir og með leyfi hjá sveitarfélögum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þar eru hundar á lögbýlum ekki skráðir og í nokkrum sveitarfélögum er eitthvað um óskráða hunda.

Á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eru 677 hundar skráðir. Í Reykjanesbæ eru 397 hundar, í Grindavíkurbæ 79, Sandgerðisbæ 84, Garði 58 og í Vogum 59.

Á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs er skráning sem hér segir: á Álftanesi 126 hundar, í Garðabær 367, Hafnarfirði 422 og í Kópavogi 642.

Ráðuneytinu bárust ekki svör frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands en starfssvæði þess nær yfir gamla Suðurlandskjördæmið eða frá Selvogshreppi í vestri og að Skaftárhreppi í austri að báðum hreppunum meðtöldum.

2. *Hversu margir stunda sölu á hundum, hver er áætluð árleg velta þeirra viðskipta og hversu margir hundar eru seldir árlega?*

Upplýsingar varðandi fjölda seldra hunda árlega og veltu þeirra viðskipta eru ekki tiltækar hjá Umhverfisstofnun.

3. *Hvaða skilyrði þurfa seljendur hunda að uppfylla og hvernig er eftirliti með þeim háttað?*

Gæludýraverslanir þurfa samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að hafa starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd gefur út. Almennt eru hundar þó ekki seldir í gæludýraverslunum.

Í mörgum sveitarfélögum eru í gildi samþykktir um hundahald. Í sumum þeirra er kveðið á um starfsleyfisskyldu ef fleiri en fimm skráningarskyldir hundar eru á sama heimili.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi sem fellur undir dýrahald í atvinnuskyni samkvæmt reglugerð nr. 1077/2004, um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, sem sett er með stoð í dýraverndarlögum nr. 15/1995. Hundaræktun í atvinnuskyni er leyfisskyld ef ræktunardýr eru sex eða fleiri og skal slík starfsemi uppfylla tiltekin skilyrði, sjá fylgiskjal. Þeir sem ekki ná þessum mörkum þurfa ekki rekstrarleyfi frá Umhverfisstofnun en sömu kröfur eru gerðar til þessara aðila er varðar sölu og afhendingu dýra, sbr. 6. gr. framangreindrar reglugerðar, þar sem segir:

„Þeim sem selur eða gefur gæludýr ber skylda til að veita þeim sem tekur við dýrinu upplýsingar um heilsufar og aldur dýrsins og eiginleika tegundarinnar. Veita skal viðtakanda leiðbeiningar um rétta meðferð, umhirðu og aðbúnað dýrsins.

Óheimilt er að selja einstaklingi yngri en 18 ára gæludýr nema með skriflegu samþykki forráðamanna.“

Fylgiskjal.

Umhverfisstofnun:

Rekstrarleyfisskilyrði – hundarækt.

Samkvæmt reglugerð nr. 1077/2004, um gæludýr og dýrahald í atvinnuskyni.

1. Almennar kröfur

1.1 Eigandi/umráðamaður hunds skal stuðla að réttri meðferð í samræmi við eðli hans, eiginleika og aldur, sinna félagslegri þörf hans við manninn og ofgera honum ekki á neinn hátt.

1.2 Eigandi/umráðamaður skal afla sér þekkingar á eðli og eiginleikum mismunandi tegunda til að geta uppfyllt þarfir þeirra hvað varðar fóðrun, umhyggju, hreyfingu, félagsskap o.þ.h.

1.3 Eigandi/umráðamaður skal tryggja hundi viðunandi aðbúnað og umhverfi sem laust er við raka, dragsúg og hávaða til íveru og hvíldar þannig að hæfi stærð hans og tegund með tilliti til hvíldar og hreyfingar.

1.4 Eigandi og umráðamaður hunds skal fylgjast með heilsufari hans og leita til dýralæknis sé hundur veikur eða slasaður. Aðeins dýralæknar mega aflífa hunda, nema í neyðartilfellum þegar ekki næst í dýralækni og ætla má að sjúkdómur eða meiðsl valdi óbærilegum kvölum eða séu banvæn.

1.5 Eigendum/umsjónarmönnum hunds ber skylda til að halda honum hreinum og halda feldi og klóm í heilbrigðu og eðlilegu ástandi.

1.6 Eiganda/umráðamanni er skylt að koma í veg fyrir að hundur sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsömunar.

1.7 Óheimilt er að nota hvers konar tæki og tól sem kunna að valda hundi sársauka eða hræðslu, þar með talin rafmagns- og gaddaháls bönd.

1.8 Verði breytingar á aðstæðum hunds, t.d. við færslu inn í nýjan hóp, skal fylgjast vel með líðan hunds og gera viðeigandi ráðstafanir ef hundur ekki aðlagast nýjum hóp.

2. Aðbúnaður og vistarverur

2.1 Daglegar vistarverur skulu vera hreinar, þurrar, hæfilega hlýjar, bjartar og vel loftræstar. Tryggja skal hundi aðgengilegt svefn- og hvíldarpláss þar sem undirlag skal vera hreint og mjúkt.

2.2 Ekki skal hafa hunda saman í búri eða stíu ef hætta er á að þeir valdi hver öðrum skaða. Taka skal tillit til aldurs og tegundar.

2.3 Sérstök aðstaða þar sem gætir næðis skal vera fyrir veika eða lasburða hunda, hvolpafullar tíkur og nýgotnar. Lóðatíkur skal einnig halda sér.

2.4 Hafa skal aðstöðu til að baða, hirða og snyrta hunda.

2.5 Gólf, veggir, loft, innréttingar og annar búnaður skulu vera úr efni, sem auðvelt er að þrífa, gólf mega þó ekki vera hál. Allur útbúnaður skal vera þannig gerður að engin hætta sé á að hundur slasi sig á honum eða geti á annan hátt valdið þeim heilsutjóni. Ekki má nota efni sem geta valdið hundunum vanlíðan eða heilsutjóni.

2.6 Lofthita skal haldið sem næst kjörhita tegunda og gæta skal þess að dagleg hitasveifla sé sem minnst. Rakastig skal að jafnaði vera á bilinu 40-70%. Hávaði í vistarverum hunds skal vera innan við 40 dB að jafnaði. Dagsbirtu skal njóta á meðan birtu gætir. Stöðug sterk lýsing er óheimil. Ekki má vera sterk lýsing að næturlagi. Umhverfisstofnun getur gert kröfu um að vistarverur hunda séu búnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði tengdum loftræstingu og hitastigi ef það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi hunda.

2.7 Óheimilt er að loka hund í litlu, þröngu og gluggalausu rými. Sé hundur hafður í búri eða stíu skulu þau uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð nr. 1077/2004.

2.8 Aðeins er heimilt að tjóðra hunda ef nauðsyn ber til og þá einungis stuttan tíma í senn. Reynist tjóðrun nauðsynleg skal þannig gengið frá bandinu að hundinum sé engin hætta búin af því.

2.9 Ekki skal skilja hund eftir einan og eftirlitslausan lengur en sex klst. í senn nema í undantekningartilvikum.

2.10 Hundur skal hafa tækifæri til að komast út daglega til að geta sinnt eðlilegum þörfum sínum og fá þá hreyfingu sem er nauðsynleg tegundinni. Úr hverju innibúri eða stíu skal vera beint og/eða óhindrað aðgengi í útigerði í að minnsta kosti 8 klst. á dag. Sér gerði skal vera með hverju búri eða stíu. Umhverfisstofnun getur þó heimilað annað fyrirkomulag sem stofnunin telur fullnægjandi til að tryggja útiveru hundanna.

2.11 Útigerði skulu vera á skjólgóðum og björtum stað og í þeim skal vera pallur til að liggja á. Ekki má myndast svað við úrkomu og efsta lagið skal endurnýjað reglulega. Sé gerði steypt eða malbikað skal vera gott afrennsli svo ekki myndist pollar. Gerði skal þannig útbúið að dýrin geti ekki sloppið út.

3. Fóðrun

3.1 Tryggja skal sérhverjum hundi daglegan og greiðan aðgang að næringarríku, heilnæmu og óskemmdu fóðri og fersku vatni. Fóðurtegund, magn, fjölbreytni og bætiefni skal miða við tegund, aldur, ástand og þörf hvers dýrs.

3.2 Viðhafa skal hreinlæti við fóðrun og í fóðuraðstöðu hunds. Gæta skal þess að fóður- og drykkjarílát séu ávallt hrein og vel aðgengileg dýrum á öllum aldri og þannig staðsett að hvorki fóður né vatn geti mengast af saur eða þvagi.

3.3 Sérstaka aðgát skal hafa við fóðrun kvendýra með fangi, mjólkandi kvendýra, ungviðis í örum vexti og aldraðra dýra.

3.4 Þurrfóður skal geyma á þurrum og köldum stað en nýmeti skal geyma í kæli við 4 - 8°C eða fryst við minnst -18°C. Fóðurgeymslur skulu vera hreinar og músa- og rottuheldar.

4. Undaneldi

4.1 Aðeins skal nota heilbrigða hunda til undaneldis. Ekki skal ala undan hundum sem vitað er að geti ekki fjölgað sér á eðlilegan hátt eða eru haldnir arfgengum sjúkdómum sem geta haft áhrif á heilbrigði afkvæmanna eða skert eðlilegar lífslíkur þeirra.

4.2 Ekki skal nota tík til undaneldis fyrr en hún hefur náð til þess líkamlegum þroska, að jafnaði við annað lóðatímabil. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld milli gota, að jafnaði 1-2 lóðatímabil.

4.3 Skylt er að annast hvolpafullar tíkur af nærgætni og útbúa þeim hvíldarpláss í rólegu umhverfi tímanlega fyrir got.

4.4 Sé tík með hvolpa höfð í búri eða stíu skulu þau uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í viðauka með reglugerð nr. 1077/2004., búa þeim stað þar sem þau njóta næðis og forða þeim frá álagi og streitu frá öðrum dýrum eða umhverfi. Þegar að goti kemur skal fylgjast náið með dýrinu til að geta veitt því liðsinni sé þess þörf eða kalla til dýralækni.

4.5 Ekki skal aðskilja hvolp frá tík fyrr en hann hefur náð 8 vikna aldri. Hvolpur yngri en 4 mánaða skal að jafnaði ekki skilinn eftir einn og án eftirlits lengur en 3 klst í senn.

4.6 Eigandi eða umráðamaður hvolps skal sinna honum daglega til að venja hann við samskipti við manninn. Hefja skal félags- og umhverfismótun hvolpa strax á fyrstu viku og tryggja að þeir venjist umgengni við fólk og aðra hunda.

4.7 Nýgotin tík skal ekki vera eftirlitslaus fyrstu tvær vikurnar eftir got og skal hún njóta næðis ásamt hvolpunum þann tíma. Tíkin skal ávallt hafa aðgang að hvíldarstað sem er óaðgengilegur hvolpunum.

4.8 Fylgjast skal reglulega með hvolpum yfir daginn og skulu þeir hafa aðgang að rými þar sem þeir geta hvílst, gert þarfir sínar og leikið sér. Þeir skulu hafa aðgang að heppilegum leikföngum.

4.9 Ekki skal nota tík til undaneldis í atvinnuskyni eftir að hún hefur náð 7 ára aldri nema að höfðu samráði við dýralækni.

5. Skráningar

5.1 Auðkenna skal sérhvern hund á hundabúi með örmerki.

5.2 Halda skal skrá um sérhvern hund á búinu þar sem fram koma upplýsingar um tegund, kyn, fæðingardag, lit og varanlegt auðkenni ásamt ítarlegum heilsufarsupplýsingum auk upplýsinga yfir viðskipti með einstök dýr þar sem fram komi nafn og heimilisfang kaupanda.

5.3 Halda skal dagbók um sérhvern hund á búinu, um heilsufar hans, fóðrun og tímalengd útiveru, pörun, hvenær tík á búinu eignast afkvæmi, fjölda þeirra og annað er viðkemur velferð hundsins.

6. Sala og afhending

6.1 Þeim sem selur eða gefur hund ber skylda til að veita þeim sem tekur við dýrinu upplýsingar um heilsufar og aldur dýrsins og leiðbeina viðtakanda um rétta meðferð, umhirðu og aðbúnað dýrsins.

6.2 Óheimilt er að selja einstaklingi yngri en 18 ára gæludýr nema með skriflegu samþykki forráðamanna. Hvolpa skal ekki selja fyrr en þeir hafa náð 8 vikna aldri.

7. Flutningar

7.1 Við flutning hunds skal tryggja að ferðamáti og staðsetning í farartæki misbjóði hvorki heilsu né þoli meðan á ferð stendur. Vanda skal umbúnað sem best til að forðast hnjask og meiðsli. Hitastig meðan á flutningi stendur skal miðast við eðliseiginleika dýrsins svo sem hita- og kuldaþol. Hafa skal reglulegt eftirlit með líðan dýrsins meðan á ferð stendur til að tryggja velferð þess.

7.2 Sé hundur fluttur í ferðabúri skal það vera með heilum botni og það rúmt að dýr geti staðið í því, snúið sér við, legið og hvílst. Á búrinu skulu vera göt eða rimlar sem tryggja góða loftun og útsýni.

7.3 Dvöl hunds í farartæki skal ekki vera lengri en sex klukkutímar í senn án hvíldar en sé ferðatíminn lengri skal veita aðgang að fersku vatni og fóðri og tækifæri til hreyfingar og til að sinna nauðsynlegum þörfum. Óheimilt er að flytja hund í farangursrými bifreiðar nema hægt sé að fylgjast með líðan dýrsins úr farþegarými meðan á ferð stendur.

7.4 Ekki skal flytja sjúkt dýr, slasað eða komið að fæðingu, nema til og frá dýralækni eða sérstaklega standi á.

8. Stærð vistarvera

Fjöldi hunda	**Lágmarksflötur innibúra/stía (m^2) miðað við meðalþyngd hundanna.**					
	<5 kg	5-10 kg	10-20 kg	20-30 kg	30-40 kg	>40 kg
1	2,0	2,0	2,5	3,5	4,5	5,5
2	2,0	2,5	3,5	4,5	6,0	7,5
3	2,0	3,5	4,5	6,0	7,5	10,0
4	2,5	4,0	5,5			
5	3,0	5,0	6,5			
6	4,0	5,5				
7	4,5	6,0				
Tíkur með hvolpa	2,0	3,0	4,0	6,0	8,0	9,0

Þak búrs skal vera nægilega hátt til að hundarnir geti staðið á afturfótunum án þess að reka sig upp undir, þó aldrei lægri en 1,3 m. Ekki er leyfilegt að stafla búrum.

Fjöldi hunda	**Lágmarksflötur útigerða (m^2) miðað við meðalþyngd hundanna.**					
	<5 kg	5-10 kg	10-20 kg	20-30 kg	30-40 kg	>40 kg
1	6	10	15	16	18	20
2	8	14	18	20	24	28
3	10	17	22	24	28	36
4	12	20	26	28	36	44
5	14	24	30	32	42	52
6	16	26	34	36	48	60
7	18	29	38	40	54	68

558. Svar [368. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Magnússonar um endurskoðun skipulags- og byggingarlaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður endurskoðun skipulags- og byggingarlaga og gerð frumvarps að nýjum lögum sem Öryrkjabandalag Íslands fékk frumdrög að í júlí árið 2004?

Á vegum umhverfisráðuneytisins er unnið að heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Tvær nefndir vinna að endurskoðuninni, annars vegar um skipulagsþáttinn og hins vegar um byggingarþáttinn. Nefndunum er ætlað að hafa náið samráð varðandi tillögugerð enda stefnt að því að frumvörp til breyttra laga annars vegar skipulagslaga og hins vegar byggingarlaga verði lögð fram samtímis á Alþingi. Við endurskoðunina skal taka mið af reynslu af framkvæmd gildandi laga og í tengslum við endurskoðun byggingaþáttarins skal gerð tillaga um að byggingar- og brunavarnamál verði í sérstökum lögum, byggingarlögum. Enn fremur skal við endurskoðun ákvæða byggingarþáttarins tekið á eftirliti með byggingarvörum á markaði, réttindamálum meistara og stofnunum sérstakrar byggingastofnunar þar sem byggingarmál og brunavarnir yrðu vistaðar.

Í nefnd um endurskoðun byggingarlaga sitja auk fulltrúa umhverfisráðuneytisins, fulltrúar tilnefndir af forsætisráðherra, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnun. Enn fremur er nefndinni ætlað að hafa samráð við tiltekna aðila við gerð frumvarpsins, þar á meðal Öryrkjabandalag Íslands.

Í nefnd um endurskoðun skipulagsþáttarins sitja auk fulltrúa ráðuneytisins fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Skipulagsstofnun.

Sú endurskoðun sem snýr að byggingarlagaþættinum er töluvert viðameiri en sú sem snýr að skipulagsþættinum sem er í fastari skorðum. Auk þeirra þátta sem nefndinni er sérstaklega falið að fjalla um og áður er getið hefur nefndin bent á að taka þurfi afstöðu til ýmissa annarra þátta sem jafnvel heyra undir önnur ráðuneyti en umhverfisráðuneytið með það fyrir augum að starfað verði eftir einum byggingarlögum sem þá falli undir eitt ráðuneyti og eina stofnun.

Vorið 2004 sendi nefnd um endurskoðun byggingarlagaþáttarins út frumvarpsdrög til ráðgjafaraðila, þar á meðal til Öryrkjabandalagsins, og fékk þá síðan til fundar þar sem sérstaklega var farið yfir stöðu málsins. Þar var sérstaklega óskað eftir athugasemdum og tillögum í tengslum við uppbyggingu stjórnkerfisins, svo sem verkefna Byggingarstofnunar og hlutverks hennar innan stjórnkerfisins. Sem stendur er nefndin að leggja lokahönd á gerð frumvarps til byggingarlaga sem ætlunin er að senda áðurnefndum ráðgjafaraðilum til umsagnar fljótlega eftir áramót. Í framhaldi af því mun nefndin skila tillögum til umhverfisráðherra sem stefnir að því að leggja fram á vorþingi frumvarp til byggingarlaga og frumvarp til skipulagslaga, en vinna við hið síðarnefnda er einnig langt komin.

559. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigrúnu Ágústsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Læknafélagi Íslands, Neytendastofu, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Umhverfisstofnun og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að kveða á um að innra eftirlit skuli sæta úttekt faggilts aðila, að hluta eða í heild. Mikilvægt er að kveða á um að innra eftirlit sæti slíkri úttekt þar sem öryggi fólks er í húfi, sérstaklega barna.

Samkvæmt upplýsingum Lýðheilsustöðvar verða flest frítímaslys á börnum í aldurshópnum 0–4 ára (þ.e. þegar börn eru með forráðamönnum) á skipulögðum leiksvæðum. Alvarlegir höfuðáverkar eru oft raktir til þess að undirlag er ekki samkvæmt staðli. Á leikskólum verða jafnmörg slys inni og úti á leiksvæði. Í grunnskólum verða langflest slys á börnum á skólalóðinni eða inni í íþróttasal.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 8. des. 2005.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Ásta Möller.

Kjartan Ólafsson. Sigurrós Þorgrímsdóttir.

560. Frumvarp til laga [405. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adrian Anthony Flores, f. 15. desember 2000 í Bandaríkjunum.
2. Carlos F.W.B. Hagen Lautrup, f. 16. apríl 1929 í Chile.
3. Elisabeth Westrup DeLaurenti, f. 25. júlí 1945 á Íslandi.
4. Erik Louis Sayler, f. 20. mars 1972 í Bandaríkjunum.
5. Henrik Danielsen, 23. janúar 1966 í Danmörku.
6. Joshua Seth Henry, f. 30. nóvember 1979 í Kanada.

7. Kaewkan Kaewjaemsai, f. 2. október 1986 í Taílandi.
8. Kateryna Gryshanina, f. 16. febrúar 1985 í Úkraínu.
9. Katharine Svala Rinaudo, f. 21. júlí 1946 á Íslandi.
10. Kristín Margrét Farling, f. 13. mars 1946 á Íslandi.
11. Malcolm Holloway, f. 26. september 1953 á Englandi.
12. Natalia Stefánsson, f. 3. febrúar 1978 í Rússlandi.
13. Sergei Zak, f. 2. mars 1977 í Rússlandi.
14. Sigrún Cora Barker, f. 16. febrúar 1964 á Íslandi.
15. Vesna Jesic Danielsson, f. 14. september 1967 í Bosníu og Hersegóvínu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefur borist 21 umsókn um ríkisborgararétt á 132. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 15 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

561. Svar [97. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um tekjuskatta einstaklinga.

1. Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju áranna 2002–2004, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir álagða tekjuskatta auk eignarskatta, barnabóta og vaxtabóta fyrir tekjuárin 2002–2004, álagningarárin 2003–2005.

	Á verðlagi hvers árs			Á verðlagi ársins 2004		
(í milljónum króna)	**2002**	**2003**	**2004**	**2002**	**2003**	**2004**
Almennur tekjuskattur	55.207	58.406	67.125	58.183	60.282	67.125
Sérstakur tekjuskattur	1.773	1.358	1.411	1.868	1.401	1.411
Fjármagnstekjuskattur	4.581	6.442	7.583	4.828	6.649	7.583
Tekjuskattar til ríkissjóðs	61.561	66.206	76.120	64.879	68.332	76.120
Útsvar til sveitarfélaga	59.995	63.043	69.048	63.229	65.067	69.048
Tekjuskattar alls	**121.556**	**129.248**	**145.167**	**128.108**	**133.399**	**145.167**
Eignarskattar	1.815	2.176	2.834	1.913	2.246	2.834
Barnabætur	5.002	5.133	5.035	5.272	5.297	5.035
Vaxtabætur	5.373	5.174	5.174	5.663	5.341	5.174

2. *Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 2002–2004 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum, fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypra annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstar heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.*

Við útreikninga til að svara framangreindri spurningu var tekjubilum skipt niður eftir ráðstöfunartekjum og stuðst við eldri sambærilega útreikninga á tekjubilum. Þegar miðað er við ráðstöfunartekjur er eignarskattur meðtalinn. Ástæðan er sú að í næsta lið fyrirspurnarinnar er spurt um áhrif á tekjuskattsbyrði samkvæmt þessum lið ef tilteknar breytingar væru gerðar, þ.m.t. hækkun persónuafsláttar. Óskast fjárhæðir og hlutfallstölur miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarárið 2005) en þá var eignarskattur enn álagður. Sá hluti persónuafsláttar sem ekki er nýttur til greiðslu almenns tekjuskatts er meðal annars nýttur til að greiða eignarskatt. Önnur athugun á skattbyrði var gerð fyrir tekjuárið 2004 þar sem eignarskattar voru ekki meðtaldir og eru þær niðurstöður einnig birtar til samanburðar.

Eftirfarandi tafla sýnir skattbyrði sem hlutfall af heildartekjum eftir fjölskyldugerð og eftir tekjutíundum, nema fyrir efsta flokkinn sem skipt er í tvennt.

	Hjón/sambúðarfólk			Einhleypir		
	2004	**2003**	**2002**	**2004**	**2003**	**2002**
1	8,4	6,8	5,5	0,0	0,0	0,0
2	13,5	11,8	11,1	0,0	0,0	0,0
3	16,4	15,4	15,0	2,9	2,3	2,9
4	19,3	18,3	18,0	11,2	9,7	9,4
5	21,4	20,6	20,1	14,8	13,3	12,9
6	23,0	22,3	22,3	16,3	15,1	15,1
7	24,7	24,0	23,9	18,2	17,1	16,9
8	25,8	25,3	25,4	21,2	19,1	18,7
9	27,4	26,9	27,0	22,6	21,5	21,7
10	22,8	23,0	24,5	24,6	23,9	25,4
10:1	28,0	28,3	28,9	25,4	24,9	24,6
10:2	20,4	20,7	22,3	24,1	23,4	25,9

Tekjuskattsbyrði árið 2004 má sjá í eftirfarandi töflu. Eignarskattar eru hér ekki meðtaldir.

	Hjón/sambúð	Einhleypir
1	7,4	0,0
2	12,7	0,0
3	15,9	2,6
4	18,9	10,6
5	21,1	14,3
6	22,7	15,9
7	24,3	17,9
8	25,5	21,0
9	27,0	22,3
10	22,2	24,1
10:1	27,5	25,1
10:2	19,9	23,6

3. *Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:*
   a. lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,
   b. hækkun persónuafsláttar,
   c. lækkun sérstaka tekjuskattsins,
   d. hækkun fjármagnstekjuskatts?
   Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu? Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 10 milljarða kr. breytingu? Fjárhæðir og hlutfallstölur óskast miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarár 2005).

Neðangreind tafla sýnir skattbyrði hjóna og sambúðarfólks sem hlutfall af heildartekjum tekjuárið 2004 ef skattar væru lækkaðir um 1,5 milljarða kr., 5 milljarða kr. og 10 milljarða kr., annars vegar með því að breyta tekjuskattshlutfallinu og hins vegar með því að hækka persónuafsláttinn.

	1,5 milljarða lækkun		**5 milljarða lækkun**		**10 milljarða lækkun**	
	Með breytingu á		Með breytingu á		Með breytingu á	
	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.
1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3	2,9	2,2	2,0	0,5	1,0	0,0
4	11,2	10,7	10,3	9,4	9,4	7,7
5	14,8	14,4	13,9	13,4	13,0	11,9
6	16,2	15,9	15,4	15,1	14,5	13,8
7	18,2	17,9	17,4	17,2	16,5	16,2
8	21,2	21,0	20,4	20,4	19,5	19,6
9	22,5	22,4	21,7	21,9	20,8	21,3
10	24,5	24,4	23,8	24,2	23,1	23,8
10:1	25,3	25,2	24,5	24,9	23,6	24,4
10:2	24,0	24,0	23,5	23,8	22,9	23,6

Hjón og sambúðarfólk.

Fyrir einhleypa væri sambærileg tafla eftirfarandi:

	1,5 milljarða lækkun		5 milljarða lækkun		10 milljarða lækkun	
	Með breytingu á		Með breytingu á		Með breytingu á	
	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.	tekjuskatti	pers.afsl.
1	8,3	7,8	7,5	6,4	6,6	4,3
2	13,3	13,0	12,6	12,1	11,7	10,7
3	16,2	16,1	15,5	15,3	14,7	14,2
4	19,1	19,0	18,4	18,4	17,6	17,4
5	21,2	21,2	20,6	20,6	19,7	19,8
6	22,8	22,8	22,2	22,3	21,3	21,5
7	24,4	24,5	23,8	24,0	22,9	23,3
8	25,6	25,6	25,0	25,2	24,1	24,7
9	27,2	27,3	26,6	26,9	25,7	26,5
10	22,6	22,7	22,2	22,5	21,7	22,3
10:1	27,9	27,9	27,2	27,6	26,5	27,3
10:2	20,4	20,4	20,0	20,3	19,6	20,1

Einhleypir.

Varðandi beiðni um mat á áhrifum þess á tekjuskattsbyrðina að sérstakur tekjuskattur væri lækkaður um 1,5 milljarða kr. skal nefnt að álagður sérstakur tekjuskattur vegna tekjuársins 2004 nam um 1,4 milljörðum kr. Í töflunni hér á eftir eru því sýnd áhrif þess ef sérstaki tekjuskatturinn hefði verið felldur niður en ekki gert ráð fyrir sérstakri ráðstöfun á mismuninum á 1,5 milljörðum kr. og raunverulegri fjárhæð álagðs sérstaks tekjuskatts.

	Hjón/sambúð	*Einhleypir*
1	8,4	0,0
2	13,5	0,0
3	16,4	2,9
4	19,3	11,2
5	21,4	14,8
6	23,0	16,3
7	24,7	18,2
8	25,8	21,2
9	27,2	22,5
10	22,1	23,9
10:1	27,3	25,1
10:2	19,8	23,3

Hækkun fjármagnstekjuskatts um 1,5 milljarða kr. hefði eftirfarandi áhrif á skattbyrði sem hlutfall af heildartekjum eftir fjölskyldugerð og tekjutíundum, nema fyrir efsta flokkinn sem skipt er í tvennt.

	Hjón/sambúð	*Einhleypir*
1	8,5	0,0
2	13,5	0,0
3	16,5	2,9
4	19,4	11,2
5	21,5	14,9
6	23,1	16,4
7	24,7	18,3
8	25,9	21,3
9	27,5	22,6
10	23,6	24,9
10:1	28,3	25,4
10:2	21,5	24,6

562. Svar [119. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árin 2003, 2004 og það sem af er árinu 2005 vegna fasteignaviðskipta?*
2. *Hve stór hluti þessara tekna er vegna endurfjármögnunar lána vegna fasteignakaupa?*

Heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árið 2003 námu 3.755 millj. kr. Á árinu 2004 námu heildartekjurnar 6.470 millj. kr. og fyrstu tíu mánuðina í ár námu þær 7.632 millj. kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve stór hluti af stimpilgjöldum er vegna fasteignaviðskipta þar sem fyrirkomulag og innheimta stimpilgjalda veldur því að erfitt er að greina skiptingu gjaldsins eftir gjaldstofnum. Frá Fasteignamati ríkisins fengust þó upplýsingar um innheimt stimpilgjöld af þinglýstum veðskjölum samkvæmt Landskrá fasteigna og hvort eigendaskipti hefðu orðið á eignunum á tilteknu tímabili. Þessar upplýsingar eru til frá 1. maí 2004 og til 10. október 2005. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort eigendaskipti hafa orðið á eign utan þess tímabils sem tilgreint er. Rétt að taka fram að þótt lán séu með veði í fasteign liggja ekki fyrir upplýsingar til hverra nota þau eru. Eftirfarandi tafla byggist á upplýsingum frá Fasteignamatinu.

Innheimt stimpilgjöld í millj.kr.

	Heildartekjur af veðskjölum	Þar af veðskjöl án eigendaskipta	Hlutfall án eigendaskipta
2003	ekki uppl.	ekki uppl.	
maí-des. 2004	3.234	1.614	50%
jan.-10.okt.2005	4.560	2.169	48%

Ef mið er tekið af framangreindum forsendum og tekjur ríkissjóðs metnar út frá þeim þá námu tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum af veðskjölum á eignum sem skiptu um eigendur 1.620 millj. kr. á tímabilinu 1. maí 2004 til áramóta það ár. Tekjur ríkissjóðs af sama gjaldi frá ársbyrjun 2005 til 10. október námu 2.391 millj. kr. Þessi niðurstaða er með þeim fyrirvara sem fyrr greinir.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan var helmingur tekna af stimpilgjöldum af veðskjölum á eignum sem ekki skiptu um eigendur á tímabilinu maí til desember 2004 og 48% teknanna frá áramótum til 10. október 2005. Ekki eru til upplýsingar um hve stór hluti teknanna er vegna endurfjármögnunar lána vegna fasteignakaupa.

563. Svar [394. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um birgðir inflúensulyfja vegna fuglaflensu.

1. *Eru enn til birgðir af inflúenslulyfjum (Tamiflú og Relansa) sem nægja fyrir þriðjung þjóðarinnar, eru áform um að auka þær birgðir, og þá hve mikið?*

Í landinu eru um þessar mundir 89.000 meðferðarskammtar af Tamiflú og Relensa. Unnið er að mati á frekari þörf inflúensulyfja og gerðar hafa verið ráðstafanir til að auka lyfjabirgðahaldið verði talin þörf á því.

2. *Hvernig er haldið utan um þær birgðir inflúenslulyfja sem keyptar hafa verið á undanförnum mánuðum? Er lyfið geymt til notkunar ef heimsfaraldur skellur á eða hafa læknar getað ávísað því að vild sl. mánuði?*

Lyfin eru geymd á tilteknum miðlægum stað þar sem fyllsta öryggis er gætt. Þeim inflúensulyfjum, sem keypt hafa verið á þessu ári (82.000 meðferðarskammtar), er einungis hægt að ávísa ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lýsir því yfir að heimsfaraldur inflúensu sé skollinn á. Árið 2004 voru keyptir 7.000 meðferðarskammtar en heimilt er í samráði við sóttvarnalækni að nota af þeim birgðum ef á þarf að halda í árlegri inflúensu enda bæti lyfjainnflytjendur slíka notkun með endurnýjun lyfjanna. Læknar hafa heimild til að ávísa inflúensulyfjum ef ábendingar eru fyrir hendi og hafa lyfjainnflytjendur flutt inn lyf á ári hverju í því skyni.

3. *Hverjir munu fá lyfið ef heimsfaraldur brýst út, mun fólk í ákveðnum starfsstéttum, aldursflokkum eða með ákveðna sjúkdóma hafa forgang?*

Ekki er fyrir fram hægt að vita með hvaða hætti heimsfaraldur inflúensu leggst á fólk og hvaða aldurshópa. Í flestum þekktum heimsfaröldrum leggst inflúensa þyngst á eldra fólk og yngstu börnin. Undantekning þar á var spánska veikin en hún lagðist af ókunnum ástæðum hvað þyngst á fólk á aldrinum 20–40 ára. Í áætlunum um lyfjakaup hefur verið tekið mið af því að næsti inflúensufaraldur leggist þyngst á hefðbundna áhættuhópa, svo sem aldraða og fólk með tiltekna undirliggjandi sjúkdóma. Komi í ljós að áhættudreifingin verði önnur verður brugðist við því. Í áætlunum er gert ráð fyrir því að ákveðnar starfstéttir fái fyrirbyggjandi meðferð, einkum þeir sem lækna og líkna sjúkum og starfsfólk sem sér um allra nauðsynlegustu starfsemi í landinu.

4. *Hver mun sjá um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á?*

Sóttvarnalæknir sér um birgðahald og dreifingu á lyfinu ef heimsfaraldur skellur á. Gert er ráð fyrir að lyfinu verði dreift til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa sem sjá um að koma lyfjum til þurfandi samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis.

5. *Hafa heilbrigðisyfirvöld einhverja samvinnu við yfirmenn herstöðvarinnar í Keflavík vegna hugsanlegs fuglaflensufaraldurs, hefur verið undirbúin aðgerðaáætlun fyrir íbúa varnarsvæðisins og, ef svo er, eru íslensk stjórnvöld sátt við hana?*

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa á undanförnum árum haft samvinnu við yfirmenn varnarliðsins vegna hugsanlegra atburða af völdum sýkla, þ.m.t. farsótta, eiturefna og geilsavirkra efna. Íbúar á varnarsvæðinu munu falla undir almennan viðbúnað í landinu vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu en um þessar mundir er unnið að slíkum viðbúnaðaráætlunum.

564. Svar [355. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Haraldsdóttur um hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða áform eru uppi um byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ?

Verulegur skortur er á hjúkrunarrýmum í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum samkvæmt vistunarmatsskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem byggist á vistunarmati þjónustuhópa aldraðra á svæðinu. Markvisst er unnið að því að bæta úr þessari þörf og áform eru um að reisa tvö ný hjúkrunarheimili í Reykjavík á næstu missirum. Mosfellingar hafa ekki farið varhluta af skorti á hjúkrunarrýmum og ráðherra er vel kunnugt um stöðu mála í sveitarfélaginu. Í Mosfellsbæ er ekkert hjúkrunarheimili. Mosfellingar áttu áður kost á hjúkrunarrýmum á Reykjalundi, en svo er ekki lengur. Til að koma til móts við vanda Mosfellinga hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitt fé til reksturs dagvistarrýma í sveitarfélaginu og eru níu slík rými í Hlaðhömrum. Samkvæmt nýjustu upplýsingum þjónustuhóps aldraðra í Mosfellsbæ í byrjun desember bíða nú tveir aldraðir einstaklingar eftir hjúkrunarrými í sveitarfélaginu. Hvorugur þeirra er metinn í mjög brýnni þörf. Tuttugu Mosfellingar dvelja nú í hjúkrunarrýmum í öðrum sveitarfélögum, þar af meira en helmingur á hjúkrunarheimilinu Eir. Tveir eru á stofnunum utan höfuðborgarsvæðisins. Mosfellsbær hefur sótt um heimild til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir byggingu 40 rýma hjúkrunarheimilis og verður sú umsókn tekin fyrir í byrjun næsta árs.

Þess má geta að nú eru hafnar framkvæmdir við byggingu 39 öryggisíbúða fyrir aldraða sem rísa munu við Hlaðhamra í Mosfellsbæ og er áætlað að þær verði fullbyggðar 1. desember 2006. Fyrir er í Hlaðhömrum bygging með 20 vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða sem ákveðið hefur verið að breyta í öryggisíbúðir. Samstarf er við Eir um þjónustu við íbúana sem þar búa. Þótt öryggisíbúðirnar uppfylli tæpast að fullu þarfir þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými eru þær góð viðbót við þjónustu við aldraða á svæðinu og gefa öldruðum kost á að búa lengur en ella á eigin vegum við aukið öryggi sem er í samræmi við markmið laga um málefni aldraðra.

565. Svar [289. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um skerðingarreglur lágmarksbóta.

1. *Hvernig eru skerðingarreglur um samsettar lágmarksbætur íslenskra ellilífeyrisþega, sem búa hér á landi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi eða Finnlandi, vegna atvinnutekna, lífeyristekna, séreignarsparnaðartekna og fjármagnstekna? Svarið óskast sundurliðað eftir hverjum tekjuflokki, miðað við 0–10.000 kr. tekjur á mánuði, 10.001–20.000 kr. tekjur á mánuði, og svo áfram á 10.000 kr. bili upp í 200.000 kr.*

Í lögum nr. 117/1993, um almannatrygginga, með síðari breytingum, er fjallað um rétt til ellilífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka. Þá er í lögum nr. 118/1993, um félags-

lega aðstoð, með síðari breytingum, fjallað um rétt til heimilisuppbótar og frekari uppbóta. Bætur þessar teljast lágmarksbætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Skilyrði ellilífeyris og bóta tengdum honum.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar. Fullur ellilífeyrir greiðist þeim sem hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við búsetutímann. Heimilt er þó að miða bætur beggja hjóna, sem bæði fá bætur, við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma. Tekjutrygging og tekjutryggingarauki greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og gilda þá sömu reglur um búsetutíma á Íslandi.

Heimilisuppbót er heimilt að greiða einhleypingum sem eiga lögheimili á Íslandi sem njóta óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, sbr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð. Eigi einhleypingur rétt á skertri tekjutryggingu er heimilisuppbótin lækkuð eftir sömu reglum og gilda um tekjutryggingu.

Einnig er heimilt að greiða ellilífeyrisþegum frekari uppbætur ef þeir eiga lögheimili á Íslandi og ef sýnt þykir að þeir geta ekki framfleytt sér án þess, sbr. 10. gr. laga um félagslega aðstoð.

Skilgreining á tekjum.

Ef framangreind skilyrði eru uppfyllt þá ræðst fjárhæð bótanna af þeim tekjum sem einstaklingur hefur. Mikilvægt er að skilgreina vel hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar við útreikning bótanna og er það gert í 10. gr. almannatryggingalaga. Þar segir að til tekna þegar um þessar bætur er að ræða teljist tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, og frádráttarliða skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skulu við ákvörðun tekjugrundvallar tekjur skv. C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, (fjármagnstekjur) metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á ellilífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11. og 17. gr. almannatryggingalaga.

Undanskildar tekjur.

Þegar um er að ræða ellilífeyri skv. 11. gr. almannatryggingalaga teljast þrátt fyrir framangreint ekki til tekna bætur samkvæmt þeim lögum og lögum um félaglega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. almannatryggingalaga. Eingöngu er litið til eigin tekna við útreikning á ellilífeyri.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. almannatryggingalaga og heimilisuppbót skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð teljast ekki til tekna bætur samkvæmt þeim lögum, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. almannatryggingalaga. Eigin tekjur og tekjur maka hafa áhrif á fjárhæð bótanna.

Við mat á því hvort einstaklingur eigi rétt á frekari uppbótum er tekið tillit til eigna og tekna hans, þar á meðal bóta almannatrygginga, útgjalda vegna umönnunar, sjúkra- eða lyfjakostnaðar, heyrnartækja, húsaleigu o.fl. Frekari uppbætur eru þó ekki greiddar ef einstaklingur á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4 millj. kr. eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga, yfir 133.571 kr. á mánuði. Viðmiðunarmörk hjóna miðast við tvöfaldar þessar upphæðir.

Skerðingarhlutfall og tekjumörk.

Ellilífeyrir skerðist vegna framangreindra tekna, sbr. 2. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga, en þar segir að ellilífeyri skuli skerða ef tekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 1.801.824 kr. á ári eða 150.152 kr. á mánuði. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skuli skerða ellilífeyri um 30% þeirra tekna sem umfram eru uns hann falli niður. Ellilífeyrir fellur niður við tekjur sem eru 2.681.544 kr. á ári eða 223.462 kr. á mánuði.

Þær reglur sem gilda um hvernig tekjur, eins og þær eru skilgreindar hér að framan, skerða tekjutryggingu hjá einhleypingum eða hjónum eru í 2.–4. og 8. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þar segir að ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 578.189 kr. á ári skuli greiða tekjutryggingu til viðbótar ellilífeyri hans. Hafi ellilífeyrisþegi hins vegar tekjur umfram þessi mörk skuli skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Tekjutrygging fellur niður við tekjur sem eru 1.727.869 kr. á ári. Ef einungis annað hjóna nýtur ellilífeyris og sameiginlegar tekjur hjónanna eru ekki hærri en 976.188 kr. á ári þá skuli greiða tekjutryggingu til viðbótar ellilífeyri. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram þessi mörk skuli skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Ef ⅔ tekna þess hjóna sem ellilífeyris nýtur nemi lægri fjárhæð en 424.932 kr. á ári skuli þrátt fyrir framangreint aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð. Ef bæði hjónin njóta ellilífeyris og sameiginlegar tekjur þeirra eru ekki hærri en 1.156.378 kr. á ári skuli greiða tvöfalda tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 3.455.738 kr. á ári skuli skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Ef ⅔ tekna annars hvors hjónanna nema lægri fjárhæð en 424.932 kr. á ári skuli þrátt fyrir framangreint aldrei greiða því lægri tekjutryggingu en nemur því sem á vantar að ⅔ tekna þess nái þeirri fjárhæð.

Þær reglur sem gilda um hvernig tekjur, eins og þær eru skilgreindar hér að framan, skerða tekjutryggingarauka hjá einhleypingum eða hjónum eru í 9. og 10. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur frá lífeyristryggingum skal hann til viðbótar við heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eiga rétt á fullum tekjutryggingarauka. Hafi lífeyrisþegi aðrar tekjur skerða þær tekjutryggingaraukann um 45% uns hann fellur niður við 566.907 kr. tekjur á ári. Lífeyrisþegi í sambýli við einstakling 18 ára eða eldri á rétt á lægri tekjutryggingarauka en einhleypingur. Tekjur lífeyrisþega skerða tekjutryggingaraukann um 45% uns hann fellur niður við 455.067 kr. tekjur á ári. Við útreikning tekjutryggingarauka hjá hjónum skal leggja til grundvallar helming sameiginlegra tekna.

Samkvæmt 9. gr. laga um félagslega aðstoð skerðist heimilisuppbót á sama hátt og tekjutrygging og hefur sömu tekjumörk. Ef tekjur eru umfram umrædd lægri tekjumörk tekjutryggingar skal skerða heimilisuppbót um 18,87%.

Áhrif lífeyrissjóðs- og atvinnutekna á greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í eftirfarandi töflum og myndum, sem birtar eru á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins (www.tr.is), er að finna áhrif tekna á mánaðargreiðslur einhleyps ellilífeyrisþega árið 2004.

Áhrif lífeyrissjóðstekna á mánaðargreiðslur lífeyrisþega, einhleypings, árið 2004

Lífeyris-sjóðstekjur á mán.	Ellilífeyrir	Tekju-trygging	Tekjutr.-auki	Heimilis-uppbót	Samtals greiðslur frá TR	Samtals skatt-skyldar tekjur	Til ráðstöf-unar
0	21.249	41.655	20.540	17.469	**100.913**	100.913	89.477
10.000	21.249	41.655	16.040	17.469	**96.413**	106.413	92.855
20.000	21.249	41.655	11.540	17.469	**91.913**	111.913	96.233
30.000	21.249	41.655	7.040	17.469	**87.413**	117.413	99.611
40.000	21.249	41.655	2.540	17.469	**82.913**	122.913	102.989
50.000	21.249	39.805	0	16.693	**77.747**	127.747	105.958
60.000	21.249	35.305	0	14.806	**71.359**	131.359	108.177
70.000	21.249	30.805	0	12.919	**64.972**	134.972	110.396
80.000	21.249	26.305	0	11.031	**58.585**	138.585	112.615
90.000	21.249	21.805	0	9.144	**52.198**	142.198	114.834
100.000	21.249	17.305	0	7.257	**45.811**	145.811	117.053
110.000	21.249	12.805	0	5.370	**39.424**	149.424	119.272
120.000	21.249	8.305	0	3.483	**33.036**	153.036	121.491
130.000	21.249	3.805	0	1.596	**26.649**	156.649	123.710
140.000	21.249	0	0	0	**21.249**	161.249	126.535
150.000	21.249	0	0	0	**21.249**	171.249	132.677

Skýringar: Skatthlutfall 38,58%, persónuafsláttur 27.496 kr.

Lífeyrissjóðstekjur: Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.



Áhrif atvinnutekna á mánaðargreiðslur lífeyrisþega, einhleypings, árið 2004

Atvinnu-tekjur [1] á mán.	Ellilífeyrir	Tekju-trygging	Tekjutr.-auki	Heimilis-uppbót	Samtals greiðslur frá TR	Samtals skatt-skyldar tekjur	Til ráðstöf-unar
0	21.249	41.655	20.540	17.469	**100.913**	100.913	89.477
10.000	21.249	41.655	16.040	17.469	**96.413**	106.413	92.855
20.000	21.249	41.655	11.540	17.469	**91.913**	111.913	96.233
30.000	21.249	41.655	7.040	17.469	**87.413**	117.413	99.611
40.000	21.249	41.655	2.540	17.469	**82.913**	122.913	102.989
50.000	21.249	39.805	0	16.693	**77.747**	127.747	105.958
60.000	21.249	35.305	0	14.806	**71.359**	131.359	108.177
70.000	21.249	30.805	0	12.919	**64.972**	134.972	110.396
80.000	21.249	26.305	0	11.031	**58.585**	138.585	112.615
90.000	21.249	21.805	0	9.144	**52.198**	142.198	114.834
100.000	21.249	17.305	0	7.257	**45.811**	145.811	117.053
110.000	21.249	12.805	0	5.370	**39.424**	149.424	119.272
120.000	21.249	8.305	0	3.483	**33.036**	153.036	121.491
130.000	21.249	3.805	0	1.596	**26.649**	156.649	123.710
140.000	21.249	0	0	0	**21.249**	161.249	126.535
150.000	19.150	0	0	0	**19.150**	169.150	131.388
160.000	16.150	0	0	0	**16.150**	176.150	135.687
170.000	13.150	0	0	0	**13.150**	183.150	139.986
180.000	10.150	0	0	0	**10.150**	190.150	144.286
190.000	7.150	0	0	0	**7.150**	197.150	148.585
200.000	4.150	0	0	0	**4.150**	204.150	152.885
210.000	1.150	0	0	0	**1.150**	211.150	157.184
220.000	0	0	0	0	**0**	220.000	162.620
230.000	0	0	0	0	**0**	230.000	168.762
240.000	0	0	0	0	**0**	240.000	174.904

Skýringar: Skatthlutfall 38,58%, persónuafsláttur 27.496 kr.
1) Tekjur að frádregnum iðgjöldum í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnaði.

Séreignarlífeyrissparnaður og 50% af fjármagnstekjum teljast atvinnutekjur sem koma til frádráttar bótum Tryggingastofnunar ríkisins.



Upplýsingar um norræna almannatryggingalöggjöf.

Í fyrirspurninni er spurt um skerðingarreglur samsettra lágmarksbóta ellilífeyrisþega í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Ekki vannst tími til að útvega og vinna þau gögn innan svarfrestsins. Í þessu sambandi má benda á að almannatryggingakerfi Norðurlandanna eru ólík og ekki í öllum tilfellum hægt að bera þau saman. Norðurlöndin taka þátt í Evrópusambandssamstarfinu MISSOC (Mutual Information System on Social Security) en þar eru teknar saman upplýsingar um almannatryggingar ríkjanna og þær flokkaðar eftir því sem unnt er. Hægt er að nálgast upplýsingarnar á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins (www.tr.is).

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um almannatryggingar á Norðurlöndunum í riti NOSOSCO en nýjustu upplýsingarnar eru frá 2003 í riti nr. 26:2005. Í ritinu eru upplýsingar um ellilífeyri á Norðurlöndunum og er hægt að nálgast upplýsingarnar á heimasíðu NOSOSCO (www.nom-nos.dk/nososco.htm).

2. *Hvernig breytast bætur íslensks ellilífeyrisþega vegna tekna og/eða eigna maka ef viðkomandi hefur búið annars staðar á Norðurlöndum?*

Um bótagreiðslur þegar einstaklingar hafa búið og/eða starfað í tveimur eða fleiri löndum gilda almannatryggingareglur EES-samningsins sem birtar hafa verið í reglugerðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nr. 587/2000, 588/2000, 811/2000, 847/2001, 507/2002, 356/2003 og 777/2004. Einnig gilda ákvæði Norðurlandasamnings um almannatryggingar sem undirritaður var 18. ágúst 2003, sbr. lög nr. 66/2004 um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar.

Þegar reiknaður er út réttur samkvæmt íslenskum almannatryggingalögum er tekið mið af upplýsingum sem koma fram í umsókn einstaklingsins hér á landi og jafnframt upplýsingum sem stofnun í öðru landi hefur gefið í samræmi við almannatryggingareglur EES-samningsins eða Norðurlandasamningsins um almannatryggingar. Eins og að framan greinir hafa eignir ekki áhrif á bætur samkvæmt almannatryggingalögum en þær geta haft áhrif þegar metið er hvort einstaklingur eigi rétt á frekari uppbótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

566. Svar [315. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um heimahjúkrun aldraða.

Til að afla svara við fyrirspurninni var leitað upplýsinga hjá öllum þjónustuhópum aldraðra á landinu og hjá heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum.

1. *Hversu margir aldraðir njóta nú heimahjúkrunar, hversu hátt hlutfall er það af heild í neðangreindum aldursbilum og hve margir eru á biðlista eftir heimahjúkrun, skipt eftir kjördæmum:*
   a. *75–80 ára,*
   b. *81–90 ára,*
   c. *91 árs og eldri?*

Fjöldi aldraðra sem nýtur heimahjúkrunar í einstökum kjördæmum, skipt eftir aldri og sem hlutfall af fjölda aldraðra í hverju aldursbili.

	Aldursbil			
Kjördæmi	75-80 ára	81-90	91+	Allir 75+
Reykjavík norður og suður + Seltjarnarnes				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	326	390	55	771
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	3.752	3.294	472	7.518
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	8,69%	11,84%	11,65%	10,26%
Suðurkjördæmi				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	107	153	18	278
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	993	833	105	1.931
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	10,78%	18,37%	17,14%	14,40%
Suðvesturkjördæmi				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	125	179	36	340
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	1.626	1.040	161	2.827
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	7,69%	17,21%	22,36%	12,03%
Norðvesturkjördæmi				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	97	164	24	285
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	846	745	116	1.707
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	11,47%	22,01%	20,69%	16,70%
Norðausturkjördæmi				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	149	154	26	329
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	1.234	982	123	2.339
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	12,07%	15,68%	21,14%	14,07%
Allt landið				
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar	**804**	**1.040**	**159**	2.003
Heildarfjöldi í viðkomandi aldursbili	**8.451**	**6.894**	**977**	16.322
Fjöldi sem nýtur heimahjúkrunar, hlutfall af aldurshópi	**9,51%**	**15,09%**	**16,27%**	12,27%

Samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslustöðvum um allt land eru aðeins biðlistar eftir heimahjúkrun á tveimur stöðum, þ.e. í Borgarnesi og Þorlákshöfn, samtals 12 einstaklingar.

2. *Hefur verið unnið kerfisbundið að því að komast í samband við aldraða sem búa í heimahúsum og fá ekki heimahjúkrun til að kynna þeim þjónustu sem í boði er? Ef ekki, er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að slík kerfisbundin kynning fari fram um allt land um leið og kannaðar verði þarfir aldraðra fyrir heimahjúkrun?*

Víða um land standa heilsugæslustöðvar fyrir kerfisbundinni kynningu á þjónustu sinni

fyrir aldraða, þótt nokkuð misjanft sé hvernig staðið er að þeirri kynningu. Á Akureyri er boðið upp á svokallaðar heilsueflandi heimsóknir til allra sem eru 75 ára og eldri og það er einnig gert á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. Sambærilegt verkefni er nýhafið í Hafnarfirði. Tilraun hefur verið gerð með heilsueflandi heimsóknir í Fjarðarbyggð, á Seyðisfirði og Egilsstöðum. Verkefninu er lokið, en áhugi er fyrir því að festa það í sessi. Í Reykjavík hafa sjö af tíu heilsugæslustöðvum sent öllum íbúm 75 ára og eldri bréf með boði um viðtal við hjúkrunarfræðing á heilsugæslustöð og ráðgert er að hinar þrjár taki þetta upp um áramótin. Sama fyrirkomulag er í Kópavogi og Mosfellsbæ og þetta er einnig gert á Blönduósi. Í Garðabæ hefur þjónusta við aldraða verið kynnt á kerfisbundinn hátt af hálfu sveitarfélagsins. Í svörum heilsugæslustöðvanna á Hólmavík og Patreksfirði, í Bolungarvík og Þorlákshöfn kemur fram að þar sé þjónustan kynnt öldruðum kerfisbundið. Á Suðurnesjum var opnuð sérstök öldrunarmóttaka árið 2004. Hún var vel sótt framan af en síðar dró úr aðsókn og þá var starfseminni hætt. Í svörum allmargra heilsugæslustöðva kemur fram það mat að starfsfólk stöðvanna hafi góða yfirsýn yfir stöðu aldraðra á sínu þjónustusvæði og sérstök kynning sé því óþörf.

Eins og fram er komið hafa heilsugæslustöðvar víða um land hafið kerfisbundna kynningu við aldraða á þjónustu sem þeim stendur til boða. Af svörum þeirra að dæma er fyrirkomulag á kynningu þjónustunnar nokkuð mismunandi. Ráðuneytið telur mestu varða að þjónustan sé vel kynnt, hvernig sem að því er staðið. Það er mat ráðuneytisins að unnt sé að efla þjónustu við aldraða í heimahúsum með þeim árangri að aldraðir geti dvalið lengur heima, líkt og markmið laga um málefni aldraðra kveða á um. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem unnið er að í ráðuneytinu um þessar mundir og ráðherra mun beita sér fyrir á næstu missirum. Sl. þrjú ár hafa verið veittar aukalega 50 millj. kr. á ári til að efla heimahjúkrun.

3. *Á hvern hátt er verið að vinna að því að samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun þannig að hægt sé að fullnægja þörfinni m.a. fyrir sólarhringsþjónustu þegar við á? Hvenær má vænta þess að þessi þjónusta verði komin í viðunandi horf?*

Sveitarfélögin Akureyri og Hornafjörður hafa frá árinu 1996 séð um stjórnun og rekstur heilsugæslu á sínu svæði, samkvæmt samningi um reynslusveitarfélög og sjá því jafnt um að veita öldruðum heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu. Í lok árs 2003 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í tilraunaskyni og stendur það verkefni yfir. Enn sem komið er, er hvergi veitt sólarhringsþjónusta heimahjúkrunar nema í Reykjavík. Hins vegar er verið að ganga frá samningi milli heilbrigðisráðuneytisins og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um tilraunaverkefni til tveggja ára um aukna heimahjúkrun í Árborg og nágrenni. Miðað er við að heimahjúkrun verði veitt allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Í svörum heilsugæslustöðva við fyrirspurn um samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar kemur fram að víðast er góð samvinna þarna á milli, þótt ekki sé um formlega samþættingu að ræða. Eins og fram er komið er nær hvergi bið eftir heimahjúkrun samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslustöðvum, en sólarhringsþjónusta er aðeins veitt í Reykjavík auk þess sem slíkt er í undirbúningi í Árborg.

Í október 2003 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd um flutning verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga og var nefndinni falið að kanna hvaða verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða væri mögulegt og æskilegt að flytja frá ríki til sveitarfélaga. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í nóvember 2004. Þar er m.a. vísað til árangurs reynslusveitarfélaganna Akureyrar og Hornafjarðar á sviði þeirra verkefna sem þau tóku yfir og vitnað til álits matsaðila á verkefnunum á árunum 1997–2002 um að augljós-

ustu áhrif aukinnar sjálfstjórnar sveitarfélaganna séu á sviði breytts fyrirkomulags öldrunarþjónustu. Er vísað til þess að magn heimaþjónustu og heimahjúkrunar hafi aukist stöðugt á tímabilinu um leið og dregið hafi úr stofnanaþjónustu.

Reynslan sem þegar hefur fengist af því að fela einum og sama aðila að sinna öldrunarþjónustu bendir til þess að æskilegt fyrirkomulag öldrunarþjónustu sé að hafa hana á einni hendi og sem næst íbúunum. Samþætting heimahjúkrunar og heimaþjónustu fyrir aldraða er mikilvæg leið til þess að efla þjónustuna. Hins vegar yfirvinnur samþætting ekki þá annmarka sem fylgja því að þessir þjónustuþættir eru ekki á sömu hendi. Því er æskilegast að sveitarfélögin sinni þessari þjónustu alfarið sjálf, að því gefnu að þau eflist með frekari sameiningu og hafi burði til að taka við þjónustunni.

4. *Hvað má ætla að margir þeirra sem nú eru á biðlistum eftir dvalar- eða hjúkrunarheimilum gætu verið heima ef þeir nytu fullnægjandi heimahjúkrunar og heimilisþjónustu?*

Samkvæmt vistunarmati 1. nóvember bíða samtals 1.019 aldraðir eftir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými. Fyrirspurn var beint til allra þjónustuhópa aldraðra í landinu sem meta vistunarþörf aldraðra og matshópsins sem sér um vistunarmat í Reykjavík, samtals 43 hópar. Fullnægjandi svör um þetta efni bárust ekki frá 14 þjónustuhópum. Að baki þeim þjónustuhópum sem svöruðu fyrirspurninni eru 768 aldraðir sem bíða eftir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými. Af þeim gætu rúmlega 400 einstaklingar verið heima með fullnægjandi heimahjúkrun og heimaþjónustu. Þessar upplýsingar ber að túlka með fyrirvara þar sem þær byggjast ekki á formlegu endurmati á þörfum þeirra einstaklinga sem eiga vistunarmat, heldur á mati fulltrúa þjónustuhópanna og matshópsins í Reykjavík á fyrirliggjandi gögnum og innsýn þeirra í aðstæður viðkomandi einstaklinga. Einnig verður að hafa í huga að spurt er um þá sem gætu verið heima „ef þeir nytu fullnægjandi heimahjúkrunar og heimilisþjónustu“ án þess að skilgreint sé hvað teljist „fullnægjandi“.

567. Svar [146. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um jafnréttisfræðslu o.fl. í grunn- og framhaldsskólum.

1. *Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um jafnréttismál?*

Menntamálaráðherra setur leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum aðalnámskrár, sbr. lög um þessi skólastig. Í aðalnámskrám er kveðið nánar á um meginstefnu í kennslu og kennsluskipan. Í jafnréttisstefnu ráðuneytisins, sem lögð var til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla 1999, kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti til náms með því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra sem ófatlaðra. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda.

Fræðsla um jafnrétti er samofin markmiðum í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla frá 1999, bæði í almennum hluta þeirra og í hverri greinanámskrá fyrir sig þó að sérstök áhersla sé lögð á jafnréttismiðuð markmið í námskrá í lífsleikni á öllum skólastigum. Auk almennra ákvæða um jafnrétti til náms og skóla án aðgreiningar er að finna ákvæði um að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum og félagslegri stöðu. Markmiðið er ekki að kenna öllum hið sama heldur að nemendur öðlist trausta undirstöðu á þeim námssviðum sem þeir velja. Í þessu skyni er nemendum til dæmis gefinn kostur á ólíkum námsáherslum í efstu bekkjum grunnskólans.

Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið í kennslu en það er hins vegar skólanna að útfæra þau nánar í samræmi við stefnu skólans, sérstöðu og þá kennsluhætti sem skólinn aðhyllist. Á þetta við bæði um grunn- og framhaldsskóla. Nú stendur yfir endurskoðun á aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla í tengslum við breytta námskipan til stúdentsprófs, en ekki er gert ráð fyrir að hróflað verði við þeim grundvallarmarkmiðum jafnréttis sem skýrð eru hér að framan, heldur verði þau styrkt.

Samhliða útgáfu námskráa árið 1999 gaf menntamálaráðuneytið út bækling um jafnréttismál sem dreift var í skóla. Bæklingnum var ætlað að vekja kennara og skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar.

2. *Hefur verið gerð úttekt á námskrám og kennslubókum í grunn- og framhaldsskólum með hliðsjón af jafnréttislögum? Ef svo er, hvenær?*

Eins og fram kemur í svari við 1. spurningu eru jafnréttissjónarmið höfð að leiðarljósi við námskrárgerð á öllum skólastigum og var þess vandlega gætt við lokafrágang á endurskoðun aðalnámskráa 1999. Ekki hefur verið gerð bein úttekt á framkvæmd námskránna á sviði jafnréttisfræðslu, en markmiðin eru skýr. Nemendum er ætlað að rækta með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi. Nemandi á að vera meðvitaður um gildi jafnréttis og hvernig það tengist mannréttindum. Hann á að vera fær um að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.

Hvað varðar útgáfu námsefnis tekur Námsgagnastofnun mið af jafnréttisákvæðum aðalnámskrár, bæði vegna útgáfu almenns námsefnis og sérstaks námsefnis um jafnréttismál. Í gátlista stofnunarinnar sem settur er til viðmiðunar fyrir námsefnishöfunda við námsgagnagerð kemur eftirfarandi fram:

- Námsefni skal stuðla að mannréttindum og jafnrétti manna. Það skal vera laust við fordóma, t.d. vegna búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, kynþáttar, stéttar eða trúarbragða. Leitast skal við að vinna gegn hvers konar viðhorfum sem hvetja til misréttis eða viðhalda því.
- Forðast ber að mismuna kynjum eða fjalla með einhliða hætti um hlutverk kynjanna. Leitast skal við eftir megni að ámóta fjöldi dæma sé tekinn af hvoru kyni, að áhugamálum beggja kynja sé gert jafnhátt undir höfði og að drengir og stúlkur séu ekki eingöngu sýnd í svokölluðum hefðbundnum kynjahlutverkum.

Námsefni sem Námsgagnastofnun hefur gefið út þar sem fjallað er um jafnrétti að hluta eða að öllu leyti:

Jafnréttishandbókin (útg. 2000).
Höf. Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir.
Sagan af Sylvíu og Darra – leikin mynd (útg. 2000).
Ég er bara ég (útg. 2000) – ásamt kennsluleiðbeiningum á vef.

Höf. Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson.
Kynlega klippt og skorið (útg. 2001).
Höf. Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson.
Leið þín um lífið – Siðfræði fyrir ungt fólk (útg. 2002).
Þýtt úr þýsku.
Þjóðfélagsfræði (útg. 2001).
Höf. Garðar Gíslason.
Lífsgildi og ákvarðanir – kynfræðsla (útg. 1991).
Þýtt úr ensku.
Margt er um að velja – náms og starfsfræðsla á vef (útg. 2004).
Berglind Helga Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir.
Réttindi mín, 1.–3. hefti – um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (útg. 1994).
Borgaravitund og lýðræði – námsefni á vef (útg. 2005).

3. *Í hvaða skólum og á hvaða skólastigum er veitt fræðsla um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?*

Árið 1994 gaf Námsgagnastofnun út þrjár bækur, *Réttindi mín*, sem fjalla um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig voru gefnar út kennsluleiðbeiningar fyrir kennara í grunn- og framhaldsskólum um hvernig best væri að haga kennslu um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Bækurnar taka mið af aldri og þroska nemenda þannig að fyrsta bókin er ætluð yngstu nemendunum, önnur bókin nemendum á miðstigi og sú þriðja, sem birtir samninginn í heild, er ætluð börnum og unglingum til 18 ára aldurs. Bækurnar hafa verið endurprentaðar tvisvar sinnum, önnur prentun 1994 og sú þriðja 1996.

Barnasáttmálinn er einnig lagður til grundvallar í námskrá í lífsleikni. Í námskrá í lífsleikni í grunn- og framhaldsskólum er að finna jafnréttismiðuð markmið sem beinlínis og óbeinlínis stuðla að því að styrkja einstaklinginn og að hann öðlist samfélagslega yfirsýn til þess að geta betur tekist á við áskoranir daglegs lífs í framtíðinni.

Ráðuneytið hefur á þessu ári tekið þátt í verkefni Evrópuráðsins um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi en verkefnið byggir m.a. á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samþykktum Evrópuráðsins um lýðræði, borgaravitund og mannréttindi. Meginmarkmið verkefnisins er m.a. að vekja athygli á mikilvægi þessa í skólastarfi. Í yfirstandandi endurskoðun á aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla í lífsleikni liggja fyrir tillögur um að styrkja markmið um borgaravitund og lýðræði og jafnrétti. Meginmarkmiðið er að auka færni ungs fólks og fullorðinna til að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Er það í samræmi við almenna áherslu á lýðræði og borgaravitund í skólastarfi bæði hér á landi og í nágrannalöndum.

568. Svar [112. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um nemendaráð í grunnskólum.

1. *Hvernig er starfsemi nemendaráða háttað í grunnskólum?*

Samkvæmt 17. gr. gildandi grunnskólalaga er nemendum grunnskóla heimilað að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri skal fela einum af kennurum skólans að aðstoða nemendaráð. Í lögunum kemur fram að nemenda-

ráð hvers skóla skuli setja sér starfsreglur. Í grunnskólalögum segir einnig að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til þess að veita upplýsingar um skólastarfið og fjalla um málefni þessara ráða.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki gert sérstaka könnun á því með hvaða hætti starfsemi nemendaráða er háttað í grunnskólum enda er ábyrgð á rekstri grunnskóla í höndum sveitarfélaga og einungis um heimildarákvæði að ræða í lögunum en þess má geta að umboðsmaður barna kannaði starfshætti nemendaráða í grunnskólum skólaárið 1995–1996. Þar sem engar breytingar hafa verið gerðar síðan á lagalegum grunni nemendaráða má ætla að starfsemi nemendaráða sé víðast með svipuðum hætti og þá var. Í niðurstöðum könnunar umboðsmanns barna kom fram að algengast er að nemendaráð séu 5–7 manna með fulltrúum nemenda af unglingastigi, þ.e. þremur elstu árgöngum grunnskólans, 8.–10. bekk. Í flestum tilvikum starfaði kennari með nemendaráðinu eða íþrótta- og tómstundafulltrúi skólans. Fram kom að meira en helmingur nemendaráða sagðist ekki starfa samkvæmt neinum formlegum starfsreglum. Langalgengast var að nemendaráðið hittist 2–4 sinnum í mánuði. Algengustu viðfangsefni nemendaráðanna voru félagslegs eðlis, þ.e. skemmtikvöld, böll, árshátíðir, ferðalög, blaðaútgáfa og fræðsla til nemenda. Fram kom að nokkur nemendaráð skiptu sér af sérstökum hagsmunamálum nemenda, t.d. aðbúnaði í skólanum, ágreiningi við kennara eða stjórnendur skóla, eineltismálum og skólamáltíðum. Hins vegar kom fram að langflest nemendaráð unnu ekkert að slíkum hagsmunamálum nemenda. Fram kom áhugi hjá nemendaráðunum á að efla þau innan skólans og einnig áhugi á samstarfi nemendaráða innan sveitarfélagsins.

Menntamálaráðuneytinu er kunnugt um að á undanförnum árum hefur starfsemi nemendaráða í grunnskólum víða eflst og einnig samstarf þeirra innan sveitarfélaga, en ekki liggja fyrir nýlegar upplýsingar um heildaryfirlit yfir starfsemi ráðanna. Þá hafa sum sveitarfélög stofnað sérstök ungmennaráð og leitað eftir þátttöku fulltrúa nemendaráða grunnskóla. Sveitarfélög hafa með þessu móti skapað vettvang fyrir fulltrúa nemendaráða í grunnskólum til að fjalla um ýmis málefni ungmenna.

Í tengslum við endurskoðun á grunnskólalögum að undanförnu hefur verið til skoðunar að gera nemendaráð að lagaskyldu í grunnskólum og ætla þeim aukið hlutverk, ekki síst þar sem aukin áhersla er á lýðræðislega starfshætti skóla. Einnig má geta þess að árið 2005 er Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi sem Íslendingar taka þátt í af fullum krafti og hafa ýmis verkefni verið unnin innan skóla og sveitarfélaga af því tilefni.

2. Hverjir eiga rétt á sæti í þeim?

Ekki er tilgreint í gildandi grunnskólalögum hverjir eigi rétt á sæti í nemendaráðum, en skv. 17. gr. laganna er nemendum grunnskóla heimilað að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Í lögunum segir ekkert um fjölda fulltrúa í nemendaráðum og því er það alfarið í höndum einstakra skóla að útfæra slíkt í starfsreglum sem setja á í hverjum skóla. Ekki er tilgreint í lögunum um aldur fulltrúa í nemendaráðum, en rík hefð er fyrir því að nemendaráð grunnskóla sé skipað fulltrúum í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 8.–10. bekk. Ráðuneytinu er þó kunnugt um að yngri nemendur sitji í nemendaráðum en það er ekki algengt.

3. Fulltrúar hverra sitja í slíkum ráðum, skipt eftir grunnskólum?

Menntamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hverjir sitja í nemendaráðum, skipt eftir grunnskólum, og hefur ekki aflað slíkra upplýsinga.

4. Hvernig er eftirliti með starfsemi ráðanna háttað?

Menntamálaráðuneytið hefur ekki eftirlit með starfsemi nemendaráða í grunnskólum. Skólastjórar í grunnskólum hafa alla jafna eftirlit með starfsemi nemendaráða og hugsanlega skólaskrifstofur sveitarfélaga. Einnig hefur umboðsmaður barna fylgst með starfsemi nemendaráða og kannað starfsemi þeirra, þótt það geti ekki flokkast undir formlegt eftirlit.

569. Tillaga til þingsályktunar [406. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 9. desember 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. janúar 2006.

570. Skýrsla [407. mál]

félagsmálaráðherra um sveitarstjórnarmál.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. Inngangur.

Markmið þessarar fyrstu skýrslu til Alþingis um stöðu sveitarstjórnarstigsins er að efla umræðu um stöðu og hlutverk sveitarstjórnarstigsins á Íslandi. Tilgangurinn er ekki að veita tæmandi upplýsingar um öll viðfangsefni sveitarfélaga, enda er slíkt tæpast gerlegt. Í skýrslunni eru upplýsingar um helstu þætti sem máli skipta í laga- og starfsumhverfi sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna, svo sem um fjármál sveitarfélaga, lögmælt og ólögmælt verkefni sveitarfélaga, lýðræði í sveitarfélögum og samskipti sveitarfélaga við ríkisvaldið. Einnig er lítillega fjallað um stöðu íslenskra sveitarfélaga í alþjóðlegu samhengi.

Í skýrslunni er leitast við að leggja mat á núverandi stöðu sveitarstjórnarstigsins og vekja spurningar um framtíð þess. Þótt sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga sé viðurkenndur í stjórnarskránni og sveitarstjórnarlögum og Ísland hafi einnig undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um að halda þann rétt í heiðri er það staðreynd að sveitarfélagaskipan, tekjustofnar og verkefni sveitarfélaga ráðast af ákvæðum laga á hverjum tíma. Alþingi ræður því miklu um það hver viðfangsefni sveitarstjórnarstigsins eru á hverjum tíma. Í ljósi þess að fram undan eru sveitarstjórnarkosningar og samstarfsverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins er að ljúka þykir rétt að leggja skýrsluna fram á Alþingi til umræðu. Ljóst er að það verkefni hefur ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt í að ná fram grundvallarbreytingum á sveitarstjórnarstiginu. Áfram verður mikill fjöldi sveitarfélaga með mjög fáa íbúa þótt einungis lítill hluti landsmanna búi í þessum sveitarfélögum.

Samkvæmt lögum hvíla á öllum sveitarfélögum sömu skyldur til að veita íbúum þjónustu. Skiptir þá engu máli hvort í sveitarfélaginu búa 100 eða 10.000 manns. Gildandi lagaákvæði

um 50 íbúa lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga er ekki í neinu samræmi við verkefni sveitarfélaga. Sveitarfélagamörk, sem í mörgum tilvikum eiga rætur að rekja aftur á þjóðveldisöld, hafa ekki fylgt þeim miklu breytingum sem orðið hafa í samgöngu- og atvinnumálum um allt land. Hugsanlega hefur löggjafarvaldið verið of viljugt til að færa sveitarfélögunum aukin verkefni án þess að gera þá kröfu á móti að sveitarfélögin gætu axlað nýjar skyldur.

Það hlýtur að vera markmiðið að stjórnsýsla hins opinbera og ábyrgð á málaflokkum sé einföld og skýr þannig að íbúarnir viti hvert þeir eigi að leita úrlausn sinna mála. Einnig hljótum við að vilja tryggja sjálfsforræði sveitarfélaga og stjórn þeirra yfir eigin verkefnum á sem einfaldastan og bestan hátt. Til þess að ná þessum markmiðum þarf að eiga sér stað opinská umræða um málefni ríkis og sveitarfélaga í heild sinni og leita sameiginlegra lausna. Í slíkri umræðu er nauðsynlegt að allir sem málið varðar séu opnir fyrir nýjum hugmyndum ef slíkt er skynsamlegt út frá hagsmunum borgaranna. Mikilvægt er að löggjafinn taki virkan þátt í þeirri umræðu.[1]

2. Íslenska sveitarstjórnarstigið.

Öll stór lýðræðisríki skiptast í staðbundnar stjórnsýslueiningar eða sveitarfélög. Sveitarfélög á Íslandi eru sjálfsstjórnareiningar innan þess ramma sem Alþingi setur þeim. Á Íslandi er einungis íslenska ríkið fullvalda, sem þýðir að hjá því liggur hið endanlega ákvörðunarvald í sameiginlegum málum landsmanna. Þetta fyrirkomulag er ólíkt því sem tíðkast í sambandsríkjum, svo sem Þýskalandi eða Bandaríkjunum, þar sem fullveldið skiptist á milli ríkisins og héraða eða fylkja með eigið löggjafar- og framkvæmdarvald.[2]

Eitt af höfuðeinkennum vestrænnar, og þar með íslenskrar, stjórnskipunar er þrískipting ríkisvaldsins í dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald. Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að forseti og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvaldið. Af öðrum stjórnvöldum í skilningi greinarinnar er í stjórnarskránni aðeins minnst á ráðherra og sveitarfélög. Sveitarfélög eru því einn handhafa framkvæmdarvalds og eiga almennar reglur um stöðu framkvæmdarvaldsins í stjórnskipun ríkisins við um sveitarfélög, svo sem um að ganga ekki inn á verksvið annarra handhafa framkvæmdarvaldsins. Sveitarfélög fara því með hina staðbundnu stjórnsýslu eftir því sem lög kveða á um. Þar af leiðir að meginhlutverk sveitarfélaga er að vera lýðræðislegur ákvörðunarvettvangur þeirra mála sem Alþingi leyfir sveitarfélögum að útfæra nánar og gefur þeim sjálfsstjórn um.

Starfsemi sveitarfélaga á Íslandi er mikilvæg fyrir íbúa þeirra þar sem þau veita þeim ýmiss konar þjónustu sem þeir gætu vart verið án í daglegu lífi sínu. Hlutdeild sveitarfélaga í opinberri þjónustu hefur aukist jafnt og þétt, enda hafa stór verkefni verið færð til þeirra frá ríkisvaldinu á undanförnum árum.

Sérstaða sveitarfélaga samanborið við aðra þjónustuaðila og aðrar stofnanir framkvæmdarvaldsins á rætur sínar að rekja til lýðræðislegs grundvallar þeirra og þess að þau njóta viss sjálfræðis frá ríkisvaldinu. Með tilvist sveitarfélaga fá borgararnir tækifæri til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórnmálin, enda stíga margir sín fyrstu skref í stjórnmálum með þátttöku í sveitarstjórnarstarfi. Sveitarfélög eru því mikilvæg sem undirstaða lýðræðis.

---

[1] Við skýrslugerðina var heimilda leitað víða, auk þess sem byggt var á upplýsingum og reynslu sem skapaðist við átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Meðal annars var stuðst við fræðslurit Samband íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2002, auk ýmissa greina og rannsókna sem birst hafa um sveitarstjórnarmál á Íslandi. Eru höfundum ritanna færðar bestu þakkir.

[2] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), bls. 5.

Sveitarfélög gegna jafnframt vissu forustuhlutverki þar sem íbúarnir gera kröfu til þeirra um þjónustu og frumkvæði í málefnum samfélagsins á borð við þróun atvinnulífs, menningar og íbúabyggðar. Slíkar kröfur geta þó verið óraunhæfar.

Í stuttu máli má segja að skipting landsins í sveitarfélög leysi ýmsan vanda stefnumótunar í margbreytilegu samfélagi á hagkvæman og lýðræðislegan hátt og auki áhrif almennings á nærumhverfi sitt.

Saga, stjórnskipan og sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarskipan á Íslandi hvílir á gömlum grunni. Sveitarfélög hafa verið til allt frá þjóðveldisöld en stofnun þeirra má rekja til þeirra lýðræðislegu hefða sem landnámsmenn þekktu úr norrænni menningu fyrri heimkynna sinna. Auk þess má rekja skiptingu landsins í hreppa til vaxandi byggðar á Íslandi eftir landnám sem leiddi til þess að ættartengsl riðluðust og ný samfélagsleg vandamál urðu til. Upp frá því hafa sveitarfélög verið grundvallareiningar í stjórnskipan Íslands en upphaflega gegndu þau samhjálparhlutverki auk þess að sinna ýmsum öðrum sameiginlegum hagsmunamálum. Lýður Björnsson fjallar um sögu sveitarstjórnar á Íslandi í samnefndri bók frá 1972.

Staða sveitarfélaga í stjórnkerfi Íslands hefur breyst í aldanna rás og hefur hún m.a. tekið mið af þeim pólítísku viðhorfum sem ríkjandi hafa verið hverju sinni. Hrepparnir héldu lengi fornu sjálfstæði sínu gagnvart landsstjórninni og höfðu sjálfræði um val stjórnenda sinna og framkvæmd sveitarmála. Samkvæmt Jónsbók lutu stjórnendur þeirra ekki sýslumanni eða öðrum handhöfum konungsvalds í starfi sínu. Smám saman voru hreppum fengin umboðsstörf í þágu ríkisvaldsins þrátt fyrir að engin ákvæði hafi verið að finna í Jónsbók um slík störf. Það varð til þess að sýslumenn fóru að hafa afskipti af sveitarstjórnarmálum.

Með auknu konungsvaldi var sjálfstæði hreppa afnumið um aldamótin 1800 og hreppstjórar gerðir að umboðsmönnum ríkisvaldsins. Landsmenn voru óánægðir með afnám sjálfsstjórnar sveitarfélaga og eftir að Alþingi var endurreist árið 1845 fóru að berast þangað bænaskrár og áskoranir frá héraðsfundum þar sem þrýst var á um að sveitarfélög fengju aftur sjálfsstjórn. Í framhaldinu skoraði Alþingi á konung að færa sveitarfélögum aukið sjálfræði. Sú sveitarstjórnarskipan sem við þekkjum á rætur sínar að rekja til þess að sveitarfélögin voru endurskipulögð árið 1872 að danskri fyrirmynd. Með lýðræðislegri þróun á 19. og 20. öld, uppbyggingu velferðarkerfisins og auknum umsvifum hins opinbera óx vegur og hlutverk íslenskra sveitarfélaga.

Fram til ársins 1872 voru hrepparnir á bilinu 160–170 talsins um langt skeið. Flestir höfðu 100–500 íbúa en fáir höfðu innan við 100 íbúa. Sveitarfélögum tók að fjölga undir lok nítjándu aldar og um miðja tuttugustu öldina voru þau orðin 229. Það var svo ekki fyrr en á síðari hluta níunda áratugar tuttugustu aldar sem þeim tók að fækka.

Fjöldi og smæð sveitarfélaga á Íslandi hefur einkum verið skýrð út frá sögu og landafræði. Jónas Guðmundsson taldi einkum þrjár ástæður vera fyrir fjölgun sveitarfélaga eftir 1872. Í fyrsta lagi hefðu þorp og kauptún við sjávarsíðuna jafnan verið skilin frá hreppunum eftir að þau náðu ákveðinni stærð. Í öðru lagi var mjög víðlendum sveitarfélögum stundum skipt vegna erfiðra samgangna til að auðvelda mönnum að sinna málefnum þeirra. Í þriðja lagi taldi Jónas að aukin verkefni hreppstjórnarmanna á fyrri hluta tuttugustu aldar hafi valdið því að þeir léttu sér verkin með því að skipta hreppum og þannig dreifa störfunum.[3]

---

[3] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), bls. 29–30. Jónas Guðmundsson (1943), bls. 7.

Staða sveitarfélaga sem handhafa framkvæmdarvalds er að nokkru leyti önnur en annarra handhafa þess þar sem þau hafa rýmri heimildir og sjálfsstjórn um ýmis mál. Þannig takmarkar stjórnarskráin ekki einungis sjálfsstjórn sveitarfélaga heldur tryggir hana einnig. Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar, og þeirrar dönsku sem hin íslenska byggist á, hafa ekki mörg orð um sjálfsstjórn sveitarfélaga en íslenskir og danskir lögspekingar virðast þrátt fyrir það nokkuð sammála um skýringu ákvæðanna. Niðurstaða þeirra er að ákvæðin tryggi tilvist sveitarfélaga og rétt þeirra til að ráða eigin málefnum en löggjafinn mælir nánar fyrir um valdmörk sveitarfélaganna.[4]

Sjálfsstjórn sveitarfélaga byggist á 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæðinu er skipað í mannréttindakafla stjórnarskrár og á það sér sögulegar rætur í þeirri lýðræðislegu grunnhugsun að réttur sveitarfélaga til að ráða málefnum sem þau varðar sé jafnframt réttur íbúa þeirra til að ráða málefnum sínum. Tilvist sveitarfélaga er því tryggð með það að markmiði að íbúarnir geti haft áhrif á stjórn þeirra málefna sem næst þeim standa.

Í 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, er kveðið á um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Þar segir í 1. mgr.: „Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.“ Ákvæði þetta hefur verið túlkað sem stefnuyfirlýsing um að sveitarfélög skuli vera til í einhverri mynd og að þau séu sjálfstæð stjórnvöld. Auk þess felst í orðunum „sjálf ráða“ lýðræðisleg réttindi íbúa sveitarfélaga til að kjósa fulltrúa til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Enn fremur felst í orðunum „málefnum sínum eftir því sem lög ákveða“ að sveitarfélög hafi einhverja sjálfsstjórn um ákveðin málefni og að það sé löggjafinn sem kveði á um í hverju sú sjálfsstjórn felst. Það er því Alþingis að ákveða skipan sveitarstjórnarmála, þar á meðal hvernig landinu er skipt í sveitarfélög og hvaða málefni það eru sem sveitarfélögum eru falin. Orðalagið bendir til þess að ætlunin hafi verið að sveitarstjórnir fengju einkum umsjón með málum sem hefðu staðbundna þýðingu en skiptu þjóðarheildina minna máli. Hins vegar er erfitt að draga skýr mörk á milli sérmála byggðarlags og annarra þjóðfélagsmála og er því talið að löggjafinn hafi allfrjálsar hendur við skipan sveitarstjórnarmála.[5]

1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar tryggir að landsstjórnin getur ekki hlutast til um starfsemi sveitarfélaga nema sú íhlutun byggist á lagaheimild. Hvorki félagsmálaráðherra né aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar geta því gefið sveitarfélögunum fyrirmæli um hvernig þau skuli haga starfsemi sinni að öðru leyti en þeim er heimilað í lögum. Inntak þess að sveitarfélag hefur sjálfsstjórn um ákveðið málefni er að ákvarðanir um það verða ekki teknar af öðrum en sveitarstjórn. Á sama hátt verða ákvarðanir sveitarstjórnar um málefnið ekki endurskoðaðar efnislega nema það sé sérstaklega heimilað í lögum. Með þessu er átt við að ákvarðanir sem teknar eru af sveitarstjórn innan ramma laga verða ekki endurskoðaðar af öðrum aðilum þannig að ný ákvörðun sé tekin. Sem dæmi um þetta er úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem ráðuneytið sker úr um hina formlegu hlið ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. um málsmeðferð og hvort ákvörðunin hafi verið tekin innan ramma laga, en ekki þá efnislegu niðurstöðu sem komist hefur verið að.

Ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, undirstrika sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Í 1. gr. þeirra segir að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð og einnig að þau séu lögaðilar. Með því að vera sjálfstæðir lögaðilar hafa

---

[4] Birgir Tjörvi Pétursson (1998), bls. 5–12.

[5] Jón Jónsson (2000), bls. 8–9. Ólafur Jóhannesson (1978), bls. 384–385. Ólafur Jóhannesson (1974), bls. 22.

sveitarfélög sjálfstætt hæfi til að taka á sig skuldbindingar og veita loforð. Í 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga segir jafnframt: „Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.“ Ákvæði þetta tryggir rétt sveitarfélaga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar kemur að ákvarðanatöku um sérmálefni þeirra, svo sem sameiningu sveitarfélaga eða breytingar á sveitarfélagamörkum. Á hinn bóginn geta Alþingi og ríkisstjórnin tekið ákvarðanir sem hafa almenn áhrif á sveitarfélög án þess að ráðgast við einstök sveitarfélög, en þá ætti að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga í samræmi við 100. gr. sveitarstjórnarlaga um samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Þar er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila. Enn fremur segir í 87. gr. sveitarstjórnarlaga að Samband íslenskra sveitarfélaga sé sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Í 100. gr. sveitarstjórnarlaga segir jafnframt að ríkisstjórninni sé rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Nánar verður fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga í 10. kafla.

Réttur sveitarfélaga til sjálfsstjórnar er einnig staðfestur í Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga frá 15. október 1985. Ísland fullgilti sáttmálann með auglýsingu þess efnis í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 7/1991, og öðlaðist hann gildi fyrir Ísland hinn 1. júlí 1991. Í 2. gr. sáttmálans kemur fram að meginreglan um sjálfsstjórn sveitarfélaga skuli viðurkennd í landslögum og stjórnarskrá ef unnt er. Þótt sáttmálinn hafi ekki lagagildi er Ísland skuldbundið að þjóðarrétti til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í sáttmálanum til skipunar sveitarstjórnarmála. Í því felst skuldbinding til að tryggja tilvist og sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Einn meginþáttur sjálfsstjórnar sveitarfélaga er að þau njóti viss sjálfræðis við tekjuöflun. Sveitarfélög hér á landi hafa mun rýmri heimildir en aðrir handhafar framkvæmdarvalds til að ákveða hvort og hversu miklir skattar skuli lagðir á íbúa sveitarfélagsins, þar á meðal útsvar og fasteignaskattar. Skattheimtuvaldi sveitarfélaga eru þó settar ákveðnar skorður í samræmi við það grundvallarsjónarmið að skattheimta skuli eiga sér stoð í lögum, sbr. 44. gr. stjórnarskrárinnar. Í 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvenær þeir eru nýttir.“ Með ákvæðinu er lögfest sú regla að ákveða skuli tekjustofna með lögum. Þar af leiðir að það er Alþingi en ekki sveitarfélög sem ákveður hverjir tekjustofnar þeirra eru. Ákvarðanir Alþingis ráða því hvaða gjöld og fjárhagslegar kvaðir sveitarfélögum er heimilt að leggja á íbúa sína. Helstu lög þessa efnis eru lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Sjálfsstjórn sveitarfélaga varðar einnig sjálfsákvörðunarrétt þeirra um stjórnskipulega uppbyggingu í sveitarfélagi. Sveitarstjórn hefur töluvert svigrúm til að ákveða uppbyggingu stjórnkerfis og má rekja það til stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfsstjórnar, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Með hliðsjón af sjálfsstjórnarrétti sveitarfélaga hefur verið orðuð sú meginregla að sveitarstjórn móti sjálf stjórnsýslu sveitarfélags nema lög kveði á um annað. Svigrúm sveitarstjórnar við uppbyggingu stjórnkerfis sveitarfélaga hefur því í sumum tilvikum verið nánar skilgreint í lögum og einkum eru sveitarstjórnarlög mikilvæg í þeim efnum. Í sveitarstjórnarlögum er að finna almennar reglur um stjórn sveitarfélaga og eru sum ákvæði laganna ófrávíkjanleg og takmarka þannig sjálfsstjórn sveitarfélaga. T.d. ber sveitarfélögum að koma því svo fyrir að á þeirra vegum starfi, a.m.k. að einhverju marki, skilvirkt nefndakerfi. Enn fremur er sveitarstjórnum skylt samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga að setja sér samþykktir um stjórn og fundarsköp. Sveitarstjórnarlög veita sveitarfélögum einnig svigrúm um ýmsar ákvarðanir og hefur sveitarstjórn rúmar heimildir til uppbyggingar

stjórnkerfis sveitarfélaga, t.d. um vægi nefndakerfis gagnvart embættismannakerfi sveitarfélagsins.

Í 1. mgr. 6. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga er kveðið á um að sveitarstjórnir þurfi svigrúm til að ákveða eigið stjórnkerfi til þess að aðlaga það staðbundnum þörfum og tryggja árangursríka stjórnun, enda brjóti það ekki í bága við almennari ákvæði í lögum. Samkvæmt þessu er löggjafanum heimilað að setja almennar reglur um stjórnskipulag sveitarfélaga en þau skulu þó hafa svigrúm til nánari útfærslu stjórnskipulags síns.

Þróun fjölda og stærðar sveitarfélaga.

Eins og áður segir hafði fjöldi hreppa á Íslandi verið á bilinu 160–170 fram til ársins 1872. Breyting varð á því undir lok nítjándu aldar þegar sveitarfélögum tók að fjölga mjög í kjölfar breyttra atvinnuhátta og aukinna verkefna sveitarfélaga. Innan gamalgróinna og hefðbundinna landbúnaðarhreppa höfðu myndast sjávarþorp og verslunarstaðir sem töldust ekki hafa sömu hagsmuni og landbúnaðurinn og var þorpunum því oftar en ekki skipt út úr hreppnum.

Mynd 1. Þróun fjölda sveitarfélaga og íbúa 1950–2006.



Árið 1950 náði fjöldi sveitarfélaga í landinu hámarki og voru þau þá 229 talsins. Þeim fækkaði hægt fram undir miðjan níunda áratuginn en árið 1991 voru þau komin niður í 204. Frá þeim tíma hefur verulegur árangur náðst í sameiningu sveitarfélaga og er ljóst að sveitarfélög í landinu verða ekki fleiri en 89 við sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2006. Eins og sjá má af mynd 1 hefur íbúafjöldi á landinu farið vaxandi á tímabilinu meðan sveitarfélögum hefur fækkað. Af því leiðir að meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi hefur vaxið mikið. Árið 1950 bjuggu að meðaltali um 630 íbúar í hverju sveitarfélagi, en nú eru að meðaltali um 2.900 íbúar í hverju sveitarfélagi.

Sá árangur sem náðst hefur í sameiningu sveitarfélaga hefur komið í lotum og þá iðulega tengst utanaðkomandi þáttum, að frumkvæði ríkis eða löggjafa. Árið 1986 var í fyrsta sinn sett inn ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi. Við frumvarpsvinnuna var mikil umræða um að lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi og lagði nefndin fram tillögu um að í hverju sveitarfélagi skyldu vera að lágmarki 200 íbúar.

Alþingi samþykkti ákvæði um lágmarksíbúafjölda sem er 6. gr. núverandi sveitarstjórnarlaga, en var 5. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, en þar segir að íbúafjöldi í sveitarfélagi megi ekki vera lægri en 50 í þrjú ár samfleytt. Þessi breyting, ásamt frumkvæði heimamanna, átti stóran þátt í því að á árunum 1986–1991 fækkaði sveitarfélögum úr 221 í 201.

Árið 1991 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, sveitarfélaganefnd sem undirbjó og hafði umsjón með sérstöku átaki til sameiningar sveitarfélaga. Lagðar voru fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga um allt land. Atkvæðagreiðslur um tillögurnar fóru fram árið 1993, en fæstar þeirra hlutu náð fyrir augum íbúa sveitarfélaganna. Sveitarfélaganefnd lagði til að sveitarfélögunum fækkaði úr 196 í 43, mest á landsbyggðinni eins og sjá má af töflu 1. Tillögurnar voru samþykktar í 64 sveitarfélögum en felldar í 121. Aðeins ein tillaga var samþykkt af íbúum allra sveitarfélaga sem hún varðaði.

Tafla 1. Tillögur sveitarfélaganefndar frá 1993.

	1993	Tillögur
Höfuðborgarsvæðið	9	4
Suðurnes	7	1
Vesturland	36	9
Vestfirðir	24	4
Norðurland vestra	30	5
Norðurland eystra	30	5
Austurland	30	8
Suðurland	30	7
Alls	**196**	**43**

Þróunin síðastliðin 12 ár hefur almennt verið sú að sveitarfélög hafa sameinast í smærri skrefum í samræmi við þær tillögur sem lagðar voru fram 1993. Sú umræða sem fór fram í tengslum við átakið varð til þess að í kjölfarið sameinuðust fjölmörg sveitarfélög og á árunum 1991–1996 fækkaði sveitarfélögunum úr 201 í 165.

Árið 1996 var gerð ein stærsta breyting sem orðið hefur á íslenska sveitarstjórnarstiginu þegar málefni grunnskólans voru flutt í heild sinni frá ríki til sveitarfélaga. Umfang málaflokksins gerði það að verkum að fjölmörg sveitarfélög leituðu samstarfs eða sameiningar við nágranna sína til að geta boðið sem besta þjónustu. Þær sameiningarviðræður sem fylgdu í kjölfar flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga leiddu til þess að á tímabilinu 1996–2003 fækkaði sveitarfélögum í landinu úr 165 í 104.

Á haustmánuðum 2003 hóf félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga nýtt átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Því átaki verða gerð nánari skil í 11. kafla, en sameiningarnefnd átaksins lagði fram tillögur um breytingar á sveitarfélagaskipan í mars 2005 sem lagðar voru fyrir íbúa 23. apríl, 8. október og 5. nóvember 2005. Nefndin lagði til að kosið yrði um 17 sameiningartillögur í 66 sveitarfélögum.

Tillögurnar gerðu ráð fyrir að sveitarfélögum gæti fækkað úr 101 í 46 fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006. Tillögurnar voru að mörgu leyti í takt við þær tillögur sem lagðar voru fram af sveitarfélaganefnd 1993, en tóku mið af breyttum aðstæðum, svo sem í samskiptum sveitarfélaga og samgöngumálum. Niðurstöður atkvæðagreiðslna um sameiningartillögurnar voru sambærilegar niðurstöðunum frá 1993, en meiri hluti kjósenda 25 sveitarfélaga samþykkti tillögur sameiningarnefndar en meiri hluti kjósenda í 41 sveitarfélagi hafnaði. Aðeins ein tillaga var samþykkt af meiri hluta kjósenda allra sveitarfélaga sem tillagan varðaði, en íbúar fjögurra sveitarfélaga af fimm í Borgarfirði samþykktu sameiningu 23. apríl. Sameining þeirra sveitarfélaga tekur gildi 10. júní 2006.

Fyrirséð er að sameiningarumræðan muni halda áfram og sem dæmi má nefna að nú þegar hafa bæjarstjórnir Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar hafið formlegar sameiningarviðræður. Ljóst er að sveitarfélögin í landinu verða ekki fleiri en 89 við sveitarstjórnarkosningarnar 2006, sem er fækkun um 15 sveitarfélög frá því að átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins hófst.

Sveitarfélagaskipan eftir landshlutum.

Fjöldi sveitarfélaga er mjög mismunandi eftir landshlutum. Í töflu 2 má sjá fjölda sveitarfélaga eftir landshlutum ásamt hlutfalli sveitarfélaga með annars vegar færri en 500 íbúa og hins vegar með færri en 1.000 íbúa, miðað við sveitarfélagaskipan í upphafi árs 2005.

Tafla 2. Hlutfall sveitarfélaga með færri en 500 og 1000 íbúa eftir landshlutum.

	Sveitarfélög, fjöldi	Meðal-íbúafjöldi	Sveitarfélög, íbúar < 500 fjöldi	hlutfall	Sveitarfélög, íbúar < 1.000 fjöldi	hlutfall
Landið allt	101	2.904	52	51%	69	68%
Höfuðborgarsvæði	8	22.998	1	13%	1	13%
Vesturland	17	848	10	59%	13	76%
Vestfirðir	11	700	8	73%	9	82%
Norðurland vestra	12	749	7	58%	9	75%
Norðurland eystra	19	1.415	13	68%	16	84%
Austfirðir	13	957	7	54%	10	77%
Suðurland	16	1.362	6	38%	10	63%
Suðurnes	5	3.418	0	0%	1	20%

Þrátt fyrir mikla fækkun undanfarin ár eru enn mjög mörg fámenn sveitarfélög í landinu. Um helmingur sveitarfélaga í landinu er með færri en 500 íbúa, en í þeim búa einungis um 3% þjóðarinnar. Um 70% sveitarfélaga eru með færri en 1.000 íbúa, en í þeim búa um 8% þjóðarinnar. Hæst hlutfall fámennra sveitarfélaga er eðlilega á landsbyggðinni þar sem dreifbýli er meira.

Kjörstærð sveitarfélaga.

Heppileg stærð stjórnsýslueininga ræðst af þeim verkefnum sem þær eiga að leysa. Í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar frá 1993, sem lagði fram tillögur að breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er ekki tekin afstaða til þess hversu stór sveitarfélögin þurfa að vera til að annast mismunandi verkefni. Einungis er tiltekið að reynslan sýni að sveitarfélag verði að hafa a.m.k. 800–1.000 íbúa til að reka grunnskóla frá 1.–10. bekk.[6] Nú eru helstu verkefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála og félagsþjónustu og því er eðlilegt að miða við að sveitarfélög séu nægilega öflug til að sinna þeim verkefnum.

Fræðslumál eru stærsti einstaki málaflokkur sveitarstjórnarstigsins, en sveitarfélögin verja til málaflokksins um 40% rekstrarútgjalda sinna.[7] Því má ætla að kjörstærð sveitarfélaga á Íslandi þurfi að taka mið af þeim málaflokki.

Í skýrslu sameiningarnefndar átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins er vísað til þess að þær upplýsingar sem nefndin hefur aflað um tilhögun rekstrar grunnskóla hafi gefið vísbendingar um að grunnskóli með 100 nemendur í 1.–10. bekk krefjist að lágmarki 550 manna

[6] Félagsmálaráðuneytið (1993), bls. 25–26.

[7] Samband íslenskra sveitarfélaga (2003), bls. 4.

þjónustusvæðis. Slíkt þjónustusvæði er að líkindum á mörkum þess að vera nógu stórt til að geta tryggt eðlilega nýliðun í grunnskólanum til framtíðar og veltur það fyrst og fremst á aldurssamsetningu íbúanna og horfum um þróun fólksfjölda.

Nefndin telur enn fremur að grunnskóli með 200 nemendur í 1.–10. bekk, eða eina bekkjardeild í árgangi, þurfi að lágmarki 1.000 manna þjónustusvæði en grunnskóli með milli 400 og 500 nemendur í 1.–10. bekk og tvær bekkjardeildir í árgangi krefjist að lágmarki 2.000 manna þjónustusvæðis. Þessar tölur eru settar fram með þeim fyrirvara að ekki er tekið tillit til dreifingar byggðar eða fjölda kennslustaða. Stærri og þéttbýlli sveitarfélög ættu að öllu jöfnu að hafa betri möguleika til að finna kjörstærð til reksturs grunnskóla, enda eru byggðakjarnar þar færri og stærri og fjarlægðir frá heimili til skóla ekki miklar.

Annað meginverkefni sveitarfélaga er að veita íbúum félagslega þjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Því má telja eðlilegt að hvert sveitarfélag sé nægilega fjölmennt og öflugt til að geta staðið faglega að félagsþjónustu, m.a. með því að ráða til sín félagsráðgjafa. Í því sambandi má vísa til barnaverndarlaga, nr. 80/2002, en þar er tiltekið að lágmarksíbúafjöldi að baki barnaverndarnefnd skuli vera 1.500 íbúar. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til þess að fámenn sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að sinna faglegu barnaverndarstarfi, bæði vegna fjárskorts og vegna þess að þekking, þjálfun og reynsla fæst ekki þar sem fá mál eru til meðferðar á löngu tímabili.

Í fyrrgreindri skýrslu sameiningarnefndar er vísað til þess að athuganir nefndarinnar á félagsþjónustu sveitarfélaga sýni að fá sveitarfélög með færri en 1.500 íbúa hafi félagsráðgjafa í fullu starfi. Frá faglegu sjónarhorni væri æskilegt að félagsráðgjafi væri ekki einyrki heldur þyrfti hann að hafa aðgang að öðru fagfólki. Það er ekki fyrr en 2.500 íbúa markinu er náð sem mörg sveitarfélög hafa tvo eða fleiri starfsmenn í félagsþjónustu. Til að geta boðið upp á faglega félagsþjónustu má ætla að sveitarfélag skuli helst ekki hafa færri en 1.500 íbúa, en æskilegt væri að það hefði ekki færri 2.500 íbúa.

Aðrar rannsóknir hafa gefið vísbendingar um að stærðarhagkvæmni sé fullnýtt við 10.000 íbúa markið.[8] Ákveðið mynstur virðist því koma fram. Kjörstærð til reksturs verkefna er mismunandi eftir umfangi þeirra, en þeim mun stærri og þéttbýlli sem einingin er, þeim mun líklegra er að hún geti skipulagt þjónustu sína í hentugar einingar. Sveitarfélag með 10.000 íbúa getur skipulagt þrjú 3.000 manna skólahverfi með félagsþjónustu.

Það er erfiðleikum bundið að ákvarða kjörstærð sveitarfélaga. Sum verkefni eru þess eðlis að fámenn sveitarfélög geta sinnt þeim vel en önnur krefjast á hinn bóginn mikils fólksfjölda, t.d. rekstur menntastofnana og heilsugæslu. Hafa ber í huga að fámenn sveitarfélög í þessu samhengi eru sveitarfélög sem eru nægilega fjölmenn til að geta rekið flest verkefni sjálf. Fámenn sveitarfélög á íslenskan mælikvarða geta hins vegar mörg hver ekki sinnt helstu málaflokkum án samvinnu við önnur sveitarfélög.

Íbúaþróun.

Íbúum á landinu öllu hefur fjölgað um 22.684, eða 8%, árin 1995–2003. Einkum hefur fjölgunin verið mikil á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Á suðvesturhorninu,[9] þ.e. því svæði sem er í innan við klukkustundarakstursfjarlægð frá Reykjavík, búa um 220.000 manns, eða um 75% þjóðarinnar.

---

[8] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), bls. 75–76.

[9] Í innan við klukkustundarakstursfjarlægð frá Reykjavík eru Borgarfjörður, Suðurnes og lágsveitir Árnessýslu.

Íbúaþróun er í sumum tilvikum mjög ójöfn innan einstakra landshluta. Til að mynda var 3% fjölgun íbúa á Vesturlandi á árunum 1995–2003, en öll sú fjölgun átti sér stað í sveitarfélögum í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu en fólksfækkun varð í öllum sveitarfélögum í Dalasýslu og Snæfells- og Hnappadalssýslu. Neikvæð íbúaþróun, bæði hvað varðar fækkun fólks og breytingar í aldurssamsetningu, er ein helsta ógnunin við búsetu á landsbyggðinni og þar með stöðu sveitarfélaga.

Það er hverju sveitarfélagi mikilvægt að þar sé aldurssamsetning hagstæð því að það er einkum fólk á aldrinum 16–66 ára sem stendur undir kostnaðinum við að halda uppi þjónustu í sveitarfélaginu. Því er óæskilegt fyrir sveitarfélög að þau víki verulega frá landsmeðaltali hvað varðar aldurssamsetningu. Afleiðingar þess gætu verið versnandi fjárhagur viðkomandi sveitarfélags, skuldasöfnun, erfiðleikar við veitingu grunnþjónustu og þrýstingur á sveitarstjórn til að bregðast við vandanum með einhverjum hætti, svo sem með þátttöku í atvinnurekstri. Allt þetta gæti haft þau áhrif að viðkomandi sveitarfélag þætti lítt eftirsóknarvert til búsetu sem gæti haft keðjuverkandi áhrif á aðra þætti samfélagsins sem ýtir enn undir fækkun. Fámenn sveitarfélög eru sérstaklega viðkvæm fyrir breytingum í íbúasamsetningu.

Hinn 1. desember 2003 voru 65,3% landsmanna á aldrinum 16–66 ára, 8,7% voru á aldrinum 0–5 ára, 15,6% voru á aldrinum 6–15 ára og 10,5% voru 67 ára eða eldri. Þrátt fyrir að töluverð fækkun hafi verið í ákveðnum landshlutum og sveitarfélögum víkur enginn landshluti verulega frá landsmeðaltali hvað varðar aldurssamsetningu íbúa þótt einstök sveitarfélög innan þeirra geri það. Sameining sveitarfélaga í stærri einingar getur því stuðlað að því að íbúasamsetning, og þar með tekjugrundvöllur sveitarfélaga, verði tryggari.

Efnahagur sveitarfélaga endurspeglar að jafnaði ágætlega efnahag þess samfélags sem sveitarfélagið nær yfir. Séu tekjur samfélagsins lágar kemur það fram í lágum skatttekjum sveitarfélagsins. Því má ljóst vera að styrkja þarf undirstöður atvinnulífs þeirra sveitarfélaga sem standa höllum fæti fjárhagslega. Ein leið að því marki getur verið að stækka sveitarfélögin þannig að íbúasamsetning verði hagstæðari og undirstöður atvinnulífsins fleiri.

Sveitarfélög á Íslandi hafa ekki nema að takmörkuðu leyti verið þátttakendur í mótun og framkvæmd byggðastefnu. Ein helsta ástæða þess er vafalaust sú að fjöldi og fámenni sveitarfélaga á Íslandi hefur gert það að verkum að þau hafa ekki nema að takmörkuðu leyti getað verið málsvarar síns svæðis auk þess sem samræming byggðaaðgerða á milli svo margra eininga er erfið. Efling sveitarfélaga er eitt af tólf stefnumarkandi áherslusviðum í byggðaáætlun 2002–2005 og 2006–2009 (sjá vefsíðu Byggðastofnunar, www.byggdastofnun.is).

Samantekt.

Stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir því að sveitarfélög skuli vera til í einhverri mynd, en sveitarfélög hafa verið til á Íslandi síðan á þjóðveldisöld. Sveitarfélögin skulu hafa sjálfsforræði yfir sínum verkefnum innan marka laga, en sveitarfélögin eru í raun annar tveggja arma framkvæmdarvaldsins í landinu. Það er því Alþingis að ákveða skipan sveitarstjórnarmála, þar á meðal hvernig landinu er skipt í sveitarfélög og hvaða málefni það eru sem sveitarfélögum eru falin. Í stuttu máli má segja að það virðist hafa verið ætlun stjórnarskrárgjafans að sveitarstjórnir fengju einkum umsjón með málum sem hefðu staðbundna þýðingu en skiptu þjóðarheildina minna máli. Hins vegar getur verið erfitt að draga skýr mörk á milli sérmála byggðarlags og annarra þjóðfélagsmála og er því talið að löggjafinn hafi allfrjálsar hendur við skipan sveitarstjórnarmála. Því má ljóst vera að Alþingi ber að veita málefnum sveitarfélaga athygli og marka skýra stefnu um málefni stjórnsýslustigsins.

Sveitarfélögum í landinu hefur fækkað mjög mikið og meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi vaxið, sérstaklega síðustu 20 árin. Flestar breytingar á sveitarstjórnarstiginu má rekja til utanaðkomandi aðgerða og þrýstings. Þótt sveitarfélögum hafi fækkað mikið er ekki þar með sagt að þau hafi eflst að sama skapi, enda er meiri hluti sveitarfélaga í landinu með færri en 500 íbúa og eru þau því viðkvæm fyrir breytingum í íbúasamsetningu og atvinnulífi. Stærri og öflugri sveitarfélög hafa traustari grunn og betri forsendur til að standa slíkt af sér.

3. Hlutverk og verkefni sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa margháttuðum skyldum að gegna. Þeim er ætlað að leysa af hendi þau verkefni sem þeim eru falin innan ramma laga auk þess sem þau hafa visst svigrúm til að taka að sér önnur verkefni. Sveitarfélög gegna einnig mikilvægu samfélagslegu hlutverki þar sem þau sinna hagsmunagæslu fyrir íbúa sína og er ætlað að efla þátttöku þeirra í sameiginlegum málum sveitarfélagsins. Að auki hafa sveitarfélög haft afskipti af atvinnumálum í byggðarlögum sínum og hafa umtalsvert hlutverk sem atvinnurekendur. Hlutverk sveitarfélaga hefur verið að þróast og breytast og hafa þau tekið að sér ný þjónustuverkefni á undanförnum árum. Ekki er rúm til að fjalla um þessar breytingar í heild sinni hér en í stuttu máli verður gerð grein fyrir breyttu hlutverki sveitarfélaga á völdum sviðum.

Lögmælt og ólögmælt verkefni sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa, sem staðbundin stjórnvöld og nærþjónustuaðilar, mörg verkefni á sinni könnu. Í grófum dráttum má skipta þjónustu sveitarfélaga í tvennt. Annars vegar er um að ræða velferðarþjónustu, svo sem félagsþjónustu og rekstur grunnskóla. Hins vegar er um að ræða tæknilega þjónustu, svo sem gatnagerð og veiturekstur.

Í sveitarstjórnarlögum er gerður greinarmunur annars vegar á lögmæltum verkefnum sveitarfélaga, sem þeim er skylt að sinna, og hins vegar öðrum verkefnum, sem þeim er frjálst að sinna, sbr. 1.–3. mgr. 7. gr. Slík verkefni hafa verið nefnd ólögmælt verkefni sveitarfélaga og getur þar verið um að ræða ýmiss konar verkefni sem hið staðbundna samfélag telur nauðsynlegt að sveitarfélagið sinni, svo sem rekstur íþróttamannvirkja og uppbygging útivistarsvæða. Yfirlit yfir helstu lögákveðnu verkefni sveitarfélaga má sjá í fylgiskjali.

1.–3. mgr. 7. gr. eru svohljóðandi:

„Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.“

Í eldri sveitarstjórnarlögum, sbr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, og 6. mgr. 6. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, voru talin upp verkefni sem sveitarfélög sinntu á þeim tíma en upptalningin var ekki tæmandi. Meðal verkefna sem voru talin upp má nefna félagsmál, skipulags- og byggingarmál, menningarmál, íþróttamál og ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort. Í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, var þessi upptalning felld brott með þeim rökum að verkefni sveitarfélaga tækju breytingum og þótti upptalningin um margt úrelt. Þannig þótti slík afmörkun á verkefnum sveitarfélaga ekki heppileg lýsing á starfsemi þeirra. Í þeim almenna fyrirvara sem er í 3. mgr. 7. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga þar sem segir að sveitarfélög geti tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum, er hins vegar að finna neikvæða afmörkun á verkefnum sveitarfélaga sem kveður á um undir hvaða kringumstæðum sveitarfélögum sé óheimilt að taka að sér verkefni.

Lögmælt verkefni sveitarfélaga.

Eins og áður segir eru sveitarfélög hluti af framkvæmdarvaldinu og gildir því svokölluð lögmætisregla um þau, sem og önnur stjórnvöld. Lögmætiskrafan felur í sér kröfu um að starfsemi stjórnvalda skuli vera í samræmi við lög og jafnframt að hún eigi sér stoð í lögum. Með nokkurri einföldun má segja að einkaaðilar megi gera allt sem ekki er bannað með lögum, en stjórnvöld megi aðeins gera það sem er heimilt með lögum.

Lögmæltum verkefnum sveitarfélaga hefur verið skipt í lögskyld verkefni, sem sveitarfélögum er skylt að sinna, og lögheimil eða valkvæð verkefni sem sveitarfélög mega sinna. Dæmi um lögheimil verkefni er að finna í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga. Ákvörðun um hvort lögheimilum verkefnum skuli sinnt í sveitarfélagi er dæmi um ákvörðun sem löggjafinn felur sveitarstjórnum að taka í krafti sjálfsstjórnar.

Sem dæmi um lögskyld verkefni má nefna lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, auk laga nr. 34/1997, um breytingu á þeim lögum. Þar er m.a. mælt fyrir um rétt íbúa sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum, að sveitarstjórn eigi að setja reglur um fjárhagsaðstoð og að sveitarstjórn beri að setja reglur um framkvæmd félagsþjónustu innan ramma laganna.

Lögmælt verkefni má einnig flokka eftir því hvort lögin veita sveitarfélögum sjálfsstjórn um framkvæmd verkefnis eða ekki. Þá er annars vegar um að ræða löggjöf sem segir til um hvort sömu réttarreglur skuli gilda um allt land á viðkomandi sviði og hins vegar löggjöf sem felur sveitarfélögum ákveðna sjálfsstjórn um framkvæmd. Þannig hafa sveitarstjórnir oft og tíðum töluvert svigrúm til að ákveða hvernig lögmæltum verkefnum skuli sinnt og á það bæði við um lögskyld og lögheimil verkefni. Dæmi um löggjöf sem gefur sveitarfélögum mikið svigrúm til sjálfstæðrar reglusetningar eru lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga er, eins og áður segir, almennt ákvæði um að sveitarfélög skuli annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Í flestum tilvikum er augljóst hvert sveitarfélög sækja lagaheimild til að sinna ákveðnum verkefnum, þ.e. til laga sem beinlínis kveða á um að sveitarfélag skuli sinna verkefninu, sbr. t.d. grunnskólalög og lög um leikskóla. Þannig leggja ýmis sérlög skyldur á sveitarfélögin.[10]

Ólögmælt verkefni sveitarfélaga.

Lagaheimild til að sinna ólögmæltum verkefnum er að finna 2. og 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir að sveitarfélög skuli vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og að sveitarfélög geti tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Verkefni sem sveitarfélög sinna og sérstök lög kveða ekki á um þurfa ávallt að sækja stoð í þessar málsgreinar.[11]

Mat á því hvenær verkefni varðar íbúa sveitarfélagsins er fyrst og fremst hjá viðkomandi sveitarstjórn og er meginreglan sú að hún leggur þetta mat sitt fyrir dóm kjósenda í næstu kosningum.

---

[10] Sesselja Árnadóttir (1998), bls. 16.

[11] Um ólögmælt verkefni sveitarfélaga er m.a. fjallað í grein eftir Birgir Tjörva Pétursson: „Um ólögmælt verkefni sveitarfélaga," *Úlfljótur*, 1. tbl., 52. árgangur (1999), og í lokaritgerð Trausta Fannars Valssonar til kandídatsprófs í lögfræði við Lagadeild Háskóla Íslands: „Fjárveitingarvald sveitarfélaga" (2002).

Þrátt fyrir að orðalag 2. og 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga sé nokkuð opið er athafnafrelsi sveitarfélaga takmarkað af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi má nefna lögmætisregluna. Hún veldur því að í sveitarfélögum er ekki heimilt að taka ákvarðanir sem hafa íþyngjandi eða bindandi réttaráhrif fyrir borgarana, nema hafa til þess lagastoð. Í öðru lagi fela orð 7. gr. sveitarstjórnarlaga í sér mikilvæga takmörkun. Sveitarfélögum er skylt að sinna lögmæltum verkefnum auk þess sem ólögmælt verkefni þurfa að varða sameiginlega hagsmuni íbúa viðkomandi sveitarfélags og mega ekki vera falin öðrum til úrlausnar að lögum. Í þriðja lagi takmarkast athafnafrelsi sveitarfélaga af ýmiss konar löggjöf, t.d. sveitarstjórnarlögum og samkeppnislögum auk þess sem sveitarfélögum ber að fara eftir meginreglum laga á borð við jafnræðisregluna, meðalhófsregluna og meginregluna um málefnaleg sjónarmið.[12]

Í 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga segir að sveitarfélag geti tekið að sér þau verkefni sem varða íbúa þess og hefur ekki verið falið öðrum að lögum. Túlka þarf lög hverju sinni til að fá úr því skorið hvort verkefni hafi verið fengið öðrum til úrlausnar og sveitarfélagi því óheimilt að taka það upp. Sem dæmi um þetta má nefna löggæslu en ríkisvaldið heldur uppi starfsemi lögreglu skv. 1. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Því verður að telja að sveitarfélögum sé óheimilt að stofna sjálfstæða lögreglusveit innan síns sveitarfélags án sérstakrar lagaheimildar, jafnvel þótt aðeins væri um að ræða almennt eftirlit með öryggi og eignum borgaranna.[13]

Önnur meginregla sveitarstjórnarréttar er reglan um forsvaranlega meðferð fjármuna. Í henni felst að sveitarstjórn er skylt að haga fjármálastjórn með þeim hætti að ekki skapist sú hætta að getu sveitarfélags til að sinna lögbundnum verkefnum sínum verði stefnt í voða, t.d. með áhættusömum fjárfestingum. Þessi regla hefur nú verið lögfest í 64. gr. sveitarstjórnarlaga.

Af framansögðu leiðir að í lögum er ekki skýrt kveðið á um heimildir sveitarfélaga til að sinna ólögbundnum verkefnum. Það stafar m.a. af því að sameiginlegir hagsmunir íbúa sveitarfélags geta tekið breytingum í takt við þjóðfélagsþróun. Má t.d. nefna að heimildir sveitarfélaga til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi eða bjargarskort í sveitarfélagi hafa breyst, t.d. þar sem betra aðgengi að lánsfjármagni nú til dags gerir aðkomu sveitarfélaganna oft óþarfa. Jafnframt geta samkeppnislög, nr. 8/1993, með síðari breytingum, leitt til þess að stuðningur sem sveitarfélagi væri annars heimill samkvæmt sveitarstjórnarlögum sé óheimill vegna áhrifa á samkeppni.

4. Atvinnuhlutverk sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir hafa í gegnum tíðina haft nokkur afskipti af atvinnuuppbyggingu, bæði með stuðningi við atvinnulífið og sem vinnuveitandi. Afskiptin hafa verið mismikil eftir sveitarfélögum en segja má að það séu ekki síst verr sett sveitarfélög sem hafa þurft að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja atvinnu í byggðarlaginu.

Á síðari árum hefur dregið úr afskiptum sveitarstjórna af atvinnumálum og eðli þeirra breyst sökum breytts lagaumhverfis og aukinnar áherslu á að hið opinbera taki ekki þátt í rekstri sem einkaaðilar á samkeppnismarkaði geta tekið að sér. Á hinn bóginn hafa afskipti sveitarfélaga af atvinnumálum í gegnum tíðina einkum verið með fernum hætti:[14]

---

[12] Trausti Fannar Valsson (2002), bls. 20–21, 30–31, 33–38.

[13] Trausti Fannar Valsson (2002), bls. 26–29.

[14] Óskar Sigurðsson (1972), bls. 37.

- Með stofnun eða rekstri þjónustufyrirtækja. Til dæmis má nefna vatns- og rafveitur auk þess sem sveitarfélög hafa tekið þátt í ýmiss konar atvinnuskapandi framkvæmdum.
- Með beinni eða óbeinni þátttöku í stofnun og rekstri atvinnufyrirtækja.
- Með fyrirgreiðslu og stuðningi við atvinnufyrirtæki, t.d. með ýmiss konar þjónustu eða aðstoð á borð við lóðaúthlutun og skipulagsákvarðanir.
- Með fjárhagsaðstoð til atvinnufyrirtækja til að tryggja atvinnurekstur í byggðarlaginu, til dæmis með kaupum á hlutafé, styrk- eða lánveitingum og ábyrgðum sveitarsjóða á lánum. Með breytingum á 73. gr. sveitarstjórnarlaga hefur hins vegar verið tekið fyrir að hægt sé að binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga óskyldra aðila.

Nú til dags leggja sveitarfélög víða töluvert upp úr því að styðja við nýsköpun og skapa umgjörð utan um atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu og mennta- eða menningarstarfsemi. Sveitarfélög hafa einnig aukið áherslu á að auðvelda ýmiss konar fyrirtækjum að koma starfsemi sinni á fót. Einkum hefur þetta verið gert með stofnun atvinnuþróunarfélaga. Starfsemi þessara félaga hefur hins vegar verið mismikil. Rekstarform atvinnuþróunarfélaganna er mismunandi, þ.e. þau eru ýmist rekin í formi hlutafélaga, byggðasamlaga, almennra félaga eða á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Í lögum um Byggðastofnun segir að stofnunin skuli skipuleggja og vinna að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Vegna smæðar og fjölda sveitarfélaga hefur hlutverk sveitarfélaga ekki verið eins umfangsmikið við mótun atvinnu- og byggðastefnu og æskilegt er. Hefur því þótt álitlegra að Byggðastofnun eigi samstarf við atvinnuþróunarfélögin. Í því skyni hefur Byggðastofnun gert samninga við níu atvinnuþróunarfélög og síðustu missiri hefur stofnunin unnið að gerð svokallaðra vaxtarsamninga við einstök svæði.

Vinnuveitendahlutverk sveitarstjórna.

Í ljósi umfangs þeirra verkefna sem sveitarfélög sinna er eitt meginhlutverk hverrar sveitarstjórnar að vera vinnuveitandi. Til marks um það renna um 65% af skatttekjum sveitarfélaga í að greiða laun starfsmanna og launatengd gjöld. Víðs vegar um landið eru sveitarfélög, stór sem smá, í þeirri aðstöðu að vera stærsti einstaki vinnuveitandinn á sínu atvinnu- og þjónustusvæði.

Skipta má vinnuveitendahlutverki sveitarstjórna í tvennt. Annars vegar er um að ræða mótun og ábyrgð á starfsmannastefnu og hins vegar ber hver sveitarstjórn ábyrgð á þeim kjaraþáttum sem starfsmönnum sveitarfélagsins eru boðnir.

Sveitarfélög gera enn kjarasamninga við afmarkaða hópa en núorðið er það fyrst og fremst launanefnd sveitarfélaga sem semur við stéttarfélög fyrir hönd sveitarfélaga. Nær öll sveitarfélög landsins hafa falið nefndinni fullnaðarumboð sitt til kjarasamningsgerðar. Nú er svo komið að launanefndin hefur 555 fullnaðarumboð frá öllum sveitarfélögum landsins til að semja við 80 stéttarfélög. Samningar nefndarinnar ná til um 15.000 starfsmanna sveitarfélaga en Reykjavíkurborg annast sjálf samningsgerð vegna um 4.000 starfsmanna. Launanefndin semur hins vegar í vaxandi mæli við stéttarfélög sem ná til landsins alls. Um er að ræða Kennarasamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Starfsgreinasamband Íslands auk Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þannig hafa sveitarfélögin valið að nýta sér kosti miðlægra kjarasamninga sem m.a. tryggja betur en dreifstýrðir samningar frið á vinnumarkaði, styrkari samningsstöðu sveitarfélaga, jafnræði í launaákvörðunum, auk eflingar sérfræðiþekkingar á sviði kjaramála sem öll sveitarfélög hafa jafnan aðgang að.

Það sama gildir því um vinnuveitendahlutverk sveitarfélaga og afskipti þeirra af atvinnumálum, þ.e. dregið hefur úr aðkomu einstakra sveitarfélaga og afskiptin eru orðin miðlægari.

Enn fremur er þess að geta að nýjar áherslur hafa breytt hlutverki sveitarfélaga hvað varðar báða þessa þætti.

Þróun í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Eitt helsta einkenni sveitarstjórnarstigsins er nálægð við íbúana, en almennt er talið hentugra að opinber þjónusta sem snertir daglegt líf íbúanna sé veitt af þeim aðila sem stendur þeim næst, sveitarfélögunum. Að baki því liggur sú hugmyndafræði að ábyrgð á framkvæmd þjónustu eigi að vera sem næst íbúunum auk þess sem staðbundnar þarfir, þekking og þátttaka heimamanna leiði til þess að framkvæmd opinberrar þjónustu sé betur komin hjá sveitarfélögum en miðstýrðu ríkisvaldi.

Hlutdeild sveitarfélaga í útgjöldum hins opinbera hefur aukist hérlendis á síðustu árum. Þannig hefur hlutur sveitarfélaga í samneyslu hins opinbera aukist úr 22,9% 1991 í 33,3% 2001.[15] Í aukningunni vegur þyngst flutningur reksturs grunnskólanna til sveitarfélaga.

Frá því um 1990 hefur verkaskipting ríkis og sveitarfélaga stöðugt verið til umræðu. Helstu áfangar í breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1990 eru fjórir:

- Í ársbyrjun 1990 tóku gildi lög um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989, sem var einkum ætlað að einfalda og skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og draga úr sameiginlegum verkefnum, sérstaklega sameiginlegri fjármögnun verkefna.
- Rekstur grunnskólans var fluttur til sveitarfélaga 1. ágúst 1996.
- Ríkið yfirtók vinnumiðlanir á árinu 1997.
- Húsaleigubótakerfi var tekið upp árið 1996, fyrst sem valkvætt verkefni sveitarfélaga, en náði til allra sveitarfélaga og alls leiguhúsnæðis frá 1997.

Undanfarin ár hefur umræða um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verið áberandi. Helst hefur verið rætt um að flytja til sveitarfélaga nærþjónustuverkefni á sviði heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, málefni fatlaðra, ákveðna hluta opinbers eftirlits og verkefni á sviði vinnumiðlunar.

Þessir málaflokkar eru þess eðlis að tiltölulega stórar stjórnsýslueiningar þarf til að geta sinnt þeim á faglegan og hagkvæman hátt. Jafnframt hefur verið leitast við að fækka sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og einfalda ábyrgð á rekstri þeirra.

Aukin verkefni sveitarfélaga hafa m.a. orðið til þess að minni sveitarfélög hafa átt erfiðara með að sinna lögbundnum skyldum sínum. Þau hafa ýmist brugðist við með því að sameinast öðrum sveitarfélögum eða með því að hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um framkvæmd einstakra verkefna. Hefur slík samvinna meðal annars farið fram á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga og landshlutasamtaka, en í vaxandi mæli hafa sveitarfélög stofnað sjálfstæð félög um rekstur einstakra verkefna.

Samvinna sveitarfélaga um rekstur þjónustuverkefna getur gert það að verkum að fámenn sveitarfélög nái að leysa úr verkefnum sínum sem þau annars gætu varla og auk þess náð fram ákveðinni stærðarhagkvæmni. Hins vegar hafa innlendar sem erlendar rannsóknir gefið vísbendingar um að áhrif íbúanna á stefnumótun í þeim málaflokkum sem unnir eru í samvinnu margra sveitarfélaga séu minni en þegar verkefnið er leyst af einu sveitarfélagi og að ábyrgð á úrlausn mála verði óskýr.

---

[15] Fjármálaráðuneytið (2004), *Þjóðarbúskapurinn*. Uppgjör birt samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

Samfélagslegt hlutverk sveitarfélaga.

Vegna nálægðar við íbúa sína er talið að sveitarstjórnir geti stuðlað að víðtækari þátttöku almennings í stjórnmálum en landsstjórnir. Nálægðin geri það auðveldara að efla áhuga á málefnum samfélagsins. Þátttaka almennings í stjórnmálum stuðlar einnig að aukinni jákvæðni í viðhorfum gagnvart stjórnkerfinu. Rannsóknir gefa vísbendingar um að þeir sem hafa með einum eða öðrum hætti reynt að hafa áhrif á ákvarðanir sinna sveitarstjórna séu ánægðari með þjónustuna en þeir sem ekki hafa reynt það.[16]

Lýðræðislegt hlutverk sveitarfélaga er mikilvægt, meðal annars vegna þess að þau eru mikilvægur vettvangur fyrir þjálfun til stjórnmálaþátttöku. Þessu til stuðnings má nefna að í sveitarstjórnarkosningum 2002 voru boðnir fram listar í 66 sveitarfélögum. Í þeim sveitarfélögum voru alls 2.714 einstaklingar í framboði á 182 listum. Tæpt 1% þjóðarinnar var því í framboði í þessum 66 sveitarfélögum, eða um 1,4% af þeim sem voru á kjörskrá.

Í skýrslu lýðræðisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar frá 2005 er að finna ýmsar ábendingar til stjórnvalda, bæði staðbundinna og landsstjórnar. Meðal annars er lagt til að hlutverk sveitarfélaga sem lýðræðisskóla verði eflt og íbúar hvattir til aukinnar þátttöku í stjórnmálum milli kosninga.

Almennt er talið að aukin þátttaka í stjórnmálum og öðrum málefnum nærsamfélagsins auki samkennd og félagsauð meðal íbúanna. Þá verða samskipti fólks greiðari og einstaklingar eru frekar tilbúnir til að leggja sitt af mörkum og fylgja reglum samfélagsins. Félagsauður felur þannig í sér þátttöku borgaranna í samfélagsmálum en hún er talin efla einingu innan samfélagsins og auka pólitíska þroska almennings. Sá þáttur í starfsemi sveitarfélaga sem snýr að því að virkja íbúana og þróa og efla samfélagið er því mjög mikilvægur. Eftir því sem samfélagið verður flóknara og íbúarnir upplýstari eykst mikilvægi þess að hugað sé að þessu hlutverki sveitarfélaga.

Í samfélagslegu hlutverki sveitarfélaga felst einnig að þau sinna hagsmunagæslu fyrir íbúa sína. Hagsmunagæslan snýr bæði að innri málefnum sveitarfélagsins, þ.e. sveitarstjórnir leitast við að framkvæma óskir íbúa sinna, enda þekkja þær aðstæður á hverjum stað og geta lagað þjónustu sína að þörfum samfélagsins. Sveitarstjórnir á Íslandi hafa m.a. lagt áherslu á að gæta hagsmuna íbúa sinna í atvinnu- og byggðamálum.

Samantekt.

Hlutverk sveitarfélaga hefur tekið breytingum og verkefni þeirra aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafa hvatt sveitarfélögin til að sameinast um úrlausn verkefna, hvort sem er með algjörri sameiningu eða samvinnu.

Enn eru til mjög fámenn sveitarfélög sem þurfa að vinna flest þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna samkvæmt lögum í samvinnu við önnur sveitarfélög. Raunar eru til sveitarfélög sem verja meginhluta tekna sinna til samvinnuverkefna og eru áhrif íbúa á stefnumótun í þeim málaflokkum hverfandi. Slíkt getur vart talist góð þróun á stjórnsýslustigi sem er ætlað að tryggja sem best áhrif íbúa á stefnumóun og einfalda aðgengi þeirra að þjónustu.

Sameining sveitarfélaga í einingar sem eru nægilega fjölmennar og öflugar til að sinna helstu lögbundnu og venjubundnu verkefnum er nauðsynleg svo að efla megi sveitarstjórnarstigið og einfalda aðgengi íbúanna að opinberri þjónustu. Samvinna sveitarfélaga um ýmis mál verður áfram mikilvæg, en þróunin má ekki verða sú að einstök sveitarfélög leysi meginþorra sinna verkefna í samvinnu við önnur sveitarfélög.

---

[16] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), bls. 103.

Með auknum verkefnum hefur mikilvægi sveitarfélaga fyrir samfélagsþróunina aukist enn. Jafnframt hafa margar sveitarstjórnir aukið samráð við aðra aðila í samfélaginu og segja má að á síðustu árum hafi sveitarfélög á Íslandi tekið sín fyrstu skref í að virkja íbúa sína til enn frekari þátttöku í málefnum nærsamfélagsins en áður, meðal annars með því að halda íbúaþing.

5. Lýðræði í sveitarstjórnum.

Sveitarstjórnir skera sig frá öðrum stjórnvöldum að því leyti að þær eru lýðræðislega kjörnar í beinum kosningum á fjögurra ára fresti. Um kosningar til sveitarstjórna er fjallað í lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Þar segir meðal annars að kosningar skuli haldnar síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 45/1998 er þess getið að ný sveitarstjórn skuli taka til starfa 15 dögum eftir kjördag.

Í 19. gr. laga nr. 5/1998 segir að kosningar til sveitarstjórna skuli vera leynilegar og geti þær verið með tvennu móti. Annars vegar bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær. Hins vegar óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því. Í 20. gr. laganna segir að í sveitarfélögum skuli almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verði ekki fullskipuð í bundinni kosningu, skuli kosning verða óbundin.

Kosningarréttur og kjörgengi.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998 hefur hver íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu, kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar. Þá segir í 2. mgr. að kosningarrétt hafi danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr. sömu greinar. Í 3. gr. segir að kjörgengur í sveitarstjórn sé hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr. laganna og hefur ekki verið sviptur lögræði.

Í lögum nr. 27/2002, um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, var samþykkt nýmæli sem veitir öllum erlendum ríkisborgurum, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, kosningarrétt og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar. Áður höfðu einungis danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt höfðu lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt þennan rétt og var engin breyting gerð þar á með fyrrgreindri lagabreytingu. Alls áttu um 2.200 erlendir ríkisborgarar kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningunum 2002.

Ísland hefur á framangreindan hátt uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi Evrópuráðsins um þátttöku útlendinga í opinberu lífi á sveitarstjórnarstigi (Convention on the Participation of Foreigners in Public Life at Local Level – ETS no. 144), sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 2004. Fram kom í skýrslu Evrópuráðsins frá árinu 2000 „Participation of Citizens in local public life“ að ráðið teldi að ekkert aðildarríkja þess sem hefði veitt útlendingum kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum hefði orðið fyrir verulegum vandamálum vegna þessa. Hins vegar hefði veiting kosningarréttar auðveldað aðlögun erlendra ríkisborgara að sínu nýja samfélagi.

Í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð gildir sú regla að norrænir ríkisborgarar og ríkisborgarar ESB-ríkja hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og innlendir ríkisborgarar. Sama regla gildir í Noregi varðandi norræna ríkisborgara. Kosningarréttur og kjörgengi annarra erlendra ríkisborgara í Danmörku, Noregi og Svíþjóð miðast við að þeir hafi dvalið í landinu í þrjú ár en í Finnlandi er gerð krafa um tveggja ára búsetu þessa hóps. Ísland hefur því strangari skilyrði um kosningarrétt og kjörgengi erlendra ríkisborgara við sveitarstjórnarkosningar en tíðkast í öðrum norrænum ríkjum og íslenskir ríkisborgarar sem þar eru búsettir eiga rýmri rétt en norrænir borgarar eiga hér á landi.

Kosningaþátttaka.

Almennt er talið að mikil og stöðug kosningaþátttaka sé til marks um mikinn áhuga íbúanna á málefnum samfélagsins. Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi hefur verið mjög góð og raunar meiri en í flestum vestrænum lýðræðisríkjum. Kosningaþátttakan hefur enn fremur verið nokkuð stöðug síðastliðna fjóra áratugi, farið lægst í 82% en hæst í 87,8%. Mikil þátttaka í sveitarstjórnarkosningum er í samræmi við mikla þátttöku í Alþingiskosningum. Þátttaka í Alþingiskosningum er allajafna nokkru meiri en í sveitarstjórnarkosningum, enda fjölmiðlaumfjöllun um Alþingiskosningar mun meiri en um sveitarstjórnarkosningar.

Mynd 2. Kosningaþátttaka í Alþingis- og sveitarstjórnarkosningum 1982–2003.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)



Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum er háð stærð sveitarfélagsins. Eins og sjá má af mynd 2 er kosningaþátttaka lægst í minnstu sveitarfélögunum og mest í meðalstórum sveitarfélögum.

Mynd 3. Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum, eftir íbúafjölda.



Þær niðurstöður eru nokkuð sérstakar, ekki síst í ljósi þess að almennt er kosningaþátttaka meiri í smærri einingum í vestrænum lýðræðisríkjum. Helsta skýringin á lítilli kosningaþátttöku íbúa í smáum sveitarfélögum virðist vera hið óbundna kosningaform, en kosningaþátttaka er marktækt minni í þeim sveitarfélögum þar sem óbundin kosning fer fram.

Mynd 4. Kosningaþátttaka eftir kosningaformi 1994–2002.



Eins og sjá má af mynd 4 er kosningaþátttaka í sveitarfélögum þar sem kosið er óbundinni kosningu að jafnaði um 10% minni en í þeim sveitarfélögum þar sem kosið er hlutbundinni kosningu. Kosningaþátttakan er engu að síður nokkuð mikil.

Á mynd 5 má sjá samanburð á kosningaþátttöku í síðustu þrennum sveitarstjórnarkosningum á Norðurlöndunum. Ísland og Svíþjóð skera sig nokkuð frá hinum ríkjunum og eru ávallt með um og yfir 80% þátttöku.

Mynd 5. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum á Norðurlöndum.



Kosningaþátttakan í Danmörku árið 2001 var óvenjumikil, meðal annars þar sem þing kosningar fóru fram samhliða sveitarstjórnarkosningum. Það sama er uppi á teningnum í Svíþjóð þar sem ávallt er kosið samhliða til þings og sveitarstjórna.

Í skýrslu lýðræðisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar er hvatt til þess að rannsóknir á sveitarstjórnarstiginu verði efldar. Í hinum norrænu ríkjunum hafa komið fram vísbendingar um að staðbundið lýðræði eigi í vök að verjast og m.a. sé nýliðun í sveitarstjórnum ábótavant.

Framboð og kosningaaðferðir.

Félagsmálaráðuneytið tók saman upplýsingar um framboðslista og frambjóðendur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002. Alls voru 2.714 einstaklingar í framboði á 182 listum. Það jafngilti tæpu 1% þjóðarinnar, eða um 1,4% þeirra sem voru á kjörskrá.

Í 66 sveitarfélögum af 105 voru boðnir fram listar. Þar af var sjálfkjörið í sjö sveitarfélögum þar sem aðeins einn framboðslisti kom fram. Óbundin kosning fór fram í 39 sveitarfélögum, þ.e. 37% sveitarfélaga, þar sem engir framboðslistar komu fram áður en framboðsfrestur rann út. Óbundnar kosningar tíðkast aðallega í mjög fámennum sveitarfélögum og hefur jafnt og þétt dregið úr tíðni óbundinna kosninga eftir því sem sveitarfélögum hefur fækkað og íbúum þeirra fjölgað. Fjöldi framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2002 var samtals 182, en var 187 árið 1998. Flestir voru framboðslistarnir í sveitarfélagi sex, í Reykjavíkurborg og í Ísafjarðarbæ.

Mynd 6. Framboðslistar stjórnmálaflokka í sveitarstjórnarkosningum 2002.



Allir þeir flokkar sem áttu fulltrúa á þingi buðu fram í sveitarstjórnarkosningunum 2002, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Sjálfstæðisflokkurinn bauð fram lista í eigin nafni í flestum sveitarfélögum, eða 37, en Framsóknarflokkurinn bauð fram lista í eigin nafni í 30 sveitarfélögum.

Sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjórnarmenn í landinu voru 657 í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna 2002, en að meðaltali eru um sex kjörnir fulltrúar í hverri sveitarstjórn hér á landi. Í ljósi þess hve mikill munur er á stærð sveitarfélaga er augljóslega misjafnt hve margir íbúar eru að baki hverjum sveitarstjórnarmanni.

Á síðustu árum hefur nokkuð verið fjallað um nauðsyn þess að bæta kjör og starfsumhverfi sveitarstjórnarmanna, enda verða skyldur og verkefni þeirra sífellt fleiri og flóknari og krefjast því meiri tíma og þekkingar en áður. Jafnframt hefur verið bent á að færri gefi kost á sér til setu á framboðslistum í sveitarstjórnarkosningum en áður og algengt er að kvartað sé yfir því að erfitt sé að fá fólk til að taka sæti á framboðslista. Þessi þróun dregur úr valmöguleikum kjósenda og getur því verið ógn við lýðræði.

Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir fjölda nýkjörinna og endurkjörinna fulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum 2002.

Tafla 3. Fjöldi nýkjörinna og endurkjörinna fulltrúa í sveitarstjórnarkosningum 2002.
(Heimild: Hagstofa Íslands.)

	Fulltrúar alls	Nýkjörnir fulltrúar fjöldi	%	Endurkjörnir fulltrúar alls	kjörnir 1998	kjörnir áður
Allt landið	657	317	48,3	340	300	40
Bundin hlutfallskosning	429	215	50,1	214	187	27
Bundin hlutfallskosning, sjálfkjörið	37	22	59,5	15	12	3
Óbundin kosning	191	80	41,9	111	101	10
Sveitarfélög með 1.000 íbúa og fleiri						
Bundin hlutfallskosning	275	140	51,0	135	119	16
Sveitarfélög með 300–999 íbúa	176	86	49,0	90	75	15
Bundin hlutfallskosning	129	60	46,5	69	58	11
Bundin hlutfallskosning, sjálfkjörið	17	11	64,7	6	6	–
Óbundin kosning	30	15	50,0	15	11	4
Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri	206	91	44,2	115	106	9
Bundin hlutfallskosning	25	15	60,0	10	10	–
Bundin hlutfallskosning, sjálfkjörið	20	11	55,0	9	6	3
Óbundin kosning	161	65	40,4	96	90	6

Mikil endurnýjun varð á aðalmönnum í sveitarstjórnum á milli kosninga 1998 og 2002.[17] Af 657 sveitarstjórnarfulltrúum kjörnum á landinu öllu í sveitarstjórnarkosningum 2002 voru 317 nýkjörnir, eða 48,3% sem hlýtur að teljast mikil nýliðun.

Í töflu 3 má einnig sjá að nýliðun var örlítið meiri í stærri sveitarfélögum, eða 51% í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri á kjörskrá, 49% í sveitarfélögum með 300–999 íbúa og 44,2% í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri. Jafnframt er nýliðun almennt meiri þar sem var sjálfkjörið en minni þar sem var óbundin kosning. Endurnýjun í sveitarstjórnum virðist almennt vera minnst í sveitarfélögum með færri en 299 íbúa þar sem kosið er óbundinni kosningu. Það gefur vísbendingar um að annaðhvort sé ánægja með sveitarstjórnarmenn í þeim sveitarfélögum meiri en í öðrum sveitarfélögum, eða að valkostir séu takmarkaðri.

Töluverður munur var á nýliðun eftir kynjum. Nýliðun á meðal kvenkyns sveitarstjórnarfulltrúa á milli kosninga 1998 og 2002 var 62,3%, en 41,8% á meðal karlkyns fulltrúa. Það vekur einnig athygli að nýliðun meðal karlkyns fulltrúa minnkar eftir því sem sveitarfélögin verða minni en þróunin er gagnstæð hjá konum í sveitarstjórn. Þannig var nýliðun fulltrúa í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri á kjörskrá 46,6% meðal karla en 58,8% meðal kvenna. Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa á kjörskrá var hún 41,8% meðal karla en 64,8% meðal kvenna og í sveitarfélögum með færri en 299 íbúa á kjörskrá var hún 36% meðal karla en 66% meðal kvenna.

Ólíklegt er að íslenskum sveitarfélögum stafi hætta af ónógri nýliðun sveitarstjórnarmanna, nema þá hugsanlega í fámennustu sveitarfélögunum. Hátt hlutfall nýkjörinna sveitarstjórnarmanna bendir frekar til þess að hætta sé á að of mikil nýliðun eigi sér stað, sem getur

[17] Niðurstöður þessarar könnunar á nýliðun meðal aðalmanna í sveitarstjórnum birtust í ritinu „Búseta – lífsgæði – lýðræði“ sem unnið var sem umræðugrundvöllur fyrir stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2002–2006 og er að finna á vefsíðu sambandsins undir efnisflokknum landsþing 2002.

leitt til þess að þekking og reynsla á málefnum sveitarfélagsins byggist ekki nægilega mikið upp. Í því sambandi væri t.d. áhugavert að skoða hve margir sveitarstjórnarmenn gáfu aftur kost á sér til framboðs fyrir kosningarnar 2002 og hvaða ástæður lágu að baki því að sitjandi fulltrúar gáfu ekki kost á sér aftur.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnarmálum.

Það skiptir verulegu máli að bæði kynin taki þátt í að móta samfélagið af fullum krafti. Karlar og konur hafa í mörgum tilfellum mismunandi viðhorf en ákvarðanir sem stjórnmálamenn taka eru meðal annars byggðar á þeim hugmyndum sem þeir hafa um lífið og tilveruna.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist hægt og bítandi síðastliðna hálfa öld og eru konur nú um þriðjungur sveitarstjórnarmanna og hefur hlutfall kvenna í sveitarstjórnum farið vaxandi samhliða fækkun sveitarfélaga.

Mynd 7. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum og fjöldi sveitarfélaga 1950–2002.



Af 103 oddvitum sveitarfélaga haustið 2004 voru 23 konur. Sérstakan framkvæmdastjóra var að finna í 67 sveitarfélögum en þar af voru 14 konur. Því má ljóst vera að áhrif kvenna á stjórnun sveitarfélaga á Íslandi gætu verið meiri.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir sveitarstjórnarkosningar árið 2002 er 31,1% en í nefndum og ráðum sveitarfélaga er hlutfallið hugsanlega lægra. Félagsmálaráðuneytið undirbýr gagnaöflun um kynjahlutföll í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélaga. Stærð sveitarfélaga og landfræðileg lega þeirra virðist hafa afgerandi áhrif kynjahlutföll í sveitarstjórnum.

- Í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa eru konur um 35% fulltrúa í sveitarstjórnum.
- Í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa eru konur aftur á móti um 29% kjörinna fulltrúa.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum er hæst á höfuðborgarsvæðinu þar sem konur eru 43% kjörinna fulltrúa.

Mynd 8. Kynjahlutfall í sveitarstjórn eftir landshlutum.



Á Vesturlandi er hlutfall kvenna í sveitarstjórnum 26%, á Vestfjörðum 37%, á Norðurlandi vestra 28%, á Norðurlandi eystra 35%, á Austurlandi 25%, á Suðurlandi 32% og á Suðurnesjum 24%.

Á mynd 9 má sjá hlutfall kvenna í sveitarstjórnum 1998 og 2002 eftir stærð sveitarfélaga, þ.e. fjölda íbúa á kjörskrá.

Mynd 9. Hlutfall kvenna í sveitarstjórn eftir stærð sveitarfélaga.



Eins og sjá má virðast konur eiga erfiðara uppdráttar í smærri sveitarfélögum og þá sérstaklega sveitarfélögum með færri en 300 íbúa. Kosningaformið hefur að líkindum nokkur áhrif á möguleika kvenna til að komast til áhrifa í sveitarfélögum, en þar sem kosning var óbundin í minnstu sveitarfélögunum var hlutfall kvenna í sveitarstjórn aðeins um 25,5% árið 2002.

Niðurstöður rannsóknar Ólafs Þ. Harðarsonar prófessors í stjórnmálafræði á kosningunum 1998[18] gefa svipaðar vísbendingar um að stærð og lega sveitarfélaga skipti máli hvað varðar kynjaskiptingu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum. Niðurstöðurnar gefa því vísbendingar um að konur eigi auðveldara með að komast til áhrifa í þéttbýlli sveitarfélögum en í minni dreifbýlissveitarfélögunum. Þess ber þó að geta að Suðurnes skera sig úr hvað þetta varðar, en þar er hlutfall kvenna lágt en sveitarfélögin tiltölulega fjölmenn og þéttbýl. Leiða má líkum að því að sérstaklega þurfi að hvetja konur í smærri sveitarfélögum og sveitarfélögum á landsbyggðinni til þátttöku í sveitarstjórnarmálum.

Mynd 10 sýnir samanburð á hlutfalli kvenna í sveitarstjórnum á Norðurlöndunum í kjölfar síðustu þrennra kosninga.

Mynd 10. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum Norðurlandanna.



Eins og sjá má eru Íslendingar ásamt Dönum eftirbátar annarra þjóða á Norðurlöndum hvað varðar hlutfall kvenna í sveitarstjórnum. Svíar standa sig áberandi best þar sem um og yfir 40% sveitarstjórnarmanna eru konur. Í Svíþjóð er mikil hefð fyrir því að listum sé stillt upp með fléttu, þ.e. að sæti skiptist milli karla og kvenna á víxl.

Konur bjóða sig í auknum mæli fram til sveitarstjórna og hefur hlutfallið þrefaldast síðastliðin 30 ár. Er nú svo komið að konur eru um 40% frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum. Í síðustu sex sveitarstjórnarkosningum hefur hlutfall kvenna verið um eða yfir þriðjungur allra frambjóðenda. Það var hins vegar ekki fyrr en eftir kosningarnar árið 2002 sem hlutfall kvenna í sveitarstjórnum komst yfir 30%.

Ein meginástæða þess að konum hefur gengið hægt að rétta hlut sinn í sveitarstjórnum á Íslandi er líklega sú að þær skipa almennt ekki fyrsta sæti á framboðslistum. Heildarfjöldi í sveitarstjórn getur því verið þeim hindrun þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða en þá sitja oft ekki nema þrír eða fimm kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn. Jafnframt hefur kosningakerfið í fámennum sveitarfélögum valdið þeim erfiðleikum, enda hefur konum jafnan gengið illa í óbundnum kosningum. Félagsmálaráðuneytið og Jafnréttistofa hafa ritað öllum stjórn-

[18] Fyrirlestur Ólafs Þ. Harðarsonar í málstofu stjórnmálafræðiskorar HÍ um sveitarstjórnarmál 18. apríl 2002.

málaflokkum bréf þar sem þeir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að jafna hlut kynja við uppröðun á lista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Samráð og íbúalýðræði á sveitarstjórnarstiginu.

Sú þróun hefur orðið á Íslandi, og víðar í nágrannalöndum okkar, að áhersla stjórnvalda á samráð við borgarana hefur aukist. Í þeim efnum hefur sveitarstjórnarstigið þótt heppilegur vettvangur skoðanaskipta og samráðs íbúa og kjörinna fulltrúa. Það stafar ekki síst af því að sveitarstjórnarstigið er sá vettvangur sem stendur borgurunum næst og því að mörgu leyti auðveldara fyrir þá að mynda sér skoðun á málefnum og láta hana í ljós.

Sífellt fleiri stjórnendum sveitarfélaga hefur orðið ljóst að íbúar vilja hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum sveitarfélagsins á milli kosninga. Kostirnir við formlegt samráð sveitarstjórna við íbúana geta verið verulegir þar sem það getur komið í veg fyrir deilur, óánægju, tafir og aukinn fjárhagslegan kostnað. Auk þess eiga sveitarstjórnir, einkum í stærri sveitarfélögum, erfitt með að meta vilja íbúanna milli kosninga ef það er ekki gert með formlegum hætti. Meðal annars á það við um skipulagsmál, enda hefur það verið áberandi hin síðari ár í sveitarfélögum á Íslandi að hluti íbúanna hefur sett sig upp á móti ákveðnum framkvæmdum, jafnvel á seinni stigum þeirra, með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélagið í heild.

Það að gera íbúunum kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fyrri stigum stefnumótunar hefur því styrkt hlutaðeigandi sveitarfélög með því að koma í veg fyrir ósætti. Jafnframt styrkir það sveitarfélögin þegar aukinn fjöldi íbúa þeirra tekur virkan þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku, enda skapar það hæfari forustu og eykur félagsauð í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Í því sambandi má nefna að niðurstöður rannsókna Gunnars Helga Kristinssonar, sem birtust í ritinu *Staðbundin stjórnmál*, benda til þess að íbúar sveitarfélaga séu ánægðari með þjónustu og árangur eigin sveitarfélags eftir því sem félagsauður einkennir það í meiri mæli. Enn fremur benda rannsóknir hans til þess að þátttaka stuðli að jákvæðari viðhorfum íbúanna til stjórnkerfisins að því leyti að þeir sem hafa reynt að hafa áhrif á niðurstöðu sinna sveitarstjórna eru ánægðari með þjónustu þeirra en hinir sem ekki hafa reynt slíkt.[19]

Aukið samráð sveitarstjórna við íbúa á sveitarstjórnarstiginu má því annars vegar rekja til vilja þeirra síðarnefndu til að hafa áhrif á sveitarstjórnarmál annars vegar og vitundar sveitarstjórna um kosti þess að heyra sjónarmið íbúanna hins vegar. Að auki eru dæmi um að þess sé beinlínis krafist í lögum að samráð skuli viðhaft. Í því sambandi er nærtækast að nefna sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, en í 5. mgr. 90. gr. laganna segir að almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram um tillögur um sameiningu sveitarfélaga. Í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, er enn fremur kveðið á um að hverjum þeim aðila, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, skuli gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu að svæðisskipulagi innan ákveðins tíma eftir að hún er kynnt með fullnægjandi hætti.

Þrýstingur á aukið samráð er einnig alþjóðlegur. Að undanskildum þrýstingi frá ýmiss konar samtökum, einstaklingum og fræðimönnum hefur samstarf á alþjóðavettvangi, sem Ísland er þátttakandi í, áhrif í þessa veru. Í því sambandi má nefna tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (2001) 19 um þátttöku borgaranna í opinberu lífi í sveitarfélögum. Þar kemur meðal annars fram að ráðherranefndin sé sannfærð um að lýðræði í sveitarfélögum sé einn af hornsteinum lýðræðis í Evrópulöndunum og að ráðherranefndin sé meðvituð um að vænt-

[19] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), bls. 103–104, 171–173, 176.

ingar almennings hafi þróast, að sveitarstjórnarmál séu að breytast og að vegna þessa séu gerðar kröfur um beinni, sveigjanlegri og sértækari leiðir til þátttöku. Í Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga er jafnframt fjallað um beina þátttöku íbúa í málefnum sveitarfélaga. Svipaðar ábendingar er að finna í skýrslu lýðræðisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar frá 2005.

Ýmsar aðferðir eru mögulegar til samráðs sveitarstjórna við borgarana. Í 104. gr. sveitarstjórnarlaga eru taldar upp leiðir sem sveitarstjórn er heimilt að fara þegar hún telur nauðsyn á samráði við íbúa sína, svo sem að halda borgarafundi eða viðhafa almennar atkvæðagreiðslur um einstök mál. Jafnframt er í greininni ákvæði sem skyldar sveitarstjórn til að halda almennan borgarafund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Mörg sveitarfélög hafa tekið upp reglulegt samráð við íbúa sína, meðal annars með því að halda íbúaþing og hverfafundi um einstaka málaflokka, skipulag og stefnumótun. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarstjórnir viðhafi aðrar aðferðir þegar samráð er haft við íbúa, svo sem með því að auglýsa almenna viðtalstíma við sveitarstjórnarmenn og/eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Þá felur almenn tölvunotkun hér á landi í sér aukna möguleika á að samráð sveitarfélaga við íbúana fari fram rafrænt, svo sem með gerð vefkannana eða uppsetningu spjallþráða þar sem íbúar geta komið á framfæri skoðunum sínum á einstökum málum. Auk þess hefur lýðræðisnefnd norrænu ráðherranefndarinnar hvatt til þess að sveitarfélög nýti sér í auknum mæli eiginleika upplýsingatækninnar til að efla staðbundið lýðræði og hafa samráð við íbúana. Hafa sveitarfélög hér á landi sýnt umtalsvert frumkvæði í þessum efnum sem ber að fagna.

Niðurstöðum samráðs milli sveitarstjórna og íbúa verður almennt að taka með þeim fyrirvara að þátttaka í þeim er ekki eins mikil og í almennum sveitarstjórnarkosningum. Mikilvægt má því telja að fram komnar tillögur, skoðanir og skoðanaskipti á samráðsvettvangi séu ræddar á vettvangi sveitarstjórnar og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni verði komið á framfæri að samráði loknu. Þar komi meðal annars fram upplýsingar um þátttöku íbúa.

Samantekt.

Íslendingar hafa tekið það skref, í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins, að veita öllum erlendum ríkisborgurum rétt til þátttöku í sveitarstjórnarkosningum, svo fremi sem viðkomandi hafi búið í landinu í fimm ár. Þátttökurétturinn auðveldar að líkindum aðlögun erlendra ríkisborgara hér á landi. Það vekur hins vegar athygli að Ísland hefur strangari skilyrði um kosningarrétt og kjörgengi erlendra ríkisborgara við sveitarstjórnarkosningar en önnur norræn ríki og jafnframt að íslenskir ríkisborgarar sem þar eru búsettir eiga rýmri rétt en norrænir borgarar eiga hér á landi.

Mikil kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum hér á landi, og sá fjöldi einstaklinga sem var í framboði í síðustu kosningum, bendir til þess að áhugi á sveitarstjórnarmálum sé mikill meðal almennings. Áhrif hins óbundna kosningaforms á kosningaþátttöku virðast hins vegar vera neikvæð. Óbundnum kosningum hefur fækkað jafnt og þétt samhliða fækkun sveitarfélaga.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist á síðustu árum og áratugum, en hefur þó ekki enn náð því að vera í samræmi við hlutfall þeirra af frambjóðendum eða landsmönnum. Auk þess hefur hlutfall kvenna í sveitarstjórnum á Norðurlöndum í flestum tilvikum verið hærra en hér á landi. Ýmsir þættir hafa leitt til þess að hlutur kvenna í sveitarstjórnarmálum er lakari en ákjósanlegt er. Kosningaform, stærð og lega sveitarfélaga hafa þar áhrif. Í minnstu sveitarfélögunum eru að jafnaði aðeins fimm kjörnir fulltrúar og eru þeir oftast kjörnir í óbundnum kosningum. Konur virðast eiga erfiðara uppdráttar í þeim sveitarfélögum. Samein-

ing sveitarfélaga í fjölmennari einingar ætti því að stuðla að bættum hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Nýliðun meðal sveitarstjórnarmanna var mikil í síðustu kosningum og var hún meiri í fjölmennum sveitarfélögum en fámennum. Einnig var nýliðun kvenna meiri en karla. Hátt hlutfall nýkjörinna sveitarstjórnarmanna gefur vísbendingar um að skort geti á reynslu og þekkingu hjá hluta sveitarstjórnarmanna. Á hinn bóginn er jákvætt að nýliðun sé nokkur, en erfitt er að meta hvað getur kallast eðlileg nýliðun og hvaða ástæður liggja að baki því að hún er svo mikil sem raun ber vitni.

6. Stjórnsýsla sveitarfélaga.

Í hverju sveitarfélagi þarf að vera sveitarstjórn sem stýrir því í samræmi við lög og önnur lögleg fyrirmæli og ber ábyrgð á því að lögbundnum verkefnum sé sinnt í samræmi við fyrirmæli laga. Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga, svo sem um hlutfall fasteignaskatts og útsvars í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórnin starfar eftir sérstakri samþykkt sem hún gerir um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Í samþykktinni kemur fram nánari lýsing á uppbyggingu stjórnsýslu viðkomandi sveitarfélags. Sveitarstjórnin er með öðrum orðum æðsta vald í málefnum sveitarfélagsins og ber ábyrgð á verkefnum þess og ber henni að fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og stjórnsýslulaga við meðferð mála.

Sveitarstjórn ræður uppbyggingu alls stjórnkerfis sveitarfélags, innan ramma laga. Í ljósi þess hve sveitarfélögin eru mismunandi er augljóst að uppbygging stjórnkerfis þeirra er mjög mismunandi. Algengt er að í sveitarfélögum séu gerð skipurit sem lýsa m.a. uppbyggingu nefndakerfis, deilda og stofnana sveitarfélagsins. Skipurit sveitarfélaga eru mismunandi en þó er hægt að segja að þau einkennist af því að annars vegar er um að ræða skrifstofu sveitarfélags sem skipt er í tiltölulega fá fagsvið og hins vegar einstakar deildir, stofnanir eða fyrirtæki sveitarfélags sem falla undir einstök fagsvið. Fyrirtæki og stofnanir hafa þó oft sjálfstæðari stöðu í skipuriti og heyra þá t.d. beint undir sveitarstjórn eða sérstaka stjórn sem sveitarstjórn skipar.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn er mismunandi eftir stærð sveitarfélaga, en í 12. gr. sveitarstjórnarlaganna er tilgreint hversu margir sveitarstjórnarmenn skuli vera í sveitarstjórn sveitarfélags, flokkað eftir íbúafjölda. Fulltrúar í sveitarstjórn sveitarfélaga með færri en 200 íbúa skulu ekki vera færri en þrír, en flestir geta sveitarstjórnarmenn orðið 27. Reykjavíkurborg hefur flesta kjörna fulltrúa í sveitarstjórn, en í borgarstjórn sitja 15 borgarfulltrúar. Sveitarstjórn er heimilt að skipa svokallað byggðaráð sem, ásamt framkvæmdastjóra, fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjárstjórn. Auk sveitarstjórnar og byggðaráðs starfa ýmsar nefndir á vegum sveitarfélaga sem fara með einstaka málaflokka, svo sem skipulags- og byggingarmál, fræðslumál og félagsþjónustu.

Líkt og um önnur stjórnvöld sem taka stjórnvaldsákvarðanir gilda reglur stjórnsýsluréttarins um sveitarstjórnir. Slíkar ákvarðanir eru teknar þegar sveitarstjórn, eða nefnd eða embættismaður sveitarfélags, kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnsýsluvalds.

Flest íslensk sveitarfélög eru fámenn og hafa sveitarstjórnarmenn þá oft takmarkaðan aðgang að faglegri ráðgjöf. Það hefur þá ókosti að þeir bera í senn ábyrgð á pólítískri stefnumótun og lögfræðilegri ákvarðanatöku, enda bera úrskurðir og álit félagsmálaráðuneytisins í sveitarstjórnarmálum þess merki að stundum skortir sveitarstjórnarmenn lögfræðilega þekkingu eða aðgang að henni. Álit umboðsmanns Alþingis benda til hins sama. Fjölmenn sveitarfélög eru hins vegar ekki endilega trygging fyrir því að meðferð opinbers valds sé vönduð.

Það stafar ekki síst af því að það er erfiðleikum bundið að beita opinberu valdi þannig að réttindi borgaranna séu tryggð. Fyrir þær sakir er mikilvægt að efla burði sveitarfélaga til að þau geti sinnt stjórnvaldshlutverki sínu sem skyldi.

Alþingi ákveður með lögum hvaða stjórnsýslu sveitarfélög skulu hafa á hendi. Greina má þá stjórnsýslu í tvo þætti. Annars vegar er það stjórnsýsla þar sem sveitarfélögum er falið að sjá um framkvæmd laga og sömu réttarreglur skulu gilda um land allt á hlutaðeigandi sviði. Hins vegar er um að ræða svið þar sem Alþingi hefur með lögum falið sveitarfélögum að setja nánari reglur innan ramma laga. Í þeim tilvikum hefur Alþingi falið sveitarfélögunum ákveðna sjálfsstjórn og geta þá ólíkar reglur gilt í hverju sveitarfélagi. Ekki eru lög þó alltaf nógu skýr um hvort sveitarstjórnir hafi sjálfsstjórn um viðkomandi framkvæmd eða skuli haga þeim með samræmdum hætti. Augljóst er hins vegar mikilvægi þess að það sé skýrt hvort ólíkar reglur megi gilda á milli sveitarfélaga eða ekki.[20]

Til að tryggja faglega stjórnsýslu og réttindi íbúanna er jafnframt mikilvægt að það dragist ekki of lengi að sveitarstjórnir setji reglur um þau málefni sem lög skylda þær til að gera. Í því sambandi má nefna að samkvæmt könnun félagsmálaráðuneytisins árið 1996 höfðu aðeins 85 sveitarfélög af 165 sett sér reglur um framkvæmd félagsþjónustu, þ.m.t. um rétt til fjárhagsaðstoðar, þrátt fyrir þeim hafi verið það skylt allt frá því að lögin voru sett árið 1991. Umboðsmanni Alþingis þótti jafnframt ástæða til að taka málið til athugunar að eigin frumkvæði (mál nr. 2625/1998). Athugun hans leiddi í ljós að sveitarfélögum sem ekki höfðu sett sér fyrrnefndar reglur hafði fækkað verulega og að um fámenn sveitarfélög væri að ræða. Í dag hafa tvö sveitarfélög enn ekki sett sér þessar reglur. Þegar dregst að setja slíkar reglur er réttindum íbúa sveitarfélagsins á viðkomandi sviði ógnað, enda skortir þá skýrar reglur um þau. Lagt hefur verið til að brugðist sé við vanda sem þessum með því að ráðherra á viðkomandi sviði gefi út reglur sem hafi gildi þar til sveitarstjórn setur eigin reglur.[21]

Í samskiptum við stjórnvöld skiptir miklu máli að borgararnir eigi möguleika á því að kynna sér gildandi réttarreglur og þannig sjá fyrir hvaða réttindi og skyldur þeir hafa. Því verða lög og reglur að vera birtar og almenningi aðgengilegar, enda er svo mælt fyrir í 27. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Í 7. gr. laga nr. 64/1943 er einnig mælt fyrir um að ekki megi beita fyrirmælum sem felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis fyrr en birting skv. 1. og 2. gr. laganna hafi farið fram. Samt sem áður er einungis hluti þeirra reglna sem sveitarstjórnir setja og varða rétt íbúa sveitarfélaga birtur opinberlega í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1943.[22] Sú var einmitt niðurstaða umboðsmanns Alþingis í fyrrnefndu áliti hans nr. 2625/1998, þ.e. að kynning sveitarfélaga á reglum um fjárhagsaðstoð hefði ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 64/1943, með síðari breytingum, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Stjórnsýsla sveitarfélaga er smærri í sniðum en stjórnsýsla ríkisins og þar af leiðir að boðleiðir eru styttri og sveigjanleiki við úrlausn mála talinn meiri. Sveitarfélögin geta þess vegna oft verið fljótari að bregðast við nýjum aðstæðum en ríkið. Sveitarstjórnir eru það sem stund-

---

20 Sjá nánar skýrslu forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, kaflar 2.12 og 2.14.3.

21 Skýrsla forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, kafli 2.12.

22 Skýrsla forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, kafli 2.12.

um er kallað lárétt stjórnvald í þeim skilningi að þær eru hver um sig eitt stjórnvald sem hefur fjölþætta málaflokka á sinni könnu og fer með framkvæmd þeirra á starfssvæði sínu.

Nálægðin við íbúana og viðfangsefnin er talin einn af meginkostum þess að sveitarfélög sem stjórnsýslustig sinni opinberum verkefnum. Eitt af stefnumálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að vinna að því að stjórnkerfi hins opinbera endurspegli breyttar aðstæður í þjóðfélaginu, og eru verkefnin einfaldara Ísland og átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins liðir í þeirri viðleitni. Lögð hefur verið áhersla á hvernig best má nýta kosti upplýsingasamfélagsins og rafrænnar stjórnsýslu til að tryggja jafnt aðgengi borgaranna að nauðsynlegum upplýsingum og þjónustu.

Samvinna sveitarfélaga.

Eins og áður hefur komið fram hvíla á öllum sveitarfélögum, óháð stærð, sömu skyldur samkvæmt lögum til að veita íbúum þjónustu. Fámenn sveitarfélög hafa farið þá leið að leysa verkefnin í samvinnu við önnur sveitarfélög og ná þannig að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum. Með samstarfi hafa sveitarfélög náð að mynda einingar með nægilega mikið bolmagn til að sinna lögbundnum verkefnum sínum, ásamt öðrum verkefnum sem íbúarnir hafa krafist. Í könnun sem gerð var á umfangi samstarfs sveitarfélaga árið 2003 kom fram að samvinna sveitarfélaga á Íslandi er mjög umfangsmikil, en að meðaltali eru sveitarfélög aðilar að tíu samstarfsverkefnum.

Fámennstu sveitarfélögin eru þátttakendur í flestum samstarfsverkefnum og verja til þeirra hæstu hlutfalli sinna tekna, dæmi eru um sveitarfélög sem verja rúmlega helmingi tekna sinna til samstarfsverkefna. Sveitarfélög virðast geta unnið saman að flestum verkefnum sveitarfélaga og hafa þannig náð fram aukinni hagkvæmi í rekstri og auknu bolmagni til að sinna þjónustu við íbúana.[23]

Umfang samvinnu sveitarfélaga gefur vísbendingar um að mörg sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Auk þess gefur það til kynna að stjórnsýsla sveitarstjórnarstigsins sé flókin þótt stjórnsýsla einstakra sveitarfélaga sé einföld. Íbúarnir hafa með öðrum orðum greiðan aðgang að sínum sveitarstjórnarmönnum, en ákvarðanir um helstu verkefni sveitarfélagsins eru jafnvel ekki teknar af þeim, heldur stjórnum byggðasamlaga eða héraðsnefnda.

Hlutverk og ábyrgð kjörinna fulltrúa.

Hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum er umfangsmikið og ábyrgð þeirra mikil eftir því. Í 3. kafla var fjallað um hlutverk og verkefni sveitarfélaga en störf sveitarstjórnarmanna taka vitaskuld mið af því hlutverki sem sveitarfélög gegna. Rétt er að taka fram að umfjöllunin hér á að ýmsu leyti einnig við um þá sem kjörnir eru til setu í nefndum, stjórnum og ráðum sveitarfélaga, enda eru að sumu leyti gerðar sömu kröfur til þeirra í samræmi við 47. gr. sveitarstjórnarlaga.

---

[23] Róbert Ragnarsson. 2003. Samvinna sveitarfélaga – valkostur við sameiningu? Óbirt MA-ritgerð í stjórnmálafræði, bls. 18–21

Sveitarstjórnarmenn fara með ýmiss konar hlutverk og vert er að nefna nokkur af þeim helstu:[24]

- Stjórnunar- og eftirlitshlutverk með starfsemi og rekstri sveitarfélagsins.
- Stjórnvaldshlutverk sem snýr að því að sveitarstjórn er hluti af framkvæmdarvaldinu og ber ábyrgð á framkvæmd laga á ýmsum sviðum.
- Stefnumótunarhlutverk.
- Umboðshlutverk gagnvart íbúum sveitarfélagsins.
- Vinnuveitendahlutverk. Sveitarstjórn ber endanlega ábyrgð á því hvernig sveitarfélag sinnir skyldum sínum sem vinnuveitandi.

Nú sem fyrr sinna flestir sveitarstjórnarmenn sveitarstjórnarstarfi í hlutastarfi. Undanfarin ár hefur umhverfi sveitarstjórna hins vegar breyst töluvert. Störf sveitarstjórnarmanna eru orðin flóknari og þau krefjast nú meiri tíma og þekkingar en áður. Þannig hafa sveitarfélög fengið aukin verkefni og nýjar skyldur auk þess sem íbúarnir gera auknar kröfur til stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélagsins. Jafnframt hafa nýjar stjórnunar-, fjármögnunar- og rekstraraðferðir rutt sér til rúms og áhersla hefur aukist á markaðsvæðingu, einkaframkvæmd og valddreifingu.

Hlutverk sveitarstjórnarmanna mótast að töluverðu leyti af skyldum þeirra samkvæmt lögum. Meðal annars leggja sérlög um ýmsa málaflokka þeim skyldur á herðar, en yfirlit yfir helstu lögákveðin verkefni sveitarfélaga er að finna í fylgiskjali með skýrslunni. Þá er sú umgjörð sem sveitarstjórnarmenn verða að haga sínum störfum eftir hvað varðar málsmeðferð o.fl. mótuð af almennri löggjöf á borð við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 40/1996, og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Að síðustu er að nefna sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998. Þar er í 7. gr. fjallað um almennar skyldur sveitarfélaga. Um sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfundi er fjallað í II. kafla laganna en þar er m.a. að finna 9. gr. sem fjallar um hlutverk og verksvið sveitarstjórnar. Ákvæði um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna er að finna í III. kafla sveitarstjórnarlaga.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru hluti af æðsta stjórnvaldi hvers sveitarfélags og þeir taka því ákvarðanir um öll helstu málefni þess. Sveitarstjórnarmenn bera því hina endanlegu stjórnmálalegu ábyrgð á öllu sem gerist innan stjórnkerfis sveitarfélaga, þ.e. sveitarstjórn ábyrgist fyrst og fremst afleiðingar gerða sinna gagnvart íbúum sveitarfélagsins með því að leggja þær í dóm kjósenda í næstu sveitarstjórnarkosningum. Einnig geta sveitarstjórnarmenn þurft að bera lagalega ábyrgð á því sem gerist innan sveitarfélags en þar er helst að nefna skaðabóta- eða refsiábyrgð.

Skaðabótaábyrgð sveitarstjórnar og einstakra sveitarstjórnarmanna byggist í íslenskum rétti fyrst og fremst á svonefndri sakarreglu. Með henni er átt við að maður beri skaðabótaábyrgð á tjóni ef hann veldur því með saknæmum, þ.e. af ásetningi eða gáleysi, og ólögmætum hætti og sérstakar hlutlægar afsökunarástæður eiga ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegu heilbrigði. Í sakarreglunni felst einnig að menn verða hugsanlega dregnir til ábyrgðar hvort sem brot er vegna athafna eða athafnaleysis.

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum, eru engin ákvæði sem heimila ráðuneytinu að refsa einstökum sveitarstjórnarmönnum fyrir brot á fyrirmælum þeirra laga.

---

[24] Rit Önnu G. Björnsdóttur, Hlutverk sveitarstjórnarmanna, fjallar nánar um hlutverk, réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna. Ritið er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk þess er rétt að benda á sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998.

Hins vegar er í 2. og 3. mgr. 102. gr. sveitarstjórnarlaga að finna heimild til handa ráðuneytinu til að áminna sveitarstjórn og stöðva greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er ákvæði um refsingar fyrir brot í opinberu starfi sem tekur eftir atvikum einnig til sveitarstjórnarmanna. Það eru einkum 140. og 141. gr. laganna sem geta komið til greina um sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Þar er mælt fyrir um sektir eða varðhald ef opinber starfsmaður synjar eða lætur af ásettu ráði farast fyrir að gera það sem boðið er á löglegan hátt eða gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu.

Af fyrrgreindum ákvæðum er ljóst að einungis ásetningur eða stórfelld vanræksla sveitarstjórnarmanns á skyldum sínum geta verið grundvöllur refsiábyrgðar. Til dæmis um það má benda á dóm frá 18. júlí 2003, mál nr. S-49/2003, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Vestfjarða. Í þeim dómi er framkvæmdastjóri sveitarfélags sektaður fyrir að veita tilteknum manni verk hjá bænum, vitandi það að hann hafði ekki nauðsynlegt starfsleyfi til verksins og að fyrirhugað væri að vinna verkið með öðrum hætti en var leyfilegt samkvæmt gildandi lögum.

Þóknun sveitarstjórnarmanna, framkvæmdastjóra og nefndarmanna sveitarfélaga.

Samkvæmt 35. og 50. gr. sveitarstjórnarlaga er það hlutverk hverrar sveitarstjórnar fyrir sig að ákveða hver þóknun sveitarstjórnarmanna skuli vera og setja reglur þar að lútandi. Á Íslandi er kjörum sveitarstjórnarmanna því skipað með öðrum hætti en í Danmörku þar sem samræmdar reglur gilda um kjör sveitarstjórnarmanna samkvæmt reglum sem innanríkisráðuneytið setur.

Í lok árs 2003 gerði hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjórum sveitarfélaga. Áður hafði sambærileg könnun farið fram sumarið 2002.[25] Í heildina var svarhlutfallið 67% en minnst var það í sveitarfélögum með innan við 200 íbúa.

Í könnuninni koma fram upplýsingar um tekjur 52 framkvæmdastjóra, en 67 sveitarfélög af 103 höfðu sérstaka framkvæmdastjóra, og þeir voru með á bilinu undir 300 þús. kr. í tekjur á mánuði og upp í rúmlega 800 þús. kr. í tekjur á mánuði að hlunnindum undanskildum. Smærri sveitarfélögin greiða framkvæmdastjórum að jafnaði lægri laun. Þar sem oddvitar fara með framkvæmdastjórn sveitarfélaga þiggja þeir lægri laun en ráðnir framkvæmdastjórar í öðrum sveitarfélögum gera, enda gegna oddvitar stöðu sinni að jafnaði samhliða öðru starfi.

Þóknanir fyrir setu í sveitarstjórn og nefndarsetu eru mjög mismunandi milli sveitarfélaga. Sveitarfélög greiða sveitarstjórnarmönnum ýmist fyrir hvern fund, fasta mánaðarlega greiðslu eða hvorutveggja. Almennt greiða fjölmennari sveitarfélög hærri þóknanir en þau fámennari, enda verkefni þeirra að jafnaði umfangsmeiri.

Siðferði á sveitarstjórnarstiginu.

Óhætt er að segja að í alþjóðlegum samanburði sé spilling ekki útbreidd í íslenskri stjórnsýslu og telja má víst að það eigi einnig við um sveitarstjórnarstigið. Stjórnsýslan hefur orðið opnara og gagnsærri með setningu stjórnsýslu- og upplýsingalaga auk tilkomu umboðsmanns Alþingis og opnari viðskiptalífs. Samtökin Transparency International settu Ísland í efsta sæti árið 2005 yfir þau lönd í heiminum sem minnsta spillingu hafa.

---

25 Kannanirnar er að finna á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, www.samband.is.

Samkvæmt viðhorfskönnun sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands árið 2000 er það hins vegar útbreidd skoðun á Íslandi að kunningsskapur, frændsemi og pólitísk fyrirgreiðsla vegi þungt á sveitarstjórnarstiginu. Íbúar sveitarfélaga voru beðnir um að taka afstöðu til spurningarinnar: „Telur þú að frændsemi, kunningsskapur og pólitísk fyrirgreiðsla skipti mjög miklu, frekar miklu, nokkru, litlu eða engu máli til að fá málum framgengt í þínu sveitarfélagi?“ 59% svarenda töldu þessa þætti skipta mjög eða frekar miklu, 20% að þeir skiptu nokkru en 22% taldi þá skipta litlu eða engu.[26]

Þrátt fyrir að hér á landi hafi ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn eru ýmis lög, sem taka til athafna opinberra starfsmanna, byggð á siðferðisreglum. Þar má t.d. nefna almenn hegningarlög, nr. 19/1940, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og lög nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.

Evrópuráðið gaf árið 2004 út handbók um siðferði á sveitarstjórnarstigi og fól aðildarríkjum sínum að hafa samráð við sveitarfélög og samtök þeirra um á hvern hátt handbókin gæti nýst í hverju landi. Hlutverk handbókarinnar er einkum að efla umræður um siðferði á sveitarstjórnarstigi, auðvelda úrbætur í þeim efnum og vera til leiðbeiningar fyrir kjörna fulltrúa, embættismenn og almenning um rétta hegðun við einstakar aðstæður.

Félagsmálaráðuneytið hefur staðið að kynningu handbókarinnar hér á landi í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, meðal annars á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga árið 2003. Í framhaldi af útgáfu handbókar Evrópuráðsins kom Reykjavíkurborg á fót starfshópi sem hefur því hlutverki að gegna að kanna kosti þess að settar verði siða- og starfsreglur fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn borgarinnar. Fyrir utan fulltrúa frá Reykjavíkurborg sátu fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu í starfshópnum auk þess sem samstarfsaðilar koma frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, félagsmálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun. Borgarráð hefur samþykkt að skráðar skuli siðareglur fyrir Reykjavíkurborg. Stjórnkerfisnefnd borgarinnar hefur skipað stýrihóp til að annast verkefnið, en siðfræðistofnun hefur verið ráðin til ráðgjafar í verkefninu sem gert er ráð fyrir að verði unnið með viðtæku samráði við stjórnmálamenn og starfsfólk.

Hlutverk og starfsumhverfi starfsmanna.

Sveitarfélögin veita núorðið fjölþætta faglega þjónustu. Nefna má sem dæmi grunnskóla, leikskóla, félagsþjónustu, heilbrigðiseftirlit, skipulags- og byggingarmál og fjölmargt fleira. Starfsmenn sveitarfélaga hafa því mjög fjölbreytta þekkingu og bakgrunn. Háskólamenntuðum starfsmönnum hefur fjölgað mjög og segja má að velflestar háskólastéttir starfi hjá sveitarfélögum.

Sveitarfélögin á Íslandi eru sem heild einn stærsti vinnuveitandi landsins. Þau eru einnig oft og tíðum stærsti einstaki vinnuveitandinn á hverju svæði. Stöðugildi starfsmanna sveitarfélaga voru um 17.500 vorið 2004. Starfsmennirnir eru álíka margir og hjá ríkinu, eða um 10% mannafla á vinnumarkaði á Íslandi. Miðað við þróun undanfarinna ára í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er allt eins líklegt að starfsmönnum sveitarfélaga muni fjölga umtalsvert á komandi árum. Mikilvægi sveitarfélaga á vinnumarkaði fer því vaxandi. Áhrif starfsmannakostnaðar sveitarfélaga á íslenskt hagkerfi eru mjög mikil.

---

26 Gunnar Helgi Kristinsson (2001), 100, 187.

Mynd 11. Fjöldi starfsmanna sveitarfélaga og skipting þeirra eftir stéttarfélögum.
(Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.)

Stéttarfélag	Stöðugildi
I. **BSRB**	6.116,30
II. **BHM**	985,20
III. **KÍ**	5.892,40
IV. **ASÍ**	3.925,80
V. **Aðrir hópar**	352,30
VI. **Utan félaga**	151,90
Stöðugildi alls	17.423,90

Mikill munur er á starfsmannafjölda sveitarfélaga. Það getur verið allt frá því að oddviti sinni framkvæmdastjórn sveitarfélags í hlutastarfi til þess að starfsmenn sveitarfélags séu mörg þúsund manns eins og hjá Reykjavíkurborg. Umgjörðin um starfsliðið er því ærið misjöfn en það breytir því ekki að sömu meginreglur gilda um starfsmannahald allra sveitarfélaga.

Í upphafi árs 2005 voru framkvæmdastjórar starfandi í 65 af 101 sveitarfélagi, þar af var einn borgarstjóri, 32 bæjarstjórar og 32 sveitarstjórar. Í 36 sveitarfélögum voru ekki starfandi framkvæmdastjórar og er því í höndum oddvita að framkvæma ákvarðanir sveitarstjórnar og undirbúa mál. Það eru yfirleitt allra minnstu sveitarfélögin sem ekki hafa starfandi framkvæmdastjóra, en meðalíbúafjöldi í sveitarfélagi án framkvæmdastjóra er rúmlega 100 manns. Flest þessara sveitarfélaga sinna öllum helstu verkefnum sínum í samvinnu við önnur sveitarfélög og því er framkvæmdastjórn stærstu málaflokkanna oftar en ekki í höndum annarra en viðkomandi hreppsnefndar.

Gunnar Helgi Kristinsson kannaði árið 2000 menntun og starfsreynslu framkvæmdastjóra og birti niðurstöður í bók sinni „Staðbundin stjórnvöld – markmið og árangur sveitarfélaga". Síðan þá hafa farið fram sveitarstjórnarkosningar og töluvert hefur einnig verið um sameiningu sveitarfélaga sem breyta forsendum töluvert. Rúmur helmingur framkvæmdastjóranna hafði háskólapróf og hafði aðeins gegnt núverandi starfi frá 1998 eða skemur.[27] Niðurstöðurnar gefa þannig vísbendingar um að töluvert vanti upp á að myndast hafi öflugur hópur fagstjórnenda á sveitarstjórnarstiginu.

Sveitarstjórn ræður uppbyggingu alls stjórnkerfis sveitarfélags, innan ramma laga, þar á meðal skipan starfsmannahalds. Sem dæmi um lagaákvæði, sem takmarka svigrúm sveitarstjórnar við uppbyggingu starfsmannahalds, eru ákvæði grunnskólalaga, nr. 66/1995, sem lögvernda m.a. stöður skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara, auk reglna um fyrirkomulag við ráðningu. Þá fjallar V. kafli sveitarstjórnarlaga um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga, m.a. um ráðningu og verksvið framkvæmdastjóra og um ráðningu, starfskjör, réttindi og skyldur annarra starfsmanna sveitarfélaga.

Hafa verður í huga að aðeins hluti starfsmanna sveitarfélags hefur sérstökum skyldum að gegna í stjórnkerfi sveitarfélaga þar sem þorri starfsmanna starfar fyrst og fremst við það að veita þjónustu. Með þessu er átt við að það eru ekki margir starfsmenn sem starfa náið með

---

[27] Gunnar Helgi Kristinsson (2001), 91.

nefndum eða koma að öðru leyti að töku ákvarðana sem varða réttindi og skyldur íbúa eða stjórn sveitarfélagsins. Flestir starfsmenn vinna að þeirri þjónustu sem sveitarfélög veita, svo sem í grunnskólum, leikskólum og veitustofnunum.

Ákveðnir starfsmenn gegna veigamiklu hlutverki við að aðstoða sveitarstjórn og nefndir sveitarfélaga við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum og samþykktum sveitarfélagsins. Starfsmenn afla gagna, undirbúa stjórnsýslumál o.fl. Oft búa starfsmenn yfir meiri faglegri þekkingu en sveitarstjórnar- og nefndarmenn. Í þeim tilvikum hafa þeir því mikilvæga hlutverki að gegna að leggja faglegan grunn að ákvörðunartöku þannig að sveitarstjórnar- og nefndarmenn hafi þá þekkingu á viðkomandi máli sem ákvörðun krefst. Ráðgjafarhlutverk starfsmanna sveitarfélaga gerir töluverðar kröfur til þeirra. Æskilegt er að ráðgjöf þeirra feli í sér lýsingu á málsatvikum, upplýsingar um viðeigandi lög og reglur, upplýsingar um hvaða valkostir eru fyrir hendi og hvað mæli með og á móti hverjum kosti og að síðustu tillögu að ákvörðun.

Starfsmenn geta einnig sjálfir haft vald til töku ákvarðana á vegum sveitarfélagsins. Byggist það annaðhvort á því að stöðu viðkomandi starfsmanns fylgir vald á grundvelli laga eða á valdframsali innan sveitarfélagsins. Sem dæmi um hið fyrrnefnda, þ.e. stjórnsýslulegt hlutverk starfsmanns sveitarfélags á grundvelli laga, má nefna skólastjóra grunnskóla.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykktum sínum, í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélags, sbr. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga. Í þessu felst heimild sveitarstjórnar til þess að fela starfsmönnum að taka ákvarðanir á ákveðnum sviðum. Til dæmis er hægt að heimila byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfi vegna ákveðinna tegunda umsókna. Sveitarstjórn getur hvenær sem er dregið slíkt valdframsal til baka.[28]

Samantekt.

Starfsemi sveitarfélaga er umfangsmikil og skyldur þeirra miklar, eins og umfang starfsmannahalds þeirra gefur vísbendingar um. Ljóst er að mikill munur er á milli einstakra sveitarfélaga hvað varðar starfsmannahald. Þetta stafar ekki síst af því hve mikla og fjölþætta þjónustu sveitarfélögin veita íbúum sínum. Þau þurfa því að hafa hæfu starfsfólki á að skipa, m.a. starfsfólki sem hæft er til að veita ráðgjöf og leggja grunn að ákvarðanatöku annars vegar og jafnvel taka sjálft mikilvægar ákvarðanir hins vegar.

Það að sveitarstjórnirnar hafa yfirstjórn margra málaflokka með höndum gerir samhæfingu auðveldari þegar tilvik koma upp sem snerta ólíka aðila stjórnsýslunnar. Þessi samhæfingarhæfni sveitarfélaga er líklega þeirra helsti styrkleiki, en sveitarfélög geta boðið íbúum upp á heildstæðari úrlausn mála en einstakar stofnanir ríkisins.

Helsti styrkleiki sveitarfélaganna getur líka verið einn helsti veikleiki þeirra, það er smæðin og nálægðin. Hluti sveitarfélaganna hefur vegna fámennis lítið sem ekkert skrifstofuhald og getur ekki ráðið til sín framkvæmdastjóra. Þau hafa litla starfsemi á sínum snærum og sinna jafnvel lítið sem ekkert mikilvægum málaflokkum eins og fræðslu- og félagsþjónustu en leysa þau í samvinnu við önnur sveitarfélög. Misjafnt er hversu mörg sveitarfélög eru

---

[28] Nánar er fjallað um hlutverk og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélaga í riti Karls Björnssonar, *Vinnuveitendahlutverk sveitarstjórna*, og í riti Jóns Jónssonar, *Stjórnkerfi sveitarfélaga og reglur um málsmeðferð*. Bæði þessi rit er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

þátttakendur í samstarfsverkefnunum og ekki alltaf mjög skýrt hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Stjórnsýsla margra sveitarfélaga er þannig mjög veikburða. Sum þeirra ráða ekki við að hafa í þjónustu sinni fólk með sérþekkingu, stjórnsýslan mæðir því mikið á kjörnum fulltrúum sem flestir vinna fullan vinnudag við sitt aðalstarf og hafa því lítinn tíma til að afla sér þekkingar til að tryggja vandaða stjórnsýslu. Mikil hætta er þess vegna á mistökum. Með tilkomu nýrra laga, svo sem stjórnsýslulaga, eru miklu meiri kröfur gerðar til undirbúnings ákvarðana en áður var. Sveitarfélög sem ekki hafa aðgang að sérþjálfuðu starfsfólki eiga æ erfiðara með að fóta sig við þessar aðstæður.

7. Evrópa og íslensk sveitarfélög.

Vegna aðildar að EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að lögtaka mikinn fjölda af gerðum Evrópusambandsins. Margar þeirra leggja töluverðar skyldur á herðar sveitarfélögum og valda þeim kostnaði, enda hefur Evrópusambandið í auknum mæli samþykkt lög og reglugerðir sem varða sveitarfélög. Sveitarfélög á Íslandi hafa jafnframt aðgang að samstarfsáætlunum og ýmsum styrkjum í gegnum EES-samninginn. Af þeim sökum er virk hagsmunagæsla íslenskra stjórnvalda hjá Evrópusambandinu mikilvæg.

Reglugerðir sem aðilar að EES-samningnum þurfa að lögtaka geta kallað á ný eða breytt vinnubrögð eða tilteknar framkvæmdir á vegum sveitarfélaga. Í ársbyrjun 2004 voru um 4.000 gerðir hluti af EES-samningnum. Um 1.400 gerðir fylgdu samningnum í upphafi og ætla má að milli 300–400 gerðir séu teknar upp í EES-samninginn að meðaltali á ári hverju. Talið er að sveitarfélög og önnur staðbundin stjórnvöld séu framkvæmdaraðilar að meira en 75% af allri löggjöf Evrópusambandsins. Sá hluti löggjafar Evrópusambandsins, sem innleiddur er í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins, hefur margvísleg áhrif á sveitarfélög. Bein áhrif lúta t.d. að hlutverki sveitarfélaganna á sviði heilbrigðiseftirlits, hollustuverndar og umhverfismála; skyldum þeirra sem eigenda veitna og annarra fyrirtækja en einnig að starfsmannamálum og viðskiptum sveitarfélags við seljendur vöru og þjónustu á almennum markaði. Áhrifin eru einnig óbein að því leyti sem löggjöf ESB hefur almenn áhrif á þróun atvinnulífs í sveitarfélögum.

Afar misjafnt er hvert efni hverrar gerðar sem tekin er undir EES-samninginn er og hve mikil vinna eða kostnaður fylgir þeim. Margar þeirra leggja töluverðar skyldur á herðar sveitarfélögum og var það ein helsta orsök þess að héraðanefnd Evrópusambandsins var komið á fót.

Ítarlega greinargerð um áhrif aðildar Íslands að EES-samningnum má finna í skýrslu utanríkisráðuneytisins frá 2004. Markmið skýrslunnar, sem er að finna á vefsíðu utanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, var að gera tillögur um það hvernig samráði ríkis og sveitarfélaga skuli háttað svo þau geti sem best gætt hagsmuna sinna að því er varðar EES-samninginn. Skýrslan var gefin út af utanríkisráðuneytinu í janúar 2004 og ber hún heitið „EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga – Staða – horfur – tillögur.“ Í skýrslunni er einnig að finna greinargott yfirlit yfir stöðu og hagsmunagæslu sveitarstjórnarstigsins innan ESB og áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög.

Tillögurnar sem settar eru fram í skýrslunni um hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög vegna EES-mála fjalla fyrst og fremst um hvernig hægt er að efla hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga varðandi EES-samninginn og auka samstarf ríkis og sveitarfélaga í þeim efnum. Tillögurnar fjalla í megindráttum um:

- Samstarf ríkis og sveitarfélaga.
- Hagsmunagæslu á vettvangi EFTA.

- Upptöku gerða í EES-samninginn og innleiðingu EES-gerða í íslenskan rétt.
- Hvernig hægt er að auka þátttöku sveitarfélaga í samstarfsáætlunum.
- Miðlun upplýsinga og fræðslu til sveitarfélaga og samstarf ríkis og sveitarfélaga þar að lútandi.
- Óformlegar leiðir til að hafa áhrif.
- Evrópusamtök sveitarfélaga.

Í framhaldi af skýrslunni skipaði utanríkisráðherra starfshóp sem hefur yfirumsjón með samstarfi ríkis og sveitarfélaga um hagsmunagæslu vegna EES-mála sveitarfélaga og eftirlit með því að hún sé samhæfð og skilvirk. Einnig á starfshópurinn að hafa umsjón með fræðslu og kynningu fyrir sveitarfélög um EES-mál. Vorið 2005 fór rúmlega 30 manna hópur á vegum sambandsins í ferð til Brussel til að kynna sér starfsemi stofnana ESB og EFTA og hagsmunagæslu sveitarfélaga gagnvart þessum stofnunum.

Evrópuráðið.

Ísland hefur sem aðili að Evrópuráðinu fullgilt tvo Evrópusáttmála sem sérstaklega varða sveitarfélög. Líkt og komið hefur fram fullgilti Ísland Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga árið 1991. Árið 2004 fullgilti Ísland jafnframt samning um þátttöku útlendinga í opinberu lífi í sveitarfélögum. Félagsmálaráðuneytið hefur um langt skeið tekið virkan þátt í starfi stýrinefndar um staðbundið lýðræði (CDLR) og sérfræðinganefndar um fjármál sveitarfélaga. Á þessum vettvangi er fjallað um drög að nýjum tilmælum og unnar skýrslur um málefni sveitarfélaga og héraða. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur enn fremur þátt í sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins.

Evrópuráðið hefur beint ýmsum tilmælum varðandi staðbundin stjórnvöld til aðildarríkja sinna. Tilmælin, sem má finna á vef félagsmálaráðuneytisins, hafa sum hver verið þýdd á íslensku og höfð til hliðsjónar við lagasetningu hér á landi.

Samantekt.

Aðild Íslands að EES-samningnum leggur ákveðnar skyldur á herðar sveitarfélögum. Íslensk sveitarfélög eru þó illa í stakk búin til að fylgjast með öllu því sem gerist á vettvangi EES og varðar þau. Þannig er þekking á EES-samningnum lítil hjá flestum sveitarfélögum landsins. Því hefur verið þörf á kynningarstarfi og bættri upplýsingamiðlun til sveitarfélaga vegna EES-mála, enda töluverðir fjármunir í húfi. Vonir standa til að tillögur sem nýlega voru settar fram um hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög vegna EES-mála verði til bóta. Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við Reykjavíkurborg, utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið, sendi fulltrúa til sex mánaða starfsdvalar í Brussel til að kynna sér mögulega uppbyggingu hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög. Fulltrúinn hefur nú skilað af sér skýrslu þar sem eru gerðar ítarlegar tillögur um uppbyggingu hagsmunagæslu fyrir íslensk sveitarfélög gagnvart Evrópusambandinu

8. Fjármál sveitarfélaga.

Sveitarfélögin eru í heild sinni stór hluti af hagkerfinu og umfang þeirra í opinberum rekstri er umtalsvert. Samanlagt eru sveitarfélögin einn stærsti vinnuveitandi landsins með samtals tæplega 20.000 starfsmenn og ríflega helmingur rekstrarútgjalda þeirra felst í launakostnaði. Á árinu 2004 námu tekjur A-hluta sveitarfélaga um 11,4% af vergri landsframleiðslu og heildareignir í lok árs voru um 218 milljarðar kr. Þá eru ótaldar tekjur og eignir fjölmargra fyrirtækja og stofnana í eigu sveitarfélaga, svo sem orkuveitna, fasteignafélaga.

Sveitarfélög innheimta og ráðstafa um fjórðungi af skatttekjum hins opinbera og hlutur þeirra í opinberri samneyslu hefur verið á bilinu 32–35% eftir að rekstur grunnskólans var fluttur til þeirra frá ríkinu árið 1996. Hlutur sveitarfélaga í opinberri samneyslu hér á landi er þó talsvert minni en annars staðar á Norðurlöndunum þar sem hlutfallið er á bilinu 60–70%.

Mynd 12. Hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í samneyslu á Norðurlöndum.



Mynd 13. Skatttekjur hins opinbera.



Umfang sveitarfélaga gerir það að verkum að ákvarðanir sveitarstjórna um útgjöld og framkvæmdir geta haft mikil áhrif á hagvöxt, verðbólgu og aðra þætti og því er mikilvægt að stjórnendur sveitarfélaga axli ábyrgð í opinberri efnahagsstjórn og sýni aðhald þegar á þarf að halda.

Á árinu 2003 voru gerðar breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998. Ítarlegri reglur voru settar um meðhöndlun fjármuna sveitarfélaga, m.a. í tengslum við umtalsverðar fjárfestingar, sölu eigna og hvers kyns samninga sem fela í sér verulegar skuldbindingar fyrir sveitarfélag. Einnig var lögð aukin áhersla á það hlutverk eftirlitsnefndar að fylgjast með þróun fjármála sveitarfélaga og voru ákvæði um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga gerð að sér-

stökum kafla í lögunum til að undirstrika mikilvægi þeirra. Breytingarnar fela í sér auknar skyldur eftirlitsnefndarinnar til að kalla eftir skýringum ef hún telur að rekstur sveitarsjóðs stefni í óefni.

Í mars 2005 lauk tekjustofnanefnd störfum og skilaði félagsmálaráðherra tillögum sínum um breytingar á tekjustofnum. Á þeim mánuðum sem nefndin var að störfum voru jafnframt gerðar ýmsar breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem nefndin tók tillit til og taldi sýnt að væru til þess fallnar að efla sveitarstjórnarstigið. Þegar litið er á þessar breytingar og tillögur nefndarinnar er ljóst að fjárhagsleg áhrif eru mjög mikil. Varanleg áhrif, frá og með árinu 2009, eru rúmlega 1,5 milljarða kr. árleg tekjuaukning hjá sveitarfélögum en tímabundin áhrif eru hins vegar um 9,5 milljarðar kr. á tímabilinu 2005–2008 (2009).

Að tillögu tekjustofnanefndar hefur félagsmálaráðherra jafnframt skipað nefnd til að endurskoða framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Nefndin er skipuð þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum ásamt formanni sem ráðherra hefur tilnefnt. Nefndinni er ætlað að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess. Áætlað er að nefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl 2006. Um tillögur tekjustofnanefndar og áhrif þeirra er nánar fjallað í 12. kafla.

Útgjöld, afkoma og fjárhagsleg staða sveitarfélaga.

Launakostnaður er langstærsti útgjaldaliður sveitarfélaga en um 55% af heildarútgjöldum, að undanskildum fjármagnsgjöldum, eru vegna launa, launatengdra gjalda og breytinga lífeyrisskuldbindinga. Um 40% útgjaldanna eru vegna annars rekstrarkostnaðar og um 5% af heildarútgjöldum teljast til afskrifta. Þessi hlutföll eru nokkurn veginn þau sömu þegar litið er til sveitarfélaga með 300 íbúa og yfir en hjá sveitarfélögum með færri en 300 íbúa er hlutfall launakostnaðar langtum lægra, eða um 28%, sem skýrist af því að oftar en ekki er þjónusta sem þau veita í samrekstri með stærri nágrannasveitarfélögum.

Mynd 14. Hlutfallsleg skipting rekstrarútgjalda A-hluta sveitarfélaga.



Málaflokkar.

Starfsemi A-hluta sveitarfélaga er flokkuð í tíu málaflokka. Á mynd 15 má sjá hvernig útgjöld sveitarfélaga skiptast hlutfallslega eftir helstu málaflokkum. Málaflokkur fræðslu- og uppeldismála vegur þar þyngst með tæplega helming útgjalda, enda tilheyra þeim málaflokki málefni grunnskóla og leikskóla. Útgjöld vegna fræðslu- og uppeldismála námu tæplega 50 milljörðum kr. á árinu 2004. Útgjöld vegna félagsþjónustu voru um 13 milljarðar kr. en undir þann málaflokk falla t.d. útgjöld vegna félagslegrar aðstoðar, svo sem fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta, og útgjöld vegna þjónustu við aldraða, fatlaða og börn og unglinga. Útgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála námu tæplega 12 milljörðum kr. og sameiginlegur kostnaður nam samtals tæplega 7 milljörðum kr. en til sameiginlegs kostnaðar telst t.d. kostnaður vegna reksturs skrifstofa sveitarfélaga, laun framkvæmdastjóra og sveitarstjórnar og ýmis starfsmannakostnaður.

Mynd 15. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir málaflokkum.



Á mynd 16 má sjá að hlutfall stærstu málaflokkanna í útgjöldum sveitarfélaga er nokkuð breytilegt eftir stærð þeirra. Því minni sem sveitarfélögin eru þeim mun hærra hlutfall útgjalda rennur til fræðslu- og uppeldismála en að sama skapi verja minnstu sveitarfélögin hlutfallslega mun minna fé til félagsþjónustu og æskulýðs- og íþróttamála.

Mynd 16. Stærstu málaflokkar í útgjöldum eftir íbúafjölda sveitarfélaga.



Afkoma og fjárhagsleg staða sveitarsjóða.

Með setningu reglugerðar nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, voru gerðar verulegar breytingar á reikningsskilum sveitarfélaga. Í stað sérstakra reglna sem gilt höfðu um reikningsskil sveitarfélaga var sveitarfélögum nú gert að haga bókhaldi og reikningsskilum sínum í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga. Þessi breyting á meðferð reikningsskilanna gerir það að verkum að ekki er hægt að gera tölulegan samanburð á rekstri sveitarfélaga fyrir og eftir breytingarnar. Til dæmis hafði fjárfesting áður verið ýmist eignfærð eða gjaldfærð á viðkomandi rekstrarári en í samræmi við almennar reikningsskilavenjur eru allar fjárfestingar nú eignfærðar og svo afskrifaðar yfir líftíma viðkomandi eignar. Meðferð tekna og gjalda er gjörbreytt þar sem fyrir breytinguna höfðu þjónustutekjur og eyrnamerkt framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið dregin frá gjöldum í viðkomandi málaflokki en nú eru bæði tekjur og gjöld sýnd brúttó. Í raun má segja að einungis skuldir og skatttekjur séu samanburðarhæfar fyrir og eftir breytingu reikningsskilanna. Á mynd 17 má sjá hvernig helstu stærðir í rekstri sveitarsjóða hafa þróast frá árinu 2002.

Mynd 17. Þróun stærða í rekstri A-hluta sveitarfélaga.



Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarfélaga hefur verið nokkuð sveiflukennd þau þrjú ár sem nú liggja fyrir samkvæmt nýjum reikningsskilum. Þannig var niðurstaðan jákvæð um tæpar 700 millj. kr. á árinu 2002, á árinu 2003 var hún neikvæð um 2.800 millj. kr. en á árinu 2004 var niðurstaðan svo jákvæð um rúmlega 2.300 millj. kr. Breytt reikningsskil gera það að verkum að ýmsir reiknaðir liðir, þ.e. sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, eru hluti af rekstrarniðurstöðunni. Breyting lífeyrisskuldbindinga, afskriftir, verðbætur og gengismunur eru dæmi um reiknaða liði sem geta haft veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins en kalla ekki á fjárútlát á rekstrarárinu. Til að fá betri mynd af niðurstöðu daglegs reksturs sveitarfélaga, þ.e. þeirra tekna sem reksturinn aflar á árinu að frádregnum daglegum útgjöldum, er því nær að líta á veltufé frá rekstri. Veltufé frá rekstri eru þeir fjármunir sem sveitarfélag hefur til fjárfestinga og greiðslu afborgana af lánum. Á árinu 2004 nam veltufé frá rekstri rúmlega 8,3 milljörðum kr., eða sem nemur um 14% af langtímaskuldum í lok árs.

Eins og sjá má af myndinni hér að framan hafa heildartekjur sveitarfélaga verið í stöðugum vexti síðustu ár og nemur raunaukning þeirra um 10,3% milli áranna 2002 og 2004. Þrátt fyrir stöðugan vöxt tekna og ágæta rekstrarafkomu þegar á heildina er litið er ljóst að rekstrargrundvöllur sveitarfélaga og fjárhagsleg staða er ákaflega mismunandi. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðum þess ásamt sveitarfélögum á virkjunar- og álversvæðum á Austurlandi hafa t.d. búið við töluverða fólksfjölgun sem hefur kallað á umtalsverða fjárfestingu í skólum, vegakerfi og annarri þjónustu og óhjákvæmilega leitt til aukinnar skuldsetningar. Möguleikar þeirra til tekjuöflunar hafa hins vegar aukist verulega að sama skapi sem mun gera þeim kleift að grynnka á skuldum þegar um hægist. Á hinn bóginn hafa mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búið við stöðugu fólkfækkun svo árum skiptir auk þess sem sum þeirra hafa jafnframt þurft að glíma við erfiðleika eða breytingar í atvinnulífi. Tekjur þessara sveitarfélaga hafa staðið í stað eða jafnvel dregist saman en möguleikar til að skerða útgjöld á móti eru takmarkaðir.

Á vegum tekjustofnanefndar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga var á árunum 2004 og 2005 lagt í umfangsmikla greiningu á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga og umfangi og ástæðum fyrir fjárhagsvanda þeirra. Greining tekjustofnanefndar leiddi í ljós að nokkur fjöldi sveitarfélaga á landsbyggðinni á í rekstrarvanda sem í langflestum tilvikum má rekja til óhagstæðra ytri aðstæðna á borð við erfiðleika í atvinnulífi í viðkomandi byggðarlagi og tekjusamdráttar vegna fólksfækkunar. Möguleikar þeirra til að afla tekna og skipuleggja þjónustu sína á sem hagkvæmastan hátt eru takmarkaðir þar sem kröfur íbúa um þjónustu minnka ekki þótt íbúum fækki. Í ljósi þess var það ein af tillögum tekjustofnanefndar að hafin yrði endurskoðun á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hefur sérstakri nefnd verið falið það verkefni. Jafnframt lagði nefndin til að ríkissjóður veitti 700 millj. kr. aukaframlag á ári í jöfnunarsjóð næstu þrjú ár til að taka á vanda þessara sveitarfélaga.

Tekjustofnar sveitarfélaga.

Um tekjustofna sveitarfélaga gilda ákvæði laga nr. 4/1995, með síðari breytingum. Samkvæmt lögunum eru tekjustofnar sveitarfélaga útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en auk þess innheimta sveitarfélög ýmsar þjónustutekjur og tekjur af eigin stofnunum og fyrirtækjum. Hlutfall einstakra tekjustofna í heildartekjum sveitarsjóða (A-hluta) má sjá á mynd 18. Sérstaklega verður fjallað um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í 9. kafla.

Mynd 18. Hlutfallsleg skipting tekna A-hluta sveitarfélaga.



Hlutfall tiltekinna tekjustofna í heildartekjum er mjög mismunandi eftir stærð sveitarfélaga og endurspeglar í raun aðstöðumun sem sveitarfélög búa við til tekjuöflunar. Hjá fjölmennari sveitarfélögum eru útsvarstekjur hlutfallslega stærsti tekjustofninn en eins og sést á mynd 19 eru framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þriðjungur af heildartekjum minnstu sveitarfélaganna eða litlu minni en útsvarstekjur þeirra.

Mynd 19. Skipting tekna eftir íbúafjölda sveitarfélaga.



Heildartekjur sveitarfélaga á árinu 2004 námu 131,3 milljörðum kr., þar af námu tekjur A-hluta samtals 101,6 milljörðum kr. Á mynd 20 má sjá að vöxtur heildartekna A-hluta sveitarfélaga hefur verið töluverður á undanförnum árum. Samkvæmt fjárhagsáætlunum fyrir árið 2005 eru heildartekjur A-hlutans áætlaðar samtals 105,7 milljarðar kr. og hafa þær þá aukist um 14,7% á föstu verðlagi frá árinu 2002.

Mynd 20. Þróun heildartekna A-hluta sveitarfélaga á föstu verðlagi.



Í 9. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga, sem Íslendingar fullgiltu árið 1991, segir um tekjustofna sveitarfélaga:

- Sveitarstjórnum skulu tryggðir fullnægjandi tekjustofnar innan ramma hinnar opinberu fjármálastefnu og skal þeim frjálst að ráðstafa þeim að eigin vild innan valdsviðs síns.
- Tekjustofnar sveitarstjórna skulu vera í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskránni og lögum.
- Að minnsta kosti hluti af tekjum sveitarstjórna skal eiga rætur sínar að rekja til staðbundinna skatta og þjónustugjalda og hafa sveitarstjórnir vald til að ákveða upphæð þeirra eftir því sem kveðið er á um í lögum.
- Framlög sveitarstjórna skal ekki, ef unnt er, eyrnamerkja til fjármögnunar á sérstökum verkefnum.

Ekki verður annað séð en að lög um tekjustofna sveitarfélaga uppfylli ákvæði Evrópusáttmálans. Skatttekjur eru langstærsti hluti tekna sveitarfélaga hér á landi og sveitarfélög hafa talsvert svigrúm til álagningar í útsvari sem og fasteignaskatti. Að sama skapi er einungis lítill hluti tekna sveitarfélaga tilkominn vegna tilfærslna frá ríkinu. Þá er sveitarfélögum í sjálfsvald sett að hversu miklu leyti þau vilja fjármagna veitta þjónustu, þ.e. sem ekki er lögskyld, með þjónustutekjum. Á mynd 21, sem reyndar er með tölum frá árinu 2002, má sjá hvernig tekjusamsetning sveitarfélaga hér á landi er í samanburði við sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndunum.

Mynd 21. Tekjuskipting sveitarfélaga á Norðurlöndum árið 2002.



Útsvar.

Eins og fram hefur komið er útsvarið veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Á árinu 2004 voru útsvarstekjur sveitarfélaga samtals um 62,3 milljarðar kr. eða um 61% af heildartekjum þeirra. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga er lágmarksútsvar nú 11,24% en hámarksútsvar er 13,03%. Á mynd 22 má sjá þróun hámarks- og lágmarksútsvarsprósentu ásamt veginni meðalútsvarsprósentu sveitarfélaga frá árinu 1998.

Mynd 22. Þróun hámarks- og lágmarksútsvarsprósentu.



Eins og myndin sýnir er meðalútsvar sveitarfélaga nokkuð undir hámarki útsvarsheimildar enda fullnýta ekki allar sveitarstjórnir útsvarsheimildina. Á mynd 23 má sjá fjölda þeirra sveitarfélaga sem ekki leggja á hámarksútsvar og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga.

Mynd 23. Fjöldi og hlutfall sveitarfélaga sem fullnýta ekki útsvarsheimildir.



Á mynd 24 má sjá þróun útsvarstekna frá árinu 1997 en það ár var útsvarsprósentan hækkuð verulega í tengslum við flutning á rekstri grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Raunaukning útsvarstekna á tímabilinu er tæplega 56% en ef tekið er tillit til fjölgunar íbúa er raunaukningin tæplega 45%. Að tillögu tekjustofnanefndar sem lauk störfum á árinu 2000 voru útsvarsheimildir rýmkaðar með hækkun hámarksútsvars í áföngum úr 12,04% í 13,03% árið 2002. Möguleg tekjuaukning sveitarfélaga vegna þessarar hækkunar var rúmlega 5 milljarðar kr. miðað við álagningarstofn útsvars á árinu 2003. Eins og áður sagði hafa hins vegar ekki allar sveitarstjórnir nýtt sér aukið svigrúm til útsvarsálagningar og athyglisvert er að þar er einkum um að ræða annars vegar fámennustu sveitarfélög landsins og hins vegar þau fjölmennustu.

Mynd 24. Þróun útsvarstekna á föstu verðlagi árs 2004.



Fasteignaskattur.

Fasteignaskattur er lagður árlega á flestar fasteignir á landinu en ýmsar fasteignir, einkum í eigu opinberra aðila, eru þó undanþegnar fasteignaskatti, t.d. sjúkrastofnanir, grunnskólar, barnaheimili, íþróttahús, kirkjur o.fl. Í tillögum tekjustofnanefndar frá mars 2005 er lagt til

að undanþágum verði fækkað verulega. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga er hámark fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 0,5% af fasteignamati en hámark fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði er 1,32% af fasteignamati. Sérstök heimild er jafnframt í lögunum fyrir sveitarstjórnir til að hækka þessi hlutföll um allt að 25% eða í 0,625% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og 1,65% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis. Lögin veita sveitarstjórn einnig heimild til að veita afslátt eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega og nýta langflest sveitarfélög í landinu sér þær heimildir að einhverju eða öllu leyti.

Á árinu 2004 voru tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti um 11,3 milljarðar kr. eða um 11% af heildartekjum þeirra. Athyglisvert er að hlutfall fasteignaskatts af heildartekjum er mjög svipað meðal sveitarfélaga og skiptir stærð þeirra þá litlu máli. Samfara hækkandi fasteignaverði um mest allt land hafa tekjur sveitarfélaga af fasteignaskatti aukist umtalsvert og nemur raunaukning þessa tekjustofns um 20% frá árinu 2001. Einungis sex sveitarfélög fullnýttu heimildir til álagningar fasteignaskatts á árinu 2004 en ætla má að tekjuauki sveitarfélaga við fullnýtingu hefði samtals numið um 4,2 milljörðum kr. Á mynd 25 má sjá þróun í fasteignaskatti á föstu verðlagi ársins 1997.

Mynd 25. Þróun tekna af fasteignaskatti á föstu verðlagi á árunum 1997–2004.



Aðrar tekjur.

Sveitarfélög innheimta gjöld af hluta af þeirri þjónustu sem þau veita og hafa af því tekjur sem námu samtals 18,7 milljörðum kr. á árinu 2004 eða um 18% af heildartekjum þeirra.

Hér er um að ræða t.d. leikskólagjöld, sorphirðugjöld, holræsagjöld og ýmis leyfisgjöld. Almennt gildir um slík þjónustugjöld að þau mega ekki vera hærri en sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við að veita þjónustuna. Hins vegar er sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvort þau vilja niðurgreiða umrædda þjónustu til íbúa sveitarfélagsins en til að mynda er algengt að leikskólagjöld nemi einungis um þriðjungi af útlögðum kostnaði sveitarfélags við rekstur leikskóla.

Breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga síðustu ár.

Árið 1996 var rekstur grunnskóla að fullu fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Við þann verkefnaflutning var hámarksútsvar hækkað úr 9,2% í 12,04%.

Um mitt ár 1999 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga með það að markmiði að þeir yrðu á hverjum tíma í samræmi við lögskyld verkefni sveitarfélaga. Nefndin skilaði tillögum sínum 1. nóvember 2000 og leiddu þær tillögur til eftirfarandi breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga:

- Hámark útsvarsprósentu var hækkað í áföngum um 0,99%. Frá 1. janúar 2001 úr 12,04% í 12,70% og frá 1. janúar 2002 úr 12,70% í 13,03%. Á móti var tekjuskattsprósenta ríkisins lækkuð um 0,33% frá 1. janúar 2001. Lágmarki útsvarsprósentu var haldið óbreyttu.
- Fasteignamat var gert að stofni álagningar fasteignaskatts. Áhrif þess voru að álögur fyrir einstaklinga og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins lækkuðu verulega. Til að mæta tekjutapi sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins var framlag ríkisins af beinum og óbeinum sköttum ríkissjóðs í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukið um sem nam 1,1 milljarði kr. Gerðar voru sérstakar reglur um úthlutun jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna sem miðuðu að því að hvert einstakt sveitarfélag yrði jafnsett fyrir og eftir breytinguna.

Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins sem hófst í október 2003 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að vinna að tillögum um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við tillögur um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vinna nefndarinnar tók hins vegar fljótlega að snúast um möguleiðar leiðir til að efla núverandi tekjustofna sveitarfélaga, óháð hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu hins opinbera. Nefndin skilaði tillögum sínum 17. mars 2005 og voru þær eftirfarandi:

- Á árunum 2006–2008 komi árlegt 700 millj. kr. viðbótarframlag frá ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts, sbr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, verði fækkað verulega frá og með 1. janúar 2006. Álagning fasteignaskatts komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008. Tillagan skilar sveitarfélögunum 200 millj. kr. árið 2006, 400 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. frá og með árinu 2008. Samtals 1.200 millj. kr. árin 2006–2008 en varanlega 600 millj. kr. á ári frá þeim tíma.
- Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og sölufranlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007. Tillagan skilar sveitarfélögunum 280 millj. kr. á ári eða samtals 840 millj. kr. á árunum 2005–2007.
- Gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd til ársins 2008. Sameiginlega verði farið af gagnrýni yfir kröfur um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og kannaðar leiðir til að draga úr kostnaði. Tillagan skilar sveitarfélögunum 200 millj. kr. á ári eða samtals 600 millj. kr. á árunum 2006–2008.
- Lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir fyrsta fasteignamat eignar. Jafnframt verði unnið að endurskoðun á fasteignamati landa og jarða og lagaákvæðum er það varðar. Tillagan skilar sveitarfélögunum allt að 200 millj. kr. í varanlegan tekjuauka á ári, samtals 600 millj. kr. á árunum 2006–2008.
- Skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einkum m.t.t. breytinga á sveitarfélagaskipan. Nefndin taki mið af sjónarmiðum sem komið hafa fram við vinnu sameiningarnefndar og tekjustofnanefndar. Stefnt verði að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. október 2005.

Í fylgiskjali með tillögum nefndarinnar eru raktar ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á árunum 2004 og 2005 á tekjustofnum sveitarfélaga og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga vegna lagabreytinga og annarra ástæðna. Þær eru eftirfarandi:

- Í samræmi við viljayfirlýsingu frá 17. september 2004 verður allt að 2,4 milljörðum kr. varið til sameiningarframlaga á næstu árum.
- Skylda sveitarfélaga til að greiða framlög í Varasjóð viðbótarlána er fallin niður. Á árinu 2004 námu framlög sveitarfélaga í Varasjóð viðbótarlána um 300 millj. kr.
- Með breytingu á lögum um húsnæðismál, sbr. lög nr. 120/2004, var aukinn stuðningur við sveitarfélög vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Samkvæmt áætlun er um að ræða u.þ.b. 60 millj. kr. í aukin framlög á ári miðað við núverandi höfuðstól. Þá er nú hafin vinna við að kanna leiðir til að styrkja rekstrargrunn þess enn frekar.
- Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður frá árinu 2005. Um er að ræða u.þ.b. 260 millj. kr. árlegt framlag.
- Stofnframlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa falla niður frá árinu 2006. Um er að ræða u.þ.b. 200 millj. kr. árlegt framlag.

Þegar horft er til tillagna tekjustofnanefndar og allra breytinga á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem af þeim leiðir er ljóst að áhrif tillagnanna eru mjög mikil. Varanleg áhrif, frá og með árinu 2009, eru rúmlega 1,5 milljarða kr. árleg tekjuaukning hjá sveitarfélögum. Tímabundin áhrif eru hins vegar um 9,5 milljarðar kr. á tímabilinu 2005–2008 (2009).

Ekki er í öllum tilfellum um fjármuni úr ríkissjóði að ræða heldur er einnig um að ræða heimildir til ráðstöfunar eigin fjár sjóða í eigu sveitarfélaganna og tilfærslu fjármuna milli verkefna. Framlag úr ríkissjóði til sveitarfélaga á árunum 2005–2008 nemur 5 milljörðum kr. en varanleg tilfærsla fjármuna frá ríki til sveitarfélaga, sem kemur til vegna fækkunar undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts, nemur 600 millj. kr. á ári.

Reikningsskil og upplýsingaveita sveitarfélaga.

Samkvæmt VI. kafla sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir sveitarsjóð og stofnanir sveitarfélagsins fyrir lok desembermánaðar. Við gerð fjárhagsáætlunar skal sveitarstjórn gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins fari ekki fram úr heildartekjum þess. Takist það ekki ber sveitarstjórn að veita eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skýringar á ástæðum þess. Innan tveggja mánaða frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar skal sveitarstjórn jafnframt semja og afgreiða þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar ber að senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun og gildir hið sama um endurskoðaða áætlun.

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess ásamt samstæðureikningi fyrir sveitarfélagið. Í ársreikningi ber að sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar. Sveitarstjórn skal hafa lokið afgreiðslu ársreiknings eigi síðar en 1. júní og skal hann sendur, með áritun sveitarstjórnar og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, til ráðuneytisins fyrir 15. júní. Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila fjárhagsáætlun, þriggja ára áætlun eða ársreikningi innan tiltekins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags. Á undanförnum árum hefur ráðuneytið iðulega þurft að beita framangreindu lagaákvæði í einhverjum tilvikum, ýmist vegna vanrækslu á að skila fjárhagsáætlun, þriggja ára áætlun eða ársreikningi. Á árinu 2004 voru t.d. stöðvaðar greiðslur úr jöfnunarsjóði til sex sveitarfélaga vegna vanrækslu á að skila ársreikningi 2003 og greiðslur voru stöðvaðar til níu sveitarfélaga í mars 2005 vegna vanrækslu

á að skila fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Einkum eru það fámenn sveitarfélög sem gerast sek um alvarlega vanrækslu.

Í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga er starfsemi sveitarfélaga í reikningsskilum skipt í A- og B-hluta. Undir A-hluta fellur starfsemi sveitarsjóðs, þ.e. aðalsjóðs sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum, en undir B-hluta fellur starfsemi stofnana sveitarfélaga, fyrirtækja og annarra rekstrareininga sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem afla tekna sinna að mestu leyti með þjónustugjöldum.

Með setningu reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000, var stigið stórt skref til framþróunar í bókhalds- og reikningsskilamálum sveitarfélaga. Teknar voru upp almennar reikningsskilaaðferðir í reikningsskilum sveitarfélaga og í fyrsta sinn hér á landi var sköpuð formleg umgjörð um fjárhagslegar upplýsingar sveitarfélaga. Samkvæmt reglugerðinni ber sveitarfélögum að meðhöndla og flokka tekjur og gjöld á sambærilegan hátt og setja fram fjárhagsáætlanir sínar, ársreikninga og aðrar fjárhagslegar upplýsingar með samræmdum hætti. Samræming reikningsskila sveitarfélaga er afar þýðingarmikil og forsenda fyrir raunhæfum samanburði á fjárhagslegum upplýsingum innbyrðis milli sveitarfélaga annars vegar og milli sveitarfélaga og fyrirtækja í einkarekstri hins vegar.

Í október 2001 tóku gildi nýjar reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Með þeim var framsetningu ársreikninga sveitarfélaga og meðferð ýmissa þátta í bókhaldi og reikningsskilum þeirra breytt verulega. Tilgangurinn var að auka samræmingu í ársreikningum og fjárhagsáætlunum, gera raunkostnað einstakra rekstrareininga sýnilegri, m.a. með aðgreiningu launakostnaðar frá öðrum kostnaði, og að gera skarpari skil milli daglegs reksturs sveitarsjóðs og reksturs fasteigna í eigu sveitarfélagsins.

Upplýsingaveita sveitarfélaga.

Í september 2004 gerðu félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands samkomulag um að vinna sameiginlega að því að byggja upp og stofna til gagnagrunns sem heldur utan um fjárhagslegar og lýðfræðilegar upplýsingar um sveitarfélög, starfsemi þeirra og þjónustu. Vinnu við gagnagrunninn var lokið í september 2005 og þar eru nú upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga 2002 til 2004 og fjárhagsáætlunum 2005. Gagnagrunnurinn, gögn hans og hugbúnaður honum tengdur er sameiginleg eign samstarfsaðila. Samband íslenskra sveitarfélaga sér um daglegan rekstur og viðhald grunnsins í umboði samstarfsaðila og annast söfnun upplýsinga á rafrænu formi úr ársreikningum, fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum fyrir gagnagrunninn.

Félagsmálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að gerð vefsíðu til miðlunar á upplýsingum úr fjárhagsáætlunum og ársreikningum sveitarfélaga til sveitarstjórna og íbúa sveitarfélaga. Ákveðið hefur verið að vefsíðan verði tengd gagnagrunni samstarfsaðilanna og er stefnt að því að opnað verði fyrir síðuna í desember 2005. Á vefsíðunni verður á einfaldan hátt hægt að kalla fram upplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, gera samanburð á reikningum valinna sveitarfélaga, skoða þróun í fjármálum einstakra sveitarfélaga o.s.frv.

Víðast í nágrannalöndum okkar eru sambærilegir gagnagrunnar um málefni sveitarfélaga og má í þeim efnum benda á gagnagrunna danska innanríkisráðuneytisins (www.noegletal.dk) og norsku hagstofunnar (www.ssb.no/kostra).

Reikningsskila- og upplýsinganefnd.

Í samræmi við reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga starfar sérstök reikningsskila- og upplýsinganefnd sem skipuð er af félagsmálaráðherra. Nefndin er skipuð fjórum fulltrúum og jafnmörgum til vara. Hlutverk nefndarinnar er að:

- Stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum upplýsingum þeirra eftir því sem ráðuneytið ákveður.
- Semja reglur um þau atriði reikningsskila sveitarfélaga sem eru sérstök fyrir þau.
- Fjalla um flokkun og greiningu gjalda og tekna, eigna og skulda sveitarfélaga, form fjárhagsáætlana og ársreikninga og annarra fjárhagslegra upplýsinga sveitarfélaga.

Reglur nefndarinnar og aðrar ákvarðanir eru settar fram í formi stjórnvaldafyrirmæla eftir staðfestingu ráðherra og birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Þannig er nú kveðið skýrar en áður á um meðhöndlun fjárhagslegra upplýsinga í bókhaldi, reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar í öllu upplýsinga- og eftirlitskerfi félagsmálaráðuneytisins er einnig afar þýðingarmikið. Starfsemi hennar gefur aukinn möguleika á reglulegri upplýsingagjöf til annarra opinberra aðila og almennings um starfsemi sveitarfélaga og rekstur þeirra. Nefndin gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í tengslum við starfsemi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sem reiðir sig á að fjárhagslegar upplýsingar um sveitarfélög séu samanburðarhæfar og berist á tilsettum tíma.

Eftirlit með sveitarfélögum.

Sérstakri eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga var komið á fót árið 1998. Samkvæmt ákvæðum 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, ber félagsmálaráðherra að skipa þriggja manna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Einn fulltrúi í nefndina skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal einnig skipa þrjá varamenn með sama hætti.

Hlutverk eftirlitsnefndar er að fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og hafa eftirlit með að sveitarstjórnir gæti þess árlega, svo sem kostur er, að heildarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum viðkomandi sveitarfélags.

Með breytingu á sveitarstjórnarlögum árið 2003 var lögð aukin áhersla á það hlutverk eftirlitsnefndar að fylgjast með þróun fjármála sveitarfélaga og ákvæði um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga voru gerð að sérstökum kafla í lögunum til að undirstrika mikilvægi þeirra. Breytingarnar fela í sér auknar skyldur eftirlitsnefndarinnar til að kalla eftir skýringum ef hún telur að rekstur sveitarsjóðs stefni í óefni. Jafnframt er nú kveðið á um í lögunum að sveitarstjórn beri að tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um ákvarðanir um sölu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga og skal eftirlitsnefnd þá kanna fjárhagsleg áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma litið getur eftirlitsnefnd lagt til að ráðherra setji sveitarstjórn skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess. Sveitarstjórn ber jafnframt að tilkynna nefndinni ef tekin er ákvörðun um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun, þ.m.t. samninga af ýmsum toga sem gilda eiga til langs tíma.

Einnig er kveðið á um að sveitarstjórn beri að tilkynna eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um ákvarðanir um sölu fasteigna sem falla undir veðsetningarbann 2. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga. Skal eftirlitsnefnd þá kanna fjárhagsleg áhrif sölunnar á fjárhag sveitarfélagsins. Ef ráðstöfun er líkleg til að hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins til lengri tíma litið

getur eftirlitsnefnd lagt til að ráðherra setji sveitarstjórn skilyrði um ráðstöfun söluandvirðis eða ávöxtun þess.

Til þess að tryggja að eftirlitsnefnd fái allar upplýsingar sem máli skipta er kveðið á um að sveitarstjórnum beri að tilkynna nefndinni um verulegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárhagsáætlun, þ.m.t. samninga af ýmsum toga sem gilda eiga til langs tíma.

Í reglugerð nr. 374/2001, með síðari breytingum, sem ráðherra hefur sett í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, er nánar kveðið á um störf og málsmeðferð eftirlitsnefndar.

Í samræmi við reglugerðina framkvæmir nefndin árlega athugun á ársreikningum, fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum sveitarfélaga. Athugunin beinist meðal annars að rekstri og fjárhagslegri stöðu aðalsjóðs og annarra sjóða og stofnana sem teljast til A-hluta sveitarfélagsins, samanburði á niðurstöðu ársreiknings og fjárhagsáætlunar, forsendum fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar, nýtingu tekjustofna og mati á fjárhagsstöðu stofnana, fyrirtækja og annarra rekstrareininga sem teljast til B-hluta. Nefndin hefur sett sér ákveðin viðmið sem hún ber saman við ýmsar lykiltölur og hefur til hliðsjónar við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Leiði athugun nefndarinnar í ljós að afkoma sveitarsjóðs sé óviðunandi eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni aðvarar nefndin viðkomandi sveitarstjórn og kallar eftir skýringum. Sveitarstjórn er skylt að gera nefndinni innan tveggja mánaða grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörun nefndarinnar en ef sveitarstjórn sinnir ekki viðvörun nefndarinnar getur nefndin lagt til við félagsmálaráðuneytið að greiðslur til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði stöðvaðar.

Í langflestum tilvikum metur nefndin skýringar og viðbrögð sveitarstjórnar fullnægjandi. Sveitarstjórnir eru oftast meðvitaðar um óviðunandi afkomu eða erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og geta gripið til hagræðingaraðgerða í rekstri eða annarra úrræða til að bæta fjárhagsstöðuna. Sé fjárhagsstaða sveitarfélagsins ekki þeim mun verri er afskiptum nefndarinnar lokið. Meti nefndin það hins vegar svo að viðbrögð sveitarstjórnar við bágri fjárhagsstöðu séu ófullnægjandi, viðvarandi halli sé á rekstri sveitarsjóðs eða fjárhagsáætlanir standist illa eða byggist á óraunhæfum forsendum, svo dæmi séu nefnd, er viðkomandi sveitarstjórn gerð grein fyrir því að fjármál sveitarfélagsins verði áfram til skoðunar hjá nefndinni.

Nefndinni er einnig heimilt að láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélags ef hún telur að viðbrögð sveitarstjórnar í framhaldi af viðvörun nefndarinnar séu ófullnægjandi eða ef sveitarstjórn hefur ekki sinnt viðvörun nefndarinnar. Á grundvelli niðurstöðu rannsóknarinnar getur nefndin svo lagt fram tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur í rekstri eða stjórnun sveitarfélags. Telji nefndin það nauðsynlegt getur hún jafnframt gert samning við viðkomandi sveitarstjórn um aðgerðir til lausnar á fjárhagsvanda sveitarfélagsins.

Ef athugun nefndarinnar leiðir í ljós að fjárhagsstaða sveitarfélags sé svo slæm að það hafi ekki burði til að leysa fjárhagsvandann án utanaðkomandi aðstoðar og/eða að sveitarfélagið geti ekki með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum getur nefndin lagt til við ráðuneytið að það heimili lán- eða styrkveitingu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða heimili sérstakt álag, að hámarki 25%, á útsvar og/eða fasteignaskatt. Einnig getur nefndin kannað möguleika á aðkomu Lánasjóðs sveitarfélaga og annarra lánardrottna að lausn fjárhagsvandans. Ef fjárhagsstaða sveitarfélags er með þeim hætti sem að framan er greint og sveitarstjórn lýsir sig mótfallna samningi við nefndina, fer ekki eftir ákvæðum samnings eða bregst ekki með öðrum hætti við aðvörunum nefndarinnar ber nefndinni að meta hvort leggja skuli til við ráðherra að viðkomandi sveitarstjórn verði svipt fjárforræði.

Í mars 2005 var gerð breyting á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem felur í sér að sveitarfélögum er nú skylt að senda eftirlitsnefndinni greinargerð með fjár-

hagsáætlun, þriggja ára áætlun og ársreikningi ef niðurstaða áætlunar eða ársreiknings er að sveitarfélagið sé rekið með halla. Í slíkri greinargerð ber að rekja helstu ástæður hallareksturs og gera grein fyrir því hvort sveitarstjórn líti svo á að um tímabundinn halla vegna sérstakra ástæðna eða viðvarandi rekstrarvanda sé að ræða. Jafnframt ber sveitarstjórn að gera grein fyrir aðgerðum sem hún hyggst grípa til vegna rekstrarhallans. Markmið breytingarinnar er að tryggja að fyrir upphaf árlegrar athugunar eftirlitsnefndar liggi fyrir skýringar sveitarstjórnar ef rekstrarniðurstaða samkvæmt fjárhagsáætlun eða ársreikningi er neikvæð. Er miðað við að greinargerðin sé send nefndinni um leið og fjárhagsáætlun eða ársreikningur er sendur ráðuneytinu. Ætla má að sveitarfélögum sem nefndin hefur afskipti af fækki með þessu fyrirkomulagi.

Í kjölfar athugunar á ársreikningum, fjárhagsáætlunum og þriggja ára áætlunum hefur nefndin á síðustu árum sent á bilinu 20 til 30 sveitarfélögum bréf þar sem óskað hefur verið eftir skýringum sveitarstjórnar á tilteknum atriðum í rekstri og/eða reikningsskilum viðkomandi sveitarfélags. Í flestum tilvikum hefur, að gefnum skýringum sveitarstjórna, ekki þótt ástæða til frekari afskipta nefndarinnar af fjármálum sveitarfélaganna. Fjármál nokkurra sveitarfélaga hafa þó verið til skoðunar hjá nefndinni um nokkurn tíma. Í þeim tilvikum hefur nefndin óskað eftir reglulegum upplýsingum um þróun fjármála í samanburði við fjárhagsáætlun og í einstaka tilvikum hefur verið gerður samningur milli nefndar og viðkomandi sveitarstjórnar með það að markmiði að styrkja rekstrargrundvöll sveitarsjóðs.

Í lok árs 2004 óskaði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eftir aðkomu eftirlitsnefndar við úthlutun 200 millj. kr. af 400 millj. kr. aukaframlagi sem samkvæmt reglum sjóðsins var varið til sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga taldi vera í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna, svo sem vegna íbúafækkunar, tekjusamdráttar eða annarra ástæðna. Í kjölfarið fór fram ítarleg greining í eftirlitsnefndinni á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga og rekstrargrundvelli þeirra til skemmri og lengri tíma.

Varðandi erfiðar ytri aðstæður taldi nefndin að þar væri einkum um að ræða samdrátt í atvinnustarfsemi, veikingu tekjustofna sveitarfélaga og íbúafækkun. Orsakir samdráttar í atvinnustarfsemi geta verið margvíslegar en einkum má nefna breytta atvinnuhætti í sjávarútvegi og landbúnaði, svo og sérstök áföll varðandi rekstur einstakra fyrirtækja. Áhrif þessara erfiðu ytri aðstæðna á rekstur sveitarfélaga geta síðan leitt til viðvarandi hallareksturs viðkomandi sveitarfélaga. Afleiðingarnar eru aukin skuldasöfnun og versnandi peningaleg staða. Þessi sveitarfélög komast þannig í vítahring sem erfitt getur verið að komast út úr. Þegar um mikla íbúafækkun og tekjusamdrátt er að ræða getur verið nær óframkvæmanlegt að draga saman útgjöldin í sama mæli og tekjurnar minnka.

Að tillögu eftirlitsnefndar var umræddum 200 millj. kr. úthlutað til tíu sveitarfélaga sem nefndin taldi vera í sérstökum fjárhagsvanda. Skilyrði fyrir úthlutun var að fjármunirnir yrðu nýttir til niðurgreiðslu skulda og að sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga væru tilbúnar til að undirrita samning við nefndina um fjárhagslegar aðgerðir með það markmið að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarsjóðs til framtíðar. Sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna tíu gengust undir skilyrðin og fór úthlutun fram í lok maí 2005. Fjármunirnir skiptust að stærstum hluta eftir fjölda íbúa en þó var að nokkru leyti tekið tillit til peningalegrar stöðu sveitarfélaganna. Í samræmi við ákvæði samninganna mun eftirlitsnefndin fylgjast með rekstrarlegum árangri sveitarfélaganna og athuga hvort markmið samninganna nái fram að ganga.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerði engar athugasemdir við ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2004, en nefndin mun þó áfram fylgjast með rekstrarlegum árangri

þeirra tíu sveitarfélaga sem fengu aukaframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við ákvæði samninga milli nefndarinnar og viðkomandi sveitarstjórna.

Annað eftirlit.

Þó svo að sveitarfélögum sé skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar ætluð víðtæk sjálfsstjórn varðandi þau málefni sem þau sinna hefur löggjafinn talið nauðsynlegt að hafa eftirlit með þeim. Félagsmálaráðuneytið er ráðuneyti sveitarstjórnarmála og hefur það ráðuneyti almennt eftirlitshlutverk gagnvart sveitarfélögum. Í 1. mgr. 102. gr. sveitarstjórnarlaga segir: „Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.“ Þá er sambærilegar greinar einnig að finna í ýmsum öðrum lögum. Nefna má 9. gr. grunnskólalaga þar sem fram kemur að menntamálaráðherra skuli hafa eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lögin, reglugerðir við þau og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Í 3. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur fram að félagsmálaráðuneytið hafi eftirlit með því að sveitarfélögin veiti lögboðna þjónustu.

Í 8. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga kemur fram að allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna megi einungis framkvæma á þann hátt og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni eða í lögum. Þá segir þar að allt eftirlit með starfsemi sveitarstjórna skuli að jafnaði aðeins beinast að því að farið sé að lögum og grundvallarreglum stjórnskipunar. Þær lagagreinar, sem nefndar hafa verið hér að framan, kveða á um svokallað frumkvæðiseftirlit, þ.e. stjórnvaldið getur tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði. Ekki þarf kæru eða beiðni einhvers aðila til þó svo að slíkt geti vakið athygli ráðuneytisins á málinu.

Úrræði ráðuneytanna eru nokkuð takmörkuð og þurfa að vera lögbundin. Í 2. mgr. 102. sveitarstjórnarlaga kemur fram að vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skuli ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni. Ef sveitarstjórn verður ekki við áskorun ráðuneytisins innan tiltekins frests getur það skv. 3. mgr. greinarinnar stöðvað greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Þá getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni en því úrræði hefur þó aldrei verið beitt. Frumkvæðiseftirlit sem þetta felur ekki í sér heimild til ógildingar eða breytinga á ákvörðunum sveitarstjórna nema slíkt sé sérstaklega tilgreint í lögum.

Annar þáttur í eftirliti með starfsemi sveitarfélaga eru lagaákvæði um að heimilt sé að vísa ágreiningsatriðum til úrskurðar ráðuneytis eða sérstakrar úrskurðarnefndar. Slíkir úrskurðaraðilar hafa yfirleitt eingöngu heimild til að kanna hvort málsmeðferð hafi verið í samræmi við lög og að lögmæt sjónarmið hafi búið að baki ákvörðun. Ekki er gert ráð fyrir því að úrskurðaraðili geti hróflað við ákvörðun sem byggist á frjálsu mati sveitarstjórnar. Ekki er því gert ráð fyrir því að hann geti tekið nýja ákvörðun fyrir hönd sveitarstjórnarinnar heldur eingöngu ógilt ákvörðunina og beint því til sveitarstjórnar að taka nýja ákvörðun enda hafi sú fyrri verið ólögmæt.

Aðrir eftirlitsmöguleikar gagnvart sveitarfélögum eru einnig fyrir hendi. Þar er aðallega um að ræða umboðsmann Alþingis og dómstóla. Umboðsmaður Alþingis hefur það hlutverk að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Þá er þeim sem telur rétt á sér brotinn að sjálfsögðu heimilt að vísa slíkum málum til dómstóla.

Töluverð umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um eftirlit með sveitarfélögum. Hefur þá meðal annars verið bent á að 103. gr. sveitarstjórnarlaga, sem hefur að geyma almenna málskotsheimild til félagsmálaráðuneytis, bjóði upp á afar víða túlkun og á grundvelli hennar hafi verið skotið til ráðuneytisins ýmsum ákvörðunum sveitarstjórna sem ekki sé eðli-

legt að ráðuneytið hafi vald til að endurskoða, enda byggist þær á frjálsu mati sveitarstjórnar. Hefur í því sambandi t.d. verið bent á ákvarðanir sveitarstjórna um að sameina eða leggja niður skóla í dreifbýli og skipulag skólaaksturs.

Einnig hefur verið bent á að úrskurðar- og kærunefndir innan stjórnsýslunnar séu margar og reglur sem gilda um málskotsfrest og fleiri atriði er varða málsmeðferð og aðild að kærumálum séu ólíkar. Af þessum ástæðum kunni í ýmsum tilvikum að leika vafi á því hvert sé unnt að skjóta ágreiningi um gildi ákvarðana sveitarstjórna. Ekki hefur þó enn verið tekið til alvarlegrar skoðunar, svo vitað sé, hvort unnt sé að fækka þessum nefndum eða jafnvel að setja á stofn stjórnsýsludómstól sem tekið gæti við hlutverki þeirra.

Í félagsmálaráðuneytinu er fyrirhugað að hefja vinnu við endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Eitt af þeim atriðum sem nú eru til skoðunar er hvort ekki sé nauðsynlegt að skýra málskotsréttinn skv. 103. gr. laganna betur. Meðal annars getur komið til álita að beina málum meira í þann farveg að í stað eiginlegs málskots geti bæði íbúar og kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar beint erindum til ráðuneytisins sem eftirlitsstjórnvalds skv. 102. gr. laganna.

Samantekt.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en auk þess innheimta sveitarfélög ýmsar þjónustutekjur og hafa tekjur af eigin stofnunum og fyrirtækjum. Hagvöxtur undanfarinna ára hefur skilað umtalsverðri tekjuaukningu hjá sveitarfélögum. Þannig hafa skatttekjur sveitarfélaga aukist úr 50,7 milljörðum kr. á árinu 1997 í 83,4 milljarða kr. á árinu 2004 á föstu verðlagi þess árs og er það raunaukning sem nemur ríflega 64%.

Breytt reikningsskil frá og með árinu 2002 útiloka raunhæfan samanburð á heildartekjum og útgjöldum sveitarfélaga sem og afkomu þeirra fyrir og eftir breytinguna en frá 2002 til 2004 jukust heildartekjur A-hluta sveitarfélaga um 10,3% að raunvirði. Þegar á heildina er litið hefur afkoma sveitarfélaga á þessum þremur árum verið ásættanleg en því má samt ekki gleyma að rekstrargrundvöllur, tekjuöflunarmöguleikar og fjárhagsleg staða sveitarfélaga er ákaflega mismunandi. Þróun tekjustofna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannabyggðum þess þar sem íbúum fjölgar ört er verulega frábrugðin því sem verið hefur í ýmsum sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem íbúum hefur fækkað og erfiðleikar hafa verið í atvinnulífi. Möguleikar þessara sveitarfélaga til að auka tekjur og hagræða í rekstri eru takmarkaðir þar sem kröfur íbúa um þjónustu minnka ekki þótt íbúum og störfum fækki. Að mörgu leyti virðist því bág rekstrar- og/eða fjárhagsstaða sveitarfélaga vera byggðavandi.

Í ljósi mikils aðstöðumunar sveitarfélaga varð það ein meginniðurstaða tekjustofnaviðræðna ríkis og sveitarfélaga, sem lauk í mars 2005, að leggja til aðgerðir sem taka á vanda þeirra sveitarfélaga sem búa við erfiðar ytri aðstæður. Verður það m.a. gert með sérstöku 700 millj. kr. aukaframlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga næstu þrjú árin og auknum rekstrar- og söluframlögum varasjóðs húsnæðismála til sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Þá lagði nefndin það jafnframt til að hafin yrði endurskoðun á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hefur sérstakri nefnd verið falið það verkefni.

Aðstöðumunur sveitarfélaga gerir það að verkum að líklega verða tekjustofnar sveitarfélaga, úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hugsanlegar tilfærslur á skattstofnum milli ríkis og sveitarfélaga sífellt í umræðunni. Umhverfi sveitarfélaga er síbreytilegt og utanaðkomandi þættir geta á skömmum tíma breytt tekjuöflunarmöguleikum og fjárhagsstöðu sveitarfélags. Það er því mikilvægt að sveitarstjórnir leiti sífellt leiða til hagræðingar og aðhalds í rekstri en að sama skapi er nauðsynlegt að þeim séu ávallt tryggðir nægir tekjustofnar til að standa undir lögbundinni þjónustu við íbúa.

9. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Sveitarfélögum eru falin margvísleg verkefni samkvæmt lögum. Löggjafinn gerir ekki greinarmun á getu sveitarfélaga til að leysa verkefnin af hendi og því má segja að sömu kröfur séu gerðar til sveitarfélaga óháð stærð þeirra eða fjárhagslegri stöðu. Eftir því sem sveitarfélögin eru fleiri og stærðarmunurinn meiri, því meiri líkur eru á að ójöfnuður ríki þeirra á meðal. Jafnframt getur búsetumynstur og samsetning íbúafjölda valdið ójafnræði milli sveitarfélaganna. Það ójafnræði má sjá með ýmsum hætti.

Í fyrsta lagi skapast mismunandi útgjaldaþörf meðal sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna að kostnaður vegna grunnþjónustu sveitarfélaga, svo sem félags- og grunnskólaþjónustu, er mjög mismunandi. Vel þekktur er munur á útgjaldaþörf íslenskra sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla, en þetta sést greinilega þegar útgjöld á hvern nemanda eru skoðuð. Sveitarfélög sem reka minni grunnskóla hafa mun meiri útgjaldaþörf en sveitarfélög sem reka stærri grunnskóla þar sem kostnaður á hvern nemanda er hlutfallslega hærri í fámennum skólum. Auk þess reka landstór sveitarfélög oftar en ekki skóla með fleiri en einum kennslustað.

Í öðru lagi skapast ójafnræði meðal sveitarfélaga vegna missterkra tekjustofna þeirra, en stofnar til álagningar útsvars og fasteignaskatts eru mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Möguleikar sveitarfélaga til tekjuöflunar eru því misjafnir og ljóst að án sérstakrar jöfnunar þyrfti skatthlutfallið að vera hærra í tekjuminni sveitarfélögum en þeim tekjuhærri. Mjög líklegt er að slíkt hefði veruleg áhrif við val íbúanna á búsetu.

Í þriðja lagi geta sérstakar aðstæður verið ástæður ójöfnuðar meðal sveitarfélaga, og getur þess konar ástand varað tímabundið eða verið viðvarandi. Tímabundinn ójöfnuður getur skapast vegna skyndilegrar fólksfækkunar eða áfalla er tengjast atvinnulífi sveitarfélags. Landfræðilegar aðstæður eru dæmi um viðvarandi ójöfnuð meðal sveitarfélaga.

Í fjórða lagi getur skapast þörf til jöfnunar í kjölfar yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þar ráða aðstæður í sveitarfélögum miklu. Við yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga var útsvarshlutfall hækkað til að mæta auknum kostnaði í kjölfar verkefnaflutningsins. Þar sem kostnaður við rekstur grunnskóla er afar misjafn og tekjustofnar sveitarfélaganna missterkir var ákveðið að hlutfall af hækkuðu útsvari í kjölfar yfirfærslunnar rynni beint í Jöfnunarsjóð til að mæta ólíkri útgjaldaþörf sveitarfélaganna við verkefnaflutninginn.

Eins og hér hefur komið fram er jöfnun því nauðsynleg til þess að hægt sé að auka hlutdeild sveitarfélaga í verkefnum hins opinbera og gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögbundnum verkefnum. Því meiri sem innbyrðis munur er á sveitarfélögum því meiri verður jöfnunarþörfin.

Þróun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að greiða sveitarfélögum framlög til jöfnunar á mismunandi tekjumöguleikum þeirra og útgjaldaþörf. Jafnframt greiðir sjóðurinn lögbundin framlög til ýmissa samtaka og stofnana sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er í umsjá og vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast daglegan rekstur og afgreiðslu á hans vegum, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins. Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga, að fengnum tillögum fimm manna ráðgjafarnefndar. Nefndina skipar félagsmálaráðherra að afloknum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er hann formaður. Starfsmenn sjóðsins eru þrír.

Segja má að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í núverandi mynd hafi orðið til 1990, en þá voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sjóðnum var þá falið ákveðið jöfnunarhlutverk bæði hvað varðar tekju- og útgjaldaþörf sveitarfélaga auk þess sem honum voru falin tiltekin verkefni til að greiða fyrir breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og til að stuðla að sameiningu sveitarfélaga. Þá var gerð mjög þýðingarmikil breyting á tekjuöflun sjóðsins. Í stað fasts framlags á fjárlögum sem áður hafði tíðkast fékk sjóðurinn tiltekið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Á árunum 1993 og 1994 fór fram endurskoðun á sjóðnum. Sú endurskoðun beindist fyrst og fremst að tekjujöfnunar- og þjónustuframlögunum auk þess sem mótuð var stefna um framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga sem kom til framkvæmda 1. ágúst 1996.

Heildarendurskoðun fór fram á sjóðnum á árunum 2001 og 2002. Niðurstaða nefndarinnar sem þá vann að endurskoðun sjóðsins var sú að ekki væri ástæða til að gera róttækar breytingar á uppbyggingu og hlutverki sjóðsins. Framlögin voru gerð almennari og þeim stillt upp með þeim hætti að betri yfirsýn hefur skapaðist yfir verksvið sjóðsins. Gerðar voru breytingar á reglum sjóðsins að teknu tilliti til breyttra forsendna, m.a. vegna fækkunar og stækkunar sveitarfélaga og breytinga á tekjustofnum þeirra og verkefnum. Þá var reglum sjóðsins breytt til að styrkja enn frekar þýðingarmikið hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Helstu breytingar sem gerðar voru á framlögum sjóðsins voru þær að útgjaldajöfnunarframlögin komu í stað gömlu þjónustuframlaganna og framlög til reksturs grunnskóla vegna aksturs barna úr dreifbýli voru færð undir útgjaldajöfnunarframlögin sem sértakt viðmið. Lagt var til að stofnframlög til sveitarfélaga með færri en 2000 íbúa féllu niður og fjármagni því sem runnið hefur til þeirra framlaga yrði varið til almennrar dreifingar í gegnum útgjaldajöfnunarframlög og til framkvæmda við grunn- og leikskóla sem nauðsynlegar eru vegna endurskipulagningar í þjónustu og stjórnsýslu í kjölfar sameiningar sveitarfélaga.

Mynd 26. Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 1990–2005 á verðlagi hvers árs.



Eins og sjá má á mynd 26 hefur umfang Jöfnunarsjóðs vaxið til muna frá árinu 1990. Það ár námu tekjur hans samtals um 1.618 millj. kr. og samanstóðu þær annars vegar af almennu framlagi frá ríki, sem nam 1,4% af beinum og óbeinum sköttum ríkissjóðs, og hins vegar af landsútsvari. Landsútsvarið var lagt niður með lögum nr. 124/1993 en í stað þess var Jöfnunarsjóði markaður nýr tekjustofn, 0,227% af útsvarsstofni næstliðins tekjuárs, sem breyttist í 0,264% við yfirfærslu grunnskólans.

Hafa verður í huga þegar rætt er um mikla aukningu á umfangi Jöfnunarsjóðs að Alþingi hefur í a.m.k. þremur tilvikum á þessu tímabili falið sjóðnum ný og kostnaðarsöm verkefni. Með lögum um húsaleigubætur er tóku gildi í ársbyrjun 1995 var sjóðnum falið að hafa milligöngu um greiðslur húsaleigubóta til sveitarfélaga og fékk hann til þess framlag á fjárlögum sem þá nam 140.0 millj. kr. Þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaga í ágúst 1996 var Jöfnunarsjóði falið að jafna kostnað sveitarfélaga við rekstur grunnskólans. Fyrstu mánuðina var um að ræða beingreiðslur frá ríki í sjóðinn en frá árinu 1997 hafa sjóðnum verið tryggðar tekjur til verkefnisins sem nema 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert, sbr. umfjöllun hér að framan. Í tengslum við yfirfærsluna var sjóðnum jafnframt falið að hafa milligöngu um úthlutun framlaga vegna stofnframkvæmda við grunnskóla í sveitarfélögum sem hafa fleiri en 2.000 íbúa til að tryggja að lagaáform um einsetningu grunnskólans næðu fram að ganga. Samtals runnu árlega 265.0 millj. kr. frá ríki í Jöfnunarsjóð á árunum 1997–2001 vegna þess verkefnis. Á árinu 2001 ákvað Alþingi svo að fela Jöfnunarsjóði það hlutverk að veita sveitarfélögum framlög vegna breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts og runnu það ár um 1.165.0 millj. kr. í sjóðinn frá ríki vegna þess verkefnis.

Í samræmi við samkomulag um breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga frá 4. desember 2002 var viðmiðunargrunni framlaga úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, breytt frá 1. janúar 2003, og reiknast þau nú sem 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Jafnframt var sú breyting gerð að

framlag frá ríki vegna húsaleigubóta og vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts reiknast nú sem ákveðið hlutfall af 2,12% framlagi frá ríki. Framlög til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta geta numið allt að 11,5% af framlaginu og framlag vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts allt að 30%. Framlögin voru áður sérstakur liður í fjárlögum.

Á grundvelli samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga var greitt sérstakt aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 1999, 2000 og 2001, 700 millj. kr. hvert ár, og 400 millj. kr. á árunum 2003 og 2004. Jöfnunarsjóði var falið að koma því fjármagni til skila til sveitarfélaganna á grundvelli sérstakra reglna sem félagsmálaráðherra setti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Áætlaðar heildartekjur Jöfnunarsjóðs á árinu 2005 nema um 12.043 millj. kr.

Yfirlit yfir framlög sjóðsins.

Á grundvelli reglugerðar nr. 113/2003 skiptast framlög Jöfnunarsjóðs í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög og jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla. Nánar verður fjallað um framlögin hér á eftir og vísað til sérstakra reglugerða er kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga úr sjóðnum.

Bundin framlög.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
- Eftirlaunasjóðs.
- Húsafriðunarsjóðs.

Til bundinna framlaga sjóðsins hafa einnig talist framlög til Lánasjóðs sveitarfélaga en með breytingum á lögum um Lánasjóðinn sem tóku gildi 1. janúar 2005 hefur það framlag verið fellt niður. Frá árinu 1997 hefur hluti af lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga runnið til stofnframkvæmda við einsetningu grunnskóla í sveitarfélögum sem hafa fleiri en 2000. Á árunum 2005 og 2006 er einnig hluti þeirra framlaga, er áður runnu til Lánasjóðsins, eyrnamerktir þeim framkvæmdum.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum er úthlutað úr Jöfnunarsjóði vegna eftirfarandi þátta:

- Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga.
  Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 295, með síðari breytingum, frá 9. apríl 2003. Á grundvelli reglnanna eru greidd framlög vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, vegna undirbúnings og framkvæmdar sameiningar og vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Þá skerðast tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins ekki á sameiningarári og næstu fjögur árin frá sameininu. Jafnframt veitir sjóðurinn framlög til endurskipulagningar á þjónustu og stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum.
- Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga.
  Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
- Stofnframlög til sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa.

Framlögin falla niður frá og með 1. janúar 2006 en heimilt er að greiða á árinu 2006 framlög vegna framkvæmda á árinu 2005 og miðast framlögin við verkstöðu 31. desember 2005.

- Framlög vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum.
  Framlög eru veitt til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 973/2000, allt að 25 millj. kr. á ári. Bændasamtök Íslands annast, fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins, stjórnsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja.
  Framlög eru veitt til að jafna tekjutap sveitarfélaga í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts sem tóku gildi 1. janúar 2001, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum. Framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins reiknast sem mismunur á núgildandi fasteignamati og eldri álagningarstofni samkvæmt þeim álagningarhlutföllum sem giltu árið 2000.
- Framlög vegna húsaleigubóta.
  Jöfnunarsjóður greiðir framlög til sveitarfélaga vegna greiðslu þeirra á húsaleigubótum samkvæmt lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum. Í upphafi hvers árs skal liggja fyrir tillaga ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs til ráðherra um áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins til sveitarfélaga að teknu tilliti til áætlunar sveitarfélaga um greiðslur og ráðstöfunarfjár Jöfnunarsjóðs á viðkomandi ári.
- Framlög vegna sérstakra verkefna.
  Heimilt er að greiða sérstök framlög til sveitarfélaga eða stofnana þeirra vegna verkefna sem eru þýðingarmikil fyrir sveitarfélögin. Forsendur fyrir úthlutun framlaganna eru að þau stuðli að þróun til hagræðingar í rekstri og/eða þjónustu sveitarfélaga eða komi til móts við þau vegna verulega íþyngjandi og ófyrirséðra útgjalda vegna lögákveðinna verkefna eða af öðrum ástæðum sem ráðgjafarnefnd metur gildar.

Jöfnunarframlög.

Tekjujöfnunarframlög.

Jöfnunarsjóður veitir þeim sveitarfélögum tekjujöfnunarframlög sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög. Við útreikning framlaganna er sveitarfélögum skipt í eftirfarandi viðmiðunarflokka: a) Reykjavík, b) sveitarfélög með 10.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavík, c) sveitarfélög með 300–9.999 íbúa og d) sveitarfélög með færri en 300 íbúa. Ef meðaltekjur á íbúa í sveitarfélagi, miðað við fullnýtingu tekjustofna, eru lægri en 97% af meðaltekjum á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi viðmiðunarflokki er greitt tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

Útgjaldajöfnunarframlög.

Hlutverk útgjaldajöfnunarframlaga er að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Útgjaldajöfnunarframlög eru reiknuð út á grundvelli eftirfarandi viðmiðunarþátta: a).íbúafjöldi 0–5 ára (24,4%), b) 6–15 ára (17,6%), c) 16–66 ára (5,9%), d) 67–80 ára (7,5%), e) 81 árs og eldri (4,9%), f) fjöldi innflytjenda 0–5 ára (2,0%), g) fjarlægðir innan sveitarfélaga (8,8%), h) fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn (2,9%), i) skólakstur úr dreifbýli (21,5%), í) fækkun íbúa (2,0) og j) snjómokstur í þéttbýli (2,5%). Íbúatengdu viðmiðin eru umreiknuð með tilliti til stærðar hvers sveitarfélags.

Útgjaldajöfnunarframlög eru skert hjá þeim sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög. Skerðingin hefst þegar meðaltekjur á íbúa, miðað

við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 4% yfir meðaltali í hverjum viðmiðunarflokki. Framlögin falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir meðaltali.

Framlög vegna reksturs grunnskóla – reglugerð nr. 351/2002.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga við yfirfærslu grunnskólans 1. ágúst 1996 var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga er veitti sveitarfélögum heimild til hækkunar útsvars í þrepum um samtals 2,84%-stig eða úr 9,2% 1996 í 12,04% á árinu 1998 til að mæta kostnaði þeirra við framkvæmd grunnskólalaga. Eins og áður hefur komið fram voru Jöfnunarsjóði sveitarfélaga jafnframt tryggðar tekjur til að standa undir jöfnunarhlutverki sínu í tengslum við yfirfærsluna með framlagi er nemur 0,77% stigum af framangreindri útsvarshækkun. Gengið var út frá því að sá hluti útsvarshækkunarinnar, sem rynni beint til sveitarfélaga, fjármagnaði að fullu kostnaðarauka borgarinnar við verkefnið. Ekki væri því þörf á að Reykjavíkurborg fengi framlög úr Jöfnunarsjóði vegna yfirfærslunnar önnur en þau framlög sem borgin fengi á grundvelli samninga um framkvæmd ákveðinna verkefna.

Almenn jöfnunarframlög.

Langstærstur hluti af því fjármagni, sem rennur til Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga, fer í svokölluð almenn jöfnunarframlög. Þau eru reiknuð út á grundvelli reiknilíkans sem ætlað er að lýsa sem best útgjaldaþörf sveitarfélaga með tilliti til fjölda nemenda í hverju sveitarfélagi og stærðar þess eða þeirra skóla sem sveitarfélagið rekur eða nýtir. Einnig er tekið mið af útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslunnar og á þeim grundvelli er reiknuð út þörf hvers sveitarfélags fyrir viðbótartekjur, þ.e. almennt jöfnunarframlag.

Sérþarfir fatlaðra nemenda.

Jöfnunarsjóður veitir sveitarfélögum framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum. Framlögin eru veitt á grundvelli umsókna frá lögheimilissveitarfélögum nemendanna og er það skilyrði að nemendur hafi verið greindir fatlaðir af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands eða Sjónstöð Íslands og falli undir viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs. Framlögin eru ekki eyrnamerkt einstökum nemendum en er ætlað að koma til móts við sveitarfélög þar sem þjónustuþörfin er mest.

Á grundvelli samnings milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar greiðir Jöfnunarsjóður framlög til borgarinnar vegna yfirtöku á rekstri sérskóla og sérdeilda sem áður voru rekin af ríkinu.

Önnur aðkoma sjóðsins að rekstri grunnskóla.

Jafnframt veitir sjóðurinn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla vegna nýbúafræðslu, reksturs skólabúðanna að Reykjum og Barnaverndarstofu, auk annarra framlaga.

Stofnframlög til grunnskólaframkvæmda í sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa – reglugerð nr. 303/2003.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 1996 og í tengslum við lagaáform um einsetningu grunnskóla hefur Jöfnunarsjóður frá árinu 1997 veitt sveitarfélögum með fleiri en 2.000 íbúa sérstök framlög til nýframkvæmda eða breytinga á skólamannvirkjum. Framlögin hafa numið allt að 20% af normkostnaði þeim sem sveitarfélögin taka á sig við slíkar framkvæmdir. Verkefninu lýkur 31. desember 2005. Til verkefnisins hafa runnið samtals 1.325 millj. kr. frá ríki og 1.610.0 millj. kr. af lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga.

Fjárhagsleg áhrif Jöfnunarsjóðs.

Eins og mynd 25 um þróun tekna Jöfnunarsjóðs gefur til kynna hefur hlutverk sjóðsins aukist umtalsvert frá 1990. Hafa tekjur hans aukist frá því að vera tæpir 2 milljarðar kr. árið 1990 í að vera rúmir 12 milljarðar kr. árið 2005 á verðlagi hvers árs.

Mynd 27. Framlög úr Jöfnunarsjóði árið 2004 eftir landshlutum.



Á mynd 27 má sjá hvernig framlög Jöfnunarsjóðs skiptast milli landshluta árið 2004. Höfuðborgarsvæðið er sá landshluti sem tekur mest til sín af framlögum Jöfnunarsjóðs. Þangað fara rúmir 1,8 milljarðar kr. eða um 18% af heildarframlögum sjóðsins sem renna beint til sveitarfélaganna. Næstir í röðinni af landshlutunum eru Norðurland eystra og Suðurland. Hér er um þrjá fjölmennustu landshlutana að ræða en röðin verður allt önnur þegar framlög á íbúa í hverjum landshluta eru skoðuð.

Mynd 28. Framlög 2004 í kr. á íbúa eftir landshlutum.



Myndin sýnir hvernig framlög skiptast milli höfuðborgar og annarra landshluta að teknu tilliti til framlaga á hvern íbúa. Í ljós kemur að hlutfallslega rennur mun meira af framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga á landsbyggðinni. Framlög á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu nema tæpum 10 þús. kr. en hæstu framlög á hvern íbúa eru á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eða sem nemur rúmum 96 þús. kr. á hvern íbúa.

Enn fremur er gagnlegt að skoða hversu stór hluti framlaganna rennur til minni sveitarfélaganna eins og mynd 29 sýnir.

Mynd 29. Framlög á íbúa flokkað eftir stærð sveitarfélaga.



Samantekt.

Ljóst er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur mikilvægu hlutverki að gegna í tekjustofnakerfi sveitarfélaganna. Vægi hans hefur aukist verulega frá 1990 vegna aukinna verkefna sem Alþingi hefur falið sjóðnum. Sjóðurinn gegnir þýðingarmiklu hlutverki fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni og þá sérstaklega fyrir fámennustu sveitarfélögin. Því má segja að sjóðurinn gegni mikilvægu hlutverki fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

Eins og fram hefur komið hefur félagsmálaráðherra skipað nefnd til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að nefndin geri tillögur um hugsanlegar breytingar á reglugerðum sem sjóðurinn starfar eftir.

Er nefndinni ætlað að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess. Horft skal til þess hvort breytingar á sveitarfélagaskipan og tekjustofnum hafi að einhverju leyti breytt forsendum fyrir núverandi kerfi þegar horft er til framtíðar. Í því sambandi á nefndin að hafa meðal annars hliðsjón af hugmyndum tekjustofnanefndar um áherslur við endurskoðun sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að nefndin skoði hvort nægilegt tillit sé tekið til sérstakra aðstæðna í sveitarfélaga í núverandi jöfnunarkerfi og geri tillögur um breytingar ef þörf er á. Einnig skal nefndin kanna hvort núverandi kerfi tryggi réttláta jöfnun meðal sveitarfélaga. Í því felst það sjónarmið að sveitarfélög fái ekki meira úr sjóðnum en þau þurfa vegna tekju- og útgjaldaþátta en njóti engu síður ávinnings af hagkvæmni í rekstri.

10. Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Málefni sveitarfélaga og snerta ýmsa fleti daglegs lífs íbúa, fyrirtækja og ýmiss konar samtaka innan sinna staðarmarka. Málaflokkar sveitarfélaga heyra undir ólík ráðuneyti þrátt fyrir að félagsmálaráðuneytið fari formlega með málefni sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna að menntamálaráðuneytið fer með málefni grunnskóla og leikskóla, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer málefni heilbrigðis- og öldrunarþjónustu og umhverfisráðuneytið með matvæla- og umhverfismál, ásamt skipulags- og byggingarmálum. Samgönguráðuneytið fer með málefni hafna og almenningssamgöngur, svo eitthvað sé nefnt. Tæmandi upptalning á skiptingu málaflokka er varða sveitarfélög eftir ráðuneytum má sjá í í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, þar sem fjallað er um skiptingu málaflokka eftir ráðuneytum.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga eru af þessum sökum umfangsmikil, bæði formleg og óformleg. Bæði einstök sveitarfélög og samtök þeirra hafa töluverð samskipti við ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands varðandi starfsemi sína og aðra hagsmuni sveitarfélaganna.

Formleg samskipti ríkis og sveitarfélaga byggjast á ákvæðum laga, svo sem 87. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að Samband íslenskra sveitarfélaga sé sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu, auk ýmissa samninga og sáttmála milli ríkis og sveitarfélaga, svo sem samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir formlegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, en þess ber að geta að sveitarfélög og samtök þeirra hafa margvísleg samskipti við Stjórnarráðið og undirstofnanir ríkisins utan við hin formlegu samskipti.

Skrifstofa sveitarstjórnarmála.

Innan félagsmálaráðuneytisins starfar skrifstofa sveitarstjórnarmála og hefur hún umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarmála og húsnæðismála. Auk skrifstofustjóra eru þrír starfsmenn á skrifstofunni í u.þ.b. 2,5 stöðugildum. Náið samstarf er á milli skrifstofu sveitar-

stjórnarmála og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er hluti af skrifstofunni, en þó sem sjálfstæð eining.

Verkefni skrifstofunnar á sviði sveitarstjórnarmála eru einkum þau að hafa eftirlit með sveitarfélögum, fjalla um samskipti ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga og fjárhagsleg málefni almennt. Þar undir fellur fjárhagslegt eftirlit með sveitarfélögunum og fjárhagsleg upplýsingagjöf, sem og bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Þá kemur skrifstofan að ýmiss konar þróunarmálum á sviði sveitarstjórnarmála og mótun löggjafar um sveitarstjórnarmálefni.

Skrifstofa sveitarstjórnarmála hefur fyrir hönd ráðuneytisins eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, og öðrum löglegum fyrirmælum. Skrifstofan hefur einnig með höndum það hlutverk ráðuneytisins að úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna, að því leyti sem mál falla ekki undir úrskurðarvald annarra stjórnvalda. Einnig hefur ráðuneytið úrskurðarvald og umsjón með málum varðandi sveitarstjórnarkosningar og atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga. Þá þarfnast ýmsar samþykktir sveitarstjórna staðfestingar ráðuneytisins, svo sem samþykktir um stjórn og fundarsköp.

Enn fremur veitir skrifstofan einstaklingum, félögum og sveitarfélögum upplýsingar og ráðgjöf, meðal annars um túlkun laga er varða sveitarfélögin. Túlkun laganna fer fyrst og fremst fram skriflega, þ.e. með því að veita álit um einstök mál er varða starfsemi sveitarstjórna, en einnig er mörgum fyrirspurnum svarað símleiðis eða með tölvupósti

Samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga.

Formleg samskipti ríkisvaldsins við sveitarfélögin fara að mestu fram í gegnum hagsmunasamtök sveitarfélaga, þ.e. Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Um samskipti ríkis og sveitarfélaga er fjallað í X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Í 100. gr. laganna segir m.a.: „Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti.“ Á grundvelli þessa ákvæðis hafa ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga gert með sér samstarfssáttmála sem hingað til hefur gilt hefur til tveggja ára í senn og er þá endurskoðaður í ljósi reynslunnar.

Félagsmálaráðherra hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að nýjum samstarfssáttmála þar sem stefnt er að meiri formfestu og skilvirkari samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Í drögum að nýjum samstarfssáttmála er ítarlegar kveðið á um samskipti ríkis og sveitarfélaga en verið hefur. Markmið samstarfssáttmálans er að efla formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga, m.a. með því að koma á reglubundnum samskiptum og stuðla að sameiginlegri sýn á þróun, stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins. Megináherslan er að efla efnahagslegt samráð og auka formfestu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Í samstarfssáttmálanum er gert ráð fyrir að árlega sé haldinn a.m.k. einn samráðsfundur fulltrúa sambandsins, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra þar sem fjallað er um þróun og horfur í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar og þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur skal á samráðsfundum fjalla um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi nýja eða breytta löggjöf er snertir sveitarfélögin, verkefni þeirra og tekjustofna, auk óska sveitarfélaganna um breytingar á lögum og reglum.

Starfa skulu tvær undirnefndir sem undirbúa mál fyrir samráðsfundi ráðherra og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Annars vegar er kjaramálanefnd sem skal fjalla um þróun kjara- og starfsmannamála, auk lífeyrissjóðsmála ríkis og sveitarfélaga, og hins vegar samráðsnefnd um efnahagsmál sem skal fjalla um efnahagsmál og þróun í fjármálum ríkis og

sveitarfélaga. Nefndirnar munu vinna greinargerðir sem lagðar verða fyrir á samráðsfundum til umfjöllunar.

Frá byrjun árs 2003 hefur verið í gildi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldafyrirmæla gagnvart sveitarfélögum. Samkomulagið náði til að byrja með til frumvarpa og stjórnvaldafyrirmæla sem unnin voru í félagsmálaráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu en ári síðar bættist menntamálaráðuneytið í hópinn. Samkomulag þetta þýðir að áður en frumvörp eru afgreidd á Alþingi eða reglugerðir samþykktar af ráðherrum hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fengið frumvörpin og reglugerðirnar til umsagnar og gert við þær athugasemdir. Í tillögum tekjustofnanefndar frá mars 2005 er gerð tillaga um að kostnaðarmatið verði útvíkkað þannig að það nái til lagafrumvarpa og stjórnvaldafyrirmæla á vegum allra ráðuneyta Stjórnarráðsins.

Félagsmálaráðuneytið hefur kynnt sér samstarf ríkis og sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndunum og eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga í samræmi við þróun mála í þeim ríkjum.

Auk formlegs samráðs milli ríkis og sveitarfélaga má finna ákvæði í lögunum um eftirlitsskyldu ráðuneytisins og úrskurðarvald en ráðuneytið skal bæði hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum og úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd einstakra mála í sveitarstjórnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og eru öll sveitarfélög landsins aðilar að því. Sambandið er lögbundinn hagsmunagæsluaðili sveitarfélaganna í landinu, sbr. 87. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hlutverk sambandsins er tilgreint í 2. gr. laga þess:

- Að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem við á, gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum aðilum.
- Að vera fulltrúi íslenskra sveitarfélaga gagnvart erlendum samtökum um sveitarstjórnarmál og öðrum þeim aðilum erlendis er láta sig þau mál skipta.
- Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi um einstaka þætti sveitarstjórnarmála fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins fer með yfirstjórn þess milli landsþinga og er í forsvari fyrir það út á við. Hlutverk stjórnar er að fylgja eftir og útfæra þá stefnu sem landsþing sambandsins hefur markað í ýmsum málum er varða starfsemi sambandsins og málefni sveitarfélaganna. Á borð stjórnar berast fjölmörg erindi sem hún tekur afstöðu til í samræmi við stefnumörkun landsþings. Auk þess bregst hún við utanaðkomandi aðstæðum sem upp koma og hafa áhrif á sveitarfélögin. Jafnframt hefur stjórnin frumkvæði að því að taka upp mál er sveitarfélögin varða og fylgja þeim eftir við hlutaðeigandi aðila, svo sem ríkisstjórn, einstök ráðuneyti, Alþingi eða aðra, eftir eðli máls hverju sinni.

Stór þáttur í starfsemi sambandsins felst í samskiptum þess við löggjafar- og framkvæmdarvaldið. Einstakar nefndir Alþingis senda sambandinu til umsagnar mikinn fjölda frumvarpa sem fjalla um mál er sveitarfélögin varða með beinum eða óbeinum hætti. Sambandið vinnur og lætur í té umsagnir um þau mál og fylgir þeim gjarnan eftir með því að fulltrúar þess mæta á fundum þingnefnda og gera þar nánari grein fyrir umsögnunum og afstöðu sambandsins til þeirra mála sem um ræðir hverju sinni. Í sumum tilvikum hefur sambandið átt aðild að

undirbúningi löggjafar og samningu frumvarpa, svo sem um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Tíðast fer það fram með þeim hætti að sambandið á aðild að nefnd sem vinnur og undirbýr mál sem síðan eru lögð fyrir Alþingi. Jafnframt á sambandið mikil samskipti við framkvæmdarvald ríkisins, þ.e. einstök ráðuneyti, og auk þess einstakar stofnanir ríkisins.

Sambandið gegnir enn fremur almennu upplýsinga- og þjónustuhlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu en vinnur ekki að verkefnum fyrir einstök sveitarfélög né veitir þeim sérstaka þjónustu. Samskipti sambandsins við sveitarfélögin felast m.a. í því að þangað leita sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga eftir upplýsingum um margvísleg mál viðkomandi störfum þeirra. Sambandið heldur úti upplýsinga- og samskiptavef með miklu magni upplýsinga og fer notkun hans ört vaxandi. Útgáfa tímaritsins Sveitarstjórnarmála er einn þáttur í samskiptum við sveitarfélögin en þar eru birtar ýmsar upplýsingar og fróðleikur um sveitarstjórnarmál, auk þess sem margs konar annað efni er gefið út í sérritum, þar á meðal Árbók sveitarfélaga. Starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga er fjármögnuð með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Í 86. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga, en í 1. mgr. segir að sveitarfélög geti stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Öll sveitarfélög í landinu eru aðilar að landshlutasamtökum sem eru átta talsins.

Sveitarfélögum er ekki skylt að vera aðili að landshlutasamtökum og starfssvæði þeirra geta tekið breytingum án lagabreytinga. Sem dæmi má nefna að Vestmannaeyjabær var ekki aðili að landshlutasamtökum til skamms tíma en er nú aðili að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Starfssvæði landshlutasamtakanna fer að mestu eftir þeirri kjördæmaskipan sem var í gildi frá 1959 til 2003, að undanskildum Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hefur bæði Reykjavíkurkjördæmin og Suðvesturkjördæmi sem sitt starfssvæði. Í kjölfar breytinga á kjördæmaskipan hefur verið nokkur umræða um að breyta þurfi starfssvæðum landshlutasamtaka, eða a.m.k. að auka samstarf á milli landshlutasamtaka sem starfa innan sama kjördæmis.

Þar sem sveitarfélögum er ekki skylt að mynda og vera aðilar að landshlutasamtökum og ekki er kveðið á um í lögum hver skuli vera verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur starfsemi þeirra þróast á mismunandi hátt. Öll eiga þau það sameiginlegt að sinna hagsmunagæslu fyrir íbúa þess svæðis þar sem þau starfa, auk þess að vera samráðsvettvangur sveitarstjórnarmanna á svæðinu. Á vegum margra landshlutasamtaka er starfandi ráðgjöf á sviði atvinnu- og byggðamála. Mörg landshlutasamtakanna hafa enn fremur tekið að sér að halda utan um rekstur ýmissa sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna á svæðinu, til dæmis á sviði sorphirðu og förgunar, heilbrigðiseftirlits og skólaskrifstofu, svo eitthvað sé nefnt.

Eins og áður hefur komið fram hafa einungis sveitarfélög og ríki heimildir til að heimta skatt. Landshlutasamtök sveitarfélaga sækja sína tekjustofna annars vegar til þeirra sveitarfélaga sem að samtökunum standa og hins vegar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Stjórnir landshlutasamtakanna eru ekki kjörnar beinni kosningu af íbúum sveitarfélaganna, enda um samstarfsverkefni sveitarfélaga að ræða. Skv. 2. mgr. 86. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í samþykktum samtakanna.

Samantekt.

Sveitarfélögin eru hluti af framkvæmdarvaldi hins opinbera og bera ábyrgð á umfangsmiklum verkefnum sem Alþingi hefur falið þeim. Hlutdeild sveitarfélaga í opinberum útgjöldum hefur vaxið mikið, ekki síst í kjölfar þess að sveitarfélögin tóku yfir rekstur grunnskólanna. Samhliða hafa umsvif sveitarfélaganna í hagkerfinu aukist mikið og hafa ákvarðanir sveitarfélaga mikil áhrif á hagstjórn í landinu. Í ljósi þess er mikilvægt að halda áfram að þróa formlegt samstarf á sviði efnahagsmála, löggjafar og annarra atriða er snerta samskipti þessara tveggja stjórnsýslustiga.

11. Framtíðarviðfangsefni sveitarstjórnarstigsins.

Síðustu árin hefur farið fram mikil umræða um málefni sveitarfélaga og ýmis sjónarmið komið fram um framtíðarviðfangsefni sveitarfélaganna. Í kaflanum verður reynt að varpa ljósi á ýmis atriði sem vert er að hafa í huga í þeirri umræðu. Sveitarfélögin eru hluti af framkvæmdarvaldi hins opinbera og hafa veigamiklu hlutverki að gegna í stjórnskipan landsins eins og víða hefur komið fram í skýrslunni. Í eftirfarandi kafla er ætlunin að fara yfir styrkleika og veikleika íslenska sveitarstjórnarstigsins og reyna að finna ógnanir sem ber að varast og tækifæri sem hægt er að grípa til til að efla enn frekar sveitarstjórnarstigið og varpa ljósi á framtíðarviðfangsefni í málefnum sveitarfélaga. Hér er ekki um tæmandi greiningu að ræða, heldur er greiningunni ætlað að vekja athygli á helstu styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum til frekari umræðu. Auk þess verður farið yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að innan félagsmálaráðuneytisins á sviði sveitarstjórnarmála undanfarin missiri.

Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri.

Þær upplýsingar sem settar eru fram í skýrslunni og öðrum rannsóknum og athugunum á íslenskum sveitarfélögum, ásamt þeirri reynslu sem hlotist hefur síðastliðin ár, m.a. af átaki til eflingar sveitarstjórnarstiginu, gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika íslenska sveitarstjórnarstigsins og hafa varpað ljósi á mögulegar ógnanir og ný tækifæri fyrir íslensk sveitarfélög í framtíðinni. Á grundvelli þeirra upplýsinga og reynslu er lögð fram eftirfarandi greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum íslenska sveitarstjórnarstigsins. Ekki er um tæmandi greiningu að ræða, heldur er ætlunin að gefa innsýn í helstu atriði sem þarf að hafa í huga við stefnumótun á sveitarstjórnarstiginu.

Styrkleikar sveitarfélaganna.

Sveitarfélög eru mótvægi við hinn arminn á framkvæmdarvaldinu sem er ríkisvaldið. Auk þess skapa sveitarfélögin fjölda valkosta í búsetu fyrir almenning. Það felst mikill styrkur í því að hafa öflug sveitarfélög sem veita fjölbreytta og vandaða þjónustu í nánu samráði við íbúana. Einn helsti styrkleiki íslenskra sveitarfélaga er nálægð við íbúana. Í smærri stjórnsýslueiningum sem hafa yfirsýn yfir marga málaflokka er auðveldara að ákveða magn þjónustu í samræmi við eftirspurn. Samhæfing milli einstakra verkefna er einfaldari en hjá ríkisstofnunum sem hafa oftar en ekki afmörkuð verkefni. Stjórnmálamenn og starfsmenn sveitarfélaga geta þannig haft betri innsýn og yfirsýn yfir samfélag sitt og kröfur íbúanna.

Aukin yfirsýn yfir þarfir samfélagsins leiðir enn fremur til þess að aukin hagkvæmni næst í rekstri og dregur úr hættunni á því að sveitarfélagið verji miklum fjármunum í þjónustu eða verkefni sem fæstir eða jafnvel enginn hefur áhuga á að sveitarfélagið annist. Hagkvæmni sveitarfélaga sem þjónustuaðila felst í því að þau geta forgangsraðað með mismunandi hætti í samræmi við þarfir hins staðbundna samfélags.

Mismunandi forgangsröðun sveitarfélaga býður íbúum þannig upp á visst val um búsetu. Samkeppni getur myndast á milli sveitarfélaga um að bjóða aðlaðandi samsetningu á þjónustu og sköttum. Fólk getur því valið sér búsetu með hliðsjón af því en það veitir sveitarfélögunum visst aðhald. Það er að segja, íbúar gætu kosið með fótunum.

Stjórnsýsla sveitarfélaganna er smærri í sniðum en stjórnsýsla landsstjórnarinnar. Boðleiðirnar eru styttri og sveigjanleikinn oft meiri enda eru stjórnsýslustigin ekki eins mörg. Sveitarfélögin eru þess vegna oft fljótari að bregðast við nýjum aðstæðum og vandamálum en landsstjórnin. Smærri sveitarfélög ættu jafnframt að vera sveigjanlegri en þau stærri. Jafnframt er að sumu leyti auðveldara að meta árangur aðgerða þegar einingarnar eru minni.

Lýðræðisleg þátttaka er yfirleitt meiri í sveitarfélögum en í landsmálum. Mun fleiri taka þátt í sveitarstjórnarmálum en í landsmálunum enda starfa í sveitarfélögunum umfangsmikil nefndakerfi þar sem almennir borgarar koma að stjórnsýslu sveitarfélaga. Almenningur hefur enn fremur oftast betri aðgang að sveitarstjórnarmönnum en öðrum stjórnmálamönnum.

Veikleikar sveitarfélaganna.

Fámenni er hin veika hlið nálægðarinnar. Einn stærsti veikileiki íslenska sveitarstjórnarstigsins er hve mörg fámenn sveitarfélög eru á Íslandi sem hafa ekki bolmagn til að sinna helstu lögbundnum og venjubundnum verkefnum sveitarfélaga. Afleiðing þess er að erfitt hefur reynst að færa sveitarstjórnarfélögum aukin verkefni. Þar af leiðir að ekki er hægt að nýta alla þá möguleika sem felast í nálægð og samhæfingu í þjónustu. Raunar eru flest sveitarfélögin svo fámenn og veikburða að þau vinna meiri hluta verkefna sinna í samvinnu við önnur sveitarfélög og hafa þannig misst þá yfirsýn sem minni stjórnsýslueiningar hafa almennt.

Minnstu sveitarfélögin verja umtalsvert lægra hlutfalli útgjalda sinna til félagsþjónustu en fjölmennari sveitarfélögin sem gefur vísbendingar um að þau hafi litla burði til að takast á við verkefni sín. Mörg litlu sveitarfélaganna hafa lítið sem ekkert skrifstofuhald, engan framkvæmdastjóra, litla starfsemi á sínum snærum og sinna jafnvel lítið sem ekkert mikilvægum málaflokkum eins og fræðslu- og félagsþjónustu. Þau hafa lítið fjárhagslegt svigrúm til að taka að sér ný verkefni eða bregðast við óskum íbúa sinna um annað en það sem lög kveða á um.

Vegna fámennis ráða sum sveitarfélaga ekki við að hafa í þjónustu sinni fólk með sérþekkingu eða faglega hæfni sem tryggir vandaða stjórnsýslu. Hið lagalega umhverfi allrar opinberrar stjórnsýslu á Íslandi hefur á undanförnum árum orðið mun flóknara en áður og á mörgum sviðum opinberrar starfsemi eru miklu meiri kröfur gerðar til undirbúnings og efnis ákvarðana en áður var, ekki síst með tilkomu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Hætta á mistökum, t.d. við málsmeðferð, hefur fyrir vikið aukist.

Mikilli nálægð fylgir sá vandi að sveitarstjórnarmenn og starfsfólk sveitarfélaganna eru iðulega í persónulegum tengslum við það fólk sem leitar til sveitarstjórnanna með erindi. Slíkt getur valdið vandkvæðum við ákvarðanatöku, en dæmi eru um að nánast allir sveitarstjórnarmenn hafi verið vanhæfir við afgreiðslu máls í smáu sveitarfélagi.

Fámenn sveitarfélög ná oft ekki að nýta hagkvæmni stærðarinnar í rekstri sínum. Það sama á við um landstór sveitarfélög sem þurfa að reka margar þjónustueiningar, svo sem skóla. Hversu mikil stærðarhagkvæmnin er getur verið mjög mismunandi frá einu verkefni til annars. Líklega eru mestir möguleikar á að ná fram stærðarhagkvæmni í verkefnum þar sem fjárfestingarkostnaður er mikill, svo sem í rekstri veitna, brunavarna og sorphirðu. Auk þess liggur ákveðin stærðarhagkvæmni í því að nýta betur mannafla og mannvirki, svo sem í félags- og fræðsluþjónustu.

Mörg fámenn sveitarfélög hafa ekki bolmagn til að leysa lögbundin verkefni sín og þurfa því að leysa þau í samvinnu við önnur sveitarfélög og missa þannig visst forræði á verkefnunum. Slíkt getur vart talist í samræmi við hugmyndir um sjálfsforráða sveitarfélög. Oftar en ekki eru samvinnuverkefni leyst á þann hátt að stofnað er sérstakt félag um hvert verkefni og dregur það úr einum helsta kosti þess að leysa verkefni í sveitarfélögum, þ.e. samhæfingu ýmissa þjónustuþátta. Dæmi eru um sveitarfélög sem verja upp undir 80% af tekjum sínum til samvinnuverkefna.

Stór og fjölmenn sveitarfélög geta einnig verið veikleiki. Í stóru sveitarfélagi eins og Reykjavík er nálægðin milli sveitarfélags og borgaranna ekki eins mikil og víða annars staðar á Íslandi sem kann að hafa neikvæð áhrif á afstöðu íbúanna til þess sem sveitarfélagið gerir. Landfræðilega stór sveitarfélög skapa að sama skapi ekki þá nálægð sem íbúarnir ætlast til af staðbundnu stjórnvaldi.

Almennt er talið að fámenni og nálægð ýti undir þátttöku í stjórnmálum. Mörg sveitarfélög á Íslandi eru þó svo fámenn að kosningaþátttaka í þeim er mun minni en í fjölmennustu sveitarfélögunum. Enn fremur eru vísbendingar um að konur eigi erfiðara með að komast til áhrifa í fámennum sveitarfélögum en þeim fjölmennari.

Hið mikla samstarf sem fámennari sveitarfélögin hafa við önnur sveitarfélög um verkefni sín hefur líka slæm áhrif á lýðræði í þeim sveitarfélögum. Með miklu samstarfi skapast ýmis vandamál sem snerta lýðræðislega ábyrgð og sjálfan tilgang sveitarfélaganna. Íbúarnir eiga erfiðara með að gera sér grein fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd viðkomandi verkefnis. Þá getur sveitarstjórn oft átt auðveldara með að skjóta sér undan ábyrgð á því sem miður kann að fara en ef hún ræki viðkomandi starfsemi sjálf, einfaldlega með því að vísa öllum vandkvæðum til samstarfsaðilanna. Því verður erfitt fyrir íbúana að draga þá sem ákvarðanir taka til ábyrgðar í kosningum. Hið lýðræðislega vald almennings þynnist þar með og lýðræðisleg ábyrgð sveitarstjórnanna um leið.

Þar sem um samstarf og samninga er að ræða er hætt við því að ákvarðanir miðist við lægsta samnefnara, þ.e. að aldrei verður gengið lengra í neinu máli en þeir gera sem skemmst geta gengið. Það býður heim hættunni á því að hagsmunum fjöldans verði fórnað fyrir hagsmuni minni hlutans.

Fámenni og einhæft atvinnulíf margra sveitarfélaga gera það að verkum að tekjugrundvöllur þeirra er takmarkaður og þau því upp á utanaðkomandi stuðning komin, en mörg sveitarfélög fá stærstan hluta tekna sinna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Ógnanir.

Helsta ógnun margra sveitarfélaga á Íslandi er neikvæð íbúaþróun. Þegar íbúum fækkar þurfa færri skattgreiðendur en áður að standa undir grunnkostnaði við starfsemi sveitarfélaganna. Úr því getur hafist vítahringur fjárhagskreppu og mannfæðar sem sveitarfélögin eiga erfitt með að komast út úr.

Íbúafækkun getur í sumum tilvikum skapað andrúmsloft örvæntingar og vonleysis sem ýtir sveitarstjórnum út á ystu nöf þess sem talist getur ábyrg fjármálastjórn. Íbúar margra sveitarfélaga vænta þess að sveitarstjórnin hafi forustu um atvinnuþróun byggðarlagsins og grípi inn í til að tryggja atvinnutækifæri. Slíkur þrýstingur getur leitt sveitarstjórnir inn á þá braut að taka beinan þátt í atvinnulífinu með tilheyrandi áhættu.

Misjöfnum íbúafjölda sveitarfélaga og ólíkri fjárhagsstöðu fylgir hætta á mismunun landsmanna hvað aðgengi að opinberri þjónustu varðar.

Það hefur verið stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar að færa aukin verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Eins og áður segir hefur verkefnaflutningur umtalsverða

kosti en honum fylgja einnig ýmiss konar vandamál. Fyrir minnstu sveitarfélögin getur aukin byrði verkefna ógnað bæði fjárhagsstöðu og sjálfum tilvistargrundvelli sveitarfélagsins, auk þess sem hætt er við að þjónustustig verði mismunandi eftir svæðum og sveitarfélögum.

Meðal þess sem kann að gera sveitarfélögunum, þá sérstaklega þeim fámennustu, í vaxandi mæli erfitt fyrir er almenn þróun til aukinnar regluvæðingar í samfélaginu. Skýrari reglur um opinbera starfsemi eru að mörgu leyti jákvæð þróun sem styrkir réttarstöðu almennra borgara í viðskiptum þeirra við hið opinbera. Minni sveitarfélög eiga þess vegna stöðugt yfir höfði sér að eftirlitsaðilar komist að þeirri niðurstöðu að þau hafi ekki fylgt settum reglum. Slíkt er álitshnekkir fyrir sveitarfélögin og getur kostað þau útgjöld.

Tækifæri.

Sveitarfélögin eru vettvangur fyrir nærþjónustu í nánu sambandi við íbúana. Þau bjóða upp á tækifæri fyrir virkt íbúalýðræði og þjónustu sem er í góðu samræmi við óskir íbúanna. Styrkja má sveitarfélögin sem nærþjónustuaðila og auka áhrif íbúanna á stefnumótun með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Með samhæfingu velferðarverkefna sem nú eru á hendi ríkisins og verkefna sveitarfélaga má ná fram bættri þjónustu fyrir sama fjármagn eins og reynslusveitarfélagaverkefnið sýndi fram á.

Sveitarfélögin geta tekið virkari þátt í atvinnu- og byggðamálum en verið hefur, ekki síst ef sveitarfélög ná yfir heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Atvinnu- og byggðastefna sveitarfélaga getur falist í því að styðja við nýsköpun og vaxtarbrodda í atvinnulífinu, þannig að skilyrði skapist fyrir starfsemi sem að öðrum kosti ætti erfitt með að fóta sig. Í ferðaþjónustu geta til að mynda sveitarfélögin skapað umgjörð utan um atvinnugrein sem að hluta byggist á frjálsri markaðsstarfsemi en að hluta á stuðningi sveitarfélaganna (t.d. varðandi kynningarstarf, samgöngur og menningarstarfsemi). Hins vegar hafa sum þeirra sveitarfélaga, sem hafa náð bestum árangri í að styrkja undirstöður vinnumarkaðarins, gert það með því að byggja upp mennta- og menningarstarfsemi. Með aukinni þátttöku og ábyrgð sveitarfélaga í atvinnu- og byggðamálum má vænta fjölbreytni í aðgerðum og virkari tengslum við íbúa og atvinnulíf á viðkomandi svæðum.

Skiptingin í sveitarfélög býður upp á tækifæri til nánara sambands stjórnvalda við íbúana. Borgarafundir, íbúaþing, atkvæðagreiðslur um einstök mál og hverfaráð eru meðal þeirra leiða sem sveitarfélögin hafa farið til þess að styrkja þessi tengsl. Hið persónulega samband sveitarstjórnarmanna og umbjóðenda þeirra skiptir ekki síður máli. Í sveitarfélögunum hafa íbúarnir greiðari aðgang að stjórnmálamönnum en mögulegt er á öðrum stjórnsýslustigum og það auðveldar íbúum að koma óskum og klögumálum á framfæri.

Með samstarfi, hvort sem það miðar að sameiningu eða ekki, má að hluta til yfirvinna ýmis af þeim vandamálum sem fylgja fámenni í sveitarfélögum, auka bolmagn sveitarfélaga og auka hagkvæmni í rekstri. Svo samstarf skili sem bestum árangri þarf að hafa í huga nokkur atriði, svo sem samhæfingu þess verkefnis sem unnið er í samvinnu við önnur skyld verkefni, fjölda sveitarfélaga sem taka þátt í samstarfinu og bolmagn þeirra til að taka virkan þátt í því.

Sveitarstjórnarstigið býður að sumu leyti upp á mun meiri fjölbreytileika og tækifæri til nýsköpunar en mögulegt er í stjórnsýslu ríkisins. Sum sveitarfélaganna hafa innleitt nýjar stjórnunaraðferðir hjá sér (t.d. árangursstjórnun), gert tilraunir með ný rekstrarform (t.d. einkaframkvæmd) og gert tilraunir með að færa þjónustuna út til borgaranna (t.d. í hverfaskiptingu þjónustunnar). Rafræn stjórnsýsla býður jafnframt upp á mikil tækifæri í sveitarfélögunum. Ný boðskiptatækni býður upp á áður óþekkta möguleika í miðlun upplýsinga, samskiptum manna í milli og afgreiðslu á málum íbúanna. Fjarlægðir skipta þannig minna

máli, ekki síst í dreifbýlum sveitarfélögum eða sveitarfélögum með marga byggðarkjarna. Á sama tíma og aukinn þrýstingur er á að skapa stærri heildir á sveitarstjórnarstiginu kemur þannig tæknin í vissum mæli til hjálpar og dregur úr þeim ókostum sem fylgja stærri landfræðilegum heildum.

Ýmis tækifæri eru til staðar fyrir sveitarfélög til að efla sig sem stjórnsýslueiningu og nærþjónustuaðila. Nálægð og yfirsýn yfir hagsmuni hins staðbundna samfélags er helsti kostur sveitarstjórnarstigsins, en gæta þarf að því að nálægðin verði ekki á kostnað bolmagns sveitarfélagsins til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Helsta ógn sveitarfélaga á landsbyggðinni er neikvæð byggðaþróun og því er mjög mikilvægt að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, vinni í sameiningu að því að finna leiðir til að verjast þeirri ógn, t.d. með því að auka vægi sveitarfélaganna og flytja opinber verkefni út á land.

Samantekt.

Öflugt sveitarstjórnarstig býður upp á fjöldamörg tækifæri til framtíðar. Í umhverfinu eru enn fremur ýmsar ógnir. Framtíðarviðfangsefnið hlýtur að vera að leita leiða til að gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að grípa þau tækifæri sem gefast og varast ógnir. Ein af leiðunum að því marki er að byggja á styrkleikum sveitarfélaganna og draga úr veikleikunum. Í því felst að finna jafnvægi sem byggist á bolmagni sveitarfélaganna til að sinna lögbundnum verkefnum með hagkvæmum og skilvirkum hætti og nálægð þeirra við íbúana og úrlausnarefnin. Upplýsingaveita sveitarfélaga er mjög mikilvægur upplýsingagrunnur sem leitin að þessu jafnvægi mun byggjast á.

12. Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins.

Hinn 19. ágúst 2003 lagði félagsmálaráðherra til við ríkisstjórn að orðið yrði við tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um sérstakt átak um eflingu sveitarfélaga. Í minnisblaði sem lagt var fyrir ríkisstjórn segir meðal annars:

„Til að ná ásættanlegum árangri í fækkun sveitarfélaga og aðlögun tekjustofnakerfis sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan í framhaldinu, er áformað að skipa sérstaka verkefnisstjórn sem hefði umsjón með undirbúningi og framkvæmd þessara mikilvægu verkefna og tvær undirnefndir um sitthvort verkefnið.“

Í kjölfarið skipaði félagsmálaráðherra verkefnisstjórn til að hafa umsjón með samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga til eflingar sveitarstjórnarstiginu. Í verkefnisstjórn voru skipuð Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambandsins, og Hjálmar Árnason alþingismaður sem skipaður var formaður.

Auk verkefnisstjórnar voru skipaðar tvær undirnefndir, sameiningarnefnd og tekjustofnanefnd, sem fengu annars vegar það hlutverk að leggja fram tillögur um breytingar á sveitarfélagaskipan og hins vegar að leggja fram tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Í sameiningarnefnd voru skipaðir sjö fulltrúar, þrír fulltrúar sveitarfélaga, þrír alþingismenn og einn fulltrúi félagsmálaráðherra. Í nefndina voru skipuð Magnús Stefánsson alþingismaður, Margrét Frímannsdóttir alþingismaður, Guðjón Hjörleifsson alþingismaður, Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, Helga Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð, Elín R. Líndal, sveitarstjórnarmaður í Húnaþingi vestra, og Guðjón Bragason sem skipaður var formaður. Nokkrar breytingar urðu á nefndarskipan í sameiningarnefnd á tímabilinu, en 10. febrúar 2004 tók Bryndís Hlöðversdóttir alþingismaður sæti í nefndinni í stað Margrétar Frímannsdóttur. 14. október 2004 var Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, skipuð formaður nefndarinnar í stað Guðjóns Bragasonar. Einar Már Sigurðar-

son alþingismaður var skipaður í nefndina í stað Bryndísar Hlöðversdóttur 2. september 2005.

Í tekjustofnanefnd voru skipaðir fjórir fulltrúar, tveir fulltrúar ríkis og tveir fulltrúar sveitarfélaga. Í nefndina voru skipaðir Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, Árni Þór Sigurðsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður. Haustið 2004 voru gerðar umtalsverðar breytingar á nefndinni, en 14. október tók Guðjón Bragason við formennsku í nefndinni af Hermanni Sæmundssyni og Ólafur Hjálmarsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, tók sæti Baldurs Guðlaugssonar. Auk þess var fjölgað í nefndinni og var Halldór Halldórsson bæjarstjóri skipaður nýr fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Svanhvít Jakobsdóttir skrifstofustjóri nýr fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. 14. desember 2004 var Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, skipaður í nefndina í stað Árna Þórs Sigurðssonar.

Markmið og vinnuferli.

Markmið verkefnisins var að efla sveitarstjórnarstigið á Íslandi með aukinni valddreifingu hins opinbera. Lögð var áhersla á valddreifingu með flutningi verkefna og fjármagns frá ríki til sveitarfélaga. Samhliða aukinni valddreifingu var talið nauðsynlegt að efla sveitarfélögin sjálf sem stjórnsýslueiningar með sameiningu sveitarfélaga. Í samræmi við stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum var lagt upp með að sveitarfélög myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði og verði nógu öflug til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórnin hóf störf í septembermánuði 2003 og var Róbert Ragnarsson ráðinn í starf verkefnisstjóra í nóvember sama ár. Í kjölfarið hófu undirnefndirnar störf, verkefnisstjóri var jafnframt starfsmaður sameiningarnefndar en Lárus Bollason viðskiptafræðingur var starfsmaður tekjustofnanefndar.

Lögð var mikil áhersla á náið samstarf við sveitarfélögin og samtök þeirra, sérstaklega við undirbúning tillagna um breytingar á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga og breytingar á sveitarfélagaskipan.

Verkefnisstjórninni var meðal annars falið að gera tillögur um hvaða verkefni sé unnt að færa frá ríki til sveitarfélaga í því augnamiði að skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaga með aukinni valddreifingu. Verkefnisstjórnin leitaði ráðgjafar sérfræðinga og ræddi við ráðuneytisstjóra flestra ráðuneyta Stjórnarráðsins um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Auk þess hélt hún níu fundi með sveitarstjórnarmönnum af öllu landinu þar sem hún kynnti verkefnið og leitaði eftir þeirra sjónarmiðum.

Verkefnisstjórn lagði fram tillögur um ýmsar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í apríl 2004, en tillögurnar má finna á vef félagsmálaráðuneytisins. Í tillögum verkefnisstjórnar var gert ráð fyrir að verkefnaflutningur færi fram í áföngum og yrði lokið árið 2009. Mest áhersla var lögð á verkefni á sviði velferðar- og heilbrigðismála, auk opinbers eftirlits.

Í kjölfarið fór fram undirbúningsvinna í félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þar sem kannaðir voru kostir og gallar þess að flytja málefni fatlaðra og ákveðna hluta heilbrigðis- og öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Niðurstöður þeirrar vinnu gáfu vísbendingar um að nauðsynlegt væri að sveitarfélög sameinuðust í stærri og

öflugri einingar áður en til verkefnaflutnings kæmi. Átti það ekki síst við um heilbrigðis- og öldrunarþjónustuna, en í niðurstöðum skýrslu sem unnin var í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu kemur fram að líklega þurfi frekari sameininga við en lagt var til í tillögum sameiningarnefndar.

Tekjustofnanefnd.

Hinn 17. mars 2005 skilaði tekjustofnanefnd tillögum sínum, en tillögurnar má nálgast á vef félagsmálaráðuneytisins. Nefndin hafði það verkefni að vinna tillögur um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við tillögur um hugsanlegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Vinna nefndarinnar tók hins vegar fljótlega að snúast um mögulegar leiðir til að efla núverandi tekjustofna sveitarfélaga, óháð hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu hins opinbera. Aðaláhersla var lögð á að styðja við sveitarfélög sem standa höllum fæti fjárhagslega. Nefndin lagði fram ýmsar tillögur sem koma til framkvæmda á næstu árum, og eru þessar helstar:

- Á árunum 2006–2008 komi árlegt 700 millj. kr. viðbótarframlag frá ríkissjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, sbr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, verði afnumdar frá og með 1. janúar 2006 í samræmi við tillögur nefndar frá desember 2001. Álagning fasteignaskatts komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008.
- Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og söluframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007, allt að 280 millj. kr. á ári.
- Gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd til ársins 2008. Sameiginlega verði farið gagnrýnið yfir kröfur um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og kannaðar leiðir til að draga úr kostnaði.
- Lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin fasteignamati. Jafnframt verði unnið að endurskoðun á fasteignamati landa og jarða og lagaákvæðum er það varðar.

Þegar horft er til tillagna tekjustofnanefndar og allra breytinga á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ákveðnar hafa verið er ljóst að áhrif tillagnanna eru mjög mikil. Varanleg áhrif, frá og með árinu 2009, eru rúmlega 1,5 milljarða kr. árleg tekjuaukning hjá sveitarfélögum. Tímabundin áhrif eru hins vegar um 9,5 milljarða kr. aukið ráðstöfunarfé á tímabilinu 2005–2008.

Ekki er í öllum tilfellum um fjármuni úr ríkissjóði að ræða heldur er einnig um að ræða heimildir til ráðstöfunar eigin fjár sjóða í eigu sveitarfélaganna og tilfærslu fjármuna milli verkefna. Framlag úr ríkissjóði til sveitarfélaga á árunum 2005–2008 nemur 5 milljörðum kr. en varanleg tilfærsla fjármuna frá ríki til sveitarfélaga, sem kemur til vegna fækkunar undanþágna frá greiðslu fasteignaskatts, nemur 600 millj. kr. á ári.

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Nefndinni er ætlað að meta kosti og galla núverandi jöfnunarkerfis og hugsanlega þörf fyrir endurskoðun á kerfinu í heild sinni eða einstökum þáttum þess. Sérstaklega skal horft til þess hvort breytingar á sveitarfélagaskipan, tekjustofnum og verkefnum sveitarfélaga í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu og önnur þróun hafi að einhverju leyti breytt forsendum fyrir núverandi kerfi þegar horft er til framtíðar. Í því sambandi skal nefndin meðal annars hafa hliðsjón af hugmyndum tekjustofnanefndar um áherslur við endurskoðun sjóðsins.

Sameiningarnefnd.

Sameiningarnefndin hélt 17 samráðsfundi með sveitarstjórnarmönnum um land allt til að ræða hugsanlegar sameiningartillögur og aðra 14 fundi til að ræða einstakar tillögur í kjölfar kynningar. Samtals mættu um 350 sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga á fundina sem haldnir voru vítt og breitt um landið. Umræður á fundunum voru líflegar og fundu nefndarmenn fyrir miklum skilningi á markmiðum verkefnisins.

Auk þess sendi nefndin sveitarstjórnum og landshlutasamtökum sveitarfélaga tvö bréf, annars vegar með ósk um samstarf við vinnslu sameiningartillagna og hins vegar með ósk um aðstoð við upplýsingaöflun. Nefndin fékk mjög góð viðbrögð og bárust henni sex greinargerðir frá landshlutasamtökum og bréf frá 15 sveitarstjórnum með ábendingum og athugasemdum.

Hinn 30. september 2004 lagði sameiningarnefnd fram til umræðu og athugasemda fyrstu tillögur sínar í skýrslunni „Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins – Fyrstu tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga," en skýrsluna má finna á vef félagsmálaráðuneytisins. Nefndinni bárust 96 umsagnir og athugasemdir við tillögur nefndarinnar. Auk þess hélt nefndin fundi með 14 sveitarstjórnum eða öllum sem þess óskuðu. Fulltrúar nefndarinnar sátu enn fremur fundi landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2004 og kynntu tillögurnar þar sem þess var óskað.

Nefndin lagði fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga á starfssvæðum allra landshlutasamtaka. Nefndin lagði til að kosið yrði um sameiningu sveitarfélaga í 80 af 103 sveitarfélögum, en í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir að sveitarfélögum gæti fækkað úr 103 í 39.

Tillögur nefndarinnar miðuðu að því að hvert sveitarfélag myndi heildstætt þjónustu- og atvinnusvæði út frá sókn íbúanna til atvinnu og þjónustu. Var að jafnaði miðað við að sveitarfélög næðu ekki yfir stærra landsvæði en svo að 90 af hundraði íbúanna væru innan 30 mínútna akstursvegalengdar frá þjónustukjarna sveitarfélagsins eða grunnskóla og spönnuðu ekki stærra svæði en svo að það gæti myndað heildstætt samfélag þannig að þéttbýli og sveitir umhverfis það væru í sama sveitarfélagi og samgöngur innan sveitarfélagsins væru greiðar.

Á 19. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. mars 2005 kynnti sameiningarnefnd lokatillögur sínar og gaf í kjölfarið út skýrsluna „Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga" sem finna má á vef ráðuneytisins. Lokatillögur nefndarinnar höfðu tekið nokkrum breytingum frá þeim sem lagðar voru fram til kynningar 30. september 2004 þar sem nefndin reyndi að koma til móts við ábendingar og athugasemdir sem henni höfðu borist frá sveitarstjórnum, landshlutasamtökum og íbúum viðkomandi sveitarfélaga.

Tafla 4. Tillögur sameiningarnefndar 2005.

	2005	**Tillögur**
Höfuðborgarsvæðið	8	8
Suðurnes	5	2
Vesturland	17	5
Vestfirðir	11	5
Norðurland vestra	11	4
Norðurland eystra	20	5
Austurland	13	9
Suðurland	16	8
Alls	**101**	**46**

Í lokatillögum sameiningarnefndar var lagt til að kosið yrði um 17 sameiningartillögur í 66 sveitarfélögum. Ef tillögurnar hefðu hlotið samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillögurnar vörðuðu hefðu sveitarfélögin í landinu orðið 46. Atkvæðagreiðslur um tillögurnar fóru annars vegar fram 23. apríl og hins vegar 8. október 2005. 23. apríl var kosið um sameiningu fimm sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar og var tillagan samþykkt í fjórum sveitarfélögum. Sameining þeirra sveitarfélaga hefur verið samþykkt af viðkomandi sveitarfélögum og verður kosið til nýrrar sveitarstjórnar í maí 2006.

Hinn 8. október var kosið um 16 sameiningartillögur í 61 sveitarfélagi vítt og breitt um landið. Tillögurnar voru samþykktar af íbúum í 20 sveitarfélögum, en þeim var hafnað í 41 sveitarfélagi. Aðeins ein tillaga var samþykkt af íbúum allra sveitarfélaganna sem tillagan varðaði, þ.e. á miðsvæði Austfjarða. Niðurstöðurnar voru áþekkar niðurstöðum sambærilegs átaks árið 1993, en þá samþykktu íbúar í um þriðjungi sveitarfélaga sameiningu og aðeins ein tillaga var samþykkt. Kosningaþátttaka í atkvæðageiðslum um sameiningu sveitarfélaga er töluvert lægri en í almennum sveitarstjórnarkosningum. Meðalkjörsókn í sveitarfélögunum í átakinu 1993 var 70,8% en hún var 59,6% í kosningunum 8. október 2005.[29]

Í kjölfar þess átaks hófu sveitarstjórnarmenn sameiningarviðræður að eigin frumkvæði sem leiddu til umtalsverðra sameininga sveitarfélaga á næstu árum eftir átakið. Líklegt er að svipuð þróun muni eiga sér stað í kjölfar átaksins nú. Raunar eru þegar hafnar viðræður milli nokkurra sveitarfélaga og stefnt er að frekari atkvæðagreiðslum um sameiningu sveitarfélaga fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2006.

Samantekt.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fram fari endurskoðun á skipulagi Stjórnarráðs Íslands með það að markmiði að einfalda stjórnsýsluna, að skapa einfaldara Ísland. Til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna hins opinbera er mikilvægt að leita leiða til að ná fram hagkvæmni og skilvirkni í yfirstjórn og stjórnsýslu. Stjórnsýsla sveitarstjórnarstigsins er of flókin og umfangsmikil. Það er ekki augljóst fyrir íbúana hvert þeir eiga að leita til að fá úrlausn sinna mála.

Mikil vinna var unnin í tengslum við átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins, bæði á vegum sveitarfélaganna og ríkisins. Afrakstur þeirrar vinnu og sú umræða sem spunnist hefur um málefni sveitarfélaganna mun að líkindum skila árangri á komandi missirum og árum. Fram eru komnar tillögur um breytingar á verkaskiptingu hins opinbera sem miða að því að einfalda aðgengi íbúanna að opinberri velferðarþjónustu og skýra ábyrgð og verkaskiptingu. Þær tillögur eru í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um einfaldara Ísland.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins er fyrirhugað að endurskoða stefnumótun í málefnum sveitarfélaga og fatlaðra, en stefnumótun í málefnum fatlaðra hefur að vissu leyti verið ómarkviss vegna óvissu um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga. Undanfarinn áratug hefur farið fram umræða um hugsanlegan flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Sú umræða hefur að líkindum snúist of mikið um vilja og hagsmuni sveitarfélaganna. Stefnumótun í málefnum fatlaðra verður forgangsverkefni í félagsmálaráðuneytinu á næstu missirum, með hagsmuni þjónustuþeganna og aðgengi þeirra að þjónustunni í fyrirrúmi. Stefnt er að því að koma málefnum fatlaðra í skýran farveg fyrir lok kjörtímabilsins.

---

[29] Kjörsóknin er vegin með íbúafjölda til að fá sambærilegar tölur.

Tillögur tekjustofnanefndar munu auka tekjur sveitarfélaganna umtalsvert á komandi árum, auk þess sem endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mun að líkindum hafa töluverð áhrif á dreifingu fjármagns milli sveitarfélaga.

Tillögur sameiningarnefndar voru unnar í nánu samráði við sveitarstjórnarmenn og ættu þær því almennt að endurspegla þá framtíðarsýn sem heimamenn hafa um sveitarfélagaskipan á sínu svæði. Þess má geta að tillögurnar eru í mörgum tilvikum sambærilegar við þær tillögur sem lagðar voru í dóm kjósenda árið 1993. Á komandi árum er viðbúið að þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með átaki til eflingar sveitarstjórnarstiginu verði fram haldið á vettvangi ríkis og sveitarfélaga, en mikilvægt er að umræðan taki mið af styrkleikum og veikleikum núverandi sveitarstjórnarkerfis, auk þeirra tækifæra og ógnana sem fyrirsjáanleg eru.

Heimildaskrá.

1. Anna Guðrún Björnsdóttir (2003). „Hlutverk sveitarstjórnarmanna." Fræðslurit 24. Samband íslenskra sveitarfélaga. (http://www.samband.is/files/{3ec518d4-223f-4b84-bcc6-a89252515d81}_hlutverk_sveitarstjornarmanna_2003_07.pdf).
2. Birgir Tjörvi Pétursson (1998). „Ólögmælt verkefni sveitarfélaga." Lokaritgerð til kandídatsprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands.
3. Byggðastofnun (2002). Byggðaáætlun 2002–2005. http://www.byggdastofnun.is /ByggdathrounByggdaadgerdir/Byggdaaaetlun/.
4. Félagsmálaráðuneytið (1993). *Lokaskýrsla sveitarfélaganefndar.*
5. Fjármálaráðuneytið (2004). *Þjóðarbúskapurinn.*
6. Forsætisráðuneytið (1996). *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið frá 1996.*
7. Forsætisráðuneytið (1999). *Skýrsla forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu.* Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.
8. Forsætisráðuneytið (1994). *Greinargerð nefndar um eftirlitsstarfsemi hins opinbera.* http://forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/Eftirlitsreglur/nr/400.
9. Forsætisráðuneytið (2004). *Auðlindir í allra þágu – stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007.*
10. Evrópuráðið (1993). *Participation of foreigners in public life at local level.*
11. Evrópuráðið (2000). *Participation of Citizens in local public life.*
12. Evrópuráðið (2004). *Public Ethics at Local Level. Model Initiatives Package.* Handbókina er m.a. að finna á eftirfarandi vefslóð, http://www.intermin.fi/intermin /images.nsf/files/ 7FA977D5DAA0DF79C2256D2B001 F3392/$file/PackageEthics-rev.pdf.
13. Garde, J., og Mathiassen, J. (1991). *Kommunalret.* Danmörk.
14. Gunnar Helgi Kristinsson (2001). *Staðbundin stjórnmál. Markmið og árangur sveitarfélaga.* Reykjavík.
15. Gunnar Helgi Kristinsson (2003). *Lýðræðisleg stjórnun sveitarfélaga.* Fræðslurit Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 21. Reykjavík.
16. Hagstofa Íslands (2003). *Framreikningur mannfjöldans eftir aldri 2003–2045.*
17. Hagstofa Íslands (1999). *Sveitarstjórnarkosningar 1998.*
18. Hagstofa Íslands (2005:1). *Sveitarstjórnarkosningar 25. maí 2002.*
19. Haukur Arnþórsson og Gunnar Helgi Kristinsson (2003). „Áhrif upplýsingatækni á stjórnsýslu." *Rannsóknir í félagsvísindum IV.* Reykjavík.

20. Jónas Guðmundsson (1943). „Var rétt að afnema ömtin?“ *Sveitarstjórnarmál*, 3. árg. (1): bls. 4–15.
21. Jón Jónsson (2000). „Byggðaráð. Hreppsráð – Bæjarráð – Borgarráð.“ Lokaritgerð til kandídatsprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands.
22. Jón Jónsson (2003). „Stjórnkerfi sveitarfélaga og reglur um málsmeðferð.“ Fræðslurit 23. Samband íslenskra sveitarfélaga.
23. Jón Heiðar Þorsteinsson (2004). *Úttekt á vefjum þrjátíu stærstu sveitarfélaga landsins og viðfangsefnum sem tengjast þeim.* Úttektin er aðgengileg á vefslóðunum www.jonheidar.com og www.simnet.is/jonhth.
24. Karl Björnsson (2003). „Vinnuveitendahlutverk sveitarstjórna.“ Fræðslurit 20. Samband íslenskra sveitarfélaga.
25. Kosningavefur félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. http://www.felagsmalaraduneyti.is/kosningar-2002/.
26. „Könnun á tölvuþjónustu ríkisstofnana og sveitarfélaga vorið 2002.“ Könnunina er að finna á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, http://www.samband.is/template1.asp?id=540.
27. Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum (2003). *Lokaskýrsla nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum.* Skýrsluna er að finna á veffanginu http://felagsmalaraduneyti.is/heimasidur/konur/.
28. Ólafur Þ. Harðarsonar (2002). Fyrirlestur í málstofu stjórnmálafræðiskorar HÍ um sveitarstjórnarmál, 18. apríl 2002.
29. Ólafur Jóhannesson (1974). *Stjórnarfarsréttur.* (2. útg., endurskoðuð, Páll Sigurðsson annaðist útgáfuna.) Reykjavík.
30. Ólafur Jóhannesson (1978). *Stjórnskipun Íslands. Seinni hluti.* (2. útg., Gunnar G. Schram annaðist útgáfuna.) Reykjavík.
31. Óskar Sigurðsson (1972). *Kröfuábyrgðir sveitarfélaga.* Lokaritgerð til kandídatsprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands.
32. Róbert Ragnarsson (2003). Samvinna sveitarfélaga. Valkostur við sameiningu?. Lokaritgerð til MA-prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.
33. Samband íslenskra sveitarfélaga (2003). *Sveitarfélögin í tölum.*
34. Sesselja Árnadóttir (1998). *Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, ásamt skýringum og athugasemdum.* Reykjavík.
35. Trausti Fannar Valsson (2002). „Fjárveitingarvald sveitarfélaga.“ Lokaritgerð til kandídatsprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands.
36. Umboðsmaður Alþingis (2003). *Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2002.*
37. Utanríkisráðuneytið (2004). *EES og hagsmunir íslenskra sveitarfélaga.* Skýrsla starfshóps utanríkisráðuneytisins um framtíðartilhögun að samstarfi ríkisins og sveitarfélaga um EES-mál ásamt tillögum þar að lútandi. Skýrslan er á vefsíðu utanríkisráðuneytisins, http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/skyrsla_sveitarstjmal_LOKA240204.pdf.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir helstu lögákveðnu verkefni sveitarfélaga.

Málefni	Lög nr.
Félagsmál	
Aðstoð við erlenda ríkisborgara	15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Barnaverndarmál	III. kafli + 87. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002
Félagsleg aðstoð	Lög um félagslega aðstoð, nr. 118/1993
Félagsleg heimaþjónusta	VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Félagsleg ráðgjöf	V. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Félagsþjónusta sveitarfélaga	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Forsjármál barna, upplýsingagjöf	V. kafli barnalaga, nr. 76/2003
Lögræðissviptingarmál	II. kafli lögræðislaga, nr. 71/1997
Málefni aldraðra	Lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999
Málefni fatlaðra	Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992
Húsnæðismál o.fl.	
Brunatryggingar	7. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994
Eignaskiptayfirlýsingar	16. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994
Fasteignamat, öflun grunnupplýsinga	13.–19. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001
Félagslegt húsnæði	5., 6. og 38. gr. + IV. kafli laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, XII. kafli laga nr. 40/1991
Húsaleigubætur	2. gr. laga um húsaleigubætur, nr. 138/1997
Húsfriðunarsjóður	7. gr. og III. kafli laga um húsafriðun, nr. 104/2001
Úttekt leiguhúsnæðis o.fl.	69. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994
Fræðslu- og menningarmál	
Bókasöfn	2. mgr. 1. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997
Bygging framhaldsskóla	XII. kafli laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla
Félagsheimili, bygging	2. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili
Bygging og rekstur grunnskóla	1. og 18. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995
Leiklistarmál	15. gr. leiklistarlaga, nr. 138/1998
Leikskólar	IV. kafli laga um leikskóla, nr. 78/1994
Listamannalaun	11. gr. laga nr. 35/1991, um listamannalaun
Minjasöfn	Þjóðminjalög, nr. 107/2001, safnalög, nr. 106/2001
Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.	6. gr. laga nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla
Tónlistarskólar	2. og 7. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985
Öryggis- og löggæslumál	
Almannavarnir (að hluta)	7.–9., 27. og 29. gr. lög um almannavarnir, nr. 94/1962
Brunavarnir og brunamál, þar á meðal slökkvilið	10. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000
Lögreglusamþykktir, samning frumvarps	4. gr. laga um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988
Samstarfsnefnd um málefni lögreglu	12. gr, laga um lögreglu, nr. 90/1996
Samræmd neyðarsímsvörun	4. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995
Sjóvarnir	7. gr. laga nr. 28/1997, um sjóvarnir
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	3., 4. og 9.–11. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Málefni	Lög nr.
Umhverfismál, dýrahald o.fl.	
Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds	V. kafli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
Byggingareftirlit	3. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997
Dýravernd	4. og 18. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994
Eftirlit með búfjárhaldi og forðagæslu	Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 103/2002
Fjallskil	2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986
Fjarlæging girðinga af eyðijörðum	12. gr. girðingarlaga, nr. 135/2001
Framkvæmd umhverfismats	B-liður 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000
Gatnagerð	1. og 2. mgr. 6. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996
Heilbrigðiseftirlit	II. kafli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
Holræsamál (nýbygging og viðhald)	X. kafli vatnalaga, nr. 15/1923, V. kafli laga nr. 7/1998
Meindýraeyðing, dýraeftirlit	VI. kafli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994
Mengunarvarnir	18. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986
Náttúrustofur	II. kafli laga um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, nr. 60/1992
Skipulagsmál	2. mgr. 3. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997
Spilliefni	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
Söfnun og meðferð úrgangs og skolps	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998
Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma	Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993
Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar	Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999
Kosningar	
Alþingiskosningar	Lög nr. 24/2000
Forsetakosningar	Lög nr. 24/2000, sbr. lög nr. 36/1945
Sveitarstjórnarkosningar	Lög nr. 5/1998
Samgöngumál	
Almenningssamgöngur	Lög um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999
Hafnir	Hafnalög, nr. 23/1994
Lagning og viðhald vega	5. og 29. gr. vegalaga, nr. 45/1994
Leigubifreiðar	2. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 134/2001
Samstarf um skipulag ferðamála	Lög um skipulag ferðamála, nr. 117/1994
Umferð í þéttbýli	Umferðarlög, nr. 50/1987
Orkumál og veitustofnanir	
Hitaveitur	Orkulög, nr. 58/1967
Rafmagnsveitur	Orkulög, nr. 58/1967
Vatnsveitur	1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004
Íþrótta- og æskulýðsmál	
Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.	Íþróttalög, nr. 64/1998
Málefni barna og ungmenna	VIII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Þjónusta við unglinga	IX. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Æskulýðsmál	Lög um æskulýðsmál, nr. 24/1970
Heilbrigðismál	
Aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir	XIII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991
Almennar sóttvarnaráðstafanir	Sóttvarnalög, nr. 19/1997
Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana	Lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990
Leyfi til tóbakssölu	Lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984

Málefni	Lög nr.
Stjórn heilsugæslustöðva	Lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990
Aðrar skyldur sveitarfélaga	
Aðstoð vegna eigendaskipta að bújörðum	Lög um Jarðasjóð, nr. 34/1992
Ábúðarlög, ýmsar skyldur	Ábúðarlög, nr. 64/1976
Bjargráðasjóður	Lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995
EES-reglur	Lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993
Húsmæðraorlof	Lög um orlof húsmæðra, nr. 53/1972
Jafnréttismál	Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000
Jarðalög, ýmsar skyldur	Jarðalög, nr. 65/1976
Kirkjugarðar, ókeypis lóðir og þjónusta	Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993
Kirkjur, ókeypis lóðir og ekkert gatnagerðargjald	Lög um Kristnisjóð, nr. 35/1970
Nýting þjóðlendna	Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998
Samstarf við önnur sveitarfélög	Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998
Skráning aðsetursskipta	Lög um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, lög nr. 54/1962
Svæðisvinnumiðlanir	Lög um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997
Útgáfa vínveitingaleyfa	Áfengislög, nr. 75/1998
Stjórnsýsla sveitarfélaga	
Álagning og innheimta opinberra gjalda	Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sérlög
Bygging og rekstur mannvirkja sveitarfélags	Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998
Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda	Lög um endurgreiðslu oftekinna skatta, nr. 29/1995
Gerð framkvæmdaáætlana	Lög um opinberar framkvæmdir, nr. 63/1970
Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa	Lög um opinber innkaup, nr. 94/2001
Héraðsskjalasöfn	Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985
Málsmeðferð	Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
Skráning og meðferð persónuupplýsinga	Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000
Starfsmannamál, kjarasamningar, eftirlaun	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, o.fl.
Trygging mannvirkja í eigu sveitarfélags	Lög um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992
Upplýsingagjöf	Upplýsingalög, nr. 50/1996
Listi sem þessi verður aldrei tæmandi.	**Áhersla er lögð á verkefni sem valda sveitarsjóðum fjárútlátum.**

571. Lög [295. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

Samhljóða þskj. 314.

572. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

III. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um skatta samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með áorðnum breytingum.

6. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 3. mgr. 18. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

573. Frumvarp til laga [326. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Í stað „768“ í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 787.

2. gr.

Í stað orðanna „1. desember“ í 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. laganna kemur: 31. desember.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna félaga sem hafa annað reikningsár en almanaksárið skal álagningu hagað samkvæmt eftirfarandi reglum vegna reikningsárs sem lýkur á árinu 2005. Álagningu skal haga samkvæmt þeim eignarskattsstofni sem ákvarðast í lok reikningsárs á grundvelli ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þau lög voru 30. desember 2005. Hafi félag fengið samþykki skattstjóra fyrir öðru reikningsári en almanaksári og við þá breytingu haft skert reikningsár fyrir tímabilið frá lokum fyrra tímabils til upphafs næsta reikningsárs og jafnframt greitt eignarskatt við lok hins skerta reikningstímabils skal félagið undanþegið álagningu eignarskatts vegna reikningsárs sem lýkur á árinu 2005.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006 og álagningu tekjuskatts á árinu 2007. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006.

574. Frumvarp til laga [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að víkja frá ákvæðum þessa hluta, þó ekki ákvæðum varðandi ábyrgðartryggingar í 46. gr., þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og einhverju eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

a. umfang rekstraraðilans við gerð vátryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum,
b. starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis,
c. vátrygging er tekin vegna skráðs loftfars,
d. vátryggðar eru vörur í flutningi á milli landa.

2. gr.

Við 4. mgr. 61. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá gilda ákvæði um hópvátryggingar í þessum hluta laganna ekki um persónutryggingar launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Í stað orðsins „líftryggingum“ í 2. mgr. 85. gr. laganna kemur: hreinum áhættulíftryggingum.

4. gr.

2. mgr. 86. gr. laganna orðast svo:

Í öðrum persónutryggingum en hreinum áhættulíftryggingum getur félagið í skilmálum gert fyrirvara um að það beri einungis ábyrgð á sjúkdómi eða öðru tjónsatviki, að einkenni eða atvik hafi komið fram eftir ákveðið tímamark. Hið sama á við um vátryggingu á örorku í tengslum við líftryggingu.

5. gr.

1. málsl. 2. mgr. 100. gr. laganna orðast svo: Vátryggingarfjárhæð, sem fellur til við andlát vátryggingartaka, rennur til maka hans, hvort sem viðkomandi var í hjúskap eða staðfestri samvist.

6. gr.

Í stað tilvísunarinnar „93. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 120. gr. laganna kemur: 94. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

575. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 6. mgr. fellur brott.
b. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 23. gr. a.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo:

Á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppboðum, skal leggja gjald er renni til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum.

Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum;
2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur;
3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur;
4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur;
5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur;
6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.

Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.

Gengið skal miðað við sölugengi á söludegi.

Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til styrkja eða starfslauna handa myndlistarmönnum.

Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Lög þessi innleiða listmunauppboðsákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

576. Frumvarp til laga [327. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „í landbúnaði“ í 4. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og eru með varanlegum áföstum búnaði til þeirra nota og brenna að meginhluta til dísilolíu í kyrrstöðu, t.d. kranabifreiðar, vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum, borkranabifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, holræsabifreiðar, borholumælingabifreiðar og úðunarbifreiðar.
c. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: til nota á beltabifreiðar og námuökutæki sem eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.
d. 3. mgr. orðast svo:
   Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar skv. 4. tölul. 1. mgr. og ökutæki skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.
e. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Eigendum ökutækja skv. 6. tölul. 1. mgr. er heimilt að skrá umrædd ökutæki hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota og öðlast þar með rétt á gjaldfrjálsri litaðri olíu samhliða því að þeir greiði sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr. 13. gr. Ökutæki skv. 7. tölul. 1. mgr. og ökutæki sem skráð hafa verið til sérstakra nota skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá.
f. 4. mgr. orðast svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð, þ.m.t. hvaða ökutæki falla undir 6. og 7. tölul. 1. mgr. og um fyrirkomulag skráningar ökutækja skv. 6. og 7. tölul. 1. mgr.

2. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð hvernig staðið skuli að sölu eða afhendingu á gjaldfrjálsri olíu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „endurgreiðslu“ í 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Beiðnir um endurgreiðslu skv. 2. mgr. skulu afgreiddar af utanríkisráðuneytinu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: eða af ökutækjum skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Greiða skal sérstakt kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og dregnir eru af dráttarvélum. Skrá ber umrædda eftirvagna sem dregnir eru af dráttarvélum hjá Umferðarstofu. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem taldir eru upp í 3. málsl. 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

c. Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 2., 6. og 8. mgr. kemur: og sérstaks kílómetragjalds.
d. 5. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	9,27	18.001–19.000	23,99
6.001–7.000	10,04	19.001–20.000	25,04
7.001–8.000	10,80	20.001–21.000	26,09
8.001–9.000	11,57	21.001–22.000	27,14
9.001–10.000	12,33	22.001–23.000	28,19
10.001–11.000	13,39	23.001–24.000	29,24
11.001–12.000	14,75	24.001–25.000	30,29
12.001–13.000	16,12	25.001–26.000	31,34
13.001–14.000	17,48	26.001–27.000	32,39
14.001–15.000	18,85	27.001–28.000	33,44
15.001–16.000	20,21	28.001–29.000	34,49
16.001–17.000	21,58	29.001–30.000	35,54
17.001–18.000	22,94	30.001–31.000	36,59
		31.001 og yfir	37,64

e. Á eftir orðunum „skv. 3. tölul. 1. mgr.“ í 9. mgr. kemur: og sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr.
f. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: og sérstakt kílómetragjald.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sama á við um sérstakt kílómetragjald.
b. Í stað orðsins „þungaskatt“ í 3. mgr. kemur: kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald.

6. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

7. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: og sérstakt kílómetragjald.

8. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: og sérstaks kílómetragjalds, og á eftir orðinu „kílómetragjald“ í sömu málsgrein kemur: og sérstakt kílómetragjald.

9. gr.

Við heiti II. kafla laganna bætist: og sérstakt kílómetragjald.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „12. og 17. gr.“ í 2. mgr. kemur: 12., 14. og 17. gr.
b. 6. mgr. fellur brott.

11. gr.

Á eftir orðinu „kílómetragjald“ hvarvetna í 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: og sérstakt kílómetragjald.

12. gr.

Í stað orðanna „olíugjaldi og kílómetragjaldi“ í 2. mgr. 23. gr. laganna kemur: olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2006:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

577. Frumvarp til laga [3. mál]

um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að ráðstafa söluandvirði Landssíma Íslands hf. til að styrkja innviði íslensks samfélags án þess að raska stöðugleika í efnahagsmálum.

Af söluandvirðinu, samtals 66,7 milljörðum kr., skal 43 milljörðum kr. varið til framkvæmda fram til ársins 2012 eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Vegaframkvæmdir.

Á árunum 2007–2010 skal verja 15.000 millj. kr. til framkvæmda í vegamálum til viðbótar við það fé sem ætlað er til slíkra framkvæmda á vegáætlun.

Fé til framkvæmda í vegamálum skiptist svo:

a. Sundabraut: 8.000 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 1.500 millj. kr. árið 2007, 2.500 millj. kr. árið 2008, 2.000 millj. kr. árið 2009 og 2.000 millj. kr. árið 2010.
b. Breikkun Reykjanesbrautar: 1.600 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 700 millj. kr. árið 2007, 600 millj. kr. árið 2008 og 300 millj. kr. árið 2009.
c. Gerð gatnamóta við Nesbraut: 600 millj. kr.
   Fé þessu skal verja til framkvæmda árið 2007.
d. Vestfjarðavegur: 700 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 300 millj. kr. árið 2008, 200 millj. kr. árið 2009 og 200 millj. kr. árið 2010.
e. Tröllatunguvegur um Arnkötludal: 800 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 400 millj. kr. árið 2007 og 400 millj. kr. árið 2008.
f. Þverárfjallsvegur: 300 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 200 millj. kr. árið 2007 og 100 millj. kr. árið 2008.
g. Norðausturvegur: 1.500 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 300 millj. kr. árið 2007, 400 millj. kr. árið 2008, 400 millj. kr. árið 2009 og 400 millj. kr. árið 2010.
h. Hringvegur um Hornafjarðarfljót: 800 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 400 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.
i. Bræðratunguvegur um Hvítá: 300 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 100 millj. kr. árið 2008 og 200 millj. kr. árið 2009.
j. Suðurstrandarvegur: 400 millj. kr.
   Verja skal til þessa verkefnis 200 millj. kr. árið 2008 og 200 millj. kr. árið 2009.

3. gr.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Verja skal samtals 18.000 millj. kr. til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð stofnunarinnar við Hringbraut í Reykjavík. Framlagi þessu skal verja til að ljúka skipu-

lagsvinnu og undirbúningi svæðisins, byggja slysa- og bráðaþjónustu og reisa hús fyrir rannsóknir.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2005, 200 millj. kr. árið 2007, 1.500 millj. kr. árið 2008, 4.000 millj. kr. árið 2009, 4.000 millj. kr. árið 2010, 4.000 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012.

4. gr.

Landhelgisgæslan.

Verja skal 2.000 millj. kr. árið 2008 til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

Þá skal verja 1.000 millj. kr. árið 2007 til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands.

5. gr.

Nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Árið 2005 skal leggja fram til Nýsköpunarsjóðs 1.000 millj. kr. sem verði varið til að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum í samræmi við lögbundið hlutverk sjóðsins og ákvarðanir stjórnar hans.

Þá skal Nýsköpunarsjóður fá 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%.

6. gr.

Fjarskiptasjóður.

Leggja skal fram samtals 2.500 millj. kr. til nýs fjarskiptasjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála, m.a. bættri farsímaþjónustu á landsbyggðinni og víðtækari dreifingu stafræns sjónvarps um gervihnött og átaki í háhraðatengingum á landinu.

Fjárframlagið skiptist þannig milli ára að í sjóðinn fara 1.000 millj. kr. árið 2005, 500 millj. kr. árið 2007, 500 millj. kr. árið 2008 og 500 millj. kr. árið 2009.

7. gr.

Framkvæmdir í þágu geðfatlaðra.

Verja skal samtals 1.000 millj. kr. til uppbyggingar búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 200 millj. kr. til verkefnisins árið 2005, 200 millj. kr. árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 300 millj. kr. árið 2009.

8. gr.

Nýbygging fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Verja skal samtals 1.000 millj. kr. til nýbyggingar fyrir Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2007, 300 millj. kr. árið 2008 og 400 millj. kr. árið 2009.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

578. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við þann flýti sem var á meðferð málsins í nefndinni. Minni hlutinn gagnrýnir að ekki skuli hafa verið ætlaður meiri tími til að skoða málið og vill benda á að margar afar neikvæðar umsagnir hafa borist, til dæmis frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, heilbrigðisnefnd Austurlands, Reykjavíkurborg o.fl.

Minni hlutinn telur rétt að rekja brot af þeim umsögnum sem bárust.

Í umsögn Reykjavíkurborgar, sem barst eftir að málið hafði verið tekið út úr nefndinni, koma fram athugasemdir er lúta að því að ekki skuli vera kveðið á um meðferð þeirra gagna sem verða til við úttekt faggiltra aðila, en ef gera á ráð fyrir að þeim sé skilað til heilbrigðisnefnda, sem fara með þvingunarúrræði samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, er nauðsynlegt að kveða á um skilaskyldu þeirra í lögunum. Þá er í umsögninni vakin athygli á því að reynslan af innra eftirlitinu, sem nú er framkvæmt, sé almennt góð hjá allra stærstu fyrirtækjunum, en hún sé miður góð í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Illa hafi gengið að fá minni fyrirtæki til að taka upp skráningar og augljóst sé að þau vilji heldur fá heimsókn heilbrigðisfulltrúa, sem fari þá yfir verkferla, húsnæði, efnanotkun o.s.frv.

Í umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa kemur fram að í frumvarpinu sé um að ræða breytingu sem geti haft mjög víðtæk áhrif á sveitarfélögin, ekki síst í kostnaðarlegu tilliti. Félagið tekur fram að heilbrigðisfulltrúum sé gert að uppfylla menntunar- og reynslukröfur samkvæmt reglugerð og að þeir þurfi starfsleyfi frá ráðherra. Telur félagið að heilbrigðisnefndir ættu að meta þörfina fyrir að fela faggiltum skoðunaraðilum hluta eftirlits, en slík heimild hefur fram til þessa einkum snúið að rannsóknum sýna. Þá telur félagið að hætta sé á að faggiltir skoðunaraðilar geti ekki tryggt óháða úttekt vegna hagsmunatengsla við þau fyrirtæki sem þeir þjónusta. Félagið nefnir jafnframt að Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitssvæðin hafi unnið saman að samræmingu eftirlits á landinu og hafi á undanförnum árum náð miklum árangri með samræmdum starfsleyfisskilyrðum. Þá bendir félagið á að gagnrýnivert sé að ekki skuli gerð tilraun til að meta kostnaðaraukningu fyrirtækja og sveitarfélaga í ljósi þess að krafa um viðamikið innra eftirlit hljóti að vera afar íþyngjandi. Loks bendir félagið á að í ákvæði frumvarpsins vanti skilyrði um skýrsluskil til heilbrigðisnefnda, án slíkrar skyldu sé ákvæðið tilgangslítið.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram að með því að fela einkaaðila að sjá um hluta eftirlits sé búið til tvöfalt eftirlitskerfi, án þess að sýnt hafi verið fram á að hið samræmda eftirlit sem Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa þróað sé ekki fullnægjandi. Í umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands kemur fram að ekki sé komin

nein reynsla á það hvort skoðun faggilts aðila umfram innra eftirlit og eftirlit heilbrigðisfulltrúa skili árangri í lægri slysatíðni og auknu öryggi barna.

Ýmsir umsagnaraðilar gera athugasemd við að ekki skuli liggja fyrir kostnaðargreining á frumvarpinu og tekur minni hlutinn undir þær athugasemdir, enda hlýtur það að vera brot á samkomulagi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að meta beri kostnað sveitarfélaganna af stefnumarkandi ákvörðunum ríkisvaldsins. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er eingöngu tekið fram að breytingin muni ekki valda kostnaðarauka hjá ríkissjóði.

Minni hlutinn gagnrýnir í hve miklu flaustri málið var afgreitt frá umhverfisnefnd og telur málið af þeim sökum vanreifað. Þar að auki gefa umsagnir tilefni til að farið verði vandlega í saumana á málinu. Í ljósi þessa leggst minni hlutinn gegn samþykkt frumvarpsins á þessu stigi.

Sigurjón Þórðarson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. des. 2005.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm. Mörður Árnason.

579. Svar [356. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðstæður kvenna sem gista í athvarfinu Konukoti.

1. *Er ráðherra reiðubúinn að bæta í samráði við borgaryfirvöld aðbúnað þeirra kvenna sem nú hafa náttstað í athvarfinu Konukoti, þ.m.t. að veita aðstoð svo að þær geti haft aðstöðu þar allan sólarhringinn?*

Í einróma samþykkt fundar Velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá 23. nóvember sl. segir m.a.: „Velferðarráð Reykjavíkurborgar telur afar mikilvægt að bæta og auka þjónustu við þá sem eru utangarðs í samfélaginu eins og samþykkt hefur verið í starfsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2006. Þá fagnar Velferðarráð skýrslu samráðshóps félagsmálaráðherra um heimilislausa og styður tillögur hópsins. Nauðsynlegt er að mæta þörfum hvers og eins, ekki einungis fyrir bráðabirgðahúsnæði heldur einnig til lengri tíma litið. Velferðarráð óskar eftir tillögum Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Gistiskýlisins og Konukots um aðgerðir í nánustu framtíð. Þá samþykkir Velferðarráð að veita fé til Rauða kross Íslands til þess að Konukot verði opið allan sólarhringinn ... Jafnframt er minnt á að Gistiskýlið er nú opið allan sólarhringinn og er ætlað jafnt konum sem körlum ...“

Samþykkt þessi svarar 1. spurningu en ljóst er að Reykjavíkurborg bregst af fullri alvöru við þeim vanda sem við blasir.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því í samráði við borgaryfirvöld og Reykjavíkurdeild Rauða krossins að fundið verði varanlegt húsnæði fyrir konur sem leita aðstoðar í Konukoti og að skoðað verði hvernig bæta megi til frambúðar aðstæður þeirra á félags- og heilbrigðissviði?*

Áætlanir Reykavíkurborgar í þessum málum sýna að borgin leitast markvisst við að leysa vanda húsnæðislausra, þ.m.t. með því að finna varanlegt húsnæði fyrir þær konur sem hér um ræðir og tryggja þeim félags- og heilbrigðisþjónustu.

Hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hafa fengist þær upplýsingar að í starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2006 sé gert ráð fyrir að Gistiskýlið flytjist í betra húsnæði í byrjun næsta árs. Þar verður rými fyrir allt að 18 manns og bætt aðstaða til að bjóða stuðning og ráðgjöf.

Reykjavíkurborg hefur á undanförnum árum unnið skipulega að því að bæta aðstæður húsnæðislausra. Stofnað hefur verið heimili ætlað þeim sem lengst höfðu dvalið í gistiskýlinu. Ráðgjafarþjónusta hefur verið færð út fyrir veggi stofnunarinnar og samvinna ólíkra aðila sem koma að þjónustu við þennan hóp hefur verið efld með það að markmiði að samhæfa og bæta þjónustuna. Auðvitað má alltaf gera betur eins og skýrsla samráðshóps um heimilislausa, sem félagsmálaráðherra lét vinna, leiddi meðal annars í ljós.

Aðgerðir borgaryfirvalda fram undan á þessu sviði eru nánar tilteknar:

a. að móta stefnu í málefnum utangarðsfólks af báðum kynjum,
b. að auka þjónustu og stuðning við þá sem dvelja langdvölum í gistiskýlinu, meðal annars með því að bjóða upp á ráðgjöf á staðnum og dagdvöl þar sem unnið er með hverjum einstaklingi við að finna leiðir til að auka lífsgæði þeirra,
c. að setja á laggirnar í tilraunaskyni rýnihóp með utangarðsfólki af báðum kynjum til að greina möguleg úrræði fyrir þennan hóp.

Í skýrslu samráðsnefndarinnar, sem félagsmálaráðherra skipaði á síðastliðnu ári, er lagt til að teymi verði stofnað sem hafi yfirsýn yfir stöðu húsnæðislausra á höfuðborgarsvæðinu á hverjum tíma og úrræði til að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn. Fulltrúar í teyminu komi frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Heilsugæslunni í Reykjavík og lögreglunni í Reykjavík. Tryggt verði að teymið eigi greiðan aðgang að sjúkrastofnunum og annarri lögbundinni þjónustu og vinni í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Teymið skuli hafa möguleika á að koma saman með mjög skömmum fyrirvara. Félagsmálaráðherra hefur þegar sent framangreindum aðilum bréf og hvatt til þess að slíkt teymi verði sett á laggirnar hið fyrsta. Augljóst er að samvinna félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu er forsenda þess að þeir sem eru á götunni vegna félagslegra og heilsufarslegra vandamála komist í varanlegt húsaskjól.

Bein aðkoma félagsmálaráðuneytis að málefnum húsnæðislausra í borginni að svo komnu máli mun felast í samvinnu við borgina um stofnun tveggja heimila fyrir samtals 16 einstaklinga á næstu tveimur árum. Félagsmálaráðherra mun beita sér fyrir því að þeirri uppbyggingu verði hraðað svo sem nokkur kostur er. Samstarfið byggist á því að ríkið hefur skyldum að gegna gagnvart fötluðum en hluti þeirra sem eru utangarðs eru geðfatlaðir.

3. *Hver er ástæða þess að konur sem nú gista í Konukoti eru ekki taldar heimilislausar í nýlegri skýrslu ráðherra um aðstæður heimilislausra þegar þær hafa einungis afdrep í Konukoti hluta sólarhringsins?*

Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, sem rekur Konukot, gistu 40 konur þar á síðastliðnu ári, frá nóvember 2004 til október 2005, en fastagestir eru átta til tíu. Að meðaltali gistu 2,5 einstaklingar á hverri nóttu í Konukoti á þessu sama tímabili. Ef litið er til síðastliðinna sex mánaða gistu þar þrír einstaklingar að jafnaði. Samráðsnefndin sem félagsmálaráðherra skipaði og samdi umrædda skýrslu taldi hins vegar fimm konur í Reykjavík húsnæðislausar um síðastliðin áramót, en á þeim tíma gistu ein til tvær konur (1,5) í Konukoti. Nefndin vakti reyndar athygli á því að ef til vill væru konur vantaldar. Það er mikilvægt að þessar staðreyndir komi skýrt fram og það er jafnframt undirstrikað að með

þessari upplýsingagjöf á vettvangi Alþingis er síður en svo verið að gera lítið úr þeim vanda sem húsnæðislausir og þeir sem utangarðs eru búa við. Félagsmálaráðherra setti samsráðsnefndina á fót til þess að draga fram stöðu þessa hóps. Það er mikilvægt að hún liggi ljós fyrir og er forsenda þess að raunverulega sé unnt að taka á málum.

Konurnar í Konukoti voru ekki taldar sérstaklega í skýrslunni þar sem gert var ráð fyrir að þær væru meðal þeirra sem Velferðarsvið borgarinnar hefur yfirlit yfir. Skýrslan var byggð á gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og gögnum frá lögreglunni í Reykjavík og leitast var við að hafa alla með en tvítelja engan. Það var talin forsenda raunhæfra tillagna til úrlausnar. Gengið var út frá því að þeir sem skilgreindir væru húsnæðislausir og dveldu í gistiskýlinu og Konukoti hefðu sótt um húsnæði hjá Reykjavíkurborg.

Það er mikilvægt að konurnar í Konukoti, sem taldar eru húsnæðislausar, séu skráðar hjá Velferðarsviðinu sem hefur upp á varanleg úrræði að bjóða. Að öðrum kosti fara þær á mis við margþætta félagslega ráðgjöf Velferðarsviðs borgarinnar. Úr þessu verður nú bætt.

Frá því að fyrirspurnin var lögð fram hefur margt breyst til batnaðar, sbr. fyrrgreinda samþykkt þar sem m.a. kom fram að Konukot verður nú opið allan sólarhringinn. Einnig hefur verið ákveðið að veita konum sem dvelja í Konukoti ráðgjöf á vegum Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í tvær klukkustundir á viku til að byrja með.

580. Svar [245. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þórarins E. Sveinssonar um skammtímaatvinnuleyfi ungmenna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er Ísland aðili að samkomulagi sem auðveldar ungmennum að fá skammtímaatvinnuleyfi í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. í námshléum eða námsleyfum?*
2. *Ef svo er, við hvaða ríki hefur þá verið gert slíkt samkomulag?*
3. *Ef svo er ekki, stendur þá til að gera slíkt samkomulag við einhver ríki?*

Ísland á hvorki aðild að né hefur gert samninga við önnur ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem auðveldar ungmennum að sækja um skammtímaatvinnuleyfi til að vinna í námshléum eða námsleyfum.

Félagsmálaráðuneytið hefur haft til athugunar um nokkurt skeið í samráði við önnur ráðuneyti gerð hliðstæðra samninga milli Íslands og annarra ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og nágrannaríki hafa gert vegna dvalar og vinnu ungs fólks. Stjórnvöld hafa litið gerð slíkra samninga jákvæðum augum og til þess fallna að auka viðsýni ungs fólks. Þeir geta haft í för með sér fjölgun tækifæra til menningarsamskipta og gagnkvæmra kynna af lífsháttum og viðhorfum meðal annarra þjóða. Það liggur hins vegar fyrir að slík samningsgerð krefst m.a. breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og hefur málið því reynst tímafrekara en ráð var fyrir gert. Hafa þessi atriði meðal annars verið til umræðu í þeirri endurskoðun sem nú stendur yfir á löggjöf er fjallar um dvöl og atvinnu útlendinga hér á landi. Undirbúningur að því að unnt verði að gera samninga þessa efnis stendur því yfir í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti.

581. Svar [90. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fæðingarorlof.

1. *Hve miklar heildargreiðslur vegna fæðingarorlofs hafa sparast fyrstu 9 mánuði yfirstandandi árs, sundurliðaðar eftir ákvæðum nýrra fæðingarorlofslaga sem leiða áttu til sparnaðar, t.d. ákvæðum um þak á fæðingarorlofsgreiðslur og breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við?*

Tilgangur laga nr. 129/2004, um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, var meðal annars að renna styrkari stoðum undir það fæðingarorlofskerfi sem sett var á laggirnar á árinu 2000 með því að treysta betur stöðu þess og koma böndum á útgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Eitt markmið laganna var að samstilla fæðingarorlofskerfið við skattkerfið þar sem grunur lék á því að hluti foreldra hefði leitast við að hafa áhrif á tekjur sínar til hækkunar á viðmiðunartímabilinu. Enn fremur var með lengingu á viðmiðunartímabili talið að meðaltal heildarlauna foreldra endurspeglaði betur rauntekjur þeirra. Með þessu var meðal annars lögð áhersla á að sjóðurinn er fjármagnaður í gegnum skattkerfið og er honum ætlað að bæta foreldrum raunverulegt tekjutap í samræmi við upplýsingar skattyfirvalda. Þá var lagt til að hámark yrði sett á fjárhæð greiðslna sem foreldrar eiga rétt á úr Fæðingarorlofssjóði en ljóst var að sú ráðstöfun væri til þess fallin að draga úr fjárútstreymi hans án þess þó að stefna markmiðum laganna í hættu.

Samkvæmt upplýsingum Fæðingarorlofssjóðs hefur 81 foreldri verið með hærri tekjur en nemur hámarkstekjum sem gert er ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóðurinn bæti foreldrum á fyrstu níu mánuðum ársins. Útgjöld sjóðsins vegna þeirra foreldra hafa samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði dregist saman um 25 millj. kr.

Frekari sundurgreining á því hver áhrif þeirra breytinga, sem gerðar voru með lögum nr. 129/2004, eru á útgjöld Fæðingarorlofssjóðs liggja ekki fyrir og verður þeirra ekki aflað án verulegs tilkostnaðar. Að því er varðar breytt viðmiðunartímabil sem lagt er til grundvallar útreikningum á greiðslum í fæðingarorlofi þá eru einungis fyrir hendi hjá Fæðingarorlofssjóði upplýsingar um tekjur foreldra sem eignuðust börn 1. janúar 2005 eða síðar samkvæmt gildandi viðmiðunartímabili en ekki samkvæmt eldra tímabili hvað þá foreldra varðar. Þar af leiðandi er ekki unnt að finna út hvaða fjárhæðir þessir foreldrar hefðu fengið samkvæmt eldra viðmiðunartímabili. Jafnframt er til þess að líta að efasemdir eru um réttmæti þeirrar upplýsingaöflunar er til þyrfti að koma til að svara spurningunni í ljósi þess að sjóðurinn þarfnast þeirra í raun ekki við framkvæmd laganna gagnvart foreldrum.

Ráðuneytið áætlar að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs árið 2005 verði mjög nálægt útgjöldum sjóðsins árið 2004, eða um 6,2 milljarðar kr. Það liggur aftur á móti fyrir að áhrif framangreindra breytinga munu ekki koma fram í útgjöldum sjóðsins að fullu fyrr en á árinu 2006.

2. *Hve mikið hafa breyttar viðmiðunarreglur um tekjur vegna greiðslu fæðingarorlofs lækkað fæðingarorlofsgreiðslur sem hlutfall af launum að meðaltali, miðað við að raungildi þeirra væri 80% af meðaltali heildarlauna og miðað við sömu viðmiðunarreglu um tekjur og gilti fyrir gildistöku nýrra laga um fæðingarorlof?*

Með vísun til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar verður þessu ekki svarað með einföldum hætti. Gera má ráð fyrir að breytt viðmiðunartímabil lækki útgjöld Fæðingarorlofssjóðs um 3–4,5%. Á það skal þó bent að markmið laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, var m.a. að stuðla að því að röskun á tekjuinnkomu heimilanna yrði sem minnst þegar foreldrar leggja niður störf í fæðingarorlofi. Tilgangur laganna er því fyrst

og fremst að tryggja foreldrum ákveðið hlutfall þeirra tekna sem þeir hafa haft yfir tiltekið tímabil til að gera þeim kleift að annast börn sín. Þegar reiknað er út hvaða rétt foreldri á til greiðslu er miðað við verðgildi launa á þeim tíma sem til þeirra var unnið. Út frá þeim forsendum eru greiðslur til foreldra almennt 80% af tekjum þeirra á viðmiðunartímabili, hvort sem horft er til fyrra viðmiðunartímabils eða núverandi. Það hefur aldrei verið markmið laganna að bæta foreldrum þær tekjur sem þeir hugsanlega hefðu getað aflað hefðu þeir ekki eignast barn og því haldið áfram á vinnumarkaði.

Það liggur í hlutarins eðli að jafnstórt kerfi og fæðingarorlofskerfið er, þar sem miðað er við tekjuupplýsingar einstaklinga yfir tiltekið tímabil, þarf að fylgja ákveðnum reglum. Það er ljóst að tekjur einstaklinga eru misjafnar sem og að þær geta tekið breytingum yfir tímabilið. Kerfið er því nokkuð flókið í framkvæmd. Þegar lögin voru samþykkt á Alþingi var ákveðið að miða við tiltekinn fjölda mánaða fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku þess í varanlegt fóstur. Í ljósi reynslunnar þótti hins vegar nauðsynlegt að samstilla kerfið betur við skattkerfið þannig að Fæðingarorlofssjóður miði við sama tímabil og skattyfirvöld gera. Var jafnframt talið að viðmiðunartímabil sem tæki til tveggja ára gæfi betri mynd af rauntekjum foreldra þannig að einstakar sveiflur í tekjum þeirra hefðu ekki afgerandi áhrif á endanlegt tekjuviðmið.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu var tekið tillit til þess að ekki hafa allir foreldrar starfað á innlendum vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að miðað sé við meðaltal heildarlauna foreldris yfir það tímabil sem foreldri hefur unnið á innlendum vinnumarkaði. Þó verður aldrei miðað við færri en fjóra mánuði til að fá fram ákveðið meðaltal tekna foreldra. Jafnframt var tekið tillit til þeirra sem hafa ekki starfað á viðmiðunartímabili og þeim tryggðar lágmarksgreiðslur samkvæmt lögunum í samræmi við starfshlutfall sitt.

Í ljósi framangreinds er það áfram markmið Fæðingarorlofssjóðs að tryggja foreldrum 80% af þeim tekjum sem þeir höfðu á tilteknu tímabili, sem er skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Það er hins vegar annmörkum háð að svara því hversu hátt hlutfall það er af þeim tekjum er foreldri hugsanlega gat aflað sér hefði það ekki ákveðið að eignast barn og haldið áfram á vinnumarkaði. Því er heldur ekki að neita að margs konar breytingar geta orðið á högum fólks, og þá sérstaklega hjá ungu fólki sem er að hasla sér völl á vinnumarkaði. Einstaklingum bjóðast ný störf, stöðuhækkun eða launahækkun vegna góðrar frammistöðu. Því má heldur ekki gleyma að breytingar geta jafnframt haft í för með sér lækkun á tekjuinnkomu fólks vegna atvinnuleysis, veikinda eða annarra ófyrirséðra ástæðna. Þess vegna var talið að tímabilið sem lögin taka mið af gæfi ágæta mynd af tekjuinnkomu verðandi foreldra sem ætti að gera þeim kleift að leggja niður störf til að annast börn sín.

3. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að fjárhæðir fæðingarorlofsgreiðslna haldi raungildi sínu miðað við að foreldrar í fæðingarorlofi fái 80% heildartekna sem taki breytingum í samræmi við launavísitölu á hverjum tíma og að útreikningar á meðaltali heildarlauna taki tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu?*

Vísað er til svars við 2. lið.

4. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingu á þessu þingi sem tryggi að fæðingarorlofsgreiðslur skerði ekki rétt til umönnunar- og lífeyrisgreiðslna?*

Ákvæði 33. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu að undanförnu. Mál þetta er ekki einhlítt og þarfnast frekari yfirlegu. Að svo stöddu liggja ekki fyrir drög að frumvarpi til breytinga á lögunum að því er þetta efni varðar. Ekki liggur fyrir endanleg ákvörðun af hálfu ráðherra um hvort slíkt frumvarp verður lagt fram á yfirstandandi þingi.

5. *Telur ráðherra rétt að gera breytingar á fæðingarorlofslögum til að tryggja betur rétt einstæðra foreldra og rétt ófeðraðra barna?*

Markmiðið með þeirri lögbundnu skiptingu sem er milli foreldra á töku fæðingarorlofs er meðal annars að stuðla að jafnri fjölskylduábyrgð, sem og jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Þá var tilgangur þessa fyrirkomulags ekki síður að tryggja barni eins og kostur er samvistir bæði við föður og móður, sbr. 2. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.

Í því skyni að tryggja framangreind markmið laganna var jafnframt talið mikilvægt að réttur til fæðingarorlofs væri ekki alfarið bundinn því skilyrði að foreldri færi með forsjá barnsins. Af inntaki forsjár skv. 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003, leiðir þó að samþykki þess foreldris sem fer með forsjána á því að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir þarf að liggja fyrir. Engu síður felur inntak forsjár jafnframt í sér að foreldri sem fer eitt með forsjá barns er skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema það sé andstætt hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmælts stjórnvalds. Þá er það réttur barns að þekkja báða foreldra sína og af þeim rétti barnsins leiðir skylda móður að feðra barn sitt sem ekki er feðrað samkvæmt beinum fyrirmælum barnalaga, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Þykja því ekki efni standa til að leggja til breytingar á fæðingarorlofslögum um þessi atriði að svo stöddu.

582. Svar [102. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um útflutning á íslensku vatni í neytendaumbúðum.

1. *Hve mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi á sl. tíu árum með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn?*

Ellefu fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi síðastliðin tíu ár með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn en auk þess hafa verið stofnuð fyrirtæki vegna framleiðslu áfengra drykkja úr íslensku vatni.

2. *Hve mikið magn drykkjarvatns í neytendaumbúðum hefur verið flutt út árin 2003, 2004 og 2005 og til hvaða landa?*

2003		2004		2005 (til sept.)	
Danmörk	351.474	Belgía	941	Bretland	112.576
Bandaríkin	1.931.016	Frakkland	105	Danmörk	462.224
Kanada	94.000	Bandaríkin	1.966.065	Frakkland	7.470
Japan	44.487	Danmörk	447.615	Japan	57.607
Jemen	219	Ítalía	17.467	Bandaríkin	2.559.417
Holland	860	Kúveit	18.144	Ítalía	37.963
Kúveit	55.764	Þýskaland	3.555	Taíland	39.600
Svíþjóð	55.944	Færeyjar	620	**Samtals tonn**	**3.276.857**
Finnland	468	**Samtals tonn**	**2.454.512**		
Færeyjar	2.700				
Samtals tonn	**2.536.932**				

3. *Þurfa þeir sem ætla að hefja útflutning á neysluvatni að sækja um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi? Ef svo er, hversu margir hafa sótt um slík leyfi?*

Framleiðsla/átöppun neysluvatns fellur undir reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Þar segir að þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skuli hafa starfsleyfi opinbers eftirlitsaðila, þ.e. viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Jafnframt fellur framleiðsla/átöppun neysluvatns undir reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn nr. 405/2004.

4. *Hefur ráðuneytið eða annar aðili unnið að markaðskönnun varðandi frekari möguleika á útflutningi íslensks drykkjarvatns?*

Ráðuneytið hefur látið vinna könnun á markaði fyrir vatn í neytendaumbúðum og tekið þátt í könnun ásamt Útflutningsráði og Byggðastofnun. Einnig hafa verið gerðar úttektir í tengslum við lokaverkefni í háskólum auk þess sem einstaka fyrirtæki hafa gert markaðskannanir en slíkt er trúnaðarmál viðkomandi fyrirtækja.

5. *Hve háa styrki hafa ráðuneytið, Byggðastofnun og Iðnþróunarsjóður veitt vegna neysluvatnsútflutnings sl. tíu ár og til hvaða fyrirtækja (sundurgreindar fjárhæðir)?*

Byggðastofnun styrkti Hreint vatn ehf. um 500.000 kr. árið 2002. Að öðru leyti hefur ráðuneytið, Byggðastofnun og sjóðir á vegum ráðuneytisins ekki styrkt fyrirtæki til vatnsútflutnings með beinum hætti.

6. *Hvert er álit ráðherrans á frekari útrás og á útflutningi neysluvatns í neytendaumbúðum?*

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að flytja út íslenskt ferskvatn með misjöfnum árangri. Íslenskt vatn er frekar efnasnautt og því ekki bragðmikið. Það er hins vegar sérlega mjúkt og varðveitir því bragðefni óvenjuvel. Útflutningur hefur verið að aukast á íslensku vatni og virðist sem tekist hafi að markaðssetja íslenskt vatn erlendis sem umhverfisvæna og holla framleiðslu. Til marks um það fékk fyrirtækið *Icelandic Glacial* frá Þorlákshöfn *Best Overall Concept* verðlaunin á *Zenith International, Bottled Water World Congress* í ár. Víða um heim er vatsnbrestur og mengun ógnar nýtanlegum vatnsauðlindum. Möguleikar fyrir íslenskan vatnsútflutning virðast því töluverðir ef varan er markaðssett á réttan hátt og bind ég miklar vonir við að útflutningurinn haldi áfram að aukast.

583. Tillaga til þingsályktunar [408. mál]

um stofnun endurhæfingarseturs.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót endurhæfingarsetri og skoða m.a. möguleika á samstarfi við bæjaryfirvöld í Kópavogi um uppbyggingu slíks seturs á landi gamla Kópavogsbýlisins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt. Tilgangur hennar er að efla enn frekar endurhæfingu og hæfingu fatlaðra, langveikra og þeirra sem greinst hafa með alvarlega sjúkdóma og stuðla að uppbyggingu á lóð gamla holdsveikraspítalans í Kópavogi.

Endurhæfing fatlaðra og einstaklinga sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma, sem og hæfing mikið fatlaðra, hefur mikið gildi hvort heldur er fyrir einstaklinginn sjálfan, fjölskyldu hans eða þjóðarbúið. Þörfin fyrir fjölbreytta endurhæfingu og hæfingu heldur áfram að aukast og má rekja það til fjölmargra þátta, m.a. til aukinnar læknisfræðilegrar þekkingar og tækni, sem hafa bætt lífslíkur fyrirbura og þeirra sem verða fyrir alvarlegum slysum eða greinast með alvarlega sjúkdóma. Meðfædd fötlun kallar oft á ævilanga þjálfun og hæfingu og álagið á fjölskyldur mikið fatlaðra barna er mikið. Endurhæfing ungs fólks, sem af ýmsum ástæðum hefur hætt skólagöngu og fótar sig ekki í daglegu lífi, er ekki síður mikilvæg. Fjöldi aldraðra sem þarfnast endurhæfingar vex samhliða hækkandi aldri þjóðarinnar. Þeir sem þurfa á endurhæfingu og hæfingu að halda til lengri tíma eru því mjög breiður hópur með ólíkar þarfir.

Skilningur og virðing fyrir þörfum fólks sem nýtur líknarmeðferðar fer stöðugt vaxandi og þar með viðurkenning á rekstri sérstakra líknardeilda. Rólegt og fallegt umhverfi hefur jákvæð áhrif á líðan þessara sjúklinga og aðstandenda þeirra og skiptir staðsetning líknardeilda því miklu máli.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að standa að stofnun endurhæfingarseturs, þ.e. blandaðri þjónustu fyrir fatlaða, langveika og þá sem greinst hafa með alvarlega sjúkdóma, t.d. krabbamein. Það er mikilvægt að hafa hugfasta nauðsyn fjölbreytilegra úrræða og setur af þessu tagi mundi auka möguleika til eflingar og nýbreytni á sviði endurhæfingar. Hugtakið „setur“ vísar til starfsemi á ákveðnu sviði en möguleika á mismunandi rekstri. Núverandi starfsemi er fjölbreytt og á ábyrgð bæði ríkis og sveitarfélaga.

Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) tók við fasteignum Kópavogshælisins þegar það var lagt niður og á flestar þeirra í dag. Með stofnun endurhæfingarseturs þarf að meta þörf LSH á húsnæði fyrir þá starfsemi sem ætluð er til framtíðar á vegum sjúkrahússins og gera viðhlítandi ráðstafanir varðandi það húsnæði sem nýtist LSH ekki. Nú eru á svæðinu þrjár legudeildir fyrir fatlaða ásamt húðdeild og líknardeild á vegum LSH, Endurhæfing ehf., Rjóðrið og Fjölsmiðjan.

Endurhæfing ehf. er einkarekin iðju- og sjúkraþjálfun fyrir fatlaða, sem tók við endurhæfingu fjölfatlaðra af LSH í Kópavogi á vordögum 2004. Að rekstri Endurhæfingar ehf. standa fyrrverandi starfsmenn endurhæfingardeildar LSH.

Rjóðrið, hvíldar- og endurhæfingarheimili langveikra barna, er samstarfsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Íslenskrar erfðagreiningar og LSH. Rekstur heimilisins byggist á hvíldarinnlögn fatlaðra og langveikra barna í heimahúsum ásamt foreldrum, en einnig endurhæfingu og framhaldi af vistun á barnaspítala LSH. Mikil þörf er á svipaðri þjónustu fyrir mikið fötluð eða langveik ungmenni eldri en 18 ára og fjölskyldur þeirra.

Fjölsmiðjan er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis (Vinnumálastofnunar), Rauða kross Íslands, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og menntamálaráðuneytis. Fjölsmiðjunni er ætlað að starfrækja verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–24 ára sem hætt hefur námi og ekki fótað sig á vinnumarkaði. Markmiðið er að bjóða fjölþætta verkþjálfun og fræðslu þannig að nemarnir geti fundið áhugavert starf þar sem hæfileikar þeirra nýtast eða tíminn nýtist sem forvinna að frekara skólanámi. Starfsemin fer að mestu fram í gamla Iðjuhúsinu sem Fjölsmiðjan leigir af LSH.

Um tveggja ára skeið var rekin göngudeild í Kópavogi með sérhæfðri krabbameinsendurhæfingu. Starfsemin hefur verið flutt til innan LSH vegna skipulagsbreytinga og í sparnaðarskyni. Mikil ánægja ríkti meðal skjólstæðinga göngudeildarinnar og voru vonir bundnar við frekari uppbyggingu á þessu sviði, svo sem rekstur dagdeildar, en mikil þörf er á slíkri þjónustu. Með starfi göngudeildarinnar var unnið brautryðjendastarf sem samræmdist vel starfsemi háskólasjúkrahúss. Þverfagleg vinna og metnaðarfullt starf hafði góð áhrif á líðan skjólstæðinga deildarinnar. Sérstök ánægja var með staðsetningu göngudeildarinnar svo og aðstöðu til sjúkraþjálfunar, sérstaklega sundlaugina. Flutningsmaður telur að huga eigi að áframhaldandi þjónustu við krabbameinssjúklinga af þessu tagi í tengslum við stofnun endurhæfingarseturs. Staðsetningin og umhverfið allt getur stuðlað að árangursríkri meðferð. Mikil þörf er á verulegum úrbótum fyrir krabbameinssjúklinga og nefna má að unnið er að stofnun miðstöðvar fyrir iðjuþjálfun, upplýsingar og þjónustu fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess. Hugmyndin er byggð á sambærilegum miðstöðvum í Danmörku og er verið að leita að hentugu húsnæði undir starfsemina.

Fyrirhuguðu skipulagi á miðhluta Kópavogstúns hefur verið frestað, m.a. vegna athugasemda frá LSH, og verður sú starfsemi sem fram fer á þessu svæði óbreytt. Samstarf um aðra landnýtingu og deiliskipulag þarf því að fara fljótt í gang ef hugmyndir um endurhæfingarsetur á svæðinu eiga fram að ganga. Sú starfsemi sem nú þegar er á svæðinu er mjög brýn og þörf er á frekari þjónustu á flestum sviðum starfseminnar. Má þar sérstaklega nefna sjúkra- og iðjuþjálfunina, starfsemi Rjóðursins og síðast en ekki síst brýna nauðsyn á að koma á fót öflugri og fjölbreyttri endurhæfingu fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein.

Kópavogsbær hefur fest kaup á húsnæði gamla holdsveikraspítalans og er mat flutningsmanns að huga eigi að verndun hússins vegna sögulegs gildis, aldurs þess og sem hluta af höfundarverki Guðjóns Samúelssonar arkitekts.

Þegar holdsveikraspítalinn, eða heilsuhælið í Kópavogi eins og það kallaðist áður, var reistur á sínum tíma var honum valinn staður í rólegu umhverfi en nærri höfuðborginni. Staðsetningin býður enn upp á rólegt og fallegt umhverfi með góðar almenningssamgöngur, takmarkaða bílaumferð en góða tengingu við göngu- og hjólastíga. Þessar aðstæður henta mjög vel núverandi starfsemi og nauðsynlegt er að hafa þær til hliðsjónar við uppbyggingu endurhæfingarseturs. Slíkar vinjar hafa horfið með þéttingu byggðarinnar á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Breyttar áherslur í geðheilbrigðisþjónustu, þ.e. að hverfa frá stofnanaþjónustu og innlögnum sjúklinga, falla vel að hugmyndinni um endurhæfingarsetur með fjölbreyttri starfsemi. Miðstöð sjálfseflingar og fræðslu fyrir geðsjúklinga og aðstandendur þeirra, sérstaklega fólks á höfuðborgarsvæðinu, mundi styrkja samfélagsþjónustu á þessu sviði.

Uppbygging endurhæfingarseturs þar sem sambærileg starfsemi er fyrir eykur öryggi sjúklinga og gæði þeirrar þjónustu sem veita á. Endurhæfingarsetur býður upp á nýjar leiðir til að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu auk óhefðbundinna leiða til menntunar. Endurhæfingarsetur býður einnig upp á möguleika á samvinnu í þverfaglegri vinnu milli stofnana á svæðinu.

Með starfsemi endurhæfingarseturs væri hægt að byggja upp fjölbreytta endurhæfingu fyrir fatlaða og þá sem hafa fengið alvarlega sjúkdóma ásamt hæfingu fyrir þá sem verst eru settir og falla ekki alfarið undir ákveðna sjúkdómsgreiningu eða félagslega þjónustu. Langtímameðferð í rólegu umhverfi án áreitis er mikilvæg fyrir þá sem þurfa á hæfingu að halda. Þannig má stuðla að því að þeim fari ekki aftur. Öryrkjum hefur fjölgað mjög síðustu ár og er nauðsynlegt að vinna að því að byggja upp endurhæfingu vegna skertrar vinnufærni og koma fólki til heilsu á ný. Því yngri sem öryrkinn er, því mikilvægari er endurhæfing til atvinnu og þátttöku í daglegu lífi.

Flutningsmaður telur að verkefnið sé kjörið samvinnuverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis og að þannig megi ná bestum árangri í að byggja upp sterkt hæfingar- og endurhæfingarsetur. Reynslan af slíku verkefni mundi nýtast vel í nauðsynlegri uppbyggingu á fjölbreyttri endurhæfingu í tengslum við stærri sjúkrahús úti um land sem byggjast á þverfaglegum grunni og samnýta þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar.

Með tilllögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hvað verður um gamla holdsveikraspítalann? (Fréttablaðið, 21. febrúar 2005.)
II. Óttast um framtíð líknardeildar. (Fréttablaðið, 23. ágúst 2005.)
III. Skipulagt í kringum ríkisbyggingarnar. (Morgunblaðið, 18. september 2005.)

584. Breytingartillaga [326. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 3. gr. öðlast þegar gildi.

585. Fyrirspurn [409. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla í Akraneshöfn.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver hefur mánaðarlegur landaður afli eftir fisktegundum verið í Akraneshöfn frá 1. janúar 2000 til loka nóvember 2005?

2. Hvaða skip hafa landað þar (nöfn, kallmerki, skráningarnúmer) og hve miklu af hverri fisktegund hafa þau landað í hverjum mánuði á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

586. Fyrirspurn [410. mál]

til samgönguráðherra um aflagjöld Akraneshafnar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver voru mánaðarleg innheimt aflagjöld Akraneshafnar, frá 1. janúar 2000 til loka nóvember 2005, reiknað til núvirðis?
2. Hefur hlutfall innheimtra aflagjalda Akraneshafnar breyst á tímabilinu, og ef svo er, þá hvenær og hvernig?

Skriflegt svar óskast.

587. Fyrirspurn [411. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning aflaheimilda milli skipa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvað reglur hafa verið settar um framkvæmd á flutningi aflahlutadeildar og aflamarks milli skipa til þess að tryggja að veiðiheimildir skips verði ekki bersýnilega umfram veiðigetu þess, sbr. ákvæði 11. og 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990?
2. Hvaða atriði eru tekin til athugunar við mat á veiðigetu skips og hvernig er hámarksveiðigeta skips fundin?
3. Hve oft og hvenær hefur verið synjað um flutning á aflaheimildum milli skipa af þeim ástæðum að eftir flutning væru veiðiheimildir skips bersýnilega umfram veiðigetu þess og hverjar voru helstu ástæður hverju sinni?

Skriflegt svar óskast.

588. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við 7. gr.

1. Í stað „2. gr.“ í inngangsmálsgrein komi: 20. gr.
2. Í stað „3. mgr. 18. gr.“ í 2. efnismgr. b-liðar komi: 4. mgr. 18. gr.

589. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn. Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Samgönguráðherra skal, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann. Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill forstöðumanns.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtist við sjóslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi þeirra fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

3. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar allra skjala er varða skip, svo sem leiðar-, dag- og véladagbókar, eftirlitsbókar, allra vottorða sem skylt er að hafa um borð í skipi, skráa yfir skipverja, útskrifta úr tölvum er varða siglingu og vélbúnað skips, upptakna, svo og annarra gagna er ástæða þykir til, t.d. um fjarskipti og gögn sem varða rekstur og siglingu skipsins. Þeim er einnig heimilt að taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda skips, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Markmið frumvarpsins er að breyta stöðu framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar sjóslysa til samræmis við stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa og forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðarslysa, sbr. 4. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, og 4. gr. laga nr. 24/2005, um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Einnig er það markmið frumvarpsins að breyta ákvæði um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa að ýmsum gögnum þannig að skýrt sé kveðið á um heimild rannsóknarnefndarinnar til aðgangs að upptökum sem til eru um borð í skipum í samræmi við sams konar ákvæði í lögum um rannsóknarnefnd flugslysa er varða loftför, sbr. 14. gr. laga nr. 35/2004, til þess að auðvelda megi rannsókn sjóslysa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi nefndinni sérstakan forstöðumann til fimm ára í senn. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi með höndum daglegan rekstur hennar og beri ábyrgð á honum. Talið er rétt að skipa nefndinni forstöðumann sem annast daglegan rekstur hennar til samræmis við aðrar sambærilegar rannsóknarnefndir, sbr. lög um rannsókn flugslysa, nr. 35/2004, og lög um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005. Með því að skipa nefndinni forstöðumann er gert ráð fyrir að störf hennar verði markvissari og með því verði stuðlað enn frekar að því að tilgangi laganna verði náð, að koma í veg fyrir slys um borð í skipum, og að öryggi til sjós aukist. Þá stuðlar það einnig að sjálfstæði nefndarinnar.

Svo sem vikið verður að í athugasemdum við 2. gr. er ætlunin að forstöðumaður verði jafnframt rannsóknarstjóri nefndarinnar og hafi með höndum vettvangsstjórn. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra skuli, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að forstöðumaður nefndarinnar sé jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýri rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður hafi sérþekkingu eða starfsreynslu á sviðum sem sérstaklega nýtist við rannsókn sjóslysa. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðstoðarforstöðumaður skuli vera staðgengill forstöðumanns, svo sem vegna forfalla, leyfa eða sambærilegra atvika.

Um 3. gr.

Ákvæðið er nær óbreytt frá gildandi lögum en það veitir rannsóknarnefnd sjóslysa heimild til þess að krefjast ýmissa gagna eða upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við rannsókn einstakra mála. Í gildandi lögum er þó ekki kveðið sérstaklega á um heimild nefndarinnar til þess að fá í sínar vörslur upptökur sem kunna að vera um borð í skipi og geta auðveldað rannsókn slyss. Hins vegar er kveðið á um heimild nefndarinnar til þess að krefjast annarra gagna, er ástæða þykir til, sem ekki eru talin upp í gildandi lögum og mundu upptökur falla þar undir. Rétt þykir þó að tiltaka sérstaklega að nefndinni sé heimilt að krefjast upptakna sem kunna að vera í skipi svo að það sé alveg skýrt. Þá verður nefndinni áfram heimilt að krefjast annarra gagna en þeirra sem talin eru upp í ákvæðinu sem kunna að hjálpa til við rannsókn slyss.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er breyta stöðu framkvæmdastjóra sjóslysa til samræmis við stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa og forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðarslysa. Einnig er það markmið frumvarpsins að breyta ákvæði um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa ýmsum gögnum til þess að auðvelda megi rannsókn sjóslysa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld vegna breytingar á stöðu framkvæmdarstjóra nefndar um rannsókn sjóslysa hækki samtals um 0,5 til 1 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn rúmist innan ramma samgönguráðuneytis og hafi því ekki áhrif á fjárveitingar í heild.

590. Frumvarp til laga [413. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, 100 % kostnaðar.
2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar, 75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt. Á síðasta löggjafarþingi var gerð breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar og fagna flutningsmenn auknum réttindum en hins vegar telja flutningsmenn brýnt og eðlilegt að hlutfall greiðsluþátttöku sjúkratrygginga komi fram í lögum en ekki í reglugerð eins og fyrirkomulagið er nú.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 37. gr. laganna að felld er niður tilvísun í tannréttingar. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga, en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða forvarnir, almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar, svo og gullfyllingar, krónu- og brúargerð, gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga og eiga aðallega við um börn og unglinga.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir almennar tannlækningar elli- og örorkulífeyrisþega. Kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá.

Flutningsmenn hafa áður lagt fram frumvörp um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins (TR) í kostnaði við tannlækningar. Frumvarpið byggist á frumvarpi sem flutt var af Ögmundi Jónassyni o.fl. á 122., 123. og 125. löggjafarþingi og vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu. Frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka TR aukist og er það vissulega mikilvægt. Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tannvernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Lagt var til að greiðsluþátttaka TR fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga að 18 ára aldri yrði 90%.

Þingsályktunartillögunni var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd. Umsagnir um tillöguna voru í heild jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsynlegt væri talið að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku TR en hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð til einfaldari útfærsla og að TR greiði að fullu almennar tannlækningar fyrir 20 ára og yngri.

Tannheilbrigði barna og unglinga.

Árið 1986 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur (DMF) hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996 þegar síðasta könnun á tíðni tannskemmda meðal barna og unglinga var gerð. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996 hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5%. Margir hafa því talið að tannheilbrigði barna og unglinga færi stöðugt batnandi, en að mati sumra tannlækna hefur ástandið breyst til hins verra á undanförnum árum, bæði hvað varðar tannskemmdir og glerungseyðingu. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaraðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka TR í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Þetta kom m.a. fram á málþingi um tannheilsu barna sem haldið var á Grand hóteli í Reykjavík 27. mars 2004. Því er nauðsynlegt að fá hið fyrsta niðurstöður úr

nýrri könnun á sömu þáttum og endurtaka slíkar kannanir með reglubundnum hætti, svo bregðast megi við breytingum á almennu heilsufari á þessu sviði.

Tannheilbrigði aldraðra.

Í nýlegri skýrslu eru birtar niðurstöður fjórða áfanga könnunar á breytingum á tannheilsu Íslendinga 1985–2000 en hún nær til landsmanna 65 ára og eldri. Að gerð skýrslunnar stóðu Guðjón Axelsson, Tannlækningastofnun Háskóla Íslands og Sigrún Helgadóttir. Þær umfangsmiklu upplýsingar sem aflað hefur verið um tannheilsu Íslendinga undirstrika mikilvægi þess að slíkum rannsóknum verði haldið áfram með reglulegu millibili í framtíðinni. Nauðsynlegt er að meta reglulega árangur af starfinu sem unnið er á þessu sviði heilsugæslu og greina í tíma breytingar sem verða á tannheilsu landsmanna þannig að bregðast megi við þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tannlausir fer stöðugt lækkandi. Af þeim sem svöruðu voru 54,6% tannlausir í báðum gómum eða 17.599 manns og hafði fækkað um 22,4 prósentustig frá 1985.

Mjög sterk tengsl voru á milli tannleysis og aldurs, kynferðis, menntunar, tíma frá síðustu tannlæknisheimsókn og tíðni tannlæknisheimsókna. Einnig komu fram nokkuð sterk tengsl milli búsetu og tannleysis. Í könnunni kom einnig fram að marktækur kynbundinn munur var á tannleysi, þar er algengara meðal kvenna (64,4 %) en meðal karla (44,3%).

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjölda eigin tanna, á hvaða aldri fólk varð tannlaust, tíðni heilgóma og parta, þrif, aldur og notkunarvenjur heilgóma, tannhirðu, notkun flúortannkrems, notkun tannlæknisþjónustu og hvort fólk var ánægt með þá tannlæknisþjónustu sem það hefur fengið sl. 10 ár. Þá voru könnuð áhrif kynferðis, búsetu, búsetu mestan hluta ævinnar, hjúskaparstöðu, menntunar, starf, starfs maka, starfs föður og starfs móður á niðurstöður. Kannað var hvort og hvaða breytingar hefðu orðið á tannheilsu Íslendinga 65 ára og eldri frá 1985, 1990 og 1995 og hvort tekist hefði að ná alheimsmarkmiðum Alþjóðasamtaka tannlækna (FDI) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fyrir árið 2000 fyrir þennan aldurshóp.

Samkvæmt markmiðum þessara stofnana skyldi tíðni tannleysis hjá þeim sem voru 65 ára og eldri árið 2000 hafa minnkað um 25% frá því sem hún var árið 1980 og enn fremur skyldu yfir 50% tenntra einstaklinga hafa minnst 20 tennur í biti. Ekki er vitað hve margir Íslendingar 65 ára og eldri voru tannlausir árið 1980, en sé gert ráð fyrir að hlutfall tannlausra hafi lækkað álíka hratt á árunum 1980–1985 og frá 1985 til 1990 þá hefur hlutfall tannlausra verið rúmlega 80% árið 1980. Hlutfall tannlausra ætti þá að vera nálægt 60% árið 2000. Þetta markmið hefur því náðst á Íslandi.

Í skýrslunni kemur einnig fram að um síðustu aldamót voru 37,5% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi og að sýnt hafi verið fram á að í flestum tilfellum eru þeir sem segjast vera með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi með 20 eða fleiri tennur í biti. Það sé því ljóst að ekki hafi tekist að ná því markmiði að 50% tenntra Íslendinga 65 ára og eldri hefðu minnst 20 tennur í biti árið 2000.

Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2010 tekur mið af markmiðum WHO og FDI. Í þeirri áætlun kemur fram að mikilvægustu verkefni næstu ára hvað aldraða varðar er að vinna að því að fullorðnir hafi a.m.k. 20 tennur í biti, draga úr tannleysi aldraðra og tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að tannlækningum. Enn fremur verði að koma betra skipulagi á til þess að fylgjast með tannheilsu þjóðarinnar.

Tannheilsa aldraðra hefur batnað og fólk er betur meðvitað um tannheilsu og útlit. Betra aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og bættur fjárhagur fjölmargra aldraðra hefur haft afgerandi áhrif. Ný vandamál í munnholi koma upp með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og í

staðinn fyrir tannskemmdir er tanneyðing orðin töluvert vandamál. Sjúkdómar í tannholdi fylgja hækkandi aldri og breyttum lífsstíl.

Tanndráttur og falskar tennur var viðurkennd meðferð við lélegri tannheilsu fram á seinni hluta síðustu aldar en ætti að heyra fortíðinni til þegar hægt er að byggja upp bit með öðrum hætti. Tannlæknisfræðin þróast hratt með nýrri tækni og efnum svo möguleikar skapast til að stuðla að betra tann- og tannholdsheilbrigði, betra biti og minna tannleysi. Í dag vilja flestir halda tönnum sínum og bæta tannleysi með öðrum ráðum en að láta rífa tennur fyrir heilgóma. Það er því miður of algeng lausn, þar sem hún er í mörgum tilfellum ódýrust fyrir aldraða einstaklinga.

Breytt aldursmörk og endurgreiðsluhlutfall.

Í fyrri frumvörpum var gert ráð fyrir að þeir sem væru 18 ára og yngri greiddu einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt væri að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Í fyrri frumvörpum kom einnig fram að æskilegt væri að auka greiðsluþátttöku TR í áföngum og stefna að hækkun aldursmarka í 20 ár, þ.e. að setja svipuð aldursmörk og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti. Með frumvarpinu er fallið frá þessum aðlögunartíma og gert ráð fyrir 100% greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannheilbrigðisþjónustu landsmanna 20 ára og yngri og ellilífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar.

Flutningsmenn telja að miðað við stöðu þessara mála nú þurfi verulegt átak til að koma tann- og munnholsheilsu barna og ungmenna í betra horf. Greiðsluþátttaka TR vegur þyngst ef veita á börnum og unglingum tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag foreldra. Í könnun á hlutfalli barna sem ekki skila sér í eftirlit til tannlækna á Íslandi sem birt var í 1. tbl. Tannlæknablaðsins 2002 kom fram að börnum sem engrar tannlækningaþjónustu njóta hefur fjölgað. Í rannsókninni var ekki hægt að greina hvaða hópur barna það er sem ekki skilar sér en talið er líklegt að þau börn sem tilheyra þeim hópi þjóðfélagsins sem illa er staddur bæði fjárhagslega og félagslega tilheyri einnig þessum hópi. Tannheilbrigðisþjónusta aldraðra og öryrkja fellur undir það sama, faglegt mat á viðhaldi bits og tanna á ekki að vera háð efnahag hvers og eins.

Dregið úr jaðaráhrifum á elli- og örorkulífeyrisþega.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga af fjárhagsástæðum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Árið 1974 hófust greiðslur TR til tannlækna. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt á meðan samningur tannlækna og TR var í gildi en eftir það hefur kostnaðarhlutdeild barna, aldraðra og öryrkja verið aukin.

Á árunum 1992–1993 var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem nutu óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem bjuggu við skerta tekjutryggingu lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráð-

stafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga en á síðustu árum hefur greiðsluþátttaka TR verið aukin aftur og má þar m.a. nefna eftirfarandi: Viðmiðunaraldursmörk hafa verið hækkuð í 18 ár. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar fá nú aftur 50% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fá nú greidd 75% af tannlækniskostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu af gjaldskrá ráðherra en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði samkvæmt gjaldskrá ráðherra, eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Það að ekki skuli vera í gildi samningur um fasta gjaldskrá milli tannlækna og TR skerðir verulega hlut þeirra sem eiga rétt á greiðsluþátttöku stofnunarinnar. Samningur sem gerður var 1992 milli tannlækna og TR gilti til 1998, en þá náðist ekki samkomulag milli samningsaðila um gerð nýs samnings. Núgildandi gjaldskrá ráðherra byggist á samningnum sem gilti til 1998 og hefur ekki breyst í takt við verðlagsþróun og skekkir því greiðsluþátttöku TR verulega. Börn og unglingar sem nú eiga rétt á 75% endurgreiðslu TR fá í raun ekki nema 50% af þessum sökum þar sem greiðsluþátttaka TR miðast við fasta gjaldskrá ráðherra, en verðskrá tannlækna er frjáls og hefur hækkað umtalsvert umfram flata 20% hækkun gjaldskrárinnar 2002. Ætla má að á fjárlögum 2003 hafi af þessum sökum sparast um 140 millj. kr.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins, Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé, samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan. Forsenda þess að draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sjúkratryggðra er að í gildi sé gjaldskrársamningur tannlækna og TR vegna sjúkratryggðra og greiðsluþátttaka hins opinbera verði aukin.

Í skýrslu landlæknisembættisins, Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni þar sem í ljós hafi komið að meðal barnafólks með lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði sé allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Í skýrslunni kemur fram að ekki virðast færri fara í aðgerðir á læknastofum en mun færri fara í meðferð hjá tannlækni og reyndar hefur borið á því áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda á undanförnum árum. Í það minnsta eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting því að fyrri rannsóknir hafa ekki bent til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.

Vissulega ber að fagna mikilvægum úrbótum sem gerðar hafa verið. Þær úrbætur eru þó ekki nægar og jafna ekki stöðu þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir, t.d. ef borið er saman við þær reglur sem gilda um tannheilbrigðisþjónustu nágrannaþjóðanna.

Opinber stefna.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er bættri tannheilsu barna og unglinga skipað á bekk með forgangsverkefnum. Stefnt er m.a. að því að 12 ára börn hafi að meðaltali minna en eina skemmda, tapaða eða viðgerða tönn fyrir árið 2010. Tannheilsa íslenskra barna hefur lítið verið rannsökuð á síðustu árum en miðað við þau gögn sem til eru, er talið er að hjá 12 ára börnum sé þetta hlutfall u.þ.b. 1,5.

Ljóst er að auk kostnaðar hafa margir aðrir þættir áhrif á tannheilbrigði. Má þar nefna breytt mataræði, svo sem aukna neyslu gosdrykkja, tannhirðu og erfðir.

Til að halda útgjöldum við tannlækningar niðri er því mikilvægt að halda uppi stöðugri fræðslu, efla tannheilsugæslu og virkja þátt ábyrgðartannlækna svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er mikilvægt að sátt náist um opinbera stefnu í tannheilbrigðisþjónustu svo áherslan beinist að þeim hópum sem mest þurfa á því að halda. Komið hefur fram það sjónarmið að breyta megi áherslum og forvörnum í tannheilsuvernd barna og unglinga og leggja meiri áherslu á ákveðna áhættuhópa, en draga jafnframt úr forvarnaraðgerðum meðal barna og unglinga sem hafa góða tannhirðu og heilbrigðar tennur.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Miðað við núverandi gjaldskrá má ætla að kostnaður vegna barna muni aukast um rúmar 180 millj. kr., vegna aldurshópsins 18–20 ára um 185 milljónir og vegna lífeyrisþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, um rúmar 110 millj. kr. Heildarkostnaðaraukinn væri samkvæmt þessu um 475–480 millj. kr. Hins vegar er þess að gæta að gjaldskráin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsbreytingar svo gera verður ráð fyrir sérstakri hækkun af þeim sökum umfram þessar 475–480 milljónir.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Heimtur barna til tannlækna. Helga Ágústsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Reynir Jónsson. (Tannlæknablaðið 2002, 1. tbl., bls. 48–49.)

II. Úr heilbrigðisáætlun til ársins 2010. (Nóvember 2000.)

591. Svar [409. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um afla í Akraneshöfn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur mánaðarlegur landaður afli eftir fisktegundum verið í Akraneshöfn frá 1. janúar 2000 til loka nóvember 2005?*
2. *Hvaða skip hafa landað þar (nöfn, kallmerki, skráningarnúmer) og hve miklu af hverri fisktegund hafa þau landað í hverjum mánuði á þessu tímabili?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir svar hennar við fyrirspurninni í eftirfarandi töflum.

Landaður afli íslenskra skipa á Akranesi 2000–2005.
(Afli upp úr sjó (óslægt) í tonnum.)

2000

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	Þorskur	638	778	800	739	731	535	354	666	509	381	292	420
2	Ýsa	68	88	108	224	150	55	55	148	23	53	149	242
3	Ufsi	92	169	172	214	139	109	110	156	118	64	129	168
5	Karfi	337	618	786	898	180	409	887	1.388	1.282	1.124	843	337
6	Langa	3	4	9	10	2	1	1	2	1	2	3	1
8	Keila	2	1	1	0	0	1	1	1	1	1	3	2
9	Steinbítur	2	12	48	27	9	9	7	14	6	5	14	39
11	Úthafskarfi					2.087	1.439	92					
22	Grálúða	8	90		79			76	88	137	152	179	239
23	Skarkoli	0	1	0	1	10	23	8	28	4	5	0	6
24	Þykkvalúra	0	1	0	1	2	1	1	6	1	1	1	1
25	Langlúra		0	0	0	4	4		0		1	0	0
27	Sandkoli		0		0	0	1	0	22	19	18		0
28	Skrápflúra		1		1				2	2	4	2	2
30	Síld	460				1.150	6.648	388			4.124	790	1.111
31	Loðna	6.677	17.794	24.581				8.824				4.606	
34	Kolmunni				1.583		1.029					876	
40	Humar												0
41	Rækja											120	49
43	Hörpudiskur	75									6	151	61
100	Annar afli	8	21	18	29	3	7	9	26	39	61	66	40
	Samtals	**8.371**	**19.577**	**26.525**	**3.806**	**4.467**	**10.271**	**10.813**	**2.546**	**2.144**	**6.002**	**8.224**	**2.717**

2001

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	Þorskur	317	976	763	169	412	572	234	567	155	754	913	307
2	Ýsa	60	211	141	30	33	47	17	170	30	105	215	145
3	Ufsi	64	132	192	39	91	179	129	153	47	261	293	57
5	Karfi	211	378	1.097	293	46	450	385	303	177	711	391	165
6	Langa	0	3	5	0	3	2	0	2	0	4	1	1
8	Keila	3	1	0	0	0	0	0		0	1	0	1
9	Steinbítur	17	44	53	27	2	13	10	15	2	8	16	45
11	Úthafskarfi						971	1.327	1.079	672			
22	Grálúða	0	73	166	9	0	250		131	0	12	30	230
23	Skarkoli	1	3	1	0	1	15	8	14	11	1	2	2
24	Þykkvalúra	0	1	0	0	1	3	1	7	1	0	0	0
25	Langlúra	0	0	0		0	2	0	0	0	0	0	
27	Sandkoli					0	6	3		65	4		
28	Skrápflúra		1			0	0			4			0
30	Síld	907					6.095		301		675	630	1.526
31	Loðna	4.514	23.000	30.538	223		2.021	11.625					1.043
34	Kolmunni							5.549	3.953	6.640			163
40	Humar				0								
41	Rækja												
43	Hörpudiskur	1							10		35	73	46
100	Annar afli	11	79	69	3	2	4	5	9	13	129	48	80
	Samtals	**6.105**	**24.903**	**33.025**	**794**	**591**	**10.632**	**19.293**	**6.714**	**7.816**	**2.700**	**2.613**	**3.812**

2002

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	Þorskur	425	564	678	527	702	672	646	200	319	676	420	655
2	Ýsa	94	69	343	260	74	62	98	194	131	286	419	307
3	Ufsi	159	147	344	239	151	162	106	178	165	565	192	177
5	Karfi	328	293	1.515	1.573	371	258	593	886	384	768	382	321
6	Langa	0	4	9	8	3	4	7	4	5	2	3	0
8	Keila	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	1	
9	Steinbítur	23	24	38	11	8	8	9	10	5	12	14	36
11	Úthafskarfi					2.675	489	67	581	781			
22	Grálúða	134	15	350			299	152	70	7	28	494	220
23	Skarkoli	5	2	0	0	0	14	3	0	21	14	5	5
24	Þykkvalúra	0	1	0	1	1	1	4	2	1	4	1	1
25	Langlúra									1	0		
27	Sandkoli									80	41	10	
28	Skrápflúra	1	5	0						10	16	5	3
30	Síld	175				1.012	3.125				1.820	1.971	795
31	Loðna	9.793	20.707	26.809			1.348	12.917					3.223
34	Kolmunni				3.875	7.278	1.990	1.977	3.116	6.314	2.584		
40	Humar												
41	Rækja												
43	Hörpudiskur											37	31
100	Annar afli	23	20	135	15	2	3	6	20	29	86	53	54
	Samtals	**11.161**	**21.851**	**30.222**	**6.509**	**12.276**	**8.433**	**16.587**	**5.261**	**8.254**	**6.904**	**4.006**	**5.829**

2003

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	Þorskur	350	703	874	268	669	351	255	646	759	339	662	453
2	Ýsa	114	313	299	211	109	64	10	85	225	189	375	346
3	Ufsi	77	284	497	381	424	292	65	178	770	509	325	162
5	Karfi	128	518	1.254	1.616	605	832	2.478	750	555	612	477	359
6	Langa	1	7	13	9	6	4	3	2	9	1	3	3
8	Keila	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1
9	Steinbítur	12	35	21	32	15	13	5	5	20	6	9	11
11	Úthafskarfi				537	2.381	1.756	419	0				
22	Grálúða	0	389	203	34	51	36	6	55	22	15	120	423
23	Skarkoli	1	0	0	0	5	14	4	0	23	12	8	2
24	Þykkvalúra	0	1	0	1	1	3	1	0	5	4	3	1
25	Langlúra		0				1			0	0		
27	Sandkoli						11			68	38	29	18
28	Skrápflúra		4	1						1	0		0
30	Síld	122					4.737					2.645	504
31	Loðna	11.198	15.665	14.415			2.669	12.193					
34	Kolmunni				1.747	4.880	5.151	2.777	4.999	3.713	1.695	1.212	787
40	Humar												
41	Rækja												
43	Hörpudiskur												
100	Annar afli	11	40	44	10	5	7	6	20	45	62	84	88
	Samtals	**12.015**	**17.959**	**17.621**	**4.847**	**9.152**	**15.941**	**18.221**	**6.741**	**6.216**	**3.481**	**5.951**	**3.157**

2004

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	Þorskur	165	652	1.197	579	490	403	612	826	565	643	1.062	863
2	Ýsa	94	178	405	394	102	67	101	130	251	227	225	220
3	Ufsi	228	270	538	294	125	44	34	133	125	379	339	31
5	Karfi	419	372	505	613	151	77	99	49	30	374	213	130
6	Langa	1	3	8	6	6	1	0	1	0	1	1	0
8	Keila	0	0	0	0	0	0		0	0	0	0	0
9	Steinbítur	7	18	36	7	7	3	10	7	5	8	7	7
11	Úthafskarfi					542	1.043	39	831				0
22	Grálúða	0	363	160	144	186	162	118	211	2	22	70	225
23	Skarkoli	0	0	0	3	5	15	8	6	29	9	4	1
24	Þykkvalúra	0	0	1	3	3	4	1	2	2	3	1	1
25	Langlúra		0		1		3			1	0		
27	Sandkoli	0			3	13	6		0	40	18	38	3
28	Skrápflúra		1	0	2		2				2	2	2
30	Síld						2.828	446					
31	Loðna	9.456	21.959	13.780				4.985					189
34	Kolmunni				2.442	7.906	8.832	9.163	3.985	3.674		514	1.308
40	Humar												
41	Rækja				4	10	5						
43	Hörpudiskur												
100	Annar afli	23	52	71	47	16	27	9	25	29	76	70	42
	Samtals	**10.393**	**23.869**	**16.701**	**4.540**	**9.563**	**13.521**	**15.625**	**6.205**	**4.753**	**1.761**	**2.547**	**3.022**

2005

Teg. nr.	Fisktegund	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.
1	Þorskur	424	743	499	479	520	423	148	801	741	154	830
2	Ýsa	61	218	188	404	196	52	13	192	288	89	241
3	Ufsi	63	301	41	234	98	93	83	93	259	6	204
5	Karfi	3	429	422	716	52	28	307	159	270	5	395
6	Langa	0	2	2	3	5	0	0	1	1	3	5
8	Keila	0	3	2	0	1	0		0		1	3
9	Steinbítur	4	16	41	7	5	3	1	8	14	1	9
11	Úthafskarfi					536	223	449	531			
22	Grálúða	0	59	156	50		317	195	47	6	0	83
23	Skarkoli	0	1	1	1	2	5	0	4	9	0	2
24	Þykkvalúra	0	1	0	4	2	2	0	3	3	0	0
25	Langlúra		0		0	1			0		0	
27	Sandkoli			0	3	4	0					
28	Skrápflúra		0		3					1		1
30	Síld										49	
31	Loðna	1.315	15.918	14.652								
34	Kolmunni											
40	Humar											
41	Rækja											
43	Hörpudiskur											
100	Annar afli	11	69	45	27	6	16	10	31	70	5	150
	Samtals	**1.881**	**17.760**	**16.048**	**1.933**	**1.426**	**1.162**	**1.207**	**1.869**	**1.662**	**314**	**1.924**

Landaður afli íslenskra skipa á Akranesi 2000–2005, eftir skipum, fisktegund, mánuði og ári. Afli upp úr sjó (óslægt) í kg.

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
130 Júpiter																					
2003																					
júlí																49.000					49.000
2004																					
júlí																1.177.000					1.177.000
182 Grettir																					
2004																					
nóv.	4.806	418	218																		5.442
220 Víkingur																					
2000																					
jan.																898.000					898.000
feb.																6.599.000					6.599.000
mar.																9.006.000					9.006.000
maí															1.150.000						1.150.000
júní															3.654.000						3.654.000
júlí																5.084.000					5.084.000
okt.															3.361.000						3.361.000
nóv.															230.000	4.606.000					4.836.000
2001																					
jan.															907.000	2.500.000					3.407.000
feb.																9.999.000					9.999.000
mars					0											13.388.000					13.388.000
apríl																43.000					43.000
júní															2.354.000	2.021.000					4.375.000
júlí																7.640.000					7.640.000
ágúst															301.000						301.000
okt.															675.000						675.000
des.															321.000	1.043.000					1.364.000
2002																					
jan.																2.289.000					2.289.000
feb.																5.017.000					5.017.000
mars																8.948.000					8.948.000
maí															1.012.000						1.012.000
júní															1.238.000	1.348.000					2.586.000
júlí																7.754.000					7.754.000
okt.															692.000						692.000
nóv.															346.000						346.000
des.																608.000					608.000
2003																					
jan.																2.355.000					2.355.000
feb.																6.142.000					6.142.000
mars																6.305.000					6.305.000
júní															2.786.000	2.669.000					5.455.000
júlí																7.663.000				0	7.663.000
nóv.															1.938.000						1.938.000

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
2004																1.949.000					1.949.000
jan.																1.949.000					1.949.000
feb.																7.651.000					7.651.000
mars																6.072.000					6.072.000
júní															1.430.000						1.430.000
júlí															446.000	3.808.000					4.254.000
2005																2.473.000					2.473.000
feb.																1.928.000					1.928.000
mars																					
226 Bettir																					
2000																1.105.000					1.105.000
feb.																					
264 Dórður Jónasson																					
2002																					
mars																689.000					689.000
1002 Arnarnúpur																					
2000																					
jan.															460.000						460.000
Röst 1009																					
2000																					
nóv.																		119.633			119.633
des.																		38.479			38.479
1046 Oddeyrin																					
2003																					
júlí																647.000					647.000
1054 Sæbjörg																					
2000																					
des.																		10.373			10.373
1148 Sigursæll																					
2005																					
ágúst	8.431	450	172				31			28										29	9.141
sept.	7.367	763	29				20			24										100	8.303
okt.	224	5																			229
1373 Stakkaberg																					
2003																					
okt.	4.796	50	51		6															36	4.939
nóv.	302		10			8															320
2004																					
apríl	885									74										37	996
1395 Kaldbakur																					
2002																					
mars	106.530	10.493	3.224	8.988	256	12	1.338		5		7									0	130.853
2003																					
mars	19.163	6.002	22.824	211.837	1.509		101													455	261.891
apríl	1.762	245	20.101	75.928	320		82													53	98.491
maí	4.060	594	20.235	44.911	518		138													58	70.514
júní	13.533	1.590	67.022	233.095	571		287													832	316.930

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi
sept.	11.202	17.121	48.599	79.020	1.101		2.632	
1412 Harðbakur								
2003								
feb.	4.060	3.887	24.463	83.372	692	126		
mars	2.377	1.224	62.300	45.408	403	27	27	
maí	2.020	1.133	24.482	79.095	479	259	114	
júní	3.895	289	16.919	129.396	174		266	
ágúst	2.617	5.936	17.000	45.886	513	137	1.426	
sept.	1.962	2.161	23.549	33.303	785	102	3.484	
1424 Þórsnes II								
2004								
mars	2.280	46	507	6	89		161	
apríl	7.294	212	1.069	12	229		7	
nóv.	16.249	1.747	971	68	130	145	34	
des.	32.304	1.662	547	99		135	110	
2005								
apríl	3.371	200	56	34	16	9	79	
1434 Hringur								
2003								
mars	4.992							
1435 Haraldur Böðvarsson								
2000								
jan.	32.799	965	17.520	165.204	1.911	134	97	
feb.	39.896	3.929	18.241	210.426	1.099	203	66	
mars	55.153	9.761	18.350	340.441	2.017	171	164	
apríl	58.992	28.627	43.118	209.882	1.927	17	413	
maí	213.168	14.772	52.167	74.801	620		259	
júní	223.205	12.054	62.510	160.071	270		2.086	
júlí	7.267	1.018	13.042	198.687	158	37	22	
ágúst	119.531	408	18.425	204.944	382	22	1.560	
sept.	75.712	4.355	30.540	222.250	175	197	1.571	
okt.	34.611	1.736	13.673	255.574		421	242	
nóv.	5.921	2.736	20.898	352.965		297	1.142	
des.	27.035	4.695	27.550	170.558		144	71	
2001								
jan.	77.763	9.500	6.448	45.617	49	150	7.395	
feb.	39.054	6.589	31.419	137.770	2.231	112	4.973	
mars	28.131	5.655	27.385	352.030	621	305	103	
apríl	5.430	7.098	4.205	93.870	289		39	
maí	89.438	1.347	22.657	22.656	64		164	
júní	284.299	16.145	110.751	180.161	225		4.654	
okt.	27.852	376	16.744	154.890				
nóv.	58.250	9.110	28.065	125.435		40		
des.	74.356	32.979	8.341	20.990	415	81	7.627	
2002								
jan.	69.854	13.165	37.200	124.443			9.756	

Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
	379										4.740	164.794
											986	117.586
											167	111.933
											346	107.928
36.041		113									1.043	188.136
		75									695	74.285
											2.304	67.650
	11										118	3.218
	25										54	8.902
	33										294	19.671
												34.857
	7										29	3.801
											120	5.112
											728	219.358
											753	274.613
											285	426.342
	26	128									40	343.170
		364	91								448	356.690
	6.777	323									31	467.327
		315									482	221.028
	22	145										345.439
12	212	143									2.114	337.281
3		99									5.411	311.770
		83									3.799	387.841
	247	17	0								3.826	234.143
	358	136	0								1.067	148.483
	54	40	0								2.741	224.983
											2.069	416.299
												110.931
		75	0									136.401
	5.971	1.209	0								158	603.573
		40	0								2.349	202.251
	134										2.949	223.983
		134									1.652	146.575
	3.192	16									2.781	260.407

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
feb.	67.870	4.606	28.156	93.333	604		161		7											3.255	197.992
mars	52.211	78.702	39.841	363.191	4.366		387				90									1.135	539.923
apríl	101.820	72.715	23.120	258.192	3.027		803				435									2.034	462.146
maí	341.005	39.969	54.695	126.957	1.420		314				741									553	565.654
júní	201.466	4.732	16.517	46.535	221		873			5.220	20										275.584
júlí	85.445	26.991	30.168	290.190	5.186		3.593				1.225									0	442.798
ágúst	33.273	61.322	51.608	278.865	2.808		4.372				1.068									270	433.586
sept.	61.960	16.403	46.785	180.581			918				270									6.571	313.488
okt.	81.025	17.929	54.786	242.571		54	228		67	41	129									13.846	410.676
nóv.	25.485	29.999	34.904	203.680	1.260	110	816				154									5.746	302.154
des.	24.516	27.325	23.913	142.704			3.880			1.738	324									4.233	228.633
2003																					
jan.	171.472	43.902	8.470	57.568	716		5.493			786										2.238	290.645
feb.	49.586	26.313	87.870	136.433	2.077		4.679		8	109										2.567	309.642
mars	51.894	78.740	94.230	255.426	4.491	10	717				10									453	485.971
apríl	54.191	59.752	78.261	243.898	2.445		478			74	94									88	439.281
maí	232.593	14.980	130.726	197.595	2.248		817				408									437	579.804
júní	139.333	34.432	70.825	198.393	1.392		5.734			7.482	1.308									783	459.682
júlí	104.118	1.584	810	121.534	797		414		786											1.359	231.402
ágúst	113.773	9.886	16.119	90.677	766						119									2.813	234.153
sept.	86.994	16.298	121.092	183.981	4.832		303			932	410									6.535	421.377
okt.	15.046	18.936	135.488	244.129		374	167				54									15.109	429.303
nóv.	16.282	6.992	51.081	115.821						474	7									4.082	194.739
des.	85.404	50.456	39.620	41.224	129		1.666		96		65									5.778	224.438
2004																					
jan.	5.185	15.474	46.848	159.645	829	31	12				71									6.324	234.419
feb.	85.212	28.815	21.975	75.813					21											2.985	214.821
mars	288.546	6.403	69.070	31.568	1.730	119	1.368		461		12									8.475	407.752
apríl	239.260	20.796	46.113	106.909	2.901		76		18		6									2.557	418.636
maí	244.022	15.145	54.259	69.044	5.147	48	2.201		11		393									2.666	392.936
júní	273.054	23.774	36.192	40.483	496					8.536	466									7.321	390.322
júlí	328.205	72.024	17.903	19.481	204		8.107		184	7.786	645									4.899	459.438
ágúst	357.752	119.548	37.814	19.222	354		5.810		51	5.604	1.589		36							9.787	557.567
sept.	256.918	43.628	29.794	17.628	79	7	1.716		4	1.721	628									11.993	364.116
okt.	215.178	25.891	22.187	19.542	16	17	1.456		34	301	176									10.170	294.968
nóv.	297.535	6.940	7.317	1.725	18		797		26	127	51									9.582	324.118
des.	260.008	14.310	537	1.580			585			242										8.828	286.090
1501 Þórshamar																					
2001																					
júlí																179.000					179.000
1506 Ingimundur																					
2000																					
ágúst	430	126	85	8.587			132				50										9.410

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
1508 Björg Jónsdóttir																					
2002																					
nóv.															49.000						49.000
1585 Sturlaugur H Böðvarsson																					
2000																					
jan.	95.122	7.487	48.669	145.458	1.189	847	656			7	58									5.747	305.240
feb.	50.429	8.520	51.476	140.927	2.484	245	767			3	9									377	255.237
mars	132.105	42.091	47.433	298.219	2.681	119	1.139			9	80									1.025	524.901
apríl	73.269	42.911	25.239	256.653	2.861	98	1.058		8	64	327									76	402.564
maí	302.669	61.571	61.836	98.443	1.111		3.457			5.957	1.118									18	536.180
júní	167.836	7.642	24.822	137.417	523	47	2.945			8.878	524									96	350.730
júlí	23.517	4.681	21.778	335.697	646	255	1.616			565	95									235	389.085
ágúst	112.613	43.104	90.121	333.055	765		6.412		13	3.445	1.795	218								95	591.636
sept.	80.511	3.631	53.692	278.592	851	39	1.930			629	17									2.417	422.309
okt.	106.336	9.585	45.103	245.178	615	23	3.087		2.030	1.710	498									8.146	422.311
nóv.	57.381	29.786	54.278	193.068		47	5.535		70	251	312	0								4.696	345.424
des.	124.700	42.990	70.542	44.405	119	151	19.771		86	4.041	615	0								1.119	308.539
2001																					
jan.	94.406	16.130	56.743	165.381		282	4.139		3	663	287	0								6.940	344.974
feb.	191.093	30.551	62.954	100.964	320	86	5.192		35	96	171	0								3.791	395.253
mars	36.388	44.968	60.658	416.827	2.380	107	941				153	0								1.446	563.868
maí	190.653	7.422	59.395	23.718	3.075	29	770		3	8	222	0								130	285.425
júní	215.137	25.720	62.603	259.275	1.535	22	6.492			7.991	1.265	0								210	580.250
júlí	201.550	8.891	127.606	384.437	311		7.576			3.659	632	0								2.991	737.653
ágúst	123.440	29.737	74.859	292.688	2.429		4.564			649	1.569	0								689	530.624
sept.	100.224	9.723	46.346	177.022			1.490		20	742	906	0								6.867	343.340
okt.	94.795	20.323	71.624	234.352	2.241	152	134		10	187	313	0								7.705	431.836
nóv.	214.579	41.786	30.876	42.076	174	234	3.837		5	1.465	41									7.417	342.490
des.	102.969	26.473	30.857	37.599		260	29.974			800										4.574	233.506
2002																					
jan.	68.569	4.220	86.442	144.532			5.769			1.455	54									4.033	315.074
feb.	72.440	11.613	85.439	166.092	3.339		1.084		17		186									7.105	347.315
mars	70.649	79.169	143.447	275.993	4.402	0	1.324			15	82			221						2.413	577.715
apríl	117.828	68.276	78.227	321.399	4.387		759				501									2.063	593.440
maí	246.463	5.069	91.212	244.062	1.083		188				292									156	588.525
júní	268.169	12.106	122.166	191.813	3.299		4.489			6.828	1.046										609.916
júlí	49.795	10.644	31.179	59.081	2.161		2.031				1.660										156.551
ágúst	27.270	77.890	98.302	215.552	1.658		2.965				1.012									72	424.721
sept.	125.723	61.259	118.191	201.033	5.308		2.720		12	225	633									3.480	518.584
okt.	90.509	66.249	133.112	276.294			328		232	613	152									18.138	585.627
nóv.	111.341	39.955	120.096	89.950		147	4.180			14	53									7.660	373.396
des.	87.896	9.634	39.496	32.603	81		131				125									4.279	174.245
2003																					
jan.	68.005	29.647	68.557	70.142	348		5.253		25		104									2.528	244.609
feb.	51.255	22.800	148.648	193.418	4.410		1.395				170									771	422.867
mars	92.087	85.769	160.383	406.549	4.958		2.115				68									374	752.303

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi
apríl	105.159	69.458	124.280	381.749	2.652		849	
maí	253.282	60.490	211.105	205.594	1.432		1.670	
júní	97.582	12.049	118.680	157.881	1.326		3.463	
júlí	44.996	3.991	58.113	306.295	1.520		1.901	
ágúst	23.400	59.087	86.595	241.012	743		3.076	
sept.	75.895	49.313	218.456	201.267	1.641		3.695	
okt.	9.368	13.123	224.959	220.648			157	
nóv.	73.317	20.048	72.018	178.731	203			
des.	80.051	17.809	77.896	95.218	1.754			
2004								
jan.	11.440	11.197	180.511	259.737			725	
feb.	27.584	36.074	170.619	203.524	2.294		602	
mars	67.063	69.067	281.578	272.862	5.599		1.261	
apríl	27.395	45.676	165.919	214.302	3.152		785	
maí	14.858	1.988	52.613	81.081	689		107	
des.	77.050	2.904	71	128			263	
2005								
jan.	203.261	2.750	62.541	2.653	121	145	2.852	
feb.	260.056	38.218	13.128	14.961	166	118	1.503	
mars	174.356	96.221	17.791	64.617	741	192	3.116	
apríl	257.050	120.293	78.875	34.451	1.851	60	694	
maí	349.752	103.762	75.593	49.014	4.731	339	802	
júní	339.435	20.698	66.801	9.656	282	40	2.801	
júlí	1.936	10.308	24.108	110.216	408		364	
ágúst	359.902	30.152	53.120	69.469	493		3.421	
sept.	304.347	18.026	24.940	19.745	84		1.294	
okt.	73.842	3.491	4.908	5.323			115	
nóv.	278.788	12.603	10.497	2.201		44	1.499	
1621 Særún								
2000								
jan.	19.205	19				12	7	
feb.	12.125	68					50	
mars	27.642	390					165	
apríl	11.285	110					49	
1637 Ebbi								
2000								
jan.	15.183	6.853	7		48	297	126	
feb.	7.783	2.785			6	117	168	
mars	11.027	2.264			149	57	6.958	
apríl	3.826	465			112	14	6.222	
maí	8.498	16.593			26		78	
júní	2.031	4.077			62	6	363	
júlí	396	105			32	444	125	
ágúst						634	132	
sept.						327	6	
okt.	2.241	2.378		12	313	201	206	
nóv.	11.035	15.602	75	7	823	885	513	
des.	8.847	12.234	6		314	505	385	

Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
		619									1.102	685.868
	4.969	896									89	739.527
	3.331	596									71	394.979
2.240	3.786	570									2.228	425.640
		269									5.395	419.577
102		795									14.468	565.632
		46									13.199	481.500
512		24									10.326	355.179
67											14.497	287.292
		178									11.779	475.567
		67									5.108	445.872
		212									1.089	698.731
		628									689	458.546
		51									29	151.416
											1.598	82.014
167	77	48									5.559	280.174
32	347	594									4.755	333.878
130	649	196									2.763	360.772
0	121	1.592									3.510	498.497
	199	467									4.567	589.226
20	2.894	1.605									4.125	448.357
		260									695	148.295
48	1.842	984	0								8.068	527.499
73	1.324	442									12.128	382.403
125	2	209									2.742	90.757
104	1.817	248									6.339	314.140
												19.243
											283	12.526
	5										77	28.279
	4										5	11.453
											211	22.725
											138	10.997
											391	20.846
		5									104	10.748
	42	24									263	25.524
	305	18	24								2.098	8.984
	91	4									881	2.078
											3.813	4.579
											2.492	2.825
		1									400	5.752
	1										772	29.713
											1.224	23.515

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða
2001									
jan.	13.438	7.361		6	112	767	1.761		
feb.	12.875	1.595	4		70	667	2.107		
mars	45.717	52			3	16	99		
apríl	517								
maí	745	302	5				11		
júní	408	410	8						
sept.	1.462	954	58		25	132	4		
okt.	5.873	14.709			666	17	858		
nóv.	7.896	9.084			129	142	30		
des.	5.629	8.971			4		31		
2002									
jan.	16.130	17.918			43	23	1.076		
feb.	10.496	7.027			56	165	2.745		
mars	17.340	1.492					494		
apríl	21.916	74	56	6			21		
maí							8		
júní	7.979	8.461	2.397		16		71		
júlí	377				13	697	160		
ágúst						525	105		
sept.						48			
okt.	5.859	18.264			420	81	864		
nóv.	18.304	26.163			293	49	102		
des.	3.435	3.824			68		47		
2003									
jan.	14.726	10.468			98	195	620		
feb.	12.056	4.081					511		
mars	26.492	20					69		
maí							7		
júní	18.306	486	5.505		22		358		
júlí	18.543	236	2.601		16		159		
ágúst	264					238	27		
okt.	2.779	300	13						
nóv.	15.387	18.103		9	1.036	61	429		
des.	13.266	38.875		1	301	19	250		
2004									
jan.	22.068	20.039			112		991		
feb.	9.777	9.081			114		1.870		
mars	31.120	182					28		
apríl	498						76		
maí	8.799	8.600	2.077				46		
júní	3.409	12.022	270				179		
ágúst	5.392	2.382	14		29	7	130		
sept.	3.794	26.735			5		21		
okt.	212	607					2		
nóv.	9.954	10.091	28		437	99	51		
des.	6.925	16.570			38		34		

Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
										186	23.631
										119	17.437
17										7	45.911
											517
	23									12	1.098
										18	844
1	9									1.077	3.722
										1.089	23.212
										1.019	18.300
										194	14.829
										555	35.745
										800	21.289
22										754	20.102
88										412	22.573
										16	24
43										168	19.135
										1.961	3.208
										3.534	4.164
										314	362
3										1.925	27.416
										2.481	47.392
										39	7.413
										103	26.210
										16	16.664
1											26.582
										21	28
225										263	25.165
129										207	21.891
										309	838
2	1		21							29	3.145
3			5							707	35.740
			43							717	53.472
			52							182	43.444
										46	20.888
2										39	31.371
										178	752
105										32	19.659
342	10		1.056							48	17.336
144										157	8.255
										26	30.581
										120	941
2										165	20.827
										380	23.947

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
2005																					
jan.	21.598	21.501			115		160													614	43.988
feb.	15.529	15.015	10		381	2.140	273													333	33.681
mars	16.880	5.044	10		431	1.602	1.611													90	25.668
maí	21.617	19.137	3.811				94			124										240	45.023
júní	9.948	19.111	6.286				97			137										65	35.644
ágúst	6.436	885				130	58			10										1.185	8.704
sept.	7.568	9.550	17		24		101			72	31									1.665	19.028
okt.	10.475	17.187	167		981	441	169			2										107	29.529
nóv.	20.239	25.269	396		1.031	1.264	398			1										101	48.699
1642 Sigrún																					
2002																					
maí							2													16	18
júní	4.767	5.103	1.476			3	110			109										73	11.641
1644 Valdimar																					
2000																					
jan.	7.572	22																		4	7.598
feb.	2.814	1					7		4											94	2.920
mars	74																			17	91
2001																					
feb.	650																			33	683
mars	13.326	7			16	9	118			14										1.282	14.772
apríl	315																			229	544
maí	5.938	368	1.793		8		9													96	8.212
júní	944	26																		7	977
2002																					
feb.	444																			72	516
mars	11.529						1													609	12.139
apríl	8.109	102	10																		8.221
maí	5.830		75																		5.905
ágúst	1.341																				1.341
sept.	14.744	888																		36	15.668
okt.	4.563	96																		55	4.714
nóv.	2.373																			67	2.440
des.	5.424																				5.424
2003																					
jan.	2.687	21																		211	2.919
feb.	4.231	69																		576	4.876
mars	15.312	51					11													407	15.781
apríl	3.230	7					18													2	3.257
maí	8.976	2.507	743				14			20										170	12.430
ágúst	19.747	817					63													56	20.683
sept.	7.926	965	59							29										79	9.058
okt.	5.304	43	13							8										10	5.378
nóv.	6.296	73	31							2										19	6.421
des.	5.186	64					31			1										69	5.351

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi
2004								
jan.	4.455	281					27	
feb.	11.125	196					79	
mars	14.792	58					123	
apríl	4.455	72					13	
maí	8.691	2.432	1.025				15	
júní	9.233	270	211				28	
júlí	8.001	138	135				142	
ágúst	6.795	272					29	
sept.	4.938	656	9				3	
okt.	2.020	190			5			
nóv.	6.923	756	34		19			
des.	3.130	364						
2005								
jan.	4.679	331					30	
feb.	10.270	490					278	
mars	17.042	247					217	
apríl	6.709	21	49				15	
maí	12.044	496	525				64	
júní	7.496	243	327				7	
ágúst	4.722	170	11				79	
okt.	1.375	22	17					
nóv.	7.784	360	94	14	5		3	
1742 Faxi								
2004								
jan.								
feb.								
mars								
apríl								
maí								
júní								
júlí								
ágúst								
sept.								
des.								
2005								
feb.								
mars	6.940							
1744 Þytur								
2003								
apríl	387							
maí	104						10	
2004								
júlí	0		0					
1756 Gulli Magg.								
2001								
ágúst								

Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
											193	4.956
											150	11.550
											517	15.490
	4										456	5.000
	47										679	12.889
	28										625	10.395
	21										32	8.469
	5										59	7.160
	9										85	5.700
	15	6									113	2.349
											721	8.453
											47	3.541
											448	5.488
											674	11.712
											362	17.868
	3										2	6.799
	19										163	13.311
	16										257	8.346
											15	4.997
											14	1.428
											150	8.410
							2.954.000					2.954.000
							1.435.000					1.435.000
							1.573.000					1.573.000
								516.000				516.000
								4.168.000				4.168.000
						950.000		3.350.000				4.300.000
								4.009.000				4.009.000
								1.888.000				1.888.000
								1.794.000				1.794.000
								402.000				402.000
							4.758.000					4.758.000
							3.607.000					3.613.940
											22	409
											94	208
												0
										0		0

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
1771 Elnsi Jó.																					
2002																					
feb.	0																			0	0
1774 Síldin																					
2000																					
jan.	10.477	143	5				4			1										25	10.655
feb.	2.227						9													264	2.500
mars	15.127	18					84													1.090	16.319
aprfl	6.428						32			2										155	6.617
maí	4.360		29				4			1											4.394
júlí	504																				504
ágúst	4.599	150	360		11		47			1										19	5.187
sept.	146	17					17													4	184
okt.	1.020	9																		14	1.043
nóv.	2.562	10	46		5					1										54	2.678
des.	1.606		5				4													43	1.658
2001																					
jan.	2.871	30					15			1										232	3.149
feb.	4.343	76					9													303	4.731
mars	20.994	64				8	31			1										213	21.311
apríl	26.105	4					65													113	26.287
maí	4.180	46	53			9	19			13										2	4.322
ágúst	2.686	38	58		1		19			6										34	2.842
sept.	2.097	13				9	9			1										125	2.254
okt.	1.689		363		4															661	2.717
nóv.	1.102	14																		161	1.277
des.	3.262	52					4			2										402	3.722
2002																					
jan.	3.392	13	4				21													617	4.047
feb.	3.744						7													245	3.996
mars	20.208	13					141			1										764	21.127
júní	2.982	1	1.995				23														5.001
júlí	13.090	4					81			12										16	13.203
ágúst	15.035	77					24													30	15.166
sept.	1.627																			18	1.645
2003																					
feb.	3.315	16					11													59	3.401
mars	30.843	262	169				239			10										64	31.587
apríl	615	8					50													19	692
maí	5.666	45	54		11															1	5.777
júní	9.413	7	234				178													22	9.854
júlí	28.436	31	1.416			6	402			20										33	30.344
ágúst	25.409	63	30			7	9													4	25.522
sept.	7.753	106	32			7				3										30	7.931
okt.	4.105	18	6		4	7														4	4.144
nóv.	6.127	50	7	10	24	15	3													167	6.403
des.	4.019	4	77				6													13	4.119

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli
2004										
jan.	11.422	9	60	5			22		2	
feb.	18.687	68		1	15		83			
mars	35.247		38				44			
maí	1.905	13	68							1
júní	5.027	63	40							
júlí	29.804	10	254				186			
ágúst	947				75		4			
sept.	8.694	480	15		13	4				
okt.	2.197	15	12			28				
nóv.	15.657	2	14		3					
des.	2.480	67								
2005										
jan.	12.264						11			
feb.	6.493	59					71			
mars	9.233	39			11		21			5
apríl	1.205						155			2
maí	7.647	127	371		10		43			41
júní	21.061	289	919				74		5	13
júlí	18.501	114	375		4		193			
ágúst	24.115	83	480				106			2
sept.										
nóv.										
1779 Sæþór										
2000										
jan.	10.698									7
feb.	5.502	1.984				6	154			
mars	11.745	1.722			103	7	11.219			
apríl	218	153			9	9	2.318			
júní	3.539	1.214			6	28	104			4
ágúst	3.797	1.304			1		6			4
sept.	3.634	4.842	19		14	6	35			1
okt.	3.076	8.125	124		25		6			
nóv.	2.781	1.244	93		16		16			17
des.	9.803	10	23			17	8			10
2001										
jan.	8.289		11				6			37
feb.	8.656	18	7				51			7
mars	21.343	19					272			91
apríl	4.462					10	69			6
ágúst	1.068	1.601			17		53			
sept.	3.919	5.777	191		74		109			5
okt.	2.773	2.862			53		9			2
nóv.	5.100	20	45				4			2
des.	3.544	9	102				1			6
2002										
jan.	662	5					4			8
feb.	8.148	230	8				31			3

Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
									252	11.772
									734	19.588
									413	35.742
									101	2.088
									150	5.280
									6	30.260
									30	1.056
									133	9.339
									170	2.422
									194	15.870
										2.547
									46	12.321
									41	6.664
									5	9.314
									45	1.407
									180	8.419
									224	22.585
									54	19.241
									38	24.824
									922	922
									1.364	1.364
									14	10.719
									15	7.661
									342	25.138
									14	2.721
43									154	5.092
4									108	5.224
75									275	8.901
24									215	11.595
17									139	4.323
									33	9.904
4									100	8.447
									133	8.872
									885	22.610
4									3	4.554
18									256	3.013
88									513	10.676
44		2							351	6.096
8									22	5.201
									12	3.674
									124	803
									349	8.769

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
mars	14.109	146					153			12										173	14.593
maí																				7	7
júní	2.547	8.004	543		4		66			34										170	11.368
júlí	732	62					229			8										32	1.063
ágúst	989	1.627			4		19													131	2.770
sept.	6.940	14.507	28		68	2	46			49	6									596	22.242
okt.	1.900	1.466			20		16			10	1									267	3.680
nóv.	6.429	41	25		4	13				13										228	6.753
des.	8.092	95	39				3			8										99	8.336
2003																					
jan.	6.668	7	43							4										24	6.746
feb.	4.288	21					19		0											727	5.055
mars	11.405	67	11				36													12	11.531
apríl	219						82													38	339
júní	2.998	5.526	175		10		170			124	8									439	9.450
júlí	1.193	2.811	244				132			143										185	4.708
sept.	3.232	15.185			29		51			10	13									92	18.612
okt.	5.300	4.221	43		26		2			7	8									15	9.622
nóv.	1.187	2	10				12			2										2	1.215
des.	3.627	92	8							1										56	3.784
2004																					
jan.	7.149	5	10																	12	7.176
feb.	8.188	47					62			2										87	8.386
mars	13.477	21					13			2										25	13.538
apríl							41			1										31	73
maí	3.823	10.813	372	48	6		41			29	1										15.133
júní	1.600	10.688	55				37			103										2	12.485
sept.	3.854	17.279			20		110			11	24		4							184	21.486
okt.	2.543	5.062	31		24		16			4	55									12	7.747
nóv.	9.331	812	22		10		5			3	5									50	10.238
2005																					
jan.	3.641	10					7			1										81	3.740
feb.	12.908	104			8		59													131	13.210
mars	12.295	34					43			3										25	12.400
maí	4.651	19.089	663				96			60										16	24.575
sept.	5.013	10.176	7		57		152			8	80									57	15.550
okt.	4.836	2.353	19		22		7			2	38									43	7.320
nóv.	2.965	5	8				6			1										10	2.995
1780 Sigrún																					
2000																					
jan.	23.623	6	41				39			5										183	23.897
feb.	17.530	144	15				53			2										556	18.300
mars	32.539	525	6				156			6										880	34.112
apríl	28.778	485	2				130			64										312	29.771
maí	20.887	7.325	1.403		6	43	80			90	2									328	30.164
júní	7.145	5.833					105			1	20									80	13.184
ágúst	23.569	1.858				11	45			14	1									445	25.943
sept.	15.584	341	70			24	6			4	1									159	16.189

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
des.	3.833		41																	90	3.964
2001																					
jan.	14.356		62			8	12			9										391	14.838
feb.	15.959	154	12		3		109			3										1.193	17.433
mars	69.779	48	11		4	9	198			111										1.837	71.997
apríl	34.835	679	1.667		4	86	81			45										478	37.875
maí	39.561	4.361	2.103		21	28	43			109	2									237	46.465
júní	2.123	54	15				11			17										4	2.224
ágúst	19.417	326	11		8		45			8	1									62	19.878
sept.	14.189	1.076	333		9		7			11	1									142	15.768
okt.	7.327	166	211		6	10				8										31	7.759
nóv.	12.982	460	230			9	8													311	14.000
des.	8.847	590	2																	348	9.787
2002																					
jan.	12.639	38	20				24			4										1.599	14.324
feb.	18.055	30	24				29			2										1.781	19.921
mars	31.492	14			9		128			3										2.066	33.712
apríl	20.657	10	183		5	23	265			10										122	21.275
maí	22.142	176	1.291			45	111			71										233	24.069
júní	21.990	309	271				18			54										50	22.692
ágúst	18.825	1.054	37				10			24										146	20.096
sept.	21.736	1.398	130		7		1			64										219	23.555
okt.	12.357	370	128			7				81			23							570	13.536
nóv.	13.132	53	163		4					19										175	13.546
des.	16.862	125	122				17			1										111	17.238
2003																					
jan.	16.918	155	67				68			4										578	17.790
feb.	17.208	343	4				106		0											1.322	18.983
mars	41.484	355	33			18	568			5										1.384	43.847
apríl	18.894	300	762		4		16			168										59	20.203
maí	28.933	505	848		0	13	55			89										98	30.541
ágúst	38.197	1.270	215		1		58			53										87	39.881
sept.	22.067	2.932	286		12	20				78										49	25.444
okt.	12.363	151	198		12		2			44	1									27	12.798
nóv.	12.636	2	311		1	25				16										462	13.453
des.	12.259	12	32				9			1										419	12.732
2004																					
jan.	14.004	200	34		10		28			5										844	15.125
feb.	20.917	240	46		11		197			14										2.580	24.005
mars	51.947	8	13				232			4										2.087	54.291
apríl	14.965	392	167			29	47			35										120	15.755
maí	29.862	1.104	946				52			91										370	32.425
júní	9.144	178	320				9			101										292	10.044
ágúst	8.419	359	59		6		49			34										131	9.057
sept.	24.770	2.022	98		20		6			125										387	27.428
okt.	4.175	129	208		10					34	5									244	4.805
nóv.	36.715	376	58		24		2			29										471	37.675
des.	12.794	498	41		6		12													151	13.502

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
2005																					
jan.	17.335	811	7				103			11										1.564	19.831
feb.	28.256	921	6				593													1.352	31.128
mars	44.873	731	10				509			77										1.523	47.723
apríl	11.836	106	1.420		5		52			50										28	13.497
maí	45.720	3.799	2.152				52			171										193	52.087
ágúst	36.242	595	840				285			35	2									89	38.088
sept.	12.641	1.487	263				9			48										101	14.549
okt.	15.441	900	61		4		15			31	1	1								164	16.618
nóv.	29.504	462	275				3			48										163	30.455
1807 Hákon																					
2000																					
mars																387.000					387.000
1868 Helga María																					
2000																					
feb.	344.009	46.164	71.906	35.359	85		9.401		7.450	580	21									2.586	517.561
mars	249.657	43.862	105.948	147.483	4.148		958					41								10.496	562.593
apríl	309.705	87.670	80.106	84.999	2.456		777			861	183									8.642	575.399
maí								944.636													944.636
júní								402.493													402.493
júlí	100.057	14.481	67.311	160.425	500		383	1.825		3.905	388									1.068	350.343
ágúst	165.995	78.198	26.519	306.184	469		307		29.208	7.628	2.183									9.833	626.524
sept.	166.354	1.144	24.508	300.086			1.548		37.428	429	714			593						12.642	545.446
okt.	60.938	11.934	3.902	363.132	41		218		52.580	470	270			293						12.623	506.401
nóv.	44.199	10.404	33.068	96.235	551		671		47.085	149	134			155						8.608	241.259
des.	58.631	87.938	16.470	76.579			16.810		110.590	392	128			87						11.901	379.526
2001																					
feb.	250.796	94.457	25.350	23.086			17.820		1.043	2.502	305									11.176	426.535
mars	147.665	39.725	29.843	85.965	1.136		4.562		118.504		43									5.834	433.277
júní				9.406				769.768	99.902											3.467	882.543
júlí								525.400													525.400
ágúst	292.626	91.025	52.154	671			4.349	68.082	41.042	9.314	4.307									2.734	566.304
sept.								672.052													672.052
okt.	316.482	24.085	58.720	101.187	129		2.706			173	65									13.061	516.608
nóv.	293.187	86.566	64.733	43.147			10.709		10.364	173	433									16.233	525.545
2002																					
feb.	303.312	37.938	33.017	33.735			15.412		14.893	2.300	411			5.002						6.000	452.020
mars	90.078	89.204	127.329	413.949	178		1.186		165.714		22			65						36.827	924.552
apríl	112.981	61.331	48.218	339.118			263													2.072	563.983
maí								1.071.331													1.071.331
júní								264.755													264.755
júlí	168.035	53.710	19.536	200.619	43		2.297	66.912	115.146	3.150	1.012									2.374	632.834
ágúst	8.779	68	4.174	47.484			87	542.943	69.791		43									9.364	682.733
okt.	184.093	89.888	209.724	116.037	726		5.442		16.248	3.005	2.718			3.393						16.604	647.878
nóv.	151.926	107.511	17.446	43.639	86		4.571		240.331	2.152	638			4.699						10.561	583.560
des.	230.294	130.400	28.261	43.747			23.252		114.979	2.843	192			1.996						15.775	591.739
2003																					
feb.	242.980	189.336	20.938	52.727			18.769		65.629	213	577	64		3.524						10.443	605.200

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
mars	185.240	40.572	60.640	138.078	898	156	2.239		92.433	45	21			533						12.314	533.169
apríl	11.152	41.700	41.779	440.254	1.031		794	536.922		0	576									5.061	1.079.269
maí				2.259				916.474	8.361											1.020	928.114
júní				62.203				1.038.629													1.100.832
júlí			1.300	1.117.367	261			0	1.730											1.048	1.121.706
sept.	242.104	105.545	254.477	33.267	44		8.257		22.391	1.734	2.992			322						10.356	681.489
okt.	210.822	130.964	147.050	147.475	89		4.636		14.520	5.397	3.115									27.074	691.142
nóv.	224.694	138.260	120.175	87.821	987		5.240		23.550	3.417	1.891									20.770	626.805
des.	102.040	78.210	33.502	104.111	86		5.319		130.395	284	307									20.984	475.238
2004																					
feb.	164.708	61.890	46.346	48.224	619	40	2.260		150.499	176	177	107		849						17.800	493.695
mars	331.126	231.114	159.725	163.030	921		1.933		46.396	67	307			190						46.051	980.860
apríl	49.268	103.291	26.776	207.075	91															21.747	408.248
maí				450				388.394	84.157											4.249	477.250
júní								1.042.893													1.042.893
ágúst				0				830.875													830.875
okt.	209.651	74.415	173.088	176.811	485		2.754		5.957	1.650	1.673	22								15.542	662.048
nóv.	281.218	100.490	194.823	95.493	131		4.476	40	14.084	968	612			1.585						20.621	714.541
des.	235.211	134.812	27.790	87.171	0		5.539		64.058	790	484			1.866						14.980	572.701
2005																					
feb.	192.950	56.857	157.391	164.869	223	240	4.841		7.457	485	396	66		82						18.735	604.592
apríl	33.358	47.309	55.573	275.011	309															5.034	416.594
maí				1.744				535.524													537.268
júní				159				223.284	21.032											381	244.856
júlí								449.291													449.291
ágúst								531.439													531.439
sept.	175.602	143.378	115.054	38.549	310		9.639			7.289	2.209									5.339	497.369
nóv.	193.277	68.032	150.399	216.218	1.661		3.930		4.504											23.517	661.538
1887 Bresi																					
2000																					
jan.	21.462		24																	73	21.559
feb.	17.409				13															284	17.706
mars	28.061	114					139													1.047	29.361
apríl	13.713	81					77													406	14.277
maí	15.936	3.411	1.331	42	24	61	53			40	2									158	21.058
júní	2.398	4.958	40			6	174			9	21									38	7.644
2001																					
jan.	10.043	120	138			7	8			3										361	10.680
feb.	20.312	364	5				11			6										1.437	22.135
mars	84.585	135					133													751	85.604
apríl	42.867	508					135			2										495	44.007
maí	27.636	3.375	879		33	20	26			90										489	32.548
júní	809	53	31			16	4			5										4	922
ágúst	212	479			5		13													26	735
sept.	4.408	7.501	221				44			6	13									208	12.401
okt.	2.729	983	105	7	31					4	3									90	3.952
nóv.	8.969	700	73																	42	9.784
des.	5.004	375					2													49	5.430

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
2002																					
jan.	12.620	889								1										122	13.632
feb.	13.742	910					19													130	14.801
mars	29.274	57					34													682	30.047
apríl	27.152	10	4				130			5										406	27.707
maí	9.640	16.247	425	32	8	8	323			34										143	26.860
sept.	13.123	12.816	41		3		45			23	5									448	26.504
okt.	2.747	1.827	26		10		8			5										131	4.754
nóv.	11.960	36	337			8				3										22	12.366
des.	18.969	70	214				6													40	19.299
2003																					
jan.	20.654	1.134	167				50			1										726	22.732
feb.	18.789	534					94			1										916	20.334
mars	87.623	94			0		161			5										748	88.631
apríl	9.172	238	328				22			59										15	9.834
maí	11.209	15.807	1.204		19		203			53	7									71	28.573
sept.	16.293	7.358	50		9		14			17										110	23.851
okt.	11.458	764	81	12	19					14										217	12.565
nóv.	11.470	319	209							11	2									300	12.311
des.	7.665	88	230				8			2										26	8.019
2004																					
jan.	12.687	986					26		0											621	14.320
feb.	22.284	712		4			146			35										1.009	24.190
mars	55.517	157					292			5										534	56.505
apríl	41.816	176	198			16	12			30										142	42.390
maí	25.460	16.230	3.268	37			7			3										14	45.019
ágúst	610	3.920					2													60	4.592
sept.	8.187	25.563	111		4		7				10									806	34.688
okt.	4.866	7.552	65	12	6		6			1	3									377	12.888
nóv.	19.373	8.161	46		8		8													413	28.009
des.	7.955	434	6				14			4										131	8.544
2005																					
jan.	19.563	830	34		6		10			1										803	21.247
feb.	20.206	818					147													1.614	22.785
mars	38.522	546	8	6			324			13										1.112	40.531
apríl	17.085	188	165	15		4	4			9										144	17.614
maí	17.532	31.766	2.119	144	9		77			45	3									51	51.746
ágúst	21.497	1.140	105	3			157			8										30	22.940
sept.	13.112	6.957	27		36		42			40	38									83	20.335
okt.	6.165	3.270	91	23	17	4	9			1	12									47	9.639
nóv.	26.962	558	81		3					4										114	27.722
1902 Höfrungur III																					
2000																					
jan.	311.967	25.483	25.632	26.061			513		8.288											1.246	399.190
feb.	201.536	13.354	26.906	231.376					82.687		504	64	135	801						14.737	572.100
apríl	124.902	62.208	64.873	346.890	2.474				78.740	111		66	45	1.050						17.953	699.312
maí	27.379	25.263	15.267	6.661				1.141.995												451	1.217.016
júní	4.655		17.182	110.887				1.037.001												2.877	1.172.602

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
júlí	164.498	29.548	5.473	192.133			3.360	90.317	75.648	3.761	91									3.633	568.462
ágúst	182.429	18.763	20.006	534.770			3.610		58.574	7.659	1.733									7.821	835.365
sept.	130.170		8.855	481.528					99.379	400				109						12.766	733.207
okt.	132.176		1.146	260.002					96.974					3.032						25.630	518.960
nóv.	124.151	16.504	20.358	200.846			4.924		131.613					2.320						44.566	545.282
des.	133.132	56.758	52.788	45.746			0		128.425	1.353	0		0	1.773						20.455	440.430
2001																					
feb.	341.972	68.438	12.150	116.663	436		10.353		71.474			21		1.135						55.393	678.035
mars	51.595	48.190	74.030	242.119			90		47.776											48.073	511.873
apríl	14.879	21.656	31.887	199.500			223		8.738											1.736	278.619
júní				787				201.638	149.880												352.305
júlí								801.734													801.734
ágúst	86.342	36.573	25.445	9.064			4.622	1.011.252	89.724	3.878	1.093									2.565	1.270.558
okt.	277.456	16.331	113.296	220.322	126		3.667		12.241	309										99.622	743.370
nóv.	276.037	21.848	169.282	180.135	458		1.560		19.636			22								18.632	687.610
des.	75.387	52.367	17.961	106.893			6.823		230.330	1.605				286						72.214	563.866
2002																					
jan.	186.079	22.335	35.745	58.919	211		2.981		134.025					1.367						12.908	454.570
mars	53.848	82.543	29.745	452.813	85		4.764		184.223											85.538	893.559
apríl	17.860	56.841	87.804	654.129			269													7.368	824.271
maí								1.603.256													1.603.256
júní	67.476	533	3.123	19.674				224.039	298.659	1.657	65									490	615.716
júlí	269.027	4.054	17.044	43.235					36.442											870	370.672
ágúst	26.646	41.295	23.889	343.683			1.958	38.467												6.040	481.978
sept.				2.130				781.058	6.899											801	790.888
okt.	271.895	51.836	167.026	132.957	385		3.540		11.447	449	1.143			11.939						24.583	677.200
nóv.	25.246	125.190	19.146	44.319			3.114		253.626	1.980										18.658	491.279
des.	225.725	109.799	84.301	102.066			7.891		105.363					773						27.974	663.892
2003																					
feb.	190.643	56.389	1.750	52.504			7.108		323.264											18.562	650.220
mars	162.291	62.416	93.132	179.056	620		1.749		110.378					107						26.349	636.098
apríl	33.457	26.028	108.107	393.231	1.739		750		34.112											3.411	600.835
maí	59.373	2.682	9.404	1.092				1.464.193	42.628											1.164	1.580.536
júní				50.386				717.174													767.560
júlí				932.661				418.898	1.682												1.353.241
ágúst	302.581	5.194	57.145	372.195				-1	55.335											9.226	801.675
sept.	243.708	4.242	102.943	24.590	788		582							350						3.041	380.244
nóv.	204.504	126.674	79.874	94.606			2.091		96.176	1.077	843									42.908	648.753
des.	76.230	53.403	10.237	118.625	131		2.204		292.099	27	175			22						41.320	594.473
2004																					
feb.	137.721	30.307	31.089	44.288	270		1.000		212.430											17.382	474.487
mars	184.231	92.343	26.337	37.555			808		112.997											7.985	462.256
apríl	101.099	210.831	52.886	84.340					143.665											19.488	612.309
maí								154.017	101.780											5.784	261.581
júní				36.311					161.548											14.361	212.220
júlí	137.586	28.377	7.446	79.844			270	39.403	117.754											3.504	414.184
ágúst	401.657		94.962	29.615					210.740											13.687	750.661
sept.	173.218	77.271	95.052	12.405			1.792		2.492	2.580										8.990	373.800

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
okt.	174.282	75.653	183.832	177.479	45		3.297		15.734	268	179			1.695						44.651	677.115
nóv.	253.367	35.478	135.576	116.025			1.094		55.653					189						31.571	628.953
des.	172.318	28.369	2.360	41.111			582		160.653					40						14.718	420.151
2005																					
feb.	109.017	79.089	130.639	248.833	1.268		536		51.558											39.358	660.298
mars	77.021	71.901	22.757	357.671	221		4.152		155.763	109	176									38.575	728.346
apríl	89.065	226.922	97.105	406.156	893		947		50.493	27	107									17.958	889.673
júní	1.595	6.287	790	17.686					295.773											6.255	328.386
júlí	85.310		56.207	196.825	44		44		195.245											9.184	542.859
ágúst	248.451	141.880	36.898	89.005	221		3.889		46.466	2.538	1.836									20.973	592.157
sept.	183.137	90.942	118.712	211.886	221		2.592		6.328	407	28			925						49.301	664.479
nóv.	192.467	58.059	41.381	176.472	816		2.204		78.487		28			1.137						117.803	668.854
1920 Þjóðfur																					
2004																					
apríl	75						13			1											89
1959 Hrólfur																					
2000																					
jan.	14.746	12.259			20	940	66					3								77	28.108
feb.	19.701	7.018			46	273	283													160	27.481
mars	56.869	2.767			68	591	1.822			31										678	62.826
apríl	19.555	603	5		5	9	105			28										206	20.516
maí	26.638	12.812	979		32	43	22				5									128	40.659
júní	30.054	9.961			41	49	99				3									76	40.283
júlí	28.346	171			3	15	196													60	28.791
ágúst	13.812	281				11	8													20	14.132
sept.	17.490	191	114				3			2										9	17.809
okt.	15.784	5.431			391	610	215													405	22.836
nóv.	18.394	16.426			1.017	2.145	571													756	39.309
des.	11.931	11.167			362	1.451	320													157	25.388
2001																					
jan.	20.454	16.898			180	1.306	732													197	39.767
feb.	23.429	4.522	6		115	389	1.067													449	29.977
mars	91.097	35			362	1.451	181			2										984	92.299
apríl	10.491	6	32		6	9	80													50	10.674
maí	3.232	10.123	388		10	8	69			3	9									190	14.032
ágúst	9.281	688			1		4													188	10.162
sept.	9.866	1.313	23				8			5										31	11.246
okt.	5.186	5.477			403	577	218													253	12.114
nóv.	11.872	16.210			182	40	15													156	28.475
des.	8.694	8.976			96	154	162													99	18.181
2002																					
jan.	13.866	11.296			81	46	1.785													83	27.157
feb.	14.345	3.699			58	253	405													9	18.769
mars	26.962	1					49													1.754	28.766
apríl	23.214						25													9	23.248
maí	5.802	12.193	1.399		9	12														57	19.472
júní	20.908	16.233	4.066				21			9										180	41.417
júlí	30.680	274	2.218				81													30	33.283

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
ágúst	30.040	591			3															15	30.649
sept.	23.630	774																		10	24.414
okt.	367																				367
nóv.	4.924	8.378			212	249	161													121	14.045
2003																					
feb.	5.402	4.204			16	131	250													153	10.156
maí	25						113													113	251
júní	14.012	3.413	691			11	454			12										200	18.793
júlí	40.534	72			3		326													39	40.974
ágúst	68.140	647	226		4	10	74			2										77	69.180
sept.	2.679	415																		8	3.102
okt.	19.489	488	338		30	4				1										120	20.470
nóv.	23.484	6.765	342		258	576	11													101	31.537
des.	12.657	16.106			258	556	78													144	29.799
2004																					
feb.	28.651	1.874			9	16	416			2										935	31.903
mars	14.845	108	67																	631	15.651
apríl	16.007	5	97				69													153	16.331
maí	47.488	2.677	2.310		8		206													274	52.963
júní	19.979	569	1.109							28										596	22.281
júlí	57.679		68				6														57.753
ágúst	20.303	412			9															4	20.728
sept.	26.358	28.057	142		42		20			12	19									146	54.796
okt.	7.928	6.560			25		22				145									148	14.828
nóv.	45.705	371	112		6					2										148	46.344
des.	16.795	6				8	23													175	17.007
2005																					
jan.	43.566	45					38			2										403	44.054
feb.	28.535	59	138		24		146			9										735	29.646
mars	47.674	125	41	2			240			9										173	48.264
1986 Ísak																					
2000																					
jan.	3.060	12					4			3										44	3.123
feb.	8.622	82	4				40			6			12							297	9.063
mars	31.743	580					154			65										664	33.206
apríl	10.241	55	11			7	84			15										347	10.760
maí	13.413	3.043	3.595		16		26			39	2									101	20.235
júní	505	132	900		3					3	1									11	1.555
ágúst	1.256	266				3	6			2										15	1.548
sept.	4.317	356					1			12			2							19	4.707
okt.	7.766	548	17		10		4			7			2							41	8.395
2001																					
jan.	5.074	6	32				13			3										46	5.174
feb.	7.270	106					10			1										560	7.947
mars	32.109	126					39			26										3.415	35.715
maí	8.645	3.604	335		140	23	11			20										87	12.865
júní	815	335	10																	7	1.167

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
2002																					
feb.	2.045	33																		181	2.259
mars	32.701	95			11		46			70										390	33.313
apríl	25.543	234	627				56			15										63	26.538
maí	2.180	313	35				11			3										5	2.547
ágúst	6.982	265	33				13			9										38	7.340
sept.	11.649	997	21		1					27										58	12.753
2003																					
jan.	1.850	68																		69	1.987
feb.	24.934	112					19			1										674	25.740
mars	40.081	534	73		6	11	98			33										238	41.074
apríl	6.059	110	43							8										16	6.236
maí	8.347	3.850	1.531				31			29										37	13.825
júní	1.370	259	586				10			15			23							7	2.270
ágúst	2.514	116	18							33										42	2.723
sept.	12.815	554	44		14		6			13										56	13.502
okt.	5.872	107	39							5										20	6.043
nóv.	676	16																		3	695
2004																					
feb.	19.204	76					149			16										1.118	20.563
mars	44.809	78	148		6		115			19										1.001	46.176
apríl	12.307	561	244	3			7			17										412	13.551
maí	23.283	6.437	1.949				54			17										108	31.848
júní	3.534	6.120	652				10			84										37	10.437
sept.	10.866	1.462					6			27			9							123	12.493
okt.	1.600	296								3										36	1.935
des.	3.567	4																		19	3.590
2005																					
mars	10.859	56								4										9	10.928
apríl	22.560	240	596				3			8										25	23.432
maí	44.032	6.640	3.251			10	72			57										15	54.077
júní	36.080	3.905	7.365				210			144										20	47.724
júlí	20.488	306	248				151			33										9	21.235
ágúst	77.569	9.266	869				298		5	35										92	88.134
sept.	30.561	4.362	8							14	1									27	34.973
okt.	16.164	1.070	36		51	4					4									67	17.396
nóv.	36.591	309	163		3	8				6										59	37.139
2076 Keilir																					
2000																					
jan.	31.615	77	28				24			5										19	31.768
feb.	13.208	139					71													174	13.592
mars	36.225	333					268			46										165	37.037
apríl	24.553	65	271			49	86		3	55	1									31	25.114
maí	18.245	817	869		10	34	33			65	3									49	20.125
júní	1.053	2.126	60		8	4	52			25	8									47	3.383
ágúst	11.190	316	74		15	23	27			18										68	11.731
sept.	13.413	429	227			16				14	1									68	14.168
okt.	13.097	281	213			35				1										25	13.652

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
nóv.	8.977	46	555		1	20				6										125	9.730
des.	16.255	7	333			6				7										14	16.622
2001																					
jan.	10.746	44	79			16	24			21										182	11.112
feb.	21.063	55	85			6	63			17										421	21.710
mars	45.510	78	13			14	215			102										200	46.132
apríl	8.382	2	39				113			44										11	8.591
maí	12.060	1.839	1.599		20		114			330										179	16.141
ágúst	6.784	469	90				21			8										111	7.483
sept.	14.684	714	326		6					12										137	15.879
okt.	5.682	264	105		7					2										138	6.198
nóv.	7.279	203	153				6													40	7.681
des.	7.121	196	130				2			1										58	7.508
2002																					
jan.	9.115	156			3		15			5										80	9.374
feb.	11.244	79					24			1										160	11.508
mars	34.339	71	18		3	7	72			11										52	34.573
apríl	11.465	58	193		25		105			2										26	11.874
maí							197			1										64	262
júní	17.445	2.534	3.077				224			140										172	23.592
ágúst	12.407	236	11				24			5										64	12.747
sept.	24.237	1.061	244		1	10	4			72										278	25.907
okt.	9.342	223	176							8										307	10.056
nóv.	9.461	44	178							5										99	9.787
des.	19.516	66	296				1			4										31	19.914
2003																					
jan.	9.267	1	98				17			3										23	9.409
mars	1.201	23			6															8	1.238
apríl							367													25	392
maí							218			2										244	464
ágúst	35.125	963	782		15	12	73			38										151	37.159
sept.	16.179	1.268	217		14	7				29			8							67	17.789
okt.	16.849	554	297		12		2			21			46							304	18.085
nóv.	17.897	200	504							9	5		80							204	18.899
des.	12.258	282	173			2	28			4			22							349	13.118
2004																					
jan.	15.038	54	100				5			5			20							415	15.637
feb.	0	0					0			0										0	0
2076 Magnús																					
2004																					
apríl							0													0	0
sept.	0	0			0															0	0
2146 Rún																					
2002																					
mars	2.442																				2.442
ágúst	90																				90
okt.	516	1.129			16		65													168	1.894
nóv.	1.532	3.768				6	50													127	5.483

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
2003																					
jan.	386	305																			691
feb.	1.203	414					128														1.745
mars	1.893	297			14		488														2.692
apríl	815	241	7	4	34		2.579													92	3.772
ágúst	777																				777
nóv.	802	549			23		27			1										30	1.432
des.	1.603	2.064			61		70													53	3.851
2004																					
jan.	3.595	1.132					785													8	5.520
feb.	835	392					681														1.908
mars	5.656	145				26	3.513													8	9.348
apríl	3.086																				3.086
sept.	296	846			44		64													373	1.623
okt.	655	2.392			78	9	23													98	3.255
nóv.	1.041	3.903			22		4													68	5.038
2005																					
jan.	906	438					48														1.392
feb.	3.550	1.920			3		758													68	6.299
mars	1.268	1.123					883													2	3.276
apríl	377	177					197													58	809
ágúst	497		17																		514
okt.	2.674	5.642		16	122	9	137													112	8.712
nóv.	343	572			10		19													3	947
2148 Smyrill																					
2004																					
apríl	134	17		7		10	3.387													23	3.578
maí	3.803	2.539		34	306	336	863													162	8.043
júní	635	486		14	118	186	394													90	1.923
2148 Felix																					
2004																					
sept.	436	5.313			43		104													1.425	7.321
okt.	2.926	13.286			311	18	111													1.071	17.723
nóv.	8.263	18.632			190		147													428	27.660
des.	2.532	4.589					24													31	7.176
2005																					
jan.	19.011	13.720					91														32.822
feb.	10.637	7.835			45	14	2.014														20.545
mars	4.424	1.573					15.971													69	22.037
apríl	263			25		82	2.692													32	3.094
maí	2.833	3.217		52	174	261	2.540													411	9.488
júní	126	354					125													357	962
ágúst	238	1.966					76													237	2.517
2154 Árbakur																					
2003																					
mars	2.533	19.239	3.469	17.205	310	53	53													62	42.924
apríl	1.386	12.296	6.763	81.301	448	50	37													81	102.362
maí	14.719	4.134	20.966	74.662	712		100													188	115.481

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli
2204 Sveinn Rafn										
2004 apríl										
maí										
júní										
2253 Elliði										
2000 jan.										
feb.										
mars										
2001 júlí										
nóv.										
des.										
2002 jan.										
mars										
júlí										
2277 Antares										
2003 júlí										
2287 Bjarni Ólafsson										
2000 okt.										
nóv.										
des.										
2001 feb.										
sept.										
2002 feb.										
mars										
2003 ágúst										
nóv.										
des.										
2005 okt.										
2290 Telsta										
2002 maí	730									
júlí	1.410		320							
2003 apríl	648									
júní	4.575		2.021							
sept.	38									
2004 apríl	6.723	7								
maí	325									

Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
							3.670			3.670
							10.258			10.258
							4.584			4.584
					827.000					827.000
					3.052.000					3.052.000
					7.121.000					7.121.000
					3.123.000					3.123.000
				630.000						630.000
				611.000						611.000
				19.000	69.000					88.000
					3.183.000					3.183.000
					2.256.000					2.256.000
					955.000					955.000
				32.000						32.000
				560.000						560.000
				379.000						379.000
					373.000					373.000
						876.000				876.000
					1.349.000					1.349.000
					1.192.000					1.192.000
						162.000				162.000
				150.000						150.000
				142.000						142.000
				49.000						49.000
										730
										1.730
										648
										6.596
										38
										6.730
										325

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi
júní	1.663							
2005								
apríl	1.173							
júní	629		654					
júlí	1.544		373					
2323 Stapavík								
2000								
jan.								
feb.	23.652	307	7				92	
mars	72.430	183			60		164	
apríl	38.966	62	37		26	10	49	
maí	53.928	3.885	1.032		26		360	
júní	34.095	956		65			619	
ágúst	6.365	763	18				1.381	
sept.	579	105					209	
okt.	692	53					117	
nóv.								
des.								
2001								
jan.	28.282	516					20	
feb.	24.336	201	7		8		60	
mars	57.469	301	276		675	6	192	
maí	523	394	10				124	
júní	15.539	3.557			6		622	
júlí	2.165	136					777	
sept.	527	492	0				67	
okt.	93						2	
nóv.								
des.								
2002								
jan.	9.746	136					18	
mars	29.025	234			110		35	
apríl	31.650	369	151		177		20	
sept.	8.699	4.307					506	
okt.	1.334	311					87	
nóv.	2.192						29	
des.								
2003								
jan.	21.302	165	5		14		42	
feb.	60.192	37					147	
mars	77.795	323			62	33	156	
apríl	13.476	159	82			9	6	
maí	1.499				110		11	
júní	9.403	4.708					776	
sept.	4.868	1.170	6				554	
okt.	5.295	30	8		1		90	
nóv.	1.393	7					98	
des.	104			3			329	

Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
												1.663
												1.173
												1.283
												1.917
										74.845		74.845
	8										501	24.567
	163										475	73.475
	29										44	39.223
	3.385	316	4.268	121							305	67.626
	7.000	511	3.922	830							484	48.482
	8.857	276	61	22.139	1.956						3.123	44.939
	2.634	178		19.416	838						2.892	26.851
	3.244	134	589	17.641	726					5.856	4.207	33.259
										103.377		103.377
										35.628		35.628
	13										641	29.472
	96										770	25.478
	372										1.718	61.009
	99	560	386	42	0						103	2.241
	1.314	837	2.091	5.945	62						333	30.306
	4.797	98		3.283							448	11.704
	9.744	90		64.763	3.519						2.005	81.207
	445	26	42	3.597						34.773	431	39.409
										72.872	0	72.872
										45.620		45.620
	37										355	10.292
	124										518	30.046
	46										411	32.824
	20.506	93	716	80.355	10.071						14.244	139.497
	9.884	170	42	41.416	797						5.563	59.604
	982	42		9.832						36.640	1.238	50.955
										31.423		31.423
	31										2.302	23.861
	3										2.015	62.394
											216	78.585
											175	13.907
	1										32	1.653
	2.836	1.061	602	11.263							2.577	33.226
	20.052	881	66	67.622							2.776	97.995
	6.180	430	120	37.598	45						3.886	53.683
	2.784	278		28.839							1.777	35.176
	1.382	65		17.902							922	20.707

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
2004																					
jan.	16.989	511	13		9		46													659	18.227
feb.	48.134	321	10				121													1.498	50.084
mars	10.555	2			5		44			5										713	11.324
apríl	37.343	11.789	361				568			2.444	2.484	503	3.393	1.913						522	61.320
maí	14.033	23.459	275	93	1		1.025			4.655	2.851		12.519							549	59.460
júní	3.987	2.539	102	339	10		908			6.108	3.042	3.432	5.030	1.612						1.328	28.437
sept.	5.752	4.395					823			24.047	902	1.159	39.750							3.285	80.113
okt.	2.664	9					124			6.610	433	207	18.013							2.030	30.090
nóv.	3.756	60			5		200			2.605	220		37.768							3.105	47.719
des.	9.101	175	24				48			100	20		2.740							491	12.699
2005																					
jan.	10.449	63			14		54													392	10.972
feb.	11.405	146					71													37	11.659
apríl	31.671	8.310	259		28		488			948	1.951	270	2.538	2.757						244	49.464
maí	3.391	2.874	25	11			283			1.446	1.074	802	3.530							297	13.733
júní	2.009	662	300				146			1.405	642		235							288	5.687
2329 Sveinn Benediktsson																					
2000																					
jan.																2.022.000					2.022.000
feb.																2.144.000					2.144.000
2001																					
feb.																1.338.000					1.338.000
2329 Guðmundur Ólafur																					
2002																					
nóv.															34.000						34.000
2334 Óli í Sandgerði																					
2000																					
jan.																2.930.000					2.930.000
feb.																4.894.000					4.894.000
mars																8.067.000					8.067.000
apríl																	1.583.212				1.583.212
júní															2.994.000		1.028.863				4.022.863
júlí															388.000	3.740.000					4.128.000
okt.															731.000						731.000
nóv.																	876.000				876.000
2001																					
jan.																2.014.000					2.014.000
feb.																7.859.000					7.859.000
mars																2.915.000					2.915.000
2336 Sunnuberg																					
2002																					
mars																260.000					260.000
2005																					
feb.																618.000					618.000
mars	960															1.801.000					1.801.960
2345 Hoffell																					
2003																					
jan.																2.743.000					2.743.000

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
júní																	1.311.000				1.311.000
júlí																	1.359.000				1.359.000
nóv.																	1.212.000				1.212.000
2005																					
jan.																1.315.000					1.315.000
feb.																1.350.000					1.350.000
2363 Gullberg																					
2002																					
jan.																1.838.000					1.838.000
des.																1.264.000					1.264.000
2003																					
jan.																1.174.000					1.174.000
2004																					
feb.																1.207.000					1.207.000
2388 Ingunn																					
2001																					
feb.																3.431.000					3.431.000
mars																14.235.000					14.235.000
apríl																180.000					180.000
júní															3.741.000						3.741.000
júlí																683.000	5.549.000				6.232.000
ágúst																	3.953.000				3.953.000
sept.																	5.764.000				5.764.000
des.															594.000		163.000				757.000
2002																					
jan.																3.580.000					3.580.000
feb.																10.617.000					10.617.000
mars																12.537.000					12.537.000
apríl																	3.875.000				3.875.000
maí																	7.278.000				7.278.000
júní															1.887.000		1.990.000				3.877.000
júlí																2.907.000	1.977.000				4.884.000
ágúst																	3.116.000				3.116.000
sept.																	6.314.000				6.314.000
okt.															1.128.000		2.584.000				3.712.000
nóv.	680	385	140	195		270									1.421.000					1.295	1.423.965
des.															528.000	1.351.000				310	1.879.310
2003																					
jan.																3.437.000					3.437.000
feb.																9.523.000					9.523.000
mars																7.401.000					7.401.000
apríl																	1.747.000				1.747.000
maí																	4.880.000				4.880.000
júní															1.951.000		3.840.000				5.791.000
júlí																	1.418.000				1.418.000
ágúst																	3.570.000				3.570.000
sept.																	3.713.000				3.713.000
okt.																	1.695.000				1.695.000

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
des.																	787.000				787.000
2004																					
jan.																4.553.000					4.553.000
feb.																11.423.000					11.423.000
mars																5.299.000					5.299.000
apríl																	1.926.000				1.926.000
maí																	3.738.000				3.738.000
júni															448.000		5.482.000				5.930.000
júlí																	5.154.000				5.154.000
ágúst																	2.097.000				2.097.000
sept.																	1.880.000				1.880.000
nóv.																	514.000				514.000
des.																	906.000				906.000
2005																					
feb.																6.719.000					6.719.000
mars																4.084.000					4.084.000
2405 Margrét																					
2000																					
nóv.																			47.886		47.886
des.																			25.000		25.000
2001																					
jan.																			547		547
ágúst																			10.394		10.394
2407 Hákon																					
2002																					
jan.															156.000	128.000					284.000
des.															267.000						267.000
2003																					
jan.															122.000						122.000
ágúst																	1.267.000				1.267.000
nóv.															557.000						557.000
des.															362.000						362.000
2004																					
feb.																243.000					243.000
2410 Vilhelm Þorsteinsson																					
2000																					
des.															732.000						732.000
2411 Huginn																					
2002																					
jan.																1.889.000					1.889.000
feb.																3.724.000					3.724.000
nóv.															121.000						121.000
2003																					
jan.																1.489.000					1.489.000
2004																					
des.																189.000					189.000
2457 Katrín																					
2003																					
nóv.	5.995	87	32			9				1			2							187	6.313

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
des.	410	11	11			9				1										58	500
2004																					
júlí	5.295	125	77				137													17	5.651
ágúst	5.093	135					16			2										18	5.264
sept.	5.028	388	6							10										21	5.453
2480 Maron																					
2000																					
nóv.	6.078	16.397			106	49	118													298	23.046
des.	9.678	10.786			242	43	488													345	21.582
2001																					
jan.	14.833	4.732	4		19	8	1.094													142	20.832
feb.	3.872	1.973			28		872													39	6.784
júní	193																				193
okt.	2.841	7.319			52	69	86													360	10.727
nóv.	8.449	17.863			57	7	2													583	26.961
des.	4.047	7.068			61	4	128													189	11.497
2002																					
jan.	10.559	17.247			8		794													17	28.625
feb.	6.166	614					900														7.680
okt.	2.955	7.340			196	174	305													509	11.479
nóv.	12.653	22.597			319	19	150													2.141	37.879
des.	4.873	7.589			61		281													759	13.563
2003																					
jan.	6.621	12.707					16													792	20.136
nóv.	9.421	10.773		12	276	229	36													299	21.046
des.	13.319	39.734		21	235		166													1.588	55.063
2004																					
jan.	13.395	19.761			10		1.230						26							1.143	35.565
2481 Bárður																					
2004																					
júní	5.143	218	409	3		4	6			21										44	5.848
2530 Svanur																					
2005																					
mars	5.940															2.567.000					2.572.940
2579 Goði																					
2005																					
okt.	3.046	4.228	85	17	278	532	25			2											8.213
nóv.	13.937	23.954	115	153	517	163	416													117	39.372
2604 Kelir II																					
2004																					
feb.	28.356	190					98			20										328	28.992
mars	15.511	189	147		13		35			20										948	16.863
apríl							256			4										100	360
maí	35.893	6.041	2.912				199			91										110	45.246
júní	13.644	332	515				31			126										419	15.067
júlí	22.748	282	314		10		317			32										82	23.785
ágúst	3.275	228	83		27		5			13										67	3.698
sept.	27.459	8.271	124		1		13			71	9		18							398	36.364
okt.	7.097	301	45			13				10	5									194	7.665

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
nóv.	40.162	496	177		7	11				8										1.570	42.431
des.	13.772	362	41		13		3			5										181	14.377
2005																					
jan.	38.034	344	12				70			12										501	38.973
feb.	8.128	114	8				54			6										121	8.431
mars	9.624	181	61				20			26										30	9.942
apríl							479													86	565
maí							652													15	667
júní	106						8													3.693	3.807
2630 Signý																					
2005																					
okt.	6.988	18.258	76	49	415	295	79													81	26.241
nóv.	10.717	18.054	174	88	811	1.050	229													71	31.194
4166 Skipsholmen																					
2003																					
júlí																919.000					919.000
4469 M.Ytterstad																					
2003																					
júlí																88.000					88.000
4731 Tróndur í Götu																					
2004																					
mars																836.000					836.000
4775 Finnur fríði																					
2003																					
júlí																472.000					472.000
4864 Saksaberg																					
2003																					
mars																709.000					709.000
júlí																1.400.000					1.400.000
2005																					
mars																665.000					665.000
5443 Aðalsteinn Hannesson																					
2000																					
júní	946		103																		1.049
júlí	649	11	65																		725
ágúst	760	39																		13	812
2001																					
apríl	390																				390
maí	517						3			0											520
júní	518						9			2										2	531
2002																					
maí	173																				173
júní	244						7														251
5890 Gári																					
2000																					
júní	3.526		678	77		30															4.311
júlí	1.105		273	34																	1.412
2001																					
júní	3.950		668	63		7															4.688

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
júlí	508		117	15																	640
2002																					
júní	4.708		629	61		7															5.405
júlí	1.137		2.834	5																	3.976
ágúst	198																				198
5982 Sælaug																					
2002																					
ágúst	1.187																				1.187
2003																					
ágúst	1.172																				1.172
2004																					
ágúst	173																				173
6041 Erla																					
2000																					
maí	1.519		119				12														1.650
júní	2.824		326																		3.150
júlí	952		105	69		7															1.133
ágúst	1.463																				1.463
2001																					
maí	1.690																				1.690
júní	4.376		481																	4	4.861
júlí	1.486																				1.486
ágúst	4.050		10	5																	4.065
2002																					
maí	6.950																				6.950
júní	5.475																				5.475
júlí	1.848		169																		2.017
ágúst	579		4																		583
2003																					
maí	6.149		348																		6.497
júní	5.098		11																		5.109
júlí	1.781																				1.781
2004																					
maí	629																				629
júní	5.128																				5.128
júlí	3.641		334																		3.975
ágúst	173																				173
2005																					
maí	1.025																				1.025
júní	113																				113
júlí	4.101		27																		4.128
6063 Már																					
2001																					
ágúst	1.138			8																	1.146
2002																					
júlí	92		54	13																	159

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli
6070 Bára										
2000 maí	188						39			
júní	62									
júlí	55						9			
2001 apríl	165									
maí	337						43			1
ágúst	7	265					12			
2002 apríl	101									
maí	118						18			
júní	12									
ágúst		595								
2003 júlí	199	805								
nóv.		238								
2005 ágúst	446	457								
6084 Harpa										
2000 jan.	35									
apríl	546	8								
maí	104									
júní	949	88					17			
nóv.	59	502					4			
des.	15	62								
2001 okt.	16									
6110 Eyrún										
2000 jan.	146	111								
apríl	249		40							
júní	1.195		30							
júlí	673		18			4				
ágúst	740	10								
nóv.	33	71								
2001 maí	89									
2004 júní	789									
júlí	144									
okt.	111									
2005 maí	562		229							
júní	527		120			6				

Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
										227
									20	82
									18	82
										165
										381
									28	312
										101
										136
									10	22
										595
										1.004
										238
										903
										35
										554
										104
										1.054
										565
										77
									23	39
										257
										289
										1.225
										695
										750
										104
										89
										789
										144
										111
										791
										653

Skip mán.	Dorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli
6143 Drúði										
2000										
maí	548		20							
6160 Svalan										
2000										
apríl	71									
ágúst	117									
2001										
mars	115									
apríl	196									
6163 Hinrik										
2000										
júlí		29					13			
6167 Mundi										
2000										
apríl	320		40							
maí	3.559		7				6			
júní	2.984	5	422							
júlí	696	2	80			3	4			
ágúst	1.888		104							
okt.	51	270			6					
nóv.	69	421			3		1			
2001										
mars	287									
apríl	1.461		170							
maí	1.294									
júní	3.359	8	720	5						
júlí	903		12							
ágúst	474									
2002										
mars	389									
apríl	788		44							
maí	4.861		629							
júní	1.225		250							
nóv.	69	456					2			
2003										
apríl	1.183		140							
maí	2.213		227							
júní	2.710		226							
júlí	501		127							
okt.	93	320					6			
2004										
maí	2.702		310							
júní	3.964		405							
júlí	397		209							
2005										
apríl	377		85							
maí	1.579		1.684							
júní	472		527							

Dykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
										568
										71
										117
										115
										196
									8	50
										360
										3.572
										3.411
										785
										1.992
									112	439
										494
										287
										1.631
										1.294
										4.092
										915
										474
										389
										832
										5.490
										1.475
									23	550
										1.323
										2.440
										2.936
										628
										419
										3.012
										4.369
										606
										462
										3.263
										999

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
júlí	2.438		124																		2.562
6190 Frosti																					
2001																					
júlí	1.347																			4	1.351
ágúst	5.011	282																		182	5.475
sept.	568																			59	627
2002																					
mars	6.742																			298	7.040
2004																					
jan.	2.433																			215	2.648
feb.	76																			12	88
6191 Þerna																					
2000																					
mars	132																				132
apríl	1.097		11	6																	1.114
ágúst	374																				374
2001																					
apríl	299																				299
júní	967																				967
júlí	499		26	10																	535
sept.	368																				368
2002																					
mars	1.098																				1.098
júlí	465																				465
ágúst	115		7	8																	130
2003																					
apríl	524																				524
júlí	524																				524
ágúst	175																				175
6206 Öggur																					
2000																					
apríl	3.157																				3.157
maí	5.506																				5.506
júní	7.725						6														7.731
júlí	4.340																				4.340
ágúst	3.572																				3.572
2001																					
mars	1.017																				1.017
apríl	5.825																			0	5.825
maí	8.333						7													0	8.340
júní	6.022		5																		6.027
júlí	3.997																				3.997
ágúst	3.129																				3.129
2002																					
apríl	2.574																				2.574
maí	16.459																				16.459
júní	7.094		92	40			6														7.232
júlí	5.458		129																		5.587
ágúst	1.978																				1.978

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
6277 Júpiter																					
2000																					
ágúst	117																				117
6310 Perna																					
2004																					
apríl	935																				935
júlí	233																				233
ágúst	96																				96
sept.	164																				164
2005																					
ágúst	588																				588
6355 Draumur																					
2001																					
júní	1.133	871	10			151	481												2	2.648	
2002																					
feb.	30																				30
mars	7.258	740					819												1	8.818	
apríl	1.332		138																	1.470	
maí	5.636		80				6													5.722	
júní	3.723		264	39																4.026	
6353 Harpa II																					
2002																					
sept.	461	2.036			35														137	2.669	
okt.	2.448	7.751			152	16	341												791	11.499	
nóv.	4.848	12.968			76		35												736	18.663	
des.	3.760	8.072					135												363	12.330	
2003																					
jan.	3.275	9.585					170												766	13.796	
feb.	5.085	1.470					154												15	6.724	
mars	4.372	687		13		36	1.845												18	6.971	
sept.	51	27			35		116												16	245	
okt.	3.518	5.153		70	568	66	482				2								518	10.377	
nóv.	7.011	13.775		46	15	51	188												421	21.507	
des.	6.040	15.736		13	19		88												100	21.996	
2004																					
jan.	6.127	6.380		8			431												59	13.005	
feb.	4.212	2.310		4			1.185													7.711	
mars	4.157	565				14	1.543												36	6.315	
okt.	852	6.783		30	20		40												481	8.206	
nóv.	4.945	21.274		30	185	20	94												33	26.581	
des.	1.455	8.159	7				3												59	9.683	
2005																					
jan.	9.976	14.612					350												321	25.259	
feb.	5.788	7.199				22	541												306	13.856	
mars	6.735	4.862		4	74	58	2.180												46	13.959	
6381 Þura																					
2000																					
mars	375	25					619													1.019	
júlí	0	0					0												0	0	

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
6389 Stormur																					
2000																					
júní	974		102			7															1.083
júlí	4.570	79	110				89				7									24	4.879
ágúst	561	13					14													8	596
2001																					
apríl	119						12													4	135
júní	124																				124
6451 Farsæll																					
2000																					
júní	671	38	102																		811
júlí	510	130	86		5	10	9													23	773
ágúst	14	75					21													33	143
2001																					
apríl	471						3														474
maí	179																				179
júní	430		23				6														459
júlí	1.249																				1.249
ágúst	141	92																		29	262
okt.	36	218					3													38	295
nóv.	126	164					2													18	310
2003																					
sept.	13						7													30	50
okt.	1.037	2.254			35		39													247	3.612
nóv.	2.002	4.253		1	15		5													131	6.407
des.	1.961	5.178			19		11													84	7.253
2004																					
jan.	4.305	2.575			8		422													77	7.387
feb.	3.305	1.752					1.006													34	6.097
mars	3.936	1.542					1.736													41	7.255
6492 Pétur																					
2000																					
júní	4.742																				4.742
júlí	2.566																				2.566
ágúst	2.495																				2.495
sept.	202																				202
2001																					
júní	2.039	6																			2.045
júlí	4.603																				4.603
ágúst	2.033																				2.033
2002																					
maí	873																				873
júní	3.628		917																		4.545
júlí	3.742		582	7			6														4.337
ágúst	2.058																				2.058
2003																					
maí	5.943		10																		5.953
júní	7.147	6					14														7.167
júlí	6.345																				6.345

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
ágúst	2.589																				2.589
2004																					
júní	4.822																				4.822
júlí	3.203																				3.203
ágúst	2.297																				2.297
sept.	373																				373
6518 Kveldúlfur																					
2000																					
apríl	462						49			1											512
maí	1.166	52	5				86				3									11	1.323
júní	1.417	301	7				23			19	16									10	1.793
júlí	1.285																				1.285
ágúst	261																				261
sept.	350																				350
okt.	1.371																				1.371
nóv.	147	631																		10	788
2001																					
jan.	48	120					31														199
feb.	48	39					20														107
júlí	112																				112
ágúst	1.663	231	4		10		179			6	46										2.139
des.	12	102					3														117
2002																					
feb.	239																				239
mars	112																				112
ágúst	4.160	72			4		25			5										6	4.272
okt.	36	463																			499
nóv.	66	1.051					1														1.118
2003																					
jan.	135	48					40														223
mars	96						119														215
júlí	2.142	111				13	222			8										38	2.534
ágúst	2.764	405					44			32											3.245
2004																					
mars	1.223	1					62													20	1.306
apríl																				52	52
maí	1.663	1.429	4																	2	3.098
júní	6.325	4.728	29				39				5										11.126
júlí		214																			214
ágúst	767	2.047	5				1													28	2.848
sept.	2.332	2.015					6													386	4.739
okt.	438	264	2		9		2													49	764
nóv.	279	256																		105	640
6540 Sædís																					
2000																					
júlí	521	87					26													49	683
2001																					
apríl	125																				125

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
6548 Felix																					
2000																					
jan.	11.665	6.169				9	565													78	18.486
feb.	5.411	2.040				6	388													45	7.890
mars	11.408	915				3	8.290													32	20.648
apríl	612					46	6.448													64	7.170
maí	1.340	595			93	193	3.147													194	5.562
júní	2.533	4.890			105	426	2.167													1.082	11.203
júlí	1.474	3.498			123	86	918													1.132	7.231
ágúst	36	1.118			14		67													144	1.379
sept.	422	5.801			60		391													1.200	7.874
okt.	1.054	7.993			108	25	310													1.631	11.121
nóv.	3.484	17.814			81	12	94													371	21.856
des.	3.425	6.484			18	12	190													74	10.203
2001																					
jan.	4.368	1.995			3		330													35	6.731
feb.	5.401	607					675													13	6.696
mars	3.543	198				4	23.788													40	27.573
apríl	877						16.619													4	17.500
maí	229						46													7	282
júlí	995	7.353			16	22	1.319													1.206	10.911
ágúst	370	7.948			9		839			1										1.556	10.723
okt.	1.619	6.203			37		72													628	8.559
nóv.	2.711	6.222					8													71	9.012
des.	4.505	3.824					40													6	8.375
2002																					
jan.	8.083	4.608			3		787													13	13.494
feb.	15.003	392					1.309													38	16.742
mars	8.559	52				14	10.044													1	18.670
apríl	339						5.623													32	5.994
maí							1.336													2	1.338
júní	147	3.037	33	3	8	20	760													730	4.738
júlí	72	1.272	5	2	6	13	286													557	2.213
ágúst	683	8.152																		509	9.344
sept.	824	12.072																		832	13.728
okt.	1.749	11.660			81		155													1.054	14.699
nóv.	3.699	19.204			45		22													656	23.626
des.	895	7.210																		60	8.165
2003																					
jan.	3.951	4.531			24		90													93	8.689
feb.	4.360	1.389			3		654														6.406
mars	3.485	366			9		5.022													210	9.092
apríl	1.103				58	11	18.151													70	19.393
maí	1.837	2.055			157	23	10.385			4										552	15.013
júní	1.153	1.505		8	43	11	895													672	4.287
ágúst	171	193			76	36	150													376	1.002
sept.	27	126			35		57													60	305
okt.	2.123	8.830			183	10	110													595	11.851

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
nóv.	9.539	14.822			213		189													448	25.211
des.	6.038	14.682			29		77													224	21.050
2004																					
jan.	7.680	11.227			10	8	577													15	19.517
feb.	5.978	1.639					3.862														11.479
mars	5.052	1.319		6		10	17.833													94	24.314
6548 Þura																					
2004																					
sept.	245	447		1	48		112													272	1.125
okt.	648	1.382		2	94		102													126	2.354
nóv.	137	804			13		5													150	1.109
2005																					
feb.	2.223	2.493			40		1.123													71	5.950
mars	100	206			14		46													7	373
apríl	400	5		48			789													59	1.301
maí	960		2.525	133																	3.618
júní	284		3.971																		4.255
júlí	2.749		397	9			10													15	3.180
ágúst	2.631	27		4																25	2.687
sept.	178	437	6	14	57		252													40	984
okt.	1.826	7.393		26	170	6	389													385	10.195
nóv.	2.229	4.070			94		69													55	6.517
6617 Örnólfur																					
2000																					
apríl	872		130	8																	1.010
maí	3.974		55				4														4.033
júní	14.451		792	135		8															15.386
júlí	2.491			2																40	2.533
ágúst	2.342																				2.342
2001																					
apríl	1.426		215	86																	1.727
maí	5.228	2	244	74																	5.548
júní	8.494		1.027	254																	9.775
júlí	6.230	14	90	72																	6.406
ágúst	1.578	4	13	50																	1.645
2002																					
maí	13.540		31	2																	13.573
júní	12.146		1.170	96																	13.412
júlí	5.284		33	51																	5.368
ágúst	694			4																	698
2003																					
apríl	1.340		18				3														1.361
maí	9.113		1.183	265			9														10.570
júní	8.666		2.541	193		3															11.403
júlí	1.519		7																		1.526
ágúst	696																				696
2004																					
apríl	1.350																				1.350

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
maí	7.900	12	57	16			13														7.998
júní	10.221		1.748	137																	12.106
júlí	5.926		748	12																	6.686
ágúst	378			5																	383
2005																					
apríl	270																				270
maí	235		31	35																	301
júní	1.875		201	14																	2.090
júlí	2.995			2			4														3.001
ágúst	1.159	4	4	21																	1.188
6627 Sæmi																					
2000																					
apríl	514																				514
maí	333																				333
júní	3.115	6	274																		3.395
júlí	2.117		52																		2.169
ágúst	388																				388
6678 Þytur																					
2000																					
ágúst	204																				204
6689 Guðný																					
2000																					
maí	388		182	3																	573
júní	4.696	8	289	12																	5.005
júlí	1.841	1	298	28																	2.168
2001																					
apríl	131																				131
6780 Sæljómi																					
2004																					
nóv.	10	32			1															6	49
des.	24	101																		11	136
2005																					
jan.	2.858	1.135					3													113	4.109
feb.	3.567	1.349			18	14	486													225	5.659
mars	1.665	517					946														3.128
6789 Ólöf ríka																					
2003																					
ágúst	463																				463
6824 Máni																					
2001																					
maí							13														13
júní	7						81													30	118
júlí							13														13
6835 Lax																					
2001																					
jan.	43																				43
6874 Geisli																					
2000																					
jan.	1.624	1.292					22														2.938

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
feb.	1.529	396					116														2.041
mars	6.475	504					3.697														10.676
apríl	868	5	118	4			2.727														3.722
maí	727																				727
6880 Lea																					
2000																					
mars	537																				537
apríl	423																				423
6888 Vöggur																					
2004																					
júní	3.044																				3.044
júlí	5.824																				5.824
6890 Rún																					
2000																					
jan.	416	519			5		7														947
mars	1.465	197					1.071														2.733
apríl	314					10	1.466														1.790
ágúst	120																				120
nóv.	401	1.520			14	19	19													21	1.994
des.	953	160					18														1.131
2001																					
jan.	842	93					68													3	1.006
feb.	106	105					10													5	226
mars	408	204					3.511													3	4.126
apríl	66						3.759														3.825
maí	18				3		204														225
júní							30													14	44
2002																					
mars	0																				0
6890 Vaka																					
2002																					
ágúst	0																				0
okt.	0	0			0		0													0	0
nóv.	0	0					0													0	0
6976 Leifi																					
2000																					
jan.	1.638	127					8														1.773
feb.	3.526	573					258														4.357
mars	8.286	991					4.447			1										644	14.369
apríl	837	10				3	2.400													119	3.369
júní	12									4										13	29
sept.						4														657	661
okt.	336	712			34	4	22													577	1.685
nóv.	3.357	5.762			60	9	185													969	10.342
des.	5.607	2.212			15		202													40	8.076
2001																					
jan.	4.614	436				2	309														5.361
feb.	2.399	217					302														2.918

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
mars	5.250	272			12	6	9.654													64	15.258
apríl	2.525						14													4	2.543
maí							12													7	19
júní																				3	3
sept.						9														617	626
okt.	411	1.439			5	17	47													872	2.791
nóv.	3.185	2.569			8		7													13	5.782
des.	3.118	1.847			5	2	36														5.008
2002																					
jan.	2.474	1.332					68														3.874
feb.	8.326	239					555													18	9.138
mars	6.512	60	5				4.450													858	11.885
apríl	89																				89
maí							17														17
júní							4														4
ágúst																				60	60
sept.	2.352	1.112	57			7	27				6									129	3.690
okt.	972	3.767			91		131													505	5.466
nóv.	5.457	7.282			158		134													683	13.714
des.	2.980	1.920	2		27		86														5.015
2003																					
jan.	1.129	1.024					17													108	2.278
feb.	1.623	316					234													40	2.213
mars	4.868	42			3		2.655													475	8.043
apríl	428						18													53	499
júní							13														13
ágúst	4.103		49							24										42	4.218
sept.	2.352	133	30		15					1										16	2.547
okt.	1.055	1.017	7		50	2	27													27	2.185
nóv.	5.828	7.417			77		101													170	13.593
des.	5.412	8.812			4		136													174	14.538
2004																					
jan.	1.270	1.062					226													11	2.569
feb.	2.286	456			11	7	2.602														5.362
mars	4.429	561					1.473													97	6.560
maí	1.130	2.799	214	10																1	4.154
júní	1.506	4.466	203																	26	6.201
júlí	459		10																		469
ágúst	6.495	116	41				14			11										50	6.727
sept.	1.565	5.760					10													7	7.342
okt.	1.161	3.723			86		49													129	5.148
nóv.	4.120	10.341			68		105													117	14.751
des.	1.551	3.836			3		5														5.395
2005																					
jan.	584	594																			1.178
feb.	229	268					189														686
mars	1.840	1.628			8		6.500														9.976
apríl							26														26

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
maí	475	3.621	269				22														4.387
júlí	1.069	2.681	74																		3.824
ágúst	2.173	4.450	25				24				1									4	6.677
sept.	1.572	1.891	7				7				1									8	3.486
okt.	5.642	10.711			201	1	209													469	17.233
nóv.	4.080	9.123			64		27													70	13.364
6986 Hafdís																					
2000																					
jan.	6.925	211					97														7.233
7029 Byr																					
2001																					
apríl	2.487		64																		2.551
maí	2.100		643																		2.743
júní	9.144	40	2.180																		11.364
júlí	2.023		450																		2.473
ágúst	1.327		8																		1.335
sept.	1.919																				1.919
okt.	274																				274
nóv.	129	262																			391
2002																					
feb.	1.864	74					229														2.167
mars	7.092	68					2.600														9.760
apríl	255	7					1.709														1.971
maí	6.433		386				573														7.392
júní	8.410		2.090																		10.500
júlí	2.798		579																		3.377
ágúst	40																				40
okt.	261	1.104			11		32													1	1.409
nóv.	715	2.796			3															27	3.541
2003																					
feb.	469	375					109														953
mars	1.436	781					326														2.543
apríl	2.044	325	110		6		890														3.375
maí	7.401		1.155																		8.556
júní	5.603		3.629																		9.232
júlí	1.501		130																		1.631
ágúst	289																				289
okt.	542	565			27		40														1.174
nóv.	1.811	1.108			5		40														2.964
des.	722	1.249					37														2.008
2004																					
jan.	1.725	1.290					160														3.175
feb.	456	252					489														1.197
mars	2.328	501					524														3.353
apríl	4.624						16														4.640
maí	1.997		504																		2.501
júní	4.647		576																		5.223
júlí	648		2.134																		2.782

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli
ágúst	120		15							
okt.	763	855			18		27			
2005										
feb.	1.416	958					309			
mars	601	340					412			
apríl	882	113	202				62			
maí	924	4	3.984							
júní	278		4.546							
júli	3.610		514							
ágúst	2.775		361							
okt.	2.650	3.945			29		69			
nóv.	1.762	2.090			8		39			
7037 Þura II										
2000										
apríl	10						74			
maí	414	82	117			6	1.769			
júní	162	384	15		8		284			
júli	202	1.278	14		10	12	611			
ágúst	121	827	44		19		186			
sept.	43	415			25		92			
okt.	293	1.157			19		43			
nóv.	358	3.340			11	1	40			
des.	1.138	1.769			3		81			
2001										
jan.	1.691	210	4				174			
feb.	161	223					32			
mars	2.525									
apríl	3.511	26					6.065			
maí	3.015	4	155							
júní	1.989	96	270			11	385			
júli	819	435			5		197			
ágúst	37	528					141			
sept.	199	837					96			
okt.	285	1.241			8		28			
nóv.	67	193								
des.	226	448			3		21			
2002										
jan.	1.118	320					270			
feb.	3.925	579					582			
mars	5.764	21					1.877			
apríl	56						1.421			
maí	199	31	6			12	4.740			
júní	244	448		25		16	1.156			
júli	578	943		5		7	321			
ágúst		127					16			
sept.	480	1.269			20		335			2
okt.	970	2.825			37		411			
nóv.	3.203	4.101	24	13	94		185			

Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
										135
										1.663
										2.683
										1.353
									10	1.269
										4.912
										4.824
										4.124
										3.136
									9	6.702
										3.899
									3	87
									52	2.440
									115	968
		4							845	2.976
									805	2.002
									733	1.308
									1.203	2.715
									182	3.932
									189	3.180
									20	2.099
									33	449
										2.525
									49	9.651
									17	3.191
									134	2.885
		3							379	1.838
									698	1.404
									599	1.731
									1.147	2.709
									29	289
									13	711
									19	1.727
									47	5.133
									229	7.891
									34	1.511
									428	5.416
									881	2.770
									474	2.328
									43	186
									1.024	3.130
									769	5.012
									373	7.993

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
des.	882	459			15		66													33	1.455
2003																					
jan.	604	339					58													29	1.030
feb.	822	483			1		75													7	1.388
mars	2.217	458					804													6	3.485
apríl	386	19	40	2			3.247													110	3.804
maí	4.191	17	241				976													151	5.576
júní	3.000	6	259				412													127	3.804
júlí	885	346	61		12		1.174													609	3.087
ágúst	103	69					149													366	687
sept.	960				13		7													64	1.044
okt.	1.518	874	6		91		147													231	2.867
nóv.	1.156	1.113			74		49													180	2.572
des.	1.382	1.101			26		113													111	2.733
2004																					
jan.	1.303	375					552														2.230
feb.	313	271					481													19	1.084
mars	2.805	315					1.317													22	4.459
apríl	2.667		11	4			418													33	3.133
maí	1.606		84	49			1.529													167	3.435
júní	4.057	11	523	34			871													311	5.807
júli	1.003	57	4.050	31	3		408													255	5.807
ágúst	1.464	653	19	26	145		586													899	3.792
2005																					
mars	1.440																				1.440
apríl	1.248		57	72			6														1.383
maí	2.666		44	279			8													31	3.028
okt.	856	4.376			103		100													184	5.619
7037 Lóló																					
2005																					
okt.	599	4.445	2	2	75	1	28													93	5.245
nóv.	1.630	7.809			72		20													56	9.587
7048 Grótta																					
2000																					
feb.	838																			46	884
mars	2.109	43					36													116	2.304
apríl	3.608	33	67				60			1										258	4.027
maí	5.177	99	204				1													42	5.523
7054 Fagurey																					
2000																					
maí	646		20	5																	671
júní	5.463	5	483	17		21														1	5.990
júlí	3.123	27	919	148																2	4.219
ágúst	4.359	10	54	11																	4.434
2001																					
apríl	1.018		452	13																	1.483
maí	6.156		408	10			6														6.580
júní	8.300		226	168																	8.694

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kolmunni	Rækja	Hörpudiskur	Annar afli	Alls
júlí	5.467		384	134		17															6.002
ágúst	1.342		11	15																	1.368
7077 Grótta																					
2004																					
mars	3.735	21					46													210	4.012
júní	215						37			2										296	550
ágúst	2.891	190					58			56										70	3.265
2005																					
feb.	815	74					15													49	953
7105 Salla																					
2000																					
jan.	3.968	1.450					48													6	5.472
okt.	257	1.852			59	3	68													265	2.504
nóv.	1.030	4.475			7	8	19													179	5.718
des.	1.749	1.189			18		212													87	3.255
2001																					
jan.	1.292	714					203													12	2.221
feb.	1.875	203					228													3	2.309
mars	3.646		27																		3.673
ágúst	317																				317
sept.	342	818					42													177	1.379
okt.	256	1.909					21													237	2.423
nóv.	139	487			3		1													25	655
des.	170	213					10														393
2002																					
mars	3.784																				3.784
apríl	1.399		29																		1.428
maí	10.668		446	10																	11.124
júní	8.001		493	49																	8.543
júlí	4.750		816	119																	5.685
ágúst	3.103		88	37																	3.228
7111 Þórunn Ósk																					
2005																					
maí	874	1.049		96	112	123	333			2										64	2.653
okt.	1.558	2.062	148	9	166	88	23														4.054
nóv.	6.863	9.953	21	9	91	424	98			2										43	17.504
7113 Emilía																					
2000																					
jan.	1.584	1.100					129														2.813
mars	4.751	502					4.331														9.584
apríl	47	12					484														543
sept.	324	1.580	75	8	49	26	449													870	3.381
okt.	226	1.055			34		47													571	1.933
nóv.	1.474	4.972			46		50													19	6.561
des.	1.641	3.589			8		360														5.598
2001																					
jan.	3.951	814			7		781													121	5.674
feb.	573	926					310													19	1.828

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
mars	582	426			10		8.546													35	9.599
ágúst																				52	52
sept.	29	316			0															73	418
okt.	165	946			7		17													399	1.534
nóv.	615	1.411			3		4													179	2.212
des.	399	541					17														957
2002																					
feb.	2.089	953					588														3.630
mars	7.999	212					7.805														16.016
júní	787		264																		1.051
júlí	1.294		158																		1.452
ágúst	2.782	263					37														3.082
sept.	902	173																		17	1.092
okt.	274	1.685			5		33													79	2.076
nóv.	4.037	7.000			43		177													92	11.349
des.	1.228	885			8		53														2.174
2003																					
jan.	579	350					68														997
feb.	994	854			5		52														1.905
mars	2.723	356					1.595														4.674
apríl	241						3.186														3.427
maí	1.259						278														1.537
júní	3.186		1.289																		4.475
okt.	280	546			29		21													11	887
nóv.	2.343	2.964			62		32														5.401
des.	1.557	2.491			21		19													3	4.091
2004																					
jan.	2.973	1.078					459														4.510
feb.	4.442	591			23		1.093														6.149
mars	2.285	390			9		1.563														4.247
apríl	57						789														846
maí	91	20					1.073														1.184
júní	158																				158
júlí	843		40																		883
okt.	698	1.244			32		49														2.023
nóv.	2.028	2.250			27		24														4.329
des.	778	1.095																			1.873
2005																					
feb.	2.919	1.145			18		625														4.707
mars	803	862			6		177														1.848
apríl	539	105	5	19	25	342	678													24	1.737
maí	1.607		585	65			6														2.263
júní	336		97	17																	450
júlí	645	5	154	8																	812
ágúst	56																				56
7120 Óskar																					
2001																					
apríl	80																				80

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein- bítur	Úthafs- karfi
maí	243						8	
júní	1.362	16	360					
ágúst	1.518							
2002								
apríl	48							
maí	82							
júní								
2003								
apríl	103						42	
maí	88							
júní	431		1.474				19	
júlí	1.633		406					
2004								
apríl	50						9	
júní	1.118	8	153					
júlí	187		39					
ágúst	481							
2005								
júní	518		366	20				
júlí	2.214		545	133				
7145 Einar í Nesi								
2003								
ágúst	57							
7224 Otur								
2004								
apríl	979							
nóv.	905	1.696			15		20	
des.	3.148	1.591			5		4	
2005								
jan.	15.920	3.907			3	2	183	
feb.	7.950	3.130		110	80	97	945	
mars	7.597	1.958		6	7	63	3.357	
7243 Pegron								
2004								
maí	9.798	238	1.801	2			18	
júní	7.392	193	543					
7261 Númi								
2000								
jan.	12.225	3.905					11	
feb.	586	29					24	
mars	4.268	666					2.085	
apríl	115						2.104	
7485 Jóhannes á Ökrum								
2001								
ágúst	530							
2002								
maí	2.204							
2003								
ágúst	865							

Grálúða	Skarkoli	Þykkva- lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp- flúra	Síld	Loðna	Kol- munni	Rækja	Hörpu- diskur	Annar afli	Alls
	1											252
											10	1.748
												1.518
												48
												82
											17	17
												145
												88
											27	1.951
											47	2.086
												59
												1.279
												226
											15	496
											24	928
											19	2.911
												57
												979
											34	2.670
											47	4.795
											148	20.163
											368	12.680
				21							367	13.376
	25										422	12.304
											737	8.865
											23	16.164
												639
												7.019
												2.219
												530
												2.204
												865

Skip mán.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Kol-munni	Rækja	Hörpu-diskur	Annar afli	Alls
2004																					
apríl	5.399																				5.399
2005																					
maí	346																				346
ágúst	2.807		36	99																13	2.955
7495 Rikey																					
2000																					
ágúst	343																				343
2001																					
ágúst	310																				310
2002																					
júlí	198																				198
ágúst	349																				349
2003																					
ágúst	327																				327
2004																					
ágúst	225		36	4																	265
	39.615.287	11.578.772	13.840.638	37.371.770	224.092	40.253	1.055.263	21.548.403	7.645.538	390.294	101.596	20.085	559.840	78.801	45.034.000	348.637.000	111.712.075	186.997	524.861	2.571.340	642.736.905

592. Fyrirspurn [414. mál]

til sjávarútvegsráðherra um styrki til sjávarútvegs.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað veita íslensk stjórnvöld íslenskum sjávarútvegi háa styrki?

593. Fyrirspurn [415. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ákvörðun aflamarks 1984.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert var úthlutað aflamark til hvers skips árið 1984, sundurliðað eftir tegundum, þegar úthlutun var endanlega lokið það ár og hvert hefði aflamarkið orðið ef það hefði eingöngu verið ákvarðað út frá veiðireynslu skipsins, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 44/1984?
2. Hversu miklu hlutfalli af heildaraflamarki hverrar botnfisktegundar var úthlutað í samræmi við veiðireynslu á viðmiðunartímabilinu?
3. Hvaða skip urðu fyrir skerðingu á aflamarki í botnfisktegundum vegna veiða samkvæmt sérstökum veiðileyfum, þ.e. loðnu-, skelfisk-, rækju-, humar- og síldveiðileyfum, á viðmiðunartímabilinu, sem var frá 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, og hve mikil var skerðingin í hverri tegund hjá hverju skipi?
4. Hve mikil var skerðingin samtals í hverri botnfisktegund og hverjum flokki skipa sem tilgreindur var í 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984?
5. Hvaða skip voru í 1. flokki fiskiskipa skv. 6. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvaða aflamark í hverri botnfisktegund fengu þau hvert um sig og samtals?
6. Hversu miklu aflamarki samtals í hverri botnfisktegund var bætt við skip, sem höfðu tafist frá veiðum á viðmiðunartímabilinu, skv. 7. gr. reglugerðar nr. 44/1984 og hvernig skiptist sú viðbót eftir skipum?

Skriflegt svar óskast.

594. Fyrirspurn [416. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sóknarmark skipa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða skip fengu eða völdu sóknarmark árið 1984, hver var afli þeirra það ár í hverri tegund sem sætti takmörkunum á heildarafla og hvert hefði aflamark þeirra orðið ef þeim hefði verið gert að sæta því?
2. Hver urðu áhrif sóknarmarksins, sem gilti frá 1984 til úthlutunar aflaheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, á ákvarðaða aflahlutdeild þeirra skipa sem sættu aflamarki á þeim tíma, sundurliðað eftir botnfisktegundum?
3. Hversu mikil breyting hefur orðið samtals á þeirri skiptingu aflahlutdeilda milli skipa sem ákvörðuð var í kjölfar laga nr. 38/1990 með því að taka mið af nýrri veiðireynslu, sundurliðað eftir botnfisktegundum? Hvert var viðmiðunartímabilið og hve mikil var breytingin hverju sinni?

Skriflegt svar óskast.

595. Breytingartillaga [327. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Á eftir c-lið 4. gr. komi nýr liður er orðist svo: Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.

596. Frumvarp til laga [366. mál]

um starfsmannaleigur.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði.

Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.

II. KAFLI
Skráning og tilkynning.

2. gr.
Skráning.

Hver sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi skal tilkynna um það til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemi hefst í fyrsta skipti.

Í tilkynningu til Vinnumálastofnunar skv. 1. mgr. skal koma fram nafn fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang. Þegar starfsmannaleigan hefur staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki skulu koma fram upplýsingar um staðfestu fyrirtækis í heimaríki og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild um starfsemina sem sýnir fram á að fyrirtæki starfi löglega sem starfsmannaleiga í heimaríkinu samkvæmt lögum þess ríkis.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti.

Öðrum en þeim sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun er óheimilt að veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi.

Starfsmannaleigum sem ekki hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki er óheimilt að veita hér þjónustu án staðfestu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt.

3. gr.
Sérstakur fulltrúi.

Starfsmannaleiga sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi.

Starfsmannaleiga skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ásamt kennitölu hans og lögheimili eða dvalarstað hér á landi átta virkum dögum áður en starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa á meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin án ástæðulausrar tafar.

Fulltrúi starfsmannaleigunnar ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum, sem og þær upplýsingar sem starfsmannaleigu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum birtingu stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir starfsmannaleiguna. Þessar skyldur fulltrúans skulu haldast tólf mánuðum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar er lokið hér á landi.

Starfsmannaleigu skv. 1. mgr. er óheimilt að veita þjónustu hér á landi hafi hún látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

4. gr.
Tilkynningarskylda.

Starfsmannaleiga sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt í hvert skipti:

a. yfirlit yfir starfsmenn sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur fjöldi þeirra, nöfn, heimilisföng í heimaríki, ríkisfang og starfsréttindi eftir því sem við á,

b. yfirlit yfir þann tíma sem áætlað er að starfsmenn fyrirtækisins muni dveljast hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða,
c. gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem eru ekki ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja og
d. aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til þess að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og að um sé að ræða starfsmenn hennar, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinnumálastofnun skal áframsenda upplýsingar skv. a–c-lið 1. mgr. til Útlendingastofnunar eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

5. gr.
Óheimil gjaldtaka.

Starfsmannaleigu er óheimilt að krefjast greiðslna, semja um eða taka við greiðslum frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar.

6. gr.
Takmörkun á útleigu.

Starfsmannaleigu sem hefur ráðið til sín starfsmann er hefur áður starfað hjá öðru fyrirtæki er óheimilt að leigja út starfsmanninn til þess fyrirtækis fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk.

7. gr.
Ráðning til notendafyrirtækis.

Starfsmannaleigu er óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsambands við það fyrirtæki.

8. gr.
Skriflegir ráðningarsamningar.

Starfsmannaleiga skal gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki. Jafnframt skal veita skriflegar upplýsingar um það verkefni sem starfsmaður er sendur til að vinna við hverju sinni áður en vinnan hefst.

IV. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

9. gr.
Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laganna ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleigan starfi í samræmi við lög.

10. gr.

Upplýsingar í þágu eftirlits.

Starfsmannaleiga skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um ráðningarsamninga og ráðningarkjör.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna starfa sinna og ástæða er til að ætla að henni skuli haldið leyndri.

11. gr.

Tímabundin stöðvun á starfsemi.

Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, þegar sá frestur er liðinn sem gefinn var, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

12. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf um hana hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

13. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Starfsmannaleiga sem þegar er starfandi á innlendum vinnumarkaði skal uppfylla skilyrði 2. og 3. gr. eigi síðar en 1. febrúar 2006.

16. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
      i. Á eftir orðunum „að því er varðar lágmarkslaun“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og aðra launaþætti.
      ii. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

      Greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu skulu reiknast inn í lágmarkslaun starfsmanns. Fyrirtæki, sbr. 2. gr., er þó óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem það hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og uppihalds, inn í kröfur um lágmarkslaun skv. 1. tölul. 1. mgr.
   b. Heiti laganna verður: **Lög um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.**
2. *Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum:*
   a. Í stað 4. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Óheimilt er að veita dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.

   Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.
   b. Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur nýtt ákvæði, svohljóðandi:

   Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrr en 1. maí 2006, sbr. þó 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

597. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Í neyðartilvikum hér á landi eða þegar um annað alvarlegt hættuástand er að ræða má víkja frá skilyrðinu um undangengnar samningaumleitanir og skal einkaleyfishafa þá tilkynnt um notkunina eins fljótt og auðið er. Setja má nánari ákvæði í reglugerð.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Heimilt er að veita nauðungarleyfi vegna lyfja til útflutnings til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóða-

viðskiptastofnunarinnar frá 30. ágúst 2003 um samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og heilbrigði almennings. Sá sem óskar eftir nauðungarleyfi skal sýna fram á að hann hafi án árangurs reynt að öðlast heimild til framleiðslu frá einkaleyfishafa í þrjátíu daga. Framangreint skilyrði um samningaumleitanir á þó ekki við þegar um er að ræða neyðartilvik eða annað alvarlegt hættuástand. Nauðungarleyfi samkvæmt þessari málsgrein verða aðeins veitt að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglugerð sem samræmast fyrrgreindri ákvörðun aðalráðsins, m.a. varðandi magn og merkingar lyfjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

598. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: og skal Fasteignamat ríkisins gera nauðsynlegar breytingar á Landskrá fasteigna í þessu skyni.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið. Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

a. Allt að 0,5% af fasteignamati:
   Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:
   Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
c. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:
   Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum 3. mgr. þessarar greinar, öðrum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í Landskrá fasteigna. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd álagningar.

Eigandi greiðir skattinn nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts fyrir upphaf árs en heimilt er sveitarstjórn að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna í samræmi við upplýsingar sem Fasteignamat ríkisins lætur sveitarstjórnum í té. Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Landskrá fasteigna.

Eindagi fasteignaskatts er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Undanþegnar fasteignaskatti eru eftirtaldar fasteignir ásamt lóðarréttindum:

a. kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem hlotið hafa skráningu dóms- og kirkjumálaráðuneytis;
b. safnahús, að því leyti sem þau eru ekki rekin í ágóðaskyni;
c. hús erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og hús alþjóðastofnana, eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi hér á landi.

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Nú eru hús þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

5. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ef afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, er á þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka.

6. gr.

Í stað orðanna „1. desember“ í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur: 31. desember.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. þessara laga skal álagningarhlutfall samkvæmt þeim lið vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006. Álagning fasteignaskatts fyrir árið 2006 skal þó fara fram á þann hátt sem sveitarstjórnir ákveða, en einstökum sveitarstjórnum er heimilt í samstarfi við Fasteignamat ríkisins að leggja á fasteignaskatt í Landskrá fasteigna.

599. Frumvarp til laga [191. mál]

um fjarskiptasjóð.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Fjarskiptasjóður.

Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir samgönguráðuneytið.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

3. gr.

Stjórn.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.

Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðsins er jafnframt verkefnastjórn fjarskiptaáætlunar og skal hún skila skýrslu um starfsemi sjóðsins til samgönguráðherra sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

4. gr.

Fjármögnun verkefna.

Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um

framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Umsýsla og eftirlit.

Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Um framkvæmd útboða og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

7. gr.

Kostnaður af rekstri.

Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins.

8. gr.

Reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög þessi falla úr gildi í árslok árið 2011, inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.

600. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Í stað „2,00%“ í 1. málsl. 1. gr. laganna kemur: 1,2%.

2. gr.

Í stað „2,00%“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1,2%.

3. gr.

Viðauki við lögin verður svohljóðandi:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	Alls
Nautgripaafurðir	0,35	0,50	0,30	0,05	1,20
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	1,20
Hrossaafurðir	0,40	0,40	0,35	0,05	1,20
Svínaafurðir	0,15	0,10	0,65	0,30	1,20
Alifuglakjöt	0,15	0,10	0,20	0,75	1,20
Egg	0,15	0,10	0,75	0,20	1,20
Kartöflur, rófur	0,35	0,10	0,60	0,15	1,20
Grænmeti, blóm	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20
Grávara	0,40	0,10	0,70	0,00	1,20
Æðardúnn	0,40	0,10	0,55	0,15	1,20
Skógarafurðir	0,35	0,10	0,75	0,00	1,20

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006 og koma til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mismunur á hluta Lánasjóðs landbúnaðarins, sbr. 6. gr. laganna, í endanlega ákvörðuðu búnaðargjaldi skv. 5. gr. laganna og fyrirframgreiddu gjaldi skv. 4. gr. laganna skal vera á ábyrgð Lífeyrissjóðs bænda.

601. Frumvarp til laga [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo: Verðmiðlunargjaldið skal vera 0,65 kr. á lítra af mjólk sem lögð er inn í afurðastöð innan greiðslumarks.

2. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts til framleiðenda og skal gjaldið vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Innheimta skal verðskerðingargjald á heildsölustigi af kindakjöti sem ætlað er til sölu á innlendum markaði og skal gjaldið vera 2 kr. á kg.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

602. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna:

a. Í stað 2.–4. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ef staðfestar upplýsingar um þyngd umbúða vöru fást ekki er gjaldskyldum aðila heimilt að greiða úrvinnslugjald í samræmi við reiknireglur í viðauka XVIII.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi:

3923.1001	3923.3000	4819.1001	4819.3001	4819.5009
3923.1009	3923.4000	4819.1009	4819.3009	4819.6000
3923.2101	3923.5000	4819.2011	4819.4001	4822.1000
3923.2109	3923.9001	4819.2019	4819.4009	4822.9000
3923.2901	3923.9002	4819.2091	4819.5001	4823.9004
3923.2909	3923.9009	4819.2099	4819.5002	4823.9006

Umhverfisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd niðurfellingar úrvinnslugjalds.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Endurgreiðsla úrvinnslugjalds vegna útflutnings.

Sé gjaldskyld vara sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi skal endurgreiða gjaldskyldum aðila, eða þeim sem keypt hefur vöruna af gjaldskyldum aðila, úrvinnslugjald sem greitt hefur verið af viðkomandi vöru. Aðili sem óskar endurgreiðslu skv. 1. málsl. skal tilgreina í sérstakri skýrslu til skattstjóra um magn vöru og fjárhæð þess úrvinnslugjalds sem sannanlega hefur verið greitt af viðkomandi vöru. Skýrslu skal skilað eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga úrvinnslugjalds. Endurgreiðsla skal fara fram á gjalddaga, enda hafi úrvinnslugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt. Fjárhæð sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal vera að lágmarki 10.000 kr. Umhverfisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu.

3. gr.

3. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Úrvinnslusjóði er heimilt að semja við rekstraraðila um endurgreiðslu úrvinnslugjalds vegna endurnýtingar á eigin úrgangi rekstraraðila samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

4. gr.

Viðauki XVI við lögin orðast svo:

Hjólbarðar.

Á hjólbarða sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja úrvinnslugjald sem hér segir:

Úr 40., 84. og 87. kafla tollskrárinnar:

4011	**Nýir lofthjólbarðar, úr gúmmíi:**	
4011.1000	– Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	20,00 kr./kg
4011.2000	– Fyrir almenningsvagna og vörubifreiðar	20,00 kr./kg
4011.3000	– Fyrir flugvélar	20,00 kr./kg
4011.4000	– Fyrir bifhjól	20,00 kr./kg
4011.5000	– Fyrir reiðhjól	20,00 kr./kg
	– Aðrir, beinteinóttir eða með áþekku mynstri:	
4011.6100	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	20,00 kr./kg
4011.6200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.6300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.6900	– – Annars	20,00 kr./kg
	– Aðrir:	
4011.9200	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til landbúnaðar- eða skógræktarnota	20,00 kr./kg
4011.9300	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð ekki meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.9400	– – Fyrir ökutæki og vélbúnað til byggingar- eða iðnaðarnota, með felgustærð meira en 61 cm	20,00 kr./kg
4011.9900	– – Annars	20,00 kr./kg
4012	**Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðahjólbarðar, hjólbarðaslitfletir og felgubönd úr gúmmíi:**	
	– Sólaðir hjólbarðar:	
4012.1100	– – Fyrir bifreiðar (þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar)	20,00 kr./kg
4012.1200	– – Fyrir almenningsvagna eða vörubifreiðar	20,00 kr./kg
4012.1300	– – Fyrir flugvélar	20,00 kr./kg
4012.1900	– – Aðrir	20,00 kr./kg
4012.2000	– Notaðir lofthjólbarðar	20,00 kr./kg
4012.9000	– Annað	20,00 kr./kg
8427	**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**	
8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli	2.000 kr./stk.
8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	2.800 kr./stk.
	– Aðrir vagnar:	
8427.9001	– – Á hjólbörðum úr gúmmíi	2.800 kr./stk.
Úr 8429	**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**	
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	– – Vegheflar	16.000 kr./stk.
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	– – Framenda ámokstursvélar	12.000 kr./stk.
8429.5200	– – Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	12.000 kr./stk.
8429.5901	– – Vélbúnaður og smávinnuvélar undir 1 tonni að heildarþyngd	500 kr./stk.
8429.5909	– – Aðrar	16.000 kr./stk.
Úr 8701	**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**	
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	9.000 kr./stk.

8701.2019	– – – Notaðar	9.000 kr./stk.
	– Aðrar:	
8701.9010	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	9.000 kr./stk.
8701.9020	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	9.000 kr./stk.
	– – Annars:	
8701.9091	– – – Nýtt	4.000 kr./stk.
8701.9099	– – – Notað	4.000 kr./stk.
8702	**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.1011	– – – Ný	4.600 kr./stk.
8702.1019	– – – Notuð	4.600 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	10.500 kr./stk.
8702.1029	– – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– Önnur:	
8702.9010	– – Rafknúin	10.500 kr./stk.
	– – Fyrir 10–17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	– – – Ný	4.600 kr./stk.
8702.9029	– – – Notuð	4.600 kr./stk.
	– – Önnur:	
8702.9091	– – – Ný	10.500 kr./stk.
8702.9099	– – – Notuð	10.500 kr./stk.
Úr 8703	**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**	
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Með 1000 cm³ sprengirými eða minna:	
8703.2110	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2121	– – – – Ný	700 kr./stk.
8703.2129	– – – – Notuð	700 kr./stk.
	– – Með meira en 1000 cm³ til og með 1500 cm³ sprengirými:	
8703.2210	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2221	– – – – Ný	900 kr./stk.
8703.2229	– – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.2310	– – – – Fjórhjól	600 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2321	– – – – – Ný	900 kr./stk.
8703.2329	– – – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2330	– – – – Fjórhjól	600 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.2341	– – – – – Ný	1.200 kr./stk.
8703.2349	– – – – – Notuð	1.200 kr./stk.
	– – Með meira en 3000 cm³ sprengirými:	
8703.2410	– – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.2491	– – – – Ný	1.500 kr./stk.
8703.2499	– – – – Notuð	1.500 kr./stk.

	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:	
8703.3110	– – – Fjórhjól	500 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3121	– – – – Ný	900 kr./stk.
8703.3129	– – – – Notuð	900 kr./stk.
	– – Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
	– – – Með meira en 1500 cm³ til og með 2000 cm³ sprengirými:	
8703.3210	– – – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3221	– – – – – Ný	900 kr./stk.
8703.3229	– – – – – Notuð	1.000 kr./stk.
	– – – Með meira en 2000 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3250	– – – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – – Önnur:	
8703.3291	– – – – – Ný	1.200 kr./stk.
8703.3299	– – – – – Notuð	1.200 kr./stk.
	– – Með meira en 2500 cm³ sprengirými:	
8703.3310	– – – Fjórhjól	800 kr./stk.
	– – – Önnur:	
8703.3321	– – – – Ný	1.500 kr./stk.
8703.3329	– – – – Notuð	1.500 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8703.9011	– – – Ný	1.000 kr./stk.
8703.9019	– – – Notuð	1.000 kr./stk.
	– – Önnur en rafknúin:	
8703.9091	– – – Ný	1.000 kr./stk.
8703.9099	– – – Notuð	1.000 kr./stk.
Úr 8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**	
	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	18.000 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.2119	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2121	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.2129	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2191	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.2199	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	12.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	– – – – Nýjar	10.500 kr./stk.
8704.2219	– – – – Notaðar	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2221	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.2229	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2291	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.2299	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.

	– – Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	18.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	– – – – Nýjar	18.000 kr./stk.
8704.2319	– – – – Notaðar	18.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.2321	– – – – Ný	18.000 kr./stk.
8704.2329	– – – – Notuð	18.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.2391	– – – – Ný	18.000 kr./stk.
8704.2399	– – – – Notuð	18.000 kr./stk.
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.3119	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3121	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.3129	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3191	– – – – Ný	2.000 kr./stk.
8704.3199	– – – – Notuð	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	– – – Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	2.000 kr./stk.
	– – – Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	– – – – Nýjar	2.000 kr./stk.
8704.3219	– – – – Notaðar	2.000 kr./stk.
	– – – Með vörupalli:	
8704.3221	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.3229	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– – – Með vörurými:	
8704.3291	– – – – Ný	10.500 kr./stk.
8704.3299	– – – – Notuð	10.500 kr./stk.
	– Önnur:	
	– – Rafknúin:	
8704.9011	– – – Ný	2.800 kr./stk.
8704.9019	– – – Notuð	2.800 kr./stk.
Úr 8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**	
	– Kranabifreiðar:	
8705.1001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.1009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	20.000 kr./stk.
	– Borkranabifreiðar:	
8705.2001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.2009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	20.000 kr./stk.
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.000 kr./stk.
8705.3009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	14.000 kr./stk.
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	2.800 kr./stk.
8705.4009	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	10.500 kr./stk.

	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	– – – Snjóplógar	2.800 kr./stk.
8705.9012	– – – Gálgabifreiðar	2.000 kr./stk.
8705.9019	– – – Annars	2.000 kr./stk.
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	– – – Snjóplógar	14.000 kr./stk.
8705.9022	– – – Gálgabifreiðar	10.500 kr./stk.
8705.9029	– – – Annars	10.500 kr./stk.
Úr 8708	**Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701–8705**	
	– Ökuhjól og hlutar til þeirra:	
8708.7001	– – Með hjólbörðum	10 kr./kg
Úr 8711	**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**	
	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm³ eða minna:	
8711.1001	– – Sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.1009	– – Önnur	160 kr./stk.
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm³ sprengirými til og með 250 cm³	240 kr./stk.
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm³ sprengirými til og með 500 cm³	240 kr./stk.
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm³ sprengirými til og með 800 cm³	240 kr./stk.
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm³ sprengirými	320 kr./stk.
	– Annað:	
8711.9010	– – Hliðarvagnar	800 kr./stk.
	– – Annars:	
8711.9021	– – – Lítil rafknúin ökutæki, fyrir 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.9029	– – – Önnur	160 kr./stk.
	– – Bifhjól, ót.a.:	
8711.9031	– – – Lítil vélknúin ökutæki, fyrir 8 km og upp í 15 km á klst.	160 kr./stk.
8711.9039	– – – Önnur	160 kr./stk.
8711.9090	– – Annað	160 kr./stk.
8712.0000	**Reiðhjól og önnur hjól (þar með talin þríhjól til vöruflutninga), án vélar**	40,00 kr./stk.
Úr 8716	**Tengivagnar og festivagnar; önnur ökutæki ekki vélrænt knúin; hlutar til þeirra:**	
	– Tengivagnar og festivagnar, til íbúðar eða ferðalaga:	
8716.1001	– – Nýir	200 kr./stk.
8716.1009	– – Notaðir	200 kr./stk.
	– Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota:	
	– – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.2011	– – – Nýir	800 kr./stk.
8716.2019	– – – Notaðir	800 kr./stk.
	– – Aðrir:	
8716.2091	– – – Nýir	800 kr./stk.
8716.2099	– – – Notaðir	800 kr./stk.
	– Aðrir tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga:	
	– – Tanktengivagnar og tankfestivagnar:	
8716.3101	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna	1.200 kr./stk.
8716.3109	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn	12.000 kr./stk.
	– – Annars:	
	– – – Að heildarþyngd 750 kg eða minna:	
8716.3911	– – – – Nýtt	800 kr./stk.
8716.3919	– – – – Notað	800 kr./stk.

	– – – Að heildarþyngd meira en 750 kg til og með 5 tonnum:	
8716.3921	– – – – Nýtt	1.200 kr./stk.
8716.3929	– – – – Notað	1.200 kr./stk.
	– – – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8716.3991	– – – – Nýtt	12.000 kr./stk.
8716.3999	– – – – Notað	12.000 kr./stk.
8716.4000	– Aðrir tengivagnar og festivagnar	9.000 kr./stk.

5. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

Álagningarstofn úrvinnslugjalds skv. 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. a.

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
01	0,00	0,00	04	0,00	0,00	070320	12,00	2,00
			0401	0,00	0,00	070410	3,00	0,50
02	0,00	0,00	0402	1,00	0,50	0704	1,00	2,00
0204	0,50	5,00	0403	1,00	0,50	070511	1,00	2,00
020423	3,00	1,00	0404	1,00	0,50	070519	2,00	6,00
020430	7,00	2,00	040510	4,00	1,00	0705	2,00	4,00
020440	4,00	1,00	0405	0,50	1,00	0706	0,50	1,00
0205	0,50	0,50	0406	4,00	3,00	07069001	1,00	2,00
0206	1,00	5,00	040630	8,00	9,00	07069009	2,00	4,00
0207	2,00	0,50	040640	7,00	5,00	0707	1,00	1,00
02072500	1,00	0,50	040690	10,00	5,00	07070021	5,00	1,00
02072701	7,00	1,00	0407	2,00	0,00	0708	5,00	1,00
020736	4,00	3,00	0408	5,00	0,50	0709	5,00	1,00
0208	9,00	7,00	0409	6,00	9,00	070920	8,00	3,00
0210	9,00	7,00	0410	6,00	9,00	070930	0,50	0,50
						070940	2,00	1,00
03	0,00	0,00	05	3,00	3,00	070951	11,00	7,00
0301	120,00	30,00	0501	4,00	0,00	07096001	10,00	6,00
030212	4,00	2,00	0502	3,00	3,00	07096009	10,00	6,00
030219	4,00	2,00	0505	3,00	3,00	07097000	3,00	3,00
0302	0,00	2,00	0508	1,00	0,50	0710	4,00	2,00
030321	3,00	2,00	0509	8,00	2,00	071040	7,00	3,00
030322	1,00	1,00	0511	1,00	0,50	071080	7,00	3,00
0303	2,00	0,50				0711	17,00	0,50
030332	5,00	0,00	06	0,00	0,00	0712	0,00	0,50
030333	2,00	2,00	06011000	8,00	1,00	071220	17,00	0,50
030339	2,00	2,00	06012001	5,00	4,00	071290	0,50	0,50
030372	1,00	1,00	06012002	8,00	1,00	0713	0,50	1,00
030373	1,00	1,00	0602	8,00	1,00	0714	5,00	1,00
030375	2,00	2,00	060290	0,00	4,00			
030376	2,00	2,00	06029070	0,50	1,00	08	0,00	0,00
030380	1,00	1,00	06029091	0,50	1,00	080111	2,00	0,00
03038009	1,00	1,00	06029092	8,00	1,00	080119	4,00	0,00
0304	5,00	2,00	06029093	8,00	1,00	0801	2,00	2,00
0305	0,00	2,00	06029099	0,50	1,00	0802	2,00	0,50
0306	3,00	3,00	0603	5,00	1,00	0803	3,00	1,00
03061209	11,00	13,00	0604	0,00	2,00	080410	10,00	2,00
03061311	0,00	2,00	060499	5,00	5,00	080420	2,00	0,50
03061319	4,00	4,00				0804	1,00	0,00
03061321	0,00	4,00	07	0,00	0,00	080440	3,00	5,00
03061329	0,00	3,00	0701	0,50	0,50	0805	2,00	1,00
030620	0,00	2,00	0702	4,00	2,00	080610	4,00	6,00
0307	1,00	1,00	0703	0,50	1,00	08062001	7,00	0,00
			07031009	7,00	4,00	08062009	2,00	2,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
0807	1,00	0,00	1501	0,50	1,00	17049001	0,00	4,00
0808	3,00	0,50	1502	0,00	5,00	17049002	2,00	0,50
0809	2,00	0,00	1503	0,00	5,00	17049003	2,00	0,50
081010	7,00	3,00	1504	0,00	3,00	1704	12,00	8,00
0810	3,00	0,00	15042004	0,00	1,00			
081050	5,00	5,00	150430	0,00	2,00	18	0,00	0,00
081090	3,00	5,00	1505	0,00	5,00	1801	0,00	0,00
0811	3,00	3,00	1506	0,00	5,00	1802	0,00	0,00
0812	1,00	1,00	1507	0,00	5,00	1803	3,00	0,50
0813	7,00	0,00	1508	0,00	5,00	1804	3,00	0,50
081320	3,00	1,00	1509	0,00	5,00	1805	3,00	0,50
081400	11,00	0,00	1510	0,00	5,00	180610	3,00	0,50
			1511	0,00	5,00	180620	1,00	1,00
09	0,00	0,00	1512	0,00	5,00	1806	6,00	4,00
0901	5,00	1,00	15131901	3,00	4,00	180690	39,00	8,00
090122	10,00	1,00	1513	0,00	5,00	18069039	17,00	3,00
090210	7,00	1,00	1514	0,00	5,00			
0902	24,00	2,00	1515	0,00	5,00	19	0,00	0,00
090230	8,00	2,00	151610	0,00	32,00	190110	21,00	0,50
0904	17,00	17,00	15162001	0,00	5,00	190120	5,00	0,50
0905	17,00	17,00	15162002	4,00	0,00	1901	24,00	1,00
0906	17,00	17,00	15162009	0,00	5,00	19019020	7,00	3,00
0907	17,00	17,00	151710	6,00	2,00	1902	4,00	3,00
0908	17,00	17,00	1517	0,00	5,00	1903	6,00	0,50
0909	17,00	17,00	1518	0,00	5,00	1904	5,00	2,00
0910	17,00	17,00	1520	0,00	5,00	19041002	8,00	6,00
			1521	0,00	5,00	19041009	14,00	1,00
10	0,00	0,00				19042009	7,00	6,00
1005	0,50	0,50	16	0,00	0,00	190490	14,00	1,00
1006	0,50	5,00	16010010	4,00	2,00	19051000	8,00	0,00
1008	0,00	1,00	1601	4,00	2,00	19052000	7,00	2,00
			16010023	5,00	1,00	1905	9,00	2,00
11	0,00	0,00	160220	8,00	0,00	19059019	0,00	0,00
1101	1,00	0,00	160239	5,00	0,50	19059020	25,00	0,00
110210	2,00	0,50	1602	3,00	3,00	19059030	2,00	1,00
110220	2,00	0,50	160290	5,00	6,00	19059051	15,00	5,00
1102	2,00	3,00	1603	7,00	0,50			
1103	1,00	0,50	160411	0,00	0,00	20	0,00	0,00
110412	9,00	0,50	1604	15,00	0,00	2001	6,00	3,00
1104	1,00	0,50	160413	15,00	0,00	2002	5,00	0,50
1105	12,00	4,00	160414	11,00	0,00	2003	11,00	14,00
1106	2,00	2,00	160415	6,00	1,00	200410	2,00	1,00
1107	0,50	0,50	1605	15,00	0,00	2004	5,00	0,50
1108	0,50	0,50	160520	5,00	3,00	2005	5,00	3,00
1109	0,50	0,50	160530	1,00	2,00	2006	6,00	13,00
			160540	10,00	3,00	2007	5,00	2,00
12	0,50	0,50	16059019	10,00	0,00	20081101	8,00	17,00
						20081900	0,00	0,00
13	0,00	0,00	17	0,00	0,00	20082009	1,00	0,50
1301	0,00	2,00	1701	2,00	0,50	2008	4,00	0,50
1302	0,00	2,00	170211	0,50	0,50	20089201	0,00	0,00
			170219	0,50	0,50	2009	1,00	3,00
14	0,00	0,00	170220	3,00	3,00			
1401	0,00	3,00	17023002	0,50	2,00	21	0,00	0,00
1404	0,50	1,00	1702	5,00	6,00	210111	20,00	21,00
			1703	0,50	0,00	2101	2,00	2,00
15	0,00	0,00	170410	34,00	5,00	2102	0,50	0,50

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
21021009	15,00	2,00	22030094	2,00	0,50	2618	0,00	0,00
21022001	24,00	0,00	2204	6,00	0,50			
210230	10,00	40,00	2205	5,00	0,50	27	0,00	0,00
21031000	8,00	18,00	2206	3,00	0,50	27101141	0,00	0,00
21032000	3,00	5,00	2207	0,00	0,00	27101149	0,00	0,00
21033001	9,00	0,50	2208	8,00	1,00	27101951	0,00	0,00
2103	8,00	11,00	2209	0,00	0,00	27101952	0,00	0,00
21039010	8,00	4,00				2712	0,00	3,00
21039030	8,00	4,00	23	0,00	0,00			
21039090	14,00	8,00	2301	1,00	0,00	28	0,00	0,00
2104	11,00	0,50	2302	0,50	0,50	2826	0,50	2,00
21041011	2,00	2,00	2303	0,50	0,50	2827	0,50	2,00
21041012	2,00	2,00	2304	0,50	0,50	2828	0,50	2,00
21041019	2,00	2,00	2305	0,00	0,00	2829	0,50	2,00
21041029	2,00	2,00	2306	0,00	0,00	2830	0,50	2,00
210420	3,00	3,00	2307	0,00	0,00	2831	0,50	2,00
2105	4,00	1,00	2308	0,00	0,00	2832	0,50	2,00
21050021	12,00	7,00	230910	7,00	1,00	2833	0,50	2,00
21050029	6,00	6,00	2309	1,00	0,50	2834	0,50	2,00
21061000	0,00	2,00				2835	0,50	2,00
21069011	2,00	0,50	24	64,00	2,00	2836	0,50	2,00
2106	2,00	3,00				2837	0,50	2,00
21069031	1,00	1,00	25	0,00	0,00	2838	0,50	2,00
21069039	1,00	13,00	25010001	2,00	4,00	2839	0,50	2,00
21069041	1,00	13,00	2501	0,00	0,00	2840	0,50	2,00
21069042	1,00	13,00	2503	0,00	0,00	2841	0,50	2,00
21069049	1,00	13,00	2504	0,00	1,00	28416100	0,00	3,00
21069051	1,00	9,00	2505	0,00	0,00	2842	0,50	2,00
21069059	1,00	9,00	2506	0,00	0,00	2843	1,00	4,00
21069061	1,00	13,00	2507	0,00	0,00	2844	0,00	0,00
21069062	1,00	13,00	2508	0,00	0,00	2845	0,00	0,00
21069063	1,00	13,00	2509	0,00	0,00	2846	0,00	0,00
21069064	3,00	0,50	2510	0,00	0,00	2847	0,00	0,00
21069069	3,00	0,50	2511	0,00	0,00	2850	0,00	0,00
			2512	0,00	0,00	2851	0,00	0,00
22	0,00	0,00	2513	0,00	0,00			
22011014	4,00	0,50	2514	0,00	0,00	29	0,00	0,00
22011016	4,00	18,00	2515	0,00	0,00	2905	0,00	0,00
22011019	0,00	0,00	2516	0,00	0,00	2906	0,00	0,00
220190	0,00	0,00	2517	0,00	0,00	2907	0,00	0,00
220210	0,00	0,00	251740	0,50	0,50	2908	0,00	0,00
22021025	4,00	0,50	2518	0,00	0,00	2909	0,00	0,00
22021091	0,50	0,50	2519	0,00	0,00	2910	0,00	0,00
22021093	0,50	0,50	2520	0,00	0,00	2911	0,00	0,00
22021094	1,00	0,50	2521	0,00	0,00	2912	0,00	0,00
22021095	0,50	0,50	2522	0,00	0,00	2913	0,00	0,00
22021097	0,50	0,50	252310	0,00	0,50	2914	0,00	0,00
22021099	0,50	0,50	2523	1,00	0,00	2915	0,00	0,00
220290	0,00	0,00	2525	0,50	0,50	2916	0,00	0,00
22029095	0,50	0,00	2526	0,50	0,50	2917	0,00	0,00
22029099	0,50	0,00	2529	0,00	0,00	2918	0,00	0,00
22030011	2,00	0,50	2530	0,00	0,00	2919	0,00	0,00
22030012	0,50	0,50				2920	0,00	0,00
2203	0,00	0,00	26	0,00	0,00	2921	0,00	0,00
22030091	2,00	0,50	2601	0,00	0,00	2922	0,00	0,00
22030092	2,00	0,50	2603	0,00	0,00	2923	0,00	0,00
22030093	0,50	0,50	2608	0,00	0,00	2924	0,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
2925	0,00	0,00	33	0,00	0,00	370790	0,00	0,00
2926	0,00	0,00	3301	0,00	4,00			
2927	0,00	0,00	3302	2,00	4,00	38	0,00	0,00
2928	0,00	0,00	33029001	0,00	4,00	3801	0,00	8,00
2929	0,00	0,00	33029009	0,00	7,00	380210	0,00	8,00
2930	0,00	0,00	3303	33,00	23,00	3802	0,00	2,00
2931	0,00	0,00	3304	50,00	50,00	3803	4,00	0,00
2932	0,00	0,00	330499	18,00	15,00	3804	4,00	0,00
2933	0,00	0,00	330510	12,00	15,00	3805	0,00	0,00
2934	0,00	0,00	330520	6,00	8,00	3806	0,00	0,00
2935	0,00	0,00	330530	6,00	8,00	3807	2,00	2,00
2936	2,00	2,00	33061000	13,00	9,00	3808	2,00	2,00
2937	2,00	2,00	33062000	18,00	22,00	3809	2,00	2,00
2938	2,00	2,00	3306	12,00	9,00	3810	0,50	1,00
2939	2,00	2,00	3307	12,00	13,00	3811	1,00	2,00
2940	2,00	2,00	33074100	13,00	18,00	3812	1,00	2,00
2941	2,00	2,00				3813	2,00	2,00
2942	2,00	2,00	34	0,00	0,00	3814	2,00	2,00
			340111	9,00	14,00	3815	2,00	2,00
30	0,00	0,00	3401	0,00	0,00	3816	1,00	0,00
3001	0,00	10,00	34021101	0,00	7,00	3818	2,00	4,00
300190	0,00	3,00	34021109	3,00	2,00	3819	2,00	4,00
3002	3,00	2,00	340212	2,00	4,00	3820	2,00	4,00
30022000	18,00	10,00	340213	3,00	0,50	3821	2,00	4,00
30023000	18,00	10,00	340219	3,00	0,50	3822	2,00	4,00
3003	21,00	29,00	340220	2,00	4,00	3823	0,00	6,00
3004	21,00	29,00	340290	1,00	0,50	3824	0,00	6,00
3005	20,00	3,00	3403	0,00	10,00			
3006	9,00	4,00	3404	0,00	6,00	39	0,00	0,50
300640	13,00	10,00	340510	16,00	15,00	3914	0,50	0,50
300650	0,00	0,00	340520	19,00	16,00	3916	0,50	0,50
			340530	4,00	9,00	39171000	1,00	0,50
31	0,00	0,00	340540	4,00	10,00	391910	4,00	1,00
3101	0,00	1,00	340590	8,00	6,00	3920	0,00	0,50
3102	0,00	1,00	3406	7,00	2,00	3921	0,00	0,50
3104	0,00	1,00	3407	6,00	2,00	3922	3,00	3,00
3105	0,00	1,00				392220	6,00	6,00
			35	0,00	0,00	3923	1,00	100,00
32	0,00	0,00	3501	2,00	0,50	392410	7,00	6,00
3201	2,00	2,00	3502	2,00	6,00	392490	16,00	11,00
3202	2,00	2,00	3503	6,00	1,00	3925	0,50	1,00
3203	2,00	2,00	3504	6,00	2,00	392590	13,00	3,00
3204	2,00	2,00	3505	6,00	2,00	3926	13,00	3,00
3205	2,00	2,00	3506	4,00	5,00	39269029	5,00	1,00
3206	2,00	2,00	3507	6,00	1,00			
3207	2,00	2,00				40	0,00	0,00
3208	0,50	3,00	36	0,00	0,00	4001	0,00	2,00
3209	0,50	4,00	3601	6,00	2,00	4002	0,00	2,00
3210	0,50	3,00	3602	6,00	2,00	4003	0,00	2,00
3211	0,50	3,00	3603	25,00	0,00	4004	0,50	0,50
3212	0,00	10,00	360410	17,00	1,00	4005	1,00	0,50
3213	90,00	20,00	360490	27,00	1,00	4006	1,00	0,50
32141001	0,00	30,00	360500	22,00	0,50	4007	0,00	2,00
3214	0,50	3,00	360610	0,00	13,00	4008	0,00	2,00
32149001	0,00	2,00	360690	50,00	0,00	4010	0,00	1,00
32149009	0,00	2,00				4011	0,00	0,00
3215	0,00	4,00	37	0,00	0,00	401150	33,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
4012	0,00	0,00	4802	0,00	0,00	491199	8,00	2,00
4013	0,00	6,00	4803	0,00	0,00			
4014	14,00	8,00	4804	0,00	0,00	50	0,00	2,00
401511	16,00	6,00	4805	6,00	0,00			
4015	10,00	11,00	4806	6,00	0,00	51	0,00	2,00
4016	13,00	0,00	4808	6,00	0,00			
4017	0,50	1,00	4809	6,00	0,00	52	0,00	2,00
			4810	6,00	0,00	5207	9,00	1,00
41	0,00	0,00	4811	6,00	0,00			
			48115101	100,00	0,00	53	0,00	2,00
42	0,00	0,00	48115901	100,00	0,00			
4201	0,00	0,00	48116001	100,00	0,00	54	0,00	2,00
420210	1,00	4,00	4812	6,00	0,00	540120	5,00	10,00
4202	2,00	8,00	4813	1,00	0,00			
4203	4,00	8,00	4814	1,00	7,00	55	0,00	2,00
4204	1,00	2,00	481490	6,00	0,00	5511	12,00	0,00
4205	4,00	8,00	4815	6,00	0,00			
			4816	6,00	0,00	56	0,00	2,00
43	0,00	0,00	481710	0,50	0,50			
4301	8,00	2,00	4817	6,00	0,00	57	0,00	0,50
4302	8,00	2,00	48181000	0,00	0,00			
4303	0,00	0,00	48182000	1,00	1,00	58	0,00	0,00
4304	0,00	0,00	48183000	0,50	0,50	5801	0,00	2,00
			48184001	1,00	4,00	5802	0,00	2,00
44	0,00	0,00	48184009	3,00	3,00	5803	0,00	2,00
4401	1,00	1,00	48185000	1,00	2,00	5804	0,00	2,00
4404	0,00	8,00	48189000	1,00	2,00	5805	0,00	6,00
4407	0,00	0,00	481910	100,00	0,00	5806	0,00	6,00
4408	0,00	0,00	481920	100,00	0,00	5807	0,00	6,00
4409	0,00	0,00	481930	100,00	0,50	5808	0,00	6,00
4410	0,00	0,00	481940	100,00	0,00	5809	0,00	6,00
4411	0,00	0,00	481950	100,00	1,00	5810	0,00	6,00
4412	0,00	0,00	481960	14,00	2,00	5811	0,00	6,00
4413	0,00	0,00	4820	14,00	2,00			
4414	3,00	2,00	4821	0,50	0,50	59	0,00	0,00
4415	0,00	0,00	4822	14,00	2,00	5901	0,00	6,00
4417	1,00	0,50	4823	14,00	2,00	5902	0,00	2,00
4418	3,00	0,50	482360	0,50	1,00	5903	0,00	2,00
4419	3,00	3,00	482370	0,00	0,50	5904	0,00	2,00
4420	3,00	3,00	48239002	4,00	0,00	5905	0,00	2,00
44209009	5,00	0,50	48239004	1,00	0,00	590610	4,00	2,00
4421	7,00	3,00				5906	0,00	2,00
			49	0,00	0,00	5907	0,00	0,50
45	0,00	0,00	4901	8,00	0,00	5908	0,00	2,00
4502	5,00	0,50	4902	0,50	3,00	5909	0,00	1,00
4503	5,00	0,50	4903	32,00	8,00	5910	0,00	2,00
4504	5,00	0,50	4904	80,00	20,00	5911	0,00	2,00
			490510	11,00	3,00			
46	0,00	0,00	4905	40,00	10,00	60	0,00	0,00
4601	5,00	0,50	4906	40,00	10,00	6001	0,00	2,00
460210	5,00	0,50	49070001	80,00	20,00			
460290	9,00	1,00	4907	40,00	10,00	61	0,00	0,00
			4908	16,00	4,00	6101	5,00	5,00
47	0,00	0,00	4909	32,00	8,00	6102	5,00	5,00
			4910	0,50	0,50	6103	5,00	5,00
48	0,00	0,00	4911	0,50	0,50	6104	5,00	5,00
4801	0,00	0,00	491191	15,00	3,00	6105	15,00	8,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
6106	14,00	9,00	67	0,00	0,00	7015	27,00	8,00
6107	14,00	9,00	6701	13,00	5,00	7016	27,00	8,00
6108	14,00	9,00	6702	13,00	5,00	70169009	0,50	0,50
6109	10,00	7,00	6703	25,00	13,00	7017	0,50	0,50
6110	9,00	11,00	6704	25,00	13,00	7018	12,00	8,00
6111	13,00	7,00				7019	0,00	1,00
6112	5,00	7,00	68	0,00	0,00	7020	0,00	1,00
6113	28,00	12,00	6805	6,00	0,00			
6114	28,00	12,00	6806	0,00	0,50	71	0,00	0,00
6115	28,00	12,00	6807	1,00	0,00	7101	0,00	10,00
611610	4,00	2,00	6808	0,00	0,50	7102	0,00	10,00
6116	28,00	12,00	6809	0,00	0,50	7103	0,00	10,00
6117	28,00	12,00	680990	0,50	0,50	7104	2,00	1,00
			6810	0,00	0,50	7106	2,00	1,00
62	0,00	0,00	6811	0,00	0,50	7107	2,00	1,00
6201	8,00	4,00	6812	0,50	0,50	7108	2,00	1,00
6202	8,00	4,00	6813	1,00	0,50	7109	2,00	1,00
6203	8,00	4,00	6814	1,00	0,50	7110	2,00	1,00
6204	8,00	4,00	6815	0,50	1,00	7113	2,00	1,00
6205	18,00	9,00				7114	11,00	27,00
6206	18,00	9,00	69	0,00	0,00	7115	11,00	27,00
6207	18,00	9,00	6901	0,50	0,50	7116	10,00	27,00
6208	18,00	9,00	6902	1,00	0,50	7117	9,00	27,00
6209	18,00	9,00	6903	1,00	0,50	7118	11,00	27,00
621010	18,00	9,00	6904	0,50	0,50			
6210	8,00	4,00	6905	1,00	0,50	72	0,00	0,00
6211	8,00	3,00	6906	1,00	0,50			
62114309	10,00	2,00	6907	1,00	0,50	73	0,00	0,00
62114900	25,00	13,00	6908	1,00	0,50	7301	0,00	0,00
621210	22,00	10,00	690911	4,00	3,00	7302	0,00	0,00
6212	25,00	13,00	690919	9,00	19,00	7303	0,00	0,00
6213	40,00	15,00	690990	1,00	3,00	7304	0,00	0,00
6214	20,00	8,00	6910	0,50	1,00	7305	0,00	0,00
6215	40,00	15,00	6911	8,00	2,00	7306	0,00	0,00
6216	20,00	8,00	6912	7,00	3,00	7307	0,00	0,00
6217	20,00	8,00	6913	7,00	3,00	7308	0,00	1,00
			6914	0,50	0,50	730840	0,00	0,00
63	6,00	3,00				730890	0,00	0,00
6303	6,00	3,00	70	0,00	0,00	7309	0,00	0,00
6304	6,00	3,00	7001	0,00	0,00	7310	0,00	0,00
6305	5,00	0,00	7002	0,00	0,00	731029	0,50	0,50
6306	1,00	2,00	700312	0,00	0,00	7311	0,00	0,00
630710	6,00	6,00	7003	3,00	2,00	7312	0,00	0,00
6307	1,00	2,00	700420	0,00	0,00	7313	0,00	0,00
			700490	3,00	2,00	7314	0,00	0,00
64	11,00	2,00	700510	0,00	0,00	7315	0,00	0,00
640212	6,00	0,00	7005	3,00	2,00	7316	3,00	0,00
640312	2,00	0,00	7006	3,00	2,00	7317	3,00	0,00
			7007	5,00	4,00	7318	3,00	0,00
65	14,00	4,00	7008	5,00	4,00	7319	3,00	0,00
			7009	5,00	4,00	7320	12,00	0,00
66	0,00	0,00	7010	5,00	4,00	7321	1,00	1,00
660110	1,00	0,50	7011	5,00	4,00	7322	0,00	2,00
660191	14,00	4,00	7012	0,50	0,50	732310	12,00	2,00
660199	5,00	1,00	7013	27,00	8,00	7323	18,00	3,00
6602	14,00	4,00	701329	8,00	2,00	732410	3,00	3,00
6603	14,00	4,00	7014	27,00	8,00	7324	1,00	1,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
7325	0,00	0,00	82013001	1,00	0,50	8404	0,00	0,00
7326	0,00	0,00	820140	5,00	5,00	8405	0,00	0,00
732690	0,50	0,00	820150	0,00	10,00	8406	0,00	0,00
			820160	0,00	10,00	8407	0,00	0,00
74	0,00	0,00	820190	0,50	0,50	8408	0,00	0,00
7402	0,00	0,00	820210	0,50	0,50	8409	0,00	0,00
7403	0,00	0,00	8202	15,00	0,00	8410	0,00	0,00
7404	0,00	0,00	820240	1,00	1,00	8411	0,00	0,00
7406	0,00	0,00	820291	1,00	1,00	8412	0,00	0,00
7407	0,00	0,00	820299	4,00	3,00	8413	1,00	1,00
7408	0,00	0,00	8203	20,00	0,00	8414	1,00	1,00
7409	0,00	0,00	8204	20,00	0,00	8415	3,00	1,00
741011	0,00	2,00	8205	20,00	0,00	8416	1,00	1,00
7410	0,00	0,00	820559	13,00	10,00	8417	2,00	2,00
7411	0,00	0,00	820560	3,00	0,00	8418	1,00	1,00
7412	0,00	0,00	820570	3,00	0,00	8419	1,00	1,00
7413	0,00	0,00	820580	0,00	0,00	841939	12,00	12,00
7414	0,00	0,00	820590	1,00	0,50	84198101	8,00	2,00
7415	10,00	0,50	8206	1,00	0,00	8420	1,00	1,00
7417	10,00	0,50	8207	0,00	0,00	8421	1,00	1,00
7418	10,00	0,50	820720	0,50	0,00	84211901	3,00	1,00
741910	4,00	0,00	820730	0,50	0,00	842123	6,00	0,50
7419	0,00	0,00	820740	10,00	0,00	842131	7,00	3,00
			820750	5,00	25,00	8422	1,00	1,00
75	0,00	0,00	820760	5,00	25,00	842220	6,00	6,00
			820770	3,00	0,00	842230	6,00	6,00
76	0,00	0,00	820780	3,00	0,00	842310	3,00	1,00
7607	0,50	0,00	820790	3,00	0,00	842320	6,00	2,00
760720	20,00	0,00	8208	6,00	4,00	8423	1,00	1,00
7610	0,00	1,00	8209	6,00	4,00	842381	3,00	3,00
7611	1,00	1,00	8210	6,00	5,00	842390	0,50	0,50
7612	1,00	1,00	821110	6,00	4,00	842420	3,00	3,00
7613	3,00	0,00	8211	9,00	1,00	8424	1,00	1,00
7614	3,00	0,00	821195	4,00	0,00	8425	0,00	0,00
7615	3,00	0,00	821210	9,00	1,00	8426	0,00	0,00
7616	0,00	0,00	8212	0,50	2,00	8427	0,00	0,00
			8213	6,00	4,00	8428	0,00	0,00
77	0,00	0,00	8214	6,00	4,00	8429	0,00	0,00
			8215	6,00	4,00	8430	0,00	0,00
78	0,00	0,00				843110	2,00	1,00
			83	0,00	0,00	843120	8,00	0,00
79	0,00	0,00	8301	0,50	0,00	843131	8,00	0,00
			8302	0,50	0,50	843139	8,00	0,00
80	0,00	0,00	8303	4,00	0,50	8431	0,00	0,00
			8304	2,00	0,50	843290	8,00	0,00
81	0,00	0,00	8305	2,00	0,50	8433	3,00	0,50
8101	0,00	1,00	830590	7,00	0,50	843390	8,00	0,00
8104	0,00	1,00	8306	2,00	0,50	8434	2,00	0,50
810490	1,00	0,50	8307	4,00	0,50	8435	2,00	0,50
8105	0,00	0,00	8308	4,00	0,50	8436	3,00	0,00
8108	0,00	0,00	8309	4,00	0,50	843710	0,00	0,00
8111	0,00	1,00	8310	2,00	0,50	8437	3,00	0,00
8112	0,00	0,00	8311	2,00	0,50	8438	0,00	0,00
8113	0,00	0,00				843890	2,00	0,50
			84	0,00	0,00	8439	0,00	0,00
82	0,00	0,00	8402	0,00	0,00	843999	3,00	0,00
8201	0,00	0,50	8403	0,00	0,00	8440	0,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
844090	10,00	0,00	8478	0,00	0,00	851633	16,00	5,00
84411009	5,00	0,00	8479	0,00	0,00	851640	24,00	7,00
8441	5,00	0,00	847960	4,00	1,00	851650	8,00	3,00
8442	0,00	0,00	847989	3,00	0,00	851671	5,00	2,00
844240	5,00	0,00	847990	3,00	0,00	851672	8,00	3,00
844250	2,00	0,50	8480	0,00	0,00	851679	5,00	2,00
8443	0,00	0,00	848110	3,00	0,00	85168001	8,00	3,00
844351	2,00	0,50	8481	6,00	0,00	85168009	3,00	0,00
8445	0,00	0,00	8482	6,00	0,00	851690	10,00	3,00
8448	5,00	0,00	8483	10,00	0,00	851711	21,00	5,00
8450	1,00	2,00	8484	6,00	0,00	8517	7,00	3,00
8451	2,00	3,00	8485	0,00	0,00	85171909	53,00	7,00
845140	0,00	0,00				851721	5,00	2,00
845150	0,00	0,00	85	0,00	0,00	851750	10,00	0,00
845180	0,00	0,00	8501	5,00	0,00	851780	17,00	0,00
845190	5,00	0,00	850164	15,00	0,00	851810	20,00	0,00
8452	0,00	0,00	850211	10,00	0,00	851821	4,00	1,00
845230	3,00	0,00	850212	5,00	0,00	8518	6,00	2,00
845240	3,00	0,00	8502	0,00	0,00	851890	2,00	2,00
845290	5,00	0,00	850240	10,00	0,00	8519	16,00	4,00
8453	0,00	0,00	8503	2,00	0,00	851993	9,00	1,00
845390	5,00	0,00	8504	20,00	0,00	851999	7,00	1,00
845420	0,50	0,00	8505	15,00	0,00	852010	64,00	16,00
8455	0,00	0,00	850520	3,00	0,00	8520	21,00	5,00
8456	0,00	0,00	850610	3,00	0,00	852033	7,00	1,00
8458	0,00	0,00	8506	16,00	0,00	852039	6,00	2,00
845910	0,00	0,00	850690	0,50	0,50	8521	24,00	3,00
8459	5,00	0,00	8507	0,00	0,00	8522	28,00	40,00
8460	5,00	0,00	850730	5,00	0,00	852290	23,00	5,00
8461	5,00	0,00	85078091	5,00	0,00	85232001	0,00	4,00
846210	5,00	0,00	85078099	5,00	0,00	8523	13,00	0,00
8462	0,00	0,00	850790	10,00	0,00	852410	3,00	3,00
8463	0,00	0,00	850910	4,00	2,00	8524	10,00	0,00
8464	0,00	0,00	850920	2,00	1,00	852491	0,00	4,00
8465	3,00	0,00	8509	11,00	5,00	852499	18,00	2,00
846610	0,50	0,00	8510	54,00	13,00	852510	3,00	0,00
846620	1,00	0,00	851020	28,00	7,00	85252001	10,00	1,00
846630	0,50	0,00	851030	28,00	7,00	85252009	30,00	0,00
8466	5,00	0,00	851110	20,00	0,50	852530	3,00	0,00
8467	6,00	2,00	851120	20,00	0,50	852540	13,00	3,00
8468	4,00	1,00	851130	20,00	0,00	8526	2,00	0,50
8469	4,00	2,00	8511	4,00	0,00	852712	27,00	3,00
847010	6,00	0,00	851210	7,00	0,00	85271301	5,00	0,50
8470	7,00	3,00	851220	25,00	0,00	85271302	21,00	4,00
8471	6,00	2,00	8512	20,00	0,00	85271309	9,00	1,00
8472	4,00	2,00	851290	40,00	0,00	852719	2,00	2,00
847230	14,00	2,00	851310	13,00	0,00	852721	5,00	0,50
847290	14,00	2,00	851390	40,00	0,00	852729	4,00	3,00
8473	7,00	3,00	8514	0,00	0,00	85273101	2,00	1,00
847340	1,00	1,00	851440	4,00	0,00	85273102	5,00	3,00
847350	1,00	0,50	851490	6,00	0,00	85273109	2,00	2,00
8474	0,00	0,00	8515	3,00	0,00	852732	12,00	9,00
847490	4,00	0,00	851519	25,00	0,00	852739	2,00	2,00
8475	4,00	0,00	85158009	0,00	0,00	85279001	12,00	8,00
8476	3,00	0,50	8516	0,00	1,00	85279002	47,00	3,00
847690	5,00	0,00	851631	24,00	7,00	85279009	28,00	2,00
8477	0,00	0,00	851632	16,00	5,00	852812	2,00	0,50

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
852813	16,00	4,00	89	0,00	0,00	92	0,00	0,00
8528	8,00	2,00				9201	0,00	0,00
85283009	16,00	4,00	90	4,00	3,00	9202	0,00	0,00
8529	3,00	1,00	9001	0,50	2,00	9203	0,00	0,00
8530	15,00	3,00	900130	35,00	60,00	9204	0,00	0,00
8531	13,00	4,00	900140	50,00	10,00	9205	0,00	0,00
8532	23,00	8,00	900150	50,00	10,00	9206	0,00	0,00
8533	23,00	8,00	9002	0,50	7,00	9207	2,00	1,00
8534	7,00	3,00	9003	5,00	10,00	9208	0,00	0,00
8535	1,00	0,50	9004	5,00	10,00	9209	3,00	3,00
8536	1,00	0,50	900510	10,00	0,00			
8537	1,00	0,50	9005	10,00	0,50	93	0,00	0,00
8538	0,50	0,50	9006	10,00	0,50	9302	0,00	0,00
8539	0,50	0,50	900661	8,00	3,00	9303	2,00	0,00
853929	145,00	5,00	900662	8,00	5,00	9304	25,00	25,00
853931	1,00	0,50	900669	13,00	7,00	930510	50,00	0,00
853932	18,00	8,00	900691	16,00	1,00	930521	33,00	0,00
853939	18,00	8,00	900699	16,00	1,00	930529	17,00	0,00
853941	18,00	8,00	9007	7,00	0,00	9306	11,00	0,00
853949	18,00	8,00	9008	7,00	0,00	9307	0,00	0,00
854011	5,00	3,00	9009	5,00	0,00			
854020	3,00	5,00	901010	4,00	0,00	94	0,00	0,00
854040	2,00	4,00	9010	11,00	2,00	9401	4,00	1,00
854060	2,00	4,00	901060	7,00	0,00	9402	1,00	0,50
8540	4,00	7,00	9011	0,00	0,00	9403	2,00	1,00
854089	9,00	15,00	901180	4,00	0,00	94032009	4,00	1,00
8541	0,50	0,50	901190	11,00	2,00	940330	4,00	1,00
8542	16,00	4,00	9012	11,00	2,00	940340	4,00	1,00
8543	6,00	1,00	9013	4,00	0,00	940360	4,00	1,00
854330	7,00	0,00	901380	11,00	0,50	940370	7,00	3,00
854340	10,00	0,00	901390	10,00	0,00	940380	3,00	3,00
854381	14,00	2,00	9014	4,00	0,00	940390	4,00	2,00
85438901	15,00	0,50	9015	4,00	0,00	940410	3,00	3,00
85438909	1,00	0,50	9016	4,00	0,00	9404	0,00	2,00
854390	10,00	0,00	9017	6,00	2,00	940430	12,00	0,50
854411	10,00	0,00	901811	6,00	2,00	9405	13,00	13,00
8544	5,00	0,00	901812	8,00	2,00	94054001	5,00	5,00
854470	3,00	0,50	901813	10,00	0,00	94054009	1,00	1,00
854511	0,50	0,50	901814	10,00	0,00	940550	3,00	3,00
8545	3,00	0,50	901819	6,00	2,00	940560	5,00	5,00
8546	3,00	0,50	901820	6,00	2,00	9406	0,00	0,00
8547	3,00	0,50	901831	11,00	15,00			
854810	4,00	1,00	901832	11,00	15,00	95	0,00	0,00
854890	7,00	3,00	901839	11,00	15,00	9501	2,00	4,00
			9018	4,00	3,00	9502	11,00	7,00
86	0,00	0,00	9019	1,00	1,00	9503	11,00	7,00
			90200000	3,00	1,00	950410	109,00	71,00
87	0,00	0,00	90212100	0,50	0,50	950420	0,00	0,00
8708	4,00	0,00	90212900	12,00	18,00	950430	0,00	0,00
8709	10,00	3,00	90214000	39,00	16,00	950440	27,00	1,00
8712	10,00	1,00	9021	4,00	3,00	950490	14,00	10,00
8713	0,00	0,50	90312000	6,00	4,00	9505	9,00	5,00
8714	3,00	2,00	9031	4,00	3,00	950611	0,00	0,00
8715	0,50	2,00	9032	4,00	3,00	950612	6,00	0,00
			9033	4,00	3,00	950619	30,00	0,00
88	0,00	0,00				950621	0,00	0,00
			91	25,00	45,00	950629	0,00	0,00

Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]	Umbúðanúmer	Pappi [%]	Plast [%]
950631	0,00	0,00	9602	50,00	20,00	9613	30,00	10,00
950632	0,00	0,00	9603	32,00	8,00	9614	35,00	15,00
950651	52,00	0,00	96035000	6,00	6,00	9615	30,00	10,00
950659	32,00	0,00	96039000	0,00	0,00	9616	45,00	25,00
9506	14,00	2,00	9604	45,00	25,00	9617	14,00	0,00
950669	36,00	16,00	9605	45,00	25,00	9618	0,00	2,00
950670	5,00	0,00	9606	29,00	25,00			
950691	5,00	0,00	9607	14,00	10,00	97	0,00	0,00
950699	24,00	8,00	9608	30,00	10,00			
9507	22,00	8,00	9609	30,00	10,00	98	0,00	0,00
			9610	9,00	5,00			
96	0,00	0,00	9611	22,00	2,00	99	0,00	0,00
9601	6,00	0,00	9612	30,00	10,00			

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.

603. Frumvarp til laga [312. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum.

2. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2003/15/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, sem vísað er til í 1. tölul. XVI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2004, þann 9. júní 2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

604. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

a. kenninafn, eiginnöfn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
c. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
d. kynferði,
e. ríkisfang,
f. hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flótta,
g. ástæðu fyrir skráningu,
h. aðgerðir sem farið er fram á,
i. tegund brots þegar upplýsingar eru skráðar skv. a-lið 1. mgr. 6. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

a. vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum, skip, báta og loftför sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
b. eftirvagna með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, atvinnutæki, utanborðsvélar og gáma sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
d. óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
e. útgefin persónuskilríki, svo sem vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini, dvalarleyfi og ferðaskilríki, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
f. skráningarskírteini og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
g. peningaseðla með skráðum númerum,
h. verðbréf og aðrar tegundir greiðslu, svo sem ávísanir, greiðslukort, skuldabréf eða hlutabréf, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga, ökutæki, báta, skip, loftför og gáma í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, er orðast svo:

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar, sem skráðir hafa verið í kerfið, finnast. Ekki má nota slíkar upplýsingar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar eða beiðni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Fyrir framan orðið „lögreglan“ í a-lið 1. mgr. kemur: ríkissaksóknari og.
b. Á eftir orðinu „grundvelli“ í b-lið 1. mgr. kemur: d- og e-liðar 2. mgr. 5. gr. og.
c. Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður er orðast svo: Umferðarstofa við skráningu ökutækja í þeim tilgangi að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið; aðgangurinn takmarkast þó við upplýsingar um ökutæki á grundvelli a-liðar 2. mgr. 5. gr., um eftirvagna og hjólhýsi á grundvelli b-liðar 2. mgr. 5. gr. og um skráningarskírteini og skráningarmerki á grundvelli f-liðar 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.
b. Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en fimm ár frá skráningu.

Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6. og 7. gr. skulu ekki standa lengur en tíu ár frá skráningu.

6. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo:

Viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a má einungis geyma í þann tíma sem er nauðsynlegur í samræmi við tilgang skráningarinnar og aldrei lengur en í eitt ár eftir að samsvarandi skráningu, sem varðar sömu einstaklinga eða hluti, í Schengen-upplýsingakerfinu hefur verið eytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

605. Lög [362. mál]

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 413.

606. Lög [381. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 438.

607. Lög [18. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 572 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.

b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans heimilt að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með því að greiða sekt til ríkissjóðs, enda sé talið að brot sé skýlaust sannað, og verður máli þá hvorki vísað til opinberrar meðferðar né sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd. Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota. Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 6 millj. kr. Aðila skulu veittar upplýsingar um fyrirhugaða sektarfjárhæð áður en hann fellst á að ljúka máli með þessum hætti. Sektarákvörðun samkvæmt ákvæði þessu skal lokið innan sex mánaða frá því að rannsókn skattrannsóknarstjóra lauk.

Vararefsing fylgir ekki ákvörðun skattrannsóknarstjóra ríkisins. Um innheimtu sekta sem ákveðnar eru af skattrannsóknarstjóra gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags samkvæmt lögum þessum. Einnig má beita 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á. Senda skal ríkissaksóknara skrá yfir mál sem lokið er samkvæmt þessu ákvæði. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir sektarákvörðun skv. 2. mgr. eða málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti getur hann borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðun skattrannsóknarstjóra.

608. Lög [326. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 573 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2006 og álagningu tekjuskatts á árinu 2007. Ákvæði 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2006. Ákvæði 3. gr. öðlast þegar gildi.

609. Lög [344. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 574.

610. Lög [345. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 575.

611. Lög [327. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 576 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: eða af ökutækjum skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Greiða skal sérstakt kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:
1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr.,
2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi, eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og dregnir eru af dráttarvélum. Skrá ber umrædda eftirvagna sem dregnir eru af dráttarvélum hjá Umferðarstofu. Undanþegnir gjaldskyldu eru eftirvagnar sem taldir eru upp í 3. málsl. 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

c. Á eftir orðinu „kílómetragjalds“ í 2., 6. og 8. mgr. kemur: og sérstaks kílómetragjalds.

d. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.

e. 5. mgr. orðast svo:
Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Sérstakt kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	9,27	18.001–19.000	23,99
6.001–7.000	10,04	19.001–20.000	25,04
7.001–8.000	10,80	20.001–21.000	26,09
8.001–9.000	11,57	21.001–22.000	27,14
9.001–10.000	12,33	22.001–23.000	28,19
10.001–11.000	13,39	23.001–24.000	29,24
11.001–12.000	14,75	24.001–25.000	30,29
12.001–13.000	16,12	25.001–26.000	31,34
13.001–14.000	17,48	26.001–27.000	32,39
14.001–15.000	18,85	27.001–28.000	33,44
15.001–16.000	20,21	28.001–29.000	34,49
16.001–17.000	21,58	29.001–30.000	35,54
17.001–18.000	22,94	30.001–31.000	36,59
		31.001 og yfir	37,64

f. Á eftir orðunum „skv. 3. tölul. 1. mgr.“ í 9. mgr. kemur: og sérstakt kílómetragjald skv. 6. mgr.

g. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: og sérstakt kílómetragjald.

612. Lög [363. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 414.

613. Lög [3. mál]

um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 577.

614. Lög [366. mál]

um starfsmannaleigur.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 596.

615. Lög [346. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 597.

616. Lög [236. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 236.

617. Lög [343. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 377.

618. Lög [351. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 385.

619. Lög [364. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 598.

620. Lög [191. mál]

um fjarskiptasjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 599.

621. Lög [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 174.

622. Lög [332. mál]

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 600.

623. Lög [333. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 601.

624. Lög [390. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 472.

625. Lög [313. mál]

um breytingar á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 340.

626. Lög [179. mál]

um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, eð síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 602.

627. Lög [312. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 603.

628. Lög [189. mál]

um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 604.

629. Lög [314. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 341.

630. Þingsályktun [406. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 569.

631. Lög [405. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 560.

632. Svar [384. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu lengi hafa fiskiskip frá Evrópusambandinu haft leyfi til karfaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands?*
2. *Hvaða skip hafa stundað þessar veiðar? Óskað er upplýsinga um nöfn skipa, nöfn útgerðarfélaga, skráningarnúmer, kallmerki og þjóðerni.*
3. *Hvernig skiptist afli hvers skips árlega á milli tegunda?*
4. *Hve mikill hluti afla þessara skipa hefur farið til vinnslu hér á landi, hvaða tegundir og hve mikið af hverri tegund?*
5. *Hve mikið hefur verið flutt óunnið til vinnslu erlendis, hvaða tegundir og hve mikið af hverri tegund?*
6. *Hafa skipin leyfi til að umbreyta t.d. karfaafla í þorsk sem síðan dregst frá karfakvótanum?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar:

1. Leyfi til karfaveiða í íslenskri landhelgi hafa verið gefin út frá árinu 1994.

2. Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflu 1. Upplýsingarnar eru fyrir árin 1998–2005, unnið er að samantekt fyrir árin 1994–1997. Nöfn útgerðaraðila fylgja þeim skipum þar sem mögulegt var að nálgast þær upplýsingar.

3. Í töflu 2 er að finna upplýsingar um skiptingu afla skipanna á milli tegunda árin 1998–2005. Fiskistofa á ekki upplýsingar um afla eftir skipum fyrir árin 1994–1997.

4.–5. Í töflu 3 eru upplýsingar um vinnslu afla.

6. Skip hafa ekki leyfi til að umbreyta karfaafla í þorsk sem síðan dregst frá karfakvótanum.

Að auki fylgja með samanteknar upplýsingar um heildarmagn í hverri tegund á ári, sjá töflu 4.

Tafla 1. Skip með leyfi, eftir árum 1998–2005.

Ár	Skipsnafn	Þjóðerni	Kall-merki	Útgerðaraðili	Stundaði veiðar
1998	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
1998	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		x
1999	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
1999	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		x
1999	Thornella H96	Bretland	MHSL4	Thornella ltd., Marr building, St.Andrews dock	x
1999	Southella H240	Bretland	MPFJ6	Southella ltd., Hull	x
1999	Norma Mary A 883	Bretland	MYDT4	(Samherji)	x
1999	Sunbeam LK 335	Bretland	MYTS7	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
1999	Lancella	Bretland	MJSQ2	Marr	x

Ár	Skipsnafn	Þjóðerni	Kall-merki	Útgerðaraðili	Stundaði veiðar
2000	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2000	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		x
2000	Thornella H96	Bretland	MHSL4	Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock	x
2000	Farnella H135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd., Hull	x
2000	Southella H240	Bretland	MPFJ6	Southella ltd., Hull	x
2000	Kirkella H 2	Bretland	MMFE8		x
2000	Norma Mary A 883	Bretland	MYDT4	(Samherji)	x
2000	Sunbeam LK 335	Bretland	MYTS7	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
2000	Lancella	Bretland	MJSQ2	Marr	x
2001	Atlantic Peace BX 786	Þýskaland	DEOT		
2001	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2001	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		x
2001	Eridanus ROS 805	Þýskaland	Y4HM		
2001	J. Von Coelln NC 308	Þýskaland	DHMC		x
2001	Elke M.NC 333	Þýskaland	DFOE		
2001	Sunbeam LK 335	Bretland	MWAT6	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
2001	Kirkella H2	Bretland	MMFE8		x
2001	Norma Mary A 883	Bretland	MYDT4	(Samherji)	x
2001	Thornella H96	Bretland	MHSL4	Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock	x
2001	Farnella H135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd, Hull	x
2001	Lancella H 98	Bretland	MJSQ5	Marr	x
2001	Southella H240	Bretland	MPFJ6	Southella ltd., Hull	x
2002	Atlantic Peace BX 786	Þýskaland	DEOT		
2002	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2002	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		
2002	Fornax ROS 806	Þýskaland	Y4HP		
2002	Gerda Maria ROS 786	Þýskaland	DFLM		
2002	Bianca NC 312	Þýskaland	DFOK		
2002	J. Von Coelln NC 308	Þýskaland	DHMC		
2002	Baldvin NC 100	Þýskaland	DFIA		
2002	Elke M. NC 333	Þýskaland	DFOE		
2002	Sunbeam LK 335	Bretland	MWAT6	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
2002	Kirkella H 2	Bretland	MMFE8		
2002	Norma Mary A 110	Bretland	VQEQ6	Onward fishing co.	x
2002	Thornella H 96	Bretland	MHSL4	Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock	x
2002	Farnella H 135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd., Hull	x
2002	Lancella H 98	Bretland	MJSQ5	Marr	x
2002	Swanella H 1065	Bretland	MSBU5	Irvana ltd., Marr building, St. Andrews dock	x
2003	Atlantic Peace BX 786	Þýskaland	DEOT		
2003	Baldvin NC 100	Þýskaland	DFIA		
2003	Bianca NC 312	Þýskaland	DFOK		
2003	Elke M. NC 333	Þýskaland	DFOE		
2003	Eridanus ROS 805	Þýskaland	Y4HM		
2003	Fornax ROS 806	Þýskaland	Y4HP		
2003	Gerda Maria ROS 786	Þýskaland	DFLM		
2003	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2003	J. Von Coelln NC 308	Þýskaland	DHMC	Coelln J.V., Þýskalandi	
2003	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		
2003	Farnella H 135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd., Hull	x
2003	Kirkella H 2	Bretland	MMFE8		
2003	Lancella H 98	Bretland	MJSQ5	Marr	x
2003	Norma Mary A 110	Bretland	VQEQ6	Onward fishing co.	x
2003	Sunbeam LK 335	Bretland	MWAT6	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	
2003	Swanella H 1065	Bretland	MSBU5		
2003	Thornella H 96	Bretland	MHSL4	Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock	x

Ár	Skipsnafn	Þjóðerni	Kall-merki	Útgerðaraðili	Stundaði veiðar
2004	Atlantic Peace BX 786	Þýskaland	DEOT		
2004	Baldvin NC 100	Þýskaland	DFIA		
2004	Bianca NC 312	Þýskaland	DFOK		
2004	Elke M. NC 333	Þýskaland	DFOE		
2004	Eridanus ROS 805	Þýskaland	Y4HM		
2004	Fornax ROS 806	Þýskaland	Y4HP		
2004	Gerda Maria ROS 786	Þýskaland	DFLM		
2004	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2004	J. Von Coelln NC 308	Þýskaland	DHMC	Coelln J.V., Þýskalandi	x
2004	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		x
2004	Farnella H 135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd., Hull	x
2004	Kirkella H 2	Bretland	MMFE8		x
2004	Norma Mary A 110	Bretland	VQEQ6	Onward fishing co.	x
2004	Sunbeam LK 335	Bretland	MWAT6	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
2004	Swanella H 1065	Bretland	MSBU5	Irvana ltd., Marr building, St. Andrews dock	x
2005	Atlantic Peace BX 786	Þýskaland	DEOT		
2005	Baldvin NC 100	Þýskaland	DFIA		x
2005	Bianca NC 312	Þýskaland	DFOK		
2005	Eridanus ROS 805	Þýskaland	Y4HM		
2005	Fornax ROS 806	Þýskaland	Y4HP		
2005	Iris BX 775	Þýskaland	DEUH	Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven	x
2005	J. Von Coelln NC 308	Þýskaland	DHMC		
2005	Sundaberg NC102	Þýskaland	DHEL		
2005	Susanne NC 120	Þýskaland	DETY		
2005	Farnella H 135	Bretland	MZDB9	Jacinta ltd., Hull	x
2005	Kirkella H 2	Bretland	MMFE8		x
2005	Sunbeam LK 335	Bretland	MWAT6	Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi	x
2005	Swanella H 1065	Bretland	MSBU5	Irvana ltd., Marr building, St. Andrews dock	x

Tafla 2. Skipting afla eftir tegundum. Magn í lestum, unnið upp úr tölum um áætlaðan afla sendar frá skipstjórum daglega í veiðiferð.

		Lestir
1998 Þýskaland		
Susanne NC-120 DETY NN		
BLI	Blálanga	0,250
COD	Þorskur	0,150
RED	Karfi	4,250
	Samtals:	*4,650*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven		
BLI	Blálanga	3,970
CAA	Steinbítur	0,480
CAS	Hlýri	1,850
COD	Þorskur	6,430
GHL	Grálúða	6,180
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	2,420
HAL	Lúða	0,100
LIN	Langa	2,560
POK	Ufsi	1,130
RED	Karfi	244,790
REG	(Gull)karfi	16,800
RNG	Langhali	0,050

			Lestir
SKA	Skata, tindaskata		0,370
XXX	Skata		0,010
		Samtals:	*287,140*
		Samtala fyrir Þýskaland	**291,790**
1999 Bretland			
Thornella H-96 MHSL4 Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock			
BLI	Blálanga		2,415
COD	Þorskur		0,680
GHL	Grálúða		5,130
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		1,905
HAL	Lúða		0,690
RED	Karfi		88,920
		Samtals:	*99,740*
Lancella H-98 MJSQ5 Marr			
BLI	Blálanga		0,656
CAA	Steinbítur		0,340
COD	Þorskur		5,458
GHL	Grálúða		2,428
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		7,660
HAL	Lúða		0,310
LIN	Langa		0,040
RED	Karfi		68,595
SKA	Skata, tindaskata		0,052
USK	Keila		0,090
		Samtals:	*85,629*
Southella H-240 MPFJ6 Southella ltd., Hull			
CAA	Steinbítur		0,700
COD	Þorskur		0,600
GHL	Grálúða		5,180
HAL	Lúða		0,040
LIN	Langa		1,880
RED	Karfi		119,040
USK	Keila		0,430
		Samtals:	*127,870*
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi			
BLI	Blálanga		0,790
CAA	Steinbítur		0,880
COD	Þorskur		5,045
GHL	Grálúða		4,971
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		7,102
LIN	Langa		0,070
POK	Ufsi		0,190
RED	Karfi		158,885
SKA	Skata, tindaskata		0,030
USK	Keila		1,080
		Samtals:	*179,043*
Norma Mary A-110 MYDT4 (Samherji)			
BLI	Blálanga		0,035
CAA	Steinbítur		3,255
COD	Þorskur		2,275
GHL	Grálúða		7,000
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,700
HAL	Lúða		0,675
LIN	Langa		0,420

			Lestir
POK	Ufsi		0,525
RED	Karfi		217,420
		Samtals:	*232,305*
		Samtala fyrir Bretland	**724,587**
1999 Þýskaland			
Susanne NC-120 DETY NN			
BLI	Blálanga		0,200
COD	Þorskur		1,300
GHL	Grálúða		4,800
LIN	Langa		0,950
RED	Karfi		68,050
		Samtals:	*75,300*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
BLI	Blálanga		1,700
CAS	Hlýri		0,050
COD	Þorskur		14,275
GHL	Grálúða		11,595
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		17,185
GSK	Hákarl		0,600
HAD	Ýsa		0,070
HAL	Lúða		1,250
RED	Karfi		518,380
		Samtals:	*565,105*
		Samtala fyrir Þýskaland	**640,405**
2000 Bretland			
Thornella H-96 MHSL4 Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock			
BLI	Blálanga		1,050
CAA	Steinbítur		0,600
CAS	Hlýri		0,350
GHL	Grálúða		7,657
HAL	Lúða		0,120
LIN	Langa		0,100
RED	Karfi		73,522
USK	Keila		0,100
		Samtals:	*83,499*
Lancella H-98 MJSQ5 Marr			
BLI	Blálanga		0,564
CAA	Steinbítur		1,650
GHL	Grálúða		5,474
HAL	Lúða		1,915
LIN	Langa		0,141
RED	Karfi		92,440
USK	Keila		0,480
		Samtals:	*102,664*
Kirkella H 2 MMFE8 X			
BLI	Blálanga		1,200
CAA	Steinbítur		1,600
COD	Þorskur		2,450
GHL	Grálúða		2,600
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,050
HAL	Lúða		0,370
LIN	Langa		0,100
POK	Ufsi		0,400
RED	Karfi		69,435
USK	Keila		0,250
		Samtals:	*78,455*

			Lestir
Southella H-240 MPFJ6 Southella ltd., Hull			
	CAA	Steinbítur	1,605
	COD	Þorskur	2,395
	GHL	Grálúða	4,290
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,100
	HAL	Lúða	0,470
	LIN	Langa	1,595
	POK	Ufsi	0,860
	RED	Karfi	101,105
	USK	Keila	0,681
		Samtals:	*113,101*
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi			
	BLI	Blálanga	0,532
	CAA	Steinbítur	1,925
	COD	Þorskur	0,138
	GHL	Grálúða	11,095
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,082
	HAL	Lúða	0,525
	RED	Karfi	129,817
	USK	Keila	0,954
		Samtals:	*145,068*
Norma Mary A-110 MYDT4 (Samherji)			
	CAA	Steinbítur	5,329
	CAT	Blágóma, steinbítur	3,960
	COD	Þorskur	3,096
	GHL	Grálúða	6,551
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	6,500
	LIN	Langa	1,446
	RED	Karfi	296,527
		Samtals:	*323,409*
Farnella H-135 MZDB9 Jacinta ltd., Hull			
	BLI	Blálanga	2,836
	CAA	Steinbítur	0,487
	GHL	Grálúða	14,673
	HAL	Lúða	0,290
	POK	Ufsi	0,050
	RED	Karfi	135,752
	USK	Keila	0,100
		Samtals:	*154,188*
		Samtala fyrir Bretland	**1.000,384**
2000 Þýskaland			
Susanne NC-120 DETY NN			
	COD	Þorskur	0,900
	GHL	Grálúða	9,600
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	4,200
	RED	Karfi	129,700
		Samtals:	*144,400*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
	COD	Þorskur	10,550
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	17,300
	HAL	Lúða	9,485
	RED	Karfi	406,075
		Samtals:	*443,410*
		Samtala fyrir Þýskaland	**587,810**

			Lestir
2001 Bretland			
Thornella H-96 MHSL4 Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock			
	BLI	Blálanga	2,347
	CAA	Steinbítur	3,592
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,328
	COD	Þorskur	2,123
	GHL	Grálúða	2,793
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,340
	HAL	Lúða	0,055
	MZZ	Óflokkaður fiskur	1,099
	POK	Ufsi	1,757
	RED	Karfi	115,124
	RNG	Langhali	0,090
	USK	Keila	0,015
		Samtals:	*129,663*
Lancella H-98 MJSQ5 Marr			
	BLI	Blálanga	1,834
	CAA	Steinbítur	0,750
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,550
	GHL	Grálúða	5,769
	HAL	Lúða	0,106
	LIN	Langa	0,048
	PLE	Skarkoli	0,100
	POK	Ufsi	0,150
	RED	Karfi	92,948
	USK	Keila	0,822
		Samtals:	*103,077*
Kirkella H 2 MMFE8 X			
	BLI	Blálanga	4,450
	CAA	Steinbítur	0,690
	CAT	Blágóma, steinbítur	1,235
	COD	Þorskur	0,055
	GHL	Grálúða	7,900
	HAL	Lúða	0,070
	LIN	Langa	0,055
	POK	Ufsi	0,285
	RED	Karfi	128,425
	SKA	Skata, tindaskata	0,400
	USK	Keila	0,800
		Samtals:	*144,365*
Southella H-240 MPFJ6 Southella Ltd., Hull			
	CAA	Steinbítur	3,870
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,700
	COD	Þorskur	5,440
	GHL	Grálúða	7,720
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,125
	HAL	Lúða	0,380
	LIN	Langa	4,020
	MZZ	Óflokkaður fiskur	0,315
	POK	Ufsi	1,895
	RED	Karfi	148,395
	RNG	Langhali	0,045
	SKA	Skata, tindaskata	0,225
	USK	Keila	0,395
		Samtals:	*173,525*

			Lestir
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi			
	BLI	Blálanga	1,062
	CAA	Steinbítur	2,154
	COD	Þorskur	4,161
	GHL	Grálúða	10,212
	HAL	Lúða	2,431
	LIN	Langa	0,041
	RED	Karfi	111,527
	USK	Keila	0,130
		Samtals:	*131,718*
Norma Mary A-110 MYDT4 (Samherji)			
	CAA	Steinbítur	6,995
	COD	Þorskur	4,489
	GHL	Grálúða	11,219
	HAL	Lúða	0,739
	LIN	Langa	6,041
	POK	Ufsi	12,306
	RED	Karfi	419,908
		Samtals:	*461,697*
Farnella H-135 MZDB9 Jacinta ltd., Hull			
	BLI	Blálanga	4,119
	CAA	Steinbítur	2,148
	COD	Þorskur	0,372
	GHL	Grálúða	17,640
	HAL	Lúða	0,535
	LIN	Langa	0,108
	POK	Ufsi	1,127
	RED	Karfi	179,968
	USK	Keila	0,374
		Samtals:	*206,391*
		Samtala fyrir Bretland	**1.350,436**
2001 Þýskaland			
Susanne NC-120 DETY NN			
	BLI	Blálanga	3,415
	CAA	Steinbítur	1,535
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,300
	COD	Þorskur	2,055
	GHL	Grálúða	12,740
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	1,312
	HAL	Lúða	1,750
	RED	Karfi	214,550
		Samtals:	*237,657*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
	COD	Þorskur	0,930
	GHL	Grálúða	0,100
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	21,745
	HAL	Lúða	20,165
	MZZ	Óflokkaður fiskur	0,080
	POK	Ufsi	2,210
	RED	Karfi	462,975
		Samtals:	*508,205*
J. Von Coelln NC-308 DHMC Coelln J.V., Þýskalandi			
	BLI	Blálanga	2,190
	COD	Þorskur	0,590
	GHL	Grálúða	6,710
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	3,910

			Lestir
HAL	Lúða		0,345
RED	Karfi		165,850
		Samtals:	*179,595*
		Samtala fyrir Þýskaland	**925,457**

2002 Bretland

Thornella H-96 MHSL4 Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock

BLI	Blálanga	1,845
CAA	Steinbítur	2,015
CAT	Blágóma, steinbítur	0,300
COD	Þorskur	3,330
GHL	Grálúða	3,060
HAL	Lúða	1,260
POK	Ufsi	0,805
RED	Karfi	94,712
USK	Keila	0,135
	Samtals:	*107,462*

Lancella H-98 MJSQ5 Marr

BLI	Blálanga	0,495
CAA	Steinbítur	1,566
CAT	Blágóma, steinbítur	0,348
COD	Þorskur	0,336
GHL	Grálúða	2,548
HAL	Lúða	0,135
POK	Ufsi	0,448
RED	Karfi	33,320
USK	Keila	0,290
	Samtals:	*39,486*

Swanella H-1065 MSBU5 Irvana ltd., Marr building, St.Andrews dock

BLI	Blálanga	1,690
CAA	Steinbítur	4,400
CAT	Blágóma, steinbítur	0,500
COD	Þorskur	3,326
GHL	Grálúða	5,341
HAL	Lúða	0,135
LIN	Langa	0,050
POK	Ufsi	0,551
RED	Karfi	103,478
USK	Keila	0,220
	Samtals:	*119,691*

Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi

BLI	Blálanga	4,339
CAA	Steinbítur	5,879
CAT	Blágóma, steinbítur	0,565
COD	Þorskur	11,611
GHL	Grálúða	19,828
HAL	Lúða	0,302
LIN	Langa	0,070
POK	Ufsi	1,940
RED	Karfi	272,095
USK	Keila	0,932
	Samtals:	*317,561*

Farnella H-135 MZDB9 Jacinta ltd., Hull

BLI	Blálanga	6,038
CAA	Steinbítur	4,846
CAT	Blágóma, steinbítur	0,844
COD	Þorskur	6,268
GHL	Grálúða	18,960

			Lestir
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,050
HAL	Lúða		0,135
POK	Ufsi		4,888
RED	Karfi		266,431
USK	Keila		1,095
		Samtals:	*309,555*
Norma Mary A-110 VQEQ6 Onward fishing co.			
CAA	Steinbítur		5,969
CAT	Blágóma, steinbítur		0,686
COD	Þorskur		9,240
GHL	Grálúða		6,300
HAL	Lúða		0,125
LIN	Langa		1,305
POK	Ufsi		3,225
RED	Karfi		219,870
USK	Keila		0,250
		Samtals:	*246,970*
		Samtala fyrir Bretland	**1.140,725**
2002 Þýskaland			
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
BLI	Blálanga		2,900
CAA	Steinbítur		0,000
CAS	Hlýri		5,340
COD	Þorskur		10,370
GHL	Grálúða		21,385
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		1,590
HAL	Lúða		0,060
POK	Ufsi		3,230
RED	Karfi		477,020
		Samtals:	*521,895*
		Samtala fyrir Þýskaland	**521,895**
2003 Bretland			
Thornella H-96 MHSL4 Thornella ltd., Marr building, St. Andrews dock			
BLI	Blálanga		6,635
CAA	Steinbítur		3,895
CAT	Blágóma, steinbítur		2,865
COD	Þorskur		13,205
GHL	Grálúða		3,205
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,090
HAL	Lúða		0,000
LEM	Þykkvalúra		0,677
POK	Ufsi		1,525
RED	Karfi		211,855
USK	Keila		0,445
		Samtals:	*244,397*
Kirkella H 2 MMFE8 X			
BLI	Blálanga		4,290
CAA	Steinbítur		4,980
CAT	Blágóma, steinbítur		0,300
COD	Þorskur		12,072
GHL	Grálúða		1,528
HAL	Lúða		0,120
POK	Ufsi		2,076
POO	Snubnose pompano, hámeri		0,150
RED	Karfi		168,480
		Samtals:	*193,996*

			Lestir
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi			
	BLI	Blálanga	5,070
	CAA	Steinbítur	5,460
	CAT	Blágóma, steinbítur	1,800
	COD	Þorskur	36,950
	GHL	Grálúða	5,914
	HAL	Lúða	0,180
	LIN	Langa	0,150
	MON	Skötuselur	0,060
	POK	Ufsi	1,860
	RED	Karfi	184,294
	USK	Keila	0,210
		Samtals:	*241,948*
Farnella H-135 MZDB9 Jacinta Ltd., Hull			
	BLI	Blálanga	4,185
	CAA	Steinbítur	5,895
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,965
	COD	Þorskur	24,478
	GHL	Grálúða	7,573
	HAL	Lúða	0,106
	LIN	Langa	0,330
	POK	Ufsi	10,440
	RED	Karfi	276,742
	USK	Keila	0,585
		Samtals:	*331,299*
Norma Mary A-110 VQEQ6 Onward fishing co.			
	CAA	Steinbítur	4,590
	CAT	Blágóma, steinbítur	2,660
	COD	Þorskur	15,175
	GHL	Grálúða	3,660
	HAL	Lúða	0,320
	LIN	Langa	1,500
	POK	Ufsi	7,860
	RED	Karfi	244,290
		Samtals:	*280,055*
		Samtala fyrir Bretland	**1.291,695**
2003 Þýskaland			
Susanne NC-120 DETY NN			
	CAA	Steinbítur	4,990
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,305
	COD	Þorskur	8,825
	GHL	Grálúða	4,547
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	2,205
	HAL	Lúða	0,380
	POK	Ufsi	6,910
	RED	Karfi	199,900
		Samtals:	*228,062*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
	BLI	Blálanga	8,387
	CAA	Steinbítur	2,470
	CAO	Spotted catfish, hlýri	0,420
	CAS	Hlýri	9,720
	COD	Þorskur	39,202
	GHL	Grálúða	7,492
	POK	Ufsi	24,405

			Lestir
RED	Karfi		644,003
XAS	Atlantic redfishes, karfi		0,280
		Samtals:	*736,379*
Baldvin (EX BAL NC-100 DFIA NA)			
CAA	Steinbítur		0,070
CAO	Spotted catfish, hlýri		0,090
CAT	Blágóma, steinbítur		0,840
COD	Þorskur		1,970
GHL	Grálúða		1,730
HAL	Lúða		0,200
LIN	Langa		0,910
POK	Ufsi		0,160
RED	Karfi		56,950
		Samtals:	*62,920*
J. Von Coelln NC-308 DHMC Coelln J.V., Þýskalandi			
BLI	Blálanga		3,670
CAA	Steinbítur		4,295
CAT	Blágóma, steinbítur		0,225
COD	Þorskur		10,770
GHL	Grálúða		4,792
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		6,105
HAL	Lúða		1,465
POK	Ufsi		2,820
RED	Karfi		246,260
		Samtals:	*280,402*
		Samtala fyrir Þýskaland	**1.307,763**
2004 Bretland			
Kirkella H 2 MMFE8 X			
BLI	Blálanga		4,445
CAA	Steinbítur		5,182
CAT	Blágóma, steinbítur		0,278
COD	Þorskur		117,641
FLX	Flatfiskur		0,150
GHL	Grálúða		0,900
HAL	Lúða		0,150
MON	Skötuselur		0,100
PLE	Skarkoli		0,100
POK	Ufsi		18,093
RED	Karfi		129,907
SKA	Skata, tindaskata		0,775
WHG	Lýsa		0,650
		Samtals:	*278,371*
Swanella H-1065 MSBU5 Irvana ltd., Marr building, St. Andrews dock			
BLI	Blálanga		3,590
CAA	Steinbítur		8,370
COD	Þorskur		38,050
GHL	Grálúða		3,214
HAL	Lúða		0,213
POK	Ufsi		13,870
RED	Karfi		204,587
USK	Keila		0,670
		Samtals:	*272,564*
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick; Hjaltlandi			
BLI	Blálanga		6,572
CAA	Steinbítur		13,850
CAT	Blágóma, steinbítur		0,224
COD	Þorskur		106,656

			Lestir
GHL	Grálúða		4,213
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,875
HAL	Lúða		0,435
LIN	Langa		0,033
MZZ	Óflokkaður fiskur		0,032
POK	Ufsi		21,940
RED	Karfi		228,053
USK	Keila		0,475
WIT	Langlúra		0,032
		Samtals:	*383,390*
Farnella H-135 MZDB9 Jacinta ltd., Hull			
BLI	Blálanga		2,150
CAA	Steinbítur		5,100
COD	Þorskur		6,600
GHL	Grálúða		3,300
HAL	Lúða		0,065
LIN	Langa		0,050
POK	Ufsi		2,000
RED	Karfi		119,364
SKA	Skata, tindaskata		0,450
USK	Keila		0,450
		Samtals:	*139,529*
Norma Mary A-110 VQEQ6 Onward fishing co.			
BLI	Blálanga		8,076
CAA	Steinbítur		6,040
CAT	Blágóma, steinbítur		2,570
COD	Þorskur		135,712
GHL	Grálúða		1,272
HAL	Lúða		0,359
LIN	Langa		0,274
POK	Ufsi		41,342
RED	Karfi		256,279
		Samtals:	*451,924*
		Samtala fyrir Bretland	**1.525,778**
2004 Þýskaland			
Susanne NC-120 DETY NN			
BLI	Blálanga		2,440
CAA	Steinbítur		6,065
COD	Þorskur		39,095
GHL	Grálúða		2,880
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,330
HAL	Lúða		0,300
POK	Ufsi		62,665
RED	Karfi		238,250
		Samtals:	*352,025*
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
BLI	Blálanga		3,064
CAA	Steinbítur		0,180
CAS	Hlýri		5,345
COD	Þorskur		23,155
GHL	Grálúða		4,920
GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur		0,060
HAL	Lúða		1,785
POK	Ufsi		34,390
RED	Karfi		202,450
		Samtals:	*275,349*

			Lestir
J. Von Coelln NC-308 DHMC Coelln J.V. Þýskalandi			
	BLI	Blálanga	2,130
	CAA	Steinbítur	7,465
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,040
	COD	Þorskur	26,035
	GHL	Grálúða	2,335
	GLI	Greenland halibut, grálúða	0,035
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,220
	HAL	Lúða	0,385
	MON	Skötuselur	0,010
	PLE	Skarkoli	0,315
	POK	Ufsi	22,145
	RED	Karfi	206,700
		Samtals:	*267,815*
		Samtala fyrir Þýskaland	**895,189**
2005 Bretland 1. janúar – 8. desember			
Kirkella H 2 MMFE8 X			
	BLI	Blálanga	4,130
	CAA	Steinbítur	1,452
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,580
	COD	Þorskur	108,570
	GHL	Grálúða	0,486
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,040
	HAL	Lúða	0,260
	MZZ	Óflokkaður fiskur	0,050
	POK	Ufsi	121,097
	RED	Karfi	24,553
	USK	Keila	0,406
		Samtals:	*261,624*
Swanella H-1065 MSBU5 Irvana ltd., Marr building, St. Andrews dock			
	BLI	Blálanga	8,745
	CAA	Steinbítur	10,649
	CAT	Blágóma, steinbítur	0,780
	COD	Þorskur	76,029
	GHL	Grálúða	4,547
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,085
	HAL	Lúða	0,229
	POK	Ufsi	44,062
	RED	Karfi	302,645
	USK	Keila	1,630
		Samtals:	*449,401*
Sunbeam LK-335 MWAT6 Sunbeam fishing co., Lerwick, Hjaltlandi			
	BLI	Blálanga	5,450
	CAA	Steinbítur	6,085
	CAT	Blágóma, steinbítur	1,015
	COD	Þorskur	63,424
	GHL	Grálúða	2,550
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,420
	HAL	Lúða	0,670
	LIN	Langa	0,105
	MON	Skötuselur	0,070
	MZZ	Óflokkaður fiskur	0,020
	POK	Ufsi	70,301
	RED	Karfi	177,836
	USK	Keila	0,630
	WIT	Langlúra	0,030
		Samtals:	*328,606*

			Lestir
Farnella H-135 MZDB9 Jacinta Ltd., Hull			
	BLI	Blálanga	5,245
	CAA	Steinbítur	4,362
	CAT	Blágóma, steinbítur	1,620
	COD	Þorskur	20,933
	GHL	Grálúða	2,865
	HAL	Lúða	1,260
	POK	Ufsi	17,789
	RED	Karfi	123,527
	USK	Keila	1,015
		Samtals:	*178,616*
		Samtala fyrir Bretland	**1.218,247**
2005 Þýskaland 1. janúar – 8. desember			
Iris BX-775 DEUH Adolf & Karl Wefer, Bremerhaven			
	BLI	Blálanga	8,790
	CAA	Steinbítur	0,130
	CAS	Hlýri	7,320
	COD	Þorskur	115,450
	GHL	Grálúða	4,220
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,090
	POK	Ufsi	148,630
	RED	Karfi	317,170
		Samtals:	*601,800*
Baldvin (EX BAL NC-100 dfia NA)			
	BLI	Blálanga	7,707
	CAA	Steinbítur	0,796
	CAT	Blágóma, steinbítur	2,049
	CCA	Bignose shark, hákarl	0,086
	COD	Þorskur	3,918
	GHL	Grálúða	0,369
	GRO	Ósundurliðaður, botnfiskur	0,437
	HAL	Lúða	1,101
	LIN	Langa	1,636
	MZZ	Óflokkaður fiskur	0,254
	POK	Ufsi	45,647
	RED	Karfi	281,432
	TED	Atlantic redfishes, karfi	10,495
	USK	Keila	0,704
		Samtals:	*356,631*
		Samtala fyrir Þýskaland	**958,43**

Tafla 3. Afli ESB-skipa sem unninn var á Íslandi, kg.
Unnið úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum (VOR).

Nafn	Þjóð-erni	Tegund	V.svæði	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Norma Mary	GB	Blálanga	IN	1.401					
Iris	DE	Blálanga	IN	611					
Iris	DE	Djúpkarfi	IN	720					
Norma Mary	GB	Grálúða	IN	5.766					
Iris	DE	Grálúða	IN	608					
Iris	DE	Gullkarfi	IN				2.985		
Lancella	GB	Gullkarfi	IN	387					
Iris	DE	Hákarl	IN			1.488	4.082		
Norma Mary	GB	Hákarl	IN	1.500					
Iris	DE	Hákarl	IN	750					720
Sunbeam	GB	Hákarl	IN					2.138	1.098
Kirkella	GB	Hlýri	IN					906	
Norma Mary	GB	Hlýri	IN	12.830					
Iris	DE	Hlýri	IN	994					
Sunbeam	GB	Hlýri	IN					90	
Norma Mary	GB	Keila	IN	723					
Norma Mary	GB	Langa	IN	788					
Norma Mary	GB	Lúða	IN	272					
Iris	DE	Lúða	IN	101					
Lancella	GB	Lúða	IN	250					
Iris	DE	Náskata	IN			2.561	4.625		
Kirkella	GB	Náskata	IN					902	
Swanella	GB	Náskata	IN						1.329
J. Von Coelln	DE	Náskata	IN				502		
Iris	DE	Náskata	IN	1.342				203	2.658
Sunbeam	GB	Náskata	IN					8.171	2.465
Iris	DE	Skata	IN		739		991		
Kirkella	GB	Skata	IN		648				
Iris	DE	Skata	IN	876					
Iris	DE	Ufsi	IN			2.214	12.049		
Iris	DE	Ufsi	IN					2.461	
Norma Mary	GB	Þorskur	IN	2.045					
Iris	DE	Þorskur	IN	6.799					
Heildarmagn til vinnslu				**38.763**	**1.387**	**6.263**	**25.234**	**14.871**	**8.270**
Heildarmagn tilkynnt				**1.588.000**	**2.276.000**	**1.663.000**	**2.599.000**	**2.421.000**	**2.177.000**

Hlutfall reiknað út frá upplýsingum um afla til vinnslu á Íslandi úr VOR og upplýsingum um veiddan heildarafla í tilkynningum frá skipstjórum:

2000	2,44%
2001	0,06%
2002	0,38%
2003	0,97%
2004	0,61%
2005	0,38%

Ætla má að annar afli sé fluttur óunninn til vinnslu erlendis en Fiskistofa býr ekki yfir upplýsingum um ráðstöfun þess afla.

Tafla 4. Öll skip, afli eftir árum og tegundum, lestir.

Tegund	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals
(Gull)karfi	17								17
Atlantic redfishes, karfi						0		10	11
Bignose shark, hákarl								0	0
Blálanga	4	6	6	19	17	32	32	40	158
Blágóma, steinbítur			4	3	3	10	3	6	29
Flatfiskur							0		0
Grálúða	6	41	62	83	77	40	23	15	348
Greenland halibut, grálúða							0		0
Hákarl		1							1
Hlýri	2	0	0		5	10	5	7	30
Karfi	249	1.239	1.434	2.040	1.467	2.233	1.586	1.227	11.475
Keila		2	3	3	3	1	2	4	17
Langa	3	3	3	10	1	3	0	2	26
Langhali	0			0					0
Langlúra							0	0	0
Lúða	0	3	13	27	2	3	4	4	55
Lýsa							1		1
Óflokkaður fiskur				1			0	0	2
Ósundurliðaður, botnfiskur	2	35	28	27	2	8	1	1	105
Skarkoli				0			0		1
Skata, tindaskata	0	0		1			1		2
Skates, skata	0								0
Skötuselur						0	0	0	0
Snubnose pompano, hámeri						0			0
Spotted catfish, hlýri						1			1
Steinbítur	0	5	13	22	25	37	52	23	178
Ufsi	1	1	1	20	15	58	216	448	760
Ýsa		0							0
Þorskur	7	30	20	20	44	163	493	388	1.164
Þykkvalúra						1			1
Samtals	**292**	**1.365**	**1.588**	**2.276**	**1.663**	**2.599**	**2.421**	**2.177**	**14.381**

633. Svar [305. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kjartans Ólafssonar um íbúðabyggingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum lóðum hafa sveitarfélögin úthlutað undir íbúðir árin 2000–2005, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?*
2. *Hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar sömu ár, sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum?*

Aflað var upplýsinga frá sveitarfélögum, Hagstofu Íslands og Fasteignamati ríkisins.

Enginn opinber aðili hefur það hlutverk samkvæmt lögum að safna upplýsingum um fjölda lóðaúthlutana sveitarfélaga og þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Ráðuneytið sendi fyrirspurn um lóðaúthlutun á árunum 2000–2005 til þeirra sveitarfélaga þar sem flestar íbúðir voru byggðar á árunum 2000–2004 samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins. Svar barst frá 17 af 21 sveitarfélagi og koma upplýsingar um lóðaúthlutun þeirra miðað við fjölda íbúða fram í töflu 1. Upplýsingar bárust ekki frá Grindarvíkurkaupstað, Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Garði og Sveitarfélaginu Skagafirði.

Tafla 1. Fjöldi úthlutaðra lóða miðað við íbúðafjölda á árunum 2000–2005.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals 2000–2005
Reykjavíkurborg	425	482	422	666	428	606	3.029
Kópavogsbær	0	3	211	486	872	1.292	2.864
Hafnarfjarðarkaupstaður	101	105	261	243	1.305	473	2.488
Akureyrarkaupstaður	170	88	148	87	304	656	1.453
Garðabær	32	41	0	779	0	30	882
Sveitarfélagið Árborg					76	71	147
Mosfellsbær	222	0	0	122	111	199	654
Reykjanesbær	30	14	16	38	130	226	454
Sveitarfélagið Álftanes	0	0	0	0	0	0	0
Akraneskaupstaður	51	10	55	59	81	183	439
Fljótsdalshérað	4	6	25	65	38	71	209
Borgarbyggð	0	3	0	0	5	96	104
Rangárþing ytra	7	9	15	8	21	24	84
Fjarðabyggð	0	0	30	158	190	105	483
Sveitarfélagið Ölfus		12	18	8	18	73	129
Sandgerðisbær	18	8	1	15	30	126	198
Rangárþing eystra				3	14	29	46
Samtals	**1.060**	**781**	**1.202**	**2.737**	**3.623**	**4.260**	**13.663**

Upplýsingar um fjölda fullgerðra íbúða eftir sveitarfélögum liggja ekki fyrir en Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um fjölda fullgerðra íbúða á öllu landinu og voru þær samtals 9.775 á árunum 2000–2004. Skiptingin er sem hér segir eftir árum:

Ár	Fjöldi íbúða
2000	1.258
2001	1.711
2002	2.140
2003	2.311
2004	2.355

Fasteignamat ríkisins birtir hins vegar upplýsingar, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum, um fjölda nýrra íbúða á ári þar sem miðað er við íbúðir sem eru fokheldar eða lengra komnar á viðkomandi ári. Upplýsingarnar ná til 32 fjölmennustu sveitarfélaga landsins. Upplýsingar fyrir árin 2000–2004 koma fram í töflu 2 en tölur fyrir árið 2005 liggja ekki fyrir.

Tafla 2. Fjöldi nýrra íbúða á árunum 2000–2004.*

	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals nýjar íbúðir 2000–2004
Reykjavíkurborg	591	442	740	892	847	3.512
Kópavogsbær	307	402	212	307	273	1.501
Hafnarfjarðarkaupstaður	209	246	250	291	260	1.256
Akureyrarkaupstaður	129	127	141	168	168	733
Reykjanesbær	52	33	92	65	53	295
Garðabær	147	70	80	50	240	587
Mosfellsbær	81	98	79	54	146	458
Sveitarfélagið Árborg	52	118	72	66	187	495
Akraneskaupstaður	39	35	44	22	53	193
Seltjarnarneskaupstaður	5	6	0	0	3	14
Vestmannaeyjabær	7	3	2	10	-	22
Sveitarfélagið Skagafjörður	4	15	11	33	27	90
Ísafjarðarbær	4	-	-	-	8	12
Fjarðabyggð	0	4	0	13	65	82
Fljótsdalshérað	17	7	25	15	50	114
Borgarbyggð	10	36	21	22	3	92
Grindavíkurkaupstaður	10	14	18	40	14	96
Húsavíkurbær	4	1	-	-	1	6
Sveitarfélagið Hornafjörður	3	1	1	-	4	9
Sveitarfélagið Álftanes	91	12	5	92	75	275
Hveragerðisbær	6	16	22	32	42	118
Dalvíkurbyggð	1	1	3	3	2	10
Sveitarfélagið Ölfus	1	9	18	10	19	57
Snæfellsbær	4	-	3	3	1	11
Rangárþing eystra	3	5	3	20	10	41
Rangárþing ytra	17	19	23	14	12	85
Sandgerðisbær	4	7	7	11	22	51
Siglufjarðarkaupstaður	-	-	-	-	-	0
Sveitarfélagið Garður	5	17	12	26	14	74
Húnaþing vestra	1	9	-	4	2	16
Stykkishólmsbær	-	3	3	3	5	14
Vesturbyggð	-	-	-	-	-	0
Samtals	**1.804**	**1.756**	**1.887**	**2.266**	**2.606**	**10.319**

*Miðað er við íbúðir fokheldar eða lengra komnar á viðkomandi ári.

634. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 skal falla úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 10. gr. skulu úrskurðir Kjaradóms og kjaranefndar, frá og með gildistöku laga þessara og til loka árs 2006, taka mið af samningsbundnum hækkunum kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði. Telji Kjaradómur eða kjaranefnd að á þessu tímabili sé sérstök ástæða til breytinga á kjörum einstakra embættismanna eða hópa, vegna breytinga á umfangi starfa eða á verkefnum og verksviði þeirra, skal þess gætt að það valdi ekki röskun á vinnumarkaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með úrskurði Kjaradóms 19. desember 2005 endurákvarðaði dómurinn laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla samkvæmt lögum nr. 120/1992. Úrskurðurinn fól í sér að 1. janúar 2006 skyldu laun forseta hækka um 6,15%, en laun annarra sem undir dóminn heyra að jafnaði um 8,16%. Frá sama tíma hækkuðu laun á vinnumarkaði almennt um 2,5%. Úrskurðurinn vakti harkaleg viðbrögð aðila vinnumarkaðarins sem töldu nýgerðu samkomulagi um kjaramál stefnt í hættu. Hinn 27. desember 2005 ritaði forsætisráðherra Kjaradómi bréf þar sem farið var fram á það að úrskurðurinn yrði endurskoðaður. Kjaradómur hafnaði þessu með bréfi dags. 28. desember 2005.

Í ljósi þeirra áhrifa sem úrskurður Kjaradóms gæti haft á stöðu vinnumarkaðsmála, þar á meðal nýgert samkomulag aðila vinnumarkaðarins um kjaramál, og þeirra ófyrirsjáanlegu áhrifa sem slíkt hefði á stöðugleikann í efnahagsmálum, er nauðsynlegt að bregðast við ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember 2005. Hefur ríkisstjórnin ákveðið annars vegar að beita sér fyrir því að úrskurði Kjaradóms verði breytt með lagasetningu, þannig að í stað þeirra hækkana sem þar voru ákveðnar komi 2,5% hækkun frá 1. febrúar 2006, eins og gert er með frumvarpi þessu. Hins vegar mun ríkisstjórnin skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Meðal þess sem nefndinni er ætlað að skoða er hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar þannig að betra samræmis sé gætt í starfskjörum þeim sem þær ná til, bæði innbyrðis og gagnvart almennum vinnumarkaði. Enn fremur er nefndinni ætlað að huga að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem einstökum aðilum eru sett í lögum um launaákvarðanir sínar. Er nefndinni ætlað að skila tillögum svo fljótt sem auðið er. Rétt þykir að launabreytingum hjá þeim sem Kjaradómur og kjaranefnd ákvarða laun fyrir verði haldið í lágmarki meðan farið verður yfir lögin. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu jafnframt lagt til að Kjaradómi og kjaranefnd verði tímabundið settar viðbótartakmarkanir varðandi launabreytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu efnismálsgrein er lagt til að úrskurður Kjaradóms frá 19. desember sl. verði felldur úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Í stað þeirrar launahækkunar sem þar er ákveðin hækki laun þeirra sem undir Kjaradóm heyra frá 1. febrúar 2006 um 2,5% frá því sem þau voru í árslok 2005. Til athugunar kom hvort ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans, kynni að takmarka möguleika á að breyta úrskurði Kjaradóms að því er varðar laun forseta Íslands. Tilvitnað stjórnarskrárákvæði var nýmæli í stjórnarskránni 1944. Í skýringum við ákvæðið er það rakið að það miði að því að hindra að fjárhagslegum þvingunarúrræðum verði beitt gegn forseta. Sérstaklega er tekið fram að með ákvæðinu sé einungis verndaður réttur forseta til sömu krónutölu og hann hefði í upphafi haft, en engan veginn tryggt að kaupmáttur krónunnar haldist óbreyttur.

Ljóst er að með frumvarpi þessu er ekki farið gegn tilgangi stjórnarskrárákvæðisins. Nefna má að Kjaradómi var, með bráðabirgðalögum 3. júlí 1992 um breytingu á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986, falið að kveða upp nýjan úrskurð í stað úrskurðar síns frá 26. júní 1992. Kjaradómur kvað upp nýjan úrskurð 12. júlí 1992 í samræmi við efni bráðabirgðalaganna sem fól í sér lækkun launa frá því sem ákveðið var með fyrri úrskurði og tók hinn nýi úrskurður jafnt til forseta sem annarra sem undir fyrri úrskurð Kjaradóms féllu.

Í fyrri málslið annarrar efnismálsgreinar er gert ráð fyrir að breytingar á launum þeirra sem undir Kjaradóm og kjaranefnd heyra verði takmarkaðar við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði á árinu 2006. Í þeim kjarasamningum er ekki gert ráð fyrir öðrum launahækkunum en þeirri 2,5% hækkun launataxta sem kom til framkvæmda um nýliðin áramót nema til komi breytingar sem leiði af niðurstöðum endurskoðunarnefndar samningsaðila á hinum almenna vinnumarkaði. Í þessu felst m.a. að Kjaradómi og kjaranefnd er á umræddu tímabili ætlað að horfa fram hjá hugsanlegum umframhækkunum launataxta afmarkaðra hópa og launaskriði.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er við það miðað að sú nefnd sem fara á yfir lögin skili tillögum sínum svo fljótt sem verða má. Af þeim sökum er ekki talin ástæða til að takmarka lengur en til næstu áramóta þær forsendur sem Kjaradómi og kjaranefnd er ætlað að starfa eftir. Má ætla að fyrir þann tíma hafi annað tveggja gerst: þeim viðmiðunum sem Kjaradómur og kjaranefnd sé ætlað að fylgja í launaákvörðunum sínum hafi verið breytt eða ákveðið hafi verið að láta þær haldast óbreyttar.

Í seinni málslið annarrar efnismálsgreinar er Kjaradómi og kjaranefnd gert kleift að bregðast við breytingum sem kunna að verða á umfangi starfa eða verksviði einstakra embættismanna eða hópa embættismanna. Sem dæmi má nefna ef ákveðið er að sameina stofnanir eða fjölga eða fækka marktækt þeim verkefnum sem stofnun er ætlað að sinna. Þess skal þó gætt að slíkar breytingar valdi ekki röskun á vinnumarkaði.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Með frumvarpi þessu er lagt til að úrskurður Kjardóms frá 19. desember 2005 falli úr gildi í því skyni að viðhalda stöðugleika á vinnumarki og í efnahagsmálum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að í þess stað hækki laun þeirra embættismanna sem undir Kjaradóm heyra um 2,5% frá 1. febrúar eða um sömu prósentu og í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um að úrskurðir Kjaradóms og kjaranefndar á þessu ári skuli taka mið af samningsbundnum hækkunum á almennum vinnumarkaði og að þess verði gætt í úrskurðum um kjör einstakra embættismanna eða hópa að valda ekki röskun á vinnumarkaði. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár var ekki hægt að segja fyrir um hugsanlegar hækkanir á launakjörum vegna úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar. Eins og tíðkast hefur var því gert ráð fyrir að launabreytingar hjá þeim embættismönnum yrðu svipaðar og í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og við opinbera starfsmenn en í þeim samningum er almennt um að ræða 2,5% hækkun á launatöxtum frá 1. janúar 2006. Í fjárlögum yfirstandandi árs hefur því þegar verið reiknað með launahækkuninni sem kveðið er á um í þessu frumvarpi. Lögfesting frumvarpsins ætti því ekki að leiða til útgjalda umfram forsendur fjárlaga.

635. Tillaga til þingsályktunar [418. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Þjórsárver, stærsta og gróðurríkasta votlendi á hálendi Íslands, skuli vernduð í heild sinni. Í því augnamiði skuli núverandi mörkum friðlandsins í Þjórsárverum breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Þá skuli unnið að því að hið stækkaða Þjórsárverafriðland verði tilnefnt inn á heimsminjaskrá UNESCO. Alþingi felur ríkisstjórn að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning að framkvæmd ályktunarinnar svo að auglýsa megi hin nýju friðlandsmörk eigi síðar en haustið 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi er í aðalatriðum samhljóða tillögu sem flutt var á 127., 128. og 130. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Á 128. löggjafarþingi var tillagan send til umsagnar nokkurs fjölda aðila er tengjast málinu. Hún fékk afar jákvæðar umsagnir en í hópi umsagnaraðila voru Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Þjórsárveranefnd, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Jöklarannsóknarfélag Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands, Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Landvernd, Áhugahópur um verndun Þjórsárvera og

hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Einungis Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps mæltu ekki með samþykkt tillögunnar. Frá því að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttan um Þjórsárver magnast og þeim fjölgað sem vilja að Þjórsárver njóti víðtækrar og markvissrar verndar svo hvorki raskist vistkerfi veranna né hin sérstæða landslagsheild sem þau mynda. Krafan um að hætt verði við öll áform um Norðlingaölduveitu verður æ háværari og hugmyndir um að Þjórsárver eigi skilið sæti á heimsminjaskrá UNESCO heyrast nú víða.

Náttúruverndarsamtök Íslands létu í árslok 2004 kanna hug þjóðarinnar til stækkunar friðlands Þjórsárvera og sýndu niðurstöður könnunarinnar, sem IMG Gallup vann fyrir samtökin, að ⅔ hlutar þjóðarinnar væru hlynntir stækkun friðlandsins.

Heimsminjaskrá UNESCO.

Hugmyndin um að Þjórsárver eigi skilið sæti á heimsminjaskrá UNESCO kemur fyrir alvöru inn í umræðuna sumarið 2004. Þá fékk Landvernd tvo færa sérfræðinga, þá Roger Crofts og Jack D. Ives, sem báðir eru afar vel að sér um Þjórsárver, til að skila Landvernd greinargerðum um málefni veranna, verndargildi þeirra og framtíðarsýn. Í greinargerðum þeirra beggja kemur fram að núverandi friðlandsmörk séu algerlega ófullnægjandi og að þeir telji nauðsynlegt að stækka friðlandið til mikilla muna svo verndun nái tilgangi sínum. Þá fjalla þeir báðir um möguleikana á því að Þjórsárver fái sess á heimsminjaskrá UNESCO. Þeir Crofts og Ives hafa báðir unnið með UNESCO og IUCN við að meta umsóknir um skráningu svæða á þennan mikilvæga lista og hafa því mikla þekkingu og reynslu í þeim efnum. Það segir sína sögu að þeir skuli báðir telja að svæðið eigi skilið að um það verði fjallað á vettvangi heimsminjaskrárinnar og kannað verði til hlítar hvort það búi yfir þeim kostum sem gætu skipað því á heimsminjaskrá.

Staðan nú.

Frá því að úrskurður setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, var kveðinn upp í janúar 2003 hefur Landsvirkjun sótt fast að fá endanlegar heimildir til að reisa Norðlingaölduveitu með Norðlingaöldulóni í 568 m hæð yfir sjávarmáli ásamt set- og veitulóni suðaustan undir Hofsjökli. Um málið var fjallað á vettvangi sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli og loks féllst hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps á að setja framkvæmdina inn á aðalskipulag þar sem miðað yrði við að lónhæð næði 566 m y.s. að sumarlagi og 567,5 m y.s. að vetrarlagi. Sú tilhögun var kynnt og auglýst í janúar 2005, bæði af hreppsnefndinni og samvinnunefnd miðhálendis. Hreppsnefndinni bárust 98 athugasemdir er vörðuðu Norðlingaölduveitu og voru þær undirritaðar af 275 einstaklingum. Samvinnunefndin fékk athugasemdir frá 146 aðilum sem allar, utan ein, vörðuðu Norðlingaölduveitu. Ákvað samvinnunefndin að taka tillit til þessarar miklu andstöðu með því að breyta umfangi Norðlingaölduveitu á endanlegri skipulagstillögu auk þess sem ljóst var orðið að ekki var lengur meiri hluti fyrir því í hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að heimila Norðlingaölduveitu. Hinn 12. ágúst 2005 samþykkti samvinnunefnd miðhálendis tillögu að breytingu á staðfestu svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015 fyrir svæðið sunnan Hofsjökuls. Þar voru tekin út set- og veitulón þau er fyrirskrifuð voru sem mótvægisaðgerðir í úrskurði setts umhverfisráðherra ásamt með mannvirkjum tengdum þeim. Þannig var skipulagstillagan send umhverfisráðherra til staðfestingar og þannig ákvað hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, á fundi sínum í september 2005, að auglýsa aðalskipulag sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun fjallaði um tillögu samvinnunefndarinnar og taldi að með breytingunni á útfærslu Norðlingaölduveitu hefði samvinnunefndin breytt auglýstri tillögu í grundvallaratriðum og því bæri að auglýsa tillöguna á nýjan leik. Einnig taldi Skipulagsstofnun að þær

breytingar sem nefndin gerði á tillögunni stönguðust á við lög um raforkuver (2. mgr. 2. gr.), þar sem útfærsla framkvæmdarinnar hefði verið lögfest með úrskurði setts umhverfisráðherra. 29. desember 2005 staðfesti umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, svo skipulagstillögu samvinnunefndarinnar að öðru leyti en því að hún synjaði þeim hluta tillögunnar staðfestingar sem varðaði breytingar á Norðlingaölduveitu. Þannig stendur málið nú og má því segja að skipulag svæðisins sunnan Hofsjökuls sé á byrjunarreit. Því telja flytjendur þessarar tillögu að nú sé lag og kærkomið tækifæri til að vernda til framtíðar dýrmætustu gróðurvin á hálendi Íslands, Þjórsárver.

Fylgiskjal.

Umhverfisstofnun:

Náttúruverndaráætlun 2004–2008, tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
Viðauki 7 – Tillögur á Suðurlandi, Þjórsárver (stækkun friðlands).



636. Fyrirspurn [419. mál]

til samgönguráðherra um umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hver var umferð um Reykjavíkurflugvöll á árabilinu 1995–2005? Óskað er eftir að í svarinu komi fram annars vegar fjöldi flugvéla (komur/brottfarir) og hins vegar fjöldi farþega (komufarþegar/brottfararfarþegar), skipt eftir umferð af ólíku tagi, þ.e.

a. farþegaflugi,
b. sjúkraflugi,
c. ferjuflugi, og
d. millilandaflugi.

Skriflegt svar óskast.

637. Fyrirspurn [420. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingar um launa- og starfskjör skráðra félaga í Kauphöllinni.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða skráð félög í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið eftir reglum sem Kauphöllin setti um mitt ár 2003 um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda? Hvaða skráð félög hafa ekki gert slíkt? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir upplýsingum hvers félags um sig um launakjör einstakra stjórnarmanna og æðstu stjórnenda, þ.m.t. kaupréttarsamninga eða sambærilega samninga, ráðningar- eða starfslokasamninga og hlutafjáreign þeirra, sömuleiðis upplýsingum um óvenjuleg viðskipti eða samninga og lífeyrisréttindi umfram það sem venjulegt er.
2. Hvaða félög skráð í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið að leiðbeinandi reglum um skipan óháðra aðila í stjórnir fyrirtækjanna og skipan starfskjaranefndar og hvaða fyrirtæki hafa ekki gert það?
3. Hve oft hefur Kauphöllin gert athugasemdir við að ekki hafi verið farið að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti í fyrirtækjum og hver eru þau tilvik?

Skriflegt svar óskast.

638. Fyrirspurn [421. mál]

til fjármálaráðherra um skatt á líkamsrækt.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hverjar voru skatttekjur ríkissjóðs árin 2003 og 2004 af
   a. styrkjum sem verkalýðsfélög veittu félögum sínum til líkamsræktar,
   b. styrkjum sem atvinnurekendur veittu starfsmönnum sínum til líkamsræktar og stóðu sjálfir straum af,
   c. líkamsræktarstyrkjum frá atvinnurekendum sem flokkast sem hlunnindi hjá starfsmönnum?
2. Hvað má telja að ríkissjóður missi í skatttekjum af þessum toga vegna ákvæða í reglugerð fjármálaráðherra nr. 483/1994 um frádráttarbæran kostnað atvinnurekenda „við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu“ á vinnustaðnum sjálfum?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að lagður skuli skattur á áðurnefnda styrki til líkamsræktar?
4. Hver er afstaða ráðherra til þess að líkamsrækt starfsmanns í sérstakri „heilsubótaraðstöðu“ á vinnustað er skattfrjáls en stuðningur atvinnurekanda til líkamsræktar annars staðar er skattlagður?

639. Fyrirspurn [422. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingaskyldu bankastofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hafa stjórnarmenn og æðstu stjórnendur bankastofnana gert sundurliðaða grein fyrir fjárhæðum lána og veðsetningum, ábyrgðum og tryggingum til handa stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum eða nátengdum aðilum ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála frá því að kauphöllin setti reglur þar að lútandi á árinu 2003? Óskað er sundurliðaðra upplýsinga eftir bankastofnunum og skýringa hafi þetta ekki komið fram í ársreikningum.
2. Hvert er eðli og umfang þessara viðskipta frá því um mitt ár 2003, sbr. ákvæði 2.5.2. í reglum kauphallarinnar? Svar óskast sundurliðað eftir bankastofnunum og einstaka stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum.
3. Hafa bankarnir veitt stjórnendum sínum óvenjuleg lán sem geta talist verðmótandi og ber að tilkynna hverju sinni samkvæmt reglum kauphallarinnar (ákvæði 2.2.1.) frá miðju ári 2003? Sé svo er óskað sundurliðaðra upplýsinga um lánin, greiðslukjör, veðsetningar, ábyrgðir og aðra helstu skilmála eftir bankastofnunum, einstaka stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum.

Skriflegt svar óskast.

640. Fyrirspurn [423. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarþjónustu við aldraða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir makar vistmanna á öldrunarstofnunum eru nú á biðlista eftir að komast einnig á öldrunarstofnun?
2. Hversu margt fólk í hjónabandi eða sambúð er ekki vistað á sömu öldrunarstofnun og makinn? Hve margir hafa verið vistaðir þannig á undanförnum fimm árum?
3. Finnst ráðherra boðlegt að aðskilja öldruð hjón eða sambýlisfólk mánuðum og árum saman síðustu æviárin á þennan hátt?

641. Fyrirspurn [424. mál]

til félagsmálaráðherra um Fæðingarorlofssjóð.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að segja upp þjónustusamningi við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur Fæðingarorlofssjóðs og flytja starfsemina undir Vinnumálastofnun og síðan norður í Húnavatnssýslur?
2. Hvernig á að sinna þjónustunni þaðan?
3. Hve mikið er áætlað að þessar breytingar muni kosta ríkissjóð?

642. Fyrirspurn [425. mál]

til viðskiptaráðherra um reglur um laun og kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra rétt að í reglum um upplýsingagjöf varðandi laun stjórnenda og stjórnarmanna hjá lífeyrissjóðum og lánastofnunum og fyrirtækjum verði einnig kveðið á um upplýsingagjöf um starfslokasamninga og þar sem við á um kaupréttarsamninga með líkum hætti og nú er í reglum kauphallarinnar, og hyggst ráðherra beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að það verði gert?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að reglur verði settar um upplýsingagjöf í ársreikningum tryggingafélaga varðandi laun og önnur launakjör stjórnenda og stjórnarmanna, þ.m.t. lífeyrisréttindi og starfslokasamninga, á grundvelli 5. mgr. 44. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, líkt og nú er í reglum kauphallarinnar og gildir um skráð félög þar?

643. Fyrirspurn [426. mál]

til félagsmálaráðherra um íbúatölur.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver hefur verið þróun íbúafjölda einstakra sveitarfélaga á landinu, eins og þau eru nú, sl. fimm ár?
2. Hver hefur verið þróun íbúafjölda hvers kjördæmis sl. fimm ár, miðað við nýja kjördæmaskipan?
3. Hver hefur hlutfallsleg fjölgun eða fækkun íbúa í einstökum sveitarfélögum verið sl. fimm ár?
4. Hvert er hlutfall erlendra ríkisborgara í einstökum sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

644. Fyrirspurn [427. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur.

Frá Kristjáni L. Möller.

Er áformað að hafa reglu um snjómokstur alla daga vikunnar á leiðinni frá Akureyri til Egilsstaða og frá þjóðvegi 1 til Vopnafjarðar?

645. Fyrirspurn [428. mál]

til menntamálaráðherra um samning um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvað líður gerð samnings um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings?
2. Hvenær er áætlað að skrifa undir slíkan samning?

646. Fyrirspurn [429. mál]

til menntamálaráðherra um Fjarskiptasafn Landssímans.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða áform eru uppi um framtíð og starfsemi Fjarskiptasafns Landssímans í gömlu Loftskeytastöðinni við Suðurgötu nú þegar Síminn hefur verið seldur og Þjóðminjasafninu falið að varðveita munina úr safninu?

647. Fyrirspurn [430. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rétt sjúklinga við val á meðferð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er réttur sjúklings, sem haldinn er alvarlegum sjúkdómi, við val á meðferð til bættrar heilsu?
2. Hvað ræður því hvers konar meðferð nýtur greiðsluþátttöku almannatrygginga?

648. Svar [411. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um flutning aflaheimilda milli skipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað reglur hafa verið settar um framkvæmd á flutningi aflahlutadeildar og aflamarks milli skipa til þess að tryggja að veiðiheimildir skips verði ekki bersýnilega umfram veiðigetu þess, sbr. ákvæði 11. og 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990?*
2. *Hvaða atriði eru tekin til athugunar við mat á veiðigetu skips og hvernig er hámarksveiðigeta skips fundin?*
3. *Hve oft og hvenær hefur verið synjað um flutning á aflaheimildum milli skipa af þeim ástæðum að eftir flutning væru veiðiheimildir skips bersýnilega umfram veiðigetu þess og hverjar voru helstu ástæður hverju sinni?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar. Fyrirspurnin er í þremur tölusettum liðum og eru svör Fiskistofu við þeim eftirfarandi:

1. Ekki er við neinar skráðar reglur að styðjast við túlkun þessara ákvæða, hvorki í lögum, reglugerð né öðrum reglum. Fiskistofa hefur því leitast við að túlka ákvæðin með hliðsjón af orðalagi þeirra og tilgangi og með hliðsjón af greinargerð með ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

2. Við mat á veiðigetu skips og mat á hámarksveiðigetu þess eru eftirfarandi atriði tekin til athugunar: Fiskistofa synjar um flutning á aflahlutdeild og aflamarki til krókaaflamarksbáta og smárra aflamarksbáta þegar um er að ræða aflahlutdeild eða aflamark í fisktegundum sem slíkir bátar stunda almennt ekki veiðar á, svo sem aflahlutdeild og aflamark í loðnu, síld, rækju og úthafsrækju, þó ekki rækju á Flæmingjagrunni þar sem heildarafli í henni er ákveðinn á grundvelli 6. gr. laga nr. 151/1996 en í það ákvæði skortir tilvísun um að ákvæði laga um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við á.

Þá synjar Fiskistofa um flutning á aflahlutdeild eða aflamarki til skipa ef það magn aflahlutdeildar eða aflamarks sem flytja á til skips leiðir til þess að veiðiheimildir þess eftir flutninginn yrðu bersýnilega umfram veiðigetu þess að teknu tilliti til m.a. stærðar skipsins og veiða sambærilegra skipa á viðkomandi fisktegundum á umliðnum árum. Orðalag ákvæðisins, þ.e. bersýnilega umfram veiðigetu, leiðir þó til þess að túlka ber vafa um veiðigetu skips umsækjandanum í hag, þ.e. magn veiðiheimildanna verður augljóslega að vera umfram veiðigetu skipsins sem flytja á til, annars er flutningurinn heimill.

Í þessum tilvikum kemur einnig til greina að líta til þess hvenær á viðkomandi fiskveiðiári flutningur aflamarks á sér stað með tilliti til þess hvort unnt verði að veiða þær veiðiheimildir sem flytja á til skips á því fiskveiðiári. Hafa verður í huga að hér er um vandasama framkvæmd að ræða því horfa verður einnig til þess að reglur laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, heimila í ákveðnum tilvikum flutning á tilteknum hluta óveidds aflamarks skips yfir á næsta fiskveiðiár.

Varðandi það atriði hvort hafna beri flutningi aflamarks eða aflahlutdeilda til skips á þeim grundvelli að það hafi ekki búnað til að stunda veiðarnar hefur Fiskistofa litið til þess hvort hægt sé að búa viðkomandi skip þeim veiðarfærum sem þarf til að stunda veiðarnar en ekki til þess hvort skipið sé búið þessum veiðarfærum þegar óskað er eftir staðfestingu Fiskistofu á flutningi veiðiheimildanna. Þessi afstaða er í samræmi við svar sjávarútvegsráðuneytisins frá árinu 1994 þegar Fiskistofa innti ráðuneytið eftir því hvernig túlka bæri þáverandi ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða varðandi flutning aflahlutdeilda, en það ákvæði var efnislega sambærilegt við áður tilvitnuð ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í þeim tilvikum þar sem útgerð stendur í þeirri framkvæmd að breyta skipakosti sínum, t.d. með því að kaupa eða láta smíða nýtt skip í stað annars skips er útgerðin hefur átt, þá hefur Fiskistofa fallist á að aflaheimildir skipsins sem þannig er verið að endurnýja séu um tíma geymdar á minna skipi viðkomandi útgerðar. Í þessum tilvikum er um það að ræða að viðkomandi útgerð hefur þurft að selja eldra skip sitt til að fjármagna kaup eða nýsmíði þess skips sem koma á í staðinn og hefur einungis átt mun minna skip til að geyma aflaheimildir fyrirtækisins þar til nýja skipið er komið í umráð útgerðarinnar. Í þessum sérstöku tilvikum hefur Fiskistofa bundið slíkan flutning því skilyrði að veiðiheimildirnar verði án tafar fluttar til hins nýja skips, sem veiðigetu hefur á þeim. Jafnframt er viðkomandi útgerð gerð grein fyrir því að ekki verði úthlutað aflamarki til geymsluskipsins ef afhending hins nýja skips dregst yfir fiskveiðiáramót, heldur verði gengið frá úthlutuninni þegar heimildirnar hafa verið fluttar til hins nýja skips sem veiðigetu hefur fyrir heimildunum.

3. Hingað til hefur afar sjaldan komið til þess að Fiskistofa þurfi að hafna flutningi aflahlutdeilda eða aflamarks með formlegum úrskurði á grundvelli nefndra greina laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Kemur það til af því að útgerðir og þeir aðilar sem milligöngu hafa um flutning aflaheimilda milli skipa kynna sér yfirleitt afstöðu Fiskistofu til þess hvort fyrirhugaður flutningur aflaheimilda sé umfram veiðigetu áður en

þeir óska eftir staðfestingu Fiskistofu á flutningi heimildanna og falla frá fyrirhuguðum flutningi þegar hin almenna afstaða Fiskistofu liggur fyrir. Fiskistofa afgreiðir sérhvert mál af þessu tagi með hliðsjón af þeim fordæmum sem skapast við fyrri ákvarðanir um sama efni. Aðeins einu sinni hefur komið til þess að flutningi aflamarks hafi verið hafnað formlega af Fiskistofu á þeim grundvelli að flutningurinn leiddi til þess að aflamark skipsins, sem flytja átti til, yrði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Um var að ræða flutning á aflamarki í úthafsrækju til lítils aflamarksbáts sem Fiskistofa taldi vera umfram veiðigetu hans. Í stjórnsýsluúrskurði sjávarútvegsráðuneytis var þeirri ákvörðun Fiskistofu snúið við á þeim grundvelli að það magn sem um ræddi væri ekki bersýnilega umfram veiðigetu bátsins og bátinn væri hægt að búa til veiðanna. Í einu tilviki hefur Fiskistofa hafnað flutningi á aflahlutdeild í hörpudiski til báts sem var það lítill að mati Fiskistofu að ólíklegt var að hann gæti stundað slíkar veiðar eða verið búinn þeim veiðarfærum sem til þyrfti, kæmi til úthlutunar aflamarks á grundvelli aflahlutdeildarinnar. Sú ákvörðun var ekki kærð.

649. Frumvarp til laga [431. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að fella brott heimild iðnaðarráðherra til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003.

Með lögum nr. 67/2003 var iðnaðarráðherra m.a. heimilað að leyfa gerð Norðlingaölduveitu. Þá höfðu um nokkurt skeið staðið yfir viðræður milli Landsvirkjunar, stjórnvalda og Norðuráls hf. um stækkun álvers fyrirtækisins á Grundartanga.

Þann 30. janúar 2003 kvað settur umhverfisráðherra upp úrskurð vegna kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi að því er varðar ákvörðun um að fallast á lónhæð Norðlingaöldulóns 578 m.y.s. Að öðru leyti var fallist á úrskurð Skipulagsstofnunar með nokkrum viðbótarskilyrðum. Meðal þeirra voru veituframkvæmdir norðan friðlandsins þar sem vatni úr upptakakvíslum Þjórsár skyldi veitt í Þórisvatn fram hjá farvegi Þjórsár.

Í lögum nr. 67/2003 er heimild iðnaðarráðherra til að veita leyfi til gerðar Norðlingaölduveitu bundin þeim skilyrðum sem fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra. Í umræðum á Alþingi um frumvarpið kom skýrt fram að öll útfærsla væri því háð að um málið væri samstaða milli Landsvirkjunar, Umhverfisstofnunar og sveitarstjórna sem málið snerti. Þar kom einnig fram að úrskurður ráðherra miðaðist við lónhæð 566 m.y.s. Þá var í um-

ræðum bent á það að skynsamlegast hefði verið að fresta málinu þar til fyrir lægi rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem þá var langt komin.

Eftir uppkvaðningu úrskurðarins vann Landsvirkjun í samráði við Umhverfisstofnun og viðkomandi sveitarfélög að athugun á nánari útfærslu veitunnar er tæki mið af skilyrðum í úrskurði ráðherra. Ekki hefur náðst sú sátt á milli hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar sem áskilin er í úrskurðinum og hefur hreppsnefndin fyrir sitt leyti hafnað málaleitan Landsvirkjunar um frekari framkvæmdir við Norðlingaölduveitu. Fyrir vikið eru allar slíkar áætlanir nú í öngstræti. Með úrskurði umhverfisráðherra frá því nú fyrir áramótin um skipulagstillögu samvinnunefndar miðhálendisins eru öll framkvæmdaráform á svæðinu aftur komin á byrjunarreit.

Allir helstu fræðimenn og áhrifamenn um náttúrufar og umhverfisvernd telja Þjórsárver einhverja dýrmætustu náttúruperlu Íslendinga. Í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem birt var 2004, ári eftir samþykkt laganna á Alþingi, fær Þjórsárverasvæðið hæstu einkunn allra athugunarsvæða hvað náttúru og umhverfi varðar og þó að rammaáætlunin hafi ekki fengið neina þinglega meðferð eða hlotið formlega stöðu innan stjórnsýslunnar þá eru vísbendingar um verndargildi Þjórsárvera óyggjandi. Í rammaáætluninni var raunar miðað við önnur áform um Norðlingaölduveitu en úrskurður setts umhverfisráðherra gerir ráð fyrir. Þau áform hafa því miður ekki verið metin á sama hátt, og hafa ekki sætt umhverfismati.

Flutningsmenn telja að í ljósi verndargildis svæðisins og gagna sem fram eru komin á síðustu missirum sé rétt að hætta við öll áform um orkuframkvæmdir á Þjórsárverasvæðinu.

Frumvarpið er flutt í tengslum við tillögu til þingsályktunar sem sex þingmenn í umhverfisnefnd flytja um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Nái sú tillaga fram að ganga mun Norðlingaölduveita ekki rúmast innan hins stækkaða Þjórsárverafriðlands og því eðlilegt að hún verði felld út úr lögum um raforkuver eins og hér er gerð tillaga um.

650. Frumvarp til laga [432. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, og skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Halldór Blöndal, Birgir Ármannsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Bjarni Benediktsson, Dagný Jónsdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðjón Hjörleifsson, Gunnar Örlygsson, Ásta Möller, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Kjartan Ólafsson, Magnús Stefánsson, Böðvar Jónsson, Sæunn Stefánsdóttir.

I. KAFLI

Breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum.

1. gr.

233. gr. a laganna orðast svo:

Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar, eða

veldur þeim eða fjölskyldum þeirra óþarfa sársauka eða vanvirðu með háttsemi sinni, sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

234. gr. laganna orðast svo:

Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, eða veldur honum eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka eða vanvirðu, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

3. gr.

235. gr. laganna orðast svo:

Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða kynni að valda honum eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

4. gr.

Við 242. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú er sá látinn sem misgert var við og getur þá eftirlifandi maki og börn hins látna höfðað mál í hans stað, enda standi þau saman að slíkri málshöfðun.

II. KAFLI
Breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 26. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við ákvörðun um fjárhæð bóta vegna meingerðar gegn æru eða persónu annars manns eða fjölskyldu hans skal lagt til grundvallar að bótafjárhæð hafi verulega fjárhagslega þýðingu fyrir þann sem dæmdur er til greiðslu þeirra. Nú er meingerð gegn æru eða persónu annars manns eða fjölskyldu hans sett fram í ágóðaskyni og skal það að jafnaði verða bótafjárhæð til hækkunar. Við ákvörðun bótafjárhæðar skal einnig litið til þess hversu hinn bótaskyldi hefur lagt sig fram um að koma meingerð sinni á framfæri, sem og til þess hvort hann hefur lagt sig fram um að bæta fyrir brot sitt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar þremur ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að við miskabótaákvæði 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, bætist ný málsgrein sem rýmkar bótarétt þolenda meingerðar gegn æru eða persónu sinni og fjölskyldu mjög frá því sem nú er.

Markmið flutningsmanna frumvarpsins eru einkum tvenns konar. Annars vegar að auka friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra umfram það sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Hins vegar er markmiðið að auka verulega skaðabótarétt þeirra sem verða fyrir aðför gegn æru sinni eða persónu. Er frumvarpinu því einkum ætlað að bæta réttarstöðu þolenda ærumeiðinga og aðdróttana. Frumvarpið gerir hins vegar ekki ráð fyrir að gerðar verði breytingar á refsiákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga eins og þau eru nú.

Hins vegar kom til álita við vinnslu frumvarps þessa að breyta sektarákvæðum kaflans þannig að kveðið yrði á um lágmarkssektarfjárhæð vegna brots sem varðaði við ákvæði hans, en niðurstaðan varð sú að leggja ekki slíkar breytingar til að þessu sinni.

Hugmyndir um nauðsyn þess að taka til endurskoðunar ákvæði laga sem fjalla um meiðyrði og friðhelgi einkalífs og bótarétt vegna slíkra meingerða eru ekki nýjar af nálinni. Um margra ára skeið hafa komið fram ábendingar um að miskabætur vegna slíkra meingerða séu of lágar. Einnig má nefna að árið 1996 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga sem mælti fyrir um endurskoðun meiðyrðalöggjafarinnar.

Friðhelgi einkalífsins.

Friðhelgi einkalífsins nýtur stjórnarskrárvarinnar verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“

Sambærilega vernd friðhelgi einkalífs og fjölskyldu er að finna í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var á Íslandi, sbr. lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Þar segir: „Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.“

Eins og sjá má af tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu er friðhelgi einkalífs borgaranna, fjölskyldna þeirra og heimila ætlað að njóta ríkrar verndar í löggjöfinni, enda má telja slíka friðhelgi til mikilsverðra mannréttinda borgaranna. Hins vegar er ljóst að vernd friðhelgi einkalífsins er ekki takmarkalaus samkvæmt framangreindum ákvæðum því framkvæmdarvaldinu er heimilt að skerða hana. Slíkt verður þó ekki gert nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að friðhelgi einkalífsins megi takmarka ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, þó ekki nema sérstök lagaheimild liggi henni til grundvallar. Ákvæði 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu setur slíkum takmörkunum einnig ströng skilyrði því þar segir að framkvæmdarvaldinu sé óheimilt að ganga á þessi mikilsverðu mannréttindi nema lög mæli svo fyrir og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla og annarra ástæðna sem teljast verða þjóðhagslega mikilsverðar. Það má því ljóst vera að friðhelgi einkalífs borgaranna, fjölskyldna þeirra og heimilis er að meginstefnu ætluð rík vernd sem framkvæmdarvaldinu er einungis heimilt að takmarka þegar mikið liggur við og almannahagsmunir eru í húfi.

Friðhelgi einkalífsins nýtur hins vegar ekki einungis verndar í samskiptum borgaranna við hið opinbera. Samkvæmt íslenskri löggjöf nær verndin einnig til samskipta einstaklinga. Segja má að um langa hríð hafi löggjafinn litið svo á að vernda beri æru manna samkvæmt lögum. Má þar nefna að æra manna naut verndar eldri hegningarlaga, frá árinu 1869. Raunar má hverfa aftur til Grágásar, laga íslenska þjóðveldisins, til að sjá að löggjafi þess tíma taldi ástæðu til að lögvernda æru manna. Skv. XXV. kafla núgildandi hegningarlaga, nr. 19/1940,

er felld refsiábyrgð á þá sem sekir eru dæmdir fyrir ærumeiðingar í annarra garð og brot gegn hinni stjórnarskrárvörðu friðhelgi einkalífsins. Af ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga er ljóst að hver sá sem talinn er af dómstól hafa brotið gegn æru eða persónu manns eða gegn friðhelgi einkalífs hans getur bakað sér refsingu, ýmist sektir eða fangelsisvist, með háttsemi sinni.

Þá er rétt að geta þess að fórnarlömb slíkra afbrota geta samkvæmt núgildandi ákvæði 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, krafist miskabóta frá hendi þeirra sem brjóta gegn æru þeirra eða persónu, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Af öllu ofangreindu er ljóst að íslenskri löggjöf er ætlað að standa dyggan vörð um friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra, þ.m.t. æru þeirra og mannorð. Hver sá sem brýtur gegn þeim rétti getur, samkvæmt gildandi lögum, bakað sér refsiábyrgð og skaðabótaábyrgð.

Réttur til miskabóta.

Eins og áður segir mæla ákvæði 26. gr. núgildandi skaðabótalaga fyrir um skaðabótarétt þolenda ærumeiðinga. Segir í ákvæðinu að heimilt sé „að láta þann sem ... ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við."

Þá er rétt að geta þess að samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga, nr. 29/1940, er heimilt að dæma þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun til þess að greiða þeim sem misgert er við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum. Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að gerð verði breyting á þessu ákvæði almennra hegningarlaga. Hins vegar er lagt til að réttur þolenda ærumeiðinga og aðdróttana verði aukinn þannig að miskabætur vegna slíkra meingerða verði í framtíðinni hærri en nú er raunin.

Þegar litið er yfir dóma þar sem þolendum ærumeiðandi aðdróttana hafa verið dæmdar miskabætur er ekki um auðugan garð að gresja, enda hafa fáir dómar fallið á þessu réttarsviði á undanförnum árum. Af þeim dómum sem þó liggja fyrir má fullyrða að fjárhæðir þeirra miskabóta sem dæmdar hafa verið þolendum hafa verið afar lágar. Má því segja að dómstólar hafi fram til þessa metið æru manna lágu verði. Vera kann að sú staðreynd hafi leitt til þess að færri en ella hafi leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum vegna slíkra meingerða þar sem slíkar málsóknir hafi haft litla þýðingu fyrir þá sem telja að á sér hafi verið brotið.

Tjáningarfrelsi, friðhelgi einkalífs og opinber umræða.

Á sama hátt og ákvæði stjórnarskrár og almennra laga standa vörð um friðhelgi einkalífsins er tjáningarfrelsið varið í stjórnarskránni. Í 73. gr. segir: „Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Um það er ekki deilt að tjáningarfrelsið er meðal dýrmætustu mannréttinda og hefur verið varið í íslenskum lögum allt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var lögleidd árið 1874. Þó svo að í tjáningarfrelsinu felist mikilvæg mannréttindi hefur löggjafinn ekki talið ástæðu til að lögleiða skilyrðislausan rétt manna til þess að láta skoðanir sínar í ljós án þess að ábyrgð fylgi orðum. Því er kveðið á um það í 73. gr. stjórnarskrárinnar að þó svo að hver maður eigi

rétt á að láta hugsanir eða skoðanir sínar í ljós, þá verði hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Umgangist menn því ekki tjáningarfrelsið með þeim hætti sem til er ætlast af löggjafanum og dómstólum geta þeir bakað sér refsiábyrgð og eftir atvikum skaðabótaskyldu. Þegar slík álitamál koma til kasta dómstóla takast venjulega á sjónarmið er varða rétt manna til að láta skoðanir sínar í ljós annars vegar og friðhelgi einkalífs þeirra sem skoðanirnar varða hins vegar. Við úrlausn slíkra mála meta dómstólar hvar mörkin liggja milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífsins.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja að á síðustu árum og missirum hafi friðhelgi einkalífs einstaklinga og fjölskyldna þeirra átt undir högg að sækja. Sem dæmi um það má nefna að í opinberri umræðu á Íslandi hefur færst í vöxt að mjög nærri hafi verið gengið persónu og æru einstaklinga í fjölmiðlum, þeir nafngreindir, af þeim birtar ljósmyndir og sagðar fréttir af persónulegum högum þeirra og fjölskyldna þeirra. Svo langt hefur reyndar verið gengið upp á síðkastið að fjallað hefur verið um ætlaðar misgjörðir, jafnvel ætluð lögbrot, nafngreindra manna og af þeim verið birtar ljósmyndir án þess að þeir hafi verið dæmdir af dómstólum landsins fyrir þau ætluðu afbrot sem á þá hafa verið borin. Ætla má að slíkur fréttaflutningur sé afar þungbær þeim sem fyrir honum verður, en gjarnan hefur hann verið réttlættur með því að tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar heimili slíkt inngrip í einkalíf manna.

Frumvarp þetta skerðir ekki hið stjórnarskrárvarða tjáningarfrelsi, enda telja flutningsmenn þess það ekki vera hlutverk löggjafans að kveða á um það hvaða skoðanir sé heimilt að láta í ljós um einstaklinga í opinberri umræðu og hverjar ekki. Telja flutningsmenn frumvarpsins það heldur ekki hlutverk löggjafans að kveða á um það hvaða fréttir séu fluttar í fjölmiðlum og hverjar ekki, eða hlutast til um framsetningu þeirra. Hins vegar telja flutningsmenn frumvarpsins nauðsynlegt að tryggja réttarstöðu þeirra sem fyrir slíkri umfjöllun verða með því að láta þá sem nýta sér tjáningarfrelsið til að tjá skoðanir sínar bera ríkari ábyrgð á orðum sínum að lögum en nú er raunin, brjóti þeir gegn rétti þeirra sem þeir fjalla um.

Meginatriði frumvarps þessa.

1. Aukin friðhelgi einkalífs, 1.–4. gr. frumvarpsins.

Eins og áður segir kveður 71. gr. stjórnarskrárinnar á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þegar skoðuð eru ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga, einkum ákvæði 233. gr. a, 234. gr. og 235. gr., sem fjalla um ærumeiðingar, aðdróttanir, háð, smánun, róg og fleira, má sjá að réttarvernd þeirra ákvæða nær eingöngu til þess einstaklings sem telst vera fórnarlamb slíkrar meingerðar. Í 1.–3. gr. frumvarpsins er lagt til að réttarvernd ákvæðanna nái einnig til fjölskyldna þolenda slíkra meingerða. Með frumvarpinu er því lagt til að réttarvernd áðurnefndra ákvæða almennra hegningarlaga verði breytt til samræmis við ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar. Felur frumvarpið því í sér aukna vernd friðhelgi einkalífs frá því sem nú gildir. Telja flutningsmenn frumvarpsins að meingerðir gegn æru og persónu einstaklinga geti ekki síður komið illa við fjölskyldur þeirra sem fyrir slíkri háttsemi verða og að því sé sjálfsagt að þeir sem næst standa fórnarlömbum meingerðanna njóti sambærilegrar réttarverndar og þeir sem verða fyrir þeim með beinum hætti. Ekki þykir ástæða til að skilgreina hugtakið „fjölskylda“ í frumvarpstextanum heldur er gert ráð fyrir að hugtakið hafi hér sömu þýðingu og fjölskylduhugtak 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er lagt til að verknaðarlýsingum ofangreindra ákvæða almennra hegningarlaga sem mælt er fyrir að séu refsiverð verði breytt og þau útvíkkuð þannig að réttarvernd borgaranna og friðhelgi þeirra verði aukin. Lagt er til í 1.–3. gr. frumvarpsins að í 233. gr. a., 234. gr. 235. gr. almennra hegningarlaga verði auk ærumeiðinga, aðdróttana, háðs, smánunar og rógs

jafnframt gert refsivert að hafa uppi ummæli eða aðdróttanir sem valda eða kunna að valda einstaklingum og fjölskyldum þeirra óþarfa sársauka eða vanvirðu. Slík ákvæði eru að nokkru leyti í samræmi við ákvæði 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Eftir sem áður er mat um það hvort tiltekin ummæli teljast þess eðlis að þau séu til þess fallin að valda þeim sem ummælin beinast að eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka eða vanvirðu í höndum dómara á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem fyrir liggja í hverju máli.

Loks er lagt til, skv. 4. gr. frumvarpsins, að við 242. gr. almennra hegningarlaga bætist ný málsgrein sem mælir fyrir um að sé sá sem misgert var við látinn, geti eftirlifandi maki og börn hins látna höfðað mál í hans stað, enda standi þau saman að slíkri málshöfðun. Brot þau sem hér um ræðir geta komið illa við fleiri en þann sem brotið beinist sérstaklega að, t.d. þá sem standa honum næst. Þykir því rétt að veita tilgreindum aðstandendum heimild til þess að hafa frumkvæði að málshöfðun. Lagt er til að sett verði sú sérstaka regla að allir þeir sem heimildin nær til, og á lífi eru þegar mál er höfðað, þurfi að standa saman að málshöfðuninni, enda má ætla að minni ástæða sé til þess að nýta heimildina í þeim tilvikum þegar einhver svo nákominn þeim sem misgert var við vill láta kyrrt liggja.

2. Hækkun miskabóta, 5. gr. frumvarpsins.

Eins og að framan greinir tryggir ákvæði 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, þolendum ærumeiðinga rétt til miskabóta úr hendi þess sem ábyrgð ber á slíkri meingerð. Þeir dómar sem fyrir liggja í slíkum málum sýna á hinn bóginn að miskabætur vegna meiðyrða og brota á friðhelgi einkalífsins eru afar lágar. Hafi það verið ætlun löggjafans að tryggja þolendum meiðyrða og brota gegn friðhelgi einkalífs sanngjarnar bætur vegna slíkra meingerða telja flutningsmenn frumvarpsins að slíku markmiði hafi ekki verið náð, enda sýnir dómaframkvæmd að dómstólar hafa metið æru manna lágu verði. Þá telja flutningsmenn frumvarpsins að löggjöfin hafi haft lítil sem engin varnaðaráhrif gagnvart þeim sem kjósa að láta skoðanir sínar í ljós um einstaklinga því afleiðingar þess að brjóta gegn æru þeirra, persónu eða friðhelgi verða í ljósi dómaframkvæmdar að teljast afar léttvægar.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps þessa er lagt til að við 26. gr. núgildandi skaðabótalaga, nr. 50/1993, bætist ný málsgrein sem mælir fyrir um að við ákvörðun um fjárhæð bóta vegna meingerðar gegn æru eða persónu annars manns eða fjölskyldu hans, skuli lagt til grundvallar að bótafjárhæð skuli vera fjárhagslega íþyngjandi fyrir þann sem dæmdur er til greiðslu þeirra. Jafnframt leiðir af ákvæði frumvarpsins að hafi meingerð gegn æru eða persónu manns eða fjölskyldu hans verið sett fram í ágóðaskyni skuli það að jafnaði leiða til ríkari bótaskyldu og hærri bótafjárhæðar til þolanda meingerðarinnar. Þá er lagt til að við ákvörðun bótafjárhæðar skuli einnig litið til þess hversu hinn bótaskyldi hefur lagt sig fram um að koma meingerð sinni á framfæri, sem og til þess hvort hann hefur lagt sig fram um að bæta fyrir brot sitt. Færa má góð rök fyrir því að eðlilegt sé að þeir sem hyggjast hagnast sjálfir á kostnað æru og persónu annarra manna skuli bera ríkari bótaskyldu en aðrir sem uppvísir verða að slíkri háttsemi. Jafnframt má færa rök fyrir því að litið verði til þess hvort sá sem bótaskyldur telst hafi lagt sig fram um að bæta fyrir brot sitt, en slíkt mundi að jafnaði leiða til lækkunar bótafjárhæðar.

Telja flutningsmenn frumvarpsins að hið nýja ákvæði bæti til muna réttarstöðu þeirra sem beittir eru slíkum órétti sem felst í ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífsins. Verði frumvarpið að lögum geta þolendur slíkra meingerða vænst mun hærri miskabóta en nú þekkjast vegna þeirra brota sem þeir kunna að verða fyrir. Gerir ákvæðið ráð fyrir að dómurum verði eftir sem áður falið mat um það hversu háar slíkar miskabætur skuli vera í hvert skipti, en matsheimildir þeirra eru þó bundnar því skilyrði að við ákvörðun bóta sé lagt

til grundvallar að þær séu fjárhagslega íþyngjandi fyrir þann sem ábyrgð ber á meingerðinni. Ætla verður að slíka ábyrgð kunni að bera allir þeir sem þátt taka í opinberri umræðu, hvort sem um er að ræða almenna borgara, stjórnmálamenn eða þá sem atvinnu hafa af þátttöku í slíkri umræðu, svo sem blaðamenn, ritstjórar, útgefendur eða eigendur fjölmiðla. Af ákvæðinu leiðir að fjárhæð dæmdra miskabóta hverju sinni taki mið af fjárhagsstöðu þess sem dæmdur er til greiðslu þeirra. Meginröksemdin að baki slíkri bótareglu er að hún leiðir til þess að afleiðingar meingerðar verði þungbær þeim sem uppvís verður að slíku, óháð fjárhagsstöðu. Leiðir reglan til þess að miskabætur kunna að verða breytilegar eftir því hvort í hlut á fjárhagslega sterkur aðili eða ekki. Miðað er við að afleiðingarnar hafi hlutfallslega sambærileg áhrif á fjárhag þeirra sem dæmdir er til greiðslu bótanna hvort sem þeir eru fjárhagslega vel settir eða ekki. Má því segja að kveðið sé á um sektarbætur (e. punitive damages) til handa þolendum líkt og tíðkast samkvæmt meiðyrðalöggjöf í Bretlandi.

Af framangreindu má ljóst vera að markmið ákvæðisins er annars vegar að auka bótarétt þolenda slíkra meingerða, en ekki síður að haga löggjöfinni þannig að afleiðingar þess að brjóta gegn rétti einstaklinga séu verulegar, einkum ef slíkt brot er framið í ágóðaskyni.

Telja flutningsmenn að verði frumvarpið að lögum muni ákvæðið hafa í för með sér mun meiri varnaðaráhrif gagnvart þeim sem tjá sig opinberlega um samborgara sína. Ef ærumeiðinga- og skaðabótalöggjöfinni verður þannig háttað að ærumeiðandi ummæli um annað fólk gætu leitt til hárra miskabóta mundu þeir sem telja æru þeirra sem þeir fjalla um með meiðandi hætti lítils virði hugsa sig tvisvar um áður en þeir létu til skarar skríða gegn þeim, enda þyrftu þeir hinir sömu að standa sjálfir skil á bótagreiðslum. Jafnframt telja flutningsmenn að sú regla sem mælt er fyrir um í 5. gr. frumvarpsins mundi leiða til þess að rekstraraðilar og eigendur fjölmiðla mundu gera aðrar og ríkari kröfur til starfsmanna sinna hvað varðar frjálslega umfjöllun um einstaklinga, enda kynnu ærumeiðandi ummæli í garð annars fólks og brot gegn friðhelgi einkalífs að leiða til ríkrar bótaskyldu eigenda og útgefenda. Slíkir aðilar bera ríka ábyrgð brjóti efni fjölmiðils í bága við lög, sbr. 13.–17. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að á eftir orðinu „kynhneigðar“ í 233. gr. a almennra hegningarlaga bætist við orðin „eða veldur þeim eða fjölskyldum þeirra óþarfa sársauka eða vanvirðu með háttsemi sinni“. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda til skýringa á frumvarpsgreininni.

Um 2. gr.

Lagt er til að á eftir orðinu „athöfnum“ í 234. gr. almennra hegningarlaga bætist við orðin „eða veldur honum eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka eða vanvirðu“. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda til skýringa á frumvarpsgreininni.

Um 3. gr.

Lagt er til að á eftir orðinu „hnekkis “ í 235. gr. almennra hegningarlaga bætist við orðin „eða kynni að valda honum eða fjölskyldu hans óþarfa sársauka“. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda til skýringa á frumvarpsgreininni.

Um 4. gr.

Vísað er til almennra athugasemda til skýringa á frumvarpsgreininni.

Um 5. gr.

Vísað er til almennra athugasemda til skýringa á frumvarpsgreininni.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

651. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Ragnar Ingimundarson frá BSRB, Guðrúnu Zoëga frá kjaranefnd, Hjördísi Hákonardóttur, Benedikt Bogason og Arngrím Ísberg frá Dómarafélagi Íslands, Garðar Garðarsson frá Kjaradómi, Eirík Hilmarsson frá Hagstofu Íslands, Birgi Björn Sigurjónsson frá kjaraþróunardeild Reykjavíkurborgar, Sigurð Líndal, Eirík Tómasson, Skúla Eggert Þórðarson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Ólaf Hauksson frá Sýslumannafélagi Íslands, sr. Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands, Bolla Þór Bollason frá Félagi ráðuneytisstjóra og Baldur Guðlaugsson, Gunnar Björnsson og Þórhall Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni m.a. afrit af bréfi Dómarafélags Íslands til Alþingis, ályktun stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana og athugasemdir frá Sýslumannafélagi Íslands. Nefndin aflaði auk þess fjölda gagna.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ríkisstjórnin hyggst skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Meðal þess sem nefndinni er ætlað að skoða er hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar þannig að betra samræmis sé gætt í starfskjörum þeim sem þær ná til, bæði innbyrðis og gagnvart almennum vinnumarkaði. Enn fremur er nefndinni ætlað að huga að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem einstökum aðilum eru sett í lögum um launaákvarðanir sínar. Fram hefur komið að þegar hefur verið skipaður formaður fyrir nefndina og að formlega hafi verið óskað eftir tilnefningum þingflokka í nefndina. Þær tilnefningar hafa enn ekki borist en hafin er vinna við gagnaöflun fyrir nefndina. Meiri hlutinn leggur á það áherslu að þessi nefnd hefji störf sem fyrst og vinni svo ötullega að drög að frumvarpi geti legið fyrir í lok mars næstkomandi þannig að hægt verði að samþykkja nýja skipan þessara mála fyrir lok þings.

Í máli gesta, þeim gögnum sem aflað var og í umræðum nefndarmanna komu mörg sjónarmið fram. Voru þau rædd ítarlega. Upp úr stendur það sjónarmið að þessi hækkun launa æðstu stjórnenda ríkisins hefði komið á mjög viðkvæmum tíma. Aðilar vinnumarkaðarins voru nýbúnir ásamt ríkisstjórninni að fara í gegnum þríhliða samninga vegna þess að verðbólguviðmið kjarasamninga stóðust ekki og höfðu náð hófsamlegri launahækkun í trausti þess að það kæmi í veg fyrir víxlhækkanir launa og verðlags. Mikil launahækkun samkvæmt ákvörðun kjaradóms stuttu seinna til æðstu stjórnenda ríkisins vakti sterk viðbrögð og leiddi til óróa á vinnumarkaði sem gat ógnað þeim efnahagslega stöðugleika sem að var stefnt og

náðst hefur. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir það og undir það sjónarmið vill meiri hlutinn taka og leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. jan. 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Dagný Jónsdóttir. Einar Oddur Kristjánsson.

Ásta Möller. Sæunn Stefánsdóttir.

652. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005 um hækkun launa æðstu embættismanna ríkisins endurspeglar þá launaþróun sem orðið hefur í landinu. Sú þróun hefur aukið launamuninn milli þeirra sem sterkast og veikast standa á íslenskum vinnumarkaði. Af þessum sökum kallaði úrskurðurinn fram sterk viðbrögð í samfélaginu. Stjórnarandstaðan krafðist þess þegar í stað að Alþingi yrði kallað saman til að fjalla um úrskurðinn áður en hann kæmi til framkvæmda. Við því var ekki orðið og kom úrskurðurinn því til framkvæmda 1. janúar sl. sem gerir málið allt mun erfiðara viðfangs. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar í upphafi voru mjög fálmkennd sem m.a. birtist í undarlegu bréfi forsætisráðherra til Kjaradóms. Minni hlutinn vísar því allri ábyrgð á stöðu málsins og málsmeðferð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar á Alþingi.

Lögfræðingar sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd vöruðu allir sem einn eindregið við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hyggst fara. Þeir töldu víst að frumvarpið færi gegn ákvæðum stjórnarskrár um eignarrétt og jafnræði, auk þess sem orðalag 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar heimili ekki að laun forseta séu lækkuð á miðju kjörtímabili. Í ljósi þess mikla vafa sem leikur á því hvort frumvarp ríkisstjórnarinnar standist stjórnarskrá getur minni hlutinn ekki staðið að afgreiðslu þess.

Minni hlutinn telur að bregðast verði við úrskurði Kjaradóms en getur ekki fellt sig við þá leið sem ríkisstjórnin leggur til. Minni hlutinn leggur því fram breytingartillögu í þá veru að úrskurður Kjaradóms frá 19. desember sl. komi ekki til framkvæmda frá 1. febrúar til 1. júní.

Lagt er til að fjármálaráðherra skipi nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar allra þingflokka. Ekki er kveðið á um fjölda nefndarmanna að öðru leyti. Nefndin skal endurskoða núgildandi fyrirkomulag á launakjörum þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum Kjaradóms og kjaranefndar. Nefndin skal leggja fram tillögur í formi frumvarps fyrir 15. mars nk. Kveða skal upp nýjan úrskurð um launakjör þeirra sem tillagan tekur til fyrir 1. júní nk. samkvæmt nýjum lögum. Skal úrskurðurinn gilda frá og með 1. febrúar 2006.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. jan. 2006.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir. Jón Gunnarsson.

Ögmundur Jónasson.

653. Breytingartillaga [417. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (LB, JóhS, JGunn, ÖJ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir úrskurð Kjaradóms frá 19. desember 2005 skal hann ekki koma til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2006 til 1. júní sama ár. Á þeim tíma er Kjaradómi einnig óheimilt að kveða upp úrskurði um launakjör.

Fjármálaráðherra skal skipa nefnd, m.a. með fulltrúum allra þingflokka á Alþingi. Hún skal endurskoða fyrirkomulag á launakjörum þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum Kjaradóms og kjaranefndar. Nefndin skili tillögum í formi lagafrumvarps sem lagt verði fyrir Alþingi eigi síðar en 15. mars 2006. Í tillögunum skal m.a. kveðið á um almennar forsendur sem leggja skal til grundvallar þegar kveðið er á um launakjör þeirra sem lögin taka til.

Úrskurð samkvæmt nýjum lögum skal kveða upp fyrir 1. júní nk. Skal hann gilda frá og með 1. febrúar 2006.

654. Frumvarp til laga [433. mál]

um háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Gildissvið. Hlutverk háskóla.

1. gr.

Lög þessi taka til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi og hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, sbr. 3. gr.

2. gr.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Háskólar hafa sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra. Háskólar setja sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

II. KAFLI
Viðurkenning háskóla.

3. gr.

Háskóla má reka sem ríkisstofnun, sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Ríkisrekinn háskóli er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra að lögum.

Menntamálaráðherra veitir háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laga þessara.

Menntamálaráðherra gefur út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skulu talin eftirgreind skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Þau lúta að eftirtöldum þáttum:

a. hlutverki og markmiðum háskóla,
b. stjórnskipan og skipulagi,
c. fyrirkomulagi kennslu og rannsókna,
d. hæfisskilyrðum starfsmanna,
e. inntökuskilyrðum og réttindum og skyldum nemenda,
f. aðstöðu kennara og nemenda og þjónustu við þá,
g. innra gæðakerfi,
h. lýsingu á inntaki náms út frá þekkingu, hæfni og færni við námslok,
i. fjárhag.

Viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið.

Háskóli skal sækja um heimild til menntamálaráðherra óski hann eftir viðurkenningu til að stunda kennslu eða rannsóknir á öðru fræðasviði en viðurkenning hans nær þegar til. Háskólar geta eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning þeirra nær til.

Menntamálaráðherra skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um umsóknir um viðurkenningu er taki til einstakra fræðasviða.

Hyggist háskóli láta af kennslu eða rannsóknum á tilteknu fræðasviði skal menntamálaráðuneyti tilkynnt um það. Hafi ekki verið stunduð kennsla eða rannsóknir í tvö ár samfleytt á fræðasviði, sem viðurkenning háskóla nær til, fellur viðurkenning háskólans á því fræðasviði úr gildi.

Í viðurkenningu háskóla felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi háskóla sé í samræmi við lög þessi. Viðurkenning felur ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla.

Menntamálaráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu.

4. gr.

Uppfylli háskóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki ákvæði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna getur menntamálaráðherra afturkallað viðurkenningu á einstökum fræðasviðum eða að fullu.

5. gr.

Menntamálaráðherra gefur út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður. Viðmið um æðri menntun og prófgráður eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Í þeim skulu koma fram þau skilyrði sem háskólum ber að uppfylla á hverju námsstigi. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Birta skal viðmiðin á íslensku og ensku.

III. KAFLI
Námsframboð og prófgráður.

6. gr.

Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í stöðluðum námseiningum. Að jafnaði svara 60 námseiningar til fulls náms á ársgrundvelli og endurspegla alla námsvinnu nemenda. Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu eða öðru lokaprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem áskilin eru. Við útskrift skulu nemendur fá viðauka með prófskírteinum.

7. gr.

Háskólar ákveða fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats.

Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs. Viðurkenndar prófgráður og lokapróf, sem háskólar miða við, eru:

a. diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum,
b. bakkalárpróf sem jafngildir a.m.k. 180–240 stöðluðum námseiningum,
c. meistara- eða kandídatspróf sem jafngildir a.m.k. 90–120 stöðluðum námseiningum til viðbótar bakkalárprófi eða jafngildi þess,
d. doktorspróf sem jafngildir að lágmarki 180 stöðluðum námseiningum til viðbótar tilskildum einingafjölda til meistara- eða kandídatsprófs.

Ráðherra getur heimilað háskólum, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá námseiningafjölda skv. 2. mgr. Háskólar geta skilgreint nám sem felur í sér starfsþjálfun til námseininga á námsstigum skv. 2. mgr.

Háskólar skulu leita heimildar menntamálaráðherra til að bjóða nám til doktorsprófs. Skal sýnt fram á að viðkomandi háskóli uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði sem tilgreind eru í reglum um doktorsnám í háskólum. Menntamálaráðherra skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður.

Ráðherra getur heimilað háskólum að veita doktorsgráðu án þess að byggt sé á stöðluðum einingum.

8. gr.

Háskólar skulu reglulega gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt er að það nám, sem þeir bjóða, uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.

Við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skal háskóli birta upplýsingar um hvernig námið uppfyllir þau skilyrði og kröfur sem fram koma í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

9. gr.

Háskólar, sem starfa á grundvelli laga þessara, skulu gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Þeir skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Háskólum er heimilt að veita prófgráður skv. 7. gr. í samstarfi við aðra háskóla, innlenda sem erlenda.

10. gr.

Heimilt er háskólum að meta til eininga nám sem fram fer í öðrum háskólum. Jafnframt er háskólum heimilt að meta til eininga nám sem fram fer við aðra skóla og rannsóknastofnanir enda ábyrgist þeir að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara.

IV. KAFLI
Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

11. gr.

Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er:

a. að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,
b. að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,
c. að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt,
d. að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi,
e. að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna fer annars vegar fram með innra mati háskóla og hins vegar með reglubundnu ytra mati. Menntamálaráðherra setur reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

12. gr.

Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Innra mat háskóla og eininga innan hans skal vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, eftir því sem við á.

Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans.

13. gr.

Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur menntamálaráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

Ytra matið getur náð til háskóla í heild, einstakra vísinda- og fræðasviða, deilda, náms-

brauta eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi háskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn.

Samráð skal haft við viðkomandi háskóla um ytra mat og skulu háskólar leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir. Matsskýrslur, sem unnar eru samkvæmt lögum þessum, skulu birtar, auk greinargerðar um hvernig viðkomandi háskóli hyggst bregðast við niðurstöðum matsins.

14. gr.

Menntamálaráðherra getur falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati á kennslu og rannsóknum.

Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. Að því mati skulu að jafnaði koma bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og fulltrúi nemenda.

V. KAFLI
Stjórnskipan háskóla.

15. gr.

Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar er kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum háskóla. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum, sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

Að öðru leyti fer um stjórnskipan háskóla eftir sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

16. gr.

Í hverjum háskóla skal haldinn háskólafundur a.m.k. einu sinni á ári. Háskólafundur er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Háskólaráð ákveður nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar. Háskólaráð skal tryggja að fulltrúar kennara, nemenda og annars starfsliðs eigi rétt til setu á háskólafundi. Rektor stýrir háskólafundi.

VI. KAFLI
Starfslið háskóla.

17. gr.

Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

18. gr.

Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Þeir sem bera starfsheiti skv. 17. gr. skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi og skal formaður dómnefndar hafa sama eða æðra hæfi og um er fjallað, verði því við komið. Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla.

Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfi þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög, samþykktir, skipulagsskrár eða stofnskjal háskóla.

VII. KAFLI
Nemendur.

19. gr.

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Heimilt er háskólum að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Heimilt er að ákveða sérstök inntökuskilyrði til að hefja nám í háskóla, þar á meðal að láta nemendur, sem uppfylla skilyrði 1. mgr., gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Háskólum er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla.

Að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla setur háskólaráð reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

20. gr.

Menntamálaráðherra skipar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema sem í eiga sæti þrír menn skipaðir til tveggja ára í senn; einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema úrskurðar í málum þar sem námsmenn í háskólum telja brotið á rétti sínum varðandi:

a. námsmat, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara og birtingu einkunna,
b. mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs,
c. afgreiðslu umsókna um skólavist, þ.m.t. tilhögun mats á námi milli skóla,
d. brottrekstur nemanda úr háskóla.

Áfrýjunarnefndin endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndar nema kæruleið, skilgreind og samþykkt af háskólaráði viðkomandi háskóla, hafi verið tæmd eða þrír mánuðir liðnir frá því að kæra var fyrst lögð fram skriflega. Kæra til áfrýjunarnefndar skal allt að einu borin fram innan þriggja mánaða frá því að endanleg ákvörðun innan háskóla var tilkynnt nemandanum.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf áfrýjunarnefndar.

VIII. KAFLI
Fjárhagsmálefni.

21. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögum þessum. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla.

Í samningum skal kveðið á um eftirfarandi:

a. skilmála sem menntamálaráðuneyti setur fyrir veitingu fjárframlaga til háskólans,
b. skilgreiningu á þeirri kennslu- og rannsóknastarfsemi sem ríkissjóður greiðir fyrir,

c. helstu áherslur í starfi háskólans og sameiginleg markmið samningsaðila,
d. önnur verkefni sem háskólinn innir af hendi samkvæmt samningnum,
e. fjárframlög og greiðslur úr ríkissjóði fyrir nám sem skilgreint er sem sí- og endurmenntun.

Ráðherra er heimilt að kveða sérstaklega á um greiðslur úr ríkissjóði til háskóla fyrir nám einstaklinga sem ekki hafa ríkisfang innan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um fjárframlög til háskóla. Skal þar kveðið á um nám og rannsóknir sem fjárveitingar renna til, vægi námsgreina, umfang rannsókna og aðra þætti sem fjárveitingar skulu taka mið af.

Kveðið skal á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum, sem heyra undir menntamálaráðherra, í sérlögum sem um þá gilda.

23. gr.

Árlega skal hver háskóli, sem nýtur fjárframlaga úr ríkissjóði, halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

IX. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Menntamálaráðuneyti heldur skrá um þær prófgráður sem í boði eru við háskóla sem ráðuneytið hefur viðurkennt. Háskóli skal gefa út kennsluskrá fyrir hvert kennsluár þar sem birt er yfirlit og upplýsingar um öll einingabær námskeið og prófgráður sem skólinn veitir.

25. gr.

Háskóla ber að varðveita upplýsingar um námsferil þeirra sem þar stunda eða hafa stundað nám. Þeim ber einnig að láta í té þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna opinberrar tölfræðivinnu og hagskýrslugerðar.

26. gr.

Rektorar háskóla, sem hafa fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytis, skipa sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni er varða starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi háskóla. Nefndin skal veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað. Nefndin setur sér nánari starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfestir.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um háskóla, nr. 136/1997.

28. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum:*

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóða svo:

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

2. *Á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum:*
   a. Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er hljóða svo:

      Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

      Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.
   b. Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

      Kennaraháskóla Íslands er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.
3. *Á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum:*
   a. Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er hljóða svo:

      Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

      Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.
   b. Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

      Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólar, sem starfa samkvæmt starfsleyfi menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, sem starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa öðlast viðurkenningu, sbr. 3. gr., er nái til þeirra fræðasviða sem starfsemi þeirra tekur til.

Endurskoða skal lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 12. maí 2005 skipaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 136/1997, um háskóla. Nefndinni var falið að leggja til breytingar á gildandi háskólalögum, ásamt gildandi sérlögum um ríkisháskóla sem undir menntamálaráðuneyti heyra, eftir því sem ástæða þætti til. Var nefndinni gert að taka mið af þeirri þróun og breytingum sem orðið hafa undanfarin ár á umhverfi háskólastarfs, kennslu og rannsóknum hér á landi og í öðrum OECD-ríkjum. Tillögur nefndarinnar skyldu vera til þess fallnar að efla íslenskt menntakerfi og gæði háskólamenntunar á Íslandi. Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri, formaður nefndarinnar, Hanna Katrín Friðriksson ráðgjafi, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur, Jón Sigurðsson seðlabankastjóri, Stefanía Katrín Karlsdóttir, fyrrverandi rektor Tækniháskóla Íslands, og Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Með nefndinni hafa unnið Stefán Stefánsson, Hellen M. Gunnarsdóttir og Valur Árnason, starfsmenn menntamálaráðuneytis.

Afrakstur nefndarstarfsins er frumvarp þetta sem nefndin skilaði menntamálaráðherra hinn 14. nóvember 2005 og felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um háskóla. Nefndin mun jafnframt halda starfi sínu áfram og endurskoða gildandi sérlög um ríkisháskólana. Við gerð frumvarpsins hafði nefndin samráð við Samstarfsnefnd háskólastigsins og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs.

Helsta markmið með frumvarpi þessu er að setja almennan lagaramma um starfsemi háskóla sem tekur mið af hinni öru þróun á háskólastiginu hér á landi og erlendis undanfarin ár. Samfara henni er mikilvægt að leggja aukna áherslu á gæðaeftirlit með háskólum og samræmingu prófgráðna til að tryggja aukinn hreyfanleika nemenda sem og aukna möguleika til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis. Með því er einnig skotið frekari stoðum undir gagnkvæma viðurkenningu náms. Um leið er frumvarpinu ætlað að tryggja áfram sveigjanleika í skipulagi háskóla þar sem svigrúm og sjálfstæði þeirra er í fyrirrúmi. Við samningu frumvarpsins var lögð meginhersla á að rammalög um háskóla taki jafnt til háskóla óháð rekstrarformi þeirra. Því hefur það ekki að geyma sérákvæði um ríkisskóla umfram það að tekið er fram að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra að lögum. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að önnur ákvæði um ríkisháskóla í gildandi lögum um háskóla verði færð í sérlög um ríkisháskóla eftir því sem þörf er á. Eftir sem áður verða áfram í gildi sérlög um ríkisháskóla. Frumvarpið felur ekki í sér að breyta þurfi skipulagsskrám eða samþykktum er um aðra skóla gilda. Þrátt fyrir þetta er ljóst að háskólar sem sækjast eftir viðurkenningu menntamálaráðuneytis á grundvelli frumvarps þessa, verði það að lögum, munu þurfa að laga starfsemi sína að fyrirmælum laganna og þeim reglum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett verða á grundvelli þeirra. Stefnt er að því að gildandi lög um ríkisháskóla, sem heyra undir menntamálaráðuneyti, verði endurskoðuð með tilliti til laga þessara eins og að framan greinir.

II. Þróun háskólastigsins.

Háskólastigið á Íslandi hefur tekið umfangsmiklum breytingum undanfarin ár. Lengi var Háskóli Íslands, sem stofnaður var árið 1911, eini háskólinn í landinu sem bauð háskólanám til prófgráðu. Árið 1971 var Kennaraskólanum breytt með lögum í Kennaraháskóla Íslands og með lögum nr. 137/1997 voru Þroskaþjálfaskólinn, Fósturskólinn og Íþróttakennaraskólinn sameinaðir honum. Háskólinn á Akureyri var stofnaður 1987 og Tækniskóli Íslands, sem stofnaður var árið 1962, varð formlegur háskóli með lögum um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002. Árið 2005 var Tækniháskóli Íslands síðan sameinaður Háskólanum í Reykjavík sem hóf háskólastarfsemi árið 1998. Viðskiptaháskólinn á Bifröst byggist á arfleifð Samvinnuháskólans á Bifröst og hóf háskólakennslu árið 1989. Þá var Listaháskóli Íslands stofnaður árið 1998, m.a. á grunni Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Auk þess hafa menntastofnanir á háskólastigi, sem heyra undir landbúnaðarráðherra, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli, eflt sína starfsemi á undanförnum árum.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi rammalög um háskóla, nr. 136/1997. Helsta markmið þeirra var að festa í sessi skipan háskólastigsins og draga saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þyrfti að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Gert var ráð fyrir að nánar yrði kveðið á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla. Við setningu laganna var á því byggt að þau geymdu einungis einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla.

Óhætt er að segja að gildandi rammalög um háskóla hafi skapað góðan jarðveg fyrir aukna fjölbreytni og samkeppni á háskólastiginu sem hefur m.a. falist í því að veita einkaskólum starfsleyfi til háskólakennslu. Að sama skapi hefur námsframboð á háskólastiginu aukist verulega á þessum árum. Frá 1999 fjölgaði prófgráðum í háskólum um 112, eða um 55%, og er fjölgunin mest áberandi í framhaldsnámi. Fjöldi nemenda við hérlenda háskóla hefur tvöfaldast, farið úr 8.100 í rúmlega 16.000 á sama tímabili.

Einnig hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á fjárhagslegum samskiptum menntamálaráðuneytis og háskólanna. Þær felast annars vegar í því að taka upp hlutlæga aðferð við skiptingu kennslufjárveitinga milli háskóla og hins vegar að gera við þá samninga um starfsemi, þjónustu og rekstrarlega ábyrgð.

Allir íslensku háskólarnir hafa styrkt stöðu sína í samfélaginu á undanförnum árum. Þeir hafa aukið námsframboð, eflt rannsóknastarfsemi og tekið æ ríkari þátt í alþjóðlegri samvinnu. Í ályktunum Vísinda- og tækniráðs hefur verið lögð áhersla á hlutverk háskóla í rannsóknum og menntun og fram hefur komið í stefnuyfirlýsingum ráðsins að háskólar séu leiðandi í öflun og miðlun þekkingar og gegni vaxandi hlutverki í hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna og nýsköpun. Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 19. desember 2005 er áhersla á að efla doktorsnám á Íslandi og er menntamálaráðherra hvattur til að vinna að stefnumótun doktorsnáms og háskólar til að móta sér skýra stefnu um rannsóknir og framhaldsnám.

Hin síðari ár hefur mikilvægi háskóla aukist í hvívetna. Þeir eru miðstöðvar þekkingar og nýsköpunar á helstu sviðum þjóðlífsins og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi þjóðanna. Í nýlegu áliti Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) um mat á samkeppnisstöðu þjóða er lögð megináhersla á mikilvægi menntunar og árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar. Undirstrikað er að menntun, rannsóknir og nýsköpun séu drifafl hagvaxtar í þjóðfélagi sem byggir tilvist sína á því að afla nýrrar þekkingar og hagnýta hana.

Menntamálaráðuneyti tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um háskólamál á ýmsum sviðum fyrir Íslands hönd. Slíkt samstarf getur af sér ýmis tækifæri sem nauðsynlegt er að nýta ef Ísland á að halda sterkri stöðu sinni í harðnandi samkeppni á sviði háskólamenntunar, rannsókna og nýsköpunar.

Norræna ráðherranefndin hefur gefið út fjölmargar yfirlýsingar um samstarf á sviði háskóla og rannsókna. Frá 2002 hefur það verið forgangsverkefni að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum hindrunum milli ríkja Norðurlanda, m.a. á starfssviði háskóla. Árið 2003 undirrituðu menntamálaráðherrar Norðurlanda yfirlýsingu um viðurkenningu á vitnisburði um æðri menntun, svokallaða Reykjavíkuryfirlýsingu. Í henni felst að Norðurlöndin skuldbinda sig til að jafngilda sambærilegt nám á Norðurlöndum. Samstarf stjórnvalda og háskóla á Norðurlöndum á sér langa sögu og hafa löndin m.a. unnið að verkefnum um sameiginlegar prófgráður og viðurkenningu á námi milli landanna. Þannig hafa nemendur og kennarar landanna fengið tækifæri til að taka hluta af námi sínu í einhverju norrænu ríki í NORDPLUS-menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samstarf Norðurlanda á sviði rannsókna og nýsköpunar hefur nýlega verið endurskipulagt með aukið samstarf og breyttar áherslur á þessum sviðum að leiðarljósi. Tilgangur þessarar miklu endurskipulagningar er að fá fram samlegðaráhrif með því að nýta betur sameiginlegt fjármagn á norrænum markaði, stuðla að samkeppnishæfara atvinnulífi og koma Norðurlöndum í fremstu röð meðal þekkingarsamfélaga.

Árið 1999 undirrituðu fulltrúar 29 Evrópulanda svokallaða Bologna-yfirlýsingu um aukið samstarf háskóla í Evrópu. Síðan hafa fleiri lönd bæst í hópinn og eru þau nú 45 talsins. Samstarf á grundvelli þessarar yfirlýsingar hefur verið kallað Bologna-ferlið. Markmið samstarfsins er að gera nemendum, kennurum og fræðimönnum auðveldara að nema og starfa utan heimalands síns. Mikil áhersla er lögð á að gæði háskólamenntunar séu tryggð þannig að nemendur geti treyst því að prófgráður, sem þeir afla sér, standist alþjóðlegar gæðakröfur, bæði til frekara náms og á vinnumarkaði.

Bologna-yfirlýsingin gerir ráð fyrir að skapað verði sameiginlegt evrópskt menntasvæði (e. European Higher Education Area) sem hafi náin tengsl við sameiginlegt rannsóknasvæði Evrópu (e. European Research Area) sem Evrópusambandið stefnir á að innleiða árið 2010 en það er sama árið og markmið Bologna-yfirlýsingarinnar eiga að hafa náðst. Rétt er að taka fram að Bologna-ferlið byggist á viljayfirlýsingu en ekki þjóðréttarlegum skuldbindingum og er þátttaka í framkvæmd þess valkvæð. Allir háskólar hér á landi hafa tekið Bologna-ferlinu vel og hafa sýnt metnað til að fylgja því og styrkja þannig stöðu sína á evrópska menntasvæðinu og á alþjóðavettvangi.

Þar sem stefnan er að gera Evrópu að einu menntasvæði fyrir 2010 er mjög mikilvægt að gera samanburð á æðri menntun milli landa auðveldari en hreyfanleiki nemenda og kennara er forsenda þess að menntasvæðið verði að veruleika. Þess vegna er gert ráð fyrir að hindrunum, sem enn hamla hreyfanleika, sé rutt úr vegi.

Til þess að unnt verði að ná þessum markmiðum leggja stjórnvöld og háskólar í Evrópu áherslu á að auðvelt sé að bera saman nám þannig að það veiti nemendum gagnkvæm réttindi milli háskóla og milli landa. Í samræmi við Bologna-ferlið er stefnt að því að háskólanám miðist við þriggja þrepa kerfi sem byggist á BA/BS-gráðu, MA/MS-gráðu og doktorsnámi. Miðað er við að allir, sem útskrifast úr háskólum aðildarlanda Bologna-ferlisins, fái við námslok viðauka með prófskírteini (e. Diploma Supplement) þar sem fram kemur lýsing á innihaldi námsins. Námsvinna nemenda er skilgreind á grundvelli svokallaðra ECTS-eininga (e. European Credit Transfer System) sem hafa verið notaðar sem viðmið hér á landi um árabil eins og víða í Evrópu. Ein námseining hér á landi er sambærileg við tvær ECTS-einingar. Hvert námsár hér telst 30 einingar sem samsvara því 60 ECTS-einingum.

Auk samanburðarhæfs náms er mikil áhersla lögð á eflingu gæðaeftirlits. Menntamálaráðherrar aðildarlanda Bologna-yfirlýsingarinnar samþykktu á fundi sínum í Bergen í Noregi í maí 2005 að hvetja háskóla til að halda áfram að styrkja gæðakerfi sín og tengja þau ytri

gæðatryggingum. Ráðherrarnir samþykktu viðmið og leiðbeiningar um gæðatryggingu á evrópska menntasvæðinu sem fram koma í riti gefnu út af Evrópusamtökunum um gæðatryggingu á háskólastigi (e. European Association for Quality Assurance in Higher Education, ENQA). Ráðherrarnir samþykktu einnig evrópsk viðmið um æðri menntun og prófgráður á háskólastigi sem samin voru af nefnd innan Bologna-ferlisins og ákváðu að útfæra þau viðmið nánar hver í sínu landi.

Við samningu þessa frumvarps hefur verið tekið tillit til ýmissa ákvæða og viðmiða sem notuð eru á alþjóðavettvangi og þau löguð að íslenskum veruleika. Lögð er áhersla á að samhljómur sé milli efnis og inntaks frumvarpsins og þess sem er að gerast í öðrum Evrópulöndum og var sérstaklega litið til Norðurlandanna. Rétt er þó að nefna að markmið Bologna-ferlisins um námsfyrirkomulag í háskólum miðar að verulegu leyti að því að laga evrópska háskólasvæðið að því fyrirkomulagi sem tíðkast í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar.

Í flestum nágrannaríkjum okkar hefur löggjöf um háskólastarfsemi verið endurskoðuð nýlega eða er í endurskoðun, m.a. í því skyni að laga háskólastarfsemina að alþjóðlegum straumum og stefnum og auka áherslu á gæðaeftirlit. Í Danmörku voru sett ný lög um háskóla árið 2003. Með þeim lögum er háskólum breytt í sjálfseignarstofnanir, stjórnun skóla ítarlega útfærð og prófgráður skilgreindar samkvæmt Bologna-viðmiðum. Rétt er þó að nefna að þessar sjálfseignarstofnanir eru seldar undir ýmis lög og reglur sem gilda um ríkisstofnanir. Þær búa við annað lagaumhverfi en hefðbundnar sjálfseignarstofnanir hér á landi. Í Noregi voru sett ný lög um æðri menntun árið 2005. Markmið með breytingunni var að auka gæði menntunar og gera breytingar í anda Bologna-viðmiðanna. Finnar hafa ákveðið breytingar á sínum háskólalögum þar sem stefnt er að því að breyta gráðukerfinu til samræmis við Bologna-viðmiðin. Stjórnvöld í Svíþjóð hafa einnig kynnt opinberlega tillögur um breytingar á háskólalögunum þar sem áherslan verður á alþjóðavæðingu háskóla og opið háskólakerfi. Flestar þjóðir í Evrópu hafa að undanförnu gert sambærilegar breytingar á lögum um háskóla.

III. Meginefni frumvarpsins og helstu nýmæli.

Eins og áður segir felur frumvarp þetta í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um háskóla, nr. 136/1997. Meginefni frumvarpsins og helstu nýmæli þess eru eftirfarandi:

1. Háskólar án tillits til rekstrarforms.

Frumvarpið byggist á því að rammalög um háskóla taki jafnt til allra háskóla sem öðlast viðurkenningu á grundvelli þess, óháð rekstrarformi. Því hefur frumvarpið ekki að geyma sérákvæði um ríkisskóla eins og er í gildandi lögum, umfram það að tekið er fram að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun sem heyri undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra að lögum. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að önnur ákvæði um ríkisháskóla í gildandi lögum verði færð í sérlög um ríkisháskóla eftir því sem þörf er á. Eftir sem áður eru og verða áfram í gildi sérlög um ríkisháskóla, þar með talið háskóla sem heyra undir aðra en menntamálaráðherra. Dæmi um slíkt er að finna í lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli heyra undir landbúnaðarráðherra.

2. Viðurkenning háskóla í stað starfsleyfis.

Samkvæmt gildandi lögum er menntamálaráðherra heimilað að veita háskólum, sem kostaðir eru af einkaaðilum, starfsleyfi en starfsemi ríkisháskóla byggist á sérlögum um þá. Frumvarpið gerir ráð fyrir að rammalög um háskóla taki jafnt til allra háskóla sem starfa á grundvelli þeirra, óháð rekstrarformi, og er lagt til að menntamálaráðherra veiti þeim háskól-

um viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum sem talin eru í 3. gr. frumvarpsins. Viðurkenning hvers háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið og hafa háskólar sjálfdæmi um námsframboð innan þeirra fræðasviða sem viðurkenning þeirra nær til. Hyggist háskóli bjóða nám á nýju fræðasviði eða taka upp doktorsnám þarf hann að sækja um það sérstaklega.

3. Viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið gefi út viðmið um æðri menntun og prófgráður sem felur í sér kerfisbundna lýsingu á uppbyggingu náms og prófgráðum þar sem lögð er áhersla á að lýsa þekkingu og hæfni nemenda við námslok. Í þessum viðmiðum felast skýrari formskilyrði varðandi skipulag náms og uppbyggingu þeirra prófgráðna sem háskólar veita. Er þetta liður í því að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á námi en um leið skapast betri forsendur fyrir hreyfanleika nemenda og auknir möguleikar til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis. Um leið og skotið er frekari stoðum undir gagnkvæma viðurkenningu náms er þess gætt að tryggja sveigjanleika hvers skóla um námsframboð.

4. Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

Eitt af helstu nýmælum í frumvarpinu frá gildandi lögum er lögfesting ákvæða um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna. Markmiðið er að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt, að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt, að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt, að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi og að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

5. Nemendur.

Með frumvarpinu er réttarstaða nemenda styrkt frá gildandi lögum á þann veg að háskólaráð, að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla, setur reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskóla. Jafnframt er lagt til að hlutverk áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema verði lögfest en nefndin úrskurðar í tilteknum málum þar sem námsmenn telja brotið á rétti sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

I. kafli frumvarpsins nær til gildissviðs laganna, sbr. 1. gr., en þar er einnig í 2. gr. kveðið á um hlutverk háskóla.

Um 1. gr.

Í greininni er við það miðað að lögin taki til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Með hugtakinu æðri menntun er átt við alla menntun á háskólastigi hvort sem háskólarnir, sem hana veita, teljast vera hefðbundnir háskólar þar sem lögð er stund á kennslu og rannsóknir og skyld verkefni á breiðum grundvelli, háskólar með afmarkaðra starfssvið eða önnur skilgreind verkefni háskóla, fagháskólar eða kennslustofnanir án rannsóknarskyldu. Háskólastig er það námsstig sem tekur við af framhaldsskólastigi. Almennt er gerð sú krafa að nemendur, sem innritast í nám á háskólastigi, hafi lokið námi á framhaldsskólastigi, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Skýrt skal tekið fram að menntun á háskólastigi getur verið mismunandi. Hún getur verið starfsmiðuð, rannsóknatengd eða falist í listsköpun eða öðru sem metið er til staðlaðra námseininga sem lagðar eru til grundvallar námslokum og veitingu prófgráðu. Einungis þeir háskólar, sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, heyra undir þessi lög, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Því er hugsanlegt að hér á

landi starfi háskólar án þess að þeir njóti viðurkenningar menntamálaráðuneytis og taka lögin þá ekki til þeirra.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk háskóla skilgreint. Skv. 1. mgr. er háskóli sjálfstæð menntastofnun er sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Lagt er til að kveðið verði á um að háskólar stuðli að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miði að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Þá segir jafnframt að háskóli sé miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Þá segir í 2. mgr. að með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum mennti háskólar nemendur og undirbúi þá til að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Jafnframt er kveðið á um að menntun, sem háskólar veiti, taki mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og geti verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Samkvæmt framangreindu getur háskóli sinnt ólíkum hlutverkum samhliða kennsluhlutverki sínu, svo sem vísinda- og rannsóknastarfsemi, almennri þekkingarleit, listsköpun, miðlun þekkingar og færni, eða þátttöku í tækniþróunar- og nýsköpunarstarfi. Miðað er við að hlutverk háskóla sé frekar skilgreint í sérlögum, skipulagsskrám eða samþykktum skólanna sjálfra. Litið er svo á að háskólar séu miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindastarfi og að mikilvægt sé að þeir komi niðurstöðum rannsókna sinna og almennri þekkingu til samfélagsins alls.

Í 3. mgr. segir að háskólar hafi sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að stjórnvöld eða aðrir hlutist ekki til um fræðilegt starf innan háskóla heldur virði rannsóknafrelsi og sjálfstæði þeirra í fræðilegu tilliti. Þeim verða ekki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistök við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun. Það er á hinn bóginn skylda háskólanna sjálfra að móta þau skilyrði sem þeir búa starfsfólki sínu og því er kveðið á um það í sömu málsgrein að háskólarnir setji sér siðareglur og að þær skuli m.a. kveða á um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna. Í slíkum siðareglum mætti m.a. kveða á um störf og hlutverk siðanefnda líkt og þeirra sem starfað hafa við Háskóla Íslands.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins, 3.–5. gr., er fjallað um viðurkenningu háskóla.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að háskóla megi reka sem ríkisstofnun, sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Tekið er mið af þeim rekstrarformum sem tíðkast í háskólum í dag en ekki er um tæmandi talningu rekstrarforma að ræða og því ekki útilokað að önnur viðurkennd rekstrarform háskóla geti orðið til. Þá er tekið fram í ákvæðinu að ríkisrekinn háskóli sé sjálfstæð ríkisstofnun. Í 3. gr. gildandi laga um háskóla er tekið fram að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnanir og í athugasemdum við það ákvæði, í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 136/1997, um háskóla, kemur fram að með því að lögfesta að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnarnir sé verið að taka af allan vafa um sjálfstæði skólanna. Kemur fram að í samræmi við það verði ákvörðunum þeirra því almennt ekki skotið með stjórnsýslukæru til ráðherra. Bent er á að oft komi upp deilur um eðli ríkisstofnana og þá hvort sjálfstæði þeirra sé slíkt að ekki sé hægt að skjóta ákvörðunum þeirra til ráðherra. Hér sé tekinn af allur vafi um þetta atriði. Þessar skýringar við 3. gr. gild-

andi laga um háskóla eiga við með sama hætti um framangreint ákvæði 3. gr. þessa frumvarps um sjálfstæði ríkisháskóla sem ríkisstofnunar. Þá er í ákvæðinu miðað við að ríkisreknir háskólar heyri undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn þeirra sé falin öðrum ráðherra að lögum. Dæmi um slíkt er að finna í lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli heyra undir landbúnaðarráðherra.

Að öðru leyti fjallar 2.–9. mgr. 3. gr. um viðurkenningu háskóla. Þannig segir í 2. mgr. að menntamálaráðherra veiti háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laga þessara. Hér er um nýmæli að ræða en í gildandi lögum um háskóla veitir ráðherra einungis einkareknum háskólum sérstakt starfsleyfi. Um ríkisháskóla gilda sérlög og í þeim er ekki gert ráð fyrir því að þeir þurfi sérstakt starfsleyfi. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er það í samræmi við þá megináherslu frumvarps þessa, að rammalög um háskóla taki jafnt til allra háskóla í landinu, óháð rekstrarformi, að menntamálaráðherra veiti öllum háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

Í 3. mgr. segir að menntamálaráðherra gefi út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggist á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skuli talin eftirgreind skilyrði sem háskólar skuli fullnægja til að öðlast viðurkenningu og lúta að eftirtöldum þáttum, í stafliðum a–i í greininni:

a. hlutverk og markmið háskóla: þetta skilyrði felur í sér að hlutverk háskóla og þau markmið, sem honum eru sett, skuli vera skýr og í samræmi við hlutverk háskóla sbr. 2. gr. frumvarpsins;
b. stjórnskipan og skipulag: þetta skilyrði felur í sér að stjórnskipan og skipulag verður að taka mið af V. kafla frumvarpsins;
c. fyrirkomulag kennslu og rannsókna: þessi liður felur í sér að háskóli skuli standa svo að kennslu og rannsóknum að það sé í samræmi við þau meginsjónarmið sem frumvarpið byggist á, m.a. með tilliti til ákvæða III. kafla;
d. hæfisskilyrði starfsmanna: hér er átt við það að háskólar skuli uppfylla ákvæði VI. kafla frumvarpsins og þær kröfur sem leiðir af þeim;
e. inntökuskilyrði og réttindi og skyldur nemenda: kveðið er á um inntökuskilyrði í VII. kafla og í þeim kafla er enn fremur kveðið á um að háskólar skuli setja reglur um réttindi og skyldur nemenda;
f. aðstaða kennara og nemenda og þjónusta við þá: aðstaða nemenda og kennara skal vera með þeim hætti að háskóla sé kleift að uppfylla hlutverk sitt og markmið; þjónusta við kennara og nemendur er háð sama skilyrði;
g. innra gæðakerfi: lýsing á innra gæðakerfi háskóla skal vera í samræmi við ákvæði IV. kafla frumvarpsins;
h. lýsing á inntaki náms: háskóla ber að birta lýsingu á þekkingu og hæfni við námslok fyrir hverja námsleið sem í boði er skv. II kafla;
i. fjárhagur: háskóli skal uppfylla ákvæði VIII. kafla en jafnframt er gerð sú krafa til háskóla að fjárhagsstaða þeirra sé á hverjum tíma slík að þeir fái mætt þeim skuldbindingum sem þeir undirgangast gagnvart nemendum, starfsliði og viðskiptaaðilum háskólans, þ.m.t. ríkissjóði.

Þá segir í 4. mgr. að viðurkenning háskóla sé bundin við fræðasvið. Þegar háskóli leitar eftir viðurkenningu menntamálaráðuneytis óskar hann eftir því að sú viðurkenning taki til tiltekinna fræðasviða. Þegar háskóli öðlast viðurkenningu á tilteknum fræðasviðum felur það í sér að hann getur starfað innan þeirra og að honum beri að einskorða kennslu og rannsóknir við þau, sbr. nánar athugasemdir við 5. mgr. 3. gr. Í greininni er jafnframt kveðið á um þau atriði sem litið er til við afgreiðslu beiðna um viðurkenningu á tilteknum fræðasviðum. Þar

skiptir meginmáli að sýnt sé fram á bæði almenna og fræðilega getu og burði til að veita haldgóða menntun. Í viðurkenningu felst að menntamálaráðuneyti vottar að viðkomandi háskóli uppfylli þær kröfur sem ráðuneytið gerir til hans á grundvelli laga um háskóla. Mikilvægt er að viðurkenning á einstökum fræðasviðum byggist á traustum og skýrum skilgreiningum á fræðasviðunum sjálfum; hvað fellur innan þeirra og hvað utan. Hér er nauðsynlegt að byggja á alþjóðlegum skilgreiningum enda þurfa gildismörk viðurkenningar að vera öllum ljós og æskilegt er að þessar skilgreiningar haldi merkingu sinni og þýðingu til lengri tíma litið. OECD hefur í starfi sínu lagt til grundvallar ákveðna aðgreiningu milli fræðasviða, sbr. svokallaða Frascati-handbók í viðauka I, og er miðað við að sú greining verði notuð hér á landi. Samkvæmt þeirri handbók skiptist starfsemi háskóla í eftirtalin fræðasvið: Náttúruvísindi (Natural Sciences), verkfræði og tækni (Engineering and Technology), heilbrigðisvísindi (Medical Sciences), auðlinda- og búvísindi (Agricultural Sciences), félagsvísindi (Social Sciences) og hugvísindi (Humanities). Samkvæmt tilvitnaðri Frascati-handbók eru skilgreindir sérstakir undirflokkar fyrir framangreind fræðasvið og er við það miðað að viðurkenning á fræðasviðum geti, ef ástæða þykir til, verið einskorðuð við tiltekna undirflokka. Undirflokkar þessir eru mismargir eftir fræðasviðum, frá fjórum til níu, en misjafnt er eftir fræðasviðum hversu eðlisskyldir undirflokkarnir eru innbyrðis.

Í 5. mgr. segir að háskóli skuli sækja um heimild til menntamálaráðherra óski hann eftir viðurkenningu til að stunda kennslu eða rannsóknir á öðru fræðasviði en viðurkenning hans nær þegar til. Er eðlilegt að hafa slíka skipan mála þar sem viðurkenning háskóla er bundin við fræðasvið. Þá er tekið fram í ákvæðinu að háskólar geti eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning þeirra nær til. Felur ákvæði þetta í sér að háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 3. gr., er óheimilt að starfa á fræðasviðum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu.

Samkvæmt 6. mgr. skipar menntamálaráðherra þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um umsóknir um viðurkenningu er taki til einstakra fræðasviða. Verða slíkar nefndir settar á stofn þegar óskað er eftir viðurkenningu háskóla á fræðasviði og einnig þegar starfandi háskóli óskar eftir að hefja kennslu og rannsóknir á fræðasviði sem viðurkenning hans nær ekki til. Markmið þessara ákvæða er að tryggja að háskóli uppfylli á hverjum tíma þau skilyrði sem liggja til grundvallar viðurkenningu hans. Þá er tekið fram í 7. mgr. að hyggist háskóli láta af kennslu eða rannsóknum á tilteknu fræðasviði skuli menntamálaráðuneyti tilkynnt um það. Segir þar einnig að hafi ekki verið stunduð kennsla eða rannsóknir í tvö ár samfleytt á fræðasviði, sem viðurkenning háskóla nær til, falli viðurkenning háskólans á því fræðasviði úr gildi.

Í 8. mgr. er tekið fram að í viðurkenningu háskóla felist staðfesting á því að starfsemi viðkomandi háskóla sé í samræmi við lög þessi. Jafnframt er tekið fram í ákvæðinu að viðurkenning feli ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla. Er með því átt við að háskólar geta starfað og fengið viðurkenningu en ekki átt rétt til fjárframlaga úr ríkissjóði. Í VIII. kafla frumvarpsins er hins vegar sérstaklega fjallað um fjárhagsmálefni háskóla.

Að lokum kveður 9. mgr. á um að menntamálaráðherra skuli setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu. Þetta þykir nauðsynlegt af þeirri ástæðu að á öðrum tungumálum en íslensku eru notuð mismunandi heiti fyrir háskóla eftir því hvaða starfsemi og hlutverk þeir hafa með höndum. Sem dæmi um þetta má nefna að á Norðurlöndum eru gerðar aðrar kröfur um námsframboð, rannsóknir og fræðilega uppbyggingu þeirra stofnana sem kallast *universitet* heldur en annarra sem t.a.m. nefnast *yrkeshögskolar, högskolar* eða *distrikthögskolar*. Sama á við um enska tungu. Nafngiftin *university* svarar að öllu jöfnu til annarra væntinga en t.a.m. *university college, community college,*

regional college eða *institute of higher education*. Nafngiftir háskóla, sem viðurkenndir eru af menntamálaráðuneyti, geta því gefið misvísandi hugmyndir um eðli stofnana og þannig dregið úr trúverðugleika hins íslenska háskólakerfis og gildi viðurkenningar menntamálaráðuneytis. Eðlilegt má telja að reglur þær sem settar verða byggist m.a. á því hversu fjölþætt nám er í boði við viðkomandi stofnun, umfangi rannsókna, á hvaða námsstigum veittar eru prófgráður, fjölda kennara og menntun þeirra og fjölda nemenda.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni getur menntamálaráðherra afturkallað viðurkenningu skv. 3. gr. á einstökum fræðasviðum eða að fullu uppfylli háskóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki ákvæði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra, eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna. Samkvæmt gildandi lögum um háskóla getur ráðherra svipt skóla starfsleyfi eða afturkallað það uppfylli viðkomandi skóli ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til hans. Er hér því um sambærilegt heimildarákvæði að ræða sem nær nú til allra háskóla samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni er lagt til að menntamálaráðherra gefi út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður. Viðmið um æðri menntun og prófgráður eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Í þeim skulu koma fram þau skilyrði sem háskólum ber að uppfylla á hverju námsstigi. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Birta skal viðmiðin á íslensku og ensku.

Viðmið um æðri menntun og prófgráður eru nýmæli og tengjast þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu og víðar. Mörg lönd eru um þessar mundir að skipuleggja og skýra sín háskólakerfi með svipuðum hætti. Hér er um almenna lýsingu að ræða sem á við um öll fræðasvið en er ekki bundin við ákveðnar námsgreinar. Samkvæmt greininni eiga háskólar að skilgreina með sambærilegum hætti þá þekkingu, hæfni og getu sem nemendur á hverri námsleið fyrir sig eiga að ráða yfir í námslok. Skilgreining háskólanna á að vera sérhæfð lýsing sem á við um þau fræðasvið og þær námsgreinar sem þeir kenna. Gert er ráð fyrir að viðmiðin verði hluti af gæðakerfi háskóla en eitt af markmiðum eftirlits með gæðum kennslu er m.a. að ganga úr skugga um að viðmiðum sé fylgt. Þá er gert ráð fyrir að viðmiðin verði jafnframt birt á ensku til þess að auðvelda þátttöku íslenskra háskóla í samstarfi um háskólamenntun á alþjóðlegum vettvangi. Þessi viðmið hafa verið skilgreind með hliðsjón af evrópskum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (e. European Qualification Framework) sem samþykkt voru á ráðherrafundi Bologna-ferlisins í Bergen 2005. Jafnframt hefur verið stuðst við starf sem önnur lönd í Evrópu hafa tekið upp, t.d. Danmörk, Írland og Skotland, og einnig lönd utan Evrópu, t.d. Ástralía.

Um III. kafla.

III. kafli frumvarpsins, 6.–10. gr. fjallar um námsframboð og prófgráður í háskólum.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er skilgreint hvað sé að jafnaði fullt nám á ári. Við einingamat er miðað við fasta grunntölu um fullt nám, 60 staðlaðar námseiningar ár hvert. Einingin á að endurspegla alla námsvinnu nemandans og þátttöku í hvers kyns kennslustundum, svo sem

viðveru í fyrirlestrum, umræðutímum, æfingum, verklegum tímum og prófum, fjölda og umfang verkefna og lesefni. Nám getur verið skipulagt með ýmsum hætti en hvert svo sem fyrirkomulag kennslunnar og námsins er skal samanlagður einingafjöldi allra námskeiða og verkefna eins árs vera að jafnaði 60 einingar og námskeiðum og verkefnum hvers árs gefnar einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra. Ekki skiptir máli í því sambandi hversu margar kennsluvikur eru á ári.

Í greininni er sérstaklega tekið fram að námi á háskólastigi skuli ljúka með prófgráðu eða öðru lokaprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem áskilin eru. Hér er átt við prófgráður (bakkalár-, meistara-, kandídats- og doktorspróf) en einnig önnur lokapróf eftir stutt fyrrihlutanám á háskólastigi og viðbótarnám að lokinni fyrstu prófgráðu. Um er að ræða breytingu frá gildandi lögum en þá var fullt nám á ári miðað við 30 einingar. Hins vegar eru mælistikurnar samþýðanlegar og auðvelt fyrir háskólana að breyta einingakerfum sínum til samræmis enda hafa þeir um nokkurn tíma notað bæði kerfin. Með nýja einingakerfinu er íslenska einingakerfið fært til samræmis við ECTS-einingakerfið (e. European Credit Transfer System) sem notað hefur verið við mat á námi milli Evrópulanda.

Í greininni er gert ráð fyrir að allir nemendur í íslenskum háskólum fái viðauka með prófskírteini. Viðauka með prófskírteini (e. Diploma Supplement) er ætlað að veita hlutlægar upplýsingar um innhald þess náms sem lokið er og stöðu þess innan íslenska menntakerfisins. Með viðaukanum og breytingunni á einingakerfinu er stefnt að því bæta alþjóðlegt „gegnsæi" og sanngjarna viðurkenningu náms hjá menntastofnunum og á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að nemendur fái viðauka með prófskírteinum endurgjaldslaust.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að háskólar ákveði fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats. Það felur í sér að háskólar ákveða sjálfir hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs.

Í 2. mgr. er íslenska gráðukerfið skilgreint. Fjallað er um uppbyggingu og skipulag háskólanáms sem þriggja þrepa kerfi. Íslenskir háskólar hafa á undanförnum árum verið að laga námsframboð sitt að þessu kerfi og hafa að mestu leyti náð því markmiði. Þrátt fyrir það er talið mikilvægt að tryggja lagagrundvöll fyrir þessu fyrirkomulagi á háskólamenntun. Samkvæmt ákvæðinu er vinnuframlag hverrar prófgráðu og lokaprófs skilgreint út frá stöðluðum námseiningum (ECTS-einingum). Viðurkenndar prófgráður, sem háskólar veita samkvæmt þessu, eru bakkalárpróf, oft nefnt fyrsta háskólagráða, meistara- eða kandídatspróf og doktorspróf. Jafnframt geta háskólar veitt sérstakt prófskírteini eða diplóma til lokaprófs sem fyrrihlutanám á háskólastigi og viðbótarnám eftir bakkalár til diplómaprófs.

Samkvæmt 3. mgr. getur ráðherra heimilað háskólum, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá námseiningafjölda skv. 2. mgr. Þá geta háskólar samkvæmt ákvæðinu skilgreint nám sem felur í sér starfsþjálfun til námseininga á ofangreindum námsstigum. Er talið mikilvægt að ráðherra sé veitt slík heimild til að tryggja ákveðinn sveigjanleika vegna náms sem ekki fellur að því námseiningakerfi sem ætlunin er að lögfesta í 2. mgr. Í þessu sambandi er einnig rétt að vísa til þess að mikilvæg þróun hefur átt sér stað varðandi mat á svokallaðri raunfærni, þ.e. mati á þekkingu, færni eða getu sem einstaklingar búa yfir án þess að hafa lokið formlegu námi. Á Íslandi hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verið falið að þróa aðferðir við svokallað raunfærnismat samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Lögð er áhersla á að þetta starf verði nýtt þegar kemur að því að meta stöðu einstaklinga sem ekki

hafa lokið formlegu námi en æskja innritunar í háskólastofnanir og viðurkenningar á þeirri raunfærni sem þeir búa yfir.

Samkvæmt 4. mgr. skulu háskólar leita heimildar menntamálaráðherra til að bjóða nám til doktorsprófs. Skal sýnt fram á að viðkomandi háskóli uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði sem tilgreind eru í reglum um doktorsnám í háskólum. Samkvæmt ákvæðinu skipar menntamálaráðherra þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður. Talið er nauðsynlegt að háskólar leiti slíkrar staðfestingar hjá ráðherra þar sem um er að ræða æðstu prófgráðu í háskólum og mikilvægt að sérstakt mat sé lagt á hæfi háskóla til að veita slíkar háskólagráður. Þá er tekið fram í 5. mgr. að ráðherra geti heimilað háskólum að veita doktorsgráðu án þess að byggt sé á stöðluðum einingum. Er talið rétt að ráðherra hafi slíka heimild eins og í 3. mgr. vegna náms sem ekki fellur að því námseiningakerfi sem ætlunin er að lögfesta í 2. mgr.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert er ráð fyrir því að háskólar geri grein fyrir því með reglubundnum hætti hvernig tryggt sé að nám, sem í boði er, uppfylli viðmið um æðri menntun, sbr. 5. gr. Með reglubundnum hætti er átt við að endurskoðunin fari fram á t.a.m. 2–4 ára fresti eða þegar háskólar endurskoða kennsluskrá sína. Námið er í stöðugri þróun og því er mikilvægt að inntak námsins sé ljóst og viðmið um þekkingu og hæfni í samræmi við það sem fram fer í háskólunum.

Í 2. mgr. segir að við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skuli háskóli birta upplýsingar um hvernig námið uppfylli þau skilyrði og kröfur sem fram koma í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Ekki er talin þörf á að lögfesta nákvæmlega með hvaða hætti það sé gert heldur við það miðað að slíkar upplýsingar séu jafnan aðgengilegar öllum þeim sem eftir þeim leita.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni skulu háskólar, sem starfa á grundvelli laganna, gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Þeir skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Þá er háskólum heimilt að veita prófgráður skv. 7. gr. í samstarfi við aðra háskóla, innlenda sem erlenda.

Með þessari grein er lögð áhersla á samstarf íslenskra háskóla um viðurkenningu námsþátta milli skóla. Markmiðið er að auðvelda nemendum að færa sig milli háskóla eða taka hluta af námi í einum íslenskum háskóla og fá það viðurkennt að fullu í öðrum. Markmiðið er að auka möguleika nemenda á fjölbreyttu háskólanámi hér á landi. Samkvæmt greininni er jafnframt lagt til að skotið verði lagastoð undir heimild háskóla til að bjóða fram sameiginlegar prófgráður (e. joint programme, double degree eða joint degree). Heimildin nær til grunnnáms, meistaranáms og doktorsnáms. Það færist æ meira í vöxt að háskólar í Evrópu og víðar geri með sér samkomulag um að útskrifa nemendur með sameiginlega prófgráðu tveggja eða fleiri háskóla. Í greininni er verið að tryggja að íslenskir háskólar geti að fullu tekið þátt í þessari þróun. Um skilgreiningu á sameiginlegri prófgráðu skal taka mið af viðauka við Lissabon-samninginn um viðurkenningu prófgráðna frá 9. júní 2004 sem Ísland er aðili að.

Um 10. gr.

Samkvæmt greininni er háskólum heimilt að meta til eininga nám sem fram fer í öðrum háskólum. Jafnframt er háskólum heimilt að meta til eininga nám sem fram fer við aðra skóla og rannsóknastofnanir enda ábyrgist þeir að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara. Við þetta mat geta bæði einstaklingar og háskólar fært sér í nyt þjónustu skriftofu ENIC/NARIC sem starfrækt er hér á landi samkvæmt samningi menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands. Hlutverk skrifstofunnar er að meta með hlutlægum hætti nám frá erlendum háskólum, en slíkt mat er vandasamt þegar um ræðir nám við stofnanir þar sem kennslutilhögun, námsmat og einingakerfi eru ólík því sem almennt tíðkast hér á landi og í nágrannaríkjum.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins, 11.–15 gr., er fjallað um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir markmiðum eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum. Þau eru að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt, að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt, að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt, að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi og að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Í 2. mgr. kemur fram að eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna fari annars vegar fram með innra mati háskóla og hins vegar með reglubundnu ytra mati. Háskólar bera sjálfir ábyrgð á innra mati sem birtist í formlegu gæðakerfi skólanna á sviði kennslu og rannsókna. Menntamálaráðherra ber ábyrgð á ytra mati og að það sé framkvæmt með reglubundnum hætti og gerir áætlanir þar um, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Þá segir í 2. mgr. að menntamálaráðherra setji reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna. Skulu þær reglur hvort tveggja ná til innra og ytra mats á gæðum kennslu og rannsókna. Jafnframt er við það miðað að menntamálaráðuneyti muni vinna almennar leiðbeiningar fyrir innra og ytra mat háskóla. Framangreind tilhögun hefur verið viðhöfð í framkvæmd samkvæmt gildandi lögum um háskóla.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. sinnir háskóli kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Með kerfisbundnu eftirliti er átt við að innra mat sé hluti af daglegri starfsemi háskóla. Þá er tekið fram í ákvæðinu að innra mat háskóla og eininga innan hans skuli vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum. Með því er kveðið á um þá helstu þætti sem innra matinu er ætlað að ná til. Þá er tekið fram í ákvæðinu að tryggja skuli virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, eftir því sem við á. Með því er lögð áhersla á þátttöku allra hagsmunaaðila innan háskólans í innra gæðastarfi hans.

Þá segir í 2. mgr. að háskóli skuli birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. mgr. 8. gr. er ekki talin þörf á að lögfesta nákvæmlega með hvaða hætti það sé gert heldur við það miðað að slíkar upplýsingar séu jafnan aðgengilegar öllum þeim sem eftir þeim leita.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að menntamálaráðherra ákveði hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fari fram og geri áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Þá segir að menntamálaráðherra geti jafnframt ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til. Samkvæmt framansögðu er það menntamálaráðherra sem ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og að hverju það beinist. Gert er ráð fyrir að áætlanir séu gerðar til þriggja ára þannig að háskólum sé þá ljóst með eðlilegum fyrirvara hvenær ytra mat á starfsemi þeirra muni fara fram. Þá getur ráðherra samkvæmt ákvæðinu ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til. Slíkar úttektir eru þá utan þriggja ára áætlunar ráðherra og koma til af sérstöku tilefni.

Samkvæmt 2. mgr. getur ytra mat náð til háskóla í heild, einstakra vísinda- og fræðasviða, deilda, námsbrauta eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi háskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn.

Þá er tekið fram í 3. mgr. að samráð skuli haft við viðkomandi háskóla um ytra mat og skulu háskólar leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir. Með því er lögð rík áhersla á að úttektir fari fram í samráði við þá háskóla sem matið beinist að enda er þeim ætlað að færa sér matið í nyt. Jafnframt segir í ákvæðinu að matsskýrslur, sem unnar eru samkvæmt lögum þessum, skuli birtar auk greinargerðar um hvernig viðkomandi háskóli hyggist bregðast við niðurstöðum matsins.

Um 14. gr.

Í greininni er menntamálaráðherra gefin heimild til að fela stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati háskóla. Með almennri umsýslu er átt við almennt skipulag og yfirstjórn ytra mats, án þess að viðkomandi aðili hafi með höndum hina eiginlegu framkvæmd matsins, heldur geti hann falið það öðrum. Menntamálaráðherra getur falið stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, þetta umsýsluhlutverk á afmörkuðum sviðum og til lengri eða skemmri tíma. Ástæða þess að svo er mælt fyrir í lögunum er að ekki þykir sýnt að heppilegast sé að setja á fót sérstaka opinbera stofnun til að annast umsýslu með ytra mati en fjöldi óháðra stofnana víða um heim hefur sérhæft sig á þessu sviði. Þykir fýsilegt að færa sér í nyt þann sveigjanleika sem það getur haft í för með sér að nýta slíka kosti.

Í greininni er jafnframt lögð áhersla á að utanaðkomandi aðilar, óháðir bæði ráðuneyti og háskólum, fari með framkvæmd ytra mats. Er litið til þess að hægt verði að koma á samstarfi við stjórnvöld í öðrum ríkjum um ytri úttektir, t.a.m. í tilteknum greinum og fræðasviðum.

Um V. kafla.

V. kafli frumvarpsins, 15. og 16. gr., fjallar um stjórnskipan háskóla.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum um háskóla er ekki fjallað almennt um stjórnskipan háskóla heldur einungis lögfest ákvæði um stjórnskipan ríkisháskóla. Í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að rammalög um háskóla taki jafnt til allra háskóla í landinu, óháð rekstrarformi, er lagt til í 1. mgr. að þar sé kveðið á um að yfirstjórn háskóla sé falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar sé kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum háskóla. Eins og er í gildandi lögum er tekið fram að háskólaráð sé æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum, sérlögum,

skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla. Það er því í höndum hvers háskóla, eða löggjafans í tilviki sérlaga um ríkisháskólana, að útfæra nánar stjórnskipulag háskóla. Í samræmi við það segir í 2. mgr. að um stjórnskipan háskóla að öðru leyti, svo sem um deildaskiptingu og frekara skipulag, fari eftir sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

Um 16. gr.

Í þessari grein er að finna nýmæli um skyldur hvers háskóla að halda háskólafund a.m.k. einu sinni á ári. Markmiðið með þessu lagaákvæði um háskólafund er að tryggja aðkomu kennara, nemenda og annars starfsliðs að akademískri stefnumótun háskólanna og því lögð sú skylda á háskólaráð að tryggja að fulltrúar þeirra eigi rétt til setu á háskólafundi. Háskólafundi er jafnframt ætlað að vera vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og því mikilvægt að tekið sé sérstaklega fram að rektor stýri þeim fundi. Gert er ráð fyrir að háskólaráð hvers skóla ákveði nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar og hafa háskólaráðin frjálsar hendur í þeim efnum en með því að tryggja að slíkir fundir séu haldnir er skapaður vettvangur fyrir lýðræðislega umræðu og skoðanaskipti innan skólanna.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins, 17. og 18. gr., er fjallað um starfslið háskóla.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til að starfsheiti kennara við háskóla verði lögfest og við það miðað að stuðst sé við starfsheitin prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Er það í samræmi við það sem almennt tíðkast í viðurkenndum háskólum. Jafnframt er í ákvæðinu kveðið á um að háskólaráð geti sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota þannig að ekki er girt fyrir að stuðst sé við annars konar starfsheiti.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skulu háskólar setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Jafnframt er kveðið á um að þeir sem beri starfsheiti skv. 17. gr. skuli hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði. Eru þessi skilyrði sambærileg þeim sem er að finna í 1. mgr. 7. gr. gildandi laga um háskóla.

Samkvæmt 2. mgr. má skipa þá eina í dómnefndir sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi. Sérstaklega er kveðið á um að formaður dómnefndar skuli hafa sama hæfi og um er fjallað, verði því við komið. Þótt ákvæðið sé ekki fortakslaust þykir rétt að lögfesta ákvæði sem felur í sér stefnumörkun um að a.m.k. formaður dómnefndar, sem metur hæfi í starf prófessors, dósents, lektors eða aðjunkts, hafi sjálfur hlotið hæfnisdóm í sambærilega eða æðri stöðu en dómnefnd er ætlað að fjalla um. Þá kveður 2. mgr. einnig á um að í dómnefnd skuli sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla. Þykir rétt að lögfesta slíkt ákvæði þannig að tryggt sé að a.m.k. einn dómnefndarmaður sé ekki tengdur starfsemi viðkomandi háskóla. Í 3. mgr. segir síðan að nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfi þeirra og starfsskyldur séu sett í sérlög, samþykktir, skipulagsskrár eða stofnskjal háskóla.

Um VII. kafla.

VII. kafli frumvarpsins, 19. og 20. gr., fjallar um nemendur.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að nemendur, sem hefja nám í háskóla, skuli hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi en jafnframt er háskólum heimilt að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Þá er tekið fram að tryggja skuli að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Eru þessi ákvæði samhljóða 1. og 2. mgr. 6. gr. gildandi laga um háskóla.

Þá er 2. mgr. samhljóða 3. mgr. 6. gr. gildandi laga um háskóla þar sem heimilt er að ákveða sérstök inntökuskilyrði til að hefja nám í háskóla, þar á meðal að láta nemendur, sem uppfylla skilyrði 1. mgr., gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli þar sem háskólum er heimilað, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Er talið rétt að lögfesta slíka heimild þar sem nú þegar er boðið upp á aðfaranám við Háskólann í Reykjavík sem áður var starfrækt sem frumgreinadeild innan Tækniháskóla Íslands. Þá er slíkt undirbúningsnám einnig að finna við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli þar sem lagt er til að lögfest verði ótvíræð skylda háskóla til að setja reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskóla. Háskólaráð setji slíkar reglur að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði um hlutverk og störf áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema sem nú starfar samkvæmt reglum nr. 73/1999, sbr. reglur nr. 575/1999, sem menntamálaráðherra hefur sett með heimild í 5. gr. gildandi laga um háskóla. Lagt er til að ákvæði gildandi reglna um hlutverk og störf nefndarinnar verði lögfest. Auk þeirra ágreiningsefna sem fjallað er um í a–c-liðum, sem jafnframt er að finna í núgildandi reglum, er lagt til að bætt verði við ákvæði í d-lið þar sem nefndinni er ætlað að fjalla um brottrekstur nemanda úr háskóla en gildandi reglur gera ekki ráð fyrir að nefndin fjalli um slík mál. Verður að telja mikilvægt að í lögum sé að finna heimildir fyrir nemendur til að skjóta ágreiningsefnum um svo íþyngjandi ákvarðanir til áfrýjunarnefndarinnar.

Eins og er í gildandi reglum kveður 4. mgr. á um að málum verði ekki skotið til áfrýjunarnefndar nema kæruleið, skilgreind og samþykkt af háskólaráði viðkomandi háskóla, hafi verið tæmd eða þrír mánuðir liðnir frá því að kæra var fyrst lögð fram skriflega. Þá þykir rétt að lögfesta þá reglu að kæra til áfrýjunarnefndar skuli allt að einu borin fram innan þriggja mánaða frá því að endanleg ákvörðun innan háskóla var tilkynnt nemandanum.

Eins og er í gildandi reglum kveður 5. mgr. á um að úrskurðir áfrýjunarnefndar séu endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla, 21.–23. gr., er að finna ákvæði um fjárhagsmálefni háskóla. Í grundvallaratriðum er hér verið að leggja til lögfestingu þeirrar framkvæmdar sem verið hefur á fjárveitingum til háskóla samkvæmt fjárlögum og fjárhagslegum samskiptum menntamálaráðuneytis, annars vegar, og háskólanna sem undir það heyra, hins vegar, á undanförnum árum.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. segir að menntamálaráðherra sé heimilt að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögunum. Segir jafnframt að slíkir samningar séu skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla. Ljóst er að slíkir samningar eru háðir fjárframlögum á fjárlögum hvers árs.

Skýrt er tekið fram í stafliðum a–e í 2. mgr. hvað eigi að koma fram í þessum samningum. Í b-lið 2. mgr. segir að fram skuli koma skilgreining á þeirri kennslu- og rannsóknastarfsemi sem ríkissjóður greiðir fyrir. Þetta ákvæði felur m.a. í sér að háskóli getur ekki nýtt fjárveitingar til að greiða fyrir tiltekið nám, jafnvel þótt það falli innan viðurkennds fræðasviðs hans, nema um það sé sérstaklega getið í samningum. Þá skal sérstaklega bent á að í e-lið er gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra skilgreini nám sem telst til sí- og endurmenntunar. Þykir þetta nauðsynlegt af tveimur meginástæðum. Annars vegar er ekki viðurkennt að ríkissjóður eigi að bera allan kostnað af endur- og símenntunarstarfsemi sem fram fer á vegum háskólanna. Hins vegar kann þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við sí- og endurmenntun að orka tvímælis á grundvelli samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða. Almennir skólar, sem starfa án fjárhagslegs atbeina hins opinbera, hafa á boðstólum margs konar nám, svo sem í tungumálum, rekstrarfræðum og upplýsingatækni, og er óeðlilegt að háskólar, sem njóta opinberra fjárveitinga, hafi frjálsar hendur um að nýta þær til að greiða fyrir sambærilegt nám. Því er hér miðað við að fjárveitingar til háskóla renni fyrst og fremst til þess að greiða fyrir hefðbundið grunn- og framhaldsnám sem miðar að skilgreindum námslokum, sbr. ákvæði 7. gr. um prófgráður og lokapróf.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. segir að menntamálaráðherra setji reglur um fjárframlög til háskóla. Skuli þar kveðið á um nám og rannsóknir sem fjárveitingar renni til, vægi námsgreina, umfang rannsókna og aðra þætti sem fjárveitingar skuli taka mið af. Umfang þeirrar kennslu, sem liggur til grundvallar fjárframlögum hverju sinni, er ákveðið við gerð fjárlaga ár hvert.

Þá segir í 2. mgr. að kveða skuli á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum sem heyra undir menntamálaráðherra í sérlögum sem um þá gilda. Þykir rétt að taka það sérstaklega fram þar sem frumvarpið tekur til háskóla án tillits til þess hvort rekstur þeirra er á vegum ríkisins eða annarra sem ekki þurfa sérstaka lagaheimild til gjaldtöku.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að árlega skuli hver háskóli, sem nýtur fjárframlaga frá ríkissjóði, halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt. Sambærilegt ákvæði er að finna í 23. gr. gildandi laga um háskóla.

Um IX. kafla.

IX. kafli, 24.–26. gr., hefur að geyma önnur ákvæði laganna, svo sem um skrá um prófgráður, kennsluskrár, varðveislu upplýsinga um námsferil nemenda og samstarfsnefnd háskólastigsins.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að menntamálaráðuneytið haldi skrá um þær prófgráður sem í boði eru við háskóla sem ráðuneytið hefur viðurkennt og að hver háskóli skuli gefa út kennsluskrá fyrir

hvert kennsluár þar sem birt er yfirlit og upplýsingar um öll einingabær námskeið og próf-gráður sem skólinn veitir.

Um 25. gr.

Samkvæmt greininni ber háskóla að varðveita upplýsingar um námsferil þeirra sem þar stunda eða hafa stundað nám. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja hagsmuni nemenda, m.a. við samruna háskólastofnana. Síðari málsliður greinarinnar kveður á um að háskólum beri einnig að láta í té þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna opinberrar tölfræði-vinnu og hagskýrslugerðar. Þykir þetta nauðsynlegt til þess að tryggt sé að grundvöllur opin-berrar stefnumótunar í háskóla- og vísindamálum sé svo traustur sem kostur er á hverjum tíma og til að yfirsýn náist um ráðstöfun opinberra fjárveitinga.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd háskólastigsins. Þar segir að rektorar háskóla, sem hafa fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytis, skipi sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins. Nefndin skuli koma saman reglulega og fjalla um málefni er varði starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi háskóla. Nefndin skuli veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísi þangað. Nefndin setji sér nánari starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfesti. Samkvæmt gildandi lögum er starfandi samstarfsnefnd háskólastigsins með aðild rektora og er nefnd sú sem skipa skal samkvæmt þessari grein arftaki þeirrar nefndar og er henni ætlað hliðstætt hlutverk.

Um X. kafla.

Í X. kafla, 27.–28. gr., eru ákvæði um gildistöku og lagaskil.

Um 27. gr.

Lagt er til, verði frumvarp þetta að lögum, að þau taki gildi 1. júlí 2006, með þeim undan-tekningum þó sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins felur í sér.

Um 28. gr.

Í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að rammalög um háskóla taki jafnt til þeirra háskóla sem starfa á grundvelli þeirra laga, óháð rekstrarformi þeirra, hefur frumvarp þetta ekki að geyma sérkafla um ríkisháskóla eins og er í gildandi lögum um háskóla. Í þessari grein er lagt til að tilgreind ákvæði um ríkisháskóla, sem er að finna í sérstökum kafla í gild-andi lögum um háskóla og ekki er að finna í sérlögum ríkisháskólanna, þ.e. lögum um Há-skóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, verði færð í þau sérlög. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. mgr. skulu háskólar, sem starfa samkvæmt starfsleyfi menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, sem starfa samkvæmt sérlögum, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa öðlast viðurkenningu, sbr. 3. gr., er nái til þeirra fræðasviða sem starfsemi þeirra tekur til. Óhjákvæmilegt er að nokkurn tíma taki að laga starfsemi háskóla, sem nú eru starf-andi, að breyttum lögum og því er frestur gefinn til tveggja ára.

Í 2. mgr. er kveðið á um að endurskoða skuli lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laganna til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og

námsframboð á háskólastigi. Skv. 2. mgr. 2. gr. laga um búnaðarfræðslu ber landbúnaðarráðherra ábyrgð á gæðum menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt þeim lögum og að þær menntastofnanir uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt gildandi lögum um háskóla. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að gildandi lög um háskóla falli úr gildi er óhjákvæmilegt að landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir breytingu á lögum sem varða þær stofnanir sem undir landbúnaðarráðuneytið heyra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um háskóla.

Með frumvarpinu er lögð til rammalöggjöf um alla háskóla á landinu óháð rekstrarformi þeirra.

Í því felast þau nýmæli að gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið viðurkenni háskóla sem fullnægja ákveðnum skilyrðum og er viðurkenning bundin fræðasviðum. Samkvæmt gildandi lögum veitir ráðuneytið einkareknum háskólum starfsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en ríkisháskólar þurfa ekki slíkt leyfi. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið gefi út viðmið um æðri menntun og prófgráður og skipuleggi eftirlit með gæðum háskólakennslu og rannsókna. Tilgangur þessara breytinga er að bæta háskólakennslu og rannsóknir til að gera starf háskólanna markvissara og stuðla að því að fjármagn þeirra nýtist sem best. Gera má ráð fyrir að breyta þurfi áherslum og fyrirkomulagi við stjórnun háskóla og hjá menntamálaráðuneytinu og að aukið gæðamat og gæðaeftirlit geti haft um 0,5% kostnaðarauka í för með sér fyrir háskólastigið vegna stjórnsýslu og úttekta. Á móti kemur að vænta má markvissari nýtingar opinbers fjár sem þó er ekki forsenda til að meta í fjárhæðum. Á kostnaðurinn því að rúmast vel innan fjárveitinga til háskóla- og rannsóknamála í fjárlögum fyrir árið 2006 og langtímastefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum.

Með frumvarpinu er ekki lögð til breyting á núverandi fyrirkomulagi á fjármögnun háskóla, en heimild menntamálaráðherra til að gera samninga við háskóla gerð skýrari m.a. hvað varðar kröfur sem skólar þurfa að uppfylla til að fá fé úr ríkissjóði. Fjárveitingar ríkisins til háskóla munu áfram fylgja reglum um rammafjárlagagerð við ákvörðun ríkisútgjalda og skiptingu þeirra á ráðuneyti og telur fjármálaráðuneytið að ákvæði um fjárhagsmálefni auðveldi menntamálaráðuneytinu að haga fjárveitingum til háskóla í samræmi við langtímastefnumörkun í ríkisfjármálum.

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram það sem felst í fjárlögum fyrir árið 2006 og langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu ára.

655. Frumvarp til æskulýðslaga. [434. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.

Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.

Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára.

2. gr.

Lög þessi gilda um:

1. Starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnun.
2. Æskulýðsstarf á vegum ríkis, sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki um.
3. Aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi.

3. gr.

Ríki og sveitarfélög í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði.

Um framlög úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

Um framlög til starfsemi svæðisbundinna æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka fer eftir samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

II. KAFLI
Stjórn æskulýðsmála.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ráðherra skipar níu fulltrúa í Æskulýðsráð. Fimm fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann og varaformann Æskulýðsráðs án tilnefningar. Skipunartími ráðsins er tvö ár.

6. gr.

Hlutverk Æskulýðsráðs er:

1. Að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum.
2. Að gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.
3. Að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi.
4. Að leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál.
5. Að efna til funda og ráðstefna um æskulýðsmál.
6. Að taka þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra.
7. Að stuðla að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
8. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem ráðherra kann að fela því.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi Æskulýðsráðs.

Kostnaður við störf og verkefni Æskulýðsráðs skal greiddur úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Æskulýðssjóður.

7. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Æskulýðssjóð til eflingar æskulýðsstarfi. Sjóðnum er heimilt að taka við frjálsum framlögum.

8. gr.

Stjórn Æskulýðssjóðs skal skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Formaður Æskulýðsráðs er formaður sjóðsins, en ráðið tilnefnir tvo fulltrúa og jafnmarga varamenn. Ráðherra skipar varaformann Æskulýðssjóðs úr hópi aðalfulltrúa.

9. gr.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forustufólks, leiðbeinenda, sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um úthlutun úr Æskulýðssjóði.

IV. KAFLI

Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi.

10. gr.

Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum er forustufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Óheimilt er að ráða til starfa samkvæmt lögum þessum, hvort sem er hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum aðilum, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla

almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni.

Standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustu- og öryggisþætti.

V. KAFLI
Stuðningur sveitarfélaga við æskulýðsstarf.

11. gr.

Sveitarstjórnir setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf er háttað. Sveitarfélög hafa starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

VI. KAFLI
Æskulýðsrannsóknir.

12. gr.

Ráðherra stuðlar að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir, sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum.

Ráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Einn fulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á haustmánuðum árið 2003 ákvað þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, að setja á fót nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál. Í nefndina voru skipuð: Ásta Möller hjúkrunarfræðingur, formaður, Erlendur Kristjánsson deildarstjóri, Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri, Ólafur Jóhannsson sóknarprestur og Stefán E. Bjarkason framkvæmdastjóri. Í erindisbréfi nefndarinnar er tekið fram að nefndin hafi m.a. til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar er vann árið 2003 úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir menntamálaráðuneytið. Nefndin skilaði menntamálaráðherra frumvarpsdrögum í febrúar 2005. Frumvarp þetta byggist að meginstefnu til á tillögum nefndarinnar og felur í sér heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um æskulýðsmál.

Þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi er einn af hornsteinum uppbyggilegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Með þátttöku í félagsstarfi öðlast börn og ungmenni þjálfun í að vinna saman og taka ákvarðanir í samstarfi við aðra. Í skipulögðu æskulýðsstarfi fer m.a. fram þjálfun í

framkomu og tjáningu á skoðunum sem er hverjum einstaklingi mikilvægt veganesti í lífi og starfi. Áhersla æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka á sjálfboðastarfið kennir ungu fólki að sýna ósérhlífni og umburðarlyndi gagnvart félögum í hópnum. Skipulagt félagsstarf eykur þroska og mannkosti hvers einstaklings.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að því að fram fari reglubundnar rannsóknir á högum ungs fólks og nefnast þær *Ungt fólk*. Slík rannsókn var síðast gerð á meðal nemenda í 9. og 10. bekk í grunnskólum árið 2003. Í október 2004 var framkvæmd rannsókn í öllum framhaldsskólum á landinu *Ungt fólk 2004*. Nýlega voru kynntar niðurstöður úr þeirri rannsókn er varða menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Frá árinu 1999 hefur fyrirtækið Rannsóknir og greining verið samstarfsaðili ráðuneytisins og framkvæmt þessar rannsóknir. Við undirbúning og framkvæmd þeirra hefur tekist mikið og gott samstarf milli ráðuneytisins, Rannsóknar og greiningar, kennara og skólastjórnenda enda er það forsenda að góðri framkvæmd. Fjölmargir aðilar nýta sér niðurstöður rannsóknanna og fjölmörg sveitarfélög hafa stuðst við niðurstöður þeirra við stefnumótun í skólamálum, æskulýðsmálum og ýmsum málum er varða börn og ungmenni í sveitarfélaginu. Gildi slíkra æskulýðsrannsókna er mikið og hefur framkvæmd þeirra og niðurstöður vakið mikla athygli, langt út fyrir landsteinana. Eitt af einkennum rannsóknanna *Ungt fólk* er að spurningalistar eru samtímis lagðir fyrir alla nemendur í 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Með því að leggja spurningalista fyrir í öllum grunnskólum er gætt jafnræðis nemenda og skóla. Sama gildir um framhaldsskóla, í rannsóknunum *Ungt fólk* eru spurningalistar lagðir samtímis fyrir alla nemendur í öllum framhaldsskólum landsins. Þessi leið er mun kostnaðarsamari og umfangsmeiri, en hins vegar fást mun nákvæmari og marktækari niðurstöður heldur en að byggja á úrtakskönnunum.

Rannsóknirnar hafa sýnt að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hefur mikið forvarna- og uppeldislegt gildi. Á síðustu árum hafa ýmis vandamál meðal ungmenna vakið fólk til umhugsunar um þær ólíku hættur og freistingar sem fylgja unglingsárunum í opnu nútímasamfélagi. Má þar benda á ofbeldi, einelti, sjálfsvíg og neyslu vímugjafa. Niðurstöður rannsókna, bæði innlendra og erlendra, benda til þess að ein vænleg leið til þess að stemma stigu við frávikshegðun ungs fólks sé að efla þátttöku þess í sem fjölbreyttustu félags- og æskulýðsstarfi. Menntamálaráðuneytið er aðili að samstarfsverkefni Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um upplýsingagjöf um stöðu ungs fólks í aðildarlöndunum – *European Knowledge Center for Youth Policy*. Ráðuneytið hefur falið fyrirtækinu Rannsóknir og greiningu að vera fulltrúi Íslands í samstarfinu.

Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi skapar aukna festu í lífi hvers einstaklings og umgjörð utan um jafningjasamskipti og jafningjamenningu. Börn og ungmenni sem taka þátt í markmiðsbundnu æskulýðsstarfi eru líklegri til þess að líta á sig sem ábyrga þátttakendur í samfélaginu. Þá gefa rannsóknirnar mjög sterka vísbendingu um að ungt fólk sem tekur þátt í skipulögðu æskulýðsstarfi hafi síður tíma og aðstæður til að falla fyrir áhættusömum freistingum.

Í nútímasamfélagi hefur skipulagt æskulýðsstarf, þ.e. félags- og tómstundastarf, orðið stór og mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á í flestum byggðarlögum. Kröfur um gæði og fjölbreyttari þjónustu af þessu tagi hafa aukist, eins og kröfur um ýmsa aðra þjónustu. Skipulagt félags- og tómstundastarf er í senn mikilvægur vettvangur fyrir afþreyingu og félagsleg samskipti við jafnaldra, en hvort tveggja er börnum og ungu fólki mikilvægt. Af þessum sökum er líklegt að framboð á skipulögðu félags- og tómstundastarfi hafi mikil áhrif á viðhorf fólks til þess hve áhugavert er að búa í tilteknu byggðarlagi. Þá má ætla að framboðið hafi veruleg áhrif á það hvort ungt fólk snúi aftur til heimabyggðar sinnar

að námi loknu. Í þessu sambandi er félags- og tómstundastarf öflug fjárfesting til framtíðar fyrir samfélagið allt.

Núverandi löggjöf um æskulýðsmál er frá árinu 1970, lög nr. 24/1970. Miklar þjóðfélagslegar breytingar hafa átt sér stað á þessum rúmu þremur áratugum frá því núverandi lög voru samþykkt. Nýir miðlar hafa komið fram og ný tækni sem tekur huga barna og ungmenna. Margir hafa af því áhyggjur að sumir af þessum miðlum geti dregið úr áhuga barna og ungmenna á félagslegu starfi og aukið á einsemd, umkomuleysi þeirra og framtaksleysi.

Á árinu 2002 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Tómas Ingi Olrich nefnd er var ætlað að gera *Úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi*. Í nefndina voru skipuð þau Ásta Möller alþingismaður, formaður, Eiríkur Bj. Björgvinsson, þáverandi bæjarstjóri Austur-Héraðs, varaformaður, Helga Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskóla Hveragerðis og varaformaður Ungmennafélags Íslands, Karl Frímannsson, skólastjóri Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit, Margrét Tómasdóttir, sviðsstjóri bráðasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og þáverandi aðstoðarskátahöfðingi, dr. Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og Vanda Sigurgeirsdóttir, aðjúnkt við Kennaraháskóla Íslands. Dr. Jón Gunnar Bernburg, félagsfræðingur, var ráðinn starfsmaður nefndarinnar. Tengiliður við menntamálaráðuneytið var Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri íþrótta- og æskulýðsdeildar.

Nefndin skilaði ráðherra viðamikilli skýrslu. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir stöðu og starfsemi hjá æskulýðssamtökum og æskulýðsfélögum og starfsemi hjá sveitarfélögum. Nefndin kallaði eftir skriflegum upplýsingum frá félagasamtökum og eins fékk hún fulltrúa þeirra á sinn fund, auk annarra aðila svo sem formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, fræðslufulltrúa Verslunarmannafélags Reykjavíkur og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir opinberum stuðningi við félags- og tómstundastarfsemi í landinu. Nokkur stærstu landssamtök æskulýðsfélaga landsins njóta árlegs stuðnings Alþingis í fjárlögum til reksturs starfseminnar, en slíkur stuðningur er ekki tryggður nema til eins árs í senn, sem skapar ákveðna óvissu um starfsemina frá ári til árs. Önnur landssamtök æskulýðsfélaga fá lítinn eða engan opinberan stuðning frá Alþingi. Æskulýðssamtökin hafa bent á að þau hafi ekki lögbundinn tekjustofn eins og t.d. íþróttahreyfingin með lottói. Í fjárlögum ársins 2003 voru veittar 113,7 millj. kr. til landssamtaka æskulýðsfélaga og verkefna á sviði félags- og æskulýðsmála. Í fjárlögum ársins 2004 er þessi upphæð 124,5 millj. kr. Í fjárlögum ársins 2005 var þessi upphæð 129,5 millj. kr.

Í skýrslunni kemur fram að framlög sveitarfélaga til æskulýðs- og íþróttamála voru um 6 milljarðar kr. árið 2001. Þar af fór um 1 milljarður kr. til félags- og tómstundastarfs utan íþróttastarfs. Í þessum tölum er um að ræða heildarkostnað bæði til bygginga mannvirkja, reksturs þeirra og innra starfs hjá sveitarfélögunum.

Flest sveitarfélög leggja áherslu á æskulýðsstarf, þ.e. félags- og tómstundastarf, og mörg þeirra starfrækja ungmennahús, frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar, leikjanámskeið, vinnuskóla o.fl. á sínum vegum, með fjölbreyttri starfsemi. Þá hafa félagsmiðstöðvar með sér gott samstarf m.a. um nokkur viðamikil verkefni. Samfés - samtök félagsmiðstöðva á Íslandi eru fagsamtök þeirra stofnana sveitarstjórna er vinna að æskulýðs- og tómstundamálum. Aðilar í samtökunum eru t.d. félags-, tómstunda- og hverfamiðstöðvar og skrifstofur æskulýðsfulltrúa. Hlutverk Samfés er m.a. að efla samskipti og einingu og miðla fræðslu milli félagsmiðstöðva á innlendum og erlendum vettvangi, að auka samskipti og samvinnu milli félagsmiðstöðva og efna til verkefna á innlendum og erlendum vettvangi, að efla fagmenntun fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva með ráðstefnum og námskeiðum, að koma á fram-

færi faglegum upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútímasamfélagi. Í samtökunum eru nú milli áttatíu og níutíu félagsmiðstöðvar/æskulýðsskrifstofur af öllu landinu. Samtökin héldu nýlega upp á 20 ára starfsafmæli sitt. Loks má geta þess að umtalsvert félags- og tómstundastarf fer fram í grunnskólum, bæði er um að ræða starfsemi á vegum nemenda sjálfra og á vegum sveitarfélaga.

Á Norðurlöndum og í flestum Evrópulöndum er mikil áhersla lögð á opinberan stuðning við starfsemi æskulýðssamtaka og æskulýðsfélaga enda er almennt litið á starfsemi þeirra sem mikilvægan þátt í lýðræðissamfélaginu. Landssamtök æskulýðsfélaga njóta þar stuðnings frá ríki bæði til reksturs starfseminnar og til einstakra verkefna. Þá njóta staðarfélögin og landshlutasamtök æskulýðsfélaga stuðnings frá sveitarstjórnum og landshlutastjórnum á viðkomandi stað og svæðum. Í október árið 2004 var stofnað hérlendis Landssamband æskulýðsfélaga – LÆF og eru aðildarfélög þess tæplega þrjátíu. Landssamband æskulýðsfélaga er samstarfs- og samráðsvettvangur íslenskra æskulýðssamtaka og hefur að markmiði að efla æskulýðsstarf og æskulýðsumræðu á Íslandi. Landssamband æskulýðsfélaga vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra æskulýðsfélaga og er fulltrúi þeirra í margvíslegu erlendu samstarfi.

Landssamband æskulýðsfélaga er fullgildur aðili að Evrópska æskulýðsvettvanginum – *EYF European Youth Forum* sem er samstarfsvettvangur æskulýðssambanda Evrópulanda og alþjóðasamtaka ungs fólks sem starfa innan Evrópu. *European Youth Forum* er bæði í formlegu og óformlegu samstarf við Evrópuráðið í Strassborg og Evrópusambandið. Landssamband æskulýðsfélaga er aðili að samstarfi við æskulýðssambönd Norðurlandanna í gegnum *NKM Nordisk Kontakt Møde* og einnig við æskulýðssambönd í Eystrasaltslöndunum *BYF Baltik Youth Forum*.

Mikil umræða er á Norðurlöndum og víðar í Evrópu um mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Þar er litið á æskulýðssamtök og æskulýðsfélög sem mikilvæga aðila í því að virkja börn og ungmenni til virkrar þátttöku og auka lýðræðisvitund þeirra. Æskulýðssamtök og æskulýðsfélög eru frjáls félagssamtök sem sinna markmiðsbundnu starfi og hafa á að skipa fjölda sjálfboðaliða sem vinna að málum á frjálsum áhugamannagrundvelli. Stjórnvöld í viðkomandi löndum hafa mikinn áhuga á að viðhalda og efla þetta starf. Í skýrslu og tillögum framangreindrar nefndar er bent á að efla þurfi menntun og þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða. Mörg æskulýðssamtök hafa sína eigin námskrá fyrir þessa aðila. Í skýrslunni er lagt til að í grunnskólum verði lögð aukin áhersla á nám í félagsmálafræðslu og þjálfun í félagsstörfum og að komið verði upp félags- og tómstundabrautum til stúdentsprófs í framhaldsskólum. Námsbrautir í tómstundafræðum hafa verið settar upp í Háskóla Íslands og við Kennaraháskólann. Þá er í skýrslunni gerð tillaga um að þær brautir verði efldar.

Í nóvember 2001 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út Hvítbók *Ný sókn í málefnum evrópskra ungmenna*. Áður en bókin var gefin út hafði átt sér stað víðtækt samráð milli fulltrúa stjórnvalda í aðildarlöndum Evrópusambandsins og æskulýðssamtaka. Í hverju landi var farið yfir stöðu mála og að því loknu komu saman í París um 400 ungmenni og fulltrúar stjórnvalda landanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að vinna að lokaniðurstöðum. Í framhaldi voru niðurstöðurnar kynntar ungmennum og fulltrúum stjórnvalda aðildarlandanna. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur mikla áherslu á að aðildarlöndin hafi tillögur og áherslur í Hvítbókinni til hliðsjónar við stefnumótun í æskulýðsmálum. Má sjá þess merki að stjórnvöld í löndum Evrópusambandsins nota Hvítbókina við mótun æskulýðsmála hvert í sínu landi.

Evrópuráðið í Strassborg hefur allt frá stofnun látið málefni barna og ungmenna sig mikið varða. Á vegum Evrópuráðsins er starfræktur sérstakur Æskulýðsvettvangur – *European Steering Committee for Youth*. Þá stendur Evrópuráðið reglulega fyrir fundum ráðherra Evrópuráðsins er fara með æskulýðsmál. Á vegum Evrópuráðsins eru starfræktar tvær æskulýðsmiðstöðvar, önnur í Strassborg og hin í Búdapest. Þá er á vegum Evrópuráðsins starfræktur Æskulýðssjóður Evrópu, *European Youth Foundation*. Í þann sjóð geta Landssambönd æskulýðsfélaga sótt um styrki. Í æskulýðsmiðstöðvunum fer fram fjöldi funda, námskeiða og ráðstefna á ári hverju. Íslensk æskulýðssamtök hafa sent ungmenni á ráðstefnur og fundi í æskulýðsmiðstöðvunum. Þátttaka íslenskra æskulýðssamtaka í norrænu og evrópsku samstarfi er sífellt að aukast. Þátttaka í slíku alþjóðlegu samstarfi er ungu fólki mjög mikilvæg bæði til að sækja fróðleik og reynslu og eins að miðla þekkingu og reynslu til annarra ungmenna. Með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi öðlast ungmenni mikla reynslu sem nýtist þeim vel og eykur hæfni og félagsauð þeirra. Með samþykktum Evrópuráðsins í Strassborg, ályktunum frá ráðherrafundum þess og með Hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um málefni ungs fólks er lögð mikil áhersla á að auka virkni ungs fólks í samfélaginu og stuðla að virkri þátttöku þeirra á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Eitt af þeim atriðum sem þessir aðilar leggja mikla áherslu á er að efla æskulýðsfélög og æskulýðssamtök og stuðla að því að þau séu öflug og virk og að þau geti boðið börnum og ungmennum upp á fjölbreytt starf. Með þátttöku í skipulögðu og markmiðsbundnu æskulýðsstarfi öðlast börn og ungmenni reynslu og þekkingu. Þá er lögð áhersla á mikilvægi þess að ungmenni eigi þess kost að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og koma að þeim ákvörðunum er hafa áhrif á líf þeirra, umhverfi og framtíð. Áhersla er lögð á að þau hafi þessa möguleika í því sveitarfélagi þar sem þau búa, m.a. með því að þar sé komið á ungmennaráðum.

Norræna ráðherranefndin lagði fram í júní árið 2001 þverfaglega framkvæmdaáætlun um samstarf að barna- og æskulýðsmálum 2001–2005 *Norðurlönd inn í nýtt árþúsund*. Í áætluninni er m.a. lögð áhersla á samstarf og samvinnu og að auka virkni barna og ungmenna í öllu starfi og efla lýðræðisvitund þeirra og þátttöku í samfélaginu.

Mikill samhljómur er í þessum skýrslum, þ.e. í Hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, samþykkt sjötta ráðherrafundar ráðherra Evrópuráðsins um æskulýðsmál 7.–9. nóvember 2002 í Þessalóníku í Grikklandi og í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar frá 7. júní 2001. Á sjöunda fundi ráðherra Evrópuráðsins sem fer með æskulýðsmál og haldinn var í Búdapest 23.–24. september sl. var ályktað um og gegn vaxandi ofbeldi meðal barna og ungmenna. Ein leið til að hamla gegn vaxandi ofbeldi er þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi með reyndum og menntuðum leiðbeinendum. Einnig er á það bent að samstarf milli æskulýðsfélaga og stofnana og samtaka á vegum ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila er vinna með börnum og ungmennum sé mikilvægt til að árangur náist.

Menntamálaráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á aukna þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi. Sýnt hefur verið fram á að með þátttöku í æskulýðsstarfi séu mun minni líkur á að viðkomandi leiðist út í óreglu, svo sem neyslu áfengis og fíkniefna. Þá hefur komið fram að minni líkur eru á að börn og ungmenni verði félagslega einangruð og minni líkur á að þau verði fyrir einelti. Menntamálaráðuneytið hefur leitast við að stuðla að þessu með sem bestu samstarfi og stuðningi við æskulýðsfélög, æskulýðssamtök, sveitarstjórnir og aðra þá aðila er vinna með börnum og ungmennum þessa lands. Áhersla hefur verið lögð á að þeir sem starfa með börnum og ungmennum komi að ákvarðanatöku og séu þannig virkir þátttakendur. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að sýna þurfi börnum og ungu fólki umburðarlyndi

og virðingu en einnig þurfi að stuðla að því að þau öðlist skilning á mikilvægi virkrar þátttöku og þannig auka skilning þeirra á lýðræðislegum gildum.

Með þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi öðlast þau víðtæka þjálfun og reynslu sem þeim er mikilvægt veganesti út í lífið. Slík þjálfun og reynsla er oft nefnd óformleg menntun eða raunfærni. Mikil umræða er um óformlega menntun um alla Evrópu, sbr. Hvítbók framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samþykktir Evrópuráðsins í Strassborg, og þá á hvern hátt hægt sé að meta hana til náms í hinu almenna menntakerfi og til þátttöku í atvinnulífinu.

Bent skal á að í framangreindri skýrslu og tillögum nefndarinnar frá 2003 um úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks kemur fram að nefndinni hafi ekki verið ætlað að fjalla um hina umfangsmiklu íþróttastarfsemi ungs fólks sem fer fram innan hinna fjölmörgu félaga sem aðild eiga að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands og því hafi hún ekki leitað eftir upplýsingum um þá starfsemi og var hún því ekki til umfjöllunar í skýrslunni. Þá segir í skýrslunni að eins og á Norðurlöndum og víða í Evrópu hafi starfsemi íþróttafélaga og annarra félags- og tómstundasamtaka verið aðskilin, m.a. af skipulagslegum ástæðum og eðli starfseminnar. Í tillögum þeirrar nefndar sem samdi drög að frumvarpi þessu er ekki við það miðað að frumvarpið nái til starfsemi íþróttafélaga, enda er nefnd að störfum, sem skipuð var af menntamálaráðherra í janúar 2005, sem hefur það hlutverk að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Vænta má að nefndin hafi til hliðsjónar í starfi sínu þá efnisþætti sem frumvarp þetta fjallar um.

Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Skipulag æskulýðsmála er sett fram með skýrari hætti en gert er í núgildandi lögum um æskulýðsmál, nr. 24/1970. Eins og áður fer menntamálaráðherra með yfirstjórn æskulýðsmála, hann skipar Æskulýðsráð og úthlutar úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá er lagt til það nýmæli að ráðherra stuðli að því að fram fari æskulýðsrannsóknir en sú skylda hvíldi áður á Æskulýðsráði.
2. Hlutverki Æskulýðsráðs er nokkuð breytt í þessu frumvarpi frá núgildandi lögum. Þannig er meiri áhersla nú lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Þannig er lagt til að í stað þess að ráðið skipuleggi og samræmi opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu þá verði það nú stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þessa er lagt til að það veiti áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Þá er lagt til að ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum þeim verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.
3. Lögfest eru ákvæði um Æskulýðssjóð en hann starfar nú samkvæmt reglum nr. 113/2004, sem ekki hafa lagastoð.
4. Lögfestur er sá megintilgangur laganna að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er kveðið á um að í öllu starfi með þeim skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þá er lagt til að í skipulögðu æskulýðsstarfi skuli hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miði að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Að lokum eru einnig lögfest ítarleg tilmæli um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, sbr. fyrrgreind ákvæði 10. gr.

frumvarpsins, þar sem m.a. er kveðið nánar á um hæfisskilyrði þeirra sem starfa með börnum og ungmennum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um megintilgang laganna sem er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er hugtakið æskulýðsstarf skýrt nánar og skilgreint sem skipulögð félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um æskulýðsmál er tilgangur þeirra að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi og eru þeir aðilar sem stuðning hljóta skilgreindir í lögunum. Hér er lögð til önnur nálgun á tilgangi laganna, sbr. það sem að framan greinir, þ.e. að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi jafnframt því sem slíkt starf er skilgreint.

Fram kemur í 2. mgr. að í skipulögðu æskulýðsstarfi í skilningi laganna skuli hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miði að því að auka mannauð og lýðræðisvitund þátttakenda. Í sömu málsgrein er einnig að finna nýtt ákvæði þar sem lögð er áhersla á ákveðin grundvallaratriði í starfi með börnum og ungmennum. Annars vegar er kveðið á um að í öllu starfi með börnum og ungmennum skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi. Ekki er þörf á að hafa mörg orð um þetta ákvæði, en það er mikilvægt í ljósi þess að lögin taka til ábyrgðar á starfi með börnum og ungmennum utan verndar heimilis þeirra. Hins vegar er lögð áhersla á virka þátttöku og frumkvæði barna og ungmenna í starfi sem þau taka þátt í og þess gætt að þau séu höfð með í ráðum við skipulagningu þess. Þetta ákvæði er í samræmi við vilja ungmennanna sjálfra og ábendinga Evrópusambandsins sem fram komu í Hvítbók þess (nóvember 2001) og byggist m.a. á niðurstöðum viðhorfskönnunar um ungt fólk í Evrópu.

Núgildandi æskulýðslög gilda um aldurshópinn 12–20 ára. Í 3. mgr. er lagt til að útvíkka þessi aldursmörk og miða við börn og ungmenni einkum á aldrinum 6 til 25 ára, en það er í meira samræmi við það sem tíðkast hér á landi. Þannig stendur iðulega skipulagt starf íslenskra æskulýðssamtaka börnum til boða frá byrjun skólaskyldu. Efri mörkin eru í samræmi við það sem tíðkast víða í Evrópu. Þannig er í núverandi ungmennaáætlun Evrópusambandsins miðað við aldurinn 15–25 ára. Hjá Evrópusambandinu eru uppi hugmyndir um að í nýrri ungmennaáætlun – *Youth in action* – verði aldursviðmiðin frá 13–30 ára en að megináhersla verði lögð á aðgerðir sem lúta að aldurshópnum 15–28 ára. Hjá Evrópuráðinu er aldursviðmiðið í þessum málaflokki að 25 ára aldri. Í skýrslu og tillögum nefndarinnar frá maí 2003 er gerð tillaga um að 6–25 ára aldursviðmiðun sé í nýjum æskulýðslögum. Nokkur æskulýðsfélög eru með hærri viðmið hvað varðar efri og neðri mörk aldurs, en telja má að meginþorri félagsmanna sé á aldursbilinu 6–25 ára og er því er lagt til að frumvarpið miðist einkum við þann aldurshóp.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Þar er tekið fram í 1. tölul. að lög þessi gildi um starfsemi félaga og félagasamtaka sem vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnun. Undir þessa skilgreiningu fellur velflest skipulögð starfsemi æskulýðssamtaka og æskulýðsfélaga í landinu, svo sem ungmennafélög, KFUM og KFUK, skátahreyfingin, unglingadeildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Kristilega skólahreyfingin og félagsstarf

fyrir börn og ungmenni á vegum Þjóðkirkjunnar og annarra trúarlegra safnaða, ungmennaskiptasamtök og ungliðahreyfingar stjórnmálaflokka, ungmennafélög Rauða kross Íslands, barna- og ungmennafélög fatlaðra, bindindishreyfingar og samstarfsvettvangur grunn- og framhaldsskólanema.

Í 2. tölul. er tekið fram að lögin taki til æskulýðsstarfs, á vegum ríkis, sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um. Lögð er áhersla á að öll skipulögð starfsemi með börnum og ungmennum fellur undir lög þessi og er mikilvægt að þeim aðilum sem vinna með börnum og ungmennum sé það ljóst.

Að lokum er í 3. tölul. lagt til að lögin taki til annarrar starfsemi er sinni einkum ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi. Hér er átt við starfsemi sem börn og ungmenni taka þátt í, svo sem námskeið eða dvöl t.d. í sumarbúðum, en ekki eru gerðar kröfur um að þau séu félagsbundin eða ástundi starfið með reglubundnum hætti.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um samstarf og stuðning ríkis og sveitarfélaga við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála til að gera ungu fólki kleift að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði. Í greininni er lagt til að staðfest verði sú verkaskipting sem tíðkast hefur milli ríkis og sveitarfélaga varðandi fjárhagslegan stuðning við starfandi æskulýðssamtök og æskulýðsfélög í landinu. Þannig hefur jafnan verið ákveðið á Alþingi að veita nokkrum landssamtökum æskulýðsfélaga fjárhagslegan stuðning samkvæmt ákvörðunum Alþingis hverju sinni, en starfsemi þeirra tekur til alls landsins. Hins vegar hafa sveitarfélög stutt við ýmsa frjálsa starfsemi staðbundinnar æskulýðsstarfsemi félaga og samtaka með samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, enda er viðkomandi sveitarstjórn best til þess fallin að meta þörfina. Benda má á að víða erlendis er lögð rík skylda og fjárhagsábyrgð á sveitarfélögin í æskulýðsstarfi, bæði um að útvega húsnæði undir starfsemi félaga og félagasamtaka og eins um fjárstuðning við starfsemina.

Í áratugi hefur æskulýðsstarf hér á landi verið borið uppi af einstaklingum sem hafa lagt fram starfskrafta sína til starfsins í frítíma sínum. Þetta mikla fórnfúsa starf er ómetanlegt fyrir félög og félagasamtök og ekki síst samfélagið í heild. Þeim opinberu fjármunum sem varið er til þessara æskulýðsfélaga og samtaka er vel varið og margfaldast í meðförum þeirra. Þrátt fyrir framlög ríkisins til landssamtaka æskulýðsfélaga er það ekki nema um 10% af árlegri veltu æskulýðssamtakanna.

Um 4. gr.

Í greininni segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt lögum þessum.

Um 5. og 6. gr.

Í greinunum er fjallað um Æskulýðsráð og hlutverk þess. Samkvæmt núgildandi lögum er starfandi Æskulýðsráð sem er skipað þremur fulltrúum æskulýðssamtaka, einum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga auk formanns sem menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Sömu reglur gilda um varamenn. Hér er lagt til í 5. gr. að Æskulýðsráð verði skipað níu mönnum. Lagt er til að fimm fulltrúar verði valdir af fulltrúum æskulýðssamtaka. Þá verði tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Loks er lagt til að ráðherra skipi formann og varaformann Æskulýðsráðs án tilnefningar. Lagt er til að skipunartími Æskulýðsráðs verði áfram tvö ár í senn. Gert er ráð fyrir að í reglum skuli nánar kveðið á um val fulltrúa æskulýðssamtaka. Með þessari skipan í Æskulýðsráð er lagður sterkur grunnur

að samstarfsvettvangi mikilvægra hagsmunaaðila í málaflokknum þar sem fulltrúar æskulýðssamtaka og sveitarfélaga mynda ásamt fulltrúum menntamálaráðuneytis mikilvægt upplýsinga-, stjórn- og stuðningstæki í málaflokknum.

Hlutverk Æskulýðsráðs er nokkuð breytt í þessu frumvarpi frá núgildandi lögum og meiri áhersla lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og er starfsemi þess afmörkuð betur en áður. Lagt er til að rannsóknarhlutverk ráðsins samkvæmt núgildandi lögum verði á ábyrgð menntamálaráðherra, sbr. 12. gr. frumvarpsins um æskulýðsrannsóknir, en lagt er til að einn fulltrúi úr Æskulýðsráði verði meðal þeirra fimm fulltrúa sem ráðherra skipar í ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Lagt er til í frumvarpinu að ráðið verði stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og geri tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum. Auk þessa er lagt til að það veiti áfram umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi og leitist við að efla starfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðli þannig að áframhaldandi samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Þá er lagt til að ráðið efni áfram til funda og ráðstefna um æskulýðsmál eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum og taki þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum eftir nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Að lokum er lagt til að ráðið stuðli áfram að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinni öðrum þeim verkefnum sem menntamálaráðherra kann að fela því.

Á undanförnum árum hefur Æskulýðsráð fengið 2 millj. kr. í fjárlögum. Í fjárlögum ársins 2005 eru veittar 3 millj. kr. til Æskulýðsráðs. Æskulýðsráð hefur staðið að árlegum fundum og ráðstefnum með félögum, félagasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einstaka sveitarfélögum, menntamálaráðuneyti og fleiri aðilum. Æskulýðsráð hefur einnig unnið að margvíslegum verkefnum og útgáfu með og fyrir æskulýðssamtök. Sem dæmi má nefna útgáfu á upplýsingabók um félög er starfa með börnum og unglingum og er bókin á íslensku og ensku. Þá stóð ráðið að útgáfu á námsefni gegn sjálfsvígsatferli ungs fólks í samstarfi við Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur. Í framhaldi af þeirri útgáfu voru haldin mörg námskeið víða um land í samstarfi við heimamenn. Ráðið stóð að útgáfu á námsefni í félagsstörfum fyrir skóla og félög og leikjabók o.fl. í samstarfi við Námsgagnastofnun. Að lokum má nefna að Æskulýðsráð hefur haft frumkvæði að því að verið er að vinna að gerð handbókar um ofbeldi gegn börnum og ungmennum í samvinnu við marga aðila. Ljóst er að Æskulýðsráð hefur sinnt mikilvægu starfi til framdráttar æskulýð landsins og gert er ráð fyrir að það góða starf haldi áfram.

Þá er lagt til í 6. gr. að menntamálaráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um starfsemi Æskulýðsráðs og að lokum er lagt til að kostnaður við störf og verkefni Æskulýðsráðs skuli greiddur úr ríkissjóði og er það ákvæði óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Alþingi veiti árlega fé í sérstakan sjóð, Æskulýðssjóð, til eflingar æskulýðsstarfi í landinu. Lagt er til að sjóðnum sé heimilt að taka við frjálsum framlögum. Æskulýðssjóður starfar nú samkvæmt reglum nr. 113/2004, sem ekki hafa lagastoð. Með frumvarpi þessu er því lagt til að lögfest verði ákvæði um sjóðinn. Verði frumvarp þetta að lögum munu framangreindar reglur falla úr gildi.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn Æskulýðssjóðs skuli skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Lagt er til að formaður Æskulýðsráðs verði formaður sjóðsins, en Æsku-

lýðsráð tilnefni tvo fulltrúa og tvo til vara. Þá er lagt til að ráðherra skipi varaformann Æskulýðssjóðs úr hópi aðalfulltrúa.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Æskulýðssjóðs sem er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka. Lagt er til að verkefni sjóðsins verði eftirfarandi: Í fyrsta lagi sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni. Í öðru lagi er lagt til að hlutverk ráðsins verði þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða. Þá er í þriðja lagi lagt til að ráðið sinni nýjungum og þróunarverkefnum og að lokum er lagt til að ráðið sinni samstarfsverkefnum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Lagt er til að menntamálaráðherra úthluti styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Þá verði ráðherra heimilt að setja nánari reglur um úthlutun úr Æskulýðssjóði.

Það er starfsemi æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka mikilvægt að eiga möguleika á að fá stuðning við einstök verkefni og þar með að efla starfsemina. Það á ekki síst við um stuðning til að standa að þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða til að efla starfið og gera það enn betra.

Á Norðurlöndum og í flestum öðrum Evrópulöndum leggja stjórnvöld mikla áherslu á að styðja fjárhagslega við starfsemi æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka bæði til reksturs viðkomandi félaga og félagasamtaka og eins til einstakra verkefna til lengri eða skemmri tíma. Víðast hvar eiga stjórnvöld náið samstarf og samráð við viðkomandi samtök og fá þau oft til samstarfs, svo sem við framkvæmd og lausn ýmissa samfélagslegra verkefna. Þar má t.d. nefna verkefni til eflingar félagsstarfi og lausn ýmissa vandamála í dreifbýli jafnt sem þéttbýli, verkefni með fötluðum ungmennum, með innflytjendum og ýmsum öðrum minnihlutahópum. Þá hafa stjórnvöld stutt við verkefni á vegum æskulýðssamtaka þar sem unnið er gegn félagslegri einangrun, kynþáttafordómum, sérstök verkefni með atvinnulausum ungmennum, m.a. til að styrkja sjálfsmynd þeirra og auðvelda þeim að komast út á vinnumarkaðinn. Samstarf stjórnvalda og viðkomandi félagasamtaka byggist á því að sjálfstæði og sjálfsforræði viðkomandi samtaka er að fullu virt og verkefnin framkvæmd á þeirra forsendum. Æskulýðssamtökin þurfa að sækja um rekstrarstyrki og verkefnastyrki og gera ítarlega grein fyrir framkvæmd og fjárhagsáætlun. Samtökin þurfa að skila inn skýrslum með endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri. Það sama á við hér á landi, þau æskulýðssamtök sem hafa fengið rekstrarstyrki frá Alþingi hafa þurft að leggja inn ítarlegar áætlanir um starfið og fjárhagsáætlun hverju sinni. Þá þurfa þau að skila inn endurskoðuðum reikningum til ráðuneytisins.

Um 10. gr.

Starf með börnum og ungmennum er ábyrgðarmikið og krefst reynslu og þekkingar og því er í greininni kveðið á um ýmis starfsskilyrði í æskulýðsstarfi sem lög þessi taka til. Í 1. mgr. er kveðið á um að miða skuli við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi skuli vera lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Til verndar börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi þykir eðlilegt að gera kröfur um ákveðna siðferðislega vitund og siðlega hegðun forystumanna, leiðbeinenda, sjálfboðaliða og annars starfsfólks og því er lagt til í 2. mgr. að þessum aðilum sé óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna meðan æskulýðsstarf með börnum og ungmennum fer fram. Það á t.d. við um þegar starfið felst í ferðalagi með eða án fylgdar foreldra eða forráðamanna barnanna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til starfa samkvæmt lögum þessum einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni. Bent er á að bannið tekur til þeirra sem starfa að æskulýðsmálum, hvort sem starfsemin er á vegum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Fyrirmynd þessa bannákvæðis er að finna í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, hvað varðar brot gegn almennum hegningarlögum. Þá þykir eðlilegt að leggja til þá aukna kröfu til umsækjanda um þau störf með börnum sem lög þessi taka til að viðkomandi hafi auk þess ekki hlotið dóm fyrir innflutning, dreifingu eða sölu ávana- og fíkniefna. Vegna bannákvæðis 3. mgr. 10. gr. er gert ráð fyrir að umsækjendur um þau störf sem lög þessi taka til þurfi að leggja fram sakavottorð með umsókn sinni.

Í 3. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga kemur fram að yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eigi rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að fengnu samþykki hans. Með vísan til orðalags þessa ákvæðis barnaverndarlaga er ljóst að það á við um yfirmenn tilgreindra staða þegar börn og ungmenni koma saman í æskulýðsstarfi.

Ákvæði 3. mgr. miðar að því að unnt sé að grípa til ráðstafana í því skyni að vernda börn gegn hættum sem þeim kann að stafa af dæmdum kynferðisbrotamönnum. Rannsóknir hafa sýnt að nokkur hluti kynferðisbrotamanna er líklegur til að endurtaka brot sín. Af þessum sökum þykir réttmætt vegna hagsmuna barna og ungmenna að unnt sé að koma í veg fyrir að slíkir einstaklingar sinni störfum sem feli í sér umgengni, umsjón og ábyrgð á þeim.

Að lokum er lagt til í 4. mgr. að standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skuli þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustu- og öryggisþætti. Hér getur t.d. verið um að ræða starfsemi á vegum frístundamiðstöðva, frístundaheimila, ungmennahúsa, félagsmiðstöðva og félagsheimila og aðra sambærilega starfsemi, æfingar og námskeiðahald.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstöku eftirliti með því að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt. Ljóst er hins vegar að það er á ábyrgð þeirra er reka starfsemi sem fellur undir lög þessi að framfylgja ákvæðum laganna.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsstarf. Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að fjölbreyttu framboði af æskulýðsstarfi fyrir börn og ungmenni. Í 1. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir setji sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf í sveitarfélaginu skuli háttað. Þá er lagt til að í sveitarfélögum séu starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Í 2. mgr. er lagt til að sveitarstjórnir hlutist til um að stofnuð séu ungmennaráð í sveitarfélögum. Lagt er til að hlutverk ungmennaráða verði m.a. að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Þá er lagt til að sveitarstjórnir setji sér nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

Í mörgum sveitarfélögum eru starfræktar frístundamiðstöðvar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, félagsheimili, ungmennahús, námskeið og vinnuskólar fyrir börn á vegum sveitarfélagsins. Á þessum stöðum fer fram mikið starf með börnum og hafa t.d. félagsmiðstöðvar með sér gott samstarf. Þá eru í nokkrum sveitarfélögum starfrækt Ungmennahús fyrir aldurshópinn 16 ára og eldri. Á nokkrum þeim stöðum hefur Rauði kross Íslands haft frum-

kvæði að stofnun slíkra húsa í samstarfi við sveitarfélög, samtök og stofnanir. Mörg sveitarfélög verja umtalsverðum fjármunum í þessa starfsemi. Þá hafa mörg sveitarfélög starfandi sérstakan starfsmann, æskulýðs,- tómstunda- og/eða forvarnafulltrúa sem sinnir ýmsum málum er varða málaflokkinn á vegum sveitarfélagsins. Í skýrslu nefndarinnar frá maí 2003 og á fundum og ráðstefnum hefur komið fram hjá ýmsum aðilum er standa að frjálsu félagsstarfi að þeir telja að ójafnt sé skipt fjármunum sveitarfélagsins sem varið er til starfsins og fái starf þeirra oft litla fjármuni eða aðstoð frá sveitarfélaginu. Víða í nágrannalöndum okkar og víða í Evrópu eru settar ríkar skyldur á herðar sveitarfélaga að standa fyrir og leggja fram fjármuni og aðstöðu til starfsemi fyrir börn og unglinga í viðkomandi byggðarlagi. Mikilvægt er að stutt sé við bakið á þeim einstaklingum og félögum er vinna með og fyrir börn og ungmenni í viðkomandi sveitarfélagi og þannig stuðlað að því að sem fjölbreyttast starf sé í boði á viðkomandi stað.

Í greininni er einnig fjallað um hversu mikilvæg aðkoma ungmenna að ákvarðanatöku er, sbr. einnig 1. gr., en þar segir að í öllu starfi með börnum og ungmennum skuli velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þá er í Hvítbók Evrópusambandsins lögð áhersla á mikilvægt hlutverk og skyldur sveitarfélaga í málaflokknum. Á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg er starfandi sveitar- og héraðsstjórnarþing Evrópuráðsins CLARIS. Á fundum þingsins er fjallað um ýmis málefni sem er flestum sveitarfélögum sameiginlegt, þar á meðal um málefni barna og ungmenna. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá aðalfulltrúa og þrjá til vara til setu á þinginu.

Mikilvægi aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku er einnig áhersluatriði í samþykktum Norrænu ráðherranefndarinnar *Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund*. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að sveitarstjórnir hlúi að og stuðli að fjölbreyttri þátttöku barna og ungmenna í frjálsu æskulýðsstarfi og að þeim séu gefin tækifæri til að hafa virk áhrif á nærumhverfi sitt. Umræðan um að ungt fólk komi meira að ákvarðanatöku um málefni er þau varða er vaxandi hér á landi eins og víða um lönd. Lögð er áhersla á að auka þátttöku ungs fólks á sem flestum sviðum þjóðlífsins og ekki síst í nærumhverfinu. Liður í því er að koma á ungmennaráðum þar sem ungmennin geta komið á framfæri sjónarmiðum og hugðarefnum sínum.

Með því að sveitarstjórnir setji á laggirnar ungmennaráð er komið til móts við óskir um lýðræðislega aðkomu ungs fólks. Með þátttöku í ungmennaráðum hafa þau möguleika á því að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri við kjörna fulltrúa sveitarfélaga. Mikilvægt er að val í ungmennaráð sé lýðræðislegt og þess gætt að fulltrúar sem flestra félaga og hópa eigi aðild að þeim. Þar er átt við að ungmenni t.d. úr æskulýðsfélögum, nemendafélögum grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðvum, ungmennahúsum og öðrum hópum eigi fulltrúa í ungmennaráðum. Einungis þannig fæst fram sú fjölbreytni og þau sjónarmið sem gera lýðræðislega þátttöku ungmenna svo mikilvæga og eftirsóknarverða.

Ekki eru sett fram aldursviðmið í frumvarpið um ungmennaráð, en þar sem slík ungmennaráð eru starfandi er oft miðað við aldurshópinn 13–17 ára. Átján ára eru ungmennin komin með kosningarétt og geta þá með atkvæði sínu haft áhrif á val kjörinna fulltrúa.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um æskulýðsrannsóknir. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra stuðli að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir, sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum. Samkvæmt núgildandi lögum er það hlutverk Æskulýðsráðs að hlutast til um að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála. Eðlilegt þykir að ábyrgð þessi hvíli á menntamálaráðherra sem fer með yfirstjórn æskulýðsmála í landinu og því er lögð til framangreind breyting. Í samræmi við það er lagt til í

2. mgr. að menntamálaráðherra skipi fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir. Lagt er til að einn fulltrúi verði skipaður samkvæmt tilnefningu Æskulýðsráðs, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa án tilnefningar. Jafnframt er lagt til að ráðherra skipi formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að gerð æskulýðsrannsókna með nokkuð reglulegu millibili, undir yfirskriftinni *Ungt fólk*. Sú fyrsta var gerð 1992, síðan 1997, 2000, 2003 og síðast í október 2004. Spurningalistar hafa verið lagðir fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins. Eins hafa verið gerðar kannanir í framhaldsskólunum nú síðast í október 2004 – *Ungt fólk 2004* – þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í öllum framhaldsskólum landsins. Æskulýðsrannsóknir eru viðurkenndar sem mikilvægt tæki til að fylgjast með stöðu og líðan barna og ungmenna og áhugasviðum þeirra bæði fyrir stjórnvöld og ekki síður þá aðila er vinna með börnum og ungmennum. Þessar rannsóknir hafa m.a. reynst sveitarfélögunum notadrjúgar við stefnumótun í málaflokknum. Benda má á að Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa lagt áherslu á æskulýðsrannsóknir og tekist hefur samstarf milli æskulýðsvettvangs Evrópuráðsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um samstarf í æskulýðsrannsóknum. Liður í því er að koma upp evrópskum gagnagrunni um stöðu ungmenna – *European Knowledge Center for Youth Policy,* sbr. það sem fyrr greinir í almennum athugasemdum. Ísland er aðili að þessu samstarfi í gegnum Evrópuráðið. Menntamálaráðuneytið hefur falið fyrirtækinu Rannsóknum og greiningu að vera fulltrúar Íslands í því samstarfi.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög í þeim tilgangi að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Áætlað er fyrir 162,6 m.kr. fjárveitingu til æskulýðsmála á lið 02-988 Æskulýðsmál i fjárlögum 2006.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslu ríkisins vegna æskulýðsmála. Þannig er lagt til í 5. gr. að fjölgað verði úr fimm í níu fulltrúa í Æskulýðsráði sem leggi skv. 6. gr. meiri áherslu á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum. Frá ráðinu færist ábyrgð á reglulegum æskulýðsrannsóknum til menntamálaráðherra skv. 12. gr. sem gert er ráð fyrir að skipi fimm manna ráðgjafarnefnd. Einnig er lagt til að í stað þess að þeir fimm einstaklingar sem setið hafa í Æskulýðsráði skipi jafnframt ráðgefandi stjórn Æskulýðssjóðs, sem ekki hefur haft sérstaka lagastoð, verði kveðið á um sjóðinn í III. kafla

laganna og þar á meðal þriggja manna ráðgefandi stjórn hans skv. 8. gr. Á árinu 2005 voru 234 þús. kr. greiddar fyrir setu í Æskulýðsráði í samræmi við fjölda funda og gætu breytingarnar sem lagðar eru til hugsanlega aukið kostnað eitthvað þannig að minna yrði varið í önnur útgjöld. Í fjárlögum 2006 er 3 m.kr. veitt til ráðsins og þarf hugsanlega að færa hluta af þeirri fjárhæð til annarra aðila í samræmi við breytta skipan. Fjármálaráðuneytið telur að tillaga um að lögbinda Æskulýðssjóð hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins sem í fjárlögum 2006 eru ætluð 10 m.kr. og sama gildir um tillögu um æskulýðsrannsóknir sem fá 3 m.kr. fjárveitingu.

Á grundvelli framangreindra forsendna telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

656. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um stofnun háskólaseturs á Akranesi.

Flm.: Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Akranesi með áherslu á iðn- og tæknigreinar auk almennra grunngreina háskólanáms. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Akranesi fyrir 1. nóvember 2006.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 131. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lögð fram aftur lítið breytt.

Efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið er eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, á Bifröst og á Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika fyllilega staðist þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms. Fáir efast heldur um það núorðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir þar til. Íbúum Akraness fjölgaði um 500 á árunum 1997–2004 og voru þá um 5.650. Ef með eru taldir íbúar nærsveitanna, þ.e. Skilmannahrepps, Innri-Akraneshrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Leirár- og Melasveitar, er heildarfólksfjöldinn á svæðinu rúmlega 6.200 manns. Uppbygging atvinnulífs þar hefur að mestu hvílt á aukinni stóriðju og því er afar mikilvægt að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum könnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi létu gera á viðhorfum fólks til búsetuskilyrða á Vesturlandi er ljóst að menntamálin eru mörgum þar ofarlega í huga. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar lentu möguleikar á að afla sér háskólamenntunar í öðru sæti yfir þá þætti sem íbúarnir töldu helst ábótavant á svæðinu.

Sama könnun leiddi í ljós brýna þörf fyrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun og ákveðnar vísbendingar um að skortur á iðn- og tæknimenntuðu fólki hamlaði vexti almenns iðnaðar á Akranesi.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Akraness og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktar deildir sem bjóða upp á háskólanám í iðn- og tæknigreinum, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar. Það á einkum við um fólk sem þegar er starfandi í iðnaðinum, hefur verið á vinnumarkaði um allnokkurt skeið og komið sér þar fyrir til frambúðar. Það gefur augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins í stað hefðbundinnar skólasóknar sem hugsanlega hefði atvinnumissi og daglegan akstur frá heimili til skóla, ef ekki búferlaflutninga, í för með sér, mundi gerbreyta aðstæðum fólks til að sækja sér slíka menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Akranesi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Vesturlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust. Eins og fram kemur í ársskýrslu Fjölbrautaskólans fyrir árið 2004 fer ásókn fólks, sem komið er af framhaldsskólaaldri, í nám við skólann stöðugt vaxandi. Þar hófust framkvæmdir við byggingu nýs kennsluhúsnæðis á síðasta ári og er talið brýnt að reisa að auki nýtt verknámshús fyrir kennslu í bygginga- og mannvirkjagreinum. Vel má hugsa sér að háskólasetur á Akranesi gæti samnýtt ýmiss konar húsnæði með Fjölbrautaskólanum og þannig mætti dreifa stofn- og rekstrarkostnaðinum á fleiri hendur. Áratuga hefð er fyrir öflugri og fjölbreyttri iðnmenntun á Akranesi. Iðnnámið hefur þó átt undir högg að sækja síðustu missiri vegna þess að slíkt nám krefst almennt meiri kostnaðar á hvern nemanda en hefðbundið bóknám. Fjölbrautaskólinn hefur einmitt þurft að heyja stöðuga baráttu fyrir iðnnámi sínu og þeirri sérstöðu sem hann hefur haft á því sviði.

Sókn er besta vörnin og áðurnefnd könnun sýnir mjög sterka löngun íbúanna á svæðinu eftir auknu framboði á háskólamenntun í heimabyggð. Háskólarnir á Bifröst og Hvanneyri hafa náð sterkri stöðu á sínum sviðum. Háskólasetur með kennslu og rannsóknir á þeim sviðum sem hér eru lögð til mundi auka enn fjölbreytni í tækni- og háskólanámi í héraðinu. Háskólasetur á Akranesi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna í þessu ört vaxandi byggðarlagi. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Akranesi og skili hún áliti 1. september í haust svo að hægt sé að taka tillögur hennar inn í gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007.

Með tillögunni var fylgiskjal, Háskólasetur á Akranes. Jón Bjarnason. (Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Akranesi, 1. tbl. 2. árg., janúar 2006.)

657. Frumvarp til laga [436. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Mörður Árnason, Margrét Frímannsdóttir, Kristján L. Möller, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem íslenska ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við og móðurfélag hefur við dótturfélag, sbr. 1. mgr. 2. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um opinbert hlutafélag er að ræða er þó nægjanlegt að hluthafi sé einn.

3. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:

Hlutur íslenska ríkisins í opinberu hlutafélagi verður ekki seldur nema fyrir liggi samþykki Alþingis.

Hlutur sveitarfélags í opinberu hlutafélagi verður ekki seldur nema fyrir liggi samþykki sveitarstjórnar.

Heimilt er að setja ákvæði í sérlög eða samþykktir fyrir opinbert hlutafélag þess efnis að aukinn meiri hluta þurfi á Alþingi eða í sveitarstjórn fyrir samþykki um sölu.

4. gr.

Við 63. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í opinberum hlutafélögum þar sem fulltrúar íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, eins eða fleiri, skipa meiri hluta stjórnarmanna skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og hvort kyn um sig skal ekki vera undir 40% fulltrúa stjórnarmanna.

5. gr.

Á eftir 80. gr. laganna kemur ný grein, 80. gr. a, svohljóðandi:

Í félagi þar sem íslenska ríkið á meiri hluta hlutafjár eiga alþingismenn rétt á að sækja hluthafafundi og hafa þar málfrelsi. Þeir hafa þó hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Í félagi þar sem sveitarfélag á meiri hluta hlutafjár eiga sveitarstjórnarmenn rétt á að sækja hluthafafundi og hafa þar málfrelsi. Þeir hafa þó hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að kveða á um í samþykktum félags þar sem íslenska ríkið á meiri hluta hlutafjár að í stað setu þessara fulltrúa á hluthafafundum skuli haldinn sérstakur samráðsfundur þar sem stjórn félagsins gerir alþingismönnum, og öðrum þeim sem stjórn félagsins býður, grein fyrir störfum félagsins og kynnir framtíðaráform þess. Samráðsfundir þessara félaga skulu opnir fulltrúum fjölmiðla.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að kveða á um í samþykktum félags þar sem sveitarfélag, eitt eða fleiri, á meiri hluta hlutafjár að í stað setu þessara fulltrúa á hluthafafundum

skuli haldinn sérstakur samráðsfundur þar sem stjórn félagsins gerir sveitarstjórnarmönnum, og öðrum þeim sem stjórn félagsins býður, grein fyrir störfum félagsins og kynnir framtíðaráform þess. Samráðsfundir þessara félaga skulu opnir fulltrúum fjölmiðla.

6. gr.

Við 84. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fulltrúum fjölmiðla skal vera heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags.

7. gr.

Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein, 91. gr. a, svohljóðandi:

Í félagi þar sem íslenska ríkið á meiri hluta hlutafjár skal félagsstjórn og framkvæmdastjóri veita alþingismönnum upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess verði eftir því leitað.

Í félagi þar sem sveitarfélag, eitt eða fleiri, á meiri hluta hlutafjár skal félagsstjórn og framkvæmdastjóri veita sveitarstjórnarmönnum upplýsingar um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess verði eftir því leitað.

Beiðni um upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. skal beina til félagsstjórnar og skal hún vera skrifleg.

Réttur til upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skal vera sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum, nr. 50/1996, en undanskilja má upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Telji félagsstjórn að upplýsingar varði samkeppnisrekstur félagsins skal hún beina fyrirspurn þess efnis til Samkeppniseftirlits. Samkeppniseftirlit skal gefa umsögn um fyrirspurn innan sjö daga frá því að henni var beint til stofnunarinnar.

Þegar um opinbert hlutafélag er að ræða skal almenningur eiga greiðan aðgang að samþykktum félagsins og öðrum stefnumarkandi gögnum, ársreikningum, árshlutareikningum og samstæðureikningum.

8. gr.

Við 149. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Opinber hlutafélög skulu tilkynna viðskiptaráðuneyti um breytingar sem verða á starfsemi félagsins og kunna að hafa áhrif á framtíð þess, starfsmenn, hluthafa og lánardrottna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í því frumvarpi sem hér er lagt fyrir Alþingi er gerð tillaga um að setja ákvæði um opinber hlutafélög í lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Á undanförnum árum hefur það færst mjög í aukana að stofnuð séu hlutafélög um rekstur á vegum hins opinbera. Oft hefur það verið undanfari einkavæðingar, þ.e. fyrirtæki er breytt í hlutafélag til að koma því í söluhæft form. Má í þessu sambandi nefna Íslenska aðalverktaka, Áburðarverksmiðjuna, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbankann, Búnaðarbankann og nú síðast Símann. Öllum hefur þessum fyrirtækjum verið breytt í hlutafélög með einkavæðingu að markmiði. Slíkt ferli er þó ekki einhlítt, t.d. hefur Orkubúi Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja verið breytt í hlutafélag án þess að eignarhald hinna opinberu aðila hafi breyst, hvað sem síðar kann að gerast. Í sérlögum um síðasttöldu hlutafélögin var sérstaklega tekið fram hvaða ákvæði laga um hlutafélög ættu ekki við um þau, svo sem ákvæði um innborgun hlutafjár og fjölda hluthafa.

Því er ekki að neita að talsverðrar tortryggni gætir í garð stjórnvalda um hugmyndir þeirra að breyta opinberum fyrirtækjum í hlutafélög og margir telja einsýnt að það sé gert til að auðvelda sölu þeirra á síðari stigum. Þá kann það að freista forsvarsmanna opinberra fyrirtækja eða stofnana að reksturinn flyst af sviði opinbers réttar yfir á svið einkaréttar þegar stofnað er slíkt hlutafélag. Við þá breytingu er reksturinn færður út fyrir ýmsar reglur og skuldbindingar sem almennt gilda um starfsemi opinberra aðila, svo sem ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Forræði ráðherra á rekstrinum eykst en að sama skapi minnka áhrif kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum og á Alþingi. Að mörgu leyti verður því erfiðara fyrir kjörna fulltrúa að gegna því aðhaldshlutverki sem þeim er ætlað. Því má segja að hlutafélagaformið sé að mörgu leyti ólýðræðislegt í opinberum rekstri og þegar illa tekst til sameinar það ekki það besta úr opinbera geiranum og einkageiranum heldur hið versta. Sjást því merki um ákveðið ábyrgðarleysi í meðferð valds og fjármuna þar sem virkt aðhald öflugra hluthafa skortir, skortur er á gagnsæi og takmarkaðar upplýsingar eru aðgengilegar þar sem ákvæði upplýsingalaga eiga ekki við. Ýmsir stjórnmálamenn og forsvarsmenn opinberra stofnana hafa lýst áhuga á því að taka upp hlutafélagaformið, ýmist sem rekstrarform stofnana eða afmarkaðra þátta í rekstri þeirra. Ástæðan fyrir þessum áhuga er gjarnan sú að hlutafélagaformið er að mörgu leyti aðgengilegt rekstrarform og er ramminn um reksturinn mjög skýr og vel afmarkaður í löggjöf, ólíkt ýmsum öðrum rekstrarformum. Þá er löng reynsla fyrir hlutafélagarekstri og oft hefur reynt á túlkun einstakra lagaákvæða sem um hann gilda. Vegna reglu um takmarkaða ábyrgð félagsmanna og möguleika á að afla fjármagns með útgáfu hlutabréfa og til að eiga viðskipti með hluti í þeim hentar hlutafélagaformið að mörgu leyti vel fjárfrekum og/eða áhættusömum atvinnurekstri á vegum opinberra aðila svo sem á sviði orkumála.

Hlutafélagavæðing opinberra fyrirtækja og stofnana hefur komið nokkuð til umræðu á undanförnum missirum á vettvangi sveitarstjórna og Alþingis. Þannig má nefna að nokkuð var rætt um það á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur að breyta Orkuveitu Reykjavíkur í hlutafélag og var sú leið meðal annars skoðuð í sérstakri nefnd sem skipuð var árið 2002 og átti að móta stefnu borgarinnar í orkumálum. Nefndin skilaði skýrslu í mars 2004 og var þar m.a. fjallað sérstaklega um kosti og galla mismunandi rekstrarforma. Sá kafli fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Á 131. löggjafarþingi flutti Álfheiður Ingadóttir tillögu til þingsályktunar um setningu laga um opinber hlutafélög sem ekki kom til umræðu í þinginu. Á sama þingi bar Mörður Árnason fram fyrirspurn til viðskiptaráðherra um afstöðu ráðherra til opinberra hlutafélaga og hvort ráðherrann hygðist beita sér fyrir lagasetningu um það efni. Í svari ráðherra kom fram að á vegum ráðuneytisins væri ekki unnið að slíkri löggjöf enda hefði ekki verið sýnt fram á að sérstök þörf væri á henni. Þá hafa Guðmundur Árni Stefánsson og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar margsinnis flutt frumvarp til breytingar á lögum um hlutafélög þar sem lagt var til að bætt yrði við ákvæði um upplýsingaskyldu hlutafélaga í eigu ríkisins til Alþingis.

Þar sem sýnt var að ríkisstjórnin hygðist ekki beita sér í þessu máli boðaði Samfylkingin þegar í haust að hún mundi láta vinna frumvarp til laga um hlutafélög í opinberri eigu. Í frumvarpinu er tekið á þeim þáttum í rekstri hlutafélaga í eigu opinberra aðila sem helst hafa verið gagnrýndir. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þau að mælt er fyrir um að samþykki alþingismanna og/eða sveitarstjórnarmanna þurfi ef selja á hlut ríkis og/eða sveitarfélags í hlutafélagi. Þá er mælt fyrir um hlutfall kynja í stjórn opinbers hlutafélags. Lagt er til ákvæði um rétt alþingis- og/eða sveitarstjórnarmanna til að sækja hluthafafund auk þess sem mælt er fyrir um rétt þeirra til upplýsinga um félagið. Við samningu þessa frumvarps var meðal

annars tekið mið af ákvæðum um ríkishlutafélög í dönsku og norsku hlutafélagalögunum.

Vert er að nefna ákvæði laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og skal endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. þeirra laga skal gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga hlutafélags sem ríkissjóður á að helmingshlut eða meira í.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hvað teljist opinbert hlutafélag samkvæmt lögum þessum og er vísað í 1. mgr. 2. gr. laganna. Af þessu leiðir að um opinbert hlutafélag er að ræða þegar ríkið eða sveitarfélag á svo mikinn hluta hlutafjár í félaginu að það fer með meiri hluta atkvæða.

Um 2. gr.

Þar sem það er gert að skilyrði í 20. gr. laga um hlutafélög að hluthafar skuli jafnan vera tveir þykir rétt að bæta við málslið þar sem heimilað er að þegar um opinbert hlutafélag sé að ræða sé nægilegt að hluthafi sé einn.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er það gert að skilyrði að þegar um opinber hlutafélög er að ræða, þ.e. þegar ríki eða sveitarfélag fer með meiri hluta atkvæða í félagi, skuli samþykki Alþingis og/eða sveitarstjórnar koma til ef selja á hlutinn.

Um 4. gr.

Hlutfall kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja er, eins og fram hefur komið í opinberri umræðu, allt of lágt. Hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, hafa ríkum skyldum að gegna á sviði jafnréttismála og verða þar að ganga á undan með góðu fordæmi. Af þeim sökum er í þessu frumvarpi ákvæði þess efnis að hlutfall kvenna í stjórnum opinberra félaga verði sem jafnast. Er þar stuðst við fordæmi í ákvæðum norskra laga um ríkishlutafélög.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rétt kjörinna fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórn til að sækja hluthafafundi í opinberu hlutafélagi. Ákvæðið er tiltölulega opið og bindur fjölda fulltrúa á fundinum hvorki við vægi stjórnmálaflokka á Alþingi né í sveitarstjórnum. Kjörnir fulltrúar hafa ótakmarkað málfrelsi á hluthafa- eða samráðsfundum, og geta þannig sinnt eftirlitshlutverki sínu, en þeir hafa hvorki tillögu- né atkvæðisrétt, enda hafa þeir ekki formlega stöðu hluthafa.

Um 6. gr.

Fjölmiðlar geta samkvæmt þessu ákvæði sótt aðalfund opinbers hlutafélags. Er þetta ákvæði í takt við þá meginstefnu þessa frumvarps að almenningi verði auðveldaður aðgangur að upplýsingum um opinber hlutafélög og að hann sé meðvitaður um starfsemi þeirra.

Um 7. gr.

Það hefur margvísleg réttaráhrif þegar fyrirtæki breytist úr ríkisstofnun (ríkisfyrirtæki) í hlutafélag í eigu ríkisins. Þá hættir fyrirtækið að heyra undir reglur opinbers réttar og eiga því til dæmis lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ekki við um starfsmenn þess.

Þá gilda stjórnsýslulög ekki um starfsemina, nema í þeim tilvikum sem því er falið stjórnsýsluvald. Að lokum má nefna að upplýsingalög gilda ekki um hlutafélag í eigu ríkisins og á því er þessu ákvæði ætlað að taka.

Í greininni er mælt fyrir um rétt annars vegar alþingis- og sveitarstjórnarmanna og hins vegar almennings til upplýsinga um opinber hlutafélög.

Þar sem um viðkvæmar upplýsingar getur verið að ræða sem geta skekkt samkeppnisstöðu opinbers hlutafélags er í 3. mgr. kveðið á um að Samkeppniseftirlit skeri úr um hvort upplýsingar sem óskað er eftir beinist að samkeppnisrekstri opinbers hlutafélags.

Í 4. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um hvaða upplýsingum almenningur skuli eiga aðgang að. Rétt þykir að taka fram að ákvæðið á ekki við um fundargerðir, vinnugögn eða viðskiptaáætlanir. Hér er einungis átt við samþykktir um sjálft félagið, svo sem starfsmannastefnu, upplýsingastefnu o.s.frv.

Um 8. gr.

Mikilvægt er að glöggar upplýsingar liggi ævinlega fyrir um stöðu og breytingar sem verða á opinberum hlutafélögum. Eigendur eiga að sjálfsögðu að hafa aðgang að slíkum upplýsingum en opinberir eftirlitsaðilar, viðsemjendur og viðskiptavinir þurfa einnig að geta fylgst með því sem er að gerast. Vegna sérstöðu þessara hlutafélaga er hér gerð tillaga um að viðskiptaráðuneytinu verði tilkynnt um allar meiri háttar breytingar sem verða á rekstri eða starfsemi þessara félaga.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, úr skýrslu um orkumál frá Orkustefnunefnd Reykjavíkurborgar. („Tillaga að stefnu og skýrsla um orkumál.“ Mars 2004.) Sjá samhljóða fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um setningu laga um opinber hlutafélög, þskj. 502, 395. mál 131. löggjafarþings, í Alþt. 2004–2005, bls. 1972–1975.

658. Fyrirspurn [437. mál]

til menntamálaráðherra um menntun leikskólakennara.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu margir sóttu um nám í leikskólakennarafræðum og hversu mörgum þeirra var synjað um skólavist árin 2000–2005, sundurliðað eftir árum og skólum?
2. Eru uppi áform um að heimila Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands að fjölga innritunum í leikskólakennaranám?
3. Hefur ráðuneytið sett sér markmið um fjölda útskrifaðra leikskólakennara á næstu árum?

659. Fyrirspurn [438. mál]

til menntamálaráðherra um fyrirframgreiðslur námslána.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Telur ráðherra koma til greina að breyta útlánareglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þannig að lán verði greidd út fyrir fram?
2. Hversu hátt hlutfall lántakenda sem úrskurðaðir voru lánshæfir stóðst ekki kröfur um einingaskil áður en lán voru afgreidd á árunum 2000–2005?

660. Fyrirspurn [439. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrarskilyrði íslenskra kaupskipaútgerða.

Frá Kristjáni L. Möller.

Er áformað að rýmka og bæta rekstrarskilyrði íslenskra kaupskipaútgerða, t.d. með breyttu skattaumhverfi?

661. Fyrirspurn [440. mál]

til heilbrigðisráðherra um málefni listmeðferðarfræðinga.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvenær má vænta þess að endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir ljúki?
2. Hvers er að vænta varðandi löggildingu listmeðferðarfræðinga, viðurkenningu náms þeirra eða leyfi til að nota heiti starfsstéttarinnar?

662. Fyrirspurn [441. mál]

til menntamálaráðherra um skólafatnað.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til athugunar í ráðuneytinu að stjórnvöld beiti sér fyrir samræmdum reglum um skólafatnað nemenda í grunnskólum?

663. Fyrirspurn [442. mál]

til menntamálaráðherra um sameiningu opinberra háskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig standa áætlanir um sameiningu opinberra háskóla?
2. Liggur fyrir mat á því hvaða skóla er hagkvæmt að sameina með tilliti til náms og rekstrarlegra forsendna?
3. Hafa allir sameiningarkostir verið skoðaðir?
4. Hvaða opinberu háskóla stendur til að sameina?

664. Fyrirspurn [443. mál]

til menntamálaráðherra um rekstur framhaldsskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Kemur til greina að mati ráðherra að flytja rekstur framhaldsskóla til sveitarfélaga og er það til skoðunar í ráðuneytinu? Ef ekki, stendur til að taka það til sérstakrar athugunar og þá með hvaða hætti?

665. Svar [350. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um einkaneyslu og skatttekjur.

1. *Hve mikið af einkaneyslu áranna 2002–2005, að báðum árum meðtöldum, var fjármagnað með lánum, sundurliðað eftir árum?*

Ekki eru til upplýsingar um það hvernig einkaneysla er fjármögnuð og því ekki hægt að segja til um hve mikið af neyslunni var fjármagnað með lánum. Þá eru vísbendingar um talsverðar sveiflur í skuldsetningu heimilanna í tengslum við árferði. Það er því mjög erfitt að meta hve stór hluti af einkaneyslu hefur verið fjármagnaður með lánum.

Upplýsingar liggja fyrir um heildartekjur á grundvelli skattframtala og ríkisskattstjóraembættið tekur þær saman. Upplýsingar um árið 2005 liggja ekki fyrir. Á grundvelli upplýsinganna eru ráðstöfunartekjur reiknaðar með einfaldri nálgun. Ráðstöfunartekjur sem hér eru birtar eru reiknaðar út frá heildartekjum að frádregnum sköttum og öðrum gjöldum að viðbættum barna- og vaxtabótum. Lífeyrissjóðsgreiðslur eru einnig dregnar frá tekjum. Upplýsingar um einkaneyslu koma úr þjóðhagsreikningum sem Hagstofan birtir. Þegar ráðstöfunartekjur og einkaneysla eru borin saman þarf að hafa fyrirvara á því að hér er um samanburð að ræða milli mismunandi upplýsingabrunna en í því getur falist ósamræmi. Til upplýsingar skal þess getið að Hagstofa Íslands stefnir að því að birta nákvæmar upplýsingar um ráðstöfunartekjur heimilanna á þjóðhagsreikningagrunni fyrir umliðin ár. Í eftirfarandi töflu koma einnig fram upplýsingar um skuldir heimilanna við lánakerfið samkvæmt upplýsingum

frá Seðlabanka Íslands. Til skulda heimila teljast skuldir við bankakerfið, önnur lánakerfi, lífeyrissjóði, tryggingafélög, Lánasjóð íslenskra námsmanna og verðbréfasjóði. Þess ber að geta að ráðstöfun skuldanna er ekki sundirliðuð, en að stórum hluta er henni varið til íbúðafjárfestinga.

Ráðstöfunartekjur og einkaneysla heimilanna 2002–2004.
Í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	Heildar-tekjur	Ráðstöfunar-tekjur	Einka-neysla	Mismunur ráðstöfunar-tekna og einkaneyslu	Skuldir við lánakerfið í árslok	Aukning á milli ára
2002	541.599	407.317	429.621	-22.304	758.603	49.898
2003	583.907	440.108	460.363	-20.255	772.129	13.526
2004	640.466	478.827	506.100	-27.273	877.044	104.915

Þegar ráðstöfunartekjur eru bornar saman við útreiknaða einkaneyslu samkvæmt þjóðhagsreikningum Hagstofunnar kemur í ljós að einkaneysla áranna 2002–2004 var meiri en ráðstöfunartekjur þjóðarinnar. Eins og áður segir er erfitt að bera saman upplýsingar á mismunandi grunnum. Það er því talsverð óvissa sem tengist mismun ráðstöfunartekna og einkaneyslu eins og hann er hér settur fram. Þá er vitað að neysla getur verið fjármögnuð með eignasölu og að hluti ráðstöfunartekna er sendur úr landi. Af þessu má vera ljóst að erfitt er að meta að hve miklu leyti þessi mismunur gefur vísbendingu um hlut lánsfjármögnunar í einkaneyslu.

2. *Hvaða áhrif hefði það haft á skatttekjur hins opinbera, skipt eftir árum, ef einkaneysla áranna 2002–2005 hefði eingöngu verið fjármögnuð með rauntekjum heimilanna?*

Ljóst má vera að ef einkaneysla heimilanna hefði eingöngu verið fjármögnuð með rauntekjum þeirra hefði hún orðið minni en raun bar vitni árin 2002–2004, en eins og fyrr greinir er erfitt að meta hve mikið einkaneyslan hefði minnkað. Skatttekjur vegna veltuskatta hefðu þó dregist saman en hlutfall þeirra af einkaneyslu var eftirfarandi á árunum 2002–2004:

Hlutfall skatta á vöru og þjónustu af einkaneyslu.

	2002	2003	2004
Hlutfall virðisaukaskatts	17,8	17,6	19,1
Hlutfall annarra skatta á vöru og þjónustu	8,7	9,2	9,3
Samtals	**26,5**	**26,7**	**28,4**

Við það verður þó að setja þann fyrirvara að erfitt er að meta nákvæmlega hvernig minni einkaneysla hefur áhrif á tekjur hins opinbera af veltusköttum því líklegt má telja að hlutföll einstakra þátta í neyslunni breytist, t.d. að hlutfall matarinnkaupa af einkaneyslu aukist en bifreiðakaup dragist saman ef einkaneyslan minnkar vegna minni lántöku heimilanna. Ef fyrrgreind hlutföll eru notuð sem nálgun hefði t.d. 1% minni einkaneysla árið 2004, að öðru óbreyttu, leitt til 1,4 milljarða kr. minni skatttekna af vöru og þjónustu og árið 2003 hefði tekjuminnkunin numið 1,2 milljörðum kr.

Þar að auki leiðir minni lántaka heimilanna einnig til samdráttar í tekjum af stimpilgjöldum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hver stór hluti stimpilgjalda er vegna lántöku til einkaneyslu. Einkaneysla hefur einnig áhrif á veltu og hagnað fyrirtækja í landinu og þar af leiðandi á skatttekjur hins opinbera af tekjuskatti lögaðila. Af fyrrgreindu má vera ljóst að erfitt er að meta heildaráhrif slíkra forsendna á skatttekjur hins opinbera.

666. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar hlutafélags skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem kjósa á félagsstjórn.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tilsetts frests úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó getur félagsstjórn haldið stjórnarfundi án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

   Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

3. gr.

Á eftir 79. gr. laganna kemur ný grein, 79. gr. a, sem orðast svo:

Félagsstjórn í félagi, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í stefnumiðunum skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi:

1. Afhendingar hluta.
2. Árangurstengdra greiðslna.

3. Hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
4. Lífeyrissamninga.
5. Starfslokasamninga.

Stefnumiðin eru bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. 3. tölul. 1. mgr. Að öðru leyti eru stefnumiðin leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að þau skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta stefnumiðin í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í stefnumiðunum, þar á meðal að hvaða leyti þau séu bindandi.

Stefnumiðin skulu samþykkt á aðalfundi félagsins. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana.

Ef félagsstjórn víkur frá stefnumiðunum skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

4. gr.

Á eftir 80. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 80. gr. a og 80. gr. b, sem orðast svo:

a. (80. gr. a.)

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félags getur félagsstjórn ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Félögum, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, er þó skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Í ákvörðuninni skal koma fram hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í hluthafafundinum. Ákvörðunina skal taka upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Félagsstjórn ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til nota á hluthafafundum sem haldnir eru rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

Skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa auk niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengjast hluthafafundinum, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Ákvörðun hluthafafundar skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um hluthafafundi eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi.

b. (80. gr. b.)

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl, rituð á pappír. Unnt er að nota rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa þess þrátt fyrir formkröfur sem gerðar hafa verið í ákvörðunum varðandi viðkomandi skjöl og tilkynningar.

Í ákvörðun á grundvelli 1. mgr. skal koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skal koma fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar.

Ákvörðun hluthafafundar á grundvelli 1. og 2. mgr. skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Þótt hluthafafundur hafi ekki tekið ákvörðun um að taka upp rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa á grundvelli 1. mgr. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það.

Þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði geta rafrænar tilkynningar á grundvelli 1. mgr. ekki komið í stað þess.

5. gr.

Á eftir b-lið 2. mgr. 84. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo: Tillögu félagsstjórnar um stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna, ef félaginu ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga.

6. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 80. gr. a getur ráðherra ákveðið að halda skuli hluthafafund, sem ráðherra boðar til skv. 2. mgr., á hefðbundinn hátt.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „viku“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tveimur vikum.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Þó má halda hluthafafund sem boðaður er með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% af hlutafé, samþykkja það fyrir fram skriflega.
c. Í stað orðanna „Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta“ í 4. mgr. kemur: Tveimur vikum fyrir hluthafafund hið skemmsta, nema boðunarfrestur sé skemmri, sbr. 1. mgr.
d. Á eftir orðunum „eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. kemur: auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykkta að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

9. gr.

Í stað „¼“ í 2. málsl. 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: 1/10.

10. gr.

2. málsl. 1. mgr. 123. gr. laganna orðast svo: Einnig skal samtímis senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr.

11. gr.

Í stað „⅕“ í 1. málsl. 2. mgr. 135. gr. laganna kemur: 1/10.

12. gr.

Við 153. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

3. Að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði.
4. Að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti.

13. gr.

Á eftir 159. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þar sem lög þessi mæla fyrir um eða gera ráð fyrir að skjal sé undirritað verður skilyrði þetta uppfyllt með notkun rafrænnar undirskriftar.

14. gr.

Lög þessi byggjast að hluta til á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2006.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 80. gr. a laganna um skyldu hlutafélaga, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt skulu þó koma til framkvæmdar í síðasta lagi 1. júlí 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004. Í nefndinni áttu sæti Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, hdl. og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Starfsmenn nefndarinnar voru Áslaug Árnadóttir lögfræðingur og Hreinn Hrafnkelsson, stjórnmála- og viðskiptafræðingur. Þá starfaði Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, með nefndinni.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast

mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Nefndin fjallaði um stjórnhætti fyrirtækja og ýmis atriði þeim tengd, m.a. stjórnir og stjórnendur fyrirtækja, starfskjör stjórnenda og ákvörðun þeirra, starf stjórnarformanna og starfsreglur stjórna. Nefndin fjallaði einnig um ársreikninga og endurskoðendur eða vottun áreiðanleika þeirra og samkeppnislög og samkeppnisyfirvöld.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um einkahlutafélög.

Helstu niðurstöður nefndarinnar.

Helstu niðurstöður nefndarinnar að því er varðar stjórnhætti fyrirtækja voru eftirfarandi:

- Að lengja beri lágmarksfrest stjórnar hlutafélags til að boða til hluthafafundar og leggja fram tilskilin gögn fyrir fundinn úr sjö dögum í fjórtán daga.
- Að skylda eigi frambjóðendur til stjórnar til að skila inn tilkynningu um framboð, ásamt upplýsingum um sjálfa sig, eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, og að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verði lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags minnst tveimur dögum fyrir hluthafafund, þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, og félög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, sendi upplýsingarnar til viðkomandi markaðar.
- Að skráðum félögum verði skylt að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.
- Að settar verði reglur sem heimili öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum að halda rafræna hluthafafundi og stjórnarfundi, sem og að eiga rafræn samskipti við hluthafa sína.
- Að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga, með fleiri en fjóra hluthafa, verði skylt að fá samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Þá mælir nefndin með því að starfskjarastefnan verði leiðbeinandi fyrir stjórnir en þeim verði skylt að greina frá því ef vikið er frá stefnunni og rökstyðja ástæður þess. Þó er lagt til að stefna varðandi kaupréttarsamninga verði bindandi fyrir stjórnir félaga. Lagt er til að starfskjarastefnan verði rædd á aðalfundi ár hvert og fyrir fundinn skuli hluthafar upplýstir um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana sem samþykkja á á fundinum. Loks er gert ráð fyrir að á aðalfundi geri stjórn hluthöfum grein fyrir starfskjörum þeirra stjórnenda sem hún ræður.
- Að skýrt verði tekið fram í lögum að stjórnir megi funda án framkvæmdastjóra.
- Að lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir verði skyldugir til að gera eigendum sínum grein fyrir nýtingu atkvæðisréttar í þeim félögum sem þeir fjárfesta í.
- Að skylt verði að upplýsa stjórn um öll viðskipti félagsins við tengda aðila ef viðskiptin teljast veruleg. Þá er einnig lagt til að stjórn verði gert skylt að gera grein fyrir öllum slíkum viðskiptum sem farið hafa fram á árinu á aðalfundi félagsins.
- Að hluthöfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum verði auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags og að nægilegt sé að tillaga um rannsókn hljóti fylgi hluthafa sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjárins.
- Að hluthafar í hlutafélögum og einkahlutafélögum, sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjár, geti höfðað skaðabótamál í nafni félags, en á eigin kostnað, gegn stofnendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum og skoðunarmönnum hlutafélags, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, sem taldir eru hafa valdið félaginu tjóni í störfum sínum.

- Nefndin mælir með því að í starfsreglum stjórna verði fjallað um tiltekin atriði og vekur athygli á tillögum Verslunarráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um starfsreglur stjórna í leiðbeiningum þessara aðila um stjórnhætti fyrirtækja.
- Nefndin mælir með því að stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga taki afstöðu til þess í starfsreglum sínum hvort stjórnarmenn, sem eru ekki starfandi hjá viðkomandi félagi eða tengdir því, skuli halda sérstaka fundi án framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna félagsins sem sitja í stjórn.
- Nefndin mælir með því að í starfsreglum stjórna hlutafélaga og einkahlutafélaga skuli tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að skipa sérstakar undirnefndir, t.d. til að fylgjast með, fjalla um og gera tillögur varðandi innra eftirlit, bókhald og endurskoðun, kjaramál æðstu stjórnenda, tilnefningar í stjórn og stjórnhætti félagsins.
- Að viðskiptaráðuneytið hafi forgöngu um gerð fræðsluefnis um hlutverk og skyldur stjórnarmanna í íslenskum fyrirtækjum.
- Að viðskiptaráðuneytið láti gera bækling eða setji upp vefsíðu með upplýsingum um réttindi hluthafa, t.d. varðandi þátttöku á fundum, rétt til að spyrja spurninga og leggja fram tillögur, nýtingu atkvæðisréttar og rétt til að fá fundargögn send til sín.
- Nefndin mælir með því að löggjöf um yfirtökur og yfirtökutilboð verði endurskoðuð sem fyrst til að tryggja jafna meðferð hluthafa í yfirtökum og aukna vernd fyrir eigendur minni hluta hlutafjár.
- Nefndin telur að láta eigi reyna á ákvæði leiðbeininga Verslunarráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um óháða stjórnarmenn og leggur því ekki til breytingar á lagaákvæðum um stjórnarkjör.
- Nefndin telur tímabært að lagt verði í vinnu við að skoða laga- og rekstrarumhverfi annarra fyrirtækja- og félagaforma. Sérstaklega virðist í mörgum tilfellum ástæða til að huga sérstaklega að því hverjir eiga eigið fé þessara fyrirtækja og hvort og þá hvernig þeir geta framselt þá kröfu.
- Þá lagði meiri hluti nefndarinnar til að stjórnarformanni hlutafélags verði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó er lagt til að stjórn félagsins geti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Skilaði einn nefndarmaður, Þórdís Sigurðardóttir, séráliti þar sem hún taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög.

Stjórnhættir fyrirtækja.

Mikil umræða hefur verið um stjórnhætti fyrirtækja að undanförnu, sérstaklega um hlutverk og störf stjórnarmanna og stjórnenda í fyrirtækjum. Umræðuna má að nokkru leyti rekja til mikilla sviptinga á verðbréfamarkaði en fjölmörg hneykslismál tengd stjórnháttum fyrirtækja víða erlendis hafa einnig átt þátt í að vekja menn til umhugsunar um það hvernig fyrirtækjum er stjórnað og hvernig koma megi í veg fyrir að svipuð mál komi upp hérlendis. Þykja þessi hneykslismál hafa dregið úr trausti almennings og fjárfesta á viðskiptalífinu og fjármálamörkuðum.

Með stjórnháttum fyrirtækja er almennt átt við það kerfi sem notað er til að stjórna og hafa eftirlit með rekstri fyrirtækja. Í því felst einnig að skilgreind eru réttindi og skyldur hlutaðeigandi aðila, þ.e. stjórnar, stjórnenda, hluthafa, endurskoðenda og annarra hagsmunaaðila.

Segja má að stjórnhættir fyrirtækja snúist að stórum hluta um reglur varðandi töku ákvarðana í fyrirtækjum og vernd hluthafa gegn því að stjórnendur og ráðandi hluthafar fyrirtækja misnoti aðstöðu sína til að hagnast á kostnað fyrirtækisins og hluthafa þess. Reglum um stjórnhætti er t.d. ætlað að veita hluthöfum vernd gegn því að stjórnendur og ráðandi hluthafar

stingi undan fjármunum fyrirtækisins, selji tengdum aðilum framleiðslu, þjónustu, eignir eða fjármálagerninga á undirverði eða kaupi þá af þeim á yfirverði, nýti sjálfir viðskiptatækifæri fyrirtækisins, skipi í stjórnunarstöður á öðrum forsendum en viðskiptalegum eða útdeili sjálfum sér og tengdum aðilum óeðlilega háum launum eða hlunnindum.

Hérlendis, líkt og í nágrannalöndum okkar, er nú þegar tekið á stjórnháttum fyrirtækja með ýmsum hætti í löggjöf, t.d. í lögum um hlutafélög, ársreikninga og fjármálamarkað, auk þess sem Kauphöll Íslands gerir ákveðnar kröfur til stjórnhátta félaga sem þar eru skráð.

Ýmsir aðrir aðilar hérlendis hafa einnig látið stjórnhætti fyrirtækja til sín taka. Í mars 2004 kynntu Verslunarráð Íslands, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins leiðbeiningar um stjórnhætti fyrirtækja. Leiðbeiningunum er skipt í tvo meginkafla þar sem annars vegar er fjallað um stjórnir hlutafélaga og hins vegar um undirnefndir stjórna. Í kaflanum um stjórnir eru leiðbeiningar um skyldur og hæfi stjórnarmanna, starfsreglur stjórnar, árangursmat og upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra til stjórnar. Samkvæmt leiðbeiningunum er talið æskilegt að meiri hluti stjórnar sé óháður viðkomandi félagi og þar af séu að minnsta kosti tveir stjórnarmanna óháðir stórum hluthöfum (þ.e. hluthöfum sem eiga a.m.k. 10% af heildarhlutafé í félaginu, einir eða í samstarfi við tengda aðila). Þá segir í leiðbeiningunum að það geti hentað að setja upp undirnefndir til að gera störf stjórnar markvissari. Sérstaklega geti hentað að setja upp endurskoðunarnefnd til að fjalla nánar um fjárhagslegar upplýsingar og eftirlit, svo og starfskjaranefnd til að fjalla um umbun til framkvæmdastjóra og umbunarkerfi æðstu stjórnenda. Stjórnin kýs nefndarmenn og formenn undirnefnda úr sínum hópi en meiri hluti undirnefnda skal skipaður aðilum sem eru óháðir félaginu.

Í apríl 2004 lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra fram á Alþingi skýrslu um stjórnhætti fyrirtækja en þeirri skýrslu fylgdi margvíslegt ítarefni um málið. Þar á meðal var skýrsla um stjórnhætti fyrirtækja sem unnin var af lögfræðistofunni LEX að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Í henni var meðal annars að finna yfirlit um alþjóðlega umræðu um stjórnhætti og samantekt um ýmis álitaefni varðandi stjórnhætti hérlendis. Skýrslu ráðherra fylgdu einnig fyrrnefndar leiðbeiningar Verslunarráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallar Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, sem og yfirlit um aðgerðir kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði.

Hluthafar eru eigendur hlutafélaga og ágæti stjórnhátta félaganna hlýtur, þegar upp er staðið, að vera metið eftir því hve miklum verðmætum fyrirtækin skila þessum eigendum sínum og jafnframt verður að líta til annarra haghafa. Eitt af því sem góðir stjórnhættir fela í sér eru ákveðin réttindi og vernd fyrir hluthafa til að draga úr hættu á því að stjórnendur taki eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni félagsins og hluthafa þess eða sumir hluthafar hagnist á kostnað annarra hluthafa. Núgildandi hlutafélagalög tryggja hluthöfum mikilvæg réttindi og vernd en þó eru í frumvarpinu lagðar fram tillögur sem ætlað er að auka réttindi hluthafa enn frekar.

Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög og taka tillögurnar mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem sendi frá sér álit í september 2004. Þó eru aðeins lagðar til breytingar á hluta þeirra ákvæða sem nefndin lagði til að yrði breytt.

Í kjölfar nefndarálitsins voru unnin drög að frumvörpum um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög í samræmi við álitið. Drög þessi voru kynnt hagsmunaaðilum og á vefsíðu ráðuneytisins í september 2004.

Helstu atriði fyrstu frumvarpsdraganna voru þessi:

1. *Boðun hluthafafundar í hlutafélögum:*
   Lagt var til að lágmarksfrestur stjórnar hlutafélags til að boða til hluthafafundar og leggja fram tilskilin gögn fyrir fundinn yrði lengdur í fjórtán daga.
2. *Framboð til stjórnar í hlutafélögum:*
   Lagt var til að frambjóðendur til stjórnar hlutafélaga yrðu skyldugir til að skila inn tilkynningu um framboð, ásamt upplýsingum um sjálfa sig, eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skyldu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags minnst tveimur dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.
3. *Nýting atkvæðisréttar:*
   Lagt var til að markaðsskráðum hlutafélögum yrði skylt að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Öðrum hlutafélögum, svo og einkahlutafélögum, væri slíkt heimilt.
4. *Rafrænir hluthafa- og stjórnarfundir og rafræn samskipti:*
   Lagt var til að öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum yrði heimilt að halda rafræna hluthafafundi og stjórnarfundi, sem og að eiga rafræn samskipti við hluthafa sína. Í því felst meðal annars að hluthafar eiga að geta tekið þátt í hluthafafundi og greitt atkvæði rafrænt þótt þeir séu ekki á staðnum.
5. *Starfskjör stjórnenda:*
   Lagt var til að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en fjóra hluthafa yrði skylt að fá samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Mælt var með því að starfskjarastefnan yrði leiðbeinandi fyrir stjórnir en þeim yrði skylt að greina frá því ef vikið væri frá stefnunni og rökstyðja ástæður þess. Stefna varðandi kaupréttarsamninga átti þó að vera bindandi fyrir stjórnir félaga. Starfskjarastefnuna skyldi ræða á aðalfundi ár hvert og upplýsa hluthafa um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana sem samþykkja skyldi á fundinum. Á aðalfundi skyldi stjórn einnig gera hluthöfum grein fyrir starfskjörum þeirra stjórnenda sem hún ræður.
6. *Störf stjórnarformanns í hlutafélögum:*
   Lagt var til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns. Stjórn félagsins gæti þó falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina.
7. *Fundir stjórnarmanna án framkvæmdastjóra í hlutafélögum:*
   Lagt var til að skýrt yrði tekið fram í hlutafélagalögum að stjórnir megi funda án framkvæmdastjóra.
8. *Viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum:*
   Til að minnka líkur á hagsmunaárekstrum var lagt til að skylt yrði að upplýsa stjórn um öll viðskipti félagsins við tengda aðila ef viðskiptin teldust veruleg. Þá var einnig lagt til að stjórn yrði gert skylt að gera grein fyrir öllum slíkum viðskiptum sem farið hefðu fram á árinu á aðalfundi félagsins.
9. *Rannsóknir á starfsemi félags:*
   Lagt var til að hluthöfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum yrði auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags, og að nægilegt væri að tillaga um rannsókn hlyti fylgi hluthafa sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjárins.
10. *Skaðabætur:*
    Lagt var til að hluthafar í hlutafélögum og einkahlutafélögum, sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjár,

gætu höfðað skaðabótamál í nafni félags, en á eigin kostnað, gegn stofnendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum og skoðunarmönnum hlutafélags, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, sem taldir eru hafa valdið félaginu tjóni í störfum sínum.

Í kjölfar umsagna veturinn 2004–2005 var ákveðið að gera nokkrar breytingar á frumvörpunum. Felld hafa verið niður ákvæði um störf stjórnarformanns í hlutafélögum og ákvæði um viðskipti við tengda aðila í hlutafélögum. Viss ákvæði í hlutafélagalögunum snerta eftir sem áður þessi atriði. Þá hefur verið breytt ákvæðum um gildissvið frumvarpanna, þ.e. til hvaða hlutafélaga og einkahlutafélaga þeim er ætlað að ná. Upphaflega var á nokkrum stöðum miðað við það í tillögum nefndarinnar að reglur næðu til allra hlutafélaga og þeirra einkahlutafélaga sem hefðu fleiri en fjóra hluthafa. Nú er í megindráttum gert ráð fyrir að miðað verði við þau hlutafélög og einkahlutafélög þar sem skylt er að hafa löggiltan endurskoðanda samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga, þ.e. stærri félög, t.d. þar sem ársverk eru minnst fimmtíu. Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum um starfskjarastefnu í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Snerta þau ákvæði nú ekki aðeins stjórnendur heldur og stjórnarmenn þannig að samræmi sé með ákvæðunum að þessu leyti og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum.

Tillögunum er ætlað að skýra og styrkja lagaákvæði varðandi hlutverk, ábyrgð og störf stjórna, ákvörðun launakjara stjórnenda og stjórnarmanna og samskipti við hluthafa. Þá er það markmiðið með tillögunum að styrkja íslenskt efnahagslíf en erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að fyrirtæki, sem fylgja vönduðum reglum um stjórnhætti, skila að jafnaði betri árangri en fyrirtæki sem fylgja ekki slíkum reglum, og fagfjárfestar eru til að mynda tilbúnir að greiða hærra verð fyrir slík fyrirtæki.

Því skal bætt við að ákvæðin í frumvarpinu um einkahlutafélög ganga að sumu leyti skemmra en ákvæði frumvarpsins um hlutafélög. Má þar nefna að ekki er varðandi einkahlutafélögin mælt fyrir um lengri lágmarksfrest til að boða til hluthafafundar, þ.e. tvær vikur í stað viku frests sem nú er kveðið á um. Ekki er heldur skylt í einkahlutafélagi að skila tilkynningum um framboð til stjórnar ásamt upplýsingum um frambjóðendur innan tiltekins frests fyrir hluthafafund. Heimilt er í einkahlutafélögum, en ekki skylt eins og í markaðsskráðum hlutafélögum, að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Ekki er gert ráð fyrir að kveðið verði skýrt á um það í lögum um einkahlutafélög að stjórnir megi funda án framkvæmdastjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 63. gr. hlutafélagalaganna er kveðið á um kosningu félagsstjórnar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar eru nauðsynlegar til að hluthafar geti lagt mat á hæfi frambjóðenda og tekið upplýsta ákvörðun við atkvæðagreiðslu til stjórnar. Skv. 1. mgr. 67. gr. hlutafélagalaga skulu stjórnarmenn, þegar þeir taka sæti í félagsstjórn, upplýsa félagsstjórnina um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Þeim ber einnig síðar að gefa skýrslu um kaup og sölu á slíkum hlutum. Það þykir hins vegar eðlilegt að upplýst sé um slík tengsl áður en kosið er í stjórn og að þær upplýsingar verði aðgengilegar hluthöfum. Því er lagt til að nýrri grein, 63. gr. a, verði bætt við lögin þar sem kveðið verði nánar á um reglur um framboð til stjórna hlutafélaga.

Lagt er til að í 1. mgr. verði kveðið á um að tilkynna skuli skriflega um framboð til stjórnar

eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem ákveðið hefur verið að kjósa skuli félagsstjórn.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvað skuli koma fram í framboðstilkynningu. Lagt er til að þar skuli gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign. Þá er lagt til að í framboðstilkynningu komi fram upplýsingar um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Lagt er til það fyrirkomulag að félagsstjórn fari yfir allar framboðstilkynningar með tilliti til kjörgengis og þess hvort þær upplýsingar, sem koma þar fram, séu fullnægjandi. Ef vankantar eru á tilkynningunni skal félagsstjórn gefa frambjóðendum kost á að bæta úr þeim göllum innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllunum innan frestsins skal félagsstjórn úrskurða um gildi framboðs. Gert er ráð fyrir að unnt verði að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Loks er lagt til að kveðið verði á um það í hlutafélagalögum að upplýsingar þær um frambjóðendur, sem koma fram í framboðstilkynningum, skuli lagðar fram á skrifstofu félagsins til sýnis fyrir hluthafa eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar á 70. gr. hlutafélagalaga í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði við 2. mgr. 70. gr. nýjum málslið þar sem kveðið er á um að félagsstjórn sé heimilt að halda stjórnarfundi sem framkvæmdastjóri hefur ekki rétt til að sitja. Skv. 2. mgr. 70. gr. gildandi hlutafélagalaga á framkvæmdastjóri sæti á fundum félagsstjórnar, þó að hann sé ekki stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Ákvæðið þykir ekki nægilega skýrt um það hvort félagsstjórn geti á grundvelli þess haldið fundi án framkvæmdastjóra eða haldið fundi þar sem framkvæmdastjóri hefur hvorki umræðu- né tillögurétt. Er breytingartillagan lögð fram til að taka allan vafa af um heimildir félagsstjórnar til að funda án framkvæmdastjóra.

Tillagan miðar að því að tryggja skilvirkt og óháð eftirlit félagsstjórnar með félaginu og stjórnendum þess en æskilegt er að félagsstjórn haldi fundi án framkvæmdastjóra reglulega og samkvæmt fyrirframákveðnum reglum til að fundahöld veki síður tortryggni þeirra sem ekki eru boðaðir til stjórnarfundarins.

Í öðru lagi er lagt til að bætt verði við 70. gr. nýrri málsgrein, á eftir 2. mgr., sem heimilar að stjórnarfundir séu haldnir með aðstoð rafrænna miðla án þess að þátttakendur séu á staðnum. Það er gert að skilyrði fyrir því að unnt sé að halda rafræna stjórnarfundi að slíkt fundarform samræmist framkvæmd verkefna stjórnarinnar og hefur ákvæðið því ekki í för með sér neinar breytingar á verkefnum og ábyrgð félagsstjórnar.

Með tillögunni er félagsstjórn falið að ákveða hvort og hvenær rafrænir miðlar eru notaðir við stjórnarstörf. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um að halda rafrænan stjórnarfund verði tekin með einföldum meiri hluta nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins. Þó er lagt til að einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geti krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Ástæðan fyrir því að þetta er lagt til er sú að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geta borið persónulega skaðabótaábyrgð vegna stjórnarstarfa sinna og því er talið eðlilegt að þeir geti krafist þess að stjórnin hittist þegar mikilvæg málefni eru til umræðu. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. þar sem kveðið er á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geti krafist þess að haldnir séu stjórnarfundir. Gert er ráð fyrir að

félagsstjórnir setji nánari ákvæði í fundarsköp um það hvernig staðið skuli að því að halda rafræna stjórnarfundi.

Ákvæðið tengist þeim breytingum sem jafnframt eru lagðar til í frumvarpinu um heimild til rafrænna hluthafafunda og notkunar á rafrænum skjölum og rafrænum pósti og er ætlunin að þau ákvæði gildi um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá. Þetta hefur m.a. í för með sér að framkvæmdastjóri, sem á rétt til setu á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, sbr. 2. mgr. 70. gr., hefur sama rétt á rafrænum stjórnarfundi. Jafnframt hefur þetta í för með sér að unnt verður að vinna og undirrita fundargerð stjórnarfundar rafrænt.

Lagt er til að ákvæðið um rafræna stjórnarfundi gildi einnig um fundi fulltrúanefndar, sbr. 73. gr. hlutafélagalaga. Á grundvelli þessa getur fulltrúanefnd ákveðið að halda rafræna fulltrúanefndarfundi í samræmi við ákvæði þetta, sbr. 4. mgr. 73. gr. hlutafélagalaga en þar er kveðið á um að tiltekin ákvæði laganna eigi einnig við um fulltrúanefnd og fulltrúanefndarmenn eftir því sem við á.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ný grein, 79. gr. a, bætist við lögin þar sem kveðið verði á um að félagsstjórn í félagi, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaga, skuli árlega setja fram starfskjarastefnu fyrir framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur félagsins, svo og stjórnarmenn, sem samþykkt skuli á hluthafafundi. Lagt er til að stefnumiðin verði að meginhluta til leiðbeinandi, að undanteknum ákvæðum um umbun í formi hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem byggjast á verði hlutabréfa í félaginu. Markmiðið með breytingunni er að setja málsmeðferðarreglur sem veiti hluthöfum í þeim hlutafélögum, sem ákvæðið nær til, aukin áhrif yfir og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna. Með því má ætla að traust til fjármálaupplýsinga frá félögunum aukist en slíkt traust er mikilvægt fyrir viðskipti með hlutabréf. Áhrif á starfskjarastefnu og yfirsýn yfir starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna er einnig mikilvægur liður í minnihlutavernd og er slíkt ekki síður mikilvægt í félögum sem eru ekki skráð á hlutabréfamarkað en í skráðum félögum. Samkvæmt gildandi lögum er ekkert því til fyrirstöðu að hluthafafundur samþykki almenn stefnumið um starfskjör en í lögunum eru engar kröfur um slíkt. Í ákvæðinu er aðallega miðað við að aðeins þau félög, sem skulu kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaga, verði skylduð til að setja fram starfskjarastefnu í samræmi við ákvæðið. Lagt er til að sambærilegar breytingar verði gerðar á lögum um einkahlutafélög þannig að skylda til að setja fram starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna fari ekki eftir félagaformi heldur umsvifum félaganna og öðrum þeim þáttum sem skv. 59. gr. ársreikningalaga ráða því hvort félagi beri að kjósa sér endurskoðanda. Skv. 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaganna, nr. 144/1994, með síðari breytingum, skulu þau félög, sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda: Í fyrsta lagi félög þar sem eignir nema 120 milljónum króna, rekstrartekjur nema 240 milljónum króna eða fjöldi ársverka á reikningsári er 50. Í öðru lagi skulu félög, sem hafa hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda. Í þriðja lagi ber félögum, þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda. Ákvæðin í 59. gr. ársreikningalaganna eiga sér fyrirmynd í 51. gr., sbr. 11. gr., fjórðu tilskipunar ráðsins frá 25. júlí 1978, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans. Tilvísun í lög um Ríkisendurskoðun merkir að hlutafélög, sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í en ná ekki viðmiðunum laga um ársreikninga, t.d. um

fimmtíu ársverk, þurfa samt að fylgja ákvæðunum um starfskjarastefnu. Þannig eru gerðar nokkru strangari kröfur til þeirra en annarra hlutafélaga.

Í kjölfar hneykslismála, sem komið hafa upp erlendis vegna óhóflegra starfskjarasamninga stjórnenda, hefur umræðan um lagasetningu varðandi starfskjör stjórnenda aukist. Víðast hvar er nú lögð áhersla á það að ítarlegar upplýsingar séu gefnar um starfskjör stjórnenda félaga á hlutabréfamarkaði, þar á meðal um kaupréttarsamninga og kostnað við þá, jafnframt því sem hvatt er til þess að ekki séu gerðir óhóflegir eða óeðlilegir kaupréttarsamningar. Þá hafa kauphallir víða, þar á meðal hér á landi, sett reglur um upplýsingaskyldu félaga varðandi starfskjör stjórnenda.

Í Noregi hefur að undanförnu verið unnið að undirbúningi lagasetningar um starfskjör stjórnenda og hafa verið lögð þar fram til kynningar og umsagnar drög að frumvarpi þar sem m.a. er lagt til að árlega skuli sett fram starfskjarastefna fyrir stjórnendur félaga. Breytingar þær sem lagðar eru til hér eru að nokkru leyti sambærilegar tillögum Norðmanna.

Þá hafa nýlega verið lagðar fram til kynningar í Svíþjóð tillögur að lagabreytingum þess efnis að hluthafafundur í félögum, sem svara til hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt íslenskri löggjöf, skuli alltaf ákveða laun og aðrar greiðslur til stjórnar félaga, auk þess sem hluthafafundur í félögum, sem að flestu leyti svara til hlutafélaga samkvæmt íslenskri löggjöf, skuli samþykkja stefnumið varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnenda félagsins. Skulu endurskoðendur félagsins sjá til þess að stefnumiðunum sé fylgt.

Í dönskum hlutafélagalögum er kveðið á um að launagreiðslur til stjórnar og stjórnenda megi ekki vera hærri en eðlilegt getur talist út frá eðli og umfangi starfa þeirra, auk þess sem greiðslurnar skuli vera réttlætanlegar með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu viðkomandi félags, eða samstæðu þess ef um móðurfélag er að ræða.

Í Bretlandi hefur verið sett reglugerð um skyldu stjórnenda skráðra félaga til að gera sérstaka starfskjaraskýrslu með ítarlegum upplýsingum um starfskjör stjórnenda og þarf hluthafafundur að samþykkja skýrsluna.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út tilmæli 14. desember 2004, nr. 2004/913, um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum, þar sem mælst er til að aðildarríki sambandsins geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að félög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, framfylgi ákvæðum tilmælanna. Hefur verið tekið tillit til tilmælanna við vinnslu frumvarpsins, þó þannig að hér er lagt til að sú skylda, sem kveðið er á um þar varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna, nái ekki einungis til skráðra félaga heldur allra félaga sem ber að kjósa sér endurskoðanda á grundvelli 59. gr. ársreikningalaga. Frestur til að innleiða tilmæli Evrópusambandsins er til 30. júní 2006.

Í 1. mgr. er lagt til að lögð verði sú skylda á stjórn félags, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga, að setja fram stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna. Stefnumiðin ná einnig til stjórnar félagsins í samræmi við tilmæli ESB. Í málsgreininni er síðan nánar kveðið á um það hvað skuli koma fram í stefnumiðunum. Um er að ræða lágmarkskröfur en einstökum félögum er að sjálfsögðu heimilt að gera ítarlegri stefnumið sem ná til fleiri aðila en kveðið er á um hér.

Samkvæmt greininni skal í stefnumiðunum kveða á um grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda félagsins og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Hvað teljist til grundvallaratriða í þessu sambandi er nokkuð opið og er að mestu leyti komið undir mati hluthafafundar og félagsstjórnar í hverju tilviki. Ekki er gert ráð fyrir að í stefnumiðum komi fram nein efri og neðri fjárhagsmörk fyrir grunn-

laun. Atriði, sem snerta stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur, geta t.d. verið upplýsingar um lengd samninga, uppsagnarfrest og skilyrði uppsagnar auk ákvæða um greiðslur við starfslok. Auk grundvallaratriðanna skal koma fram í stefnumiðunum hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga, t.d. vegna viðbótarlífeyris, og starfslokasamninga. Ákvæðinu er að þessu leyti ætlað að ná til hvers konar umbunar og skal skýrt kveðið á um það í stefnumiðunum hvort slíkar greiðslur séu heimilar eða ekki. Ef ákveðið er að umbun sé heimil skal kveða á um það í stefnumiðunum hvaða skilyrði skuli vera uppfyllt og innan hvaða ramma hún skuli vera. Ekki er gert ráð fyrir að í stefnumiðunum komi fram nein efri og neðri fjárhagsmörk fyrir umrædda umbun.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að hvaða leyti stefnumiðin séu bindandi. Lagt er til að stefnumiðin verði einungis bindandi að því er varðar umbun í formi hlutabréfa eða umbun sem byggist á verði hlutabréfa í félaginu. Að öðru leyti er lagt til að stefnumiðin verði leiðbeinandi. Þykir eðlilegt að félagsstjórn hafi svigrúm til að víkja frá stefnumiðunum án þess að fá fyrir fram samþykki hluthafafundar fyrir því. Hins vegar kemur fram að heimilt sé að kveða á um það í samþykktum félagsins að stefnumiðin séu bindandi um fleiri atriði en skylt er samkvæmt ákvæðinu. Loks er kveðið á um það í 2. mgr. að félagsstjórnin skuli birta stefnumiðin í tengslum við aðalfund félagsins, t.d. í ársskýrslu eða með ársreikningum og á vefsíðu félags, og að félagsstjórn beri að upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í stefnumiðunum, þar á meðal að hvaða leyti þau séu bindandi.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að stefnumiðin skuli rædd og samþykkt á aðalfundi félagsins ár hvert og fyrir fundinn skulu hluthafar upplýstir um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana sem samþykkja á á fundinum. Ekki eru lagðar til sérstakar málsmeðferðarreglur og gildir þá meginregla laganna um einfaldan meiri hluta. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um það að félagsstjórn skuli á aðalfundi gera grein fyrir kjörum stjórnenda félags, þar á meðal kjörum forstjóra, aðalframkvæmdastjóra og annarra forstjóra eða framkvæmdastjóra, svo og stjórnarmanna. Til upplýsinga um kjör stjórnenda og stjórnarmanna í þessu sambandi teljast m.a. upplýsingar um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, greiðslur frá öðrum félögum í sömu fyrirtækjasamsteypu, fjárhæð árangurstengdra greiðslna, starfslokagreiðslur til þeirra sem látið hafa af störfum á reikningsárinu auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna. Undir ákvæðið fellur enn fremur skylda til að gera grein fyrir greiðslum til einstakra stjórnenda og stjórnarmanna í formi hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að félagsstjórn skuli rökstyðja það í hverju tilviki fyrir sig ef vikið er frá stefnumiðunum. Skal rökstuðningurinn koma fram í gerðabók stjórnar.

Um 4. gr.

Í 80. gr. gildandi laga um hlutafélög er kveðið á um að hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum félagsins. Þar er jafnframt kveðið á um að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum og að öllum hluthöfum sé heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls. Skv. 81. gr. laganna getur hluthafi látið umboðsmann sækja hluthafafund og greiða atkvæði fyrir sína hönd en hluthafar, sem ekki eiga kost á því að sækja sjálfir fundinn, geta ekki greitt atkvæði með öðrum hætti. Í 83. gr. laganna er kveðið á um að hluthafafund skuli halda á heimili félags nema félagssamþykktir ákveði að hluthafafundi megi

eða skuli halda annars staðar. Þessi ákvæði voru sett í lög áður en rafrænir samskiptamiðlar urðu jafnalmennir og þeir eru í dag og gera þau því ráð fyrir að hluthafafundur sé haldinn þannig að menn mæti á ákveðinn stað og séu viðstaddir fundinn í eigin persónu. Til að aðlaga lögin að tækniframförum er lagt til að tveimur nýjum ákvæðum verði bætt við þau þar sem annars vegar sé kveðið á um rafræna hluthafafundi og hins vegar um notkun rafrænna skjala og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa. Svipuð ákvæði hafa nú verið lögfest í Danmörku.

Í a-lið (80. gr. a) er lagt til að settar verði reglur um rafræna hluthafafundi þar sem heimilað verði að hluthafafundur verði haldinn á rafrænan hátt að hluta til eða öllu leyti. Jafnframt er lögð sú skylda á félög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt.

Með rafrænum hluthafafundi er átt við að hluthafar nýti sér stjórnunarlegar heimildir sínar á hluthafafundi, þ.e. réttinn til að sækja fund, taka til máls og greiða atkvæði, með hjálp rafrænna miðla án þess að vera staddir á fundinum. Gert er ráð fyrir að þetta gerist með aðstoð síma, netsins eða annarra miðla með svipað notagildi en ekki er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum hvaða miðla megi nota eða á hvaða hátt þeir verði notaðir. Er þetta gert með tilliti til örrar þróunar í fjarskiptatækni og þess að eðlilegt þykir að veita hluthöfum nokkurt svigrúm að þessu leyti þar eð ætla má að þarfir einstakra hluthafa og félaga séu mismunandi.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir tvenns konar rafrænum hluthafafundum, annars vegar hluthafafundi sem er að hluta rafrænn, þ.e. haldinn er venjulegur hluthafafundur en hluthöfum gefinn kostur á að taka þátt í honum án þess að vera á staðnum, en hins vegar hluthafafundi sem eingöngu er rafrænn. Ákvæðið nær ekki til hluthafafunda þar sem rafrænir miðlar eru notaðir sem hjálpartæki en allir þátttakendur eru samt á staðnum, t.d. hluthafafundur sem haldinn er á sama tíma í mörgum sölum sem eru innbyrðis tengdir með stórum sjónvarpsskjám þar sem hluthafar eða fulltrúar þeirra verða að vera á staðnum til að geta tekið þátt í fundinum.

Í tillögunni eru gerðar mismunandi kröfur til ákvarðanaferlisins eftir því hvort að um er að ræða hluthafafundi sem eru rafrænir að öllu leyti eða að hluta. Rökin að baki þessu eru að ákvörðun um að hafa hluthafafund að hluta til rafrænan hefur mun minni áhrif á hluthafa almennt en ákvörðunin um að halda hluthafafund sem er einungis rafrænn en slíkir fundir eru mjög frábrugðnir hefðbundnum hluthafafundum. Er líklegt að ákvörðun um algjörlega rafrænan hluthafafund geti verið mjög til hagsbóta fyrir suma hluthafa á meðan slík ákvörðun er væntanlega íþyngjandi fyrir aðra.

Í 1. mgr. er fjallað um hluthafafundi sem eru að hluta til rafrænir. Í ákvæðinu er lagt til að félagsstjórn geti heimilað hluthöfum að taka þátt í hluthafafundum með rafrænum hætti ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum. Samkvæmt þessu er hinn hefðbundni hluthafafundur enn grundvöllurinn en jafnframt hafa hluthafar möguleika á að taka þátt í hluthafafundinum, taka til máls og greiða atkvæði með aðstoð rafrænna miðla án þess að vera á staðnum. Lagt er til að nánari reglur um framkvæmd hluthafafundar, sem er að hluta til rafrænn, verði settar í samþykktir félagsins.

Jafnframt þessu er lagt til að í 1. mgr. verði kveðið á um þá skyldu félaga, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt. Með lögfestingu slíkrar skyldu er ætlunin að veita hluthöfum tækifæri til að hafa áhrif í félaginu og nýta réttindi sín á auðveldan og ódýran hátt og gæti það t.d. haft jákvæð áhrif á fjárfestingar milli landa.

Í 2. mgr. er kveðið á um hluthafafundi sem eru einungis rafrænir. Þar er lagt til að hluthafafundur geti ákveðið að hluthafafundir verði framvegis aðeins haldnir með rafrænum hætti. Þá fer hluthafafundur ekki fram á neinum stað og ekki er mögulegt að taka þátt í fundinum í eigin

persónu heldur aðeins með rafrænum hætti með tengingu fyrir alla hluthafa sem taka þátt í fundinum. Atkvæðagreiðsla fer einnig fram rafrænt. Í ákvörðun hluthafafundarins skal kveðið á um það hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í fundinum. Með þessu er ætlunin að gefa félögunum möguleika á að haga þessum málum í samræmi við þarfir hvers félags fyrir sig en slíkar þarfir geta verið mjög ólíkar eftir stærð félaga og fjölda hluthafa. Þá veitir ákvæðið einnig svigrúm fyrir tæknilegar framfarir.

Ákvörðun hluthafafundar um að hluthafafundir skuli framvegis aðeins vera rafrænir skal taka upp í félagssamþykktir og gilda ákvæði 93. gr. hlutafélagalaga um ákvörðunina og breytingar á henni. Það þýðir að ákvörðunin verður aðeins gild ef hún hlýtur samþykki ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Auk þessa er í 8. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 93. gr. laganna sem miðar að aukinni minnihlutavernd þannig að hluthafar, sem ráða yfir minnst 25% hlutafjárins, geta komið í veg fyrir að tillaga um algjörlega rafrænan hluthafafund verði samþykkt með því að greiða atkvæði gegn henni.

Ákvæðum 3. mgr. er ætlað að gilda bæði um hluthafafundi, sem eru að hluta til rafrænir, og hluthafafundi sem eru einungis rafrænir. Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um að félagsstjórn ákveði hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar sem notaður er við rafræna hluthafafundi. Þá er kveðið á um að í fundarboði til rafræns hluthafafundar skuli gefa upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geti tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geti nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi en slíkar upplýsingar gæti félag t.d. birt á heimasíðu sinni.

Í 4. mgr. kemur fram það skilyrði fyrir því að haldinn verði rafrænn hluthafafundur að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Ákvæðið á bæði við hluthafafundi, sem eru að hluta til rafrænir, og hluthafafundi sem eru einungis haldnir með rafrænum hætti. Með ákvæðinu er það staðfest að gera skuli jafnstrangar kröfur til rafræns hluthafafundar og hefðbundins hluthafafundar. Þannig skulu tæki, sem notuð eru, vera þannig úr garði gerð að tryggt sé að lagaskilyrði, sem gerð eru til hluthafafundar, séu uppfyllt. Hluthafar skulu eiga möguleika á að nýta sér þann rétt, sem þeim er tryggður í hlutafélagalögum, til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Þá eru einnig gerðar kröfur til þess að tæknibúnaðurinn geri það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn, hvaða atkvæðisrétt þeir hafa og hverjar niðurstöður atkvæðagreiðslna verða.

Tryggt verður að vera að búnaðurinn, sem er notaður, geti borið kennsl á hvern einstakan þátttakanda í hluthafafundinum, t.d. með notkun aðgangsorða eða annarra sambærilegra aðferða. Til að geta tekið þátt í rafrænum hluthafafundi verður hluthafinn að vera tengdur við upphaf fundarins, t.d. í gegnum netið eða annan miðil með svipaða virkni.

Samkvæmt gildandi lögum er félagsstjórn ábyrg fyrir framkvæmd hluthafafundar. Það er því hlutverk stjórnarinnar að tryggja að rafrænn hluthafafundur fari fram á öruggan hátt. Það er hins vegar eftirlátið einstökum félögum að ákveða nánar miðað við þarfir félagsins hvaða tæknikröfur eru gerðar til þess búnaðar sem notaður er.

Í 90. gr. hlutafélagalaga er mælt fyrir um það að hluthafafundi sé stýrt af fundarstjóra. Það er hlutverk fundarstjóra að sjá til þess að fundurinn fari fram í samræmi við ákvæði laga. Það er hlutverk fundarstjóra rafræns hluthafafundar að sjá til þess að tækjabúnaður, sem er notaður, standist kröfur þessa ákvæðis. Með ákvæðinu er ekki ætlunin að fjölga verkefnum fundarstjóra en útfærsla verkefnanna breytist nokkuð vegna notkunar á rafrænum miðlum. Þannig þarf fundarstjóri að taka afstöðu til vafaatriða sem upp kunna að koma í tengslum við hluthafafundinn, t.d. ef upp koma tæknileg vandamál sem leiða til þess að hluti hluthafanna missir samband við fundinn. Þegar fundarstjóri ákveður hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem

upp kunna að koma skal hann m.a. hafa til hliðsjónar hvaða þýðingu það kann að hafa fyrir meðferð einstakra dagskráratriða og atkvæðagreiðslna að hluthafar hafi misst sambandið við fundinn vegna tæknilegra vandkvæða. Einnig geta komið upp spurningar um gildi þeirra ákvarðana sem teknar voru á fundinum. Þegar afstaða er tekin til gildis ákvarðana ber m.a. að hafa hliðsjón af því hvort rekja má hin tæknilegu vandamál til hluthafans eða félagsins eða fjölda hluthafa sem ekki gátu tekið þátt og auk þess hvort atkvæði þeirra sem gátu ekki greitt atkvæði hefðu getað haft úrslitaáhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Í 5. mgr. er gerð tillaga um ákvæði sem hefur það að markmiði að tryggja að rafrænn hluthafafundur geti farið fram innan eðlilegs tímaramma. Á ákvæðið bæði við um hluthafafundi, sem eru að hluta rafrænir, og hluthafafundi sem eru að öllu leyti rafrænir.

Eins og á hefðbundnum hluthafafundum er það hlutverk fundarstjóra að sjá til þess að framvinda rafrænna hluthafafunda sé eðlileg. Þannig getur fundarstjóri rafræns hluthafafundar lokað mælendaskrá á ákveðnum tímapunkti eins og gert er á hefðbundnum hluthafafundum ef hann telur dagskrárefnið fullrætt. Hins vegar er ljóst að þátttaka í rafrænum hluthafafundi getur í ákveðnum tilvikum leitt til þess að viðkomandi hluthafar spyrji fleiri spurninga. Að auki getur verið erfiðara fyrir fundarstjóra að meta hvenær efni er fullrætt þegar spurningar og umræður eru á rafrænu formi, t.d. sendar í tölvupósti. Getur þetta leitt til þess að erfitt verði að halda rafrænum hluthafafundum innan venjulegra tímamarka. Því er lagt til að kveðið verði á um það í 5. mgr. að hluthafafundur geti ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengist hluthafafundinum, fyrir fundinn, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Skal ákvörðunin tekin upp í samþykktir félagsins og um ákvarðanatökuna gilda almennar reglur um breytingar á samþykktum.

Reglunni er einungis ætlað að gilda um hluthafa sem taka þátt í hluthafafundi á rafrænan hátt. Þannig gildir hún um alla hluthafa ef hluthafafundur er einungis rafrænn en aðeins um þá sem tengjast fundinum í gegnum rafræna miðla þegar hluthafafundur er að hluta til rafrænn.

Þær spurningar, sem fjallað er um í málsgreininni, eru helst spurningar sem unnt er að spyrja fyrir fram á grundvelli fundarboðs og þeirra gagna sem hluthafar hafa haft aðgang að fyrir hluthafafund. Spurningar og svör eiga að vera aðgengileg öllum hluthöfum í síðasta lagi við upphaf fundarins. Ef nýjar upplýsingar koma fram í svörum við spurningunum fyrir hluthafafundinn eða á honum er ekki unnt að útiloka slíkar spurningar með vísan til þess að þær hefðu átt að koma fram fyrr. Að öðru leyti breytir slík breyting á samþykktunum ekki rétti hluthafa til að setja fram aðrar spurningar á hluthafafundinum.

Lagt er til að í 6. mgr. verði kveðið á um það að ákvæði hlutafélagalaga um hluthafafundi gildi að öðru leyti eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi hvort sem þeir eru að öllu leyti eða aðeins að hluta til rafrænir.

Í b-lið (80. gr. b) er lagt til að lögfest verði heimild til að nota rafræna miðla auk rafpósts til samskipta milli félagsins og hluthafa þess. Ákvæðið gildir aðeins um samskipti á milli hluthafa og félagsins en ekki um samskipti við þriðja mann. Gildandi lög gera ekki ráð fyrir slíkum rafrænum samskiptum enda voru þau ekki orðin jafnalmenn og nú þegar lögin voru sett. Því eru í gildandi lögum ýmis ákvæði sem gera formkröfur sem aðeins er unnt að uppfylla með því að senda eða leggja fram gögn, rituð á pappír.

Lagt er til að félögunum sjálfum verði eftirlátið að ákveða út frá þörfum hvers félags hvaða kröfur eru gerðar til þess tæknibúnaðar sem nota á til að nægilegt öryggi sé tryggt við rafræn samskipti. Tæknibúnaðurinn verður að veita nægjanlegt öryggi til að unnt sé að staðfesta hver sendi skjalið, til að sendandi geti ekki eftir á neitað að hafa sent skilaboð eða skjal og að

skilaboðin eða skjalið hafi ekki verið lesið eða breytt því á leiðinni frá sendanda til viðtakanda.

Lagt er til í 1. mgr. að kveðið verði á um almenna heimild fyrir félagið og hluthafa þess til að hafa samskipti með notkun rafrænna skjala og rafpósts í stað framsendingar eða framlagningar á skjölum sem rituð eru á pappír. Bæði félagsstjórn og hluthafar geta lagt fram tillögu um þetta en tekin skal ákvörðun um hana á hluthafafundi. Ákvörðunin tekur til rafrænna skjala sem geta komið í staðinn fyrir skjöl sem eru rituð á pappír og er það skilyrði að unnt sé að prenta rafrænu skjölin út án vandkvæða. Því er ekki gert ráð fyrir að hljóð- og myndskjöl uppfylli formkröfur laganna um að vera skrifleg gögn.

Lagt er til að ákvæðið gildi um öll samskipti á milli félagsins og hluthafa þess hvað sem formkröfur laganna segja, að undanskildu því sem segir í 5. mgr. um opinbera innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði. Ákvörðun um notkun rafrænna samskipta getur tekið til allra eða hluta þeirra skilaboða og skjala sem fara á milli hluthafa og félagsins. Sem dæmi um rafræn samskipti má nefna útsendingu fundarboðs til skráðra hluthafa, t.d. í formi tölvupósts með rafrænni undirskrift, og á sama hátt geta hluthafar tilkynnt um þátttöku í hluthafafundi.

Kveðið er á um það í 2. mgr. að í ákvörðun hluthafafundar um notkun rafrænna samskipta skuli koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig rafræn samskipti má eða skal nota. Einnig skal koma fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar og framkvæmdar rafrænna samskipta. Rökstuðningur fyrir þessu er m.a. sá að nauðsynlegt sé að hluthafar viti nákvæmlega hvar og hvernig þeir geta aflað sér upplýsinga um þetta og hvernig þeir geta komist í samband við félagið.

Í 3. mgr. 80. gr. b er kveðið á um að ákvörðunin skuli tekin upp í samþykktir félagsins og eins og um ákvörðun um algjörlega rafræna hluthafafundi gilda ákvæði 93. gr. hlutafélagalaga um ákvörðunina og breytingar á henni, þ.e. ákvörðunin verður aðeins gild ef hún hlýtur samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Auk þessa er í 8. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 93. gr. sem miðar að aukinni minnihlutavernd þannig að hluthafar, sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins, geti komið í veg fyrir að tillaga um notkun rafpósts og rafrænna miðla til samskipta á milli félags og hluthafa verði samþykkt með því að greiða atkvæði gegn henni.

Ákvæði 4. mgr. er ætlað að taka af allan vafa um það að heimilt sé að nota rafræna miðla til samskipta á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það þrátt fyrir að hluthafafundur hafi ekki ákveðið að taka upp rafræn samskipti. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til slíks samnings en ljóst er að hann má ekki vera í andstöðu við lög eða samþykktir félags.

Í 5. mgr. koma fram takmarkanir á möguleikum til að koma á rafrænum samskiptum á milli félagsins og hluthafanna þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði. Í slíkum tilvikum geta rafrænar tilkynningar frá félaginu ekki komið í staðinn. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að félagið birti slíkar tilkynningar einnig með rafrænum hætti, t.d. á heimasíðu félagsins.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á 84. gr. Tengist hún þeim breytingum sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins um nýja 79. gr. a.

Lagt er til að kveðið verði á um að á aðalfundi félags, sem ber skylda til að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga, skuli taka ákvörðun um tillögu félags-

stjórnar um stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna. Samkvæmt því munu stefnumið félagsstjórnarinnar gilda frá einum aðalfundi til þess næsta og því ekki miðast við almanaksárið.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 87. gr. þar sem fram koma reglur um boðun hluthafafundar. Í 2. mgr. 87. gr. er kveðið á um það að ráðherra geti látið boða til hluthafafundar í ákveðnum tilvikum þegar engin starfandi stjórn er í félaginu eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar.

Hér er lagt til að í slíkum tilvikum geti ráðherra ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn á hefðbundinn hátt þrátt fyrir að kveðið sé á um það í samþykktum félagsins að hluthafafundur skuli haldinn á rafrænan hátt að hluta eða öllu leyti. Ákvæðið á einnig við í þeim tilvikum þar sem hluthafar hafa samið um það að þessi tiltekni hluthafafundur skuli haldinn rafrænt.

Rökstuðningurinn fyrir þessu ákvæði er að það geti verið bæði dýrt og tímafrekt ef ráðherra þarf að þróa og útvega sérstakan tæknibúnað fyrir þau örfáu tilvik þar sem ráðherra þarf að boða til hluthafafundar. Þar eð félagið ber endanlega kostnaðinn af hluthafafundum sem ráðherra boðar til eru það einnig hagsmunir félagsins að kostnaði við slíka fundi sé haldið í lágmarki.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 88. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. málsl. 1. mgr. þar sem fjallað er um boðun hluthafafundar. Lagt er til að skemmsti frestur til boðunar hluthafafundar verði lengdur úr einni viku í tvær.

Breytingin er lögð til þar eð frestur núgildandi laga þykir of stuttur til að hluthafar geti kynnt sér þau mál sem taka á fyrir á fundinum en það hlýtur að vera æskilegt að hluthafar hafi nægan tíma til að afla gagna og kynna sér þau mál sem til umfjöllunar verða á hluthafafundi. Til samanburðar má geta þess að í dönskum hlutafélagalögum er kveðið á um að skemmsti frestur til boðunar hluthafafundar sé vika en í öðrum ríkjum Evrópusambandsins er slíkur lágmarksfrestur fjórtán til þrjátíu dagar.

Í öðru lagi er lagt til að lögfest verði undantekning frá reglunni þess efnis að boða megi hluthafafund með skemmst einnar viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 90% af hlutafé félagsins, samþykkja það fyrir fram skriflega. Líklegt er að heimildin verði helst notuð af félögum með fáa hluthafa en í slíkum tilvikum er fjórtán daga boðunarfrestur e.t.v. óþarflega langur.

Í þriðja lagi eru í tveimur liðum lagðar til breyting á 4. mgr. ákvæðisins þar sem kveðið er á um framlagningu og útsendingu gagna fyrir hluthafafund. Fyrri breytingin tengist breytingu þeirri sem lögð er til í 1. tölul. þessarar greinar og miðar að því að gefa hluthöfum nægan tíma til að afla nauðsynlegra gagna og kynna sér þau fyrir hluthafafund. Lagt er til að þau gögn, sem talin eru upp í ákvæðinu, skuli leggja fram í síðasta lagi tveimur vikum fyrir hluthafafund nema í þeim tilvikum þar sem hluthafar, sem ráða yfir minnst 90% af hlutafé félagsins, samþykkja styttri boðunarfrest. Í slíkum tilvikum gildir sami frestur varðandi framlagningu gagna. Síðari breytingartillagan tengist tillögunum í 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að bætt verði inn ákvæði um að félagsstjórn í félögum, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga, skuli setja fram stefnumið um laun og greiðslur til stjórnenda félagsins. Felur ákvæðið í sér að bætt verði við upptalningu málsgreinarinnar um þau gögn sem leggja skal fram með tillögum félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Um 8. gr.

Hér er lögð til breyting á 93. gr. hlutafélagalaganna þar sem kveðið er á um hvernig skuli fara með breytingu félagssamþykkta. Þar kemur fram sú meginregla að ákvörðun um breytingu félagssamþykkta verði aðeins gild ef hún hlýtur samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 1. mgr. nýjum málslið þar sem fram komi sérstök regla sem gildi um breytingu félagssamþykkta, annars vegar þegar ákveðið er að hluthafafundur skuli aðeins haldinn með rafrænum hætti og hins vegar þegar ákveðið er að nota rafræn skjalasamskipti og rafpóst í samskiptum milli félags og hluthafa þess í stað pappírssamskipta. Er lagt til að auk framangreindra skilyrða um aukinn meiri hluta verði það gert að skilyrði að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni. Samkvæmt ákvæðinu verða þeir hluthafar, sem eru andsnúnir því að teknir verði upp rafrænir hluthafafundir og rafræn samskipti, að koma mótmælum sínum á framfæri með því að greiða atkvæði gegn tillögunni. Það er ekki nægilegt að þeir taki ekki þátt í hluthafafundinum eða sitji hjá við atkvæðagreiðsluna.

Þykir þessi aukna minnihlutavernd sjálfsögð þar eð miklar breytingar fylgja ákvörðunum um að halda algjörlega rafræna hluthafafundi og taka upp rafræn samskipti á milli hluthafa og hlutafélags. Geta slíkar breytingar verið mjög til hagræðis fyrir suma hluthafa á meðan þær eru mjög íþyngjandi fyrir aðra.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 97. gr. laganna en þar er kveðið á um sérstakar rannsóknir á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum varðandi bókhald eða ársreikning. Samkvæmt núgildandi ákvæði getur hluthafi sett fram tillögu á hluthafafundi um að slík rannsókn skuli fara fram og fer rannsóknin fram í samræmi við samþykktina sé tillagan samþykkt. Ef sú staða kemur hins vegar upp að tillagan er felld en hlýtur samt fylgi hluthafahóps, sem ræður yfir minnst 25% hlutafjárins, getur hluthafi farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn. Örfá dæmi eru um að þessi heimild hafi verið nýtt undanfarin ár.

Hér er lagt til að ákvæðið standi óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að tillagan þurfi aðeins stuðning hluthafa sem ráða yfir 10% hlutafjárins til að hluthafi geti óskað eftir því að ráðherra tilnefni rannsóknarmenn. Tilgangurinn með breytingunni er að veita stjórnendum félaga aukið aðhald og auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. ef grunur leikur á að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína til að hagnast á kostnað félagsins eða talið er að stjórn eða stjórnendur sinni ekki skyldum sínum. Breytingin er í samræmi við umræðu sem orðið hefur um möguleika hluthafa á að láta rannsaka tiltekin atriði í starfsemi félags. Má t.d. nefna að í skýrslu, sem sérfræðinefnd um félagarétt gerði fyrir framkvæmdastjórn ESB, er mælt með því að hluthafar, sem ráða yfir 5–10% af atkvæðisrétti í félagi, geti farið fram á slíka rannsókn.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 123. gr. laganna en þar segir að í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunar skuli hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af áætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skuli þá eða síðar senda

skránni yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr. Lagt er til að orðin „þá eða síðar“ falli niður en í staðinn komi orðið „samtímis“.

Tilgangur með yfirlýsingu matsmanna er að upplýsa hvort samruni rýri möguleika lánardrottna til þess að leita fullnustu í eignum hlutafélags. Verði yfirlýsingin birt seinna en samrunaáætlunin er möguleiki á því að yfirlýsingin nái ekki tilgangi sínum. Til að tryggja að yfirlýsingin nýtist lánardrottnum sem skyldi er talið æskilegra að hún sé birt samtímis samrunaáætluninni. Er því lagt til að lögunum verði breytt til að tryggja slíkt.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 135. gr. laganna en þar er kveðið á um hvernig skuli fara með skaðabótakröfur skv. 134. gr. Skv. 134. gr. eru stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, skyldir til að bæta hlutafélagi það tjón er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félags. Þá er einnig kveðið á um það að hluthafi sé skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögunum eða samþykktum félagsins. Það þarf samþykki hluthafa, sem ráða yfir meiri hluta atkvæða, til að félag höfði skaðabótamál á hendur fyrrgreindum aðilum ef talið er að þeir hafi valdið félaginu tjóni og er ekki lögð til breyting á því ákvæði.

Samkvæmt 135. gr. geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfu skv. 134. gr. vegna félagsins og í nafni þess þrátt fyrir að hluthafafundur hafi gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að beita fébótaábyrgð. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi en þó geta málshefjendur krafist þess að kostnaður sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Í greininni er lagt til að þær breytingar verði gerðar á ákvæðinu að hluthafahópur þurfi aðeins að ráða yfir minnst 10% af hlutafénu til að geta haft uppi skaðabótakröfu skv. 134. gr. laganna.

Tilgangurinn með breytingunni er að auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. til málshöfðunar gagnvart einstökum stjórnarmönnum, sem meiri hluti hluthafa heldur hlífiskildi yfir, sem taldir eru hafa nýtt sér stöðu sína til tjóns fyrir félagið.

Um 12. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á refsiákvæðum í 153. gr. hlutafélagalaganna þannig að bætt verði við greinina tveimur nýjum töluliðum þar sem kveðið verði á um refsingu við því annars vegar að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði, og hins vegar að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti. Brot á 153. gr. varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Gengið er út frá því sem meginreglu að sérhver afhending á aðgangsorði til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða hluthafafundi sé án heimildar. Í sérstökum tilvikum má þó hugsa sér að unnt sé að semja við félagsstjórn eða félag um að félagið skuli afhenda aðgangsorðið varamanni stjórnarmanns eða umboðsmanni hluthafa.

Hvað varðar notkun aðgangsorðs er sérhver notkun þess af öðrum en stjórnarmönnum eða

hluthöfum sem það er afhent óheimil nema um sé að ræða varamann stjórnarmanns eða umboðsmann hluthafa, sbr. hér að framan. Með notkun er bæði átt við það ef menn fylgjast með fundinum og ef þeir taka þátt í honum.

Það sama á við um afhendingu aðgangsorðs vegna rafrænna samskipta á milli félags og stjórnar. Til notkunar á slíku aðgangsorði telst m.a. að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er lagt til að bætt verði við lögin nýrri grein þar sem kveðið verði á um að unnt sé að nota rafrænar undirskriftir þar sem hlutafélagalögin mæla fyrir um að skjal sé undirritað.

Um 14. gr.

Í greininni er greint frá tilmælum framkvæmdastjórnarinnar varðandi starfskjör stjórnarmanna og æðsta stjórnanda í félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði en á tilmælunum er aðallega byggt í 3. gr. frumvarps þessa.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. október 2006.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. a-liðar 4. gr. (80. gr. a) um skyldu hlutafélaga, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt skulu þó koma til framkvæmdar í síðasta lagi 1. júlí 2007.

Æskilegt er að hlutafélög, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, fari að ákvæðunum um starfskjarastefnu í síðasta lagi 1. júlí 2006 í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar EB þar að lútandi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um hlutfélög og taka tillögurnar mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Í frumvarpinu er meðal annars fjallað um framboð til stjórnar hlutafélags, þátttöku á hluthafafundum rafrænt og rafræn skjalasamskipti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

667. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 138 /1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 46. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

2. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, 54. gr. a, sem orðast svo:

Félagsstjórn í félagi, sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, skal samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra, ef framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í stefnumiðunum skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi:

a. afhendingar hluta;
b. árangurstengdra greiðslna;
c. hluta, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu;
d. lífeyrissamninga;
e. starfslokasamninga.

Stefnumiðin eru bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. c-lið 1. mgr. Að öðru leyti eru stefnumiðin leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að þau skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta stefnumiðin í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í stefnumiðunum, þar á meðal að hvaða leyti þau séu bindandi.

Stefnumiðin skulu samþykkt á aðalfundi félagsins. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði við kaupréttaráætlanir.

Ef félagsstjórn víkur frá stefnumiðunum skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

3. gr.

Á eftir 55. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 55. gr. a og 55. gr. b, sem orðast svo:

a. (55. gr. a.)

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félags getur félagsstjórn ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Í ákvörðuninni skal koma fram hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í hluthafafundinum. Ákvörðunina skal taka upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Félagsstjórn ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til nota á hluthafafundum sem haldnir eru rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

Skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa auk niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengjast hluthafafundinum, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Ákvörðun hluthafafundar skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um hluthafafundi eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi.

b. (55. gr. b.)

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Unnt er að nota rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa þess þrátt fyrir formkröfur sem gerðar hafa verið í ákvörðunum varðandi viðkomandi skjöl og tilkynningar.

Í ákvörðun á grundvelli 1. mgr. skal koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skal koma fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar.

Ákvörðun hluthafafundar á grundvelli 1. og 2. mgr. skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Þótt hluthafafundur hafi ekki tekið ákvörðun um að taka upp rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa á grundvelli 1. mgr. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það.

Þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði geta rafrænar tilkynningar á grundvelli 1. mgr. ekki komið í stað þess.

4. gr.

Í stað b-liðar 2. mgr. 59. gr. laganna koma tveir stafliðir er orðast svo:

b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu;
c. tillögu félagsstjórnar um stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna, ef félaginu ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga og.

5. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 55. gr. a getur ráðherra ákveðið að halda skuli hluthafafund, sem ráðherra boðar til skv. 2. mgr., á hefðbundinn hátt.

6. gr.

Á eftir orðunum „eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. laga um ársreikninga.

7. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 55. gr. a og 3. mgr. 55. gr. b, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykkta að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

8. gr.

Í stað „ ¼ “ í 2. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna kemur: 1/10.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 98. gr. laganna orðast svo: Einnig skal samtímis senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr.

10. gr.

Í stað „ ⅕ “ í 1. málsl. 2. mgr. 109. gr. laganna kemur: 1/10.

11. gr.

Við 127. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

3. að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði;
4. að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti.

12. gr.

Á eftir 135. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þar sem lög þessi mæla fyrir um eða gera ráð fyrir að skjal sé undirritað verður skilyrði þetta uppfyllt með notkun rafrænnar undirskriftar.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um einkahlutafélög er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og vísast til almennra athugasemda við það frumvarp. Í frumvarpi þessu taka tillögur um breytingar varðandi einkahlutafélögin mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem sendi frá sér álit í september 2004. Þó eru aðeins lagðar til breytingar á hluta þeirra ákvæða sem nefndin lagði til að yrði breytt.

Í kjölfar nefndarálitsins voru unnin drög að frumvörpum um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög í samræmi við álitið. Drög þessi voru kynnt hagsmunaaðilum og á vefsíðu ráðuneytisins í september 2004.

Helstu atriði fyrstu frumvarpsdraganna hvað snertir einkahlutafélög voru þessi:

1. *Rafrænir hluthafa- og stjórnarfundir og rafræn samskipti:*
   Lagt var til að öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum yrði heimilt að halda rafræna hluthafafundi og stjórnarfundi, sem og að eiga rafræn samskipti við hluthafa sína. Í því felst m.a. að hluthafar eiga að geta tekið þátt í hluthafafundi og greitt atkvæði rafrænt þótt þeir séu ekki á staðnum.
2. *Nýting atkvæðisréttar:*
   Lagt var til að í öðrum hlutafélögum en markaðsskráðum hlutafélögum, svo og í einkahlutafélögum, yrði heimilt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði bréflega eða með rafrænum hætti um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.
3. *Starfskjör stjórnenda:*
   Lagt var til að stjórnum hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en fjóra hluthafa yrði skylt að fá samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þar á meðal varðandi kaupréttarsamninga, árangurstengdar greiðslur, hlunnindi, uppsagnarfrest og starfslokasamninga. Mælt var með því að starfskjarastefnan yrði leiðbeinandi fyrir stjórnir, en þeim yrði skylt að greina frá því ef vikið væri frá stefnunni og rökstyðja ástæður þess. Stefna um kaupréttarsamninga skyldi þó vera bindandi fyrir stjórnir félaga. Starfskjarastefnuna skyldi ræða á aðalfundi ár hvert og upplýsa hluthafa um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað við kaupréttaráætlanir sem samþykkja skal á fundinum. Á aðalfundi skyldi stjórn einnig gera hluthöfum grein fyrir starfskjörum þeirra stjórnenda sem hún réð.
4. *Rannsóknir á starfsemi félags:*
   Lagt var til að hluthöfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum yrði auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags og að nægilegt væri að tillaga um rannsókn hlyti fylgi hluthafa sem réðu yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjárins.
5. *Skaðabætur:*
   Lagt var til að hluthafar í hlutafélögum og einkahlutafélögum sem ráða yfir $\frac{1}{10}$ hlutafjár gætu höfðað skaðabótamál í nafni félags, en á eigin kostnað, gegn stofnendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum og skoðunarmönnum hlutafélags, svo og matsmönnum og rannsóknarmönnum, sem teldust hafa valdið félaginu tjóni í störfum sínum.

Í kjölfar umsagna sem bárust veturinn 2004–2005 var ákveðið að gera nokkrar breytingar á frumvörpunum tveimur. Breytt hefur verið ákvæðum um *gildissvið* þeirra, þ.e. til hvaða hlutafélaga og einkahlutafélaga þeim er ætlað að ná. Upphaflega var á nokkrum stöðum miðað við það í tillögum nefndarinnar að reglur næðu til allra hlutafélaga og þeirra einkahlutafélaga sem hefðu fleiri en fjóra hluthafa. Nú er gert ráð fyrir að lögin gildi um þau hlutafélög og einkahlutafélög þar sem skylt er að hafa löggiltan endurskoðanda samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga, þ.e. stærri félög, t.d. þar sem ársverk eru minnst 50. Einnig hafa verið gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum um *starfskjarastefnu* í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Snerta þau ákvæði nú ekki aðeins stjórnendur heldur og stjórnarmenn þannig að samræmi sé með ákvæðunum að þessu leyti og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum.

Því skal bætt við að ákvæðin í þessu frumvarpi um einkahlutafélög ganga að sumu leyti skemmra en ákvæði frumvarps um hlutafélög. Má þar nefna að ekki er varðandi einkahlutafélögin mælt fyrir um lengri lágmarksfrest til að boða til hluthafafundar, þ. e. tvær vikur í stað vikufrests sem nú er kveðið á um. Ekki er heldur lagt til að skylt verði í einkahlutafélagi að skila tilkynningum um framboð til stjórnar innan tiltekins frests fyrir hluthafafund ásamt upplýsingum um frambjóðendur. Heimilt er í einkahlutafélögum, en ekki skylt eins og í markaðsskráðum hlutafélögum, að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði bréflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Ekki er kveðið sérstaklega á um það í lögum um einkahlutafélög að stjórnir megi funda án framkvæmdastjóra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að bætt verði við 46. gr. laganna nýrri málsgrein sem heimilar að stjórnarfundir séu haldnir með aðstoð rafrænna miðla án þess að þátttakendur séu á staðnum. Það er gert að skilyrði fyrir því að unnt sé að halda rafræna stjórnarfundi að slíkt fundarform samræmist framkvæmd verkefna stjórnarinnar og hefur ákvæðið því ekki í för með sér neinar breytingar á verkefnum og ábyrgð félagsstjórnar.

Með tillögunni er félagsstjórn falið að ákveða hvort og hvenær rafrænir miðlar eru notaðir við stjórnarstörf. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um að halda rafrænan stjórnarfund verði tekin með einföldum meiri hluta nema annað sé ákveðið í samþykktum félagsins. Þó er það lagt til að einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, ef hann hefur verið ráðinn, geti krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Ástæðan fyrir því að þetta er lagt til er sú að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geta borið persónulega skaðabótaábyrgð vegna stjórnarstarfa sinna og því er talið eðlilegt að þeir geti krafist þess að stjórnin hittist þegar mikilvæg málefni eru til umræðu. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 46. gr. þar sem kveðið er á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar geti krafist þess að haldnir séu stjórnarfundir. Gert er ráð fyrir því að félagsstjórnir setji nánari ákvæði í fundarsköp um það hvernig staðið skuli að því að halda rafræna stjórnarfundi.

Ákvæðið tengist þeim breytingum sem jafnframt eru lagðar til í frumvarpinu um heimild til rafrænna hluthafafunda og notkunar á rafrænum skjölum og rafrænum pósti og er ætlunin að þau ákvæði gildi um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá. Þetta hefur m.a. í för með sér að framkvæmdastjóri, sem á rétt til setu á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, sbr. 2. mgr. 46. gr., hefur sama rétt á rafrænum stjórnarfundi. Jafnframt hefur þetta í för með sér að unnt verður að vinna og undirrita fundargerð stjórnarfundar rafrænt.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ný grein, 54. gr. a, bætist við lögin þar sem kveðið verði á um að félagsstjórn í félagi, sem ber skylda til að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga, skuli árlega setja fram starfskjarastefnu fyrir framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur félagsins, svo og stjórnarmenn, sem samþykkt skuli á hluthafafundi. Lagt er til að stefnumiðin verði að meginhluta til leiðbeinandi, að undanteknum ákvæðum um umbun í formi hluta, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem byggðar eru á verði hluta í félaginu.

Markmiðið með breytingunni er að setja málsmeðferðarreglur sem veita hluthöfum í þeim einkahlutafélögum, sem ákvæðið nær til, aukin áhrif og innsýn í stefnu félagsins varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum er ekkert því til fyrirstöðu

að hluthafafundur samþykki almenn stefnumið um starfskjör en engar kröfur eru um slíkt. Í ákvæðinu er miðað við að aðeins þau félög sem skulu kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaga, verði skylduð til að setja fram starfskjarastefnu í samræmi við ákvæðið. Lagðar eru til sambærilegar breytingar á lögum um hlutafélög þannig að skylda til að setja fram starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna fari ekki eftir félagaformi heldur umsvifum félaganna og öðrum þeim þáttum sem skv. 59. gr. ársreikningalaga ráða því hvort félagi beri að kjósa sér endurskoðanda.

Samkvæmt 1.–3. mgr. 59. gr. ársreikningalaga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, skulu þau félög sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda: Í fyrsta lagi félög þar sem eignir nema 120 milljónum króna, rekstrartekjur nema 240 milljónum króna eða fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 50. Í öðru lagi skulu félög sem hafa hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda. Í þriðja lagi ber félögum þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda. Ákvæðin í 59. gr. ársreikningalaganna eiga sér fyrirmynd í 51. gr., sbr. 11. gr., fjórðu tilskipunar ráðsins frá 25. júlí 1978, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð, sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

Í kjölfar hneykslismála, sem komið hafa upp erlendis vegna óhóflegra starfskjarasamninga stjórnenda, hefur umræðan um lagasetningu varðandi starfskjör stjórnenda aukist. Víðast hvar er nú lögð áhersla á það að ítarlegar upplýsingar séu gefnar um starfskjör stjórnenda félaga á hlutabréfamarkaði, þar á meðal um kaupréttarsamninga og kostnað við þá, jafnframt því sem hvatt er til þess að ekki séu gerðir óhóflegir eða óeðlilegir kaupréttarsamningar. Þá hafa kauphallir víða, þar á meðal hér á landi, sett reglur um upplýsingaskyldu félaga varðandi starfskjör stjórnenda.

Í Noregi hefur að undanförnu verið unnið að undirbúningi lagasetningar um starfskjör stjórnenda og hafa verið lögð þar fram til kynningar og umsagnar drög að frumvarpi þar sem m.a. er lagt til að árlega skuli sett fram starfskjarastefna fyrir stjórnendur félaga. Breytingar þær sem lagðar eru til hér eru að nokkru leyti sambærilegar tillögum Norðmanna.

Þá hafa nýlega verið lagðar fram til kynningar í Svíþjóð tillögur að lagabreytingum þess efnis að hluthafafundur í félögum, sem svara til hlutafélaga og einkahlutafélaga samkvæmt íslenskri löggjöf, skuli alltaf ákveða laun og aðrar greiðslur til stjórnar félaga, auk þess sem hluthafafundur í félagi sem að flestu leyti svarar til hlutafélaga samkvæmt íslenskri löggjöf skuli samþykkja stefnumið varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnenda félagsins. Skulu endurskoðendur félagsins sjá til þess að stefnumiðunum sé fylgt.

Í dönskum hlutafélagalögum er kveðið á um að launagreiðslur til stjórnar og stjórnenda megi ekki vera hærri en eðlilegt getur talist út frá af eðli og umfangi starfa þeirra, auk þess sem greiðslurnar skuli vera réttlætanlegar með hliðsjón af fjárhagslegri stöðu viðkomandi félags, eða samstæðu þess ef um móðurfélag er að ræða.

Í Bretlandi hefur verið sett reglugerð um skyldu stjórnenda skráðra félaga til að gera sérstaka starfskjaraskýrslu með ítarlegum upplýsingum um starfskjör stjórnenda og þarf hluthafafundur að samþykkja skýrsluna.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út tilmæli 14. desember 2004, nr. 2004/913, um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum, þar sem mælst er til að aðildarríki sambandsins geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að félög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað framfylgi ákvæðum tilmælanna. Hefur verið tekið tillit til tilmælanna við vinnslu frumvarpsins, þó þannig að hér er lagt til að sú skylda sem kveðið er á um þar varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna

nái ekki einungis til skráðra félaga heldur allra félaga sem ber að kjósa sér endurskoðanda á grundvelli 59. gr. ársreikningalaga. Frestur til að innleiða tilmæli Evrópusambandsins er til 30. júní 2006.

Í 1. mgr. er lagt til að lögð verði sú skylda á stjórn einkahlutafélags sem ber skylda til að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga að setja fram stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins. Stefnumiðin skuli einnig ná til stjórnar félagsins í samræmi við tilmæli ESB. Í málsgreininni er síðan nánar kveðið á um það hvað skuli koma fram í stefnumiðunum. Um er að ræða lágmarkskröfur, en einstökum félögum er að sjálfsögðu heimilt að gera ítarlegri stefnumið sem ná til fleiri aðila en kveðið er á um hér.

Samkvæmt greininni skal kveða á um grundvallaratriði varðandi starfskjarastefnu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn í stefnumiðunum. Hvað teljist til grundvallaratriða í þessu sambandi er nokkuð opið og er að mestu leyti komið undir mati hluthafafundar og félagsstjórnar í hverju tilviki. Ekki er gert ráð fyrir að í stefnumiðum komi fram nein efri eða neðri fjárhagsmörk fyrir grunnlaun. Atriði sem varða stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur geta t.d. verið upplýsingar um lengd samninga, uppsagnarfrest og skilyrði uppsagnar auk ákvæða um greiðslur við starfslok. Auk grundvallaratriðanna skal koma fram í stefnumiðunum hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum í formi afhendingar hluta, árangurstengdra greiðslna, hluta, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu, lífeyrissamninga, t.d. vegna viðbótarlífeyris, og starfslokasamninga. Ákvæðinu er ætlað að ná til hvers konar umbunar til stjórnenda og skal skýrt kveðið á um það í stefnumiðunum hvort slíkar greiðslur séu heimilar eða ekki. Ef ákveðið er að umbun sé heimil skal kveða á um það í stefnumiðunum hvaða skilyrði skuli vera uppfyllt og innan hvaða ramma hún skuli vera. Ekki er gert ráð fyrir að í stefnumiðunum komi fram nein efri og neðri fjárhagsmörk fyrir umrædda umbun.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að hvaða leyti stefnumiðin skuli vera bindandi. Lagt er til að stefnumiðin verði einungis bindandi að því er varðar umbun í formi hluta eða umbun sem byggð er á verði hluta í félaginu. Að öðru leyti er lagt til að stefnumiðin verði leiðbeinandi. Þykir eðlilegt að félagsstjórn hafi svigrúm til að víkja frá stefnumiðunum án þess að fá fyrir fram samþykki hluthafafundar fyrir því. Hins vegar kemur fram að heimilt sé að kveða á um það í samþykktum félagsins að stefnumiðin séu bindandi um fleiri atriði en skylt er samkvæmt ákvæðinu. Loks er kveðið á um það í 2. mgr. að félagsstjórn skuli birta stefnumiðin í tengslum við aðalfund félagsins, t.d. í ársskýrslu eða með ársreikningum og á vefsíðu félags, og að félagsstjórn beri að upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í stefnumiðunum, þar á meðal að hvaða leyti þau séu bindandi.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að stefnumiðin skuli rædd og samþykkt á aðalfundi félagsins ár hvert og fyrir fundinn skuli hluthafar upplýstir um stefnuna eða helstu atriði hennar, sem og áætlaðan kostnað vegna kaupréttaráætlana sem samþykkja á á fundinum. Ekki eru lagðar til sérstakar málsmeðferðarreglur og gildir þá meginregla laganna um einfaldan meiri hluta. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um það að félagsstjórn skuli á aðalfundi gera grein fyrir kjörum stjórnenda félagsins, þar á meðal kjörum forstjóra, aðalframkvæmdastjóra og annarra forstjóra eða framkvæmdastjóra, svo og stjórnarmanna. Til upplýsinga um kjör stjórnenda og stjórnarmanna í þessu sambandi teljast m.a. upplýsingar um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu, greiðslur frá öðrum félögum í sömu fyrirtækjasamsteypu, fjárhæð árangurstengdra greiðslna, starfslokagreiðslur til þeirra sem látið hafa af störfum á reikningsárinu, auk heildarfjárhæðar

annarra greiðslna. Undir ákvæðið fellur enn fremur skylda til að gera grein fyrir greiðslum til einstakra stjórnenda og stjórnarmanna í formi hluta, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að félagsstjórn skuli rökstyðja það í hverju tilviki fyrir sig ef vikið er frá stefnumiðunum. Skal rökstuðningurinn koma fram í gerðabók stjórnar.

Í greininni er byggt á tilmælum framkvæmdastjórnar EB varðandi starfskjör stjórnarmanna og æðsta stjórnanda í félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eins og í hlutafélagafrumvarpi um sama efni.

Um 3. gr.

Í 55. gr. gildandi laga um einkahlutafélög er kveðið á um að hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum félagsins. Þar er jafnframt kveðið á um að hluthafar fari með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum og að öllum hluthöfum sé heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls. Í 58. gr. laganna er kveðið á um að hluthafafund skuli halda á heimili félags nema félagssamþykktir ákveði að hluthafafundi megi eða skuli halda annars staðar. Þessi ákvæði voru sett í lög áður en rafrænir samskiptamiðlar urðu jafnalmennir og raunin er og gera þau því ráð fyrir að hluthafafundur sé haldinn þannig að menn mæti á ákveðinn stað og séu viðstaddir fundinn í eigin persónu. Til að laga lögin að tækniframförum er lagt til að tveimur nýjum ákvæðum, 55. gr. a og 55. gr. b, verði bætt við þau þar sem annars vegar sé kveðið á um rafræna hluthafafundi og hins vegar um notkun rafrænna skjala og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa.

Um a-lið (55. gr. a).

Í 55. gr. a er lagt til að settar verði reglur um rafræna hluthafafundi þar sem heimilað verði að hluthafafundur verði haldinn með aðstoð rafrænna miðla að hluta eða öllu leyti. Með rafrænum hluthafafundi er átt við að hluthafar nýti sér stjórnunarlegar heimildir sínar á hluthafafundi, þ.e. réttinn til að sækja fund, taka til máls og greiða atkvæði, með hjálp rafrænna miðla án þess að vera staddir á fundinum. Gert er ráð fyrir að þetta gerist með aðstoð síma, nets eða annarra miðla með svipað notagildi en ekki er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum hvaða miðla megi nota eða hvernig þeir verði notaðir. Er það gert með tilliti til örrar þróunar í fjarskiptatækni og þess að eðlilegt þykir að veita hluthöfum nokkurt svigrúm að þessu leyti þar eð ætla má að þarfir einstakra hluthafa og félaga séu mismunandi.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir tvenns konar rafrænum hluthafafundum, annars vegar fundi sem er að hluta rafrænn, þ.e. haldinn er venjulegur hluthafafundur en hluthöfum gefinn kostur á að taka þátt í honum án þess að vera á staðnum, en hins vegar er gert ráð fyrir hluthafafundi sem eingöngu er rafrænn. Ákvæðið nær ekki til hluthafafunda þar sem rafrænir miðlar eru notaðir sem hjálpartæki þótt allir þátttakendur séu viðstaddir, t.d. hluthafafundar sem haldinn er á sama tíma í mörgum sölum sem eru innbyrðis tengdir með stórum sjónvarpsskjám þar sem hluthafar eða fulltrúar þeirra verða að vera á staðnum til að geta tekið þátt í fundinum.

Í tillögunni eru gerðar mismunandi kröfur til ákvarðanaferlisins eftir því hvort um er að ræða hluthafafundi sem eru rafrænir að öllu leyti eða hluta. Rökin að baki þessu eru að ákvörðun um að hafa hluthafafund að hluta til rafrænan hefur mun minni áhrif á hluthafa almennt en ákvörðunin um að halda hluthafafund sem er einungis rafrænn en slíkir fundir eru mjög frábrugðnir hefðbundnum hluthafafundum. Er líklegt að ákvörðun um algjörlega rafrænan hluthafafund geti verið mjög til hagsbóta fyrir suma hluthafa á meðan slík ákvörðun er væntanlega íþyngjandi fyrir aðra.

Í 1. mgr. er fjallað um hluthafafundi sem eru að hluta til rafrænir. Í ákvæðinu er lagt til að félagsstjórn geti heimilað hluthöfum, auk þess að mæta á hluthafafundi, að taka þátt í fundum

með rafrænum miðlum ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum. Samkvæmt þessu er hinn hefðbundni hluthafafundur enn grundvöllurinn en jafnframt hafa hluthafar möguleika á að taka þátt í hluthafafundinum, taka til máls og greiða atkvæði með aðstoð rafrænna miðla án þess að vera á staðnum. Lagt er til að nánari reglur um framkvæmd hluthafafundar, sem er að hluta til rafrænn, verði settar í samþykktir félagsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hluthafafundi sem eru einungis rafrænir. Þar er lagt til að hluthafafundur geti ákveðið að hluthafafundir verði framvegis aðeins haldnir með aðstoð rafrænna miðla. Þá fer hluthafafundur ekki fram á neinum ákveðnum stað og ekki er mögulegt að taka þátt í fundinum í eigin persónu heldur aðeins með rafrænum miðlum með tengingu fyrir alla hluthafa sem taka þátt í fundinum. Atkvæðagreiðsla fer einnig fram rafrænt. Í ákvörðun hluthafafundarins skal kveðið á um það hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í fundinum. Með þessu er ætlunin að gefa félögunum möguleika á að haga þessum málum í samræmi við þarfir hvers félags fyrir sig en slíkar þarfir geta verið mjög ólíkar eftir stærð félaga og fjölda hluthafa. Þá veitir ákvæðið einnig svigrúm fyrir tæknilegar framfarir.

Ákvörðun hluthafafundar um að hluthafafundur skuli framvegis aðeins vera rafrænn skal taka upp í félagssamþykktir og gilda ákvæði 68. gr. einkahlutafélagalaga um ákvörðunina og breytingar á henni. Það þýðir að ákvörðunin verður aðeins gild ef hún hlýtur samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Auk þessa er í 7. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 68. gr. laganna sem miðar að aukinni minnihlutavernd þannig að hluthafar sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins geti komið í veg fyrir að tillaga um algjörlega rafrænan hluthafafund verði samþykkt með því að greiða atkvæði gegn henni.

Ákvæðum 3. mgr. er ætlað að gilda bæði um hluthafafundi sem eru að hluta til rafrænir og um hluthafafundi sem eru einungis rafrænir. Lagt er til að þar verði kveðið á um að félagsstjórn ákveði hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar sem notaður er við rafræna hluthafafundi. Þá er kveðið á um að í fundarboði til rafræns hluthafafundar skuli gefa upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geti tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geti nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi en slíkar upplýsingar gæti félag t.d. birt á heimasíðu sinni.

Í 4. mgr. kemur fram að skilyrði fyrir því að haldinn verði rafrænn hluthafafundur sé að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Ákvæðið á bæði við hluthafafundi sem eru að hluta til rafrænir og hluthafafundi sem eru einungis rafrænir. Með ákvæðinu er staðfest að gera skuli jafnstrangar reglur til rafræns hluthafafundar og hefðbundins hluthafafundar. Þannig skulu tæki sem notuð eru vera þannig úr garði gerð að tryggt sé að lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar séu uppfyllt. Hluthafar skulu eiga möguleika á að nýta sér þann rétt sem þeim er tryggður í einkahlutafélagalögum til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Þá eru einnig gerðar kröfur til þess að tæknibúnaðurinn geri kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn, hvaða atkvæðisrétt þeir hafa og hverjar niðurstöður atkvæðagreiðslna verða.

Tryggt verður að vera að búnaðurinn sem er notaður geti borið kennsl á hvern einstakan þátttakanda í hluthafafundinum, t.d. með notkun aðgangsorða eða annarra sambærilegra aðferða. Til að geta tekið þátt í rafrænum hluthafafundi verður hluthafinn að vera tengdur við upphaf fundarins, t.d. í gegnum net eða annan miðil með svipaða virkni.

Samkvæmt núgildandi lögum er félagsstjórn ábyrg fyrir framkvæmd hluthafafundar. Það er því hlutverk stjórnarinnar að tryggja að rafrænn hluthafafundur fari fram á öruggan hátt. Það er hins vegar eftirlátið einstökum félögum að ákveða nánar, miðað við þarfir félagsins, hvaða tæknikröfur skuli gerðar til þess búnaðar sem notaður er.

65. gr. einkahlutafélagalaga mælir fyrir um að hluthafafundi skuli stýrt af fundarstjóra. Hlutverk fundarstjóra er að sjá til þess að fundurinn fari fram í samræmi við ákvæði laga. Hlutverk fundarstjóra rafræns hluthafafundar er að sjá til þess að sá tækjabúnaður sem er notaður standist kröfur þessa ákvæðis. Með ákvæðinu er ekki ætlunin að fjölga verkefnum fundarstjóra en útfærsla verkefnanna breytist nokkuð vegna notkunar á rafrænum miðlum. Þannig þarf fundarstjóri að taka afstöðu til vafaatriða sem upp kunna að koma í tengslum við hluthafafundinn, t.d. ef upp koma tæknileg vandamál sem leiða til þess að hluti hluthafanna missir samband við hluthafafundinn. Þegar fundarstjóri ákveður hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem upp kunna að koma skal hann m.a. hafa til hliðsjónar hvaða þýðingu það kann að hafa fyrir meðferð einstakra dagskráratriða og atkvæðagreiðslna að hluthafar hafi misst samband við hluthafafundinn vegna tæknilegra vandkvæða. Einnig geta komið upp spurningar um gildi þeirra ákvarðana sem teknar voru á fundinum. Þegar afstaða er tekin til gildis ákvarðana ber m.a. að hafa hliðsjón af því hvort rekja má hin tæknilegu vandamál til hluthafans eða félagsins, fjölda hluthafa sem ekki gátu tekið þátt í fundinum, auk þess hvort atkvæði þeirra sem gátu ekki greitt atkvæði hefðu getað haft úrslitaáhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Í 5. mgr. er gerð tillaga um ákvæði sem hefur það að markmiði að tryggja að rafrænn hluthafafundur geti farið fram innan eðlilegs tímaramma. Á ákvæðið bæði við um hluthafafundi sem eru að hluta rafrænir og hluthafafundi sem eru að öllu leyti rafrænir.

Eins og á hefðbundnum hluthafafundum er það hlutverk fundarstjóra að sjá til þess að framvinda rafrænna hluthafafunda sé eðlileg. Þannig getur fundarstjóri rafræns hluthafafundar lokað mælendaskrá á ákveðnum tímapunkti eins og á hefðbundnum hluthafafundum ef hann telur dagskrárefnið fullrætt. Hins vegar er ljóst að þátttaka í rafrænum hluthafafundi getur í ákveðnum tilvikum leitt til þess að viðkomandi hluthafar spyrji fleiri spurninga. Að auki getur verið erfiðara fyrir fundarstjóra að meta hvenær efni er fullrætt þegar spurningar og umræður eru á rafrænu formi, t.d. sendar í tölvupósti. Getur þetta leitt til þess að erfitt verði að halda rafrænum hluthafafundum innan venjulegra tímamarka. Því er lagt til að kveðið verði á um það í 5. mgr. að hluthafafundur geti ákveðið að hluthafar sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. sem tengist hluthafafundinum fyrir fundinn, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Skal ákvörðunin tekin upp í samþykktir félagsins og um ákvarðanatökuna gilda almennar reglur um breytingar á samþykktum.

Þessari reglu er einungis ætlað að gilda um hluthafa sem taka þátt í hluthafafundi með rafrænum miðli. Þannig gildir hún um alla hluthafa ef hluthafafundur er einungis rafrænn en aðeins um þá sem tengjast fundinum í gegnum rafræna miðla þegar hluthafafundur er að hluta til rafrænn.

Þær spurningar sem átt er við í 5. mgr. eru einkum spurningar sem unnt er að spyrja fyrir fram á grundvelli fundarboðs og þeirra gagna sem hluthafar hafa haft aðgang að fyrir hluthafafund. Spurningar og svör eiga að vera aðgengileg öllum hluthöfum í síðasta lagi við upphaf fundarins. Ef nýjar upplýsingar koma fram í svörum við spurningunum fyrir eða á hluthafafundinum er ekki unnt að útiloka slíkar spurningar með vísan til þess að þær hefðu átt að koma fram innan gefins frests. Að öðru leyti breytir slík breyting á samþykktunum ekki rétti hluthafa til að setja fram aðrar spurningar á hluthafafundinum.

Lagt er til að í 6. mgr. verði kveðið á um það að ákvæði einkahlutafélagalaga gildi að öðru leyti um hluthafafundi eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi hvort sem þeir eru að öllu leyti eða aðeins að hluta til rafrænir.

Um b-lið (55. gr. b).

Í 55. gr. b er lagt til að lögfest verði heimild til að nota rafræna miðla auk rafpósts til samskipta milli félagsins og hluthafa þess. Ákvæðið gildir aðeins um samskipti á milli hluthafa og félagsins en ekki um samskipti við þriðja mann. Gildandi lög gera ekki ráð fyrir slíkum rafrænum samskiptum, enda voru þau ekki orðin jafnalmenn og nú er þegar lögin voru sett. Því eru í gildandi lögum ýmis ákvæði sem gera formkröfur sem aðeins er unnt að uppfylla með því að senda eða leggja fram gögn, rituð á pappír.

Lagt er til að félögunum sjálfum verði eftirlátið að ákveða út frá þörfum hvers félags hvaða kröfur eru gerðar til þess tæknibúnaðar sem nota á til að nægilegt öryggi sé tryggt við rafræn samskipti. Tæknibúnaðurinn verður að veita nægjanlegt öryggi til að unnt sé að staðfesta hver sendi skjalið svo að sendandi geti ekki eftir á neitað að hafa sent skilaboð eða skjal og að skilaboðin eða skjalið hafi ekki verið lesið eða breytt á leiðinni frá sendanda til viðtakanda.

Lagt er til í 1. mgr. að kveðið verði á um almenna heimild fyrir félagið og hluthafa þess til að hafa samskipti með notkun rafrænna skjala og rafpósts í stað framsendingar eða framlagningar á skjölum sem rituð eru á pappír. Bæði félagsstjórn og hluthafar geta lagt fram tillögu um þetta en tekin skal ákvörðun um hana á hluthafafundi. Ákvörðunin tekur til rafrænna skjala sem geta komið í staðinn fyrir skjöl sem eru rituð á pappír og er það skilyrði að unnt sé að prenta rafrænu skjölin út án vandkvæða. Ekki er gert ráð fyrir að hljóð- og myndskjöl uppfylli formkröfur laganna um að vera skrifleg gögn.

Lagt er til að ákvæðið gildi um öll samskipti á milli félagsins og hluthafa þess hvað sem formkröfur laganna segja, að undanskildu því sem segir í 5. mgr. þessarar greinar um opinbera innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði. Ákvörðun um notkun rafrænna samskipta getur tekið til allra eða hluta þeirra skilaboða og skjala sem fara á milli hluthafa og félagsins. Sem dæmi um rafræn samskipti má nefna útsendingu fundarboðs til skráðra hluthafa, t.d. í formi tölvupósts með rafrænni undirskrift, og á sama hátt geta hluthafar tilkynnt um þátttöku í hluthafafundi.

Kveðið er á um það í 2. mgr. að í ákvörðun hluthafafundar um notkun rafrænna samskipta skuli koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin skuli ná og hvernig rafræn samskipti megi eða skuli nota. Einnig skal koma fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar og framkvæmd rafrænna samskipta. Rökstuðningur fyrir þessu er m.a. sá að nauðsynlegt er að hluthafar viti nákvæmlega hvar og hvernig þeir geta aflað sér upplýsinga um þetta og hvernig þeir geta komist í samband við félagið.

Í 3. mgr. 55. gr. b er kveðið á um það að ákvörðunin skuli tekin upp í samþykktir félagsins og, eins og um ákvörðun um algjörlega rafræna hluthafafundi, gilda ákvæði 68. gr. laganna um ákvörðunina og breytingar á henni. Það þýðir að ákvörðunin verður aðeins gild ef hún hlýtur samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Auk þessa er í 7. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 68. gr. sem miðar að aukinni minnihlutavernd þannig að hluthafar sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins geti komið í veg fyrir að tillaga um notkun rafpósts og rafrænna miðla til samskipta á milli félags og hluthafa verði samþykkt með því að greiða atkvæði gegn henni.

Ákvæði 4. mgr. er ætlað að taka af allan vafa um það að heimilt sé að nota rafræna miðla til samskipta á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það þrátt fyrir að hluthafafundur hafi ekki ákveðið að taka upp rafræn samskipti. Ekki eru gerðar sérstakar formkröfur til slíks samnings en ljóst er að hann má ekki vera í andstöðu við lög eða samþykktir félags.

Í 5. mgr. koma fram takmarkanir á möguleikum til að koma á rafrænum samskiptum á milli félagsins og hluthafanna þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði. Í slíkum tilvikum geta rafrænar tilkynningar frá félaginu ekki komið í staðinn. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að félagið birti slíkar tilkynningar einnig með rafrænt, t.d. á heimasíðu félagsins.

Um 4. gr.

Hér er lögð til breyting á 59. gr. laganna. Tengist hún þeim breytingum sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins um nýja 54. gr. a.

Lagt er til að kveðið skuli á um að á aðalfundi skuli taka ákvörðun um tillögu félagsstjórnar um stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna, í einkahlutafélögum sem ber skylda til að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga. Samkvæmt því munu stefnumið félagsstjórnarinnar gilda frá einum aðalfundi til þess næsta og því ekki miðast við almanaksárið.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 62. gr. þar sem fram koma reglur um boðun hluthafafundar. Í 2. mgr. 62. gr. er kveðið á um það að ráðherra geti látið boða til hluthafafundar í ákveðnum tilvikum þegar engin starfandi stjórn er í félaginu eða félagsstjórn lætur hjá líða að boða til hluthafafundar.

Hér er lagt til að í slíkum tilvikum geti ráðherra ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn á hefðbundinn hátt þrátt fyrir að kveðið sé á um það í samþykktum félagsins að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt að hluta eða öllu leyti. Ákvæðið á einnig við í þeim tilvikum þar sem hluthafar hafa samið um að þessi tiltekni hluthafafundur skuli haldinn með rafrænum miðlum.

Rökstuðningurinn fyrir þessu ákvæði er að bæði getur verið dýrt og tímafrekt ef ráðherra þarf að þróa og útvega sérstakan tæknibúnað fyrir þau örfáu tilvik þar sem hann þarf að boða til hluthafafundar. Þar eð félagið ber endanlega kostnaðinn af hluthafafundum sem ráðherra boðar til eru það einnig hagsmunir félagsins að kostnaði við slíka fundi sé haldið í lágmarki.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 4. mgr. 63. gr. þar sem kveðið er á um framlagningu og útsendingu gagna fyrir hluthafafund. Tengist breytingin tillögunum í 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að bætt verði við ákvæði um að félagsstjórn skuli setja fram stefnumið um laun og greiðslur til stjórnenda og stjórnarmanna félagsins. Felur ákvæðið í sér að bætt verði við upptalningu málsgreinarinnar á þeim gögnum sem leggja skal fram tillögum félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins ef félaginu ber skylda til að kjósa sér a.m.k. einn endurskoðanda á grundvelli ársreikningalaga

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting á 68. gr. laganna þar sem kveðið er á um hvernig skuli fara með breytingu félagssamþykkta. Þar kemur fram sú meginregla að ákvörðun um breytingu félagssamþykkta verði aðeins gild ef hún hlýtur samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 1. mgr. nýjum málslið þar sem fram komi sérstök regla sem gildi um breytingu félagssamþykkta, annars vegar þegar ákveðið er að hluthafa-

fundur skuli aðeins haldinn með rafrænum hætti og hins vegar þegar ákveðið er að nota rafræn skjalasamskipti og rafpóst í samskiptum milli félags og hluthafa þess í stað pappírssamskipta. Er lagt til að auk framangreindra skilyrða um aukinn meiri hluta verði það gert að skilyrði að hluthafar sem ráða yfir ¼ hlutafjárins greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni. Samkvæmt ákvæðinu verða þeir hluthafar sem eru andsnúnir því að teknir verði upp rafrænir hluthafafundir og rafræn samskipti að koma mótmælum sínum á framfæri með því að greiða atkvæði gegn tillögunni. Ekki nægir að þeir taki ekki þátt í hluthafafundinum eða sitji hjá við atkvæðagreiðsluna.

Þykir þessi aukna minnihlutavernd sjálfsögð þar sem miklar breytingar fylgja ákvörðunum um að halda algjörlega rafræna hluthafafundi og taka upp rafræn samskipti á milli hluthafa og hlutafélags. Geta slíkar breytingar verið mjög til hagræðis fyrir suma hluthafa en jafnframt mjög íþyngjandi fyrir aðra.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 72. gr. laganna þar sem kveðið er á um sérstakar rannsóknir á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum varðandi bókhald eða ársreikning. Samkvæmt núgildandi ákvæði getur hluthafi sett fram tillögu á hluthafafundi um að slík rannsókn skuli fara fram og fer hún þá fram í samræmi við samþykktina sé tillagan samþykkt. Ef sú staða kemur hins vegar upp að tillagan sé felld en hlýtur samt fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst 25% hlutafjárins getur hluthafi farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn. Örfá dæmi eru um að þessi heimild hafi verið nýtt undanfarin ár.

Hér er lagt til að ákvæðið standi óbreytt að öðru leyti en því að lagt er til að tillagan þurfi aðeins stuðning hluthafa sem ráða yfir 10% hlutafjárins til að hluthafi geti óskað eftir því að ráðherra tilnefni rannsóknarmenn. Tilgangurinn með breytingunni er að veita stjórnendum félaga aukið aðhald og auka minnihlutavernd og möguleika lítilla hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. ef grunur leikur á um að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína til að hagnast á kostnað félagsins eða talið er að stjórn eða stjórnendur sinni ekki skyldum sínum. Breytingin er í samræmi við umræðu sem orðið hefur um möguleika hluthafa á að láta rannsaka tiltekin atriði í starfsemi félags. Má t.d. nefna að í skýrslu, sem sérfræðinefnd um félagarétt gerði fyrir framkvæmdastjórn ESB, er mælt með því að hluthafar, sem ráði yfir 5–10% af atkvæðarétti í félagi, geti farið fram á slíka rannsókn.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 98. gr. laganna en þar segir að í síðasta lagi einum mánuði eftir undirritun samrunaáætlunar skuli hvert samrunafélaganna senda hlutafélagaskrá endurrit af áætluninni, staðfest af félagsstjórn. Einnig skuli þá eða síðar senda skránni yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr. laganna. Lagt er til að orðin „þá eða síðar“ falli niður en í staðinn komi orðið „samtímis“.

Tilgangurinn með yfirlýsingu matsmanna er að upplýsa hvort samruni rýri möguleika lánardrottna til þess að leita fullnustu í eignum einkahlutafélags. Verði yfirlýsingin birt seinna en samrunaáætlunin er möguleiki á því að yfirlýsingin nái ekki tilgangi sínum. Til að tryggja að yfirlýsingin nýtist lánardrottnum sem skyldi er talið æskilegra að hún sé birt samtímis samrunaáætluninni. Því er lagt til að lögunum sé breytt.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á 109. gr. laganna en þar er kveðið á um hvernig skuli fara með skaðabótakröfur skv. 108. gr. Samkvæmt þeirri grein er stofnendum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum, endurskoðendum og skoðunarmönnum einkahlutafélags, svo og rannsóknarmönnum, skylt að bæta einkahlutafélagi það tjón er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum einkahlutafélagalaga eða samþykktum félags. Þá er einnig kveðið á um það að hluthafi sé skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins. Samþykki hluthafa sem ráða yfir meiri hluta atkvæða þarf til að félag höfði skaðabótamál á hendur ofangreindum aðilum ef talið er að þeir hafi valdið félaginu tjóni og er ekki lögð til breyting á því ákvæði.

Samkvæmt 109. gr. laganna geta hluthafahópar, sem ráða yfir minnst ⅕ af heildarhlutafé félagsins, gert skaðabótakröfu skv. 108. gr. vegna félagsins og í nafni þess þrátt fyrir að hluthafafundur hafi gert samþykkt um ábyrgðarleysi manns eða fellt tillögur um að leita fébóta. Kostnaður af slíku máli er félaginu óviðkomandi en þó geta málshefjendur krafist þess að kostnaður sé greiddur af félaginu, allt að þeirri fjárhæð sem félagið fengi greidda í skaðabætur.

Í greininni er lagt til að þær breytingar verði gerðar á ákvæðinu að hluthafahópur þurfi aðeins að ráða yfir minnst 10% af hlutafénu til að geta haft uppi skaðabótakröfu skv. 108. gr. laganna.

Tilgangurinn með breytingunni er að auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. til málshöfðunar gagnvart einstökum stjórnarmönnum sem meiri hluti hluthafa heldur hlífiskildi yfir og taldir eru hafa nýtt sér stöðu sína til tjóns fyrir félagið.

Um 11. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á refsiákvæðum í 127. gr. einkahlutafélagalaganna þannig að bætt verði við greinina tveimur nýjum töluliðum þar sem kveðið verði á um refsingu við því annars vegar að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. að greiða atkvæði, og hins vegar að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti. Brot á 127. gr. varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Gengið er út frá því sem meginreglu að sérhver afhending á aðgangsorði til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða hluthafafundi sé án heimildar. Í sérstökum tilvikum má þó hugsa sér að unnt sé að semja við félagsstjórn eða félag um að félagið afhendi aðgangsorðið varamanni stjórnarmanns eða umboðsmanni hluthafa.

Hvað varðar notkun aðgangsorðs er sérhver notkun þess af öðrum en stjórnarmönnum eða hluthöfum, sem það er afhent, óheimil nema um sé að ræða varamann stjórnarmanns eða umboðsmann hluthafa, sbr. hér að ofan. Með notkun er bæði átt við það ef menn fylgjast með fundinum og ef þeir taka þátt í honum.

Það sama á við um afhendingu aðgangsorðs vegna rafrænna samskipta á milli félags og stjórnar. Til notkunar á slíku aðgangsorði telst m.a. að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er lagt til að bætt verði við lögin nýrri grein þar sem kveðið verði á um að unnt sé að nota rafrænar undirskriftir þar sem einkahlutafélagalögin mæla fyrir um að skjal skuli undirritað.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að lögin öðlist gildi 1. október 2006. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um einkahlutfélög og taka tillögurnar mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Í frumvarpinu er meðal annars fjallað um að unnt verði að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla, stefnumið félags, þátttöku á hluthafafundum rafrænt og rafræn skjalasamskipti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

668. Fyrirspurn [446. mál]

til umhverfisráðherra um skotveiði og friðland í Guðlaugstungum.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvaða samráð var haft við veiðimenn þegar ákvörðun var tekin um að banna skotveiði á stóru landsvæði með auglýsingu, dags. 22. desember sl., um friðland í Guðlaugstungum?

669. Lög [417. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

(Afgreidd frá Alþingi 20. jan.)

Samhljóða þskj. 634.

670. Svar [410. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um aflagjöld Akraneshafnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver voru mánaðarleg innheimt aflagjöld Akraneshafnar, frá 1. janúar 2000 til loka nóvember 2005, reiknað til núvirðis?*
2. *Hefur hlutfall innheimtra aflagjalda Akraneshafnar breyst á tímabilinu, og ef svo er, þá hvenær og hvernig?*

Leitað var til Akraneshafnar um svör við fyrirspurninni. Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

Aflagjald Akraneshafnar 2000–2005.

Ár	Bolfiskur, tonn	Uppsjávar-fiskur, tonn	Samals afli, tonn	Aflagjald, kr.	Neysluvísitala, júlígildi hvers árs	Aflagjald, á verðlagi júlí 2005
2000	19.949,76	79.043,37	98.993,13	19.365.833	200,1	23.488.694
2001	17.072,81	96.841,24	113.914,05	21.121.724	214,2	23.932.037
2002	19.765,77	109.680,22	129.445,99	29.319.139	223,0	31.909.215
2003	22.347,47	90.769,84	113.117,31	30.703.202	226,5	32.899.193
2004	15.184,34	89.580,95	104.765,29	27.324.318	234,6	28.267.741
2005*	13.038,59	30.432,66	43.471,24	18.070.584	242,7	18.070.584

*Árið 2005 er miðað við fyrstu 11 mánuði ársins.

Aflagjald Akraneshafnar hækkaði í 1,3% á miðju ári 2004.

671. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Verði misbrestur á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Ákvörðun skv. 2. mgr. er kæranleg til menntamálaráðuneytisins. Fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga.

4. gr.

Í stað orðanna „viðurkennda einkaskóla“ í a-lið 7. gr. laganna kemur: sjálfstætt rekna grunnskóla.

5. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður.

6. gr.

Á eftir orðinu „sveitarfélög“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: og sjálfstætt reknir grunnskólar.

7. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

8. gr.

Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldraráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa nemendaráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 6.–10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð skal fá skólanámskrá til kynningar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Nemendaráð skal jafnframt fá til kynningar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: og foreldraráð.

b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi.

11. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

12. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Ef ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal skólastjóri í upphafi skólaárs ákveða í samráði við skólanefnd hver úr hópi ótímabundið ráðinna kennara skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Orðin „(30 kennslustundir)“, „(35 kennslustundir)“ og „(37 kennslustundir)“ í 2. mgr. falla brott.
b. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „kyns“ í 4. mgr. kemur: kynhneigðar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kjarnagreinar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: skyldunámsgreinar.
b. D-liður 2. mgr. orðast svo: list- og verkgreinar.
c. Í stað orðanna „umhverfis- og tæknimennt“ í e-lið 2. mgr. kemur: og umhverfismennt.
d. G-liður 2. mgr. orðast svo: íþróttir, líkams- og heilsurækt.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   j. lífsleikni,
   k. upplýsinga- og tæknimennt.

16. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Í skólanámskrá skal m.a. gerð grein fyrir starfsáætlun skólans, skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, skólaheilsugæslu og slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans, svo sem mati og úttektum á skólastarfi. Skólanámskrá skal kynnt nemendaráði og lögð fyrir foreldraráð til umsagnar ár hvert. Að loknu umsagnarferli skal skólanámskráin lögð fyrir skólanefnd sem skal staðfesta gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög,

reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla, kjarasamninga og almennar ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

17. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Í 8., 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.

18. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Skólaakstur skv. 4. gr. skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
   Allir nemendur grunnskólans eiga rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskólinn skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: Skólastjóra.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: skólastjóra.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar sérfróðra ráðgjafa skólans og skólastjóra sem leitar leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.
b. 3. og 4. mgr. orðast svo:
   Meðan mál skv. 2. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Takist ekki að leysa málið innan skólans vísar skólastjóri málinu til skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.
   Ákvörðun skólanefndar skv. 3. mgr. er kæranleg til menntamálaráðuneytisins. Fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga.

21. gr.

Í stað orðsins „kjarnagreinum“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: skyldunámsgreinum.

22. gr.

Í stað orðsins „einkaskólum“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: sjálfstætt reknum grunnskólum.

23. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr. eftir því sem við á.

Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.

24. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Sjálfstætt reknir grunnskólar.**

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði skv. 23. gr. laga þessara án sérstakrar viðurkenningar menntamálaráðuneytisins skv. 1. mgr. sömu greinar. Sveitarfélagi eru þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með grunnskólalögum, nr. 66/1995, var ábyrgð á rekstri grunnskólans flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þegar litið er til reynslunnar af þessari grundvallarbreytingu sem varð á starfsemi grunnskólans má sjá að sveitarfélögin í landinu hafa af miklum metnaði tekist á við þetta verkefni og er óhætt að segja að með þessari skipulagsbreytingu hafi verið stigið gæfuspor í skólamálum á Íslandi.

Gildandi grunnskólalög hafa staðið nær óbreytt frá setningu þeirra þrátt fyrir veigamiklar breytingar á grunnskólastiginu með tilkomu aðalnámskrár grunnskóla á árinu 1999 þar sem sett voru fram markmið fyrir nemendur í hverri námsgrein á mismunandi aldursstigum.

Á undanförnum missirum hefur af hálfu menntamálaráðuneytisins verið í skoðun þörf á breytingum á grunnskólalögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er eftir að rekstur grunnskólans fluttist frá ríkinu til sveitarfélaga. Við þá skoðun hefur verið litið almennt til

framkvæmdarinnar og þeirra álitamála sem upp hafa komið og tengjast m.a. úrskurðum ráðuneytisins á grunnskólastiginu. Auk þess hafa sérstaklega verið til skoðunar heimildir til stofnunar og reksturs einkarekinna grunnskóla, viðurkenning þeirra og réttur til opinberra fjárframlaga.

Við vinnslu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur sem birtust í skýrslu starfshóps á þess vegum í maí 2004, ýmsum ábendingum frá umboðsmanni barna og niðurstöðum grunnskólaþings sem haldið var í Reykjavík 26. mars 2004 á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga undir yfirskriftinni „Er grunnskólinn kominn til sveitarfélaganna?“ auk skýrslu menntamálaráðuneytisins frá ágúst 2004, „Breytt námsskipan til stúdentsprófs, aukin samfella í skólastarfi“.

Meginbreytingarnar sem frumvarp þetta felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum eru eftirfarandi:

1. Ákvæði gildandi laga um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum eru gerð skýrari, auk þess sem lagt er til að lögbundið verði lágmarksfjárframlag sveitarfélaga til reksturs þeirra, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja frekar en nú rekstrargrundvöll þeirra.
2. Ákvæði gildandi laga um ráðningu aðstoðarskólastjóra er breytt og horfið frá því að lögbinda að skylt sé að ráða aðstoðarskólastjóra. Á móti verði kveðið á um í greininni að ef ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri við grunnskóla ákveði skólastjóri í upphafi skólaárs, í samráði við skólanefnd, hver úr hópi ótímabundið ráðinna kennara skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans. Þá er gert ráð fyrir að skólanefnd staðfesti gildistöku skólanámskrár og að skólanefnd hafi það hlutverk að stuðla að samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla, auk samstarfs leikskóla og grunnskóla eins og er í gildandi lögum.
3. Aukið er á sveigjanleika við framkvæmd kennslu með því að fella niður ákvæði um lágmarkskennslustundafjölda á viku og að meðallengd kennslustunda skuli vera 40 mínútur. Lagðar eru til víðtækari heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina og jafnframt veitt aukið svigrúm til undanþágu frá skólasókn nemenda vegna reglubundins náms eða íþróttaiðkunar utan skóla eða af öðrum gildum ástæðum.
4. Skerpt er á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiri háttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir, auk samráðs sveitarstjórna við foreldraráð vegna undirbúnings við gerð skólamannvirkja.
5. Sérstök áhersla er lögð á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu með því að lögbundið verði á sama hátt og um foreldraráð að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og er þeim ætlað aukið hlutverk frá því sem er í gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastarfinu, auk þess sem menntamálaráðherra er falið, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að setja reglugerðir um skólaakstur og um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.
6. Lögð er til breyting á málsmeðferðarreglum gildandi laga, auk þess sem orðlagi í nokkrum greinum er breytt eða það gert skýrara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting á 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga að kveðið verði skýrt á um að miðað sé við að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir börn á aldrinum 6 til 16 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Í framkvæmd hafa komið upp ágreiningsmál þar sem

foreldrar barna hafa vistað sig og börn sín í sveitarfélagi án þess að unnt hafi verið að skrá lögheimili þeirra í því, en með ákvæði þessu er tekinn af allur vafi um að miðað er við að skylda sveitarfélaga samkvæmt ákvæðinu nái til barna sem þar eiga lögheimili.

Um 2. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 4. gr. bætist tveir nýir málsliðir. Fyrri málsliðurinn kveði skýrt á um að sveitarfélög beri ábyrgð á skipulagi skólaaksturs, en síðari málsliðurinn kveði á um að menntamálaráðherra setji nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Á það hefur verið bent, m.a. af umboðsmanni barna, að á skorti að afdráttarlaust sé kveðið á um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga varðandi skólaakstur. Sú breyting sem hér er lögð til á gildandi lögum kveður skýrt á um hvar ábyrgðin á skipulagi skólaaksturs liggur, en jafnframt er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um tilhögun skólaakstursins. Miðað er við að reglurnar fjalli um tímalengd skólaaksturs og fjarlægðir til og frá ákvörðunarstöðum, auk almennra öryggisreglna sem ekki er að finna í öðrum lögum eða reglugerðum um fólksflutninga.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting á málsmeðferðarreglu 6. gr. gildandi laga er varðar þau tilvik ef misbrestur verður á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að skólastjóri leiti úrbóta, en takist honum það ekki vísar hann málinu til úrlausnar skólanefndar sem einnig leitar lausna að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga. Finnist enn ekki úrlausn getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntmálaráðuneytisins sem leitar úrlausnar og getur úrskurðað með hvaða hætti úr skuli bætt.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á greininni til að gera hana skýrari en nú er. Í fyrsta lagi er lagt til að í greininni sé kveðið á um að skólastjóri þurfi að taka tillit til hlutverks barnaverndaryfirvalda vegna fjarveru barns frá skóla, með hliðsjón af tilkynningarskyldu til þeirra skv. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Vænta má að slík tilkynningarskylda sé fyrir hendi við þær aðstæður að fjarvist barns frá skóla á rætur að rekja til vanrækslu, vanhæfni eða framferðis forráðamanna þess, barn mætir ekki í skóla vegna áreitni eða ofbeldis af hálfu annarra eða að barn mætir ekki í skóla af ástæðum sem rekja má til eigin hegðunar barns og lífernis. Í öðru lagi er lagt til að þegar málið kemur til úrlausnar skólanefndar verði það lagt í mat skólanefndar sjálfrar hvort umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga verði fengin eða ekki, en núgildandi ákvæði gerir afdráttarlaust ráð fyrir slíkri umsögn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að skólanefnd leiti lausna á málinu eins og er samkvæmt gildandi lögum, en jafnframt að skýrt komi fram í ákvæðinu að nefndin taki ákvörðun. Sú ákvörðun er síðan kæranleg til menntamálaráðuneytisins og fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga. Tekið skal fram að kæruheimildin miðast við það að ákvörðun skólanefndar feli í sér stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en nánar um það vísast til athugasemda við 20. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til breyting á heiti XIII. kafla gildandi laga úr Einkaskólar í Sjálfstætt reknir grunnskólar. Í samræmi við það er hér lögð til sama orðalagsbreyting á a-lið 7. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Lögð er til sú efnisbreyting á 8. gr. gildandi laga að tímabundin undanþága frá skólasókn geti hvort heldur sem er náð til einstakra námsgreina eða að öllu leyti til náms í tiltekinn tíma. Skólastjórar geta því beitt þessu lagaákvæði til að auka sveigjanleika einstakra nemenda í skólasókn, m.a. með hliðsjón af reglubundinni íþrótta- eða tónlistariðkun þeirra, fjarkennslu eða af öðrum ástæðum sem skólastjóri metur gildar.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á orðalagi 56. gr. gildandi laga sem fjallar um einkaskóla, en frumvarpið gerir ráð fyrir að í stað þess að heita einkaskólar verði þessir skóla nefndir sjálfstætt reknir grunnskólar. Í stað núverandi orðalags 56. gr. um að þessir skóla hlíti sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar er lagt til að í ákvæðinu segi að um þessa skóla gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla sem alfarið eru reknir eru af sveitarfélögunum, eftir því sem við á. Því er hér lagt til að í 9. gr. gildandi laga komi skýrt fram að eftirlit ráðuneytisins með því að sveitarfélög uppfylli skyldur sem grunnskólalögin, reglugerðir samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um nái einnig til sjálfstætt rekinna grunnskóla.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hefur skólanefnd það hlutverk að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla, en breyting sú sem hér er lögð til kveður á um að með sama hætti skuli skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. Samstarf milli síðarnefndu skólastiganna er sívaxandi og í skýrslu menntamálaráðuneytisins um breytta námsskipan til stúdentsprófs er lagt til að kannaðir verði möguleikar þess að allir grunnskólar eigi sér samstarfsskóla á framhaldsskólastigi.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að við 16. gr. gildandi laga, sem fjallar um hlutverk foreldraráða í grunnskólum, verði bætt að foreldraráð skuli fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir. Með meiri háttar breytingum á skólahaldi og starfsemi skóla er t.d. átt við niðurlagningu eða sameiningu grunnskóla. Er þetta lagt til með það að markmiði að auka vægi foreldraráða í öllu skólastarfi. Eitt af meginmarkmiðum gildandi aðalnámskrár er að efla samstarf skólans og foreldra og er aukið vægi og hlutverk foreldraráða því í samræmi við þá markmiðssetningu. Þrátt fyrir aukið vægi foreldraráða með þessari breytingu ber sveitarstjórn ábyrgð á rekstri grunnskólans og tekur endanlega ákvörðun um skólahaldið í hverju sveitarfélagi.

Um 9. gr.

Samkvæmt 17. gr. gildandi laga er nemendum grunnskóla heimilað að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er á því byggt að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð, valið af nemendum sjálfum, og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Þar með verði lögfest sambærilegt ákvæði og er að finna í 16. gr. gildandi laga þess efnis að við hvern grunnskóla skuli starfa foreldraráð. Á sama hátt og lögð er áhersla á aðkomu foreldra að starfsemi grunnskólans er mikilvægt að nemendalýðræði sé virkt og að nemendum sé tryggður vettvangur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólayfirvöld. Eins og áður er nemendaráði ætlað að vinna m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að

ráðið fái aðstoð eftir þörfum, en ekki er talið rétt að lögbinda eins og nú er gert, hvaðan sú aðstoð er fengin. Jafnframt er gert ráð fyrir auknu hlutverki nemendaráðanna frá því sem er í gildandi lögum á þann veg að þau skulu fá til kynningar skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Nemendaráð skulu jafnframt fá til kynningar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir. Í ljósi þess að vægi og umfang starfa nemendaráða verður með þessu móti mun meira en áður og þar sem grunnskólinn er fyrir börn á aldursbilinu 6 til 16 ára þykir rétt að miða við að ákveðin aldursmörk verði sett til setu í ráðinu og miðist við börn í 6.–10. bekk. Skv. 2. mgr. 17. gr. gildandi laga setur nemendaráð hvers skóla sér starfsreglur.

Um 10. gr.

Lagt er til að við gerð skólamannvirkja skuli sveitarstjórn eiga samráð við foreldraráð, auk skólanefndar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. gildandi laga, í samræmi við áherslu á aukna ábyrgð og áhrif foreldra á skólastarf.

Þá er lagt til að áréttað verði í þessari lagagrein að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og sérstaklega tekið fram að við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Þessu ákvæði til stuðnings er lögð til sú breyting á 20. gr. laganna í 11. gr. frumvarpsins að menntamálaráðherra setji í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum. Að auki er lagt til í 19. frumvarpsins að í 1. mgr. 35. gr. laganna, sem markar upphaf VII. kafla þeirra og fjallar um réttindi og skyldur nemenda, verði enn frekar hnykkt á rétti nemenda til viðunandi námsumhverfis. Umboðsmaður barna hefur nýverið beint þeim tilmælum til menntamálaráðherra að brýnt sé að lögbinda með skýrum hætti rétt nemenda til góðs og öruggs vinnu- og námsumhverfis í skólum landsins. Það verði best gert í grunnskólalögum og er framangreindum ákvæðum frumvarpsins ætlað að mæta þeim mikilvægu ábendinum.

Um 11. gr.

Lagt er til að í 1. mgr. 20. gr. gildandi laga verði lögfest að menntamálaráðherra skuli í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum. Er það í samræmi við stefnumið þessa frumvarps að lögbinda ákvæði sem eru til þess fallin að auk á öryggi nemenda og tryggja þeim gott og öruggt námsumhverfi.

Um 12. gr.

Lagt er til að í 2. mgr. 23. gr. gildandi laga verði horfið frá því að lögbinda að skylt sé að ráða aðstoðarskólastjóra. Á móti verði kveðið á um í greininni að ef ekki er starfandi aðstoðarskólastjóri við grunnskóla ákveði skólastjóri í upphafi skólaárs, í samráði við skólanefnd, hver úr hópi ótímabundið ráðinna kennara skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans. Rétt er að árétta að í 1. mgr. 7. gr. laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, er lögbundið að aðstoðarskólastjóri hafi kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi. Með þessari breytingu er ekki við það miðað að núverandi stöður aðstoðarskólastjóra verði lagðar niður, heldur er einungis verið að auka svigrúm sveitarfélaga til að haga rekstri og innra skipulagi grunnskólans eins og þau telja best henta. Um ráðningu aðstoðarskólastjóra gildi það sama og segir um ráðningu kennara og annarra starfsmanna í 3. mgr. 23. gr. gildandi laga, þ.e. að um þær fari eftir ákvæðum í samþykktum um stjórn sveitarfélags.

Um 13. gr.

Gerðar eru þær breytingar á 2. mgr. 27. gr. gildandi laga að einungis er kveðið á um lágmarks vikulegan kennslutíma í mínútum, en ekki einnig í kennslustundum. Í samræmi við það er lagt til að 2. málsl. 4. mgr. 27. gr. falli brott, en þar segir að meðallengd kennslustunda í grunnskóla skuli vera 40 mínútur. Breyting þessi eykur sveigjanleika skóla til að skipuleggja skólatímann með öðrum hætti en út frá meðallengd kennslustunda.

Um 14. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 29. gr. gildandi laga falli brott, en ákvæðið lögbindur þær áherslur sem leggja á í starfi skóla. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er hluverk grunnskólans skilgreint og því er 2. gr. 29. gr. einungis nánari útfærsla á þeirri grein. Í 1. mgr. 29. gr. laganna segir hins vegar að í aðalnámskrá grunnskóla skuli nánar kveðið á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans skv. 2. gr. Raunin er sú að aðalnámskrá grunnskóla kveður á um þær áherslur sem lagðar eru í starfi grunnskóla, bæði í almenna hlutanum og í aðalnámskrám einstakra námsgreina og námssviða, og því verður ekki séð að sérstök þörf sé á því að binda áherslur í skólastarfi með þeim hætti sem gert er í 2. mgr. 29. gr. laganna.

Þá er lagt til að við 4. mgr. 29. gr. gildandi laga, þar sem segir að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunum vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar, verði bætt hugtakinu kynhneigð. Í skýrslu nefndar sem forsætisráðherra skipaði til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, sem gefin var út í ágúst 2004, er að finna umfjöllun um gildandi lög sem veita vernd fyrir mismunun vegna samkynhneigðar. Þótt í tillögum nefndarinnar sé lögð áhersla á að sett verði í lög sérstök verndarákvæði til að sporna við mismunun samkynhneigðra á vinnumarkaði þykir rétt og eðlilegt að við þessa endurskoðun á ákvæðum grunnskólalaga nú verði lögfest að sú mismunun sem um er fjallað í 4. mgr. 29. gr. gildandi laga nái jafnt til kynhneigðar og annarra þeirra þátta sem þar eru taldir upp.

Um 15. gr.

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar á 30. gr. gildandi laga í samræmi við heiti námsgreina samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Sérstaklega skal bent á að hugtakið kjarnagrein er ekki notað í aðalnámskrá, heldur eru þar skilgreindar skyldunámsgreinar á ákveðnum námssviðum.

Um 16. gr.

Lögð er til orðalagsbreyting á 31. gr. gildandi laga sem fjallar um skólanámskrá. Gerð er sú breyting að ekki er tekið fram sérstaklega að skólanámskrá sé unnin af kennurum skólans þar sem slík lögbinding er ekki nauðsynleg, ekki síst þar sem annað starfslið skólans en kennarar getur komið að gerð einstakra þátta skólanámskrárinnar ásamt kennurum. Ákvæði um innihald skólanámskrárinnar er gert skýrara og bætt við að fjalla þurfi um skólaheilsugæslu og gera grein fyrir mati og úttektum á skólastarfinu ef um slíkt er að ræða. Bætt er við ákvæði um að skólanámskráin skuli kynnt nemendaráði ár hvert, en í gildandi lögum er gert ráð fyrir umsögn foreldraráðs. Loks er nýtt ákvæði um að skólanámskráin skuli síðan lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem m.a. skal tryggja að fylgt hafi verið lögbundnu umsagnarferli og að hún sé unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla, kjarasamninga og almennar ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Eðlilegt er að skólanámskráin sé staðfest með þessum hætti af skólanefnd þar sem allur rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga.

Um 17. gr.

Greinin felur í sér auknar heimildir frá því sem er í gildandi ákvæði 1. mgr. 32. gr. laganna til mats á námi utan grunnskóla til valgreina. Gildandi ákvæði nær til nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla, en hér er lagt til að heimildin nái einnig til nemenda í 8. bekk. Er það í samræmi við aukinn sveigjanleika náms nemenda í efri bekkjum grunnskóla, en sem dæmi má nefna að nemendur í 8. bekk grunnskóla hafa nú heimild til að taka samræmd lokapróf í grunnskóla sem hingað til hefur einungis verið heimilt nemendum í 9. og 10. bekk. Sérstaklega er tekið fram að stundi nemandi slíkt nám sé viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.

Um 18. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 33. gr. gildandi laga, sem kveður á um að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu, bætist tveir nýir málsliðir. Annars vegar verði sérstaklega kveðið á um að óheimilt sé að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Hins vegar verði lögbundið að skólaakstur skuli vera nemendum að kostnaðarlausu. Þykir rétt að taka af öll tvímæli um þessa kostnaðarliði.

Um 19. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 35. gr. gildandi laga að við greinina bætist ný málsgrein er verði 1. mgr. Þar verði kveðið á um að allir nemendur grunnskólans eigi rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem taki mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Jafnframt verði lögfest að grunnskólinn skuli í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins er að finna röksemdir fyrir þessari breytingartillögu.

Þá er lögð til breyting á 5. mgr. greinarinnar þar sem menntamálaráðherra er heimilað að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein og að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Hér er gert ráð fyrir að skólastjórum verði heimilað að veita þessar undanþágur í stað ráðherra nú. Með þessari breytingu er dregið úr afskiptum ráðuneytisins af málefnum einstakra grunnskólanemenda hvað varðar nám og skólastjórum fært það vald að meta gildar ástæður fyrir undanþágur.

Um 20. gr.

Hér er lögð til breyting á málsmeðferðarreglu 41. gr. laganna með það að markmiði að gera hana skýrari en nú er.

Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. 41. gr. í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 6. gr. laganna í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að skólastjóri leiti úrbóta vegna hegðunarvandmála nemanda, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Um röksemdir fyrir hlutverki barnaverndaryfirvalda vísast til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi er lagt til að orðalag 3. og 4. mgr. 41. gr. verði sameinað í 3. mgr. greinarinnar þannig að þar segi að meðan mál skv. 2. mgr. sé óútkljáð geti skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Óheimilt sé að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Takist ekki að leysa málið innan skólans vísi skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Í þriðja lagi verði 4. mgr. 41. gr. orðuð þannig að ákvörðun skólanefndar skv. 3. mgr. sé kæranleg til menntamálaráðuneytisins. Fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga. Rétt er hér að árétta að kæruheimildin nær einungis til þess að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða í skilningi stjórnsýslulaga. Í því sambandi skal bent á álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 761/1993 þar sem fram kemur að ákvarðanir um agaviðurlög og skyld úrræði geti fallið undir stjórnsýslulögin, en væntanlega verði að telja að hin vægari úrræði, sem notuð séu til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum, teljist ekki almennt stjórnvaldsákvarðanir. Þannig verði ávítur og áminningar, svo og brottvísun nemanda úr ákveðinni kennslustund, almennt ekki taldar stjórnvaldsákvarðanir. Væntanlega gildi það sama um brottvísun úr skóla það sem eftir er skóladags. Sú ákvörðun að meina nemanda að sækja kennslutíma í ákveðnu fagi um nokkurt skeið eða víkja honum úr skóla í fleiri en einn skóladag teldist aftur á móti stjórnvaldsákvörðun sem félli undir stjórnsýslulög.

Um 21. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins er hugtakið kjarnagrein ekki notað í aðalnámskrá, heldur eru þar skilgreindar skyldunámsgreinar á ákveðnum námssviðum. Því er þessi breyting á 1. mgr. 46. gr. lögð til.

Um 22. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til breyting á heiti XIII. kafla gildandi laga úr Einkaskólar í Sjálfstætt starfandi grunnskólar. Í samræmi við það er hér lögð til sama orðalagsbreyting í 1. mgr. 53. gr. laganna.

Um 23. gr.

Ákvæði um einkaskóla í grunnskólalögum hefur verið óbreytt allt frá gildistöku grunnskólalaganna 1974. Þá var tekið fram í lögunum að einkaskólar ættu ekki kröfu til styrks af almannafé. Í gildandi lögum eru ákvæði um einkaskóla í 56. gr. nánast samhljóða lögunum frá 1974.

Nokkrir einkaskólar eða sjálfstætt reknir grunnskólar hafa verið reknir hér á landi um langan tíma, t.d. Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðarskóli og Tjarnarskóli. Einnig eru starfandi tveir Waldorf-skólar og nýjasti sjálfstætt rekni skólinn er Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ. Flestir þessara skóla hafa átt í fjárhagserfiðleikum þar sem framlag sveitarfélaganna til þeirra hefur ekki nægt til að reka skólana með viðunandi hætti. Þar sem engin ákvæði hafa verið í lögum um rétt þessara skóla á framlögum hefur það alfarið verið ákvörðunaratriði sveitarfélaga á hvern hátt starfsemi þeirra hefur verið styrkt.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er að finna ákvæði um sjálfstætt rekna skóla í skólalöggjöfinni og rétt þeirra til rekstrarframlaga frá opinberum aðilum. Í Danmörku er almennur rekstrarstyrkur á hvern ársnemanda í sjálfstætt reknum skólum samsvarandi meðalútgjöldum vegna hvers ársnemanda í almennum grunnskólum. Í Svíþjóð skal sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálayfirvalda eiga rétt á sambærilegum fjárstuðningi og almennir grunnskólar. Ef nemandi stundar nám í sjálfstætt reknum grunnskóla skal lögheimilissveitarfélag viðkomandi nemanda greiða til skólans samsvarandi upphæð og nám hans kostar í almennum grunnskóla. Í Noregi skulu sjálfstætt reknir skólar fá ríkisstyrk sem svarar 85% af almennum rekstrarkostnaði við kennslu meðalnemanda í almennum grunn- og framhaldsskólum. Ef opinber fjárstuðningur dugar ekki til að reka skólann er skólunum heimilt að innheimta skólagjöld.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á 56. gr. gildandi grunnskólalaga miðast við að gera stöðu sjálfstætt rekinna grunnskóla hér á landi sterkari en nú og lögbinda lágmarksfjárframlag með hverjum nemenda.

Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að menntamálaráðherra sé heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans.

Í gildandi lögum segir að ráðherra sé heimilt að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, en hér er lagt til að ráðherra veiti grunnskólum viðurkenningu til að starfa sem slíkir, í stað löggildingar áður. Þessi orðalagsbreyting felur ekki í sér neina efnisbreytingu frá gildandi lögum, enda er viðkomandi skóla í báðum tilvikum heimilað að starfa sem grunnskóli og starfar sem slíkur á grundvelli grunnskólalaga. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir að grunnskólar geti verið reknir með mismunandi rekstrarformi og ekki gert ráð fyrir því að ráðherra þurfi sérstaklega að staðfesta viðkomandi rekstrarform eins og núverandi ákvæði gerir ráð fyrir.

Ákvæði 1. mgr. byggir á því að samþykki sveitarfélags um stofnun grunnskóla liggi fyrir. Þá er sveitarfélögum heimilt að binda samþykki sitt við ákveðinn hámarksfjölda nemenda auk þess sem tekið er fram að um slíka grunnskóla gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr. eftir því sem við á. Rétt þykir að binda viðurkenningu grunnskóla við að samþykki sveitarfélags um stofnun skólans liggi fyrir áður, þar sem viðkomandi skóli á þar með lögvarinn rétt til lágmarksframlags úr sveitarsjóði á hvern nemanda sem hefur lögheimili í því sveitarfélagi þar sem skólinn starfar skv. 2. mgr. Jafnframt verði sveitarfélaginu af sömu ástæðu heimilt að binda samþykki sitt við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Vegna tilvísunar til þess að um þessa skóla gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögunum, eftir því sem við á, ber að taka fram að framangreindur fyrirvari vísar til þess að ákvæði laga og reglna sem sérstaklega varða sveitarfélögin ein og sér ná ekki til skóla sem reknir eru af öðrum.

Í 2. mgr. er lagt til að grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. sömu greinar eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar. Skal framlagið ákvarðað á grundvelli nemendafjölda og nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar sveitarfélaga við hvern nemanda á ári samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, í skólum með allt að 200 nemendur, en að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Með heildarrekstrarkostnaði er átt við allan almennan rekstrarkostnað grunnskólans, þ.m.t. rekstrarkostnað húsnæðis og afskriftir. Með því að miða við vegið meðaltal er tekið tillit til stærðar skólanna þannig að stórir skólar fá meira vægi en litlir.

Gert er ráð fyrir að viðmiðunartölur þær sem Hagstofan Íslands gefur út árlega og lagðar verða til grundvallar útreikningi á framlagi sveitarfélags til sjálfstætt rekinna grunnskóla liggi fyrir í september ár hvert og séu þá byggðar á ársreikningum rekstrarárs sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Á árinu 2004 var meðaltal heildarrekstrarkostnaðar á landsvísu á hvern nemanda 666.985 kr. og 75% af þeirri fjárhæð eru 500.239 kr. en 70% eru þá 466.890 kr. Sé til samanburðar litið til rekstrar grunnskóla Reykjavíkur á árinu 2004 nam heildarrekstrarkostnaður hagkvæmasta grunnskólans í því sveitarfélagi 443.480 kr.

Við ákvörðun á hlutfallslegu framlagi sveitarfélaga til rekstrar þessara skóla er leitast við að skapa þeim raunhæfan rekstrargrundvöll, um leið og litið er til þess að jafna stöðu ólíkra rekstrarforma. Um leið er þess þó gætt að ekki verði skapaðir beinir fjárhagslegir hvatar til stofnunar og reksturs grunnskóla. Miðað við fyrirliggjandi tölur og gögn frá sveitarfélögum um rekstur við kostnað grunnskóla á árinu 2004 munu þau hlutföll, sem hér eru lögð til grund-

vallar, þ.e. 75% og 70%, þýða að raunframlög á nemanda til sjálfstætt starfandi grunnskólanna verða lægri en reiknaður meðalkostnaður við nemanda í flestum grunnskólum í landinu. Svo dæmi sé tekið mundi sjálfstætt starfandi grunnskóli með 500 nemendur fá framlag sem næmi að meðaltali 480.230 kr. á hvern nemanda.

Hér er einnig rétt að vísa til þess að ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögum beri nein skylda til að taka þátt í beinum stofnkostnaði vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla. Að samanlögðu er ljóst að sú fjárhæð sem sveitarfélög greiða að lágmarki með hverjum nemanda samkvæmt frumvarpi þessu er verulega mikið lægri en meðaltal á landsvísu á hvern nemanda. Gert er ráð fyrir tvískiptingu hlutfallsins í annars vegar 75% og hins vegar 70%. Er þar litið til þess að ætla verður að nokkurt hagræði sé af því að reka stærri skóla en smærri.

Réttur til fjárframlaga skv. 2. mgr. er einungis bundinn við lögheimili í því sveitarfélagi sem viðkomandi skóli starfar í. Vera má að foreldri barns sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en því sem skólinn starfar í óski eftir námsvist fyrir barn sitt. Skulu greiðslur fyrir námsvist þess þá koma frá því sveitarfélagi þar sem barnið á lögheimili, á grundvelli samkomulags milli skólans og viðkomandi sveitarfélags.

Samkvæmt 3. mgr. er menntamálaráðherra heimilað að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands. Er þá bæði átt við reglugerðarheimild um löggildingu grunnskóla skv. 1. mgr. og um reglugerðarsetningu vegna framkvæmdar á 2. mgr.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að heiti XIII. kafla laganna verði breytt úr Einkaskólar í Sjálfstætt reknir grunnskólar. Þykir síðarnefnda heitið lýsa betur stöðu þessara skóla gagnvart þeim grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögunum, auk þess sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lögbundið verði lágmarksframlag úr sveitarsjóði til þessara skóla. Þá er ekki er útilokað að í einhverjum tilvikum fjármagni sveitarfélög að fullu rekstur þessara skóla í framtíðinni þótt aðrir en sveitarfélögin sjálf annist reksturinn.

Um 25. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, við 1. júní 2006 og er þá gert ráð fyrir að lögin komi fyrst til framkvæmda fyrir skólaárið 2006–2007.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að lögfest verði í ákvæði til bráðabirgða að grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. gildandi laga eigi rétt á styrk skv. 2. efnismgr. 23. gr. laga þessara og þurfi því ekki að leita eftir viðurkenningu skv. 1. mgr. sömu greinar til að njóta þess réttar. Rétt þykir þó að heimila sveitarfélagi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda í þessum skólum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem varða m.a. stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til þeirra, ráðningu aðstoðarskólastjóra og staðgengils skólastjóra, aukinn sveigjanleika við framkvæmd kennslu, mat á námi og veitingu undanþágu frá námi, umsagnarrétt foreldraráða og skyldu til að stofna nemendaráð við hvern skóla.

Sveitarfélög sjá að mestu um framkvæmd grunnskólalaga. Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða ríkið því að óverulegu leyti og hafa að mati fjármálaráðuneytis ekki áhrif á útgjöld ríkisins. Menntamálaráðuneytið er á sömu skoðun.

Menntamálaráðuneytið hefur metið áhrif frumvarpsins á útgjöld sveitarfélaga og telur kostnaðaráhrifin óveruleg. Ráðuneytið telur einkum að ákvæði um að sveitarfélögum sé skylt að greiða lágmarksframlag með nemendum í sjálfstætt reknum grunnskólum geti í einhverjum tilvikum leitt til aukins kostnaðar, en miðað við framlög sem sveitarfélögin greiða með þessum nemendum nú þegar er kostnaðaraukningin óveruleg. Lágmarksframlag sem miðað er við í frumvarpinu að sveitarfélögin greiði með hverjum nemanda í sjálfstætt reknum grunnskólum er almennt lægra en raunkostnaður á hvern nemanda í skólum sem sveitarfélögin reka. Ákvæði um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga varðandi skólaakstur verður útfært nánar í reglugerð og því ekki forsendur til að meta ákvæðið fyrr en reglugerðin liggur fyrir. Þá telur menntamálaráðuneytið að ýmsar tillögur í frumvarpinu, svo sem ákvæði um ráðningu aðstoðarskólastjóra, aukinn sveigjanleika við framkvæmd kennslu, mat á námi og veitingu undanþágu frá námi, veiti skólastjórnendum aukið svigrúm og geti leitt til hagræðingar.

672. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. a laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 6% af þorski og 9% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.
b. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: eða meira en 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

3. gr.

Við 3. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda 1. september 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 12. gr. skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

Þrátt fyrir lokamálslið 1. mgr. 23. gr. skal endurgreiða útgerð gjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2005/2006. Veiðigjald skv. V. kafla laganna vegna úthafsrækju fiskveiðiárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 skal innheimt í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafsrækjuafla fiskiskips á því fiskveiðiári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi þarf að fella brott 6. gr. laganna en hún lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta sem fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Í öðru lagi er lagt til að sett verði hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Í þriðja lagi er lagt til að unnt verði að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti en nú tíðkast. Loks er lagt til að gerðar verði tvær tímabundnar lagabreytingar vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í veiðum og vinnslu á úthafsrækju.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 6. gr. gildandi laga eru ákvæði um sóknardagakerfi fyrir krókabáta sem fellur niður í lok þessa árs en tveir bátar eru á yfirstandandi fiskveiðiári í því kerfi. Þarf því að fella þessa grein brott.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði 1. mgr. 11. gr. a eru settar takmarkanir á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila í fimm helstu tegundum botnfisks, auk síldar, loðnu og úthafsrækju, og miðast hámarkið við 12% í þorski og 35% í karfa en 20% í öðrum tegundum. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. a að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa megi aldrei nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um heildarafla. Fyrrgreind takmörkun tekur einnig til krókaaflahlutdeildar, sbr. 5. mgr. 7. gr., en hér er lagt til að auk þessa verði sett sérstakt hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Er lagt til að hún verði 6% í þorski, 9% í ýsu og 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirra tegunda sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í.

Ljóst er að mikil sameining krókaaflahlutdeildar hefur orðið og ástæða þykir til þess að setja þær takmarkanir sem hér er lagt til þannig að krókaaflahlutdeildir dreifist á fleiri fyrirtæki og þar með sjávarbyggðir.

Um 3. gr.

Í 1.–3. mgr. 12. gr. eru ákvæði um hvernig staðið skuli að flutningi aflamarks milli skipa. Fiskistofa hefur haft til athugunar hvernig auðvelda megi flutning á aflamarki milli fiskiskipa með rafrænum tilkynningum frá flutningsbeiðanda. Við flutning aflamarks milli skipa þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt sem er á ábyrgð Fiskistofu að fylgt sé. Til þess að tryggja öryggi þessa kerfis þarf Fiskistofa að gera sérstakan þjónustusamning við þá sem aðgang fá að kerfinu þar sem þeir fá m.a. lykilorð sem veitir þeim heimild til flutnings aflamarks milli báta. Í upphafi er gert ráð fyrir að aðgangur veiti útgerðarmönnum aðeins heimild til að flytja milli eigin báta en þegar kerfið þróast þá geti heimild til flutnings aflamarks orðið víðtækari. Í stað greiðslu fyrir hverja tilkynningu um flutning aflamarks er lagt til að greiddar verði 12.000 kr. árlega fyrir þjónustusamninginn. Gjald fyrir hverja færslu Fiskistofu á aflamarki er 2.000 kr. og hefur Fiskistofa innheimt um 20 millj. kr. árlega vegna þessarar þjónustu við útgerðina.

Um 4. gr.

1. gr. tekur gildi 1. september 2006 þegar sóknardagakerfið fellur niður. Aðrar greinar taka þegar gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Veiðar og vinnsla á úthafsrækju hafa gengið mjög illa að undanförnu. Ástand úthafsrækjustofnsins hefur verið lélegt og hefur Hafrannsóknastofnunin aðeins lagt til að veiddar verði 10 þús. lestir af úthafsrækju á yfirstandandi fiskveiðiári. Mikil óvissa er um veiðimöguleika á næstu árum. Léleg veiði og markaðsaðstæður hafa leitt til þess að leyfilegur afli í úthafsrækju hefur ekki verið nýttur síðustu ár og ljóst er að á þessu ári dregur enn úr veiði. Til að létta undir með veiðum og vinnslu á úthafsrækju er hér lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögunum, sem gildi fyrir yfirstandandi og tvö næstu fiskveiðiár:

1. Sú breyting verði gerð á 12. gr. laganna að vannýting á úthlutuðum aflaheimildum í úthafsrækju leiði ekki til þess að skip missi aflahlutdeild sína í úthafsrækju eða öðrum tegundum. Hins vegar nýtist rækjuveiðar til að fullnægja veiðiskyldu gagnvart öðrum tegundum.
2. Veiðigjald fyrir úthafsrækju verði greitt eftir á miðað við landaðan úthafsrækjuafla í lok fiskveiðiárs næstu þrjú árin, en ekki innheimt í upphafi fiskveiðiárs miðað við úthlutað aflamark. Þar sem 10 þús. tonnum af úthafsrækju hefur verið úthlutað á yfirstandandi fiskveiðiári hefur álagning veiðigjalds fyrir þær aflaheimildir þegar farið fram. Er gert ráð fyrir að sú álagning sem nemur um 10 millj. kr. verði felld niður og endurgreidd og síðan greiði útgerðir í lok fiskveiðiárs veiðigjald miðað við úthafsrækjuafla hvers skip í lok þess.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til fjórar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í fyrsta lagi að felld verði niður 6. gr. laganna er lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta sem fellur niður í lok yfirstandandi fiskveiðiárs samkvæmt gildandi lögum. Þessi breyting hefur ekki áhrif á kostnað ríkisins. Í öðru lagi að sett verði hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila. Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á útgjöld Fiskistofu vegna hugbúnaðargerðar. Í þriðja lagi er lagt til að Fiskistofu verði heimilt að gera samninga við útgerðir sem óska eftir að senda inn rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa gegn föstu árgjaldi. Stofnunin hefur til þessa tekið gjald fyrir hverja færslu sem áætlað er að skili 21 m.kr. ríkistekjum samkvæmt fjárlögum 2006 og renna þær til fjármögnunar gjaldahliðar. Gera má ráð fyrir að tekjur dragist saman vegna breytingarinnar en útgjöld stofnunarinnar ættu að minnka að sama skapi vegna minni vinnu. Í fjórða lagi eru lagðar til tvær tímabundnar breytingar í tilefni af erfiðleikum í veiðum og vinnslu úthafsrækju, fiskveiðiárin 2005/2006 til 2007/2008. Annars vegar er um það að ræða að vannýting á heimildum til að veiða úthafsrækju leiði ekki til þess að skip missi aflahlutdeildir. Hins vegar að veiðigjald verði ekki lagt á við úthlutun á úthafsrækjukvóta við upphaf fiskveiðiárs heldur verði tekið gjald að loknu fiskveiðiári miðað við landaðan úthafsrækjuafla. Fyrri tillagan hefur ekki áhrif á kostnað ríkisins en sú síðari felur í sér að ríkið felli niður þær 10 m.kr. sem voru lagðar á útgerðir rækjuveiðiskipa síðastliðið haust og síðan ræðst það af aflabrögðum hversu mikið verður innheimt að fiskveiðiárinu liðnu. Ekki eru forsendur til að meta áhrif á tekjur komandi fiskveiðiára. Framangreint mat er samhljóða mati sjávarútvegsráðuneytisins á frumvarpinu.

Að öllu samanlögðu er talið að frumvarpið leiði til að hámarki 10 m.kr. tekjumissis ríkissjóðs ef engin úthafsrækja veiðist auk óvissrar tekjuskerðingar Fiskistofu en á móti kemur að miðað er við að stofnunin dragi samsvarandi úr kostnaði.

673. Fyrirspurn [449. mál]

til iðnaðarráðherra um orkunýtingu jarðorkuvera.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvert er nýtingarhlutfall raforku sem unnin er úr jarðorku og hversu mikil orka fer til spillis eða er ónýtt í hverju jarðorkuveri fyrir sig? Svar óskast sundurliðað.
2. Hvaða tækifæri eru til að nýta orkuna betur, hefur ráðherra áform um að bæta nýtinguna og ef svo er, í hverju er þau fólgin?

3. Hversu mikið telur ráðherra unnt að auka aflið í jarðorkunni með djúpborunum?

Skriflegt svar óskast.

674. Fyrirspurn [450. mál]

til dómsmálaráðherra um orkusparandi búnað í skip Landhelgisgæslunnar.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að orkusparandi búnaði, sambærilegum þeim sem komið var fyrir í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni, verði komið fyrir í nýju skipi Landhelgisgæslunnar?

675. Fyrirspurn [451. mál]

til sjávarútvegsráðherra um orkusparandi og umhverfisvænar kröfur til fiskiskipaflotans.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að umhverfisvænum og orkusparandi búnaði verði komið fyrir í íslenskum fiskiskipum, sambærilegum þeim sem er í hafrannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni?

676. Fyrirspurn [452. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lyfjaverð í heildsölu.

Frá Ástu Möller.

Hvernig hefur miðað að ná markmiðum um að lyfjaverð í heildsölu á Íslandi verði sambærilegt við meðalverð annars staðar á Norðurlöndum, sbr. samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Félags íslenskra stórkaupmanna frá júlí 2004 um lækkun lyfjaverðs, og að hvaða leyti hafa þessi markmið um lækkun lyfjaverðs í heildsölu birst í lækkun lyfja í smásölu til neytenda?

Skriflegt svar óskast.

677. Fyrirspurn [453. mál]

til fjármálaráðherra um eignarskatt og eldri borgara.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hversu margir eldri borgarar greiddu eignarskatt árin 2004 og 2005 og hversu háar fjárhæðir?

678. Fyrirspurn [454. mál]

til fjármálaráðherra um þróun skattprósentu.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu há var skattprósentan árið 1995 í sveitarfélögum með hámarksútsvar annars vegar og lágmarksútsvar hins vegar, af:
   a. 100.000 kr. mánaðarlaunum,
   b. 150.000 kr. mánaðarlaunum,
   c. 200.000 kr. mánaðarlaunum,
   d. 250.000 kr. mánaðarlaunum,
   e. 300.000 kr. mánaðarlaunum,
   f. 350.000 kr. mánaðarlaunum?
2. Hversu há verður skattprósentan árið 2008, þegar fyrirhugaðar skattalækkanir verða að fullu komnar til framkvæmda, í sveitarfélögum með hámarksútsvar annars vegar og lágmarksútsvar hins vegar, af:
   a. 100.000 kr. mánaðarlaunum,
   b. 150.000 kr. mánaðarlaunum,
   c. 200.000 kr. mánaðarlaunum,
   d. 250.000 kr. mánaðarlaunum,
   e. 300.000 kr. mánaðarlaunum,
   f. 350.000 kr. mánaðarlaunum?

679. Tillaga til þingsályktunar [455. mál]

um þjóðarblóm Íslendinga.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að holtasóley (*Dryas octopetala*) verði þjóðarblóm Íslendinga.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Árið 2004 vann starfshópur á vegum landbúnaðarráðherra, í samvinnu við menntamálaráðherra, samgönguráðherra og umhverfisráðherra, að því að velja þjóðarblóm Íslendinga.

Tilgangur verkefnisins var að velja blóm sem gæti haft táknrænt gildi og þjónaði hlutverki sem sameiningartákn, blóm sem nýta mætti í kynningar- og fræðslustarfi bæði hér á landi og á erlendum vettvangi. Sömuleiðis var markmið verkefnisins að skapa umræður um blóm og gróður til að auka samstöðu um gróðurvernd.

Úrslitin urðu þau að holtasóley (*Dryas octopetala*) var valin eftir skoðanakönnun og kosningu landsmanna. Niðurstöður voru kynntar ríkisstjórn og síðan opinberaðar við sérstaka athöfn í Salnum í Kópavogi föstudaginn 22. október 2004.

Ríkisstjórnin hefur síðan fjallað um málið og til að staðfesta enn frekar að holtasóley sé þjóðarblóm Íslendinga er lagt til að Alþingi álykti þar um og því er þessi tillaga lögð fram.

680. Svar [357. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um viðbrögð og varnir gegn fuglaflensu.

1. *Hver er staða viðbragðsáætlunar yfirdýralæknis vegna yfirvofandi hættu á að alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar, svo sem fuglaflensa, berist til landsins?*

Á vegum yfirdýralæknis og nú innan Landbúnaðarstofnunar er stöðugt unnið að áætlunum um viðbrögð ef upp koma smitsjúkdómar í dýrum. Upplýsingar um viðbragðsáætlanir má nálgast á slóðinni www.yfirdyralaeknir.is/vidbrogd/index.htm. Tekið er til allra þátta í viðbrögðum við alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum, svo sem tilkynninga, aðgerða til varnar smitdreifingu, sýnatöku, rannsókna á sýnum, aflífun, förgun hræja, þrifa og sótthreinsunar húsa o.s.frv. Árið 2004 fór fram æfing í viðbrögðum ef upp kæmi bráður smitsjúkdómur í búfé og í september sl. fór fram samnorræn æfing í viðbrögðum ef upp kæmi gin- og klaufaveiki. Á liðnu hausti stofnaði yfirdýralæknir vinnuhóp sérfræðinga til að vinna að sértækri viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar hættu á að fuglaflensa bærist til landsins.

2. *Til hvaða aðgerða getur yfirdýralæknir gripið við rannsókn sýktra dýra, með tilliti til þess að hér er ekki til öryggisrannsóknarstofa eða P3-aðstaða, hvorki til að taka á móti fuglum sem taldir eru sýktir, til krufninga né að greina hættuleg smitefni?*
3. *Er hafinn undirbúningur að rekstri öryggisrannsóknarstofu og ef svo er, hvenær má búast við að starfsemi hennar geti hafist?*

Starfshópur á vegum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði og yfirdýralæknis er að kanna möguleika á að keyptar verði til landsins færanlegar rannsóknastofur sem uppfylla allar öryggiskröfur. Einnig er til skoðunar að komið verði fyrir til bráðabirgða sérstaklega

innréttuðum gámi við Tilraunastöð Háskólans, þar sem hægt væri að taka á móti hræjum af fuglum sem grunur gæti verið um að hefðu smitast af fuglaflensu. Hægt væri með fullnægjandi öryggi að taka sýni úr hræjum og senda til greiningar á P3 rannsóknastofu í Ármúla 1 eða erlendis. Framtíðarskipan mála Tilraunastöðvarinnar hefur verið til skoðunar um alllangt skeið á vegum menntamálaráðuneytisins og hlýtur að koma til skoðunar í þeirri stefnumörkun að stofnunin fái til umráða aðstöðu sem geri henni kleift að takast á við verkefni af þessu tagi.

4. *Til hvaða varúðarráðstafana hefur yfirdýralæknir þegar gripið til að varna því að smit af fuglaflensu eða öðrum veiruafbrigðum berist til landsins?*

Landbúnaðarráðuneytið hefur allt frá árinu 2004, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, sett sérstakar reglugerðir þar sem ítrekað hefur verið að bann sé við innflutningi á lifandi fuglum og öðru sem tengist fuglum frá löndum þar sem hið skæða afbrigði fuglaflensu hefur greinst. Á síðustu mánuðum hefur ráðuneytið ekki heimilað neinn innflutning á lifandi búr- og skrautfuglum. Í þessu sambandi hefur yfirdýralæknir haft samstarf, m.a. við sóttvarnarlækni og Náttúrufræðistofnun Íslands, vegna undirbúnings viðbragða við hugsanlegri uppkomu fuglaflensu hér á landi. Yfirdýralæknir og starfsmenn hans hafa sótt fundi á vegum ESB o.fl. aðila þar sem varnir og viðbrögð við fuglaflensu hafa verið á dagskrá. Fræðslu til almennings og alifuglabænda hefur einnig verið sinnt af sérfræðingum yfirdýralæknis.

5. *Hver verða fyrstu viðbrögð annars vegar við hugsanlegu smiti í búpening og hins vegar hugsanlegu smiti milli dýrategunda eða í menn ef fuglaflensan eða afbrigði hennar berst hingað til lands?*

Berist fuglaflensa til landsins eru mestar líkur eru á því að það verði með farfuglum. Litlar líkur eru hins vegar taldar á því að sjúkdómurinn berist eftir þeirri leið í alifugla sem hafðir eru innan dyra ef ýtrustu smitvarna er gætt. Á vegum yfirdýralæknis hefur verið unnið að því að fá nákvæmt yfirlit um alla þá staði á landinu þar sem alifuglar eru og að allt kapp verði lagt á að koma í veg fyrir að veikin berist í alifugla, bæði utan og innan dyra. Komi slík staða upp verður farið eftir ákvæðum laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Fuglaflensa er A-sjúkdómur sem ber að útrýma með niðurskurði, en bólusetningar eru óheimilar. Starfandi er stjórnskipuð nefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um aðgerðir vegna sjúkdóma sem geta borist á milli dýra og manna. Hana skipa sóttvarnarlæknir, sem er formaður, yfirdýralæknir og fulltrúi Umhverfisstofnunar. Vandamál sem gætu skapast ef fuglaflensa bærist landsins og hættan á að fólk smitist hafa verið og verða rædd í þessari nefnd, en hún starfar samkvæmt sóttvarnalögum, nr. 19/1997, og hefur víðtæk völd til aðgerða ef þörf krefur.

6. *Hvenær verður viðbragðsáætlun gagnvart fuglaflensu kynnt bændum og almenningi?*

Finna má viðbragðsáætlanir yfirdýralæknis á vefsíðunni www.yfirdyraleknir.is

7. *Hvaða áhrif telur ráðherra að flutningur embættis yfirdýralæknis til Selfoss hafi á náið samstarf embættisins og sýkla-, sníkjudýra- og meinafræðideildar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum við gerð viðbragðsáætlunar og vinnu vegna hugsanlegs heimsfaraldurs af völdum erfðabreyttra veira?*

Ríkt hefð er fyrir náinni samvinnu milli yfirdýralæknis og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og verður engin breyting þar á með tilkomu Landbúnaðarstofnunar.

681. Frumvarp til laga [456. mál]

um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að afsala til sameignarfyrirtækisins Landsvirkjunar þeim réttindum sem vísað er til í 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965, sbr. hnit á landabréfi í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.



Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru íslenska ríkið og Reykjavíkurborg og skyldi hvor aðili um sig eiga helmingshlut. Meðal þess sem ríkið lagði til sem stofnframlag samkvæmt sameignarsamningi voru vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell ásamt landi sem til þurfti vegna virkjunarinnar.

Forsvarsmenns ríkisins voru í góðri trú um að það væri eigandi þeirra réttinda sem lögð voru fram af þess hálfu til sameignarfélagsins enda byggðust þau á afsali frá fyrirtækinu Titan h/f frá árinu 1952. Nýlegir úrskurðir óbyggðanefndar um Gnúpverjaafrétt 21. mars 2002 og Landmannaafrétt 10. desember 2004 skýra réttarstöðuna og eignarhald varðandi vatns- og landsréttindi á svæði Búrfellsvirkjunar. Samkvæmt þeim hafði Titan h/f og þeir aðilar sem félagið leiddi rétt sinn frá ekki eignarrétt yfir því svæði sem hér um ræðir. Eignartilkalli Landsvirkjunar var hafnað og telst umrætt svæði þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Þar sem eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun hefur ásamt öðru miðast við framsal vatnsréttinda og lands á þessu svæði til fyrirtækisins er það niðurstaða eigenda fyrirtækisins að nauðsyn beri til að flytja frumvarp þetta og leita með því eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar beinum eignarrétti að þessum réttindum. Með því móti er tryggt að fyrirtækið verði að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar eins sett og til var stofnað með nefndum samningi að því marki sem hann náði til ráðstöfunar þess lands og vatnsréttinda á nefndu svæði, sem ríkið taldi sig eiganda að við gerð sameignarsamningsins frá 1965.

Í greinargerð þeirri er hér fer á eftir verður fyrst vikið að setningu þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og stofnun óbyggðanefndar. Þá verður fjallað um stofnun Landsvirkjunar, samninga og lög sem um fyrirtækið hafa gilt og gerð ítarleg grein fyrir áðurnefndum úrskurðum óbyggðanefndar og þeim forsendum sem hún lagði niðurstöðu sinni til grundvallar. Loks verða skýrðar forsendur eigenda fyrir þeim ráðstöfunum sem frumvarp þetta felur í sér.

Þjóðlendulög og hlutverk óbyggðanefndar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er þjóðlenda skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar og lögaðilar geti átt þar takmörkuð eignarréttindi. Með 2. gr. sömu laga var ríkið lýst eigandi þjóðlendna, sem og hvers konar landsréttinda og hlunninda innan þeirra sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Lög þessi réðu því þó ekki til hlítar hvaða svæði þetta væru, enda ógerningur að skera með lögum úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og eftir atvikum um önnur réttindi innan þjóðlendna. Með sömu lögum var því komið á fót sérstakri nefnd í þessu skyni, óbyggðanefnd, og henni falið að leysa á skipulegan hátt úr þeim álitaefnum sem uppi eru um þetta hvar sem er á landinu.

Í 7. gr. laga nr. 58/1998 er hlutverki óbyggðanefndar lýst á svofelldan hátt:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Fyrsta landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var norðanverð Árnessýsla. Eftir að kröfum hafði verið lýst var ákveðið að skipta svæðinu upp í sjö aðskilin mál. Fjallað var um Gnúpverjaafrétt í úrskurði í máli nr. 7/2000 sem kveðinn var upp 21. mars 2002. Var þar meðal annars skorið úr um eignarrétt á Búrfellssvæðinu vestan Þjórsár.

Þar sem Þjórsá liggur á mörkum Árnes- og Rangárvallasýslna þurfti að bíða um sinn eftir að niðurstaða óbyggðanefndar lægi fyrir um Búrfellsvirkjunarsvæðið beggja vegna árinnar.

Þriðja landsvæðið sem óbyggðanefnd tók til meðferðar var Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla. Var fjallað um Landmannaafrétt og þ.a.l. austurbakka Þjórsár við Búrfell í úrskurði í máli nr. 2/2003 sem kveðinn var upp 10. desember 2004.

Um stofnun Landsvirkjunar og framlög eigenda.

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Stofnendur fyrirtækisins voru skv. 1. gr. laganna ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur og skyldi hvor aðili um sig eiga helming fyrirtækisins. Skv. 1. mgr. 5. gr. skyldu ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir og réttindi sem tiltekin voru í 4. gr. laganna, en auk þess skyldu aðilar gera nánar grein fyrir þessum framlögum í sameignarsamningi um fyrirtækið. Í 4. gr. laganna sagði svo:

> „Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell."

Í 6. gr. laganna sagði síðan:

> „Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Loks sagði í 18. gr. laganna að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögunum. Í samræmi við 5. gr. laga nr. 59/1965 gerðu ríki og Reykjavíkurborg sameignarsamning um Landsvirkjun sem undirritaður var hinn 1. júlí 1965. Í 2. gr. samningsins var gerð nánari grein fyrir þeim eignarréttindum sem 4. og 6. gr. laganna gerðu ráð fyrir að hvor aðili um sig legði til fyrirtækisins. Þar sagði m.a.:

> „Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:
>
> A. Ríkissjóður:
> 1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
> 2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
> 3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
> 4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi."

Í 5. tölul. A-liðar var fjallað um peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. samningsins var framlag Reykjavíkurborgar útlistað. Byggðist sá helmingseignarhlutur sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965 að hvor aðili um sig skyldi eiga í fyrirtækinu, á þessum framlögum. Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar

breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun. Hinar helstu voru þær að skv. 2. gr. var bætt við 4. gr. laganna svohljóðandi málsgrein:

„Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.“

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði hún svo:

„Landsvirkjun er heimilt:
1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.“

Í 2. gr. breytingalaganna er 4. gr. eldri laganna breytt þannig að kveðið er á um að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Engar breytingar urðu þó á eignarhlut aðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkisstjórn og Reykjavíkurborg. Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 nýkr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og féll sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 þá úr gildi. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 42/1983 kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og að þar hafi verið samkomulag um framangreind eignarhlutföll. Í athugasemdum við 1. gr. sagði:

„Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.“

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Skv. 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesjavirkjun.

Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt væri greitt fyrir slík réttindi. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbyndu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttist ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum frá 1981. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði um eignarhluti aðila í fyrirtækinu:

„1. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%“

Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Gnúpverjaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 21. mars 2002.

Um samninga Gnúpverjahrepps og framsal þeirra.

Um Gnúpverjaafrétt segir í úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000:

„Hinum upprunalega Gnúpverjaafrétti má nú skipta í tvo hluta. Að norðanverðu er landsvæði sem frá fornu fari og fram á þennan dag hefur verið nýtt sem afréttur Gnúpverja. Að sunnanverðu er hins vegar landsvæði sem áður tilheyrði afréttinum en hreppsnefnd Gnúpverjahrepps seldi Einari Benediktssyni 1916, þ.e. landsvæði sem auðkennt hefur verið sem Búrfell og Skeljafell. Þetta svæði liggur í Þjórsárdal austan Fossár og afmarkast nánar tiltekið þannig: Þjórsá í Fossá og Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri) og þaðan beina línu í Þjórsá, neðan við graslendi Sandafells. Einar framseldi kaupsamning sinn til fossafélagsins Titans 1917 sem á árunum 1951–1952 seldi réttindi sín íslenska ríkinu. Við stofnun Landsvirkjunar 1965 lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi til Landsvirkjunar, þ.m.t. á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu.“

Nánar er svo fjallað í úrskurðinum um þá kaupsamninga sem gerðir voru á fyrstu áratugum síðustu aldar um vatnsréttindi í Þjórsá. Þar segir m.a.:

„Gnúpverjahreppur var einn þeirra hreppa í Árnessýslu sem ráðstafaði vatnsréttindum á afrétti sínum í upphafi 20. aldar. Þetta kom m.a. fram í því að 20. febrúar 1909 veitti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps Gesti Einarssyni á Hæli „fullt og ótakmarkað einkaumboð til þess að selja, leigja eða á annan hátt koma í verð eign hreppsins: fossunum Þjófafossi, Tröllkonufossi og Gljúfurleitarfossi, öllum í Þjórsá, Hávafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingaárfossi í Geldingaá ásamt vatninu í nefndum ám og árfarvegum“. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aðalfundi sýslunefndar Árnessýslu 26.–30. apríl sama ár. Á fundi hreppsnefndar Gnúpverjahrepps 9. mars 1911 var samþykkt að hverjum þeim, sem keypti eða leigði fossa þá er nefndir væru í umboði Gests Einarssonar, „[væri] heimilt land eptir þörfum til útbyggingar hvers foss fyrir sig endurgjaldslaust, þar með talinn rjettur til að gjöra nauðsynlega skurði til vatnsleiðslu, land undir nauðsynleg hús og aðrar byggingar, er notaðar kunna að verða til starfrækslu fossanna sjerstaklega“. Einnig var tekið fram að væntanlegum kaupendum eða leigjendum fossanna væru heimil án endurgjalds hvers kyns byggingarefni, sem kynnu að finnast í löndum hreppsins, til bygginga í sambandi við fossana.

Umboð þetta framseldi Gestur Einarsson Þorleifi Guðmundssyni 24. febrúar 1911. Það komst síðar í hendur Sturlu Jónssonar og 19. febrúar 1914 seldi hann, í umboði Gnúpverjahrepps, fossafélaginu Titan réttindi sem hreppurinn taldi sig eiga í fyrrnefndum fossum. Í fyrstu grein samnings er tilgreint nákvæmlega hvað selt var:

„Hið selda er:

a. Eignarhluti seljanda í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 400 – fjögur hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins meðfram ánni er sje á lengd 200 – tvö hundruð – faðmar upp með ánni frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðmar niður með ánni frá fossinum.
b. Eignarhluti seljanda í Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá ásamt öllu vatninu og árfarvegi í báðum þessum fossum og alla leið á milli þeirra og ennfremur 500 – fimm hundruð – faðma upp ána frá Tröllkonufossi og 500 – fimm hundruð – faðma niður ána frá Þjófafossi, svo og með 200 – tvö hundruð – faðma breiðri landsspildu meðfram ánni alla leið milli ofangreindra enditakmarka 500 föðmum fyrir ofan Tröllkonufoss og 500 föðmum fyrir neðan Þjófafoss.
c. Eignarhluti seljanda í Hávafossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 1000 – eitt þúsund – faðma upp ána frá fossinum og 1000 – eitt þúsund – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu úr landi hreppsins milli tjeðra enditakmarka fyrir ofan og neðan fossinn.
d. Eignarhluti seljanda í Hjálparfossi í Fossá ásamt öllu vatni og árfarvegi 200 – tvö hundruð – faðma upp ána frá fossinum og 200 – tvö hundruð – faðma niður ána frá fossinum svo og með 300 – þrjú hundruð – faðma breiðri landsspildu af landi hreppsins milli tjeðra endimarka fyrir ofan og neðan fossinn.
e. Geldingaárfoss í Geldingaá ásamt öllu vatni og árfarvegi. Kaupinu eru undan skilinn allur námarjettur hvers kyns sem er í ofannefndum landssvæðum hreppsins.“

Samningi þessum var þinglýst án athugasemda þann 19. júní 1914. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gaf síðan út fullt afsal 16. júlí sama ár, þegar gerð höfðu verið öll skil fyrir umsömdu kaupverði, og var það fyrir fram innritað 1. október 1914 til þinglýsingar í Gnúpverjahreppi 1915.“

Sumarið 1916 var Gesti Einarssyni fengið formlegt umboð frá hreppsnefnd Gnúpverjahrepps til að selja Búrfell og Skeljafell, syðst í Gnúpverjaafrétti, að svo miklu leyti sem réttindi á því svæði höfðu ekki þegar verið seld, sbr. það sem að framan greinir um Tröllkonufoss og Þjófafoss. Þessi ákvörðun hreppsnefndar var staðfest á aukafundi sýslunefndar Árnessýslu 17. júlí sama ár. Hinn 28. júlí 1916 seldi Gestur Einari Benediktssyni Búrfell og Skeljafell með þessum landamerkjum: „Úr Þjórsá ræður merkjum Fossá að Rauðá, síðan Rauðá að Sandafelli (að Rauðárgljúfri), þaðan ræður bein lína í Þjórsá neðan við graslendi Sandafells, en þaðan ræður Þjórsá merkjum niður að Fossá.“ Undanskilið sölunni var það land, fossar, vatnsafl og réttindi sem Sturla Jónsson hafði, í umboði Gnúpverjahrepps, áður selt með fyrrgreindu afsali, 16. júlí 1916. Í 3. gr. samningsins segir á þessa leið:

„Hreppurinn áskilur sjer rjett sinn til skógarhöggs í Búrfellshálsi óskertan og endurgjaldslaust. Þó skal þetta skilyrði ekki mega koma í bága við starfrækslu eða afnot kaupandans af því selda, en gjalda skal hann fullar bætur eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna fyrir tjón það sem þá kann að verða á skógarhögginu.
Sömuleiðis áskilur hreppurinn sjer rjett til uppreksturs og afrjettarnotkunar á hinni seldu landsspildu endurgjaldslaust svo lengi sem það kemur ekki í bága við starfrækslu kaupanda eða þeirra, sem hann framselur rjett sinn á landinu.“

Samningnum var þinglýst 12. júní 1918 með athugasemdinni „Seljanda brestur þingl. eignarheimild". Síðar hefur verið bætt við, án dagsetningar, „en verður að teljast notariskur eigandi að hinu selda".

Hinn 11. febrúar 1917 framseldi Einar Benediktsson réttindi sín samkvæmt framangreindum kaupsamningi til fossafélagsins Titans. Samningi Einars og Titans var þinglýst athugasemdalaust 27. júní 1919. Afsal þessara réttinda til fyrirtækisins var gefið út 2. september 1923 og fyrir fram innfært í afsals- og veðmálabók 27. nóvember sama ár. Því afsali var þinglýst athugasemdalaust 11. júlí 1924.

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

„Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn."

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu og var kaupsamningurinn síðan áritaður um afsal til landbúnaðarráðuneytisins f.h. íslenska ríkisins af skilanefnd Titan h/f 16. janúar 1952. Því afsali var að sama skapi þinglýst athugasemdalaust 29. janúar 1952.

Í samningi þessum sagði:

„Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavík på den anden side har indgået sådan kontrakt:

A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og söer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som selskabet har erhvervet i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi i Villingaholtssogn.

De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter:

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 1–24 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 25. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Háifoss og Hjálparfoss i Fossá (Skeiðahreppurs andel).

— 26. Sköde, dateret d. 15. juli 1914, angående Gljúfurleitarfoss, Tröllkonufoss og Þjófafoss i Þjórsá, Háifoss og Hjálparfoss i Fossá og Geldingaárfoss i Geldingaá (Gnúpverjahreppurs andel).

— 27. Sköde, dateret d. 2. september 1923, angående Búrfell og Skeljafell i Gnúpverjahreppsafréttur.

— [Hér er sleppt úr skjölum nr. 28–35 sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.“

Við stofnun Landsvirkjunar lagði ríkissjóður síðan fram tiltekin lands- og vatnsréttindi, þar með talin á Búrfells- og Skeljafellssvæðinu, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Er þar um að ræða hluta þeirra réttinda sem ríkið taldi sig komið að með framangreindum samningi við Titan h/f.

Niðurstaða óbyggðanefndar um einkaeignarréttarlega ráðstöfun réttinda á Gnúpverjaafrétti.

Um þýðingu framangreindra samninga sagði m.a. svo í niðurstöðu óbyggðanefndar:

„Óbyggðanefnd [telur] að beinn eignarréttur jarðeigenda í Gnúpverjahreppi eða eftir atvikum Gnúpverjahrepps hafi ekki verið fyrir hendi frá öndverðu og að þau takmörkuðu not sem sýnt hefur verið fram á að höfð hafi verið af landinu, þ.e. fyrst og fremst beitarafnot, geti ekki grundvallað eignarrétt byggðan á hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir [...]. Samningar og afsöl hreppsnefndar á vatnsréttindum ásamt fleiru til Titan h/f árið 1914, kaupsamningur sama aðila við Einar Benediktsson um Búrfell og Skeljafell í afréttinum árið 1916 eða afsal réttinda samkvæmt þeim samningi til Titan h/f árið 1923, fá ekki breytt þeirri eignarréttarlegu stöðu eða stöðu þeirra sem leiða rétt sinn frá afsalsgjöfum.

Í því sambandi ræður ekki úrslitum þótt gerningum þessum hafi verið þinglýst og réttindi Titan seinna orðið hluti af kaupum íslenska ríkisins á vatnsréttindum á stærra svæði, enda gat ekki falist í þeim víðtækari eignarréttur afsalshafa til handa en sannanlega var á hendi afsalsgjafa. Verður ekki talið, að íslenska ríkið hafi með þeim kaupum viðurkennt beint eða óbeint eignarrétt hreppsins yfir afréttarlandinu. Hefur og komið fram að af hálfu ríkisvaldsins var þinglýsingu skjala um viðskipti þessi mótmælt við þinglýsingardómara á þeim grundvelli að vatnsréttindi á landsvæðum í óbyggðum, þar sem bændur eiga sumarbeit, væru almenningseign.“

Síðan sagði:

„Af hálfu Gnúpverjahrepps og eigenda jarða í hreppnum hefur því ekki verið sannað að sá hluti Gnúpverjaafréttar sem hér er til úrlausnar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.“

Á sömu forsendum taldi nefndin að Búrfells- og Skeljafellssvæðið, sem selt var undan afréttinum með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1916, hefði þá verið utan eignarlanda.

Í samræmi við þessa niðurstöðu taldi nefndin að Gnúpverjahrepp hefði skort eignarheimildir til að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Gnúpverjaafrétti. Fossafélagið Titan hefði því ekki verið réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði hinn 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt sinn á framsali eignarréttinda fyrir þann samning.

Réttindi Landsvirkjunar samkvæmt lögum.

Loks tók óbyggðanefnd til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun hafa verið fengin að lögum eða í samræmi við lög. Um þetta sagði m.a. svo í niðurstöðu nefndarinnar:

„Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar, áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.“

Þá kemur fram að óbyggðanefnd hafi gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn, lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Síðan segir:

„Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt, sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti, en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan, sbr. 3. tölul. A-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun hinna yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar frá 29. mars 2001 í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði, felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði,

uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreiningu eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan."

Niðurstöður óbyggðanefndar í samandregnu máli.

Í úrskurði óbyggðanefndar er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir sölu Gnúpverjahrepps á vatnsréttindum í afrétti hreppsins í upphafi síðustu aldar. Gerð er grein fyrir framsali þessara réttinda með einkaréttarlegum samningum allt til þess tíma er ríkið lagði hluta þeirra fram sem framlag sitt við stofnun Landsvirkjunar árið 1965.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Gnúpverjahreppur hefði ekki átt afréttinn og því hvorki verið bær til þess að afsala landi né vatnsréttindum. Landsvirkjun gæti því ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning. Afrétturinn er því þjóðlenda í eigu ríkisins sem og þau landsréttindi og hlunnindi sem henni tilheyra. Óbyggðanefnd taldi enn fremur að lögbundin heimild til að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar, þar á meðal vatnsréttindin, hefði verið gerð með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins þar sem afhent voru að hluta þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd a/s Titan. Þar sem hinir einkaréttarlegu samningar, sem raktir verða til sölu Gnúpverjahrepps á lands- og vatnsréttindunum, voru ólögmætir sökum vanheimildar hreppsins var hvorki með einkaréttarlegu framsali né lögum hægt að framselja þessi réttindi til Landsvirkjunar. Það er því niðurstaða nefndarinnar að með löggjöf um Landsvirkjun og öðrum lögum sem fyrirtækið sækir rétt sinn til hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi Landsvirkjun til handa.

Um ráðstöfun lands- og vatnsréttinda á Landmannaafrétti – úrskurður óbyggðanefndar 10. desember 2004.

Svæðið austan Þjórsár sem kemur til skoðunar í sambandi við Búrfellsvirkjun var til umfjöllunar í úrskurði í máli 2/2003 Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra sem kveðinn var upp 10. desember 2004. Niðurstaða varðandi réttindi Landsvirkjunar austan Þjórsár í tengslum við Búrfellsvirkjun var sams konar og verið hafði vestan árinnar í úrskurðinum um Gnúpverjaafrétt.

Í úrskurði óbyggðanefnar er rakin tilurð þess að réttindi í Þjórsá voru seld Einari Benediktssyni og síðar íslenska ríkinu. Á aukafundi sem haldinn var í sýslunefnd Rángárvallasýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916 var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

„Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða

yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan“ í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflið verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflið sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.

Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.

Nefndinn veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu.“

Eins og fram kemur í úrskurðinum hafði Eyjólfur Guðmundsson, hreppsnefndaroddviti í Landmannahreppi, gert Einari Benediktssyni svohljóðandi tilboð í júní 1916:

„Gegn 6000.00 sex þúsund krónum, skal selja nefndum hr. Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Landmannahreppsafréttarlandi, frá Tungnárósi til Merkihvolslands, og frá Galtarlækjarlandi til Skarfaneslands.“

Tilboð þetta samþykkti Einar Benediktsson með áritun á skalið 29. nóvember 1916. Tilboðið var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Hinn 14. febrúar 1919 var síðan gefið út svohljóðandi afsal:

„Með því að fyrv. sýslumaður Einar Benediktsson hefir með skali, dags. 11. febrúar 1917 framselt h/f „Titan“ öll réttindi sín samkvæmt framanrituðu kauptilboði og með því að h/f „Titan“ hefir fyrir lok síðastl. árs greitt Landmannahreppi eftirstöðvar kaupverðsins kr. 4.000 -fjögur þúsund- kr., þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir, að h/f „Titan“ er rjettur eigandi allra rjettinda þeirra sem ræðir um í hinum framanritaða kauptilboði að engu undanskildu.“

Afsalið var innritað til þinglesturs 23. maí 1919 og þinglýst sama ár. Hinn 1. desember 1916 undirritaði Eyjólfur Guðmundsson, oddviti Landmannahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi í Rangárvallarsýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirfærast til hlutafélagsins Títan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfalldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau.“

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd Titan h/f yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum Titan h/f.

Áður hefur verið rakinn kaupsamningur sá sem undirritaður var hinn 8. júní 1951 milli landbúnaðarráðuneytisins og Titan h/f, sbr. afsal 16. janúar 1952 þar sem þau réttindi sem rakin hafa verið hér að framan voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Í samningi þessum segir svo:

„De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Sleppt er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]

— 1. ...

...

— 29. Sköde, dateret d. 14. februar 1919, angående vandkraft i Þjórsá i Landmannahreppurs fjældgræsegange.

...

— 35. Sköde, dateret d. 31. október 1917, angående vandrettigheder i Holtaafréttur og Landmannaafréttur."

Niðurstaða óbyggðanefndar í úrskurðinum 10. desember 2004 varð sú að Landmannaafréttur hefði aldrei verið undirorpinn einkaeignarétti:

„Í samræmi við þá niðurstöðu verður að telja að Landmannahrepp og Holtahrepp hafi skort eignarheimildir til þess að ráðstafa vatns- og landsréttindum á Landmannaafrétti. Hf. Titan var þannig ekki réttilega komið að þeim lands- og vatnsréttindum sem skilanefnd félagsins seldi ríkissjóði þann 8. júní 1951 og ríkissjóður lagði síðan fram sem eignarhluta við stofnun Landsvirkjunar, sbr. 3. tl. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965. Nauðsynlegt er þó að árétta að þar er eingöngu um að ræða í þessu tilviki vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar. Getur Landsvirkjun þannig ekki byggt rétt á framsali eignarréttinda fyrir þann samning."

Ekki var heldur talið að Landsvirkjun gæti byggt eignarrétt á lögum eða hefð. Væri fyrirtækið því ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi þjóðlendulaga. Fyrirtækið færi hins vegar með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem það hefði reist á afréttinum og nyti lögvarins rétt til nýtingar þeirra.

Breytt réttarskipan á Gnúpverja- og Landmannaafréttum.

Ljóst er af því sem rakið hefur verið hér að framan að grundvallarbreyting hefur orðið á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar við gildistöku laga nr. 58/1998 og að gengnum úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 7/2000 og 2/2003. Eftir gildistöku laganna telst ríkið eigandi þeirra fasteignarréttinda, lands- og vatnsréttinda, sem fram að því voru eigendalaus, en Landsvirkjun hafði áður að hluta talið til réttinda yfir á grundvelli þeirra heimilda sem einnig eru raktar hér að framan og óumdeilt er að ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins. Ágreiningslaust er einnig að eignarhald ríkisins í Landsvirkjun hefur m.a. byggst á þessu framlagi þess við stofnun fyrirtækisins og ásamt öðru tryggt ríkinu helmingseignarhlut í því.

Að undanförnu hefur í samráði við meðeigendur ríkisins að fyrirtækinu verið fjallað um hvernig óbreytt réttarstaða þess verði tryggð að breyttri réttarskipan á svæðinu. Hafa eigend-

urnir sammælst um að réttarstaða fyrirtækisins verði ekki að fullu tryggð nema ríkinu verði með lögum heimilað að framselja því þau réttindi sem samningurinn frá 1965 tók til, enda hafi framsal þeirra í ljósi niðurstöðu óbyggðanefndar byggst á vanheimild sem ekki verði bætt úr á annan hátt. Hafa bæði borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri staðfest þá afstöðu bréflega og beint því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir lagasetningu í þá veru sem frumvarp þetta felur í sér.

Þar eð ríkinu er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, óheimilt að selja fasteignir landsins eða afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum er í samræmi við þessa niðurstöðu eigendanna leitað eftir heimild Alþingis til að afsala til Landsvirkjunar þeim hluta þeirra réttinda, sem ætlunin var að framselja til fyrirtækisins á grundvelli 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamningsins frá 1. júlí 1965, sem nú telst tilheyra þjóðlendu í eigu ríkisins. Í því felst að Landsvirkjun verður að eignarrétti eigandi að þeim hluta þjóðlendunnar og réttinda innan hennar sem samningsákvæði þetta tók til. Þar er annars vegar um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem ríkið taldi sig komið að með afsalinu frá Titan 1952 að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannaafrétt. Þar eð ákvæði samningsins dró því ekki skýr landfræðileg mörk hvaða land þyrfti til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt efni þess er því nánar lýst í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þessa til hvaða landsvæðis það tekur, auk þess sem landamerkin eru nákvæmlega útfærð með hnitum á landabréfi því sem fylgir frumvarpinu sem viðauki. Aðrir hlutar svæðisins verða eftir sem áður þjóðlenda í eigu ríkisins í samræmi við úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 og 10. desember 2004. Innan þeirra nýtur Landsvirkjun áfram þeirra sérstöku réttinda sem fyrirtækinu hafa á hverjum tíma verið veitt að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heimild þessi er byggð á 3. tölul. A-liðar 2. gr. sameignarsamnings ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 1. júlí 1965 en tekur þó einvörðungu til þess hluta þeirra réttinda, sem það ákvæði vísar til, sem skilanefnd Titan h/f afsalaði til ríkisins 16. janúar 1952. Þar er annars vegar um að ræða 25 km² landskika sem er einkum í Búrfells- og Skeljafellslandi en teygir sig einnig austur yfir ána yfir á Landmannaafrétt. Hins vegar er um að ræða vatnsréttindi í Þjórsá sem fylgja þessu landi og að því marki sem þarf til að virkja allt að 210 MW afl. Að þessu athuguðu eru landamerki svæðisins sem afsalsheimildin tekur til dregin sem hér segir, sbr. jafnframt viðauka sem fylgir frumvarpinu (tölur innan sviga vísa til tölusettra punkta á landabréfinu): Frá mörkum frárennslisskurðar Búrfellsvirkjunar og Fossár liggja mörkin upp með Fossá að hornpunkti (16) um 1200 m ofan brúar á Fossá, þaðan liggja mörkin um 800 m til suðausturs að hornpunkti (17) sunnan í Skeljafelli. Þaðan eru mörkin um 3,5 km til austurs að hornpunkti (18) 400 m vestan við inntaksmannvirki virkjunarinnar. Þaðan liggja mörkin um 2 km til norðausturs að punkti (19) um 400 m vestan Klofaeyjar, á Sprengisandsvegi og markalínan fylgir veginum að punkti (20) við rætur Sandafells og þaðan að punkti (21) sem er rétt austan Þjórsár og ofan Þjórsárbrúar. Frá þeim punkti liggur markalínan til suðurs um 300 m austan og samsíða Þjórsá í hornpunkt 22 austan Klofaeyjar. Þaðan liggja mörkin tæpan 1,5 km til suðvesturs (23) rétt sunnan Klofaeyjar og sveigja þaðan 2,5 km til suðausturs, austur yfir Landveg og í Leirdal, austur fyrir enda flóðvarnargarðs Búrfellsvirkjunar (24 og 25). Þaðan liggur markalínan um 4 km til vesturs, sunnan varnargarðs, vestur fyrir Landveg og yfir farveg Þjórsár að hornpunkti 26, um 400 m sunnan við botnrás Bjarnalækjarstíflu við

norðurenda Skálarfells og þaðan að hornpunkti (27) við ósa Fossár við Þjórsárfarveg og þaðan liggur markalínan upp eftir farvegi Fossár að útrennsli frárennslisskurðar virkjunarinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Tilgangur frumvarpsins er öflun lagaheimildar fyrir forsætisráðherra til að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á kostnað eða tekjur ríkissjóðs.

682. Fyrirspurn [457. mál]

til samgönguráðherra um vegamál.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er heildarlengd og hlutfall
   a. safnvega,
   b. tengivega,
   c. landsvega,
   sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum og hvernig er skiptingin milli vega með varanlegu slitlagi og malarvega?
2. Hver hefur heildarfjárveiting til þessara vegaflokka verið frá árinu 1995, á verðlagi 31. desember 2005?
3. Hversu margar brýr eru í hverju sveitarfélagi og á hvaða áratug voru þær smíðaðar, sundurliðað eftir einbreiðum brúm og tvíbreiðum og lengd miðað við 10 m bil?
4. Hver hefur heildarfjárveiting til vegamála verið sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir mismunandi tekjum Vegagerðarinnar?
5. Hverjar hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs verið af umferð og bílainnflutningi sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005 og hvernig skiptast þær milli tekjuflokka?

Skriflegt svar óskast.

683. Fyrirspurn [458. mál]

til iðnaðarráðherra um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma?

684. Fyrirspurn [459. mál]

til fjármálaráðherra um störf hjá ríkinu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver hefur verið fjöldi starfa hjá ríkinu, þ.e. þar sem Fjársýsla ríkisins er launagreiðandi, ár hvert frá 1995 í hverju skattumdæmi fyrir sig, sundurliðað í

a. störf innan menntakerfis,
b. löggæslu,
c. heilbrigðiskerfis,
d. stjórnsýslu, og
e. önnur störf?

Skriflegt svar óskast.

685. Fyrirspurn [460. mál]

til forsætisráðherra um nefndarskipan og kynjahlutföll.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvaða nefndir og starfshópar á vegum ráðuneytanna og undirstofnana þeirra hafa verið settar á laggirnar frá því í nóvember 2004, sundurliðað eftir ráðuneytum?
2. Hver eru kynjahlutföll í fyrrgreindum nefndum? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og nefndum eða starfshópum.

Skriflegt svar óskast.

686. Svar [367. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1. *Hversu mikið fé hefur runnið til Framkvæmdasjóðs aldraða árlega sl. 10 ár?*

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra námu samtals 6.164,0 millj. kr. frá árinu 1995 til ársins 2004. Í meðfylgjandi yfirliti eru tekjur Framkvæmdasjóðs eftir árum (í millj. kr.).

Tekjur	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Gjöld í Framkvæmdasjóð aldraðra	464,3	474,7	469,7	523,8	570,8	561,8	612,7	750,6	846,8	884,6	**6.159,9**
Vextir og aðrar tekjur	1,3	0,8	0,8	0,3	0,4	0,4	0,1	0,0	0,0	0,0	**4,0**
Tekjur samtals	**465,6**	**475,5**	**470,5**	**524,1**	**571,2**	**562,2**	**612,8**	**750,6**	**846,8**	**884,6**	**6.164,0**

2. Hversu háar fjárveitingar fóru á hverju ári til
   a. uppbyggingar,
   b. rekstrar,
   c. annars og þá hvers?

a. Greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til uppbyggingar í formi stofnkostnaðar, endurbóta og viðhalds námu samtals 3.605,8 millj. kr. Þar af voru endurbætur og stofnkostnaður 3.229,8 millj. kr. og viðhald 376,0 millj. kr. Greiðslur hvers árs eru birtar í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Endurbyggingar- og byggingarkostnaður	551,3	211,5	281,2	162,1	249,9	256,1	305,4	333,6	391,6	487,1	**3.229,8**
Viðhald fasteigna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	188,0	188,0	**376,0**
Gjöld samtals	**551,3**	**211,5**	**281,2**	**162,1**	**249,9**	**256,1**	**305,4**	**333,6**	**579,6**	**675,1**	**3.605,8**

b. Greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til rekstrar hjúkrunarheimila námu samtals 2.842,0 millj. kr. á árunum 1995–2004. Framlög hvers árs eru í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Framlag til rekstrar hjúkrunarheimila	130,0	330,0	218,0	295,0	289,0	300,0	362,5	409,5	276,5	231,5	**2.842,0**
Gjöld samtals	**130,0**	**330,0**	**218,0**	**295,0**	**289,0**	**300,0**	**362,5**	**409,5**	**276,5**	**231,5**	**2.842,0**

c. Aðrar greiðslur námu 117,7 millj. kr. á árunum 1995–2004. Hér er um að ræða kostnað við rekstur sjóðsins, starfsemi samstarfsnefndar um málefni aldraðra og framlög sem féllu m.a. undir 5.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999. Stærstu gjaldaliðirnir sem falla undir 5.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999 er rekstur á vistunarmati og frá árinu 1998 hönnun á rafrænum gagnagrunni fyrir RAI-NH (kerfisbundið mat á heilsufari og aðbúnaði einstaklinga sem dveljast á stofnunum) og vistunarmat og rekstur á þessum kerfum. Auk þess hafa verið veittir styrkir til verkefna er tengjast öldrunarmálum.

Árið 2001 var byrjað að afskrifa og gjaldfæra í rekstri álögð iðgjöld sem renna til sjóðsins sem talið var að mundu ekki innheimtast hjá skattyfirvöldum. Þótt hér sé ekki um að ræða greiðslur úr sjóðnum er hér gjaldfærður kostnaður sem hefur áhrif á rekstrar-

stöðu hans. Afskrifuð iðgjöld á rekstrarreikningi námu samtals 55,1 millj. kr. fram til ársins 2004.

Aðrar greiðslur hvers árs og kostnaður vegna afskrifta er í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Rekstrarsjóður	5,8	6,7	6,3	9,4	14,6	8,4	14,4	19,4	15,8	16,9	**117,7**
Afskrifuð iðgjöld	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,3	5,9	23,3	21,7	**55,1**
Gjöld samtals	**5,8**	**6,7**	**6,3**	**9,4**	**14,6**	**8,4**	**18,7**	**25,3**	**39,1**	**38,6**	**172,9**

3. *Hversu háar greiðslur til uppbyggingar komu frá öðrum en ríkisvaldinu, svo sem sveitarfélögum, félagasamtökum o.s.frv., skipt eftir árum?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um endanlegar greiðslur til uppbyggingar sem komu frá öðrum en ríkisvaldinu. Sé hins vegar miðað við greiðsluþátttöku Framkvæmdasjóðs í endurbótum og stofnkostnaði voru greiðslur frá öðrum en ríkisvaldinu samtals um 5.979,0 millj. kr. á árunum 1995–2004, sbr. eftirfarandi yfirlit.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Byggingarkostnaður annarra	1.275,0	478,0	491,0	195,0	500,0	469,0	543,0	578,0	656,0	794,0	**5.979,0**
Byggingarkostnaður samtals	**1.275,0**	**478,0**	**491,0**	**195,0**	**500,0**	**469,0**	**543,0**	**578,0**	**656,0**	**794,0**	**5.979,0**

4. *Hversu margar voru einkaframkvæmdir á þessu sviði á tímabilinu?*

Bygging og rekstur Sóltúns er eina einkaframkvæmdin á þessu sviði á tímabilinu.

5. *Hefur verið sótt um heimildir til að byggja hjúkrunarheimili án mótframlags? Ef svo er, hversu oft og hafa þær heimildir verið veittar?*

Fyrir utan byggingu Sóltúns hefur ekki verið formlega sótt um heimildir til að byggja hjúkrunarheimili án mótframlags. Hins vegar ber að benda á að í daggjaldi Sóltúns er greidd leiga fyrir húsnæði hjúkrunarheimilisins.

6. *Hvaða framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru fyrirhugaðar og vanda hversu margra munu þær leysa? Listi yfir framkvæmdirnar óskast og upplýsingar um hvenær gert er ráð fyrir að þeim verði lokið.*

Fyrirhugaðar framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru bygging hjúkrunarheimilis í Sogamýri í Reykjavík fyrir 110 hjúkrunarvistmenn og bygging hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni í Reykjavík fyrir 90 hjúkrunarvistmenn. Gert er ráð fyrir að bygging hjúkrunarheimilis í Sogamýri verði lokið á árinu 2007 og bygging hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni verði lokið árið 2009. Þá má geta þess að nú er unnið að byggingu 60 hjúkrunarrýma á Akureyri, 12 á Neskaupstað, 23 á Eskifirði og 27 á Selfossi, auk þess sem verið er að fjölga rýmum á Fellsenda í Búðardal. Ekki er í öllum tilvikum um fjölgun rýma að ræða heldur endurnýjun húsnæðis. Þótt ákvarðanir liggi ekki fyrir um frekari framkvæmdir hefur ráðuneytið að undanförnu átt í viðræðum um uppbyggingu stofnanaþjónustu aldraðra við heimamenn í Reykjanesbæ, Kópavogi, Hafnarfirði, á norðanverðum Vestfjörðum og á Suðurlandi. Að lokum má nefna að nýverið veitti Alþingi, að tillögu fjárlaganefndar, 30 millj. kr. til undirbúnings stækkunar á Jaðri í Ólafsfirði.

687. Svar [300. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um Barnaspítala Hringsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir hágæsluaðstöðu á Barnaspítala Hringsins í ljósi þess að upp hafa komið atvik þar sem foreldrar hafa þurft að hlaupa langar leiðir með lífshættulega veik börn?*
2. *Hvenær má búast við aðgerðum af hálfu ráðherra í þessu máli?*

Þörf fyrir hágæslu er mismunandi, en nú liggja fyrir upplýsingar um fjölda bráðveikra barna sem eru á legudeildum spítalans. Fjöldi bráðveikra barna eykst, þörf þeirra á þjónustu fer vaxandi og börnin sem liggja inni á spítalanum eru veikari en áður. Börn sem njóta mundu þjónustu á hágæslueiningu væru börn með alvarlega hjartasjúkdóma, börn sem hefðu farið í miklar skurðaðgerðir, börn með mikla og illvíga krampa, börn með alvarlega efnaskiptagalla og börn með alvarlegar sýkingar og aðra alvarlega sjúkdóma.

Þess má geta að við hönnun og byggingu hins nýja Barnaspítala Hringsins var gert ráð fyrir hágæsluaðstöðu fyrir veikustu börnin. Því hefur hluti af stofnkostnaði þegar verið greiddur, en ljóst er að tækjabúnaður fyrir þessa þjónustu þarf ætíð að vera fyrsta flokks og tæknin í samræmi við það sem best gerist á hverjum tíma. Eitthvað af slíkum tækjum mun vera til á Barnaspítalanum nú, en gera þyrfti ráð fyrir viðbót ef ákveðið yrði að reka að staðaldri aðstöðu fyrir hágæslu innan vébanda spítalans. Þá er ljóst að rekstur hágæslueiningar fyrir mikið veik börn er dýr, en það gildir um alla gjörgæslu.

Stjórnendur Landspítalans hafa nú til skoðunar með hvaða hætti mætti þróa og koma fyrir hágæsluaðstöðu á Barnaspítala Hringsins og reka hana með sem hagkvæmustum hætti. Er gert ráð fyrir að tillögur stjórnenda komi til skoðunar ráðherra áður en langt um líður. Að fengnum tillögum stjórnenda Landspítala – háskólasjúkrahúss um fyrirkomulag hágæslueiningar mun ráðherra taka ákvörðun um næstu skref í samráði við stjórnendur LSH.

688. Frumvarp til laga [461. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 8. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á heimasíðu hlutafélaga og útibúa þeirra.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 153. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 8. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga. Að mestu leyti byggist framangreind tilskipun, sem varðar breytingar á 1. félagaréttartilskipuninni frá 1968, á rafrænni skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá. Fjármálaráðherra ber ábyrgð á skráningarákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög og er gert ráð fyrir að hann leggi fram sérstakt frumvarp um það efni.

Framangreind tilskipun var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004 og lögð fyrir Alþingi í tillögu til þingsályktunar á 131. löggjafarþingi 2004–2005 (þskj. 642, 436. mál).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist á grundvelli tilskipunarinnar við 8. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög þannig að tilteknar upplýsingar um hlutafélög og útibú þeirra, þ.e. heiti, kennitölu, heimilisfang, skráningarnúmer og jafnvel hlutafé, skuli ekki aðeins greina á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum heldur einnig á heimasíðu félags. Jafnframt er gert ráð fyrir að sama gildi um upplýsingar skv. 8. mgr. 1. gr. um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða. Þá eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsiákvæðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB og 68/151/EBE. Meðal annars er kveðið á um tilteknar lágmarksupplýsingar sem skal birta á vefsíðum hlutafélaga.

Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það óbreytt að lögum.

689. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 7. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á heimasíðu einkahlutafélaga og útibúa þeirra.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 127. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 7. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga. Að mestu leyti byggist framangreind tilskipun, sem varðar breytingar á 1. félagaréttartilskipuninni frá 1968, á rafrænni skráningu upplýsinga í hlutafélagaskrá. Fjármálaráðherra ber ábyrgð á skráningarákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög og er gert ráð fyrir að hann leggi fram sérstakt frumvarp um það efni.

Framangreind tilskipun var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004 og lögð fyrir Alþingi í tillögu til þingsályktunar á 131. löggjafarþingi 2004–2005 (þskj. 642, 436. mál).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist á grundvelli tilskipunarinnar við 7. mgr. 1. gr. laga um einkahlutafélög þannig að tilteknar upplýsingar um einkahlutafélög og útibú þeirra, þ.e. heiti, kennitölu, heimilisfang, skráningarnúmer og jafnvel hlutafé, skuli ekki aðeins greina á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum heldur einnig á heimasíðu félags. Jafnframt er gert ráð fyrir að sama gildi um upplýsingar skv. 7. mgr. 1. gr. um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða. Þá eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsiákvæðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB og 68/151/EBE. Meðal annars er kveðið á um tilteknar lágmarksupplýsingar sem skal birta á vefsíðum hlutafélaga.

Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það óbreytt að lögum.

690. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: grafískra hönnuða.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BA-prófi eða meistaraprófi í grafískri hönnun frá viðurkenndum íslenskum háskóla, svo og lokaprófi í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskólanum eða Myndlistaskólanum á Akureyri, þurfa ekki heldur slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta, sem samið er í iðnaðarráðuneytinu, miðar að því að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með því að bæta þeim við í upptalninguna í lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Frumkvæði að samningu frumvarpsins kom frá Félagi íslenskra teiknara (FÍT) sem er fagfélag grafískra hönnuða og myndskreyta en einnig einstaklingum sem vilja efla íslenska hönnun og auka þar með verðmæti íslenskrar framleiðslu, svo og bæta auglýsingamenninguna í landinu. Mikil gróska hefur verið á flestum sviðum hönnunar hér á landi að undanförnu. Er grafísk hönnun þar engin undantekning hvort sem er á prenti eða á sviði margmiðlunar.

Grafísk hönnun er í stuttu máli úthugsuð, tæknileg og skapandi framkvæmd. Hún er ekki bara einföld framleiðsla á myndefni heldur felur grafísk hönnun í sér greiningu, skipulagningu og framsetningu á myndrænum lausnum í verkefnum sem lúta að hvers kyns samskiptum.

Verkefni grafískra hönnuða eru mjög fjölbreytt, þ.e. umbúðir, vöru- og firmamerki, peningaseðlar, frímerki, auglýsingar og margt fleira.

Talið er æskilegt að greina með löggildingu starfsheitisins grafískur hönnuður á milli þeirra sem hafa enga eða litla menntun í grafískri hönnun en kalla sig þó grafíska hönnuði og hinna sem hafa langa háskólamenntun eða menntun á háskólastigi að baki. Koma neytendasjónarmið m.a. hér við sögu, bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Með löggildingu er m.a. talið að hafa megi áhrif á framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau lög geyma ítarleg ákvæði um auglýsingar. Framkvæmd laganna er á verksviði Neytendastofu.

Hvað nám snertir hafa iðnskólar og tölvuskólar á Íslandi að undanförnu boðið upp á námskeið í grafískri hönnun eins og auglýst er í námskrá þessara skóla. Grafísk hönnun er þar aðeins sem sérhæfð námskeið eða undirbúningsnám fyrir framhaldsnám á háskólastigi í greininni. Það framhaldsnám er aðeins boðið upp á í Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólanum á Akureyri og síðan í erlendum listaháskólum. Margmiðlunarnám er orðinn vinsæll kostur en þar er þó um að ræða tölvunám sem lagt er stund á í tvö til tvö og hálft ár. Fellur það nám undir tölvumiðlun en ekki listrænar hugmyndagreinar eins og þegar um grafíska hönnun er að ræða. Stutt námskeið í grafískri hönnun sem tekur frá þremur mánuðum til eins árs jafngildir alls ekki því viðamikla námi sem grafískur hönnuður nemur á þremur námsárum í háskóla og hann er síðan krafinn um sem sérfræðingur í atvinnulífinu þar sem vinna þarf samkvæmt ýmsum lögum og reglum.

Listaháskóli Íslands útskrifar nú grafíska hönnuði eftir þriggja til fjögurra ára háskólanám með BA-gráðu eins og erlendir listaháskólar gera reyndar einnig. Útskrifaði skólinn fyrst nemendur með slíkri prófgráðu árið 2000 en kennsla við skólann hófst árið 1999. Til að útskrifast sem grafískur hönnuður frá skólanum þurfa nemendur að taka samtals 90 einingar, 54 einingar í verklegu námi, 27 einingar í bóklegu námi og 9 einingar í tæknilegu námi.

Rétt þykir að leggja að jöfnu við BA-próf í Listaháskóla Íslands, að því er varðar réttindi til starfsheitisins grafískur hönnuður, fullnaðarpróf í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskólanum og Myndlistaskólanum á Akureyri.

Myndlista- og handíðaskólinn miðar stofnun sína við árið 1939 þegar Lúðvíg Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann. Skólinn fékk heitið Myndlista- og handíðaskólinn 1964 þegar fyrstu heildarlög um skólann voru samþykkt en þar var hann felldur inn í fræðslukerfi ríkisins. Gísli B. Björnsson hafði stofnað deild fyrir grafíska hönnun í Handíðaskólanum 1962. Kennsla í þeirri grein fór síðan fram í Handíðaskólanum 1962–1964 og Myndlista- og handíðaskólanum 1964–1999 þegar Listaháskóli Íslands var stofnaður. Var námið á háskólastigi, fjögur ár, og er talið sambærilegt við nám í Listaháskóla Íslands þótt prófgráðan héti ekki BA-próf. Myndlista- og handíðaskóli Íslands útskrifaði alls um 300 nema í grafískri hönnun. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir einstaklingar fái einnig rétt til að bera starfsheitið grafískur hönnuður.

Myndlistaskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1974 en hefur útskrifað nemendur á háskólastigi í grafískri hönnun frá árinu 1995. Skólinn útskrifar nemendur að loknu þriggja ára námi. Námseiningar eru 90. Til að hefja nám í grafískri hönnun þarf umsækjandi að hafa lokið viðurkenndu fornámi og standast þær kröfur sem inntökunefnd gerir til hæfni í undirstöðugreinum. Prófskírteini Myndlistaskólans á Akureyri eru víða metin til jafns við BA/BFA-gráðu og námið er lánshæft hjá LÍN. Skólinn hefur stöðu listaháskóla í norrænu og evrópsku samstarfi. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að þeir sem lokið hafa prófi í grafískri hönnun frá Myndlistaskólanum á Akureyri fái rétt til að bera starfsheitið grafískur hönnuður.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu þegar í upphafi að meistarapróf í grafískri hönnun frá viðurkenndum íslenskum háskóla nægi til að mega nota starfsheitið þótt ekki sé að svo stöddu möguleiki á að fá slíka prófgráðu hér á landi.

Gengið er út frá því að þeir sem mega nota starfsheitið grafískur hönnuður á grundvelli náms frá viðurkenndum íslenskum skólum samkvæmt frumvarpinu sæki ekki um löggildingu starfsheitis til ráðuneytis og eigi ekki heimtingu á löggildingarskjali frá því þar eð um sjálfkrafa löggildingu yrði að ræða.

Gert er ráð fyrir að Félag íslenskra teiknara (FÍT) í samstarfi við Félag grafískra teiknara (FGT) verði umsagnaraðili um erindi þegar menn hafa ekki sjálfkrafa rétt á grundvelli laganna til að bera starfsheitið grafískur hönnuður. Mun félagið setja sér reglur um lágmarksnám vegna starfsheitisins í samvinnu við iðnaðarráðuneytið. Félagið var stofnað árið 1953. Stofnendur þess voru Atli Már Árnason, Ágústa Pétursdóttir Snæland, Ásgeir Júlíusson, Halldór Pétursson, Jörundur Pálsson, Stefán Jónsson og Tryggvi Magnússon. Félagið er, eins og áður segir, fagfélag grafískra hönnuða og myndskreyta, og voru félagsmenn um 270 í lok 2005. Megintilgangur félagsins er að efla samstöðu félagsmanna og viðhalda faglegum metnaði auk þess að kynna almenningi grafíska hönnun og mikilvægi hennar. Félagið beitir sér m.a. fyrir því að félagsmenn virði samkeppnisreglur og höfundarétt.

Félagið er aðili að Hönnunarvettvangi, Myndstefi, Alþjóðaráði samtaka um grafíska hönnun (International Council of Graphic Design Associations – ICOGRADA) og Evrópufélagi listrænna stjórnenda (Art Directors Club of Europe – ADCE).

Þess má geta hér að Félag grafískra teiknara (FGT) er stéttarfélag teiknara. Það hét áður Félag auglýsingateiknara. Grafískir hönnuðir eru innan vébanda Félags grafískra teiknara en það er undirfélag í Félagi bókagerðarmanna. Félagið var stofnað árið 1972 og er fjöldi félagsmanna í árslok 2005 rúmlega 90. FGT gerir kjarasamning fyrir hönd þeirra sem eru launþegar á auglýsingastofum og í prentsmiðjum.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það til þess að þeir sem hafa enga menntun í grafískri hönnun eða minni menntun en gert er ráð fyrir til löggildingar á starfsheitinu grafískur hönnuður verða að nota önnur nöfn en grafískur hönnuður. Í því sambandi skal bent á að í ýmsum lögum er fjallað um hönnuði án þess að einkaréttur sé á því nafni eða öðrum nöfnum þar sem hönnuður kemur fyrir í nafninu án þess að um lögverndað starfsheiti sé að ræða. Hér má nefna 1. gr. laga nr. 46/2001, um hönnun, og 47.–50. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Um ýmsa kosti er því að ræða fyrir þessa aðila varðandi val á starfsheiti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að löggilda starfsheitið grafískur hönnuður. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið ekki áhrif á útgjöld ríkisins verði það óbreytt að lögum.

691. Tillaga til þingsályktunar [464. mál]

um sýslur.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem hafi það verkefni að fjalla um stöðu sýslna í íslenskri löggjöf, landfræðileg mörk þeirra og hvort festa skuli þau í sessi með löggjöf. Að starfi nefndarinnar loknu leggi ráðherra málið fyrir Alþingi til upplýsinga og ákvörðunar um framtíðarstöðu sýslna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi 1999 af Hjörleifi Guttormssyni en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Tillagan var endurflutt á 126., 128. og 130. löggjafarþingi. Fylgiskjöl sem fylgdu tillögunni þegar hún var fyrst flutt fylgja einnig nú.

Eftir breytingu á sveitarstjórnarlögum 1986 (lög nr. 8/1986) og aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði með lögum nr. 92/1989 heyra sýslur í íslenskri stjórnsýslu að mestu eða öllu sögunni til. Orðið sýslumaður vísar ekki lengur til landfræðilegs umdæmis og fylgja stjórnsýsluumdæmi þeirra nú ekki þeim mörkum sem áður voru hefðbundin sýslumörk heldur miðast við mörk og heiti sveitarfélaga. Um þetta vísast til skriflegs svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sýslur á 122. löggjafarþingi, 668. máli, sem birt er sem fylgiskjal I með tillögunni. Stjórnskipuleg staða einstakra sýslna er þar sögð mismunandi eftir því hvort mörk þeirra falla saman við mörk stjórnsýsluumdæmis einstaks sýslumanns.

Almenningur er almennt ekki meðvitaður um þessar breytingar á stöðu sýslna og jafnvel embættismenn og stjórnmálamenn velkjast í vafa um stöðu þeirra. Um það vísast meðal annars til fyrrgreinds svars ráðherra á Alþingi og til auglýsinga ráðuneyta, sbr. meðfylgjandi frásögn úr Morgunblaðinu 9. maí 1996 í fylgiskjali II. Skýrt dæmi um þetta er að finna í nýlegum bæklingi, Um hálendi Íslands – fjársjóður þjóðarinnar, gefnum út af ríkisstjórn Íslands. Þar er birtur uppdráttur af Íslandi sem í texta er sagður sýna sýslumörk, en í skýringum kemur fram að um er að ræða umdæmamörk sýslumanna!

Í máli almennings, handbókum og kennsluefni fyrir skóla og víðar lifa sýslur áfram góðu lífi. Þá er í lögum enn vísað til sýslna í nokkrum tilvikum. Sýslumörk eru hins vegar farin á flot í meðförum manna, eins og að framan greinir, þar eð ruglað er saman umdæmum sýslumanna og sýslum sem landfræðilegum einingum. Að mati flutningsmanna er full ástæða til að varpa ljósi á þetta samhengi og að Alþingi taki síðan afstöðu til stöðu sýslna framvegis. Þetta er bæði menningarsögulegt og hagnýtt viðfangsefni. Það sýnir sig að þörf er á stærri landfræðilegum einingum að vísa til en sveitarfélögum. Þótt þau fari stækkandi með sameiningu getur orðið bið á að þau fylli út í sýslurnar í landfræðilegum skilningi og með öllu óvíst að mörk yrðu hin sömu. Allt eru þetta rök fyrir því að rýna þurfi í málið af vísum mönnum.

Um tilurð og þróun sýslna hérlendis má meðal annars vísa í fróðlega ritgerð Axels Kristinssonar, Embættismenn konungs fyrir 1400 (Saga XXXVI (1998), bls. 113–152), þar sem nefndar eru ýmsar heimildir. Í ritgerð þessari segir m.a. (bls. 121–122):

„Á síðari tímum hafa sýslur verið fastar landfræðilegar einingar með ákveðin nöfn. Þannig var það ekki á miðöldum. Sýsla merkti þá það svæði sem embættismaður hafði til yfirsóknar. Áherslan var á embættismanninn en ekki landsvæðið. Sýsluheitið var heldur ekki einskorðað við veraldlega valdsmenn því oft var talað um sýslur biskupa framan af. Sýsla var embætti valdsmannsins og það svæði sem hann stjórnaði, hversu stórt eða lítið sem það var. Flest

bendir til að stærð sýslna og mörk þeirra hafi verið mjög á reiki og farið mest eftir því samkomulagi sem hver sýslumaður náði við konung eða hirðstjóra.

Landshættir hafa þó oft sett sýslum eðlileg mörk sem gátu haldist þótt nýir sýslumenn kæmu til. Einnig hafði þinga- og fjórðungaskipanin áhrif á sýsluskiptinguna og smám saman mynduðust hefðir um það hvar sýslumörk skyldu vera. Það er þó ekki fyrr en eftir lok miðalda að sýslurnar verða að föstum landfræðilegum einingum. Þetta sést vel á því að sýslunöfn þau sem við þekkjum koma ekki til sögunnar fyrr en á 16. öld – þau elstu eru frá fyrri hluta aldarinnar en flest birtast ekki í heimildum fyrr en um miðja öldina, þegar konungsvald var mjög að eflast og má þannig setja þau í samband við skilvirkara stjórnkerfi konungs á þeim tíma.“

Eðlilegt þykir að forsætisráðherra skipi þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir þar eð málið er ekki sérstaklega á borði dómsmálaráðherra og varðar stjórnsýslu og menningarsögu í víðu samhengi. Vonandi verður tillagan til þess að óvissu um mörk og stöðu sýslna verði eytt og staða þeirra verði lýðum ljós.

Það skal tekið fram vegna svars dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur, sbr. fylgiskjal I með máli þessu, að skv. 2. gr. núgildandi laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, skiptist landið í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, sbr. einnig reglugerð nr. 102/2001, um breyting á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Þá skal jafnframt tekið fram að nöfn á sýslum og sýslumörk er ekki lengur að finna í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, né lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nú lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sýslur. Sjá þskj. 1251 (668. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 5382–5383.

II. Forsætisráðuneytið vísar til sýslumarka í auglýsingu en sýslur „eru ekki til lengur“. (Mbl. 9. maí 1996).

692. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Hlynur Hallsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125., 126. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt lítillega breyttri greinargerð.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er Bændasamtökum Íslands heimilað með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Farið var að veita slíkan stuðning árið 1999 og er hann enn veittur í allt að tvö ár í senn á seinni árum. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Hér er greitt í tvö ár mest en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, – verndun og ræktun – félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali II með þingsályktunartillögu þessari þótt það sé síðan 1996 enda einu tiltæku tillögurnar um þessi efni.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að stærri hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum gripum. Þessi áhugi er enn meiri erlendis en hér á landi. Stóraukinn innflutningur á lífrænt vottuðum matvælum auk ýmissa vörutegunda sem flokkast undir heilsuvörur ber vott um breytt viðhorf. Heilsubylgja hefur gengið yfir Vesturlönd síðustu áratugi og algengast er að fólk kaupi þessar vörur fyrst og fremst af hollustuástæðum. Samhliða heilsubylgjunni hefur orðið umhverfisvakning í heiminum. Nú er alls staðar lögð stóraukin áhersla á bætta umgengni, verndun umhverfisins og náttúru. Þetta tvennt stuðlar að neyslu lífrænt ræktaðrar matvöru, þ.e. matvöru sem framleidd er með aðferðum sem uppfylla ströngustu kröfur um umhverfisvernd og er jafnframt líkleg til að stuðla að betri heilsu fólks. Matarsýkingum af ýmsum uppruna hefur fjölgað á undanförnum árum, svo sem af völdum kampýlóbakter og salmonellu. Fjölónæmar bakteríur hafa valdið alvarlegum veikindum hjá fjölda manns, fleira fólk sýkist en áður og alvarlegir faraldrar hafa orðið. Bakteríustofnar eru fjölbreyttari og sumir ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Þetta breytta umhverfi hefur leitt til þess að fleiri eru meðvitaðir um hollustu þess sem þeir neyta og áhugi á lífrænt ræktuðum matvælum hefur aukist að sama skapi. Líklegt er að umhverfis- og náttúruvernd, stóraukin

áhersla á heilbrigt líferni og neysla lífrænt ræktaðrar matvöru verði það sem einkenni samfélagsþróunina á Vesturlöndum næstu árin. Þar við bætist mikil andstaða neytenda gegn erfðabreyttum lífverum í landbúnaði.

Danir hafa tekið þessi mál föstum tökum og stefnir í að Danmörk verði fyrirmyndarland á sviði lífrænna landbúnaðarafurða. Danskar matvörur þykja ekki aðeins góðar heldur hafa danskir neytendur breytt matarvenjum sínum og kaupa lífrænar landbúnaðarvörur í stórauknum mæli. Í Danmörku er markaðshlutdeild lífrænnar mjólkur um 30%, egg, ýmsar kornvörur og gulrætur hafa yfir 10% af markaðnum en kjötvörur hafa minni hlutdeild. Lífrænt ræktaðar matvörur hafa náð fótfestu á breskum matvörumarkaði og taka undir sig æ meira pláss í hillum stórmarkaða og sömu sögu er að segja í Mið- og Suður-Evrópu.

Á Íslandi eru lífrænt vottaðar afurðir tæplega 1% af allri landbúnaðarframleiðslu og eru langt frá því að fullnægja þörfum markaðarins. Sterkar líkur má leiða að því að sama þróun verði á neysluvenjum fólks hér á landi og erlendis. Þess vegna er mikilvægt að nú þegar verði bændur hvattir og studdir til að breyta búskaparháttum svo að íslenskar lífrænt vottaðar afurðir verði á boðstólum til að mæta vaxandi eftirspurn. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í sauðfjársamningi eru engin ákvæði um stuðning við lífræna framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur hefði verið tilvalinn til að stuðla að eflingu lífrænnar framleiðslu og búa sauðfjárbændur undir að verða við kröfum ört vaxandi eftirspurnar eftir lífrænt vottuðum vörum. Verð á matvöru, ásamt trausti á vörunni, hefur hvað mest áhrif á val neytenda og því skiptir máli að bændur sem stunda lífræna ræktun séu samkeppnisfærir á matvörumarkaðnum við bændur sem stunda hefðbundinn búskap. Þá er vitað að Whole Food í Bandaríkjunum vill að a.m.k. hluti þess dilkakjöts sem þangað er flutt sé lífrænt vottað.

Framleiðslukostnaður við lífræna ræktun er nokkuð meiri en við hefðbundna framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda eru slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum og ætti að vera liður í búvörusamningunum sem kveða m.a. á um stuðningsgreiðslur í nokkrum veigamiklum búgreinum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun um stuðning við lífrænan búskap á búnaðarþingi 1999.
II. Stuðningur við aðlögun að lífrænum búskap. — Áliti skilað til Bændasamtaka Íslands í nóvember 1996.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 678 (417. mál 125. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3712–3717.

693. Tillaga til þingsályktunar [466. mál]

um að heimila auglýsingar á heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa lagabreytingar sem heimili læknum, tannlæknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, svo og heilbrigðisstofnunum, að auglýsa þjónustu sína og starfsemi. Við undirbúning slíkrar löggjafar hafi ráðherra samráð við helstu hagsmunaaðila og fagfélög heilbrigðisstétta.

Greinargerð.

Bætt þjónusta við almenning.

Flestum heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum er óheimilt samkvæmt lögum að auglýsa starfsemi sína. Með afnámi á takmörkunum á auglýsingum heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er hins vegar ljóst að almenningur fengi betri upplýsingar um þjónustu lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna þar sem þeim yrði þá heimiluð eðlileg upplýsingagjöf um þjónustu sína.

Með nauðsynlegum lagabreytingum í þessa átt þarf almenningur því ekki lengur að treysta orðrómi og umtali þegar kemur að vali á heilbrigðisþjónustu.

Eðlileg kynning á heilbrigðisþjónustu, menntun, reynslu o.s.frv.

Gjörbreyttar aðstæður eru nú víða í heilbrigðisþjónustunni frá því sem áður var. Starfsemi og þjónusta heilbrigðisstétta hefur breyst mikið og orðið fjölbreytilegri en áður. Ýmsir fagaðilar í heilbrigðisgeiranum hafa heimasíður og kynningarefni með margs konar upplýsingum um hvað viðkomandi aðili eða stofnun býður upp á.

Í auglýsingum er að finna margvíslegar upplýsingar til almennings. Auglýsingar hjálpa almenningi að átta sig á hvað er í boði og með hvaða hætti. Með því að heimila auglýsingar lækna, tannlækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna, svo og sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, yrði því fyrst og fremst komið til móts við almenning í landinu og þar á meðal aldraða sem e.t.v. eru ekki allir vanir því að sækja sér upplýsingar um heilbrigðisþjónustu sem nú þegar er að finna á heimasíðum.

Staðreyndin er sú að almenningur á nú í mörgum tilfellum fjölbreytilega valkosti um lækna og fleiri heilbrigðisstarfsmenn sem keppa um þjónustu og aðstöðu þrátt fyrir að í flestum tilvikum sé það hið opinbera sem greiði fyrir þjónustuna.

Auglýsingabannið kemur í veg fyrir nýliðun.

Með auglýsingabanni er komið í veg fyrir að heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir geti kynnt þjónustu sína með fullnægjandi hætti. Til dæmis er þessum aðilum óheimilt að láta í té upplýsingar um menntun, reynslu, aðstöðu o.s.frv. Með brottfellingu á auglýsingabanni lækna mundi einnig losna um hömlur á auglýsingum ýmissa heilbrigðisstétta þar sem viðkomandi sérlög eða siðareglur vísa til læknalaga.

Núverandi auglýsingabann kemur sömuleiðis í veg fyrir eðlilega nýliðun í heilbrigðiskerfinu þar sem nýir einstaklingar í faginu hafa ekki eðlilega möguleika á að kynna sig og sitt sérsvið.

Almenningur þarf að treysta á ímynd og orðróm.

Í þessu sambandi má nefna sérstaklega þjónustu tannlækna. Tannlæknar starfa á frjálsum og opnum markaði þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls. Eins og með aðra þjónustu er það almenningi í hag að vita hvar bestu og hagkvæmustu þjónustuna er að fá. Samkvæmt núgildandi lögum getur hins vegar verið erfitt að finna bestu tannlæknaþjónustuna þar sem tannlæknum er óheimilt að auglýsa starfsemi sína með eðlilegum hætti.

Sama á víða við í heilbrigðisþjónustunni, svo sem um þjónustu lýtalækna, kvensjúkdómalækna, bæklunarlækna og augnlækna. Svo virðist sem almenningur verði að treysta á ímynd og orðróm þegar kemur að því að sækja sér heilbrigðisþjónustu.

Ekki markaðsvæðing heilbrigðisþjónustu.

Flutningsmaður leggur ríka áherslu á það að afnám auglýsingabanns heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana lúti einungis að því að auka upplýsingaflæði til almennings með auglýsingum en ekki að einhvers konar markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Heilbrigðisþjónusta skal áfram vera óháð efnahag, búsetu eða félagslegri stöðu að öðru leyti. Til eru mörg dæmi þess að gjaldfrjáls almannaþjónusta auglýsi starfsemi sína og má þar t.d. nefna framhaldsskóla.

Að sjálfsögðu er það síðan viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni eða stofnun í sjálfsvald sett hvort auglýst er eða ekki. Það getur vel verið að fjárráð viðkomandi stofnunar, fyrirtækis eða einstaklings veiti ekki svigrúm til auglýsinga eða það sé í sumum tilfellum fullkomlega óþarfi. Hins vegar er mikilvægt að þessir aðilar hafi rétt á að fara þessa leið til að kynna starfsemi sína.

Lengi vel komu siðareglur lögmanna í veg fyrir auglýsingar þeirra en nú hefur því verið breytt. Þrátt fyrir það hafa lögmenn ekki séð ástæðu til að auglýsa starfsemi sína mikið. En aðalatriðið er að þeir hafa rétt á því og almenningur nýtur góðs af betri upplýsingum um þjónustuna og jafnvel verð þar sem það á við.

Röksemdir fyrir banni.

Í 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, segir að lækni sé einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er þó heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum. Í 2. mgr. 23. gr. laganna eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir bannaðar fram yfir nafn og stað.

Þegar litið er til þeirra röksemda sem lágu að baki banni á auglýsingum lækna á sínum tíma, og sjá má í frumvarpi sem varð að læknalögum, nr. 53/1988, sést að ákvæði um auglýsingabann um starfsemi lækna voru lögfest árið 1932 í því skyni að halda uppi aga innan stéttarinnar og var auglýsingabann talið nauðsynlegt vegna fámennis í landinu og kunningsskapar (Alþt. 1987–1988, 110. lögþ., þskj. 120, bls. 816).

Í 11. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, má finna svipað ákvæði og er í 17. gr. læknalaga. Það getur hins vegar verið erfitt matsatriði hvað sé efnisleg og látlaus auglýsing. Sömuleiðis hafa komið upp álitamál um hvort einkenni eða kennileiti lækna- eða tannlæknastofu, svo sem skilti, samræmist núgildandi lögum. Í siðareglum tannlækna er nákvæm útlistun á hvað skilti við tannlæknastofu megi vera stór (40 cm á lengd og 15 cm á hæð) og hvar þau megi vera (við inngang, anddyri og hurð stofu).

Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, eru hins vegar ekki tilgreindar sérstakar röksemdir sem mæli með því að tannlæknum sé óheimilt að auglýsa starf-

semi sína. Vísað er til þess að ákvæðið sé tekið upp úr læknalögum, auk þess sem tekið er fram að ekki sé nægilegt að hafa slíkt ákvæði í siðareglum stéttarfélags tannlækna (Alþt. 1984–1985, 107. lögþ., þskj. 110, bls. 761).

Þau rök sem tilgreind eru í lögskýringargögnum snúa því annars vegar að því að halda uppi aga innan stéttarinnar og hins vegar að því að auglýsingabann helgist af fólksfæð og kunningsskap. Flutningsmaður telur að þessi rök eigi ekki við nú, hafi þau einhvern tímann átt við.

Núverandi löggjöf er flókin og umdeild.

Núverandi takmarkanir á upplýsingagjöf heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana geta verið erfiðar og flóknar í framkvæmd. Mörkin milli upplýsingagjafar annars vegar, t.d. á heimasíðu, og hefðbundinna auglýsinga hins vegar geta verið óljós. Upp hafa komið álitamál um hvort umfjöllun í fjölmiðlum, svo sem í viðtali, teljist auglýsing eða ekki. Eins er það oft á gráu svæði hvort um sé að ræða auglýsingu eða almenna umfjöllun um þjónustu, tækni, getu, tæki eða ákveðna læknisaðferð.

Mörk heilsuræktar og forvarna annars vegar og læknisþjónustu hins vegar geta jafnvel skarast í sumum tilfellum. Sömuleiðis er rétt að benda á að margs konar herferðir eða kynningar í heilbrigðismálum, svo sem hjá Krabbameinsfélagi Íslands, hefur mátt auglýsa en mörkin eru sem fyrr óljós.

Núgildandi lagaumhverfi er því bæði umdeilt meðal heilbrigðisstétta og jafnframt flókið í framkvæmd.

Auglýsingar eru eitt form tjáningar.

Auglýsingar eru sömuleiðis ekki einungis upplýsingar heldur einnig eitt form tjáningar og veigamikil rök þarf ef það á að takmarka á einhvern hátt. Flutningsmaður telur að það þurfi því sérstakar röksemdir og réttlætingar fyrir lagalegum takmörkunum eða bönnum í samfélaginu. Þessar sérstöku röksemdir telur flutningsmaður ekki vera fyrir hendi þegar kemur að takmörkun og hömlum á rétti lækna, tannlækna, annarra heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana til að kynna sig og auglýsa þjónustu sína og starfsemi.

Auglýsingar annarra heilbrigðisstétta.

Sé litið til annarra heilbrigðisstétta er í lögum um þær ýmist vísað til læknalaga eða ekkert bann er að finna þegar kemur að auglýsingum. Siðareglur sumra fagfélaga geta þó takmarkað auglýsingar.

Auglýsingar um starfsemi hjúkrunarfræðinga eru ekki bannaðar samkvæmt hjúkrunarlögum, nr. 8/1974. Hins vegar segir í 7. gr. siðareglna hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarfræðingi beri að haga svo störfum sínum að hann sé stétt sinni til sóma. Hann skuli varast að nota starfsheiti sitt í auglýsingaskyni og skuli ekki njóta hlunninda frá skjólstæðingi sínum.

Í 11. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, kemur fram að um sjúkraþjálfara gildi eftir því sem við getur átt reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra er lækningaleyfi hafa. Sambærilegt gildir um iðjuþjálfa samkvæmt lögum um iðjuþjálfun, nr. 75/1977, og þroskaþjálfa samkvæmt lögum um þroskaþjálfa, nr. 18/1978.

Í 8. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, kemur einnig fram að um ljósmæður gildi eftir því sem við getur átt reglur læknalaga.

Þar sem ekki eru sérstakar takmarkanir á auglýsingum þessara stétta í sérlögum mundi brottfelling 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, einnig ná til þeirra. Sama má segja um aðrar heilbrigðisstéttir sem hafa svipaða skírskotun til læknalaga.

Auglýsingar sjúkraliða eru hins vegar hvorki bannaðar samkvæmt lögum um sjúkraliða, nr. 58/1984, né í siðareglum sjúkraliða. Sama er að segja um sálfræðinga samkvæmt lögum um sálfræðinga, nr. 40/1976. Hins vegar er í lið 3.2 í siðareglum sálfræðinga að finna athugasemdir varðandi upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingar sálfræðinga til almennings eiga m.a. að innihalda upplýsingar um siðferðilegar skyldur sálfræðinga.

Auglýsingar heilbrigðisstofnana.

Í 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, er að finna bann við auglýsingum sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana umfram nafn og stað.

Framangreindar röksemdir um afnám auglýsingabanns eiga hins vegar einnig við um sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir. Sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir bjóða margs konar þjónustu sem aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisfyrirtæki og almenningur kaupa. Í því sambandi má minnast á aukinn áhuga og getu íslenskra heilbrigðisstofnana til að sinna útlendingum á sérhæfðu sviði heilbrigðisþjónustunnar. Upplýsingar og auglýsingar um viðkomandi þjónustu og starfsemi eru því að mati flutningsmanns fullkomlega eðlilegar.

Frjálslegri lagasetning í nágrannaríkjum.

Í nágrannaríkjum er lagasetning um auglýsingar heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana mun frjálslegri en hér á landi. Auglýsingar heilbrigðisstétta eru heimilaðar í Svíþjóð, Noregi og í Danmörku en þó er að sums staðar að finna takmarkanir á auglýsingum í ákveðnum miðlum, svo sem sjónvarpi og kvikmyndum.

Í kjölfar tilskipunar Evrópusambandsins 2000/31/EB hefur fastanefnd evrópskra lækna (CPME) samþykkt leiðbeiningar um góða starfshætti við markaðssetningu og kynningu á faglegri heilbrigðisþjónustu um netið. Þar kemur m.a. fram að þeir læknar sem gefa út upplýsingar um þjónustu sína á netinu skuli tryggja að upplýsingar séu réttar og sannanlegar og í samræmi við leiðbeiningar um góða starfshætti.

Áhersla er lögð á það að öll markaðssetning læknisþjónustu verði að vera nákvæm hvað innihald varðar, viðeigandi í framsetningu og í samræmi við reglur hjá viðkomandi þjóð. Markmiðið er m.a. að koma skipulagi á markaðssetningu lækna í samræmi við góða starfshætti og tryggja að viðeigandi upplýsingar berist til almennings og auki öryggi lækna.

Með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, voru gerðar breytingar vegna skuldbindinga EES-samningsins í þá átt að afnumdar voru tálmanir lækna og tannlækna til að geta nýtt sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Tekið var út úr læknalögum og tannlæknalögum að lækni eða tannlækni væri einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta mátti í hæsta lagi þrisvar þegar hann hæfi störf eða breyting yrði á aðsetri eða viðtalstíma.

Auglýsingar heilbrigðisstétta þurfa að uppfylla lög.

Rétt er að taka fram að verði lögunum breytt í þá átt sem flutningsmaður mælist til verða auglýsingar þessara aðila að sjálfsögðu bundnar almennum reglum samkeppnislaga, nr. 44/2005, og laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005, sem koma nú þegar m.a. í veg fyrir að rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar birtist í auglýsingum.

Samkvæmt lögum verður auglýsandi að geta staðið við þær fullyrðingar sem koma fram í auglýsingunni og eru nú þegar takmarkanir í lögum um svokallaðar samanburðarauglýsingar. Upplýsingar í viðkomandi auglýsingum þurfa því að vera réttar, ábyrgar og málefnalegar og

í lögum er að finna margs konar önnur skilyrði og kröfur til auglýsinga. Samkeppnisyfirvöld munu því hafa ríkt eftirlitshlutverk með framkvæmd viðkomandi auglýsinga.

Flutningsmaður telur einnig að fullkomlega sé hægt að treysta heilbrigðisstéttum til að standa faglega að upplýsingagjöf sinni svo að sómi sé að og siðareglur virtar.

Takmarkanir í siðareglum verða enn við lýði.

Áhersla er lögð á að heilbrigðisstarfsmenn verða sem fyrr bundnir af siðareglum sínum sem m.a. setja þeim ýmis skilyrði. Má þar nefna 18. gr. siðareglna lækna en þar segir að læknir megi ekki gefa fyrirheit um undralækningar né heldur gefa í skyn að honum séu kunn lyf eða lækningaaðferðir sem ekki séu á vitorði lækna almennt. Læknir skuli og forðast ummæli sem geti skapað óþarfan eða óréttlætanlegan ótta við sjúkdóma eða órökstudda vantrú á læknisstarfi.

Skv. 20. gr. siðareglnanna má læknir síðan ekki leyfa notkun á nafni sínu, aðstöðu eða lærdómstitli í auglýsingum um lyf, sjúkravörur eða neinn þann varning sem talinn er lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni. Ummæli um lyf eða sjúkravörur í faglegu sambandi, greinum eða fyrirlestrum, teljast ekki til auglýsinga, enda sé þar ekki ágóðavon.

Þessar kröfur til lækna samkvæmt siðareglum þeirra gera það að verkum að mati flutningsmanns að ekki er hætta að læknar séu „keyptir“ með einhverjum hætti, t.d. af lyfjaframleiðendum til að auglýsa vörur þeirra. Lagabreytingin lyti einungis að því að heimila læknum og öðrum heilbrigðisstéttum ásamt heilbrigðisstofnunum að auglýsa starfsemi sína.

Í þessu sambandi má einnig minna á 29. gr. siðareglna lækna þar sem lækni er gert skylt að auðsýna öðrum læknum drengskap og háttvísi jafnt í viðtali sem umtali, ráðum sem gerðum og hann skal forðast að kasta rýrð á þekkingu eða störf annarra lækna. Lækni er ósæmandi að eiga þátt í eða stuðla að ráðstöfunum sem leitt geta til skerðingar á atvinnuöryggi annars læknis. Telji læknir að ástæða sé til íhlutunar vegna brots á siðareglum þessum eða vanhæfni læknis í starfi skal hann snúa sér til landlæknis og stjórnar viðkomandi svæðafélags Læknafélags Íslands. Svipað ákvæði er í siðareglum tannlækna.

Í 17. gr. siðareglna lækna segir að læknir megi auglýsa starfsemi sína að því marki sem landslög leyfa. Siðareglur lækna koma því ekki í veg fyrir auglýsingar lækna þótt þar megi finna takmarkanir á þeim. Við brottfall 17. gr. læknalaga sem hér er lagt til opnast hins vegar fyrir auglýsingar þeirra heilbrigðisstétta sem vísa til læknalaga í sérlögum sínum eða siðareglum.

Séu takmarkanir hins vegar á auglýsingum í siðareglum ákveðinna heilbrigðisstétta, eins og í tilviki Tannlæknafélags Íslands, sem með beinum hætti byggjast á umræddu lagaákvæði sem þarf að fella brott, mælist flutningsmaður til að viðkomandi fagfélag endurskoði þann hluta siðareglnanna.

Flutningsmaður vill einnig hvetja fagfélög heilbrigðisstétta til að endurskoða þær siðareglur sem takmarka um of rétt félagsmanna til upplýsingagjafar, tjáningar og auglýsinga til almennings. Þó er alveg sjálfsagt að fagfélög viðkomandi heilbrigðisstétta meti hvort þörf sé á íþyngjandi takmörkunum á þessum rétti félagsmanna sinna með hliðsjón af siðferði og tilhlýðilegri hegðun stéttarinnar. Siðareglur viðkomandi stétta leggja því margs konar skyldur á viðkomandi einstaklinga sem tryggja að auglýsingar séu sem eðlilegastar og sanngjarnastar.

Auglýsingar lögmanna.

Sé litið til regluumhverfis lögmanna til samanburðar kemur í ljós að í lögum um lögmenn, nr. 77/1998, er ekki að finna ákvæði um bann við auglýsingum. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 42. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands að lögmaður megi auglýsa og kynna þjónustu

sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum. Fjallað er um góða lögmannshætti í I. kafla siðareglnanna, en þar er fjallað á fremur almennum nótum um að lögmanni beri að efla rétt og hindra órétt, að lögmaður skuli vera óháður í störfum sínum, að lögmanni beri að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um mál hans á opinberum vettvangi o.s.frv.

Í 2. mgr. 42. gr. siðareglna lögmanna kemur auk þess fram að lögmanni sé óheimilt að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti, svo og að afla sér viðskipta með öðrum aðferðum sem séu sama marki brenndar. Lögmenn hafa því rétt á að auglýsa þjónustu sína og starfsemi bæði samkvæmt lögum og samkvæmt siðareglum Lögmannafélags Íslands sem þeir eru félagsskyldir að.

Breytingar á 17. gr. læknalaga um auglýsingar lækna.

Til ná fram markmiðinu um afnám takmarkana á upplýsingagjöf heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana þarf að huga að nokkrum lagabreytingum.

Í 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sem yrði að fella brott, segir í 1. mgr. að lækni sé einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

Skv. 2. mgr. 17. gr. ber læknum og stéttarfélögum þeirra að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

Ákvæði 1. mgr. 17. gr. laganna var breytt með 24. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Því voru lagðar til breytingar árið 2002 á læknalögunum þannig að þau leggðu ekki tálmanir við að læknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Þessi lagabreyting var gerð vegna tilskipunar 2000/31/EB frá 8. júní 2000.

Ákvæðið var áður m.a. þannig að lækni var einungis heimilt að auglýsa starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta mátti í hæsta lagi þrisvar sinnum þegar hann hefði störf eða breyting yrði á aðsetri eða viðtalstíma. Markmið breytingarinnar var að ekki skyldi leggja tálmanir við því að læknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og segir í athugasemdum þess frumvarps. En til að heimila læknum að auglýsa læknastarfsemi sína þyrfti að fella brott 17. gr. læknalaga, nr. 53/1988 eins og áður hefur verið fjallað um.

Breytingar á 23. gr. læknalaga um auglýsingar heilbrigðisstofnana.

Með sömu röksemdum og reifaðar eru hér að framan þyrfti að fella brott 2. mgr. 23. gr. læknalaga, nr. 53/1988, en í ákvæðinu segir að bannaðar séu auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað. 3. mgr. 23. gr. laganna hljóðar þannig að auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir. Þetta er undantekningarregla frá 2. mgr. sömu lagagreinar. En ef 2. mgr. yrði felld brott væri óþarfi að minnast á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í undantekningarreglu 3. mgr.

Breytingar á 11. gr. tannlæknalaga.

Eins og áður hefur komið fram gildir hið sama um tannlækna og um lækna þegar kemur að réttinum til auglýsinga. Hins vegar er ekki gengið eins langt í tannlæknalögum og í

læknalögum þar sem ekki er óheimilt að stuðla að því að sjúklingur leiti til tiltekins tannlæknis.

Flutningsmaður telur sömu röksemdir vera fyrir afnámi auglýsingabanns tannlækna og fyrir afnámi á auglýsingabanni hjá læknum. Reyndar eru ríkari röksemdir fyrir rétti tannlækna til auglýsinga þar sem gjaldskrá þeirra er frjáls og samkeppni ríkir í þjónustu þeirra. Það eru því ríkir almannahagsmunir að almenningur geti fengið upplýsingar um hvar sé að finna bestu og hagkvæmustu þjónustuna.

Því þarf að huga að breytingum á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985. Fella þyrfti brott 11. gr. laganna en þar segir að tannlæknum séu óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið, sbr. 11. gr.

Í 9. gr. laga Tannlæknafélags Íslands er að finna reglu þess efnis að félagið samþykki siðareglur (codex ethicus) fyrir stéttina og er hver félagsmaður skyldur til að fylgja ákvæðum þeirra. Reglan um bann við auglýsingum er svo útfærð nánar í siðareglunum í kafla sem ber yfirskriftina reglur um auglýsingar í handbók félagsins.

Hið sama gildir um lög um tannlækningar og læknalög, þ.e. að þeim var breytt með lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti, en lögum um tannlækningar var breytt með 25. gr. þeirra. Ákvæðið var m.a. áður þannig að við opnun tannlæknastofu mátti auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest mátti birta þrisvar sinnum. Þetta ákvæði var tekið út og bætt var við að við opnun tannlæknastofu mætti þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Þessi lagabreyting var gerð í þeim tilgangi að ekki væru tálmanir við því að tannlæknar nýttu sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar eins og fram kom í athugasemdum frumvarps til laga um rafræn viðskipti.

Ríkt samráð við hagsmunaaðila.

Flutningsmaður leggur ríka áherslu á að við gerð lagafrumvarps hafi heilbrigðisráðherra hafa ríkt samráð við helstu hagsmunaaðila, svo sem Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, Þroskaþjálfafélag Íslands, Sjúkraliðafélag Íslands, Neytendasamtökin og landlækni. Einnig verði leitast við að hafa samráð við aðra sem láta sig þessi mál varða, svo sem samtök sjúklinga og samkeppnisyfirvöld.

694. Fyrirspurn [467. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslur öryrkja til Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir öryrkjar þurftu að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins ofgreiddan lífeyri sem rekja má til greiðslna til þeirra úr lífeyrissjóðum, um hve miklar fjárhæðir var að ræða í heild og að meðaltali á hvern öryrkja?

2. Hvað má áætla að meðalráðstöfunartekjur fyrrgreinds hóps öryrkja skerðist mikið vegna endurgreiðslna til Tryggingastofnunar á endurgreiðslutímanum?
3. Að hve miklu leyti bera Tryggingstofnun og lífeyrissjóðirnir ábyrgð á því að upplýsingar um greiðslur frá sjóðunum berist stofnuninni eða er það mat ráðherrans að öryrkjarnir sjálfir beri alfarið þá ábyrgð?
4. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því með breytingum á lögum eða reglum að endurgreiðslukrafan verði felld niður og skerðing á lífeyri taki einungis gildi frá þeim tíma þegar Tryggingastofnun varð ljóst að um ofgreiðslu hefði verið að ræða?

695. Fyrirspurn [468. mál]

til sjávarútvegsráðherra um árangur af lokun veiðisvæða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Eru til athuganir á árangri skyndilokana?
2. Hver er árangur af svæðalokunum sem staðið hafa yfir í langan tíma?

696. Fyrirspurn [469. mál]

til sjávarútvegsráðherra um lokanir veiðisvæða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvaða skyndilokanir veiðisvæða auk reglugerðarlokana voru í gildi árin 2004 og 2005?

Skriflegt svar óskast.

697. Breytingartillögur [288. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: Á eftir orðinu „nýtingarleyfi“ í 2. mgr. kemur: fyrir hitaveitur.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „krafið“ kemur: virkjunar- eða.
   b. Í stað orðanna „enda geti þær nýst nýtingarleyfishafa“ kemur: enda geti þær nýst leyfishafa.

698. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um aðgerðir gegn fátækt.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Kristján L. Möller, Valdimar L. Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins. Í því skyni verði gerð framkvæmdaáætlun til fimm ára sem komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2007. Framkvæmdaáætlunin skal unnin í samráði við Samtök sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks.

Sérstaklega skal höfð hliðsjón af þeim aðgerðum til að vinna bug á fátækt sem lagðar eru til í skýrslu ASÍ, *Velferð fyrir alla*, frá mars 2003 og skýrslu forsætisráðherra um fátækt á Íslandi sem lögð var fyrir 130. löggjafarþing.

Framkvæmdaáætlun ásamt nauðsynlegum lagabreytingum skal leggja fyrir Alþingi á haustþingi 2006.

Greinargerð.

Á 128. löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um könnun á umfangi fátæktar. Lagt var til að félagsmálaráðherra yrði falið að láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi, félagslegum og fjárhagslegum, með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treystu öryggisnet velferðarkerfisins. Skilgreina átti lágmarksframfærslukostnað eftir fjölskyldugerð og gera tillögur til úrbóta sem miðuðu við að enginn hefði sér til framfærslu tekjur undir skilgreindum framfærslumörkum. Í ljósi upplýsinga sem lágu fyrir um umfang og orsakir fátæktar á Íslandi var á 130. löggjafarþingi fyrst lögð fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt og er sú tillaga endurflutt nú. Lagt er til að stjórnvöld einbeiti sér strax að aðgerðum sem sporni við fátækt og treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Þrátt fyrir að stór hluti íslensku þjóðarinnar búi við bærileg efni býr alltof stór hluti hennar við sára fátækt. Laun þeirra tekjulægstu, lífeyrir eða atvinnuleysisbætur eru svo lág að þau duga ekki fyrir allra brýnustu nauðþurftum, jafnvel þótt unninn sé fullur vinnudagur og sama hversu mikið er sparað. Raunar er mörgum svo naumt skammtað að hjálparsamtök þurfa að hlaupa undir bagga með fjölda heimila í landinu og flestum er það þungbært að þurfa að leita á náðir slíkra samtaka.

Skýrsla forsætisráðherra um fátækt sýnir fram á tekjur í lægsta tekjuhópnum hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá hinum efnameiri. Tekjur þeirra lægst launuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002 um 17% en á sama tíma var hækkunin 45% meðal hinna tekjuhæstu. Bilið milli ríkra og fátækra fer því sívaxandi í þjóðfélaginu. Á sama tíma eykst skattbyrði láglaunafólks. Í dag greiðir fólk með 110 þús. kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995. Upplýsingar frá ýmsum aðilum, svo sem hjálparstofnunum, stéttarfélögum og félagsþjónustu sveitarfélaga benda einnig til þess að fátækum hafi fjölgað verulega. Stefán Ólafsson prófessor bendir í þessu sambandi á að á árunum 1995–98 hafi dregið úr fátækt, einkum í kjölfar minnkandi atvinnuleysis. Atvinnuleysi hafi hins vegar aukist aftur og fátækt samfara því, enda séu atvinnuleysisbætur undir fátæktarmörkum. Hann telur auk þess að aðgerðir ríkisstjórnar í lífeyrismálum almannatrygginga, skattamálum og

húsnæðismálum hafi stuðlað að frekari fjölgun fátækra. Tölur frá ASÍ benda til þess að hlutfall fátækra skattframteljenda hafi hækkað úr 8,8% árið 1995 í 13,2% árið 2001.

Benda má einnig á nýlega rannsókn Hörpu Njálsdóttur félagsfræðings sem rannsakað hefur fátækt í íslensku þjóðfélagi. Þar kemur fram að miðað við lágmarksframfærslu vantar 40 þús. kr. mánaðarlega upp á fullan lífeyri frá Tryggingastofnun til þess að bótaþegar sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur frá ríkinu geti framfleytt sér. Mæðrastyrksnefnd hefur upplýst að þeir sem leituðu sér aðstoðar og matargjafa hafi verið 40% fleiri árið 2003 en árið 2001, en þá fengu 1.150 fjölskyldur aðstoð í desembermánuði. Árið 2003 var þessi tala komin upp í 1.700 en auk þess var 1.000 fjölskyldum veitt aðstoð hjá nefndinni í 3.115 skipti á árinu. Árið 2004 fékk Mæðrastyrksnefnd 5.301 heimsókn, að meðaltali 115 á viku og á árinu 2005 fékk nefndin 6.669 heimsóknir eða að meðaltali 158 á viku. Fram hefur komið hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík að á síðasta ári þurfti að auka fé til fjárhagsaðstoðar um 150 millj. kr. og að fjárhagsaðstoðin jókst um 43,4% milli áranna 2001 og 2002. Alls var 594 millj. kr. veitt í fjárhagsaðstoð á vegum félagsþjónustunnar árið 2001, árið 2002 var fjárhæðin komin upp í rúmar 853 millj. kr., 995 millj. kr. 2003 og áætlun fyrir árið 2004 hljóðaði upp á 993 millj. kr. Milli áranna 2001 og 2003 jókst aðstoðin því um 67,6%. Fjöldi heimila sem þegið hafa aðstoð hefur aukist úr 2.625 árið 2001 í 3.300 árið 2003. Ef skoðaður er norrænn samanburður á fátækt kemur fram að þeir sem búa við fátækt eru hlutfallslega flestir á Íslandi. Mæling 1997–98 sýndi að um 6,8% búa við fátæktarmörk á Íslandi, í Danmörku eru það 5,3%, í Finnlandi 4,1%, í Noregi 3,5% og í Svíþjóð 4,9%. Skýringin á vaxandi fátækt er m.a. sú að jöfnunarmarkmið velferðarkerfisins hafa vikið, kerfið er fullt af fátæktargildrum og mikil tekjutenging hefur breytt kerfinu nánast í ölmusukerfi.

Í áðurnefndri rannsókn, sem Harpa Njálsdóttir félagsfræðingur stóð fyrir, er til að skýra og mæla fátækt notað lágmarksframfærsluviðmið sem byggist á opinberum skilgreiningum, þ.e. lágmarkstekjum sem hið opinbera ákvarðar lífeyrisþegum og skilgreindum framfærsluþáttum sem hið opinbera telur að séu nauðsynlegir til að komast af. Harpa bendir m.a. á að í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins frá 1996 komi skýrt fram hvaða þættir séu álitnir nauðsynlegir einstaklingum til að framfleyta sér. Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að lágmarksfjárþörf fólks miðist við þann lágmarksframfærslukostnað sem ætlaður er einstaklingum eða fjölskyldum til að lifa af. Sömuleiðis er bent á að árið 2001 hafi verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar þar sem lágmarksframfærsla var ítrekuð og að hlutverk almannatrygginga væri að vera öryggisnet sem byggðist ekki á skilgreindum réttindum heldur tæki mið af framfærslu.

Á undanförnum mánuðum og missirum hefur líka komið glöggt fram að vinnandi fólk þarf í auknum mæli að leita sér aðstoðar. Í hópi fátækra eru einkum öryrkjar og aldraðir, einstæðir foreldrar, einstæðingar og barnmargar fátækar fjölskyldur. Það sýnir líka glöggt að öryggisnet velferðarkerfisins er brostið að stöðugt fjölgar í hópi þeirra sem ekki hafa efni á að leita til læknis eða leysa út lyfin sín. M.a. er það orðið áberandi að læknar vísi fólki til sérfræðinga eða í rannsóknir en það skili sér ekki þangað. Svo langt hefur verið gengið að fólki sem hvorki á fyrir lyfjum né mat, t.d. mörgum þeirra sem lifa þurfa af lífeyri almannatrygginga eða sambærilegum tekjum, er gert að greiða skatt til samfélagsins sem samsvarar mánaðarlífeyrisgreiðslum þeirra. Á sl. ári greiddu þeir sem eru með tekjur undir 100.000 kr. á mánuði 2 milljarða kr. í skatt.

Hér er lagt til að undirbúin verði framkvæmdaáætlun til fimm ára í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök launafólks sem hafi það verkefni að gera tillögur til úrbóta til að sporna gegn fátækt. Ástæða er einnig til að benda á að nauðsynlegt er að leita samráðs við samtök lífeyrisþega, samtök einstæðra foreldra, samtök gegn fátækt og önnur þau

félagasamtök sem vel þekkja til stöðu og aðbúnaðar fátækra á Íslandi. Mikilvægt er líka að við þetta verkefni verði höfð til hliðsjónar áfangaskýrsla Alþýðusambands Íslands, *Velferð fyrir alla*, en þar er að finna áherslu og framtíðarsýn Alþýðusambands Íslands í velferðarmálum. Þar er að finna sérstaka greinargerð vinnuhóps um fátækt og áhersluatriði sem ASÍ telur mikilvægt að víðtæk samstaða verði um til að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi.

Helstu ástæður fátæktar sem ASÍ bendir á eru eftirfarandi:

1. Hár húsnæðiskostur og skortur á félagslegu húsnæði.
2. Skortur á menntun, m.a. mikið brottfall úr framhaldsskólum. Auk þess er bent á mikinn skólakostnað.
3. Hátt verðlag á nauðsynjavörum, svo og lyfjum og heilbrigðisþjónustu.
4. Uppsafnaðan fjárhagsvanda, sem leiðir til þess að margir missa fótanna og lenda í vítahring fátæktar.
5. Lágar atvinnuleysisbætur, sérstaklega þeirra sem búa við langtímaatvinnuleysi.
6. Félagsleg staða margra einhleypra karla, en þeir eru stærsti hópur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, eru oft atvinnulausir og skulda margir hverjir meðlög sem eru meiri en þeir ráða við að greiða.
7. Lágar bætur og miklar tekjutengingar valda því að þeir sem að öllu eða mestu leyti þurfa að treysta á bætur sér til framfærslu, búa við mjög kröpp kjör. Kaupmáttaraukning bóta hefur verið minni en almennra launa á liðnum árum. Hluti af þeim kaupmáttarauka hefur farið í greiðslu á tekjuskatti þar sem skattleysismörk hafa ekki haldið í við hækkun bóta.

Í skýrslunni eru settar fram leiðir til úrbóta og fylgja þær hér í fylgiskjali.

Jafnframt er hér lagt til að höfð verði hliðsjón af skýrslu forsætisráðherra um fátækt á Íslandi sem lögð var fram á 130. löggjafarþingi. Í henni er einnig bent á ýmsar leiðir til úrbóta sem rétt er að nefna:

1. Barnabætur: Hækkun á skerðingarmörkum gætu komið hluta fátækra til góða en þó ekki þeim sem hafa allra lægstu tekjurnar og því er ef til vill hagstæðara fyrir þann hóp að heildarkerfið verði tekið til endurskoðunar og jafnvel að öðru kerfi verði komið á.
2. Laun: Það sé meginhlutverk stjórnvalda að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi kaupmáttaraukningu lægstu launa.
3. Atvinnumál: Hægt er að leysa vanda þeirra sem tímabundið glíma við fátækt vegna atvinnuleysis með nægu starfsframboði.
4. Leikskólagjöld: Ekki er óeðlilegt að leikskóli yrði gjaldfrjáls þar sem hann er nú talinn fyrsta skólastigið en einnig gæti tekjutenging leikskólagjalda létt undir með fátæku barnafólki.
5. Íþrótta- og tómstundastarf barna: Sveitarfélög niðurgreiði þátttöku barna í slíku starfi til að börn frá efnaminni heimilum hafi sömu tækifæri og önnur til að taka þátt í því.

Á 130. löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um sama efni. Þá leitaði Alþingi umsagnar ýmissa fagaðila sem hafa með þessi mál að gera, BSRB, Félagsbústaða ehf., Samtaka gegn fátækt, Verslunarráðs Íslands, Alþýðusambands Íslands, Landsambands eldri borgara, Samtaka atvinnulífsins, fjölskylduráðs, Jafnréttisstofu, Félags einstæðra foreldra, Öryrkjabandalags Íslands og félagsmálaráðuneytis. Í langflestum tilfellum voru umsagnir þessara aðila jákvæðar, almennur vilji virðist til að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt þótt sumir aðilar leggi til mismunandi aðferðir og áherslur.

Von flutningsmanna er að um þessa þingsályktunartillögu geti náðst víðtæk samstaða á Alþingi. Það hlýtur að vera forgangsverkefni í þjóðfélaginu að treysta á nýjan leik öryggisnet velferðarkerfisins þannig að hægt sé að losa fólk úr fjötrum fátæktarinnar sem verður sífellt sýnilegri í þjóðfélaginu.

Með tillögunni var fylgiskjal, Velferð fyrir alla, úr skýrslu ASÍ (mars 2003). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 21, 21. mál 130. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 562–564.

699. Fyrirspurn [471. mál]

til menntamálaráðherra um breytingar á reiknilíkani framhaldsskóla.

Frá Sigurrós Þorgrímsdóttur.

Hvaða áhrif höfðu breytingar á reiknilíkani framhaldsskóla sem komu til framkvæmda árið 2003 á verkmenntaskólana, þ.m.t. á hópastærðir í fagbóklegum áföngum og mat á kennslurými?

700. Fyrirspurn [472. mál]

til samgönguráðherra um aukningu umferðar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er aukning umferðar um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?
2. Hver er aukning umferðar frá Reykjavík til Þorlákshafnar um Þrengsli, síðustu tíu árin, sundurgreint eftir árum?

701. Fyrirspurn [473. mál]

til samgönguráðherra um Suðurlandsveg.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvaða fyrirætlanir eru uppi um breikkun Suðurlandsvegar, samanber nýlegar yfirlýsingar ráðherra í málinu?
2. Hvenær er áætlað að breikkun vegarins frá Rauðavatni til Selfoss verði lokið?
3. Hvaða kaflar vegarins verða þríbreiðir og hvaða vegkaflar fjórar akreinar?
4. Er uppi áætlun um breikkun vegarins um Þrengsli til Þorlákshafnar?

702. Fyrirspurn [474. mál]

til iðnaðarráðherra um skinnaverkun.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins til að koma í veg fyrir að verkun skinna leggist af á Íslandi?

703. Skýrsla [475. mál]

forsætisráðherra um áhrif laga um opinberar eftirlitsreglur og störf ráðgjafarnefndar 2002–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. Inngangur.

Vorið 1999 voru samþykkt samhljóða á Alþingi lög nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur. Forsætisráðherra fer með framkvæmd laganna. Markmið laganna er að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Sérstaklega er tekið fram að eftirlit á vegum hins opinbera megi ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist. Kveðið er á um að forsætisráðuneyti skuli hafa yfirsýn yfir eftirlitsreglur og annast heildarmat á áhrifum þeirra og eftirlits á vegum hins opinbera, leitast við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera og móta aðferðir við mat á opinberu eftirliti.

Lögin taka til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja, þ.m.t. reglna sem er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. Lögin taka ekki til stjórnsýslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þ.m.t. fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sifjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

Í lögunum eru ákvæði um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlitið, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat geti m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit sé lagt fyrir ríkisstjórn skuli leggja fram greinargerð um slíkt mat sem og þegar reglur um eftirlit eru staðfestar í öðrum tilvikum.

Kveðið er á um að eftirlitsreglur skuli hafa takmarkaðan gildistíma eða endurskoðunarákvæði og að hámarksgildistími eftirlitsreglna eða hámarkstímabil endurskoðunarákvæða þeirra skuli vera fimm ár. Stjórnvaldi er skylt að halda tæmandi skrá yfir þær eftirlitsreglur sem það setur, skráin og tilkynningar um breytingar á henni skulu sendar forsætisráðuneyti og hún skal vera aðgengileg almenningi.

2. Ráðgjafarnefnd um eftirlit á vegum hins opinbera.

Í 6. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, segir:

„Forsætisráðherra skipar nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laga þessara. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu þeir hafa þekkingu á opinberu eftirliti eða viðfangsefnum þess. Meiri hluti nefndarmanna skal ekki vinna við eða bera ábyrgð á framkvæmd opinberra eftirlitsreglna. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár."

Um hlutverk og starf nefndarinnar segir í sömu grein:

„Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af opinberu eftirliti geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geta sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt getur nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlitsins.

Starf nefndarinnar skal miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar."

Í reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera, eru nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar á meðal um skipan og starf nefndarinnar.

Í samræmi við framangreind ákvæði var nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera skipuð undir árslok 1999 til þriggja ára. Í árslok 2002 var nefndin skipuð á ný til þriggja ára. Í ráðgjafarnefndina voru skipuð Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur, Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar – stéttarfélags. Varamenn voru skipaðir Guðmundur K. Steinbach, verkfræðingur og Árni Páll Árnason lögmaður og sitja þeir alla fundi nefndarinnar og taka þátt í starfi hennar. Ritari nefndarinnar er Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins. Frá haustinu 2004 hefur Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga tekið þátt í starfi nefndarinnar.

Starfsáherslur nefndarinnar koma fram í eftirfarandi minnisblaði hennar til forsætisráðherra, dags. 22. sept. 2003, um vinnulag og helstu verkefni ráðgjafarnefndarinnar fram til 2005:

„Ráðgjafarnefndin hefur eftirfarandi verkefni, samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um opinbert eftirlit:

1. Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfssemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar.
2. Veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur.
3. Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög nr. 27/1999 og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á.
4. Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga nr. 27/1999.

Í störfum sínum hefur nefndin lagt höfuðáherslu á að einfalda eftirlit og tryggja að eftirlitsþoli viti hvaða kröfur hann eigi að uppfylla. Bæta beri gæði eftirlits og hæfni eftirlitsmanna og byggja á hlutlægum viðmiðum í því efni. Skilja skuli sem kostur er á milli framkvæmdar eftirlits og ábyrgðar á setningu efnisreglna og sami aðili eigi ekki að öllu jöfnu að framkvæma eftirlit og úrskurða um ágreining vegna framkvæmdar þess. Framkvæmd eftirlits beri að færa til sjálfstæðra faggiltra skoðunarstofa í sem ríkustum mæli, nema sérstök efnisrök standi til þess að því verði haldið í höndum opinberra starfsmanna. Þá beri að samræma eðlislíkt eftirlit sem nú er í höndum ólíkra eftirlitsstjórnvalda og færa það eins og kostur er í hendur skoðunarstofa.

Starfsemi nefndarinnar hefur mótast og slípast á fyrstu fjórum árum starfs hennar. Hér á eftir er gerð grein fyrir grunnforsendum fyrir starfi nefndarinnar, meginþáttum í vinnulagi og helstu verkefnum:

Grunnforsendur:

Til að lögin og reglugerðin um opinbert eftirlit nái tilgangi sínum þarf að vera tryggt að helstu stjórnarstofnanir rökstyðji nýjar eftirlitsreglur með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lögunum og reglugerðinni. Miklu skiptir að umfang og eðli nýrrar reglusetningar sé ljóst og að unnt sé að gera sér grein fyrir valkostum í því efni. Þá er mikilvægt að öflug umræða sé um nýjar eftirlitsreglur og þann ávinning og kostnað sem slíkar reglur hafa í för með sér.

Komið hefur skýrt í ljós á fyrstu fjórum árum nefndarstarfsins að mikið skortir á að ráðuneyti fari að lögum og reglugerð um opinbert eftirlit og leggi þjóðhagslegt mat á drög að nýjum eftirlitsreglum. Samkvæmt reglugerðinni skal slíkt mat liggja fyrir við framlagningu lagafrumvarpa í ríkisstjórn eða við undirritun ráðherra á reglugerð.

Nefndin telur að reynsla undanfarinna ára hafi sýnt að óhjákvæmilegt sé að ríkisstjórnin kveði á um slíkt mat í ríkisstjórnarsamþykkt, með sama hætti og gert er varðandi áhrif lagafrumvarpa á afkomu ríkissjóðs, ef tryggja á að ráðuneyti fari að ákvæðum laganna og reglugerðarinnar að þessu leyti.

Verkefni og vinnulag:

- Gert er ráð fyrir að nefndin fundi reglulega. Nefndin fari að eigin frumkvæði yfir mál og standi vörð um faglegt sjálfstæði sitt og vönduð vinnubrögð.
- Nefndin stuðli að umræðu og umfjöllun um áherslur í eftirliti í víðum skilningi, umfang reglusetningar og kostnað og ávinning af reglusetningu. Nefndin leiti áfram samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um áhersluatriði í endurmati á eftirliti. Nefndin efli fylgi við það að faggiltar skoðunarstofur séu notaðar til að sinna framkvæmd eftirlits.
- Nefndin fylgist sérstaklega með endurskoðun ráðuneyta á gildandi eftirlitsreglum, sem þeim var falið að vinna í lögum og reglugerð. Nefndin taki saman í því sambandi gagnagrunn um eftirlitsreglur og gangi eftir því í samvinnu við forsætisráðuneytið að sá grunnur sé uppfærður og honum viðhaldið. Nefndin kynni betur fyrir ráðuneytum ákvæði laga og reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur og hvernig þau geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við þau ákvæði.
- Nefndin fylgist með þeim upplýsingum sem ráðuneyti leggja fram um mat á nýjum eftirlitsreglum, í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og væntanlega ríkisstjórnarsamþykkt. Þá bjóði nefndin fram aðstoð sína við ráðuneyti og fari yfir lagafrumvörp ef þess er óskað. Nefndin stuðli að því að matið verði sífellt vandaðra og framsetning þess og ítarleiki taki mið af því sem best gerist í samstarfsríkjum á hverjum tíma.
- Nefndin taki áfram að sér heildstæðar endurskoðanir á einstökum þáttum eftirlits, eins og gert var með matvælaeftirlit, eftir sérstaka samþykkt ríkisstjórnarinnar þar um. Í öðrum tilvikum hefur nefndin haft frumkvæði að úttektum á einstökum þáttum eftirlits og komið ábendingum þar um á framfæri við ráðuneyti eða stofnanir. Hér má nefna endurskipulagningu eftirlits um borð í bátum og skipum og endurskipulagningu byggingaeftirlits. Nefndin er tilbúin að koma með þessum hætti að endurskoðun á fleiri þáttum eftirlits. Nefndin telur í þeim tilvikum æskilegast að byggt sé á því verklagi sem viðhaft var í tilviki matvælaeftirlitsins, þar sem þriggja manna teymi nefndarmanna leiði vinnuna í hverju máli. Meðal verkefna sem nefndin hefur áhuga á að nálgast með þessum hætti má nefna málefni Vinnueftirlitsins, sem nefndin hefur fjallað mikið um á fyrstu starfsárunum, og svið umhverfis- og heilbrigðiseftirlits, sem hefur aukist að umfangi á undanförnum árum og hefur sætt gagnrýni fyrir skort á samhæfðri faglegri stjórn og samkvæmni.

Tillaga:

Ráðgjafarnefndin leggur til við forsætisráðherra að ríkisstjórnin samþykki að greinargerð um mat skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, skuli að lágmarki vera unnið í samræmi við fyrirmynd sem fram kemur í Grunnmati á eftirlitsreglum, sbr. fylgiskjal 1.“

Með minnisblaði nefndarinnar fylgdu tvö fylgiskjöl, fylgiskjal 1 um grunnmat á eftirlitsreglum og fylgiskjal 2 um leiðbeiningar um ítarlegt mat á áhrifum eftirlitsreglna.

Í framhaldi af því að nefndin lagði minnisblað sitt fyrir forsætisráðherra lagði forsætisráðherra 23. september 2003 fyrir ríkisstjórnina svohljóðandi minnisblað um mat á opinberum eftirlitsreglum, sbr. 3. gr. laga nr. 27/1999 ásamt framangreindu fylgiskjali 1:

„Í 3. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, er kveðið á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 28. maí sl. voru samþykktar reglur um meðferð stjórnarfrumvarpa. Í 3 tölul. reglnanna segir: „Þegar stjórnarfrumvarp felur í sér ákvæði um eftirlit skal fylgja því greinargerð um mat skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur."

Erfiðlega hefur gengið að fá ráðuneyti til að fara eftir þessum ákvæðum á undanförnum árum. Kemur þar án efa bæði til skortur á þekkingu á aðferðum við mat, auk þess sem aðferðafræðin við matið kann að hafa verið sett fram á fráhrindandi hátt og hafa vaxið mönnum í augum.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur látið útbúa einfalt form fyrir þær lágmarkskröfur sem mat á eftirlitsreglum þarf að uppfylla (sjá fylgiskjal 1). Gera má ráð fyrir að matið yrði almennt unnið innan þess ramma sem þar greinir. Gert er ráð fyrir að skýrsla um matið fylgi stjórnarfrumvarpi, með sama hætti og umsögn fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif lagafrumvarps.

Þá er gert ráð fyrir að þegar um reglugerð er að ræða skuli skýrsla um matið birtast sem tengill við reglugerðina á reglugerðarvef Stjórnartíðinda.

Ráðgjafarnefndin hefur einnig látið útbúa minnisatriði og leiðbeiningar um aðferðafræði við ítarlegra mat, sem unnt er að styðjast við þegar setning eftirlitsreglna felur í sér víðtækari kerfisbreytingar (sjá fylgiskjal 2).

Lagt er til að ríkisstjórn samþykki að greinargerð um mat skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, skuli að lágmarki vera unnin í samræmi við fyrirmynd sem fram kemur í Grunnmati á eftirlitsreglum, sbr. fylgiskjal 1."

3. Mat á eftirliti.

Setning laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, var nýmæli þrátt fyrir að víða í aðildarríkjum OECD hefði á 9. og 10. áratug síðustu aldar verið unnið með skipulegum hætti að umbótum í reglusetningu. Opinbert eftirlit hafði með árunum orðið sífellt umfangsmeira og snert æ fleiri þætti samfélagsins og haft áhrif á atvinnurekstur og líf einstaklinga. Jafnframt hefur skilningur aukist á því að opinbert eftirlit geti haft í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir atvinnulífið og valdið fyrirtækjum erfiðleikum í samkeppni. Einnig getur vel rekið opinbert eftirlit, sem byggist á skýrum og aðgengilegum reglum og er framkvæmt með hagkvæmum hætti, leitt til mikils ávinnings fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild.

Helstu verkefni ráðgjafarnefndarinnar sem skipuð var í kjölfar lagasetningarinnar tók mið af þeirri staðreynd að um brautryðjendastarf var að ræða og að sú hugmyndafræði sem lögin byggðust á þyrfti mikla kynningu innan og utan stjórnsýslunnar. Eitt meginatriði laganna er að hvert stjórnvald sem mótar eða annast eftirlit skal láta ávallt fara fram mat á þjóðhagslegu gildi eftirlitsins áður en eftirlitsregla er sett. Hið sama gildir þegar fyrirkomulag eftirlits er endurmetið sem og þörfin fyrir það. Vegna þessa var frá upphafi lögð mikil áhersla á að auðvelda eftirlitsaðilum að framkvæma slíkt mat. Í því skyni var þar til gerður gátlisti fylgiskjal með reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera, sem gefin var út á grundvelli laganna.

Ráðgjafarnefnd sú sem skipuð var 2002 tók gátlistann til endurmats í ljósi þeirrar reynslu sem komin var og mikilvægis þess fyrir árangursríka framkvæmd laganna að sérhvert stjórnvald sem mótar eða annst eftirlit láti meta eftirlitið. Var því ákveðið að gefa út sem fyrirmyndir tvo gátlista, annan til að nota við grunnmat á eftirlitsreglum og hinn til nota við ítarlegt mat á eftirlitsreglum. Fyrrnefndi gátlistinn var fylgiskjal með minnisblaði forsætisráðherra til ríkisstjórnarinnar 23. september 2004. Í þessum gátlistum endurspeglast þær áherslur sem ráðgjafarnefndin vill leggja við mat og endurmat á eftirlitsþörfinni og fyrirkomulagi eftirlits og fylgja þeir því skýrslu þessari sem fylgiskjöl.

Eftir því sem þekking stjórnsýslunnar á lögum og reglugerð um opinberar eftirlitsreglur og notkun gátlistanna hefur aukist, hafa ráðuneyti í auknum mæli sent nefndinni til umsagnar

drög að frumvörpum sem varða opinbert eftirlit. Nefndin hefur yfirleitt haft þann hátt á að fela tilteknum nefndarmönnum að skoða viðkomandi mál, ræða við viðkomandi ráðuneyti, þá sem eftirlitið beinist að og sérfræðinga á viðkomandi sviði, skoða alþjóðlegar reglur og fara yfir gátlista, allt eftir eðli máls. Í nokkrum tilvikum hefur öll nefndin átt fund með málsaðilum til að kynna sér málavexti og skiptast á skoðunum eða fulltrúar málsaðila komu á fund nefndarinnar. Þegar niðurstaða er fengin og nefndin hefur mótað afstöðu sína hefur formaður svarað erindinu fyrir hönd nefndarinnar. Í umsögnum sínum hefur nefndin oft komið fram með ábendingar um tiltekin atriði sem yfirleitt hefur verið tekið tillit til í endanlegri gerð viðkomandi máls.

Lagafrumvörp og reglugerðardrög sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar árin 2002–2005 varða m.a. eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra; aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum; eftirlit með bátum og skipum; eftirlit með orkumálum; öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu; flutninga vöru á sjó og landi; aðfangaeftirlit; framleiðslu sjávarafurða; mælingu, mæligrunna og vigtarmenn; faggildingu; eftirlit með lækningatækjum; umferðarlög; lög um bílaleigur; hollustuhætti og mengunarvarnir; vatnalög; heilbrigði dýra; Landbúnaðarstofnun; Neytendastofu; flugvernd; hleðslumerki skipa; vinnu- og hvíldartíma skipverja; farmvernd; viðurkenningu flokkunarfélaga; skoðun skipa og búnaðar; lestun og losun búlkskipa; lyfjaeftirlit. Í nokkrum tilvikum kom nefndin sjónarmiðum sínum einnig á framfæri við þingnefndir sem fjölluðu um frumvörp sem gerðu ráð fyrir opinberu eftirliti og átti í nokkrum tilvikum frumkvæði að því að benda ráðuneytum og þingnefndum á að mat á eftirlitsþáttum þyrfti að fara fram samkvæmt lögum og reglugerð.

4. Athugun á eftirlitsreglum eða eftirlitsstarfssemi.

Eitt af verkefnum nefndarinnar er að taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfssemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar. Nefndin sem skipuð var 2002 byggði á starfi fyrirrennara síns og hélt m.a. áfram málum sem hófust 1999–2002.

Stærsta verkefni nefndarinnar á fyrsta skipunartímabilinu 1999–2002 var endurskoðun matvælaeftirlits. Meginniðurstaða þessa starfs var kynnt í skýrslu nefndarinnar til forsætisráðherra og umhverfisráðherra. Þar var lagt til að allt matvælaeftirlit í landinu yrði sameinað í einni stofnun og að starfsemi á verksviði þriggja ráðuneyta og allra sveitarfélaga færðist til einnar stofnunar á hendi eins ráðherra. Skýrslan var lögð fram í ríkisstjórn og á grundvelli hennar lagði forsætisráðherra vorið 2003 fram á Alþingi til kynningar frumvarp til laga um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra. Frumvarpið hefur ekki verið endurflutt enda er um viðamikla skipulagsbreytingu að ræða sem varðar verkaskiptingu ráðuneyta, og ríkis og sveitarfélaga. Verulegur skilningur er þó á þörfinni á að einfalda og samþætta eftirlit með matvælum og hefur þess séð stað í nokkum minni háttar breytingum sem orðið hafa á síðustu árum.

Á fyrsta skipunartímabili nefndarinnar, 1999–2002, óskuðu eigendur báta og skipa ítrekað eftir að eftirlit með bátum og skipum væri einfaldað og gert skilvirkara og ákvað ríkisstjórnin að vinna að málinu. Þegar nefndin var endurskipuð 2002 hafði ný kerfissetning á eftirlitinu verið gerð og vinnu var að mestu lokið við helstu skoðunarhandbækur og leiðbeiningarskjöl. Hið nýja fyrirkomulag eftirlitsins er nú komið í framkvæmd og eiga eigendur báta og skipa aðeins að þurfa að eiga samskipti við einn eftirlitsaðila. Allt tæknilegt eftirlit er falið faggiltum skoðunarstofum og flokkunarfélögum sem vinna eiga í samræmi við skoðunarhandbækur og leiðbeiningar sem gefnar eru út af Siglingastofnun, Hollustuvernd, Póst- og fjarskipta-

stofnun og Fiskistofu. Skoðunarstofurnar og flokkunarfélögin skila niðurstöðum skoðana til viðkomandi stofnunar sem tekur ákvörðun um aðgerðir í samræmi við niðurstöður í skýrslum. Siglingastofnun annast rekstur gagnagrunns sem í eru allar upplýsingar um báta og skip, þ.m.t. allar teikningar, skýrslur og önnur opinber gögn sem tengjast hverjum báti eða skipi fyrir sig.

Ráðgjafarnefndin hefur fjallað um ýmsa þætti byggingarmála og eftirlits í þeim málaflokki, þar sem byggingarfulltrúi í hverju umdæmi um sig hefur úrskurðarvald um útfærslu krafna til bygginga. Þetta felur m.a. í sér hættu á viðskiptahindrunum innanlands milli byggingarumdæma. Þá eru ólíkir þættir byggingarmála aðskildir hjá mismunandi stofnunum ríkisvaldsins með tilheyrandi óhagkvæmni. Árið 2002 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga á byggingarsviði. Nefndin hefur ekki lokið störfum en áformar verklok á fyrri hluta árs 2006. Forsætisráðuneytið tilnefndi einn nefndarmanna, sem einnig situr í ráðgjafarnefnd um eftirlit á vegum hins opinbera, til setu í nefndinni.

Ráðgjafarnefndin hefur haldið áfram starfi fyrri nefndar varðandi umfjöllun um það eftirlit sem Vinnueftirlitið hefur með höndum. Fáar eftirlitsstofnanir sinna jafn víðtæku eftirliti sem snertir jafn mörg svið atvinnulífsins og er í ýmsum tilfellum eðlislíkt eða samkynja öðru eftirliti sem fram fer á vegum annarra eftirlitsstjórnvalda. Nefndin lagði áherslu á að mikilvægt væri að það eftirlit sem Vinnueftirlit ríkisins hefur með höndum verði endurmetið með sama hætti og annað opinbert eftirlit í landinu. Treglega hefur gengið að koma á umbótum á þessu sviði. Takmörkuð endurskoðun hefur farið fram á lögum um Vinnueftirlitið og stigið hefur verið skref í þá átt að eftirliti stofnunarinnar sé fyrir komið í samræmi við efni og anda laganna um opinberar eftirlitsreglur. Eftir stendur að mikilvægt er að koma því eftirliti sem nú er framkvæmt af Vinnueftirlitinu í nútímahorf. Þar skiptir mestu að eftirlitið verði skilgreint að nýju, skoðunarhandbækur útbúnar, komið í veg fyrir tvöfalt eftirlit og að faggiltar skoðunarstofur annist skoðanir. Brýnt er að komið verði á eðlilegum umbótum í eftirlitsháttum hjá þessari stofnun.

5. Samráð og rannsóknir.

Auk þess að leggja áherslu á að kynna og ræða eftirlitsmálin við ráðuneyti og eftirlitsstofnanir ríkisivaldsins hefur nefndin efnt til umræðu við aðra aðila í þjóðfélaginu og reynt að efla þekkingu og skilning á eftirlitsmálum.

Sveitarfélögin hafa margháttað eftirlit á verksviði sínu. Á skipunartíma sínum hefur nefndin átt nokkra fundi með forráðamönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um þessi mál. Þær umræður hafa bæði snert einstök viðfangsefni nefndarinnar og almennt fyrirkomulag eftirlitsmála. Á fundi með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í september 2005 lagði ráðgjafarnefndin fram svohljóðandi minnisblað:

- „Í umfjöllun um eftirlitsmál á undanförnum árum hefur ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur ítrekað staðnæmst við þann vanda sem felst í því að ábyrgð á setningu reglna og túlkun þeirra og stjórnsýsluleg ábyrgð á eftirliti með þeim fari ekki saman.
- Þessi staða er uppi í byggingareftirliti, þar sem byggingarfulltrúar sveitarfélaga túlka reglugerðir með ólíkum hætti milli umdæma, svo byggingarefni sem leyft er í einu sveitarfélagi er bannað í því næsta. Þessi staða er einnig uppi í heilbrigðiseftirliti, þar sem mýmörg dæmi eru um ólíkar kröfur til fyrirtækja eftir eftirlitsumdæmum. Sama á við um matvælaeftirlit.
- Þessi svæðisskipting er skilgreind sem eitt helsta vandamálið í eftirlitsmálum hér á landi í skýrslu Samtaka atvinnulífsins um eftirlit með atvinnustarfsemi frá árinu 2004.
- Breyttar áherslur á alþjóðavettvangi hafa leitt til þess að aukin ábyrgð er lögð á hendur hverju ríki um sig að tryggja að reglur sem hafa áhrif á markaðssetningu vöru og þjónustu séu skýrðar með sama hætti í hverju landi.

- Ráðgjafarnefndin hefur, í samræmi við ákvæði þeirra laga sem hún starfar eftir, lagt áherslu á að samræma, samþætta og einfalda eftirlit sem kostur er.
- Á hinn bóginn er ljóst að hugmyndir nefndarinnar um endurbætur á matvælaeftirliti og nú síðast byggingareftirliti hafa mætt andstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga út frá sjónarmiðum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- Ráðgjafarnefndin er hins vegar þeirrar skoðunar að eftirlitsverkefni henti afar illa til flutnings frá ríki til sveitarfélaga. Því hefur nefndin lagt til að í yfirstandandi viðræðum um tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verði opinbert eftirlit skilgreint sem einn málaflokkur sem sé á forræði ríkisvaldsins og að þeir þættir opinbers eftirlits sem nú eru á forræði sveitarfélaga flytjist til ríkisins.
- Nefndin hefur fullan skilning á því að sveitarfélögin hafi aðrar skoðanir á því hvar ábyrgð á eftirliti á að liggja í einstökum tilvikum og gerir ekki ágreining þar um.
- Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að landslög binda hendur sveitarfélaganna með sama hætti og ríkið og að óverjandi er að viðhalda stjórnkerfi í eftirlitsmálum sem hefur í för með sér svæðisbundna mismunun í framkvæmd eftirlits. Slíkt stríðir gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga, lögum nr. 27/1999 og er ekki í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.
- Ráðgjafarnefndin hefur áhuga á að ræða við sveitarfélögin um grundvallaratriði varðandi framkvæmd eftirlits í þeim tilvikum þegar heildarábyrgð á lögunum er í höndum ríkisins en framkvæmd falin sveitarfélögum, óháð því hver niðurstaða verður í núverandi umræðum um flutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndin telur eðlilegt að þetta mikilvæga mál sé rætt heildstætt á faglegum forsendum og þannig leitað leiða til að tryggja jafnræði og einsleitni í eftirliti, óháð því hver ber stjórnsýslulega ábyrgð á því í hverju og einu tilviki.
- Ráðgjafarnefndin óskar því eftir að settur verði á fót samráðsvettvangur sveitarfélaganna og nefndarinnar um áherslur í opinberu eftirliti.“

Í samræmi við síðasta lið minnisblaðsins var ákveðið að setja á fót samráðsvettvang sveitarfélaganna og nefndarinnar um áherslur í opinberu eftirliti. Ákveðið var að hvor aðili skipaði þrjá menn í nefndina og hefur hún haldið einn fund.

Í janúar 2005 átti ráðgjafarnefndin fund með forsvarsmönnum Alþýðusambands Íslands þar sem gerð var grein fyrir hlutverki og starfi nefndarinnar. Á fundinum var einnig rætt almennt um eftirlitsmál og um einstaka þætti þeirra sem tengjast viðfangsefni og starfsvettvangi samtakanna auk þess sem fulltrúar ASÍ gerðu grein fyrir meginviðhorfum sínum í þessum málum. Voru aðilar sammála um mikilvægi samstarfs um þennan málaflokk.

Til að auka þekkingu á eftirlitsmálum hafði forsætisráðuneytið forgöngu um það í samráði við ráðgjafarnefndina að fá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að gera úttekt á eftirlitsmálum og kom skýrsla stofnunarinnar „Eftirlitsiðnaðurinn á Íslandi – kostnaður og ábati“ út vorið 2004. Var af því tilefni haldinn blaðamannafundur og var töluvert fjallað um niðurstöður skýrslunnar í fjölmiðlum. Niðurstöðukafli skýrslunnar er sem hér segir:

„Umfang eftirlitsstarfsemi hefur aukist töluvert í hinum vestræna heimi á síðustu árum. Yfirvöld hafa í auknum mæli lagt áherslu á að tryggja að slík starfsemi sé skilvirk og hafi ekki takmarkandi áhrif á samfélagið. Á Íslandi hefur umfang eftirlitsstarfsemi einnig farið vaxandi síðustu ár og þá sérstaklega eftirlits sem á að tryggja hina ýmsu félagslegu hagsmuni, sem snúa t.d. að öryggi einstaklinga og umhverfisvernd. Á meðan hefur eftirlit sem ætlað er að tryggja efnahagslega hagsmuni verið einfaldað og almennar leikreglur tekið við. Yfirvöld á Íslandi hafa fylgt fordæmi annarra vestrænna þjóða og sett fram heildarstefnu um opinberan eftirlitsiðnað sem hefur það markmið að draga úr skrifræði í samskiptum við einstaklinga og fyrirtækja, afnema óþarfar eftirlitsreglur og tryggja að eftirlit íþyngi ekki um of starfsemi fyrirtækja. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á eftirlitsstarfsemi á Íslandi í kjölfarið og lögð aukin áhersla á að samþætta starfsemi og auka skilvirkni. Samt sem áður er töluverð óánægja meðal fyrirtækja á Íslandi um íþyngjandi áhrif eftirlitsreglna. Að einhverju leyti má rekja það til breytinga á markaði en með auknum alþjóðaviðskipum hafa kröfur um samkeppnishæfni fyrirtækja aukist sem leiðir til þess að áhrif eftirlitsreglna eru ef til vill sýnilegri en áður.

Kostnaði samfélagsins vegna opinberra eftirlitsreglna má skipta upp í kostnað fyrirtækja við að framfylgja eftirlitsreglum, óbeinan kostnað samfélagsins sem fellur þá aðalega á fyrirtækin og kostnað yfir-

valda við að sjá um að reka eftirlitið. Í skýrslunni var kostnaður fyrirtækja metinn um 10 milljarðar en miðað var við árið 2002, ekki var lagt mat á óbeinan kostnað en kostnaður yfirvalda var metinn um 1,5 milljarðar. Heildarkostnaður var því metinn um 11,5 milljarðar árið 2002.

Tafla 5.1. Samfélagslegur kostnaður eftirlitsreglna árið 2002 í milljörðum ísl. kr.

Kostnaður	
Fyrirtækja:	
Stjórnunarkostnaður	7,74
Fjármagnskostnaður	2,00
Yfirvalda:	
Rekstarkostnaður	1,50
Samtals	11,24

Þar sem ekki var lagt á mat á óbeinan kostnað má ætla að heildarkostnaður sé meiri en 11,5 milljarðar. Í skýrslunni voru hins vegar skoðuð möguleg óbein áhrif eftirlitsreglna á framleiðslu í hagkerfinu þar sem miðað var við að eftirlitsreglur hefðu áhrif á framleiðni fyrirtækja og því framleiðslu í hagkerfinu. Metið var að framleiðslutapið árið 2002 gæti verið á bilinu 400–4.000 milljónir ísl. kr. og núvirt framleiðslutap á bilinu 8–77 milljarðar ísl. kr.

Ekki var lagt á mat á heildarábata eftirlitsreglna fyrir samfélagið þar sem erfitt reyndist að fá gögn til að meta slíkt og setja fram í peningum talið. Hins vegar var skoðuð umfangsmikil rannsókn frá Bandaríkjunum sem sýndi að ábati eftirlitsreglna væri á heildina litið meiri en kostnaðurinn. Almennt má telja að sama gildi um Ísland. Til að fá einhverja mynd af ábata eftirlitsreglna var ákveðið að skoða matvælaeftirlit og meta ábata miðað við kostnað. Ábati matvælaeftirlits árið 2002 var metinn á bilinu 350–10.400 milljónir ísl. kr. en kostnaðurinn á bilinu 350–2.400 milljónir ísl. kr. þannig að vísbendingar eru um að ábati sé umtalsvert meiri en kostnaðurinn. Auk þess má benda á að ef faraldrar koma upp geta þeir haft áhrif á útflutning og ferðamannaiðnaðinn en í ábatamatinu er ekki tekið mið af því. Í skýrslunni voru einnig skoðuð áhrif þess að samþætta enn frekar matvælaeftirlit á Íslandi og byggt á tillögum úr skýrslu ráðgjafarnefndar opinberra eftirlitsreglna um framtíðarskipan opinbers matvælaeftirlits, en metið var að ábati af aukinni samþættingu væri meiri en kostnaðurinn, sérstaklega til lengri tíma litið.

Niðurstöður skýrslunnar gefa því til kynna að yfirvöldum beri að tryggja ákveðna félagslega og efnahagslega hagsmuni með opinberum eftirlitreglum og að ábati þeirra sé yfirleitt meiri en kostnaðurinn fyrir samfélagið í heild sinni. Hins vegar er brýnt að reynt sé að ná markmiðum fram með sem skilvirkustum hætti með það fyrir augum að lágmarka byrði samfélagsins hverju sinni.“

6. Næstu skref.

Við lok skipunartíma nefndarinnar er rétt að horfa til þeirra verkefna sem mestu skiptir að finna viðeigandi farveg á komandi árum. Þar vill fráfarandi nefnd leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:

- Ráðgjafarnefndin bindur miklar vonir við hið nýja átak forsætisráðherra: „Einfaldara Ísland“. Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagkvæma nýtingu mannauðs og fjármuna að einfalda sem kostur er opinbert regluverk. Fyrirferðarmestu reglurnar á þessu sviði og þær sem helst brenna á atvinnulífinu eru á sviði opinbers eftirlits. Nefndin vill því minna á að átak sem þetta kallar á markvissa eftirfylgni af hálfu stjórnvalda ef það á að koma að umtalsverðu gagni. Þannig er rétt að minna á að þrátt fyrir skýr ákvæði laga og reglugerðar um opinbert eftirlit frá 1999 um skyldu ráðuneyta til að gera grein fyrir gildandi eftirlitsreglum á starfssviði sínu og endurskoða þær á fimm ára fresti hefur lítið áunnist hvað þetta varðar. Gildir þá einu þótt forsætisráðherra hafi hleypt af stokkunum átaki í þessu efni árið 2000 og ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins ítrekað það á ráðuneytisstjórafundum. Því er vandséð að mikill árangur náist með því að kalla eftir því að ráðuneytin fari enn yfir regluverk sitt, án nokkurrar utanaðkomandi

aðstoðar eða markmiðssetningar um einföldun regluverksins. Ráðgjafarnefndin telur brýnt að forsætisráðuneytið hafi náið samráð við nýja ráðgjafarnefnd um útfærslu verkefnisins „Einfaldara Ísland“ þannig að tvíverknaði verði forðað og hámarksárangri náð. Þá er mikilvægt í þessu sambandi að halda vel til haga gátlistanum um mat á eftirlitsreglum, sem enn er öflugasta tækið sem til er til að halda aftur af óþarflega flóknu regluverki af hálfu hins opinbera.

- Ráðgjafarnefndin bindur einnig miklar vonir við þá vinnu sem kynnt hefur verið að eigi sér stað um endurskoðun á skipulagi stjórnarráðsins. Nefndin leggur áherslu á að í þeirri vinnu sé þess sérstaklega gætt að fella brott hindranir sem eru til staðar af stjórnsýslulegum ástæðum við skipulag eftirlits, t.d. vegna skörunar í verkefnum ráðuneyta hvað eftirlitsmál varðar. Einnig er mikilvægt að greina eftirlitshagsmuni frá öðrum hagsmunum í stjórnsýslunni.
- Mikilvægt er að mati nefndarinnar að ná fram farsælli niðurstöðu í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði eftirlitsmála. Grundvallaratriði í opinberu eftirliti er að sömu viðmiðum sé beitt um eðlislík tilvik og að reglur séu túlkaðar með sama hætti hvar sem er á landinu. Settur hefur verið á fót samstarfsvettvangur ráðgjafarnefndarinnar og sveitarfélaganna, sem ætlað er að freista þess að ná sameiginlegri sýn á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti. Ráðgjafarnefndin bindur miklar vonir við þetta starf, enda er sameiginleg sýn að þessu leyti nauðsynleg forsenda umbóta á sviði matvælaeftirlits, byggingareftirlits og heilbrigðis- og umhverfiseftirlits.
- Ráðgjafarnefndin telur að þótt margt hafi áunnist í verklagi opinberra eftirlitsstofnana er enn margt óunnið á sviði umbóta í opinberu eftirliti. Þar skiptir mestu að þegar kemur að úrlausn einhvers samfélagslegs vanda er of algengt að tillaga stjórnvalda um lausn felist í nýju eftirliti eða fjölgun opinberra starfsmanna, í stað þess að leitað sé lausna sem felast í að nýttar séu nútímalegri aðferðir til að knýja fram breytingar. Hér virðist, a.m.k. að hluta, um að kenna þekkingarskorti innan stjórnsýslunnar á nútímalegum úrræðum, auk vanmats á því hvað hvert viðbótarstarf kostar ríkissjóð í raun. Mikilvægt er að þegar stjórnvöld meta hvernig bregðast skuli við vanda fari fram mat sem leiði í ljós kosti til lausna og raunverulegan kostnað samfélagsins af þeim. Sem dæmi má nefna að eðlilegt ætti að vera að núvirða kostnað við nýráðningu ríkisstarfsmanna til að fá raunhæfan samanburð á kostnaði milli aukinnar ríkisstarfsemi og annarra lausna og jafnframt að mikilvægir þættir eins og húsaleiga, skrifstofukostnaður og hlutdeild í kostnaði af stoðstarfsfólki séu hluti af marktækum samanburði. Mikilvægt er einnig að ný eftirlitsnefnd efli enn kynningarstarf innan stjórnsýslunnar um umbætur í reglusetningu og um notkun gæðakerfa og staðla, sem síðan sæti faggiltu eftirliti, sem valkost við lausn á vanda.

Rétt er að síðustu að nefna ábendingar frá ráðgjafarnefndinni um nokkur mikilvæg eftirlitsverkefni sem unnið hefur verið að en hafa ekki komist í framkvæmd:

- Á síðustu missirum hefur orðið æ ljósara að mikilvægt er að koma í höfn nýju fyrirkomulagi matvælaeftirlits til að Ísland geti með fullnægjandi hætti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnhagssvæðið. Kom það m.a. fram í frumvarpi forsætisráðherra um eftirlit með matvælum og heilbrigði dýra sem lagt var fram 2003. Með frumvarpinu var lögð til stofnun Matvælastofnunar, sem tæki yfir stjórnsýslu og verkefni sem þá voru í umsjá matvælasviðs og rannsóknar- og prófunarstofu Hollustuverndar ríkisins, embættis yfirdýralæknis, gæðaeftirlits Fiskistofu, rannsóknar- og prófunarstofu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Aðfangaeftirlits, Rann-

sóknastofnunar landbúnaðarins (plöntueftirlits) og matvælaeftirlits heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

- Nefndin telur mikilvægt að endurskoðun skipulags- og byggingarlaga verði leidd til lykta á þann veg að sett verði á fót miðlæg Byggingastofnun, sem tryggi einsleitni í eftirliti og beri heildstæða ábyrgð á öllum þeim þáttum sem lúta að byggingaeftirliti.
- Að mati nefndarinnar verður að leggja mikla áherslu á að gagnger endurskoðun fari fram á eftirlitsháttum Vinnueftirlits ríkisins og að starfshættir þeirrar stofnunar verði færðir í nútímalegt horf líkt og starfshættir annarra helstu eftirlitsstofnana landsins.

Fylgiskjal I.

Grunnmat á eftirlitsreglum í samræmi við 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999 og reglugerð nr. 812/1999.

1. *Verkefni til úrlausnar.*
   - Lýsið þeim hættum eða vandamálum sem eru því samfara að ekki sé gripið til aðgerða.
   - Hvers vegna er þörf á endurskoðuðum eða nýjum reglum?
   - Lýsið þeim vanda sem nýjum reglum er ætlað að leysa.
   - Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar sem málið snertir?

2. *Markmið tillögu.*
   - Hvert er aðalmarkmið að baki reglusetningu og hvaða áhrifum er ætlað að ná fram með henni?

3. *Mögulegar aðferðir.*
   - Hvernig er lagt til að ná markmiði því sem sett er?
   - Hvaða aðferðir til að ná markmiðinu hafa verið kannaðar?
   - Á hvaða hátt hafa aðferðirnar verið metnar út frá þeim viðmiðum sem greind eru í lögum og reglugerð um opinbert eftirlit?
   - Hverjar þeirra aðferða sem kannaðar hafa verið er unnt að útiloka á þessu stigi og hvers vegna?

4. *Áhrif – jákvæð og neikvæð.*
   - Metið og lýsið jákvæðum og neikvæðum áhrifum þeirra aðferða sem valdar hafa verið eða val stendur um, út frá þeim viðmiðum sem lýst er í lögum og reglugerð um opinbert eftirlit.
   - Gerið grein fyrir þeim atvinnugreinum eða samfélagshópum sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af tillögunum.
   - Berið saman kostnað og ávinning atvinnulífs annars vegar og hins opinbera hins vegar af tillögunum.

5. *Næstu skref.*
   - Lýsið undirbúningsferli við gerð tillögunnar, þ.m.t. álits hverra hafi verið leitað við gerð tillögunnar.

- Er mælt með ítarlegra mati á þeim drögum sem fyrir liggja, út frá þeim viðmiðum sem greind eru í lögum og reglugerð um opinbert eftirlit?
- Er gert ráð fyrir frekara samráði við hagsmunaaðila um mótun tillögunnar?

Fylgiskjal II.

Leiðbeiningar um ítarlegt mat á áhrifum eftirlitsreglna.

Tilgangur þessara leiðbeininga er að auðvelda stjórnvöldum að uppfylla þá skyldu í lögum og reglugerð um opinberar eftirlitsreglur að meta gildi og áhrif slíkra reglna þegar stofnað er til opinbers eftirlits eða eftirlitsreglur samdar. Áhersla er lögð á að matið á reglunum sé unnið samhliða því sem reglurnar eru mótaðar.

Áhersla er lögð á að stjórnvald hafi samband við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur þegar ljóst er að önnur úrræði en endurskoðun eða setning nýrra eftirlitsreglna nægja ekki til að leysa uppkomið úrlausnarefni. Þá skal stjórnvald senda ráðgjafarnefndinni lokaskýrsluna til formlegrar umsagnar.

Laga- og reglugerðarákvæði um matsskyldu.

3. gr. laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, hljóðar svo:

„Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á því hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.

Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr. Enn fremur skulu slíkar greinargerðir liggja fyrir þegar þess háttar reglur um eftirlit eru staðfestar í öðrum tilvikum.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um mat á eftirlitsreglum og þær aðferðir við eftirlit sem leitast skal við að fylgja við undirbúning að setningu laga og reglna."

II. kafli reglugerðar nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera, kveður nánar á um matsskyldu og matsaðferðir en lög um opinberar eftirlitsreglur gera. Matsskyldan hvílir á viðkomandi stjórnvaldi. Áhersla er lögð á að fyrir liggi greining á því markmiði sem ætlunin er að ná og að ljóst sé að því markmiði verði ekki náð nema með því að setja nýjar reglur um eftirlit eða endurskoða þær sem fyrir eru.

Vinnutilhögun og matsferli.

Meginatriði.

Með eftirlitsreglum er átt við reglur um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Hugtakið eftirlitsreglur nær til:

- reglnanna sjálfra, hvort sem þær eru í lögum eða reglugerðum,
- þess sem þeir er reglurnar beinast að þurfa að gera til að uppfylla þær,
- þess sem bæði eftirlitsaðilar og þeir sem falla undir reglurnar þurfa að gera til að sýna fram á að farið sé að reglum.

- Hlutaðeigandi stjórnvald ber ábyrgð á því að matið fari fram.
- Mat á eftirlitsreglum felst í skipulegri söfnun og úrvinnslu upplýsinga um atriði sem

þurfa að liggja fyrir þegar teknar eru stefnumótandi ákvarðanir um eftirlitsreglur og skipan eftirlits.
- Matið beinist fyrst og fremst að kostnaði, ávinningi og áhættu sem felst í mismunandi valkostum við að ná fram skilgreindum markmiðum.
- Matið er unnið samhliða mótun á eftirlitsreglum og skipan eftirlits.
- Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um opinbert eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal jafnframt fylgja skýrsla um matið.
- Endanleg matsskýrsla er opinbert skjal og hana skal birta á vefsíðu hlutaðeigandi stjórnvalds.

Tilgangur mats.

Tilgangur mats er að stuðla að vönduðum undirbúningi fyrir setningu reglna.
- Gaumgæfa áhrif tillagna sem eru í mótun.
- Greina valkosti og koma auga á nýja kosti.
- Meta alla valkosti.
- Tryggja að samráð sé haft við alla sem málið varðar.
- Gæta hagsmuna Íslendinga við gerð milliríkjasamninga og innleiðingu reglna á grundvelli slíkra samninga.
- Átta sig á því hvort ávinningur af eftirliti réttlæti kostnað við það.
- Ákvarða hvort nýjar eða breyttar reglur mismuni hópum eða atvinnugreinum.

Einkenni vandaðrar greinargerðar um mat.
- Byggist á bestu fáanlegum upplýsingum á hverjum tíma.
- Er greinargóð, nákvæm og í góðu samræmi við viðfangsefnið.
- Getur staðið ein og sér. Lýsir viðfangsefninu og gerir grein fyrir mögulegum valkostum.
- Er skrifuð á máli sem venjulegt fólk skilur og forðast torskilin tæknileg hugtök.

Matsferli.

Mat á eftirlitsreglum ætti að hefjast snemma í því stefnumótunarferli sem hrundið er af stað til að móta eftirlitsreglur og skipan opinbers eftirlits. Matið ætti að vinna samhliða því sem hugmyndir verða til og þær mótast.

Talið er að í flestum tilvikum sé hentugt að skipta matsstörfum í þrjá áfanga og ljúka hverjum um sig með minnisblaði eða skýrslu. Skil milli áfanga, lengd skýrslna og nákvæmni mats ræðst af eðli máls hverju sinni. Ætíð þarf að hafa í huga að tilgangur matsins er að stuðla að vönduðum undirbúningi fyrir setningu reglna. Ætla má til dæmis að þegar gera þarf tillögu um einfalda tæknilega breytingu á reglugerð sé hægt að gera grein fyrir meginniðurstöðum mats í nokkrum setningum. Gert er ráð fyrir að áfangarnir séu:
- *Greinargerð um frumathugun* sem liggi fljótlega fyrir eftir að ljóst er að taka þurfi á málum með því að móta nýja eða breytta stefnu, breyta áherslum eða gera sérstakar ráðstafanir.
- *Áfangaskýrsla* sem liggi fyrir þegar tillögur eru orðnar það vel mótaðar að það megi kynna þær fyrir hagsmunaaðilum. Skýrsluna ætti að byggja á greinargerð um frumathugun og uppfæra upplýsingar sem þar koma fram auk þess að fjalla um það mat sem unnið var að í framhaldi af frumathugun.
- *Lokaskýrsla* er uppfærð áfangaskýrsla, að teknu tilliti til niðurstöðu samráðs við hagsmunaaðila og athugana sem fóru fram í kjölfarið. Hún útskýrir og réttlætir þær aðgerðir sem lagðar eru til og er gerð opinber. Skýrslan fylgir stjórnarfrumvarpi.

Nánar um matsferlið.

1. *Hugmynd fæðist.* Vandi eða þörf hefur verið staðfest og hugmyndir um ráðstafanir fæðast.
2. *Greinargerð um frumathugun* er samin á grundvelli tiltækra upplýsinga. Vandanum sem um ræðir, þörf fyrir inngrip og því sem er í húfi er lýst. Fjallað um hugmyndir um ráðstafanir, reifaðir þrír valkostir: að aðhafast ekkert, setja reglur eða ráðast í jafngildisaðgerðir, lýst helstu kostum og göllum og sagt frá því hvaða viðbótarupplýsinga þarf að afla. Í þeim tilvikum sem setja þarf reglur á grundvelli ESB-gerða sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn ætti greinargerðin að veita nánari upplýsingar um hvað þurfi að gera en eyðublaðið (e. standard sheet) sem fylla þarf út og senda utanríkisráðuneytinu.
3. *Ráðherra samþykkir áframhald* vinnu við mótun eftirlitsreglna á grundvelli þess sem kemur fram í greinargerð um frumathugun.
4. *Hugmynd um reglur mótuð áfram* samhliða því sem aflað er betri upplýsinga og lagt mat á þær. Haft samband við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.
5. *Áfangaskýrsla* samin á grundvelli greinargerðar um frumathugun, samhliða því sem hugmynd er mótuð og eftirlitsreglur samdar.

   Á vinnslustigi 1–5 er haft óformlegt samráð við ýmsa aðila eftir því sem þarf, t.d. innanhússfólk, ráðuneyti, sérfræðistofnanir og hagsmunaaðila.
6. *Formlegt samráð við hagsmunaaðila.* Senda skal fulltrúum þeirra sem eftirlitið beinist að drög að eftirlitsreglum og áfangaskýrslu til formlegrar umsagnar og gefa þeim kost á að koma athugasemdum sínum og tillögum um fyrirkomulag eftirlits á framfæri.



7. *Lokaskýrsla* um mat samin eftir að formlegt samráð hefur átt sér stað samhliða því sem lokið er við að fullmóta reglur. Lokaskýrsla er byggð á áfangaskýrslunni en gerir að auki grein fyrir niðurstöðu samráðs og athugana í kjölfarið.
8. *Ráðherra* ákveður afdrif tillagna um eftirlitsreglur.

9a. Ef eftirlitsreglur eru á formi *lagafrumvarps*: Ríkisstjórn afgreiðir frumvarp frá sér til þingflokka og er lokaskýrslan fylgigagn frumvarpsins.

9b. Ef eftirlitsreglur eru á formi *reglugerðar* eða annars konar stjórnvaldsfyrirmæla skal lokaskýrsla um mat liggja fyrir áður en reglugerð er staðfest:

- Ráðherra kynnir ríkisstjórninni reglugerð sem hefur veruleg áhrif á útgjöld opinberra aðila og einkaaðila áður en hún tekur gildi, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar þar að lútandi.
- Ráðuneyti kynnir Sambandi íslenskra sveitarfélaga reglugerðir sem hafa veruleg áhrif á útgjöld sveitarfélaganna eða varða starfsemi þeirra sérstaklega í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar við sveitarfélögin þar að lútandi.

10. *Lokaskýrsla er opinber* og skal senda eftirlitsnefnd um opinberar framkvæmdir hana til umsagnar. Einnig skal birta hana t.d. á vefsíðu ráðuneytis og hlutaðeigandi eftirlitsstofnunar.

Greinargerð um frumathugun.

Í greinargerð um frumathugun á að gera tillögu um að hefja vinnu við að móta eftirlitsreglur, færa rök fyrir tillögunni og tilgreina allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að taka ákvörðun um afdrif tillögunnar. Við samningu greinargerðarinnar þarf m.a. að:

- eiga óformlegt samráð við innanhússfólk og aðra sem þekkja til málsins,
- kynna málið fyrir ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur,
- setja fyrirliggjandi upplýsingar skipulega upp,
- benda á upplýsingar sem vantar og þarf að kanna betur.

Frummatið á að vera einfalt í sniðum (ein til tvær síður) ef áhrif af nýjum eða breyttum eftirlitsreglum eru lítil, beinast að fáum aðilum og litlum hagsmunum og um minni háttar breytingar er að ræða. Frummatið þarf að vera mun viðameira þegar alþjóðasamningar sem Íslendingar eiga aðild að krefjast þess að reglur séu studdar vísindalegum rökum.

Í greinargerðinni ætti að lágmarki að fjalla um eftirfarandi:

1. Afleiðingar þess að aðhafst ekkert, m.a. hvað er í húfi og hvort einhverjir skaðast.
2. Þörfina eða vandann sem reglunum er ætlað að leysa, umfang þeirra og helstu afleiðingar.
3. Aðalmarkmiðið sem ætlunin er að ná fram, þ.e. áhrif eða niðurstöðu.
4. Athugun á því hvort íslensk stjórnvöld hafa gengist undir alþjóðlegar skuldbindingar um eftirlit á því sviði sem um er að ræða og ef svo er skal segja hvers eðlis þær eru.
5. Helstu hagsmunaaðila sem málið snertir beint. Yfirleitt eftirlitsstjórnvöld, tilteknar atvinnugreinar og þjóðfélagshópar.
6. Álitlegustu aðferðir við að ná markmiðinu og hvers vegna.
   - Hvað annað væri raunhæft að gera en að setja reglur.
   - Hvers konar eftirlitsreglur kæmi helst til greina að setja.
7. Reifa mögulegar aðferðir með tilliti til:
   - helstu kosta og galla (ávinnings – kostnaðar) út frá sjónarhóli hagsmunaaðila,
   - líklegra áhrifa á efnahagslífið,
   - hugsanlegra áhrifa á samkeppnishæfni fyrirtækja og markaðsstarfsemi.
8. Fyrirkomulag eftirlits.
   - Hvað þarf að gera til að tryggja raunhæfa framkvæmd þeirra eftirlitsreglna sem helst koma til greina.
   - Hvort alþjóðlegt eftirlit á því sviði sem um ræðir dregur úr þörf fyrir sérstakt eftirlit hér á landi.
   - Hvort önnur innlend eftirlitsstjórnvöld hafa eftirlit með sömu eða hliðstæðum þáttum og hvort til greina komi að samþætta eftirlit.

Greinargerð um áfangamat.

Greinargerð um áfangamat byggist í grunninn á greinargerð um frumathugun og ætti í mörgum tilvikum að geta fylgt sömu efnisskipan. Hún er samin samhliða því sem unnið er að mótun eftirlitsreglna með því að bæta nýjum upplýsingum og svörum inn í greinargerð um frummat og fella út það sem skiptir ekki máli. Gert er ráð fyrir því að meðan unnið er að greinargerð um áfangamat sé meðal annars búið að:

- ákveða að falla frá þeim valkosti að aðhafast ekkert,

- skoða vandlega mögulegar aðferðir við að ná markmiðinu í þeim tilgangi að velja úr þær álitlegustu,
- móta eina aðaltillögu um eftirlitsreglur,
- skoða hvernig reglunum verður komið í framkvæmd,
- skoða hvernig reglunum verður fylgt eftir,
- meta kostnað og ávinning sem leiðir af reglunum.

Áfangaskýrsluna ásamt tillögum um eftirlitsreglur skal senda fulltrúum þeirra sem eftirlitið beinist að til formlegrar umsagnar og samráðs.

Í greinargerð um áfangamat ætti að lágmarki að fjalla um eftirfarandi atriði, auk þeirra sem tilgreind eru í 1.–5. lið greinargerðar um frumathugun:

1. Aðferðina sem mælt er með að verði notuð til að ná markmiðum og felst í drögum að eftirlitsreglum. Bæði er átt við kröfurnar sem þeir sem falla undir reglurnar eiga að uppfylla og aðferðirnar sem ætlast er til að þeir noti við að uppfylla kröfurnar. Þá þarf að reifa aðra álitlega kosti ítarlegar en í greinargerð um frummat, m.t.t. kosta og galla, og útskýra hvers vegna hægt er að útiloka þá.
2. Fyrirkomulag eftirlits sem lagt er til og felst í drögum að eftirlitsreglum. Fram þarf að koma að hvaða leyti er ætlast til að þeir sem falla undir reglurnar sýni fram á að þeir uppfylli kröfur. Einnig þarf að koma fram, ítarlegar en í greinargerð um frummat, hvernig gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili starfi og hvernig eftirlit verði skipulagt. Ekki er gert ráð fyrir að eftirlitið verði útfært nákvæmlega á þessu stigi í vinnunni heldur verði fengnar tillögur þar að lútandi frá fulltrúum atvinnulífsins eða annarra hópa sem hafa mestra hagsmuna að gæta.
3. Mat á eftirlitsreglum og fyrirkomulagi með tilliti til atvinnulífsins og/eða atvinnugreinar sem eftirlitið beinist að. Sjá nánar ákvæði laga og reglugerðar um opinberar eftirlitsreglur. Fjallað verði um:
   - kosti og galla,
   - jafnræði og sanngirni,
   - ávinning og kostnað helstu hagsmunaaðila,
   - líkleg áhrif á efnahagslífið,
   - áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja,
   - áhrif á smærri fyrirtæki sérstaklega,
   - önnur mikilvæg atriði sem hafa komið í ljós.
4. Þjóðhagslegt gildi eftirlitsreglnanna. Fram komi m.a:
   - hvaða gildi reglurnar hafa og hverjum þær koma beinlínis til góða. Þá umfjöllun þarf að tengja vandanum sem er til staðar, markmiðinu með því að setja reglur og afleiðingum þess að aðhafast ekkert,
   - hvaða óbein áhrif reglurnar eru taldar hafa.
5. Bein fjárhagsleg áhrif á hina ýmsu hópa hagsmunaaðila, svo sem atvinnulífið (atvinnugreinar), ríki og sveitarfélög (m.a. sem eftirlitsstjórnvald) og almenning.
   - Greina frá því hvernig eftirlitskostnaður hagsmunaaðila fellur til:
     - við að uppfylla settar kröfur, t.d. um úrbætur, kerfi eða tilhögun,
     - við að sýna eftirlitsstjórnvaldi fram á að kröfur séu uppfylltar og
     - við að eftirlitsstjórnvald framkvæmir eftirlitsaðgerðir.
   - Eftirfarandi þarf að koma fram:
     - Verðlagsforsendur, ef notaðar eru aðrar forsendur en áætlað meðalverðlag á því ári þegar umsögn er gerð.

- Hvernig kostnaður og tekjur falla til í tíma, þ.e. hvað fellur á það ár þegar lög eða reglugerð tekur gildi og hvað fellur á hvert ár eftir það.
- Hvaða kostnaður og tekjur eru eins skiptis.
- Ef kostnaður/tekjur koma ekki til greiðslu/innheimtu á sama ári.
- Hversu nákvæmt matið er og á hversu traustum gögnum það er reist. Þetta má stundum gera með því að áætla neðri og efri mörk fjárhæða.

6. Gildistími eftirlitsreglu skal vera takmarkaður en þó að hámarki fimm ár. Gera ætti grein fyrir forsendum að baki tillögu um tímalengd.

Lokaskýrsla.

Lokaskýrsla er uppfærð áfangaskýrsla, að teknu tilliti til niðurstöðu samráðs við hagsmunaaðila og athugana sem fóru fram í kjölfarið. Hún útskýrir og réttlætir þær aðgerðir sem lagðar eru til og er gerð opinber. Skýrslan fylgir stjórnarfrumvarpi.

Skýrslan er samin samhliða því sem:

- greint er frá tilhögun samráðs og niðurstöðu þess,
- aðaltillagan er mótuð áfram,
- aflað er upplýsinga sem vantaði,
- lokið er við að velja og útfæra eftirlitsaðferðir.

704. Fyrirspurn [476. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dauðsföll af völdum tóbaksreykinga.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hversu margir Íslendingar létust af völdum tóbaksreykinga árlega á tímabilinu 1996–2005 í hverjum aldursflokki, 30 ára og yngri, 31–40 ára, 41–50 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?

Skriflegt svar óskast.

705. Fyrirspurn [477. mál]

til menntamálaráðherra um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?
2. Hefur ráðuneytið mótað afstöðu sína til þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni?

3. Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?

Skriflegt svar óskast.

706. Fyrirspurn [478. mál]

til félagsmálaráðherra um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?
2. Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?
3. Hvað líður vinnu við samþættingu á þjónustu og meðferðarúrræðum fyrir börn með geðraskanir?

Skriflegt svar óskast.

707. Fyrirspurn [479. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um öldrunarþjónustu í Hafnarfirði.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði til að gera tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði?
2. Hvenær tók nefndin til starfa og hvenær er áætlað að hún skili niðurstöðum sínum?
3. Hvaða endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu vistmanna á Sólvangi á síðustu sex mánuðum?

708. Frumvarp til laga [480. mál]

um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf., falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Við samningu þess hefur verið haft samráð við Flugskóla Íslands en skólinn óskaði eftir því við ráðuneytið að lögin yrðu endurskoðuð eða felld úr gildi.

Frumvarp til laga um Flugskóla Íslands hf. var samþykkt á vorþingi 1997 og tóku lögin gildi 29. apríl sama ár. Lögin kveða á um heimild samgönguráðherra til að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf. Skólinn var svo stofnaður sumarið 1998. Fyrir stofnun skólans var öll kennsla til bóklegra atvinnuflugmannsréttinda á hendi Flugmálastjórnar. Á sama tíma annaðist Flugmálastjórn einnig eftirlit með öllu flugi og þar með talið flugkennslu í landinu. Allt verklegt kennsluflug var stundað af einkaaðilum. Þessi ákvörðun markaði stór tímamót í flugkennslu á Íslandi, þó ekki væri nema einungis fyrir þær sakir, að í fyrsta skipti var hægt að hefja flugnám og ljúka því til fullnustu á einum stað. Staðlar og samræming milli verklegrar og bóklegrar kennslu var auðsóttara en áður og gæði kennslunnar í heild jukust til muna.

Auk ríkisins tóku Flugleiðir hf., Air Atlanta og Íslandsflug hf. og flugskólarnir Flugtak og Flugmennt þátt í stofnun og uppbyggingu skólans. Við stofnun skólans átti ríkið um 42% hlut í skólanum. Fyrstu árin átti skólinn við rekstrarvanda að etja þar sem m.a. hafði verið gert ráð fyrir fleiri nemendum en raunin varð á. Þá varð rekstur skólans dýrari en ráð var fyrir gert og þá áttu afleiðingar atburðanna 11. september 2001 einnig nokkurn þátt í þeim vanda. Vegna þessa var hlutafé félagsins fært niður til jöfnunar á tapi og síðan lögðu hluthafar í skólanum, aðrir en ríkið, til aukið hlutafé. Ríkið lagði þó til skólans framlag vegna uppsafnaðs lausafjárvanda. Eftir þessar breytingar lækkaði eignarhlutur ríkisins niður í um 22%. Í maí 2005 seldi ríkið svo allt hlutafé sitt í skólanum til Flugtaks ehf., Air Atlanta hf. og Flugskóla Íslands hf. Skólinn er nú því alfarið í eigu einkaaðila eins og áform stjórnvalda um einkavæðingu gerðu ráð fyrir. Eftirlit er hins vegar áfram í höndum Flugmálastjórnar Íslands.

Í 5. gr. laganna er kveðið á um að samgönguráðherra skuli beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Þá segir í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar að á fjárlögum hverju sinni skulu veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum. Slíkt samkomulag um kennslu til atvinnuflugs var undirritað í lok árs 1998.

Þrátt fyrir að lagt sé til að lögin falli úr gildi er áfram gert ráð fyrir að ríkið stuðli að því að hér á landi sé í boði menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Til að tryggja það vinnur ráðuneytið nú að gerð samnings við skólann um

áframhaldandi styrk til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms. Rekstur skólans gengur nú ágætlega og er talið að starfsemi hans sé mikilvæg lyftistöng fyrir framgang atvinnugreinarinnar hér á landi, en vöxtur flugstarfseminnar hefur verið mikill undanfarin ár.

Mikið eftirlit er með flugskólum sem bjóða vilja upp á viðurkennda þjálfun. Í 1. gr. reglugerðar um flugskóla, nr. 692/1999, segir m.a. að flugskóli telst skóli, sem fengið hefur heimild Flugmálastjórnar Íslands til að starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og reglum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), JAR-FCL. Flugskóli sem bjóða vill viðurkennda þjálfun sem uppfyllir kröfur JAR-FCL þarf því að afla samþykkis flugmálayfirvalda í aðildarríki JAA sem er á Íslandi flugöryggissvið Flugmálastjórnar Íslands. Til að öðlast samþykki þarf skóli að uppfylla ítarlegar kröfur er m.a. varða stjórnskipulag, starfsemislýsingu í flugrekstrar- og þjálfunarhandbók, gæðakerfi, eiginfjárstöðu og þess háttar. Kröfunum til starfseminnar er lýst í reglugerð um skírteini, nr. 419/1999. Sú reglugerð byggist á kröfum JAR-FCL frá JAA og reglugerð um flugskóla, nr. 692/1999. Eftirlit með flugskólum á Íslandi er framkvæmt af flugöryggissviði Flugmálastjórnar með formlegum úttektum, þar sem starfsemi skólanna er borin saman við samþykktar handbækur og reglugerðir eftir því sem við á. Mikilvægur hluti eftirlitsins felst í því að tryggja að innra eftirlitskerfi skólans sjálfs sé virkt, þ.e. gæðakerfi skólans. Prófahald, bóklegt og verklegt, er á vegum Flugmálastjórnar og koma prófspurningarnar úr prófabanka JAA. Þá eru, til að kröfur og eftirlit með flugskólum sé samræmt meðal aðildarríkja flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), gerðar reglubundnar úttektir á því hvernig Flugmálastjórn Íslands sinnir eftirliti með flugskólum hér á landi þannig að aðhald er verulegt.

Núgildandi lög eru farin að valda skólanum nokkrum vandkvæðum. Þannig er í 2. málsl. 6. gr. kveðið svo á um að engum einum aðila, öðrum en ríkinu, sé heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár. Eftir samruna Air Atlanta og Íslandsflugs er eignarhlutur þess ekki í samræmi við þetta ákvæði. Lögin fjalla auk þess að stórum hluta um aðkomu ríkisins sem eins af stofnendum Flugskóla Íslands og taka mið af því að það komi að eignarhaldi hans.

Með hliðsjón af efni laganna og að ríkið hefur selt allt hlutafé sitt í skólanum er lagt til að lögin verði felld úr gildi. Skilvirkt eftirlit er af hálfu Flugmálastjórnar Íslands með gæðum skólastarfsins og starfsemi skólans og er það talinn fullnægjandi rammi um þessa starfsemi. Vegna mikilvægis flugsins í efnahagslífi þjóðarinnar er áfram gert ráð fyrir því að ríkið stuðli að því að hér á landi sé boðið upp á bóklegt atvinnuflugmannsnám. Slíkt verður tryggt með gerð samnings við Flugskóla Íslands.

Fylgiskjal I.

Lög um Flugskóla Íslands hf., nr. 17/1997.

(Tóku gildi 29. apríl 1997.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf.

Í þessu skyni er ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess skal ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

2. gr.

Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi.

Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

Flugskóli Íslands hf. skal leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Skulu nemendur eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flugskóla um afnot flugvéla, eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Skólinn skal sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Þeir einir geta hafið nám í Flugskóla Íslands hf. sem:

1. uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð,
2. fullnægja skilyrðum um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Heimilt er að halda inntökupróf í Flugskóla Íslands hf. og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði fyrir að geta hafið nám.

4. gr.

Þriggja manna stjórn, sem kosin skal á aðalfundi ár hvert, fer með yfirstjórn skólans.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn skólans skipuleggur skólastarfið, ákvarðar tilhögun kennslu, undirbýr námskeið og stundaskrár og ákveður námsefni. Auk þess hefur stjórnin með höndum yfirstjórn annars þess sem varðar rekstur skólans. Hún ræður skólastjóra sem auk kennslu skal, sem framkvæmdastjóri, framfylgja ákvörðunum stjórnar. Stjórnin ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum.

Auk fjárframlaga samkvæmt samningi skólans við ríkið skal rekstur hans fjármagnaður með skólagjöldum nemenda. Stjórn skólans ákveður upphæð þeirra skólagjalda sem nemendum er gert að greiða.

Tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, heldur skal rekstrarafgangi varið til frekari uppbyggingar skólastarfsins og skulu samþykktir félagsins innihalda ákvæði þess efnis.

6. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu. Engum einum aðila, öðrum en ríkinu, skal þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár.

7. gr.

Samgönguráðherra skal auglýsa opinberlega fund um stofnun hlutafélags um rekstur Flugskóla Íslands. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um stofnun og starfsemi Flugskóla Íslands hf. eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

8. gr.

Heimilt er samgönguráðherra að kveða nánar á um fyrirkomulag á kennslu til prófa í atvinnuflugi og um próftöku með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Með frumvarpinu verða lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf., felld úr gildi. Þjónustusamningur við skólann um áframhaldandi styrk til hans vegna bóklegs atvinnuflugmannsnáms er í vinnslu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

709. Frumvarp til laga [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Eftir 2. umr., 30. jan.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:
   Rannsóknarleyfi skal veitt einum aðila á hverju svæði. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að rannsóknarleyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu rannsóknarkostnaðar.
b. Á eftir orðinu „nýtingarleyfi“ í 2. mgr. kemur: fyrir hitaveitur.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fær annar en rannsóknarleyfishafi leyfi til að nýta viðkomandi auðlind og getur þá sá sem kostaði rannsóknir krafið virkjunar- eða nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna eða markaðsvirði þeirra, sé það fyrir hendi, gegn afhendingu á niðurstöðum rannsóknanna, enda geti þær nýst leyfishafa. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati dómkvaddra matsmanna.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 5. gr.“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd fulltrúa allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Í nefndinni skulu jafnframt eiga sæti þrír fulltrúar frá Samorku. Þá skal iðnaðarráðherra skipa tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laga þessara og marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til. Nefndin skal skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. september 2006.

710. Svar [426. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um íbúatölur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur verið þróun íbúafjölda einstakra sveitarfélaga á landinu, eins og þau eru nú, sl. fimm ár?*
2. *Hver hefur verið þróun íbúafjölda hvers kjördæmis sl. fimm ár, miðað við nýja kjördæmaskipan?*
3. *Hver hefur hlutfallsleg fjölgun eða fækkun íbúa í einstökum sveitarfélögum verið sl. fimm ár?*
4. *Hvert er hlutfall erlendra ríkisborgara í einstökum sveitarfélögum?*

Upplýsingar um þróun íbúafjölda einstakra sveitarfélaga og hvers kjördæmis ásamt hlutfallslegri breytingu íbúafjölda í einstökum sveitarfélögum sl. fimm ár koma fram í töflu 1. Um er að ræða tölur um endanlegan íbúafjölda áranna 2001–2004 miðað við 1. desember ár hvert og bráðabirgðatölur um íbúafjölda 1. desember 2005. Íbúafjölda í Reykjavíkurborg er ekki skipt milli kjördæma.

Upplýsingar um hlutfall erlendra ríkisborgara í einstökum sveitarfélögum koma fram í töflu 2. Um er að ræða hlutfall erlendra ríkisborgara í einstökum sveitarfélögum miðað við tölur um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2004.

Tafla 1. Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. desember ár hvert, skipt eftir kjördæmum.

	2001	2002	2003	2004	2005, bráðab.	Hlutfallsleg breyting 2001–2005
Reykjavíkurborg	**112.268**	**112.483**	**113.366**	**113.667**	**114.800**	**2,3%**
Kópavogsbær	24.229	24.950	25.297	25.782	26.468	9,2%
Seltjarnarneskaupstaður	4.662	4.620	4.565	4.546	4.461	-4,3%
Garðabær	8.445	8.687	8.863	9.035	9.423	11,6%
Hafnarfjarðarkaupstaður	20.223	20.672	21.189	21.944	22.451	11,0%
Sveitarfélagið Álftanes	1.740	1.780	1.878	2.023	2.183	25,5%
Mosfellsbær	6.293	6.427	6.574	6.781	7.157	13,7%
Kjósarhreppur	140	147	142	149	162	15,7%
Suðvesturkjördæmi	**65.732**	**67.283**	**68.508**	**70.260**	**72.305**	**10,0%**
Reykjanesbær	10.944	10.914	10.900	10.945	11.346	3,7%
Grindavíkurkaupstaður	2.336	2.382	2.422	2.481	2.624	12,3%
Sandgerðisbær	1.399	1.397	1.398	1.400	1.535	9,7%
Sveitarfélagið Garður	1.207	1.236	1.280	1.324	1.376	14,0%
Sveitarfélagið Vogar	841	863	929	940	1.018	21,0%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.336	2.332	2.305	2.230	2.189	-6,3%
Vestmannaeyjabær	4.458	4.421	4.351	4.227	4.175	-6,3%
Sveitarfélagið Árborg	6.048	6.158	6.328	6.525	6.961	15,1%
Mýrdalshreppur	526	507	494	509	503	-4,4%
Skaftárhreppur	542	524	522	506	490	-9,6%
Ásahreppur	145	140	144	149	164	13,1%
Rangárþing eystra	1.643	1.654	1.667	1.651	1.672	1,8%
Rangárþing ytra	1.429	1.442	1.436	1.444	1.459	2,1%
Gaulverjabæjarhreppur	132	131	135	138	141	6,8%
Hraungerðishreppur	183	199	197	196	200	9,3%
Villingaholtshreppur	189	183	180	183	185	-2,1%
Hrunamannahreppur	745	747	731	754	767	3,0%
Hveragerðisbær	1.864	1.886	1.890	2.021	2.089	12,1%
Sveitarfélagið Ölfus	1.680	1.729	1.702	1.726	1.799	7,1%
Grímsnes- og Grafningshreppur	343	358	345	346	356	3,8%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	506	508	528	529	521	3,0%
Bláskógabyggð	893	887	905	889	921	3,1%
Suðurkjördæmi	**40.389**	**40.598**	**40.789**	**41.113**	**42.491**	**5,2%**
Akraneskaupstaður	5.520	5.587	5.590	5.662	5.782	4,7%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	157	169	153	145	147	-6,4%
Skilmannahreppur	146	142	152	167	214	46,6%
Innri-Akraneshreppur	125	114	121	117	113	-9,6%
Leirár- og Melahreppur	127	120	132	130	129	1,6%
Skorradalshreppur	57	69	55	64	64	12,3%
Borgarfjarðarsveit	689	694	694	670	732	6,2%
Hvítársíðuhreppur	83	84	85	84	83	0,0%
Borgarbyggð	2.522	2.519	2.589	2.591	2.708	7,4%
Kolbeinsstaðahreppur	113	109	105	100	102	-9,7%
Grundarfjarðarbær	956	967	936	940	974	1,9%
Helgafellssveit	58	56	44	47	55	-5,2%
Stykkishólmsbær	1.239	1.228	1.170	1.140	1.165	-6,0%
Eyja- og Miklaholtshreppur	119	118	132	141	137	15,1%
Snæfellsbær	1.799	1.780	1.742	1.714	1.743	-3,1%
Saurbæjarhreppur	90	93	88	80	77	-14,4%

	2001	2002	2003	2004	2005, bráðab.	Hlutfallsleg breyting 2001–2005
Dalabyggð	657	662	651	631	638	-2,9%
Bolungarvíkurkaupstaður	958	957	943	935	918	-4,2%
Ísafjarðarbær	4.182	4.153	4.127	4.133	4.109	-1,7%
Reykhólahreppur	304	292	283	257	255	-16,1%
Tálknafjarðarhreppur	372	346	353	326	297	-20,2%
Vesturbyggð	1.134	1.120	1.073	1.017	965	-14,9%
Súðavíkurhreppur	223	235	228	235	235	5,4%
Árneshreppur	59	59	56	57	50	-15,3%
Kaldrananeshreppur	133	132	125	117	112	-15,8%
Bæjarhreppur	107	94	101	103	105	-1,9%
Broddaneshreppur	70	63	54	53	53	-24,3%
Hólmavíkurhreppur	472	481	495	462	447	-5,3%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.162	4.164	4.180	4.146	4.110	-1,2%
Húnaþing vestra	1.209	1.207	1.176	1.168	1.173	-3,0%
Áshreppur	80	80	75	73	66	-17,5%
Blönduósbær	965	936	960	924	903	-6,4%
Húnavatnshreppur	432	434	417	410	405	-6,3%
Höfðahreppur	621	599	585	562	545	-12,2%
Skagabyggð	103	101	97	101	99	-3,9%
Akrahreppur	230	235	229	215	225	-2,2%
Norðvesturkjördæmi	**30.273**	**30.199**	**29.996**	**29.717**	**29.935**	**-1,1%**
Siglufjarðarkaupstaður	1.508	1.455	1.437	1.386	1.352	-10,3%
Akureyrarkaupstaður	15.829	16.024	16.251	16.469	16.736	5,7%
Húsavíkurbær	2.513	2.484	2.458	2.425	2.373	-5,6%
Ólafsfjarðarbær	1.035	1.041	990	980	946	-8,6%
Dalvíkurbyggð	2.013	2.040	2.024	1.933	1.927	-4,3%
Grímseyjarhreppur	95	89	93	92	102	7,4%
Arnarneshreppur	184	183	187	182	174	-5,4%
Eyjafjarðarsveit	979	974	957	995	978	-0,1%
Hörgárbyggð	389	370	370	391	399	2,6%
Svalbarðsstrandarhreppur	371	379	376	362	382	3,0%
Grýtubakkahreppur	394	392	396	388	366	-7,1%
Skútustaðahreppur	451	453	440	436	428	-5,1%
Aðaldælahreppur	282	273	280	265	256	-9,2%
Tjörneshreppur	69	67	66	64	63	-8,7%
Þingeyjarsveit	735	728	709	696	686	-6,7%
Keldunesshreppur	98	102	103	103	100	2,0%
Öxarfjarðarhreppur	353	344	343	333	330	-6,5%
Raufarhafnarhreppur	296	284	252	243	228	-23,0%
Svalbarðshreppur	120	120	124	116	109	-9,2%
Þórshafnarhreppur	412	411	400	411	417	1,2%
Seyðisfjarðarkaupstaður	773	750	742	717	731	-5,4%
Fjarðabyggð	3.062	3.056	3.110	3.181	3.895	27,2%
Skeggjastaðahreppur	141	138	133	132	125	-11,3%
Vopnafjarðarhreppur	742	761	741	727	725	-2,3%
Fljótsdalshreppur	82	84	93	242	355	332,9%
Borgarfjarðarhreppur	150	140	140	136	146	-2,7%
Mjóafjarðarhreppur	31	36	37	38	42	35,5%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	63	57	54	51	48	-23,8%
Breiðdalshreppur	271	267	258	249	232	-14,4%
Djúpavogshreppur	521	500	493	479	458	-12,1%

	2001	2002	2003	2004	2005, bráðab.	Hlutfallsleg breyting 2001–2005
Austurbyggð	826	846	855	869	859	4,0%
Fljótsdalshérað	2.800	2.791	2.930	3.338	3.905	39,5%
Norðausturkjördæmi	**37.588**	**37.639**	**37.842**	**38.429**	**39.873**	**6,1%**
Landið allt	**286.250**	**288.202**	**290.501**	**293.186**	**299.404**	**4,6%**

Tafla 2: Íbúafjöldi sveitarfélaga eftir ríkisfangi, 1. desember 2004.

Sveitarfélag	Hlutfall Íslendinga	Hlutfall erlendra ríkisborgara
Reykjavíkurborg	95,9%	4,1%
Kópavogsbær	97,2%	2,8%
Seltjarnarneskaupstaður	97,6%	2,4%
Garðabær	97,9%	2,1%
Hafnarfjarðarkaupstaður	97,6%	2,4%
Sveitarfélagið Álftanes	98,7%	1,3%
Mosfellsbær	98,2%	1,8%
Kjósarhreppur	97,9%	2,1%
Reykjanesbær	96,6%	3,4%
Grindavíkurkaupstaður	95,9%	4,1%
Sandgerðisbær	92,6%	7,4%
Sveitarfélagið Garður	89,9%	10,1%
Sveitarfélagið Vogar	95,2%	4,8%
Akraneskaupstaður	98,3%	1,7%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	98,6%	1,4%
Skilmannahreppur	99,4%	0,6%
Innri-Akraneshreppur	98,3%	1,7%
Leirár- og Melahreppur	94,6%	5,4%
Skorradalshreppur	100,0%	0,0%
Borgarfjarðarsveit	96,6%	3,4%
Hvítársíðuhreppur	98,8%	1,2%
Borgarbyggð	98,4%	1,6%
Kolbeinsstaðahreppur	100,0%	0,0%
Grundarfjarðarbær	93,0%	7,0%
Helgafellssveit	97,9%	2,1%
Stykkishólmsbær	96,1%	3,9%
Eyja- og Miklaholtshreppur	92,1%	7,9%
Snæfellsbær	92,3%	7,7%
Saurbæjarhreppur	97,5%	2,5%
Dalabyggð	97,3%	2,7%
Bolungarvíkurkaupstaður	93,2%	6,8%
Ísafjarðarbær	93,9%	6,1%
Reykhólahreppur	100,0%	0,0%
Tálknafjarðarhreppur	87,7%	12,3%
Vesturbyggð	92,7%	7,3%
Súðavíkurhreppur	94,9%	5,1%
Árneshreppur	100,0%	0,0%
Kaldrananeshreppur	97,4%	2,6%
Bæjarhreppur	98,1%	1,9%
Broddaneshreppur	98,1%	1,9%
Hólmavíkurhreppur	99,8%	0,2%
Siglufjarðarkaupstaður	97,1%	2,9%
Sveitarfélagið Skagafjörður	98,0%	2,0%
Húnaþing vestra	96,9%	3,1%

Sveitarfélag	Hlutfall Íslendinga	Hlutfall erlendra ríkisborgara
Áshreppur	97,3%	2,7%
Blönduósbær	97,6%	2,4%
Húnavatnshreppur	98,1%	1,9%
Höfðahreppur	99,3%	0,7%
Skagabyggð	100,0%	0,0%
Akrahreppur	96,3%	3,7%
Akureyrarkaupstaður	98,3%	1,7%
Húsavíkurbær	98,2%	1,8%
Ólafsfjarðarbær	99,2%	0,8%
Dalvíkurbyggð	96,3%	3,7%
Grímseyjarhreppur	98,9%	1,1%
Arnarneshreppur	94,5%	5,5%
Eyjafjarðarsveit	97,6%	2,4%
Hörgárbyggð	97,7%	2,3%
Svalbarðsstrandarhreppur	94,5%	5,5%
Grýtubakkahreppur	95,9%	4,1%
Skútustaðahreppur	97,5%	2,5%
Aðaldælahreppur	97,7%	2,3%
Tjörneshreppur	100,0%	0,0%
Þingeyjarsveit	97,7%	2,3%
Kelduneshreppur	96,2%	3,8%
Öxarfjarðarhreppur	98,2%	1,8%
Raufarhafnarhreppur	94,2%	5,8%
Svalbarðshreppur	100,0%	0,0%
Þórshafnarhreppur	95,4%	4,6%
Seyðisfjarðarkaupstaður	96,4%	3,6%
Fjarðabyggð	95,6%	4,4%
Skeggjastaðahreppur	80,3%	19,7%
Vopnafjarðarhreppur	98,5%	1,5%
Fljótsdalshreppur	36,9%	63,1%
Borgarfjarðarhreppur	98,5%	1,5%
Mjóafjarðarhreppur	100,0%	0,0%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	96,1%	3,9%
Breiðdalshreppur	94,0%	6,0%
Djúpavogshreppur	95,0%	5,0%
Austurbyggð	92,2%	7,8%
Fljótsdalshérað	86,3%	13,7%
Sveitarfélagið Hornafjörður	97,8%	2,2%
Vestmannaeyjabær	98,4%	1,6%
Sveitarfélagið Árborg	97,7%	2,3%
Mýrdalshreppur	97,0%	3,0%
Skaftárhreppur	98,4%	1,6%
Ásahreppur	91,9%	8,1%
Rangárþing eystra	93,5%	6,5%
Rangárþing ytra	95,6%	4,4%
Gaulverjabæjarhreppur	92,0%	8,0%
Hraungerðishreppur	96,9%	3,1%
Villingaholtshreppur	92,9%	7,1%
Hrunamannahreppur	90,5%	9,5%
Hveragerðisbær	96,8%	3,2%
Sveitarfélagið Ölfus	91,4%	8,6%
Grímsnes- og Grafningshreppur	95,1%	4,9%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	93,4%	6,6%
Bláskógabyggð	95,3%	4,7%

711. Fyrirspurn [481. mál]

til heilbrigðisráðherra um öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Telur ráðherra þörf á að koma upp öldrunargeðdeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ef svo er, eru uppi áform um að koma á slíkri deild, og þá hvenær?

712. Svar [399. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um úrskurðarnefndir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hver var kostnaðurinn við 58 úrskurðanefndir stjórnsýslunnar árið 2004?

Heildarkostnaður ráðuneytanna árið 2004 við þær 58 nefndir sem lögum samkvæmt er falið úrskurðavald um stjórnvaldsákvarðanir var 342,3 millj. kr. Þar af báru ráðuneytin engan kostnað af starfsemi 18 nefnda.

713. Fyrirspurn [482. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?
2. Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?
3. Hvað líður vinnu við samþættingu á þjónustu og meðferðarúrræðum fyrir börn með geðraskanir?

714. Fyrirspurn [483. mál]

til heilbrigðisráðherra um samninga við hjúkrunarheimili.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu mörgum hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu sem ríkið greiðir reksturinn á er ráðstafað af öðrum en opinberum aðilum, svo sem félagasamtökum?

2. Telur ráðherra ástæðu til að taka upp samninga við hjúkrunarheimili þar sem t.d. félagasamtök ráðstafa hjúkrunarrýmum?

715. Fyrirspurn [484. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkrahústengda heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru uppi áform um að koma á sjúkrahústengdri heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum Landspítala – háskólasjúkrahúss? Ef svo er, hvenær má gera ráð fyrir að hún verði að veruleika?

716. Fyrirspurn [485. mál]

til heilbrigðisráðherra um heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu oft á undanförnum tveimur árum hefur öldrunarsjúklingum á fimm daga deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) verið synjað um heimahjúkrun?
2. Hversu oft á sama tímabili hefur slík synjun komið í veg fyrir útskrift sjúklinga?
3. Hversu oft á sama tímabili hefur aðeins verið unnt að bjóða öldruðum sem stóð til að útskrifa af LSH upp á skerta heimahjúkrunarþjónustu?

717. Fyrirspurn [486. mál]

til menntamálaráðherra um svæðisútvarp á Vesturlandi.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hefur ráðherra hafið undirbúning að stofnun svæðisútvarps á Vesturlandi og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að það taki til starfa?

718. Fyrirspurn [487. mál]

til menntamálaráðherra um þjónustu svæðisútvarps.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hve hátt hlutfall af fréttaefni svæðisstöðva Ríkisútvarpsins er frá svæðum utan byggðarlagsins þar sem viðkomandi stöð er (Egilsstaða, Akureyrar, Selfoss, Ísafjarðar), sundurliðað eftir stöðvum og eftir hljóðvarpi og sjónvarpi?
2. Hve mikið af því efni er unnið af fréttariturum hljóðvarps annars vegar og sjónvarps hins vegar?
3. Hve háu hlutfalli af fréttaefni svæðisstöðvanna er útvarpað á landsrás Ríkisútvarpsins?

719. Fyrirspurn [488. mál]

til samgönguráðherra um viðhald vega.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við upplýsingum um stóraukna fjárþörf til viðhalds vegakerfisins vegna aukinna þungaflutninga?

720. Lög [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Afgreidd frá Alþingi 1. febr.)

Samhljóða þskj. 709.

721. Tillaga til þingsályktunar [489. mál]

um samgöngumál.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Gunnarsson, Magnús Þór Hafsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess að á næstu fjórum árum, þ.e. á árunum 2006–2010, verði lokið við að byggja upp fjögurra akreina upplýstan veg á milli Reykjavíkur og Selfoss.

Greinargerð.

Samgöngur hafa orðið sífellt mikilvægari á undanförnum árum og ekkert lát virðist vera á þeirri þróun. Atvinnulífið hefur breyst gríðarlega og krefst þess að mögulegt sé að fara á milli staða skjótt og örugglega. Einnig er augljóst að góðar samgöngur hafa mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu. Þá eru úrbætur í samgöngumálum ekki síst mikilvægar til að tryggja aukið umferðaröryggi.

Umferð um veginn á milli Selfoss og Reykjavíkur hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum, eða um allt að 80% árin 1992–2004. Samkvæmt nýfengnum upplýsingum frá Vegagerðinni hélt þessi þróun áfram árið 2005. Þannig jókst á síðasta ári umferðin á leiðinni Selfoss – Reykjavík um 6–10%, eftir vegarköflum, en það er ótrúlega mikil aukning á einu ári. Umferðin á milli Selfoss og Hveragerðis jókst um tæp 6% á milli ára, nú fara 6.528 bílar að meðaltali þessa leið á hverjum degi og hefur fjölgað um 377 bíla á dag að meðaltali frá 2004. Umferðin yfir Hellisheiðina jókst um rúm 6 %. Um veginn þar fóru að meðaltali 5.982 bílar á dag árið 2005, það er fjölgun um 344 bíla á dag frá árinu áður. Við Sandskeið var aukningin tæp 10 %, 7.311 bílar fóru þar um daglega og hafði fjölgað um 645 bíla á dag frá árinu áður. Við Geitháls jókst umferðin úr 8.077 í 8.773 bíla á dag að meðaltali, eða um tæp 9 %. Umferð um Þrengsli jókst einnig mikið, þar var aukningin tæp 12% eða úr 1.099 bílum í 1.227 bíla á dag að meðaltali.

Ef litið er til þróunarinnar síðustu tvö ár þá hefur umferðin aukist um 15–20%. Með sama áframhaldi má reikna með að umferðin á milli Selfoss og Hveragerðis verði árið 2007 um 7.700 bílar á dag að meðaltali, á Hellisheiði um 6.900 bílar, við Sandskeið um 8.600 bílar og við Geitháls um 10.600 bílar. Ástæður þessa eru margvíslegar: breytingar í atvinnulífi, fjölgun ferðamanna, fjölgun sumarhúsa á Suðurlandi, aukin hálendisumferð o.fl. Mjög margt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Þar má benda á spár um tvö- til þreföldun erlendra ferðamanna á næstu 15 árum, verulegan vöxt og fjölgun á Árborgarsvæðinu og öðrum þéttbýliskjörnum austan Hellisheiðar, fyrirsjáanlega fjölgun orlofshúsa og aukna þungaflutninga í kjölfar þess að strandflutningum hefur verið hætt. Einnig hefur umferð malarflutningabíla úr Þrengslum og víðar margfaldast á síðustu árum.

Brýn nauðsyn er að gera áætlun um uppbyggingu vegarins á milli Reykjavíkur og Selfoss. Breikka þarf veginn þannig að í lok verktímans verði hann orðinn fjögurra akreina upplýstur vegur sem ber þá umferð sem búist er við að verði á þessari leið í næstu framtíð. Nú eru tvær akreinar frá Selfossi til Hveragerðis, á tveggja kílómetra kafla á Hellisheiðinni og frá Litlu kaffistofunni til Reykjavíkur. Full þörf er á fjögurra akreina vegi frá Rauðavatni alla leið á Selfoss. Jafnframt er nauðsynlegt að sett verði miðjuvegrið milli akreina sem ganga í gagnstæða átt ef hönnun vegarins gerir ekki ráð fyrir nægjanlega breiðu örygissvæði milli akreina í stað vegriðs. Enn fremur er nauðsynlegt að vegurinn verði lýstur, það eykur öryggi vegfarenda og þægindi. Ráðist hefur verið í umfangsmiklar samgöngubætur á leiðum að og frá höfuðborginni til Suðurnesja eða Vesturlands og frekari framkvæmdir fyrirhugaðar á þeim leiðum. Uppbygging og endurbætur á leiðinni frá Reykjavík til Selfoss hafa gengið hægar en æskilegt verður að teljast og nauðsynlegt að tryggja að þar verði bætt úr, þannig að jafnauðvelt verði að komast frá Suðurlandi til höfuðborgarinnar og frá öðrum svæðum í nágrenninu. Koma þarf í veg fyrir að samgöngumannvirki hamli þeirri öru fjölgun íbúa og uppbyggingu sem á sér stað austan Hellisheiðar.

Í nýlegri könnun tryggingafélaganna í samvinnu við áhugamannafélagið „Vini Hellisheiðar“ kom fram að árið 2004 nam kostnaður samfélagsins af tjónum á þessari leið rúmum milljarði króna, þar af var kostnaður tryggingafélaga og tjónvalda um 600 millj. kr. Jafnframt kom fram að meðalkostnaður við hvert tjón á þessari leið var fjórfalt hærri en meðalkostn-

aður yfir landið. Það er því ljóst að arðsemi endurbóta er gríðarleg og framkvæmdin yrði fljót að borga sig upp þó að ekki sé reiknað með óbætanlegu tjóni sem hægt er að komast hjá.

Þessi þingsályktunartillaga gengur nokkuð lengra en margítrekaðar ályktanir frá sveitarfélögum á svæðinu um endurbætur á Suðurlandsvegi og felst munurinn í að hér er gert ráð fyrir að þegar verði ráðist í gerð fjögurra akreina vegar alla leið milli Reykjavíkur og Selfoss. Horfið er frá þeirri hugmynd að í upphafi verði ráðist í gerð þriggja akreina vegar á hluta leiðarinnar og er ástæðan sú að nýjustu upplýsingar um umferð og aukningu milli ára gefa til kynna að skynsamlegra sé að ráðast strax í að gera fullbreiðan veg.

Samkvæmt svari samgönguráðherra á 131. löggjafarþingi, við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar (þskj. 862, 574. mál), má ætla að heildarkostnaður við tvöföldun vegarins milli Reykjavíkur og Selfoss yrði milli 6–7 milljarðar kr. og kostnaðurinn við lýsingu u.þ.b. 460 millj. kr.

Um þessar mundir er lokið framkvæmdum við nýjan kafla vegarins yfir Svínahraun að Litlu kaffistofunni en á þeim kafla eru mislæg gatnamót Suðurlandsvegar og Þrengslavegar. Um þriggja akreina veg með miðjuvegriði er að ræða og mun sú framkvæmd hugsanlega lækka áætlaðan heildarkostnað sem fram kom í svari ráðherra.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi er gert ráð fyrir 311 millj. kr. framlagi til vegarins árið 2007 og er ljóst að sú upphæð dugar skammt við nauðsynlegar endurbætur. Á næsta löggjafarþingi verður tólf ára samgönguáætlun væntanlega endurskoðuð og þá er nauðsynlegt að tryggja að gert verði ráð fyrir nægilegum fjármunum til að gera veginn þannig úr garði að hann anni umferðinni og bæti umferðaröryggi verulega.

Umferð um Suðurlandsveg stefnir óðfluga í svipaðar tölur og voru á Reykjanesbraut þegar ákvörðun var tekin um tvöföldun hennar. Árið 2004 var umferðin frá Krýsuvíkurafleggjara að Vatnsleysstrandarvegi 8.763 bíla að meðaltali á sólarhring, frá Vatnleysutrandarvegi að Grindavíkurvegi 8.547 bílar og frá Grindavíkurvegi að Njarðvíkurvegi 8.193 bílar.

722. Fyrirspurn [490. mál]

til viðskiptaráðherra um stöðu bankanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert er álit Fjármálaeftirlitsins á mati greiningarfyrirtækjanna Barclays Capital og Credit Sights að staða viðskiptabankanna þriggja sé veikari en ársskýrslur þeirra gefa til kynna og að hraður vöxtur þeirra geti valdið þeim vandræðum í framtíðinni?
2. Er ástæða til að ætla að fámennur hópur tengdra aðila hafi haft áhrif til hækkunar á hlutabréfaverði umfram það sem eðlilegt getur talist og að bankarnir séu þar í lykilhlutverki? Hvaða áhrif getur það haft á fjármálastöðugleikann að útlánaþensla fjármálafyrirtækja sé að mestu fjármögnuð erlendis?
3. Er það rétt að bæði Moody's og Fitch reikni inn í lánshæfismat bankanna vilja íslenskra stjórnvalda til að koma þeim til bjargar ef í nauðir rekur?
4. Hvert er mat Fjármálaeftirlitsins á þeirri aðvörun greiningarfyrirtækisins Credit Sights að ekki sé hægt að reiða sig um of á getu íslenska ríkisins til að bjarga bönkunum ef í harðbakka slær?

5. Hvert er mat samkeppnisyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins á því sem fram hefur komið nýlega í skýrslu greiningarfyrirtækisins Barclays Capital að í íslenska bankakerfinu séu óvenjulega náin og óheilbrigð eignatengsl og að slík eignatengsl og óbeinar fjárfestingar í eigin fyrirtækjum geti haft óæskileg áhrif á hagkerfið í heild sinni? Er ástæða til að bregðast við þeirri þróun?
6. Eru einhver þau einkenni á fjármálamarkaðnum nú og í næstu framtíð að ástæða sé til að upp geti komið alvarleg skakkaföll í fjármálakerfinu og hvernig er staða innstæðueigenda tryggð við þær aðstæður? Er ástæða til að bregðast við til að tryggja betur hag innstæðueigenda og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

723. Fyrirspurn [491. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útræðisrétt strandjarða.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju?

724. Fyrirspurn [492. mál]

til samgönguráðherra um rekstur vöruhótela.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hafa möguleikar til reksturs fleiri vöruhótela en nú eru í rekstri verið kannaðir og kemur til greina að hið opinbera taki þátt í stofnun eða hvetji til rekstrar slíkrar starfsemi í þeim tilgangi að hafa áhrif á vörudreifingu með þungaflutningum um landið?
2. Ef svo er ekki, er ráðherra þá tilbúinn að láta kanna hagkvæmni slíks reksturs og áhrif hans á þungaflutninga á vegum landsins?

725. Fyrirspurn [493. mál]

til heilbrigðisráðherra um tæknifrjóvgun.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur
og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hversu margar tæknifrjóvgunarmeðferðir voru niðurgreiddar árið 2005 og hversu margar verða niðurgreiddar árið 2006?

2. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef eftirspurn eftir tæknifrjóvgun verður meiri en gert er ráð fyrir í samningi Landspítala – háskólasjúkrahús og Art Medica?
3. Hyggst ráðherra mæta aukinni eftirspurn eftir tæknifrjóvgun vegna réttar samkynhneigðra til tæknifrjóvgunar, verði hann lögfestur á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

726. Tillaga til þingsályktunar [494. mál]

um lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri.

Flm.: Jón Kr. Óskarsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á fót starfshóp skipaðan m.a. fulltrúum hagsmunaaðila, sérfræðingum í skattamálum og fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem taki saman upplýsingar um skattlagningu eftirlauna og ellilífeyris hér á landi og í nágrannalöndunum og marki stefnu í þessum málum með það að markmiði að skattur á eftirlaun og ellilífeyri verði sanngjarn og sem næst sköttum á fjármagnstekjur.

Starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. október 2006.

Greinargerð.

Færa má rök fyrir því að afar óeðlilegt sé og ranglátt að skattur á eftirlaun og ellilífeyri sé 36,7% eins og nú er. Í raun má halda því fram að um sé að ræða tvísköttun eða jafnvel þrísköttun. Fyrst er greiddur fullur skattur þegar launin eru greidd, síðan fá menn eftirlaun/ellilífeyri sem eru skattlögð að fullu og þegar einstaklingurinn verður 67 ára eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skertar miðað við eftirlaunin. Eðlilegra væri að skattur á eftirlaun og ellilífeyri væri svipaður því sem gerist um skattlagningu fjármagnstekna, eða um 10%.

Landssamband eldri borgara og félög eldri borgara um allt land hafa barist fyrir þessari leiðréttingu í langan tíma. Samfylkingarfélögin 60+, sem er félagsskapur jafnaðarmanna 60 ára og eldri, hafa að sjálfsögðu tekið undir þessar kröfur eldri borgara.

Alþingi ber skylda til að beita sér í þessu réttlætismáli eldri borgara og sýna þeim þann sóma að afnema þessa tvísköttun á tekjur eldra fólks og lækka skatt á eftirlaun og ellilífeyri þeim til hagsbóta. Með því væri þessu fólki gert betur kleift að lifa lífinu með reisn og því sýnt þakklæti fyrir það þjóðfélag sem það hefur skilað til næstu kynslóðar. Eldri borgarar eiga þetta inni hjá þjóðinni

Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.

727. Fyrirspurn [495. mál]

til iðnaðarráðherra um Reykdalsvirkjun.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Eru uppi áform um að styðja uppbyggingu og fullnaðarfrágang á Reykdalsvirkjun í Hafnarfirði?

Skriflegt svar óskast.

728. Fyrirspurn [496. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af lyfjum.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

1. Hverjar hafa verið árlegar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum sl. þrjú ár?
2. Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur á lyfjum, sem nú er 24,5 %, yrði
   a. 14%,
   b. 7%?
3. Er ráðherra reiðubúinn að lýsa yfir að í næsta fjárlagafrumvarpi verði stefnt að lækkun virðisaukaskatts af lyfjum?

Skriflegt svar óskast.

729. Fyrirspurn [497. mál]

til samgönguráðherra um sjóvarnir við Hvaleyri.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Eru uppi áform um að efla sjóvarnir við Hvaleyri í Hafnarfirði á þessu ári?

Skriflegt svar óskast.

730. Frumvarp til laga [498. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Mörður Árnason.

1. gr.

Við 6. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna bætist: og skal leitast við að tilnefna einstaklinga sem ekki sitja í stjórn lífeyrissjóðsins og ekki hafa veruleg hagsmunatengsl við stofnun eða atvinnufyrirtæki.

2. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ársfundur skal samþykkja starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þ.m.t. starfslokasamninga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Til viðbótar framangreindum skilyrðum skal menntun eða starfsreynsla stjórnarmanna vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði sjóðinn.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn lífeyrissjóðs skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánveitingar.

4. gr.

Við 4. mgr. 34. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Starfsmenn lífeyrissjóðs, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga og eignastýringu, skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Lífeyrissjóði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn samkvæmt þessari málsgrein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. gr.

Við 4. mgr. 38. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skulu upplýsa stjórn skriflega um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga og skal Fjármálaeftirlitið veita leiðbeiningar um þá upplýsingaskyldu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að setja ítarlegri reglur um stjórnir lífeyrissjóða, stjórnarmenn og starfsmenn sem vinna við eignastýringu hjá lífeyrissjóðum en eru í gildandi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 130. þingi. Það var flutt á ný á 131. þingi með breytingum sem tóku helst mið af athugasemdum í umsögnum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd við meðferð málsins á 130. þingi. Báðir þessir umsagnaraðilar töldu jákvætt að settar yrðu skýrari reglur um stjórnir og stjórnarhætti í lífeyrissjóðum. Málið var sent að nýju til umsagnar á 131. þingi og bárust efnahags- og viðskiptanefnd nokkrar umsagnir. Frumvarpið er nú endurflutt með nokkrum breytingum. Tekið hefur verið enn frekar tillit til athugasemda Fjármálaeftirlitsins um stjórnarsetu í lífeyrissjóðum. Jafnframt er lagt til nýtt ákvæði um að ársfundur skuli samþykkja starfskjarastefnu stjórnenda, þ.m.t. starfslokasamninga.

Frumvarpið byggist að nokkru leyti á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem hafa að geyma ítarlegar reglur um ábyrgð stjórna fjármálafyrirtækja og hæfiskröfur til stjórnarmeðlima, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem vinna við eignastýringu sem og reglur um setu stjórnarmanna í öðrum fyrirtækjum.

Flestir lífeyrissjóðir voru stofnaðir eftir að samtök launþega og atvinnurekenda sömdu um það í almennum kjarasamningum árið 1969 að greiða hluta af launum launþega í lífeyrissjóð og að atvinnurekandi greiddi framlag á móti. Árið 1974 varð lögskylt að greiða af dagvinnulaunum launþega í lífeyrissjóð og af heildarlaunum frá árinu 1981, og voru sjálfstæðir atvinnurekendur þá einnig skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð. Með lagasetningunni hætti ábyrgð á sjóðunum að byggjast eingöngu á kjarasamningum milli launþega og atvinnurekenda heldur færðist einnig yfir á stjórnvöld og lagði þannig grunn að langtímasparnaði meðal landsmanna.

Eignir lífeyrissjóðanna á Íslandi hafa aukist gríðarlega frá þessum tímamótum, eru nú rúmir 1.100 milljarðar kr. og vega æ þyngra í hagkerfi þjóðarinnar. Á árinu 1980 námu heildareignir lífeyrissjóðanna 10% af landsframleiðslu Íslendinga en tíu árum síðar eða 1990 námu þær um 40%. Árið 2000 voru eignir lífeyrissjóðanna samtals 515 milljarðar kr. sem samsvaraði 78% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Á árinu 2002 voru heildareignir sjóðanna nærri 690 milljarðar kr. og lætur það nærri að vera um 87% af vergri landsframleiðslu það árið. Ljóst má því vera að meðferð á ráðstöfun eigna lífeyrissjóðanna hreyfir við þjóðhagslegum stærðum og skiptir því miklu máli að fagleg sjónarmið ráði ferðinni og að stjórnendur hafi forsendur til að taka upplýstar, faglegar og vandaðar ákvarðanir.

Lífeyristryggingar eru ein mikilvægasta stoð tryggingakerfisins og hvílir rík samfélagsleg ábyrgð og miklar skyldur á sjóðunum að standa undir þeim framtíðarskuldbindingum sem stofnast hafa, varðveita og ávaxta eignirnar sem best, og á löggjafanum að setja skýran ramma um starfsemi sjóðanna þannig að sjóðfélagar séu vel tryggðir hjá sjóðunum hver sem starfsgrein þeirra er, en aðild að sjóðunum grundvallast á kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein.

Þegar heildarlög voru sett um starfsemi lífeyrissjóða, lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, voru hvorki settar skýrar reglur um ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóða né reglur um hverja stjórn geti skipað til setu í stjórnum fyrirtækja sem viðkomandi sjóður á fulltrúa í. Með vísan til þessarar samfélagslegu ábyrgðar og skyldu sem sjóðirnir bera og mikilla umsvifa þeirra á fjármálamarkaði liggja mikilvæg rök því til grundvallar að setja skýrar reglur um ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og gera ríkar kröfur til stjórnarmanna, t.d. um starfsreynslu eða menntun og hæfi. Þá þykir einnig rétt að setja skýrari reglur um hæfiskröfur starfsmanna sem vinna við eignastýringu hjá sjóðunum, hliðstæðar þeim sem gerðar eru til framkvæmdastjóra sjóðanna, og gera kröfu um að þeir hafi lokið prófi í verðbréfaviðskiptum sbr. ákvæði um hæfisskilyrði starfsmanna í verðbréfaviðskiptum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn sem fyrsti flutningsmaður lagði fram á 130. þingi kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði í nokkuð mörgum tilvikum gert athugasemdir við lánveitingar til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila sem tengjast þeim, sérstaklega varðandi hæfi til afgreiðslu lánveitinga, fjárhæðir, reglur um veðhlutfall eða að nauðsynlegar upplýsingar vegna lánveitinga væru ekki til staðar hjá lífeyrissjóði. Í svarinu koma einnig fram upplýsingar um hagsmunaárekstra vegna setu stjórnarmanna lífeyrissjóða í öðrum stjórnum og hversu algeng hagsmunatengslin eru. Fram kom að um 70% stjórnarmanna lífeyrissjóða sitji í stjórnum hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Að meðaltali sitja þessir stjórnarmenn í stjórn fjögurra félaga, hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Tæplega 40% þeirra sitja í tveimur stjórnum eða fleiri.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórn lífeyrissjóðs skuli leitast við að tilnefna einstaklinga utan stjórnar sem fulltrúa sjóðsins í stjórn stofnunar eða fyrirtækis þannig að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum. Þetta er til samræmis við nýjar leiðbeinandi reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem Kauphöllin o.fl. hafa gefið út og taka má mið af, en þær kveða á um að leitast skuli við að a.m.k. tveir óvilhallir aðilar sitji í stjórn hlutafélags. Í þeim reglum kemur m.a. fram að æskilegt sé að meiri hluti stjórnar sé óháður viðkomandi félagi og að auki sé æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum. Þetta er rökstutt með því að stjórn sé skylt að hafa eftirlit með þeim sem annast daglegan rekstur fyrirtækisins. Í þeim leiðbeinandi reglum sem áður var vitnað til kemur fram að við mat á því hvort stjórnarmenn séu óháðir skuli m.a. líta til þess hvort viðkomandi sé einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið. Ítök stjórnarmanna í lífeyrissjóðum geta verið veruleg bæði í sjóðunum og úti á markaði vegna stærðar sjóðanna á fjárfestingarmarkaði. Því getur verið óæskilegt að þeir sitji jafnframt í stjórn fyrirtækis sem viðkomandi lífeyrissjóður á verulegan hlut í þar sem tengslin og áhrifin geta orðið of mikil. Jafnframt er lagt til að lífeyrissjóðum verði bannað að tilnefna þá sem hafa veruleg hagsmunatengsl við stofnun eða fyrirtæki. Með verulegum hagsmunum er hér átt við t.d. verulegan eignarhlut og sifjatengsl við forsvarsmenn eða ráðandi eigendur fyrirtækis.

Eitt það mikilvægasta í starfsemi sjóðanna er ávöxtun iðgjalda, en lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli fjárfest í fyrirtækjum og öðlast með því oft seturétt í stjórnum. Þó að nauðsynlegt sé að gæta hagsmuna lífeyrissjóðanna með setu í stjórnum fyrirtækja sem fjárfest er í er mikilvægt að skilja í sundur eins og kostur er setu í stjórn lífeyrissjóðs og setu í stjórn fyrirtækis sem lífeyrissjóðurinn á stóran hlut í. Það kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra og styrkir eftirlitsskyldu stjórnar lífeyrissjóðs með fjárfestingum hans, en eitt meginhlutverk stjórnar lífeyrissjóðs er að hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins, auk þess að móta fjárfestingarstefnu og er óeðlilegt að stjórnarmenn eigi jafnframt seturétt í stjórnum þeirra fyrirtækja sem þeir fjárfesta í. Það tryggir betri stjórnarhætti og virkara eftirlit með fjárfestingum sjóðanna að greina þarna á milli. Auk þess er verkefni stjórnar að ákveða hver skuli vera fulltrúi lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis og óeðlilegt að stjórnarmenn skipi sjálfa sig til þeirra verka.

Í skýrslu viðskiptaráðherra á 130. þingi varðandi starfsemi Fjármálaeftirlitsins um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi lagt áherslu á hlutverk og ábyrgð stjórna lífeyrissjóða og innra eftirlit með lífeyrissjóðum. Þar kemur fram að hjá allflestum lífeyrissjóðum sem voru skoðaðir hafi verið gerðar athugasemdir við ýmis atriði er vörðuðu fyrirkomlag innra eftirlits. Í þeim sjóðum þar sem fjárfestingar hafa ekki verið í samræmi við lög hefur innra eftirliti ekki verið nægilega vel sinnt. Fram kemur að almennt megi segja að gögnum um innra eftirlit frá lífeyrissjóðum hafi verið heldur ábótavant og gögn ekki skilað sér nægilega vel. Bent er á að nokkur brögð hafi verið að því að ársreikn-

ingar og fjárfestingarstefna lífeyrisjóðanna hafi ekki verið í samræmi við reglur og hafa margvíslegar athugasemdir verið gerðar við sjóðina í þessu sambandi og úrbóta verið krafist. Fjármálaeftirlitið hefur lagt meginherslu á fjárfestingarathuganir og hefur í mörgum tilvikum gert athugasemdir og krafist úrbóta. Þessar athugasemdir styðja það að styrkja þurfi eftirlit stjórnarmanna með starfsemi lífeyrissjóðanna og mikilvægur þáttur í því er að aðskilja setu í stjórn sjóðs og setu í stjórn fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í.

Jafnframt er lagt til að sett verði skilyrði um að menntun eða starfsreynsla stjórnarmanna skuli vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt og að þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði sjóðinn. Einnig er lagt til að teknar verði upp reglur sem gilda um fjármálafyrirtæki og fela í sér að stjórn megi ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við almenn viðskipti sjóðsins og að einstakir stjórnarmenn skuli ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti eða lánveitingar. Í þessu felst að einstakir stjórnarmenn geti t.d. ekki gefið framkvæmdastjóra eða undirmönnum hans fyrirmæli um afgreiðslu einstakra mála en sé umfangið verulegt beri framkvæmdastjóra að bera viðskiptin undir stjórn sjóðsins.

Mikilvægt er að tryggja gegnsæi upplýsinga um launakjör stjórnenda og stjórnarmanna hjá lífeyrissjóðum og að eigendur lífeyrissjóðanna hafi fullan aðgang að þeim. Í desember 2004 setti Fjármálaeftirlitið nokkuð skýrar reglur (1067/2004) um upplýsingagjöf lífeyrissjóða í ársreikningum varðandi launakjör stjórnenda lífeyrissjóðanna. Þar kemur fram að í ársreikningum eigi að tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vegna starfa í þágu sjóðsins. Upplýsingarnar á að sérgreina á einstaka stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi, svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu lífeyrissjóðs er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðs að dóttur- eða hlutdeildarfélögum, sem og setu í nefndum og stjórnum sem hann er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðs, þótt þóknanir fyrir þau störf séu ekki greiddar af lífeyrissjóðnum sjálfum. Í reglunum er ekki gert ráð fyrir að gefa þurfi upp starfslokasamninga með líkum hætti og nú er í reglum Kauphallarinnar. Full ástæða er til að sama krafa um gegnsæi ríki um launakjör stjórnenda lífeyrissjóða, sparisjóða og annarra lánafyrirtækja og ríkir um skráð fyrirtæki í Kauphöllinni.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ársfundur skuli samþykkja starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, þ.m.t. starfslokasamninga. Í fyrrnefndum leiðbeinandi reglum um fyrirtæki skráð í Kauphöllinni sem kveða á um stjórnarhætti fyrirtækja kemur fram að stjórn geti skipað sérstaka starfskjaranefnd til að semja við framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn um laun og önnur starfskjör og á meiri hluti þeirrar nefndar að vera óháður félaginu. Einnig kemur fram í þessum reglum að æskilegt sé að helstu ákvæði kaupréttaráætlana séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Þetta er í samræmi við vaxandi kröfur um gegnsæi og sýnileika í kjörum æðstu stjórnenda fyrirtækja. Viðskiptaráðherra hefur einnig boðað í nýju frumvarpi að hlutafélögum með fleiri en fjóra hluthafa verði skylt að fá samþykki hluthafafundar á starfskjarastefnu fyrir stjórnendur, m.a. starfslokasamninga. Hér er lagt til svipað ákvæði varðandi stjórnendur lífeyrissjóða, þ.e. að ársfundur lífeyrissjóðanna, sem sjóðfélagar geta sótt, móti starfskjarastefnu stjórnenda. Slíkt ákvæði er mikilvægt til að treysta trúnaðarsamband milli sjóðfélaga og stjórnenda sjóðanna.

Að síðustu er lagt til að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn eignastýringar og endurskoðendur lífeyrissjóðs skuli upplýsa stjórn um hagsmunatengsl sín samkvæmt ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga svo að stjórnin viti hvernig tengslum þeirra er háttað við aðila

og fyrirtæki í atvinnulífinu og sé þá ljóst hvort efni séu til að draga ákvarðanir eða viðskipti í efa á grundvelli þeirra eða þegar litið er til samkeppnishagsmuna. Lagt er til að upplýsingarnar verði veittar skriflega og að Fjármálaeftirlitið veiti leiðbeiningar þar um. Leiðbeiningarnar gætu m.a. falist í útgáfu eyðublaða sem nota mætti við öflun þessara upplýsinga. Fjármálaeftirlitinu yrði þó í sjálfsvald sett með hvaða hætti slíkrar leiðbeiningarskyldu yrði gætt, þó ávallt í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga.

Flutningsmenn telja eðlilegt, þegar litið er til hagsmuna almennra sjóðfélaga og stöðu sjóðanna, sem eru með umsvifamestu aðilum á fjármálamarkaði, að sambærilegar reglur gildi hjá lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum um stjórnir og æðstu starfsmenn þeirra.

731. Frumvarp til laga [499. mál]

um breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003.

Flm.: Mörður Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Helgi Hjörvar.

1. gr.

55. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Flutningsskylda dreifiveitu.

Dreifiveitu er skylt að veita almannaútvarpi aðgang að dreifikerfum sínum fyrir sjónvarp og hljóðvarp.

Dreifiveitu er skylt að verða við málefnalegri beiðni annars fjölmiðils en getur í 1. mgr. um aðgang að dreifikerfi sínu enda séu tæknileg skilyrði uppfyllt af beggja hálfu.

Dreifiveita skal útbúa gjaldskrá fyrir notkun dreifikerfis skv. 1. og 2. mgr. og birta hana opinberlega og á aðgengilegan hátt. Gjaldskráin skal vera málefnaleg og hlutlæg.

Með dreifiveitu er samkvæmt þessari grein og 55. gr. a átt við aðila sem býður aðgang að fjarskiptaneti til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings. Með fjölmiðli er samkvæmt þessari grein og 55. gr. a átt við aðila sem býður ýmiss konar efni til dreifingar á ljósvakamarkaði, hvort sem um er að ræða hljóð, mynd eða texta, svo sem kvikmyndir, tónlist, sjónvarpsefni og talað orð. Ákvæði 9. gr. útvarpslaga um lýðræðislegar grundvallarreglur, 11. gr. um andsvarsrétt, 12. gr. um kærur og 14. gr. um vernd barna gegn óheimilu efni skulu einnig að breyttu breytanda eiga við um þá fjölmiðla sem ekki þurfa leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps.

2. gr.

Á eftir 55. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (55. gr. a.)

Flutningsréttur dreifiveitu.

Fjölmiðli, sbr. 4. mgr. 55. gr., er skylt að verða við málefnalegri beiðni dreifiveitu um aðgang að því efni sem hann býður til dreifingar, að því tilskildu að viðkomandi fjölmiðill eigi rétt á að dreifa efninu samkvæmt viðkomandi dreifileið, að slík dreifing sé tæknilega möguleg og að dreifingin uppfylli tæknilegar kröfur fjölmiðilsins um gæði myndar og hljóðs. Fjölmiðillinn skal útbúa gjaldskrá og birta hana opinberlega og á aðgengilegan hátt. Gjaldskráin skal vera málefnaleg og hlutlæg.

b. (55. gr. b.)

Lausn ágreiningsmála vegna 55. gr. og 55. gr. a.

Ágreiningi um flutningsskyldu dreifiveitu skv. 55. gr. má vísa til úrskurðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Ágreiningi um flutningsrétt dreifiveitu skv. 55. gr. a má vísa til úrskurðar útvarpsréttarnefndar samkvæmt útvarpslögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að settar verði reglur sem lúta að því að fjölmiðill geti fengið dreifingu á þeirri dreifiveitu sem hann kýs *(flutningsskylda,* e. must carry rule) og hins vegar að dreifiveitu verði gert kleift að fá til sín það efni sem hún kýs *(flutningsréttur,* e. may carry rule). Með því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir er tryggt að rekstur fjölmiðils og dreifiveitu blandast ekki saman. Hvor atvinnureksturinn um sig keppir á markaði á eigin forsendum. Neytendur eiga því að geta keypt aðgang að alls kyns ljósvakaefni óháð því við hvaða dreifiveitu þeir skipta.

Undanfarin missiri hefur nokkuð verið rætt um fjölmiðlalöggjöf á Íslandi. Flutningsmenn álíta að af þeim breytingum sem til greina koma sé brýnast að lögfesta skýrar reglur um samskipti dreifiveitu og fjölmiðils (stundum kallaður efnisveita í þessu samhengi). Tæknibróun í stafrænum sendingum er hröð. Bæði fyrirtæki og neytendur á þessu sviði þurfa mjög á því að halda að lagaramminn sé skýr til frambúðar, meðal annars vegna mikils fjárfestingarkostnaðar við búnað. Skynsamlegt er því að stjórnvöld móti nú þegar reglur um réttindi og skyldur til efnisflutnings og freisti þess að um þær skapist sátt meðal neytenda, fjölmiðla- og dreififyrirtækja á markaði og annarra sem hagsmuna eiga að gæta.

Í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla frá apríl 2005 er m.a. fjallað um flutningsskyldu og flutningsrétt og dregur frumvarp þetta dám af tillögum og umfjöllun nefndarinnar um efnið. Í kafla 7.4.5. skýrslunnar er staðan á íslenskum fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði rakin og síðan segir svo (bls. 260–61):

„Nefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa, sem og dreifiveitu óháð efninu.

Svokölluð „must carry"-regla er þekkt í Evrópu og er í gildi í mörgum Evrópuríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði, og er markmið hennar aðallega að vernda fjölmiðla í almannaþjónustu (e. public service). Regla þessi á sér að nokkru leyti stoð í 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. og tilvitnaðar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda frá því í mars 2005. Í 55. gr. fjarskiptalaga segir að skylda megi aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur eru þó aðeins lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

Nefndin telur að þegar tekið er tillit til núverandi stöðu á íslenskum markaði sé rétt að setja reglur sem lúta að því að efnisveitur, sem það kjósa, geti fengið dreifingu á þeim dreifiveitum sem þær óska eftir (e. must carry). Með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu, sem uppi er á hinum örsmáa íslenska markaði, ganga tillögur nefndarinnar lengra þar sem hún telur nauðsynlegt að ákvæðið nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa hér á landi. Slíkt ákvæði myndi tryggja litlum efnisveitum aðgang að

dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýjar efnisveitur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í dreifikerfum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að reglan gangi í báðar áttir og leggur til að dreifiveitum verði gert kleift að fá til sín það efni sem þær kjósa (e. may carry). Nefndinni er ekki kunnugt um að settar hafi verið slíkar reglur annars staðar. Í Evrópu hafa yfirvöld hins vegar gert sér grein fyrir því að það efni, sem áhorfendur vilja, hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli er nauðsynlegt fyrir dreifiveitur að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæfar með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með formlegum hætti í Evrópu.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 55. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að leggja megi flutningsskyldu á dreifiveitu í undantekningartilvikum og að uppfylltu nánar tilteknu skilyrði. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að reglan verði gerð almennari, sbr. það sem áður var rakið í almennum athugasemdum. Í 1. mgr. er lögð til sambærileg regla við þá sem er nú í 55. gr. laganna, þó nokkuð einfölduð. Með hugtakinu „almannaútvarp“ í greininni er fyrst og fremst átt við Ríkisútvarpið eins og það starfar nú. Ekki er þó útilokað að í framtíðinni verði til aðrar stöðvar sem teljast gegna hlutverki almannaútvarps og því telja flutningsmenn rétt að binda ákvæðið ekki við Ríkisútvarpið eitt. Eðlilegt er að Póst- og fjarskiptastofnun hafi samráð við yfirvöld menningarmála ef upp kemur ágreiningur um þetta efni, en skilgreiningu á almannaútvarpi má m.a. sjá í viðauka I við tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, nr. R (96) 10, um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, og í samþykkt ráðherrafundar Evrópuráðsins í Prag 1994 um fjölmiðlun í lýðræðissamfélagi.

Í 2. mgr. er reglan rýmkuð þannig að hún taki til annarra fjölmiðla en þeirra sem um getur í 1. mgr. Gerð er krafa um að beiðni sé málefnaleg og að tæknileg skilyrði séu uppfyllt af beggja hálfu. Með málefnalegri beiðni er átt við að dreifingar sé óskað á venjulegum viðskiptaforsendum sem miðast við að þjóna neytendum.

Samkvæmt 3. mgr. skal dreifiveita útbúa gjaldskrá fyrir notkun dreifikerfis skv. 1. og 2. mgr. þar sem fram kemur verð fyrir aðganginn og birta hana opinberlega og á aðgengilegan hátt. Gjaldskráin skal vera málefnaleg og hlutlæg. Í 4. mgr. eru hugtökin „dreifiveita“ og „fjölmiðill“ skilgreind í þessu samhengi. Lagt er til að tilteknar greinar útvarpslaga, þ.e. ákvæði um lýðræðislegar grundvallarreglur, andsvarsrétt, kærur og vernd barna gegn óheimilu efni, skuli einnig eiga við um þá fjölmiðla sem ekki þurfa leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps. Þetta ákvæði á m.a. við um fyrirtæki eða einstakling sem vill dreifa um dreifiveitu ákveðnu efni sem ekki flokkast undir „útvarpsdagskrá“ í skilningi útvarpslaga (heildarsamsetningu dagskrárliða í útvarpi, sjá a–c-liði 1. gr. þeirra laga).

Um 2. gr.

Hér er lagt til að reglan um flutningsrétt dreifiveitu verði lögfest og vísast til almennra athugasemda hér að framan. Eðlilegt er að rétturinn sæti nokkrum takmörkunum, þ.e. að viðkomandi fjölmiðill eigi rétt á að dreifa efni sínu samkvæmt viðkomandi dreifileið, að slík dreifing sé tæknilega möguleg og að dreifingin uppfylli tæknilegar kröfur fjölmiðilsins um gæði myndar og hljóðs. Hér er einnig gerð krafa um að beiðni sé málefnaleg.

Þá er lagt til að sett verði sérstök grein um lausn ágreiningsmála. Í henni er málsaðilum veitt heimild til að leita annars vegar úrskurðar Póst- og fjarskiptastofnunar ef upp kemur ágreiningur um flutningsskyldu og hins vegar úrskurðar útvarpsréttarnefndar ef upp kemur ágreiningur um flutningsrétt. Gert er ráð fyrir að úrskurðarstofnanirnar móti vinnureglur um þetta í samráði við helstu hagsmunaaðila.

Um 3. gr.

Gefa þarf aðilum á þessum markaði tíma til aðlögunar og er því lagt til að lögin taki gildi nokkru eftir samþykkt frumvarpsins.

732. Fyrirspurn [500. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraflutninga innan lands með flugvélum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hve oft á ári voru flugvélar notaðar til sjúkraflutninga innan lands árin 2000–2004 og með hversu marga sjúklinga var flogið?
2. Hve oft var flogið til Reykjavíkur og lent á Reykjavíkurflugvelli á tímabilinu og með hvað marga sjúklinga?
3. Hvaðan var flogið?
4. Hver var, þegar lent var á Reykjavíkurflugvelli:
   a. viðbragðstíminn, frá því að kallað var eftir flugvél og þar til sjúklingur var kominn um borð,
   b. flugtíminn, frá því að sjúklingur kom um borð í vél og þar til hún lenti?
   Óskað er eftir upplýsingum um stysta tíma, lengsta tíma og meðaltíma.
5. Hvert var hlutfall þeirra sjúklinga sem flogið var með til Reykjavíkur og höfðu legið á sjúkrastofnun utan borgarinnar, þ.e. voru fluttir milli sjúkrastofnana?
6. Eru til upplýsingar hversu „akút“ sjúkraflugið til Reykjavíkur var í hverju tilviki?
7. Eru til rannsóknir á afdrifum sjúklinga sem fluttir voru með flugvél til Reykjavíkur? Svar óskast sundurliðað sem hér segir:
   a. dánartíðni á sjúkrahúsi eftir flutninginn,
   b. dvöl (legudagar) á sjúkrahúsi í Reykjavík,
   c. útskrift: heim, á stofnun, annað sjúkrahús,
   d. hvort flutningstími til Reykjavíkur hafi haft afdrifarík áhrif á batahorfur sjúklings.
8. Hvort eru áhafnir sjúkraflugvéla á staðarvöktum eða bakvöktum?
9. Hver er skilgreindur viðbragðstími þessara starfsmanna í sjúkraflugi, þ.e. sá tími sem líður frá útkalli til flugtaks?

Skriflegt svar óskast.

733. Fyrirspurn [501. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraflutninga innan lands með þyrlum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hve oft á ári voru þyrlur notaðar til sjúkraflutninga innan lands árin 2000–2004 og með hversu marga sjúklinga var flogið?
2. Hve oft á sama tíma var lent á:
   a. Reykjavíkurflugvelli og með hvað marga sjúklinga,
   b. þyrlupalli í Fossvogi og með hvað marga sjúklinga?
3. Hvaðan var flogið?
4. Hver var, þegar lent var á Reykjavíkurflugvelli eða þyrlupalli í Fossvogi:
   a. viðbragðstíminn, frá því að kallað var eftir sjúkraflugi og þar til sjúklingur var kominn um borð í þyrluna,
   b. flugtíminn, frá því að sjúklingur kom um borð og þar til þyrlan lenti?
   Óskað er eftir upplýsingum um stysta tíma, lengsta tíma og meðaltíma.
5. Hvert var hlutfall þeirra sjúklinga sem flogið var með til Reykjavíkur og höfðu legið á sjúkrastofnun utan borgarinnar, þ.e. voru fluttir milli sjúkrastofnana?
6. Eru til upplýsingar um hversu „akút“ sjúkraflugið til Reykjavíkur var í hverju tilviki? Svarið óskast sundurliðað eftir því hvort lent var á Reykjavíkurflugvelli eða á þyrlupalli í Fossvogi.
7. Eru til rannsóknir á afdrifum sjúklinga sem fluttir voru með þyrlu til Reykjavíkur? Upplýsingar óskast um eftirfarandi:
   a. dánartíðni á sjúkrahúsi eftir flutninginn,
   b. dvöl (legudagar) á sjúkrahúsi í Reykjavík,
   c. útskrift: heim, á stofnun, annað sjúkrahús,
   d. hvort flutningstími til Reykjavíkur hafi haft afdrifaríik áhrif á batahorfur sjúklings.
8. Hvort eru áhafnir þyrlna á staðarvöktum eða bakvöktum?
9. Hver er skilgreindur viðbragðstími þessara starfsmanna í sjúkraflugi, þ.e. sá tími sem líður frá útkalli til flugtaks?

Skriflegt svar óskast.

734. Fyrirspurn [502. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjúkraflutninga til og frá Íslandi.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hve oft á ári var flogið með sjúklinga til og frá Íslandi árin 2000–2004 og hvað voru það margir sjúklingar?
2. Hve oft var flogið frá:
   a. Reykjavíkurflugvelli,

b. Keflavíkurflugvelli,
og með hvað marga sjúklinga frá hvorum velli?
3. Hve oft var lent á:
a. Reykjavíkurflugvelli,
b. Keflavíkurflugvelli,
og með hvað marga sjúklinga?
4. Eru til upplýsingar um hversu „akút" sjúkraflug frá landinu var í hverju tilviki? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort flogið var frá Reykjavík eða Keflavík.
5. Eru til upplýsingar um hversu „akút" sjúkraflug til landsins var í hverju tilviki? Svar óskast sundurliðað eftir því á hvorum flugvellinum var lent.
6. Liggur fyrir rannsókn á afdrifum sjúklinga sem flogið var með frá landinu og eftir brottfararvelli?
7. Liggur fyrir rannsókn á afdrifum sjúklinga sem flogið var með til landsins og eftir lendingarstað?
8. Hve stór hluti þessa sjúkraflugs var greiddur af:
a. Tryggingastofnun ríkisins,
b. tryggingafélögum (erlendum/innlendum),
c. innlendum sjúkrastofnunum,
d. öðrum?

Skriflegt svar óskast.

735. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Liðurinn *Bifhjól* orðast svo:
Bifhjól:
a. Vélknúið ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða farmflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til farmflutninga, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma, sé það rafknúið.

b. Við bætast tveir nýir liðir í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
Farstarfsmaður:
Starfsmaður sem er hluti af ferðastarfshóp, þ.m.t. lærlingar og nemar, sem er í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningsþjónustu á vegum og flytur farþega eða farm gegn gjaldi eða á eigin vegum.

Flytjandi:
Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks- eða farmflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd um akstur utan vega.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

3. gr.

44. gr. a laganna orðast svo:

Ráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni, ökurita o.fl., þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. lágmarksaldur ökumanna sem sjá um þá flutninga sem reglurnar taka til,
c. aksturstíma ökumanns hvern dag, skyldu ökumanns til að gera hlé á akstri og til að taka daglega og vikulega hvíld frá akstri,
d. skyldu til notkunar ökurita sem er búnaður ökutækis þar sem m.a. eru skráðar og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns auk hraða ökutækis,
e. skyldu til að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma,
f. skyldu til afhendingar gagna með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. c- og d-lið,
g. útgáfu, efni og form ökuritakorts sem er lykill að rafrænum ökurita og í eru varðveittar rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
h. skyldu flytjanda til að leita til viðurkenndra viðgerðarmanna eða verkstæða til uppsetningar ökurita,
i. gjald fyrir ökuritakort,
j. skyldu ökumanns og flytjanda til að fylgja reglum sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein.

Ökumaður og flytjandi skulu sjá til þess að ökuriti sé notaður og fylgt sé reglum um notkun hans og um varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma.

Óheimilt er að miða laun ökumanns, sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni samkvæmt þessari grein, við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi séu greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er óheimilt að veita ökumanni kaupauka eða launauppbót í framangreindum tilvikum.

Ráðherra setur reglur um viðurkennda viðgerðarmenn eða verkstæði til uppsetningar ökurita.

4. gr.

Á eftir 44. gr. a laganna kemur ný grein, 44. gr. b, sem orðast svo:

Ráðherra setur reglur um skipulag vinnutíma farstarfsmanna sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni, sbr. 1. mgr. 44. gr. a. Í reglunum skal m.a. kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. skilgreiningu vinnustaðar, vinnutíma og hvíldartíma,
c. heimilaðan hámarksfjölda vinnustunda á viku og skyldu til að vinna ekki umfram hann,
d. skyldu til að gera hlé á vinnu og til að taka daglegan og vikulegan hvíldartíma,
e. skyldu til skráningar vinnutíma og
f. skyldu til varðveislu gagna í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

Farstarfsmönnum er skylt að haga vinnutíma og vinnutilhögun í samræmi við reglur sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein. Flytjandi skal bera ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna.

5. gr.

Á eftir 45. gr. laganna kemur ný grein, 45. gr. a, sem orðast svo:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Mælist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði eða þvagi ökumans telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr.

Eigi má fela manni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr. stjórn ökutækis.

6. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Ökumanni vélknúins ökutækis er skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef

a. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. gr. og 45. gr. a,
b. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim enda sé þar kveðið á um heimild til töku öndunar- eða munnvatnssýna,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

Lögreglan getur fært ökumann til rannsóknar á öndunar- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 45. gr. a eða hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té munnvatnssýni eða er ófær um það. Liggi fyrir grunur um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglan auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.

Lögregla annast töku öndunar- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða líf-eindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns- og þvagsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.

Ráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1., 2. og 3. mgr. Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 15.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.

7. gr.

Við 3. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því. Skal yfirmaður verkstæðis gera eiganda ökutækisins viðvart og tilkynna til lögreglu, verði eigi úr bætt.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „bifreið“ í 1. mgr. kemur: bifhjól.
b. Orðin „bifhjól og“ í 3. mgr. falla brott.

9. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

Lögreglu er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Henni er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða hvenær sem er til þess að sinna eftirliti með:

a. aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita,
b. stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja,
c. hleðslu, frágangi og merkingu farms.

Ökumaður og flytjandi skulu hlíta þeim reglum sem ráðherra setur um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 1. mgr. 76. gr.

Ökumanni farmflutninga- eða hópbifreiðar er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki, sbr. 2. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður skoði stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og skal veita honum aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti, eða með öðrum hætti. Ef við eftirlit vaknar grunur um brot á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, eða hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 2. mgr., er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta banni eftirlitsmanns um frekari för þar til því hefur verið aflétt. Óhlýðnist ökumaður banni eftirlitsmanns skal það þegar tilkynnt til lögreglu.

Ökumaður eða flytjandi skal, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, afhenda eftirlitsaðila gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 44. gr. a. Þetta gildir jafnt um eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn skal það tilkynnt til lögreglu. Ráðherra setur reglur um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki og um framkvæmd eftirlits.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis þar sem m.a. skal kveðið á um skyldu til að

tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Ráðherra setur jafnframt reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í ökutæki.*

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifhjólið er á ferð.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður við akstur bifhjóla.*

12. gr.

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur sett frekari reglur um hleðslu og frágang farms, skyldu til að breiða yfir farm, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

13. gr.

3. mgr. 100. gr. laganna orðast svo:

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi skal honum einnig refsað fyrir brotið. Gera má lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot gegn 2. mgr. 44. gr. a, 2. mgr. 44. gr. b auk 3. og 5. mgr. 68. gr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

14. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, eða 45. gr. a.

Neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og vínandamagni í blóði ökumanns eða vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 45. gr. a skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjá mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði eða þvagi ökumanns.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða 45. gr. a eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en tvö ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið. Varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjú ár.

Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 4. mgr., ef:

a. hann hefur meðferðis við stjórnun ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði eða þvagi hans mælast, og
b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjakort frá Tryggingastofnun ríkisins vegna neyslu þeirra efna sem í blóði eða þvagi hans mælast og
c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

15. gr.

G-liður 1. mgr. 108. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

3. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Orðin „og rannsóknir á orsökum umferðarslysa“ í h-lið 1. mgr. 112. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „200 kr.“ í 2. mgr. 114. gr. laganna kemur: 400 kr.

19. gr.

Lög þessi endurinnleiða í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir ESB sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Reglugerð ráðsins um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, nr. 3820/85/EBE (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 20 í viðauka XIII).
b. Reglugerð ráðsins um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, nr. 3821/85/EBE, með síðari breytingum (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 21 í viðauka XIII).
c. Tilskipun ráðsins um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og 3821 (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 23 í viðauka XIII).

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir ESB sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum, nr. 2002/15/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2003.
b. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins, nr. 91/671/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í öku-

tækjum innan við 3,5 tonn, nr. 2003/20/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2003.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið á vegum samgönguráðuneytisins í samráði við Umferðarstofu. Leitað var umsagna ýmissa aðila, svo sem Ríkislögreglustjóra, Lögreglustjórans í Reykjavík og Ríkissaksóknara auk dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Breytingar sem frumvarpið felur í sér eru liður í markmiði samgönguráðuneytisins um bætt umferðaröryggi fyrir landsmenn í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005 í formi þingsályktunar. Ráðuneytið hefur sett fram eftirfarandi markmið í því efni: Fjöldi látinna í umferð á hverja 100 þúsund íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, mælt sem meðaltal 5 undanfarandi ára.

Á vormánuðum 2004 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til að vinna að stefnumótun í umferðaröryggismálum til ársins 2016. Aðgerðum sem stýrihópurinn lagði sérstaka áherslu á var skipt í eftirtalda flokka: Öruggur ökuhraði, öruggari vegir, öruggari ökumenn, öryggisbúnaður ökutækja og löggæsla/forvarnir. Frumvarpi þessu um breytingar á umferðalögum er auk þess ætlað að renna stoðum undir umferðaröryggisáætlun samgönguráðuneytisins og stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir landsmenn alla.

II. Helstu breytingar sem í frumvarpinu felast.

1. Gerðir Evrópusambandsins (ESB).

Lagðar eru til nokkrar breytingar í frumvarpinu til samræmis við fimm gerðir Evrópusambandsins með síðari breytingum. Tvær þeirra, reglugerð (EB) nr. 3820/85/EBE frá 20. desember 1985 og reglugerð (EB) nr. 3821/85/EBE frá 20. desember 1985, varða akstur og hvíldartíma ökumanna auk ökurita. Sú þriðja, tilskipun ráðsins (EBE) nr. 88/599, frá 23. nóvember 1988, varðar eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Hin fjórða er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EBE frá 11. mars 2002 sem varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum. Fimmta gerðin er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB frá 8. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Allar kveða gerðirnar á um nokkrar efnisbreytingar á lögunum.

a. Reglur um akstur og hvíld ökumanna farmflutninga- og hópbifreiða í atvinnurekstri.

Breytingar á lögunum sem framangreindar gerðir hafa í för með sér, felast einkum í því að endurinnleiða ítarlegri reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna farmflutninga- og hópbifreiða í atvinnurekstri, notkun ökurita og eftirlit með notkun þeirra. Ein af þýðingarmestu breytingum frumvarpsins er að styrkja lagastoðir ákvæða um akstur og hvíld fyrrgreindra atvinnubílstjóra. Breytingin er m.a. til komin vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 251/2004 þar sem ákærði var sýknaður af kröfu ákæruvalds fyrir brot á reglu um aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Með dómi Hæstaréttar var ekki hægt að framfylgja reglum um hvíldartíma ökumanna. Þessi réttaróvissa er óviðunandi og hefur slæm áhrif á umferðaröryggi. Breyting frumvarpsins á ákvæðum varðandi aksturs- og hvíldartíma miðar að því að bæta

verknaðarlýsingar laganna þannig að refsiákvæðin verði virk og hægt verði að framfylgja reglum um aksturs- og hvíldartíma. Breytingarnar kveða á um lágmarkshvíldartíma ökumanna til að draga úr hættu sem skapast getur vegna þreytu atvinnubílstjóra.

Markmið reglnanna um aksturs- og hvíldartíma er að auka umferðaröryggi. Á Íslandi hefur þróun flutninga verið hröð á undanförnum árum. Auknar kröfur viðskiptalífsins um meiri hraða og sveigjanleika í fólks- og farmflutningum hafa leitt til umsvifameiri landflutninga, m.a. á kostnað sjóflutninga. Þessir auknu landflutningar hafa líkt og í öðrum löndum orsakað meira álag á vegakerfið, flutningsfyrirtæki og starfsmenn þeirra, með vaxandi hættu á slysum vegna þreytu atvinnubílstjóra.

Þegar stórt flutningatæki sem flytur fjölda farþega, þungan farm eða hættuleg efni lendir í umferðaróhappi geta afleiðingarnar orðið mjög alvarlegar. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem lögð hefur verið á það mikil áhersla innan Evrópusambandsins að auka umferðaröryggi með reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra og nú síðast með tilskipun um notkun á rafrænum ökuritum. Þetta er mikilvægur liður í eftirliti með það að markmiði að draga úr álagi á atvinnubílstjóra við akstur stórra ökutækja.

Erfitt er að ná fram tölfræði um það hve mörg slys megi rekja til þreytu ökumanna því slysavaldar eru ekki líklegir til að gefa upp þreytu sem orsök óhapps. Árlega verða mörg þúsund umferðarslys á Íslandi og mörg hver með alvarlegum afleiðingum. Ætla má að þreyta sé undirliggjandi orsök í stórum hluta tilvika. Í því sambandi má benda á norska skýrslu sem áætlar að um 30% framaná- og útafkeyrslna séu af völdum þreytu ökumanna. Það má vel yfirfæra þessar tölur á Ísland, enda aðstæður svipaðar hér og í öðrum löndum Evrópu.

Röksemdir gegn innleiðingu ökurita hafa einkum verið þær að á Íslandi séu aðstæður ekki þær sömu og á meginlandi Evrópu. Þar sé hægt að aka þúsundir kílómetra í einni lotu og því meiri hætta á að ökumenn valdi slysum þegar þeir hafa verið lengi við akstur. Þessi hætta sé í raun ekki fyrir hendi hér á landi þar sem vegalengdir eru styttri. Þetta er vissulega rétt. Hins vegar skal á það bent að það tíðkast mjög hér á landi meðal atvinnubílstjóra að þeir taki að sér mörg verkefni, hvert á eftir öðru, eins og alkunna er í íslensku viðskiptalífi. Þetta hefur það í för með sér að sami bílstjórinn tekur að sér akstur milli margra staða á skömmum tíma og með litlum hléum. Sami bílstjórinn skiptir jafnvel um ökutæki nokkrum sinnum á leið sinni um landið. Þetta hefur það í för með sér að þegar á heildina er litið samsvarar ökutími atvinnubílstjóra á Íslandi þeim ökutíma sem viðgengst víða á meginlandi Evrópu. Uppsöfnuð þreyta og streita atvinnubílstjóra á Íslandi er því af sama meiði og þreyta atvinnubílstjóra á meginlandi Evrópu. Þreyttur ökumaður er jafn hættulegur umhverfi sínu, hvort sem hann keyrir um á götum stórborga á meginlandinu eða á Íslandi. Jafnframt má halda því fram að íslenska vegakerfið sé í raun ekki eins þróað og vegakerfi á meginlandinu og því krefjist akstur á íslenskum vegum mun meiri einbeitingar en ella. Af framangreindu má því vera ljóst að reglur sem stuðla að hæfilegri hvíld atvinnubílstjóra á meginlandi Evrópu eiga fullt erindi við ökumenn á Íslandi sem vinna við svipaðar aðstæður, þ.e. langan vinnutíma og streituvaldandi vinnuumhverfi.

Á margan hátt má líkja reglum um akstur og hvíld við þær öryggisreglur sem eru í gildi í flugi. Enginn myndi sætta sig við að reglum um vinnutíma starfmanna í flugvélum yrði ekki framfylgt. Fyrir flugmenn eru þetta sjálfsagðar öryggiskröfur og brot á þeim ekki liðin. Þessi sjónarmið ættu einnig að vera í hávegum höfð þegar fjallað er um flutninga á vegum, því umferðarslys eru ekki einkamál þess sem veldur, heldur málefni sem snertir allt samfélagið.

Önnur rök fyrir reglum um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra snúa að heilsuvernd og félagslegum þáttum. Reglunum fylgir öruggara og betra starfsumhverfi fyrir stéttina.

Viðurkennd eru heilsuspillandi áhrif streitu og þreytu sem fylgir löngum vinnulotum. Þar er reglum um akstur og hvíld ætlað að grípa inn í.

Að lokum leiða reglurnar til jafnari samkeppnisstöðu flutningafyrirtækja sem undir reglurnar falla. Minni hætta er á að fyrirtæki leitist við að skapa sér betri samkeppnisstöðu með því að leggja að starfsmönnum sínum að vinna langa vinnudaga eða gangast undir langar fjarvistir frá heimilum sínum. Í stað þess verða fyrirtækin að bæta samkeppnisstöðu sína eftir öðrum leiðum, t.d. með hagkvæmari tækjum eða aðhaldi í rekstri. Þetta gildir hvorutveggja um fyrirtæki í Evrópu og á Íslandi. Þess þekkjast dæmi að erlendar ferðaskrifstofur sendi rútur og ökumenn með ferju til landsins til að aka ferðamönnum á þeirra vegum um landið. Reglur um aksturs- og hvíldartíma ná jafnt til slíkra ökumanna sem innlendra.

Með hliðsjón af framangreindu og fyrrnefndum dómi Hæstaréttar er því með þessu frumvarpi lagt til að ákvæði umferðarlaga um þetta efni verði ítarlegri en nú er og að í lögum verði tilteknar nánar þær kvaðir sem megi leggja á ökumenn með reglugerð. Miðað er við að ný reglugerð verði gefin út þar sem reglur um aksturstíma ökumanns hvern dag verði settar fram með beinum hætti og um skyldu ökumanns til þess að gera hlé á akstri vegna daglegs eða vikulegs hvíldartíma.

b. Reglur um farstarfsmenn og aukið eftirlit Vegagerðarinnar.

Jafnframt er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/15/EBE gert ráð fyrir reglum varðandi farstarfsmenn (e. mobile workers), sem ekki hafa verið sérstakar reglur um í íslenskri löggjöf til þessa. Gert er ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, auk hleðslu, þannig að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði fengnar auknar heimildir til úrræða. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsmenn Vegagerðarinnar hafi eftir sem áður skýra heimild til að stöðva ökutæki í þágu eftirlits. Veruleg breyting verður á framkvæmd eftirlitsins með tilkomu nýrra rafrænna ökurita og rafrænna ökuritakorta sem árita skal í notkun fyrir 1. maí 2006. Þá er í frumvarpinu nýmæli um skyldu ökumanns og flytjanda til þess að afhenda, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, gögn vegna eftirlits með aksturs- og hvíldartíma. Markmiðið er að auka umferðaröryggi þannig að minni hætta skapist af ökumönnum, ökutækjum eða skemmdum vegum.

c. Skyldubundin notkun öryggisbelta í ökutækjum.

Jafnframt er lögð til breyting á 71. gr. laganna með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB frá 8. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Miðar breytingin að því að ráðherra verði falið að setja frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis.

d. Skilgreiningar.

Lagt er til að bæta tveimur nýjum skilgreiningum í 2. gr. laganna, í samræmi við gerðir Evrópusambandsins, annars vegar á hugtakinu *flytjandi* og hins vegar á hugtakinu *farstarfsmaður*.

2. Ávana- og fíkniefni.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að byggt verði undir heimildir laganna varðandi óheimila stjórnun ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku

yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 5. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að við lögin bætist ný grein þessa efnis, 45. gr. a. Þá er sett fram nýmæli í 6. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á 47. gr. laganna varðandi skyldu ökumanns til að láta í té munnvatnssýni, að kröfu lögreglu, þegar grunur er um að hann hafi gerst brotlegur við lög vegna neyslu ávana- og fíkniefna samkvæmt framangreindu eða annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis. Nýmæli þetta um skyldu til að láta í té munnvatnssýni er til komið vegna vinnu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði í júlí árið 2000 til að skoða gildandi umferðarlöggjöf og reglugerðir samkvæmt þeim. Hópurinn sendi frá sér skýrslu í febrúar árið 2001 þar sem settar voru fram tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Er í skýrslunni m.a. lagt til að lögreglu verði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Er í frumvarpinu jafnframt gert ráð fyrir því að lögreglumönnum verði heimilað að færa ökumann til rannsóknar ef hann neitar lögreglunni um slíkt sýni eða ef hann er ófær um að láta það í té. Með tilkomu nýrrar tækni við rannsókn umferðarlagabrota af þessu tagi eru skilgreind ný viðmið í 5. gr. frumvarpsins (45. gr. a laganna) vegna neyslu ökumanna á ávana- og fíkniefnum. Sett er fram skýrt viðmið um það að ökumaður teljist óhæfur til að stjórna ökutæki ef í blóði hans eða þvagi mælast ólögleg ávana- og fíkniefni og beri að refsa sem slíkum. Einnig er lögð til breyting á viðurlagaákvæði 102. gr. laganna með það fyrir augum að akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna geti varðað ökuleyfissviptingu auk sekta eða fangelsis eins og áskilið er í hinu almenna refsiákvæði 100. gr. laganna. Gengið er út frá því að svipaðar reglur gildi og varða ökuleyfissviptingu vegna aksturs undir áhrifum áfengis. Mikilvægt er að ökumenn aki ekki undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna. Öryggi í umferðinni mundi stórbatna ef enginn æki við slíkar aðstæður en í 10% banaslysa er aðalorsök talin vera sú að sá látni hafi ekið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og 2,4% allra umferðarslysa má rekja til ölvunaraksturs. Til að ná fram bættu umferðaröryggi verður 250 millj. kr. varið til þess á næstu fjórum árum að draga úr akstri undir áhrifum áfengis eða annarra efna, m.a. með auknu eftirliti lögreglu, gerðar fræðslu- og kynningarefnis og áróðri.

3. Akstur utan vega.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagt til að sett verði í lögin tilvísun í lög um náttúruvernd varðandi akstur utan vega í dreifbýli. Í 17. gr. þeirra laga er að finna bann við akstri utan vega þar sem gert er ráð fyrir refsiábyrgð skv. 76. gr. náttúruverndarlaganna.

4. Gjaldtökuheimildir.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu lagt til að gerð verði breyting á innheimtu gjalds vegna brota á ákvæðum um að færa ökutæki til skoðunar og á þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 67. gr. laganna. Talið er heppilegra að innheimtu gjalds vegna slíkra brota verði fyrir komið hjá Umferðarstofu. Jafnframt er lögð til sú breyting að fjárhæð umferðaröryggisgjalds er hækkuð.

5. Umferðarstofa.

Í fimmta lagi er lagt til að ákvæði um hlutverk Umferðarstofu varðandi rannsóknir á orsökum umferðarslysa verði fellt brott enda hefur það hlutverk verið flutt til rannsóknarnefndar umferðarslysa, með samnefndum lögum.

6. Öryggis- og verndarbúnaður fyrir ökumann og farþega ökutækis og bifhjóls.

Í sjötta lagi er lagt til að lögfest verði heimild ráðherra til að setja frekari reglur um öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega ökutækis til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lagt til að lögfest verði skylda til notkunar öryggisbeltis við akstur bifhjóls, sé það til staðar. Fellt er niður bann við því að tengja eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um skyldu til að breiða yfir farm, sbr. 12. gr. frumvarpsins sem breyta á 4. mgr. 73. gr. laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreind verði tvö ný hugtök. Í fyrsta lagi hugtakið *flytjandi*. Hugtakið *flytjandi* er í frumvarpinu skilgreint sem skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks eða farmflutninga á vegum og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu. Hér er átt við þann aðila sem annast fólks- og farmflutninga á vegum, í atvinnuskyni og ber ábyrgð á því, ásamt ökumanni þegar við á, að fylgt sé reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Hugtakið flytjandi hefur fyrst og fremst þýðingu í lögunum að því er varðar reglur um akstur og hvíld atvinnubílstjóra.

Í reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ökurita o.fl., og innleiddar hafa verið með reglugerð nr. 136/1995 og breytingu á þeirri reglugerð, eru lagðar skyldur á þann sem annast í atvinnuskyni fólks- og farmflutninga á vegum. Í íslenskri þýðingu EB-reglugerða nr. 3820/85 og nr. 3821/85 eru ýmist notuð orðin *fyrirtæki*, *flutningafyrirtæki* eða *vinnuveitandi* um þann sem annast fólks- og farmflutninga á vegum í atvinnuskyni. Orðið *flytjandi* er hugsað sem samheiti yfir öll framangreind hugtök.

Með því að nota orðið *flytjandi* og skilgreina það með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er leitast við að hafa það skýrt hver það er sem annast þá flutninga sem hér um ræðir. Tekið skal fram að gengið er út frá því í frumvarpinu að sé skráður eigandi ökutækis kaup- eða rekstrarleigufyrirtæki skuli fyrirtækið ekki beitt viðurlögum samkvæmt 13. gr. frumvarpsins, nema það hafi jafnframt sjálft notað ökutækið til fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni, sbr. breytingar sem lagðar eru til á 4. mgr. 100. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Hefði kaup- eða rekstrarleigufyrirtæki afnot af ökutækinu til atvinnurekstrar teldist það því flytjandi í skilningi frumvarpsins, að því gefnu að ökutækið væri notað til fólks- eða farmflutninga.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að hugtakið *farstarfsmaður* (e. mobile worker), sem er nýyrði, verði skilgreint sem starfsmaður sem er hluti af ferðastarfshóp, þ.m.t. lærlingar og nemar, sem er í þjónustu fyrirtækis sem stundar flutningsþjónustu á vegum og flytur farþega eða farm gegn gjaldi eða á eigin vegum. Er hér átt við aðstoðarmann ökumanns sem vinnur í teymi með honum en sér þó ekki um akstur ökutækisins. Starf farstarfsmanns getur t.d. falist í því að sjá um hleðslu ökutækisins, affermingu, aðstoð við farþega, hreingerningu, viðhald o.fl.

Að lokum er í frumvarpinu lagt til að skilgreiningu hugtaksins *bifhjól* verði breytt á þann hátt að það nái til vélknúins ökutækis á fjórum hjólum eða fleiri, auk þess sem nú er, þ.e. ökutækis á tveimur eða þremur hjólum. Hugtökin *bifhjól* og *torfærutæki* eru skilgreind í 2. gr. gildandi laga og í regluerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Reglur um bifhjól mótast af EES-reglum en engar EES-reglur hafa verið innleiddar í íslenskan rétt um torfærutæki. Erlendis mun vera algengt að fjórhjól, skráð sem bifhjól, séu notuð til aksturs á vegum. Hér á landi eru á skrá fjölmörg torfærutæki, einkum fjórhjól, sem notuð eru við ýmis störf,

einkum í landbúnaði. Slík tæki hafa að nokkru komið í stað dráttarvéla. Samkvæmt gildandi lögum má ekki aka torfærutæki á vegi auk þess sem mun minni kröfur eru gerðar til búnaðar þess en til bifhjóls eða bifreiðar. Bifhjól á fjórum hjólum (fjórhjól) hefur hins vegar ýmsa kosti umfram torfærutæki og telst notkun þess því öruggari. Af þeim sökum er lagt til í frumvarpinu að heimilt sé að aka bifhjólum á fjórum hjólum eða fleiri á vegum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Í 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 var svohljóðandi ákvæði um hvíldartíma ökumanna: „Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.“ Með lögum nr. 84/1984 var 6. mgr. 44. gr. felld niður en í hennar stað sett ákvæði 44. gr. a sem kveður á um heimild ráðherra til að setja reglur um akstur og hvíldartíma ökumanns, þar á meðal notkun ökurita, varðveislu hans, ökuritakort og gjaldtöku fyrir ökuritakort. Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er reynt að styrkja frekar lagastoð um akstur og hvíld atvinnubílstjóra. Þessi breyting er m.a. til komin vegna dóms Hæstaréttar í málinu nr. 251/2004, þar sem ákærði var sýknaður af kröfu ákæruvaldsins fyrir brot á reglum um akstur og hvíldartíma ökumanna. Var í dómnum vísað til þess að sjálfstæða verknaðarlýsingu á broti varðandi hvíldartíma ökumanna væri hvorki að finna í 6. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, né heldur í reglugerð sem sett var með stoð í lögunum. Ákvæði 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga hefur að geyma aðgreinda refsireglu sem vísar til verknaðarlýsinga í öðrum ákvæðum laganna og í ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt þeim. Niðurstaða dómsins var sú að skýra refsiheimild skorti svo samrýmanlegt væri 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Í 100. gr. umferðarlaga er kveðið á um refsingu, sektir og fangelsi, vegna brota *gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim*. Samkvæmt því getur verknaðarlýsing brots verið hvort sem er í umferðarlögum eða í reglum settum samkvæmt þeim. Breyting frumvarpsins á ákvæðum laganna varðandi akstur og hvíldartíma ökumanna miðar að því að bæta verknaðarlýsingar þeirra þannig að refsiákvæðin verði virk og hægt verði að framfylgja reglum um aksturs- og hvíldartíma.

Breytingunni er jafnframt ætlað að tryggja að skýr lagaheimild sé fyrir innleiðingu áðurnefndra reglugerða Evrópusambandsins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl.

Reglur um aksturs- og hvíldartíma atvinnubílstjóra voru fyrst innleiddar í íslenskan rétt í framhaldi af gildistöku EES-samningsins 1993, með innleiðingu á reglugerðum Evrópubandalagsins frá 1985 nr. 3820/EBE, 3821/EBE og tilskipunum nr. 88/599/EBE og 2002/15/EB.

Ákvæði c–f liðar 1. mgr. um skyldu til notkunar ökurita og ökuritakorts, skráningar og varðveislu upplýsinga um aksturs- og hvíldartíma veita eftirlitsmanni rétt til aðgangs að upplýsingum um akstur ökutækisins. Þá er í i-lið gert ráð fyrir gjaldtökuheimild vegna kostnaðar sem af búnaðinum hlýst. Framangreind ákvæði eru einkum til komin vegna þess að til stendur að setja rafræna ökurita í þær bifreiðir sem reglur um aksturs- og hvíldartíma taka og nota í því sambandi rafræn ökuritakort. Gert var ráð fyrir að samræmdar reglur um notkun rafrænna ökurita tækju gildi 5. ágúst 2004 og þar með samræmdar reglur um notkun þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Gildistökunni hefur verið frestað til 1. maí 2006 en nýjar bifreiðir, sem reglur um akstur og hvíldartíma ökumanna taka til og skráðar eru frá þeim tíma, skulu vera búnar rafrænum ökurita.

Í 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir jafnri skyldu ökumanns og flytjanda til að tryggja að ökuriti sé notaður og fylgt sé reglum um notkun hans og varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma. Unnt er að beita ökumann viðurlögum skv. 1. mgr. 100. gr. laganna, sbr. 4. mgr. þeirrar greinar. Lagt er til í 13. gr. frumvarpsins að ábyrgð flytjanda verði aftur á móti hlutlæg að þessu leyti. Skilyrði er að brotið hafi orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Verður flytjanda gerð refsing þótt ekki verði staðreynt hver eftirtalinna aðila átti í hlut, þ.e. fyrirsvarsmaður flytjanda, starfsmaður hans eða annar á hans vegum. Markmiðið með því að leggja svo ríka ábyrgð á hendur flytjanda er að hann geti ekki firrt sig ábyrgð í þeim tilvikum þegar hann hefur lagt að ökumanni framkvæmd verks sem ekki er í samræmi við ákvæði laganna eða reglna settra með stoð í þeim. Um nánari umfjöllun varðandi hlutlæga ábyrgð flytjanda vísast til 13. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. er vinnuveitendum óheimilt að miða laun starfsmanna sinna, þ.e. ökumanna sem stunda farm- og fólksflutninga í atvinnuskyni, við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi, séu slíkar greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er talið eðlilegt að sporna við því að atvinnubílstjórar geti fengið slíkar launagreiðslur í formi kaupauka eða launauppbótar. Báðir málsliðirnir miða að því að reynt sé að fyrirbyggja að atvinnubílstjórum verði gert að vinna „í akkorði“ undir mikilli tímapressu, eða langar vinnutarnir, sem hvort tveggja er til þess fallið að skapa mikla hættu í umferðinni. Með orðunum „flutt magn af farmi“ er einkum horft til þess að bílstjórum verði ekki gert að sérstöku kappsmáli hversu margar ferðir þeir fara eða hversu fljótir þeir eru að aka bæjarhluta á milli. Ákvæðinu er því ætlað að standa vörð um aukið umferðaröryggi í landinu.

Að lokum er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglur um viðurkennda viðgerðarmenn eða verkstæði sem bærir eru til uppsetningar og viðgerðar ökurita.

Um 4. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að bætt verði við lögin nýrri grein, 44. gr. b, þar sem kveðið er á um skyldur farstarfsmanna (e. mobile workers), þ.e. þeirra aðila í áhöfn flutningabifreiða sem ekki teljast ökumenn í bókstaflegri merkingu orðsins. Gengið er út frá því að orðið farstarfsmaður verði nánar skilgreint í 2. gr. laganna. Þessi tillaga er til komin vegna tilskipunar nr. 2002/15/EB, sem inniheldur ákvæði um vinnutíma annarra í áhöfn flutningabifreiða en ökumanns. Tilskipunin gildir um farstarfsmenn sem eru ráðnir hjá fyrirtækjum sem stunda flutningastarfsemi á vegum sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til. Markmiðið með tilskipuninni er að setja lágmarkskröfur um skipulag á vinnutíma í því skyni að bæta heilsuvernd og öryggi farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum og til að bæta umferðaröryggi og samræma samkeppnisskilyrði. Tilskipunin gildir því til viðbótar ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85. Eðlilegt er að setja lagastoð vegna þeirra í umferðarlög. Á hinn bóginn er fátítt enn sem komið er að hér á landi starfi aðstoðarmenn atvinnubílstjóra á ferðum þeirra um landið svo efni tilskipunarinnar mun að líkindum koma til með að snerta fáa einstaklinga hérlendis eins og málum er nú háttað. Sú tillaga sem sett er fram í lokamálslið 2. mgr., varðandi ábyrgð flytjanda á skráningu vinnutíma farstarfsmanna, er til komin vegna áskilnaðar í fyrrnefndri tilskipun um ábyrgð og skyldur atvinnurekenda í þessu sambandi.

Breyting á umferðarlögunum er nauðsynleg þar sem í gildandi 44. gr. a umferðarlaga, sbr. einnig tillögu um breytingu á 44. gr. a í frumvarpi þessu, veitir ráðherra eingöngu heimild til að setja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sjálfra en nær ekki til vinnutíma aðstoðarmanna sem sinna öðrum störfum sem tengjast fólks- og farmflutningum á vegum, þ.e. öðrum en akstri.

Tillaga um reglur samkvæmt framangreindu mótast af sömu sjónarmiðum og tillaga sú sem rakin er í athugasemdum um 3. gr. frumvarpsins þar sem tekið er mið af fyrrnefndum dómi Hæstaréttar. Samkvæmt því er lagt til að settar verði sérstakar efnisreglur þar sem kveðið er nánar á um helstu atriði sem ráðherra skuli setja reglur um varðandi skipulag vinnutíma farstarfsmanna.

Um 5. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bætt verði við lögin nýrri grein, 45. gr. a, þess efnis að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni. Nú þegar er í lögunum bann við stjórnun ökutækis eða tilraun til stjórnunar ökutækis undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, sé ökumaður ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Hér er því um að ræða viðbót við núgildandi ákvæði með það fyrir augum að sporna við því að ökumenn séu undir áhrifum ávana- og fíkniefna við stjórn ökutækis. Gert er ráð fyrir því að unnt sé að refsa fyrir tilraun til stjórnunar ökutækis undir slíkum kringumstæðum og telst hún því vera sem fullframið brot.

Ef í blóði ökumanns eða þvagi mælast ólögleg ávana- og fíkniefni sem hér er vísað til, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Í ákvæðinu er gengið út frá því að í slíkum tilvikum sé rétt að taka af öll tvímæli um það að stjórnun eða tilraun til stjórnunar ökutækis undir áhrifum ólöglegra efna af því tagi sem hér um ræðir sé óheimil undir öllum kringumstæðum. Skilgreint mæligildi í blóði eða þvagi ökumanns er því 0 (núll). Með því að leggja til að miðað sé við núllmörk þegar um er að ræða bannmerkt efni samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni er farin sama leið og tíðkuð hefur verið í Svíþjóð um nokkurt skeið. Rétt er að taka fram að tillaga sú sem lögð er fram í frumvarpinu gengur lengra en sú tillaga sem fram kemur í skýrslu starfshóps dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá því í febrúar 2001. Í skýrslunni er lagt til að um akstur ökumanna undir áhrifum ávana- og fíkniefna fari eins og um akstur undir áhrifum áfengis, sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, þannig að ef ávana- og fíkniefni finnast í blóði eða þvagi ökumanns teljist hann ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega. Er í skýrslunni lagt til að miðað verði við neðra ölvunarstig við ákvörðun viðurlaga vegna stjórnunar ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Sú tillaga sem sett er fram í frumvarpinu og miðar við efra ölvunarstigið er í samræmi við alvarleika brota og ábendingar þess efnis að erfitt sé að ná fram sakfellingu í málum er varða akstur undir áhrifum lyfja eða ávana- og fíkniefna þar sem sanna þurfi að ökumaður geti ekki stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga. Hæstiréttur hefur gert ríkar kröfur um sönnun í slíkum málum auk þess sem talsverður fjöldi mála kemur aldrei á borð dómstólanna.

Lagt er til bann við því að hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. mgr. 45. gr. gildandi laga varðandi áfengið. Jafnframt er lagt til bann við að fela manni í því ástandi sem að framan greinir, stjórn ökutækis, en sama regla gildir varðandi áfengið, sbr. 7. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Um refsingar vísast til umfjöllunar um 14. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir heimild lögreglu til að framkvæma öndunarpróf á ökumanni vélknúins ökutækis undir ákveðnum kringumstæðum. Lögð er til sú breyting á ákvæðinu að ökumanni verði gert skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf. Jafnframt er lagt til það nýmæli að ökumanni verði gert skylt að láta í té munnvatnssýni undir

ákveðnum kringumstæðum. Lögreglumaður getur í þeim tilvikum sem upp eru talin í 1. mgr. ákvæðisins krafist þess að ökumaður vélknúins ökutækis gangist undir öndunarpróf og láti í té munnvatnssýni eftir atvikum ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 45. gr. og 45. gr. a, vegna neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða neyslu ávana- og fíkniefna samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni, ef hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Jafnframt er lögreglu heimilt að gera ökumanni að gangast undir slík próf ef talin er ástæða til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið sérstaklega á um heimild til töku öndunar- eða munnvatnssýna. Í samræmi við þetta nýmæli er lagt til að núgildandi 2. mgr. 47. gr. verði breytt á þann hátt að lögreglumaður geti fært ökumann til rannsóknar á munnvatnssýni, auk öndunarsýnis eins og nú er, eða til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 45. gr. a, eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða láta í té munnvatnssýni eða er ófær um það.

Framangreind breyting er til komin vegna tillögu starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði og skilaði skýrslu í febrúar árið 2001. Í skýrslunni er m.a. lagt til að lögreglu verði heimilað að taka munnvatnssýni til að kanna hvort ökumaður sé undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í skýrslunni er m.a. eftirfarandi tekið fram: „Skaðleg áhrif áfengis á hæfni ökumanns eru vel þekkt. Síðustu ár hefur aukin athygli beinst að akstri undir áhrifum fíkniefna með tilliti til umferðaröryggis. Erfitt er að segja til um ætlaðan fjölda ökumanna sem aka eða hafa ekið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja, vegna skorts á prófun ökumanna. Hins vegar er ljóst að fjöldi þeirra hefur aukist undanfarin ár og er talið að í Noregi hafi fjöldi þeirra sem aka undir áhrifum fíkniefna eða lyfja fimmfaldast á síðastliðnum 10–15 árum."

Mun erfiðara er fyrir lögreglu að leiða í ljós hvort ökumaður sé undir áhrifum annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis þar sem hún getur ekki með einföldum hætti sýnt fram á það á staðnum að viðkomandi sé undir áhrifum þessara efna.

Í fyrrnefndri skýrslu starfshópsins kemur enn fremur eftirfarandi fram: „Komið hafa fram nýjar aðferðir við að mæla hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna, aðrar en með blóð- eða þvagsýni. Þróuð hafa verði tæki til að greina hvort ökumaður sé undir áhrifum ýmissa ávana- og fíkniefna með töku munnvatnssýnis. Er þessi aðferð einföld í framkvæmd og er gerð af lögreglumanni á staðnum í stað þess að færa ökumann til læknis til rannsóknar. Í Belgíu og Sviss eru í almennri notkun tæki til slíkra mælinga. Slík tæki eru þó ekki lögfull sönnun þess að ökumaður sé ekki undir áhrifum og reynist sýnið jákvætt þarf að færa ökumann til blóð- eða þvagrannsóknar til nánari greiningar og staðfestingar. Með þessu er hins vegar hægt að leiða í ljós hvort ástæða sé til að færa ökumann til slíkrar rannsóknar og þannig hægt að komast hjá því að sýni séu send í dýrar rannsóknir sem ekki reynast svo jákvæð. Slíkar mælingar myndu auðvelda eftirlit lögreglu, spara verulega tíma hjá lögreglu, starfsfólki heilsugæslu og rannsóknarstofu, og þeirri kvöð oft létt af ökumanni að vera færður til frekari rannsóknar."

Lögregla annast töku öndunar- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum þvag- og munnvatnssýnis. Talið er eðlilegt að heimild til töku munnvatnssýnis sé bæði til handa lögreglu og fyrrgreindum heilbrigðisstarfsmönnum svo unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir á síðari stigum gerist þess þörf. Þær heimildir sem lögregla hefur til að rannsaka hvort ökumaður er undir áhrifum ávana- og fíkniefna felast í því að færa hann til töku á blóð- og þvagsýni sé ástæða til að ætla að ökumaður sé undir áhrifum. Öndunarsýni koma ekki að gagni í þessu skyni. Eftirlit lög-

reglu er því nokkuð torvelt og þekking lögreglumanna til að bera kennsl á einkenni áhrifa er takmörkuð. Talið er að tilkoma munnvatnssýnatöku muni auka skilvirkni og auðvelda eftirlit lögreglu í þessum málum til muna.

Breyta þarf gjaldtökuheimild 4. mgr. 47. gr. laganna um heimild til töku 6.500 kr. gjalds vegna töku öndunarsýnis. Um er að ræða heimild sem er ætlað að gera sakfellda aðila jafnstæða, hvort heldur sem þeim hefur verið gert að greiða reikning frá lækni vegna töku blóðsýnis eða eingöngu verið tekið öndunarsýni hjá lögreglu. Vegna aukins kostnaðar við töku og rannsókn blóðsýna er ástæða til hækkunar gjaldsins í 15.000 kr. til samræmis við framangreint.

Um 7. gr.

Lagt er til að við 3. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málsliður vegna þeirra tilvika þegar starfsmaður verkstæðis verður þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé áfátt. Í slíkum tilvikum skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því en yfirmaður verkstæðisins skal gera eiganda ökutækisins viðvart og tilkynna til lögreglu, verði eigi úr bætt. Samhljóða ákvæði er í 2. mgr. 68. gr. gildandi laga. Eðlilegra þykir að ákvæðið heyri undir 59. gr. laganna og eigi við um gerð og búnað almennt, og komi í beinu framhaldi af ákvæði um skyldu ökumanns til að gæta þess að ökutæki sé í góðu ástandi.

Um 8. gr.

Fellt er niður bann við því að tengja megi eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Ekki er talin þörf á banninu í lögum enda eru í reglugerð um gerð og búnað ökutækja settar reglur um þann tengibúnað sem vera skal á bifhjóli til þess að tengja megi við það eftirvagn eða tengitæki.

Um 9. gr.

Samkvæmt 68. gr. laganna er lögbundið að Vegagerðin annast eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna. Jafnframt er þar lögbundin heimild eftirlitsmanna Vegagerðarinnar til stöðvunar ökutækja til þess að skoða upplýsingar sem varðveitar eru í ökurita ökutækisins, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Lagt er til í frumvarpinu að styrkari stoðum verði skotið undir gildandi heimildir Vegagerðarinnar til að framfylgja þessum lögbundnu eftirlitsskyldum. Vegagerðinni verður samkvæmt frumvarpinu falið að sinna eftirliti með tilteknum skýrt afmörkuðum þáttum. Er lagt til að heimildin verði bundin við sérhæft eftirlit sem krefst tiltekins búnaðar og þekkingar á ökutækjum og flutningum, svo sem vigtun ökutækja, álestur og úrvinnslu gagna úr ökuritum og skoðun á frágangi farms og hleðslu. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á 1. og 2. mgr. 68. gr. um heimildir lögreglu og skyldur verkstæða samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er lagt til að ákvæðið um skyldur verkstæða og starfsmanna þess verði fært í 3. mgr. 59. gr. laganna sbr. umfjöllun um 7. gr. frumvarpsins. Almennt umferðareftirlit í þéttbýli og á þjóðvegunum er enn sem fyrr eitt af meginviðfangsefnum lögreglunnar.

Með breytingum á 68. gr. laganna er byggt undir heimildir Vegagerðarinnar til að viðhafa aukið eftirlit með ökutækjum o.fl. Vegagerðin hefur í mörg ár haft eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita í því sambandi, svo og með heildarþyngd og ásþunga ökutækja. Eftirlitið hefur að verulegu leyti farið fram í samvinnu við lögregluna þegar stöðva þarf ökutæki og taka skýrslur af ökumönnum. Í frumvarpinu er nú lagt til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði veitt aukið vald til að stöðva akstur farmflutninga- og hóp-

bifreiða, banna frekari för þeirra og krefjast upplýsinga og gagna, án aðkomu lögreglunnar. Hér er um að ræða þau ökutæki sem eru 3,5 tonn og þyngri.

Það er mikilvægt að umferðareftirlit á þjóðvegum sé öflugt, ekki síst vegna aukins fjölda ökutækja og aukinna farmflutninga. Miklir hagsmunir eru af því að þungatakmarkanir séu virtar. Of þungar bifreiðir á vegum geta valdið skemmdum á yfirborði og/eða burðarlagi vega. Viðgerð getur verið afar kostnaðarsöm og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir skemmdir með eftirliti með þunga farmflutningabifreiða. Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, renna tekjur af þungaskatti til vegagerðar. Vegagerðin les af ökumælum og hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Þetta eftirlit fer að nokkrum hluta fram úti á vegum landsins.

Samkvæmt 3. gr. tilskipunar 96/96/EB skal sérhvert aðildarríki taka upp tæknilegt eftirlit á vegum þannig að markmiðunum 1. gr. verði náð að því er varðar farmflutningabifreiðir, sem falla undir tilskipunina, með tilliti til innlendra reglna sem eiga við um slík ökutæki samkvæmt tilskipun 96/96/EB. Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 680/2002, sem breyting á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378/1998.

Hagkvæmt er að eftirlit beinist að öllum þeim atriðum sem skoða ber samkvæmt gildandi reglum þegar ökumaður farmflutningabifreiðar hefur sinnt stöðvunarmerki lögreglu eða eftirlitsmanns á vegum úti. Er í því sambandi átt við reglur um þungatakmarkanir, aksturs- og hvíldartíma, og frágang farms.

Ráðherra er samkvæmt frumvarpinu falið að setja nánari reglur um hæfi og starfsþjálfun eftirlitsmanna, auðkenni þeirra og framkvæmd eftirlits. Enn fremur er í þessari grein frumvarpsins lagt til að kveðið verði nánar á um eftirlitsheimildir þeirra, svo sem heimild til stöðvunar ökutækja sem þegar er til staðar samkvæmt gildandi lögum og skyldu ökumanns til að veita upplýsingar og aðgang að viðeigandi gögnum. Tekin eru af öll tvímæli um að á ökumanni og flytjanda hvíli sú fortakslausa skylda að fylgja þeim reglum sem ráðherra setur varðandi akstur og hvíld ökumanna, notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækis, hleðslu, frágang og merkingu farms. Vakni grunur um brot á ákvæðum laganna, t.d. hvað varðar ásþunga, hvíldartíma ökumanns eða um að frágangur farms sé hættulegur, og ökumaður neitar sök eða að ráðast í úrbætur getur eftirlitsmaður bannað áframhaldandi för á meðan beðið er eftir lögreglu sem við þær aðstæður tekur við málinu. Hlíti ökumaður ekki fyrirmælum eftirlitsmanns er um sjálfstætt brot að ræða sem tilkynna yrði til lögreglu og óska eftir aðstoð við að framfylgja fyrirmælum eftirlitsmanns.

Í tilskipun EB 88/599 er kveðið á um að tiltekinn hluti eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna skuli eiga sér stað í starfsstöð eða með því að óska eftir afhendingu gagna frá flytjanda. Er gert ráð fyrir að eftirlit sé framkvæmt annars vegar með heimsókn í starfsstöðvar flytjanda þar sem óskað er eftir tilteknum gögnum og hins vegar með því að óska eftir því að flytjandi sendi eftirlitsmanni gögn til skoðunar. Með heimsókn í starfsstöð flytjenda er unnt að stunda forvarnastarf með því að veita fræðslu um gildandi reglur og leiðbeina um skipulagningu aksturs innan ramma gildandi reglna. Synji aðili um að afhenda eða senda gögn skal það tilkynnt til lögreglu. Í 2. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um eftirlit ríkja EB með aksturs- og hvíldartíma í starfsstöðvum og á vegum úti. Hvert aðildarríkjanna skal skipuleggja eftirlit á þann hátt að árlega sé kannaður a.m.k. 1% vinnudaga ökumanna ökutækja sem falla undir gildissvið reglugerða EBE nr. 3820/85 og EBE nr. 3821/85. Minnst 15% af heildarfjölda kannaðra vinnudaga sé með vegaeftirliti og a.m.k. 25% með eftirliti á athafnasvæðum fyrirtækjanna.

Um viðurlög vegna brota á ákvæðinu vísast til umfjöllunar um 13. gr. frumvarpsins. Er þar gert ráð fyrir að unnt sé að beita ökumann, flytjanda eða báða eftir atvikum, viðurlögum

við því að neita að afhenda gögn. Fjárhæð sektar er ákveðin í reglugerð sbr. 4. mgr. 100. gr. laganna.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 71. gr. laganna, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/20/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 91/671/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn. Rétt er að gera ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt með reglugerð, svo sem verið hefur um tilskipanir og reglugerðir á sviði umferðarmála.

Tillögur um breytingu á 71. gr. laganna byggjast á því að ráðherra verði falið að setja frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis. Með þessu er m.a. gert ráð fyrir heimild ráðherra til að kveða nánar á um það hvaða búnaður teljist vera viðurkenndur, í skilningi umferðarlaga og reglna settra samkvæmt þeim. Skylda til notkunar slíks búnaðar verður eftir sem áður lögbundin. Þá er ráðherra einnig falin heimild til að ákveða í reglugerð þau tilvik þar sem kveðið skal á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Er hér einkum horft til þess að ráðherra geti t.d. ákveðið með reglugerð að skylt sé að tilkynna í hópferðabílum um skyldubundna notkun öryggistækja og jafnframt með hvaða hætti skuli tilkynnt þar um.

Um 11. gr.

Lögð er til breyting á 72. gr. laganna sem er nýmæli þess efnis að ökumanni bifhjóls sem búið er öryggisbelti verði gert skylt að nota beltið þegar bifhjólið er á ferð. Talið er að slíkur áskilnaður sé nauðsynlegur vegna þeirrar hættu sem getur skapast fyrir ökumann lendi ökutækið í óhappi.

Um 12. gr.

Lögð er til breyting á 73. gr. laganna um hleðslu ökutækja. Tillaga þessi er sett fram vegna ábendingar ríkislögreglustjóra í bréfi frá 3. október 2005 þar sem fram kemur ábending um að endurskoða þurfi lög um frágang á farmi.

Gert er ráð fyrir því í 4. mgr. 73. gr. laganna að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um þau tilvik þar sem skylt verður að breiða yfir farm ökutækis.

Um 13. gr.

Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. 100. gr. laganna hvað varðar ábyrgð flytjanda, en flytjandi telst vera lögaðili í skilningi laganna. Samkvæmt ákvæðinu má gera lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A. almennra hegningarlaga, fyrir brot gegn 2. mgr. 44. gr. a, 2. mgr. 44. gr. b auk 3. og 5. mgr. 68. gr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

Þegar horft er til viðurlaga vegna brota á reglum um akstur og hvíld ökumanna er mikilvægt að hafa í huga þau tilvik sem upp geta komið og kallað á viðbrögð refsiréttarlegs eðlis. Unnt þarf að vera samkvæmt reglunum að refsa ökumanni einum fyrir brot sem hann fremur eingöngu, flytjanda einum fyrir brot sem hann fremur sem lögaðili og báðum fyrir brot sem báðir eiga þátt í.

Gengið er út frá því að ákvæði 1. mgr. 100. gr. laganna, sem er almennt refsiákvæði, gildi fullum fetum um þau brot sem hér um ræðir. Ökumanni og flytjanda verður því gert að sæta viðurlögum hvorum um sig samkvæmt því ákvæði.

Gert er ráð fyrir því að heimilt verði að gera flytjanda sekt fyrir þau brot er upp eru talin í ákvæðinu, óháð því hvort staðreynt verði hver starfsmanna hans hafi framið brotið. Hér er því um að ræða hlutlæga ábyrgðarreglu til handa flytjanda. Gert er að skilyrði að brotið hafi annaðhvort orðið til hagsbóta fyrir flytjanda eða getað orðið til hagsbóta fyrir hann. Nægilegt er að annað hvort skilyrðið sé uppfyllt til að ábyrgðin teljist falla á flytjanda.

Taldar eru ríkar ástæður fyrir því að setja hlutlæga ábyrgð á flytjanda í þeim málum sem hér um ræðir. Upp kunna að koma tilvik þar sem flytjandi heldur því t.d. að ökumanni að brjóta tilteknar reglur eða umræddir aðilar sammælast um að brjóta þessar sömu reglur. Í slíkum tilvikum ríður á að unnt sé að beita viðurlögum gagnvart réttum aðila.

Rétt er að benda á framangreindu til viðbótar að rök eru jafnvel fyrir því að ganga lengra en lagt er til í frumvarpinu, í þá átt að fella hlutlæga ábyrgð á flytjanda. Er hér átt við þann hátt að gera flytjanda að bera ábyrgð, jafnvel þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Ein veigamestu rökin sem mæla með þeirri leið eru þau hversu sönnunarstaðan er veik í þeim málum sem hér um ræðir.

Ákveðið var að leggja til í frumvarpinu að farin yrði sú vægari leið sem lögð er til í 13. gr. frumvarpsins að teknu tilliti til meðalhófs. Hins vegar er rétt að hafa það í huga að vel má vera að reynslan kalli á breytingar á umræddu ákvæði, að teknu tilliti til umferðaröryggissjónarmiða og í takt við þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin.

Um 14. gr.

Lagðar eru til breytingar á 102. gr. laganna að teknu tilliti til viðurlaga vegna ávana- og fíkniefnabrota á umferðarlögum.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur verði að meginstefnu látnar gilda um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og gilda um akstur undir áhrifum áfengis. Þannig eru lagðar að jöfnu refsingar vegna aksturs þegar ökumaður hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laganna eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. hvort heldur sem viðkomandi hefur verið undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna eða annarra ávana- og fíkniefna. Skal ökumaður í slíkum tilvikum sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna ávana- og fíkniefnabrota, eins og gildir um þau brot þegar ökumenn hafa mælst með vínandamagn í blóði á bilinu 0,5–1,2‰. Lagt er til það nýmæli í 3. mgr. ákvæðisins að tekið verði sérstakt tillit til alvarleika brots og vínandamagns í blóði ökumanns eða lofti sem hann andar frá sér við ákvörðun refsingar vegna brota á 1. mgr. 45. gr. laganna, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn þessum ákvæðum skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og vínandamagni í blóði. Er með þessum hætti gefið ákveðið svigrúm til viðurlagaákvörðunar með tilliti til þessa þátta svo sanngjarnt sé og eðlilegt með hliðsjón af atvikum máls í hvert sinn. Þessi sama leið til viðurlagaákvörðunar er farin í 4. mgr. ákvæðisins þar sem ákvörðuð eru viðurlög fyrir brot á banni við akstri vélknúins ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 45. gr. a, þ.e. verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við stjórn ökutækis, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjá mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði eða þvagi ökumanns. Í framangreindu tilviki er um að ræða efni sem teljast vera ólögleg í skilningi laga um ávana- og fíkniefni, ólíkt því sem gildir um þau efni sem fjallað er um í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Ákvæði 5. mgr. er efnislega óbreytt frá því sem nú er í 3. mgr. 102. gr. gildandi laga varðandi viðurlög við stjórnun ökutækis undir áhrifum áfengis ef vínandamagn í blóði ökumanns er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts. Þó er gerð sú orðalagsbreyting að sett er „eða“ í stað orðsins „og“ sem áður var enda nægjanlegt að annað hvort skilyrðið sé uppfyllt.

Lagt er til að sömu refsingar gildi varðandi ítrekunaráhrif þeirra brota sem hér um ræðir, hvort sem um áfengis eða ávana- og fíkniefnabrot er að ræða, sbr. 6. mgr. greinarinnar. Hafi stjórnandi ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða 45. gr. a, hvort heldur sem er vegna áfengishrifa eða annarlegs ástands vegna neyslu ávana- og fíkniefna, eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota, þá skal lágmarkssvipting ökuréttar vara tvö ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið. Er hér um að ræða nýmæli þar sem tekið er sérstakt tillit til alvarleika brota og efnamagns í blóði eða þvagi ökumanns eða lofti sem hann andar frá sér eftir atvikum, sbr. umfjöllun hér að framan. Síðasti málsliður ákvæðisins varðandi brot gegn 3. mgr. 45. gr. er óbreyttur frá gildandi lögum.

Að lokum er lagt til nýmæli þess efnis að ökumaður geti undir ákveðnum kringumstæðum komist hjá viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 4. mgr. ákvæðisins. Er með þessum hætti komið til móts við þá ökumenn sem eru sjúklingar og þurfa á læknisfræðilegri meðhöndlun að halda sem slíkir. Ákveðnir sjúkdómar, svo sem krabbamein, eru meðhöndlaðir með lyfjagjöf efna sem geta greinst í miklu magni í blóði ökumanns og teljast jafnvel í sumum tilvikum til ólögmætra ávana- og fíkniefna. Sjúklingar sem hafa verið í slíkri læknismeðferð í lengri tíma og hafa náð ákveðnu jafnvægi í lyfjagjöf geta verið fullkomlega hæfir til að stjórna ökutæki örugglega. Ákvæðinu er ætlað að taka tillit til slíkra aðila eingöngu og verður því beitt í algerum undantekningartilvikum. Skilyrði þess að ökumaður verði ekki beittur viðurlögum samkvæmt framangreindu eru þrenns konar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að ökumaður geti sannað, með vottorði læknis, að hann hafi tiltekinn sjúkdóm og inntaka þess tiltekna efnis sem um ræðir sé nauðsynleg við sjúkdómsmeðferðina. Æskilegt er að tekið sé fram í vottorðinu að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku, fullkomlega fær um stjórnun ökutækis. Ökumaður skal ávallt hafa slíkt vottorð meðferðis við stjórnun ökutækis. Vottorð útgefið „eftir á“ hefur ekkert gildi í þessu sambandi. Í öðru lagi er það skilyrði að ökumaður geti sannað með framlagningu lyfjakorts frá Tryggingastofnun ríkisins að hann þurfi að neyta umræddra efna vegna sjúkdómsmeðferðar. Í þriðja lagi er sett fram það skilyrði að ökumaður geti sýnt fram á það að hann hafi verið fullkomlega hæfur til að stjórna ökutækinu í umrætt sinn, að mati læknis. Er hér gert ráð fyrir því að ökumaður verði færður til læknisskoðunar að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis eins og almennt gildir þegar grunur leikur á um að viðkomandi sé undir áhrifum. Skorti á sönnun einhverra framangreindra atriða, skal ökumaður beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Um 15. gr.

Lagt er til að g-liður 1. mgr. 108. gr. laganna falli brott. Áformað er að heimildin verði sett inn í lögin á ný í sama formi en Umferðarstofu verði falin innheimta gjaldsins skv. 114. gr. laganna. Undirbúningsvinna að breytingu á 114. gr. laganna er þegar hafin.

Um 16. gr.

Lagt er til að 3. málsl. 1. mgr. 109. gr. laganna verði felldur brott til samræmis við ákvæði 15. gr.

Um 17. gr.

Lagt er til að orðin „og rannsóknir á orsökum umferðarslysa“ í h-lið 1. mgr. 112. gr. falli brott, til samræmis við ákvæði nýrra laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að Umferðarstofa annist skráningu umferðarslysa eins og henni er falið í h-lið 112. gr. umferðarlaga.

Um 18. gr.

Lögð er til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 200 kr. í 400 kr., sbr. 2. mgr. 114. gr. laganna. Gjaldið skal renna til Umferðarstofu. Hækkuninni er ætlað að tryggja fjármagn til þess að standa straum af útgjöldum vegna umferðaröryggisáætlunar. Síðastliðið vor samþykkti Alþingi samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 en umferðaröryggisáætlun var í fyrsta sinn hluti hennar. Miðað er við að Umferðarstofa taki þátt í verkefnum umferðaröryggisáætlunar sem falla undir lögbundið hlutverk hennar. Einnig er gert ráð fyrir að Umferðarstofa hafi umsjón með framkvæmd og skýrslugerð vegna umferðaröryggisáætlunar. Umferðaröryggisgjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði vegna fjármögnunar áætlunarinnar. Miðað er við að verja 368 millj. kr. til umferðaröryggisfræðslu og -áróðurs á næstu fjórum árum. Fjármununum verður m.a. varið til þess að efla umferðaröryggisfræðslu í leik- og grunnskólum. Áhersla á aukna fræðslu kemur m.a. fram í námskrám og mótun á starfi umferðarfulltrúa. Einnig verður fé varið til fræðslu ökumanna í þjónustu ýmissa fyrirtækja, gerð kynningarefnis fyrir erlenda ferðamenn og fræðsluefnis um notkun öryggisbelta. Í dag gefur umferðaröryggisgjaldið árlega um 35 millj. kr. eða samtals 140 millj. kr. til þessara verkefna á næstu fjórum árum. Verkefnin eru því jafnframt fjármögnuð af öðrum liðum af vegaáætlun. Tvöföldun gjaldsins gæfi um 280 millj. kr. sem dugar þó ekki til þess að standa straum af kostnaði við þau verkefni áætlunarinnar sem Umferðarstofu er ætlað að sinna.

Um 19. og 20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela í sér markmið um bætt umferðaröryggi fyrir landsmenn. Meðal annars er kveðið á um akstur og hvíld atvinnubílstjóra, aukið eftirlit Vegagerðarinnar, öryggisbeltanotkun, stjórnun ökutækja undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur utan vega. Þá er lagt til að Umferðarstofa hafi ekki það hlutverk að rannsaka umferðarslys að henni verði falið að setja reglugerðir um gerð og búnað ökutækja til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lögð til hækkun á umferðaröryggisgjaldi úr 200 kr. í 400 kr. Áætlað er að árlegar tekjur af umferðaröryggisgjaldi verði því 70 m.kr. í stað 35 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

736. Svar [341. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Landsvirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er áætluð þróun eigin fjár Landsvirkjunar næsta áratug, bæði í fjárhæð eigin fjár og sem hlutfall af eignum, miðað við þær ákvarðanir um framkvæmdir og sölu raforku sem þegar liggja fyrir?*
2. *Hver er áætluð þróun skulda fyrirtækisins næsta áratug og hvaða áhrif hefur hún á lánshæfismat þess?*
3. *Þarf að auka eigið fé fyrirtækisins á þessu tímabili og ef svo er, hve mikið?*
4. *Hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar næsta áratug til viðbótar þeim sem þegar hafa verið ákveðnar og hver er áætlaður kostnaður við þær?*
5. *Hvert verður svarið við 1.–3. lið ef ráðist verður í þær framkvæmdir sem um er spurt í 4. lið fyrirspurnarinnar?*

Leitað var til Landsvirkjunar um svör við fyrirspurninni og er að mestu stuðst við svör fyrirtækisins hér á eftir.

Vert er að geta þess að í eftirfarandi er ekki gert ráð fyrir stjóriðjutengdum virkjanaframkvæmdum umfram það sem þegar hefur verið samið um. Þá ber einnig að hafa í huga að nefndar fjárhæðir eru mjög viðkvæmar fyrir breyttum forsendum um gengi gjaldmiðla, vexti og álverð.

1. Áætluð þróun eigin fjár Landsvirkjunar næsta áratug.

Gert er ráð fyrir að eigið fé Landsvirkjunar, sem er ríflega 57 milljarðar kr. núna, lækki í um 40 milljarða kr. í árslok 2009 en hækki síðan á nýjan leik og verði um 63 milljarðar kr. í árslok 2015. Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins er nú um 34%. Búist er við því að það verði lægst um 20% í árslok 2009 en hækki og verði komið í 36% í árslok 2015.

2. Áætluð þróun skulda fyrirtækisins

Landsvirkjun er með sama lánshæfismat og íslenska ríkið á erlendar skulbindingar, þ.e. Aaa frá Moody's Investor Service og AA- frá Standard & Poor's. Lánshæfismat Landsvirkjunar byggist einkum á tveimur þáttum, sem eru óbeinar ábyrgðir eigenda annars vegar og mikilvægi fyrirtæksins í íslensku efnahagslífi hins vegar. Þessir þættir vega upp á móti fjárhagslegum veikleika fyrirtækisins en fjárhagsstaða Landsvirkjunar er veikari en þeirra erlendu fyrirtækja sem matsfyrirtækin nota til samanburðar.

Gert er ráð fyrir að skuldir Landsvirkjunar hækki úr um 110 milljörðum kr. í um 155 milljarða kr. í árslok 2008 en þá munu þær ná hámarki. Búist er við því að skuldir lækki jafnt og þétt á árunum þar á eftir og verði um 103 milljarðar kr. í árslok 2015.

Ekki er talið að sú þróun eigna og skulda sem hér er lýst verði til að lækka lánshæfismat Landsvirkjunar að því gefnu að ekki verði breyting á fyrirkomulagi ábyrgða eigenda á lánum fyrirtæksins.

3. Eigið fé fyrirtækisins á tímabilinu.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi ábyrgða á nýjum lánum Landsvirkjunar um sinn og er að öðru óbreyttu ekki talið að nauðsynlegt sé að auka eigið fé fyrirtækisins á meðan svo er. Segja má að umrædd ábyrgð komi í staðinn fyrir aukið eigið fé enda

kemur skýrt fram í ritum matsfyrirtækja að lánshæfismat Landsvirkjunar mundi versna verulega ef ábyrgðarinnar nyti ekki við. Eiginfjárhlutfall raforkuframleiðslufyrirtækja í Evrópu er almennt nokkru hærra en hjá Landsvirkjun. Það má því gera ráð fyrir að auka þyrfti eigið fé fyrirtæksins svo að eiginfjárhlutfallið næði a.m.k. 35% ef ábyrgðir væru afnumdar og fyrirtækið stæði í nýjum lántökum. Ef slík breyting ætti sér stað árið 2009 þegar eiginfjárhlutfall fyrirtæksins verður sem lægst þyrfti væntanlega að auka eigið fé fyrirtækisins um 30 milljarða kr.

4.–5. Framkvæmdir til viðbótar þeim sem þegar hafa verið ákveðnar og áhrif þeirra.

Þar sem ekki hefur verið samið um orkusölu til nýrrar stóriðju, sem mundi hefja rekstur eftir byggingu Fjarðaáls og stækkunar Norðuráls, er ekki unnt að tilgreina neinar fyrirhugaðar framkvæmdir á næsta áratug. Af þessu leiðir að ekki er unnt að svara 5. lið fyrirspurnarinnar.

737. Fyrirspurn [504. mál]

til heilbrigðisráðherra um slys á börnum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hversu mörg börn yngri en 15 ára slösuðust við leik á snjóþotum, sleðum og vélsleðum á árunum 2000–2005? Svar óskast sundurliðað eftir árum, aldri, kyni og búnaði.
2. Telur ráðherra að grípa þurfi til aðgerða til að auka öryggi barna við notkun á þessum búnaði?

738. Fyrirspurn [505. mál]

til samgönguráðherra um Álftanesveg.

Frá Söndru Franks.

1. Hvenær er áformað að bjóða út gerð nýs vegar á Álftanesi syðra?
2. Hve mikið er áætlað að lagning hans kosti?
3. Hve mikið er lagt til hans í fjárlögum yfirstandandi árs?
4. Hvenær er áætlað að gerð hans verði lokið?

Skriflegt svar óskast.

739. Fyrirspurn [506. mál]

til dómsmálaráðherra um barnaklám á netinu.

Frá Söndru Franks.

Telur ráðherra að unnt sé að grípa til annarra löglegra ráða en nú er gert til að koma í veg fyrir skoðun barnakláms á netinu hér á landi, t.d. að setja upp netsíur sem hindra slíkt?

740. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Björnsson, formann löggjafarnefndar kirkjuþings, Guðmund Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, og Kristinn Jens Sigurþórsson frá Prestafélagi Íslands.

Umsagnir bárust frá Biskupsstofu og Prestafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að kirkjuþing hafi vald til að skipa kjördæmum sínum með sama hætti og sóknum, prestaköllum og prófastdæmum. Þá er lagt til að kirkjuþing hafi vald til að ákveða fjölda fulltrúa á kirkjuþingi í stað þess að slíkt sé lögbundið. Auk þess er lögð til sú breyting á kjöri fulltrúa á kirkjuþingi, sem samkvæmt gildandi lögum eru prestar og leikmenn úr hópi sóknarnefndarfólks, að í stað orðsins „prestar“ verði orðið „vígðir“ notað. Þar sem djáknar eru vígðir felur breytingin í sér að þeir teljast ekki lengur til leikmanna á kirkjuþingi. Skulu leikmenn verða fleiri á kirkjuþingi en vígðir.

Nefndinni er kunnugt um það sjónarmið Prestafélags Íslands að breytingarnar hafi ekki verið nægilega vel kynntar en telur engu að síður að þær hafi hlotið nauðsynlega umfjöllun, kynningu og afgreiðslu innan kirkjunnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Ármannsson og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

741. Svar [193. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um fjárframlög til grunnskólastigsins.

1. *Hver voru heildarútgjöld sveitarfélaganna til grunnskólastigsins árið 2004? Hver var nemendafjöldi sama ár?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru útgjöld sveitarfélaganna til grunnskólastigsins 31.557,2 millj. kr. árið 2004. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru grunnskólabörn 44.511 talsins það ár.

2. *Hver voru heildarútgjöld ríkisins til grunnskólastigsins á verðlagi ársins 2004 síðasta heila árið áður en sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskólanna? Hver var nemendafjöldi sama ár?*

Síðasta áfanga í færslu grunnskólans til sveitarfélaganna var lokið á haustmánuðum árið 1996 en þá var verkaskipting ríkis og sveitarfélaga þannig að framlög í fjárlögum tóku nánast einungis til launa kennara og reksturs fræðsluskrifstofa. Stofnkostnaður var t.d. færður frá ríki til sveitarfélaga árið 1990. Fjárveitingar ríkisins til grunnskólastigsins í fjárlögum 2006 voru 6.624 millj. kr. auk 260 millj. kr. framlags í fjáraukalögum sama ár, eða samtals 6,9 milljarðar kr. Á verðlagi 2004 voru fyrrgreind framlög ríkisins til grunnskólastigsins 9,1 milljarðar kr. árið 1996. Heildarútgjöld til grunnskólastigsins, að teknu tilliti til framlags sveitarfélaganna, voru mun meiri, 13,7 milljarðar kr. á verðlagi 1996 eða 18,1 milljarðar kr. á verðlagi 2004 (miðað við vísitölu neysluverðs, meðalverðlag ársins), þar af var um helmingur tilgreindur sem framlag ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru grunnskólabörn 42.090 talsins árið 1996.

Gera þarf fyrirvara um samanburð á útgjaldatölum á tímabilinu 1996–2004, þar sem reikningsskilareglur eru ekki sambærilegar allt tímabilið. Ríkið færði bókhald sitt yfir á rekstrargrunn árið 1998 en það var á greiðslugrunni áður. Sveitarfélögin hafa fylgt nýrri reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga frá árinu 2002. Þess ber að geta að í tölfræðiupplýsingum frá Samtökum sveitarfélaga sem birtar eru í Árbók sveitarfélaga 2005, eru

allar fjárhagsupplýsingar fyrir og eftir nýjar reiknisskilavenjur aðgreindar vegna mikilla breytinga á framsetningu, sjá töfluna hér á eftir.

Rekstrargjöld sveitarfélaga til grunnskóla 1997-2001

	1997	1998	1999	2000	2001	% breyting 1997-2001
Allt landið:	15.309.021	17.006.007	18.361.600	20.026.541	22.648.527	48%

	2002	2003	2004	% breyting 2002-2004
Allt landið:	30.227.921	32.117.210	31.557.174	4%

Heimild: Samtök íslenskra sveitarfélaga. Tölur eru í þús. kr. Útgjöld eru uppreiknuð á verðlag ársins 2004.

Í ársbyrjun 1997 voru heimildir sveitarfélaga til að leggja á útsvar rýmkaðar og tekjuskattsprósenta ríkisins lækkuð. Heimildir sveitarfélaganna til að leggja á útsvar voru auknar umfram tekjuskattslækkunina þar sem áætlanir gerðu ráð fyrir að kostnaður við rekstur grunnskóla mundi fara vaxandi, m.a. vegna þess að ljúka þurfti einsetningu og fjölga vikulegum kennslustundum í samræmi við ákvæði grunnskólalaga. Auk þess var ákveðið að ríkið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veittu næstu ár á eftir stofnkostnaðarframlög til að hraða einsetningunni.

Samkvæmt upplýsingum í Árbók sveitarfélaga 2005 hafa litlar breytingar orðið á útgjöldum til reksturs grunnskóla, séu þau skoðuð sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga. Árin 1997–2001 hækkaði hlutfallið á landsvísu lítillega, eða um 1,3%. Eftir að hin nýju reikningsskil voru tekin upp árið 2002 reiknast útgjöld til grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga um 39,4% árið 2002 en höfðu verið 31,5% árið áður þegar sveitarfélög gerðu upp árið samkvæmt eldri aðferðum. Frá 2002 til 2004 lækkuðu útgjöld til grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum í öllum landshlutum, eða um -1,3% á landsvísu.

Á heildina litið virðast rekstrargjöld til grunnskóla á landsvísu vera svipað hlutfall af heildarskatttekjum sveitarfélaga árið 2004 og þau voru árið 1997 þegar sveitarfélögin höfðu tekið alfarið við rekstri grunnskólanna.

Ljóst er að kostnaður við rekstur grunnskólanna hefur aukist verulega á undanförnum árum, þó að skatttekjur hafi aukist að sama skapi. Hafa ber í huga að sú þjónusta sem sveitarfélögin hafa valið að bjóða upp á í grunnskólunum er ekki sambærileg þeirri þjónustu sem í boði var árið 1996 en þar hefur, eins og á öðrum skólastigum, orðið mikil þróun. Sérfræðiþjónusta og allur stuðningur við nemendur hefur verið aukinn verulega. Sem dæmi má nefna eftirfarandi atriði sem fram koma í tölfræði um grunnskólann 1997–2004 sem birt er í Árbók sveitarfélaga 2005:

- Fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu jókst um 27% á landsvísu á árunum 1998–2004, en nemendum fjölgaði um 5%.
- Stöðugildum starfsfólks á öðrum starfssviðum fjölgaði um 65% á landinu öllu á sama tímabili.
- Stöðugildum skólasálfræðinga/námsráðgjafa og þroskaþjálfa fjölgaði fjórfalt árin 1997–2004.
- Fjöldi stuðningsfulltrúa hefur aukist um 150% á tímabilinu.

Samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 skulu skóladagar nemenda í grunnskóla eigi vera færri en 170 á skólaári. Sveitarfélögin lengdu hins vegar starfstíma grunnskólans í 180 daga

á ári, við gerð kjarasamninga í janúar 2001. Þá er rétt að benda á að launakostnaður hefur aukist mun hraðar en almennt verðlag. Á tímabilinu 1996–2004 hækkaði launavísitala um nær 70% en verðlag hækkaði rétt um 32%. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga sem birtar eru í Árbók sveitarfélaga 2005 var útgjaldaaukning mest á hvern nemanda milli áranna 2000 og 2001 og er að sögn samtakanna skýringuna vísast að finna í kjarasamningi LN og KÍ sem tók gildi í janúar 2001.

742. Fyrirspurn [507. mál]

til menntamálaráðherra um áfengisauglýsingar í útvarpi.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvernig hyggst ráðherra beita sér fyrir því að bann við áfengisauglýsingum sé virt í Ríkisútvarpinu?

743. Svar [422. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um upplýsingaskyldu bankastofnana.

Ráðuneytið óskaði eftir því að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) og Kauphöll Íslands veittu því upplýsingar til þess að það gæti svarað fyrirspurninni. Í svari SBV er vísað til svarbréfs samtakanna, dags. 11. febrúar 2002, við svipaðri ósk ráðuneytisins þar sem kemur efnislega fram það álit samtakanna að skylda ráðherra til að svara fyrirspurnum þingmanna á grundvelli 49. gr. þingskaparlaga, nr. 55/1991, sbr. 49. gr. stjórnarskrárinnar, nái einvörðungu til fyrirspurna um opinber málefni en ekki fyrirspurnir um einkamálefni. Í samræmi við þetta álit SBV barst ekki efnislegt svar við ósk ráðuneytisins. Svör ráðuneytisins byggjast því fyrst og fremst á upplýsingum frá Kauphöll Íslands.

1. *Hafa stjórnarmenn og æðstu stjórnendur bankastofnana gert sundurliðaða grein fyrir fjárhæðum lána og veðsetningum, ábyrgðum og tryggingum til handa stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum eða nátengdum aðilum ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála frá því að kauphöllin setti reglur þar að lútandi á árinu 2003? Óskað er sundurliðaðra upplýsinga eftir bankastofnunum og skýringa hafi þetta ekki komið fram í ársreikningum.*

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöll Íslands gera reglur Kauphallarinnar er varða upplýsingaskyldu skráðra félaga um launakjör stjórnenda í kafla 2.5. kröfu um að upplýsingar komi fram í ársreikningi um laun, greiðslur og hlunnindi til einstakra stjórnarmanna (sbr. gr. 2.5.2.). Þær gera ekki kröfu um að gefnar séu upplýsingar um fjárhæðir lána, veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar til stjórnenda og tengdra aðila nema að um óvenjuleg viðskipti sé að ræða (sbr. gr. 2.5.6.). Er skráð félög birta ársreikninga sína fara starfsmenn Kauphallarinnar yfir þær upplýsingar sem þar koma fram með reglur Kauphallarinnar til hliðsjónar. Séu þær

ekki uppfylltar er kallað eftir þeim upplýsingum sem á vantar og þær birtar í fréttakerfi Kauphallarinnar um leið og þær berast.

2. *Hvert er eðli og umfang þessara viðskipta frá því um mitt ár 2003, sbr. ákvæði 2.5.2. í reglum kauphallarinnar? Svar óskast sundurliðað eftir bankastofnunum og einstaka stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum.*

Í reikningum Íslandsbanka, Kaupþings banka og Landsbanka árin 2003 og 2004 (ársuppgjör 2005 liggur ekki fyrir) er gerð grein fyrir heildarfjárhæð lána sem veitt eru bankaráðsmönnum, forstjórum og framkvæmdastjórum (samtala). Samkvæmt þeim veitti Íslandsbanki stjórnendum lán árið 2003 samtals að fjárhæð 1.244 millj. kr. og 3.212 millj. kr. árið 2004, KB-banki veitti stjórnendum lán að fjárhæð 1.315 millj. kr. árið 2003 og 1.944 millj. kr. árið 2004 og Landsbankinn veitti stjórnendum lán að fjárhæð 210 millj. kr. árið 2003 og 252 millj. kr. árið 2004.

3. *Hafa bankarnir veitt stjórnendum sínum óvenjuleg lán sem geta talist verðmótandi og ber að tilkynna hverju sinni samkvæmt reglum kauphallarinnar (ákvæði 2.2.1.) frá miðju ári 2003? Sé svo er óskað sundurliðaðra upplýsinga um lánin, greiðslukjör, veðsetningar, ábyrgðir og aðra helstu skilmála eftir bankastofnunum, einstaka stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum.*

Í svari Kauphallar Íslands kemur fram að í ársreikningum framangreindra fyrirtækja sé þess getið að lánakjör séu hliðstæð við þau sem gerist í sambærilegum lánum til annarra viðskiptamanna bankanna. Í svarinu kemur fram að Kauphöllin gerði ekki athugasemdir við upplýsingagjöfina og taldi hana samrýmast gildandi reglum. Í svarinu kemur enn fremur fram að Kauphöllinni hafi ekki borist neinar tilkynningar, sem taldar voru verðmótandi, um óvenjuleg lán bankanna til stjórnenda sinna.

744. Svar [400. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um alnæmissmit.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa greinst með alnæmissmit hér á landi fram til 1. desember sl. og hvernig eru kynjahlutföllin í þeim hópi?*

Fram til 1. desember 2005 höfðu greinst 183 sjúklingar með alnæmissmit. Af þeim eru 141 karl en 42 konur.

2. *Hvernig skiptist hópurinn eftir aldri og hvert er hlutfall smitaðra af hverjum aldursflokki, þ.e. 0–14 ára, 15–19 ára, 20–29 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?*

Skipting eftir aldri og kyni er sýnd í eftirfarandi töflu.

Aldur og kyn HIV-smitaðra 1. desember 2005.

Aldurshópur (ár)	Kk.	Kvk.	Samtals	%
< 1	0	0	0	0,0
1–4	0	1	1	0,5
5–9	0	0	0	0,0
10–12	0	0	0	0,0

Aldurshópur (ár)	Kk.	Kvk.	Samtals	%
13–14	0	0	0	0,0
15–19	1	3	4	2,2
20–24	19	7	26	14,2
25–29	27	13	40	21,9
30–34	25	7	32	17,5
35–39	27	3	30	16,4
40–49	30	3	33	18,0
50–59	12	2	14	7,7
>59	0	3	3	1,6
Samtals	141	42	183	100,0

3. *Hvernig er dreifingu alnæmissmitaðra háttað eftir smitleiðum og áhættuhegðun, t.d. fíkniefnaneytendur, gagnkynhneigðir, samkynhneigðir o.s.frv.?*

Dreifing eftir smitleiðum og áhættuhegðun er talin vera:
- kynmök samkynhneigðra 92 (50%),
- kynmök gagnkynhneigðra 63 (34%),
- fíkniefnaneysla um æð 20 (11%),
- blóðþegar við blóðgjöf fjórir (2%), gerðist fyrir árið 1985,
- frá móður til barns eitt tilfelli (1%) og
- ekki er vitað um smitleið í þremur tilvikum (2%).

4. *Er á döfinni að hvetja til aukinnar notkunar á smokkum? Ef svo er, á hvern hátt?*
5. *Er fyrirhugað að dreifa smokkum ókeypis, t.d. til heilsugæslustöðva og unglingamóttöku, námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum o.s.frv.?*
6. *Er fyrirhugað að gera áætlun um bætt aðgengi að smokkunum?*
7. *Er fyrirhugað að fella niður virðisaukaskatt af smokkum?*
8. *Hefur verið skoðaður sá möguleiki að deila út hreinum sprautum ókeypis til sprautufíkla/fíkniefnaneytenda, til að fækka smitleiðum í þessum áhættuhópi?*

Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur verið til umræðu hvort bæta megi aðgengi að smokkum annars vegar og sprautum og nálum hins vegar. Mikils er um vert að viðhalda góðum árangri í baráttunni við alnæmi og draga úr mikilli tíðni tíðni klamýdíusýkinga en hún er meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Meðal þeirra hugmynda sem hreyft hefur verið er að ókeypis smokkar liggi frammi á heilsugæslustöðum, í skólum og unglingamóttökum en ungt fólk á aldrinum 15–24 ára er í mestri hættu að fá klamýdíu. Einnig hefur verið rætt að HIV-smitað fólk fái aðgang að ókeypis smokkum.

Heilbrigðisráðherra beindi þeirri fyrirspurn til sóttvarnaráðs hver yrði væntanlegur kostnaður við kaup á smokkum. Í svari sóttvarnalæknis kemur fram að kaup á um 200.000 smokkum til ókeypis dreifingar sem tilraunaverkefni meðal áhættuhópa gætu numið um 10–12 millj. kr. á ári hverju. Dreifing ókeypis smokka er talin hafa gefist vel sums staðar á Norðurlöndum.

Einnig hafa verið ræddar hugmyndir um að auðvelda aðgengi að sprautum og nálum fyrir fíkniefnaneytendur sem sprauta sig. Ráðuneytið er með þessar hugmyndir til skoðunar en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin.

745. Fyrirspurn [508. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingar til vegagerðar.

Frá Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

1. Hafa verið samþykktar aukafjárveitingar til vegagerðar sl. 10 ár? Ef svo er, hvernig skiptast þær eftir árum og landshlutum?
2. Hefur fé til vegagerðar verið skorið niður á sama tímabili, miðað við gildandi samgönguáætlun hverju sinni? Ef svo er, hvernig skiptist niðurskurðurinn eftir árum og landshlutum?
3. Hefur verið farið í nýframkvæmdir við vegagerð sl. 10 ár sem ekki voru inni á gildandi samgönguáætlun? Ef svo er, hverjar eru þær og hvaða ár voru framkvæmdir hafnar?

Skriflegt svar óskast.

746. Fyrirspurn [509. mál]

til samgönguráðherra um endurnýjun sæstrengs.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað líður vinnu við endurnýjun sæstrengs til að tryggja netsamband við útlönd?

747. Fyrirspurn [510. mál]

til menntamálaráðherra um athugun á stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Frá Birki J. Jónssyni.

1. Verður haft formlegt samráð við heimamenn þegar metnir verða kostir þess að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð?
2. Telur ráðherra forsendur fyrir því að stofnsetja framhaldsskóla þar? Ef svo er, hvenær telur ráðherra að af því gæti orðið?

748. Fyrirspurn [511. mál]

til utanríkisráðherra um málsókn vegna meintra brota Noregs á Svalbarðasamningnum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi að málsókn gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag vegna meintra brota á Svalbarðasamningnum?

749. Fyrirspurn [512. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiðar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hafnar verði hrefnuveiðar í atvinnuskyni hér við land strax á sumri komanda?
2. Er þess að vænta að kynntar verði niðurstöður rannsókna sem farið hafa fram í tengslum við vísindaveiðar á hrefnu undanfarin sumur, og þá hvenær og með hvaða hætti?

750. Fyrirspurn [513. mál]

til samgönguráðherra um endurnýjun Herjólfs.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hafa stjórnvöld kannað möguleika á því að stærri og hraðskreiðari ferja verði keypt til siglinga milli lands og Vestmannaeyja í stað þess Herjólfs sem nú er í notkun? Ef ekki, hyggjast stjórnvöld þá kanna málið?

751. Frumvarp til laga [514. mál]

um Heyrnar-, tal- og sjónstöð.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Starfrækja skal stofnun, Heyrnar-, tal- og sjónstöð, til að annast þjónustu við blinda, sjónskerta, daufblinda, heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnarmein og talmein.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

1. Að veita þjónustu þeim hópum sem taldir eru í 1. gr. og eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Stofnuninni er heimilt að veita þeim sem ekki eru sjúkratryggðir sömu þjónustu.
2. Að sjá um mælingar, sjúkdómsgreiningu, meðferð, hæfingu og endurhæfingu þeirra sem tilgreindir eru í 1. gr.
3. Að sjá um útvegun sérhæfðra hjálpartækja og kennslu í notkun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
4. Að stunda rannsóknir, þróunarstarf og sinna forvörnum og fræðslu á starfssviði sínu í samvinnu við aðra eftir því sem við á.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Faglegir yfirmenn skipa framkvæmdastjórn stofnunarinnar undir stjórn forstöðumanns, samkvæmt nánari ákvæðum í skipuriti. Framkvæmdastjórn er forstöðumanni til ráðgjafar og hefur hann samráð við hana um allar mikilvægar ákvarðanir varðandi faglega starfsemi stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn boðar til samráðsfunda með fulltrúum samtaka notenda eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

4. gr.

Ráðherra setur reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki að höfðu samráði við forstöðumann.

5. gr.

Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. gr., skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Ósjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald samkvæmt reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu.

Einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. gr., skal greiða gjald fyrir greiningu á talmeinum og aðrar komur til talmeinafræðings.

Einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. gr., skal greiða gjald vegna viðgerða á hjálpartækjum.

Fyrir þjónustu sem veitt er stofnunum og fyrirtækjum skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við þjónustuna.

Ráðherra setur gjaldskrá vegna 2., 3. og 4. mgr. að höfðu samráði við forstöðumann. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Stofnunin innheimtir gjöld þessi.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Endurskoða skal lög þessi innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum. Jafnframt falla brott ákvæði 37. gr. a og 37. gr. b laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við forstöðumenn Heyrnar- og talmeinastöðvar og Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra og annað fagfólk stöðvanna.

Í vinnuferlinu voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum notenda frá Félagi heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardaufra, Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, Félaginu Heyrnarhjálp, Daufblindrafélagi Íslands og Landssambandi eldri borgara. Var tekið tillit til athugasemda sem fram komu á þeim fundum eftir því sem við átti. Helstu athugasemdirnar sneru að réttarstöðu barna, þjónustustigi, hjálpartækjum, endurhæfingu og gjaldtöku.

Við samningu frumvarps þessa voru núgildandi ákvæði um Heyrnar- og talmeinastöð í lögum um heilbrigðisþjónustu höfð til hliðsjónar. Ákvæðunum er breytt og þau samræmd þannig að þau nái einnig til blindra, sjónskertra og daufblindra auk þeirra sem eru heyrnarlausir, heyrnarskertir eða eru með heyrnarmein og talmein. Það er nýmæli að tilgreina sérstaklega rétt daufblindra til þjónustu nýrrar stofnunar. Þeirra er ekki sérstaklega getið í núgildandi lögum þó að reyndin sé sú að þeir hafi notið þjónustu á báðum stofnununum. Talmeina er sérstaklega getið án beinnar tengingar við heyrnarmein. Þannig er talmeinum nú ætlað meira rými í nýrri stofnun. Þá er lagt til að felld verði brott ákvæði um rekstrarleyfi til að annast þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta, enda er talið óþarft að sérákvæði séu um leyfi til að reka slíka starfsemi.

Meginmarkmið frumvarpsins er að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð í eina stofnun undir stjórn eins forstöðumanns. Rekstrarleg stjórnun stofnananna verður sameinuð, en fagleg starfsemi og þjónusta við skjólstæðinga verður á hendi fagfólks eins og verið hefur. Rökin fyrir sameiningunni eru einkum þau að með henni náist hagræðing sem styrki bæði faglega og rekstrarlega starfsemi beggja stofnana til lengri tíma litið. Báðar rekstrareiningarnar eru fremur litlar og óhagkvæmar, sérstaklega þó Sjónstöðin, en illa hefur gengið að halda rekstri hennar innan ramma fjárlaga síðustu árin.

Með lögum nr. 143/2001 var lagaramminn um Heyrnar- og talmeinastöðina endurskoðaður, sérlög um hana voru felld brott og ný ákvæði sett inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Fram til þess tíma höfðu verið erfiðleikar í rekstri Heyrnar- og talmeinastöðvar, en síðustu árin hefur reksturinn gengið vel.

Hagræðið sem sameiningin felur í sér næst með sameiginlegri yfirstjórn, sameiningu stoðdeilda og samnýtingu húsnæðis. Með því verður mögulegt að nýta fé, sem nú fer til rekstrar, til að efla þjónustu við skjólstæðinga. Þá auðveldar sameiningin aðgengi að þjónustunni, einkum fyrir þá sem þurfa á þjónustu beggja stofnana að halda. Þar er um að ræða daufblinda og aldraða, en aldraðir eru stærsti einstaki hópurinn sem sækir þjónustu á báða staði, u.þ.b. 65%–75%.

Að mati þeirra sem að sameiningunni koma er nauðsynlegt að finna nýtt húsnæði, sem felur í sér aukna möguleika á nýsköpun í starfsemi fyrir hina sameinuðu stofnun, enda er núverandi húsnæði óhentugt.

Þó að rökin fyrir sameiningunni séu einkum þau að með henni náist rekstrarleg hagræðing sem styrkja á faglega starfsemi sameinaðrar stofnunar til lengri tíma litið er óhjákvæmilegt

að reikna með einhverjum stofnkostnaði vegna flutnings í nýtt húsnæði. Þá kann húsnæðiskostnaður nýrrar stofnunar að verða meiri.

Helstu breytingar frá gildandi lögum eru þær að í frumvarpinu eru felld brott ákvæði um fagráð hjá Heyrnar- og talmeinastöð og stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra en í staðinn er lagt til að faglegir yfirmenn skipi framkvæmdastjórn stofnunarinnar ásamt forstöðumanni. Er það í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (og lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins). Lagt er til að reglur um gjaldtöku af skjólstæðingum sameinaðrar stofnunar verði óbreyttar.

Stofnunin lýtur yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en henni verður að öðru leyti stjórnað af forstöðumanni.

Lagt er til að núgildandi lög um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra og 37. gr. a og b laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, um Heyrnar- og talmeinastöð verði felld úr gildi við gildistöku nýrra laga um starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar.

Starfsmönnum sem nú starfa hjá Heyrnar- og talmeinastöð og Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra verður boðið starf hjá nýrri stofnun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að Heyrnar- og talmeinastöð og Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra verði sameinaðar í eina stofnun. Í greininni eru skilgreindir þeir hópar sem ný stofnun á að veita þjónustu. Réttur daufblindra hefur ekki áður verið sérstaklega tilgreindur í lögum, en daufblindir hafa þrátt fyrir það notið þjónustu beggja stofnana.

Um 2. gr.

Í 1.–4. tölul. 1. mgr. er kveðið á um hlutverk nýrrar stofnunar. Sameinuð eru ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu um Heyrnar- og talmeinastöð og ákvæði laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra og þau gerð skýrari. Í 1. tölul. er vísað til 1. gr. þar sem þeir hópar sem stofnuninni er ætlað að veita þjónustu eru tilgreindir. Í 2. tölul. er kveðið á um einstaka þjónustuþætti stofnunarinnar og lýst í hverju þjónustan er fólgin. Í 3. tölul. er kveðið á um að stofnunin skuli sjá um að útvega sérhæfð hjálpartæki vegna heyrnar- og sjónskerðingar og sjá um viðeigandi fræðslu og þjálfun í notkun þeirra ásamt viðhaldi og uppsetningu. Í 4. tölul. er kveðið á um að stofnunin skuli stunda rannsóknir og þróunarstarf ásamt því að sinna fræðsluskyldu og forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðra eftir því sem við á.

Í 2. mgr. er heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli skipa forstöðumann til 5 ára og að forstöðumaður ráði aðra starfsmenn. Er þetta í samræmi við núgildandi ákvæði starfsmannalaga og laga um heilbrigðisþjónustu. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Í 2. mgr. er það nýmæli að faglegir yfirmenn skuli vera forstöðumanni til ráðgjafar og að hann skuli hafa samráð við þá um mikilvægar ákvarðanir sem snerta faglega starfsemi stofnunarinnar. Faglegir yfirmenn og forstöðumaður mynda framkvæmdastjórn og kemur hún í stað núgildandi ákvæðis laga um Heyrnar- og talmeinastöð um fagráð og ákvæða um stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra.

Að öðru leyti er ekki mælt nánar fyrir um stjórnskipulag stofnunarinnar heldur er gert ráð

fyrir því að það verði mótað af forstöðumanni og framkvæmdastjórn stofnunarinnar og staðfest af ráðherra.

Í 3. mgr. er það nýmæli að framkvæmdastjórn skuli boða til samráðsfunda með fulltrúum samtaka notenda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hér er um að ræða lágmarksskyldu til samráðs en aðilar geta að sjálfsögðu haft frekara samráð, hvort sem er að frumkvæði stofnunar eða fulltrúa samtaka notenda. Er þetta gert til að tryggja aðkomu samtaka notenda að stofnuninni þar sem ákvæði um fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvar og stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra eru felld brott, en þar áttu sæti fulltrúar notenda. Fulltrúar notenda eru m.a.: Félag heyrnarlausra, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, Félagið Heyrnarhjálp, Daufblindrafélag Íslands og Landssamband eldri borgara.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá ákvæðum núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu um Heyrnar- og talmeinastöðina og þarfnast ekki skýringa. Reglur um gjaldtöku af skjólstæðingum sameinaðrar stofnunar eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í greininni eru ákvæði um gjaldtöku Heyrnar- og talmeinastöðvar í núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu og laga um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra tekin upp í frumvarpið, en samræmd með tilliti til sameiningar stofnananna.

Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnanirnar verði formlega sameinaðar frá og með 1. júlí 2006. Kveðið er á um endurskoðun laganna innan þriggja ára frá gildistöku þeirra. Ákvæðið þykir nauðsynlegt þar sem um nýja stofnun er að ræða. Í greininni er nánar tilgreint hvaða ákvæði laga og lög falla úr gildi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina Heyrnar- og talmeinastöð og Sjónstöð í eina stofnun frá og með 1. júlí 2006 undir stjórn eins forstöðumanns. Hlutverk hinnar nýju stofnunar verður að veita sömu þjónustu og þegar er veitt. Frumvarpið gerir því hvorki ráð fyrir breytingum á þjónustu né breytingu á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra. Áform heilbrigðisráðuneytis eru hins vegar að nýta hagræðið sem næst með sameiningunni til að styrkja rekstrargrunn hinnar nýju stofnunar og efla þjónustu hennar. Í 6. gr. fjárlaga þessa árs liggur fyrir heimild til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sameinaða stofnun Heyrnar- og talmeinastöðvar og Sjónstöðvar.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

752. Fyrirspurn [515. mál]

til fjármálaráðherra um skattkerfið og fjárfestingar í sprotafyrirtækjum.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Er til athugunar að nota skattkerfið í auknum mæli til að auka áhuga fjárfesta á sprotafyrirtækjum? Ef svo er, hvernig?

753. Fyrirspurn [516. mál]

til iðnaðarráðherra um hátækni- og nýsköpunargreinar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvert hefur verið árlegt hlutfall hátækni- og nýsköpunargreina af landsframleiðslu síðustu tíu ára?
2. Hver hefur árlegur vöxtur hátæknigreina verið á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

754. Fyrirspurn [517. mál]

til forsætisráðherra um aðstoðarmenn og ráðgjafa ráðherra.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Geta ráðherrar ráðið ótakmarkaðan fjölda aðstoðarmanna eða ráðgjafa í fast starf í ráðuneyti sínu? Ef um takmarkanir er að ræða, hverjar eru þær?
2. Hafa einhverjir ráðherrar ráðið til sín aðra starfsmenn en hefðbundinn aðstoðarmann? Ef svo er, um hvaða ráðherra er að ræða, hverjir eru starfsmennirnir og hvaða störfum gegna þeir?

755. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fulltrúar Frjálslynda flokksins eru fylgjandi því að kirkja og ríki verði aðskilin og telja það vart við hæfi að alþingismenn séu að fjalla um innri starfsreglur einstakra trúfélaga.

Alþingi, 10. febr. 2006.

Sigurjón Þórðarson.

756. Svar [469. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um lokanir veiðisvæða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða skyndilokanir veiðisvæða auk reglugerðarlokana voru í gildi árin 2004 og 2005?

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar.

Eins og kunnugt er eru skyndilokanir síbreytilegar yfir árið enda vara þær jafnan aðeins í tvær vikur í senn. Þannig voru skyndilokanir árið 2005 alls 94 en 73 og 113 árin 2004 og 2003. Stöku sinnum eru skyndilokanir hins vegar mun fleiri, t.d. um 170 árið 1993 og 150 árið 2000. Fjöldi skyndilokana hverju sinni ræðst m.a. af styrk árganga sem eru að koma inn í veiðina auk hlutfalls eldri árganga í stofni.

Árið 2005 voru 46% lokana vegna línuveiða og 37% vegna botnvörpuveiða en samsvarandi tölur fyrir árið 2004 voru 54% og 15%. Lokanir vegna annarra veiðarfæra voru síðan mun færri, mest á handfæri 2004 eða 14%.

Langflestar lokanir eru að venju vegna veiða á þorski, 56% árið 2005 og 75% árið 2004. Ýsa er jafnan næst í röðinni og voru lokanir vegna ýsu 26% af heild árið 2005 en aðeins 4% árið á undan sem er reyndar óvenju lítið miðað við ýsu. Lokanir vegna annarra tegunda eru jafnan mun færri og voru um eða undir 5% árin 2004 og 2005.

Fjöldi reglugerðarlokana var í gildi árin 2004 og 2005, flestar vegna fiskibotnvörpu- og línuveiða (sjá meðfylgjandi kort). Aðdragandi reglugerðarlokana gegnum árin eru jafnan tíðar skyndilokanir vegna smáfisks á tilteknu svæði. Auk venjubundinna reglugerðar- og friðunarsvæða voru auk þess í gildi árin 2004 og 2005 reglugerðarsvæði í djúpkantinum út af Vestfjörðum og einnig við Suðausturland þar sem skylt er að nota smáfiskaskilju við þorsk- og ýsuveiðar.

Önnur reglugerðarsvæði sem í gildi voru árin 2004 og 2005 voru m.a. vegna smárækju út af Norðausturlandi og meðafla í kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

Reglugerðir og friðunarsvæði við Ísland 2004



Reglugerðir og friðunarsvæði við Ísland 2005



757. Fyrirspurn [518. mál]

til samgönguráðherra um aðstöðu farþega á Egilsstaðaflugvelli.

Frá Hlyni Hallssyni.

Hvenær er fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir til að bæta aðstöðu farþega á Egilsstaðaflugvelli?

758. Fyrirspurn [519. mál]

til samgönguráðherra um lengingu flugbrautarinnar á Akureyri.

Frá Hlyni Hallssyni.

Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við lengingu flugbrautarinnar á Akureyri?

759. Frumvarp til laga [520. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 29 8. apríl 1998:

a. B-liður 2. mgr. orðast svo: að starfrækja lögregluranns óknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.
b. 4. mgr. orðast svo:
    a. Ríkislögreglustjóra til aðstoðar eru aðstoðarríkislögreglustjórar. Einn þeirra skal vera staðgengill ríkislögreglustjóra.

2. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

Landið skiptist í 15 lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar og sýslumenn sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Bessastaðahrepp.

2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, Sandgerði, Gerðahrepp, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.
3. Sýslumenn með aðsetur á Akranesi, í Borgarnesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Eskifirði, Hvolsvelli, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal fer sýslumaðurinn í Borgarnesi, með lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík fer sýslumaðurinn á Ísafirði, með lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna á Siglufirði og Ólafsfirði fer sýslumaðurinn á Akureyri, með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Höfn fer sýslumaðurinn á Eskifirði og með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík fer sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Umdæmi lögreglustjóra samkvæmt þessum tölulið skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum skulu starfa aðstoðarlögreglustjórar.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi skal í hverjum fjórðungi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná.

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

3. gr.

8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 56 1. júní 2004, ásamt fyrirsögn orðast svo:

Lögregluransóknir.

Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

Við embætti eftirtalinna lögreglustjóra skulu vera sérstakar rannsóknardeildir:

1. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi hans,
2. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi og Stykkishólmi,
3. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans,
4. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi, á Sauðárkróki og á Húsavík,
5. lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Seyðisfirði,
6. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum,
7. lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir umdæmi hans.

Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum skv. 2. mgr. Önnur brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr. Jafnframt setur ráðherra reglur um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og um rannsóknaraðstoð.

Sá lögreglustjóri sem rannsóknardeild á undir fer með forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá sérstakri rannsóknardeild.

Ráðherra er heimilt að ákveða að við einstök embætti lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislögreglustjóra, greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

4. gr.

Í stað orðsins „vararíkislögreglustjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: aðstoðarríkislögreglustjórar; og í stað orðanna „varalögreglustjórinn í Reykjavík“ í sömu málsgrein kemur: aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

5. gr.

28. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997 og 5. gr. laga nr. 29 8. apríl 1998, ásamt fyrirsögn orðast svo:

Veiting starfa í lögreglu.

Ráðherra skipar til fimm ára í senn ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjórar og lögreglustjórar skulu fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti.

Aðstoðarlögreglustjóri skal fullnægja sömu skilyrðum og lögreglustjórar til skipunar í embætti, en eftirtalin skilyrði gilda um menntun og starfsreynslu aðstoðarlögreglustjóra:

a. hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi;
b. hefur í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

Ráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 49 16. maí 2000 og 5. gr. laga nr. 56 6. maí 2002:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20–40 ára,
b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið,

c. vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum,
d. hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, hafa gott vald á íslensku og ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs og vera synd,
e. standast inntökupróf samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
Valnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði skv. b- og c-lið 2. mgr. og um val á nemum í lögregluskólann.

II. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

7. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í 25 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Eskifjörður, 18. Höfn, 19. Vík, 20. Hvolsvöllur, 21. Vestmannaeyjar, 22. Selfoss, 23. Reykjanesbær, 24. Keflavíkurflugvöllur, 25. Hafnarfjörður, 26. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–26. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

8. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Með þau verkefni sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum fara lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, tollstjórinn í Reykjavík og sýslumennirnir í Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli, í Kópavogi, í Reykjanesbæ og í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum fara með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, ásamt störfum sem þeim eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga, hvor í sínu umdæmi.
2. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. og 2. tölul. fer sýslumaðurinn í Reykjavík í sínu umdæmi. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. tölul. fara sýslumennirnir í Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli, í Kópavogi og í Reykjanesbæ, hver í sínu umdæmi.

Um lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna í Búðardal, á Patreksfirði, í Bolungarvík, á Hólmavík, Siglufirði, Ólafsfirði, Höfn og í Vík fer samkvæmt lögreglulögum.

Dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra setja sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem varða verksvið lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Skulu reglur þessar birtar.

Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007, fyrir utan ákvæði til bráðabirgða sem öðlast þegar gildi.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

a. Í stað orðanna „vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70 11. júní 1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kemur: aðstoðarríkislögreglustjórar, lögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar.
b. Í stað orðanna „lögreglustjórinn í Reykjavík“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 43 24. mars 2003, um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, kemur: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu skulu hafa forgang að störfum hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þeir skulu við þann flutning njóta áunninna réttinda sinna.

Dómsmálaráðherra skal eigi síðar en 1. júlí 2006 skipa lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hans er að undirbúa stofnun lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu. Skal hann í því starfi hafa samráð við sveitarfélög á svæðinu.

Dómsmálaráðherra skal jafnframt skipa nefnd til ráðgjafar við stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu og flutning starfsmanna til þess. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af Landssambandi lögreglumanna, Stéttarfélagi í almannaþjónustu, Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu og þremur fulltrúum starfsmanna embættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu.

Dómsmálaráðherra skipar enn fremur nefnd þriggja manna til að fylgjast með endurskipulagningu lögregluumdæma. Skal hún skila ráðherra eigi síðar en einu ári frá gildistöku laganna greinargerð um breytingarnar þar sem sérstök áhersla verður lögð á að meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflda löggæslu hafa náð fram að ganga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á grundvelli hugmynda sem lengi hafa verið á döfinni meðal lögreglumanna og sýslumanna. Dóms- og kirkjumálaráðherra Björn Bjarnason beitti sér fyrir viðamiklu starfi til að undirbúa þær breytingar sem liggja að baki frumvarpinu og í því ferli hefur verið leitast við að kalla fram sjónarmið sem flestra, eins og lýst verður nánar hér síðar í þessum almennu athugasemdum. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við réttarfarsnefnd og tekið mið af ábendingum hennar.

Meginmarkmið þessara breytinga er að bæta og efla löggæslu í landinu. Þær eru því eðlilegt næsta skref eftir að ákvörðun var tekin í ársbyrjun 2004 um að stórefla sérsveit lögreglunnar og færa stjórn hennar frá einstökum lögreglustjórum undir stjórn ríkislögreglustjóra. Á þessu ári er verið að stíga síðasta skrefið við framkvæmd þeirrar áætlunar.

Fyrir utan það sem í þessu frumvarpi getur er einnig unnið að því í samræmi við skýrslu um nýskipan lögreglumála frá því í janúar 2005 að breyta skipan ákæruvaldsins og laga hana að nýjum og breyttum kröfum. Réttarfarsnefnd hefur sent dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tillögur sínar að nýjum lögum um meðferð sakamála og verða tillögur sem þar er að finna lagðar til grundvallar við endurskoðun ákvæða um ákæruvaldið auk þess sem tekið er mið af hugmyndum sem Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefur kynnt.

Í þessu frumvarpi sem hér er flutt er að finna ákvæði sem lúta einungis að skipulagi lögreglunnar og er þar bæði litið til innra skipulags og hins ytra.

Að því er innra skipulag varðar er sérstök ástæða að nefna tillöguna í 1. gr. frumvarpsins um nýja deild, greiningardeild, sem starfi innan vébanda embættis ríkislögreglustjóra og heimilt verði að starfrækja við embætti annarra lögreglustjóra samkvæmt ákvörðun ráðherra. Deildin endurspeglar þróun hjá lögregluembættum nágrannalandanna og auðveldar þar með íslenskum lögregluyfirvöldum samstarf við slíkar deildir annars staðar, það er að segja lögregludeildir sem gegna því hlutverki að greina og meta hættu á afbrotum, sem oftast teygja sig til margra landa og kennd eru við skipulagða eða alþjóðlega glæpastarfsemi og hryðjuverk.

Lagaákvæði um greiningardeild tryggja að þannig sé um hnúta búið hér að þeir sem falið er að gæta öryggis borgaranna hafi sambærilegar lögheimildir og starfsbræður þeirra erlendis til að sinna störfum sínum. Með ákvæðinu um greiningardeild við embætti ríkislögreglustjóra er verið að leggja lögregluyfirvöldum til tæki sem síðan verður beitt í samræmi við heimildir í lögum um meðferð sakamála.

Gerðar eru tillögur um breytingar á inntökuskilyrðum nýnema í Lögregluskóla ríkisins, í samræmi við tillögur valnefndar skólans. Nánari útskýringar er að finna í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Aðdragandi.

Hinn 4. nóvember 2003 skipaði Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra verkefnisstjórn sem í sátu Stefán Eiríksson skrifstofustjóri, formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri og Skúli Magnússon héraðsdómari. Í skipunarbréfi hennar kemur fram að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að beita sér fyrir breytingum á umdæmaskipan við löggæslu og innra starfi lögreglunnar, án þess að fækka sýslumönnum. Verkefnisstjórn fékk tvíþætt meginhlutverk, *í fyrsta lagi* að koma með hugmyndir að nýju skipulagi sem hefði að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu og sýslumanna auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til sýslumannsembætta væri varið og *í öðru lagi* að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt væri forgangsröð við úrlausn verkefna og sett mælanleg markmið fyrir löggæsluna. Jafnframt var verkefnisstjórninni falið að meta reynslu af lögreglulögunum og því skipulagi og verkaskiptingu sem þá kom til sögunnar; hafa til hliðsjónar þá vinnu við gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta sem unnin hefði verið; taka afstöðu til sjónarmiða sem fram hefðu komið um ákæruvaldið o.fl.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var sérstaklega tíundað að með tillögum hennar yrði haft að leiðarljósi að löggæsla og ákæruvald ættu í fullu tré við þá sem gerðust brotlegir við lögin, og stæðu þeim helst feti framar. Vikið var sérstaklega að vaxandi umfangi efnahagsbrota og beitingu rafrænna aðferða við framkvæmd þeirra brota og áréttað að þörf fyrir sérmenntað fólk til rannsókna á nýjum tegundum afbrota yrði sífellt meiri. Þá var lögð á það áhersla í skipunarbréfinu að menntun, búnaður og tæki lögreglu yrðu að vera í samræmi við markmið og kröfur á hverjum tíma og þjálfun sveita lögreglumanna ætti að taka mið af verkefnum og áhættu sem þeir yrðu oft að taka í mikilvægum störfum sínum.

Skýrsla verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn skilaði ráðherra ítarlegri skýrslu sinni í janúar 2005. Skýrslunni fylgdu hugmyndir og tillögur fjögurra sérfróðra manna um skipulag lögreglunnar.

Í skýrslu verkefnisstjórnar er *í fyrsta lagi* gefið greinargott yfirlit yfir núverandi stöðu mála. Skýrt er frá breytingum á skipulagi löggæslumála síðustu ár og mat lagt á þær. *Í öðru lagi* eru gerðar tillögur að efnisatriðum í löggæsluáætlun til næstu ára, þ.e. hvaða meginatriði ættu að ráða störfum lögreglu á Íslandi. *Í þriðja lagi* er í skýrslunni rakið með hvaða hætti ætti að styrkja og efla löggæslu í landinu til að ná settum markmiðum.

Meginniðurstaða verkefnisstjórnarinnar var að vegna smæðar ættu mörg lögreglulið erfitt með að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Stærri umdæmi og sameining liða efldi styrk lögreglu og gerði henni betur kleift en ella að sinna erfiðum verkefnum. Lagði verkefnisstjórn til að flest lögregluumdæmi yrðu stækkuð til muna og þau yrðu fimm til sjö talsins. Væri þessi leið ekki fær ætti að stuðla að stóraukinni samvinnu og samstarfi einstakra lögregluembætta.

Skýrsla verkefnisstjórnar vakti verulegar umræður meðal sýslumanna og lögreglumanna. Landssamband lögreglumanna fagnaði skýrslunni og tillögunum, enda hafði landssambandið lengi barist fyrir því að ráðist yrði í stækkun lögregluumdæma. Sýslumannafélagið efndi til sérstaks félagsfundar um efni skýrslunnar og ályktaði um stækkun lögregluumdæma. Lagði sýslumannafélagið til að lögregluumdæmi yrðu stækkuð og þeim fækkað, þau yrðu 12–16 talsins.

Framkvæmdanefnd.

Í maí 2005 skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra þriggja manna framkvæmdanefnd sem í sátu Stefán Eiríksson, formaður, Kjartan Þorkelsson sýslumaður og Óskar Bjartmarz, þáverandi formaður Landssambands lögreglumanna. Henni var falið að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnar í samræmi við niðurstöður umræðna um þær á vettvangi lögreglumanna og sýslumanna. Skyldi framkvæmdanefndin móta tillögur um fjölda, stærð og stjórn lögregluumdæma. Í skipunarbréfi dómsmálaráðherra var lögð áhersla á að markmiðið með stækkun lögregluumdæma væri að auka og efla þjónustu lögreglu við íbúa landsins, styrkja ætti lögreglu á öllum sviðum, bæði almenna löggæslu og rannsóknir sakamála. Í því fælist m.a. að unnt yrði að halda úti sólarhringsvakt lögreglu víðast hvar á landinu og öflugum rannsóknardeildum sem sinntu rannsóknum flókinna mála alls staðar á landinu.

Framkvæmdanefndin skilaði tillögum um breytingar á skipulagi löggæslu í lok október 2005. Lagt var til að lögregluumdæmi í landinu yrðu fimmtán talsins, þar af sjö sem ábyrgð bæru á rannsókn og saksókn stórra og flókinna mála. Þessi embætti skyldu einnig bera ábyrgð á því að samræma vaktkerfi lögregluembætta á sínu starfssvæði, í þeim tilgangi að tryggja aukna og sýnilegri löggæslu en áður. Framkvæmdanefndin taldi að með þessari skipan yrðu rannsóknir sakamála betri, markvissari og öflugri alls staðar á landinu, sýnileg löggæsla mundi aukast og unnt yrði að halda úti sólarhringsvöktum lögreglu víðar á landinu en nú er.

Kynning.

Dóms- og kirkjumálaráðherra fól framkvæmdanefndinni að kynna tillögur sínar með því að efna til funda um land allt með lögreglustjórum, lögreglumönnum og sveitarstjórnarmönnum þar sem hlustað væri eftir sjónarmiðum og viðhorfum heimamanna til þeirra.

Nefndin efndi til funda á sjö stöðum á landinu á tímabilinu frá 7.–17. nóvember 2005 og sóttu á fjórða hundrað manns fundina. Þar voru tillögur nefndarinnar kynntar og síðan kallað

eftir sjónarmiðum fundarmanna, athugasemdum og viðhorfum að öðru leyti. Jafnframt var fundarmönnum og öðrum gefinn kostur á því að koma á framfæri við nefndina skriflegum athugasemdum og tillögum. Nokkrir aðilar óskuðu eftir sérstökum fundi með nefndinni eða formanni hennar. Var orðið við þeim óskum og tillögur nefndarinnar voru nánar ræddar og kynntar.

Að lokinni fundalotunni skilaði nefndin ráðherra framhaldsskýrslu með nokkrum breytingum á upphaflegum tillögum sínum, í samræmi við athugasemdir og sjónarmið sem fram höfðu komið í framangreindu kynningarferli.

Ákvörðun ráðherra.

Hinn 3. janúar 2006 kynnti ráðherra ríkisstjórn drög að ákvörðun sinni um nýskipan lögreglumála og þau mál sem henni tengjast með vísan til skýrslu verkefnisstjórnar og þess sem gerst hefði í meðferð málsins frá hausti 2004. Hér í þessu frumvarpi er að finna tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum vegna áforma um endurskipulagningu löggæslu. Síðar verður lagt fram frumvarp til laga um ákæruvald.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Við embætti ríkislögreglustjóra starfi greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á áhættu vegna hryðjuverka og af skipulagðri glæpastarfsemi. Dómsmálaráðherra verði heimilt að stofna greiningardeild við önnur embætti lögreglustjóra, ef sérstök rök standa til þess.
2. Lögregluumdæmi í landinu verði 15 talsins (innan sviga þau núverandi umdæmi sem bætast við fyrrnefnt umdæmi); Akranes, Borgarnes (Búðardalur), Stykkishólmur, Ísafjörður (Patreksfjörður, Bolungarvík og Hólmavík), Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri (Siglufjörður og Ólafsfjörður), Húsavík, Seyðisfjörður, Eskifjörður (Höfn), Hvolsvöllur (Vík), Vestmannaeyjar, Selfoss, Suðurnes (Keflavík og Keflavíkurflugvöllur) og sameinað embætti á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður).
3. Af þessum 15 embættum verða sérstakar rannsóknardeildir starfræktar við sjö embætti, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Selfossi, Suðurnesjum og sameinað embætti á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglustjórar þessara embætti stuðli að samræmdu vaktkerfi lögreglumanna innan síns umdæmis og næstu umdæma.
4. Lögreglustöðvum verður ekki lokað vegna breytinga á lögregluumdæmum og sérstaklega er áformað að ákveðið verði í reglugerð að lögregluvarðstofur utan aðalstöðvar lögreglu skuli vera í Búðardal, á Patreksfirði, Hólmavík, Bolungarvík, Siglufirði, Ólafsfirði, Höfn, Kirkjubæjarklaustri og Vík auk þeirra staða sem nú eru tilgreindir í reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Þeir staðir eru Ólafsvík, Grundarfjörður, Dalvík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Fáskrúðsfjörður og Grindavík.
5. Nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi.
6. Lögregluembættin tvö í Keflavík og Keflavíkurflugvelli verði sameinuð undir einni stjórn lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Með sýslumannsverkefni sem í dag heyra undir sýslumanninn í Keflavík fari sýslumaðurinn í Reykjanesbæ. Umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli mun heyra undir utanríkisráðuneytið, að því er varnarsvæðin á Suðurnesjum varðar, en að öðru leyti undir dómsmálaráðuneytið. Til þess að auka gegnsæi stjórnsýslunnar og fyrirbyggja skörun valdmarka milli ráðuneytanna er kveðið á um það í frumvarpinu að ráðuneytin setji sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem varða verksvið lögreglustjórans á Suðurnesjum og

sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Sú framsetning sækir fyrirmynd sína til 2. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003.

Efling sýslumannsembætta.

Samhliða breytingum á skipulagi löggæslu hefur dóms- og kirkjumálaráðherra kynnt áform um að efla og styrkja lítil sýslumannsembætti með flutningi verkefna og starfa frá ráðuneytum og stofnunum til embættanna.

Nú þegar er unnið að því að koma á fót Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar við sýslumannsembættið á Blönduósi og mun reynslan vegna þess flutnings nýtast vel við færslu frekari verkefna til sýslumannsembætta á landsbyggðinni.

Önnur verkefni sem kynnt hafa verið til flutnings af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eru:

1. Miðstöð ættleiðinga.
2. Sjóðir og skipulagsskrár.
3. Miðstöð fasteignasölueftirlits.
4. Útgáfa Lögbirtingablaðs.
5. Málefni bótanefndar.
6. Málefni skjalaþýðenda.
7. Miðstöð eftirlits með útfararþjónustu.
8. Miðstöð happdrættiseftirlits.

Líklegt er að heildarkostnaður við flutning þessara verkefna og fjölgun starfa á landsbyggðinni nemi um 50 millj. kr. á ársgrundvelli. Í flestum tilvikum kallar flutningur þessara verkefna á lagabreytingar og annan undirbúning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. lögreglulaga er fjallað um hlutverk ríkislögreglustjóra og í 2. mgr. þeirrar greinar er gerð grein fyrir þeim sérstöku verkefnum sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum. Skv. b-lið 2. mgr. skal ríkislögreglustjóri starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar auk þess lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota. Þær breytingar sem lagðar eru til hér eru annars vegar þær að ekki verði mælt sérstaklega fyrir um að deildin skuli vera öðrum lögregluembættum til aðstoðar við rannsóknir alvarlegra brota. Með hliðsjón af þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu varðandi rannsóknir stærri og flóknari mála hjá sjö rannsóknardeildum minnkar þörf fyrir rannsóknaraðstoð og þar af leiðandi þörfin fyrir að mæla sérstaklega fyrir um það sem hlutverk ríkislögreglustjóra að veita slíka aðstoð. Þess í stað verði mælt fyrir um að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um slíka rannsóknaraðstoð, sem eftir atvikum kæmi frá þeim lögregluembættum þar sem fyrir hendi er mest sérþekking á því sviði sem um ræðir hverju sinni. Hins vegar er lagt til að lögregluranns óknardeild sem rannsakar brot á borð við landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og stjórnvöldum þess skuli jafnframt vera greiningardeild sem hafi það hlutverk að vinna áhættumat vegna hryðjuverka og af skipulagðri glæpastarfsemi eða öðru sem ógnað getur öryggi ríkisins. Jafnframt er gert ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins að slíkar greiningardeildir skuli starfræktar hjá öðrum lögregluembættum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Sú ógn sem stafar af alþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi hefur vaxið hratt á undanförnum árum auk þess sem ógn af völdum hryðjuverka er sýnileg eins og nýlegar hryðjuverkaárásir bera með sér. Mikilvægt er að lögreglan, sem gegnir því hlutverki að gæta að öryggi ríkisins og borgara þess, afli og vinni úr upplýsingum og greini hættu sem tengist fíkniefnabrotum, skipulagðri glæpastarfsemi og

hryðjuverkum eða öðru varðandi öryggi ríkisins. Um rannsóknaraðferðir og starfsheimildir greiningardeilda fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Lögð er til breyting á 4. mgr. og vísast til athugasemda með 5. gr. í því sambandi.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 6. gr. lögreglulaga sem fjallar um lögregluumdæmi og stjórn þeirra. Meginbreytingin sem lögð er til í þessari grein er að lögregluumdæmum í landinu verði fækkað úr 26 í 15. Um nánari rökstuðning fyrir þessari breytingu vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Þá er lögð til sú breyting að starfsheiti varalögreglustjóra í Reykjavík verði breytt í aðstoðarlögreglustjóra og jafnframt að mögulegt verði í samræmi við skipurit viðkomandi embættis að þeir verði fleiri en einn. Þá er gert ráð fyrir að aðstoðarlögreglustjórar starfi við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Nánar er fjallað um þessa breytingu í umfjöllun hér á eftir um 5. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að tvær síðustu málsgreinar 6. gr. falli á brott, þar sem er að finna heimildir til setningar lögreglustjóra í sérstökum tilvikum. Ekki er þörf á sérstökum ákvæðum um þetta efni í lögreglulögum þar sem heimildir til setningar vegna vanhæfis eða vegna tímabundins leyfis lögreglustjóra er að finna í öðrum lögum.

Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við núgildandi ákvæði 6. gr. Þó er sérstaklega tilgreint í 3. mgr. að vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmunum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi verði samhæfð í hverjum fjórðungi og samræmd eftir því sem við verði komið. Markmiðið með því er að auka og efla sýnilega almenna löggæslu. Með því að mæla sérstaklega fyrir um þessa skyldu í lögum og jafnframt að veita dómsmálaráðherra heimild til að setja nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná er þetta markmið undirstrikað.

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. lögreglulaga sem fjallar um lögreglurannsóknir. Meginbreytingin felst í því að tilgreint verði við hvaða embætti skuli starfræktar sérstakar rannsóknardeildir og jafnframt til hvaða lögregluumdæma starfsemi þeirra nái. Eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu, sem og í tillögum verkefnisstjórnar og framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála, er mikilvægt að efla og styrkja rannsóknir lögreglu á sakamálum. Með því að færa rannsóknir stærri og flóknari mála í hendur færri rannsóknardeilda skapast meiri og betri möguleikar til að byggja upp nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu á sviði rannsókna sakamála og efla þannig og styrkja þennan mikilvæga þátt í starfsemi lögreglunnar, og um leið styrkja og bæta þjónustu hennar um land allt.

Gert er ráð fyrir í 3. mgr. að dómsmálaráðherra setji nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um það hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum. Eðlilegt þykir að í þeim reglum verði við það miðað að brot á borð við manndráp, kynferðisbrot, alvarlegar líkamsárásir, alvarleg fíkniefnabrot og alvarleg auðgunarbrot skuli rannsaka hjá slíkum rannsóknardeildum, svo og önnur alvarleg hegningarlagabrot og sérrefsilagabrot sem kalla á þekkingu og/eða sérhæfingu. Í 3. mgr. er einnig lögð til sú breyting að dómsmálaráðherra setji reglur um rannsóknaraðstoð sem feli í sér að hún geti komið frá fleiri embættum en embætti ríkislögreglustjóra, sbr. umfjöllun um 1. gr. hér að framan.

Í 4. mgr. er sérstaklega tekið fram að sá lögreglustjóri sem rannsóknardeild á undir fari með forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá rannsóknardeild viðkomandi emb-

ættis, í samræmi við þær reglur sem settar verða á grunni 3. mgr. Er þetta sérstaklega tekið fram til að taka af öll tvímæli um það hvaða lögreglustjóri skuli taka ákvarðanir í sambandi við rannsóknir mála, þar á meðal leita úrskurðar dómstóls um þvingunarráðstafanir o.s.frv.

Um 4. gr.

Um skýringar vísast til nánari umfjöllunar um 3. og 5. gr.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 28. gr. laganna. Meginbreytingin er sú sem að framan greinir, að heiti varalögreglustjóra verði breytt í aðstoðarlögreglustjóra og jafnframt gefinn kostur á að fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri starfi hjá stærstu lögregluembættunum. Sambærileg breyting verði gerð á heiti vararíkislögreglustjóra. Eftir sem áður er eðlilegt að ákveðið verði hver af viðkomandi aðstoðarlögreglustjórum gegni hlutverki staðgengils lögreglustjóra.

Einnig er gert ráð fyrir breytingum á menntunar- og starfsreynslukröfum til þeirra sem gegna embætti aðstoðarlögreglustjóra til að gefa lögreglumönnum með grunn- og framhaldsmenntun frá Lögregluskóla ríkisins eða aðra sambærilega framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu sem stjórnendum innan lögreglunnar færi á að gegna þeim stöðum. Mikil breyting hefur orðið á menntunarmálum lögreglumanna á síðustu árum, m.a. með stjórnunarnámi undanfarin ár í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Einnig er nokkuð um það að lögreglumenn hafi sótt sér framhaldsmenntun í lögreglufræðum til sérhæfðra erlendra háskóla og menntastofnana. Eðlilegt er með hliðsjón af þeirri eflingu að unnt verði að ráða vel menntaða og reynslumikla lögreglumenn til æðstu stjórnunarstarfa innan lögreglunnar án þess að dregið sé úr mikilvægi og þýðingu lögfræðimenntunar í því samhengi. Skv. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði skal sá sem gegnir stöðu staðgengils sýslumanns fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti. Í samræmi við það skal sá aðstoðarlögreglustjóra sem gegna skal hlutverki staðgengils lögreglustjóra fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í embætti lögreglustjóra.

Um 6. gr.

Lagðar eru til breytingar á inntökuskilyrðum nýnema við Lögregluskóla ríkisins í samræmi við tillögur valnefndar skólans. Í fyrsta lagi er lagt til að aldurshámarkið verði 40 ár í stað 35 ára nú. Valnefnd er samkvæmt gildandi lögum heimilt að víkja frá aldursskilyrðum við sérstakar aðstæður og í því ljósi er ekki gert ráð fyrir að þessi breyting hafi veruleg áhrif.

Í öðru lagi er lögð til breyting á kröfum um tungumálakunnáttu. Gerð verði krafa um að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku eins og samkvæmt gildandi lögum, en þar er jafnframt gerð krafa um kunnáttu í einu Norðurlandamáli. Lagt er til að það skilyrði verði fellt niður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að lögreglumannsefni standist inntökupróf samkvæmt skilyrðum valnefndar í stað skólanefndar. Skólanefnd og hlutverk hennar er ekki nánar skilgreint í lögreglulögum en hún er ráðgefandi nefnd samkvæmt gildandi reglugerð um Lögregluskóla ríkisins. Eðlilegt er að valnefnd, sem ber ábyrgð á inntöku nýnema í lögregluskólann, beri jafnframt ábyrgð á þeim kröfum sem gerðar eru í inntöku prófum.

Loks er lagt til að valnefnd verði veitt heimild til að setja nánari reglur um andlegt og líkamlegt heilbrigði svo og um tímaramma og önnur viðmið varðandi brot á refsilögum sem inntökuskilyrði. Jafnframt er lagt til að valnefnd setji verklagsreglur um val á nemum í lög-

regluskólann. Valnefnd hefur undanfarin ár sett reglur um störf sín og er eðlilegt að þær reglur fái skýra stoð í lögum.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. gr. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði í samræmi við þær breytingar sem felast í nýskipan lögregluumdæma og gerð er nánari grein fyrir hér að framan.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði og tengjast þær alfarið áformum um breytta skipan lögregluumdæma.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um forgangsrétt starfsmanna lögregluembættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu til starfa hjá nýju embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, og jafnframt að þeir skuli við flutning til starfa hjá nýju embætti njóta áunninna réttinda sinna. Með þessu móti er tryggt að þeir aðilar sem gegna tilgreindum stöðum hjá embættunum þremur standi framar öðrum þegar kemur að stofnun og skipulagningu nýs embættis sem og að þeir glati ekki áunnum réttindum sínum við tilfærslu í starfi þegar lögin koma til framkvæmda.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra skuli eigi síðar en 1. júlí 2006 skipa lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hans er að undirbúa stofnun embættisins. Er þar átt við alla þætti þess, þar á meðal gerð skipurits fyrir embættið sem staðfesta skal af dómsmálaráðherra, flutning starfsmanna eftir atvikum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra eða ríkislögreglustjóra hvað varðar þá sem undir skipunarvald þeirra heyra lögum samkvæmt o.s.frv.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að skipuð skuli nefnd til ráðgjafar við stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu og flutning starfsmanna til þess. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi stéttarfélög eigi fulltrúa í nefndinni auk fulltrúa starfsmanna frá hverju embættanna þriggja.

Í 4. mgr. er loks gert ráð fyrir því að þriggja manna nefnd hafi það hlutverk að fylgjast með framkvæmd breytinganna í heild sinni og skila skýrslu til ráðherra um það hvernig til hafi tekist með þær breytingar sem hér eru lagðar til og með hvaða hætti þau markmið sem að var stefnt um aukna og eflda löggæslu hafi náð fram að ganga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á umdæmaskipan lögreglu hér á landi og á verkaskiptingu milli einstakra sýslumannsembætta. Jafnframt felst í þessum breytingum að nýtt embætti á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum tveggja sýslumanna og

lögreglustjórans í Reykjavík. Einnig er gert ráð fyrir því að löggæsla á Suðurnesjum verði sameinuð undir einni stjórn. Áfram er þó fyrirhugað að tvö embætti starfi á Suðurnesjum eins og nú er en að verkaskipting milli þeirra verði önnur. Þá felur frumvarpið í sér að löggæsla og meðferð ákæruvalds færist frá átta minnstu embættunum, þ.e. sýslumannsembættunum í Búðardal, Patreksfirði, Bolungarvík, Hólmavík, Siglufirði, Ólafsfirði, Höfn í Hornafirði og Vík í Mýrdal, auk embætta sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi. Áfram er gert ráð fyrir að þessi embætti starfi sem sýslumannsembætti og til þess að styrkja starfsemi þeirra frekar er á vegum dómsmálaráðuneytisins unnið að athugun á því að flytja margvísleg verkefni til þeirra. Markmiðið með þessum breytingum er að renna styrkari stoðum undir starf löggæslunnar og bæta þjónustu hennar við samfélagið.

Stærsti þátturinn í þessum breytingum er að koma á fót nýrri löggæslustofnun á höfuðborgarsvæðinu og leggja samtímis niður þrjú embætti löggæslu í Hafnarfirði og Kópavogi og lögreglustjórans í Reykjavík. Til að kostnaður í tengslum við biðlaunarétt verði í lágmarki er kveðið á um það í frumvarpinu að starfsmenn lögregluembættanna þriggja njóti forgangs til starfa hjá nýja embættinu. Mögulegum viðbótarkostnaði af þessu tilefni er ætlunin að mæta innan núverandi fjárveitinga til embættanna þriggja. Einnig er gert ráð fyrir því í upphafi að starfsemi lögregluliðanna þriggja verði áfram í núverandi húsnæði.

Útgangspunkturinn í þessum breytingum er að forgangsraða betur þeim fjármunum sem varið er til löggæslumála samkvæmt núverandi útgjaldaramma ráðuneytisins í fjárlögum. Verði frumvarpið að lögum er því ekki gert ráð fyrir auknum framlögum til þessara verkefna heldur kalla breytingarnar á tilflutning fjárveitinga á milli embætta í samræmi við nánari útfærslu á þessum áformum. Kostnaður sýslumannsembætta af löggæslu er sérgreindur í fjárveitingum og reikningshaldi og á því að liggja ljóst fyrir hvaða fjárheimildir þarf að flytja á milli með verkefnunum. Þá á eftir að fara fram frekari kostnaðargreining og áætlanagerð varðandi ýmsar skipulagsbreytingar og rekstrarhagræðingu sem breytt skipan löggæslumála kann að gefa kost á. Talið er að unnt verði að nýta betur fjárveitingar til málaflokksins á ýmsa vegu en ætlunin er að öllum ávinningi af slíkri hagræðingu verði varið til að efla og bæta starfsemi löggæslunnar.

760. Svar [457. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um vegamál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarlengd og hlutfall*
   a. *safnvega,*
   b. *tengivega,*
   c. *landsvega,*

   sundurliðað eftir sveitarfélögum og kjördæmum og hvernig er skiptingin milli vega með varanlegu slitlagi og malarvega?
2. *Hver hefur heildarfjárveiting til þessara vegaflokka verið frá árinu 1995, á verðlagi 31. desember 2005?*
3. *Hversu margar brýr eru í hverju sveitarfélagi og á hvaða áratug voru þær smíðaðar, sundurliðað eftir einbreiðum brúm og tvíbreiðum og lengd miðað við 10 m bil?*

4. *Hver hefur heildarfjárveiting til vegamála verið sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir mismunandi tekjum Vegagerðarinnar?*
5. *Hverjar hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs verið af umferð og bílainnflutningi sl. 10 ár, á verðlagi 31. desember 2005 og hvernig skiptast þær milli tekjuflokka?*

Svör við fyrirspurninni koma fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1.1. Safn-, tengi- og landsvegir, skipt eftir sveitarfélögum, km og hlutfall.

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals	
Reykjavík	0,47	0,02%	2,47	0,06%	8,28	0,32%	11,22	0,13%
Kópavogur					3,45	0,13%	3,45	0,04%
Seltjarnarnes								
Garðabær								
Hafnarfjörður			17,72	0,44%	5,40	0,21%	23,12	0,26%
Sveitarfélagið Álftanes			4,29	0,11%			4,29	0,05%
Mosfellsbær	12,14	0,54%	37,66	0,94%	4,00	0,16%	53,80	0,61%
Kjalarneshreppur	22,57	1,01%	8,72	0,22%			31,29	0,36%
Kjósarhreppur	20,38	0,91%	40,56	1,01%			60,94	0,69%
Reykjanesbær	0,60	0,03%	20,02	0,50%	3,28	0,13%	23,90	0,27%
Grindavíkurbær	0,21	0,01%	27,93	0,70%	28,10	1,09%	56,24	0,64%
Sandgerðisbær	3,34	0,15%	12,66	0,32%			16,00	0,18%
Sveitarfélagið Garður								
Vatnsleysustrandarhreppur	3,29	0,15%	14,01	0,35%			17,30	0,20%
Akranes								
Hvalfjarðarstrandarhreppur	22,26	1,00%	28,78	0,72%			51,04	0,58%
Skilmannahreppur	4,24	0,19%	6,60	0,16%			10,84	0,12%
Innri-Akraneshreppur	3,65	0,16%	6,33	0,16%			9,98	0,11%
Leirár- og Melahreppur	8,10	0,36%	18,24	0,46%			26,34	0,30%
Skorradalshreppur	5,62	0,25%	36,67	0,92%	9,93	0,39%	52,22	0,59%
Borgarfjarðarsveit	35,76	1,60%	150,62	3,76%	47,98	1,86%	234,36	2,66%
Hvítársíðuhreppur	4,33	0,19%	38,98	0,97%	38,89	1,51%	82,20	0,93%
Borgarbyggð	125,69	5,63%	163,62	4,09%	24,85	0,96%	314,16	3,57%
Kolbeinsstaðahreppur	26,24	1,18%	4,21	0,11%			30,45	0,35%
Eyrarsveit	10,60	0,48%	9,93	0,25%			20,53	0,23%
Helgafellssveit	14,48	0,65%	11,48	0,29%	10,34	0,40%	36,30	0,41%
Stykkishólmur	2,55	0,11%					2,55	0,03%
Eyja- og Miklaholtshreppur	29,35	1,32%	5,12	0,13%			34,47	0,39%
Snæfellsbær	21,65	0,97%	58,35	1,46%	27,06	1,05%	107,06	1,22%
Saurbæjarhreppur	9,34	0,42%	27,13	0,68%			36,47	0,41%
Dalabyggð	65,14	2,92%	166,71	4,17%	9,84	0,38%	241,69	2,74%
Bolungavík	2,11	0,09%	1,70	0,04%	11,26	0,44%	15,07	0,17%
Ísafjörður	85,41	3,83%	24,35	0,61%	15,70	0,61%	125,46	1,42%
Reykhólahreppur	22,05	0,99%	49,45	1,24%	39,42	1,53%	110,92	1,26%
Tálknafjarðarhreppur	11,98	0,54%	1,65	0,04%			13,63	0,15%
Vesturbyggð	34,80	1,56%	74,77	1,87%	23,80	0,92%	133,37	1,51%
Súðavíkurhreppur	6,31	0,28%	52,93	1,32%			59,24	0,67%
Árneshreppur	10,51	0,47%	55,61	1,39%	19,83	0,77%	85,95	0,98%
Kaldrananeshreppur	1,01	0,05%	70,50	1,76%			71,51	0,81%
Bæjarhreppur	5,31	0,24%	8,34	0,21%	10,01	0,39%	23,66	0,27%

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals	
Broddaneshreppur	11,43	0,51%	6,53	0,16%	6,70	0,26%	24,66	0,28%
Hólmavík	30,82	1,38%	39,81	0,99%	35,11	1,36%	105,74	1,20%
Siglufjörður			2,03	0,05%	6,38	0,25%	8,41	0,10%
Sveitarfélagið Skagafjörður	140,12	6,28%	222,08	5,55%	100,90	3,92%	463,10	5,26%
Húnaþing vestra	85,12	3,82%	192,54	4,81%	38,99	1,51%	316,65	3,59%
Ásahreppur	9,75	0,44%	30,62	0,77%			40,37	0,46%
Sveinsstaðahreppur	10,09	0,45%	19,86	0,50%			29,95	0,34%
Torfalækjarhreppur	10,29	0,46%	22,12	0,55%			32,41	0,37%
Blönduósbær	4,14	0,19%	14,62	0,37%			18,76	0,21%
Svínavatnshreppur	20,20	0,91%	45,51	1,14%	94,11	3,65%	159,82	1,81%
Bólstaðarhlíðarhreppur	12,41	0,56%	34,09	0,85%	53,63	2,08%	100,13	1,14%
Höfðahreppur	0,21	0,01%	4,50	0,11%			4,71	0,05%
Skagabyggð	15,55	0,70%	39,60	0,99%			55,15	0,63%
Akrahreppur	43,02	1,93%	3,91	0,10%	7,73	0,30%	54,66	0,62%
Akureyri	1,12	0,05%	0,18		6,03	0,23%	7,33	0,08%
Húsavíkurbær	5,51	0,25%	1,83	0,05%			7,34	0,08%
Ólafsfjörður	6,27	0,28%	2,68	0,07%			8,95	0,10%
Dalvíkurbyggð	25,79	1,16%	39,67	0,99%	0,81	0,03%	66,27	0,75%
Grímseyjarhreppur			1,30	0,03%			1,30	0,01%
Arnarneshreppur	6,09	0,27%	15,72	0,39%			21,81	0,25%
Eyjafjarðarsveit	43,14	1,93%	81,27	2,03%	77,77	3,02%	202,18	2,30%
Hörgárbyggð	26,40	1,18%	40,90	1,02%			67,30	0,76%
Svalbarðsstrandarhreppur	6,24	0,28%	3,64	0,09%	10,55	0,41%	20,43	0,23%
Grýtubakkahreppur	8,60	0,39%	32,49	0,81%	27,33	1,06%	68,42	0,78%
Skútustaðahreppur	17,58	0,79%	23,56	0,59%	215,64	8,37%	256,78	2,92%
Aðaldalshreppur	18,74	0,84%	36,80	0,92%			55,54	0,63%
Tjörneshreppur	6,03	0,27%	0,64	0,02%			6,67	0,08%
Þingeyjarsveit	91,15	4,09%	143,68	3,59%	217,36	8,44%	452,19	5,13%
Kelduneshreppur	10,39	0,47%	4,42	0,11%	39,31	1,53%	54,12	0,61%
Öxafjarðarhreppur	54,16	2,43%	70,05	1,75%	0,78	0,03%	124,99	1,42%
Raufarhafnarhreppur								
Svalbarðshreppur	29,24	1,31%	7,48	0,19%			36,72	0,42%
Þórshafnarhreppur	17,85	0,80%	9,10	0,23%			26,95	0,31%
Seyðisfjörður	7,66	0,34%	7,29	0,18%			14,95	0,17%
Fjarðabyggð	7,82	0,35%	26,80	0,67%	36,65	1,42%	71,27	0,81%
Skeggjastaðahreppur	1,75	0,08%	5,43	0,14%			7,18	0,08%
Vopnafjarðarhreppur	47,34	2,12%	40,40	1,01%			87,74	1,00%
Fljótsdalshreppur	20,35	0,91%	40,31	1,01%	48,78	1,89%	109,44	1,24%
Borgarfjarðarhreppur	5,86	0,26%	25,64	0,64%	27,40	1,06%	58,90	0,67%
Mjóafjarðarhreppur	15,30	0,69%	26,28	0,66%			41,58	0,47%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	6,55	0,29%	34,03	0,85%			40,58	0,46%
Breiðdalshreppur	13,60	0,61%	33,20	0,83%			46,80	0,53%
Djúpavogshreppur	23,35	1,05%	10,04	0,25%			33,39	0,38%
Austurbyggð	1,60	0,07%	4,43	0,11%			6,03	0,07%
Fljótsdalshérað	131,00	5,87%	267,24	6,68%	257,14	9,98%	655,38	7,44%
Sveitarfélagið Hornafjörður	62,04	2,78%	14,22	0,36%	44,26	1,72%	120,52	1,37%
Vestmannaeyjar			5,20	0,13%			5,20	0,06%
Sveitarfélagið Árborg	19,16	0,86%	27,48	0,69%			46,64	0,53%
Mýrdalshreppur	19,25	0,86%	19,03	0,48%	17,49	0,68%	55,77	0,63%

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals	
Skaftárhreppur	70,27	3,15%	111,74	2,79%	231,79	9,00%	413,80	4,70%
Ásahreppur	11,61	0,52%	32,02	0,80%	146,74	5,70%	190,37	2,16%
Rangárþing eystra	86,29	3,87%	166,13	4,15%	61,75	2,40%	314,17	3,57%
Rangárþing ytra	84,02	3,77%	234,32	5,86%	196,58	7,63%	514,92	5,85%
Gaulverjabæjarhreppur	7,79	0,35%	33,87	0,85%			41,66	0,47%
Hraungerðishreppur	12,53	0,56%	17,70	0,44%			30,23	0,34%
Villingaholtshreppur	14,27	0,64%	37,81	0,94%			52,08	0,59%
Hrunamannahreppur	28,34	1,27%	36,63	0,92%	3,30	0,13%	68,27	0,78%
Hveragerði	1,06	0,05%	1,99	0,05%			3,05	0,03%
Sveitarfélagið Ölfus	22,67	1,02%	21,93	0,55%	3,39	0,13%	47,99	0,54%
Grimsnes- og Grafningshreppur	38,50	1,73%	79,62	1,99%			118,12	1,34%
Gnúpverja- og Skeiðahreppur	26,02	1,17%	92,03	2,30%	12,02	0,47%	130,07	1,48%
Bláskógabyggð	45,91	2,06%	97,53	2,44%	208,49	8,09%	351,93	4,00%
Alls	**2.230,85**	**100,00%**	**4.001,68**	**100,00%**	**2.576,33**	**100,00%**	**8.808,86**	**100,00%**

Tafla 1.2. Bundið slitlag á safn-, tengi-, og landsvegum eftir sveitarfélögum, km og hlutfall.

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals
Reykjavík			2,47	100,00%			2,47
Kópavogur					3,45	100,00%	3,45
Seltjarnarnes							
Garðabær							
Hafnarfjörður			3,45	19,47%	3,05	56,48%	6,50
Sveitarfélagið Álftanes			2,76	64,34%			2,76
Mosfellsbær			26,21	69,60%			26,21
Kjalarneshreppur	1,87	8,29%	5,76	66,06%			7,63
Kjósarhreppur			11,62	28,65%			11,62
Reykjanesbær			20,02	100,00%			20,02
Grindavíkurbær			8,60	30,79%	7,09	25,23%	15,69
Sandgerðisbær			10,66	84,20%			10,66
Sveitarfélagið Garður							
Vatnsleysustrandarhreppur			11,32	80,80%			11,32
Akranes							
Hvalfjarðarstrandarhreppur	0,51	2,29%					0,51
Skilmannahreppur			2,46	37,27%			2,46
Innri-Akraneshreppur			6,33	100,00%			6,33
Leirár- og Melahreppur	0,74	9,14%	2,33	12,77%			3,07
Skorradalshreppur			1,77	4,83%			1,77
Borgarfjarðarsveit	1,34	3,75%	35,62	23,65%	0,20	0,42%	37,16
Hvítársíðuhreppur							
Borgarbyggð	0,18	0,14%	3,79	2,32%			3,97
Kolbeinsstaðahreppur							
Eyrarsveit							
Helgafellssveit							
Stykkishólmur							
Eyja- og Miklaholtshreppur			3,72	72,66%			3,72
Snæfellsbær	3,17	14,64%	33,02	56,59%	1,44	5,32%	37,63
Saurbæjarhreppur			0,28	1,03%			0,28

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals
Dalabyggð	1,44	2,21%	9,42	5,65%			10,86
Bolungavík			0,18	10,59%			0,18
Ísafjörður			8,56	35,15%			8,56
Reykhólahreppur			17,03	34,44%			17,03
Tálknafjarðarhreppur			1,65	100,00%			1,65
Vesturbyggð	0,69	1,98%	4,80	6,42%			5,49
Súðavíkurhreppur			3,25	6,14%			3,25
Árneshreppur							
Kaldrananeshreppur			2,14	3,04%			2,14
Bæjarhreppur	0,22	4,14%	0,64	7,67%			0,86
Broddaneshreppur							
Hólmavík			0,29	0,73%			0,29
Siglufjörður			2,03	100,00%			2,03
Sveitarfélagið Skagafjörður	2,38	1,70%	24,93	11,23%			27,31
Húnaþing vestra	0,28	0,33%	3,87	2,01%			4,15
Ásahreppur							
Sveinsstaðahreppur							
Torfalækjarhreppur							
Blönduósbær			3,72	25,44%			3,72
Svínavatnshreppur			3,27	7,19%	1,11	1,18%	4,38
Bólstaðarhlíðarhreppur			0,86	2,52%			0,86
Höfðahreppur							
Skagabyggð							
Akrahreppur	0,54	1,26%					0,54
Akureyri	1,12	100,00%	0,18	100,00%	6,03	100,00%	7,33
Húsavíkurbær	0,48	8,71%	1,83	100,00%			2,31
Ólafsfjörður	2,16	34,45%					2,16
Dalvíkurbyggð	1,10	4,27%	17,45	43,99%	0,81	100,00%	19,36
Grímseyjarhreppur			1,30	100,00%			1,30
Arnarneshreppur			4,07	25,89%			4,07
Eyjafjarðarsveit	0,46	1,07%	25,33	31,17%			25,79
Hörgárbyggð	0,51	1,93%	0,91	2,22%			1,42
Svalbarðsstrandarhreppur	0,31	4,97%	1,28	35,16%			1,59
Grýtubakkahreppur	0,05	0,58%	22,01	67,74%			22,06
Skútustaðahreppur	0,08	0,46%	13,43	57,00%	11,63	5,39%	25,14
Aðaldalshreppur			5,62	15,27%			5,62
Tjörneshreppur							
Þingeyjarsveit	2,08	2,28%	9,38	6,53%	0,34	0,16%	11,80
Kelduneshreppur	1,68	16,17%	1,50	33,94%	3,52	8,95%	6,70
Öxafjarðarhreppur			1,45	2,07%			1,45
Raufarhafnarhreppur							
Svalbarðshreppur			2,69	35,96%			2,69
Þórshafnarhreppur			3,20	35,16%			3,20
Seyðisfjörður	0,01	0,13%	2,36	32,37%			2,37
Fjarðabyggð	0,01	0,13%	6,40	23,88%			6,41
Skeggjastaðahreppur			5,43	100,00%			5,43
Vopnafjarðarhreppur	0,79	1,67%	3,38	8,37%			4,17
Fljótsdalshreppur	0,57	2,80%	14,67	36,39%	27,50	56,38%	42,74
Borgarfjarðarhreppur	4,09	69,80%	10,54	41,11%			14,63

	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals
Mjóafjarðarhreppur							
Fáskrúðsfjarðarhreppur	0,73	11,15%	31,21	91,71%			31,94
Breiðdalshreppur	0,66	4,85%	1,01	3,04%			1,67
Djúpavogshreppur							
Austurbyggð	0,61	38,13%	3,10	69,98%			3,71
Fljótsdalshérað	3,13	2,39%	52,41	19,61%	16,90	6,57%	72,44
Sveitarfélagið Hornafjörður	2,18	3,51%	1,44	10,13%	1,86	4,20%	5,48
Vestmannaeyjar			4,10	78,85%			4,10
Sveitarfélagið Árborg	0,91	4,75%	19,82	72,13%			20,73
Mýrdalshreppur	0,31	1,61%	6,75	35,47%			7,06
Skaftárhreppur	2,93	4,17%	22,11	19,79%			25,04
Ásahreppur	9,33	80,36%	17,68	55,22%	15,25	10,39%	42,26
Rangárþing eystra	2,74	3,18%	50,38	30,33%			53,12
Rangárþing ytra	3,91	4,65%	92,68	39,55%	14,44	7,35%	111,03
Gaulverjabæjarhreppur	0,34	4,36%	1,10	3,25%			1,44
Hraungerðishreppur			0,83	4,69%			0,83
Villingaholtshreppur	0,47	3,29%	10,25	27,11%			10,72
Hrunamannahreppur	1,39	4,90%	2,51	6,85%			3,90
Hveragerði			1,99	100,00%			1,99
Sveitarfélagið Ölfus	3,33	14,69%	17,43	79,48%			20,76
Grimsnes- og Grafningshreppur	11,90	30,91%	30,07	37,77%			41,97
Gnúpverja- og Skeiðahreppur	0,26	1,00%	47,42	51,53%			47,68
Bláskógabyggð	3,02	6,58%	28,57	29,29%	23,25	11,15%	54,84
Samtals með bundnu slitlagi	**77,01**	**3,45%**	**876,10**	**21,89%**	**137,87**	**5,35%**	**1.090,98**
Samtals km vegflokks	**2.230,85**		**4.001,68**		**2.576,33**		**8.808.86**

Tafla 1.3. Safn-, tengi- og landsvegir eftir kjördæmum, km og hlutfall.

Kjördæmi	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals	
Reykjavík	23,04	1,03%	11,19	0,28%	8,28	0,32%	42,51	0,48%
Suður	557,17	24,98%	1.103,87	27,59%	957,19	37,15%	2.618,23	29,72%
Suðvestur	32,52	1,46%	100,23	2,50%	12,85	0,50%	145,6	1,65%
Norðvestur	961,64	43,11%	1.747,86	43,68%	626,08	24,30%	3.335,58	37,87%
Norðaustur	656,48	29,43%	1.038,53	25,95%	971,93	37,73%	2.666,94	30,28%
Alls	**2230,85**	**100,00%**	**4.001,68**	**100,00%**	**2576,33**	**100,00%**	**8.808,86**	**100,00%**

Tafla 1.4. Bundið slitlag á safn-, tengi- og landsvegum eftir kjördæmum, km og hlutfall.

Kjördæmi	Safnvegir		Tengivegir		Landsvegir		Samtals	
Reykjavík	1,87	8,12%	8,23	73,55%			10,10	23,76%
Suður	43,02	7,72%	405,73	36,76%	61,89	6,47%	510,64	19,50%
Suðvestur			44,04	43,94%	6,50	50,58%	50,54	34,71%
Norðvestur	11,49	1,19%	173,93	9,95%	2,75	0,44%	188,17	5,64%
Norðaustur	20,63	3,14%	244,17	23,51%	66,73	6,87%	331,53	12,43%
Samtals með bundnu slitlagi	**77,01**	**3,45%**	**876,10**	**21,89%**	**137,87**	**5,35%**	**1.090,98**	**12,39%**
Samtals km vegflokks	**2.230,85**		**4.001,68**		**2.576,33**		**8.808,86**	

Tafla 2. Yfirlit yfir fjárveitingar til stofnvega og tengivega.
Allar upphæðirnar eru á verðlagi 31. desember 2005 (7745).

Byggðaskipting Kostnaðarliður, millj. kr.	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**
Landsbyggð											
Stofnvegir	1.996	1.849	2.081	2.234	3.910	3.994	3.298	3.605	5.072	2.913	2.206
Jarðgöng	998	565	347	7	13	127	244	343	1.604	2.015	1.300
Tengivegir	444	412	475	482	521	554	566	545	561	493	563
Til tengivega af ferðamannafé						53	43	234	181	161	138
Til tengivega af þjóðgarðavegafé											38
Til landsvega o.fl. af ferðamannafé						51	61	160	140	70	37
Til landsvega af þjóðgarðavegafé											53
Höfuðborgarsvæði	1.690	1.211	1.211	1.143	1.191	1.418	1.410	1.361	2.374	1.340	1.243
Samtals	**5.128**	**4.037**	**4.114**	**3.866**	**5.635**	**6.197**	**5.622**	**6.248**	**9.932**	**6.992**	**5.578**

Tafla 3.1. Fjöldi einbreiðra brúa, eftir sveitarfélögum og lengd í metrum.

Sveitarfélag	< 10	11-12	21-30	31-40	41-50	51-60	61-70	71-80	81-90	91-100	101-110	111-120	121-130	131-140	151-160	161-170	181-190	191-200	241-250	251-260	411-420	871-880	Samtals
Reykjavík	1																						1
Mosfellsbær	4	4																					8
Kjósarhreppur	5	3			1																		9
Hvalfjarðarstrandarhreppur	5	1	1																				7
Leirár- og Melahreppur	2	1																					3
Skorradalshreppur		3	1																				4
Borgarfjarðarsveit	4	4	1	3	2	1																	15
Hvítársíðuhreppur	1	3	2		1			1															8
Borgarbyggð	11	3	1	2	4	1					1	1											24
Kolbeinsstaðahreppur	2	2		1																			5
Helgafellssveit	1	2																					3
Eyja- og Miklaholtshreppur	1				1																		2
Snæfellsbær	2	1																					3
Saurbæjarhreppur		5	1																				6
Dalabyggð	17	17	11	3	3	2		1															54
Ísafjörður	10	10	3						1			1											25
Reykhólahreppur	9	3	2	3			1																18
Tálknafjarðarhreppur	2	1																					3
Vesturbyggð	18	13	5	1																			37
Súðavíkurhreppur	5	4	2	2	1																		14
Árneshreppur	6	2	1																				9
Kaldrananeshreppur	2	1		2																			5
Bæjarhreppur		1	5																				6
Broddaneshreppur		7	1	1																			9
Hólmavík	4	4	2	2	4	1																	17
Sveitarfélagið Skagafjörður	7	13	8	6	3								1										38
Húnaþing vestra	12	11	5	2	1	1																	32
Ásahreppur	1	2			1																		4
Sveinsstaðahreppur			1																				1
Torfalækjarhreppur	1	1																					2
Blönduósbær			1					1															2
Svínavatnshreppur	2	1	1	2				1															7
Bólstaðarhlíðarhreppur	2	1	4	1																			8
Höfðahreppur	1																						1
Skagabyggð	1	2																					3
Akrahreppur		1	1	3		2					1												8
Akureyri			1	1	1																		3
Húsavíkurbær						1																	1
Ólafsfjörður	2	1	1																				4
Dalvíkurbyggð	2	1																					3

Sveitarfélag	< 10	11-12	21-30	31-40	41-50	51-60	61-70	71-80	81-90	91-100	101-110	111-120	121-130	131-140	151-160	161-170	181-190	191-200	241-250	251-260	411-420	871-880	Samtals
Eyjafjarðarsveit	1	6	2	1	1									1									12
Hörgárbyggð	3	3	1	1																			8
Svalbarðsstrandarhreppur		2	1																				3
Grýtubakkahreppur	1		1																				2
Skútustaðahreppur	1		1								1												3
Aðaldalshreppur	1	3	1	2																			7
Tjörneshreppur								1															1
Þingeyjarsveit	7	9	1	1	4	1						1						1					25
Kelduneshreppur												1											1
Öxafjarðarhreppur	10	1	2		1																		14
Svalbarðshreppur	2	1	1				2																6
Þórshafnarhreppur	1		1	1																			3
Seyðisfjörður		2																					2
Fjarðabyggð	8	3			1																		12
Skeggjastaðahreppur			1	1	2																		4
Vopnafjarðarhreppur	3	9	2		1			2		1													18
Fljótsdalshreppur	2	1	2			1						1											7
Borgarfjarðarhreppur	4	4			1																		9
Mjóafjarðarhreppur	3	1																					4
Fáskrúðsfjarðarhreppur		1		1																			2
Breiðdalshreppur	4	5	1		2		1																13
Djúpavogshreppur	4	2			2							3											11
Austurbyggð			1																				1
Fljótsdalshérað	21	17	7	9	3			1	1		1												60
Sveitarfélagið Hornafjörður	2	8	4	5	6		1	1			2								1	1		1	32
Sveitarfélagið Árborg	2																						2
Mýrdalshreppur	3	1		1											1								6
Skaftárhreppur	9	5	6	5		2	2	1								1					1		32
Ásahreppur		3		1	1																		5
Rangárþing eystra	15	10	2				1																28
Rangárþing ytra	4	2	2						1														9
Gaulverjabæjarhreppur	4																						4
Hraungerðishreppur	1																						1
Villingaholtshreppur	1	1																					2
Hrunamannahreppur	5	2	1	1				1															10
Hveragerði		1																					1
Sveitarfélagið Ölfus	3	2																					5
Grimsnes- og Grafningshreppur		2			1	1																	4
Gnúpverja- og Skeiðahreppur		2	1	1		1						1					1						7
Bláskógabyggð	3	3	3	1			1	1		1	1												14
Samtals	**271**	**241**	**107**	**67**	**49**	**15**	**9**	**12**	**3**	**2**	**7**	**9**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**1**	**802**

Tafla 3.2. Fjöldi einbreiðra brúa, eftir sveitarfélögum og byggingarári.

	vantar	< 1931	1931-1940	1941-1950	1951-1960	1961-1970	1971-1980	1981-1990	1991-2000	2001-2005	Samtals
Reykjavík				1							1
Mosfellsbær	2				2	1	2	1			8
Kjósarhreppur		1	1	1	1	1	3	1			9
Hvalfjarðarstrandarhreppur	1		1	1	3	1					7
Leirár- og Melahreppur				1	1			1			3
Skorradalshreppur					3	1					4
Borgarfjarðarsveit			1	3	6	3	1	1			15
Hvítársíðuhreppur				3	2	1	1		1		8
Borgarbyggð		1	2	4	8	4	2	1	1	1	24
Kolbeinsstaðahreppur	1				2	2					5
Helgafellssveit				1	1		1				3
Eyja- og Miklaholtshreppur						1		1			2
Snæfellsbær					1	1	1				3
Saurbæjarhreppur				1	1	2	1		1		6
Dalabyggð				9	19	17	9				54
Ísafjörður		1		4	9	3	4	4			25
Reykhólahreppur				1	5	7		5			18
Tálknafjarðarhreppur				1	2						3
Vesturbyggð	1			1	15	12	4	3		1	37
Súðavíkurhreppur					8	2	3			1	14
Árneshreppur	1				2	2			2	2	9
Kaldrananeshreppur			1		2	2					5
Bæjarhreppur						1	4	1			6
Broddaneshreppur		1		2	3	2	1				9
Hólmavík			2	3	2	4	3	3			17
Sveitarfélagið Skagafjörður	2		2	5	4	10	6	8		1	38
Húnaþing vestra	1	1	1	3	9	8	5	4			32
Ásahreppur				1	3						4
Sveinsstaðahreppur							1				1
Torfalækjarhreppur					1		1				2
Blönduósbær					1		1				2
Svínavatnshreppur			1		3	2			1		7
Bólstaðarhlíðarhreppur					2	4		2			8
Höfðahreppur								1			1
Skagabyggð						2			1		3
Akrahreppur				2	3	3					8
Akureyri									3		3
Húsavíkurbær					1						1
Ólafsfjörður				2			1	1			4
Dalvíkurbyggð			1		1			1			3

	vantar	< 1931	1931-1940	1941-1950	1951-1960	1961-1970	1971-1980	1981-1990	1991-2000	2001-2005	Samtals
Eyjafjarðarsveit		1	2			5	2	2			12
Hörgárbyggð		1	1	1	2	1	1	1			8
Svalbarðsstrandarhreppur		1	2								3
Grýtubakkahreppur	1					1					2
Skútustaðahreppur				1	1			1			3
Aðaldalshreppur		2				3	1	1			7
Tjörneshreppur							1				1
Þingeyjarsveit	4	1	1	2	9		3	4	1		25
Kelduneshreppur					1						1
Öxafjarðarhreppur	2		2		4	1	4		1		14
Svalbarðshreppur					3	1	1	1			6
Þórshafnarhreppur	1		1				1				3
Seyðisfjörður			1					1			2
Fjarðabyggð				1	8	1	1	1			12
Skeggjastaðahreppur					2		2				4
Vopnafjarðarhreppur		2		2	6	2	4	1	1		18
Fljótsdalshreppur					3		2	1	1		7
Borgarfjarðarhreppur		1	1		4	2		1			9
Mjóafjarðarhreppur				2	1		1				4
Fáskrúðsfjarðarhreppur					2						2
Breiðdalshreppur			2	2	3	4	1	1			13
Djúpavogshreppur	1				3	2	1	2	2		11
Austurbyggð						1					1
Fljótsdalshérað		3		4	19	18	12	2	1	1	60
Sveitarfélagið Hornafjörður	1			1	8	12	7	1		2	32
Sveitarfélagið Árborg	2										2
Mýrdalshreppur					1	2	1	1	1		6
Skaftárhreppur				1	5	14	10		1	1	32
Ásahreppur	2					1	1			1	5
Rangárþing eystra	3		1	2	8	6	5	3			28
Rangárþing ytra						3	2	2	2		9
Gaulverjabæjarhreppur	2					1	1				4
Hraungerðishreppur	1										1
Villingaholtshreppur						2					2
Hrunamannahreppur	1	2		1	2	1		3			10
Hveragerði								1			1
Sveitarfélagið Ölfus					2		2	1			5
Grimsnes- og Grafningshreppur				1	2	1					4
Gnúpverja- og Skeiðahreppur			1			4	1	1			7
Bláskógabyggð	1			1	1	3	3	2	3		14
Samtals	**31**	**19**	**28**	**72**	**226**	**191**	**126**	**74**	**24**	**11**	**802**

Tafla 3.3. Fjöldi tvíbreiðra brúa, eftir sveitarfélögum og lengd í metrum.

	< 10	11-20	21-30	31-40	41-50	51-60	61-70	71-80	81-90	91-100	101-110	111-120	121-130	131-140	141-150	161-170	181-190	221-230	241-250	301-310	331-340	351-360	511-520	Samtals
Reykjavík	22	5	2	1	1	10	3	1	1															46
Kópavogur	5		4	2	2																			13
Garðabær					1																			1
Hafnarfjörður	3	3				1																		7
Mosfellsbær	8	3	1	1			1																	14
Kjósarhreppur	5	1	2		1																			9
Vatnsleysustrandarhreppur		2																						2
Hvalfjarðarstrandarhreppur	2		1																					3
Skilmannahreppur	1																							1
Leirár- og Melahreppur	2	1	1																					4
Skorradalshreppur	2		1																					3
Borgarfjarðarsveit	3				1		1		1															6
Borgarbyggð	4	3	4	2			1																1	15
Kolbeinsstaðahreppur	1																							1
Eyrarsveit	3	1																1						5
Helgafellssveit	1			1																				2
Eyja- og Miklaholtshreppur	4	1	1																					6
Snæfellsbær	6	3	4																					13
Dalabyggð	5																							5
Bolungavík		2																						2
Ísafjörður	6	2	1																					9
Reykhólahreppur	6	2					1																	9
Tálknafjarðarhreppur	1																							1
Vesturbyggð	3	2	1																					6
Súðavíkurhreppur	3																							3
Bæjarhreppur	1	1	1																					3
Hólmavík	2			2																				4
Siglufjörður		1																						1
Sveitarfélagið Skagafjörður	12	3	3		2						1						1							22
Húnaþing vestra	6	1				1		1	1															10
Sveinsstaðahreppur	1							1																2
Torfalækjarhreppur			1																					1
Blönduósbær	1						1																	2
Svínavatnshreppur	1																							1
Bólstaðarhlíðarhreppur	2	1																						3
Skagabyggð	2	1			1																			4
Akrahreppur	2					1																		3
Akureyri		2												1										3
Húsavíkurbær		1	1																					2

	< 10	11-20	21-30	31-40	41-50	51-60	61-70	71-80	81-90	91-100	101-110	111-120	121-130	131-140	141-150	161-170	181-190	221-230	241-250	301-310	331-340	351-360	511-520	Samtals
Ólafsfjörður	1																							1
Dalvíkurbyggð	2	2		2	1				1															8
Eyjafjarðarsveit	6																							6
Hörgárbyggð	4		1	1																				6
Grýtubakkahreppur		1													1									2
Skútustaðahreppur		3				1																		4
Aðaldalshreppur	3																							3
Þingeyjarsveit	4	1			1					1														7
Kelduneshreppur											1													1
Öxafjarðarhreppur	2																							2
Svalbarðshreppur	1						1		1															3
Þórshafnarhreppur	2																							2
Seyðisfjörður	1		2																					3
Fjarðabyggð	11	2		2																				15
Skeggjastaðahreppur	4																							4
Vopnafjarðarhreppur	1																							1
Fljótsdalshreppur			2																1					3
Borgarfjarðarhreppur	1																							1
Fáskrúðsfjarðarhreppur	1																							1
Breiðdalshreppur	6									1														7
Djúpavogshreppur	4				1																			5
Austurbyggð	5																							5
Fljótsdalshérað	15	2	2				1					1	1							1				23
Sveitarfélagið Hornafjörður	9	3			1		1						1								1			16
Sveitarfélagið Árborg	5													1								1		7
Mýrdalshreppur	3					1	2						1											7
Skaftárhreppur	2	3	3	1	1		1													1				12
Ásahreppur		1														1								2
Rangárþing eystra	2	4	3	2	2	1													1					15
Rangárþing ytra	2	3							1															6
Gaulverjabæjarhreppur	1																							1
Hraungerðishreppur	2																							2
Villingaholtshreppur	1	1																						2
Hrunamannahreppur			1																					1
Sveitarfélagið Ölfus	3	2	1					1																7
Grimsnes- og Grafningshreppur	1																							1
Gnúpverja- og Skeiðahreppur				1																				1
Bláskógabyggð	3	3			1																			7
Samtals	**234**	**73**	**44**	**18**	**17**	**16**	**14**	**4**	**6**	**2**	**2**	**1**	**3**	**2**	**1**	**1**	**1**	**1**	**2**	**2**	**1**	**1**	**1**	**447**

Tafla 3.4. Fjöldi tvíbreiðra brúa, eftir sveitarfélögum og byggingarári.

	vantar	< 1931	1941-1950	1951-1960	1961-1970	1971-1980	1981-1990	1991-2000	2001-2005	Samtals
Reykjavík	4	1			2	3	11	14	11	46
Kópavogur					2	4	2	4	1	13
Garðabær							1			1
Hafnarfjörður								3	4	7
Mosfellsbær	2		1		1	9	1			14
Kjósarhreppur						4	3	2		9
Vatnsleysustrandarhreppur									2	2
Hvalfjarðarstrandarhreppur				1			2			3
Skilmannahreppur						1				1
Leirár- og Melahreppur					1	1	2			4
Skorradalshreppur				1				2		3
Borgarfjarðarsveit								3	3	6
Borgarbyggð					2	4	6		3	15
Kolbeinsstaðahreppur									1	1
Eyrarsveit							3	1	1	5
Helgafellssveit							1	1		2
Eyja- og Miklaholtshreppur							5		1	6
Snæfellsbær					2	2	2	5	2	13
Dalabyggð						2	1	1	1	5
Bolungavík					1				1	2
Ísafjörður					3	1	3	2		9
Reykhólahreppur						1	3	1	4	9
Tálknafjarðarhreppur						1				1
Vesturbyggð						1	2	3		6
Súðavíkurhreppur						3				3
Bæjarhreppur		1				1	1			3
Hólmavík								2	2	4
Siglufjörður									1	1
Sveitarfélagið Skagafjörður					1	4	7	6	4	22
Húnaþing vestra					2	4	2		2	10
Sveinsstaðahreppur								1	1	2
Torfalækjarhreppur					1					1
Blönduósbær					1	1				2
Svínavatnshreppur							1			1
Bólstaðarhlíðarhreppur							1	2		3
Skagabyggð						1		2	1	4
Akrahreppur					1		1	1		3
Akureyri				1		1	1			3
Húsavíkurbær				1		1				2

	vantar	< 1931	1941-1950	1951-1960	1961-1970	1971-1980	1981-1990	1991-2000	2001-2005	Samtals
Ólafsfjörður							1			1
Dalvíkurbyggð				1		3	2		2	8
Eyjafjarðarsveit						1	4	1		6
Hörgárbyggð							3	2	1	6
Grýtubakkahreppur								2		2
Skútustaðahreppur					1		1	2		4
Aðaldalshreppur	1			1	1					3
Þingeyjarsveit			1		1	1	1	2	1	7
Kelduneshreppur									1	1
Öxafjarðarhreppur						1	1			2
Svalbarðshreppur							2		1	3
Þórshafnarhreppur						1	1			2
Seyðisfjörður								2	1	3
Fjarðabyggð				1	3	1	4	1	5	15
Skeggjastaðahreppur									4	4
Vopnafjarðarhreppur									1	1
Fljótsdalshreppur									3	3
Borgarfjarðarhreppur					1					1
Fáskrúðsfjarðarhreppur				1						1
Breiðdalshreppur							6	1		7
Djúpavogshreppur							1	2	2	5
Austurbyggð					1		4			5
Fljótsdalshérað				2		2	2	6	11	23
Sveitarfélagið Hornafjörður					3	3	1	4	5	16
Sveitarfélagið Árborg			1			5	1			7
Mýrdalshreppur						2	2	2	1	7
Skaftárhreppur						1	1	4	6	12
Ásahreppur						1			1	2
Rangárþing eystra			1		3	4		4	3	15
Rangárþing ytra				1	3		2			6
Gaulverjabæjarhreppur						1				1
Hraungerðishreppur						2				2
Villingaholtshreppur						1	1			2
Hrunamannahreppur								1		1
Sveitarfélagið Ölfus					2	1	3		1	7
Grimsnes- og Grafningshreppur								1		1
Gnúpverja- og Skeiðahreppur								1		1
Bláskógabyggð					2		1	2	2	7
Samtals	**7**	**2**	**4**	**11**	**41**	**81**	**107**	**96**	**98**	**447**

Tafla 4. Heildarfjárveiting til vegamála sl. 10 ár, skipt eftir mismunandi tekjum Vegagerðarinnar.

Tölur eru á verðlagi í desember 2005 miðað við vísitölu neysluverðs.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Markaðar tekjur										
Bensíngjald	6.244	6.278	6.703	6.867	7.037	7.272	6.155	6.041	5.919	6.114
Þungaskattur, km-gjald	814	959	2.835	3.009	3.036	3.052	2.926	2.778	2.758	2.871
Þungaskattur, árgjald	2.158	2.441	1.201	1.516	1.578	2.541	2.495	2.740	2.748	2.933
Leyfisgjöld flutninga	0	0	0	0	0	4	3	10	11	4
Leyfisgjöld leigubifreiða	0	0	0	0	0	0	0	0	6	6
Markaðar tekjur samtals	**9.216**	**9.679**	**10.738**	**11.392**	**11.651**	**12.869**	**11.579**	**11.569**	**11.443**	**11.928**
Umsýslugjald	0	0	0	0	-56	-59	-58	-58	-57	-56
Samtals	**9.216**	**9.679**	**10.738**	**11.392**	**11.594**	**12.810**	**11.521**	**11.511**	**11.386**	**11.872**
Ríkisframlög										
Ríkisframlag	817	0	0	0	0	0	75	137	1.598	714
Framlög til jarðganga	0	0	0	0	0	0	0	0	1.299	1.437
Eignasala	0	0	0	0	0	0	0	0	325	0
Viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra	0	420	412	190	0	616	567	556	3.247	1.250
Sérstök fjáröflun	0	0	0	0	0	399	850	2.635	0	0
Almannaskarð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	391
Ríkisframlög samtals	**817**	**420**	**412**	**190**	**0**	**1.015**	**1.492**	**3.327**	**6.468**	**3.792**
Tekjur og framlög alls	**10.033**	**10.099**	**11.150**	**11.582**	**11.594**	**13.824**	**13.013**	**14.838**	**17.854**	**15.664**
Viðskiptahreyfingar										
Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	0	0	0	542	-51	-49	-45	-44	-43	-42
Vegna ferja	0	0	0	0	0	0	0	-292	-314	-341
Lánsfé	843	210	137	0	154	0	0	0	0	0
Frestun framkvæmda	0	0	0	0	0	-720	-130	-1.796	0	0
Markaðar tekjur til ráðstöfunar síðar	0	-402	-1.106	-1.577	0	0	0	0	0	-976
Viðskiptahreyfingar samtals	843	-192	-969	-1.035	103	-770	-176	-2.133	-357	-1.358
Fjárveiting alls	**10.876**	**9.907**	**10.181**	**10.547**	**11.697**	**13.055**	**12.837**	**12.705**	**17.497**	**14.306**

Tafla 5. Heildarskatttekjur ríkissjóðs af umferð og bílainnflutningi sl. 10 ár, eftir tekjuflokkum.

Tölur eru á verðlagi 31. desember 2005 miðað við vísitölu neysluverðs.	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Brb. 2005
Samtals tekjur ríkissjóðs af ökutækjum	**24.836**	**29.628**	**32.317**	**34.999**	**37.651**	**37.274**	**30.957**	**30.700**	**34.332**	**39.422**	**47.032**
Beinar tekjur	**20.525**	**24.316**	**26.312**	**28.973**	**31.274**	**29.886**	**23.495**	**23.240**	**26.541**	**31.093**	**38.236**
Tekjur af bifreiðakaupum	*6.762*	*8.958*	*10.092*	*12.026*	*13.808*	*11.572*	*6.349*	*6.149*	*9.264*	*12.476*	*19.475*
Vörugjöld af ökutækjum	3.537	5.016	5.542	6.556	7.490	6.109	3.234	3.117	4.897	6.582	10.250
Áætlaðar VSK-tekjur af kaupum á einkabílum	3.224	3.942	4.550	5.469	6.318	5.463	3.115	3.032	4.367	5.894	9.225
Tekjur af notkun ökutækja	*13.763*	*15.358*	*16.219*	*16.947*	*17.466*	*18.314*	*17.145*	*17.090*	*17.277*	*18.617*	*18.761*
Tekjur af eldsneyti	7.907	8.988	9.188	9.067	9.184	9.307	8.423	8.207	8.077	8.694	8.783
Vörugjald af bensíni, almennt (97%)	2.374	2.708	2.669	2.172	2.326	2.620	2.246	2.101	2.082	2.341	2.420
Sérstakt vörugjald	5.533	6.280	6.519	6.895	6.858	6.687	6.177	6.106	5.995	6.353	6.363
Bifreiðagjald	2.522	2.629	2.798	2.999	3.026	3.092	3.004	3.242	3.250	3.319	3.653
Þungaskattur	3.334	3.741	4.234	4.697	5.062	5.727	5.548	5.229	5.456	6.054	4.015
Þungaskattur af dísilbifreiðum skv. ökumælum	2.357	2.631	2.917	3.012	2.540	3.185	2.965	2.762	2.923	0	0
Þungaskattur, fast árgjald	960	1.090	1.298	1.664	2.510	2.528	2.566	2.450	2.517	0	0
Þungaskattur vegna erlendra ökutækja	17	20	18	21	13	14	17	17	16	0	0
Olíugjald	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.703
Aðrar tekjur	0	0	0	184	194	188	170	412	494	551	606
Gjald fyrir einkanúmeraplötur á ökutæki	0	0	0	14	0	0	11	0	0	0	0
Umferðaröryggisgjald	0	0	0	43	50	47	41	53	44	42	40
Prófgjöld bifreiðastjóra	0	0	0	40	48	48	42	0	0	0	0
Ökuskírteini	0	0	0	88	96	93	76	71	64	64	76
Skráningargjald ökutækja	0	0	0	0	0	0	0	288	386	445	490
Óbeinar tekjur	**4.311**	**5.311**	**6.005**	**6.026**	**6.377**	**7.388**	**7.463**	**7.461**	**7.791**	**8.328**	**8.797**
Tekjur af notkun ökutækja	*4.311*	*5.311*	*6.005*	*6.026*	*6.377*	*7.388*	*7.463*	*7.461*	*7.791*	*8.328*	*8.797*
Áætlaðar VSK-tekjur af rekstri einkabíla	4.311	5.311	6.005	6.026	6.377	7.388	7.463	7.461	7.791	8.328	8.797
Hlutfallsleg skipting											
Beinar tekjur	82,6%	82,1%	81,4%	82,8%	83,1%	80,2%	75,9%	75,7%	77,3%	78,9%	81,3%
Óbeinar tekjur	17,4%	17,9%	18,6%	17,2%	16,9%	19,8%	24,1%	24,3%	22,7%	21,1%	18,7%
Tekjur af bifreiðakaupum	32,9%	36,8%	38,4%	41,5%	44,2%	38,7%	27,0%	26,5%	34,9%	40,1%	50,9%
Tekjur af notkun	67,1%	63,2%	61,6%	58,5%	55,8%	61,3%	73,0%	73,5%	65,1%	59,9%	49,1%
Til samanburðar											
Tekjur af ökutækjum sem hlutfall af landsframleiðslu	3,7%	4,1%	4,6%	4,5%	4,8%	4,5%	3,6%	3,5%	3,9%	4,3%	4.8%
										Brb.	**Spá**
Verg landsframleiðsla			708.181	776.419	789.121	824.163	850.402	869.703	877.857	921.668	973,700

761. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneytinu, Knút Bruun frá Myndstefi, Gunnar Guðmundsson frá Sambandi flytjenda- og hljómplötuframleiðenda, Ragnheiði Tryggvadóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki, Ólöfu Benediktsdóttur og Sigurð Vigfússon frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Helgu Ólafsdóttur frá Blindrabókasafni Íslands, Halldór Þ. Birgisson frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og Fjölís, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Hrein Beck frá Netfrelsi.

Umsagnir bárust nefndinni frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, Höfundaréttarfélagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Blindrabókasafni Íslands, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Fjölís, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, STEF, sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, Myndstefi, Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda og Samtökum atvinnulífsins.

Með frumvarpinu eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Efni tilskipunarinnar tekur sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda. Í frumvarpinu eru eingöngu tekin upp þau atriði tilskipunarinnar sem skylt er að lögleiða samkvæmt henni. Þar að auki leggur nefndin fram breytingartillögu sem felur í sér að lögfest verði undanþága frá einkarétti höfunda með þarfir fatlaðra í huga.

Frumvarpið er fyrsti áfangi í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna lagaþróunar á sviði höfundaréttar og telur nefndin mikilvægt að heildarendurskoðun höfundalaga fari fram sem allra fyrst.

Þónokkrar umræður urðu í nefndinni um þær athugasemdir sem henni bárust og getur nefndin tekið undir margar þeirra. Í athugasemdum sem nefndinni bárust frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða, varðandi 2. gr. frumvarpsins var m.a. lýst áhyggjum af heimild sjónskertra, lestrarhamlaðra o.fl. til eftirgerðar. Nefndin hefur ákveðið að bregðast við þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust frá Blindrabókasafni Íslands og er því lögð til breyting sem varðar 19. gr. laganna. Enn fremur er í umsögn Upplýsingar bent á að æskilegt væri að bóka- og skjalasöfn hefðu möguleika á að miðla safnefni til notenda innan veggja safnsins, t.d. stafrænt af netþjóni. Nefndin telur að meinbugir séu á núgildandi löggjöf hvað þetta atriði varðar en telur að slík breyting þarfnist nokkurs undirbúnings og samstarfs við hagsmunaaðila. Því vill nefndin leggja áherslu á að taka þurfi tillit til þessara athugasemda við heildarendurskoðun á höfundalögunum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi komi orðið „skal“ í stað orðsins „má“ í fyrri efnismálslið 3. gr. frumvarpsins. Með því verði ráðuneytinu gert skylt en ekki heimilt að setja reglugerð.
2. Í öðru lagi leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ný grein sem felur í sér breytingu á 19. gr. laganna. Athugasemdir hafa borist við 2. gr. frumvarpsins er fjallar um heimild einstaklinga til eftirgerðar. Skv. b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB geta aðildarríkin kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á einkarétti höfunda til eftirgerðar og

miðlunar verka sinna til almennings, auk réttar til að gera annað efni aðgengilegt, ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar. Nefndin leggur til að heimild til undanþágu verði nýtt til að setja í höfundalög tvenns konar ákvæði um eintakagerð o.fl. í þágu blindra, sjónskertra, heyrnarlausra og lestrarhamlaðra, þ.e. annars vegar eftirgerð og dreifing í þágu blindra, sjónskertra og heyrnarlausra og hins vegar gerð hljóðbóka í þágu blindra, sjónskertra og lestrarhamlaðra.

Í 1. efnismgr. greinarinnar er ákvæði sem felur í sér almenna reglu sem heimilar eftirgerð og dreifingu verka sem út hafa verið gefin, þegar eftirgerðin og eintökin sem þannig er dreift eru sérstaklega ætluð blindum, sjónskertum, heyrnarlausum eða lestrarhömluðum. Ákvæðið er ekki bundið við ákveðna tækni og heimilar því bæði hliðræna og stafræna eintakagerð. Heimildin felur í sér afnotaheimild án endurgjalds, þ.e. höfundar eiga hvorki rétt til endurgjalds né geta þeir lagt bann við notkun verka sinna í þessum tilgangi. Framangreind heimild á þó ekki við ef notkun er í fjárhagslegum tilgangi og er það í samræmi við b-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar.

Með upptalningunni blindir, sjónskertir, heyrnarlausir og lestrarhamlaðir er átt við alla þá sem vegna líkamlegs eða andlegs ástands eru ófærir um að njóta viðeigandi verka með venjulegum hætti, þ.m.t. lesblindir og stafblindir.

Sú notkun sem heimiluð er með ákvæðinu er eftirgerð og dreifing eintaka. Í því felst jafnframt heimild til gerðar eintaka sem hægt er að sýna og dreifa til annarra, þ.m.t. er m.a. útlán eintaka, og framleiðsla og dreifing bókmenntaverka með talgervlum og blindraletri. Framangreind eintök geta verið í stafrænu formi og heimildin tekur til dreifingar þeirra með rafrænum hætti um netið.

Ákvæði 2. efnismgr. greinarinnar felur í sér undantekningu frá 1. efnismgr. að því er varðar hljóðupptökur. Hefur það þá þýðingu að hljómdiskar og hljóðbönd sem hafa að geyma tónverk falla utan þeirra verka sem sæta takmörkun á einkarétti höfunda eftir 1. efnismgr. Aðilum sem taldir eru upp í 1. efnismgr. er þannig ekki heimil eftirgerð eða sambærileg hagnýting á hljóðupptökum með tónverkum. Þrátt fyrir þetta fellur hljóðupptaka tónverks sem er hluti margmiðlunarverks undir ákvæði 1. efnismgr. Hljóðupptökur á bókmenntaverkum falla undir 4. efnismgr. þessarar greinar. Af 2. mgr. greinarinnar leiðir að útlán og útleiga sambærilegra eftirgerða og um getur í 1. efnismgr. til almennings fellur utan þess ákvæðis.

Ákvæði 3. efnismgr. veitir heimild til þess að gera sérstök notkunareintök og öryggisafrit af tilteknum eftirgerðum sem gerðar eru og dreift á grundvelli 1. efnismgr. Er þetta sambærileg heimild og er í 1. mgr. 11. gr. a í gildandi lögum til gerðar öryggisafrita af tölvuforritum og öðrum verkum á stafrænu formi. Heimild þessi á aðeins við þegar notandinn hefur öðlast eignarrétt að eintaki verks sem gert hefur verið á grundvelli 1. efnismgr. með eignayfirfærslu, t.d. með kaupum eða gjöf. Heimild notenda til að nota sérstök notkunareintök og öryggisafrit er tímabundin og fellur hún niður eftir að yfirfært eintak skv. 1. efnismgr. hefur verið birt almenningi. Þrátt fyrir þetta er opinberum stofnunum eða öðrum félagslegum stofnunum sem starfa í almannaþágu heimilt að varðveita notkunareintök sín og öryggisafrit, þrátt fyrir að aðaleintakið skv. 1. efnismgr. sé sett í útlán eða leigu með samþykki rétthafa. Rökin fyrir þessum mun byggjast á því að framangreindar stofnanir sæti ríkara eftirliti hvað varðar meðferð notkunareintaka og öryggisafrita.

Ákvæði 4. efnismgr. veitir heimild til hljóðbókagerðar eftir útgefnum bókmenntaverkum fyrir blinda, sjónskerta, lestrarhamlaða og aðra sem eru ófærir um að lesa venjulegar bækur. Sá fyrirvari gildir að framangreind eintakagerð má ekki vera í fjárhagslegum tilgangi og á þann sem nýtir sér þessa heimild fellur skylda til að greiða höfundum sanngjarnt gjald. Ákvæðið felur enn fremur í sér heildarleyfi (samningskvöð), því ekki er gert ráð fyrir því að leitað sé heimildar höfunda, né getur höfundur bannað þvílíka notkun á útgefnu verki sínu. Hljóðbækur þær sem framleiddar eru á grundvelli ákvæðisins má aðeins lána út til þeirra sem taldir eru upp í ákvæðinu. Í ákvæðinu felst ekki heldur réttur til að framleiða hljóðbækur í fjárhagslegum tilgangi með sölu til almennings í huga en til þess þarf sérstakt leyfi höfunda. Ekki er í ákvæðinu gert ráð fyrir miðlun framangreindra hljóðbóka með öðrum hætti en útláni eintaka, þannig að rafræn miðlun, t.d. um netið, er óheimil án samþykkis höfunda.

3. Í þriðja lagi er lögð til breyting á 8. gr. frumvarpsins þar sem tilvísun til 24. gr. laganna er breytt í samræmi við breytingar á greininni samkvæmt frumvarpinu.
4. Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á fjölda nefndarmanna í höfundaréttarnefnd. Samkvæmt gildandi ákvæði 58. gr. laganna skal nefnd fimm sérfróðra manna á sviði höfundaréttar vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál og skal ráðherra við skipun nefndarinnar hafa samráð við helstu höfundaréttarsamtök landsins. Hefð er fyrir því að nefndarmenn í höfundaréttarnefnd hafi sérþekkingu á þeim sviðum sem helstu höfundaréttarsamtök landsins starfa á. Þannig hafa setið í nefndinni sérfræðingar í höfundaréttarmálum rithöfunda og útgefenda, tónskálda og textahöfunda, myndlistarmanna, listflytjenda og framleiðenda, auk kvikmyndaleikstjóra og -framleiðenda. Á undanförnum árum hafa komið fram ný höfundaréttarsamtök á sviði hugbúnaðarframleiðslu og upplýsingatækni, kvikmynda, tölvuleikja og tónlistar. Má í þessu sambandi nefna Samtök upplýsingatæknifyrirtækja, Samtón, sameiginlegan vettvang tónlistarrétthafa, og SMÁÍS, rétthafasamtök fyrir myndbönd og tölvuleiki. Ástæða þykir til að bregðast við þessu með fjölgun nefndarmanna í höfundaréttarnefnd um tvo þannig að kostur gefist á því að skipa sérfróða aðila á síðastnefndu sviðunum í höfundaréttarnefnd. Nefndin leggur einnig áherslu á að við heildarendurskoðun verði komið á fót höfundaréttarráði sem gert er ráð fyrir í 58. gr. höfundalaga og þar verði vettvangur fyrir sjónarmið neytenda, einkum með tilliti til hagsmuna þeirra.

Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. febr. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Mörður Árnason.

762. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Í stað orðsins „má“ í fyrri efnismálslið 3. gr. komi: skal.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   19. gr. laganna orðast svo:
   Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.
   Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku og heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða leigu til almennings.
   Sá sem eignast hefur eintak sem aðrir hafa gert samkvæmt heimildinni í 1. mgr. má gera sams konar eintök eftir því eintaki sem hann fékk, ef það er nauðsynlegt til þess að hann geti notað eintakið eftir tilgangi sínum, þar á meðal öryggisafrit. Slík eintök má ekki nota í öðrum tilgangi. Rétturinn til þess að nota þau fellur niður ef eintak sem fengið var samkvæmt heimild 1. mgr. er birt. Síðastgreint ákvæði gildir þó ekki ef opinberar stofnanir eða aðrar félagslegar stofnanir sem starfa í almannaþágu lána eða leigja slík eintök.
   Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að lesa venjulegar bækur, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.
3. 8. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „1. og 2. mgr. 24. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: 24. gr.
   b. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
4. Á eftir 13. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 58. gr. laganna kemur: sjö.

763. Fyrirspurn [521. mál]

til forsætisráðherra um nefndir á vegum ráðuneyta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða nefndir störfuðu á vegum hvers ráðuneytis fyrir sig á sl. ári, hve margar þeirra voru virkar og hver voru verkefni þeirra?
2. Hver var kostnaður hvers ráðuneytis sl. ár við störf nefnda sem þóknananefnd ákveður laun fyrir annars vegar og fyrir sérfræðistörf sem ekki falla undir starfssvið þóknananefndar hins vegar?
3. Hver var fjöldi nefndarmanna á vegum hvers ráðuneytis árin 2004–2005?

4. Hver var árlegur heildarkostnaður við nefndarstörf á vegum hvers ráðuneytis árin 2004 og 2005?
5. Hvaða reglur gilda um nefndarþóknanir og greiðslur fyrir þá sem sitja í nefndum eða ráðum á vegum ríkisins en vinna í stjórnsýslunni eða á löggjafarþinginu?

Skriflegt svar óskast.

764. Fyrirspurn [522. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki til kjörforeldra ættleiddra barna.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þess hvort styrkja beri kjörforeldra ættleiddra barna frá útlöndum líkt og gert er annars staðar á Norðurlöndum?
2. Hefur einhver athugun og undirbúningsvinna farið fram í ráðuneytinu um málið?

765. Fyrirspurn [523. mál]

til heilbrigðisráðherra um dagpeninga til foreldra langveikra barna.

Frá Söndru Franks.

Hyggst heilbrigðisráðherra beita sér fyrir því að foreldrar eða forráðamenn langveikra barna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa að fara með börn sín til læknismeðferðar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fái greidda dagpeninga á meðan meðferð stendur?

766. Fyrirspurn [524. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á landbúnaðarvörum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er afstaða ráðherra til innflutnings á kjöti frá Argentínu með tilliti til þess að á nokkrum landsvæðum þar hefur nú, í annað sinn á fimm árum, komið upp gin- og klaufaveiki í nautgripum?
2. Hefur ráðherra í hyggju að setja frekari reglur um innflutning á landbúnaðarvörum frá löndum þar sem hættulegir búfjársjúkdómar hafa komið upp, svo sem um það hve langur tími skuli líða frá því að síðasta tilfelli greindist þar til innflutningsleyfi fást afgreidd?

767. Fyrirspurn [525. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ákvörðun loðnukvóta.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hefur verið tekið mið af því við ákvörðun loðnukvóta nú að sökum hlýnandi sjávar kann fæðuþörf botnfiska hér við land að vera mun meiri en í meðalári eða á kuldaskeiðum?
2. Hefur verið rannsakað hvort umfangsmiklar loðnuveiðar um áratuga skeið séu farnar að hafa áhrif til hins verra á vistkerfið á landgrunninu og þá fæðuframboð fyrir hina verðmætu botnfiskstofna?
3. Hefur ráðherra tekið mið af því við ákvörðun loðnukvóta að sennilega verða hlutfallslega mjög mikil afföll á loðnuhrognum nú þegar mikið er af ýsu á grunnslóðinni umhverfis landið?

768. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Eftir 2. umr., 13. febr.)

1. gr.

18. gr. laganna orðast svo:
Kirkjuþing ákveður skipan umdæma vígslubiskupa.

2. gr.

1.–3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:
Kirkjuþingsfulltrúar eru kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn.
Kirkjuþing ákveður skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna.
Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

769. Tillaga til þingsályktunar [526. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald eða stöðvun stóriðjuframkvæmda.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Þuríður Backman, Hlynur Hallsson,
Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða kosningum til sveitarstjórna 27. maí nk., um það hvort þjóðin vill áframhaldandi stórfellda uppbyggingu stóriðju

í landinu næstu árin eða að allar frekari framkvæmdir af því tagi verði settar í biðstöðu a.m.k. til ársins 2012.

Alþingi felur dómsmálaráðherra að undirbúa og kynna kosninguna, þ.m.t. að tryggja að unnt verði að greiða atkvæði um málið í kosningum utan kjörfundar.

Greinargerð.

Síðustu áratugi hefur atvinnustefna stjórnvalda einkennst mjög af áherslum á stórvirkjanir í stærstu fallvötnum landsins í þágu álframleiðslu fjölþjóðafyrirtækja. Saga slíkra framkvæmda er landsmönnum vel kunn og hafa skoðanir frá upphafi verið skiptar um ýmislegt sem stóriðjuuppbyggingunni tengist. Framan af deildu menn einkum um loftmengun, raforkuverð, þjóðhagslega arðsemi og áhrifin á efnahagslegt sjálfsforræði landsmanna, en seinni árin hafa náttúruspjöll og umhverfisáhrif, auk áhrifanna á ímynd landsins og annað atvinnulíf, bæst við af vaxandi þunga. Hart og mikið hefur verið deilt um þessi efni og ljóst að mörgum yrði það kærkomið að geta látið hug sinn í ljósi í almennri atkvæðagreiðslu um framhald mála. Það væri í fullu samræmi við vaxandi áhuga í samfélaginu á lýðræðislegum leikreglum og auknum möguleikum almennings til áhrifa á þróun mála. Nefna má hugmyndir um íbúalýðræði og um almennar atkvæðagreiðslur um einstök málefni. Hvað sem líður deilum um hið liðna er meira en tímabært að rækileg umræða fari fram um megináherslur í umhverfis- og atvinnumálum á komandi árum og áratugum. Fátt er betur til þess fallið en þjóðaratkvæðagreiðsla til að virkja almenning til þátttöku í rökræðum og til að mynda sér skoðun. Það er einnig í anda þeirra opnu og lýðræðislegu stjórnarhátta sem flestir vilja núorðið kenna sig við að þjóðin sjálf leggi línurnar og veiti stjórnmálamönnunum leiðsögn í afdrifaríku stórmáli sem þessu. Fátt kemur til með að hafa meiri áhrif á framtíðarásýnd landsins, á atvinnuhætti og mannlíf á Íslandi, en ákvarðanir um hvað verður ofan á í virkjana- og stóriðjumálum. Málið varðar alla landsmenn og komandi kynslóðir munu ekki síst dæma ráðamenn nútímans út frá því sem ákveðið verður í þeim efnum.

Fjölmargar fleiri ástæður renna stoðum undir þá hugmynd að frekari framvinda stóriðjustefnu og tilheyrandi bygging stórvirkjana verði ráðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn geti tekið þátt í. Einmitt nú eru slík tímamót að rík ástæða er til að staldra við og kalla eftir víðtæku samráði um það hvort telja megi skynsamlegt og ráðlegt að auka framleiðslu áls í Straumsvík um 150 % og byggja að auki tvö ný álver, hvort í sínum landshlutanum, með þeirri umfangsmiklu orkuöflun sem slík uppbygging kallaði á. Sumir vilja kosta miklu til að halda þessari uppbyggingu áfram, aðrir telja slíka uppbyggingu of dýru verði keypta. Málið snýst í raun um það hvernig Ísland við viljum sjá og hvernig Íslands við viljum njóta á næstu árum og áratugum.

Afstaða flytjenda þessarar tillögu er að sjálfsögðu ekkert launungarmál. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ein flokka haldið uppi stöðugri gagnrýni á þá atvinnustefnu sem hver ríkisstjórnin af annarri hefur haldið á lofti á undanförnum árum, þar sem stóriðjustefnan hefur yfirskyggt allt annað. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur brýnt að gera grundvallarbreytingar á stjórnarstefnunni svo leggja megi grunn að uppbyggingu og framförum í íslensku samfélagi á traustum og varanlegum forsendum. Atvinnulíf verður að hvíla á sjálfbærum grunni eigi uppbygging þess að standast til langframa. Fjölbreytni og sjálfbærni eiga að vera grundvallarviðmið í atvinnustefnu á Íslandi. Reynsla seinustu ára sýnir að þróttmikil nýsköpun í atvinnulífi og lítil og meðalstór fyrirtæki hafa mesta vaxtarmöguleika, skapa flest störf og skila þjóðarbúinu mestu. Með því að styðja slíka atvinnuþróun má auka útflutningstekjur þjóðarinnar og stuðla að hagvexti án þess að gengið sé á höfuðstól náttúrunnar. Fjölbreytt atvinnulíf á sjálfbærum grunni er það sem koma skal.

Á Íslandi ríkir nú skeið ójafnvægis í efnahagsmálum. Við búum við einhverja mestu þenslu sem riðið hefur yfir fyrr og síðar, viðskiptahalli með tilheyrandi erlendri skuldasöfnun er geigvænlegur og verðbólga yfir settum mörkum. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru við það að bresta. Hátt raungengi krónunnar skapar útflutnings- og samkeppnisgreinum mikla erfiðleika. Skilyrði til nýsköpunar í almennu atvinnulífi eru afar erfið við þessar aðstæður og áhugi innlendra fjárfesta beinist að útlöndum. Enginn vafi er á því að stóriðjustefnan og þær stórframkvæmdir sem á grundvelli hennar eru í gangi eiga stóran þátt í þeirri þenslu sem nú ríkir. Þetta stafar annars vegar af hinum beinu efnislegu áhrifum þessara stórframkvæmda, umsvifum og innstreymi fjármagns sem tengjast þeim. Hins vegar stafar þetta af þeim væntingum sem framkvæmdirnar hafa kynt undir og því mati markaðarins, einkum gjaldeyrismarkaðarins, að þær og áframhald þeirra sé ávísun á mikinn vaxtamun milli Íslands og annarra landa og hátt gengi krónunnar. Opinber yfirlýsing um að nú verði staldrað við, hagkerfinu leyft að jafna sig og jafnvægi skapað á nýjan leik í þjóðarbúskapnum mundi því strax hafa áhrif á þann þátt sem snýr að væntingum. Einnig skiptir máli fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar að þar fái menn vissu fyrir því að núverandi ástand verði tímabundið en ekki framlengt með nýjum og nýjum stórframkvæmdum. Slík stöðvun orkufrekra stóriðjuframkvæmda gæfi einnig færi á að marka stefnu sem byggðist á fjölbreyttari uppbyggingu iðnfyrirtækja af viðráðanlegri stærð og væri laus við stórfelld ruðningsáhrif í hagkerfinu. Þá ber loks að nefna að enn er ólokið gerð rammaáætlunar og veigamiklar forsendur skortir til að leggja grunn að sjálfbærum orkubúskap. Stöðvun stóriðjuframkvæmda mundi einnig skapa möguleika á breyttum áherslum í því samhengi og ekki er vanþörf á. Við allt þetta bætist að þjóðhagslegur ávinningur þessara fjárfestinga í heild er í vaxandi mæli dreginn í efa.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð minnir á þá staðreynd að ósnortið land, víðerni og villt náttúra er auðlind sem virða ber og varðveita á eigin forsendum. Sérstaða Íslands í samfélagi þjóðanna felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru landsins, fjölbreytileika landslags, víðernum og víðsýni en óvíða í heiminum sjást landmótunaröfl náttúrunnar jafn greinilega og í íslenskri víðáttu. Þessi sérstaða er stærsti þátturinn í þeirri ímynd sem við flest viljum að landið hafi. Til þess að vernda þessa auðlind og treysta ímynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru þarf að takmarka alla mannvirkjagerð og röskun á verðmætustu svæðum, friðlýsa þau og tryggja að hægt sé að njóta þeirra án þess að spilla þeim.

Lagt er til að þjóðaratkvæðagreiðsla um stöðvun eða framhald stóriðjuframkvæmda fari fram samhliða kosningum til sveitarstjórna 27. maí nk. Orða má spurningar í slíkri atkvæðagreiðslu á fleiri en einn veg, en aðalatriðið er að þjóðin fái að segja hug sinn í þessu stórmáli. Flytjendur þessarar tillögu leggja til að kjósendum verði gefinn kostur á að merkja við annan af tveimur eftirfarandi kostum:

a. Stjórnvöld beiti sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og heimili framkvæmdir við allt að þrjú ný álversverkefni með tilheyrandi virkjunum á komandi árum.
b. Stjórnvöld beiti sér fyrir því að ekki verði hafist handa um frekari stóriðjuframkvæmdir á næstu sex árum, hvorki nýbyggingar né stækkun núverandi iðjuvera, umfram þau verkefni sem þegar eru hafin eða samið hefur verið um með öllum tilskildum leyfum.

770. Frumvarp til laga [527. mál]

um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Örlygsson, Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Launagreiðanda er skylt að aðgreina útsvar og tekjuskatt á launaseðli launamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að launagreiðendum verði skylt að aðgreina útsvar og tekjuskatt á launaseðli launamanns. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og hlutfall útsvars, sem skal vera það sama á öllu landinu og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Innheimtuhlutfall við staðgreiðslu á árinu 2005, og við álagningu tekjuskatts á árinu 2006 vegna tekna ársins 2005, er 37,73%, þar af reiknast 24,75% af tekjuskattsstofni. Í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram að útsvar skuli vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en megi þó eigi vera hærra en 13,03% og eigi lægra en 11,24% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi. Við staðgreiðslu á útsvari er notast við vegið meðaltalsútsvar sveitarfélaga, sem er 12,98% við staðgreiðslu á árinu 2005, vegna áskilnaðar í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda um að hlutfall útsvars skuli vera það sama. Útsvarsprósenta er þó misjöfn á milli sveitarfélaga og mikilvægt er að almenningur sé ávallt vel upplýstur um álagningu skatta og opinberra gjalda. Flutningsmenn telja að með aðgreiningu á útsvari og tekjuskatti á launaseðli sjái launamaður hvernig staðgreiðsla skatta skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga.

771. Lög [329. mál]

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 14. febr.)

Samhljóða þskj. 768.

772. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. febr.)

1. gr.

Á undan 11. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

Einkaréttur höfundar skv. 3. gr., sbr. 2. gr., gildir ekki um gerð eintaka sem

1. eru til skamms tíma eða tilfallandi,
2. eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli,
3. hafa þann tilgang einan að gera mögulega sendingu af hálfu milliliðar milli þriðju aðila um net eða löglega notkun á verki eða öðru efni og
4. hafa enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tölvuforrit og gagnagrunna.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er einstaklingum að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má nota slík eintök í neinu öðru skyni.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Setja skal í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.

4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

5. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna bætist: enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.

6. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Heimil er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem vegna fötlunar eru ófærir um að lesa prentað mál. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi.

Heimildin í 1. mgr. gildir ekki um eftirgerð hljóðupptöku og heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða leigu til almennings.

Sá sem eignast hefur eintak sem aðrir hafa gert samkvæmt heimildinni í 1. mgr. má gera sams konar eintök eftir því eintaki sem hann fékk, ef það er nauðsynlegt til þess að hann geti notað eintakið eftir tilgangi sínum, þar á meðal öryggisafrit. Slík eintök má ekki nota í öðrum tilgangi. Rétturinn til þess að nota þau fellur niður ef eintak sem fengið var samkvæmt heim-

ild 1. mgr. er birt. Síðastgreint ákvæði gildir þó ekki ef opinberar stofnanir eða aðrar félagslegar stofnanir sem starfa í almannaþágu lána eða leigja slík eintök.

Heimilt er með hljóðupptöku að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána þau blindum, sjónskertum, lestrarhömluðum og öðrum sem ófærir eru um að lesa venjulegar bækur, enda séu eintökin ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Höfundar eiga rétt á sanngjörnum bótum vegna slíkrar eintakagerðar.

7. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur eintak af verki með samþykki höfundar verið selt eða með öðrum hætti framselt til annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins, og er þá frekari dreifing þess heimil. Ef um er að ræða dreifingu í formi láns eða leigu verður ákvæði 1. málsl. einnig beitt um sölu eða annars konar framsal til annarra utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að dreifa eintökum af verkum til almennings með því að leigja þau án þess að samþykki höfundar liggi fyrir. Þetta gildir þó ekki um byggingar og nytjalist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt án samþykkis höfundar að dreifa til almennings eintökum af kvikmyndaverkum og tölvuforritum í stafrænu formi með því að lána þau út. Þetta gildir þó ekki þegar eintak af tölvuforriti í stafrænu formi er hluti af bókmenntaverki og er lánað með því.

Ákvæði 1. mgr. hefur ekki í för með sér skerðingu á rétti til úthlutunar samkvæmt lögum um Bókasafnssjóð höfunda.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 3. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sama rétt og listflytjandi samkvæmt þessari grein hefur flytjandi þjóðmenningarlegs efnis.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. og 2. mgr. 24. gr.“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: 24. gr.
b. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Við 1. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimild til notkunar útgefins hljóðrits til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutnings gildir ekki um þá miðlun hljóðrita sem í því felst að hljóðrit er gert aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hver og einn sjálfur kýs.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar, sem og það að birta slíka upptöku.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Réttur útvarpsstöðva skv. 1. mgr. gildir uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu útsendingu.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er óheimilt að birta slíkar ljósmyndir án samþykkis rétthafa.
b. Í stað orðanna „25 ár“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: 50 ár.

13. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli A, **Tæknilegar ráðstafanir o.fl.**, með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (50. gr. a.)

Óheimilt er að eiga viðskipti með eða hafa undir höndum í fjárhagslegum tilgangi tæki eða gögn sem hafa þann tilgang einan að auðvelda með ólöglegum hætti að fjarlægja eða komast fram hjá tæknilegum búnaði ætluðum til þess að koma í veg fyrir ólögmæta eftirgerð tölvuforrits.

b. (50. gr. b.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að sniðganga tæknilegar ráðstafanir, sbr. 4. mgr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, dreifa, selja, leigja, auglýsa til sölu eða leigu eða eiga í viðskiptalegum tilgangi búnað, vörur eða íhluti sem

1. eru kynnt eða auglýst sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum,
2. hafa aðeins takmarkað fjárhagslegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum eða
3. eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðvelda að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um þjónustu.

Með tæknilegum ráðstöfunum í 1. og 2. mgr. er átt við hvers konar skilvirkar tæknilegar ráðstafanir sem samkvæmt eðlilegri notkun eru ætlaðar til þess að vernda verk og annað efni verndað með lögum þessum.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda ekki um vernd tölvuforrita.

Ákvæði 1.–4. mgr. eru því ekki til fyrirstöðu að gerðar séu rannsóknir á dulritun.

c. (50. gr. c.)

Úrskurðarnefnd skv. 57. gr. getur samkvæmt kröfu notanda gert rétthafa, sem gripið hefur til skilvirkra tæknilegra ráðstafana skv. 1. mgr. 50. gr. b, að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til þess að hann geti nýtt sér ákvæðin í 12. gr., 2. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr., að því er kennslu varðar, 1. tölul. 1. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 22. gr., 22. gr. a og 5. mgr. 23. gr. Hafi rétthafi ekki farið að fyrirmælunum innan fjögurra vikna frá ákvörðun nefndarinnar er notanda rétt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 50. gr. b, að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir. Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt um þá notendur sem eiga löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að rétthafi hafi ekki sjálfviljugur gert ráðstafanir, til að mynda samninga við aðra hlutaðeigandi aðila, sem tryggja að notandinn geti nýtt sér

hin tilvitnuðu ákvæði í 1. mgr. hvað sem líður beitingu skilvirkra tæknilegra ráðstafana.

Ákvæði 1. mgr. verður ekki beitt um verk og annað efni sem á grundvelli samnings er gert almenningi aðgengilegt á þann hátt að hver og einn geti haft aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs.

d. (50. gr. d.)

Óheimilt er án samþykkis rétthafa að

1. fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu eða
2. dreifa eintökum, flytja inn í því skyni að dreifa eintökum eða miðla til almennings verkum og öðru efni þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án samþykkis rétthafa.

Ákvæði 1. mgr. verður því aðeins beitt að sá sem að gerningi stóð hafi vitað eða mátt vita að með gerningnum komi hann til leiðar, geri kleift, auðveldi eða leyni broti gegn rétti til verks eða annars efnis sem verndar nýtur samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „1. mgr. 50. gr.“ í 5. tölul. 2. mgr. kemur: 50. gr. a, 50. gr. b, 50. gr. d.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. 4. og 5. tölul. 2. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 50. gr. b, varðar eftirtalin eintakagerð einstaklinga til einkanota ekki refsingu:

1. eintakagerð eftir einstöku eintaki verndaðs tölvuforrits eða eintaki véllæsilegs gagnagrunns sem hefur verið gefinn út, seldur eða varanlega látinn af hendi með samþykki höfundar eða framleiðanda,
2. eintakagerð sem fram fer andstætt 1. mgr. 50. gr. b.

15. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 58. gr. laganna kemur: sjö.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 60. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.
c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ákvæði 25. gr. b taka til verka manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. 1. málsl. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Listflutnings annarra erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir.
c. 2. mgr. orðast svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem

gerðar hafa verið í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í öðrum ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

d. 3. mgr. orðast svo:
   Ákvæði 47. gr. taka til:
   1. Hjóðritaðs listflutnings manna sem eru ríkisborgarar eða búsettir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
   2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er ríkisborgari eða aðili búsettur í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

e. Í stað orðanna „hér á landi“ í 1. og 2. tölul. 4. mgr. kemur: í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru leidd í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frumvarp til endurskoðunar á ákvæðum b- og c-liðar 13. gr. laga þessara (50. gr. b og 50. gr. c laganna) skal lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á löggjafarþinginu 2006–2007.

773. Svar [497. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um sjóvarnir við Hvaleyri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Eru uppi áform um að efla sjóvarnir við Hvaleyri í Hafnarfirði á þessu ári?

Engar fjárveitingar eru fyrirhugaðar til sjóvarna við Hvaleyri á þessu ári. Samkvæmt samgönguáætlun fyrir tímabilið 2005–2008 er fyrirhugað að veita 10,4 millj. kr. til þessa verks árið 2007 og 52,3 millj. kr. árið 2008 eða sem nemur um 60% af áætluðum heildarkostnaði við sjóvarnir á þessum stað. Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði árin 2007–2008 verður 39,2 millj. kr. eða um ⅝ hlutar heildarkostnaðar.

774. Fyrirspurn [528. mál]

til samgönguráðherra um rekstur Herjólfs.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hver var árlegur kostnaður ríkisins af rekstri Herjólfs sl. þrjú ár?
2. Hverjar hafa verið árlegar tekjur rekstraraðila af far- og farmgjöldum á sama tíma, og hvernig skiptast þær í
   a. almenn fargjöld,

b. gjöld fyrir klefa,
c. gjöld fyrir bíla, og
d. farmgjöld?

3. Hefur verið skoðað að fella niður almenn fargjöld á milli lands og Eyja, þannig að Eyjamenn verði jafnsettir öðrum landsmönnum?

Skriflegt svar óskast.

775. Fyrirspurn [529. mál]

til samgönguráðherra um hafnaraðstöðu í Bakkafjöru.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvenær munu niðurstöður af athugnum á gerð hafnar í Bakkafjöru liggja fyrir?
2. Hefur verið skoðaður sá möguleiki að önnur skip en ferjan, svo sem skemmtiferða- og flutningaskip, geti nýtt sér hafnaraðstöðuna?

Skriflegt svar óskast.

776. Fyrirspurn [530. mál]

til sjávarútvegsráðherra um AVS-sjóðinn.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hefur árangurinn af starfsemi AVS-sjóðsins verið metinn, nú þegar starfstímabil hans er nær hálfnað?
2. Hversu mikið fé hefur verið sett í AVS-sjóðinn frá stofnun hans og hefur það fjármagn verið í samræmi við tillögur AVS-nefndarinnar?
3. Er umræða hafin um að framlengja starfstímabil sjóðsins en nú er ætlunin að hann starfi til 2008?

Skriflegt svar óskast.

777. Lög [222. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. febr.)

Samhljóða þskj. 772.

778. Fyrirspurn [531. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur tekist til með framkvæmd laganna um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum?
2. Hvernig hefur Kvikmyndaskoðun gengið að framfylgja úrskurðum sínum um bann við að sýna börnum tilteknar kvikmyndir, sbr. 3. gr. laganna, og liggur fyrir hve oft banni Kvikmyndaskoðunar hefur ekki verið framfylgt sl. tvö ár?
3. Hafa barnaverndarnefndir og löggæslumenn haft reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og hvaða úrræði eru tiltæk ef þeim er ekki fylgt?
4. Hvaða fjármagni er varið í eftirlit með framkvæmd laganna og er það fullnægjandi að mati þeirra sem eiga að framfylgja þeim?
5. Áformar ráðherra að leggja til breytingar á lögunum til að tryggja skilvirkari framkvæmd þeirra og annarra laga sem kveða á um vernd barna gegn ofbeldisfullu eða skaðlegu efni jafnt í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða á netinu?

779. Fyrirspurn [532. mál]

til umhverfisráðherra um malarnám í Ingólfsfjalli.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hafa stjórnvöld einhver úrræði til að stöðva malarnám í Ingólfsfjalli eða sjá til þess að það fari þannig fram að ásýnd fjallsins verði ekki eyðilögð frekar?

780. Fyrirspurn [533. mál]

til menntamálaráðherra um ástand Þjóðleikhússins.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hefur verið gerð úttekt á ástandi Þjóðleikhússbyggingarinar?
2. Hver er áætlaður kostnaður við viðgerð hússins?
3. Eru áform um að húsið verði lagfært þannig að fullur sómi verði að?

781. Fyrirspurn [534. mál]

til forsætisráðherra um auglýsingar hins opinbera í héraðsfréttablöðum.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Er í gildi einhver stefna varðandi auglýsingar hins opinbera í héraðsfréttablöðum?

782. Fyrirspurn [535. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengisráðgjafa.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir áfengisráðgjafar eru starfandi á Íslandi?
2. Hvaða faglegar kröfur gerir ráðuneytið til þeirra sem starfa sem áfengisráðgjafar?
3. Hyggst ráðherra vinna að útgáfu starfsréttindavottorða fyrir áfengisráðgjafa?

783. Fyrirspurn [536. mál]

til sjávarútvegsráðherra um innlausn fiskveiðiheimilda.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Telur ráðherra að ríkið ætti að innleysa til sín fisveiðiheimildir sem ekki eru nýttar á yfirstandandi fiskveiðiári og endurúthluta þeim?

784. Fyrirspurn [537. mál]

til sjávarútvegsráherra um stofnstærðarmælingar á loðnu.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve margar stofnstærðarmælingar hafa verið gerðar á loðnu nú í janúar og febrúar?
2. Hvenær voru mælingarnar gerðar og með hvaða rannsóknaskipum?
3. Hvernig voru leiðarlínur rannsóknaskipa við mælingarnar og hvernig leit þéttleikadreifing loðnunnar út, færð á kort eftir mæligildum?
4. Hver var áætluð stærð loðnuárganga í hverri mælingu í fjölda og tonnum?
5. Hversu áreiðanlegar eru mælingarnar taldar af fiskifræðingum sem stjórnuðu leiðöngrunum?

Skriflegt svar óskast.

785. Frumvarp til laga [538. mál]

um afnám laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson,
Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Brottfall laga.

Lög nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, falla brott við gildistöku laga þessara.

Um leið fellur niður umboð stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

2. gr.

Meðferð eigna og skulda flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Allar eignir flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, hvaða nafni sem þær nefnast, skulu seldar og kröfur á hendur sjóðnum gerðar upp. Afgangur, ef einhver verður, rennur til ríkissjóðs.

Reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara skal lokað, þeir gerðir upp og afgangur, ef einhver verður, endurgreiddur gjaldendum í réttu hlutfalli við greiðslur frá þeim í hverjum flokki.

3. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 131. löggjafarþingi (þskj. 345, 316. mál). Með því er gert ráð fyrir að lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara falli brott frá 1. janúar 2007. Lögin leystu af hólmi eldri lög um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, nr. 81/1985, og voru sett þegar viðskiptaumhverfi olíuvara var að taka miklum breytingum með setningu samkeppnislaga, nr. 8/1993, og frelsi í innflutningi og viðskipti með olíuvörur.

Markmiðið með setningu laganna á sínum tíma var að jafna ákveðinn hluta flutningskostnaðar en að öðru leyti ætti dreifingarkostnaður að greiðast af álagningu olíufélaganna eða dreifingaraðila þeirra.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í viðskiptalífinu frá setningu laganna og telja flutningsmenn ekki lengur þörf á lögum af þessu tagi heldur eðlilegt að markaðurinn ráði verðmyndun á hverjum tíma. Í samkeppnisumhverfi munu olíufélögin leita leiða til að koma vöru sinni á markað með sem hagkvæmustum hætti. Þá skýtur einnig skökku við að forstjóri Samkeppnisstofnunar skuli lögum samkvæmt vera formaður stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem hefur það að markmiði að jafna kostnað við að koma vöru á markað og taka ákvörðun um gjald sem skuli lagt á allar olíuvörur til niðurgreiðslu kostnaðar. Það gengur í raun þvert gegn markmiðum samkeppnislaga að ekki sé minnst á hve óheppilegt er að blanda Samkeppnisstofnun inn í markaðsmál með þessum hætti. Þá gera gildandi lög ráð fyrir að olíufélögin, sem eru samkeppnisaðilar, eigi sameiginlegan fulltrúa í stjórninni eða fari saman með atkvæðisrétt. Það er mat flutningsmanna að löggjafinn eigi ekki að þvinga samkeppnisaðila til samstarfs að neinu leyti, enda hefur komið í ljós að fyrirtækin eru tilneydd að gefa upp viðskiptaupplýsingar sem almennt á ekki að deila með samkeppnisaðilum.

Reynslan hefur einnig sýnt að lækkun á verði til neytenda næst almennt ekki með millifærslusjóðum heldur er frjáls samkeppni á markaði best til þess fallin. Þá sýnir nýleg rannsókn á samráði olíufélaganna svo ekki verður um villst að fyrirbæri eins og flutningsjöfnunarsjóður olíuvara býður hreinlega upp á röskun á samkeppni.

Flutningsmenn telja eðlilegt að löggjafinn bregðist við þessu og skapi eðlilegt viðskiptaumhverfi þar sem markaðurinn ráði framboði, eftirspurn og verðmyndun. Til þess að svo megi verða þarf að leggja niður kerfi flutningsjöfnunar á olíuvörum. Því er lagt til að lög um flutningsjöfnun olíuvara verði felld brott og um leið falli niður umboð stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs. Gert er ráð fyrir að eignir, ef einhverjar eru, verði seldar og skuldir gerðar upp. Þá er gert ráð fyrir að innstæður á reikningum vegna innheimts flutningsjöfnunargjalds, ef einhverjar eru, verði endurgreiddar gjaldendum í réttu hlutfalli við framlög þeirra fyrir brottfall laganna. Loks er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007.

786. Fyrirspurn [539. mál]

til samgönguráðherra um símtöl milli farsímakerfa.

Frá Söndru Franks.

1. Hve mikið hækkar verð á símtali í farsíma ef hringt er milli farsímafyrirtækja hér á landi?
2. Hverjar er ástæður þess að kostnaður eykst þegar hringt er milli kerfa?
3. Hversu mikill kostnaður leggst samtals á farsímanotendur á hverjum sólarhring vegna

hringinga milli kerfa innan lands og hversu hátt hlutfall er það af heildarkostnaði við farsímahringingar innan lands á sólarhring?
4. Er tæknilega mögulegt að koma upp búnaði sem gerir farsímanotendum viðvart um aukinn kostnað þegar þeir hringja á milli kerfa?
5. Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að farsímafyrirtæki taki slíkan búnað upp og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

787. Fyrirspurn [540. mál]

til félagsmálaráðherra um íbúaþróun á Austurlandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve margir fluttu til Austurlands árin 2000–2005 og frá hvaða landshlutum eða löndum, og hve margir fluttu brott á sama tímabili og til hvaða landshluta eða landa? Svarið óskast sundurliðað eftir kyni og aldri.
2. Hve margir íbúar á Austurlandi höfðu tímabundið atvinnuleyfi á tímabilinu?
3. Hvernig hefur spá um íbúaþróun, sem unnin var í tengslum við ákvörðun um stóriðju á Reyðarfirði, gengið eftir?
4. Hverju er nú spáð um íbúaþróun á Austurlandi árin 2006–2010?

Skriflegt svar óskast.

788. Tillaga til þingsályktunar [541. mál]

um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnardóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2005 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Vestnorrænu löndin eiga sér ríka frásagnarhefð sem hefur verið lykillinn að munnlegri geymd skáldskapar, sagna og sögu þjóðanna ásamt þróun og varðveislu þjóðtungnanna í nútímanum. Ísland hefur löngum verið í fararbroddi Norðurlanda á sviði bókmennta og sögu, en grænlenskir og færeyskir höfundar hafa hins vegar þurft að berjast fyrir að koma undir sig fótunum.

Vestnorrænu löndin hafa á síðustu árum verið dugleg við að skiptast á listrænum viðburðum í tónlist, leikhúsi, myndlist, handverki og fleiru, en á bókmenntasviðinu hafa samskiptin verið minni og almennt hefur rithöfundum og útgáfu ljóða og óbundins skáldskapar í Færeyjum og Grænlandi verið lítill gaumur gefinn undanfarin ár. Efling og styrking bókmennta og rithöfunda sem rita á vestnorrænar tungur er forsenda þess að vestnorrænar þjóðir geti þróað með sér menningu og tungumál og þannig eflist sjálfsmynd þeirra í alþjóðavæddu upplýsingasamfélagi.

Á fundi vestnorrænna rithöfunda nýverið var samþykkt að vinna að stofnun vestnorræns rithöfundaskóla. Þessa hugmynd þarf að styðja með öllum hugsanlegum ráðum og Vestnorræna ráðinu ber að halda áfram þeirri vinnu fyrir vestnorrænar bókmenntir sem hafin var með því að veita Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin. Ekki er nauðsynlegt að koma vestnorrænum rithöfundaskóla á fót sem stofnun með byggingum og yfirstjórn heldur er hægt að skipuleggja hann sem námskeið eða röð námskeiða sem haldin væru í löndunum þremur.

Stofnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða gæti orðið til þess að styrkja bókmenntir þjóðanna með því að hjálpa hæfileikaríkum höfundum að stíga sín fyrstu skref og gæti orðið mikilvægur vettvangur vestnorrænum rithöfundum til að skiptast á reynslu og vinnuaðferðum.

789. Tillaga til þingsályktunar [542. mál]

um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnardóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt friðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2005 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands til að efna til samstarfs um að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlants-

hafi, þar með talið að tryggja að fundnar verði raunhæfar tölur um stofnstærðir jafnt friðaðra sem kvótaveiddra hvala í Norður-Atlantshafi.

Hvalveiðar í vestnorrænum löndum byggjast á fornri venju. Ofveiðar á hvölum um aldir hafa þó valdið því að hvalastofnar í Norður-Atlantshafi hafa minnkað stórlega. Nauðsynlegt er að halda áfram stöðugum rannsóknum á hvölum til að tryggja að með tíð og tíma skapist forsendur fyrir fjölbreyttari hvalveiðum á fleiri tegundum en nú, svo framarlega sem rannsóknir færa sönnur á að tegundirnar megi veiða á sjálfbæran hátt.

Á því leikur enginn vafi að það er von og vilji Vestur-Norðurlanda að hvalveiðar verði aldrei stundaðar á hafsvæðum landanna nema á sjálfbæran hátt. Af sömu ástæðu hafa öll vestnorrænu löndin stutt alþjóðlegan samning um fjölbreytileika lífríkis hafsins. En nákvæmar og áreiðanlegar tölur um marga hvalastofna í vestnorrænum höfum skortir. Þetta á einnig við um hvalastofna sem vegna fyrri tíma veiðiálags hafa verið friðaðir árum saman.

Vestnorræna ráðið álítur mikilvægt og réttmætt að vestnorrænum hvalastofnum verði með lagasetningu og kvótum tryggð framtíð í hafsvæðum landanna. Það er von Vestnorræna ráðsins að stjórnir þessara þriggja landa vinni að því að styrkja hvalarannsóknir á einhverjum viðeigandi vettvangi, t.d. í Norður-Atlantshafsspendýraráðinu. Ráðið hvetur því vestnorræn stjórnvöld til að hafa samráð um að tryggja að áfram verði skipst á þekkingu um talningu og skráningu hvalastofna í Norður-Atlantshafi.

Með því að tryggja nákvæma talningu hvalategunda á vestnorrænum hafsvæðum tryggja Vestur-Norðurlönd sér einnig sterka stöðu í umhverfismálum og auka líkurnar á að komið sé í veg fyrir ofveiði ef í ljós kemur að einhver hvalategund er sjaldgæfari en álitið hafði verið. Með þetta í huga hvetur Vestnorræna ráðið vestnorræn stjórnvöld til að vinna saman að því að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi, m.a. að tryggja með talningu raunhæfar upplýsingar um stofnstærðir hvala í Norður-Atlantshafi, bæði friðaðra og kvótaveiddra. Hvatt er til þess að tölulegar upplýsingar séu staðfestar með talningu, bæði úr lofti og á legi, og talningin fari fram í samvinnu við og með aðstoð viðeigandi samtaka á hverjum stað.

790. Tillaga til þingsályktunar [543. mál]

um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason,
Sigurrós Þorgrímsdóttir, Anna Kristín Gunnardóttir, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2005, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2005, sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 22.–24. ágúst 2005. Ályktun ráðsins var efnislega á þessa leið:

Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd verði saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Vestnorrænar þjóðir bera ábyrgð á einum mestu náttúruauðæfum heimsins. Vestur-Norðurlönd eru einstakt svæði í heiminum sem getur haft forustuhlutverki að gegna í sjálfbærrri auðlindanýtingu, verndun hafsvæða og nýtingu umhverfisvænna orkulinda. Þetta er vafalaust eitt af mikilvægustu verkefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir og hefur mikinn pólitískan forgang í öllum löndum heims og alþjóðlegum samtökum á 21. öld.

Vestnorrænu löndin hafa hvert fyrir sig kerfi um stjórn á nýtingu fisks og sjávarspendýra sem nýtur alþjóðlegrar virðingar. Vestnorrænu löndin hafa hvert fyrir sig átt virkan þátt í verndun hafsins. Vestnorrænu löndin vinna einnig hvert fyrir sig að verkefnum og áætlunum um að nýta endurnýjanlegar og mengunarlausar orkulindir.

Sameiginlegt framlag Vestur-Norðurlanda sem frumkvöðlasvæðis í þessum málaflokkum getur fært vestnorrænum löndum sterka stöðu og hlutverk á alþjóðasviði og aflað þeim gífurlegra ávinninga í alþjóðlegum markaðsmálum.

791. Fyrirspurn [544. mál]

til heilbrigðisráðherra um eftirlit með staðsetningu sjúkraflugvéla.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hefur ráðuneytið eftirlit með því að staðsetning sjúkraflugvéla sé ávallt í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um sjúkraflug?
2. Eru einhver refsiákvæði í þeim samningum sem gilda ef flugfélög standa ekki við þá?

792. Fyrirspurn [545. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ferðir barna til tannlæknis.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Eru til upplýsingar um hversu mörg börn hafa ekki farið til tannlæknis undanfarið ár, undanfarin tvö, þrjú og fimm ár og hversu mörg börn hafa aldrei farið til tannlæknis? Óskað er eftir að í svarinu séu börn að tveggja ára aldri flokkuð saman, þriggja til fimm ára börn saman og svo áfram þrír árgangar í einu fram að 18 ára aldri.

Skriflegt svar óskast.

793. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

Flm.: Kristján L. Möller, Guðjón A. Kristjánsson, Þuríður Backman,
Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson,
Sigurjón Þórðarson, Jón Bjarnason, Björgvin G. Sigurðsson,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson, Jóhann Ársælsson,
Lúðvík Bergvinsson, Hlynur Hallsson, Jón Gunnarsson.

1. gr.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., 11. tölul. 4. gr., 5. gr., 1. og 3. mgr. 7. gr., 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: forsætisráðherra.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Byggðastofnunar skipa sjö menn og skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Stjórn Byggðastofnunar velur formann og varaformann úr eigin röðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan mánaðar frá gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa nýja stjórn Byggðastofnunar skv. 2. mgr. 3. gr. laganna. Umboð núverandi stjórnar fellur niður frá sama tíma.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Byggðastofnun verði flutt frá iðnaðarráðuneyti og færð undir valdsvið forsætisráðherra. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að Alþingi kjósi stjórn stofnunarinnar í stað þess að ráðherra skipi stjórnina eins og nú er.

Hinn 1. janúar 2000 tóku gildi lög nr. 106/1999, um Byggðastofnun. Í 1. gr. þeirra segir að Byggðastofnun sé sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Lög þessi leystu af hólmi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun. Með lögum nr. 64/1985 var Byggðastofnun komið á fót sem sjálfstæðri ríkisstofnun er heyrði undir forsætisráðherra og tók við eignum og skuldbindingum Byggðasjóðs. Var sú aðgerð hluti af víðtækri uppstokkun á sjóðakerfi ríkisins. Samkvæmt 2. gr. laganna var hlutverk Byggðastofnunar að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Í 3. gr. þeirra var kveðið á um að Byggðastofnun fylgdist með þróun byggðar í landinu. Þá gat stofnunin gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Jafnframt var hlutverk stofnunarinnar að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning, m.a. í því skyni að treysta byggð í landinu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks vorið 1999 kom fram að ríkisstjórnin mundi vinna að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefna þeirra, þar sem hliðsjón yrði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Fyrsta verkefnið á þessu sviði var að flytja Byggðastofnun frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Í framhaldi af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði iðnaðarráðherra nefnd

haustið 1999 til að fara yfir hlutverk, skipulag og starfsemi Byggðastofnunar. Nefndin skilaði ráðherra tillögum sínum í lok árs 1999 og voru þær settar fram í frumvarpi til nýrra heildarlaga um Byggðastofnun sem lagt var óbreytt fyrir Alþingi. Frumvarpið var svo samþykkt 21. desember 1999.

Með lögum nr. 106/1999 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um Byggðastofnun. Markmið breytinganna var annars vegar að laga löggjöf um Byggðastofnun að þeirri þróun sem orðið hafði í starfsemi stofnunarinnar frá stofnun hennar 1985 og hins vegar að efla frumkvæði hennar á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar á landsbyggðinni. Þannig er hlutverk Byggðastofnunar nú að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Þá er Byggðastofnun nú sem fyrr einnig ætlað það hlutverk að fylgjast með þróun byggðar í landinu.

Með lögunum var ýmsum þáttum í starfsemi Byggðastofnunar breytt. Fyrir utan það að málefni stofnunarinnar voru færð undir valdsvið iðnaðarráðherra er stjórn stofnunarinnar nú skipuð af iðnaðarráðherra í stað þingkjörinnar stjórnar áður. Samhliða því voru ráðherra fengnar auknar heimildir til að hafa áhrif á starf stofnunarinnar. Þá er í lögunum lögð meiri áhersla en áður á rannsóknarhlutverk Byggðastofnunar á sviði byggða- og atvinnuþróunar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Byggðastofnun verði flutt frá iðnaðarráðherra og færð undir valdsvið forsætisráðherra á nýjan leik. Ástæðurnar fyrir því eru m.a. eftirfarandi:

Byggðaáætlanir.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að miklu verr hafi gengið en áður að framfylgja samþykktum Alþingis í byggðaáætlun eftir að málaflokkurinn var færður frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Heildaryfirsýn hefur skort og undir hælinn lagt hvort samþykktir sem öðrum ráðuneytum en iðnaðarráðuneyti er ætlað að vinna úr eru settar í gang og þeim fylgt eftir. Mörg dæmi mætti nefna þessu til staðfestu og má m.a. minna á ýmis svör ráðherra við fyrirspurnum um framkvæmd byggðaáætlunar sem ekki hefur verið fylgt eftir þrátt fyrir samþykkt Alþingis.

Flutningsmenn eru því þeirrar skoðunar að málaflokkurinn sé betur kominn í forsætisráðuneytinu þar sem forsætisráðherra getur þá falið öðrum ráðuneytum framkvæmd einstakra mála.

Byggðastofnun lömuð.

Málefni Byggðastofnunar hafa verið til umræðu undanfarið, m.a. vegna þess að stofnunin er hálflömuð og getur lítið sem ekkert gert. Ríkisstjórnin hunsar stofnunina og hún er einhvern veginn á milli þess að lifa eða deyja. Pólitíska vigt vantar greinilega inn í ríkisstjórn til að taka ákvarðanir um framtíðarhlutverk Byggðastofnunar. Leiða má líkur að því að það sé m.a. vegna þess að málaflokkurinn og þar með Byggðastofnun er vistuð hjá fagráðherra en ekki hjá forsætisráðherra, eins og flutningsmenn leggja hér til.

Í dag er staða Byggðastofnunar afar veik og nú er svo komið að sökum fjárskorts getur stofnunin varla lengur sinnt því hlutverki sínu að styðja við atvinnurekstur á landsbyggðinni með lánveitingum og styrkjum. Þetta hefur áhrif víða á landsbyggðinni þar sem staðan er orðin grafalvarleg.

Flutningsmenn telja eðlilegt að Byggðastofnun verði flutt aftur til forsætisráðuneytisins til að leggja áherslu á mikilvægi stofnunarinnar og málaflokksins sem undir hana heyrir. Undir yfirstjórn forsætisráðherra verða byggðamál vonandi forgangsmál enda brýn þörf á að taka til hendi í málaflokknum og það strax.

Verði frumvarp þetta að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og færa byggðamál undir forsætisráðherra. Reglugerðin er meginréttarheimildin um verkaskiptingu í stjórnarráðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 37/1969, um Stjórnarráð Íslands.

794. Svar [452. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um lyfjaverð í heildsölu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur miðað að ná markmiðum um að lyfjaverð í heildsölu á Íslandi verði sambærilegt við meðalverð annars staðar á Norðurlöndum, sbr. samkomulag heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Félags íslenskra stórkaupmanna frá júlí 2004 um lækkun lyfjaverðs, og að hvaða leyti hafa þessi markmið um lækkun lyfjaverðs í heildsölu birst í lækkun lyfja í smásölu til neytenda?

Í mars 2004 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna „Lyfjakostnaður – notkun, verð og framboð lyfja á Íslandi". Þar kom m.a. fram að árið 2003 var lyfjakostnaður á hvern Íslending um 46% hærri að meðaltali en meðallyfjakostnaður fyrir hvern íbúa í Noregi og Danmörku þó að heildarnotkun væri nokkru meiri þar en hér. Ástæður fyrir þessum mun voru einkum raktar til hærra lyfjaverðs hér á landi og meiri notkunar lyfja í vissum lyfjaflokkum, einkum í flokki tauga- og geðlyfja. Þá benti Ríkisendurskoðun á í skýrslu sinni að mismunandi kostnaður skýrðist „... fyrst og fremst af tveimur álíka veigamiklum þáttum. Annars vegar noti Íslendingar verulega minna af ódýrum samheitalyfjum en Danir og Norðmenn sem á allra síðustu árum hafa aukið mjög sölu slíkra lyfja. Hins vegar sé kostnaður við að dreifa lyfjum og selja meiri hér á landi en í hinum löndunum, m.a. vegna smæðar markaðarins, lítillar veltu margra lyfja, kostnaðar við að merkja lyf á íslensku og þess að apótek eru hlutfallslega fleiri hér en þar."

Til að bregðast við skýrslu Ríkisendurskoðunar ákvað ráðherra m.a. að beita sér fyrir því að lyfjaverð á Íslandi yrði sambærilegt við meðalverð í smásölu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hverju sinni með því að lækka verð í heildsölu og smásölu jöfnum skrefum á næstu tveimur árum. Einnig ákvað ráðherra að skipa nefnd til að semja drög að lyfjastefnu og nýjum lyfjalögum þar sem tekið yrði tillit til ábendinga í skýrslu Ríkisendurskoðunar og frá hagsmunaaðilum. Þá skipaði ráðherra einnig stýrihóp fyrir þremur árum til að vinna að átaki í lyfjamálum heilbrigðisstofnana sem er farið að skila árangri og lægri lyfjakostnaði hjá ýmsum heilbrigðisstofnunum.

Á miðju ári 2004 gerði ráðherra samkomulag um stefnumörkun um lækkun lyfjaverðs við Félag íslenskra stórkaupmanna og Actavis gegn því að fallið væri frá áformum um viðmiðunarverð lyfja með sambærileg meðferðaráhrif. Sú stefnumörkun hefur gengið samkvæmt áætlun og eiga lyfjafyrirtækin hrós skilið fyrir að hafa hingað til staðið fyllilega við sinn hluta samkomulagsins.

Með samkomulagi við FÍS og Actavis, sterku gengi krónunar og öðrum aðgerðum lyfjagreiðslunefndar hefur lyfjaverð lækkað umtalsvert á undanförnum tveimur árum. Sé lyfjanotkun síðasta árs reiknuð annars vegar samkvæmt lyfjaverðskrá í desember 2003 og hins vegar samkvæmt lyfjaverðskrá í desember 2005 kemur fram að heildsöluverðmæti lyfja hefur lækkað á undanförnum tveimur árum um 17% (sem samsvarar 1,7 milljarða kr. lækkun út-

gjalda á einu ári) og smásöluverðmæti um 14% (sem samsvarar 2,4 milljarða kr. lækkun útgjalda á einu ári). Í meðfylgjandi töflu og súluritum kemur nánar fram hvernig þessi lækkun skiptist á einstaka lyfjaflokka. Tekið skal fram að þessir útreikningar ná til sölu allra lyfja síðasta árs sem hafa markaðsleyfi á Íslandi sem seld eru frá lyfjaheildsölu til apóteka eða heilbrigðisstofnana. Lyf sem framleidd eru í apótekum eða flutt eru inn og seld með undanþágu frá markaðsleyfi eru undanþegin. Heildsöluverð er tilgreint án virðisaukaskatts reiknað út frá lyfjaverðskrám en ekki er tekið tillit til afsláttar eða útboðsverðs til apóteka og heilbrigðisstofnana. Smásöluverð er samkvæmt opinberum verðskrám með virðisaukaskatti en ekki er tekið tillit til afsláttar til sjúklinga.

Ef tekið er tillit til þess að um 60% lyfja eru skráð í erlendri mynt og um 40% í íslenskum krónum er talið að meiri hluti þessarar lækkunar eða um 10 prósentustig stafi af sterkri stöðu krónunnar á undanförnum tveimur árum.

Umrædd verðlækkun hefur ekki skilað sér í sama mæli til neytenda og til ríkisins, m.a. vegna þess að lyfsalar hafa brugðist við verðlækkunum með því að draga úr afslætti sem þeir gáfu sjúklingum áður. Af þeim ástæðum hafa sumir sjúklingar orðið varir við hækkun á hlutdeild sinni þrátt fyrir umræddar verðlækkanir.

Þá hafa sést vísbendingar um að dregið hafi verulega úr samkeppni milli apóteka eftir því sem eignarhald þeirra hefur færst á færri hendur og þar með hafi einnig dregið úr afslætti. Þessi þáttur málsins, þ.e. aukin fákeppni á kostnað samkeppni, hefur m.a. verið til umfjöllunar í þeirri nefnd sem vinnur að stefnumörkun í lyfjamálum og áður er minnst á.

Einnig má geta þess að með hámarksgreiðslum, sem hafa verið óbreyttar undanfarin ár, ver greiðsluþátttökukerfi almannatrygginga sjúklinga gegn verðhækkunum og lækkanir, sérstaklega á dýrum lyfjum, skila sér ekki alltaf til sjúklinga. Í þeim tilvikum þegar sjúklingar greiða fullt verð njóta þeir þeirrar verðlækkunar sem orðið hefur. Þegar um greiðsluþátttöku almannatrygginga er að ræða njóta sjúklingar verðlækkunar í mismiklum mæli sé um ódýr lyf að ræða. Þegar um dýrari lyf er að ræða kemur hvorki umrædd verðlækkun fram hjá sjúklingum né nein verðhækkun þar sem engin breyting hefur orðið á hámarksgreiðslum eins og áður hefur komið fram. Almenningur greiðir að hámarki 3.400 kr. fyrir lyfseðil fyrir B-merkt lyf og að hámarki 4.950 kr. fyrir E-merkt lyf. Elli og örorkulífeyrisþegar greiða að hámarki 1.050 kr. fyrir lyfseðil B-merktra lyfja og að hámarki 1.375 kr. fyrir E-merkt lyf. Af því leiðir að þótt lyf sem kostar t.d. 10.000 kr. lækki í 7.000 kr. verður sjúkratryggt fólk ekki vart við þá verðbreytingar og greiðir að hámarki sem áður. Ef lyfjaskammturinn nær ekki hámarksverði viðkomandi lyfs, nýtur sjúklingur lækkunar.

Ekki eru horfur á öðru en það takmark náist að 1. september 2006 verði lyfjaverð í heildsölu á Íslandi jafnt meðalheildsöluverði í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og í árslok 2006 verði smásöluverð lyfja hér áþekkt því sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu, einkum í Danmörku og Finnlandi.

Selt magn allt árið 2005 reiknað á mismunandi verðskrám í millj. kr..

		Verðmæti á heildsöluverði 1. des. 2003	Verðmæti á heildsöluverði 1. des. 2005	Verðmæti á apóteksverði 1. des. 2003	Verðmæti á apóteksverði 1. des. 2005
A	Meltingarfæra- og efnaskiptingalyf	1.057,0	874,5	1.755,4	1.511,9
B	Blóðlyf	600,7	471,1	855,2	699,6
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	1.475,7	1.081,7	2.424,1	1.853,1
D	Húðlyf	222,5	187,6	419,0	372,2
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	587,0	464,9	1.001,4	818,7
H	Hormónalyf önnur en kynhormónar	176,2	153,1	276,9	239,2
J	Sýkingalyf	766,2	690,2	1.290,1	1.172,0
L	Ælishemjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	1.164,4	909,9	1.528,1	1.200,9
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	467,8	398,8	845,8	755,5
N	Tauga- og geðlyf	2.618,7	2.349,8	4.579,6	4.243,8
P	Sníklalyf	16,4	15,8	35,3	32,2
R	Öndunarfæralyf	764,2	620,7	1.385,2	1.161,9
S	Augn- og eyrnalyf	154,9	120,5	313,7	254,9
V	Ýmis lyf	99,2	92,8	141,1	133,3
Samtals		**10.171,1**	**8.431,2**	**16.850,9**	**14.449,1**
Lækkun			1.739,9		2.401,8





795. Tillaga til þingsályktunar [547. mál]

um skattaumhverfi líknarfélaga.

Flm.: Sandra Franks, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með það fyrir augum að gera skattaumhverfi líknarfélaga hér á landi sambærilegt við það sem gerist í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum, einkum með áherslu á afnám fjármagnstekjuskatts. Jafnframt verði kannað hvort nauðsynlegt er að gera aðrar breytingar til að aðstaða íslenskra líknarfélaga verði sambærileg við slík félög erlendis. Stefnt verði að því að ráðherra leggi fram frumvarp um málið við upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Íslensk líknarfélög njóta ekki undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts og með breytingum á lögum árið 2004 var afnumin undanþága til þeirra vegna greiðslu á erfðafjárskatti. Í öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum þurfa líknarfélög hins vegar hvorki að greiða fjármagnstekjuskatt né erfðafjárskatt. Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu Jónasar Guðmundssonar hagfræðings frá árinu 2004, „Skattaumhverfi félagasamtaka á Íslandi og í öðrum löndum – með sérstöku tilliti til góðgerðarsamtaka“. Skýrslan var unnin á vegum samvinnuhóps ABC-barnahjálpar, Barnaheilla, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða kross Íslands og SOS-

barnaþorpanna. Annars staðar í Evrópu og í Bandaríkjunum eru slík félög líka undanþegin fjármagnstekjuskatti af vöxtum, arði, söluhagnaði af fasteignum og hlutabréfum.

Íslensk líknarfélög hafa ekki heldur lagalegan rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af aðföngum. Þau búa einnig við lakara starfsumhverfi en erlend líknarfélög að því leyti að hér á landi er ekki heimilt að draga gjafir til góðgerðarfélaga frá skattskyldum tekjum í sama mæli og yfirleitt er heimilt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Nú geta lögaðilar dregið frá skattstofni sínum einstakar gjafir og framlög til viðurkenndrar líknarstarfsemi. Frádrátturinn má þó ekki nema meira en 0,5% af tekjum á því ári þegar gjöfin er afhent. Í framangreindri skýrslu kemur fram að miklu rýmri frádráttarheimildir eru í Bandaríkjunum og flestum löndum Evrópu. Íslensk líknarfélög búa því við töluvert erfiðara skattaumhverfi en sams konar félög í öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum og njóta alls ekki sama skattfrelsis og sambærileg félög sem þar starfa.

Þrátt fyrir jákvæða afstöðu stjórnvalda til líknarfélaga hefur skattaumhverfi þeirra og frjálsra félagasamtaka farið versnandi á Íslandi á síðari árum. Til marks um það má nefna ákvörðun Alþingis frá 1996 um að frjáls félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt og fyrrgreinda breytingu árið 2004 um að erfðafjárskattur skyldi lagður á gjafir til líknarfélaga.

Í þessari þingsályktunartillögu er því lagt til að fjármálaráðherra beiti sér fyrir lagabreytingum sem miði að því að gera skattalegt umhverfi líknarfélaga hérlendis sambærilegt við þau lönd sem Íslendingar miða sig oftast við. Fyrir líknarfélögin er langmikilvægast að ákvæðum um fjármagnstekjuskatt verði breytt þannig að þau njóti sömu skattfríðinda og erlend félög í heimalöndum sínum. Af þeirri ástæðu er í tillögu þessari lögð þyngst áhersla á undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Mikilvæg samfélagsþjónusta líknarfélaga.

Langflestir eru sammála um að líknarfélög vinna margvísleg þjóðþrifaverk sem falla undir mikilvæga samfélagsþjónustu. Þau sinna margbrotnum verkefnum á sviði félags- og heilbrigðismála, aðstoðar við fátæka, ýmiss konar liðsinnis við unga og aldraða einstaklinga, og við þróunarhjálp erlendis. Starfsemi þeirra beinist yfirleitt að því að draga úr vanda einstaklinga, svo sem vegna fátæktar, tímabundins eða varanlegs sjúkleika eða fötlunar, langvarandi erfiðleika barna, óhóflegrar neyslu vímugjafa og áfengis, auk margs annars. Nokkur þeirra starfa einnig að mikilvægum heilbrigðisrannsóknum sem skilað hafa ómældum árangri í baráttu gegn sjúkdómum. Engum blandast hugur um að ýta undir velferð og hagsæld samfélagsins með því að hlúa að einstaklingum og hópum sem af einhverjum orsökum eiga undir högg að sækja. Í hnotskurn má því segja að líknarfélög stuðli að vernd þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

Allt samfélagið hefur augljósan hag af starfi líknarfélaga. Þau starfa af hugsjónaástæðum og að stórum hluta er þeim haldið uppi með vinnu fórnfúsra sjálfboðaliða. Starf líknarfélaganna má skilgreina sem grenndarstarf í þeim skilningi að þau vinna á vettvangi vandamálanna sem þau glíma við. Þetta tvennt veldur því að þau eru að ýmsu leyti hæfari en opinberar stofnanir til að greiða úr ýmiss konar samfélagslegum vandamálum. Margir fræðimenn hafa fært rök að því að frjáls félagasamtök séu betur til þess fallin að vinna ýmiss konar líknarstörf en opinber stjórnvöld, þau séu úrræðabetri í leit að lausnum og nýti fjármagn með betri hætti. Samkeppni þeirra um stuðning frá fyrirtækjum og einstaklingum ýti jafnframt undir frumkvæði og nýja hugsun í starfi.

Fátt bendir til annars en hlutverk líknarfélaga fari vaxandi í samfélaginu. Almennt er viðurkennt að þau vinna að verðugum félagslegum verkefnum, sem opinberar stofnanir þyrftu annars að sinna og verja til þess meira af fjármagni skattborgaranna en ella. Það er

skoðun flutningsmanna að æskilegt væri að frjáls líknarsamtök og góðgerðarsamtök tækju að sér enn viðameira hlutverk í samfélaginu í framtíðinni. Í því ljósi er einkar nauðsynlegt að bæta skattalegt umhverfi þeirra. Það væri líka aukin hvatning fyrir einstaklinga og félagasamtök til að leggja meira af mörkum til þeirra.

Örvandi skattareglur.

Góðgerðarsamtök og líknarfélög hafa vegna mikilvægs framlags til samfélagsmála notið velvilja stjórnvalda hér á landi og á Vesturlöndum. Skattareglur eru sá þáttur sem hefur mest áhrif á umhverfi frjálsra félagasamtaka eins og líknarfélaga. Þær eru einnig taldar hlutlausasta aðferðin sem hið opinbera hefur yfir að ráða til að búa slíkum samtökum hagstætt starfsumhverfi. Aðrar leiðir, svo sem úthlutun beinna styrkja til samtaka, ívilnun vegna gjalda fyrir opinbera þjónustu eða sérstök leyfi til fjáröflunar, byggjast fremur á matskenndum ákvörðunum stjórnvalda og eru ekki jafn almenns eðlis og skattareglur sem ganga jafnt yfir öll samtök sem þær ná yfir. Það skiptir afar miklu máli fyrir líknarfélög að skattareglur séu sem hagstæðastar og ýti undir starfsemi þeirra.

Bæði hér á landi og annars staðar hafa stjórnvöld viðurkennt í verki samfélagslegt mikilvægi góðgerðasamtaka og líknarfélaga með því að samþykkja sérstakar örvandi skattareglur fyrir þau. Undanþágur frá skatti hér á landi, t.d. varðandi greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, eru að mörgu leyti sambærilegar við lönd annars staðar í Evrópu og í Ameríku. Í því birtist jákvæður skilningur stjórnvalda hér á landi á því mikilvæga samfélagslega hlutverki sem líknarsamtök gegna. Þó er ljóst að í þýðingarmiklum atriðum, einkum varðandi fjármagnstekjuskatt, eru skattareglur á Íslandi miklu óhagstæðari líknarfélögum en í sambærilegum löndum. Tilgangur þingsályktunartillögu þessarar er að leiðrétta það og skapa jákvæðara starfsumhverfi fyrir íslensk líknarfélög.

Samkvæmt upplýsingum úr fyrrgreindri skýrslu Jónasar Guðmundssonar eru starfandi hérlendis á annað hundrað líknarfélög, eða deildir í líknarfélögum, sem líkleg eru til að njóta góðs af samþykkt þessarar þingsályktunartillögu. Ekki er hægt að áætla hversu mikill kostnaður fyrir ríkissjóð gæti fylgt samþykkt hennar þar sem lagt er í hendur fjármálaráðherra að gera tillögur um umfang skattabreytinganna. Ætla má hins vegar að langmestur hluti kostnaðarins stafaði af breytingum á fjármagnstekjuskatti. Upplýsingar um hversu mikinn fjármagnstekjuskatt líknarfélög greiða nú liggja ekki fyrir. Fyrsti flutningsmaður hefur hins vegar lagt fram skriflega fyrirspurn til fjármálaráðherra um það sem gera má ráð fyrir að nýtist við umfjöllun málsins í þingnefnd.

Fyrsti flutningsmaður hefur um árabil tekið þátt í starfi á vegum samtaka hjartveikra barna og þekkir af eigin raun að fjármagnstekjuskattur á vaxtatekjur líknarfélaga nemur umtalsverðum upphæðum hjá mörgum félögum. Nefna má að styrktarsjóður hjartveikra barna hefur á sl. fimm árum samtals greitt um 1700 þús. kr. í fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum. Óhætt er að segja að það skýtur skökku við að frjáls félagasamtök sem með söfnunum og sjálfboðastarfi létta á útgjöldum ríkisins skuli þurfa að greiða háar upphæðir í skatta af vaxtatekjum.

796. Fyrirspurn [548. mál]

til samgönguráðherra um gildistíma ökuskírteina.

Frá Jóni Gunnarssyni.

Telur ráðherra koma til greina að breyta ákvæðum 48 gr. reglugerðar nr. 501/1997, um ökuskírteini, í þá veru að gildistími ökuskírteina fólks sem er 80 ára og eldra verði sá sami og 72–80 ára fólks, þ.e. tvö ár?

797. Fyrirspurn [549. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er tryggt að einstakir þættir framkvæmda við gerð Kárahnjúkavirkjunar uppfylli þau skilyrði sem sett eru í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar frá 20. desember 2001?
2. Hvernig samræmast framkvæmdir norðan stíflu í Desjarárdal 3. skilyrðinu í úrskurði ráðherra?
3. Hvað líður vinnu við áætlun þá sem ætlað er að sýna útfærslu aðgerða til að minnka jarðvegsrof og áfok úr Hálslóni, sbr. 4. skilyrði úrskurðarins?
4. Hvað líður vinnu við uppgræðslu- og landbótaaðgerðir samkvæmt 5. skilyrðinu?
5. Hvað líður vinnu við áætlun um námur, haugsvæði, vega- og slóðagerð samkvæmt 7. skilyrði?
6. Hver er staða þeirra rannsókna sem getið er um í 11., 12., 13. og 19. skilyrði? Hverjar af þeim rannsóknarniðurstöðum sem þegar liggja fyrir hafa vakið sérstaka athygli eða komið sérstaklega á óvart?
7. Á hvern hátt hafa stofnanir ráðuneytisins fylgst með borun jarðganga á svæðinu, sbr. 14. skilyrði í úrskurðinum? Hvað hafa rannsóknir á jarðvatni því sem framkvæmdaraðilar hafa glímt við leitt í ljós?

Skriflegt svar óskast.

798. Fyrirspurn [550. mál]

til viðskiptaráðherra um kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Getur viðskiptaráðherra upplýst með óyggjandi hætti, m.a. á grundvelli upplýsinga sem aflað verði frá Fjármálaeftirlitinu hérlendis og sambærilegri stofnun í Þýskalandi, hvort þýski bankinn Hauck & Aufhauser var eins og haldið hefur verið fram meðal raunverulegra kaupenda og síðan eigenda Búnaðarbankans sem hluti af Eglu hf. þegar einkavæðingu Búnaðarbankans lauk, sbr. tilkynningu 16. janúar 2003?
2. Ef í ljós kemur að hinn erlendi banki var ekki meðal raunverulega kaupenda og upplýsingar þar um voru rangar, hvaða afleiðingar mun það hafa í för með sér gagnvart:
   a. öðrum bjóðendum í Búnaðarbankann sem gengið var fram hjá með vísan til hins erlenda banka sem þátttakanda í tilboði Eglu hf.,
   b. einkavæðingarnefnd,
   c. ráðherranefnd um einkavæðingu,
   d. Kauphöll Íslands vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,
   e. Fjármálaeftirlitinu vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,
   f. Ríkisendurskoðun, sbr. skýrslu þeirrar stofnunar um einkavæðinguna,
   g. kaupandanum Eglu hf.?

Skriflegt svar óskast.

799. Fyrirspurn [551. mál]

til forsætisráðherra um fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda í prófkjörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Má ætla að nefnd forsætisráðherra um lagalega umgjörð stjórnmálaflokka skili niðurstöðu fljótlega, þannig að hægt sé að lögfesta fyrir lok vorþings frumvarp um fjárreiður stjórnmálaflokka, en í skýrslu forsætisráðherra um málið frá 131. löggjafarþingi var lagt til að nefndin skilaði tillögum sínum fyrir lok árs 2005?
2. Telur ráðherra að setja eigi í lög reglur sem skylda frambjóðendur í prófkjörum til að birta reikninga sína opinberlega, svo og framlög frá styrktaraðilum þegar um er að ræða stærri framlög?
3. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að skattyfirvöld geti gefið upp hve háar fjárhæðir lögaðilar hafa dregið frá skatti vegna framlaga til stjórnmálaflokka?

800. Fyrirspurn [552. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi og hæfi stjórnenda Kauphallarinnar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert er álit ráðherra á að ráðandi stjórnendur fjármálastofnana og lífeyrissjóða skuli sitja í stjórn Kauphallarinnar og hver er afstaða Fjármálaeftirlitsins til þess? Telur ráðherra að seta þeirra í stjórninni geti valdið hagsmunaárekstrum, m.a. þar sem ýmsir sem þar sitja tengjast viðskiptum í kauphöllinni?
2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir breytingum á ákvæðum laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þannig að óheimilt verði að stjórnendur félaga sem skráð eru í Kauphöllinni eigi sæti í stjórn hennar, skylt verði að skipa óháða stjórnendur, og að í lögunum verði ekki gerðar minni kröfur til stjórnenda Kauphallarinnar en í málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga, m.a. um vanhæfi stjórnenda til meðferðar mála hjá Kauphöllinni?
3. Hver er skoðun ráðherra á að stjórn Kauphallarinnar skuli framselja ákvörðunarvald til forstjóra í eftirlitsmálum, m.a. um beitingu viðurlaga vegna brota á reglum Kauphallarinnar, og hver er afstaða Fjármálaeftirlitsins til þess?
4. Hvaða áhrif mun tilskipun Evrópusambandsins um útboðs og skráningarlýsingar, nr. 2003/71, hafa á starfsemi Kauphallarinnar hér á landi en samkvæmt þeirri tilskipun er sú krafa gerð að starfsemin njóti algjörs sjálfstæðis gagnvart aðilum markaðarins þannig að forðast megi hagsmunaárekstra og stjórnvöld geta ekki framselt ábyrgð sína? Mun ráðherra í samræmi við þá tilskipun leggja til að ákvörðunarvald um opinbera skráningu og viðurlagaheimildir færist frá Kauphöllinni til Fjármálaeftirlitsins?

801. Fyrirspurn [553. mál]

til fjármálaráðherra um fjármagnstekjuskatt líknarfélaga.

Frá Söndru Franks.

1. Hversu mörg félög, sem falla undir skilgreiningu Hagstofunnar á líknarfélögum, greiddu fjármagnstekjuskatt á síðasta ári?
2. Hversu mikinn fjármagnstekjuskatt greiddu þau:
   a. af vaxtatekjum,
   b. af arði,
   c. af söluhagnaði fasteigna,
   d. af hlutabréfum,
   e. samtals?

Skriflegt svar óskast.

802. Fyrirspurn [554. mál]

til fjármálaráðherra um skattbyrði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri þróast frá 1995 til 2006 að teknu tilliti til þróunar launavísitölu, miðað við eftirfarandi mánaðarlaun árið 1995:
   a. 100 þús. kr.,
   b. 150 þús. kr.,
   c. 175 þús. kr.,
   d. 208 þús. kr.,
   e. 290 þús. kr.,
   f. 1 millj. kr.?
2. Hve hátt hlutfall framteljenda, hjón annars vegar og einstaklingar hins vegar, ber meiri skattbyrði nú en árið 1995 að teknu tilliti til þróunar launa miðað við launavísitölu á tímabilinu?

Skriflegt svar óskast.

803. Svar [496. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um virðisaukaskatt af lyfjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar hafa verið árlegar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum sl. þrjú ár?*
2. *Hvert yrði tekjutap ríkissjóðs ef virðisaukaskattur á lyfjum, sem nú er 24,5 %, yrði*
   a. 14%,
   b. 7%?
3. *Er ráðherra reiðubúinn að lýsa yfir að í næsta fjárlagafrumvarpi verði stefnt að lækkun virðisaukaskatts af lyfjum?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það hverjar séu árlegar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti af lyfjum, enda er velta lyfjaverslana afar blönduð. Samkvæmt lauslegri áætlun sem byggist á veltutölum lyfjaverslana er talið að árlegur 24,5% virðisaukaskattur af lyfjum hafi árið 2003 verið 830 millj. kr., 920 millj. kr. árið 2004 og 940 millj. kr. á síðasta ári.

Miðað við áætlaðar tölur fyrir árið 2005 yrði tekjutap ríkissjóðs af lægri virðisaukaskatti á lyf 400 millj. kr. miðað við 14% virðisaukaskatt og 670 millj. kr. miðað við 7% virðisaukaskatt.

Sem stendur eru engin áform uppi um lækkun virðisaukaskatts af lyfjum á næsta ári.

804. Nefndarálit [375. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi skipstjórnarmanna, Sjómannasambandi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landssambandi smábátaeigenda og Vélstjórafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að samtök skemmtibátaeigenda tilnefni fulltrúa í siglingaráð þannig að fulltrúum í ráðinu fjölgi úr ellefu í tólf. Hlutverk siglingaráðs er m.a. að fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda og þykir af þeim sökum eðlilegt að samtök skemmtibátaeigenda eigi þar fulltrúa til jafns við aðra hagsmunaaðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 2006.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

Magnús Stefánsson.

805. Nefndarálit [378. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975 með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Veðurstofu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Landssam-

bandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Ríkislögreglustjóra og Vélstjórafélagi Íslands.

Frumvarp þetta felur fyrst og fremst í sér endurþýðingu á gildandi alþjóðareglum í heild auk þess sem settar hafa verið nokkrar nýjar reglur í samræmi við ákvæði alþjóðareglna. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér varða nýjar reglur um svokölluð svifför en það eru farartæki sem nýta eigin loftpúðaáhrif til þess að svífa rétt ofan við yfirborðið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 2006.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

Magnús Stefánsson.

806. Nefndarálit [380. mál]

um frv. til l. um breyt. á hafnalögum, nr. 61/2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Siglingastofnun Íslands, Byggðastofnun og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Núgildandi hafnalög gera ráð fyrir verulegum breytingum á styrkjum til hafna á árinu 2007, sbr. bráðabirgðaákvæði II í lögunum. Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðisins verði framlengdur hvað þetta varðar. Skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins eru af tvennum toga. Hið fyrra miðast við hafnir sem af framkvæmdalegum orsökum telja hagfellt að fresta þegar ákveðnum framkvæmdum á samgönguáætlun 2005–2006 til áranna 2007–2008 án þess að styrkhlutfall breytist miðað við þrengri ákvæði nýrra hafnalaga. Seinna skilyrðið snýst um það að heimilt verði að beita þessu ákvæði gagnvart endurskoðun á áformum samgönguyfirvalda um jafnsetningu hafna í framkvæmdalegu tilliti á aðlögunartíma nýrra hafnalaga líkt og bráðabirgðaákvæði II í lögunum gerir beinlínis ráð fyrir. Forsenda þess að hægt sé að beita ákvæðinu er að við gerð samgönguáætlunar 2007–2010 liggi fyrir endurskoðuð áætlun Siglingastofnunar Íslands um jafnsetningu hafna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 2006.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

Magnús Stefánsson.

807. Nefndarálit [412. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og Félagi skipstjórnarmanna.

Í frumvarpinu er lagt til að breyta stöðu framkvæmdastjóra rannsóknarnefndar sjóslysa til samræmis við stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa og forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðarslysa. Til þess að auðvelda megi rannsókn sjóslysa er einnig lagt til að breyta ákvæði um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa að ýmsum gögnum þannig að skýrt sé kveðið á um heimild rannsóknarnefndarinnar til aðgangs að upptökum sem til eru um borð í skipum í samræmi við sams konar ákvæði í lögum um rannsóknarnefnd flugslysa er varða loftför.

Nefndin leggur áherslu á að þegar reynir á samstarf rannsóknarnefndar sjóslysa og lögreglunnar við rannsókn mála þurfi samvinnan þar á milli að vera góð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febrúar 2006.

Hjálmar Árnason, varaform., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

Magnús Stefánsson.

808. Breytingartillaga [412. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Í stað orðsins „skjala“ í fyrri efnismálsl. 3. gr. komi: gagna.

809. Frumvarp til laga [555. mál]

um landshlutaverkefni í skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Tilgangur og markmið.

Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Fjölnytjaskógrækt.* Ræktun skógar að teknu tilliti til fjölþætts efnahagslegs, félagslegs og náttúrufarslegs hlutverks skógarins.

   Meginmarkmið fjölnytjaskógræktar er tvenns konar, nytjaskógrækt og landbótaskógrækt.

2. *Nytjaskógrækt.* Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota.
3. *Landbótaskógrækt.* Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að fegra land, bæta jarðveg og nýta verndarmátt skóga.
4. *Skjólbelti.* Raðir eða þyrping trjáa og runna sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru, skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði eða sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Landshlutaverkefni í skógrækt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni að starfrækja sérstök landshlutaverkefni í skógrækt. Landshlutaverkefnin eru: Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Héraðsskógar á Austurlandi.

Verkefnin heyra undir landbúnaðarráðuneytið og skulu þau veita framlög til fjölnytjaskógræktar og skjólbeltaræktar á lögbýlum.

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við Skógrækt ríkisins, falið stjórn landshlutaverkefnanna umsjón annarra tengdra verkefna í skógrækt.

4. gr.

Landshlutaáætlanir.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal ná yfir 40 ár og taka mið af bæði skógræktarlegum og hagrænum forsendum. Áætlunina, eða einstaka þætti hennar, skal endurskoða á 10 ára fresti, eða oftar ef ljóst er að forsendur áætlunar bresta, og leiðrétta ef afgerandi frávik verða.

Landshlutaáætlun skal taka mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ætlað landshlutaverkefnunum í sérstakri þingsályktun þar um, sem landbúnaðarráðherra leggur fram og ná skal til 10 ára í senn.

5. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir hvert landshlutaverkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félagi skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir þess. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin. Landbúnaðarráðherra setur stjórnum landshlutaverkefnanna starfsreglur.

6. gr.

Samningar.

Landshlutaverkefni á hverju svæði skal gera samning um þátttöku í skógræktarverkefni við hvern skógarbónda, sem fær framlag samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samningur skal taka mið af gildandi landshlutaáætlun hverju sinni, sbr. 4. gr., og skal þar tekið fram hvers konar fjölnytjaskógrækt og/eða skjólbeltarækt stefnt er að.

Samningurinn skal hið minnsta vera til 40 ára og vera á formi sem landbúnaðarráðherra hefur staðfest, að fengnu áliti Skógræktar ríkisins og Landssamtaka skógareigenda.

Ef annar en landeigandi, eða eftir atvikum annar en rétthafi, undirritar samning um skógræktarverkefni skal landeigandi samþykkja hann með áritun sinni. Samningnum skal þinglýst á þá fasteign sem hann tekur til.

7. gr.

Uppsögn samnings og endurgreiðsla framlaga.

Óski skógarbóndi eða landeigandi eftir því að losa land sitt undan kvöðum samkvæmt samningi um þátttöku í skógræktarverkefni áður en samningstíma er lokið skal hann endurgreiða framlög ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Endurgreiðslufjárhæðin lækkar hlutfallslega út samningstímann og fyrnist um 2,5% á almanaksári, hafi samningur verið virkur í a.m.k. 10 ár, og fellur skuldin niður eftir 40 ár. Framlög sem veitt eru síðustu 10 ár fyrir uppsögn fyrnast þó ekki.

Óski verkefnisstjórn eftir því að losna undan skuldbindingum samnings um þátttöku í skógræktarverkefni skal skógarbónda og landaeiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti. Uppsögn samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynnt fyrir 1. október og tekur gildi frá og með næstu áramótum. Ekki skal endurgreiða samningsbundin framlög vegna uppsagnar samkvæmt þessari málsgrein. Eftir að samningur um þátttöku fellur niður gilda ákvæði skógræktarlaga um skóginn að öðru leyti.

8. gr.

Um samningsbrot.

Skýri þátttakandi rangt frá staðreyndum sem máli skipta við skógræktarverkefni á samningslandi eða vanefni að öðru leyti skyldur sínar ítrekað eða í veigamiklum atriðum er verkefnisstjórn heimilt að rifta samningi og endurheimta framlög.

Áður en verkefnisstjórn tekur ákvörðun skv. 1. mgr. skal skógarbónda, og landeiganda, sé hann annar, með sannanlegum hætti gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Ákvörðun verkefnisstjórnar skal rökstudd og má skjóta henni til landbúnaðarráðherra innan 30 daga frá því að hún var kynnt hlutaðeigandi. Kæra frestar því að ákvörðun verði virk.

9. gr.

Þátttaka í kostnaði.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.

10. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar landshlutaverkefna skulu samþykktir af viðkomandi stjórn og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þar skal koma fram staða framkvæmda og verkefnisins í heild á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna. Landshlutaverkefnin skulu skila ársskýrslu sinni sem staðfest hefur verið af ráðherra til Skógræktar ríkisins.

Reikninga landshlutaverkefna skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

11. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga sem ræktaðir eru fyrir tilstuðlan landshlutaverkefna í skógrækt samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Gildistaka og brottfall eldri laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, og lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999. Skógræktarsamningar sem gerðir voru með stoð í þeim lögum halda gildi sínu. Ákvæði laga þessara gilda um eldri skógræktarsamninga eftir gildistöku þeirra, eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir núverandi skógræktarverkefna halda umboði sínu þar til ný stjórn hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum laga þessara. Skógræktarverkefni samkvæmt lögum þessum taka við réttindum og skyldum eldri skógræktarverkefna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæði I til bráðabirgða í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, kemur fram að landbúnaðarráðherra skuli fjórum árum frá setningu laganna endurskoða ákvæði þeirra, auk ákvæða laga um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og Suðurlandsskóga, nr. 93/1997. Frumvarpi þessu er ætlað að verða við þeim lagafyrirmælum, enda ljóst að komið er fram yfir þann tíma sem lögum nr. 56/1999 var ætlað að gilda. Töluverð reynsla er komin á þá starfsemi sem fram fer nú undir þremur mjög svipuðum lagabálkum. Reynslan af framkvæmd laganna hefur verið mjög góð og mikill áhugi um allt land á verkefnunum, ekki aðeins meðal þátttakenda heldur einnig annarra, svo sem sveitarstjórna og almennings. Nú hafa verið gerðir um 760 samningar við skógræktarbændur og aðra landeigendur og rúmlega 100 jarðir eru á biðlista. Alls hafa verið gróðursettar um 40 milljónir plantna í um 18 þúsund hektara lands.

Hins vegar hefur reynslan sýnt að núgildandi lagabálkar taka ekki á nokkrum álitamálum sem töluverð óvissa hefur ríkt um og nauðsynlegt er að kveðið sé skýrt á um í lögum.

Helstu nýmæli laganna má segja að séu skýr ákvæði um endurgreiðslu skógræktarframlaga og fyrningu þeirra og skýr ákvæði um þau tilvik þegar skógarbóndi hefur vanefnt samning, skógarbóndi vill segja upp samningi eða skógræktarverkefni vill sjálft losna undan samningi. Skilin milli Skógræktar ríkisins og verkefnanna eru gerð skýrari og hlutverk landshlutaverkefnanna afmarkað.

Mikilvægt nýmæli er að finna í frumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæði núgildandi laga um að skógarbóndi greiði til baka hluta af þeim tekjum sem hann kann að hafa af skóginum falli brott. Í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga er gert ráð fyrir því að skógarbændur greiði allt frá 15–35% af söluverðmæti hvers rúmmetra trjáviðar á rót til baka þegar kemur að því að trén eru felld. Í 6. gr. núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni er hlutfallið sem greiða á til ríkisins af verðmæti trjáviðar 15%. Sambærilegt ákvæði um 15% endurgreiðsluhlutfall er nú í 5. gr. laga um Suðurlandsskóga. Í lögum um Héraðsskóga er endurgreiðslu-

hlutfallið enn hærra, eða 30%, og við það bætist 5% framlag sem greiða á inn á endurnýjunarreikning í vörslu Héraðsskóga. Sterk rök hafa verið færð fram fyrir því að ef skógrækt sem atvinnugrein hér á landi eigi að verða arðbær megi endurgreiðslubyrði ekki verða of þung, þ.e. landeigendur verða að sjá sér hag í að fella trén og koma afurðunum á markað. Rétt er að benda á að virðisauki skógræktarinnar felst auk timburframleiðslu í ýmsu öðru, svo sem bindingu kolefnis, fjölbreyttara náttúrufari, heftingu jarðvegseyðingar og útivistargildi svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur einnig verið á það bent að þá og þegar timburskógar verða felldir og afurðir settar á markað gefast stjórnvöldum margar leiðir til að skattleggja atvinnugreinina á raunhæfan máta. Það er með öðrum orðum mjög erfitt að segja til um það nú hversu hátt endurgreiðsluhlutfallið á að vera þegar þar að kemur, en samdóma álit þeirra sem leitað hefur verið til um þetta atriði er að endurgreiðsluhlutfallið sem nú er í lögum sé of hátt og muni m.a. verka hamlandi á framboð viðar úr skóginum.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað um tilgang og markmið laganna. Greinin er að mestu efnislega samhljóða tilsvarandi greinum í núgildandi lögum. Þó með þeirri breytingu sem gerð er á tilgangi laganna að viðurkennt er að markmið með skógrækt geti verið margvísleg og misjöfn og háð bæði aðstæðum og óskum landeigenda á hverjum stað. Meðal markmiða með skógrækt er timburframleiðsla, framleiðsla annarra timburafurða, uppgræðsla lands og jarðvegsvernd, myndun skjóls fyrir fólk, búfé, ræktun eða byggingar, endurheimt framleiðni og virkni vistkerfa og kolefnisbinding. Hægt er að hanna og rækta skóg þannig að áhersla sé einkum lögð á eitt markmið, t.d. timburskógrækt, eða mörg markmið samtímis, þ.e. fjölnytjaskógrækt. Setning markmiða með skógrækt eða skjólbeltarækt á hverjum stað fer fram samfara gerð ræktunaráætlunar.

Í 2. mgr. 1. gr. er getið um það markmið sem ætlunin hefur verið að lögfesta frá því að landshlutabundnu verkefnin hófu göngu sína, þ.e. að stefnt skuli að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli á svæði hvers verkefnis. Ákvæði þetta var áður að finna í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, en betur þykir fara á því það sé í 1. gr. þar sem fjallað er um tilgang laganna og markmið.

Ekki er lengur gert ráð fyrir því að tilgangur landshlutaverkefna sé að vernda og hirða um það skóglendi sem fyrir er, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1999. Hugtakið skógrækt felur í sér allt frá undirbúningi lands til lokafellingar skógar og er verkefnunum því áfram heimilt að gera samninga um eldri skóga, svo fremi að þeir séu á lögbýlum. Skógrækt ríkisins er sá aðili sem í flestum tilvikum fer með málefni er varða skóga landsins. Í 1. tölul. 1. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, segir t.d. að Skógrækt ríkisins skuli m.a. rekin með það að markmiði að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu.

Um 2. gr.

Greinin er lítið breytt frá því sem er í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, en í henni eru helstu hugtök sem notuð eru í lögunum skilgreind. Breytingar á orðalagi miða að skýrari hugtakanotkun.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eru nú starfrækt sex landshlutabundin skógræktarverkefni. Þau eru Héraðsskógar, sem starfa eftir lögum nr. 32/1991, Suðurlandsskógar, sem starfa eftir lögum nr. 93/1997, og Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar, og Austurlandsskógar, sem starfa eftir lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að landshlutaverkefnin verði eftirleiðis fimm talsins og taki Héraðsskógar á Austurlandi við verkefnum Héraðsskóga og Austurlandsskóga með brottfalli laganna um Héraðsskóga. Suðurlandsskógar falla undir landshlutaverkefnin um leið og sérlög um Suðurlandsskóga falla brott.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra sé framvegis heimilt að starfrækja landshlutaverkefni í skógrækt í stað þess að stofna til þeirra eins og er nú. Ekki er því gert ráð fyrir nýjum landshlutaverkefnum. Þá eru landshlutaverkefnin nafngreind eins og áður sagði.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er stjórnsýsluleg staða verkefnanna skilgreind. Verkefnin heyra undir landbúnaðarráðherra og er hvert og eitt verkefni stjórnsýslustofnun með sérstakri stjórn. Einnig kemur fram í greininni að framlög verkefnanna eru bundin við lögbýli. Með hliðsjón af því að eitt af markmiðum laganna er að treysta byggð og efla atvinnu þykir eðlilegt að binda verkefnin áfram við lögbýli. Þróun undanfarinna ára hefur verið á þá leið að fjölmörg ný lögbýli hafa verið stofnuð til sveita, eins og sjá má af þeirri fjölgun lögbýla sem landbúnaðarráðuneytið viðurkennir árlega. Í ljós hefur komið að mörg þessara býla eru stofnuð til að hefja þar starfsemi í skógrækt. Ákvæði um lögbýlisskilyrði er nú að finna í 5. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Í 3. mgr. er samsvarandi ákvæði og nú er að finna í 10. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni. Breyting felst þó í því að í stað þess að 40 ára áætlun hvers landshlutaverkefnis sé skipt niður í tíu ára tímabil er gert ráð fyrir endurskoðun áætlunarinnar á 10 ára fresti eða oftar. Breyting þessi er í takt við nútímavinnubrögð í skipulagsmálum og gerir verkefnunum kleift að aðlagast breyttum forsendum og nýjum áherslum sem fram kunna að koma.

Í 2. mgr. 4. gr. er að finna nýmæli sem ætlað er að tryggja að áætlanir landshlutaverkefnanna taki mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ætlað til skógræktarverkefnanna til 10 ára í senn. Einnig er ákvæðinu ætlað að tryggja ákveðinn fyrirsjáanleika í störfum verkefnanna. Kveðið er á um að landbúnaðarráðherra leggi fram þingsályktunartillögu á Alþingi um fjárframlög til verkefnanna. Ákvörðun Alþingis ræður svo fjárveitingunum sem verkefnin taka mið af við áætlanagerð sína og framkvæmdir. Eðli verkefnanna og framkvæmdir í skógrækt kalla á langtímaáætlanir um fjárveitingar. Þær tryggja trúverðugleika og markvissara og skilvirkara starf. Við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana þessara verkefna þarf að nota aðrar vinnuaðferðir en við áætlanagerð fyrir mörg önnur verkefni eða stofnanir á vegum ríkisins. Ferlið frá því að landeigandi sækir um þátttöku í skógræktarverkefni þangað til gróðursetning hefst getur verið allt að tveimur árum. Við undirskrift skógræktarsamnings við landeiganda felst skuldbinding af beggja hálfu, m.a. hve margar plöntur skuli gróðursetja árlega. Svo að hægt verði að standa við þessa samninga þarf að ganga frá plöntukaupum við plöntuframleiðendur a.m.k. tvö ár fram í tímann til að framleiðsla þeirra og afhending plantnanna geti staðist þegar að gróðursetningu er komið. Í upphafi verkefnanna var í raun engin trygging fyrir því að verkefnin hefðu fjármagn til að leysa plönturnar út þegar þær voru tilbúnar.

Vorið 2003 samþykkti Alþingi þingsályktun í anda þess sem hér er lagt til að verði lögboðið. Sú þingsályktun var til fimm ára og markaði tímamót hvað varðar alla áætlanagerð fyrir verkefnin. Þótt ekki hafi með öllu tekist að framfylgja henni hvað fjárveitingar varðar hefur hún þó verið verkefnunum leiðarljós og orðið þess valdandi að unnt hefur verið að standa við gerða samninga af ríkisins hálfu.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. gr. laga um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997. Gert er ráð fyrir því að stórn hvers landshlutabundins verkefnis sé í höndum þriggja manna stjórnar sem skipuð verði til fjögurra ára í senn. Í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er gert ráð fyrir fjögurra manna stjórn. Breytingin er lögð til svo að auka megi hagkvæmni í rekstri verkefnanna og minnka yfirbyggingu þeirra. Með skipan stjórnarinnar er tryggt að tekið sé mið af sjónarmiðum skógarbænda og fagsjónarmiðum þeim sem Skógrækt ríkisins er ætlað að endurspegla. Ráðherra skipar þriðja mann stjórnarinnar án tilnefningar.

Það nýmæli er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins að gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra setji stjórnum verkefnanna starfsreglur. Með setningu slíkra reglna verður leitast við að tryggja sem best samræmda framkvæmd hjá verkefnunum.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er að mestu samhljóða 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Í 2. mgr. er hins vegar um nýmæli að ræða, en þar er kveðið á um að samningar við þátttakendur skuli vera til 40 ára. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um gildistíma samninga. Sú hefð hefur þó skapast að gera samninga til 10 ára með ákvæðum sem ná til allt að 40 ára. Á því fyrirkomulagi eru augljósir gallar. Um er að ræða ákvæði um framlög til fyrstu grisjunar, sem að mati Skógræktar ríkisins getur átt sér stað allt að 40 árum eftir gróðursetningu og er nauðsynleg til að tryggja að tiltekin markmið með skógrækt náist. Með ákvæðinu um samningstíma eru tekin af öll tvímæli um gildistíma þeirra.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, er gert ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra staðfesti samninga við hvern og einn þátttakanda verkefnis. Nú er lagt til að þessi háttur verði aflagður. Ekki er talin þörf á því að ráðuneytið staðfesti alla samninga og er ábyrgð á því að samningarnir séu lögformlega réttir lögð á herðar landshlutaverkefnanna sjálfra. Það að ráðuneytið hafi áður staðfest það staðlaða form sem notað er að fengnu áliti Skógræktar ríkisins og Landssamtaka skógareigenda er talið fullnægjandi.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli sem ætlað er að skýra réttarstöðu og uppgjör aðila skógræktarsamnings ef aðilar vilja losna undan samningi áður en gildistími hans rennur út. Í 1. mgr. er tilgreint hvernig skuli fara að vilji landeigandi losa land sitt í heild eða að hluta undan samningi áður en gildistími hans rennur út. Með þessu ákvæði verður til reiknuð „skuld“ eða endurgreiðslufjárhæð sem telst þá vera „skuld“ skógarbónda við viðkomandi landshlutaverkefni. Er hugsanlegt að slík reiknuð „skuld“ geti haft neikvæð áhrif á markaðsverð jarðar. Til að draga úr slíkum áhrifum er gert ráð fyrir að „skuldin“ fyrnist með tíma. Endurgreiðslufjárhæðin fyrnist hlutfallslega um $\frac{1}{40}$, eða 2,5%, á almanaksári. Fyrningin hefst strax árið eftir að framlag er fengið, þó þannig að síðustu 10 ár fyrir uppsögn samnings fyrnast ekki. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um það hvernig skuli fara með mál ef skógarbóndi vill losna undan samningi. Í reynd hefur verið litið svo á að skógur sem plantað er eftir núgildandi lögum sé ekki

eign landeiganda, eða skógarbónda eftir atvikum, fyrr en að samningstíma loknum og þá gildi þó áfram um hann ákvæði laganna um endurgreiðslu. Í núgildandi lög hefur hins vegar vantað skýr ákvæði um meðferð mála ef skógarbóndi vill hætta í verkefni.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna ákvæði um það þegar verkefnisstjórn vill losna undan samningsskuldbindingum. Greinin kveður á um lágmarksmálsmeðferðarreglur ef svo ber undir.

Segi þátttakandi í skógræktarverkefni upp samningi í heild eða að hluta skv. 7. gr., skal hann endurgreiða framlög sem hann hefur fengið til skógræktar á viðkomandi svæði. Endurgreiðsla fyrnist um 1/40, eða 2,5%, á almanaksári. Fyrningin hefst strax árið eftir að framlag er fengið, þó þannig að síðustu 10 ár fyrir uppsögn samnings fyrnast ekki.

Dæmi um útreikning:

Skógarbóndi gerir samning við landshlutaverkefni árið 2001 og byrjar strax að fá framlag á hverju ári þaðan í frá. Í lok árs 2015 vill skógarbóndi losa landið undan samningi. Endurgreiðir hann þá heildarupphæð framlags áranna 2006–2015 framreiknað með vísitölu neysluverðs. Framlagið frá 2005 hefur fyrnst um 11/40, eða 27,5%, og endurgreiðir skógarbóndi því 29/40, eða 72,5%, af framlagi þess árs. Framlagið frá 2004 hefur fyrnst um 12/40 og er endurgreiðsla því 28/40, framlagið frá 2003 um 13/40 og endurgreiðsla því 27/40, framlagið frá 2002 um 14/40 og endurgreiðsla því 26/40, framlagið frá 2001 um 15/40 og endurgreiðsla því 25/40. Gert er ráð fyrir því að endurgreiðslan sé framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs.

Vilji skógarbóndi segja upp samningi fyrir hluta samningsbundna landsins endurgreiðir hann samkvæmt sömu fyrningarreglu annars vegar framlög vegna framkvæmda á því svæði sem sem hann vill losa undan samningi miðað við framkvæmdaár og hins vegar hlutfall af sameiginlegum kostnaði sem samsvarar þeim hluta lands sem hann vill undanskilja samningi.

Dæmi um útreikning:

Skógarbóndi vill losa undan samningi landskika sem nemur 4 hekturum af samtals 40 hektara samningsbundnu svæði, eða 10%. Á því svæði var jarðunnið fyrir 20 árum, gróðursett fyrir 19 árum og grisjað fyrir fimm árum. Framlagið fyrir jarðvinnslu er fyrnt um 20/40 og fyrir plöntur og gróðursetningu um 19/40, en framlagið fyrir grisjun er ekkert fyrnt. Endurgreiðir skógarbóndi því verkefninu 20/40 af framlaginu vegna jarðvinnslu, 21/40 af framlaginu fyrir plöntur og gróðursetningu og allt framlagið fyrir grisjun á viðkomandi svæði, allt uppfært miðað við neysluvísitölu. Auk þessa hefur hann fengið framlög til friðunar lands (girðingarviðhalds) öll árin og endurgreiðir hann 10% af því sem hann hefur fengið undanfarin 20 ár samkvæmt fyrningarreglunni, uppfært með neysluvísitölu.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um rétt landshlutaverkefnis til að rifta samningum og endurheimta framlög hafi þátttakendur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Örfá tilvik hafa komið upp þar sem samningsbundinn skógarbóndi hefur vanrækt skyldur sínar, einkum um að vernda skógræktarsvæði fyrir beit. Hætta er á slíku við eigendaskipti jarða ef nýr landeigandi er ekki eins áhugasamur um skógrækt og sá sem gerði samninginn. Engin ákvæði eru í núgildandi lögum sem taka á þessum málum og er staða verkefnanna veik gagnvart landeigendum sem ítrekað brjóta samning. Grein þessari er ætlað að styrkja stöðu verkefnanna þegar slík tilvik koma upp. Kveðið er á um málsmeðferðarreglur þegar verkefni riftir samningi við skógarbónda og kæruleið til landbúnaðarráðherra í samræmi við þá almennu reglu stjórnsýsluréttarins að ákvörðun lægra setts stjórnvalds sé kæranleg til æðra setts stjórnvalds.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 5. gr núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni, hluta 4. gr. laga um Suðurlandsskóga og hluta 4. gr. laga um Héraðsskóga. Kveðið er á um að framlög skuli nema allt að 97% af kostnaði, en það hlutfall er tilgreint í lögum um Héraðsskóga og notað af öllum verkefnunum. Greinin hefur því enga breytingu á rekstri verkefnanna í för með sér .

Um 10. gr.

Það nýmæli er að finna í greininni að gert er ráð fyrir því að landshlutabundnu verkefnin skili ársskýrslu sinni, sem staðfest hefur verið af ráðherra, til Skógræktar ríkisins. Nauðsynlegt þykir að Skógrækt ríkisins hafi heildaryfirlit yfir framgang verkefnanna frá ári til árs.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landshlutaverkefni í skógrækt.

Frumvarpi þessu er ætlað að samræma og leysa af hólmi þrenn núgildandi sérlög um skógræktarverkefni.

Frumvarpið er efnislega lítið breytt frá gildandi lögum. Helstu nýmæli þess felast annars vegar í ákvæðum 7. gr. um endurgreiðslu skógræktarframlaga og fyrningu þeirra komi til uppsagnar á samningi ásamt ákvæðum 8. gr. um riftun samnings og endurheimt framlaga vegna vanefnda, en á þessum þáttum er ekki tekið í gildandi lögum. Hins vegar í því að þvert á það sem er í gildandi lögum þá er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður eigi beina hlutdeild í tekjum af skógunum.

Ekki er reiknað með að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs. Ekki eru forsendur til að meta á raunhæfan hátt tekjutap ríkissjóðs af brotthvarfi tekjuhlutdeildarákvæða gildandi laga.

810. Frumvarp til laga [556. mál]

um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin taka jafnframt til eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.

2. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita eftirlitsúrræðum þessara laga við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga.

Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjár-

málaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eftirlitsskyldra aðila uppfylla ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila gilda skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að viðkomandi láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið viðkomandi frá störfum. Slíkar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins útiloka ekki beitingu annarra heimilda þess.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila, sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Sama gildir um aðila er veitt geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga eða sérlaga. Greiðast dagsektirnar þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Stjórn er heimilt að fela forstjóra að taka ákvarðanir um dagsektir vegna reglubundinna gagnaskila eftirlitsskyldra aðila.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila, sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um févíti skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvarðanir um févíti og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsekta í reglugerð.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Ef brot eru alvarleg og eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafa að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármála-

eftirlitinu er falið að framkvæma ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim. Aðgerðum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til dómstóla.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr. og 11. gr. skulu þegar í stað tilkynntar stjórn aðilans eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa nema ástæða sé til að ætla að fyrirhugaðar aðgerðir nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri.

7. gr.

2. og 3. mgr. 13. gr. laganna verða svohljóðandi:

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt sérlögum eða öðrum lögum eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki auðkenndir.

8. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

9. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Málshöfðunarfrestur o.fl.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins né heimild til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. laganna.

Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra.

10. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir brottfall ákvæða um kærunefnd í 18. gr. skal kærunefnd ljúka meðferð þeirra mála sem skotið hefur verið til hennar við gildistöku laga þessara. Jafnframt er heimilt að skjóta til kærunefndar þeim ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins sem teknar eru fyrir gildistöku laga þessara. Kæran skal berast nefndinni innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal vísa frá nefndinni. Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að bera úrskurði kærunefndar samkvæmt þessu ákvæði undir dómstóla.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

12. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr. a, svohljóðandi:

Með óbeinni hlutdeild í skilningi 40. gr. er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari sameiginlega með virkan eignarhlut í skilningi laganna.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv.1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

13. gr.

Í stað orðanna „nánum tengslum við í skilningi 2. mgr. 18. gr.“ í 2. mgr. 70. gr. laganna kemur: samstarfi við í skilningi 40. gr. a.

14. gr.

1. og 2. mgr. 107. gr. laganna verða svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, auk eftirlits með eigendum virkra eignarhluta skv. VI. kafla. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

15. gr.

3. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

16. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 6. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

17. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 39. gr. a, svohljóðandi:

Með óbeinni hlutdeild í skilningi 1. mgr. 39. gr. er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari með virkan eignarhlut í skilningi laganna.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv.1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

18. gr.

6. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 39. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut skv. 39. og 40. gr. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

19. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, svo og endurskoðendum, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu laga nr. 11/2000, um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, var leitast við að styrkja starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins og stuðla að því að starfsemi þess skilaði tilætluðum árangri. Meginmarkmið laganna var að tryggja betur en áður aðgang að gögnum og upplýsingum og auka möguleika Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna var þess getið að reynslan mundi síðar leiða í ljós hvort frekari breytinga væri þörf á lagaumgjörð stofnunarinnar. Breytingar þær sem lagðar voru til í frumvarpinu bæri ekki að skoða sem heildstæða endurskoðun á stöðu og heimildum Fjármálaeftirlitsins.

Nokkur reynsla hefur nú hlotist af beitingu þeirra starfsheimilda sem Fjármálaeftirlitinu var fengið með lögum nr. 11/2000 og hafa komið í ljós nokkur vandkvæði sem hafa torveldað fullnægjandi eftirlit á ákveðnum sviðum. Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja enn frekar úrræði Fjármálaeftirlitsins og eyða óvissu um túlkun nokkurra ákvæða. Lagt er til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag við endurskoðun ákvarðana Fjármálaeftirlitsins auk þess sem tilefni er til að skýra nokkur ákvæði sérlaga sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Gildissvið laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 2. gr. og 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og tekin af öll tvímæli um að þau taki ekki aðeins til eftirlitsskyldra aðila heldur einnig vegna eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga. Með sérlögum er t.d. átt við lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti. Er þessi breytingartillaga gerð í tilefni úrskurðar kærunefndar skv. 18. gr. laganna eins og fjallað verður um síðar.

Styrking almenna eftirlitsákvæðisins.

Lagt er til að almenna eftirlitsákvæðið í 9. gr. laga nr. 87/1998 verði styrkt og skýrt frekar. Hefur m.a. verið litið til orðalags 2. mgr. 68. gr. verðbréfaviðskiptalaga auk þess sem höfð hefur verið hliðsjón af heimildum skattyfirvalda sem hafa reynst árangursrík í framkvæmd. Enn fremur eru lagðar til breytingar á ákvæðum sérlaga sem leiða af framangreindu.

Beiting þvingunarúrræða.

Tekinn er af allur vafi um að Fjármálaeftirlitið geti beitt þvingunarúrræðum 11. gr. laganna, m.a. um dagsektir, gagnvart einstaklingum eða lögaðilum í tengslum við athuganir á

því hvort brotið hafi verið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma séu umbeðnar upplýsingar ekki veittar eða kröfum um úrbætur ekki sinnt innan hæfilegs frests. Enn fremur er gert skýrara að heimilt sé að beita úrræðum 4. mgr. 9. gr. laganna gagnvart þessum aðilum séu ríkar ástæður til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri.

Breytingar þessar eru lagðar til í tilefni af úrskurðum kærunefndar skv. 18. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í málunum hafði Fjármálaeftirlitið sent kærendum fyrirspurnir um eignarhluti þeirra í fjármálafyrirtæki á grundvelli 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Í ákvæðinu kemur fram að Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla laganna og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Kærendur svöruðu ekki fyrirspurnum eftirlitsins, eða svöruðu þeim ekki með fullnægjandi hætti að mati eftirlitsins, og lagði Fjármálaeftirlitið á þá dagsektir í kjölfarið. Ákvarðanir um álagningu dagsekta byggðust á 11. gr. laga nr. 87/1998 og reglugerð 560/2001, sbr. 8. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002. Í 11. gr. laga nr. 87/1998 kemur m.a. fram að eftirlitið geti lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar. Þá er skv. 8. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 heimilt að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit. Nefndin taldi heimild Fjármálaeftirlitsins til að afla upplýsinga og gagna frá kærendum skýra. Hins vegar taldi kærunefndin að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir væru ekki nægjanlega skýrar og voru hinar kærðu ákvarðanir felldar úr gildi. Byggist niðurstaða kærunefndar á því að ekki verði með skýrum hætti ráðið að ætlun löggjafans hafi verið að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að beita einstaklinga sem eiga eignarhlut í lögaðila sem rekur eftirlitsskylda starfsemi dagsektum samkvæmt lögum nr. 11/2000 og lögum nr. 161/2002.

Niðurstaða kærunefndar í málum þessum hefur skapað óvissu um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að fylgja eftir kröfum um upplýsingar í athugunum á myndun virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum. Slík óvissa skaðar það eftirlit sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að hafa með myndun virkra eignarhluta. Verður að teljast óviðunandi að eigendur eignarhluta geti virt að vettugi fyrirspurnir Fjármálaeftirlitsins án þess að eftirlitið hafi úrræði til að fylgja fyrirspurnunum eftir. Er því nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi tiltæk úrræði til að afla þeirra upplýsinga sem lagt er á eigendur eignarhluta að veita lögum samkvæmt.

Í kjölfar framangreinds úrskurðar hefur einnig skapast óvissa um heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt öðrum sérlögum sem byggð eru á sambærilegum tilvísunum og í framangreindu máli. Í lögum um verðbréfaviðskipti og vátryggingastarfsemi er að finna sams konar tilvísun til laga nr. 87/1998 er varða eftirlitsúrræði, t.d. beitingu dagsekta. Í 6. mgr. 68. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, kemur fram að um eftirlit með framkvæmd laganna gildi að öðru leyti ákvæði laga nr. 87/1998, þar á meðal þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.–11. gr. laganna. Í athugunum Fjármálaeftirlitsins á innherjasvikum og markaðsmisnotkun er t.d. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi þau þvingunarúrræði sem fjallað er um í 9.–11. gr. laga nr. 87/1998. Slíkar athuganir geta beinst að einstaklingum og lögaðilum sem eru ekki eftirlitsskyldir aðilar í skilningi 1. mgr. 2. gr. laganna. Er frumvarpinu einnig ætlað að bregðast við þessum álitaefnum.

Óbeinn eignarhlutur.

Í frumvarpinu er lagt til að skilgreint verði efnislega hvernig óbeinir virkir eignarhlutar geta myndast samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Höfð hefur verið hliðsjón af ákvæði 37. gr. verðbréfaviðskiptalaga er fjallar m.a. um hvernig yfirtökuskylda getur stofnast með samstarfi aðila. Breyting þessi er lögð til vegna vandkvæða á að staðreyna hvort virkir eignarhlutir hafi myndast óbeint, t.d. með samstarfi eða tengslum aðila, en núgildandi lög skilgreina ekki hvað felst í óbeinum virkum eignarhlut heldur er eingöngu vikið að því efnislega í lögskýringargögnum.

Tilgangurinn með lagaákvæðum um fyrirframsamþykki fyrir kaupum á virkum eignarhlut og mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi umsækjanda er einkum sá að draga úr hættunni á að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum geti haft skaðleg áhrif með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækjanna. Eru reglurnar samevrópskar og traust á því að reglurnar séu virtar stuðlar m.a. að því að starfsleyfi í einu landi opni möguleika á starfsemi í öðrum löndum innan EES á grundvelli svokallaðs Evrópupassa. Er því mikilvægt að fyrir liggi skýr viðmið fyrir Fjármálaeftirlitið við mat á því hvort stofnast hafi til óbeins virks eignarhlutar.

Kærunefnd.

Lagt er til í frumvarpinu að ákvæði um kærunefnd í 18. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði fellt brott. Í þess stað er sett ákvæði um að heimilt verði að skjóta ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til dómstóla.

Í ritgerð Friðgeirs Björnssonar um úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni sem forsætisráðuneytið gaf út árið 2005 kemur fram að heppilegt kunni að vera í ákveðnum tilvikum að allar stærri stjórnsýsludeilur séu alfarið reknar fyrir dómstólum án þess að þær gangi fyrst til úrskurðarnefnda. Hefur slík umræða meðal annars átt sér stað í Danmörku eins og fram kemur í ritgerðinni.

Í Svíþjóð og Finnlandi er málum hagað með þeim hætti að ákvarðanir fjármálaeftirlitanna sæta ekki kæru innan stjórnsýslunnar heldur verða aðeins endurskoðaðar af dómstólum. Eru valdheimildir sænsku og finnsku eftirlitanna mjög áþekkar valdheimildum Fjármálaeftirlitsins og því um sambærileg álitaefni að ræða sem sæta endurskoðun með þessum hætti. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í þessum löndum og eru engin áform uppi um að gera þar breytingu á. Í Noregi er hins vegar hægt að skjóta ákvörðunum norska fjármálaeftirlitsins til ráðherra, en í Danmörku er starfandi kærunefnd sem þó er ekki fyllilega sambærileg þeirri úrskurðarnefnd sem starfar hér á landi.

Þegar litið er til þess hversu mikilvægt Fjármálaeftirlitið er fyrir traustan og heilbrigðan fjármálamarkað hér á landi verður að telja eðlilegt að ágreiningsmál vegna starfa þess komi til meðferðar dómstóla. Samkvæmt gildandi lögum hefur Fjármálaeftirlitið ekki heimildir til að skjóta úrskurðum kærunefndar til dómstóla en það fyrirkomulag hefur reynst óheppilegt þegar um stefnumarkandi mál er að ræða sem hafa fordæmisgildi.

Ekki er valin sú leið í frumvarpinu að veita Fjármálaeftirlitinu heimild til að skjóta úrskurðum kærunefndar til dómstóla eins og komið hefur til umræðu. Ástæður þess eru að þegar litið er til þeirra mála sem komið hafa fyrir nefndina sést að til hennar leita fyrst og fremst fyrirtæki og fjársterkir einstaklingar (fjárfestar/innherjar) sem hafa alla burði til að reka mál sín fyrir dómstólum. Í þessum málum eiga því ekki við sjónarmið um að tryggja almennum borgurum ódýra leið til að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum.

Með framangreinum rökum þykir rétt að leggja til að ágreiningsmál vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins komi beint til meðferðar dómstóla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er kveðið skýrt á um að gildissvið laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi taki jafnframt til eftirlits og annarra verkefna samkvæmt ákvæðum sérlaga, eftir því sem við á, hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða. Í einstökum sérlögum, t.d. í lögum um verðbréfaviðskipti og lögum um fjármálafyrirtæki er sá háttur hafður á að vísa til laga þessara varðandi beitingu tiltekinna eftirlitsúrræða. Með einstaklingum og lögaðilum er ekki einungis átt við aðila sem eru eftirlitsskyldir í skilningi t.d. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þessara laga. Átt er við alla þá aðila sem eftirlit og önnur verkefni Fjármálaeftirlitsins varða eða er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli sérlaga, t.d. vegna útgefenda skráðra verðbréfa, innherja, markaðsmisnotkunar, yfirtökuskyldu og kaupenda eða seljenda eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Er ákvæðið til frekari fyllingar breytingum á 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitið geti beitt úrræðum laganna gagnvart einstaklingum og lögaðilum, þar á meðal dagsektum, févíti, leit og haldlagningu, vegna þeirra laga og reglna sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með.

Um 2. gr.

Í gildandi ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna kemur fram að ákvæði laganna eigi, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fari að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga. Í skýringum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 11/2000 kemur fram að í 3. mgr. 8. gr. sé hnykkt á því að ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, einkum III. kafli þeirra, og ákvæði sérlaga myndi þann ramma sem starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins er ætlað að starfa eftir. Ákvæði III. kafla laga nr. 87/1998 séu almenn ákvæði sem ætlað sé að gilda um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á grundvelli sérlaga.

Verður ekki litið öðruvísi á en að ætlunin með framangreindu ákvæði hafi verið að ákvæði sérlaga og laga um opinbert eftirlit mundu vinna saman og mynda heildstæðan ramma um starfsemi eftirlitsins. Hefur lagasetning á fjármálamarkaði miðast við þetta og er vísað í almennum eftirlitsákvæðum sérlaga til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi varðandi eftirlitsheimildir Fjámálaeftirlitsins sem mundu gilda að breyttu breytanda um eftirlit samkvæmt sérlögum.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu hefur kærunefnd samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi komist að þeirri niðurstöðu að tilvísun í 107. gr. laga nr. 161/2002 til dagsektarheimildar í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sé ekki nægilegur grundvöllur til að beita ákvæðum laganna um dagsektir gagnvart einstaklingum sem athugun Fjármálaeftirlitsins á virkum eignarhlut í sparisjóði beindist að. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum skapar úrskurður þessi jafnframt vafa um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt öðrum sérlögum sem byggðar eru á samsvarandi tilvísunum.

Með þeirri breytingu á ákvæðinu sem hér er lögð til er því tekinn af allur vafi um að Fjármálaeftirlitið geti beitt úrræðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar á meðal dagsektum, févíti, leit og haldlagningu, við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna.

Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga. Séu víðtækari eftirlitsúrræði í sérlögum en fram koma í lögum um opinbert eftirlit eiga þau ákvæði við um tilvik sem mundu falla þar undir. Hér má t.d. nefna heimildir Fjármálaeftirlitsins í

verðbréfaviðskiptalögum til kyrrsetningu eigna, stöðvun útboðs og afrita af fjarskiptaskrám og heimildir í verðbréfaviðskiptalögum og lögum um fjármálafyrirtæki til sviptingu atkvæðisréttar o.fl.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. hafa verið tekin saman ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr. gildandi laga nr. 87/1998 og sett í eina málsgrein. Gildandi 1. mgr. 9. gr. laganna á við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eftirlitsskyldum aðilum eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laganna en 2. mgr. 9. gr. laganna á hins vegar við um starfsemi Fjármálaeftirlitsins almennt, þ.m.t. um eftirlit með hvort einstaklingar eða lögaðilar hafi brotið gegn þeim lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með. Í ljósi tillögu um nýja 3. mgr. 9. gr., sbr. umfjöllun hér á eftir um almenna heimild eftirlitsins til upplýsingaöflunar, er lagt til að 1. og 2. mgr. 9. gr. verði teknar saman í eina málsgrein, 1. mgr. 9. gr. laganna, og eigi þá eingöngu við um eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum skv. 2. gr. laganna.

Jafnframt er lagt til að 3. mgr. 9. gr. gildandi laga verði að 2. mgr. Þykir sú uppsetning skýrari en eftir þá breytingu munu 1. og 2. mgr. 9. gr. eiga við um eftirlitsskylda aðila en 3. og 4. mgr. 9. gr. munu hins vegar eiga við um eftirlitsskylda aðila auk eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.

Gerð er tillaga að nýrri 3. mgr. 9. gr. sem á sér fyrirmynd í 2. mgr. 68. gr. verðbréfaviðskiptalaga, nr. 33/2003, og 94. gr. laga um tekju- og eignaskatt, nr. 90/2003. Nauðsynlegt er að samræma eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins milli einstakra lagabálka. Lagt er til að kveðið sé afdráttarlaust á um að í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga sé einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem eftirlitið telur nauðsynleg. Skipti ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Vegna samsvarandi ákvæðis skattalaga skal bent á að Hæstiréttur hefur í máli nr. 156/1999 játað skattyfirvöldum rúma heimildir til mats á þörf á upplýsingum enda séu málefnalegar ástæður að baki og meðalhófs og viðeigandi öryggissjónarmiða gætt.

Jafnframt er tekið fram að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum enda eru upplýsingar háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu, sbr. einnig tillögu að breyttri 2. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1998 sem gerð verður skýrari að þessu leyti. Tryggja verður að lagaákvæði um þagnarskyldu á einstökum sviðum komi ekki í veg fyrir skyldu þeirra sem Fjármálaeftirlitið telur með rökstuddum hætti að geti veitt tilteknar upplýsingar og gögn í þágu athugunar í tilteknu máli. Slík heimild er þegar í lögum um verðbréfaviðskipti en telja verður eðlilegt að samsvarandi heimild sé til staðar á öðrum sviðum sem heyra undir Fjármálaeftirlitið. Að þessu virtu er hér lagt til að mælt verði fyrir um það í lögunum að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og aðgang að gögnum. Áréttað skal að í tilvísun 3. mgr. 8. gr. til sérlaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins, felst m.a. að heimilt er að beita ákvæðum laganna, t.d. vegna krafna um upplýsingar, í athugunum eftirlitsins á grundvelli sérlaga. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort krafan beinist að þeim sem athugun sætir eða öðrum aðilum.

Í 4. mgr. er lagt til að afdráttarlaust verði kveðið á um að þau úrræði sem koma fram í málsgreininni eigi einnig við í tengslum við athuganir á því hvort einstaklingar eða lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með. Eins og fram

kemur í frumvarpi til laga nr. 11/2000 verður að beita ákvæðinu af varfærni og verður því ekki beitt nema rík ástæða sé til að ætla að ákvæði viðkomandi sérlaga hafi verið brotin eða að ætla megi að aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái ekki tilætluðum árangri með öðrum hætti. Ætíð skal beita ákvæðum laga um meðferð opinberra mála við framkvæmd slíkra aðgerða og þarf því ávallt úrskurð dómara áður en ráðist er í slíkar aðgerðir.

Um 4. gr.

Gerð er tillaga um að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri eftirlitsskyldra aðila láti af störfum sínum sem slíkir í þeim tilvikum sem þeir uppfylla ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi þeirra gilda. Telja verður að slík heimild geti rúmast innan þeirra úrræða sem Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt núgildandi lögum, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna um kröfur til úrbóta. Telja verður þó nauðsynlegt að taka allan vafa af og kveða með skýrum hætti á um þessa heimild Fjármálaeftirlitsins. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti vikið þessum aðilum einhliða frá, verði þeir ekki við kröfum þess innan hæfilegs frests. Nauðsynlegt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa úrræði til þess að bregðast við því ef ekki er orðið við kröfum eftirlitsins að þessu leyti. Samkvæmt núgildandi lögum getur Fjármálaeftirlitið einungis brugðist við með afturköllun starfsleyfis eftirlitsskyldra aðila í slíkum tilvikum. Ljóst er að slíkar aðgerðir eru ekki heppilegar í öllum tilvikum til þess að taka á skorti á hæfi stjórnenda eftirlitsskyldra aðila og að þær geta skaðað hinn eftirlitsskylda aðila og viðskiptavini hans. Ekki er þó útilokað að í einhverjum tilvikum komi jafnframt til þess að starfsleyfi verði afturkallað og/eða að þörf verði á beitingu annarra úrræða Fjármálaeftirlitsins.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæðið gildir um eftirlitsskylda aðila og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Hið sama gildir einnig um aðila er veitt geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga eða sérlaga. Ákvæðinu er þannig ætlað að ná til allra þeirra aðila sem skylt er að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar eða sinna kröfum um úrbætur, hvort sem sú skylda byggist á lögum þessum eða öðrum lögum. Í 5. málsl. 1. mgr. er óbreytt sú regla að heimilt er að ákvarða dagsektir sem hlutfall af stærð eftirlitsskylds aðila. Þessi málsliður á samkvæmt orðanna hljóðan ekki við um aðra aðila sem heimilt er að beita dagsektum samkvæmt ákvæðinu. Jafnframt er í 6. málsl. 1. mgr. kveðið á um að við ákvörðun um fjárhæð dagsekta sé heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks allra þessara aðila, þ.e. bæði eftirlitsskyldra aðila og einstaklinga og lögaðila. Jafnframt er lagt til að stjórn verði heimilt að fela forstjóra að taka ákvarðanir um dagsektir vegna reglubundinna gagnaskila eftirlitsskyldra aðila. Gert er ráð fyrir því að nánar verði kveðið á um þessa heimild í reglugerð skv. 7. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð sé ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Dagsektir leggjast áfram á viðkomandi aðila þrátt fyrir slíka málshöfðun. Þar sem beiting ákvæðis 1. mgr. er íþyngjandi fyrir aðila máls er talið rétt að fresta þannig réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins tímabundið séu skilyrði 2. mgr. uppfyllt. Mikilvægt er að fá skjóta úrlausn í málum sem þessum þar sem þau varða bæði fjárhagslega hagsmuni málsaðila og hagsmuni Fjármálaeftirlitsins af því að fá umbeðnar upplýsingar eða gögn eins skjótt og

verða má. Er því rétt að tímafrestur ákvæðisins sé skammur og gerð sé krafa um að flýtimeðferð sé óskað fyrir dómstólum. Þrátt fyrir að ekki verði heimilt að innheimta dagsektirnar sé mál höfðað samkvæmt ákvæðinu leggjast dagsektirnar áfram á, enda væri óeðlilegt, með hliðsjón af eðli dagsekta sem úrræðis til að knýja fram efndir, að hægt væri að stöðva dagsektir með málshöfðun. Hvort dagsektir verða innheimtar ræðst þá af niðurstöðu dómstólsins.

Í 3. mgr. er orðunum „eftirlitsskyldur aðili“ skipt út fyrir orðið „aðilar“ og þannig bæði átt við eftirlitsskylda aðila og einstaklinga og lögaðila, sbr. umfjöllun um 1. mgr. Er ákvæðið að finna í 4. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er með sama hætti og í 1. mgr. kveðið skýrt á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt févíti á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Ákvæðið nær til eftirlitsskyldra aðila og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Ákvæðinu er þannig ætlað að ná til allra þeirra aðila sem brjóta gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu hvort sem þær byggjast á þessum lögum eða öðrum lögum. Er ákvæðið að finna í 2. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Ákvæði 5., 6. og 7. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í 5. mgr. hefur verið fellt brott að úrskurðir kærunefndar séu aðfararhæfir. Leiðir sú breyting af því að í frumvarpinu er lögð til niðurfelling kærunefndar.

Um 6. gr.

Sú breyting sem lögð er til í 1. mgr. miðar að því að gera skýrt að Fjármálaeftirlitið getur bæði þurft að greina lögreglu frá brotum eftirlitsskyldra aðila og einstaklinga og lögaðila sem hafa að mati eftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Í gildandi ákvæði er eingöngu vikið að eftirlitsskyldum aðilum í þessu samhengi. Ljóst er hins vegar að þau mál sem Fjármálaeftirlitið getur þurft að vísa til lögreglu snúa ekki einungis að eftirlitsskyldum aðilum eins og þeir eru skilgreindir í 1. mgr. 2. gr. heldur jafnframt að t.d. einstaklingum og lögaðilum á grundvelli verðbréfaviðskiptalaga, m.a. vegna innherjasvika og markaðsmisnotkunar, auk annarra tilvika sem við geta átt á grundvelli sérlaga. Jafnframt er lagt til að kveðið sé um það að aðgerðum eftirlitsins samkvæmt þessari grein verði ekki skotið til dómstóla. Tvær ástæður búa þar helst að baki. Í fyrsta lagi skal bent á að telji Fjármálaeftirlitið að greina þurfi lögreglu frá máli er ekki um eiginlega stjórnsýsluákvörðun að ræða heldur mat eftirlitsins á refsinæmi verknaðar og mat á alvarleika sem hefur í för með sér að öðru stjórnvaldi er greint frá máli til áframhaldandi meðferðar og ákvörðunartöku. Það að greina lögreglu frá máli takmarkar á engan hátt réttindi viðkomandi aðila, enda gefst honum kostur á að gæta hagsmuna sinna, koma að andmælum og frekari sjónarmiðum við meðferð málsins hjá lögreglu ákveði hún að taka málið til frekari skoðunar. Í öðru lagi mundi það iðulega stríða gegn rannsóknarhagsmunum ef gera þyrfti aðilum grein fyrir því að lögreglu hafi verið greint frá máli þeirra.

Í 2. mgr. er lagt til að tilvísun 2. mgr. 12. gr. til viðskiptaráðherra og þess ráðherra sem annars fer með viðkomandi málaflokk falli brott. Með hliðsjón af sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verður ekki séð að rök standi til þess að ráðherra sé greint frá þessum aðgerðum Fjármálaeftirlitsins. Þessari breytingu er því ætlað að undirstrika sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gagnvart viðskiptaráðherra enn frekar. Þá eru tilvitnaðar aðgerðir þess eðlis að rétt er að upplýsingum um þær sé haldið innan eins þröngs hóps og unnt er. Með hliðsjón af rannsóknarhagsmunum er einnig lögð til sú breyting að fyrirhugaðar aðgerðir þurfi ekki að tilkynna stjórn aðilans eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til staðar áður en ráðist er í þær ef ætla

má að ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins nái ekki fram að ganga. Við slíkar aðstæður mundi viðkomandi aðilum hins vegar tilkynnt um þær eins skjótt og kostur er.

Um 7. gr.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 13. gr. laganna að í stað tilvísunar til laga er gilda um eftirlitsskylda aðila sé sérstaklega tiltekið að þagnarskyldan nái til upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið getur krafist á grundvelli sérlaga eða annarra laga. Er nauðsynlegt að leggja til þessa breytingu til samræmis við tillögu að nýrri 3. mgr. 9. gr. Getur því Fjármálaeftirlitið aflað upplýsinga í trúnaði frá aðilum óháð því hvort um eftirlitsskylda aðila sé að ræða eða aðra án þess að verða skylt með vísan til upplýsingalaga að láta af hendi upplýsingar sem eðli máls samkvæmt væru bundnar þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Í 3. mgr. er orðunum „eftirlitsskyldur aðili“ skipt út fyrir orðið „aðilar“. Leiðir breytingin af breytingu á 2. mgr.

Um 8. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 14. gr. laga nr. 87/1998 sem kveður á um að í tengslum við athuganir tiltekinna mála sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra. Hér undir mundu falla t.d. skattyfirvöld og samkeppnisyfirvöld. Á málsgreinin sér fyrirmynd í 3. mgr. 19. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, og verður að telja eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi sambærilegar heimildir að þessu leyti. Samkvæmt ákvæðinu á þagnarskylda annarra stjórnvalda ekki að standa í vegi athugana Fjármálaeftirlitsins og á það m.a. rétt á að afla skjala og annarra gagna sem viðkomandi stjórnvöld kunna að búa yfir. Ljóst er að ýmsar stofnanir sinna eðlislíkum störfum og Fjármálaeftirlitið og kunna ýmsar upplýsingar að liggja fyrir hjá öðrum stjórnvöldum t.d. um tengsl aðila og fleiri atriði sem kunna að vera gagnleg fyrir athuganir Fjármálaeftirlitsins. Áréttað skal að slíkar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið kynni að afla hjá öðrum stjórnvöldum falla undir þagnarskylduákvæði 13. gr. laganna. Samkvæmt því njóta upplýsingarnar sama trúnaðar hjá Fjármálaeftirlitinu og hjá viðkomandi stjórnvöldum.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að kærunefnd sem starfar skv. 18. gr. gildandi laga verði lögð niður og í stað þess fari ágreiningsmál um ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins beint til umfjöllunar dómstóla. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er tillaga þessi byggð á mikilvægi Fjármálaeftirlitsins fyrir innlendan fjármagnsmarkað og traust hans gagnvart öðrum mörkuðum. Því er mikilvægt að öll þau ágreiningsmál sem kunna að rísa vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins geti sætt meðferð dómstóla. Samkvæmt gildandi lögum getur Fjármálaeftirlitið ekki skotið úrskurðum kærunefndar til dómstóla. Ekki er valin sú leið í frumvarpinu að veita Fjármálaeftirlitinu slíkan rétt heldur mælt fyrir um að mál komi beint til kasta dómstóla. Er hér höfð hliðsjón af fyrirkomulagi þessara mála í Svíþjóð og Finnlandi. Um rökstuðning er að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda frumvarpsins.

Einnig skal bent á að í 10. gr. er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur hvernig fara skuli með þau úrlausnarefni sem kunna að vera til umfjöllunar hjá kærunefnd eftir gildistöku laga þessara, verði frumvarp þetta að lögum, og um rétt þeirra sem kunna að vilja kæra ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins.

Í samræmi við framangreint er lagt til að í kveðið verði á um að vilji aðili ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins geti hann höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Þá er kveðið á um þriggja mánaða málshöfðunarfrest frá því að aðila var tilkynnt um ákvörð-

unina. Verður að telja mikilvægt að mál sem varða ágreining um ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins komi sem fyrst til kasta dómstóla og því rétt að kveða á um málshöfðunarfrest þessara mála. Jafnframt verður að telja líklegt að í málum þessum verði krafist flýtimeðferðar þó að ekki sé gerð tillaga um það. Þá er kveðið á um að málshöfðun fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins né heimild til aðfarar samkvæmt henni og er það í samræmi við reglugerð nr. 87/1998. Undantekningu frá þessu er þó að finna í tillögu að nýrri 2. mgr. 11. gr. laganna þar sem kveðið er á um að dagsektir verði ekki innheimtar sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunarinnar inna 14 daga og jafnframt krafist flýtimeðferðar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra. Í lögum um opinbert eftirlit er ekki með berum orðum kveðið á um að ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verði ekki skotið til ráðherra þótt slíkt leiði af eðli máls. Það þykir hins vegar skýrara að kveða á um það með beinum hætti, sbr. einnig tillögu um brottfall kærunefndar. Þótt enginn vafi hafi leikið á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins í störfum sínum gagnvart ráðherra er talið rétt að hnykkja á sjálfstæði þess með tillögu þessari.

Um 10. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða við lögin er lagt til að fjallað verði um þau tilvik sem upp geta komið vegna brottfalls kærunefndar. Kemur fram að kærunefnd skuli ljúka meðferð þeirra mála sem þegar hefur verið skotið til hennar við gildistöku laga þessara. Þá er heimilt að skjóta til nefndarinnar öllum ákvörðunum sem teknar eru fyrir gildistöku laga þessara. Þá er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að bera úrskurði kærunefndar sem kveðnir eru upp samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu undir dómstóla. Tekur málskotsheimild Fjármálaeftirlitsins þannig til allra úrskurða sem kveðnir eru upp eftir gildistöku þessara laga. Er þetta gert í samræmi við það meginsjónarmið sem frumvarpið byggist meðal annars á að æskilegt sé að öll ágreiningsmál sem varða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins geti komið til meðferðar dómstóla.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting á lögum um fjármálafyrirtæki að nýtt þrep bætist við þegar afla þarf samþykkis fyrir því að eignast eða bæta við sig virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Auk samþykkis fyrir því að eignast 10% eignarhlut er í 40. gr. gildandi laga áskilið að samþykki þurfi þegar aflað er eignarhlutar svo að bein eða óbein hlutdeild í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fari yfir 20, 30 eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki. Á umrætt ákvæði sér stoð í 16. gr. tilskipunar 2000/12/EB. Ákvæðið er byggt á lágmarksskilyrðum og er einstökum aðildarríkjum EES heimilt að setja frekari skilyrði eða viðmið. Sú heimild hefur m.a. verið nýtt í Noregi og er í norskum lögum um fjármálafyrirtæki áskilið að auk framangreindra viðmiða skuli samþykkis aflað við 25% mörk. Er hér lagt til að sama leið verði farin, þ.e. að samþykkis skuli aflað þegar bein eða óbein hlutdeild í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fari yfir 25%.

Í ljósi þess hversu þröngt eignarhald er á íslenskum fjármálamarkaði og því hversu mikil áhrif eignarhald á milli 20 og 33% getur haft þykir nauðsynlegt að leggja þetta til. Fjármálaeftirlitið hefur aflað upplýsinga um hlutfall af heildarhlutafé sem mætt hefur verið fyrir á hluthafafundum hjá fjórum stærstu fjármálafyrirtækjunum og af þeim upplýsingum leiðir að á síðustu þremur árum hefur hlutfall af heildarhlutafé sem mætt hefur verið fyrir á hluthafafundum verið á bilinu 55–82% hlutafjár í viðkomandi félögum en að meðaltali hefur verið mætt fyrir um 68,9% hlutafjár í þessum félögum. Er því ljóst að fjárfestingar á bilinu 20–33% geta fært einstökum fjárfestum mikil völd í einstökum fjármálafyrirtækjum. Veru-

legur munur er á þeim áhrifum sem geta falist í fjárfestingu sem er ríflega 20% annars vegar og tæplega 33% hins vegar. Sem dæmi má nefna að fjárfestingin umfram 25% getur í raun sett aðila í þá stöðu að geta komið í veg fyrir samþykktarbreytingar sem þarfnast ⅔ hluta atkvæða. Einnig getur aðili sem hefur heimild til að fara með allt að 33% atkvæða í raun haft úrslitaáhrif á völd í viðkomandi félagi sé tekið tillit til dreifingar hlutafjár og þess hlutfalls hlutafjár sem farið er með á hluthafafundum. Ákvörðun um að veita samþykki fyrir eignarhaldi á milli 20 og 33% getur því haft mikil áhrif á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Lagt er til að aðilar þurfi að afla samþykkis við 25% mörk.

Um 12. gr.

Fram kemur í 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 að með virkum eignarhlut sé átt við beina eða óbeina hlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Í 12. gr. frumvarpsins er lögð til skilgreining á óbeinum virkum eignarhlut samkvæmt lögunum en slíka skilgreiningu er eingöngu að finna í lögskýringargögnum með gildandi lögum. Með hliðsjón af því að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um að fleiri aðilar kunni að teljast fara saman með virkan eignarhlut geta verið íþyngjandi er nauðsynlegt að skilgreina í lögum þau viðmið sem Fjármálaeftirlitinu ber að hafa hliðsjón af. Ljóst er þó að um matskenndar ákvarðanir getur verið að ræða í ákveðnum tilvikum og lög geta aldrei náð yfir öll þau tilvik sem geta komið upp. Í þeim efnum verður að hafa í huga undirliggjandi markmið ákvæðisins sem er að koma í veg fyrir að hægt sé að komast hjá reglunum með því að dreifa eignarhaldi á ýmsa tengda aðila. Kemur í hlut Fjármálaeftirlitsins að skera úr um slík vafatilvik, m.a. með hliðsjón af þeim viðmiðum sem eru lögð til.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum hafa komið í ljós vandkvæði við að staðreyna hvort óbeinir virkir eignarhlutir hafi myndast, t.d. með samstarfi aðila. Í greininni hefur verið höfð hliðsjón af ákvæði 37. gr. verðbréfaviðskiptalaga sem fjallar m.a. um hvernig yfirtökuskylda getur stofnast með samstarfi aðila en 37. gr. er að meginstefnu til byggð á ákvæðum yfirtökutilskipunar Evrópusambandsins. Einnig skal t.d. bent á að sams konar ákvæði hefur verið lengi til staðar í norskum lögum um fjármálafyrirtæki.

Í 1. mgr. er kveðið á um að með óbeinni hlutdeild í skilningi 40. gr. sé átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari sameiginlega með virkan eignarhlut í skilningi laganna.

Í 2. mgr. er skilgreining á samstarfi milli aðila og getur það myndast hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Í 3. mgr. er lagt til að til viðbótar við ákvæði 2. mgr. skuli samstarf alltaf talið vera til staðar milli tiltekinna aðila, nema sýnt sé fram á annað. Um er að ræða tengsl sem alla jafna yrðu álitin fela í sér samstarf í skilningi 2. mgr. Ákvæði 3. mgr. felur í sér líkindareglu sem á að hjálpa til við að leggja mat á hvort samstarf sé til staðar, en þar er ekki um tæmandi upptalningu að ræða og því ekki unnt að gagnálykta út frá henni.

Í 1. tölul. 3. mgr. er tiltekið að samstarf skuli talið vera á milli hjóna, aðila sem eru í staðfestri samvist, aðila sem eru í skráðri sambúð og ófjárráða barna þessara aðila. Þá teljast lögaðilar skv. 2. og 3. tölul. sem eru undir yfirráðum þessara aðila einnig vera í samstarfi við þá.

Í 2. tölul. 3. mgr. kemur fram að samstarf skuli talið vera milli aðila ef til staðar eru tengsl milli þeirra sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum. Samstarf skal einnig talið vera til staðar ef tvö eða fleiri félög eru undir yfirráðum sama aðilans, sem hefur

m.a. í för með sér að samstarf skal ávallt talið vera á milli félaga í sömu samstæðu. Í þessu sambandi taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Samkvæmt þessum tölulið er litið svo á að félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög tengd þeim, sem og eigendur þeirra, séu jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað. Þegar metið er hvort um bein eða óbein yfirráð sé að ræða er miðað við skilgreiningu á samstæðu í 97. gr. laganna. Í því sambandi skal áréttað að yfirráð geta stofnast hafi aðili ráðandi stöðu í félagi, sbr. 5. tölul. 97. gr. Fer það eftir atvikum máls hvort aðili hafi náð ráðandi stöðu í félagi og þar með yfirráðum yfir því en sem dæmi skal tekið að 37. gr. verðbréfaviðskiptalaga miðar við 40% en yfirráð geta einnig talist vera til staðar við lægri mörk sé dreifing hlutafjár í félagi mikil að öðru leyti. Þannig stofnast t.d. yfirtökuskylda í Bretlandi við 30%. Í öllu falli verður að telja að auðvelt sé að ná yfirráðum í félagi vel undir 50%, sbr. hér að framan. Við mat Fjármálaeftirlitsins þarf eftirlitið að hafa í huga atriði svo sem fjölda hluthafa, dreifingu hlutafjár, mætingu á hluthafafundi félags, auk annarra atriða sem veitt geta vísbendingu um raunveruleg yfirráð aðila.

Í 3. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um að félög sem aðilar skv. 1., 2. og 4. tölul. eiga með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra skuli teljast vera í samstarfi við þessa aðila, nema sýnt sé fram á annað. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% atkvæðisréttar í öðru félagi. Í íslenskri löggjöf hefur hugtakið „verulegur eignarhlutur“ byggst á skilgreiningum Evrópusambandsins á „participating interest“ eða hlutdeildarskilgreiningu sem miðast við 20%. Er talið að aðilar sem eiga slíkan eignarhlut séu í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á rekstur félags. Slíkur eignarhlutur veitir t.d. alla jafna rétt til eins eða tveggja stjórnarmanna í fimm eða sjö manna stjórn.

Í 4. tölul. 3. mgr. er tiltekið að samstarf skuli talið vera á milli félags og stjórnarmanna þess, félags og framkvæmdastjóra þess og félaga undir yfirráðum viðkomandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, nema sýnt sé fram á annað.

Við mat Fjármálaeftirlitsins á vafaatriðum varðandi samstarf getur eftirlitið m.a. litið til eignarhalds, sem og stjórnunar- og eignatengsla viðkomandi aðila, auk þess sem líta má til fjölskyldutengsla og fjárfestingasögu.

Með fyrrgreindum breytingum er kveðið á um með skýrari hætti en í gildandi lögum að óbeinn virkur eignarhlutur geti myndast vegna samstarfs aðila og tengsla. Rétt er að ítreka að ákvæði 3. mgr. eru til fyllingar reglu 2. mgr. um samstarf milli aðila og því ekki unnt að gagnálykta út frá 1.–4. tölul. 3. mgr. Að öðru leyti má vísa til þess sem kemur fram í skýringum með 40. gr. frumvarps til laga nr. 161/2002 varðandi óbeina virka eignarhluti.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að tilvísun 2. mgr. 70. gr. laganna til náinna tengsla í 2. mgr. 18. gr. laganna falli brott og í stað þess verði miðað við skilgreiningu nýrrar 40. gr. a á samstarfi aðila sbr. 9. gr. frumvarpsins. Skilgreining 2. mgr. 18. gr. laganna er samin út frá öðrum forsendum en fjallað er um í 70. gr., þ.e. einkum vegna veitingar starfsleyfa, og hentar ekki sem skyldi vegna eftirlits með myndun virkra eignarhluta í sparisjóðum. Er því lagt til að almenna ákvæðið um samstarf aðila sem kveðið er á um í 13. gr. gildi í þess stað.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að áréttað sé að auk þeirra aðila sem þar eru taldir upp fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit með eigendum virkra eignarhluta skv. VI. kafla. Ekki er um efnisbreyt-

ingu að ræða þar sem Fjármálaeftirlitið hefur viðvarandi eftirlit með eigendum virkra eignarhluta en til að gæta samræmis er þessi viðbót lögð til.

Í 2. mgr. er lagt til að úrræði Fjármálaeftirlitsins til að afla upplýsinga í tengslum við athuganir þess á myndun virkra eignarhluta verði styrkt. Er ákvæðið til fyllingar almennu eftirlitsheimildinni sem í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að verði í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hafa komið í ljós tiltekin vandkvæði á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að afla nauðsynlegra upplýsinga í slíkum málum, m.a. vegna athugana á myndun virkra eignarhluta í sparisjóðum. Hafa aðilar m.a. torveldað athuganir eftirlitsins og skýlt sér á bak við milligönguaðila og ákvæði um þagnarskyldu í lögum. Einnig hafa framsöl eignarhluta átt sér stað meðan á athugunum Fjármálaeftirlitsins hefur staðið og aðilar neitað að veita upplýsingar á grundvelli orðalags 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 sem kveður á um upplýsingaskyldu aðila sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhluti. Ljóst er hins vegar að Fjármálaeftirlitinu getur verið nauðsynlegt að staðreyna upplýsingar, m.a. frá seljendum eignarhluta, og jafnframt að ganga úr skugga um að ekki sé um málamyndaframsöl að ræða.

Áréttað skal að orðalag 2. mgr. um skyldu til þess að veita upplýsingar er ótvírætt og án takmarkana og á Fjármálaeftirlitið samkvæmt því rétt á öllum þeim upplýsingum sem það telur þörf á vegna athugana þess, sbr. einnig tillögu að nýrri 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998.

Til áréttingar við tillögu að 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 er jafnframt lagt til að kveðið sé á um að lagaákvæði um þagnarskyldu, t.d. í lögum um lögmenn, takmarki ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Til hliðsjónar skal bent á að samsvarandi ákvæði er að finna í núgildandi ákvæði 2. mgr. 68. gr. verðbréfaviðskiptalaga.

Um 15. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 74. gr. falli brott. Leiðir breytingin af því að lagt er til í frumvarpinu að í stað málskots til kærunefndar vegna ákvarðana Fjármálaeftirlitsins geti aðilar leitað til dómstóla.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða sams konar breytingar og í 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 17. gr.

Hér er um að ræða sams konar breytingar og í 12. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða sams konar breytingar og í 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, er kveðið á um þagnarskyldu tiltekinna aðila. Er eina undantekningin fólgin í því að dómari kveði upp úrskurð um afhendingu upplýsinga. Umrætt ákvæði er ekki í takt við önnur þagnarskylduákvæði í lögum sem gilda á fjármálamarkaði en þar er almennt veitt undanþága frá þagnarskyldu sé skylt að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Miðar breytingin að því að færa þagnarskylduákvæðið til samræmis við önnur sambærileg ákvæði í sérlögum á fjármálamark-

aði. Í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að verðbréfamiðstöð sé óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði laganna.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 31/2005 kom fram í umfjöllun um 20. gr. að ákvæði 14. gr. laga nr. 131/1997 ætti ekki að standa því í vegi að verðbréfamiðstöð væri skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn á grundvelli 2. mgr. 52. gr. verðbréfaviðskiptalaga (nú 2. mgr. 68. gr.). Í greinargerð var hins vegar ekki vikið að 1. mgr. 8. gr. laga nr. 131/1997. Kann það því að vekja vafa um skyldu verðbréfamiðstöðvar til að veita Fjármálaeftirlitinu umbeðin gögn. Rétt þykir að eyða þeirri óvissu með breytingu á ákvæði 8. gr. laganna þannig að ákvæðið verði í samræmi við önnur þagnarskylduákvæði eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði eins og til stóð þegar ákvæðið var upphaflega sett. Skal þess jafnframt getið að í nágrannalöndum okkar og Bretlandi og Bandaríkjunum eru heimildir eftirlitsaðila að gögnum í vörslu verðbréfamiðstöðva með þeim hætti sem hér er lagt til. Liggja þar að baki sjónarmið um hagræði, skilvirkni og rannsóknarhagsmuni af því að eftirlitsaðilar hafi á einum stað greiðan aðgang að upplýsingum um viðskipti á markaði í stað þess að þurfa að beina fyrirspurnum að fjölda eftirlitsskyldra aðila. Oft á tíðum er um viðkvæm mál að ræða þar sem tryggja þarf að upplýsingum, þ.m.t. um að athugun sé í gangi, sé haldið innan eins þröngs hóps og kostur er.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra betur heimildir Fjármálaeftirlitsins til gagnaöflunar, styrkja eftirlitsákvæði og eyða óvissu um samspil laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ákvæða ýmissa sérlaga eftir því sem við á. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar hjá Fjármálaeftirlitinu en rekstur stofnunarinnar er fjármagnaður með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

811. Skýrsla [557. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2005.

Inngangur.

Fulltrúar Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu alla helstu fundi þingmannasamkundunnar á árinu. Pétur H. Blöndal formaður og Jóhanna Sigurðardóttir sóttu vetrarfundina í Vínarborg í febrúarmánuði, auk ritara, og fullskipuð sendinefnd tók virkan þátt í ársfundinum sem haldinn var í Washington að þessu sinni. Þá sótti formaður Íslandsdeildar aukastjórnarnefndarfund þingsins í Sveti-Stefan í Svartfjallalandi ásamt ritara.

Íslandsdeildin var að venju afar virk í störfum sínum á árinu. Ber þar helst að nefna að umræða um eftirlit nefndar á vegum ÖSE-þingsins með fjármálum ÖSE hélt áfram. Nefndin var stofnuð í umboði forseta ÖSE-þingsins árið 2004 að frumkvæði Péturs H. Blöndal. Miklar vonir hafa verið bundnar við að með störfum nefndarinnar hljóti þjóðkjörnir þingmenn sem á ÖSE-þinginu sitja aukið hlutverk við að hafa eftirlit með hvernig skattfé þjóðanna er varið. Árið 2005 skilaði nefnd vísra mann um framtíðarhlutverk ÖSE niðurstöðum sínum. Nefndinni var ætlað að skýra hlutverk og stefnu stofnunarinnar í nýrri heimsmynd. Niðurstöður nefndarinnar hafa verið til umræðu frá síðustu mánuðum ársins án þess að skýr niðurstaða um aðgerðir hafi fengist. Enginn fulltrúi ÖSE-þingsins sat í nefndinni og hefur forseti ÖSE-þingsins lýst vonbrigðum sínum með þá skipan við fastanefnd stofnunarinnar.

ÖSE og ÖSE-þingið.

Skýran greinarmun verður að gera á Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu annars vegar og ÖSE-þinginu hins vegar. ÖSE er alþjóðastofnun sem starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975 og er ætlað að stuðla að friðar- og öryggissamvinnu aðildarríkjanna 55 í Evrópu og Norður-Ameríku. Líkt og gildir um aðrar alþjóða- og milliríkjastofnanir fer starfsemi ÖSE fram í umboði stjórnvalda aðildarríkjanna. ÖSE-þingið starfar á hinn bóginn í umboði þjóðþinga aðildarríkjanna og er samkunda yfir 300 þjóðkjörinna þingmanna. Jafnvel þótt samskipti ÖSE-þingsins við ÖSE séu mikil eru formlegu tengslin lítil en hafa þó farið vaxandi. ÖSE-þingið hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1992 er fyrsti ársfundurinn fór fram í Búkarest. Á þeim fundi var ákveðið að stofna skrifstofu ÖSE-þingsins sem var staðsett í Kaupmannahöfn. Samskipti ÖSE og ÖSE-þingsins eru aðallega í því formi að helstu forsvarsmenn ÖSE ávarpa þingfundi og nefndarfundi og svara spurningum þingmanna. Þá eru ályktanir ársfundar ÖSE-þingsins lagðar fyrir stofnunina og þeim svarað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þá er vonast til að með stofnun sérnefndar um fjármál ÖSE að eftirlitshlutverk ÖSE-þingsins muni aukast.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, er stærsta svæðisbundna alþjóðastofnun heims sem starfar eingöngu að öryggismálum. Hún starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975 og er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Í störfum sínum á sviði öryggismála beitir stofnunin mjög víðri nálgun sem tekur til flestra þátta samfélagsgerða þeirra ríkja eða svæða sem sjónum er beint að. Dæmi um þetta er starfsemi ÖSE á sviði afvopnunarmála, fyrirbyggjandi erindrekstur, traustvekjandi aðgerðir og sáttaumleitanir, kosningaeftirlit og efling mannréttinda, lýðræðisþróunar og hagræns öryggis og umhverfisöryggis.

Meginstef starfs stofnunarinnar er náin samvinna jafnbærra aðila og bera vinnureglur og verklag stofnunarinnar það með sér að ríkin sem þar starfa saman standa jafnfætis. Höfuðstöðvar ÖSE eru í Vínarborg. Ákvörðunartaka stofnunarinnar fer að megninu til fram innan fastaráðsins, sem fundar vikulega og í sitja fastafulltrúar aðildarríkja ÖSE. Þá fundar öryggissamstarfsvettvangur ÖSE (Forum for Security Co-operation) einnig vikulega og ræðir sérstaklega þau ríki eða svæði þar sem ófriðlega horfir. Æðsta ákvörðunarvald ÖSE eru leiðtogafundir en þess á milli fundar ráðherraráðið, vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er í raun yfirheiti yfir allar þær ákvarðanir og starfsemi sem aðildarríkin hafa komið sér saman um að framfylgja.

Einn mikilvægasti og mest sýnilegi hluti starfsemi ÖSE á sér stað hjá vettvangsskrifstofum stofnunarinnar og hefur hann náð að skila afar miklum árangri, ekki síst frá aldamótunum. Fulltrúar ÖSE sem starfa á vettvangsskrifstofum stofnunarinnar starfa náið með valdhöfum í þeim ríkjum eða héröðum þar sem starfið fer fram og liðsinna við að efla innviði lýðræðis og mannréttinda auk annarra þátta. Vettvangsstarfið er einkar viðamikið og alls eru um 3000 manns alla jafna að slíkum störfum á hverjum tíma. Undanfarin ár hefur ÖSE einsett sér að styrkja vettvangsstörf stofnunarinnar og er það í takt við þær áherslur sem komið hafa ítrekað fram hjá þingmannasamkundu ÖSE.

Átökin á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar urðu til þess að ÖSE hlaut viðamikið hlutverk við uppbyggingarstarf. Vegur og virðing stofnunarinnar jókst í kjölfarið og umsvifin jukust í hlutfalli við það. Kákasuslýðveldin og Mið-Asíuríkin hafa notið samstarfsins við ÖSE í ríkum mæli á síðustu árum og missirum og er ljóst að mun meiri pólitísk vigt hefur verið lögð í að aðstoða ríkin á þessum landsvæðum. Af öðrum verkefnum má nefna kosningaeftirlit og baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, t.d. með alþjóðlegri samvinnu á sviði löggæslumálar. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg önnur knýjandi málefni líkt og baráttuna gegn mansali, eiturlyfjasmygl og vopnasmygl.

Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna og tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem hafa sett sér sömu markmið. ÖSE hefur því mikilvægu hlutverki að gegna í því að efla samfélagslegt öryggi borgaranna á grunni forsendna um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið og nýtist það starf einkar vel í baráttunni gegn hryðjuverkum, mansali og þjóðernisofstæki.

ÖSE-þingið.

Þingmannasamkunda ÖSE (ÖSE-þingið) starfar til hliðar við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og er skipað þjóðkjörnum þingmönnum aðildarríkjanna. ÖSE-þingið hefur að mörgu leyti endurspeglað starf stofnunarinnar með nefndarstarfi sínu sem helgast af hinum þremur víddum ÖSE, þ.e. stjórnmálum og öryggismálum, efnahags- og umhverfismálum og lýðræðis- og mannréttindamálum. Að auki er þingið mikill aflvaki fyrir áherslubreytingar á starfi ÖSE og veitir einnig stofnuninni óformlegan pólitískan stuðning. Fulltrúar ÖSE-þingsins hafa verið ötulir talsmenn stofnunarinnar heima fyrir og hefur sá stuðningur reynst mikilvægur.

Aukins skilnings hefur gætt á störfum þingsins á undanförnum árum og er nú svo komið að þingmannasamkundan á afar farsælt samstarf við ÖSE en á það þótti skorta fyrir nokkrum árum. Ályktanir ÖSE-þingsins rata inn á borð ráðherraráðsins og fastaráðsins og hljóta þar umfjöllun. Ljóst þykir að þátttaka ÖSE-þingsins í yfirgripsmikilli starfsemi ÖSE er mikill akkur fyrir stofnunina. Þá tekur ÖSE-þingið afar virkan þátt í grasrótarstarfi stofnunarinnar, ekki síst með kosningaeftirlitsstörfum þingmanna sem sæti eiga á þinginu. Auk hefðbundinna nefndarstarfa ÖSE-þingsins eru starfræktar ýmsar sérnefndir sem ræða og eru ráðgefandi í

tilteknum málefnum svo sem um stöðu mála í Moldóvu, stjórnmálaástandið í Úkraínu, jafn réttismál ÖSE og fjármál ÖSE, svo fá dæmi eru nefnd. Oftar en ekki hefur starf sérnefnda þessara skilað miklum árangri við að fá deiluaðila að samningaborðinu og við að upplýsa mál og kynna fyrir almenningi.

ÖSE-þingið er eðli málsins samkvæmt mun minna í sniðum en stofnunin sjálf og er rekstrarkostnaður hennar greiddur með fastaframlögum þjóðþinga aðildarríkjanna, eða af utanríkisráðuneytum þar sem því er að skipta. Alþingi greiðir um 0,19% heildarframlaga þingsins, eða 4.388 evrur árið 2005.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi ársins 2005 Pétur H. Blöndal, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Dagný Jónsdóttir, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, og Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru þau Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki sjálfstæðismanna, Hjálmar Árnason, þingflokki framsóknarmanna, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

3. október 2005 var Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, kjörinn varamaður í stað Ástu R. Jóhannesdóttur. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar til 1. september en þá tók Guðfríður Lilja Grétarsdóttir við starfinu.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2005 var þannig:

1.	nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal.
	Til vara:	Guðlaugur Þór Þórðarson.
2.	nefnd um efnahagsmál, vísindamál,	
	tæknimál og umhverfismál:	Dagný Jónsdóttir.
	Til vara:	Hjálmar Árnason.
3.	nefnd um lýðræði og	
	mannréttindamál:	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir,
		Jóhann Ársælsson frá 3. október.

Starfsemi á árinu 2005.

a. Fundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 24.–25. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til fundar í Vínarborg. Var fundurinn afar vel sóttur af fulltrúum 55 landsdeilda ÖSE-þingsins og sem fyrr var meginmarkmiðið að gefa öllum fulltrúum ÖSE-þingsins sem sæti eiga í málefnanefndum þingsins færi á að auka samskiptin við embættismenn ÖSE. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður og Jóhanna Sigurðardóttir, auk Andra Lútherssonar ritara.

Fund stjórnarnefndarinnar, sem haldinn var að morgni fimmtudagsins 24. febrúar, ávörpuðu Andreas Kohl, forseti austurríska þingsins, og Alcee Hastings, nýkjörinn forseti ÖSE-þingsins, sem sagði fundarmönnum frá störfum ÖSE-þingsins frá síðasta ársfundi þess í Edinborg og vék hann í máli sínu að eftirfylgni Edinborgar-yfirlýsingarinnar. Á fundinum voru einnig teknar fyrir skýrslur gjaldkera þingsins og framkvæmdastjóra, auk þess sem formenn sérlegra málefnanefnda lögðu áfangaskýrslur sínar fyrir stjórnarnefndina. Stjórnarnefndin samþykkti minni háttar breytingu á þingsköpum sem tók til forsætisnefndar þingsins.

Auk þess var rætt um fundi fram undan og kosningaeftirlit sem fram hefði farið mánuðina á undan. Nokkrar umræður urðu um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og eftirlit ÖSE-þingsins, sem og forsetakosningarnar í Úkraínu þar sem kosningaeftirlitsmenn ÖSE-þingsins skiptu sköpum.

Undir liðnum skýrslur sérnefnda tók hollenski þingmaðurinn Nebahat Albayrak, formaður sérnefndar ÖSE-þingsins um fjárlög ÖSE, til máls og minnti fundarmenn á tilurð nefndarinnar sem sett var á laggirnar eftir Edinborgar-fundinn, að frumkvæði Péturs H. Blöndal, formanns Íslandsdeildarinnar. Sagði hún að ÖSE-þingið ætti að gegna mikilvægu hlutverki hvað fjármál ÖSE varðaði og að hún vonaðist eftir samvinnu við höfuðstöðvarnar í Vínarborg. Rakti hún vandamál þau sem loðuðu við fjárlög ÖSE ár hvert, þ.e. að viss ríki virtust taka fjárhagsáætlun komandi árs „í gíslingu" í ljósi þess að öll aðildarríkin verða að veita fjárlögunum samþykki sitt. Þá ræddi hún enn fremur um fund sérnefndarinnar í tengslum við Ródos-fundinn í október 2004 og að í kjölfar hans hefði verið ákveðið að nefndarmenn sendu utanríkisráðuneytum sínum bréf þar sem þau voru innt svara við ákveðnum spurningum um fjárlögin. Minntist Albayrak á svar utanríkisráðuneytis Hollands sem henni þótti ámælisvert þar sem lítið væri gert úr hlutverki ÖSE-þingsins og sagt að aukins gagnsæis væri ekki þörf. Að lokum sagði hún að nefndin hefði einsett sér að hafa ályktanir ársfundanna til hliðsjónar við störf sín og reyna þannig að þrýsta á um að vilji þingsins endurspeglaðist í verkefnum ÖSE. Nokkrar umræður sköpuðust um innleg Albayraks og fögnuðu menn þessu frumkvæði sérnefndarinnar auk þess sem fundarmenn lýstu vanþóknun sinni á því að einstök ríki kæmu í veg fyrir samþykkt fjárlaganna.

Að venju funduðu málefnanefndirnar þrjár einnig á febrúarfundinum þar sem fjallað var um væntanleg skýrsludrög fyrir ársþingið og sérstaklega um nefnd vísra manna til að fjalla um framtíðarhlutverk ÖSE. Var harðlega gagnrýnt að enginn fulltrúi frá ÖSE-þinginu hefði verið skipaður í nefndina.

Sameiginlegur fundur allra nefnda var haldinn báða fundardagana. Á fyrri fundinum hlýddu þátttakendur á ávörp Alcee Hastings, forseta ÖSE-þingsins, Heinz Fischer, forseta Austurríkis, og Dimitrij Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu, sem fór með formennsku í ráðherraráðinu árið 2005. Í ávarpi Rupels var lögð áhersla á mikilvægi kosningaeftirlits og hlutverk ÖSE-þingsins í því starfi. Hvatti hann jafnframt þingmenn til að leggja sitt af mörkum til að endurbæta störf ÖSE, sem svo mjög hefur verið í deiglunni undanfarin missiri. Sagði hann að ÖSE væri að nokkru leyti í erfiðri stöðu, sem jafnframt mætti túlka sem tækifæri til framtíðar. Sagði hann að stækkun ESB og NATO og þróun síðustu ára í alþjóðasamskiptum hefði leitt til þess að umhverfi og hlutverk ÖSE væri mjög breytt og kallaði það á gagngera endurskoðun sem nú færi fram. Seinni fundurinn var haldinn síðdegis föstudaginn 25. febrúar og hófst hann á því að Tone Tingsgård, fulltrúi þingsins í jafnréttismálum, hélt framsögu og svaraði spurningum þingmanna.

Þá tók til máls Jan Kubis, framkvæmdastjóri ÖSE, sem senn lætur af störfum, og ræddi hann aðallega um stöðu fjárlaga ÖSE. Þau mál hafa orðið æ fyrirferðarmeiri að undanförnu, enda hefur fjárlagaferlið sjálft orðið tilefni háværra gagnrýnisradda innan og utan stofnunarinnar. Þannig bar til í febrúar að fjárlög ársins 2005 höfðu enn ekki hlotið samþykki Rússa. Var þetta annað árið í röð sem svo háttaði til og helgast það af samstöðureglunni svonefndu sem kveður á um að öll aðildarríkin verða að sættast á ákvarðanir ráðherraráðsins. Rússar héldu þannig fjárlögunum í nokkurs konar gíslingu. Auk þeirra tveggja fluttu gjaldkeri þingsins, kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, og framkvæmdastjórinn, Spencer Oliver, framsögur á fundinum.

Sem kunnugt er hefur sérnefnd ÖSE-þingsins um fjárlög ÖSE þegar tekið til starfa að frumkvæði formanns Íslandsdeildar. Sérnefndin, sem í sitja fjórir þingmenn undir forsæti hollenska þingmannsins Nebahat Albayrak, fundaði í Vínarborg og báru fulltrúar hennar þar saman bækur sínar. Rætt var um í hvaða farveg ætti að beina starfinu og var ljóst að mikill áhugi er á að gera gangskör í meðhöndlun fjárlaga ÖSE og opna fjárlagaferlið með þeim hætti að ÖSE-þingið hefði þar áhrif. Var enn fremur rætt um afstöðu fastanefndanna í Vínarborg til starfs nefndarinnar og um hver næstu skref yrðu. Niðurstaða fundarins varð að á Washington-fundinum í júlí mundi nefndin skila af sér áliti á fjárlögum ÖSE og fjárlagaferlinu.

Nebahat Albayrak, formaður sérnefndar um fjárlög ÖSE, tók til máls á sameiginlega fundinum föstudaginn 25. febrúar, eftir ávarp Jans Kubis, framkvæmdastjóra ÖSE, og innti hann svara við spurningum um hvernig auki mætti þátttöku ÖSE-þingsins í eftirliti með fjárlagaferlinu sem og hvernig auka mætti gagnsæi fjármálahliðar stofnunarinnar. Fór Albayrak yfir helstu þætti starfs sérnefndarinnar og sagði að mikill pólitískur vilji væri á bak við hana. Þá spurði hún framkvæmdastjórann hvort það væri skilningur hans að nauðsynlegt væri að upplýsa ekki um of hvernig fé sem ætlað væri til tiltekinna verkefna á vegum stofnunarinnar, væri varið. Vísaði hún með þessum orðum sínum til svars utanríkisráðherra Hollands, Bernards Bots, sem einnig fór með formennsku í ráðherraráðinu árið 2004, við bréfi sínu en þar kom fram að enn væri tóm til endurbóta á fjárlagaferlinu þótt jafnframt væri nauðsynlegt að hafa ákveðið svigrúm innan fjárhagsáætlunar svo tryggja mætti sjálfstæði ÖSE og vettvangsskrifstofanna gagnvart aðildarríkjunum og sértækum hagsmunum þeirra. Í svari Kubis kom fram að hann fagnaði stofnun sérnefndarinnar og sagði að full þörf væri á kröftum hennar. Sagði hann enn fremur að það væri rétt hjá sérnefndinni að svör ráðherraráðsins við spurningum sem fram hefðu komið væru fremur rýr og að nauðsyn væri á að bæta þar úr. Að öðru leyti svaraði Kubis því til að hann sem embættismaður stofnunarinnar gæti ekki skorið úr um hve langt ætti að ganga í að virkja krafta þingsins við eftirlitshlutverkið, ákvarðanir ÖSE byggðust á samstöðu.

b. 14. ársfundur ÖSE þingsins.

Dagana 5.–9. júlí var fjórtándi ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í Washington. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Pétur H. Blöndal formaður, Dagný Jónsdóttir varaformaður og Jóhanna Sigurðardóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Meginþema fundarins var að þessu sinni þrjátíu ára samstarf á vettvangi Helsinki-sáttmálans og framtíðarverkefni ÖSE. Tóku skýrslur og ályktanir málefnanefndanna þriggja mið af þessu þema og var þar rætt um að sömu forsendur og lágu til grundvallar Helsinki-sáttmálanum á sínum tíma væru enn í gildi í dag þrátt fyrir gjörbreytta heimsmynd og nýjar ógnir.

Þá beindust sjónir manna að framtíðarhlutverki Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og hvernig stofnunarinnar nyti best við í samstarfi við aðrar svæðisbundnar alþjóðastofnanir í álfunni í baráttunni gegn helstu vám sem aðildarríkin standa frammi fyrir, svo sem alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, mansali, peningaþvætti og vopnasmygli. Yfir þrjú hundruð fulltrúar 55 aðildarríkja ÖSE-þingsins sátu setningarfund ársfundarins og hlýddu á setningarávarp bandaríska þingmannsins Alcee Hastings, forseta ÖSE-þingsins. Auk þess ávörpuðu eftirfarandi tignargestir þingfundi ÖSE-þingsins: Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Dennis J. Hastert, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, Dimitrij Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu og formaður ráðherraráðs ÖSE, Sam Brownback, öldungadeildarþingmaður og formaður bandarísku landsdeildarinnar, og Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE. Mikill hluti umræðna á þingfundinum fór í að ræða nýútkomna skýrslu

hinna vísu manna, þ.e. skýrslu nefndar sem skipuð var ýmsum fyrrverandi og núverandi framámönnum í RÖSE- og síðar ÖSE-samstarfinu og fjallaði um framtíðarhlutverk ÖSE. Mikil vinna hafði legið að baki skýrslunni en Slóvenar, sem fara með formennsku í ráðherraráði ÖSE árið 2005, höfðu frumkvæði að ritun hennar og kom hún út fjórum dögum fyrir Washington-fundinn.

Fyrsti formlegi liður ársfundarins var fundur stjórnarnefndar ÖSE-þingsins sem skipuð er formönnum allra landsdeilda, auk formanna og annarra embættismanna málefnanefndanna. Á fundinum voru teknar fyrir áfangaskýrslur hinna ýmsu sérnefnda ÖSE-þingsins og skýrslur frá fundum og ráðstefnum sem efnt hafði verið til á árinu á vegum ÖSE-þingsins. Var fundarmönnum m.a. sagt frá árangri ráðstefnu um Miðjarðarhafssvæðið og mansal sem efnt var til á Ródos haustið 2004, auk þess sem fjallað var um kosningaeftirlit á vegum ÖSE-þingsins. Þá var stuttlega rætt um ráðstefnur og fundi þá sem fram undan væru. Að því loknu héldu gjaldkeri þingsins og framkvæmdastjóri framsögur. Kanadíski þingmaðurinn Jerry Grafstein, gjaldkeri þingsins, sagði að samkvæmt úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG væru sjóðir ÖSE-þingsins í góðu horfi og lagði hann fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2005–2006 sem var samþykkt. Þá sagði Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins stuttlega frá helstu breytingum á störfum skrifstofu ÖSE-þingsins og verkefnum þess. Því næst var fjallað um endurnýjun á umboði stjórnarnefndarinnar til framkvæmdastjórans, Spencers Olivers. Oliver sem setið hafði sem framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins frá stofnun þess árið 1994 hafði fyrir fundinn sóst eftir endurráðningu og samkvæmt þingsköpum var endurráðningin borin undir stjórnarnefndina.

Fyrir fundinn hafði ítalska sendinefndin lagt fram breytingartillögu við þingsköp sem kvað á um að framkvæmdastjórinn gæti að hámarki setið tvisvar sinnum í fimm ár og þar að auki gæti framkvæmdastjóri setið ellefta árið í starfi ef sérstakar aðstæður krefðust þess. Nokkur bréfa- og skoðanaskipti höfðu átt sér stað um þetta mál mánuðina á undan meðal fulltrúa stjórnarnefndarinnar og voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort rétt væri að framkvæmdastjóri samtakanna gæti setið, með samþykki stjórnarnefndarinnar, svo lengi sem hann kysi eða hvort rétt væri að takmarka gildistíma ráðningarsamnings æðsta embættismanns ÖSE-þingsins. Höfundur breytingartillögunnar, Ítalinn Giovanni Kessler, hafði fengið tilskilinn fjölda undirskrifta, þar á meðal undirskrift formanns Íslandsdeildar, og óskaði eftir því að leggja hana fram til atkvæða á fundinum. Fyrir fundinn hafði Alcee Hastings, forseti ÖSE-þingsins, skipað sérstaka nefnd sem ræða átti breytingartillöguna auk annarra hugsanlegra breytinga á þingsköpum ÖSE-þingsins. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir stjórnarnefndarfundinn og því ekki tekið afstöðu til breytingartillögu Kesslers. Í ljósi þess þvertók Hastings fyrir það að leyfa framlögn breytingartillögunnar og taldi að ekki væri nægur stuðningur fyrir hendi. Olli þetta mikilli óánægju á fundinum og urðu margir til þess að mótmæla þessari ákvörðun forsetans. Tóku menn fram að ekki væri verið að gagnrýna störf Spencers Olivers, á hinn bóginn væri breytingartillagan sanngjörn og tæki mið af nútímalegum stjórnunarháttum. Hastings ákvað jafnframt að efna til atkvæðagreiðslu um endurnýjun starfsumboðs framkvæmdastjórans og varð niðurstaðan sú að endurráðning hans var samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða. Sjö greiddu atvæði á móti endurráðningunni, m.a. formaður hollensku, bresku og íslensku sendinefndarinnar. Á fundinum var einnig staðfest ráðning Danans Tinu Schön í embætti annars tveggja aðstoðarframkvæmdastjóra ÖSE-þingsins. Þegar þessi dagskráratriði höfðu verið tekin fyrir fluttu formenn sérnefnda og sérlegir fulltrúar ÖSE-þingsins framsögur um starf sitt. Undir þessum dagskrárlið var m.a. rætt um mansal, stöðu mála í Hvíta-Rússlandi, stöðu mála í Moldóvu, og ástandið í Nagorno-Karabak. Þá var einnig rætt um kosningaeftirlit í Kirgistan og Moldóvu. Fyrir ársfundinn í Washington

höfðu verið lagðar fram 16 viðbótarályktunartillögur frá landsdeildum og var þeim vísað til viðeigandi málefnanefnda í lok fundarins.

Á fundi 1. nefndar (nefndar um stjórnmál og öryggismál) var tekin fyrir skýrsla belgíska þingmannsins Pieter de Crem sem bar yfirskrift meginþema fundarins. Umræðurnar í nefndinni beindust að fjölmörgum málefnum sem tæpt var á í skýrslunni, m.a. hlutverki ÖSE til friðar og stöðugleika í Evrópu, baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og endurbótum á innra skipulagi ÖSE. Í ályktun meginskýrslu 1. nefndar var hryðjuverkastarfsemi í hvers kyns mynd fordæmd harðlega og minnt á meginhlutverk þjóðþinga aðildarríkjanna við að berjast gegn þeirri vá. Þá var rætt um eiturlyfjasmygl í ályktuninni og aðildarríkin hvött til þess að efla varnir sínar á því sviði. Á fundinum voru tekin fyrir fern viðbótarályktanadrög og samþykkt og vísað til þingfundar. Ályktanirnar sem samþykktar voru fjölluðu um hryðjuverk og sjálfsmorðssprengjuárásir, stöðu mála í Abkasíu, hryðjuverk og mannréttindi og stöðu mála í Moldóvu.

Í 2. nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda og umhverfismál) var tekin fyrir skýrsla rússneska þingmannsins Leoníds Ivantsjenkós sem einnig fjallaði um meginþema fundarins. Efnistökin voru þó önnur en í 1. nefnd og var megináherslan lögð á efnahagslegt gildi ÖSE-samstarfsins í fortíð og nútíð og aðildarríkin í austri hvött til þess að nývæða efnahagslíf sitt, borgurum til heilla. Þá voru helstu áfangar í umhverfisvernd á síðustu árum tíundaðir og rætt um hve nánum böndum umhverfismál og öryggismál tengdust. Var hvatt til ríkara samstarfs ríkja í umhverfismálum og lögð áhersla á að forvarnir í umhverfismálum og úrlausn brýnna mála væru hreint öryggismál og þyrfti því að setja í forgang. Nefndin tók fimm viðbótarályktanadrög til meðferðar þ.e. ályktanir um léttvopn og smávopn, öryggi sjófarenda og sjórán, Miðjarðarhafsvídd ÖSE-samstarfsins, peningaþvætti og baráttu gegn spillingu. Allar viðbótarályktanirnar voru samþykktar og vísað til þingfundar.

Í 3. nefnd (nefnd um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál) var tekin fyrir skýrsla belgíska þingmannsins Anne-Marie Lizin sem, eins og hinar meginskýrslur fastanefndanna, bar titil meginþema fundarins. Meginefnistök skýrslunnar voru m.a. um jafnrétti kynjanna, baráttuna gegn mansali, algildi lýðréttinda og kröfur minnihlutahópa um mannréttindi. Miklar umræður urðu um skýrslu Lizin og voru alls 15 breytingartillögur lagðar fram við ályktun hennar. Ein þeirra, og sú sem einna mesta athygli vakti, var breytingartillaga bandarískra þingmannsins Eleanor Holmes Norton um að íbúar Washington ættu rétt til að taka þátt í þingkosningum, en sem kunnugt er geta íbúar höfuðborgar Bandaríkjanna ekki kosið sér fulltrúa á þing. Var breytingartillagan samþykkt. Auk meginályktunar nefndarinnar tók 3. nefnd fimm viðbótarályktunardrög til meðferðar og fjölluðu þau um baráttuna gegn mansali og kaup á kynlífsþjónustu meðal alþjóðlegra friðargæslusveita, þörfina á siðareglum fyrir starfsfólk ÖSE á vettvangi, baráttuna gegn mansali, þörfina á skilvirkara starfi á vettvangsskrifstofum ÖSE og fjármögnun lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR). Voru öll drögin samþykkt og þeim vísað til þingfundar eftir miklar umræður. Í fjarveru formanns stjórnaði sænski þingmaðurinn Cecilia Wigström fundum nefndarinnar af mikilli röggsemi. Í lok hvers nefndarfundar var kjörið í embætti hennar.

Efnt var til þingfundar þriðjudaginn 9. júlí. Meðal dagskrárliða var skýrsla gjaldkera þingsins, kanadíska þingmannsins Jerrys Grafsteins, og skýrsla framkvæmdastjóra ÖSE-þingsins, Spencer Oliver. Þá var efnt til almennra umræðna um skýrslur og ályktunardrög málefnanefndanna. Í umræðum kom fram að ÖSE (áður RÖSE) hefði náð einstökum árangri á þeim þremur áratugum frá því að Helsinki-yfirlýsingin var undirrituð sem hefði valdið straumhvörfum í kalda stríðinu og lægi enn til grundvallar einu farsælasta öryggis- og mannréttindasamstarfi veraldar. ÖSE væri einstök stofnun með einstaka eiginleika. Þá voru álykt-

anir málefnanefnda og viðbótarályktanir samþykktar. Ályktanirnar voru steyptar í skjal sem nefnist Washington-yfirlýsing ÖSE-þingsins. Í lok fundarins var kjörið í trúnaðarembætti þingsins. Alcee Hastings var einn í framboði til forseta og endurkjörinn án atkvæðagreiðslu. Í kosningum til embætta varaforseta voru fimm í kjöri. Þeir sem flest atkvæði hlutu voru Belginn Pieter de Crem, Barbara Hering frá Sviss, Oleh Bilorus frá Úkraínu og Pia Christmas-Möller frá Danmörku. Þau voru öll kjörin til þriggja ára. Þá var Jerry Grafstein endurkjörinn til tveggja ára í embætti gjaldkera.

Auk funda í málefnanefndum og þingfundar var efnt til sérlegra funda til hliðar við þinghaldið. Efnt var til sérstaks fundar um málefni Miðjarðarhafsins, auk þess sem sérnefnd ÖSE-þingsins um gagnsæi og góð vinnubrögð, nefnd um málefni Hvíta-Rússlands og nefnd um málefni Nagorno-Karabak funduðu. Að venju var einnig efnt til sérlegs kvennafundar ÖSE-þingsins í boði bandarísku sendinefndarinnar.

c. Aukastjórnarnefndarfundur.

Dagana 7.–10. október voru haldnir fundir stjórnarnefndar ÖSE-þingsins ásamt því sem þemaráðstefna þingsins, sem að þessu sinni fjallaði um lýðræði og góða stjórnarhætti í fjölmenningarlegum samfélögum, og ráðstefna um málefni Miðjarðarhafssvæðisins fór fram. Fundirnir fóru fram í Sveti-Stefan í Svartfjallalandi. Pétur H. Blöndal formaður sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur ritara.

Á fundi stjórnarnefndarinnar fór forseti ÖSE-þingsins yfir starf sitt undanfarna mánuði og ræddi m.a. fund sem hann átti með fastafulltrúum aðildarríkja ÖSE í Vín. Að því loknu fór gjaldkeri þingsins yfir fjárhag þess. Þar kom fram að þingið væri enn sem fyrr rekið innan þess fjárhagsramma sem því er sett. Auk þess var rætt um kosningaeftirlit ÖSE-þingsins og málefni sérnefnda þingsins. Að lokum fór framkvæmdastjóri ÖSE yfir fjárhag stofnunarinnar. Hann skýrði skiptingu fjármuna milli vettvangsskrifstofa ÖSE og höfuðstöðvanna. Að því loknu fóru fram almennar umræður um fjárhag stofnunarinnar. Á fundinum spurðist Pétur Blöndal fyrir um starf vinnuhóps ÖSE-þingsins sem ætlað er að fylgjast með fjárhag stofnunarinnar.

Á þemaráðstefnu ÖSE-þingsins í Svartfjallalandi voru lýðræði og góðir stjórnarhættir í fjölmenningarsamfélögum til umræðu. Haldnir voru fjórir fundir um þau málefni. Á fyrsta fundinum var rætt um stjórnun á fjölmenningarsamélögum, á öðrum fundinum var rætt um þá áskorun sem felst í lýðræði í fjölmenningarsamfélögum, á þriðja fundinum var rætt um stofnanir og hlutverk þeirra í verndun minnihlutahópa og að lokum var fundur um mikilvægi borgaralegs samfélags.

Á ráðstefnu ÖSE-þingsins um málefni Miðjarðarhafssvæðisins var lögð sérstök áhersla á fólksflutninga og viðskipti innan svæðisins sem eru nú sem endranær einhver mikilvægustu viðfangsefni ríkjanna við Miðjarðarhafið, auk þess sem þau hafa mikil áhrif í flestum ríkjum Evrópu.

Alþingi, 21. febr. 2006.

Pétur H. Blöndal, form.	Dagný Jónsdóttir, varaform.	Jóhanna Sigurðardóttir.

812. Skýrsla [558. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2005.

I. Inngangur.

Nú, 150 árum eftir að Ísland fékk verslunarfrelsi, verða utanríkisviðskipti sífellt mikilvægari fyrir íslenska hagkerfið. EFTA og EES gegna þar mikilvægu hlutverki sem grundvallarstoðir íslenskrar utanríkisverslunar og eykst mikilvægi þeirra með ári hverju.

Árið 2005 var fyrsta heila árið frá því að ESB og EES stækkuðu til Mið- og Austur-Evrópu en sú stækkun hefur gengið áfallalaust fyrir sig. Frekari stækkun er fyrirsjáanleg, fyrst til Búlgaríu og Rúmeníu og svo líklega til Króatíu og síðar annarra ríkja Balkanskagans. Viðræður við Tyrki hófust einnig árið 2005. Lissabon-ferlið, um vöxt, framtíð og samkeppnishæfni hagkerfis Evrópusambandsins, og hugmyndir um aukið frelsi í þjónustuviðskiptum voru mikið til umræðu hjá þingmannanefnd EFTA og EES árið 2005. Auk þess var nokkuð rætt um þá ákvörðun Svisslendinga að samþykkja aðild að Dublin- og Schengen-samningunum á árinu. Þessi ákvörðun mun styrkja tengsl Sviss við samevrópskar stofnanir þótt ólíklegt sé að Svisslendingar muni sækjast eftir nánara samstarfi við ESB á allra næstu árum.

Líkt og undanfarin ár voru samskipti við þriðju ríki mjög ofarlega á baugi í starfi þingmannanefndar EFTA. Mikið var lagt upp úr umræðum um þau mál á fundum með ráðherrum á árinu. Þingmannanefndin lagði m.a. áherslu á gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada og Egyptaland en Íslandsdeildin hefur auk þess lagt áherslu á að athugað verði með sams konar samnings við Taívan. Á undanförnum árum hefur þingmannanefndin lagt mikla áherslu á að fríverslunarsamningur verði undirritaður við Suður-Kóreu og náðist sá áfangi á árinu.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Bretar tóku við formennsku á miðju ári og Austurríkismenn í ársbyrjun 2006.

Íslandsdeildin átti einnig fund með EES-nefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga í október. Þar var m.a. rætt um hagsmunagæslu Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna EES-mála sveitarfélaga og samstarf á milli Sambandsins og Íslandsdeildarinnar.

II. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni

EES og Evrópusambandsins (ESB), gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og á milli funda ef þörf er á. Hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í EES-samningnum er gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í hinni sameiginlegu þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur fyrir ákveðin málefni hverju sinni, stendur fyrir skýrslugerð og ályktar. Skýrslugerð um hvert mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð, en nefndin lætur venjulega frá sér ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

III. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í upphafi árs 2005 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Gunnar Birgisson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar Birkir J. Jónsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru þau Birgir Ármannsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingar, Jónína Bjartmarz, þingflokki framsóknarmanna, Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna og Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 16. febrúar 2005 tilkynnti forseti Alþingis að Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki framsóknarmanna, tæki sæti í Íslandsdeildinni í stað Birkis J. Jónssonar. Á fundi Íslandsdeildarinnar 22. febrúar var Kristinn H. Gunnarsson kjörinn varaformaður.

Hinn 3. október voru kjörin í nefndina þau Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki framsóknarmanna, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar og Guð-

laugur Þór Þórðarson, þingflokki sjálfstæðismanna. Hinn 5. október var Guðlaugur Þór Þórðarson kjörinn formaður og Kristinn H. Gunnarsson endurkjörinn varaformaður. Ritari Íslandsdeildar var Arna Gerður Bang.

Íslandsdeildin hélt þrjá fundi á árinu, þar af einn með EES-nefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar var rætt um hagsmunagæslu Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna EES-mála sveitarfélaga. Þar voru einnig ræddar hugmyndir íslenska og norska sveitarfélagasambandsins um vettvang fyrir sveitarstjórnarstigið innan EES-samstarfsins og tengsl við héraðanefnd Evrópusambandsins. Að lokum var rætt um samstarfsmöguleika milli EES-nefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA. Íslandsdeildin var jákvæð gagnvart samstarfi, t.d. föstum samráðsfundum til að upplýsa þingmenn um hagsmunamál sveitarstjórnarstigsins á hverjum tíma.

IV. Yfirlit yfir fundi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu og frásagnir af þeim.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu 2005 þar sem haldnir voru nokkrir fundir bæði þingmannanefndar EES og þingmannanefndar EFTA, auk funda með ráðherraráði EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum þingmannanefndar EFTA og EES á árinu.

i. 51. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 77./45. fundur þingmannanefndar EFTA sem haldnir voru í Brussel 6. apríl 2005.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður Íslandsdeildar, og Guðlaugur Þór Þórðarson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildarinnar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Gunnar Birgisson, Bryndís Hlöðversdóttir og Arna Gerður Bang. Á fundinum var farið yfir dagskrár og umræðuefni komandi funda. Rætt var um það hvort grundvöllur væri fyrir fyrirhuguðum fundi framkvæmdastjórnarinnar í Króatíu í júní, þar sem Evrópusambandið hefur slegið aðildarviðræðum við Króatíu á frest. Ákveðið var að haldinn yrði fundur um málið í tengslum við EES-fundi nefndarinnar í Reykjavík 25. apríl 2005. Skýrt var frá því að ársskýrsla um virkni EES-samningsins, sem er á dagskrá fundarins, væri enn ekki tilbúin og því stuttur tími fyrir nefndarmenn að kynna sér efni hennar. Eftir umræður um málið var ákveðið að fresta greinargerðum flutningsmanna um skýrsluna til haustfundar nefndarinnar í Brussel.

Formaður nefndarinnar skýrði frá því að hann hefði áhuga á að leggja fram yfirlýsingu eða ályktun á næsta fundi um svæðisbundin framlög almannatrygginga í Noregi. Skoða þyrfti málið sérstaklega þar sem byggð er strjál og lífsskilyrði erfið. Gunnar Birgisson sagði viðfangsefnið áhugavert og að hinar EFTA-þjóðirnar ættu við sömu vandamál að stríða í fámennum og afskekktum byggðarlögum. Ákveðið var að unnin yrði samantekt fyrir fundi nefndarinnar í Vaduz í júní um stöðu ályktana nefndarinnar. Gunnar lagði einnig til að athugaði yrði hvort grundvöllur væri fyrir gerð fríverslunarsamnings við Taívan. Formaður sagði málið viðkvæmt en áhugavert væri að skoða það nánar.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru á dagskrá Lissabon-ferlið, Evrópska nágrannastefnan sem og Haag-áætlunin. Hervas-Soriano, frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fór yfir stöðu Lissabon-ferlisins, auk þess sem hann gaf nefndinni yfirlit yfir helstu atriði sem rædd voru á síðasta fundi leiðtogaráðs ESB. Aðalefni fundarins voru efnahagslegar endur-

bætur í Evrópu, staða Lissabon-ferlisins og þjónustutilskipun ESB. Soriano var ánægður með útkomu fundarins þar sem ráðið studdi tillögu framkvæmdastjórnarinnar um nýtt upphaf og endurskipulagningu Lissabon-ferlisins. Hann sagði það grundvallaratriði að endurnýja ferlið án tafar og beina sjónunum að vexti, atvinnu, þekkingu og nýsköpun. Hann vildi meina að skortur á nauðsynlegum aðgerðum til að ná settum markmiðum hefði verið aðalástæða þess að brestir komu í ferlið. Einnig hafi efnahagsvöxtur í Kína og Indlandi gert leiðina að markmiðunum enn torsóttari. Gunnar Birgisson benti á að aldur íbúa Evrópu færi hækkandi og afleiðing þess gæti verið gjaldþrot lífeyrissjóða, bæði ríkis- og einkarekinna. Soriano var sammála Gunnari um að svo gæti farið ef ekki yrðu gerðar endurbætur á kerfunum.

Teresa Mary Moran, einnig frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, kom á fundinn til að kynna nágrannastefnu Evrópusambandsins fyrir nefndarmönnum. Hún ræddi um markmið nágrannastefnunnar og hvernig unnið væri ötullega að sameiginlegum hagsbótum, auknum stöðugleika og öryggi fyrir ESB-ríkin og nágrannalönd þeirra. Hún lagði áherslu á að nágrannastefnan væri algjörlega aðskilin viðræðum ríkja að mögulegri aðild og byði upp á sérstakt samband ESB-ríkjanna við nágranna sína. Lögð væri áhersla á gagnkvæmar skuldbindingar og sameiginleg gildi, með áherslu á mannréttindi, markaðslögmál og sjálfbæra þróun.

Sandra Pratt frá miðstöð um stefnumótun í Evrópumálum (European Policy Centre) ávarpaði fundinn og fór yfir Haag-áætlunina 2005–2010. Í áætluninni, sem er byggð á fyrri fimm ára áætlun sem samþykkt var í október 1999 í Tampere, er lögð áhersla á nýjar áskoranir sem blasa við næstu fimm árin. Stærstu málaflokkarnir sem áætlunin tekst á við eru mál innflytjenda og hælisleitenda. Pratt ræddi um yfirgripsmikla rannsókn sem miðstöðin hefur gert á áætluninni þar sem áhersla er á upplýsingaflæði og eftirlit með ytri landamærum sambandsins.

ii. 35. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, 24. fundur þingmannanefndar EES, og 52. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sem haldnir voru í Reykjavík 24.–25. apríl 2005.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristinn H. Gunnarsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildarinnar. Haldinn var fundur í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES þar sem starf nefndarinnar var skipulagt, m.a. varðandi umhverfismál og þjónustuviðskipti. Gunnar Birgisson og ritari sátu þann fund og fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var tekin ákvörðun um að fresta fyrirhuguðum fundi þingmannanefndar EFTA með króatískum þingmönnum til loka ársins 2005 eða byrjunar árs 2006, þar sem ESB hefur frestað aðildarviðræðum við Króatíu.

Að venju var á fundi þingmannanefndar EES rætt um þróun EES-samningsins og þær ályktanir sem samþykktar voru á 23. fundi nefndarinnar. Fundinn ávörpuðu Jean Louis Woldzfeld, sendiherra og fulltrúi formanns EES-ráðsins, Matthias Brinkmann, fulltrúi formanns hinnar sameiginlegu EES-nefndar, Elisabeth Walaas, ráðherra, frá fastanefnd Noregs gagnvart ESB, fulltrúi formanns EES-ráðsins og fulltrúi hinnar sameiginlegu EES-nefndar, auk Einars Bulls, formanns Eftirlitsstofnunar EFTA.

Teknar voru fyrir skýrslur nefndarinnar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Að þessu sinni beindist umfjöllunin að tveimur skýrslum. Annars vegar var fjallað um árlega skýrslu um virkni EES-samstarfsins, en höfundar hennar voru Gunnar Birgisson og Ewa Hedkvist Peterson (sænskur jafnaðarmaður). Gunnar Birgisson kynnti fundargestum skýrsluna og lagði fram breytingartillögu við ályktunina þess efnis að ekki væru vísindalegar

niðurstöður því til grundvallar að heilsufarsleg ógn stafaði af því að fóðra jórturdýr á fiskimjöli. Ewa Hedkvist Peterson var ekki sammála Gunnari og gat ekki fellt sig við breytingartillöguna. Eftir umræðu um málið dró Gunnar tillöguna til baka og lagði til að skrifuð yrði vönduð skýrsla um málið og hún tekin til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar í nóvember 2005. Hins vegar var rætt um skýrslu Mortens Höglunds, formanns nefndarinnar, um svæðisbundin framlög almannatrygginga í Noregi. Ákveðið var að breyta orðalagi ályktunarinnar þannig að hún ætti ekki eingöngu við um Noreg heldur einnig önnur strjálbýl svæði EES-ríkjanna, sem eiga við sambærileg vandamál að stíða. Þá var enn fremur rætt um tvær vinnuskýrslur, þá fyrri eftir Guðlaug Þór Þórðarson um nýja löggjöf EES í umhverfismálum og þá síðari eftir Diana Wallis og Julie Christiansen um þjónustuviðskipti. Guðlaugur Þór Þórðarson kynnti vinnuskjal um nýja löggjöf EES í umhverfismálum en skýrsla og ályktun verða lögð fram um málið á næsta fundi nefndarinnar í nóvember. Guðlaugur Þór lagði áherslu á mikilvægi þess að löggjöf væri sveigjanleg og byði upp á þá möguleika að hægt væri að taka mið af aðstæðum á hverjum stað til að ná hagkvæmustu lausn á hverjum tíma.

Í upphafi fundar hélt Jean Louis Woldzfeld, sendiherra og fulltrúi formanns ráðherranefndarinnar, erindi þar sem hann lýsti yfir almennri ánægju með virkni stofnana EES og að samstarf EFTA/EES-ríkjanna og ESB-ríkjanna væri metið sem afar farsælt. Matthias Brinkmann ávarpaði fundinn og ræddi um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar og helstu atriði hennar. Hann þakkaði góðar og gagnlegar ábendingar frá EES/EFTA-skrifstofunni og lagði áherslu á mikilvægi hennar. Hann taldi stækkun ESB og EES hafa gengið vonum framar og var bjartsýnn á framtíðarþróun. Diana Wallis vakti athygli fundargesta á bréfi sem nefndin sendi ráðherraráði EES í nóvember 2005. Í bréfinu var óskað eftir því að formaður og varaformaður þingmannanefndar EES fengju að sitja fundi EES-ráðsins sem áheyrnarfulltrúar, þar sem slíkt fyrirkomulag gæti auðveldað þingmönnum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Enn hefur þingmannanefndinni ekki borist svar frá EES-ráðinu. Woldzfeld svaraði athugasemd Wallis á þá leið að málið væri ekki einfalt þar sem hætta væri á því að ef opnað væri fyrir áheyrn einnar nefndar kæmu fleiri í kjölfarið og óskuðu eftir sams konar aðgangi að fundunum og erfitt gæti reynst að einskorða hana við EES-ríkin.

iii. 53. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 78./46. fundur þingmannanefndar EFTA, 6. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA og 32. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sem haldnir voru í Vaduz 27. júní 2005.

Fundina sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Lúðvík Bergvinsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildarinnar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu formaður, Bryndís Hlöðversdóttir og ritari. Þar var farið yfir helstu mál og starfið skipulagt. Meðal þeirra mála sem verða á dagskrá nefndarinnar á næstu fundum eru stefna Evrópusambandsins í fjármálum og hugsanleg áhrif fyrir EES- og EFTA-ríkin, Lissabon-ferlið og sameiginleg ráðstefna þingmannanefndar EFTA með ráðgjafanefnd EFTA árið 2006.

Sebastian Remöy frá skrifstofu EFTA í Brussel kom á fund þingmannanefndarinnar og ræddi stefnu Evrópusambandsins í fjármálum fyrir árin 2007–2013 og hvaða ályktanir mætti draga af henni fyrir EFTA- og EES-ríkin. Remöy vildi meina að núverandi deilur um málaflokkinn snerust að jafnmiklu leyti um pólitísk forgangsmál sambandsins í framtíðinni og grundvöll fjármögnunar. Sá misbrestur að samþykkja ekki fjármálastefnu sambandsins beindist að stórum hluta að því deilumáli hvort fjármagna ætti áfram landbúnaðarstefnu ESB eða hvort auka ætti fjármagn til Lissabon-ferlisins. Guðlaugur Þór Þórðarson spurði hvort

EES-samningurinn gæti verið öðrum Evrópuríkjum utan sambandsins fyrirmynd. Remöy sagði að þrátt fyrir að fyrri skýrslur um nágrannastefnu Evrópusambandsins hafi vísað til EES-samningsins sem hugsanlegrar fyrirmyndar þá væri það ekki gert lengur. EES-samningurinn væri orðinn mjög þróaður og hefði í för með sér mikla samþættingu á mörkuðum ríkjanna sem gæti valdið minna þróuðum löndum erfiðleikum við að uppfylla skilyrði hans.

Heeb, formaður landsdeildar Liechtensteins, kynnti nýja landsdeild fyrir nefndarmönnum og skýrði frá samsetningu nýrrar ríkisstjórnar. Fehr sagði frá nýlegri þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss þar sem samþykkt var aðild að Dublin- og Schengen-samningunum. Formaður nefndarinnar, Morten Höglund, þakkaði Gustav Solvang, fráfarandi ritara þingmannanefndarinnar, fyrir vel unnin störf síðastliðin sjö ár og óskaði honum velfarnaðar í nýju starfi. Solvang þakkaði nefndarmönnum og riturum landsdeilda jafnframt fyrir gott samstarf.

Nefndarmenn samþykktu tillögu ráðgjafanefndar EFTA um að skipuleggja sameiginlega ráðstefnu árið 2006. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um efni ráðstefnunnar og verða hugmyndir þar um ræddar síðar.

Haldinn var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EFTA og ráðgjafanefndar EFTA, en í henni sitja aðilar vinnumarkaðarins. Á fundinum kynnti Lundin Andresen, framkvæmdastjóri fjármálaskrifstofu EFTA (Financial Mechanism Office), nýjustu þróun mála innan EES. Þá kynnti Jon Vea, formaður nefndarinnar, ályktun ráðgjafanefndarinnar um Lissabon-ferlið, hlutverk þess og væntingar, sem samþykkt var í Tallinn 31. maí 2005 (tilv. 1052343). Vea vildi meina að Lissabon-ferlið hefði ekki staðið undir væntingum, aðallega vegna þess að því hafi ekki verið fylgt eftir á landsvísu. Því væri mikilvægt að áhersla væri lögð á endurbætur í löndunum til að auka vöxt og atvinnu. Vea lagði jafnframt til að hvert EFTA-ríki setti á stofn Lissabon-ráð þar sem einn aðili bæri ábyrgð á eftirfylgni í viðkomandi landi, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir EFTA-ríkin að Lissabon-ferlið nái fram að ganga.

Höglund fagnaði hugmynd ráðgjafanefndarinnar um að halda sameiginlega ráðstefnu árið 2006 og óskaði eftir hugmyndum frá nefndarmönnum um efni hennar. Vea sagði að ráðgjafanefndin væri opin fyrir tillögum en hefði rætt sérstaklega efni eins og Lissabon-ferlið og fríverslunarsamninga EFTA. Lagt var til að formenn nefndanna tækju ákvörðun um efni ráðstefnunnar. Áætlað er að næsti sameiginlegi fundur nefndanna verður haldinn í tengslum við fundi með EFTA-ráðherrum á Íslandi 20.–22. júní 2006.

Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherrum voru á dagskrá samskipti við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga og málefni EES. Þingmannanefndin lagði áherslu á að ljúka samningaviðræðum við Taíland fyrir næsta fund sem haldinn yrði í Genf í nóvember 2005. Jafnframt lagði nefndin áherslu á samningaviðræður við Bandaríkin, Egyptaland og Kanada. Gunnar Birgisson lagði fram spurningu um mögulegar samningaviðræður við Taívan. Þeirri spurningu var þannig svarað af hálfu ráðherranna að forgangsmál væri að klára þá samninga sem byrjað hefði verið á í Asíu áður en skoðað yrði hvort rétt væri að hefja viðræður við Taívana. Hvað EES-mál varðar var m.a. rætt um nágrannastefnu ESB, Lissabon-ferlið og þjónustutilskipun ESB. Gunnar Birgisson lýsti jafnframt yfir vonbrigðum sínum með áhugaleysi ráðherranna á ályktun þingmannanefndarinnar um viðskipti með landbúnaðarvörur.

iv. 47. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 79. fundur þingmannanefndar EFTA, sem haldnir voru í Brussel 30. september 2005.

Fundi þingmannanefndarinnar sátu Gunnar Birgisson, formaður Íslandsdeildar, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, Guðlaugur Þór Þórðarson og Katrín Júlíusdóttir, auk Örnu G. Bang, ritara Íslandsdeildarinnar.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Gunnar Birgisson og Arna G. Bang. Þar var starfið fram undan skipulagt. Morten Höglund, formaður nefndarinnar, kynnti Andra Lúthersson, nýjan ritara nefndarinnar fyrir fundargestum og bauð hann velkominn til starfa. Andri, sem hafði áður starfað í fimm ár á alþjóðasviði Alþingis, tók við starfi Gustavs Solvangs í ágúst 2005.

Jákvæð þróun virðist vera í samskiptum ESB og Króatíu um þessar mundir, en of snemmt er að segja fyrir um niðurstöður viðræðna sem eiga sér stað og mun niðurstaða nefndarinnar varðandi fundartíma m.a. ráðast af þeim. Að lokum var rætt um sameiginlega ráðstefnu sem þingmannanefnd og ráðgjafanefnd EFTA hyggjast halda í Genf árið 2006.

Morten Höglund stýrði fyrri hluta fundar þingmannanefndar EFTA en Gunnar Birgisson síðari hlutanum í fjarveru formanns.

Aidan Liddle, markaðs- og neytendamálafulltrúi fastanefndar Bretlands, sem fór með formennsku í ESB síðari hluta ársins 2005, hélt fróðlegt erindi um formennskuáætlun Breta og framkvæmd hennar. Um áramótin luku Bretar formennskutímabili sínu og tóku Austurríkismenn þá við. Liddle gaf nefndarmönnum yfirlit yfir helstu atriði sem rædd voru á síðasta óformlega fundi ráðherraráðsins um samkeppnishæfni, sem haldinn var í júní 2005. Hann skýrði frá því að aðaláherslan væri á efnahagsmál, betri og einfaldari löggjöf og þróun markaðarins. Bretar vildu ekki láta dæma formennsku sína út frá fjölda lagafrumvarpa heldur frekar af framlagi sínu til þess að breyta hugsunarhætti innan Evrópusambandsins og vildi Liddle meina að þessara áhrifa væri nú þegar farið að gæta. Framkvæmdastjórn ESB hefði kynnt tillögur sínar við yfirferð löggjafar sambandsins, m.a. með það fyrir augum að afturkalla löggjöf sem talin er óþörf.

Bernhard Marfurt, sendiherra og framkvæmdastjóri fastanefndar Sviss gagnvart ESB, kynnti niðurstöður úr tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum í Sviss og áhrif þeirra á tvíhliða samninga Sviss og ESB. Annars vegar var kosið um aðild að Schengen- og Dublin-samningunum og hins vegar um framlengingu samnings um frjálsa fólksflutninga eftir stækkun ESB 25. september 2005, þegar tíu ný lönd urðu aðilar að sambandinu. Í báðum tilvikum einkenndist þjóðaratkvæðagreiðslan af mikilli spennu og voru 54% og 56% kjósenda fylgjandi frekari samþættingu. Marfurt telur þó að ekki sé hægt að túlka niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslnanna sem vísbendingu um að Svisslendingar séu að færast nær algjörri samþættingu við Evrópusambandið og hafði nýleg skoðanakönnun þar í landi staðfest að svo væri ekki.

Aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi og innri markaðurinn var næsta mál á dagskrá fundarins. Lukas Holub, sérfræðingur í öryggismálum, frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og Joeb Rietrae, sérfræðingur í innri markaðnum, einnig frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, fræddu nefndarmenn um samvinnu milli opinberra og einkaaðila í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum.

v. 36. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, 25. fundur þingmannanefndar EES og sameiginlegur fundur þingmannanefndar EES með þingnefnd Evrópuþingsins um málefni innri markaðarins og neytendavernd (IMCO) sem haldnir voru í Brussel 22.–23. nóvember 2005.

Fundina sátu Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður Íslandsdeildar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Bjarni Benediktsson og Jón Gunnarsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildarinnar. Haldinn var fundur í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES þar sem starf nefndarinnar var skipulagt. Meðal þeirra mála sem verða á dagskrá nefndarinnar á næstu fundum eru umhverfismál, þjónustutilskipun ESB, auk málefna innri markaðarins og neytendavernd. Guðlaugur Þór Þórðarson og ritari sátu fundinn.

Að venju var á fundi sameiginlegu þingmannanefndar EES rætt um þróun EES-samningsins og þær ályktanir sem samþykktar voru á 24. fundi nefndarinnar. Diana Wallis, varaformaður nefndarinnar, setti fundinn og bauð nýja nefndarmenn sérstaklega velkomna, m.a. tvo nýja fulltrúa Íslandsdeildar, þau Bjarna Benediktsson og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Wallis bauð einnig velkominn nýjan formann þingmannanefndarinnar og norsku landsdeildarinnar, Svein Roald Hansen, og þakkaði Morten Höglund, fráfarandi formanni, vel unnin störf.

Fundinn ávörpuðu Nikolaus prins af Liechtenstein, formaður hinnar sameiginlegu EES-nefndar og fulltrúi formanns EES-ráðsins, Michael Aron, pólitískur ráðgjafi og fulltrúi formanns ESB í EES-ráðinu, Mathias Brinkmann, fulltrúi formanns ESB í sameiginlegu EES-nefndinni, og Einar Bull, formaður eftirlitsstofnunar EFTA. Í upphafi fundar hélt Aron erindi þar sem hann lýsti yfir almennri ánægju með virkni stofnana EES og að samstarf EFTA/EES-ríkjanna og ESB-ríkjanna þætti afar farsælt. Þá fór fram umræða um nágrannastefnu ESB, hina norðlægu vídd, rétt EFTA-ríkjanna til þátttöku í nefndum ESB og fjármálastefnu ESB.

Teknar voru fyrir skýrslur og vinnuskjöl nefndarinnar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Að þessu sinni beindist umfjöllunin að einni skýrslu og tveimur vinnuskjölum. Fyrst á dagskrá var vinnuskjal og ályktun um nýja löggjöf EES í umhverfismálum, en höfundar voru Guðlaugur Þór Þórðarson og Dagmar Roth-Behrendt. Guðlaugur Þór kynnti fundargestum efni skjalsins og drög að ályktun í fjarveru Roth-Behrendt. Í máli sínu lagði hann áherslu á að skjalið væir að mestu óbreytt frá því sem hann kynnti nefndinni á síðasta fundi í apríl 2005. Hann hefði vonast eftir því að geta kynnt skýrslu um málið en það hafi því miður ekki gengið upp vegna tímaskorts. Guðlaugur Þór kynnti einnig drög að ályktun um efnið og lagði áherslu á að hún væri miðuð að því að ná málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða innan nefndarinnar. Formaður lagði til, sökum tímaskorts, að nefndarmenn kynntu sér ályktunina, munnlegar breytingartillögur yrðu teknar til greina og kosið yrði um ályktunina á framhaldsfundi næsta morgun.

Þá var enn fremur rætt um skýrslu Mortens Höglunds og Ewu Hedkvist Petersen um ályktanir þingmannanefndar EES 2000–2005. Höglund kynnti skýrsluna og ályktun byggða á henni. Eftir líflegar umræður var ályktunin samþykkt með einni breytingartillögu. Því næst kynnti Wallis vinnuskjal um þjónustutilskipun ESB fyrir nefndarmönnum. Í kynningu sinni lagði hún áherslu á að þar sem tilskipunin hefði ekki verið endurskoðuð í Evrópuþinginu væri ekki grundvöllur fyrir því að nefndin legði fram skýrslu og ályktun um málið að svo stöddu. Búist er við að endurskoðuð tilskipun verði kynnt innan skamms og mun nefndin fjalla frekar um málið á næsta fundi. Þá kynnti Wallis drög að yfirlýsingu um tilskipunina og var hún samþykkt samhljóða af nefndarmönnum.

Næst á dagskrá var frekari umræða um nýja löggjöf EES í umhverfismálum og þá ályktun sem lögð hafði verið fram daginn áður. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði til að G-liður yrði felldur brott úr ályktuninni en Børge Brende frá Noregi hafði mótmælt orðalagi hans. Brende taldi upptalningu varðandi efni tilskipana sem taldar eru standa utan EES-samninginsins óþarfa í ályktuninni. Brende kynnti einnig munnlega breytingartillögu fyrir fundargestum. Báðar breytingartillögurnar voru samþykktar og ályktunin samþykkt samhljóða.

Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar fór fram og er Diana Wallis formaður hennar frá 1. janúar 2006 og Franz J. Heeb, frá Liechtenstein, varaformaður.

Að morgni 23. nóvember var sameiginlegur fundur þingmannanefndar EES með þingnefnd Evrópuþingsins um málefni innri markaðarins og neytendavernd (IMCO). Kvöldið áður hafði IMCO kosið með endurskoðaðri útgáfu af þjónustutilskipuninni og veitti fundurinn nefndarmönnum mikilvægt tækifæri til að skiptast á skoðunum um tilskipunina og ræða

niðurstöðu nefndarinnar kvöldið áður. Í lok fundarins voru formenn nefndanna, Phillip Whitehead og Hansen, sammála um gagnsemi hans og mikilvægi þess að það fordæmi sem skapaðist með tilkomu fundarins yrði haldið á lofti með sambærilegum fundum.

vi. 55. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 80./48. fundur þingmannanefndar EFTA og 32. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA sem haldnir voru í Genf 29. nóvember 2005.

Fundina sátu Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður Íslandsdeildar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Bjarni Benediktsson og Lúðvík Bergvinsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildarinnar. Framkvæmdastjórnarfundinn sátu Guðlaugur Þór Þórðarson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Arna Gerður Bang.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA fór yfir helstu mál og skipulagði starfið fram undan. Meðal þeirra mála sem verða á dagskrá nefndarinnar á næstu fundum eru stefna Evrópusambandsins í viðskiptum, samskipti við þriðju ríki og sameiginleg ráðstefna þingmannanefndar EFTA með ráðgjafarnefnd EFTA árið 2006. Einar Bull, formaður eftirlitsstofnunar EFTA, kynnti fundargestum drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Einar lagði áherslu á að vinnuálag stofnunarinnar færi eftir því hversu tímanlega aðildarríkin uppfylltu skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum. Hann sagði mikilvægt að þegar ný löggjöf væri innleidd í EFTA-ríkjunum væri tekið tillit til áhrifa á fjárhagsáætlun. Formaður nefndarinnar, Svein Roald Hansen, kynnti drög að áliti nefndarinnar á fjárhagsáætlun eftirlitsstofnunarinnar og lagði áherslu á nauðsyn þess að starfrækt væri virk og öflug eftirlitsstofnun og tók þar undir rök Bulls. Álitið var samþykkt eftir gagnlegar umræður.

Á fundi þingmannanefndar EFTA voru á dagskrá kynning Matthews Baldwins frá framkvæmdastjórn ESB um viðskiptastefnu ESB, með áherslu á EFTA, Alþjóðaviðskiptastofnun (WTO) og viðskipti handan Atlantshafs, sem og kynning Péturs G. Þorsteinssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA í Genf, um samskipi EFTA við þriðju ríki.

Í kynningu sinni ræddi Baldwin um samband framkvæmdastjórnarinnar við EFTA-ríkin, meginstefnu og sjónarmið varðandi viðskipti handan Atlantshafs og núverandi samningaviðræður fyrir ráðherrafund Alþjóðaviðskiptastofnunar í Hong Kong. Baldwin taldi samband ESB og EFTA mjög náið og margþætt, báðar stofnanir væru í auknum mæli að færa sig frá setningu tolla og að aukinni setningu reglugerða. En þar sem ESB og EFTA eru ekki samstíga hvað varðar viðskipti væri erfitt að viðhalda sameiginlegum innri markaði án þess að sameiginleg viðskiptastefna væri við lýði. Hann lagði áherslu á að marghliða viðskiptastefna væri lykillinn að velgengni og benti á að ESB, eins og EFTA, væri ekki með fríverslunarsamninga við Kanada, Bandaríkin og Indland.

Pétur gaf nefndinni yfirlit yfir gang viðræðna varðandi fríverslunarsamninga við m.a. Taíland og Kanada. Hann sagðist binda vonir við að ljúka samningnum við Taíland næsta sumar og útskýrði fyrir nefndarmönnum að það sem ylli mestum deilum í viðræðunum snerist um þjónustu og fjárfestingar. Guðlaugur Þór Þórðarson spurðist fyrir um stöðu samningaviðræðna varðandi Kanada og Egyptaland. Í svari sínu lagði Pétur áherslu á að það sem ylli töfum varðandi samningaviðræður við Egyptaland væri ósveigjanleg krafa Egypta um stóran innflutningskvóta á kartöflur og væri ekki séð fyrir endann á þeim viðræðum. Varðandi Kanada var Pétur bjartsýnn á að viðræðurnar kæmust á skrið í ljósi komandi þingkosninga og þróuðust í rétta átt á næstu mánuðum.

Formaður nefndarinnar fór yfir stöðu skipulagningar og undirbúnings sameiginlegrar ráðstefnu nefndarinnar með ráðgjafanefnd EFTA. Ráðgert var að halda ráðstefnuna 16.–17. nóvember 2005 í Genf og að meginviðfangsefni hennar yrði fríverslun í Evrópu, hnattvæðing

og félagslegar hliðar hnattvæðingar. Þá fór fram kosning formanns og varaformanns nefndarinnar fyrir árið 2006. Samkvæmt hefð skiptast formenn landsdeilda á að fara með formennsku í nefndinni og var kosningin einróma. Formaður landsdeildar Sviss, Eugen David, var tilnefndur formaður þingmannanefndar EFTA, formaður landsdeildar Liechtenstein, Franz Heeb, formaður þingmannanefndar EES og varaformaður nefndanna var tilnefndur Guðlaugur Þór Þórðarson.

Á fundi með ráðherraráði EFTA var farið yfir samskipti við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga og málefni EES. Formaður ráðherraráðsins kynnti fyrir nefndarmönnum stöðu mála og lýsti því yfir að EFTA-ríkin hefðu gert fjórtán fríverslunarsamninga undanfarið, nú síðast við Túnis. Formaður þingmannanefndarinnar fór yfir þróun mála varðandi málefni EES og beindi sjónum að núverandi stefnu ESB í efnahagsmálum. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að EES/EFTA-ríkin fylgdust náið með þróun mála hjá ESB. EFTA-ríkin þurfa að glíma við sömu viðfangsefni og ríki ESB með aukinni samkeppni á heimsvísu, nýrri tækni og eldri íbúum.

VI. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2005.

- Ályktun um nýja umhverfislöggjöf og EES.
- Ályktun um ársskýrslu um virkni EES-samningsins fyrir árið 2004.
- Ályktun um samþykktar ályktanir hinnar sameiginlegu nefndar EES á árunum 2000–2005.
- Ályktun um endurskoðun á viðmiðunarreglum fyrir svæðisbundna aðstoð.

Alþingi, 21. febr. 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Kristinn H. Gunnarsson, varaform.

Bjarni Benediktsson. Lúðvík Bergvinsson.

813. Fyrirspurn [559. mál]

til fjármálaráðherra um vaxtabætur vegna endurbóta á húsnæði.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á 68. gr laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að lántakendur hjá öllum lánastofnunum hafi sama rétt til vaxtabóta vegna lána sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota?

814. Fyrirspurn [560. mál]

til heilbrigðisráðherra um hreyfingu sem valkost í heilbrigðisþjónustunni.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru uppi áform um að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni með því að taka upp útgáfu svokallaðra hreyfiseðla eða grænna seðla? Ef svo er, þá hvar og hvernig og á hvaða stigi er undirbúningurinn?

815. Fyrirspurn [561. mál]

til heilbrigðisráðherra um einstaklinga með eiturlyf innvortis.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur bráðamóttaka Landspítala eða aðrar sjúkrastofnanir synjað óskum um að koma einstaklingi til aðstoðar við að losna við eiturlyf sem hann hefur haft innvortis? Ef svo er, hversu oft hefur það hent?
2. Hversu margir komu árlega undanfarin fimm ár sjálfviljugir á heilbrigðisstofnun til að fá slíka aðstoð?
3. Hversu margir komu á sama tíma fyrir tilstilli lögreglu eða í fylgd hennar í þessum erindagjörðum og hversu oft vildi lögregla fá aðstoð við að kanna hvort viðkomandi væri svokallað burðardýr, þ.e. með eiturlyf innvortis?

Skriflegt svar óskast.

816. Fyrirspurn [562. mál]

til dómsmálaráðherra um flóðahættu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Telur ráðherra eða almannavarnaráð að tjóna- og slysahætta af völdum stórflóða í ætt við Básendaflóðið árið 1799 hafi aukist, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, í ljósi breytinga á sjávarbotni vegna mikillar malartöku þaðan?
2. Hafa farið fram rannsóknir á sjónum kringum höfuðborgarsvæðið til að meta slíka áhættu?

817. Fyrirspurn [563. mál]

til heilbrigðisráðherra um MFS-einingunа á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Er ráðherra tilbúinn að tryggja áframhaldandi þjónustu svokallaðrar MFS-einingar (meðganga, fæðing og sængurlega) innan Landspítala – háskólasjúkrahúss?
2. Ef ekki, verður þjónustan og núverandi frelsi einstaklinga til að velja um mismunandi þjónustu tryggt annars staðar og þá með hvaða hætti?
3. Hvernig verður sú aðstaða nýtt sem MFS-einingin hefur notið verði þjónustan lögð niður á Landspítalanum?
4. Hve margar konur hafa valið þjónustu MFS-einingarinnar á undanförnum árum og hversu hátt hlutfall er það af heildarfjölda kvenna sem eignast hafa börn á spítalanum?
5. Hvað kostar þjónusta MFS-einingarinnar í samanburði við aðra þjónustu Landspítalans sem varðar meðgöngu, fæðingu og sængurlegu?

818. Beiðni um skýrslu [564. mál]

frá utanríkisráðherra um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Ólafi Ágússyni, Einari Má Sigurðarsyni, Katrínu Júlíusdóttur, Söndru Franks, Margréti Frímannsdóttur, Helga Hjörvar og Önnu Kristínu Gunnarsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um þátttöku Íslendinga í þróunarsamvinnu og þróunarhjálp.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hversu mikið fé hefur verið veitt til þróunaraðstoðar í fjárlögum íslenska ríkisins sl. fimm ár (2001–2005), þ.e. til:
   a. verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna og þá hvaða stofnana þeirra,
   b. annarra alþjóðlegra stofnana, svo sem Alþjóðabankans og Norræna þróunarsjóðsins,
   c. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands,
   d. uppbyggingar á ófriðarsvæðum með þátttöku Íslensku friðargæslunnar eða með öðrum hætti,
   e. ríkisstjórna annarra ríkja, t.d. til aðstoðar í kjölfar náttúruhamfara,
   f. frjálsra félagasamtaka, þ.e.: Alþjóða rauða krossins, Rauða kross Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar, svo og annarra mannúðarsamtaka og þá hverra og hversu mikið fé var veitt til þróunarstarfs þeirra?
2. Hversu stór hluti af vergri landsframleiðslu Íslands var þróunaraðstoðin og hverjar eru framtíðaráætlanir um þróunarsamvinnu og þróunarhjálp? Til samanburðar er óskað upplýsinga um hversu háu hlutfalli vergrar landsframleiðslu önnur norræn ríki verja til þessa málaflokks.

3. Til hvaða verkefna hefur fénu verið varið, á hvaða sviði eru þau, í hvaða löndum og á hverra vegum, svo sem:
   a. alþjóðastofnana,
   b. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands,
   c. til uppbyggingar á ófriðarsvæðum með þátttöku Íslensku friðargæslunnar eða með öðrum hætti,
   d. frjálsra félagasamtaka og annarra aðila og þá hverra?
4. Hvernig er unnið að forgangsröðun verkefna í hverju landi fyrir sig? Hvernig er samráði háttað við stjórnvöld, Sameinuðu þjóðirnar, aðrar alþjóðastofnanir, grasrótarsamtök o.s.frv.?
5. Hvernig skiptast verkefni eftir málefnum, þ.e. í heilbrigðismál, lýðræðisþróun, félagsmál, málefni barna, málefni kvenna o.s.frv.? Hversu miklir fjármunir renna til hvers málaflokks og hvernig samræmast þessi verkefni þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?
6. Hvernig er ákvörðun tekin um samstarfslönd? Hvaða þættir liggja til grundvallar ákvörðun og hver tekur hana? Hver hefur með höndum mat á þörf í hverju landi fyrir sig? Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um hvort höfð er hliðsjón af öðrum alþjóðlegum stuðningi til viðkomandi landa.
7. Hvernig er lagt mat á verkefnin sem unnin eru hverju sinni? Hvaða þættir eru lagðir til grundvallar ákvörðun um í hvaða verkefni er ráðist?
8. Hvernig er metið hverju verkefnin hafi skilað og hvort þeim skuli haldið áfram? Hverjir gera slíkt mat og á hvaða forsendum?
9. Hversu margir íslenskir starfsmenn sinna öllum þessum verkefnum erlendis, í hvaða löndum starfa þeir og á vegum hvaða íslenskra stofnana eða samtaka?
10. Hversu miklu fé hafa innlend þróunarsamvinnu- og mannúðarsamtök aflað beint frá almenningi sl. fimm ár, skipt eftir árum og stofnunum?

Greinargerð.

Mikilvægt er að fá heildarsýn yfir þá aðstoð sem Ísland veitir til þróunaraðstoðar og í þróunarsamvinnu víðs vegar í heiminum. Nokkrar skýrslur hafa verið unnar á þessu sviði og þá um afmörkuð verkefni. Nauðsynlegt er hins vegar að hafa upplýsingar um þessi mál á einum stað svo að hægt sé að átta sig á því hvert fjármunir fara, í hvernig verkefni og hversu vel markmið þeirra samrýmast þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur samþykkt. Einnig er mikilvægt að sjá hvar verkefni gera mest gagn, í samvinnu við hverja þau eru unnin og hvar í heiminum aðstoð er veitt hverju sinni. Jafnframt að upplýst sé um eðli og umfang þeirra verkefna sem nú er unnið að og þá hvort um skörun geti verið að ræða, t.d. milli hjálparsamtaka innbyrðis og annarra er veita þróunaraðstoð. Augljóst er að margir vinna góð verk sem gagnast í þeim löndum þar sem þau eru unnin. Sem dæmi um slíkt má nefna að Sameinuðu þjóðirnar greiða 400 milljónir dollara (25 milljarða kr.) til Malaví.

Koma þarf fram í skýrslunni hver sé áætlun ríkisstjórnar varðandi fjárframlög til þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnu sem skýrslubeiðendur telja eðlilegt að miðist við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru til ársins 2015, og jafnframt hversu stór hluti það framlag er hvert ár af vergri landsframleiðslu Íslands. Einnig er óskað eftir samanburði við framlög annarra norrænna ríkja til þróunaraðstoðar sem hlutfall af landsframleiðslu þeirra.

819. Svar [516. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um hátækni- og nýsköpunargreinar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert hefur verið árlegt hlutfall hátækni- og nýsköpunargreina af landsframleiðslu síðustu tíu ára?*
2. *Hver hefur árlegur vöxtur hátæknigreina verið á sama tíma?*

Á síðasta ári kom út skýrslan *Hátækniiðnaður – þróun og staða á Íslandi / Staða og stefna á Norðurlöndum og Írlandi*. Skýrslan er afrakstur samvinnuverkefnis iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Samtaka iðnaðarins um upplýsingaöflun um stöðu þessara greina og er ætlað að skapa grundvöll fyrir frekari umfjöllun um þróun þeirra. Eftirfarandi svar er byggt á upplýsingum sem aflað var í tengslum við gerð skýrslunnar.

Byggt er á skilgreiningum OECD fyrir framleiðsluiðnað en þar eru hátæknigreinar skilgreindar sem atvinnugreinar sem leggja >4% af veltu sinni í rannsóknir og þróunarstarfsemi. Öll þessi fyrirtæki eru nýsköpunarfyrirtæki og miðast svarið því við hátæknigreinar eins og þær eru skilgreindar í framangreindri skýrslu. Nýsköpun er auðvitað einnig stunduð í atvinnugreinum sem ekki eru flokkaðar sem hátæknigreinar, t.d. greinum sem eiga rætur í þjónustu og viðskiptum, hönnun og menningu og hug- og félagsvísindum, svo nokkuð sé nefnt. Ekki er fjallað um þessar greinar í svari þessu.

1. Hlutfall hátæknigreina í landsframleiðslu.

Framlag einstakra atvinnugreina til landsframleiðslu er sú viðmiðun sem notuð er til að mæla vöxt og viðgang þeirra. Verðmætasköpunin, eða virðisaukinn, sem verður til í atvinnurekstri er munurinn á söluverði framleiðslunnar og kostnaði. Árið 2004 var landsframleiðslan um 850 milljarðar kr., sem er síðasta viðmiðunarár könnunarinnar. Uppruni verðmætasköpunar á Íslandi hefur breyst mikið og hefur iðnaður sótt á en landbúnaður, fiskveiðar og fiskvinnsla látið undan síga. Árið 2004 nam hlutur iðnaðarins tæplega fjórðungi af verðmætasköpuninni en hlutur sjávarútvegs var um 10%. Í töflu sem fylgir með svari þessu sést verðmætasköpun hátækniiðnaðar og fleri atvinnugreina árin 1998–2004, en verðmætasköpun í hátækniiðnaði sem hlutfall af landsframleiðslu er sýnd allt fram til ársins 1990. Framlag hátækniiðnaðar til landsframleiðslu hefur aukist frá um 0,2% árið 1990 í 3,9% eða um 33 milljarða kr. árið 2004. Framlag einstakra atvinnugreina innan hátækniiðnaðar til landsframleiðslunnar er mismunandi en þyngst vega síma- og fjarskiptaþjónusta, lyfjaframleiðsla, framleiðsla lækningatækja, framleiðsla tækja fyrir matvælaiðnað og hugbúnaðariðnaður.

Hlutfall verðmætasköpunar hátækniiðnaðar árin 1995–2004.

Ár	Verg landsframleiðsla, milljarðar kr.	Hlutfall hátækniiðnaðar af landsframleiðslu
1995	451	0,6%
1996	484	0,7%
1997	525	0,8%
1998	577	0,9%
1999	624	1,3%
2000	669	2,1%
2001	744	3,1%
2002	779	3,4%
2003	811	3,8%
2004	852	3,9%

2. Árlegur vöxtur hátæknigreina.

Í skýrslunni *Hátækniiðnaður – þróun og staða á Íslandi* eru birtar upplýsingar um verðmæti hátæknivöru og -þjónustu frá og með árinu 1998 og er því miðað við það upphafsár í svari þessu.

Verðmæti hátæknigreina, 1998–2004.

Ár	Verðmæti hátæknigreina, millj. kr.	Aukning frá fyrra ári, millj. kr.	Aukning frá fyrra ári, %
1998	5.193		
1999	7.930	2.737	53%
2000	13.923	5.993	76%
2001	23.064	9.141	66%
2002	26.486	3.422	15%
2003	30.818	4.332	16%
2004	33.210	2.392	8%

Þessar upplýsingar má einnig finna í eftirfarandi töflu:

Verðmætasköpun hátækniiðnaðar árin 1990–2004.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Hlutfall %															
Hátæknivörur og -þjónusta		*0,30%*	*0,40%*	*0,45%*	*0,50%*	*0,55%*	*0,70%*	*0,80%*	*0,90%*	*1,30%*	*2,10%*	*3,10%*	*3,40%*	*3,80%*	*3,90%*
Hlutfall, %															
Verg landsframleiðsla	368	399	400	412	439	451	484	525	577	624	669	744	779	811	852
Verðmætasköpun hátækniiðnaðar									3,4	7,9	13,9	23,1	26,5	30,8	33,2
Verðmætasköpun hátækniiðnaðar sem hlutfall af landsframleiðslu	0,20%	0,3%	0,4%	0,5%	0,5%	0,6%	0,7%	0,8%	0,9%	1,3%	2,1%	3,1%	3,4%	3,8%	3,9%
Verðmæti í millj. kr.															
Sjávarafurðir									67.711	65.270	64.974	90.768	91.143	78.667	82.600
Stóriðja									7.397	6.100	9.945	10.416	9.348	9.732	10.219
Hátæknivörur og -þjónusta									*5.193*	*7.930*	*13.923*	*23.064*	*26.486*	*30.818*	*33.210*
Aðrar iðnaðarvörur									47.227	49.410	51.714	61.752	55.309	83.533	86.858
Aðrar vörur									51.210	50.630	57.018	56.544	59.204	65.691	69.827
Samgöngur									45.520	45.750	51.714	58.776	64.657	65.691	68.976
Ferðalög									19.915	21.350	24.531	27.528	29.602	29.196	30.656
Önnur þjónusta									81.936	88.450	94.146	91.512	88.806	88.399	92.819
Ávöxtun hlutafjár erlendis									122.904	139.690	150.501	165.168	176.054	169.499	177.122
Laun erlendis									110.955	123.830	132.600	147.312	166.706	177.609	187.341
Vaxtatekjur erlendis									10.811	11.590	11.934	11.160	11.685	12.165	11.922
Verg landsframleiðsla	368.000	399.000	400.000	412.000	439.000	451.000	484.000	525.000	569.000	610.000	663.000	744.000	779.000	811.000	851.550

820. Skýrsla [565. mál]

Sigríðar Önnu Þórðardóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2005

1. Inngangur

Störf Norrænu ráðherranefndarinnar þurfa bæði að bera í sér stöðugleika til að unnt sé að vinna að langtímamarkmiðum og þrótt til að að takast á við ný verkefni í breytilegu alþjóðlegu umhverfi. Ella stendur starfsemin ekki undir væntingum.

Með þessar kröfur að leiðarljósi var starfsemi ráðherranefndarinnar tekin til endurskoðunar á starfsárinu, en hún hefur tekið litlum breytingum frá stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar 1974. Sú endurskoðun leiddi til þess að ráðherranefndartillaga um nýskipan á starfseminni var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í lok október 2005 og samþykkt. Meginefni tillögunnar, sem tók gildi við áramót 2005/2006, var fækkun á fagráðherranefndunum úr 18 í 11. Norræna ráðherranefndin starfar því samkvæmt þessari nýskipan fram vegis í þeim fagráðherranefndum sem hér fara á eftir:

- Samstarfsráðherrarnir.
- Ráðherranefndin um fjár- og efnahagsmál.
- Ráðherranefndin um dóms- og löggjafarmál.
- Ráðherranefndin um umhverfismál.
- Ráðherranefndin um atvinnu-, orku- og byggðamál.
- Ráðherranefndin um sjávarútveg, landbúnað, skógrækt og matvæli.
- Ráðherranefndin um menningarmál.
- Ráðherranefndin um menntamál og vísindi.
- Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál.
- Ráðherranefndin um vinnumarkað og vinnuumhverfi.
- Ráðherranefndin um jafnréttismál.

Við áramót 2005/2006 voru eftirfarandi fagráðherranefndir lagðar niður sem formlegar ráðherranefndir:

- Ráðherranefndin um húsnæðis- og byggingarmál.
- Ráðherranefndin um upplýsingatækni.
- Ráðherranefndin um neytendamál.
- Ráðherranefndin um vímuefnamál.
- Ráðherranefndin um samgöngumál.
- Ráðherranefndin um orkumál.
- Ráðherranefndin um byggðamál.

Norrænt samstarf um flestalla málaflokka nefndanna sem lagðar voru niður heldur þó áfram annað hvort undir einhverri þeirra formlegu ráðherranefnda sem starfa áfram með breiðara starfssviði en áður eða sem lausara samstarf viðkomandi ráðherra eða embættismanna. Þá verður og mögulegt að sækja um verkefnafé og einhverja skrifstofuaðstoð frá ráðherranefndarskrifstofunni til áhugaverðra verkefna.

Í starfsemi ráðherranefndarinnar er, eðli máls samkvæmt, stöðugt tekist á um fjármagnið og þar togast á þörfin fyrir stöðugleika og þörfin fyrir hreyfiafl. Í framhaldi af áðurnefndri nýskipan á starfsemi ráðherranefndarinnar er nú hafist handa við að endurskoða norrænu fjárlagagerðina með það m.a. að markmiði að á hverju ári verði nægilegt fjármagn laust til að beina að þeim málum sem brenna á hverju sinni, án þess þó að gengið verði á það fjármagn sem vera þarf fyrir hendi til langtímaverkefna. Þá er ætlunin að stytta fjárlagaferlið og koma því í þann farveg að Norðurlandaráð komi með sterkum hætti að mótun pólitískrar meginstefnu þegar við upphaf fjárlagavinnunnar. Fyrirhugað er að niðurstöður liggi fyrir um mitt ár 2006.

Vinnan við að fækka stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum er meðal mikilvægustu langtímaverkefna sem Norræna ráðherranefndin sinnir. Á starfsárinu var opnuð sérstök norræn skattagátt, sem skattayfirvöld á Norðurlöndum standa að. Þar eru allar upplýsingar um skattamál aðgengilegar almenningi og fyrirspurnum svarað á netinu. Þá er unnið að samnorrænni vinnumiðlun, sem í upphafi snýr að Eyrarsundssvæðinu en sem taka á til fleiri svæða með tímanum. Á starfsárinu var og opnuð sérstök viðskiptavefgátt fyrir atvinnulífið sem er sniðin að þörfum minni og meðalstórra fyrirtækja í norrænni útrás. Fleiri verkefni sem snúa að atvinnulífinu eru í vinnslu.

Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, sem hefur verið sérstakur umboðsmaður samstarfsráðherranna á þessum vettvangi síðan í byrjun árs 2003 lét af störfum við áramót 2005/2006. Ekki hefur verið ákveðið á hvern hátt samstarfsráðherrarnir munu hér eftir fylgja eftir markmiðinu um landamæralaus Norðurlönd, en ljóst er að áfram er þörf sérstakra aðgerða.

Ákveðinn árangur náðist og þáttaskil urðu á árinu í þeirri aðlögun norræns samstarfs að nýju pólitísku umhverfi í Norður-Evrópu, sem hófst er ljóst var að Eystrasaltsríkin mundu ganga í Evrópusambandið (ESB). Frá áramótum 2005/2006 fer samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen fram á jafnréttisgrundvelli. Ekki verður í gildi nein sérstök samstarfsáætlun um það frá þeim tíma heldur er ætlunin að fagráðherranefndirnar sinni því samstarfi á sama hátt og samstarfi innan Norðurlanda og kosti það af fjárveitingum sínum. Þá er ætlunin að samstarfsaðilar í Eystrasaltsríkjunum standi að ákvörðunum um samstarfsverkefni og fjármögnun til jafns við norræna samstarfsaðila.

Á árinu var unnið markvisst að því að undirbúa styrkingu samstarfsins við Rússland og sérstök Rússlandsáætlun tók gildi við áramót 2005/2006. Þar verður í fyrirrúmi starfsemi sem fellur að markmiðum Norðlægu víddarinnar þar á meðal þekkingaruppbygging, starfsemi sem snýr að lýðræðisþróun og samstarf við frjáls félagasamtök auk landamærasamstarfs.

Eftir fimm ára undirbúningsvinnu var í lok ársins undirritað samkomulag við rússnesk stjórnvöld um norræna upplýsingaskrifstofu í Kaliningrad. Ætlunin er að þessi skrifstofa gegni lykilhlutverki við að koma á samstarfi við aðila á þessu svæði. Vonir eru bundnar við að Norræna ráðherranefndin geti orðið brautryðjandi fyrir annað alþjóðlegt samstarf í Kaliningrad á sama hátt og í Pétursborg á sínum tíma.

Augu umheimsins hafa á undanförnum árum smám saman verið að opnast fyrir mikilvægi Norðurskautssvæðisins og hægt og bítandi hefur þessi málaflokkur einnig komist betur í forgrunn í samstarfi Norðurlanda. Síðan fyrsta áætlun um samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins var gerð árið 1996, sama ár og Norðurskautsráðið var stofnað, hafa fjárframlög til málaflokksins meira en tvöfaldast. Ný Norðurskautsáætlun hefur verið gerð fyrir tímabilið 2006–2008. Til að koma í veg fyrir tvíverknað og stuðla að samlegðaráhrifum er markviss verkaskipting og samráð haft við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir á svæðinu, aðallega Norðurskautsráðið en einnig ESB og Barentsráðið.

Samstarfið við ESB hefur verið eflt jafnt og þétt á undanförnum árum. Það endurspeglaðist vel í aðkomu Norrænu ráðherranefndarinnar að undirbúningi hinnar nýju framkvæmdaáætlunar sambandsins fyrir Norðlægu víddina, sem tók gildi við áramót 2004/2005. Þá hefur Norræna ráðherranefndin á fjölmörgum sviðum starfseminnar unnið ötullega að þeim markmiðum sem sett eru fram í gildandi áætlun um Norðlægu víddina. Á árinu var samið um tvö mikilvæg samstarfsverkefni við ESB. Þau snúa annars vegar að því að koma á landamærasamstarfi á ytri landamærum ESB og hins vegar að því að fjármagna háskóla sem lokað var af stjórnvöldum í Hvíta-Rússlandi og flutti til Vilníus og tók þar til starfa í lok árs 2005.

Á árinu var unnið að umfangsmiklum breytingum á norrænu menningarsamstarfi. Þær snúa að því að einfalda kerfið og losa fjármuni til að auka hreyfiafl og pólitískt vægi starfseminnar. Því voru stjórnarnefndirnar um barna- og unglingamenningu, um fjölmiðla og um menningarsamskipti við lönd utan Norðurlanda lagðar niður við áramót 2005/2006.

Við áramót 2006/2007 verða enn frekari breytingar þegar sjö nefndir og stofnanir á menningarsviði verða lagðar niður. Þeirra á meðal eru Norræna fjölmiðlastöðin, Samtímalistastofnunin, Sviðslistamiðstöðin, bókmennta- og bókasafnsnefndin og safnanefndin.

Snemma árs 2006 verður kallað til fyrsta norræna menningarþingsins, sem verður nýr breiður vettvangur fyrir ráðgjöf og umræðu um norræn menningarmál, en þangað verða boðaðir nýir aðilar sem ekki hafa fyrr komið að samstarfinu.

Í upphafi árs tók til starfa ný stofnun, NordForsk, Norræna rannsóknaráðið með aðsetur í Ósló. Frá sama tíma var Norræna stofnunin um vísindamenntun og Norræna vísindastefnuráðið lagt niður. Nýja stofnunin fær öflugt umboð til að samhæfa aðgerðir landanna sem miða að því að efla rannsóknir og menntun vísindamanna, fjármagna aðgerðir til að ná samlegðaráhrifum á einstökum sviðum og styrkja þannig löndin út á við. Stofnun NordForsk kemur í kjölfar stofnunar Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NiCE), sem tók til starfa í byrjun árs 2004, einnig í Ósló, en þessar stofnanir eiga að hafa með sér náið samstarf. Vonir eru bundnar við að þessi nýskipan auki samlegðaráhrif á sviði vísinda og nýsköpunar á Norðurlöndum og efli þannig samkeppnishæfni landanna út á við.

Að frumkvæði Færeyinga ákváðu samstarfsráðherrarnir í lok ársins að láta fara fram hlutlausa úttekt á stöðu Færeyja, Grænlands og Álandseyja í samstarfinu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Að fengnum niðurstöðum úttektarinnar, sem áætlað er að verði í júní 2006, ákveða ráðherrarnir hvort mögulegt sé að bæta stöðu þeirra. Norðurlandaráði verður gefinn kostur á að fylgjast með þessu verki.

Þing Norðurlandaráðs sem háð var á Hótel Nordica í Reykjavík 25.–27. október þótti takast með ágætum bæði hvað varðar pólitíska umræðu og ytra skipulag. Ríkisstjórn Íslands bauð, eins og venja er, öllum þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins til kvöldverðar sem haldinn var í Perlunni.

Þegar á heildina er litið hefur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á starfsárinu einkennst af sjálfsskoðun og skipulagsbreytingum sem öllum er það sammerkt að þær snúa að því að einfalda kerfið, stuðla að þverfaglegu samstarfi, skapa færi á að taka á nýjum verkefnum af krafti og nýta fjármuni og tíma þátttakenda sem best.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra gegndi embætti samstarfsráðherra til 29. september, en við brotthvarf Davíðs Oddssonar úr ríkisstjórn og uppstokkun á ráðherraembættum sem fylgdi í kjölfarið tók Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra við embættinu frá þeim degi að telja.

Á heimasíðunni www.norden.org er að finna nánari upplýsingar um starf Norrænu ráðherranefndarinnar á öllum fagsviðum.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu, sumarfund sem haldinn var á Fjóni 27. júní og formlegan fund 26. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með oddvitum stjórna Álands, Færeyja og Grænlands og forsætisnefnd Norðurlandaráðs, en daginn áður fund með forsætisráðherrum Eistlands, Lettlands og Litháens. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra stýrði fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, en Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Danmerkur hinum fundunum.

Ráðherrarnir fjölluðu á fundum sínum að venju um mál þau sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarfinu við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og EES auk alþjóðlegra málefna og þá sérstaklega Sameinuðu þjóðanna (S.þ.).

Ráðherrarnir lýstu stuðningi við þær breytingar sem unnið var að á árinu á skipulagi starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Sérstaklega var talið mikilvægt að auka pólitískt vægi starfseminnar. Þá var lögð áhersla á að skipulagsbreytingarnar mættu ekki leiða til þess að staða sjálfsstjórnarsvæðanna og möguleikar þeirra til þátttöku í samstarfinu versnuðu þegar hluti samstarfsins flyttist út fyrir vébönd Norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsætisráðherra Dana kynnti á fundi ráðherranna 26. október sl. að samstarfsráðherra Dana mundi leggja fram tillögu um að gera hlutlausa úttekt á stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna í Norrænu ráðherranefndinni. Málið var og til umræðu á fundum forsætisráðherranna með oddvitum stjórna sjálfsstjórnarsvæðanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Ráðherrarnir lýstu stuðningi við áframhaldandi aðgerðir til að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum landamærahindrunum.

Á sumarfundi ráðherranna báru þeir saman bækur sínar um stefnu og aðgerðir í löndunum til að mæta áskorunum alþjóðavæðingarinnar. Það kom fram að alls staðar á Norðurlöndum væri lögð áhersla á að mæta þessum áskorunum og að löndin hefðu valið svipaðar leiðir í því efni sem allar snúa að því að styrkja rannsóknir og nýsköpun og gera stefnumótunarferlið pólitískt og markvisst. Á fundi ráðherranna 26. október var svo kynnt skýrslan *Norðurlönd, sigursvæði á heimsvísu* sem danskt útgáfufyrirtæki hafði látið gera í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina. Þar er lagt út af þeirri staðhæfingu að Norðurlönd hafi allar forsendur til að vera efnahagslega fremst í flokki, ef þau geri sér grein fyrir því að styrkur þeirra liggi í grunnþáttum norrænnar þjóðfélagsgerðar, sameiginlegum menningararfi og náttúruauðlindum og hlúi að þeim. Efnislega var skýrslan mjög í samræmi við grunnhugsunina í formennskuáætlun Íslands í samstarfinu 2004, *„Auðlindir Norðurlanda"*. Í skýrslunni var lagt til að Norðurlönd sameinist um stefnumótun til að nýta þá möguleika sem geti falist í hnattvæðingunni.

Framtíð stjórnarskrár ESB var sérstaklega til umræðu á sumarfundi ráðherranna í ljósi þess að í þeim þjóðaratkvæðagreiðslum sem um hana höfðu verið haldnar í 12 löndum hafði hún verið felld í tveimur.

Þá var fjallað um stækkunarferli ESB og sérstaklega um aðild Búlgaríu og Rúmeníu auk Tyrklands og einnig um þá frestun á afgreiðslu fjárlaga ESB sem orðið hafði nýlega þegar sumarfundurinn var haldinn og þau áhrif sem deilur um fjárlögin gætu haft. Einnig var í því sambandi fjallað um landbúnaðarstefnu sambandsins.

Forsætisráðherra Íslands minnti á Lissabon-ferlið og varpaði fram þeirri spurningu hvort Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) væri ekki sá vettvangur, þar sem eðli máls samkvæmt væri líklegast að styrkjavandi ESB á sviði landbúnaðar yrði leystur.

Umbótaferli S.þ. var sérstaklega til umræðu á sumarfundi ráðherranna. Fram kom að löndin styddu öll tillögu G4-hópsins og að mikilvægt væri að nýta það færi sem nú væri á að

koma á umbótum, því bið gæti orðið á að slíkt færi gæfist á ný. Framboð Íslands til setu í Öryggisráðinu kom til umræðu og staðfest var af hálfu forsætisráðherra Íslands að það væri á dagskrá og af hálfu hinna að þau styddu það öll.

Hamfarirnar í Suðaustur-Asíu og sú mikla gagnrýni á stjórnvöld sérstaklega í Svíþjóð og Noregi sem komið hafði fram var til umræðu. Áhersla var lögð á að Norðurlönd styrktu samstarf sitt um viðbúnað og aðgerðir vegna hryðjuverka, farsótta og hamfara innan og utan Norðurlanda.

Á fundi forsætisráðherranna með oddvitum stjórna sjálfsstjórnarsvæðanna lýstu þeir síðarnefndu mikilvægi þess að skoðaðir yrðu möguleikar þess að styrkja stöðu þeirra í samstarfinu, ella væri hætta á að áhugi á samstarfinu dvínaði í heimalöndum þeirra. Af hálfu Íslands kom fram að eðlilegast væri að tillögur lægju fyrir áður en menn tjáðu sig um málið.

Oddviti stjórnar Álandseyja lýsti sérstökum áhyggjum yfir ástandi Eystrasaltsins og upplýsti að Álandseyjar hefðu nýlega sett sér stranga aðgerðaráætlun á sviði umhverfismála til að minnka útstreymi mengandi efna frá landi. Þar sem alkunna væri að aðgerðir eins lands dygðu skammt beindi hann því til Norðurlanda að taka saman höndum um aðgerðir á alþjóðavettvangi sem og heima fyrir til að bjarga umhverfi Eystrasaltsins.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var staða sjálfsstjórnarsvæðanna, vestnorrænt samstarf og norrænt samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri auk umbóta á starfsemi S.þ. til umræðu.

Forsætisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna ræddu á fundi sínum málefni ESB og EES, þar á meðal stækkunarferli ESB og þá um leið EES. Forsætisráðherra Íslands benti á nokkur vandamál sem upp hafa komið í EESsamstarfinu. Þá voru samskipti Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda til umræðu og ástandið í Rússlandi auk samskipta ríkjanna við Rússland.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Stefnan í norrænu samstarfi er mörkuð af forsætisráðherrum og samstarfsráðherrum Norðurlanda, en það kemur í hlut hinna síðarnefndu (MR-SAM) að sjá til þess að framkvæmdin sé í samræmi við þá stefnumörkun. Norræna fjárlagagerðin vegur þyngst á verkefnalista samstarfsráðherranna, en í þeirri vinnu felst ekki hvað síst að ákvarða fjárframlög til einstakra málefnasviða í norræna samstarfinu. Undir samstarfsráðherrana heyra einnig málaflokkar sem teljast þverfaglegir og falla því ekki undir eina fagráðherranefnd fremur en aðra. Sjálfbær þróun, málefni Norðurskautsins, samstarf við grannsvæðin, ESB og önnur alþjóðleg samtök, vinnan gegn landamærahindrunum, málefni barna og ungmenna og nú síðast aðgengismál fatlaðra á Norðurlöndum eru meðal þeirra mála sem eru á borði samstarfsráðherra Norðurlanda. Fjölgun þverfaglegra viðfangsefna í norrænu samstarfi er þróun sem gera má ráð fyrir að muni halda áfram, og því má búast við að enn muni auka á fjölbreytni í viðfangsefnum samstarfsráðherranna í framtíðinni.

Norræna samstarfsnefndin (NSK) starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, en hún er jafnframt stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárlög ráðherranefndarinnar 2005 voru 825,893 millj. d.kr. að raunvirði, en með þeirri aðferð sem notuð hefur verið frá árinu 2000 og felst í því að færa þau að greiðslugrunni var raunverulegt framlag landanna til norræns samstarfs 10 millj. d.kr. lægra, eða 815,893 millj.

d.kr. Eins og fram kom í fyrri ársskýrslu var þetta í síðasta sinn sem þessari aðferð var beitt, þar eð samstarfsráðherrarnir ákváðu á fundi sínum í mars að hverfa frá því að halda áfram að færa fjárlögin að greiðslugrunni og um leið að afskrifa þær 50 millj. d.kr. sem safnast höfðu upp sem óinnleystar kröfur á löndin.

Við ákvörðun um forgangsmál ársins var tekið mið af tilmælum Norðurlandaráðs, stefnumótunarskýrslunni *Ný norræn dagskrá* og þeim áherslum sem skilgreindar eru í formennskuáætlun þess lands sem stýrir samstarfinu. Í fjárlagavinnunni var leitast við að hafa reglulegt samráð við fjárlagahóp Norðurlandaráðs. Fjárlagaliðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar" (ministerrådets strategiske initiativer) var að þessu sinni 10,2 millj. d.kr. Meginreglan er sú að ráðstafa þessu fé eingöngu til pólitískt mikilvægra skammtímaverkefna, en ekki til verkefna sem skilgreind eru í framkvæmdaáætlunum eða starfsáætlunum einstakra fagsviða og ná yfir nokkur ár. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er einnig ætlað að greiða fyrir forgangsverkefnum þess lands sem fer með formennsku hverju sinni.

Á undanförnum árum hefur þróun norrænu fjárlaganna verið í þá átt að draga úr því að festa megnið af fjármununum fram í tímann í varanlegri starfsemi og langtímaverkefnum – en leitað er leiða til að halda einhverjum fjármunum óráðstöfuðum svo unnt sé að ná þeim sveigjanleika og viðbragðsflýti sem pólitískar áherslubreytingar kalla oft á. Við upphaf fjárlagavinnunnar vegna ársins 2006 var tekin ákvörðun um að lækka fjárveitingar til allra sviða samstarfsins um 2% miðað við fjárveitingu 2005 til þess að mæta þörfum um endurforgangsröðun síðar á árinu. Þessum fjármunum, 16,3 millj. d.kr., var síðan ráðstafað til ýmissa brýnna forgangsmála. Þannig var t.d. 10,0 millj. d.kr. úthlutað til hinnar nýju stofnunar, NordForsk, en hún tók til starfa í ársbyrjun 2005. Fastlega má gera ráð fyrir að sami háttur verði hafður á við fjárlagavinnu ársins 2007 þó óvíst sé hvort um sama hundraðshluta verði að ræða.

Breytingar á samstarfi við grannlönd og -svæði.

Um áramótin 2005/2006 urðu nokkur þáttaskil í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við hin svokölluðu grannsvæði. Yfirstandandi ár hefur verið e.k. aðlögunarár í samstarfinu við Eistland, Lettland og Litháen en verulega hefur dregið úr sérstökum framlögum ráðherranefndarinnar til samstarfsverkefna við þau eftir að þau gengu í ESB í maí 2004. Frá ársbyrjun 2006 fer samstarfið við Eystrasaltsríkin fram á jafnræðisgrundvelli – fjármögnun samstarfsverkefna verður að komast sem næst því að vera jöfn milli aðila. Engin sérstök grannsvæðaáætlun sem tekur til þessara ríkja mun stýra samstarfinu heldur er gert ráð fyrir að áhugasamir samstarfsaðilar í Eystrasaltsríkjunum keppi um fjármagn fagráðherranefnda og norrænna sjóða með sama hætti og aðrir á Norðurlöndum. Viðmiðunarreglan fyrir samstarf við Eystrasaltsríkin er nú hin sama og gildir almennt í norrænu samstarfi: unnt er að sækja um norrænt fjármagn til áhugaverðra verkefna, þar sem norrænt notagildi er augljóst, að því tilskildu að mótframlag sé fyrir hendi. Verkefni til nokkurra ára sem þegar er unnið að samkvæmt gömlu grannsvæðaáætluninni fá þó að renna sitt skeið. Íbúar Eystrasaltsríkjanna munu þó hér eftir sem hingað til eiga aðgang að fjölbreyttu styrkjakerfi ráðherranefndarinnar, svo sem Nordplus- og Sleipnir-styrkjunum, auk náms- og starfsdvalarstyrkja til starfsmanna í opinberri þjónustu.

Rússlandsáætlunin 2006–2008.

Um leið og framangreindar breytingar á samstarfi við grannlönd og -svæði koma til framkvæmda mun ráðherranefndin að sama skapi leggja aukna áherslu á samstarf sitt við Norðvestur-Rússland. Á fjárlögum yfirstandandi árs voru rúmlega 10,7 millj. d.kr. ætlaðar

starfseminni í Rússlandi eingöngu. Frá ársbyrjun 2006 tók sérstök Rússlandsáætlun gildi og rúmast hún innan þess þáttar fjárlaganna sem nær yfir starfsemi ráðherranefndarinnar í nágrannaríkjum og -svæðum en heildarupphæð hans er 87,286 millj. d.kr.

Samkvæmt Rússlandsáætluninni verður m.a. lögð áhersla á að gera borgurum í Norðvestur-Rússlandi betur kleift að halda til náms- og starfsdvalar á Norðurlöndum, en reynsla undanfarinna ára, bæði í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, sýnir að mikill og vaxandi áhugi er fyrir því að nýta þá möguleika sem hin ýmsu einstaklingsmiðuðu styrkjakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar bjóða upp á. Markmiðið er að byggja upp þekkingu þarlendra borgara á verklagi norrænna vinnustaða og stofnana auk lýðræðislegra vinnubragða og ákvarðanatöku. Einnig verður lögð áhersla á samstarf við frjáls félagasamtök og samstarfið á Barentssvæðinu. Þá verður lögð áhersla á landamærasamstarfið og norrænir sjóðir, svo sem Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn, Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn auk Norræna fjárfestingarbankans munu einnig láta til sín taka á svæðinu.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaliningrad.

Seint á árinu náðist samkomulag milli rússneskra yfirvalda og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn um að norræn skrifstofa tæki til starfa í Kaliningrad. Ráðherranefndin átti frumkvæði að þessu máli en unnið hefur verið að því frá árinu 2000. Það var margoft tekið upp á fundum norrænna ráðherra með rússneskum ráðherrum, m.a. af Halldóri Ásgrímssyni þegar hann var utanríkisráðherra og hitti Ivanov, þáverandi utanríkisráðherra Rússlands, vorið 2002.

Ráðherranefndin hefur starfrækt skrifstofu í Pétursborg frá 1995 og útibú frá henni í Arkhangelsk, Petrozavodsk og Murmansk. Sérstök lega Kaliningrad milli Litháens í austri og Póllands í vestri gerir svæðið í senn mikilvægt og áhugavert fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðum Norðurlanda í suðaustri. Skrifstofan í Pétursborg hefur reynst norrænu samstarfi í Rússlandi mikilvæg lyftistöng og greitt fyrir aðkomu Norðurlanda að mörgum þjóðþrifaverkefnum á svæðinu. Norræna ráðherranefndin væntir þess nú að með tilstyrk nýju skrifstofunnar verði unnt að ná góðum árangri í Kaliningrad, en þar er mikil þörf fyrir uppbyggingu á ýmsum sviðum.

Samkomulag Norrænu ráðherranefndarinnar og rússneskra stjórnvalda var undirritað í Moskvu 22. desember sl. og við sama tækifæri var undirritað samkomulag um að styrkja í sessi skrifstofur ráðherranefndarinnar í Arkhangelsk, Petrozavodsk og Murmansk.

Skrifstofur Norrænu ráðherranefndarinnar í Pétursborg og Kaliningrad munu halda utanum þá starfsemi sem skilgreind er í Rússlandsáætluninni og koma á samböndum milli einstaklinga og stofnana.

European Humanities University – landflótta háskóli frá Minsk í Hvíta-Rússlandi.

Á vormánuðum barst Norrænu ráðherranefndinni erindi frá sendiráði Litháens í Kaupmannahöfn um að taka þátt í að styðja við bakið á landflótta háskóla frá Minsk í Hvíta-Rússlandi. Í erindinu kom fram að verkefnið yrði að miklu leyti kostað af ESB og var farið fram á að ráðherranefndin yrði fjárhagslegur milliliður milli háskólans og ESB auk þess að fjármagna framtakið að einhverju leyti. Samstarfsráðherrarnir samþykktu að ganga inn í þetta verkefni enda var það metið svo að með aðkomu sinni að því gæti ráðherranefndin gert sitt til þess að stuðla að lýðræðislegri og friðsamlegri samfélagsþróun í Hvíta-Rússlandi. Eftir að gengið hafði verið frá fjármögnun verkefnisins var samningur milli Norrænu ráðherranefndarinnar og ESB undirritaður um miðjan desember með gildistöku í upphafi árs 2006.

Háskólinn, sem nefnist European Humanities University (EHU), var stofnaður 1992. Markmiðið var að byggja upp opna og lýðræðislega menntastofnun, sem útskrifaði nemendur sem væru þess m.a. megnugir að eiga samskipti og samstarf við stofnanir og einstaklinga á Vesturlöndum. Eftir að Lukashenko komst til valda árið 1994 hefur háskólinn átt afar erfitt uppdráttar í heimalandi sínu. Sumarið 2004 var háskólinn sviptur starfsleyfi og gerður brottrækur úr húsnæði sínu. Frá haustinu 2004 hefur EHU starfað sem landflótta háskólastofnun með aðstöðu í Vilnius, en stjórnvöld í Litháen vinna að því að veita stofnuninni starfsleyfi. Háskólinn býður upp á fjarkennslu auk þess sem ýmis tengslanet eru starfandi á hans vegum víðsvegar um Hvíta-Rússland. Strax haustið 2005 bauðst hvítrússneskum stúdentum að sækja reglubundið nám við EHU en stjórnvöld í Litháen veittu skólanum húsaskjól í háskólabyggingum í Vilnius. Sú menntun sem stúdentar fá hjá EHU er ekki viðurkennd í Hvíta-Rússlandi og hefur menntamálaráðherra landsins ítrekað að sú ákvörðun að loka EHU-háskólanum í Minsk hafi verið rétt, en yfirvöld í Hvíta-Rússlandi hafi þó ekki í hyggju að hindra ferðir nemenda og kennara til og frá Vilnius.

Verkefni ráðherranefndarinnar og ESB, sem nefnist *EHU International,* var formlega hleypt af stokkunum í ársbyrjun 2006 og er það til þriggja ára. Stefnt er að því að EHU-háskólinn í Vilnius geti tekið við 350 hvítrússneskum stúdentum.

Samstarf við alþjóðleg samtök í Norður-Evrópu – Baltic Euroregional Network (BEN).

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi viðleitni hjá Norrænu ráðherranefndinni til að koma á nánara samstarfi við aðrar fjölþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir sem starfa í Norður-Evrópu, í því augnamiði að samræma verkefni og koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða. Eystrasaltssvæðið og aðrir hlutar þess svæðis sem falla undir hina Norðlægu vídd ESB er landfræðilegur vettvangur þessarar viðleitni, sem sýnir að ráðherranefndin tekur í síauknum mæli mið af málefnum Evrópu í allri sinni starfsemi. Þannig hefur Norræna ráðherranefndin mikilvægu hlutverki að gegna við að fylgja eftir áætlun ESB um Norðlægu víddina. Ráðherranefndin hefur enn fremur náið samráð við Barentsráðið og Norðurskautsráðið um ýmiss konar verkefnastarfsemi sem lýtur að sjálfbærri þróun og öðrum sameiginlegum hagsmunamálum. Að ósk þarlendra yfirvalda hefur Norræna ráðherranefndin einnig átt samráð við Pólland, en landfræðileg lega landsins við Eystrasaltið þýðir óhjákvæmilega að hagsmunir – bæði efnahagslegir og umhverfistengdir – fara saman við norræna hagsmuni.

Norræna ráðherranefndin er ásamt Eystrasaltsráðinu aðili að umfangsmiklu samstarfsverkefni þar sem alls 35 Evrópu-svæði (svokölluð *Euroregions*) á Eystrasaltssvæðinu mynda með sér tengslanet. Verkefninu, sem nefnist *Baltic Euroregional Network (BEN)*, var hleypt af stokkunum með ráðstefnu í Vilnius 26. september sl. Skrifstofa ráðherranefndarinnar í Vilnius er leiðandi aðili í verkefninu og er jafnframt, ásamt Eystrasaltsráðinu, sá aðili sem leggur hvað mesta fjármuni til þess, að ESB undanskildu. Markmiðið með BEN-verkefninu er að byggja upp öflugt svæðasamstarf á Eystrasaltssvæðinu þannig að aðilar verkefnisins verði betur í stakk búnir til þess að takast á við sameiginleg viðfangsefni og lausn svæðisbundinna vandamála. Ráðherranefndin og Eystrasaltsráðið eru einu fjölþjóðlegu samtökin utan ESB sem eiga beina aðild að verkefninu en það er jafnframt styrkt af styrkjakerfi ESB, INTERREG IIIA. Aðrir aðilar verkefnisins eru sveitarfélög og Evrópu-svæði í Hvíta- Rússlandi, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Rússlandi og Svíþjóð. Opnunarráðstefnan í Vilnius var mjög vel sótt og gætti þar bjartsýni um að verkefnið geti orðið sú lyftistöng fyrir Eystrasaltssvæðið sem að er stefnt.

Norðurskautsáætlun 2006–2008.

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á Norðurskautssvæðinu rann sitt skeið í lok ársins, en ráðherranefndartillaga um nýja áætlun fyrir tímabilið 2006–2008 var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok október. Fyrsta Norðurskautsáætlun ráðherranefndarinnar er frá 1996, eða sama árinu og Norðurskautsráðið var stofnað. Til að byrja með var áætlunin hluti af grannsvæðaáætlun ráðherranefndarinnar, en árið 2003 var skilið þar á milli og birtist Norðurskautsáætlunin þá sem sérstakur fjárlagaliður í norrænu fjárlögunum. Síðan þá hafa framlög til Norðurskautsmálefna meira en tvöfaldast. Norrænu fjárlögin fyrir 2006 gera ráð fyrir að rúmlega 7 millj. d.kr. fari í þennan málaflokk.

Norræna ráðherranefndin hefur frá upphafi átt náið samstarf við Norðurskautsráðið um framkvæmd áætlunarinnar. Þannig mynda fulltrúar Norðurlanda í Norðurskautsráðinu jafnframt ráðgjafarhóp ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins, auk þess sem mörg þeirra verkefna sem ráðist hefur verið í af hálfu Norðurskautsráðsins hafa notið fjárframlaga úr hinni norrænu Norðurskautsáætlun. Má þar m.a. nefna mikilvæg verkefni eins og rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum – „Arctic Climate Impact Assessment" (ACIA) – og rannsóknir á mannlífi á norðurslóðum – „Arctic Human Development Report" (AHDR) – en bæði þessi verkefni hafa vakið athygli á alþjóðavettvangi.

Norðurskautsáætlunin er fyrst og fremst tæki Norrænu ráðherranefndarinnar til þess að eiga samstarf um málefni Norðurskautsins við löndin í Norðurskautsráðinu, við ESB um mótun hins svokallaða „Norðurskauts-glugga" (Arktisk vindue) sem er hluti af Norðlægu víddinni, sem og við nágranna Vestur-Norðurlanda á Norðurskautssvæðinu. Þá styður áætlunin einnig við þann hluta Rússlandsáætlunarinnar sem tekur til samstarfs við Barentsráðið og svæðasamtök þess auk samræmdrar aðkomu Norðurlanda að Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2008 (International Polar Year 2007–2008 – IPY). Í Norðurskautsáætlun 2006–2008 verður einkum lögð áhersla á eftirfarandi samstarfsmálefni:

- Eftirfylgni við „Arctic Human Development Report".
- Bætt skilyrði fyrir norrænar Norðurskautsrannsóknir, einkum með Alþjóðlega heimskautaárið í huga.
- Eftirfylgni við „Arctic Climate Impact Assessment", auk aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu eiturefna og þungmálma á Norðurskautssvæðinu.

Heimssýningin í Japan – Expo 2005.

Eins og fram kom í fyrri skýrslu kynntu Norðurlönd sig sem eitt svæði á heimssýningunni í Aichi í Japan, en hún stóð yfir frá 25. mars til 25. september. Löndin voru því með sameiginlegan sýningarskála þar sem einkenni þjóðanna voru dregin fram og túlkuð með ýmsum hætti. Ráðherranefndin styrkti verkefnið með 5 millj. d.kr. á tímabilinu 2003–2005, en lagði auk þess til skrifstofuaðstöðu í húsakynnum sínum í Kaupmannahöfn fyrir framkvæmdastjóra og annað sameiginlegt starfslið. Hverju landi fyrir sig var úthlutað sérstökum degi á heimssýningunni, og var dagur Íslands 15. júlí. Sameiginlegur dagur Norðurlanda var 2. júlí og í tengslum við hann var í boði margháttuð dagskrá, svo sem tónlistaratriði, kvikmyndasýningar, upplestur o.fl. Einnig stóð Norræna ráðherranefndin fyrir fundaröð dagana 1. og 2. júlí í samvinnu við sendiráð Finnlands og Noregs í Tókýó. Á fundunum var annars vegar fjallað um nýsköpun, rannsóknir og sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og í Japan og hins vegar um fjölskyldustefnu Norðurlanda og Japans.

Þótt heimssýningunni sé nú lokið mun hin sameiginlega skrifstofa um verkefnið starfa áfram til 1. mars 2006 vegna uppgjörs.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Norræna ráðherranefndin átti gott samstarf við Norðurlandaráð á árinu. Fundir voru haldnir með fjárlagahóp ráðsins um fjárlagagerðina því miklu máli skiptir að fjárlögin endurspegli pólitískar áherslur hverju sinni og taki mið af tilmælum Norðurlandaráðs. Báðir aðilar hafa látið í ljósi ósk um að samráð um fjárlagagerðina verði markvissara en verið hefur, og mun verða tekið tillit til þess í þeirri endurskoðun á starfsháttum norrænu fjárlagavinnunnar sem nú stendur yfir. Norðurlandaráð kom saman í 57. sinn í Reykjavík 25.–27. október. Í lok þingsins voru ný og eldri tilmæli samanlagt 38 talsins, en undanfarin tvö ár hefur þeim fækkað frá því sem áður var. Fyrir þingið átti samstarfsráðherra gagnlegan fund með Íslandsdeild Norðurlandaráðs þar sem helstu áherslumál voru rædd og tækifæri gafst til að fara nánar ofan í einstök mál.

Formennskuáætlun Noregs 2006.

Um áramót 2005/2006 tóku Norðmenn við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og var formennskuáætlun þeirra lögð fram til kynningar á þingi Norðurlandaráðs. Á formennskuárinu vilja Norðmenn einkum beina kastljósinu að nýjum samstarfsmöguleikum í Norður- Evrópu. Þá munu þeir beita sér fyrir því að nýjar samstarfsáætlanir við Norðvestur-Rússland og um málefni Norðurskautssvæðisins fari vel og kröftuglega af stað.

Á formennskuárinu vilja Norðmenn að hugað verði sérstaklega að velferðarkerfum Norðurlanda en í tilefni af því að á árinu 2006 lýkur umfangsmiklu rannsóknarverkefni um norræna velferðarkerfið vilja þeir að hafist verði handa við að takast á við þær áskoranir sem að því geta steðjað í sífellt aukinni samkeppni í hnattvæddum heimi.

Á formennskuárinu ætla Norðmenn að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og varðar endurskipulag á norræna rannsókna- og nýsköpunarsamstarfinu. Jafnframt leggja þeir áherslu á að áfram verði unnið að tveimur verkefnum sem voru á forgangslista Danmerkur á formennskuári þeirra: nútímavæðing í norrænu samstarfi og áframhaldandi vinna gegn stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum.

Vinnan við að ryðja úr vegi landamærahindrunum hefur notið forgangs í norrænu samstarfi undanfarin fjögur ár. Það mun hins vegar koma í hlut Norðmanna að hrinda í framkvæmd þeim áformum um nútímavæðingu samstarfsins sem ákveðin voru af samstarfsráðherrunum síðla sumars og samþykkt á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík 2005. Nánar má lesa um formennskuáætlun Norðmanna á vefslóðinni http://odin.dep.no/europaportalen/norsk/norden2006.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Norrænt samstarf hefur eflst og dafnað þó að margt hafi breyst í utanríkismálum Norðurlanda í lok síðustu aldar, fyrst þegar opnaðist fyrir eðlileg samskipti við nágrannaþjóðir Austur-Evrópu og síðar þegar Finnland og Svíþjóð gengu í ESB þar sem Danmörk var fyrir. Norðurlandasamvinna er veigamikill þáttur í alþjóðasamstarfi allra landanna fimm. Samvinna þeirra er fyrirmynd í vaxandi grannríkjasamstarfi, til dæmis í Eystrasaltsráðinu og Barentsráðinu, þar sem Norðurlönd eru virkir þátttakendur og miðla af langri og góðri reynslu.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda tvo fundi á ári jafnan í því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni. Danir leiddu starfið á árinu. Utanríkisráðherrar Eistlands, Lettlands og Litháens sækja annan ráðherrafundinn. Einnig funda ráðuneytisstjórar og aðrir embættismenn utanríkisráðuneytisins reglulega með norrænum embættismönnum, ýmist með starfssystkinum frá Eystrasaltsríkjunum eða án. Markvisst er unnið

að því að auka skilvirkni þessa samstarfs, enda kallar breytt umhverfi á nýjar áherslur og nýjar aðferðir.

Fyrri fundur utanríkisráðherranna á árinu var haldinn í Kaupmannahöfn 10. mars sl. Náttúruhamfarirnar í Suðaustur-Asíu á jólunum 2004 settu mark sitt á dagskrána. Ræddar voru hugmyndir um að stilla saman strengi þegar válegir atburðir, sem snerta Norðurlandabúa í útlöndum, eiga sér stað. Óhætt er að segja að sú umræða hafi sett sterkan svip á samskipti utanríkisráðherranna á árinu. Á fundinum var einnig fjallað um alþjóðamál almennt, svo sem tengsl Evrópu og Bandaríkjanna og stöðu mála fyrir botni Miðjarðarhafsins.

Á seinni fundi utanríkisráðherranna, sem fram fór á Borgundarhólmi í lok ágúst, var þráðurinn tekinn upp að nýju og fjallað um samstarf og sameiginleg viðbrögð við náttúruhamförum, hryðjuverkum eða stórslysum. Fyrir fundinum lá yfirlýsing, sem byggðist á niðurstöðum af samráði embættismanna. Í yfirlýsingunni eru gefin fyrirheit um að grípa til margs konar ráða til að þétta það öryggisnet sem ræðisskrifstofur og sendiráð norrænu landanna mynda.

Ekkert norrænu landanna er með sendiskrifstofur í öllum löndum. En þar sem sendiráðin eru fleiri en eitt munu þau gera sameiginlegar aðgerðaáætlanir til að mæta stóráföllum. Þau munu skipta með sér verkum, einkum þar sem gera má ráð fyrir að margir Norðurlandabúar dvelji, til dæmis á fjölförnum ferðamannastöðum. Sameinast verður um skráningu, heimflutning, stöðumat og annað þess háttar. Þar sem aðeins er eitt norrænt sendiráð mun það sinna ríkisborgurum allra Norðurlanda. Vinnan í sendiráðunum er víða komin vel á veg.

Á Borgundarhólmi var einnig fundur utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda. Á honum var að venju farið yfir stöðu heimsmála. Davíð Oddsson, þáverandi utanríkisráðherra Íslands, hafði framsögu um umbætur í S.þ. Einnig var fjallað um þátt Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í samstarfi við ríki Austur-Evrópu og Mið-Asíu og mikilvægi þess fyrir framgang lýðræðis og baráttuna gegn hryðjuverkum.

Á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík var haldinn fundur utanríkisráðherra að venju. Á dagskrá voru mál, sem voru ofarlega á baugi í alþjóðastjórnmálum. Geir H. Haarde, utanríkisráðherra, hafði framsögu um þróun mála og framtíðarhorfur í Afganistan. Utanríkisráðherra Dana flutti sameiginlega skýrslu ráðherranna. Eins og við mátti búast voru afleiðingar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu og viðbrögð við þeim efst á blaði. Ráðherrann greindi frá innihaldi Borgundarhólmsyfirlýsingarinnar og kvaðst binda miklar vonir við þá vinnu sem utanríkisþjónusta landanna fimm hefðu lagt í að þétta öryggisnet norrænna borgara.

Á miðju ári birtust í dagblöðum á öllum Norðurlöndum grein sem innihélt sameiginleg skilaboð utanríkisráðherranna fimm til Íraksráðstefnunnar, sem þá fór fram í Brussel. Fjöldi þjóða tók þátt í ráðstefnunni auk ESB og S.þ. Utanríkisráðherrarnir brýndu þjóðir heims og alþjóðastofnanir til að nýta tækifærið, sem ráðstefnan fól í sér, til að sameinast um stuðning við þróun lýðræðis í Írak og efnahagslega endurreisn landsins. Þeir lýstu vilja ríkisstjórna sinna til að ganga á undan með góðu fordæmi og halda áfram stuðningi við írösku þjóðina.

Ísland hefur verið í forsvari fyrir kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í Alþjóðabankanum síðan árið 2003. Þetta verkefni hefur gefið utanríkisráðuneytinu ómetanlegt tækifæri til að efla þekkingu og skilning á málefnum þróunarlanda og fjölþjóðlegs þróunarstarfs.

5. Menningarmál

Á þessu ári hefur starf norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum (MR-K) einna helst einkennst af því að unnið hefur verið að endurskoðun og uppbyggingu norræns menningarsamstarfs með það að markmiði að einfalda núverandi kerfi sem hefur verið við lýði í nokkra áratugi. Allt frá stofnun ráðherranefndarinnar árið 1970 hafa verið settar á laggirnar

sérfræðinganefndir og stofnanir og málaflokkum hefur farið sífjölgandi. Þetta hefur leitt af sér að á vegum ráðherranefndarinnar um menningarmál voru starfandi tuttugu stofnanir og nefndir. Þessi skipan mála hefur orðið til þess að þessar stofnanir og nefndir, hver um sig, hefur fengið of takmarkaða fjármuni sem fara í vaxandi mæli í rekstur og hefur þannig komið niður á hinu eiginlega menningarsamstarfi. Óráðstafað fé sem menningarmálaráðherrarnir hafa haft úr að spila hefur sífellt minnkað í takt við aukna fasta starfsemi og því hafa möguleikar ráðherranna til að fylgja eftir pólitískum áherslum og nýjungum á sviði menningarmála verið mjög takmarkaðir. Með hinu nýja skipulagi er ætlun ráðherranna að losa um fé þannig að auka megi svigrúm til nýrra verkefna innan norræna menningarsamstarfsins.

Ráðherranefndin hefur unnið að endurskoðuninni í nokkur ár og til grundvallar breytingunum liggja skýrslur og álit sérfræðinga. Fyrri hluta ársins vann starfsnefnd embættismanna að því að undirbúa endanlegar tillögur til menningarmálaráðherranna um hvernig hægt væri að minnka stjórnunarkostnað, einfalda sjóðakerfið og auka möguleika ráðherranna á að taka þýðingarmiklar ákvarðanir um málefni á samstarfssviðinu. Tillögur nefndarinnar voru kynntar ítarlega á fundum með hagsmunaaðilum í öllum norrænu löndunum og á sjálfsstjórnarsvæðunum.

Á fundi menningarmálaráðherranna í júní tóku þeir ákvörðun um þau meginmarkmið sem stefna skyldi að. Markmiðið er að auka möguleika Norðurlandabúa á fjölbreyttri menningarflóru innan Norðurlanda, bæta möguleika norrænna listamanna á að taka þátt í norrænu menningarsamstarfi og auka gæði samstarfsins. Þessu markmiði verður best náð með því að vinna stefnumótunar- og verkefnaáætlanir ásamt ýmsum verkefnum, en ekki síst með breyttu skipulagi. Vinnunefnd embættismanna var falið að móta tillögur um framkvæmd þessara ákvarðana.

Á ráðherrafundi sem haldinn var í lok október í Reykjavík var ákveðið að leggja niður þrjár stjórnarnefndir frá ársbyrjun 2006 og losa þannig um fjármagn til að nýta í nýtt margmiðlunarverkefni sem á að hefjast 2006. Verkefninu er ætlað að styrkja þróun norrænna tölvuleikja fyrir börn og ungt fólk. Þá var ákveðið að veita fé til ferða- og dvalarstyrkja fyrir listamenn árið 2006.

Jafnframt var tekin ákvörðun um að hefja nýtt verkefni til stuðnings listum sem koma á í stað þeirra fag- og listanefnda sem nú starfa. Verkefnið á að þróa í nánu samráði við listamenn og aðra þá sem sinna listum og menningu á Norðurlöndum og verður það til umræðu á fyrsta norræna menningarþinginu sem haldið verður í febrúar 2006. Þingið er nýr samstarfsvettvangur sem verður til við breytingarnar. Tilgangur þinganna er að kalla til fleiri og nýja aðila sem ekki hafa áður komið formlega að norrænu menningarsamstarfi.

Nefndirnar sem lagðar voru niður um áramótin eru stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu, stjórnarnefnd um fjölmiðla og stjórnarnefnd um menningarsamskipti við lönd utan Norðurlanda. Um áramótin 2006/2007 verða síðan Norræna fjölmiðlamiðstöðin, Sviðslistamiðstöðin, Samtímalistastofnunin, Listamiðstöðin í Dalsåsen, bókmennta- og bókasafnsnefndin, safnanefndin og Norræna tónlistarmiðstöðin lagðar niður. Þessum nefndum hefur verið falið að gera grein fyrir þeim verkefnum sem þær telja að brýnt sé að haldi áfram í einhverri mynd í hinu nýja skipulagi. Skýrslur þeirra og greinargerðir verða kynntar og ræddar á fyrsta menningarþinginu.

Eftir breytingarnar standa eftir norrænu húsin í Reykjavík og Færeyjum, norrænu menningarstofnanirnar í Grænlandi, Álandseyjum og Finnlandi auk Norrænu gagnamiðstöðvarinnar um fjölmiðlarannsóknir (Nordicom). Þá verða áfram starfræktir norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn og norræni menningarsjóðurinn. Ætlunin er að starfsemi þeirra verði

efld og þessar stofnanir og sjóðir gegni ríkari hlutverki í samvinnu Norðurlanda á sviði menningarmála.

Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í hinu nýja skipulagi. Til þess að varpa ljósi á þýðingu hans fyrir íslenskt og norrænt menningarlíf þykir ástæða til í þetta sinn að kynna hann sérstaklega.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarsamvinnu Norðurlanda með því að veita styrki til verkefna á Norðurlöndum á sviði menningar, menntamála og rannsókna og til norrænna verkefna í öðrum löndum.

Stjórn sjóðsins skipa þrettán fulltrúar, tveir frá hverju norrænu ríkjanna fimm, annar tilnefndur af Norðurlandaráði og hinn af Norrænu ráðherranefndinni auk eins fulltrúa frá hverju sjálfsstjórnarsvæðanna þriggja: Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Ísland var á árinu með formennsku í sjóðsstjórn.

Á árinu var úthlutað alls 24 millj. d.kr. eða um 240 millj. ísl.kr. til verkefna en meðfylgjandi listi sýnir dreifingu verkefna milli landa. Í hlut Íslands komu um 13 millj. ísl.kr. sem dreifðust á 18 verkefni sem er um helmingur þeirra umsókna sem bárust frá Íslandi. Ísland tengist einnig mörgum umsóknum hinna landanna þótt Íslendingar séu þar ekki sjálfir umsækjendur.

Auk þess að veita styrki til umsækjenda menningarverkefna á sjóðsstjórnin sjálf frumkvæði að nokkrum stórum verkefnum. Ákveðið var fyrir tveimur árum að veita annað hvert ár verulega styrkupphæð til norrænnar safnasýningar og var fyrsta sýningin opnuð í Stokkhólmi í lok nóvember sl. Ber hún nafnið: „KONGÓSPOR – Kongó á Norðurlöndum – Norðurlöndin í Kongó." Yfir 40 þúsund munir og minjar frá Afríkuríkinu Kongó eru til á söfnum á Norðurlöndum og fjallar sýningin um afskipti norrænna manna í Kongó, frá trúboðum og ævintýramönnum til friðargæsluliða S.þ., og áhrif kongóskrar menningar á Norðurlönd.

Sjóðsstjórn hefur nú valið nýtt verkefni fyrir árin 2006-08. Verður sú sýning opnuð árið 2007 og ber heitið: „Bjartar nætur – dimmir dagar" („Nætter av lys – dage av mörke"). Hún fjallar um áhrif bjartra nótta og myrkra daga á menningarlíf þeirra þjóða og þjóðarbrota sem búa norðan heimskautsbaugs.

Sýningar þessar verða síðar í heild sinni eða að hluta til farandsýningar sem sendar verða á milli landanna.

Þá lauk í haust þriggja ára könnun og rannsóknarvinnu á vegum sjóðsins á skilningi ungs fólks á Norðurlöndum á skandinavísku málunum þremur: dönsku, sænsku og norsku, auk ensku. Um 1800 ungmenni á aldrinum 16–19 ára tóku þátt í þessari könnun en á Íslandi voru þátttakendur frá Akureyri og Reykjavík. Hefur könnunin nú verið gefin út á vegum sjóðsins undir heitinu: „Håller språket ihop Norden?" (TemaNord 2005:573). Í rannsókninni er staðfest að skilningur ungs fólks á tungumálum nágrannaþjóðanna fer minnkandi miðað við foreldrakynslóðina, sem einnig tók þátt í könnuninni. Íslensk ungmenni koma allvel út úr könnuninni miðað við jafnaldra sína annars staðar á Norðurlöndum.

Íslenskar umsóknir sem hlutu styrk úr Norræna menningarsjóðnum á árinu:

- Tónleikaferð Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar um Danmörku, Svíþjóð og Finnland.
- Læknisfræðisögurannsóknir. Ráðstefna og fyrirlestrar í Reykjavík um norræna læknisfræðisögu.

- „Norræn tunga og menning“. Ráðstefna og fyrirlestrar á vegum Stofnunar Sigurðar Nordal.
- Námskeið í íslensku fyrir Norðurlandabúa á vegum Norræna félagsins.
- „Sigurjónssafn“. Sýning og rannsóknir á vegum safns Sigurjóns Ólafssonar um áhrif danskra myndlistarmanna á íslenska myndlistarmenn. Sýningin verður bæði í Sigurjónssafni og á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn.
- Norræn skólabókasafnaráðstefna. Haldin á Bifröst með norrænum þátttakendum og áherslu á að miðla norrænum menningararfi og bókmenntum til barna og unglinga.
- „Gula gullið“. Rannsóknir og fyrirlestrar um verslun með íslenskan brennistein á 14. öld, haldin á Gásum í Eyjafirði með þátttöku norrænna safna- og vísindamanna.
- Kvikmyndaleikur og kvikmyndagerð ungs fólks. Vinnubúðir norrænna listaskólanema og ungra leikara haldnar á Ísafirði, þar sem unnar voru stuttmyndir.
- „Hamarinn“. Vinnubúðir í Hafnarfirði fyrir unglinga á Norðurlöndum á vegum Myndlistaskólans í Reykjavík.
- Víkingahátíð. Fjölskylduhátíð haldin í Dalabyggð með norrænni þátttöku og kennd við Leif Eiríksson. Áhersla á fræðslu til barna og unglinga.
- „Gróður fortíðar – gróði framtíðar“. Ráðstefna norrænna aðila haldin á Egilsstöðum á vegum Menningarráðs Austurlands um landsbyggðarmenningu.
- „7 A View“. Myndlistarsýning sjö norrænna listamanna, þar á meðal tveggja íslenskra. Sýnd í þremur norrænu landanna.
- „Menntunarmál í norrænum fangelsum“. Norræn ráðstefna á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins um menntun fanga.
- „Norðurlönd – markaðstorg tækifæranna“. Hátíð á vegum Norræna félagsins og ýmissa norrænna samtaka um möguleika á námi, störfum, ferðum og samstarfi milli norrænna landa.
- Heimspekirannsóknir. Ráðstefna í Reykjavík á vegum norræna heimspekirannsóknarfélagsins.
- Sumarháskóli á Hrafnseyri. Norrænn sumarháskóli á vegum Háskólaseturs Vestfjarða um miðlun þjóðlegrar menningar á Norðurlöndum. Haldinn á setri Jóns Sigurðssonar.
- Menningarhátíð og ráðstefna norrænna heyrnleysingjasamtaka. Haldin á Akureyri með áherslu á menningarmál.
- „Mr. Skallagrímsson“. Leiksýning á vegum Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi sem á að veita innsýn í norrænan menningararf í íslenskum fornsögum. Sýningin fer einnig í leikferð til Svíþjóðar og Danmerkur.

Land	Fjöldi umsókna	Fjöldi veittra styrkja
Danmörk	204	54
Finnland	116	43
Færeyjar	13	7
Grænland	5	3
Ísland	38	18
Noregur	153	55
Svíþjóð	246	77
Álandseyjar	6	2
Eistland	20	6
Lettland	12	4
Litháen	5	2

Land	Fjöldi umsókna	Fjöldi veittra styrkja
Rússland	21	8
Önnur lönd	28	6
Bandaríkin	2	0
Samtals	**869**	**285**

Norræna æskulýðsnefndin (NUK).

Hlutverk Norrænu æskulýðsnefndarinnar er að fylgja eftir barna- og æskulýðsmálum á öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar. Nefndin er þverfagleg og heyrir undir norrænu samstarfsráðherrana en er þjónað af skrifstofu menningarmála. Skipan nefndarinnar á sér ekki hliðstæðu í öðrum nefndum á vegum ráðherranefndarinnar. Auk fulltrúa stjórnvalda sitja í nefndinni fulltrúar frá samtökum barna og ungmenna og fulltrúar frá sjálfsstjórnarsvæðunum en Samar eiga þar seturétt.

Á árinu var unnið að því að undirbúa gerð framkvæmda- og starfsáætlunar fyrir norræna æskulýðspólitík sem tók gildi í ársbyrjun 2006. Markmiðið er að auka þátttöku barna og ungmenna í norrænu samstarfi innan allra starfssviða norrænu ráðherranefndarinnar. Um 60% af fjármunum nefndarinnar fara í sjóð sem veitir styrki til verkefna og rekstrar norræns samstarfs á þessu sviði samkvæmt umsóknum. Annað fé nefndarinnar fer í samstarfsverkefni sem nefndin sjálf á frumkvæði að og falla undir framkvæmdaáætlunina, s.s. samstarf við Evrópu og grannsvæði Norðurlanda. Frá árinu 2004 hefur danska fyrirtækið Cirius annast umsýslu vegna styrkveitinganna.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík í október sl. var lifandi bókasafn kynnt á norrænum dögum í verslunarmiðstöðinni Smáralind og vakti talsverða athygli. Verkefninu er ætlað að vinna gegn fordómum af öllu tagi. Lifandi bókasafn starfar eins og venjulegt bókasafn, lesendur koma og fá „lánaðar bækur" í takmarkaðan tíma, en það óvenjulega er að „bækurnar" eru fólk. Þær eru fulltrúar hópa sem oft mæta fordómum og eru fórnarlömb misréttis og félagslegrar útilokunar. Í tilefni af þessu átaki vann Norræna æskulýðsnefndin handbók um lifandi bókasafn sem gefin var út á öllum norrænu tungumálunum.

Annað sem Norræna æskulýðsnefndin vann að á árinu var m.a. verkefnið „Ein Norðurlönd" sem miðar að því að auka þátttöku ungs fólks af erlendum uppruna í norrænu samstarfi. Þá var endurnýjaður samningur um æskulýðsrannsóknir. Ráðstefna sem fyrirhuguð var á árinu fyrir ungt fólk á jaðarsvæðum verður haldin í Noregi í janúar 2006. A.m.k. tíu fulltrúar Íslands munu sækja ráðstefnuna.

Nánari upplýsingar um starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál er að finna á heimasíðu ráðherranefndarinnar www.norden.org.

6. Menntun og rannsóknir

Samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafanefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Þyngst í skauti nefndarinnar hafa verið deilur Dana og Svía um staðsetningu Norrænu stofnunarinnar í fræðilegri eðlisfræði (NORDITA) sem ekki sá fyrir endann á við lok árs 2005.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HØGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Samstarf um skólamál.

Verksvið nefndarinnar NSS nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Tilgangurinn með starfi nefndarinnar er að stuðla að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og því tekur nefndin til umfjöllunar þau mál sem efst eru á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt er í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem málið varðar.

Á formennskuári Dana var hugtakið alþjóðavæðing sett á oddinn bæði í tengslum við niðurstöður fjölþjóðlegu PISA-rannsóknarinnar sem fram fór 2003, Lissabon-ferlið og gæði almennt í skólastarfi. Settur var á laggirnar norrænn hópur rannsakenda sem skoðar sérstaklega og ber saman niðurstöður norrænu landanna í PISA-rannsókninni. Ákveðið hefur verið að halda norræna ráðstefnu árið 2006 þegar niðurstöður hópsins liggja fyrir.

Norrænn vinnuhópur um læsi sem var skipaður 2004 skilaði skýrslu og í framhaldi af því var haldið fjölmennt málþing í Danmörku í febrúar sl. Þar komu saman helstu sérfræðingar Norðurlanda í læsi, lestrarkennslu og kennaramenntun ásamt stefnumótandi aðilum.

NSS veitti fjármagn til norræns málþings um gæði í skólastarfi sem haldið var í Noregi í mars. Málþingið var framhald af áhersluatriðum á formennskuári Íslendinga 2004.

Samstarf Norðurlanda við Norðvestur-Rússland bar mikið á góma á árinu.

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem efst eru á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar. Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norræna vídd á alþjóðavettvangi.

Stjórnarnefndin fól Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að vera íslenskur tengiliður í norrænu neti um fullorðinsfræðslu (NVL) í fjögur ár frá ársbyrjun 2005. Norræna netinu er ætlað að vera fullorðinsfræðsluaðilum til stuðnings, fanga nýjar hugmyndir og eiga frumkvæði að nýjum verkefnum sem eru til þess fallin að vinna að á norrænum vettvangi. Þá á netið að afla og miðla upplýsingum um norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu.

Í ársbyrjun 2004 hófu göngu sína fimm nýjar áætlanir á vegum fræðslusviðs Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal Nordplus Junior sem styrkir verkefni á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu og stuðlar að hreyfanleika og myndun samstarfsneta milli Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði. Norræna ráðherranefndin styrkir þessar áætlanir. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar og aðstoð vegna þátttöku í norrænum samstarfsáætlunum í menntamálum.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HØGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk nefndarinnar er að

stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HØGUT í formennskuáætlun Dana voru: Norðurlönd og áhrif hnattvæðingarinnar á gæði háskólamenntunar og rannsókna á Norðurlöndum.

Sett var á fót nefnd um norræna mastersgráðu þar sem fjallað er um samstarf háskóla í öllum norrænu löndunum um sameiginlega prófgráðu (joint degree). Nefndin mun koma með tillögur um sértæk verkefni á þessu sviði 2006.

Nordplus.

Á árinu var lögð fram tillaga um úttekt á Nordplus-áætluninni. Áætlunin er mikilvægasta verkfæri HØGUT til að auka og efla samstarf háskóla á Norðurlöndum. Á árinu bárust um 324 umsóknir um styrki í Nordplus. Um 66% umsókna voru vegna mannaskipta og 34% vegna samstarfsneta og verkefna um sameiginlegt námsframboð háskóla.

Vinna við að samræma reglur lánasjóða á Norðurlöndum hélt áfram. Vinnuhópur skilaði sinni þriðju skýrslu á árinu með tillögum um frekari úrbætur og samræmi milli lánasjóða á Norðurlöndum til að auðvelda hreyfanleika nemenda í háskólanámi innan Norðurlanda.

Á grundvelli niðurstöðu fundar milli menntamálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í mars 2004 var settur á fót verkefnahópur sem hefur skilað tillögum um aukið samstarf milli Norðurlanda og Eistlands, Lettlands og Litháens á sviðum mennta og rannsókna. Gert er ráð fyrir að Eystrasaltsríkin þrjú taki beinan þátt í Nordplus-áætluninni.

Þemaráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar undir formennsku Dana 2005 bar heitið: „Norden í verden – verden í Norden" með undirheitinu „Globaliseringens utfordringer til höyere uddannelse". Ráðstefnan var haldinn í Óðinsvéum á Fjóni í nóvember sl.

Málráð Norðurlanda.

Hlutverk málráðs Norðurlanda er að vera stýrihópur fyrir norrænt tungumálasamstarf. Ráðinu er m.a. ætlað að efla norrænan málskilning og málakunnáttu, styrkja tungumálasamstarfið og þekkingu á norrænum málum og styrkja stöðu norrænna mála innan Norðurlanda sem utan.

Á fundum málráðsins á árinu var m.a. rætt um nýja norræna málstefnu, úttekt á Nordplus sprog og samstarfsnefnd sem fer með mál lektora er annast kennslu í Norðurlandamálum erlendis og samvinnu við norrænu málnefndirnar.

Einnig var á dagskrá norræn málstefna og samvinna við Eistland, Lettland og Litháen á sviði tungumála og um kennslu í norrænum málum erlendis.

Fjallað var um norræna málstefnu, hugmynd um útgáfu á úrvali af sígildum norrænum textum, úttekt á Nordplus sprog og norræna tungumálasamninginn. Þá var rætt um þátttöku Eistlands, Lettlands og Litháens í Nordplus sprog-áætluninni.

Enn fremur var rætt um úthlutun fjár úr Nordplus sprog. Norðmenn kynntu áhersluatriði sín, farið var yfir stöðu þeirra mála sem einkum voru í brennidepli á árinu, rætt var um 8. gr. Helsingforssamningsins og ýmis önnur mál kynnt.

Auk þess voru haldnir fundir með HØGUT og NSS.

Vísinda- og tæknistefna.

Á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi árið 2004 var megináherslan lögð á endurskipulagningu norræna stofnanakerfisins á sviði vísinda- og tæknimála. Ákveðið var að sameina starfsemi Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA) og Norræna vísinda-

stefnuráðsins (FPR) í nýrri stofnun sem fékk nafnið NordForsk og tók hún til starfa í ársbyrjun 2005.

Til að undirstrika tengsl þessarar nýju stofnunar við hagsmunaaðila heima fyrir var ákveðið að stjórn stofnunarinnar væri skipuð alls níu manns; fimm fulltrúum rannsóknarráðanna í norrænu ríkjunum fimm, tveimur fulltrúum norrænna háskóla tilnefndum af NUS (samstarfi háskóla á Norðurlöndum) og einum fulltrúa atvinnulífs tilnefndum af ráðherranefnd iðnaðar- og atvinnumála. Var það gert m.a. til að auka tengslin milli stuðnings við rannsóknir og stuðnings við nýsköpun og til að tryggja tengslin við stefnumörkun rannsóknaráðanna í hverju landi svo og stuðla að aukinni samvinnu norrænu háskólanna um vísindalega framhaldsmenntun. Auk þessara aðila eiga sjálfsstjórnarsvæðin þrjá áheyrnarfulltrúa og Eistland, Lettland og Litháen einn sameiginlegan áheyrnarfulltrúa.

Nokkuð dróst að ráða framkvæmdastjóra að stofnuninni, sem hefur sett sitt mark á starfsemina, sérstaklega á vísindasviðinu þar sem stefnumótun vantaði. Hefur því dregið nokkuð úr verkefnasamstarfi í bili. Hins vegar hefur starfsemin á sviði rannsóknamenntunar sem NorFA annaðist gengið nokkurn veginn eftir áætlun samkvæmt óbreyttri stefnu.

Mikilvægur þáttur í aukinni samvirkni milli stefnumótunar á sviði vísinda annars vegar og nýsköpunar hins vegar var undirritun samstarfsyfirlýsingar milli ráðherranefndar mennta- og vísindamála og ráðherranefndar iðnaðar- og atvinnumála. Yfirlýsingin felur m.a. í sér vilja til að NordForsk og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) eigi með sér nána samvinnu. Verða skrifstofur þessara stofnana í sameiginlegu húsnæði og framkvæmdastjórar þeirra eiga gagnkvæman rétt til setu á stjórnarfundum hvor hjá öðrum.

7. Upplýsingatækni

Eins og fram kemur í formála var í október ákveðið að leggja niður ráðherranefndina um upplýsingatækni (MR-IT) og færa ábyrgð á samræmingu upplýsingatækniverkefna til ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir. Verkefni sem eru í vinnslu sem og ábyrgð á ákveðnum verkefnasviðum dreifist væntanlega á fleiri ráðherranefndir.

Ekki var haldinn ráðherrafundur á árinu þar sem ekki náðist næg þátttaka til þess. Haldin var námstefna um persónuvernd og öryggismál og unnið að ýmsum verkefnum.

Á árinu voru gefnar út þrjár skýrslur sem að hluta eða öllu leyti voru styrktar af ráðherranefndinni um upplýsingatækni: *Indicators for the Information Society in the Baltic Region 2005, Nordic Information Society Statistics 2005 og IT-privacy – en forudsætning eller en forhindring for borgeren i Norden?*

Námstefna undir yfirskriftinni „IT-privacy og IT-sikkerhed".

Í desember sl. var haldin námstefna í Kaupmannahöfn þar sem fjallað var um persónuvernd og öryggismál sem tengjast síaukinni notkun upplýsingatækninnar á öllum sviðum hinna norrænu samfélaga. Til umræðu var m.a. sú staða að Norðurlönd eru í hópi þeirra landa sem hvað mest og best nýta sér tæknina í daglegu lífi borgaranna og í atvinnulífinu. Því er afar mikilvægt að tekið sé á þeim þáttum sem ógnað geta áframhaldandi nýtingu tækninnar til að auka hagræðingu, styrkja lýðræðið og auka lífsgæði almennt. Kynnt var ný, yfirgripsmikil skýrsla sem unnin var fyrir ráðherranefndina og ber heitið: „IT-privacy – en forudsætning eller en forhindring for borgeren i Norden."

MR-IT lögð niður – hvað tekur við?

Embættismannanefndin um upplýsingatækni (EK-IT) lýsti í bréfi til framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar um áramótin 2005–2006 þeirri skoðun sinni að auk þess starfs

sem fram muni fara innan vébanda MR-U sé æskilegt að komið verði upp óformlegu samstarfi milli þeirra aðila á Norðurlöndum sem vinna að stefnumótun og framkvæmd stefnu landanna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Samstarfið hefði það markmið að miðla reynslu og hugmyndum.

Ekki liggur fyrir hvað verður um þau verkefni sem MR-IT hefur rekið. En þau verkefni sem ekki er lokið í árslok eru eftirfarandi:

1. Framkvæmd stefnu- og aðgerðaráætlunar sem MR-IT hefur mótað fyrir árin 2005–2007. Í henni eru sex áhersluatriði: Öryggismál, tölfræði upplýsingasamfélagsins, samskipti milli kerfa, að tæknin nái til allra, rafrænt lýðræði og framleiðsla á norrænu efni.
2. Opnir staðlar og opinn hugbúnaður.
3. Höfundaréttindi og framleiðsla rafræns efnis á Norðurlöndum.
4. Einkaleyfi á hugbúnaði.
5. Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Skoða þarf sérstaklega hvernig halda eigi áfram með þau verkefni sem nú þegar er unnið að með Eystrasaltsríkjunum.

8. Orkumál

Inngangur.

Markmiðið með norrænu samstarfi á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlöndin.

Í samstarfinu hefur verið lögð áhersla á að orkan sé einn helsti grunnþáttur við eflingu atvinnulífs og hagsældar þjóðanna. Öryggi í flutningi og dreifingu orku hefur því verið ofarlega á baugi og einnig hefur verið lögð áhersla á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, vegna þeirra miklu loftslagsáhrifa sem orkuframleiðsla með brennsluefnum hefur.

Samstarf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála (MR-ENERGI) á árinu hefur verið í samræmi við rammaáætlun fyrir árin 2002–2005. Á fundi sínum á Grænlandi í ágúst sl. ráðherrarnir nýja aðgerðaráætlun fyrir samstarfið á árunum 2006–2009.

Rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála.

Í rammaáætlun orkuráðherranna fyrir árin 2002–2005 var lögð áhersla á þrjú meginsvið:

- Opnun raforkumarkaðarins á milli norrænu landanna fjögurra sem eru samtengd, þ.e. Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. grannsvæðin Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.

Vaxandi áhersla hefur og verið lögð á önnur svið og þar má helst nefna notkun endurnýjanlegra orkulinda og bætta orkunýtni og vandamál er tengjast orkunotkun strjálbýlustu svæða Norðurlanda sem eru einangruð og styðjast eingöngu við brennslueldsneyti.

Þá er í áætluninni fjallað um hlutverk Norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar (Nordisk energiforskningsprogram – NEFP), við að styðja við rannsóknir á kjarnasviðum áætlunarinnar.

Tilraunasvæði um losunarheimildir.

Árið 2003 undirrituðu orkuráðherrar Norðurlanda samkomulag um að gera Eystrasalt að tilraunasvæði fyrir Kyoto-bókunina. Ástæða þess er sú að norrænu ríkin hafa lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin við að draga úr losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum,

sem er mjög mikil, en geta þeirra til að takast á við þetta vandamál er takmörkuð. Aðilar að þessu samstarfi eru nú, auk norrænu ríkjanna og Þýskalands, Eistland, Lettland, Litháen og Pólland.

Árið 2004 var komið á fót sérstökum sjóði til að fjármagna fyrstu verkefni í þessu skyni. Lögðu ríkin fram samtals 10 millj. evra er skiptast í sömu hlutföllum og í norrænu fjárlögunum, og á árinu 2004 gerðist Þýskaland aðili að sjóðnum með 5 millj. evra framlagi. Áformað er að efla verulega sjóðinn á næstunni og verið er að kanna áhuga einkaaðila á aðild að fjármögnun verkefna. Unnið hefur verið að undirbúningi nokkurra verkefna í Eystrasaltsríkjunum á árinu og verulegur áhugi stjórnvalda í vesturhluta Rússlands og Ukraínu er fyrir því að koma inn í þetta samstarf.

Þátttaka Íslands í þessu verkefni mun verða til þess að opna leið fyrir íslensk orku- og ráðgjafarfyrirtæki í verkefnum um sameiginlegar framkvæmdir, einkum á sviði jarðhita. Eystrasaltsríkin og mörg önnur AusturEvrópulönd búa yfir miklum möguleikum á nýtingu jarðhita sem henta vel fyrir verkefni af þessu tagi.

Miðað er við að verkefnið standi til ársins 2008 en þá hefst fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin (NEFP) er að mestu fjármögnuð beint af orkuráðuneytum landanna og skiptist á milli þeirra í samræmi við skiptingu norrænu fjárlaganna. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar hafa beinst að fimm höfuðverkefnum, þ.e. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Þá hefur skrifstofa orkurannsóknaráætlunarinnar annast verkefnisstjórnun fyrir einstök verkefni sem unnin hafa verið á vegum embættismannanefndarinnar.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum norrænu embættismannanefndarinnar um orkumál (EKENERGI) og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir reglulega fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru áður haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi en síðustu árin hafa fulltrúar Eystrasaltsríkjanna einnig setið þá. Þessir fundir geta verið mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka þátt í öllum málaflokkum, sem heyra undir orkusviðið innan ESB.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Helsti samstarfsvettvangur Norðurlandaþjóðanna og grannríkjanna við Eystrasalt í orkumálum fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC). Á árinu tók Ísland við formennsku í Eystrasaltsráðinu og einnig í BASREC-samstarfinu. Framfarir og endurbætur á sviði orkumála eru mjög mikilvægur þáttur í framþróun Eystrasaltssvæðisins. BASREC hefur skipulagt einstök samstarfs- og stuðningsverkefni sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja og opinberra stofnana í þessum löndum og hafa nokkrir þeirra verið í þjálfun hér á landi á þessu ári.

Orkuráðherrar í BASREC-samstarfinu hittast þriðja hvert ár. Í október sl. var haldinn ráðherrafundur í Reykjavík þar sem aðalumræðuefnið var framtíð orkusamstarfs þjóðanna í ljósi breyttra aðstæðna. Þar flutti Andris Piebalgs, yfirmaður orkumála ESB erindi um þýðingu þessa samstarfs og taldi eðlilegt að því yrði fram haldið. Á fundinum var samþykkt ný þriggja ára vinnuáætlun um áframhaldandi samvinnu BASREC-aðildarríkjanna.

Samstarf á vestnorræna svæðinu.

Á síðustu þremur árum hefur innan embættismannanefndarinnar um orkumál verið lögð aukin áhersla á frekara samstarfi milli vestnorrænu landanna, Grænlands, Íslands og Færeyja. Sérstaða þeirra, og þá einkum Grænlands og Færeyja, í orkumálum er mikil samanborið við önnur norræn lönd. Helsta vandamál landanna er að orkuframleiðsla er nánast öll byggð á olíunotkun og raforkudreifing er víðast erfið sökum strjálbýlis. Á árinu 2004 var lögð sérstök áhersla að skoða vanda landanna í orkuöflun og var það eitt af helstu áherslumálum Íslands á formennskuárinu. Á árinu var lokið við og kynnt niðurstaða úttektar á vandamálum einstakra einangraðra byggðarlaga við orkuöflun og á hvern hátt væri unnt að draga úr hinni miklu olíunotkun við að mæta orkuþörf þeirra.

Opinn norrænn raforkumarkaður.

Á síðasta áratug hefur skipan raforkumála á Vesturlöndum tekið miklum breytingum sem m.a. hafa falist í því að komið hefur verið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Á árinu urðu miklar umræður á Norðurlöndum um raforkuverð og flutning raforku m.a. vegna rafmagnsleysis á síðari hluta árs 2004 á þéttbýlustu svæðum landanna. Unnið var að úttekt á flutningskerfum landanna, gerðar tillögur til endurbóta og nauðsynlegum úrbótum hrundið í framkvæmd. Þá var áfram unnið að athugun á því hvernig raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum geti í auknum mæli tengst markaði Eystrasaltsríkjanna og Austur-Evrópu.

Ný rammaáætlun um samstarf í orkumálum.

Eins og fyrr er getið samþykktu norrænu orkuráðherrarnir nýja samstarfsáætlun á fundi sínum í ágúst sl. Þar kemur fram að þrjú meginsvið samstarfsins skyldu vera:

- Orkumarkaður Norðurlanda og nágrannaríkja. Hér er fyrst og fremst átt við þróun raforkumarkaðarins og uppbyggingu raforkukerfis landanna.
- Sjálfbær orkukerfi. Með sjálfbærum orkukerfum er átt við aukna notkun endurnýjanlegra orkulinda, aukna orkunýtni og þá einkum í því skyni að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda við orkuframleiðslu.
- Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi. Lögð er áhersla á að Norðurlönd verði í fararbroddi í alþjóðlegu samstarfi á orkusviði. Lögð er áhersla á samvinnu bæði innan Evrópusamstarfsins og Eystrasaltssamstarfsins og á samstarf við Rússland á sviði orkumála.

Rammaáætlunin, Handlingsplan for det nordiske energisamarbejde 2006–2009, var rædd og samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í október sl. og hlaut þar jákvæðar viðtökur.

Niðurlag.

Miklar breytingar hafa orðið í orkumálum nágrannaþjóða okkar á undangengnum áratug. Þó svo að Ísland sé ekki tengt raforkukerfi annarra þjóða er uppbygging kerfis landsins með svipuðum hætti og í öðrum nágrannaríkjum. Á síðustu 2–3 árum hafa gagngerar breytingar verið gerðar á skipulagi orkumála hér á landi, sem enn standa yfir. Gagnlegt hefur verið fyrir Ísland að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í þessum löndum og læra af reynslu ná-

grannaþjóðanna. Þá hafa Íslendingar í vaxandi mæli tekið þátt í og notið góðs af norrænu orkurannsóknaráætluninni og má þar nefna stjórnun á rannsóknarverkefni um áhrif loftslagsbreytinga á norræna orkuframleiðslu í framtíðinni.

9. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-M) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Framkvæmdaáætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir árin 2005–2008 og var hún unnin undir formennsku Íslands á árinu 2004.

Fjögur meginefni eru í forgrunni í áætluninni. Þau eru:

- maðurinn og heilsan,
- hafið,
- verndun náttúrunnar og
- sjálfbær framleiðsla og neysla.

Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geti haft á heilsu manna og út frá áhrifum sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á komandi fjórum árum milli norrænu landanna, við ESB og aðrar alþjóðlegar stofnanir, grannsvæðin og Norðurskautsvæðið.

Í maí sl. var haldin alþjóðleg ráðstefna í boði umhverfisráðuneytisins og var hún ein þeirra ráðstefna sem haldnar voru í tilefni af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004. Ráðstefnan nefndist „National Parks, Outdoor life and Health“ og var hún haldin í Hótel Freysnesi í Skaftafelli en hana sóttu rúmlega hundrað manns. Þátttakendur voru frá öllum norrænu ríkjunum auk Færeyja og Grænlands en einnig komu aðilar frá Litháen, Lettlandi, Skotlandi og Kanada. Helstu niðurstöður ráðstefnunnar voru að betra væri að vernda stórar einingar en hafa sveigjanleika varðandi mismunandi verndunarstig innan svæðisins og að mikilvægt væri að fá almenning sem búi á eða nálægt friðuðum svæðum og aðra hagsmunaaðila til samstarfs. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi friðaðra svæða fyrir heilsu almennings. Voru nefndarmenn sammála um að skoða þyrfti betur þau jákvæðu áhrif sem græn svæði, bæði svæði í nágrenni við heimili fólks og friðuð svæði, hefðu á heilsu almennings.

Tillögur ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH) voru ræddar ítrekað af norrænu umhverfisráðherrunum enda hefur af hálfu ráðherranna mikil áhersla verið lögð á að hafa áhrif á mótun þeirra tillagna. Formennskulandið Danmörk boðaði til ráðstefnu þar sem þeim aðilum innan stjórnkerfa norrænu landanna, sem munu vinna við að innleiða væntanlega nýja tilskipun, var boðið til skrafs og ráðagerða. Áhersla var lögð á að skoða hvernig norrænt samstarf gæti nýst þessum aðilum til að undirbúa sig undir hið nýja regluverk og er ljóst að slík samvinna er mjög mikilvæg fyrir íslenska hags-muni, bæði hvað varðar umhverfi og atvinnulíf. Umhverfisráðherrar lögðu einnig áherslu á að norrænt innlegg komi inn í tillögur ESB um heildstæða stefnumótun um málefni hafsins. Ísland hefur lagt áherslu á að slík stefnumótun muni ekki eiga við íslensk hafsvæði en hefur lýst yfir fullum stuðningi við að hafa jákvæð áhrif á stefnumótun ESB á þessu mikilvæga sviði. Staða samningaviðræðna vegna alþjóðlegrar áætlunar um efni (SAICM) var rædd enda Norðurlönd í forystuhlutverki á þessum vettvangi. Samþykkt var tillaga Íslands um að halda sérstaka kynningu á norrænu samstarfi á vegum efnavörunefndarinnar á næsta fundi SAICM sem haldinn verður í Dubai í febrúarmánuði 2006. Áhersla verður lögð á að kynna þá gagnagrunna sem efnavörunefndin hefur komið upp um hættuleg efni. Þessir gagnagrunnar eru opnir öllum á netinu en þörf er

á að dreifa vitneskju um slíka gagnagrunna til annarra þjóða þar á meðal þróunarlanda þar sem skortir á þekkingu um eiginleika hættulegra efna og t.d. áhrif þeirra á heilsu fólks. Íslenskur verkefnisstjóri stjórnar þessu verkefni.

Umhverfisráðherra Íslands hélt starfsfélögum sínum upplýstum um þann leka sem átti sér stað í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á árinu og var ákveðið að Ísland héldi áfram að fylgjast með framvindu mála. Einnig ákváðu ráðherrarnir að taka málið til frekari skoðunar ef tilefni gæfust til og ræða hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir til að sporna við geislavirkri mengun frá Sellafield.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir norrænu ráðherranefndina um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 23.2.).

Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda.

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við önnur samstarfssvið í norrænu samstarfi, í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Innan ramma norrænnar áætlunar um aðgerðir í umhverfismálum 2005–2008 styrkir nefndin verkefni sem stuðla að uppbyggingu þekkingar fyrir norrænt framlag í alþjóðlegum stofnunum og samningum um mengun hafs og lofts. Meðal alþjóðlegra samninga eru CLRTAP, OSPAR og HELCOM, AMAP og Stokkhólmssamningurinn en helstu verkefni í tengslum við ESB varða loftgæði og tilskipanir um útblástur, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður á vegum vinnunefndarinnar að sautján verkefnum á árinu 2006, þar af eru ellefu framhaldsverkefni. Meðal þessara verkefna eru fimm verkefni sem varða rykmengun, átta verkefni um næringarefnaofauðgun í hafinu og líkanagerð, og tvö verkefni varðandi þrávirk lífræn mengunarefni. Á árinu gerir hópurinn ráð fyrir að gefa út upplýsingabækling um lofmengun, ryk og heilsu. Bæklingurinn byggir á niðurstöðum verkefna hópsins á þessu sviði á undanförnum árum og verður ætlaður almenningi.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur, sem fjallar einkum um eiturefni og hættuleg efni, starfar á grundvelli norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar og með hliðsjón af áætluninni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd".

Markmið starfsins er að efnanotkun við framleiðslu, meðhöndlun og förgun hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Framtíðarmarkmiðið er að árið 2020 muni verða hætt losun slíkra efna út í umhverfið frá iðnaði og að efnavara sem inniheldur efni sem valdið geta vandamálum fyrir heilsufar og umhverfi verði ekki lengur í umferð. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Efnavörunefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega, en megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum í tengslum við ESB og EES. Verkefnin eru af ýmsu tagi og snúa m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu, og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Þar sem ný efnalöggjöf

(REACH) er væntanleg innan skamms í Evrópu hefur í auknum mæli verið unnið að verkefnum sem miða að því að hafa áhrif á gerð löggjafarinnar og undirbúa framkvæmd hennar.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur og geisladiskar og er efnið í flestum tilvikum aðgengilegt á netinu. Sem dæmi um verkefni má nefna gagnabanka með upplýsingum um hvaða hættuleg efni er að finna í efnavörum á Norðurlöndum og notkunarsvið þeirra (SPIN) og gagnabanka um hættuflokkun og merkingar slíkra efna (N-Class). Þessir gagnabankar gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir stjórnvöld og sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og í alþjóðlegu samstarfi.

Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Verkefni nefndarinnar eru á sviði líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. erfðaauðlinda, landslags, menningarminja og útivistar. Árið 2005 er upphafsár nýrrar umhverfisáætlunar fyrir tímabilið 2005–2008 og hefur starfsárið mótast af því. Nefndin mun leggja áherslu á að fækka verkefnum en hafa þau í staðinn viðameiri. Lögð verður áhersla á verkefni sem tengjast því að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni og á verkefni um samspil náttúruverndar, útivistar og heilsu almennings, sérstaklega barna.

Af verkefnum sem eru að ljúka á árinu má nefna eitt stærsta verkefni nefndarinnar, um áhrif botnvörpuveiða á lífríki og menningarminjar í hafinu. Hafrannsóknastofnunin hefur stýrt því verkefni, sem er hluti af framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurheimskautssvæðinu, Íslandi, Svalbarða og Grænlandi. Önnur verkefni sem Ísland hefur tekið þátt í og heyra undir framkvæmdaáætlunina eru m.a. „Forskning uten spor", „Kulturmiljøer i Arktis" og „Vernekriterier for geologiske elementer og kulturminner i Arktis". Einnig er væntanleg skýrsla um landverði og leiðsögumenn á norðurslóðum með fylgiriti um fræðslu og náttúruleiðsögn. Af öðrum verkefnum má nefna „Conservation of Nordic Nature in Changing Climate" og ráðstefnu um heimsminjaskrá á Norðurlöndum.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfisvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir hópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningnum. Nefndin hefur m.a. unnið að umhverfisstjórnun, skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni og umhverfismálum í litlum samfélögum. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fáanlegu tækni á Evrópuvettvangi. Nefndin er m.a. aðili að heimasíðu um úrgangsmál á Norðurlöndum (www.nordic-waste.info) og tengist heimasíðu um líftímagreiningu (www.norlca.org). Á árinu var hin nýja umhverfisáætlun og stefna um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum í brennidepli í starfi nefndarinnar og miðaðist verkefnaval við að setja af stað verkefni sem tengjast þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjá málaflokka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn. Það er mat nefndarinnar að mikilvæg verkefni séu óunnin innan þessara málaflokka. Verkefni sem vinnunefndin mun

beita sér fyrir innan þessara flokka er m.a. stöðumat – úttekt á ástandi, þróun aðferða við vöktun, umhverfisvísar og þekkingarmiðlun.

Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.

Á vegum umhverfis- og orkumálaráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Undanfarin ár hafa störf nefndarinnar að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings S.þ., þá einkum þann þátt sem snýr að því að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði með viðskipti á losunarkvótum og sameiginlega framkvæmd.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál (EK-M) (sjá nánar um vinnuhópinn í kafla 18).

Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.

Nefndin er samstarfsvettvangur sjávarútvegs- (NEF) og umhverfisgeirans. Nefndin hefur m.a. fjallað um væntanlega stefnumótun ESB um málefni hafsins (European Marine Strategy).

Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á efirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur aðila sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmiðið með starfi nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu. Á árinu var unnið eftir nýrri umhverfisáætlun og að koma áherslu þaðan inn í starf nefndarinnar. Mikið var unnið að málum er varða vistvæn innkaup og var unnið að forverkefni til að búa til ramma um sameiginlegar viðmiðanir fyrir innkaup opinberra aðila. Lokið var við verkefni um markaðssetningu á norræna umhverfismerkinu (svaninum) með áherslu á upplýsingaátaki á Íslandi og námstefnu sem haldin var í Reykjavík í október sl. Þá var efnt til tveggja ráðstefna í Svíþjóð undir yfirskriftinni „Industriell Symbios Norden“ (iðnaðarvistfræði). Á fyrri ráðstefnunni var fjallað um niðurstöður rannsókna á sviði iðnaðarvistfræði. Síðari ráðstefnan fjallaði um samstarf atvinnulífs og opinberra aðila um sjálfbæra byggðaþróun. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefndina um vörur og úrgang.

10. Byggðamál

Eins og fram kemur í inngangskafla skýrslunnar var ákveðið að að ráðherranefndin um byggðamál (MR-REG) hættir sem sjálfstæð ráðherranefnd við áramót 2005/2006. Frá ársbyrjun 2006 heyra því byggðamál ásamt atvinnumálum og orkumálum undir eina ráðherranefnd (MR-NER).

Samkvæmt samþykkt samstarfsráðherranna mun þó norræna embættismannanefndin um byggðamál (NERP) starfa áfram sem sjálfstæð embættismannanefnd. Þegar þetta er skrifað er ekki fullkomlega ljóst hvert endanlegt fyrirkomulag verður varðandi samstarf embættismannanefndanna þriggja, um atvinnumál, byggðamál og orkumál. Mun það væntanlega skýrast á árinu 2006.

Norræna ráðherranefndin um byggðamál hafði yfirumsjón með norrænu samstarfi á sviði byggðamála en framkvæmdin var í höndum embættismannanefndar um byggðamál, sem er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Starfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir árin 2005–2008 og samþykkt var í formennskutíð Íslands árið 2004, svo og formennskuáætlun Dana.

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum tekur að sjálfsögðu breytingum með breyttri heimsmynd og sú staðreynd að þrjú norrænu landanna eru aðilar að ESB hefur vissulega áhrif á starfið í embættismannanefndinni. Einnig og ef til vill ekki síður hefur það mikil áhrif á starfið að áhugi sumra norrænna landa á þróun mála í Eystrasaltsríkjunum og aðliggjandi löndum fer stöðugt vaxandi. Í starfinu er þó leitast við af fremsta megni að halda jafnvægi á milli Eystrasaltssvæðisins og Norður-Atlantshafssvæðisins.

Starfsemi.

Eins og áður segir fóru Danir með formennsku á árinu. Aðalatriðin í formennskuáætlun þeirra hvað byggðamálum viðvíkur voru:

- svæðasamstarf,
- Vestur-Norðurlönd og
- hlutverk Norðurlanda í ESB.

Embættismannanefndin hélt fimm reglulega fundi á árinu. Haldinn var einn fundur ráðherra byggðamála og var það jafnframt síðasti fundur ráðherranna þar eð ný ráðherranefnd tekur yfir sem yfirstjórn málaflokksins eins og áður greinir. Þá voru haldnir allmargir fundir starfsnefnda vegna væntanlegra nýrra reglna um Interreg-áætlanir ESB og endurskoðunar á reglum ESB um ríkisstyrki. Sett var á fót ný starfsnefnd til að vinna með vísindamönnum sem eru að rannsaka þýðingu bæja og borga fyrir svæðaþróun.

Eftirgreindir þættir voru fyrirferðarmestir í starfsemi embættismannanefndarinnar um byggðamál á árinu:

1. *Svæðasamstarf yfir landamæri.* Svæðisbundið samstarf fer fram á átta svæðum á Norðurlöndum sem eru afar ólík á allan hátt. Landstærð er mjög misjöfn, íbúafjöldi einnig og viðfangsefni hafa orðið til með misjöfnum hætti. Þannig varð Norræna Atlantsnefndin (NORA) til fyrir tilhlutan Norrænu ráðherranefndarinnar en annað svæðasamstarf er sprottið upp á svæðunum sjálfum. Þá er afar misjafnt hversu mikið af því fé sem fer til svæðasamstarfsins kemur frá embættismannanefndinni. Engu að síður hefur verið talin þörf á að móta sameiginlega stefnu í svæðasamstarfinu og útbúa mælikvarða sem hægt verði að meta árangur starfsins eftir. Á árinu fór mikil vinna í að móta stefnu í svæðasamstarfinu. Var fjallað um málið á öllum fundum ársins og var stefnan samþykkt á ráðherrafundinum þann 18. nóvember sl.

Í þeirri stefnu eru sett fram markmið svæðasamstarfsins sem eru að nýta möguleika og draga úr vandamálum sem skapast af því að svæðin eru á landamærum. Áhersla er á notagildi svæðasamstarfsins og að efla vaxtarstefnu Norðurlanda.

Skilgreind eru sérstök markmið sem unnið skal að á árunum 2006–2008. Lögð er áhersla á samstarf við sem flesta málaflokka norræns samstarfs svo samlegðaráhrif nýtist. Setja á viðmið til að hægt sé að meta árangur starfsins á hinum einstöku svæðum í samræmi við samstarfsáætlun NERP og samstarfssvæðanna. Þá á að gera fjármögnun sveigjanlegri en nú, þannig að hægt verði að breyta fjárframlögum til einstakra svæða og jafnvel taka inn ný svæði eða fella önnur út. Sérstakt tillit verður tekið til sérstöðu NORA.

2. *Rannsóknaráætlun NERP.* Í framhaldi af samstarfsáætlun um byggðamál 2005–2008 var unnin rannsóknaráætlun NERP fyrir sama tímabil. Meginviðfangsefni þessarar rannsóknaráætlunar er alþjóðavæðing stefnumótunar í svæðaþróun – þarfir og kröfur á Norðurlöndum. Megináherslan er lögð á Norðurlönd og stækkun ESB og rannsóknir á þremur þáttum: a) stjórnháttum svæða, b) nýsköpun og vexti á svæðum og c) lýðfræði og flutningi vinnuafls. Sjálfbær þróun er ætíð höfð að leiðarljósi.
3. *ESPON.* Starfsmaður Norrænu ráðherranefndarinnar hjá ESPON (European Spatial Planning Observation Network) gerði fulltrúum í NERP grein fyrir starfsemi stofnunarinnar tvisvar á árinu. Öll norrænu löndin nema Ísland eru aðilar að ESPON sem er stofnun á vegum ESB með aðsetur í Luxemburg og hefur það hlutverk að fylgjast með því hvað er að gerast á sviði svæðaþróunar í Evrópu og stunda rannsóknir á því sviði. Iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun eru með það til skoðunar að leita eftir aðild Íslands að stofnuninni frá og með árinu 2007 en þá hefst nýtt starfstímabil.
4. *Vestur-Norðurlönd.* Danir hafa í formennskutíð sinni árið 2005 lagt áherslu á að beina sjónum til vesturs. Hefur það bæði komið fram í áherslu á að styrkja NORA og eins með því að hrinda af stað rannsóknarverkefni sem er tengt Vestur-Norðurlöndum.

   Í formennskutíð Íslendinga árið 2004 var samþykkt tillaga um að efla starf NORA. Sú vinna hófst með ráðstefnu um framtíðarhlutverk NORA sem haldin var í Reykjavík í janúar sl. Þar var m.a. fjallað um hugsanlega útvíkkun á starfssvæði NORA. Fulltrúar landanna sem aðild eiga að NORA hafa síðan rætt óformlega beina fjármögnun á hluta starfseminnar. Líkur eru á að samkomulag náist um skiptingu slíkrar fjármögnunar á milli landanna sem taki gildi í ársbyrjun 2007.

   Þá var ýtt úr vör rannsóknarverkefni um efnahagsleg tengsl vestnorrænu landanna innbyrðis og við hin norrænu löndin og þýðingu þessara tengsla fyrir þróun atvinnulífs á Vestur-Norðurlöndum. Rannsóknin er á lokastigum.

   Loks er svo þess að geta að í formennskuáætlun Norðmanna fyrir árið 2006 er lögð mikil áhersla á Vestur-Norðurlönd.
5. *Starfsnefndir.* Nokkrar tímabundnar starfsnefndir voru að störfum á árinu. Fyrst er að geta nefndar um framtíð INTERREG-áætlana ESB. Núverandi áætlanatímabili lýkur um áramót 2006/2007. Þær hugmyndir sem uppi eru og snerta okkur Íslendinga mest snúast um að sameina í eina INTERREGáætlun Norðurslóðaáætlunina („Northern Periphery"), sem Ísland er aðili að, og Eystrasaltsáætlunina sem nær til svæðisins umhverfis Eystrasaltið. Öll norrænu löndin eru andvíg þessari hugmynd og hafa komið þeim sjónarmiðum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel. Hefur nefndin um framtíð INTERREG fylgst gaumgæfilega með þróun mála og hafa fulltrúar þeirra landa sem aðild eiga að ESB upplýst fulltrúa þeirra landa sem utan standa, jafnframt því sem afstaða til tillagna ESB hefur verið samræmd eftir því sem kostur er.

Nefnd sem fylgjast á með endurskoðun á ríkisstyrkjum hjá ESB hefur sömuleiðis haldið starfi sínu áfram en nú stendur yfir endurskoðun á reglum sambandsins um slíka styrki. Hefur nefndin gert athugasemdir og komið ábendingum á framfæri við ráðherraráðið í Brussel, til dæmis varðandi skilgreiningu á hvað teljist til heimskautasvæða, en hugmyndir voru uppi um að einungis þau svæði sem eru norðan heimskautsbaugs teljist til heimskautasvæða. Hefur að því best er vitað verið horfið frá slíkum skilgreiningum innan ESB.

Snemma á árinu lauk rannsókn á þýðingu borga og bæja fyrir svæðaþróun út frá evrópsku og norrænu sjónarhorni en það er rannsóknarverkefni á vegum NERP. Ákveðið var að setja á fót nefnd embættismanna til að halda verkefninu áfram og skapa samvirkni vísindamanna og embættismanna um borgarstefnu og yfirfæra rannsóknir þannig að þær nýtist við stefnumótun. Er sérlega áhugavert fyrir Íslendinga að taka þátt í þessu verkefni ekki síst þar sem hér hefur ekki verið mótað neitt sem flokkast getur sem borgarstefna.

6. *Nordregio, ransóknarverkefni og ráðstefnur.* Stærsti hluti ráðstöfunarfjár NERP rennur til starfs Nordregio en um starfsemi þeirrar stofnunar er fjallað sérstaklega. Einnig styrkti NERP á árinu ýmis rannsóknarverkefni og ráðstefnur eftir því sem tilefni var til.

Nordregio.

Skipulag og fjármál. Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra norrænu samstarfi á sviðinu. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins 2004 störfuðu 25 manns hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjunum hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá hefur einnig átt sér stað innan stjórnar umræða um auknar áherslur á Vestur-Norðurlönd.

Heildarvelta Nordregio á árinu 2004 var alls 32,6 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu ríkjunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi, auk fulltrúa starfsfólks. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu ríkjanna og tveir frá hverju sjálfsstjórnarsvæðanna.

Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur. Auk umfangsmikilla rannsókna á sínu sérsviði stundar stofnunin fræðslustarf í formi námskeiða og skóla og rekur m.a. skólann „Nordregio Academy", sem hélt 33 námskeið og ráðstefnur árið 2004 með alls 795 þátttakendum.

Útgáfustarfsemi. Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio" sem kemur út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se).

Í rafræna fréttabréfinu „Bifrös" sem er dreift reglulega gefst áskrifendum kostur á að fylgjast vel með starfsemi Nordregio.

„European Journal of Spatial Development" er einnig vefrit sem dreift er ókeypis og má sækja það á vefsíðu Nordregio. Markmiðið er að halda úti tímariti sem er vísindalegt framlag til umræðu um skipulagsmál og svæðaþróun. Á árinu 2004 voru birtar fimm fræðigreinar í ritinu.

Rannsóknir. Á árinu 2004 gaf Nordregio út 8 stórar rannsóknaskýrslur og 4 vinnuskýrslur. Vísindamenn stofnunarinnar hafa gefið út eða átt hlutdeild í alls 11 bókum á árinu, auk 40 fræðigreina og bókarkafla.

Á árinu 2005 kom út á vegum stofnunarinnar ein bók með íslenskri þátttöku „Film och regional utveckling i Norden".

Stefnumótun til framtíðar. Stefnumótun og starfsáætlun Nordregio fyrir árin 2004–2006 má sjá í heild sinni á vefsíðu stofnunarinnar. Þar kemur m.a. fram að stofnunin sjái sig sem samnorræna og alþjóðlega viðbót við þá rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði byggða- og skipulagsmála sem fyrir er í hverju norrænu landanna. Þá er lögð sérstök áhersla á áframhaldandi hlutverk stofnunarinnar við að byggja upp og viðhalda netum og tengslum innan fagsviðsins svo og sem vettvangs þar sem fræðimenn og starfsmenn úr stjórnsýslu geta náð saman. Faglega er lögð áhersla á að skoða verði allar hliðar sjálfbærrar byggðaþróunar í samhengi; þ.e. efnahagsþróun, jafnvægi í byggðum og þróun náttúrulegs umhverfis og menningarumhverfis.

Norræna Atlantsnefndin (NORA) og Nordic-Scottish Co-operation Liasion Group.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og telst vera hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum en Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Ísland á fulltrúa í stjórn nefnarinnar og ráðgjafanefndum er starfinu tengjast. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða í löndunum með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna m.a. með áherslu á auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni og eflingu fámennra byggðarlaga. Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi við aðra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins með áherslu á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir. Einnig er miðluð reynsla og þekking í byggða- og atvinnumálum milli landanna og stuðlað að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs hvert af reynslu annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Verkefni innan NORA hafa skilað góðum árangri, ekki síst hvað varðar þekkingarmiðlun, rannsóknir, samstarf og markaðssókn hinna ýmsu aðila sem tekið hafa þátt. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta kostnaðar við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði og skilyrði er að um samstarfsverkefni á milli landanna er að ræða. Á árinu bárust NORA 37 umsóknir og ákveðið var að styrkja 20 ný verkefni og framhaldsverkefni um alls 3,77 millj. d.kr. Íslendingar eru þátttakendur í 16 þeirra en þau voru á sviðum auðlinda sjávar, ferðaþjónustu, upplýsingatækni, samgangna og orkumála. Á heimsíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is er að finna yfirlit yfir ný og eldri NORA-verkefni.

Stærstur hluti tekna NORA á árinu kemur frá Norrænu ráðherranefndinni eða 4,36 millj. d.kr. Þar að auki koma 200 þús. d.kr. frá Landsstjórninni í Færeyjum, vaxtatekjur áætlast vera 80 þús. d.kr. og ónýtt fjármagn að fjárhæð 1,3 millj. d.kr. færðist frá fyrra ári.

Norræna Atlantsnefndin tekur jafnframt þátt í Norðurslóðaáætlun ESB (Northern Periphery Programme – NPP) en það er ein af þrettán samstarfsáætlunum Interreg III B um svæðasamstarf. Nefndin kemur fram fyrir hönd Grænlands, Færeyja og Íslands gagnvart aðalskrifstofu NPP og skilar sameiginlegu verkefnamati. Aðild landa utan ESB að verkefninu má líta á sem hluta af alþjóðlegri þróun og alþjóðavæðingu á sviði byggðamála, sem um leið opnar fyrir ný tækifæri aðila innan þessara svæða til að vinna að sínum hagsmunum á nýjan og fjölbreyttari hátt en áður.

Á fundum Norræna Atlantsnefndarinnar hefur verið fjallað um mikilvægi þess að útvíkka starf nefndarinnar með auknum tengslum og verkefnasamstarfi til landa við Norður-Atlants-

haf. Starfsemi fyrirtækja og stofnana auk hvers konar menningarstarfs er í vaxandi mæli að tengjast nágrannasvæðum, svo sem í Skotlandi, á Hjaltlandseyjum, Orkneyjum og austurströnd Kanada. Haldin var sérstök ráðstefna á Íslandi á árinu þar sem fjallað var sérstaklega um þetta atriði og voru þátttakendur frá NORA-löndunum auk fyrrnefndra nærliggjandi landa. Niðurstaða þeirrar ráðstefnu var að mikilvægt væri að efla samstarfið eins og kostur er, vegna aukinnar alþjóðavæðingar, hagsmuna atvinnulífs og einstaklinga sem og af menningarlegum ástæðum.

Þegar er starfandi nefnd norrænna og skoskra aðila á sviði byggðamála sem ber heitið *Nordic-Scottish Co-operation Liaison Group,* en hún fjallar um mögulegt samstarf, upplýsingamiðlun og verkefni sem nýtast kann þessum aðilum. Fundir nefndarinnar hafa verið haldnir í tengslum við fundi NPP en einnig hafa verið haldnar stærri ráðstefnur og fundir. Starf innan nefndarinnar hefur einnig snúið að því að auka möguleika þessara landa innan annarra og tengdra alþjóðlegra verkefna sem tengjast svæðinu á einn eða annan hátt. Á árinu var gefin út skýrsla um samstarfið en hún ber heitið „Regional Policy, Territorial Cooperation and the Future of Nordic-Scottish Cooperation" (sjá nánar slóðina www.eprc.strath.ac.uk/ nordic).

11. Samgöngumál.

Samstarf embættismanna um samgöngumál hefur farið fram í norrænu embættismannanefndinni um samgöngumál (NET), en í henni sitja ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna. Samgönguráðherrar Norðurlanda (MR-T) héldu einn formlegan fund á árinu. Í tengslum við þann fund var haldinn sérstakur fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna um samstarf á sviði samgöngumála. Auk þess áttu ráðherrarnir með sér þrjá óformlega fundi sem lið í undirbúningi fyrir fundi ráðherraráðs ESB.

Á formennskuári Dana í Norrænu ráðherranefndinni hélt embættismannanefndin þrjá fundi.

Eftirtalin mál voru helst til umræðu:

a. Undirbúningur og skipulag ráðherrafundar.
b. Störf vinnuhópa.
c. EES- og ESB-mál.
d. Áhersluatriði formennskulandsins.
e. Eystrasaltssamstarfið.
f. Breytingar á norrænu samstarfi um samgöngumál.

Á fundi samgönguráðherranna í Vejle í Danmörku 29. ágúst sl. voru eftirgreind mál á dagskrá:

a. *Framtíð norræns samstarfs á sviði samgöngumála.*
Tillaga samstarfsráðherra var kynnt, en samkvæmt henni mun hinu formlega norrænu samstarfi landanna á sviði samgöngumála ljúka frá og með árinu 2006, en óformlegt samstarf taka við. Það er á valdi viðkomandi ríkisstjórna að ákveða hvernig því verði hagað. Með þessum breytingum falla niður norrænar fjárveitingar til þessa málaflokks. Þó verður hægt að sækja um fjármagn til ýmissa verkefna á árinu 2006 af samþykktum fjárveitingum til samgöngumála á því ári. Umsóknum skal skilað til samstarfsráðherranna.

Ráðherrarnir ræddu þessar fyrirhuguðu breytingar og lýstu því yfir að þeir væru fylgjandi áframhaldandi samstarfi sem yrði á óformlegum nótum. Tillaga Dana þess efnis að halda framvegis óformlegan sumarfund ráðherranna, svo og að ráðherrarnir

hittust áfram fyrir samgönguráðherrafundi ESB, var samþykkt. Embættismannefndinni var falið að gera tillögur um fyrirkomulag þessa óformlega samstarfs.

b. Umferðaröryggismál.

Samgönguráðherra Dana hóf umræðuna og staðhæfði að öll löndin stefndu að því að draga úr dauðsföllum í umferðinni. Þetta væri einn mikilvægasti málaflokkurinn í norrænu samstarfi, sá málaflokkur sem löndin gætu einna helst miðlað upplýsingum um og lært hvert af öðru.

Kynntar voru niðurstöður frá ráðstefnunni „Future road safety requires intelligent vehicles and roads“ sem haldin var í Kaupmannahöfn í júlí sl. Staðhæft var að ökumaðurinn væri oftast orsakavaldur slysa í umferðinni og ný tækni gæti hjálpað til að draga úr hættunni á slysum.

Í kynningunni kom eftirfarandi fram:

- Rannsóknir í Noregi sýna m.a. að hægt væri að fækka banaslysum í umferðinni um allt að 53%, ef menn tileinkuðu sér samtímis alla þekkta tækni.
- Sænsk rannsókn um gagnvirka hraðaaðlögun, sem 5000 ökutæki tóku þátt í og notendur tóku vel, gefur til kynna bætt öryggi. Þessi tækni aðvaraði ökumann þegar ekið var yfir hámarkshraða.
- Dönsk tilraun sem stór verktaki í vegagerð gerði sýnir fram á að við venjulegar aðstæður fjölgi slysum við vegagerð. Markmið könnunarinnar var að haga aðstæðum þannig að svo yrði ekki raunin. Það tókst með því að nota breytileg vegaskilti, sjálfvirka umferðarvita og bæta upplýsingagjöf um vegagerðina.
- Notkun svarta kassans, sem um árabil hefur verið notaður í loftförum, hefur jákvæð áhrif á ökumenn.
- Tilraun um sjálfvirka hringingu, þ.e. bíllinn hringir sjálfvirkt í neyðaraðstoð þegar óhapp verður.
- Rannsókn sem sýnir að nýir bílar eru verulega öruggari en eldri bílar. Í rannsókninni kom fram að bílar í dag eru um 90% öruggari en bílar frá árinu 1984.
- Öryggisbúnaður sem kallast rafrænn jafnvægisstillir getur komið í veg fyrir 17% allra slysa.

Eftir þessa kynningu gerðu löndin grein fyrir þeim aðgerðum í umferðaröryggismálum sem gripið hefur verið til á síðustu árum.

Í ár hefur banaslysum í umferðinni fækkað um 30% í *Noregi* og er fjöldi banaslysa því svipaður og hann var á sjötta áratug síðustu aldar. Gerð var könnun um notkun bílbelta og hversu oft ökumenn sofna undir stýri. Gert var átak í því að fækka svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu.

Í *Svíþjóð* var fyrir tveimur árum samþykkt umferðaröryggisáætlun til 12 ára þar sem áætlað er að verja 4,9 milljörðum s.kr. til aðgerða í umferðaröryggismálum. Á síðasta ári létust 480 manns í umferðarslysum í Svíþjóð og hafa ekki færri látist í umferðinni frá árinu 1948. Af öðrum aðgerðum voru nefndar breytilegar hraðatakmarkanir, ný tækni eins og áfengislásar sem ákveðið var að setja í alla bíla frá árinu 2012, fjölgun myndavéla vegna eftirlits með ökuhraða og síðast en ekki síst aðgerðir til að stuðla að aukinni ábyrgð ökumanna í umferðinni.

Á *Álandseyjum* verða trúlega innan tíðar sett í lög ákvæði um skyldu til að setja áfengislása í nýskráða bíla.

Í *Finnlandi* hefur umferðaröryggi almennt farið batnandi á síðustu árum. Ný umferðaröryggisáætlun hefur verið samþykkt fyrir árin 2006–2010. Hún hefur m.a. að

geyma aðgerðir til þess að draga úr ölvunarakstri og slysum sem ungir ökumenn valda.

Af hálfu *Íslands* var greint frá því að á Alþingi var samþykkt umferðaröryggisáætlun sem hluti samræmdrar samgönguáætlunar fyrir árin 2005–2008. Helstu aðgerðir sem settar eru fram í áætluninni er stóraukið hraðaeftirlit bæði með hefðbundnum aðferðum og með því að nota sjálfvirkar myndavélar svo og aukinn áróður og fræðsla fyrir ýmsa hópa eins og grunnskólabörn, atvinnubílstjóra (fyrirtæki með stóran bílaflota) og erlenda ferðamenn. Einnig má nefna bætt vegakerfi með því að eyða svartblettum, byggingu 2+1 vegakafla og uppsetningu vegriða á milli akreina.

Í *Danmörku* hefur dauðsföllum í umferðinni fækkað verulega og er tala látinna svipuð og hún var á árinu 1950. Danir hafa tekið upp gata-kort/punktakerfi, sem í reynd þýðir að þeir ökumenn sem brjóta endurtekið af sér í umferðinni missa að lokum ökuréttindi. Sem dæmi um brot sem hafa áhrif má nefna akstur umfram hámarkshraða (meira en 30%) og akstur yfir á rauðu ljósi. Eyðing svartbletta í vegakerfinu var einnig nefnd og bættur speglabúnaður á vöruflutningabifreiðum til þess að draga úr slysum á hægri beygju.

Ráðherrarnir voru sammála um þörfina fyrir áframhaldandi norrænt samstarf í þessum málaflokki og hétu að stuðla að því.

c. *Umræða um samkeppni, einkafjármögnun og útboð rekstrarverkefna í samgöngum.*

Norðmenn sögðu reynsluna af samkeppni í samgöngum jákvæða og hafi hún aukið afkastagetu samgöngufyrirtækjanna. Mjög mikilvægt væri að aðskilja stjórnsýsluna frá hinum rekstrarlega þætti stofnana. Samt sem áður muni hið opinbera í framtíðinni sem hingað til væntanlega þurfa að fjármagna nauðsynlega óarðbæra opinbera þjónustu. Nauðsynlegt væri að hafa stjórn á samkeppnis- og útboðsverkefnum til að sem mestur ávinningur náist. Í þessu sambandi voru nefnd verkefni á sviði vegagerðar og járnbrautarsamgangna, flugmála og fjarskipta sem einkavædd hafa verið eða boðin út með góðum árangri.

Í *Svíþjóð* hefur flugstarfsemin í landinu verið frjáls allt frá árinu 1992. Þessi ráðstöfun hefur samt ekki stuðlað að lægri fargjöldum. En gert hefur verið átak í að styrkja óarðbært flug innanlands. Lággjaldaflugfélög hafa skotið rótum í millilandaflugi en óskandi væri að innanlandsmarkaðurinn njóti þeirra í framtíðinni. Vöruflutningar með járnbrautum eru nú frjálsir en engin áform eru uppi um að einkavæða farþegaflutninga með járnbrautum. Rekstrar- og viðhaldsverkefni vegagerðarinnar hafa verið einkavædd eða boðin út og hefur það leitt til 25% lækkunar á viðhaldskostnaði vega.

Á *Álandseyjum* eru fá fyrirtæki á samgöngumarkaðinum. Hjá vegagerðinni er búið að aðskilja rekstur og stjórnsýslu. Skerjagarðssamgöngur taka til sín bróðurpartinn af framlögum ríkissjóðs til samgöngumála.

Í *Finnlandi* hefur þróunin orðið sú að stórframkvæmdir í vegagerð og lagning járnbrauta hafa í vaxandi mæli verið boðnar út. Stefnt er að því að bjóða út rekstur og viðhald vega í ríkara mæli en verið hefur. Vegna stærðar finnsku vegagerðarinnar er erfitt að fá verktaka á hinum almenna markaði til þess að bjóða í þessi verk á móti henni. Rekstur og viðhald járnbrautanna í Norður-Finnlandi var boðið út fyrr á þessu ári og urðu vegagerðin og nokkur fyrirtæki á hinum almenna markaði hlutskörpust. Er þetta í fyrsta skipti sem þessi verk eru unnin af öðrum en finnsku járnbrautunum.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, gerði grein fyrir því hvernig málum væri háttað á *Íslandi*. Útboð hafa haft umtalsverð jákvæð áhrif á fjárhag og framkvæmdagetu íslenskra samgöngustofnana. Innan þeirra hafa nær allar framkvæmdir farið í útboð

síðustu ár, hvort sem um sé að ræða framkvæmdir í flugmálum, hafnamálum eða vegamálum. Útboðin hafa leitt af sér betri nýtingu fjármuna sem aftur hefur orðið til þess að stofnanir hafa getað ráðist í frekari framkvæmdir. Mestur hefur ávinningur af útboðsstefnunni verið hjá Vegagerðinni vegna stærðar verkefna en minni þar sem um er að ræða sérhæfð verkefni sem einvörðungu fáir aðilar hafa haft getu til að bjóða í.

Í *Danmörku* er góð reynsla af útboðum í samgöngugeiranum. Töluverður sparnaður hefur náðst í rekstri járnbrautanna, þar sem útboð hafa í vaxandi mæli verið notuð á síðustu árum. Á næsta ári er stefnt að því að bjóða út rekstur járnbrautanna á Eyrarsundssvæðinu í samstarfi við Svía. Bifreiðaskoðunin hefur verið einkavædd og ríkisstofnunin verið seld. Þessi ráðstöfun hefur þegar leitt til lægra verðs fyrir þjónustuna.

d. Fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna.

Farið var yfir dagskrá fundar með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna sem boðað var til daginn eftir. Finnar upplýstu um samstarf við Rússland á sviði viðskipta og samgangna og um verkefni sem unnin eru innan ESB undir merkjum Norðlægrar víddar.

e. EES- og ESB-mál.

Ráðherrarnir greindu frá EES- og ESB-málum sem efst eru á baugi en þau eru m.a.:

- tilskipun um þjónustu í höfnum,
- varðveisla gagna hjá fjarskiptafyrirtækjum,
- loftferðasamningar við þriðja ríki,
- járnbrautarsamgöngur, þriðji pakki,
- Eurovignet-tilskipunin, sem fjallar m.a. um vegtolla.

Sameiginlegur fundur samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Í tengslum við sumarfund norrænu samgönguráðherranna var haldinn sameiginlegur fundur þeirra og samgönguráðherra Eystrasaltsríkjanna. Þetta var þriðji fundur þessara aðila. Eftirtalin mál voru rædd:

- Formennska Finnlands í ESB síðari hluta árs 2006.
- Framtíðarsamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði samgöngumála.
- Vegagerð í Evrópu og stækkun ESB til austurs.
- Hvítbók ESB, en hún fjallar um samgöngustefnu sambandsins fram til ársins 2010, þar sem áhersla er á umferðaröryggismálum.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á árinu var fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands, sala hlutabréfa ríkisins í danska póstinum og markaðsvæðing bifreiðaskoðunar ofarlega á blaði í Danmörku. Í Svíþjóð var það breyting á samgönguáætlun með áherslu á byggðamál, einkum fjárfestingar í höfnum, og breytingar á stjórnskipulagi flugmálastofnunar. Í Finnlandi bar hæst breytingar á stjórnskipulagi flugmálastofnunar í rekstrar- og stjórnsýsluhluta, breytingar á skipuriti samgönguráðuneytisins og aðgerðir til að lækka flutningskostnað í samgöngugeiranum. Í Noregi var það ný löggjöf um járnbrautarsamgöngur, umhverfisog umferðaröryggismál og vígsla Svínasundsbrúarinnar milli Noregs og Svíþjóðar á árinu. Á Álandi bar hæst umræða um umferðaröryggismál, einkum akstur undir áhrifum áfengis, og Skerjagarðs-samgöngurnar.

Af hálfu Íslands var gerð grein fyrir samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, en hún felur í sér áform um framkvæmdir og rekstur í siglingamálum, flugmálum og vegamálum, nýjum áætlunum um umferðaröryggismál og fjarskipti, langtímaáætlun um ferðamál og breytingum

á Flugmálastjórn í þá veru að stofnað verður hlutafélag um þjónustustarfsemina (flugvallar- og flugumferðarþjónustu), en áfram verður starfrækt ríkisstofnun um stjórnsýslu og eftirlitsverkefni.

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar um umferðaröryggismál, upplýsingatækni í samgöngumálum, um sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum og um samstarfið á Eystrasaltssvæðinu á vegum embættismannanefndarinnar um samgöngumál. Á fundum nefndarinnar á árinu var gerð grein fyrir störfum þessara vinnuhópa. Flestir þeirra munu halda starfi sínu áfram á næsta ári án sérstakra framlaga af norrænum fjárlögum.

Samstarfið á árinu 2006.

Embættismannanefndin um samgöngumál hélt sinn síðasta fund í nóvember. Á þeim fundi var m.a. rætt um ákvörðun norrænu samgönguráðherranna um að halda samstarfinu áfram með óformlegum hætti. Samþykkt var að Noregur hefði frumkvæði að boðun óformlegs sumarfundar ráðherranna í júní 2006. Noregur mun boða til undirbúningsfundar í byrjun apríl. Jafnframt var samþykkt að Finnland boðaði til samráðsfundar ráðherranna í mars til undirbúnings fundar ráðherraráðs ESB.

12. Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli

Á formennskuári Íslands 2004 var gengið frá þremur framkvæmdaáætlunum sem allar skipta miklu máli fyrir starfsemina innan ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL) en þær voru framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun (TemaNord 2004:567 og ANP 2004:784, stytt útgáfa), starfsáætlun um erfðaauðlindir (ANP 2005:709) og síðast en ekki síst fyrsta sameiginlega framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar (Nordiskt fiske-, jord- och skogsbruks- og livsmedelssamarbete, *Et nordisk løft for verdiskapning og livskvalitet,* ANP 2005:708). Allar framkvæmdaáætlanirnar gilda fyrir árin 2005–2008.

Danir höfðu formennskuna með höndum undir yfirskriftinni „Norðurlönd á nýjum tímum: þekking, þróttur, samstarf". Inntaki og stefnumiðum fyrrnefndra framkvæmdaáætlana var fylgt fram jafnframt sem fitjað var upp á nýjungum í anda formennskuáætlunarinnar þar sem segir að samstarfið skuli vera markvisst og pólitískt mikilvægt.

Í anda þessa stefnumiðs Dana var á árinu haldið áfram af krafti með starf það sem hófst seint á árinu 2004 og miðaði að endurskipulagningu starfseminnar innan hinnar sameinuðu ráðherranefndar. Skipulagshópur hafði starfið með höndum en vann í umboði hins svokalla samræmingarhóps (KG) embættismannanefndanna þriggja. Tillögur skipulagshópsins voru samþykktar á fundi samræmingarhópsins vorið 2005 og fóru síðan til umfjöllunar á hinum árlega sumarfundi ráðherranefndarinnar og hlutu þar samþykki, jafnframt sem formennskulandinu og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar var falið að vinna að frekari útfærslu á starfsreglum og atriðum sem þeim tengjast. Því verki var lokið seint á árinu með formlegu samþykki allra landanna jafnframt sem skipað var í nefndir eftir hinu nýja kerfi. Þannig er allt til reiðu að halda áfram þróttmiklu starfi innan MR-FJSL undir formennsku Norðmanna.

Breytingarnar sem um ræðir felast í að hér eftir starfar ein embættismannanefnd undir ráðherranefndinni í stað þriggja áður en er deildskipt. Deildirnar eru deild fiskveiða og sjávarnytja, landbúnaðardeild, matvæladeild og skógardeild en auk þess starfar innan hinnar sameiginlegu embættismannanefndar framkvæmdanefnd sem ætlað er að sinna ýmsu því sem snýr að t.d. samræmingu á milli deildanna. Deildirnar og framkvæmdanefndin hafa allar sam-

bærilega stöðu sem embættismannanefndir. Í deildunum sitja einn eða fleiri fulltrúar allra aðildarlanda norræna samstarfsins en í framkvæmdanefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi fyrir sig. Meginstarfið mun fara fram innan starfseininga þeirra sem hér hefur verið frá greint en deildirnar geta síðan sett á laggirnar starfshópa á sínu verksviði eins og verið hefur. Jafnframt er heimilt að boða til fundar í embættismannanefndinni í heild sinni einu sinni á ári og þá í tengslum við sumarfund ráðherranefndarinnar. Samfara þessu var nafni ráðherranefndarinnar breytt og heitir hún frá ársbyrjun 2006: Ráðherranefndin um fiskveiðar og sjávarnytjar, landbúnað, matvæli og skógrækt (Ministerrådet for fiskeri og havbrug, jordbrug, levnedsmidler og skovbrug – MR-FJSL). Telja má fullvíst að með þessari breytingu náist enn frekari árangur við að samþætta starfið innan ráðherranefndarinnar sem var sameinuð úr þremur fyrir fáeinum árum síðan. Á árinu voru gerðar breytingar á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar í heild, ráðherranefndum fækkað o.fl. Þær breytingar snerta ekki MR-FJSL að öðru leyti en því að neytendamál þau sem snerta verksvið ráðherranefndarinnar, verða hér eftir verkefni hennar og hlutaðeigandi embættismannanefnda.

Árlegur sumarfundur ráðherranefndarinnar var haldinn í Árósum í Danmörku 30. júní og í tengslum við hann var ráðstefna, fundir o.fl. Eins og árið áður var sá háttur hafður á að skipta fundi hinna ýmsu samtaka innan þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir hvaðanæva að á Norðurlöndum (NKO), með þátttöku ráðherranna, upp í málstofur. Þetta form er tvímælalaust fallið til þess að fulltrúar atvinnugreinanna nái að fjalla um áhorfsatriði sem mestu skipta fyrir hverja grein fyrir sig en fundurinn fær síðan heildstætt yfirbragð með sameiginlegu inngangserindi og yfirskrift sem nú var „Hnattvæðing og nýbreytni".

Á ráðherrafundinum sjálfum var samþykkt nýtt innra skipulag undir ráðherranefndinni eins og þegar hefur verið greint frá. Auk þess var fjallað um ýmis stjórnmálaleg áhersluatriði sem falla undir hin ýmsu svið ráðherranefndarinnar og samþykktar ályktanir þar um, þ.e. yfirlýsing ráðherranna um þróun dreifbýlis, yfirlýsing um hnattvæðingu og fiskiðnað og yfirlýsing um „nýjan norrænan mat" en þar er lögð áhersla á að norræn matarhefð, þar sem byggt er á að matur sé upprunninn úr sjó og af landi, eigi ríkt erindi við nútímamanninn. Þá var samþykkt aðgerðaráætlun þar sem fjallað var um megináhersluatriði til að auka heilbrigði og lífsgæði með réttu mataræði og hreyfingu og loks var ályktað um aukið samstarf á milli dýralækna á Norðurlöndum til að treysta heilbrigði og velferð dýra og þá um leið mannfólks sem lifir á eða í nánu samneyti við dýrin, m.a. vegna matvælaframleiðslu.

Sjávarútvegsmál.

Embættismannanefndin um sjávarútvegsmál (NEF) kom saman til fjögurra funda á árinu. Auk þess var haldinn samráðsfundur með vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) sem starfar undir embættismannanefndinni, með samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) og með norrænum starfsmönnum ýmissa alþjóðlegra sambanda, samtaka og stofnana í september. Í starfi embættismannanefndarinnar var megináherslan fólgin í að fylgja eftir samþykktum sumarfundar matvælaráðherranna á Akureyri 2004 og þeim stefnumálum á sjávarútvegssviðinu sem um er fjallað í þeim framkvæmdaáætlunum fyrir árin 2005–2008 sem unnið er eftir. Einnig voru drög lögð að sjávarútvegsáherslum sumarfundar matvælaráðherranna á árinu og fylgst náið með og sjónarmiðum komið á framfæri viðvíkjandi fyrrnefndum breytingum á skipulaginu undir MR-FJSL. Jafnframt var með markvissum hætti fylgt eftir stefnumiðum sem samþykkt voru á ráðstefnunni í Álasundi 2004 og fólust m.a. í að embættismannanefndin skyldi virkjuð betur sem miðpunktur í samráði og tengslaneti um sjávarútvegsmál.

Helstu umfjöllunaratriðin á fundum embættismannanefndarinnar, auk almennra framkvæmda- og úrlausnarefna sem eðlilega eru viðamikil, fólust þannig í umfjöllun um skipulag fiskveiða, bæði með tilliti til efnahagslegra atriða og vistkerfisnálgunar (ecosystem approach). Eru sérfræðihópar farnir að vinna að hvoru tveggja og munu ráðstefnur haldnar á árinu 2006; í Þórshöfn í Færeyjum í maí um fyrrnefnda þáttinn (verkefni frá formennskuári Dana) og í Bergen í Noregi í lok september um síðartalda þáttinn og fellur það undir veigamikið áhersluatriði í formennskuáætlun Norðmanna. Eru Íslendingar í samstarfi við Norðmenn um undirbúninginn. Einnig var á fundum embættis-mannanefndarinnar fjallað um áhrif alþjóðavæðingar á sjávarútveg. Ályktað var um það á sumarfundi matvælaráðherranna svo og um samráð um málefni hafsins sem norræna ráðherranefndin fól embættismannanefndinni að ýta úr vör.

Í samræmi við tilmæli frá Norðurlandaráði samþykkti embættismannanefndin að standa fyrir ráðstefnu um framtíð strandveiða á Norðurlöndum en hún var haldin í Grenå á Jótlandi í byrjun maí.

Á árinu komust tvö málefni í höfn sem Íslendingar hafa veitt forystu: annars vegar umhverfismerkingar en snemma á árinu samþykkti FAO leiðbeinandi reglur um umhverfismerkingar sjávarfangs sem að grunni til eru upprunnar úr starfi norræns vinnuhóps sem Íslendingar leiddu lengst af og allt til loka; hins vegar var í nóvember opnuð heimasíðan www.seafoodnet.info en hún er afrakstur verkefnis sem var skilgreint sem höfuðviðfangsefni á sviði sjávarútvegs á formennskuári Íslands 2004.

Starfsemin í vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir og í samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála var með reglubundnum hætti á árinu. Enginn formlegur fundur var haldinn á árinu í embættismannanefnd norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna um sjávarútvegsmál (CSO-NB8) en tengslum var haldið í gegnum ráðherranefndarskrifstofuna í Kaupmannahöfn.

Landbúnaður og skógrækt.

Meginviðfangsefni embættismannanefndarinnar á sviði landbúnaðar og skógræktar (NEJS) á árinu voru að fylgja eftir ályktunum sumarfundar matvælaráðherranna á Akureyri 2004. Til þess að fylgja eftir ályktun um framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagið sem auðlind var settur á fót starfshópur með fulltrúum allra norrænu landanna sem hefur það hlutverk á næstu tveimur árum að miðla reynslu og efla samstarf á þessu sviði milli embættismanna og vísindamanna þar sem Norðurlönd hafa sameiginlega hagsmuni og aukið samstarf getur haft efnahagslega og félagslega þýðingu. Í þessu sambandi eru í fyrsta lagi hafðar í huga auðlindir landsins, hinar náttúrulegu auðlindir, og í öðru lagi auðlindirnar sem búa í fólkinu sjálfu og menningunni sem kynslóðirnar hafa skapað. Í þeim mæli sem opinberar aðgerðir koma við sögu eru markmið þeirra: að treysta grundvöll atvinnu og tekjuöflunar á landsbyggðinni, bæta landið og skapa sem flestum skilyrði til þess að njóta gæða þess til andlegrar og líkamlegrar hvíldar og hressingar. Grundvöllur alls þessa er að nýr skilningur sé lagður í hugtakið landbúnaður – að hann sé ekki aðeins einhæf framleiðsla fáeinna hráefna í matvælaframleiðslu heldur einnig fjölbreytt not landsins og auðlinda þess til margvíslegrar verðmætasköpunar. Landið og auðlindir þess krefjast umönnunar sem eðlilegt er að fela bændum. Samhliða því þarf samfélagið að vera tilbúið að launa bændum þá þjónustu, hvort heldur er með beinum eða óbeinum hætti.

Á formennskuári Íslands 2004 var eitt af markmiðum starfsins að efla umræðu um málefni skóga og skógbúskapar. Þemaverkefni Íslands á sviði landbúnaðar var „SKÓGALÍF – áhrif nytjaskógræktar á vistkerfi, félagslegt umhverfi og byggð". Um er að ræða þriggja ára verkefni með þátttöku vísindamanna frá öllum norrænu löndunum. Í júní sl. var haldin í Reykholti

ráðstefna sem var liður í verkefninu. Í samræmi við ákvörðun ráðherra var boðað til ráðstefnu um framtíð skógbúskapar en hún var haldin í Nødebo á Sjálandi í ágúst sl. með þátttöku norrænna ráðherra sem fara með málefni skógarins. Á ráðstefnunni var fjallað um þýðingu skóganna fyrir atvinnulíf í dreifbýli, umhverfi og landslag, útiveru, heilbrigði og ferðaþjónustu. Af hálfu Íslands var á ráðstefnunni m.a. lögð áhersla á þýðingu nýskógræktar til að sporna við loftslagsbreytingum.

Nýtt verkefni – „Ny Nordisk Mat" – var tekið upp á vegum landbúnaðarnefndarinnar á árinu í samstarfi við aðrar embættismannanefndir MR-FJSL. Markmið þess er að draga fram einkenni norrænnar matarhefðar og skapa henni nafn á alþjóðavettvangi. Er það í samræmi við ályktun ráðherrafundarins í Árósum. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að jákvæðri þróun byggðar í sveitum og á strandsvæðum með því að styrkja og þróa svæðisbundna matvælaframleiðslu og matarhefðir.

Auk þess sem að framan greinir hefur landbúnaðarnefndin unnið að hefðbundnum verkefnum á sviði varðveislu erfðaauðlinda í búfé og nytjaplöntum, auk þeirra tækifæra sem felast í nýtingu villtra lífvera. Einnig hefur verið unnið að því að efla rannsóknastarf á sviði skógræktar og búfjárræktar og stuðla að auknu samstarfi landbúnaðarháskólanna á Norðurlöndum.

Áfram hefur verið unnið að því að efla samstarf við Eystrasaltsríkin. Frá ársbyrjun 2005 er þetta samstarf á sviði landbúnaðar tvískipt, annars vegar eru haldnir fundir þar sem fjallað er um málefni sem snerta landbúnað og byggðaþróun og hins vegar fundir þar sem fjallað er um málefni skógarins og aukna nýtingu skógarafurða. Tveir fundir voru haldnir á hvoru þessara starfssviða á árinu þar sem leitast var við að finna sameiginlega samstarfsfleti.

Matvælamál.

Norræna embættismannanefndin um matvælamál (EK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldi (NKE) hafa á árinu sett heilsu neytenda í öndvegi. Það er í samræmi við *áætlun um mataræði og hreyfingu 2005–2008* sem samþykkt var á ráðherrafundi árið 2004. Lögð er áhersla á að tryggja neytendum örugg matvæli, verja þá fyrir villandi upplýsingum um matvæli og fræða þá um heilnæmi matvæla. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda embættismannanefndarinnar um matvæli svo og undirnefnda og verkefnahópa þar sem unnið er að einstökum sérgreindum verkefnum tengdum matvælum.

Samstarf í vinnunefndunum hefur eðlilega fyrst og fremst tekið mið af þeim framkvæmdaáætlunum sem liggja til grundvallar starfinu en auk þess hefur ný matvælalöggjöf ESB, sem tók gildi í aðildarríkjum ESB í ársbyrjun 2006, verið fyrirferðarmikil í norrænu samstarfi á árinu. Unnið hefur verið að því að samræma breytingar í ýmsum málaflokkum, túlka matvælalöggjöfina og leggja fram samræmdar norrænar útfærslur sem innlegg í umræðuna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum, m.a. á vegum tengslaneta sérfræðinga og hafa verkefnaniðurstöður verið birtar í TemaNord skýrslu. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur og minni fundir.

Eftirtaldir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru haldin á Íslandi á árinu: Þriðja norræna eftirlitsráðstefnan var haldin í janúar og voru þátttakendur um 150 frá öllum norrænu löndunum; fundur norrænna sérfræðinga um erfðabreytt matvæli og fóður var haldinn í maí; fundur norrænna sérfræðinga um merkingar matvæla var haldinn í ágúst og fundur í nýrri vinnunefnd sérfræðinga um dýravelferð og dýraheilsu var haldinn í september.

Auk þessa tóku fulltrúar Íslands þátt í fjölmörgum verkefnum og fundum um matvælamál, t.d. um varnarefnaeftirlit og kjöteftirlit. Þá hefur Ísland einnig tekið fullan þátt í samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um eftirlit með matvælum. Hið sama má segja um sambærilegt samstarf Vestur-Norðurlanda.

13. Vinnumál og vinnuverndarmál

Fundur ráðherra vinnumála og vinnuverndar (MR-A).

Árlegur fundur Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) var haldinn 15. september sl. í Louisiana listasafninu rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Á dagskrá fundarins var umræða um fjarvistir fólks frá vinnu vegna veikinda en Danir lögðu áherslu á mikilvægi þess að finna leiðir til að draga úr fjarveru fólks frá vinnu af þeim ástæðum. Á fundinum var samþykkt tillaga danska vinnumálaráðherrans um að setja á laggirnar norrænan starfshóp til að fjalla um efnið. Er gert ráð fyrir að nefndin verði að störfum til loka árs 2007.

Skýrsla norskrar rannsóknarstofnunar í vinnumálum, sem fjallar um áhrif stækkunar ESB og EES á vinnumarkaði á Norðurlöndum, var lögð fyrir fund-inn. Enn fremur lágu fyrir drög að bréfi formennskuríkisins til framkvæmdastjórnar ESB þar sem lagt var til að skýrslan yrði lögð fram sem innlegg í umræðuna um áhrif stækkunar ESB/EES. Skýrslunni var vel tekið á fundinum og samþykkt að bréfið yrði sent sem fyrst til framkvæmdarstjórnarinnar.

Verkefni í tengslum við rafræna norræna vinnumiðlun sem hófst á árinu 2004 var kynnt á fundinum. Fram kom að stefnt væri að því að koma á rafrænni vinnumiðlun á Eyrarsundssvæðinu í nóvember sl. Atvinnuleitendur á svæðinu gætu því fengið upplýsingar um laus störf á svæðinu á heimasíðu danskra og sænskra vinnumiðlana. Þá var umræða um Evrópureglur um ríkisstuðning á vinnumarkaði en áhyggjur manna lúta að því að vinnumarkaðskerfi einstakra landa samræmist ekki að öllu leyti reglunum. Samþykkt var að fela embættismannanefndinni að fjalla nánar um málið en ráðherranefndin kemur til með að fylgjast með framgangi mála.

Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A).

Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál hélt tvo fundi á árinu. Formennskuáætlun Dana var kynnt á fyrri fundinum og var umræðunni síðan framhaldið á síðari fundinum. Umræðan laut aðallega að fjarvistum fólks frá vinnu vegna veikinda. Sagt var frá ráðstefnu sem haldin var 24. apríl sl. í Kaupmannahöfn um efnið og samþykkt að leggja til við ráðherra vinnumála og vinnuverndar að setja á laggirnar starfshóp er fjallaði nánar um málið.

Umræðan um stækkun ESB/EES hélt áfram og var samþykkt að leggja til að málið yrði tekið upp á ráðherrafundinum í september. Skýrsla norskrar rannsóknarstofnunar í vinnumálum var lögð fyrir fund nefndarinnar í ágúst og var henni vel tekið. Þar var meðal annars lagt til að skýrslan gæti verið gott innlegg í umræðuna sem færi fram á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB um áhrif stækkunar svæðisins.

Á fundinum í apríl var rætt um drög að nýjum samningi sem ætlað var að koma í stað eldri samnings um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda frá árinu 1982. Nefndarmenn töldu ekki ástæðu til að vinnunni yrði haldið áfram í ljósi þess að engar efnisbreytingar væru lagðar til. Ríkjunum var gefinn frestur þar til í maí til að koma fram með endanlegu afstöðu sína. Síðar var samþykkt að ekki yrði frekar aðhafst í málinu þannig að eldri samningur héldi gildi sínu.

Danir upplýstu um að vonir þeirra stæðu til að rafræn vinnumiðlun á Eyrarsundssvæðinu yrði opnuð formlega í nóvember sl. og samþykkti nefndin að kynning um efnið færi fram á fundi ráðherranna í september. Jafnframt voru drög að skýrslu um norrænu atvinnuleysistryggingakerfin kynnt á fundi nefndarinnar í ágúst og voru þau samþykkt með fyrirvara um að lokaeintakið yrði sent til ríkjanna til formlegrar afgreiðslu. Fyrirhugað er að skýrslan verði aðgengileg á heimasíðunni www.hallonorden.org.

Enn fremur samþykkti nefndin drög að fjögurra ára starfsáætlun nefnda er starfa á verksviði hennar fyrir árin 2004–2008. Áætlanirnar fela í sér innleiðingu á samstarfsáætlun Norðurlanda á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála fyrir árin 2005–2008. Í því fólst jafnframt að samþykkja verkefni norrænnar samstarfsnefndar um ESB-málefni og samning við stjórn Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) fyrir sama tímabil. Þá samþykkti nefndin fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 og fjallað var um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna.

Nefnd um vinnurétt (NAU).

Á fundum nefndarinnar um vinnurétt á árinu voru meðal annars rædd áhrif stækkunar ESB og EES á vinnumarkaði norrænu landanna og þá aðallega hvaða lögfræðileg álitaefni kunna að koma upp eða hafa þegar komið upp. Þar á meðal fór fram almenn umræða um hugtakið „launamaður“ en oft getur reynst erfitt að greina milli hvort viðkomandi er launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. Sú aðgreining getur hins vegar haft mikla þýðingu við túlkun Evrópureglna þegar greina þarf muninn á frjálsum þjónustuviðskiptum og frjálsri för launafólks. Nefndin samþykkti að fastur liður á dagskrá nefndarinnar yrði að fylgjast með stækkun ESB/EES. Enn fremur skiptust nefndarmenn á upplýsingum í sambandi við innleiðingu ríkjanna á Evrópureglum. Meðal þeirra tilskipana sem voru á dagskrá nefndarinnar voru tilskipun um upplýsingar og samráð, mismunatilskipanir og tilskipun um vinnutíma járnbrautarstarfsmanna. Þá var að vanda farið yfir þau mál á hendur ríkjunum er liggja fyrir Evrópudómstólnum, Mannréttindadómstólnum, Alþjóðavinnumálastofnuninni og hjá embættismannanefnd er starfar á grundvelli félagsmálasáttmála Evrópu. Þá fjallaði nefndin um einstakar umsóknir um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna.

Nefnd um vinnumarkaðinn.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á sviði vinnumála sem ná yfir tímabilið 2005–2008, þar sem lögð er áhersla á að stuðla að áframhaldandi þróun samstarfsins með miðlun reynslu, ákveðnum verkefnum og sameiginlegum framkvæmdum. Á árinu var einkum lögð áhersla á nútímavæðingu norræns vinnumarkaðar þar sem sjónum var beint að vandamálum er lúta að fjarvistum á vinnustöðum vegna veikinda, afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum og almennt að norrænum gildum.

Norrænt atvinnuleysistryggingamót var haldið á Íslandi í júní sl. þar sem m.a. var fjallað um áhrif stækkunar ESB/EES á vinnumarkaði einstakra aðildarríkja. Vinnuhópar voru starfandi er fjölluðu um atvinnuleysisbætur og viðbótartryggingar, eftirlit með atvinnuleysistryggingum, reynslu Eystrasaltsríkja af stækkun ESB og virkni atvinnulausra.

Nefndin gaf á árinu út:

- Skýrslu um sameiginlegan norrænan vinnumarkað 1954–2004.
- Lokaskýrslu verkefnisins GOLIN 2003–2005: Hugmynd um vinnumarkað án landamæra á Norðurlöndum.

- Skýrsluna „Frumkvæði Norðurlanda um að draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda“.
- Skýrsluna „Framleiðniaukning á Norðurlöndum“.
- Skýrslu um þær reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum eftir stækkun ESB.

Nefndin hélt áfram stuðningi sínum við norrænan stýrihóp um rafræna vinnumiðlun á Norðurlöndum. Þá styrkti nefndin ýmis verkefni á árinu en þar á meðal voru verkefni um reynslu norrænu landanna af aðlögun flóttafólks og innflytjenda að vinnumarkaðnum, aðlögun fólks með takmarkaða menntun á vinnumarkaðnum og áhrif atvinnuleysisbóta, alþjóðavæðingu vinnumarkaða á Norðurlöndum og afleiðingar alþjóðavæðingar fyrir eftirspurn á vinnuafli á Norðurlöndum og forsendur hás atvinnustigs á Norðurlöndum.

Stýrihópur um vinnumiðlun.

Nýr stýrihópur tók við af eldri stýrihópi er lauk störfum árið 2004. Verkefnin markast af aðgerðaráætlun sem lögð var fram á árinu 2004. Markmið hópsins er að leita leiða til að norræn vinnumiðlun verði virk en þar er áhersla á að nýta tæknina í tengslum við netið. Norrænar heimasíður verða tengdar saman, netþjónusta efld og sérstakir tenglar verða settir upp í Vinnumálastofnun sem og systurstofnunum hennar á Norðurlöndum. Enn fremur var samþykkt að gera frumrannsókn á afstöðu atvinnurekenda til gagnagrunns lífs- og starfsferla með áherslu á norræn gildi. Námstefna var haldin í Kaupmannahöfn haustið 2005 þar sem kynnt var verkefni um notkun vinnuveitenda í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi á gagnagrunninum.

Atvinnuskipti ungs fólks.

Eitt af stærri norrænum samstarfsverkefnum á sviði vinnumála er NORDJOBB sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna og norrænu félögin annast. Á árinu komu 96 ungmenni hingað til lands til vinnu og 53 ungmenni fóru héðan til vinnu í öðrum norrænum löndum á vegum NORDJOBB.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Samstarfshópurinn miðlar upplýsingum á vinnumálasviði en undir það falla vinnumarkaðs-, vinnuumhverfis- og vinnuréttarmál. Starfshópurinn hélt tvo fundi á árinu og fóru Danir með formennsku í starfshópnum en formennskan þar fylgir formennsku í Norðurlandaráði.

Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ (AiN) og tvö af „Nordic Labour Journal“ (NLJ). Tekið er fyrir ákveðið efni í hverju blaði fyrir sig og var þema fyrsta tölublaðs AiN „Jakten på det gode arbejde“. Í öðru tölublaði var þema „Sykefravær i Norden“ og í því þriðja „Globalisering“. Í NLJ var þema fyrsta tölublaðs „In search of a sustainable work place“ og í öðru tölublaði var umfjöllunarefnið „Young and unemployed – in search of a future“.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að stuðla að norrænu samstarfi á sviði vinnuverndarmála. Nefndin vann að ýmsum verkefnum á árinu en þar má helst nefna árangursmat í vinnuverndarstarfi sem lauk á árinu en verkefnið hófst árið 2003. Verkefnið hafði verið kynnt á vettvangi ESB og bættust fleiri Evrópuríki í hópinn á síðari stigum. Nefndin hélt áfram samstarfi varðandi þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar (CEN) en ákveðið var að leggja aukna áherslu á staðla og markaðseftirlit á árinu 2006. Enn fremur var ákveðið að veita fjármuni til verkefnis um stjórnendur opinberra stofnana sem

hefur tekist að innleiða gagngerar breytingar án neikvæðra áhrifa á vinnuumhverfið. Samvinna um menntun starfsmanna við norrænu eftirlitsstofnanirnar var á dagskrá nefndarinnar og verður haldinn sérstakur samráðsfundur í ársbyrjun 2006 um efnið. Þá stóð nefndin fyrir samráðsfundum um málefni er varða verksvið nefndarinnar sem meðal annars fjölluðu um reglur og leiðbeiningar á sviði vinnuverndar í bygginga- og mannvirkjagerð, varasöm efni í vinnuumhverfinu, streitu og andlegt álag á vinnustað og líkamlegt álag og vinnuaðstæður.

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði.

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði hélt tvo fundi á árinu með stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA). Hlutverk rannsóknarnefndarinnar er að úthluta styrkjum til rannsókna á vinnuverndarsviði og til ýmissa verkefna. Nefndin vann að stefnumótun fram til ársins 2008 þar sem áhersla er lögð á þróun vinnuverndarrannsókna. Þar á meðal er aukin áhersla á samspil atvinnu fjölskyldu og frítíma í því markmiði að finna leiðir til að stuðla að hraustara starfsfólki á öllum aldri svo draga megi úr fjarvistum þess frá vinnu. Litið er á þetta sem útvíkkun á áherslum í vinnuvernd þar sem skil milli vinnustaða, heimila og fría eru í mörgum tilfellum óskýrari en þau hafa áður verið.

Að vanda voru verkefni ársins 2006 rædd á sameiginlegum fundi með norrænu samstarfsnefndinni um vinnuvernd. Í samræmi við fyrri ákvörðun um breytingu á styrkveitingum var ekki veittur styrkur til sérfræðinefndar um mengunarmörk efna (NEG). Hvert ríki fyrir sig mun taka ákvörðun um hvernig styðja skuli þá starfsemi.

Ísland mun halda áfram þátttöku sinni í samstarfsverkefni um öryggismenningu á byggingarvinnustöðum sem unnið hefur verið í góðu samstarfi við nokkur íslensk byggingarfyrirtæki og verkefni um áhrif langs og/eða óreglulegs vinnutíma á vinnutengda heilsu og félagsstöðu.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar vann að markvissum undirbúningi námskeiða að vanda en á árinu 2006 er gert ráð fyrir þrettán námskeiðum (sjá heimasíðu stofnunarinnar www.niva.org og ársskýrslu). Unnið er áfram að þeim áherslubreytingum sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum. Meðal námskeiða á árinu 2006 má nefna námskeið er lýtur að vinnu og vinnuumhverfi þeirra sem eru orðnir 60 ára og eldri og starfsendurhæfingu. Við undirbúning námskeiða fyrir árið 2007 verður miðað við að námskeiðin verði styttri og haldin þar sem samgöngur eru greiðar frá öllum norrænu löndunum.

Þá hefur umræða um hvernig stofnunin getur stutt við vinnuverndarstarf í Eystrasaltsríkjunum haldið áfram, sem og í norðvesturhluta Rússlands. Einnig fer fram umræða um önnur jaðarsvæði sem hefur þó ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar starfsemi.

14. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundir.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda (MR-S) héldu sinn reglubundna fund í Þórshöfn í Færeyjum dagana 13.–14. júní sl. Ráðherrarnir fjölluðu m.a. um framtíðarsamvinnu á sviði heilbrigðis- og félagsmála, gæðamál heilbrigðisþjónustunnar, áfengismál á Norðurlöndum, afnám landamærahindrana og heimsfaraldur inflúensu. Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2005 voru afhent Pekka Puska, finnskum prófessor og forstjóra lýðheilsustöðvar í Helsingfors. Hann hefur getið sér gott orð alþjóðlega fyrir Nordkarelanenverkefnið sem byggist á rannsóknum á hjartasjúkdómum en umfram allt hvernig draga má úr líkum á sjúkdómnum með heilbrigðum lífsháttum, eða m.ö.o. forvörnum. Pekka Puska hefur ekki aðeins

lagt sitt af mörkum á sviði rannsókna, heldur hefur hann einnig lagt áherslu á að gera rannsóknaniðurstöðurnar aðgengilegar almenningi í fjölmiðlum. Jafnframt hefur hann lagt áherslu á þátt frjálsra félagasamtaka í starfsemi sem stuðlað geti að bættu heilsufari.

Meginþema ráðherrafundarins var starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði velferðarmála á Norðurlöndum og frjálst framtak einstaklinga, félagasamtaka og stofnana sem starfandi eru á þessu sviði. Þetta var ein helsta áherslan á formennskuári Dana en auk umræðunnar á ráðherrafundinum var efnt til tveggja málþinga um sama efni á árinu.

Boðað var til aukafundar heilbrigðisráðherranna í desember í Kaupmannahöfn um viðbúnað gegn heimsfaraldri inflúensu og framleiðslu bóluefnis gegn henni en forsætisráðherrar landanna vísuðu á haustdögum málinu til heilbrigðisráðherranna. Jafnframt hafði sérfræðingahópur unnið að málinu í framhaldi af fundi heilbrigðis- og félagsmálaráðherra í Færeyjum í júní og skilaði hann skýrslu um málið í lok nóvember. Niðurstaða fundarins var að kanna ætti frekar tvær leiðir við að undirbúa framleiðslu bóluefnis. Önnur snýr að því að fela opinberum aðila verkefnið en hin að koma á samstarfi opinberra aðila og einkaaðila um framleiðsluna. Það á að liggja fyrir í mars 2006 hvaða leiðir Norðurlönd geta farið við framleiðslu á bóluefni til að verjast heimsfaraldri inflúensu.

Embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S).

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í apríl var m.a. fjallað um ráðherrafundinn í júní, formennskuáætlun Dana, heimsfaraldur inflúensu, skiptingu fjárveitinga til málefna fatlaðra, samstarf um umhverfislæknisfræði, samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, framtíð grannsvæðahópsins og aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni á grannsvæðum Norðurlanda. Fundur embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í júní snerist aðallega um undirbúning ráðherrafundarins en auk þess voru lagðar fram skýrslur frá Svalbarðahópnum og nefndinni sem sér um Norðurlandasamninginn um sameiginlegan vinnumarkað heilbrigðisstétta. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í nóvember í Reykjavík, var m.a. ný norræn samstarfsáætlun, samstarf um vímuefnamál, fyrirkomulag á starfi embættismannanefndarinnar, hlutverk frjálsra félagasamtaka, velferðarrannsóknir, réttindi Norðurlandabúa og hugsanlegur heimsfaraldur inflúensu.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina sem gerður er til þriggja ára í senn. Megináherslan er á nám til meistara- eða doktorsgráðu í lýðheilsufræðum en einnig er hægt að sækja þar einstök námskeið.

Námsskrá skólans er í sífelldri endurskoðun og eru alltaf fleiri umsækjendur frá Íslandi sem sækja um að komast í nám við skólann en komast þar að. Ísland hefur þar sérstöðu því heldur dregur úr umsóknum frá öðrum norrænum löndum. Meginskýringin er trúlega sú að ekki er hægt að stunda sambærilegt nám hér á landi.

Ísland forgangsraðar sjálft umsóknum svo námsplássin nýtist heilbrigðisþjónustunni á Íslandi sem best.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur meginsvið: 1) stöðlun, 2) prófun efna, 3) rannsóknir og 4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi

tekur stofnunin þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Rekstur og starfsemi NIOM gekk vel á árinu og var mun sýnilegri fyrir norræna tannlækna og almenning en mörg undanfarin ár. Endurnýjun tækja á undanförnum árum hefur skilað sér vel í auknum verkefnum utan frá og þar með auknu sjálfsaflafé. Nú er í smíðum norrænn gagnagrunnur sem á að innihalda upplýsingar um öll efni sem eru seld til tannlækninga á Norðurlöndum. Þar verða upplýsingar um innihald og samsetningu efna, hugsanlega ofnæmisvalda, notkunarreglur og umfjöllun um klíniskar rannsóknir og varúðarreglur fyrir hvern efnisflokk.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna á Norðurlöndum. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Rannsóknarnefndinni er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum.

Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum og miðla upplýsingum. Nefndin á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum.

Á fundum rannsóknarnefndarinnar var m.a. rætt um ný verkefni á vegum hennar eða sem NAD er tilbúin til að styrkja eða koma að en sérstök áhersla var á rannsóknarverkefni. Kynnt var starfsemi Lýðheilsustöðvar með áherslu á rannsóknir og verkefni á sviði áfengis- og vímuefna.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Helsta verkefni samstarfsmiðstöðvarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. Samstarfsmiðstöðin styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskrá er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun velferðarsamfélagsins. Á fundum stjórnar á árinu var m.a. fjallað um áherslur Dana á formennskuárinu en á vettvangi NSH tengdust áherslurnar grannsvæðum Norðurlanda. Jafnframt var umfjöllun um fátíðar fatlanir og norrænu áætlunina um „Aðgengi fyrir alla 2005–2007". Upplýsingaáætlun fyrir starfsemina var kynnt, og fjallað um upplýsingamiðlun til stofnana og einstaklinga í löndunum. Kynntar voru fyrirhugaðar áherslubreytingar á sviði hátækni í þróun lausna á hjálpartækjasviðinu. Enn fremur var rætt aukið samstarf norrænna stofnana og samtaka sem láta sig málefni fatlaðra varða. Fram kom að Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra hefur þegar stofnað til samstarfs við norræna samstarfsnetið um fötlunarrannsóknir (NNDR).

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Markmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Hún á jafnframt að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk menntamiðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi

og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu t.d. með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu og sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu var haldið eitt grunnnámskeið, fjögur þemanámskeið, eitt námskeið opið þátttakendum utan Norðurlanda, ein ráðstefna og ein námstefna.

NUD og NSH hófu samvinnu um hópa með fátíðar fatlanir og NUD átti samvinnu við þekkingarmiðstöð í Álaborg um þróun á fjarkennslu. Átta norrænir og evrópskir hópar héldu fundi í menntamiðstöðinni um ýmis þróunarverkefni á starfssviði stofnunarinnar (samskipti daufblindra, meistaranám á sviði daufblindu, ritun námsefnis o.fl.)

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið Norrænu heilbrigðistölfræðinefndarinnar er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Starfið fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar skráningar og afmörkun einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingar séu sem líkastar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur aðallega niðurstöðum sínum á framfæri í meginriti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries" en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar www.nom-nos.dk.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu eru athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustunni, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða o.fl.

Undanfarin ár hefur heilbrigðistölfræðinefndin átt mikið samstarfi við Eistland, Lettland og Litháen og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (www.nordclass.uu.se) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO. Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Hagskýrslunefndinni ber einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum. Allar norrænu þjóðirnar fimm eru aðilar að evrópskri samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Í ársskýrslu hagskýrslunefndarinnar var sérstaklega fjallað um félagslega aðstoð við börn og ungmenni sem búa við erfiðar aðstæður á Norðurlöndum. Meðal mála sem fjallað var um á árinu má nefna samstarfið við ESB og Eurostat, breytingar í heilbrigðis- og félagsmálatölfræði landanna, hugmyndir um breytingar á ársskýrslu og heimasíðu nefndarinnar, útgáfa þemarits 2007 um starfsendurhæfingu, framsetningu upplýsinga um sjálfbæra þróun, samvinnu við Eistland, Lettland og Litháen og samstarf við Norræna lýðheilsuháskólann.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í félagsþjónustu. Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði.

Á fundum stjórnar á árinu voru á dagskrá staða starfsáætlunar NOPUS og áherslur á ákveðnum sviðum hennar. Stjórnin lagði áherslu á mikilvægi samvinnu á sviði netvinnu, ráðstefna og málþinga ýmiskonar. Í starfsáætluninni fyrir árið 2006 eru fjögur málefnasvið og meginmarkmið: 1) netvinna og námskeið, 2) styrking starfseminnar gagnvart nágrannasvæðum Norðurlanda, 3) miðlun upplýsinga og reynslu og 4) þættir er lúta að stjórnun, markaðsvinnu og þróun upplýsingatækni. Kynntar voru stjórnsýslubreytingar á sviði félagsþjónustu í Danmörku þar sem áhersla er lögð á þróun þekkingar, ráðgjafar og samhæfingar á sviði félagsþjónustu (VISO).

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.

Markmið vinnuhópsins er að fylgjast með framkvæmd landanna á Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og á jafnframt að vera ríkjunum ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig ræða önnur almannatryggingamál sem koma upp.

Á sameiginlegum fundi með norræna vinnuhópnum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu var m.a. rætt um útgáfu sameiginlegs bæklings með upplýsingum um norrænu samningana um almannatryggingar og félagslega þjónustu.

Vinnuhópurinn samdi á árinu framkvæmdasamning með Norðurlandasamningnum um almannatryggingar sem var undirritaður af öllum ríkjunum og tók gildi í september sl. Settur var á stofn undirhópur til að fjalla um hvernig ríkin geti auðveldað samstarf vegna örorkubóta. Öðrum hópi var falið að undirbúa norræna ráðstefnu í samvinnu við ESB um almannatryggingabætur sem byggja á búsetu og atvinnu.

Grænland og Færeyjar gerðust aðilar að Norðurlandasamningnum um almannatryggingar á árinu.

Grannsvæðanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S NÆR).

Grannsvæðanefndin, sem unnið hefur að verkefnum á sviði heilbrigðis- og félagsmála í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi undanfarin ár, var lögð niður á árinu. Embættismannanefndin tekur við verkefnum hennar en jafnframt verður opnað fyrir þann möguleika að kalla til sérstaka tengiliði um málefni grannsvæðanna.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina hjá ákveðnum starfsstéttum í heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunni og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Hann nær nú til alls 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd fylgist með framkvæmd samningsins og tekur saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin

fylgist auk þess með því að tilkynningarskyldu sé fylgt vegna sviptingu eða takmarkana á starfsleyfum á Norðurlöndum.

Á fundum nefndarinnar var m.a. fjallað um framkvæmd norræna samningsins með tilliti til stækkunar ESB, stöðu og áhrif af nýrri tilskipun ESB um starfsréttindi heilbrigðisstétta og áhrif þjónustutilskipunar ESB á starfsréttindi. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á lögum og reglum er varða starfsréttindi heilbrigðisstétta á Íslandi, svo sem sjóntækjafræðinga, osteópata og lífeindafræðinga.

15. Jafnréttismál

Starfsárið 2005 var síðasta ár sem unnið var samkvæmt samstarfsáætlun sem samþykkt var 2001. Einn meginþáttur starfsins var að undirbúa nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010. Norrænu jafnréttisráðherrarnir (MR-LIGESTILLING) samþykktu nýja áætlun í maí sl. en hún ber yfirskriftina *„Með áherslu á kyn er stefnt að jafnréttissamfélagi“*.

Ný norræn samstarfsáætlun í jafnréttismálum 2006-2010.

Í 30 ár hefur Norræna ráðherranefndin stuðlað að því að norrænu samfélögin þróist í átt til aukins jafnréttis kynjanna. Virk jafnréttisstefna einkennir hin norrænu lýðræðisþjóðfélög. Jafnrétti felur í sér jafnan aðgang að völdum og áhrifum, að konur og karlar hafi sömu réttindi, skyldur og tækifæri á öllum sviðum mannlífsins, og samfélag sem er laust við kynbundið ofbeldi.

Í samfélagi, þar sem jafnrétti ríkir, fá kraftar og hæfileikar beggja kynja að njóta sín. Jafnrétti hefur þannig þýðingu fyrir verðmætasköpun og fyrir þróun og endurnýjun á ýmsum sviðum þjóðmála svo sem velferðarmála, atvinnumála og atvinnusköpunar.

Norrænt samstarf um jafnrétti kynjanna grundvallast á sameiginlegri hefð og af því hafa norrænu löndin og sjálfsstjórnarsvæðin gagnkvæman hag þar sem þau glíma við mörg sömu vandamálin. Við norrænni jafnréttisstefnu blasa ný viðfangsefni í tengslum við aukna alþjóðavæðingu og þróun á sviði hefðbundinna jafnréttismála. Íbúar Norðurlanda eru mismunandi hvað varðar uppruna þeirra, félagslega stöðu, heimahagi, kynslóðir, fjölskyldustöðu, kynhneigð og viðhorf til kynlífs eða heilsufar.

Hin norræna áhersla á karla og jafnrétti, sem er einstök í alþjóðlegu samhengi, er gott dæmi um ávinning af jafnréttisstefnunni og nauðsyn þess að margir mismunandi hópar leggi sitt af mörkum við mótun hennar.

Jafnréttisstarf norrænu landanna er afar umfangsmikið og norrænt samstarf getur ekki náð til allra þátta þess. Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að tvö meginsvið verði höfð í fyrirrúmi í norrænu jafnréttissamstarfi árin 2006–2010, þ.e. *Kyn og völd* og *Kyn og æska.*

Verkefni á báðum þessum sviðum verða unnin út frá hugmyndinni um norrænt notagildi og fjalla um málefni sem snerta sameiginlega hagsmuni norrænu landanna og sjálfsstjórnarsvæðanna. Verkefni innan ramma norræns jafnréttissamstarfs verða kynnt í árlegum framkvæmdaáætlunum sem norrænu jafnréttisráðherrarnir hafa samþykkt. Auk þessa verður lögð áhersla á *kyn, menningu og miðlun*. Spurningin um hvernig staðalmyndir um kyn eru settar fram í listsköpun, fjölmiðlum og klámi, er þungvæg.

Norræna ráðherranefndin vill að norrænt samstarf fjalli á breiðum grunni um vandamál sem spretta af kynferði, menningu og tjáskiptum. Áleitin spurning í þessu sambandi er enn fremur hvort unnt sé að stuðla að samþættingu og jafnrétti í framtíðinni gegnum list og menningu. Samstarfsáætlunin var kynnt á þingi Norðurlandaráðs í október sl.

Rannsóknir og rannsóknarverkefni.

Norræna stofnunin fyrir kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK) hrindir í framkvæmd, styður og samhæfir kvenna-, karla- og kynjarannsóknir á Norðurlöndum og utan þeirra auk þess sem hún tekur þátt í að mynda samnorrænan grundvöll fyrir kynjarannsóknir. Embættismannanefndin um jafnréttismál (EK-Ligestilling) fjallaði um starfsemi stofnunarinnar og stefnumótun samfara endurnýjun samnings um rekstur hennar. Gerð var úttekt á starfi hennar og ákveðið að endurnýja samkomulag um rekstur hennar til ársloka 2007. Jafnframt voru starfsreglur endurskoðaðar og samþykkt ný stefnumótun.

Lokið var við skýrsluna *„Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndunum og reynslu þjóðanna"*. Skýrslan er afrakstur rannsóknarverkefnis sem unnið var á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Markmið verkefnisins var að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvort og þá hvernig sú löggjöf hefur stuðlað að jafnrétti kynjanna og bætt möguleika kynjanna til að sameina fjölskyldulíf og virka þátttöku á vinnumarkaði. Skýrslan er aðgengileg í rafrænu formi á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins (www.felagsmalaraduneyti. is) og Jafnréttisstofu (www. jafnretti.is).

Mælistikur á launajafnrétti (På spåret av likalön) er samstarfsverkefni á vegum vinnumálaráðherra og jafnréttisráðherra Norðurlanda sem unnið var að á árinu. Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum m.a. varðandi samræmingu á skilgreiningum og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga og með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa ESB á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun.

Þá var einnig unnið að verkefni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum (Integrering av ett könsperspektiv i nordiska statsbudgetar). Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttissjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki sem stuðlar að þróun í átt til aukins jafnréttis. Verkefninu er stýrt frá Svíþjóð og lýkur árið 2006.

Samstarf við Norðvestur-Rússland.

Embættismannanefndin um jafnréttismál lagði mikla áherslu á samstarf við Norðvestur-Rússland á árinu. Tveir viðburðir voru viðamestir. Sá fyrri var málþing um jafnréttismál sem Norræna ráðherranefndin stóð að ásamt stjórnvöldum í Pétursborg. Þátttakendur málþingsins voru framkvæmdastjórar sveitarstjórna í Norðvestur-Rússlandi. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra, flutti erindi um karlmenn og jafnrétti. Sá seinni var ráðstefnan „Konur og lýðræði" (WoMen and Democracy). Þetta var fjórða og síðasta ráðstefnan í ráðstefnuröð með sama heiti. Sú fyrsta var haldin á Íslandi árið 1999 og vakti mikla athygli. Að undirbúningi ráðstefnunnar komu 11 lönd og voru þátttakendur um 600 talsins. Íslensk sendinefnd hafði stórt hlutverk á ráðstefnunni. Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda ávarpaði ráðstefnuna við opnun hennar fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, sleit ráðstefnunni ásamt vara-borgarstjóra Pétursborgar.

16. Vímuefnamál

Fundur í Þórshöfn.

Fundur embættismanna félags-, heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta Norðurlanda um vímuefnamál (EK-NARKO) var haldinn dagana 9. og 10. maí sl. í Þórshöfn í Færeyjum.

Á fundinum var í meginatriðum fjallað um grundvallarforsendur þess að Norðurlönd sameinist um stefnu í fíkniefnaforvörnum þar sem þau hafi öll svipaðar áherslur varðandi fíkniefni. Sameiginleg norræn stefna yrði mikilvæg forsenda fyrir áframhaldandi þróun á samstarfi Norðurlanda varðandi fíkniefnavandann og viðmið þeirra í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Fulltrúar allra Norðurlanda voru jákvæðir gagnvart þessari hugmynd.

Fjallað var um vanda ungra fíkniefnaneytenda þar sem sjónum var einkum beint að stefnu landanna, hvaða fíkniefni væru í umferð og hvaða meðferðartilboð stæðu ungum fíkniefnaneytendum til boða. Samþykkt var að Danir myndu gera drög að stefnumörkun á þessu sviði og senda öðrum nefndarmönnum til umfjöllunnar.

Fjallað var um hvernig löndin hyggðust taka á neyslu ólöglegra vímuefna á skemmtistöðum og hvort lög væru til í löndunum eða hvort til stæði að setja sérstök lög þar að lútandi.

Rætt var um plöntuna „knat" sem aðallega er notuð til vímugjafar í sómölskum samfélögum.

Bensín, sniff, lím og önnur lögleg en mjög heilsuspillandi efni eru útbreidd sem vímugjafar alls staðar á Norðurlöndum. Rætt var um leiðir til að koma böndum á þessa neyslu.

Sagt var frá fundi sem haldinn var í Växsjö í Svíþjóð sl. haust þar sem fjallað var um menntun starfsmanna sem vinna við meðferð vímuefnasjúklinga.

Fundur í Kaupmannahöfn.

Síðasti fundur embættismanna félags-, heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyta Norðurlanda sem formleg norræn embættismannanefnd um vímuefnamál var haldinn í nóvember sl. í Kaupmannahöfn. Fjallað var sérstaklega um þær eðlisbreytingar sem samþykktar höfðu verið og fela í sér að samstarf embættismannanefndarinnar í þeirri mynd sem það hefur verið undanfarin ár var lagt niður á árinu.

Fjallað var um möguleikana á og reynslu þjóðanna af að draga þá aðila inn í fyrirbyggjandi aðgerðir gegn fíkniefnaneyslu sem vinna á sviði nærþjónustu og rætt var sérstaklega um menntun þeirra sem vinna sem meðferðarfulltrúar á fíkniefnasviði. Jafnframt var rætt sérstaklega um þá þjónustu sem ungmennum sem orðið hafa fíkniefnum að bráð stendur til boða og var það framhald umræðu í nefndinni fyrr á árinu.

Fíkniefnameðferð fanga í fangelsum var eitt af þemaefnum fundarins en það var hluti af formennskuáætlun Dana, sem gerðu grein fyrir áherslum sínum og aðgerðum á þessu sviði. Var flutt yfirgripsmikið erindi um meðferð og meðhöndlun fanga í dönskum fangelsum og sagt frá reynslu Dana af skipulegri og skilyrtri meðferð fanga þar í landi. Málefni fanga voru rædd og fulltrúar landanna gerðu grein fyrir stöðu mála í viðkomandi löndum.

Meðferð í fangelsum. Gerð var grein fyrir meðferðarúrræðum í íslenskum fangelsum, en innan veggja fangelsa á Íslandi hefur ekki verið boðið upp á eiginlega áfengis- og vímuefnameðferð. Hins vegar eru haldnir AA-fundir einu sinni til tvisvar í viku í öllum fangelsum landsins og föngum gefst kostur á að ljúka afplánun í meðferð utan veggja fangelsa. Tvær leiðir eru í boði, í fyrsta lagi er um að ræða styttri meðferð í lok afplánunar og í öðru lagi langtímameðferð síðustu sex mánuðina.

Aðgerðir til að draga úr fíkniefna- og áfengisneyslu á Íslandi. Forsendur og skilyrði í baráttunni gegn fíkniefna- og eiturlyfjaneyslu í löndunum voru rædd, auk þess sem fulltrúar

landanna gerðu grein fyrir því sem efst er á baugi á sviði fíkniefnaforvarna í viðkomandi landi. Gerðu íslensku fulltrúarnir m.a. grein fyrir tveimur frumvörpum til laga um áfengisstefnu á Íslandi: annars vegar frumvarpi um lækkun áfengiskaupaaldurs frá 20 til 18 ára og hins vegar frumvarpi um afnám einkasölu ÁTVR á áfengi undir 22% að áfengismagni og að heimila sölu á því í verslunum. Frumvörpin náðu ekki fram að ganga. Þá var greint frá útgáfu, upplýsingastarfi og verkefnum á vegum Lýðheilsustöðvar og skýrðar áherslur sem stofnunin hefur í starfi sínu á þessum vettvangi. Gerð var grein fyrir starfsemi og úthlutunum Forvarnasjóðs og greint frá umfangsmikilli áfengisneyslukönnun sem birt var á árinu. Greint var frá samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, „Vertu til", sem hrint var í framkvæmd en fyrirhugað var að ljúka því um áramótin 2005/2006.

Alþjóðlegt samstarf. Á fundinum var gerð grein fyrir þátttöku norrænu ríkjanna í alþjóðlegu samstarfi, en norrænu löndin hafa á vettvangi embættismannanefndarinnar um vímuefnamál jafnan miðlað upplýsingum um það sem efst er á baugi í alþjóðasamtökum og stofnunum. Þannig gerðu Norðmenn grein fyrir málum á vettvangi S.Þ. (CND og INCB), Finnar gerðu grein fyrir því sem hæst ber í starfi Dyflinnar-hópsins, Danir gerðu grein fyrir því sem fram fer á vettvangi Evrópuráðsins, Svíar greindu frá helstu áherslum innan ESB og Íslendingar sögðu frá fundum norrænu toll- og lögreglusamtakanna (PTN).

Norræna nefndin í áfengis- og fíkniefnarannsóknum (NAD). Fulltrúi norrænu nefndarinnar í áfengis- og fíkniefnarannsóknum gerði grein fyrir starfsemi stofnunarinnar (sjá nánar um NAD í 14. kafla).

Óformlegt samráð.

Á fundinum í Kaupmannahöfn urðu nokkrar umræður um þá ákvörðun að leggja af hið formlega samstarf ráðherra og embættismanna á sviði fíkniefnaog áfengismála. Fram kom hjá fulltrúum nokkurra þjóðanna að hætta væri á að samvinna á þessu sviði norræns samstarfs kynni að leggjast af eða minnka verulega og töldu nokkrir fulltrúar landanna það verra. Tillaga, sem Norðmenn lögðu formlega fram, um að halda áfram óformlegum samskiptum á vettvangi embættismanna fyrst um sinn en ekki á vettvangi ráðherra, var samþykkt. Þá var ákveðið að formennskulandið í ráðherranefndinni bæri ábyrgð á hinu óformlega samstarfi embættismannanna sem mundi snúast um miðlun upplýsinga.

17. Atvinnumál

Ráðherranefndin um iðnaðar- og atvinnumál (MR-Næring) rennur saman við ráðherranefndina um byggðamál (MR-Reg) og ráðherranefndina um orkumál (MR-Energi) með breytingum á uppbyggingu Norrænu ráðherranefndarinnar. Enn er óráðið hvernig starfi nýju ráðherranefndarinnar (MRNER) verður háttað og fyrirkomulag starfs embættismannanefnda sem undir það heyra er ómótað.

Viðamesta verkefni ráðherranefndarinnar um iðnað og atvinnumál og embættismannanefndarinnar (EK-Næring) á árinu var að móta nýja samstarfsáætlun. Samstarfsáætlunin var samþykkt á fundi ráðherranna í september, en hún markar rammann um samstarf þeirra fyrir árin 2006–2010. Áætlunin hefur það að markmiði að viðhalda sterkri stöðu Norðurlanda og vinna að bættri samkeppnishæfni og hagvexti landanna – líta má á hana sem norrænt svar við áskorunum hnattvæðingarinnar. Höfuðáherslan er á að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins, m.a. með samræmingu skilyrðanna og afnámi landamærahindrana. Þá lýtur veigamikill hluti samstarfs iðnaðarráðherranna að því að efla samvinnu fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana um verkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Í samstarfsáætluninni er lögð áhersla á samstarf við Eystrasalt og á Norður-Atlantshafssvæðinu og samhæfingu norræns samstarfs

sem snýr að starfsskilyrðum atvinnulífsins. Þrátt fyrir að samstarfsáætlunin lýsi tilteknum áherslusviðum og aðgerðum er hún sveigjanleg þannig að þau lönd sem gegna formennsku í norrænu samstarfi á hverjum tíma geta markað sínar áherslur.

Á fundi sínum ræddu ráðherrarnir m.a. nýútkomna skýrslu sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina um samkeppnisstöðu Norðurlanda á tímum hnattvæðingar: *Norðurlönd sem sigursvæði á heimsvísu.* Í skýrslunni eru greind sameiginleg gildi Norðurlanda, styrkleikar þeirra metnir og gerðar tillögur um aðgerðir til þess að styrkja samkeppnisstöðu landanna. Skýrslan hefur hlotið góðar undirtektir og verður höfð til hliðsjónar í samstarfi iðnaðarráðherranna. Hnattvæðing var einnig umfjöllunarefni ráðstefnu sem Norræna ráðherranefndin, Norðurlandaráð og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) stóðu fyrir í Kaupmannahöfn í maí: *Global oursourcing – Nordic insourcing.*

Áfram var unnið að því að afnema landamærahindranir. Helstu áfangar sem náðst hafa eru opnun viðskiptavefgáttar Halló Norðurlönd (www.hallo norden.org), þar sem eru m.a. upplýsingar um stofnun fyrirtækja eða útibúa á Norðurlöndum. Settir voru á fót tveir starfshópar um framtaksfjármögnun; annar um tvísköttun og hinn um fjárfestingasjóði. Hóparnir eru enn að störfum. Þá hefur verið ákveðið að starfshópur um afnám landamærahindrana á byggingavörumarkaði, sem hóf á árinu störf undir ráðherranefndinni um húsnæðis- og byggingarmál (MR-BO), flytjist undir hina nýju ráðherranefnd MR-NER.

Unnið var að eflingu samstarfs á sviði nýsköpunar eftir samstarfsáætlun sem samþykkt var á fundi ráðherranna haustið 2004. Áætlunin hefur verið felld inn í nýja samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árin 2006–2010. Settur hefur verið á laggirnar starfshópur sem er ætlað að gera tillögur um hvernig má auka samhæfingu á stuðningsumhverfi nýsköpunar á Norðurlöndum og verið er að skipuleggja umræðuþing aðila í rannsóknum og atvinnulífi. Samþykktum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar var breytt til að auka samhæfingu á stefnumótun á sviði nýsköpunar og rannsókna- og vísindastefnu og efla samstarf nýsköpunarmiðstöðvarinnar og NordForsk, sem varð til með sameiningu Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun og Norræna vísindastefnuráðsins. Á árinu var starfandi vinnuhópur um aukið samstarf á sviði nýsköpunar á Norðurslóðum. Á grundvelli niðurstöðu hópsins hefur verið ákveðið að skipa tvo sérhæfðari hópa; annars vegar um klasa og hins vegar um „notendaknúna" nýsköpun.

Embættismannanefndin um atvinnu- og iðnaðarmál ákvað að endurskoða ákvörðun sína um að hætta þátttöku í NMR-IPP, sem er samstarfsverkefni um framleiðslutengda umhverfisstefnu, með því skilyrði að Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni yrði boðið til þátttöku í því og embættismannanefndin yrði betur upplýst um framgang þess.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe).

Markmið norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (Nordic InnovationCenter) er að efla nýsköpun á Norðurlöndum með því að taka þátt í fjármögnun norrænna samstarfsverkefna sem hafa það að markmiði að styrkja iðnað og atvinnulíf. Markmiðið er yfirleitt að koma á formlegu samstarfi sem leitar verkefnafjármögnunar annars staðar. Byggt er á þeirri trú að norrænt samstarf skili meiri árangri en hvert land geti náð fyrir sig. Með því að deila þekkingu og reynslu aukist samkeppnishæfnin.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin vinnur samkvæmt fyrirfram ákveðnum áherslum. Í þessu felst að hún skilgreinir þau fagsvið og verkefnaflokka sem unnið er að hverju sinni. Val á áherslum byggir á ítarlegu áliti valinkunnra sérfræðinga sem leitað er til. Til grundvallar liggur mat á nýjungum í vísindum og tækni en einnig mat á öðrum áhrifaþáttum nýsköpunar, sem líklegir eru til að skipta verulegu máli fyrir þróun atvinnulífs á Norðurlöndum. Ný-

sköpunarmiðstöðin tekur þátt í fjármögnun verkefna á viðkomandi áherslusviðum eftir mat á innsendum umsóknum. Leitast er við að hafa fulltrúa frá sem flestum norrænu landanna í verkefnahópnum ef því verður við komið. Þrátt fyrir þessa meginreglu um áherslusvið er enn tekið á móti umsóknum um einstök verkefni sem falla að markmiðum Nýsköpunarmiðstöðvarinnar þótt þau séu utan þeirra sviða sem áherslan er á á hverjum tíma.

Eftirfarandi áherslusvið voru í gangi eða á byrjunarstigi hjá Nýsköpunarmiðstöðinni á árinu:

1. *Nýsköpunarstefna.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur undanfarin tvö ár fjármagnað verkefni er tengjast stefnumótun í nýsköpun. Þar eru dregnir fram þættir sem vel hafa reynst og aðrir sem að stefnumótun koma geta nýtt sér. Verkefnin hafa verið 3–5 árlega og tekið eitt til eitt og hálft ár í vinnslu. Íslendingar voru virkir þátttakendur í öllum þeim 5 verkefnum sem fjármögnuð voru á árunum 2004 og 2005. Nýsköpunarmiðstöðin auglýsti í desember sl. eftir tillögum að nýjum verkefnum. Vali á nýjum verkefnum lýkur um mitt ár 2006 (www.nordicinnovation.net/category.cfm?id=1-829-56).
2. *Öryggi matvæla.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur lagt áherslu á nýsköpun í matvælaiðnaði frá árinu 1993. Þetta endurspeglar þá staðreynd að matvælaiðnaðurinn er einn af stærstu og mikilvægustu iðngreinum á Norðurlöndum. Áherslan á þessum árum hefur m.a. verið á umbúðum, nýrri tækni í matvælaframleiðslu og öryggi matvæla. Nú eru í gangi fjögur verkefni er tengjast öryggi matvæla. Nýsköpunarmiðstöðin leiðir einnig verkefnið SAFEFOODERA, sem er mjög stórt Evrópuverkefni sem Nýsköpunarmiðstöðin hafði frumkvæði að. Íslendingar eru þátttakendur í þremur verkefnum af fjórum um öryggi matvæla og leiða SAFEFOODERA fyrir hönd Nýsköpunarmiðstöðvarinnar (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id= 1-834-621).
3. *Skapandi iðnaður.* Nýsköpunarmiðstöðin fjármagnar nú sex verkefni á sviði skapandi iðnaðar. Markmiðið er að auka þekkingu á þessum mikilvæga þætti nýsköpunarinnar þar sem upplifun og hughrif birtast í margskonar myndum. Leitast er við að greina almenna þætti sem geta styrkt þennan iðnað. Að þessu sinni er lögð áhersla á hönnun, tölvuleiki, spil og ferðamennsku er tengjast stórviðburðum svo sem íþróttakappleikjum og menningarviðburðum. Íslendingar eru þátttakendur í öllum verkefnunum sem lýkur um mitt ár 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-582).
4. *Stefnumótandi framsýni.* Nýsköpunarmiðstöðin hefur nokkur undanfarin ár tekið þátt í verkefnum á sviði stefnumótandi framsýni. Markmiðið er að afla þekkingar og upplýsinga fyrir þá sem vinna við stefnumótun á sviði nýsköpunar og tækniþróunar á Norðurlöndum. Að þessu sinni er fjármagnað norrænt net á sviði tæknilegrar framsýni og skoðaðar mismunandi aðferðir við að meta hvað framtíðin ber í skauti sér. Hingað til hefur hvert norrænu landanna notað sína aðferð. Ein aðferð mun gera samanburð og samskipti auðveldari auk þess sem kostnaður við slíkar greiningar dreifist á fleiri aðila. Íslendingar taka þátt í einu verkefni af þremur. Verkefnunum lýkur í desember 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-664).
5. *Byggingar framtíðarinnar.* Breytingar á kröfum til bygginga, framboð á nýju byggingarefni sem og tækniþróun í byggingartækni er kjarni þessa áherslusviðs. Norrænn byggingariðnaður er landfræðilega einangraður sem hefur takmarkað markaðsárangur hans þrátt fyrir að hann byggi á verulegri sérþekkingu, t.d. varðandi mannvirki úr tré og steinsteypu sem þola þurfa mikla áraun. Markmiðið er að tengja saman fagaðila á Norðurlöndum til að skapa ný samlegðaráhrif og nýjar afurðir. Vali verkefna verður lokið í byrjun árs 2006 (www.nordicinnovation.net/art-icle.cfm?id=1-834-629).

6. *Örtækniáætlun.* Örtækni er nýr málaflokkur sem skipta mun miklu máli fyrir atvinnuþróun framtíðarinnar. Örtæknin byggir á mjög háu þekkingarstigi og dýrum og flóknum búnaði. Norræn samvinna á þessu sviði mun skipta Íslendinga meginmáli þar sem slík samvinna stæði varla til boða annars staðar. Til grundvallar vali á þessu áherslusviði liggja m.a. áherslur rannsóknaráða landanna, þ.m.t. Vísinda- og tækniráðs Íslands. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni Norðurlanda, sem fyrst og fremst verður gert með því að leiða saman aðila í rannsóknum og iðnaði. Að þessu sinni er lögð áhersla á efnis- og nematækni (material & sensor technology) tengd lífsstíl, heilsu og öryggi. Vali á verkefnum lýkur á miðju ári 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-694).
7. *Markfæði.* Functional food hefur verið nefnt markfæði á íslensku, en um er að ræða matvöru sem t.d. telst vera heilsufæði eða hafa annan skilgreindan tilgang umfram það að veita hefðbundna næringu. Markfæði er sá flokkur matvæla sem er talinn vaxa hvað hraðast eða um 15–20 prósent á ári. Markmið Nýsköpunarmiðstöðvarinnar með því að leggja áherslu á markfæði er að styrkja norrænan matvælaiðnað í að ná vænum hluta af þessum vaxandi markaði. M.a. er lögð áhersla á verkefni er tengjast umbótum á umhverfi iðnaðarins svo sem að samræma reglugerðir og ná samstöðu á milli hlutaðeigandi hagsmunaaðila, eins og neytenda, ransóknastofnana og iðnaðarins, um gildi markfæðis. Þá er einnig leitað að verkefnum er tengjast nýsköpun beint t.d. innan fiskiðnaðarins og mjólkuriðnaðarins. Vali á verkefnum lýkur á miðju ári 2006 (www.nordicinnovation.net/article.cfm?id=1-834-693).

Þá eru ótalin verkefni sem tengjast afnámi hindrana á milli norrænu landanna, en Nýsköpunarmiðstöðin sér um framkvæmd á pólitískum áherslum iðnaðarráðherranna á þessu sviði.

18. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-FINANS) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Kaupmannahöfn 20. maí sl. Ráðherrarnir ræddu um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði unnið. Ráðherrarnir ræddu helstu breytingar á sviði skattamála, einkum skattlagningu á áfengi, þar sem m.a. kom fram að skattalækkun Finna á sterku áfengi væri þegar farin að hafa áhrif á neyslu. Á fundinum var hin nýja vefsíða Nordisk eTax (www.nordisketax.net) formlega opnuð og kynnt. Á seinni fundi ráðherranna sem haldinn var í Reykjavík í tengslum við þing Norðurlandaráðs í október var auk hefðbundinna umræðuefna til umfjöllunar verkefni sem unnið hefur verið í tengslum við formennsku Dana sem fjallar um aðbúnað stjórnvalda að rannsóknar- og þróunarstarfi.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.:

Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-FINANS) og ýmsir vinnuhópar. Verkefni embættismannanefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

a. *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni nefndarinnar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin

iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Var hún til grundvallar umræðum ráðherranna á haustfundi þeirra.

b. *Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál og umhverfismál. Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Fyrirferðarmesta verkefnið á vegum nefndarinnar í ár var gerð skýrslu um hagræn stjórntæki á sviði umhverfismála sem auk Norðurlanda tekur nú til Eystrasaltsríkjanna.

c. *Rannsóknarhópur um greiningu hagvaxtar.* Á árinu lauk störfum sérstakur hópur sérfræðinga sem undanfarin tvö ár hefur unnið að því að greina uppruna hagvaxtar (growth accounting). Skýrsla hópsins hefur verið gefin út á vegum ráðherranefndarinnar.

d. *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis.* Í íslensku verkefni sem er hluti af þessari vinnu er ætlunin að skoða hvernig fjármunir á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem stjórnar verkefninu og samanstendur hann af fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins. Norræna verkefnið stendur til ársloka 2006, en áætlað er að íslenska verkefninu verði lokið nokkru áður. Norræna verkefninu lýkur með skýrslu og gerð handbókar um það hvernig nýta megi reynslu úr þessum tilraunaverkefnum til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á öðrum sviðum opinberrar starfsemi.

e. *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla.* Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu ESB-tilskipana á fjármálasviði og að öðru sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum.

f. *Nefnd norrænna skattahagfræðinga.* Verkefni nefndarinnar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Á fundum nefndarinnar var farið yfir helstu skattabreytingar liðins árs. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem skoða ætti áhrif skattbreytinga á vinnuframboð og leggja fram stutta skýrslu.

g. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet).* Helstu mál á fundum nefndarinnar á árinu voru: Hin árlega ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári; áframhaldandi umræða frá fyrra ári um óánægju starfsmanna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil; umræða um hvort hinar tímabundnu ráðningar sem tíðkast hafa, standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB; umræða um hvort dönsk starfsmannalög og -reglur gildi um starfsmenn skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar; nýsköpunarstarf hjá ráðherranefndinni; umræða um skort á reglum um eftirlaunaaldur starfsmanna á skrifstofunum í Kaupamannahöfn; verkefnaráðningar á stofnunum og jafnréttisáætlun 2005–2007.

h. *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu og hefur Norræna ráðherranefndin haft forgöngu um að gera ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum kleift að stunda tímabundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðru norrænu landi. Fjárframlag til starfsmannaskiptanna voru nokkru hærra en árið áður. Því var hægt að koma til móts við óskir fleiri umsækjenda en ella. Íslenskir styrkþegar voru níu og hlutu þeir styrki til eins til fimm mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Flestir fóru sem

fyrr til Danmerkur eða sjö. Einn fór til Svíþjóðar og einn til Noregs. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

i. *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang fyrir upplýsingamiðlun og skoðanaskipti milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og frumvörp og skýrslur um skattamál eru send milli ráðuneytanna. Á fundinum var gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum í hverju landi fyrir sig síðastliðið ár. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, en sú umræða er orðin fastur liður á þessum fundum. Einnig var rætt um OECD samstarfið. Að lokum er á þessum fundum almennt fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða. Að þessu sinni höfðu Svíar framsögu um þróun skattkerfisbreytinga á Norðurlöndum.

j. *Norræna skattrannsóknarráðið.* Markmið skattrannsóknarráðsins er að stuðla að skattrannsóknum í lögfræði og hagfræði. Ráðið heldur fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í október sl. í Reykjavík var umfjöllunarefnið óvissar tekjur („Usikre indtægter").

k. *Norrænn embættismannafundur í skattamálum.* Nefndin ræðir málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996 og tilgangurinn með fundum hennar er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál hverju sinni og á þessu ári hófst endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins. Samningaviðræður komust nokkuð vel áleiðis á síðasta fundi en nokkur álitamál eru enn útistandandi.

l. *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda.* Fjárlagastjórar eru forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum. Á fundum þeirra er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.

m. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

a. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk nefndarinnar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans, Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins. Áætluninni lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.

b. *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna hafa það hlutverk að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC), en það eru norræna-baltneska fjármálanefndin og norræna-baltneska fulltrúanefndin. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands, Eistlands, Lettlands og Litháens, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

19. Húsnæðis- og byggingarmál

Árið 2005 var síðasta ár samstarfsáætlunar í húsnæðis- og byggingarmálum sem gilti fyrir tímabilið 2002–2005. Það var jafnframt síðasta ár form-legs samstarfs á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um húsnæðis- og byggingarmál (MR-BO) sem rekja má aftur til áttunda áratugarins. Samstarfsáætlunin skiptist í þrjú meginsvið: *Félagsleg húsnæðismál, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingargeira auk borgarstefnu.*

Áform um skipulagsbreytingar hjá Norrænu ráðherranefndinni höfðu mikil áhrif á starfsemi ársins og á fyrsta fundi embættismannanefndarinnar voru kynntar tillögurnar um að leggja niður formlegt samstarf á sviði húsnæðis- og byggingarmála innan Norrænu ráðherranefndarinnar.

Hætt var við frekari vinnu við gerð nýrrar samstarfsáætlunar og ráðherrafund sem boðaður hafði verið. Á síðasta fundi embættismannanefndarinnar í nóvember sl. kom fram samdóma álit allra landanna að samstarf á þessum vettvangi væri mikilvægt og nauðsynlegt væri að tryggja því nýjan farveg. Ákveðið var að halda samstarfinu áfram með óformlegum hætti og án atbeina Norrænu ráðherranefndarinnar. Löng hefð er fyrir samstarfi á þessum vettvangi og hafa norrænar stjórnsýslustofnanir á sviði húsnæðismála haft með sér óformlegt samstarf í yfir 50 ár.

Samþykkt var að halda samstarfinu áfram með því að funda a.m.k. árlega samhliða ráðstefnu um ákveðin málefni. Ákveðið var að ábyrgð á undirbúningi og umsjón með óformlega samstarfinu hvíli á því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni.

Í tengslum við þessar breytingar samþykktu húsnæðisráðherrar Norðurlanda að fela nýju ráðherranefndinni MR-NER umsjón með því að ljúka verkefninu „Action Plan for increased exchange in the building sector between countries in the Northern Dimension region". Verkefnið var samþykkt á húsnæðisráðherrafundi í nóvember árið 2004. Umhverfisráðuneytið hefur einnig komið að verkefninu og er gert ráð fyrir að samráð verði haft við félagsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið um framvindu verkefnisins. Embættismannanefndin um iðnaðar- og atvinnumál tók málið fyrir á fundi sínum í ágúst sl.

Ráðstefnur og rannsóknarstarf.

Á formennskuári Íslands 2004 var lögð rík áhersla á samstarf við Vestur-Norðurlönd og undirbúið málþing um söfnun og tengingu mannfjölda- og húsnæðisupplýsinga á vestursvæði Norðurlanda. Málþingið fór fram á Íslandi í byrjun janúar og var hugsað sem undirbúningur fyrir sameiginlegt verkefni um endurskoðun og endurbætur á húsnæðisupplýsingakerfum landanna þriggja. Fulltrúar frá Hagstofu Íslands, Fasteignamatinu, Íbúðalánasjóði, félagsmálaráðuneytinu, Almanna- og heilsumálaráðinu, Hagstofu Færeyja og heimastjórn Grænlands sóttu málþingið. Niðurstöður málþingsins voru tillögur um áframhaldandi samstarf en ekkert verður af því vegna skipulagsbreytinganna.

Í janúar var einnig haldið málþing í Ósló undir heitinu „Utvikling av nordisk bolig-, bygge- og boforholdstatistikk". Í skýrslu til embættismannanefndarinnar (EK-BYGG) um ráðstefnuna kemur fram að samstarf á þessu sviði er talið mikilvægt og settar fram tillögur um framhald á því. Í nóvember var haldin ráðstefna í Árósum um borgarstefnu og húsnæðismál á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni var kynnt skýrsla vegna verkefnis um samanburð á borgarstefnu Norðurlanda undir heitinu: „Implementering af bypolitik i Norden" (TemaNord 2005:502).

Á árinu var unnið að verkefni um samhengi byggðaþróunar og húsnæðismála undir heitinu „Centerperiferi polariseringens problematik och följder – Om samspelet mellan regional utveckling och bostadspolitik i Norden". Verkefnið var sett á laggirnar að tilhlutan Íslands á formennskuárinu en það er samstarfsverkefni embættismannanefndanna um húsnæðis- og byggingarmál og um byggðamál. Verkefnið er unnið undir stjórn Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans í Bifröst.

20. Neytendamál

Á fundi norrænu ráðherranefndarinnar um neytendamál (MR-KONS) í ágúst 2004 var samþykkt ný norræn samstarfsáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 2005–2010. Í hinni nýju samstarfsáætlun er að finna tvö meginmarkmið fyrir norræna samvinnu á sviði neytendamála, þ.e. í fyrsta lagi að auka neytendavernd á Norðurlöndum og í Evrópu og í öðru lagi að stuðla að því að neytendur búi yfir fullnægjandi upplýsingum svo unnt sé að auka frjálst val þeirra og þátttöku í frjálsri samkeppni. Undir forystu Danmerkur var því hafist handa í ársbyrjun við að koma ýmsum atriðum í samstarfsáætluninni til framkvæmda á árinu. Á grundvelli samstarfsáætlunarinnar voru því samþykkt og sett af stað verkefni sem miða að því að veita nánari upplýsingar um stöðu neytenda á framan greindum áherslusviðum. Unnið var að gerð skýrslu þar sem reynt er að varpa ljósi á það hvort neytendur geta með auðveldum hætti fært viðskipti sín milli fjármálastofnana. Samþykkt var að vinna að gerð skýrslu þar sem skýrð verða nánar ákvæði í nýjum neytendakaupalögum á Norðurlöndum en þau ákvæði byggja öll á tilskipun ESB um þetta efni.

Á formennskuári Íslands árið 2004 samþykkti ráðherranefnd neytendamála að efna til norrænnar samkeppni um fræðsluefni til kennslu um neytendamál í grunnskólum. Bárust 24 tillögur og af þeim var valið eitt framlag frá hverju þátttökulandi og var það hlutverk samnorrænnar dómnefndar að velja það kennsluefni sem hljóta skyldi verðlaunin sem voru 100 þús. d.kr. Fyrir valinu varð framlag Íslands til keppninnar sem ber heitið „Raunveruleikurinn" en höfundur þess er Ómar Örn Magnússon. Verðlaun í samkeppninni voru afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþing sem haldið var í Reykjavík í október sl.

Danir efndu til norrænnar ráðstefnu í lok september sl. í tengslum við ráðherrafund neytendamála. Á ráðstefnunni flutti fjöldi fyrirlesara erindi um „norræna neytendamarkaði 2005" og kynntu m.a. rannsóknir sínar. Af erindum þeirra er ljóst að gagnsæi markaða verður sífellt

minna og auka verður áherslu á að auðvelda neytendum að geta gert raunhæfan samanburð á þeim tilboðum sem seljendur vöru og þjónustu setja fram hverju sinni.

Á ráðherrafundi neytendamála var fjallað um tillögur samstarfsráðherra Norðurlanda um að leggja niður ráðherranefnd neytendamála. Á fundi sínum samþykktu ráðherrarnir að áfram skyldi stefnt að samvinnu milli norrænu landanna á sviði neytendamála þrátt fyrir að það samstarf yrði ekki framar framkvæmt á hinum formlega vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherrarnir samþykktu að til að leiða áfram slíkt samstarf skuli stofnsett nefnd embættismanna á vegum ráðuneyta eða norrænna stofnana sem bera ábyrgð á neytendamálum í hverju landi fyrir sig. Ráðherranefndin samþykkti starfsreglur fyrir nefndina og óskaði jafnframt eftir því að nefndin boðaði norræna ráðherra sem bera ábyrgð á neytendamálum í hverju landi fyrir sig til sérstakra óformlegra funda þegar ástæða þætti til. Hið nýja fyrirkomulag á norrænu samstarfi á sviði neytendamála tekur gildi frá ársbyrjun 2006. Samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála hefur frá upphafi verið einkar gott og árangursríkt ekki síst fyrir Ísland. Lýkur því nú merkum kafla í samstarfinu en þess er vænst að áfram eigi sér stað öflugt samstarf milli norrænu ríkjanna utan hins formlega skipulags. Samstarfsaðilar á sviði neytendamála telja mikilvægt að í framtíðinni verði starfræktur sérstakur sjóður á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda þar sem unnt verði að sækja áfram um styrki til að framkvæma ýmis verkefni sem Norðurlöndin telja mikilvægt að unnið sé að með svipuðum hætti og hefur tíðkast á undanförnum áratugum í norrænu samstarfi.

Á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar (www.norden.org) er að finna yfirlit um þær margvíslegu skýrslur sem gerðar hafa verið á vegum norræns samstarfs á sviði neytendamála. Af þeim lista má glöggt greina að norrænt samstarf á sviði neytendamála hefur verið árangursríkt og því mikilvægt að í framtíðinni verði áfram unnt að vinna með svipuðum hætti að sameiginlegum málum enda mikil skilvirkni fólgin í því að ekki séu gerðar margar rannsóknir á Norðurlöndum um sömu eða fyllilega sambærileg mál.

21. Málefni dómsmálaráðuneytisins

Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna um löggjafarmálefni byggist að meginstefnu til annars vegar á samstarfsáætlun og hins vegar formennskuáætlunum sem gefnar eru út ár hvert.

Norrænir dómsmálaráðherrar (MR-LOV) hittast einu sinni á ári. Að öðru leyti á samstarfið sér stað undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (EK- LOV) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins, sameiginleg hagsmunamál rædd, og enn fremur ný eða væntanleg löggjöf, og styrkir veittir til einstakra norrænna verkefna. Um einstök réttarsvið eða álitaefni er fjallað í vinnuhópum, sem skipaðir eru embættismönnum eða sérfræðingum í ráðuneytunum. Þá kemur fyrir að embættismannanefndin setji á laggirnar sérstaka vinnuhópa sem hljóta styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Ný samstarfsáætlun var samþykkt af dómsmálaráðherrum Norðurlanda á fundi þeirra á Skagen í júní sl. Hana ber að endurskoða í síðasta lagi árið 2009. Í áætluninni koma fram megináherslur norræns löggjafarsamstarfs og þær meginreglur sem það byggir á. Samstarfið miðar m.a. að því að styrkja lýðræði í ákvarðanatökuferli á Norðurlöndum og auka réttaröryggi þeirra sem búa eða dveljast þar. Í áætluninni kemur fram að löggjafarsamstarfið eigi að miða við „norrænt notagildi". Miðað skuli að samræmingu löggjafar, þó ekki þannig að reglur eigi endilega að vera þær sömu. Umfang, nauðsyn og eðli samstarfs um löggjöf á Norðurlöndum geti verið mismikið á hinum ýmsu sviðum réttarins. Á sviði einkamálaréttar hafi verið hefð fyrir að ná sérlega víðtækri samræmingu löggjafar. Þessu samstarfi beri að

halda áfram og þróa frekar. Auk þess sé vaxandi þörf fyrir norrænt samstarf á sviði refsiréttar og löggæslu. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki megi búast við samræmingu löggjafar, t.d. vegna mismunandi siðferðislegs gildismats eða munar á stjórnskipun, geti eigi að síður verið gagnlegt að skipast á upplýsingum og miðla reynslu. Loks er í samstarfsáætluninni fjallað um hlutverk norræns löggjafarsamstarfs í evrópsku og öðru alþjóðlegu samhengi, en það er í stuttu máli að láta að sér kveða þegar tækifæri gefst og ástæða er til.

Auk samþykktar á nýrri samstarfsáætlun voru ýmis önnur mál á dagskrá á áðurgreindum ráðherrafundi. Ber þar hæst samþykkt á nýjum norrænum samningi um framsal vegna refsiverðra verknaða milli norrænu landanna (norrænni handtökuskipun). Þess má geta að samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu í desember sl. Þá ræddu ráðherrarnir um sáttaumleitanir í einkamálum og refsimálum, og einnig um svonefnda dómstólavæðingu (judikalisering).

Af öðrum áherslumálum á árinu má nefna baráttuna gegn hryðjuverkum, einkum í sambandi við fullgildingu á nýjum Evrópuráðssamningi gegn hryðjuverkum, og baráttuna gegn spillingu, m.a. vegna nýs samnings S.þ. gegn spillingu. Þá voru forgangsmál rædd í eftirtöldum óformlegum starfshópum (sem ekki fá fjárveitingu af norrænum fjárlögum): sérfræðingahópi um sifjarétt, starfshópi ráðuneytanna um refsirétt, starfshópi um endurskoðun norrænna framsalsreglna (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) og starfshópi um endurskoðun norrænna reglna um fullnustu refsidóma (sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963).

Einnig var starfandi starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og er hans helsta hlutverk að undirbúa fundi dómsmálaráðherra þessara ríkja sem haldnir eru einu sinni á ári. Í áðurnefndri samstarfsáætlun norrænu dómsmálaráðherranna segir að samstarfið við Eystrasaltsríkin hafi áður fyrr miðað að því að stuðla að þróun í átt að lýðræði í Eystrasaltsríkjunum og efla sameiginlegt réttarfar, en það hafi þróast í þá átt að vera samstarf átta jafnréttháttarra ríkja (NB8) í ljósi þess að áframhaldandi og náið samstarf á svæðinu sé mikilvægt í stækkuðu ESB og gagnvart ríkjum utan ESB.

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Samráðsnefndin hefur komið saman síðan laust eftir 1990. Upphaflega var eingöngu fjallað um málefni hælisleitenda og flóttamanna, en fljótlega þróaðist samstarfið í að verða alhliða samstarfsvettvangur ráðuneyta sem að útlendingamálum koma á Norðurlöndum. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um málefni útlendinga almennt, þar á meðal um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning, tölfræðiupplýsingar o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Starf nefndarinnar á árinu fólst einkum í tveimur fundum og einum undirnefndarfundi sem allir voru sóttir af hálfu Íslands. Fyrsti fundurinn var haldinn í Helsingfors í janúar. Þá hittist starfshópur á vegum NSHF í Stokkhólmi í maí til að ræða þau atriði sem lúta að útlendinga-

og hælismálum í tillögum framkvæmdastjórnarinnar í framkvæmdaáætlun ESB um að fylgja eftir Haag-áætluninni. Fulltrúum Eystrasaltsríkjanna var einnig boðið á þennan samráðsfund. Annar fundur nefndarinnar var haldinn í Varkaus í júní en þá var einnig haldinn ráðherrafundur þar sem boðið var fulltrúum frá Flóttamannastofnun S.þ. (UNHCR), skrifstofu S.þ. í Kosovo (UNMIK) og Alþjóðastofnun um fólksflutninga (IOM).

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjon á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili samningsins.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans fer með samstarf það í leitar- og björgunarmálum er leiðir af aðild Íslands. Samnorræn framkvæmdanefnd er vettvangur reglulegra funda fulltrúa Norðurlanda og stýrir hún samstarfinu. Heimasíða NORDRED er www.nordred.org.

Löndin skiptast á um formennsku til þriggja ára í senn og lýkur hverju tímabili með því að haldin er norræn björgunarráðstefna og gjarnan æfing tengd henni. Íslendingar hafa farið með formennsku í norrænni samvinnu um björgunarsamstarf frá því í maí 2003 en Finnar taka við í maí 2006. Samhliða því verður haldin björgunarráðstefna og skrifborðsæfing í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland heldur ráðstefnu og æfingu af þessu tilefni. Norræna ráðherranefndin styrkir NORDRED björgunarráðstefnurnar og æfingarnar.

22. Norrænar stofnanir á Íslandi

22.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur staðið fyrir öflugri og fjölbreyttri dagskrá á starfsárinu. Eitt stærsta verkefni Norræna hússins á árinu var kvikmyndahátíð sem haldin var í október mánuði til að vekja athygli á kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs sem veitt voru í fyrsta skipti í ár. Á hátíðinni voru allar myndirnar sem tilnefndar voru sýndar í Háskólabíói, tvær frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Hingað til landsins komu framleiðendur myndanna, leikstjórar og leikarar og tóku þátt í málstofu sem haldin var í tilefni hátíðarinnar.

Í byrjun mars stóð Norræna húsið einnig fyrir norsk-sænskri kvikmyndahátíð sem ætluð var grunnskólanemum og haldin var í sal hússins.

Í tengslum við afhendingu bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs sem íslenski rithöfundurinn Sjón hlaut að þessu sinni, blés bókasafn Norræna hússins til mikillar bókmenntaveislu þar sem fyrrum handhöfum verðlaunanna var boðið til landsins. Dagskráin bar yfirskriftina „Og sigurvegarinn er...“. Gestir lásu upp úr verkum sínum og flutt voru verk eftir tónskáldið Hauk Tómasson sem hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2004.

Í desember stóð bókasafnið jafnframt fyrir þremur upplestrum í hádeginu á þriðjudögum. Fram komu rithöfundar og þýðendur og lásu upp úr verkum sínum. Það er nýjung að bókasafn hússins skuli standa fyrir og skipuleggja sérstaka dagskrá og eykur það á vægi bókasafnsins í starfsemi hússins.

Norræna húsið tók þátt í „Norrænum dögum“ í Smáralindinni í október sl. þar sem starfsemi hússins var kynnt fyrir gestum og gangandi.

Dagskrá fyrir börn og unglinga.

Á sunnudögum hafa með reglulegu millibili verið kvikmyndasýningar fyrir börn. Barnabíóið er þáttur í verkefninu Norðurlöndin í fókus sem hefur það að markmiði að miðla norrænni menningu meðal barna og fullorðinna. Í apríl var leikbrúðuland með sýningar fyrir leikskólabörn. „Daglegt líf á Norðurlöndum" var yfirskrift sýningar sem haldin var í Ráðhúsinu á vegum Norræna hússins í sambandi við Norðurlöndin í fókus. Á sýningunni mátti sjá skrásetningu fimm nemenda í sjötta bekk grunnskóla Reykjavíkur á sínu daglega lífi. Kammerhópurinn Camerarctica var með tvenna barnatónleika, þeir fyrri voru í júní og þeir síðari voru haldnir á „Norrænum dögum" í Smáralind í október sl. Sumarnámskeið í dönsku talmáli var haldið í júní. Annað námskeið fyrir börn sem búið hafa í Danmörku var haldið um haustið og var afar vel sótt. Í október var leikhópurinn „Scene 1" frá Kaupmannahöfn með grímu- og brúðuleikhússýninguna „Konan frá hafinu" sem ætluð var unglingum.

Í samstarfi við Möguleikhúsið stóð Norræna húsið fyrir lifandi leiklestri upp úr sögu Selmu Lagerlöf „Ævintýraferð Nilla Hólmgeirssonar um Svíþjóð" í tilefni af norrænu bókasafnsvikunni „Í ljósaskiptunum" í nóvember.

Sýningarsalur.

Starfsárið hófst með opnun sýningar norsku listakonunnar Tonje Ström sem bar heitið Næturhöfuð. Í febrúar bauð Norræna húsið gestum sínum á Safnanótt þar sem frumsýnd var nýjasta mynd Lars von Trier, „The Five Obstructions". Einnig voru sýndar átta stuttmyndir og lesið upp úr norrænum samtímabókmenntum. Í mars var opnuð samsýning sex listamanna, „Farfuglarnir". Sölusýning á verkum norska myndlistamannsins Örnulf Opdahl var opnuð í lok apríl og í júní opnaði sumarsýningin „Grús". Sýningin var samsýning þriggja ungra íslenskra listamanna, Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, Helga Þórssonar og Magnúsar Loga Kristinssonar. Sérstök heimasíða var opnuð í tilefni sýningarinnar.

„Innan Ingmar blev Bergman" var yfirskrift heimildarsýningar í september og október mánuði um líf Ingmars Bergmans. „Föðurmorð og nornatími" var athyglisverð samsýning ungra listamanna sem opnaði í lok október. Sýningin var framlengd vegna góðra viðtaka og stóð fram í nóvember. Síðasta sýning ársins „Expand" var samsýning þriggja ungra listamanna frá Álandi.

Anddyri.

Í mars sýndi Maya Petersen Overgaard útskriftarverkefni sitt frá Listaháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2004 sem bar yfirskriftina „Hinsti staðurinn". Sýningin „Vorvindar" var opnuð í byrjun apríl þar sem sýndir voru 25 silfurskúlptúrar eftir Sigurð Hrafn Þórólfsson gullsmið. Í lok apríl var opnuð sýning með verkum eftir David Shale, „Undraheimur hafdjúpanna".

„Frá rúnum til rúmteppa" var heiti á sýningu sem opnuð var í byrjun september þar sem sautján danskar listakonur sýndu bútasaumsveggteppi. Sölusýningin „Hringurinn í hnotskurn" frá Gallerí Fold í Noregi var opnuð í nóvember mánuði. Á sýningunni sýndu norskir, sænskir og danskir hönnuðir hringa sem vöktu mikla athygli.

Ráðstefnur.

Í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norðurlöndin í fókus bauð Norræna húsið til opins fundar í mars til að ræða stöðu norræna velferðarkerfisins. Í maí hélt Norræna húsið í samstarfi við Stofnun Sigurðar Nordals umræðufund um þýðingar og útgáfu á íslenskum fornbókmenntum á skandinavískum málum. Bókmenntahátíðin í Reykjavík var

haldin í september í samstarfi við Norræna húsið. Dagskráin stóð í viku, var glæsileg og vel sótt. Norrænt rithöfundaþing var á dagskrá í október í samstarfi við lektora háskólans.

Tónleikar.

Finnska dúóið Nordic Scapes með sópran söngkonunni Sirkku Wahlroos og píanóleikaranum Sampsa Konttinen hélt tónleika með yfirskriftina „Norrænar ljóðmyndir – tímalaus tónlist". KaSa hópurinn hélt tónleika í Norræna húsinu í mars þar sem Dimitri Askenazy klarinettuleikari var sérstakur gestur.

Í apríl hélt finnski píanóleikarinn Kirsti Huttunen fyrirlestur og tónleika tileinkaða Franz Liszt.

Tveir kórar heimsóttu Norræna húsið í byrjun maí, þ.e. dómkirkjukór Gautaborgar undir stjórn Ann-Marie Rydberg og Karjalan Käköset frá Finnlandi undir stjórn Irma-Sisko Norontaus. Grænlenski flautuleikarinn Arnannguaq Janna Gerstrøm ásamt danska píanóleikaranum Kirsten Beyer Karlshøj héldu tónleika og í lok mánaðarins var norrænn jazz á boðstólum með saxófónleikaranum Esa Pietilä í fararbroddi. Camerarctica hélt sína árlegu sólstöðutónleika í júní. Í maí mánuði hélt norski píanóleikarinn Joachim Kjelsaas Kwetzinsky tónleika ásamt klarínettuleikaranum Andjei Maevski. Karlakórinn Os frá Hörðalandi í Noregi hélt tvenna tónleika í júlí.

Í ágúst voru þrennir tónleikar: Trio i ein Fjord með norsku söngkonunni Reidun Horvei, Knut Hamre á harðangursfiðlu og píanóleikaranum Geir Botnen; ljóðskáldið Kristín Bjarnadóttir og bandeonleikarinn Carlos Quilici voru með tangódagskrá í tali og tónum og á Menningarnótt spiluðu Benjamin Koppel á saxófón, Thommy Anderson á kontrabassa, Axel Riel á trommur ásamt Eyþóri Gunnarssyni fyrir troðfullu húsi. Franski píanóleikarinn Nicolas Stavy hélt tónleika fyrir gesti í lok október og í byrjun nóvember voru tónleikar með færeysku hljómsveitinni Yggdrasil ásamt Eyvøru Pálsdóttur. Þrennir jólatónleikar í boði hússins voru haldnir á aðventunni. Simon Rosenbaum skemmti gestum með píanóleik, söng og sögum í byrjun desember. Norska jazzbandið Roundtrip spilaði jólajazz og á síðustu tónleikum starfsársins komu fram sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir, fiðluleikarinn Hjörleifur Valsson og píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson og fluttu jólalög úr ýmsum áttum í bland við klassískar söngperlur.

22.2. Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Norræna eldfjallasetrið (Nordisk Vulkanologisk Center) hefur verið starfrækt innan Jarðvísindastofnunar Háskólans síðan á miðju ári 2004, eftir að starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar fluttist til Háskóla Íslands samkvæmt samningi á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskólans, með fulltingi menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt samningnum sem gildir til ársloka 2007, þá er Norræna eldfjallasetrið á norrænum fjárlögum og öllum verkefnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar er þar haldið áfram. Framlög af norrænum fjárlögum til starfsemi Norræna eldfjallasetursins voru áætluð óbreytt 2004 og 2005, en hafa þó minnkað að raungildi árið 2005 vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar gagnvart þeirri dönsku (núverandi samningur kveður á um fjárframlag í dönskum krónum). Á árunum 2006 og 2007 eiga fjárveitingar til Norræna eldfjallasetursins að lækka, en til þess að vega upp á móti þeirri lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar.

Við yfirfærslu verkefna Norrænu eldfjallastöðvarinnar til Háskóla Íslands urðu verulegar breytingar á rekstrinum. Öllu starfsfólki Norrænu eldfjallastöðvarinnar var sagt upp, en þeim samtímis boðin störf við Jarðvísindastofnun Háskólans við sambærileg störf og áður, að undanskildum stjórnunarstörfunum. Starf forstöðumanns Norrænu eldfjallastöðvarinnar var

lagt niður, og forstöðumaðurinn ráðinn sem sérfræðingur til Norræna eldfjallasetursins. Forstöðumaður Jarðvísindastofnunar Háskólans, Ólafur Guðmundsson, hefur yfirtekið ábyrgð á rekstri Norræna eldfjallasetursins. Jafnframt hefur hann tilnefnt Freystein Sigmundsson sem umsjónarmann Norræna eldfjallasetursins, en hann mun hafa umsjón með norrænum styrkþegum við setrið sem og öðrum norrænum og alþjóðlegum samskiptum í tengslum við setrið.

Á árinu héldu Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans áfram norrænum verkefnum og tengslum innan eldfjallafræði og skildra faggreina á sama hátt og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Í stað stjórnar Norrænu eldfjallastöðvarinnar starfar nú norræn verkefnanefnd skipuð einum vísindamanni frá hverju norrænu landanna. Verkefnanefndin hefur ráðgjafarhlutverk, sérstaklega hvað varðar norræna vídd starfseminnar. Verkefnanefndin skipar einn fulltrúa af fimm í stjórn Jarðvísindastofnunar, en þar sitja að auki þrír fulltrúar starfsmanna stofnunarinnar, og einn alþjóðlegur fulltrúi (erlendur vísindamaður). Þannig hefur stjórn Jarðvísindastofnunar bæði norræn og alþjóðleg viðmið. Ný stjórn Jarðvísindastofnunar Háskólans hefur nú verið kjörin til fjögurra ára. Rekstrar- og stjórnskipulag Norræna eldfjallasetursins innan Jarðvísindastofnunar og stofnunarinnar í heild er enn í mótun og mun miðast við að samnýta þá aðstöðu og sérþekkingu sem nú er saman komin innan Jarðvísindastofnunar Háskólans á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Samnýting tækja og mannauðs nýtist eldfjallasetrinu vel en á móti kemur að opinber fjármögnun norrænna rannsóknaverkefna og rekstrar af norrænum fjárlögum verður lakari en áður.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi felst enn sem fyrr í stöðum fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af hornsteinum norrænnar eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þar að auki er eitt stöðugildi norræns sérfræðings við setrið. Ráðið var í stöðuna til bráðabirgða snemma á árinu en staðan hefur verið auglýst aftur til ráðningar til 2–4 ára.

Árið 2005 var fyrsta heila starfsárið þar sem starfsemi Norræna eldfjallasetursins var í nýjum húsakynnum í Öskju, hinu nýja Náttúrufræðahúsi Háskólans. Samnýting rannsóknaraðstöðu var höfð að leiðarljósi við hönnun húsnæðisins. Flutningi tæknibúnaðar fylgdu ýmsar aðlögunartafir sem voru að mestu yfirstaðnar á árinu. Aukin og breytt umsvif í opnu rannsóknaumhverfi hafa þegar orðið norrænum eldfjallarannsóknum til góðs og norrænir styrkþegar leita þegar leiðbeinenda innan Jarðvísindastofnunar í heild. Sá rannsóknarhópur á Jarðvísindastofnun sem með einhverjum hætti tengist Norræna eldfjallasetrinu hefur stækkað og er nú um 30 manns. Kjarni rannsóknarhóps Norræna eldfjallasetursins saman stóð í lok ársins af átján vísindamönnum, þar af eru átta erlendir.

Norræn verkefni og samstarf.

Fjórir nýjir norrænir styrkþegar hófu störf á árinu við Norræna eldfjallasetrið og einn til viðbótar fékk framlengingu á sinni stöðu. Einn þeirra sem lauk störfum hélt áfram rannsóknarvinnu sinni við Háskólann í Stokkhólmi, en sú vinna tengist jarðefnafræðilegum rannsóknum á fyrirboðum jarðskjálfta. Vísbending er um að efnasamsetning vatns í borholu við Húsavík hafi breyst fyrir jarðskjálfta sem þar varð í september 2002. Rannsóknarverkefni nýju styrkþeganna varða bergfræði framandsteina úr djúpskorpu eða efri möttli jarðar, myndun sprengigíga í basaltgosum vegna snertingar grunnvatns og kviku, og jarðskorpuhreyfingar á Suðurlandi.

Sænskur vísindamaður var ráðinn í stöðu norræns sérfræðings við stofnunina, en áhersla er lögð á að á hverjum tíma sé a.m.k. einn þeirra sem leiða rannsóknir á Norræna eldfjalla-

setrinu frá einhverju hinna norrænu landanna. Einn danskur vísindamaður með styrk frá Rannís vinnur að rannsóknum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Eitt þeirra alþjóðlegu verkefna sem unnin eru á Norræna eldfjallasetrinu er samstarf um rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli, en þar hefur Norræna eldfjallasetrið og norrænir styrkþegar þess m.a. tekið þátt í rannsókn á öskulögum og öðrum vísbendingum um eldgos sem finna má í ískjörnunum. Á árinu var áfram unnið að alþjóðlegu verkefni styrkt af ESB, FORESIGHT, sem Norræna eldfjallasetrið tekur þátt í. Í því er fjallað um tengsl ýmiskonar náttúruváar, m.a. jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla og tsunami sjávarflóðbylgja. Þátttakendur eru m.a. rannsóknarhópar frá Frakklandi, Bretlandi, Portúgal, Íslandi og Tyrklandi. Verkefnið er eitt það fyrsta á Norræna eldfjallasetrinu sem tengist tsunami, en í árslok var ákveðið að huga að eflingu þess háttar rannsókna vegna hörmunganna í Suðaustur-Asíu í desember 2004 vegna hins geysistóra jarðskjálfta og tsunami flóðbylgju sem þá varð. Þá starfaði umsjónarmaður Norræna eldfjallasetursins einnig með starfsfólki S.þ. í Indónesíu á síðastliðnu ári. Hann dvaldist í um mánaðartíma í Indónesíu við mat á jarðskjálfta- og tsunamihættu, og veitti ráðgjöf um hvernig hægt er að draga úr áhrifum af slíkum náttúruhamförum.

Íslensk verkefni og samstarf.

Á árinu var m.a. áframhald á rannsóknum tengdum eldgosinu sem varð í Grímsvötnum árið 2004. Landris á Grímsfjalli sýnir að kvikuþrýstingur eykst þar á ný, og líkur eru á að framundan séu fleiri eldgos í Grímsvötnum á næstu áratugum. Rannsóknum á hegðun jarðskjálfta á Suðurlandi hefur verið haldið áfram, en nákvæmar landmælingar sýna að hægfara hreyfingar eiga sér stað eftir jarðskjálftana vegna útjöfnunar á spennu í jarðskorpunni. Hreyfingar eru notaðar til að skilja eðli jarðskorpunnar og svörun hennar við jarðskjálftum. Bergfræði og samsæturannsóknum á nútímahraunum Öskju er nú lokið og rannsóknir á samsætukerfi jarðhitaummyndunar eru komnar vel á veg. Rannsóknir á eðjuflóðinu í tengslum við stórgos í Heklu er haldið áfram. Greining kvikugasa í innlyksum kristalla úr gosbergi er haldið áfram og rannsóknir hafa verið gerðar á Hekluhrauninu frá árinu 2000.

23. Norrænar lánastofnanir

23.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans var góð fyrstu átta mánuði ársins. Hagnaður bankans á tímabilinu jókst um 5,2% í samanburði við sama tímabil á fyrra ári og var um 8,8 milljarðar króna (117 millj. evra). Vaxtamunur nam 8,3 milljörðum króna (110 millj. evra) samanborið við 8,2 milljarða (109 millj. evra) fyrir sama tímabil árið 2004.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.425 milljarðar ísl.kr. (19 milljarðar evra) í samanburði við 1.200 milljarðar ísl.kr. (16 milljarðar evra) við áramótin 2004/2005. Lausafjárstaða var 258 milljarðar ísl.kr. (3.445 millj. evra) á móti 216 milljörðum ísl.kr. (2.876 millj. evra) um áramótin. Á tímabilinu fengu eigendur bankans greiddan arð af hagnaði ársins 2004 að fjárhæð 4,1 milljarðar (55 millj. evra).

Umsamin ný útlán námu 1.747 millj. evra (1.031) en útborguð lán fyrstu átta mánuði ársins námu 1.378 millj. evra (779). Þetta eru mestu útgreiðslur í sögu bankans. Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 11.315 millj. evra samanborið við 10.472 millj. evra um áramótin 2004/2005.

Á tímabilinu gaf bankinn út 21 flokk skuldabréfa í 7 mismunandi myntum alls að fjárhæð sem samsvarar 1.923 millj. evra (1.545). Á vormánuðum gaf bankinn í fjórða sinn út flokk

alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 milljarður bandaríkjadala.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Bakfærslur vegna fyrri framlaga á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum voru hærri en ný framlög og voru nettóáhrif á afkomu bankans jákvæð um 100 þús. evra.

Gert er ráð fyrir að afkomuþróun bankans á síðari hluta ársins verði jákvæð og að arðsemi eiginfjár verði svipuð og á fyrstu átta mánuðunum. Hagnaður bankans árið 2004 var 172 millj. evra.

Nýr forstjóri.

Á árinu tók Finninn Johnny Åkerholm við sem forstjóri bankans af Jóni Sigurðssyni sem gegnt hafði starfi forstjóra í ellefu ár. Þá hafa verið kynntar umfangsmiklar skipulagsbreytingar í bankanum sem m.a. fela í sér að útlánadeildir bankans, þ.e. norræn útlán og alþjóðleg útlán, verða sameinaðar.

Ný aðildarlönd.

Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, gerðust aðilar að bankanum í upphafi ársins. Í febrúar 2004 undirrituðu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna nýjan samning um Norræna fjárfestingarbankann. Samningurinn fól í sér að frá ársbyrjun 2005 yrðu Eistland, Lettland og Litháen aðilar að bankanum á sömu forsendum og núverandi eigendur hans, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Með nýja samningnum tóku jafnframt gildi nýjar samþykktir fyrir bankann.

Útlán innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var til iðnaðar- og orkumála. Lán til iðnaðarmála voru að miklu leyti fjármögnun á kaupum fyrirtækja yfir landamæri. Fjármögnun umhverfisvænna fjárfestinga í pappírsiðnaði í Svíþjóð og Finnland var einnig áberandi. Bankinn samþykkti einnig lán til uppbyggingar á raforkuflutningskerfi í Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi og Noregi.

Útlán utan Norðurlanda.

Alþjóðalán bankans voru sem fyrr einkum veitt til fjármögnunar innviðaframkvæmda, fyrst og fremst innan raforkugeirans og til samgangna og fjarskipta. M.a. fjármagnaði NIB hraðbraut í Póllandi, flóðavarnir og uppbyggingu pappírsverksmiðju í Rússlandi og uppbyggingu GSM-fjarskiptanets í Taílandi og Filippseyjum. Mest var lánað til Asíu og Mið- og Austur-Evrópu.

Umhverfislán.

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn 16 ný umhverfislán að fjárhæð 232 millj. evra. Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán fimmtungur. Meðal verkefna má nefna vindorkuver og minnkun útblásturs í pappírsiðnaði.

Norræni fjárfestingarbankinn gegnir mikilvægu hlutverki í Northern Dimension Partnership (NDEP) sem er samstarf ESB, Rússlands, NIB, EBRD, EIB, Alþjóðabankans og einstakra landa um fjármögnun brýnna umhverfisframkvæmda í norðvesturhluta Rússlands. Í júlí 2004 tók bankinn við formennsku í stjórn NDEP. NIB hefur forystu fyrir undirbúningi, skipulagningu og fjármögnun sjö af þrettán umhverfisverkefnum á vegum NDEP. Heildarfjárhæð verkefna á áætlun NDEP nemur meira en 2 milljörðum evra. Bankinn heldur áfram

að efla starfsemi sína í Norðvestur-Rússlandi innan ramma NDEP samstarfsins. Fyrsta verkefninu í NDEP er nú lokið, en það er fráveitustöð í Pétursborg. Stöðin mun gegna þýðingarmiklu hlutverki við að bæta umhverfi Eystrasalts.

Norræni fjárfestingarbankinn á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu um 710 millj. evra í árslok 2005. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu rúmlega 11,6 milljörðum króna (155 millj. evra) en um 17,4 milljörðum (232 millj. evra) árið 2004. Lánað var til 7 verkefna á árinu. Verkefnin voru fjölbreytt. Tekið var þátt í að fjármagna fjarskiptakerfi, fráveitu, orkuöflun, álver og olíudreifingu auk þess sem haldið var áfram að veita lánaramma til íslenskra banka og sparisjóða. Stærsta lánveiting ársins var 3,8 milljarða kr. lán (50 millj. evra) til Landssíma Íslands vegna uppbyggingar fjarskiptakerfis fyrirtækisins.

Í starfsemi NIB á Íslandi hefur jafnan verið lögð áhersla á náið samstarf við íslenska banka í útlánum til einstakra verkefna, sér í lagi til einkafyrirtækja. Í því skyni hafa verið veittir sérstakir lánarammar til íslenskra banka. Tilgangurinn með þessum lánarömmum er að beina útlánum bankans til smárra og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Skilyrði lánveitinga er að verkefni feli í sér norræna hagsmuni. Með þessu móti getur fjármögnun bankans nýst fleiri fyrirtækjum og verkefnin þar með orðið fjölbreyttari. Á þessu ári var undirritaður lánasamningur við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að upphæð 1,1 milljarða kr. (15 millj. evra). Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.

Á árinu voru greidd út lán til Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja sem samþykkt voru á árinu 2004. Lánin voru veitt til fjármögnunar jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og Reykjanesi. Mikil áhersla var lögð á að fylgja eftir þessum stóru orkuframkvæmdum, og ekki síst lánveitingu til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sér í lagi mati bankans á umhverfisáhrifum þeirra. Þá hafa umhverfisáhrif fyrirhugaðra fjárfestinga í orkugeiranum verið athuguð. Bankinn er mjög mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjana er t.a.m. um 50%.

Lykiltölur NIB (í millj. evra)

	1-8/2005	1-8/2004	1-12/2004
Hreinar vaxtatekjur	110	109	163
Hagnaður	117	111	172
Útborguð lán	1.378	779	1.348
Samningsbundin lán	1.747	1.031	1.657
Tekin lán (ný)	1.923	1.545	1.808
Hagnaður / eigið fé (%)	9,6	9,9	10,1
	31/8 2005	**31/8 2004**	**31/12 2004**
Útistandandi lán	11.315	10.472	10.279
Niðurstaða efnahagsreiknings	18.526	16.908	16.363
Handbært fé	3.445	3.189	2.876
Fjöldi starfsmanna	151	152	147

23.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Á árinu voru liðin 15 ár frá stofnun Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (Nordic Environment Finance Corporation). Samkvæmt stofnsamningi um félagið er meginmarkmið þess að stuðla að því að bæta umhverfið í löndum Mið- og Austur-Evrópu til dæmis með bættum mengunarvörnum, bættri meðferð úrgangs, þróun hreinni tækni og bættri orkunýtingu. Meginstarfssvæði NEFCO var í upphafi í Eystrasaltsríkjunum þremur, þ.e. Eistlandi, Lettlandi og Litháen, ásamt Rússlandi. Eftir inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB í maí 2004 hafa áherslur breyst í þá veru að félagið hefur dregið úr þátttöku í verkefnum þar en aukin áhersla í stað þess lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Jafnframt hefur verið ákveðið að auka fjárfestingar í Póllandi, Tékklandi og Slóvakíu.

Núverandi stofnfé Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins er rúmlega 114 millj. evra, þar af er innborgað stofnfé nú um 103 millj. evra. Þátttaka NEFCO í verkefnum felst í því að félagið leggur fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána einkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Félagið vinnur ýmist á eigin vegum eða innan svæðisbundinna samstarfsáætlana eins og t.d. hinnar Norðlægu víddar og Eystrasaltsráðsins. Við mat á umsóknum til félagsins er lögð áhersla á arðsemi og fjárhagslegar forsendur viðkomandi verkefna jafnframt því sem umhverfisáhrif eru metin. Í öllu starfi er lögð áhersla á arðsemi þess að leysa mengunarvandamál svæðisbundið og hafa í því samhengi verið kynntir útreikningar þar sem niðurstöður sýna að allt að tíu sinnum ódýrara getur reynst að taka á umhverfisvanda þar sem rótin liggur í héraði en að takast á við afleiðingar hans þegar þær gera vart við sig á Norðurlöndum.

Almenn skilyrði fyrir þátttöku Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins í verkefnum eru að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá a.m.k. einu norrænu landanna eigi jafnan aðild að viðkomandi verkefni og taki þátt í að fjármagna það. Hlutdeild NEFCO nemur yfirleitt ekki meira en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði hvers verkefnis. Í lok ársins tók félagið þátt í 63 verkefnum og nam fjármögnun frá félaginu um 129 millj. evra ýmist í formi hlutafjár eða sem lánsfé. Heildarfjárfesting í þessum verkefnum nemur rúmlega 1 milljarði evra.

Verkefnin skiptast eftir löndum sem hér segir: Eistland 14, Lettland 17, Litháen 8, Pólland 6, Rússland 15, Slóvakía 2 og Úkraína 1. Aðild norrænna fyrirtækja að þessum verkefnum skiptist á eftirfarandi hátt: Danmörk 14, Finnland 15, Ísland 2, Noregur 14, Svíþjóð 18. Verkefnin með íslenskri aðild eru á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtækið Slovgeoterm, sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint á hlut í, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Í tilefni af 15 ára afmæli NEFCO var á árinu efnt til ráðstefnu um Eystrasaltið, umhverfisástand þess og hvernig draga má úr ofauðgun næringarefna í Eystrasalti með því að minnka losun efna eins og nítrógens og fosfórs í það.

Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna. Stjórnin fjallar um umsóknir um verkefni og tekur ákvarðanir um lánveitingar.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Umhverfisráðherrar Norðurlanda og Norræna ráðherranefndin stofnuðu Norræna umhverfisþróunarsjóðinn (Nordiska miljöutvecklingsfonden) árið 1996 í því skyni að veita lán ýmist á hagstæðum kjörum eða í formi styrkja til ýmissa umhverfisbætandi verkefna í Austur-Evrópu sem ekki uppfylla þær kröfur sem NEFCO gerir um fjárhagslegar forsendur. Sjóðurinn var í upphafi stofnaður til þriggja ára til reynslu. Með hliðsjón af þeirri reynslu

sem hafði fengist af starfsemi sjóðsins ákváðu umhverfisráðherrarnir árið 1998 að halda starfsemi hans áfram næstu fimm árin og á árinu 2004 var enn ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram á tímabilinu 2005–2007. Nú er árlegt framlag landanna til sjóðsins samtals um 14,2 millj. d.kr. Af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar runnu 10 millj. d.kr. til sjóðsins á árinu. Í tengslum við ákvörðunina um áframhaldandi starf sjóðsins voru gerðar nokkrar breytingar á reglum varðandi úthlutun. Reglurnar fela m.a. í sér að starfsemi sjóðsins verður hætt í Eystrasaltsríkjunum en aukin áhersla verði lögð á verkefni í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Samkvæmt nýjum reglum eru einnig gerðar kröfur um aukna fjármögnun frá þeim svæðum þar sem verkefni eru unnin, settar eru kröfur um hámarkslengd tímaramma frá því að verkefni er samþykkt og þangað til vinna við það hefst og loks er sett þak á framlög frá sjóðnum.

Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn NMF, hafði í árslok samþykkt að taka þátt í 45 verkefnum sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 2, Lettland 7, Litháen 2 og Rússland 34.

23.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nordiska Projektexportfonden) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar til ársloka 2007 með því að draga hægt og bítandi úr starfsemi sinni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Í nýjum samningi Norrænu ráðherranefndarinnar eru forsendur fyrir stuðningi frá Norræna verkefnaútflutningssjóðnum eftirfarandi:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans, Norræna þróunarsjóðsins og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins. Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsingfors í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda voru ellefu verkefnafundir á árinu. Þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest á næsta stjórnarfundi á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta

þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef var lengst af árinu í höndum fulltrúa Íslands, annað árið í röð.

Verkefni.

Nopef bárust um 200 umsóknir á árinu en þær voru 220 árið 2004 og 270 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 122 á árinu 2005, 132 árið 2004 og 184 árið 2003.

23.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans í Helsingfors og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar Norræna þróunarsjóðsins eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þar á meðal Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 millj. SDR og 330 millj. evra, eða alls um 930 millj. evra (um 76 milljarðar ísl.kr.). Norræni þróunarsjóðurinn tók upp evruna (EUR) sem mynteiningu í ársbyrjun 2001. Á árinu undirritaði sjóðurinn 9 lánasamninga að fjárhæð 67 millj. evra (um 5,0 milljarðar ísl.kr.). Frá stofnun hefur NDF þar með veitt lán að fjárhæð 952 millj. evra (um 71,5 milljarðar ísl.kr.) til 188 verkefna í 39 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við bandaríkjadali á ári. Um 43% lána Norræna þróunarsjóðsins hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 bandaríkjadalir/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 bandaríkjadalir/ári), og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 bandaríkjadalir/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum sjóðsins frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 millj. evra (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum Norræna þróunarsjóðsins árið 2001 og sjóðurinn getur nú veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á

þrenna vegu: a) beint til fjárfestingarverkefna; b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Sjóðurinn starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF á jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrir-tæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu var tekin sú ákvörðun að ekki yrði lagt meira stofnfé til sjóðsins. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi afstöðu danskra stjórnvalda að taka ekki þátt í endurfjármögnun sjóðsins. Í framhaldi af því hóf stjórnin undirbúning að því að starfsemin yrði lögð niður. Stjórnin fól ráðgjafafyrirtæki að gera úttekt á stöðu sjóðsins með hliðsjón af þessari niðurstöðu og einnig að leggja fram hugmyndir um hvernig best væri að standa að niðurlagningu sjóðsins. Gert er ráð fyrir því að stjórnin skili tillögu um framhald málsins til Norrænu ráðherranefndar á árinu 2006. Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14.

23.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út sjö lán, tvö til Færeyja og fimm til Grænlands, samtals að upphæð 27 millj. d.kr.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2004/2005 119,7 millj. d.kr. og á sama tíma námu útlán samtals 108 millj. d.kr.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 millj. d.kr. á ári.

Í ársreikningum fyrir árið 2004 er hagnaðurinn 65.530 d.kr., sem verður styrkur sjóðsins til NORA árið 2005.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2006

Áhrif skipulagsbreytinga á fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa ákveðið að fækka ráðherranefndum úr 18 í 11 frá 1. janúar 2006.

Þessi ákvörðun þýðir að eftirfarandi sjö ráðherranefndir verða lagðar niður sem sjálfstæðar, formlegar ráðherranefndir: Ráðherranefnd um bygginga- og húsnæðismál (MR-BO), ráðherranefnd um samgöngumál (MR-T), ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT), ráðherranefnd um neytendamál (MRKONS), ráðherranefnd um vímuefnamál (MR-NARKO), ráðherranefnd um orkumál (MR-ENERGI) ásamt ráðherranefnd um byggðamál (MR-REG).

Gert er ráð fyrir að mikilvægum samstarfsverkefnum á þessum sviðum verði sinnt á annan hátt. Samstarfi á sviði atvinnumála og orkumála og um stefnu í byggðamálum verður safnað undir eina ráðherranefnd, sem mun sinna atvinnu-, orku- og byggðamálum. Gert er ráð fyrir að samstarfi á sviði byggðamála verði sem áður sinnt af embættismannanefnd um byggðamál (NERP). Samstarfi í vímuefnamálum verður aðallega sinnt af ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál en það mun einnig falla undir ráðherranefnd um löggjafarmál.

Þegar ráðherranefndirnar verða lagðar niður sem formlegar ráðherranefndir verður meginreglan sú að tilsvarandi embættismannanefndir leggi einnig niður störf sem formlegar embættismannanefndir.

Ábyrgð á samstarfssviðum sem í dag heyra undir einhverja þá ráðherranefnd sem lögð verður niður verður á aðlögunartíma færð til samstarfsráðherranna (MR-SAM), að því leyti sem aðlögunartími er álitinn nauðsynlegur. Þar getur verið um að ræða ýmsa skuldbindandi samninga, norrænt-baltneskt samstarf, ábyrgð gagnvart norrænum stofnunum o.s.frv. Í fjárlögunum hefur fjárveitingum varðandi þessi málefni verið safnað saman undir fjárlagaliðnum 5-1000-1, aðlögunarsjóður.

Þessu fjármagni getur Norræna ráðherranefndin ráðstafað til að styðja pólitísk mikilvæg frumkvæði, sem falla utan formlegs skipulags ráðherranefndarinnar. Á þennan hátt má tryggja að hægt sé að skilgreina ný, mikilvæg samstarfssvið og hrinda verkefnum í framkvæmd. Ábyrgðin á þessu verður á höndum samstarfsráðherranna.

Í framhaldi af fækkun ráðherranefnda verður hrint í framkvæmd endurskipulagningu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar svo skipulagið henti betur nýju skipulagi ráðherranefndanna.

Uppbygging ráðherranefndarinnar verður með eftirfarandi hætti:

Samstarfsráðherrar (MR-SAM).

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á sérstökum, þverpólitískum forgangsmálum, samanber samstarf við nágrannasvæðin, afnám landamærahindrana og sjálfbæra þróun. MR-SAM ber enn fremur ábyrgð á þróun samstarfsins við ESB og aðra alþjóðlega og svæðisbundna aðila. Leitast verður við að færa ný verkefni smám saman til fagráðherranefnda eftir því sem við á. MR-SAM ber meginábyrgð á samnorrænum stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Menningarmál (MR-K).

Samstarf á sviði menningarmála heyrir undir ráðherranefnd um menningarmál (MR-K). Undir þetta svið heyra fjölmiðlamál, samstarf á sviði lista og menningarmála, þ.á m. samstarf við Norræna menningarsjóðinn, mikilvæg mál varðandi tungumálasamstarf og frjáls félagasamtök. Ráðherranefnd um menningarmál ber meginábyrgð á málefnum sem varða sameigin-

leg norræn gildi og tungumálasamstarf (það síðast talda í samstarfi við ráðherranefnd um menntun og rannsóknir).

Samhliða breytingum á Norrænu ráðherranefndinni hefur verið gerð úttekt og mat á framtíðarskipulagi samstarfs á menningarsviði. Í fjárlögum fyrir 2006 endurspeglast fyrstu skipulagsbreytingar og fleiri munu fylgja á fjárlögum fyrir 2007.

Jafnréttismál (MR-Ligestilling).

Ráðherranefnd um jafnréttismál sér um samstarf um þróun stefnu og stefnumótandi aðgerðir á sviði jafnréttis kynjanna og gegn mismunun.

Löggjafarmál (MR-Lov).

Ráðherranefnd um löggjafarmál sér um samstarf á sviði löggjafar og dómsmála/ réttarsviðs. Þegar ráðherranefnd um vímuefnamál verður lögð niður er gert ráð fyrir að ráðherranefnd um löggjafarmál sjái um það sem snýr að löggjöf í samstarfi á vímuefnasviði.

Menntun og rannsóknir (MR-U).

Ráðherranefnd um menntun og rannsóknir sér um samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar (ásamt ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)) – þar með talið samræmingu rannsóknarsamstarfs á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar – samstarf í skólamálum, æðri menntun, fullorðinsfræðslu og tungumálasamstarf. Það síðast nefnda í samstarfi við MR-K. Þegar ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT) verður lögð niður verður almenn samræming á upplýsingatæknisviði flutt yfir á MR-U.

Fjárveiting MR-IT til NeDap-samstarfsins (Northern e-Dimension Action Plan), sem samkvæmt mati nemur 700 þús. d.kr., hefur verið flutt yfir til MR-U.

Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál (MR-A).

Ráðherranefnd um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál sér um samstarf um að varðveita og þróa sameiginlegan, norrænan vinnumarkað, þar með talið málefni varðandi vinnumiðlun, miðlun upplýsinga, vinnuvernd o.s.frv.

Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER).

Ráðherranefnd um atvinnu, orku- og byggðamál sér um samstarf á sviði atvinnumála, þar með talið samstarf á sviði nýsköpunar, en það verður í samstarfi við ráðherranefnd um menntun og rannsóknir. Enn fremur sér MR-NER um samstarf á sviði orku- og byggðamála, þar með talið afnám landamærahindrana. Eftir þörfum má draga ákveðna þætti samstarfs á sviði neytendamála inn í starfsemi MR-NER.

Eftirfarandi fjárlagaliðir hafa verið færðir til MR-NER; 3-3210-1, Verkefni – Orkumál, 3-3220-3, Norrænar orkurannsóknir, 3-6110-1, Verkefni – Byggðamál, 3-6180-3, Nordregio.

Félags- og heilbrigðismál (MR-S).

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál sér um samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála. Þegar ráðherranefnd um vímuefnamál (MRNARKO) er lögð niður sem formleg ráðherranefnd verður ábyrgðin á málaflokknum færð yfir á ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S).

Fjárlagaliður 4-4510-1, Verkefni – Samstarf um vímuefnamál, hefur verið fluttur til MR-S.

Efnahags- og fjármál (MR-Finans).

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál sér um samstarf varðandi fjármálasvið, stjórnunarmöguleika og önnur þjóðhagfræðileg viðfangsefni. Umræður um efnahagslegar forsendur fyrir framtíðarþróun norræna velferðarkerfisins heyra þar undir.

Umhverfismál (MR-Miljø).

Samstarf á öllum þeim sviðum sem varða stefnu í umhverfismálum heyrir undir ráðherranefnd um umhverfismál, þar með taldar norrænar umræður sem tengjast Evrópusambandinu. Ábyrgð á norræna svansmerkinu hefur verið flutt til MR-M.

Fjárlagaliður 4-6720-4, Svanurinn – Norrænt umhverfismerki, hefur verið fluttur til MR-M.

Sjávarútvegsmál, landbúnaður og skógrækt, og matvæli (MR-FJSL).

Samstarfssvið ráðherranefndar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli er einkar breitt, allt frá frumframleiðslu og tengdum greinum til neytendamála, einkum varðandi matvæli, matvælaöryggi o.s.frv. – eiginlega samstarf um alla mikilvæga þætti framleiðslukeðjunnar frá framleiðanda til neytenda.

Starf að endurskipulagningu Norrænu ráðherranefndarinnar fór fram jafnhliða gerð fjárlagatillögu framkvæmdastjórans og ráðherranefndartillögunnar að fjárlögum fyrir árið 2006. Endanleg fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar eru því í samræmi við samþykktir um nýtt skipulag ráðherranefndarinnar og endurskipulagningu skrifstofunnar.

Tæknilegar breytingar á fjárlögunum vegna skipulagsbreytinga

Vegna fækkunar ráðherranefnda og vegna þess að fjárlagaliðir hafa verið fluttir og/eða lagðir niður, gætir ósamræmis í fjárhagsrömmum fagráðherranefndanna fyrir árin 2004 og 2005 í fjárlögum fyrir árið 2006 miðað við fyrri ár. Það er vegna þess að þegar fjárlagaliðir eru færðir milli fagsviða, verður líka tæknilegur flutningur á fjárveitingum frá fyrri árum. Því gætir ósamræmis í römmum hinna einstöku fagráðherranefnda.

Athygli skal vakin á því að fjárlagaliðirnir fyrir þær fagráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður (en ekki sameinaðar öðrum nefndum) eru einnig með í fjárlögunum. Þetta er gert vegna þess að í tengslum við fjárlagagerð skal gera grein fyrir niðurstöðum fyrir árið 2005 og gildir það einnig um þær ráðherranefndir sem hafa verið lagðar niður (en ekki sameinaðar öðrum nefndum).

Eins er almennum inngangi að ráðherranefnd um orkumál, ráðherranefnd um byggðamál og ráðherranefnd um vímuefnamál haldið óbreyttum þó þessir liðir hafi verið fluttir til þeirra ráðherranefnda, sem þær hafa verið sameinaðar, þ.e. ráðherranefndir um orkumál og um byggðamál til ráðherranefndar um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER) og ráðherranefnd um vímuefnamál til ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S). Sama á við um textana við þá fjárlagaliði sem eru fluttir til annarrar ráðherranefndar eða lagðir niður.

Þetta er gert vegna þess að héðan af mun nýju skipulagi verða fylgt eftir með nánari hugleiðingum um pólitískar áherslur á sviði hinna einstöku fagráðherranefnda. (Sjá nánar: Nordiska Ministerrådet. Planer och budget 2006. ANP 2005:785).

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar

Vegna endurskipulagningar ráðherranefndarinnar sem öðlast mun gildi 1. janúar 2006, verða gerðar breytingar á skipulagi skrifstofunnar. Innan ramma sem samstarfsráðherrarnir

(MR-SAM) ákveða ber framkvæmdastjórinn ábyrgð á skipulagsbreytingum og aðlögun ráðherranefndarskrifstofunnar.

Markmið skipulagsbreytinganna er að skrifstofan verði í stakk búin til að þjóna ráðherranefndunum á sem bestan hátt, sem og að efla samstarf við stjórnsýslu landanna um að greina mikilvæg pólitísk verkefni fyrir norrænt samstarf, efla reynslu- og þekkingarmiðlun milli norrænu landanna sem og að taka þátt í markvissu samstarfi á alþjóðlegum vettvangi.

Nýtt skipulag skrifstofunnar endurspeglast í fjárlögunum. Skrifstofan er sem fyrr byggð upp í kringum 4 fagdeildir.

Ráðherranefndum um menningarmál, jafnréttismál og löggjafarmál (MR-Kultur, MR-Ligestilling og MR-Lov) verður þjónað af einni deild sem jafnframt ber ábyrgð á tungumálasamstarfi.

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál, ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál og ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MRNER, MR-S og MR-Finans) verður þjónað af annarri deild, sem enn fremur sér um verkefni varðandi velferðarmál, landamærahindranir og landamærasamstarf ásamt Halló Norðurlöndum.

Ráðherranefnd um umhverfismál og ráðherranefnd um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli (MR-Miljø og MR-FJSL) verður þjónað af þriðju deildinni, sem einnig ber ábyrgð á sjálfbærri þróun.

Auk þess að þjóna ráðherranefndum um menntun og rannsóknir, og um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál (MR-U og MR-A), mun fjórða fagdeildin einnig sinna samræmingu á sviði upplýsingatækni sem og rannsókna og nýsköpunar.

Auk fagdeildanna fjögurra og skrifstofu framkvæmdastjórans, er á skrifstofu ráðherranefndarinnar sérstök deild, sem sinnir starfsmannahaldi, fjármálum, upplýsingatækni og þjónustu, ásamt upplýsingadeildinni, sem rekin er í samstarfi við Norðurlandaráð.

Þróun heildarramma fjárlaganna

Nýtt skipulag fagráðherranefnda hefur ekki áhrif á heildarfjárhagsramma Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið skipulagsbreytinganna er hagræðing og að efla pólitískt mikilvægi norræns samstarfs. Því er lögð áhersla á skýrari pólitískar áherslur og hagkvæmari skipulagningu starfsins. Þess er vænst að ávinningur af nýju skipulagi birtist í sveigjanlegra, markvissara og skilvirkara samstarfi frekar en í sparnaði.

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2006 er samtals 839,643 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2006 miðað við 825,893 millj. d.kr. í fjárlögum fyrir árið 2005. Á greiðslugrunni er fjárhagsramminn óbreyttur miðað við árið 2005, með þeirri undantekningu þó, að uppsafnað lausafé, sem nemur 10.000 þús. d.kr. (á verðlagi ársins 2005), er ekki lengur til ráðstöfunar fyrir ráðherranefndina. Á greiðslugrunni er þannig um að ræða lækkun fjárhagsrammans á verðlagi ársins 2005 um 10 millj. d.kr.

Þessari lækkun fjárhagsrammans um 10 millj. d.kr. var í fjárlagatillögu framkvæmdastjórans skipt hlutfallslega á fjárhagsramma fagsviðanna.

Eins og kemur fram í fjárlagaleiðbeiningum fyrir árið 2006 (NSK/MR-SAM dok. 16-2005) frá 1. mars 2005 var öllum ráðherranefndum gert að leggja, umfram áðurnefnda lækkun um 10 millj. d.kr., jafnviði 2% af veittu fjármagni á árinu 2005 í svokallaðan forgangsverkefnasjóð. Í heild nemur forgangsverkefnasjóðurinn 16,318 millj. d.kr. Hluti fjármagns sjóðsins er komið til vegna hlutfallslegrar lækkunar fjárlagaramma fagsviðanna.

Með hliðsjón af umræðum samstarfsráðherranna um fjárhagsramma til lengri tíma, og óskum ráðherranna um að skapa möguleika á skýrum, þverfaglegum breytingum á for-

gangsröðun, er markmiðið að auka verulega ráðstöfunarfjármagn til breytinga á forgangsröðun milli fagsviða.

Í þessu ljósi og í framhaldi af endurskipulagningu á starfsemi ráðherranefndarinnar mun fjárlagaferlið verða endurskoðað í tengslum við undirbúning fjárlagagerðar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2007, með það fyrir augum að skapa aukið rými fyrir pólitíska forgangsröðun ásamt tækifærum til að fylgja henni eftir.

Skipting forgangsverkefnasjóðsins

Í júní 2005 skiptu samstarfsráðherrarnir forgangsverkefnasjóðnum á eftirfarandi hátt:

Fjárlagaliðir		Upphæð (þús. d.kr.)
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	1.000
2-3100-3	NordForsk	10.000
3-6119-1	Verkefni – Byggðamál	1.500
4-4330-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	700
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	3.118
	Hækkun samtals	***16.318***
9-9999-9	Forgangsverkefnasjóður	-16.318
	Lækkun samtals	***-16.318***

Þekking og nýsköpun.

Til að viðhalda samkeppnishæfni landanna og svæðanna í hnattvæddum viðskiptaheimi er nauðsynlegt að leggja áherslu á þekkingu og nýsköpun.

Í samræmingu norræns rannsóknarsamstarfs sem og auknum tengslum milli rannsókna og nýsköpunar felst virðisauki.

Þar er átt við hreinar rannsóknir á vegum NordForsk og starfsemi þar sem skarast rannsóknir og atvinnulíf, rannsóknir tengdar mannauði ásamt aðgerðum til að efla nýsköpun sem tekur mið af þörfum markaðarins. Til að byrja með mun þetta fara fram sem samstarf NordForsk og Nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICe). Aukin áhersla á þessi svið mun einnig efla framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til svonefnds Lissabon-ferlis og auka samræmingu milli landanna við Eystrasaltið á þessu sviði.

Með verulega auknu starfssviði NordForsks, miðað við fyrirrennarann NorFa, er nauðsynlegt að NordForsk fái frekara fjármagn til að komast hjá fjárskorti og til að stofna ekki trúverðugleika stofnunarinnar gagnvart nánustu samstarfsaðilum í hættu. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar reynir á tengsl NordForsk við rannsóknarumhverfi í löndunum.

Verkefni – Byggðamál.

Í formennskuáætlunum undanfarinna ára hafa Vestur-Norðurlönd haft forgang og lögð hefur verið áhersla á að fylgja því eftir á virkan hátt. Vegna lágra vaxta hefur dregið úr möguleikum Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda til að fjármagna aðgerðir á svæðinu.

Með hliðsjón af þessu eru fjárveitingar til samstarfs á Vestur-Norðurlöndum hækkaðar um 1,8 millj. d.kr. Að hluta til er þetta gert til að koma til móts við minnkandi framlag frá Lánasjóði Vestur-Norðurlanda. Lagt er til að fjármagnið fari til NORA – Norrænu Atlantsnefndarinnar, sem fær fjármagn frá fjárlagaliðnum 3-6110-1. Hluti fjármagnsins, eða 1,5 millj. d.kr., verður tekinn úr forgangsverkefnasjóðnum – en 300 þús. d.kr. verða eyrnamerktar á fjárlagaliðnum, Verkefni – byggðamál.

Félags- og heilbrigðismál.

Það er sterkur pólitískur vilji á Norðurlöndum til að efla samstarf á sviði félagslegrar aðstoðar á hamfarasvæðum. Ástæður þess eru meðal annars reynsla Norðurlanda vegna flóðbylgjuhamfaranna í Austur-Asíu um áramótin 2004/2005.

Félagslegri aðstoð á hamfarasvæðum verður veittur forgangur með 0,5 millj. d.kr. úr forgangsverkefnasjóðnum. Fjármagnið verður sett á fjárlagalið 4-4310-1.

Þar að auki verða veittar 200 þús. d.kr til fjarlækninga á fjárlagalið 4-4310-1 til að efla frumkvæði það sem félagsmálaráðherrarnir hafa nú þegar hrint í framkvæmd.

Tungumálasamstarf.

Tungumálasamstarf er nú komið í nýjan farveg og verður eflt með 1,0 millj. d.kr. úr forgangsverkefnasjóðnum.

Samráð við Norðurlandaráð

Áður en samstarfsráðherrarnir tóku ákvörðun um endanleg fjárlög var, eins og fyrri ár, haft samráð við Norðurlandaráð um forgangsröðun Norðurlandaráðs og óskir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum miðað við ráðherranefndartillöguna (NSK/MR-SAM dok. 75-2005 rev.1). Niðurstöður samráðsins sjást á eftirfarandi yfirliti:

Fjárlagaliðir		Upphæð (þús. d.kr.)
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	1.500
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	1.000
4-4510-1	Verkefni – Samstarf um vímuefnamál	
6-0960-1	Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	1.000
	Hækkun samtals	***4.100***
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir	-500
3-3210-1	Verkefni – Orkumál	-1.200
5-0185-1	Afnám landamærahindrana	-300
5-0190-1	Endurskipulagning rannsóknarstofnana	-700
5-0195-1	Evrópa og Norðlæga víddin	-300
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	-200
5-1000-1	Aðlögunarsjóður	-900
	Lækkun samtals	***-4.100***

Fjárveiting til Norræna menningarsjóðsins hækkar um 1.500 þús. d.kr. miðað við upprunalega fjárlagatillögu ráðherranefndarinnar. 500 þús. d.kr. á að nota til sérstakrar áherslu á tungumálasviði. Sömu upphæð hefur verið bætt við fjárhagsramma ráðherranefndar um menntun og rannsóknir, og verða þá samtals 1,0 millj. d.kr. til ráðstöfunar fyrir þetta viðfangsefni.

Enn fremur hækkar fjárveiting til baráttu vegna mansals, og kynheilsu, um 1.000 þús. d.kr. sem er sett á fjárlagalið 4-4310-1, Verkefni – Félags- og heilbrigðismál.

Vegna óska Norðurlandaráðs um aðgerðir til að efla starf frjálsra félagasamtaka í Eystrasaltsríkjunum eru framlög aukin um 1.000 þús. d.kr., sem settar eru á nýstofnaðan fjárlagalið: 6-0960-1, Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu. Þetta fé á að nota til að styrkja starfsemi frjálsra félagasamtaka í Eistlandi, Lettlandi og Litháen, ef fram koma verkefni, þar sem mótframlag samstarfsaðila telst ásættanlegt. Samtals á að nota í það minnsta 5.500 þús. d.kr. til starfsemi frjálsra félagasamtaka, meðal annars til aðgerða á umhverfissviði, ásamt aðgerðum

til að efla pólitísk tengslanet ungs fólks í Norðvestur-Rússlandi, þar með talið í Kaliningrad, Hvíta-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum.

Til að efla aðgerðir á sviði fíkni- og vímuefna verða notaðar 600 þús. d.kr. á fjárlagalið 4-4510-1, Verkefni – Samstarf í vímuefnamálum. Þessi hækkun er ætluð til baráttu gegn vímu- og fíkniefnum í grannlöndunum en það starf er fjármagnað af fjárveitingu til Rússlandsáætlunarinnar.

Það verða teknar 1.500 þús. d.kr. af fjárlagalið 6-0870-1, Samstarf á Norðurskautssvæðum, til rannsókna á sviði sjálfbærrar þróunar ásamt umhverfis- og loftslagsmála.

Að auki er tekið fjármagn af fjárlagalið 3-6610-1, Verkefni – Sjávarútvegur, til nauðsynlegrar eftirfylgni ráðstefnu sem haldin var um erfiðleika strandveiða.

Óskir Norðurlandaráðs eru aðallega fjármagnaðar af minni fjárlagaliðum innan ramma fjárlagaliðarins „Skrifstofan og önnur sameiginleg starfsemi“, af tímabundnum aðlögunarsjóði og af verkefnisfé á sviði orkumála.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2000–2004

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki. Verkefni og styrkir eru samtals um það bil 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar að undanskildum forgangsverkefnasjóðnum.



Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003

Fagsvið (Þús. d. kr.)	2000	2001	2002	2003	Breyting 2002–2003	2004	Breyting 2003–2004
Menningarsamstarf (NMR)	7.689	1.649	2.200	2.615	-415	5.023	2.408
Norræni menningarsjóðurinn	5.599	2.148	0	-	0	-	0
Menntun og rannsóknir	2.920	1.437	2.411	1.218	-1.194	2.092	874
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.020	89	32	69	36	350	282
Nágrannapólitík	2.900	2.396	2.218	2.653	435	1.403	-1.250
Orkumál	610	107	-1.760	1.239	2.999	394	-845
Umhverfismál	559	1.051	347	663	316	2.729	2.066
Efnahagsmál	36	170	146	297	151	227	-69
Byggðamál	2.035	2.283	790	3	-787	48	45
Samgöngumál	206	42	15	1	-14	174	173
Landbúnaður og skógrækt	164	346	123	166	43	30	-136
Sjávarútvegsmál	41	116	184	3	-181	33	30
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	1.432	760	242	311	70	176	-136
Félags- og heilbrigðismál	447	310	463	448	-15	728	280
Jafnréttismál	284	806	72	17	-55	177	159
Samstarf í vímuefnamálum	46	157	610	85	-525	143	59
Atvinnumál	152	475	68	38	-30	116	78
Bygginga- og húsnæðismál	282	24	0	59	59	35	-24
Neytendamál	868	851	1.569	229	-1.340	70	-159
Matvæli	478	317	20	12	-8	20	8
Löggjafarmál	851	164	308	360	52	336	-24
Önnur samnorræn starfsemi	2.109	2.931	1.133	2.756	1.623	2.627	-129
SAMTALS	**30.728**	**18.629**	**11.774**	**13.242**	**1.468**	**16.932**	**3.690**

Frá árinu 2003 til 2004 hækkaði óráðstafað fjármagn ráðherranefndarinnar lítillega, um 0,4%, úr 1,6% í 2,0%. Óráðstafað fé ráðherranefndarinnar hefur því aukist frá árinu 2003, þó hækkunin sé ekki mikil, og þar sem óráðstafað fé er um það bil 2% af heildarfjárhagsrammanum er það vel undir markmiði ráðherranefndarinnar sem er 5%.

Útskýringar fagsviðanna á frávikum

Hér á eftir er gerð grein fyrir óráðstöfuðu fé hjá þeim fagráðherranefndum sem við árslok 2004 höfðu óráðstafað fé sem nam meira en 5% heildarrammans.

Hjá ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT) er um þessar mundir unnið að tveimur stórum verkefnum: 1) Norrænu þekkingarneti um opna staðla og opinn hugbúnað í rafrænni upplýsingatækni (KÅSOS) og 2) Samstarfi við Eystrasaltsráðið í sambandi við „The Northern eDimension Action Plan“ (2005–2006). Við árslok hafði fjármagninu ekki verið ráðstafað þar sem ekki hafði verið gengið frá áframhaldandi samstarfi við aðila utan svæðisins um þessi verkefni.

Hjá ráðherranefnd um umhverfismál, (MR-MILJØ) hefur fjármagn verið bakfært frá verkefni sem lauk á árinu en ekki verið ráðstafað við árslok.

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS), hafði tekið frá fjármagn til verkefnis sem nú hefur verið frestað. Hins vegar er gert ráð fyrir að Danmörk muni koma aftur með verkefnisumsókn á árinu 2005. Verkefnið fjallar um „progresion in tax-benefit systems“ og er áætlað að það kosti 100-150.000 d.kr. Þessu fé hefur enn ekki verið ráðstafað.

Ráðherranefnd um samgöngumál (MR-TRANSPORT) hafði við árslok 2004 óráðstafað fé sem nam 57.000 d.kr. Þetta er aðallega vegna seinkunar reikningsskila hjá ráðherranefnd um samgöngumál og seinkunar tiltekinnar upplýsingastarfsemi.

Af fjárveitingu ráðherranefndar um löggjafarmál (MR-LOV), fyrir árið 2004 var 303.000 d.kr. óráðstafað við árslok. Þetta er aðallega vegna þess að verkefnisfé, sem ekki hafði verið notað, var bakfært við árslok og að fjármagn vegna forgangsverkefnis í formennskuáætlun Íslendinga hafði ekki verið nýtt að fullu. Þessu fjármagni hefur ekki verið hægt að ráðstafa með stuttum fyrirvara.

Hjá ráðherranefnd um vímuefnamál (MR-NARKO) seinkaði einu verkefni sem hófst ekki fyrr en á árinu 2005.

Haustið 2004 hóf embættismannanefnd um atvinnumál (EK-NÆRING) vinnu við nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010. Í því sambandi voru á fjárlögum fyrir árið 2004 teknar frá 95.000 d.kr. til útgjalda, sem falla í gjalddaga á árinu 2005.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliði (verðlag hvers árs þús. d.kr.)

Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Mismunur +/-	Mismunur %
		169.706	**170.063**	**-357**	**-0,2%**
	Menningarmál	**160.031**	**160.537**	**-506**	**-0,3%**
	Almennt framlag til menningarmála	*38.348*	*35.212*	*3.136*	*8,9%*
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	6.112	5.114	998	19,5%
1-2204-1	Norræn menningarvettvangur og sérfræðingahópar	1.019	0	1.019	-
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	31.217	30.098	1.119	3,7%
	Börn og unglingar	*8.466*	*13.694*	*-5.228*	*-38,2%*
	Verkefni og almennir styrkir	*8.466*	*13.694*	*-5.228*	*-38,2%*
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.253	1.271	-18	-1,4%
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	5.904	6.294	-390	-6,2%
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	1.309	6.129	-4.820	-78,6%
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	35.530	32.780	2.750	8,4%
	Verkefni og almennir styrkir	30.149	27.137	3.012	11,1%
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	2.145	5.655	-3.510	-62,1%
1-2221-2	Tölvuleikir /UT	6.114	0	6.114	-
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	21.890	21.482	408	1,9%
	Stofnanir	*5.381*	*5.643*	*-262*	*-4,6%*
1-2228-3	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.210	2.237	-27	-1,2%

Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Mismunur +/-	Mismunur %
1-2229-3	Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)	3.171	3.406	-235	-6,9%
	Listasvið	*38.755*	*35.895*	*2.860*	*8,0%*
	Verkefni og almennir styrkir	*25.592*	*19.231*	*6.361*	*33,1%*
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.731	7.838	-107	-1,4%
1-2238-2	Sleipnir	0	2.760	-2.760	-
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Museikommittén)	1.211	1.227	-16	-1,3%
1-2246-4	Norræna listamannaheimilið í Róm	0	856	-856	-
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.460	6.550	-90	-1,4%
1-2254-2	Ferða- og dvalarstyrkir	10.190	0	10.190	-
	Stofnanir	*13.163*	*16.664*	*-3.501*	*-21,0%*
1-2255-3	Norræna sviðslistanefndin (NordScen)	6.562	7.205	-643	-8,9%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	0	1.535	-1.535	-
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	6.601	7.924	-1.323	-16,7%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	32.614	31.870	744	2,3%
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	7.768	7.484	284	3,8%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	11.188	10.958	230	2,1%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.114	2.084	30	1,4%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	5.053	4.949	104	2,1%
1-2279-1	Viðhald menningarhúsa	1.067	1.047	20	1,9%
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	5.424	5.348	76	1,4%
	Annað menningarsamstarf	*6.318*	*11.086*	*-4.768*	*-43,0%*
	Verkefni og almennir styrkir	*6.318*	*11.086*	*-4.768*	*-43,0%*
1-2234-4	Samískt samstarf	4.153	4.211	-58	-1,4%
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	2.165	6.875	-4.710	-68,5%
Jafnréttismál		**8.352**	**8.185**	**167**	**2,0%**
	Verkefni	*3.028*	*3.069*	*-41*	*-1,3%*
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	3.028	3.069	-41	-1,3%
	Stofnanir	5.324	5.116	208	4,1%
4-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	5.324	5.116	208	4,1%
Löggjafarmál		**1.323**	**1.341**	**-18**	**-1,3%**
4-7110-1	Verkefni – Löggjafarmál	1.323	1.341	-18	-1,3%
Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál					
		230.280	**218.141**	**12.139**	**5,6%**
Menntun og rannsóknir		**217.342**	**205.015**	**12.327**	**6,0%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	*4.430*	*4.034*	*396*	*9,8%*
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	4.430	4.034	396	9,8%
	Stefnumörkun o.fl.	*12.400*	*17.159*	*-4.759*	*-27,7%*

Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál		**Fjárlög 2006**	**Fjárlög 2005**	**Mismunur +/-**	**%**
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	1.567	2.564	-997	-38,9%
2-2520-1	Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.115	1.823	-708	-38,8%
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun-HÖGUT	1.320	2.159	-839	-38,9%
2-2544-1	Norræna málráðið	1.265	2.069	-804	-38,9%
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	0	563	-563	-
2-2553-1	Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni	574	0	574	-
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	0	1.544	-1.544	-
2-3127-2	Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.559	6.437	122	1,9%
	Ferðastyrkir og tengslanet	72.471	73.320	-849	-1,2%
2-2512-2	Nordplus junior	20.074	20.309	-235	-1,2%
2-2522-2	Nordplus Voksen	8.964	9.069	-105	-1,2%
2-2532-2	Nordplus (Æðri menntun)	32.390	32.769	-379	-1,2%
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.137	1.151	-14	-1,2%
2-2543-1	Nordplus sprog	8.874	8.978	-104	-1,2%
2-2545-2	Kennsla um Norðurlönd erlendis	1.032	1.044	-12	-1,1%
	NordForsk	91.070	67.412	23.658	35,1%
2-3100-3	Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	69.582	0	69.582	-
2-3115-3	Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	0	35.389	-35.389	-
2-0462-1	Norræn vísindaáætlun um haffræði	0	2.757	-2.757	-
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	0	0	-
2-3111-1	Norrænt öndvegissetur, hnattrænar breytingar	5.377	5.277	100	1,9%
2-3128-1	Norrænt rannsóknarsamstarf	0	8.178	-8.178	-
2-3129-1	Norrænar vísindaupplýsingar (Nordbib)	2.598	2.550	48	1,9%
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	0	0	-
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	0	0	-
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.231	3.171	60	1,9%
2-3136-2	Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.634	3.566	68	1,9%
2-3138-1	Norræn áætlun um rannsóknarskóla	2.582	2.534	48	1,9%
2-3139-1	Öndvegissetur, læknisfræði	3.109	3.051	58	1,9%
2-3140-1	Norræna lífsiðfræðinefndin	957	939	18	1,9%
	Annað rannsóknarsamstarf	*36.971*	*43.090*	*-6.119*	*-14,2%*
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	0	0	-
2-3180-3	Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	15.932	19.495	-3.563	-18,3%
2-3181-2	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.991	2.935	56	1,9%
2-3182-2	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.116	7.294	-178	-2,4%
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	0	0	-
2-3184-2	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.270	7.975	-705	-8,8%
2-3185-2	Norræna samíska stofnunin (NSI)	3.662	5.391	-1.729	-32,1%
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi		**12.938**	**13.126**	**-188**	**-1,4%**
	Verkefni	*10.079*	*10.308*	*-229*	*-2,2%*
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	6.369	6.668	-299	-4,5%
4-4120-2	Nordjobb	2.287	2.244	43	1,9%
4-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.423	1.396	27	1,9%
	Stofnanir	*2.859*	*2.818*	*41*	*1,5%*
4-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.859	2.818	41	1,5%

Atvinnu-, orku- og byggðamál, Heilbrigðis- og félagsmál, Efnahags- og fjármál		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Mismunur +/-	Mismunur %
		155.593	**150.154**	**5.439**	**3,6%**
Atvinnu-, orku- og byggðamál		**108.195**	**104.955**	**3.240**	**3,1%**
	Verkefni	*27.026*	*29.647*	*-2.621*	*-8,8%*
4-5110-1	Verkefni – Atvinnumál	1.116	1.123	-7	-0,6%
3-3210-1	Verkefni – Orkumál	4.951	6.279	-1.328	-21,1%
3-6110-1	Verkefni – Byggðamál	20.959	19.695	1.264	6,4%
4-5190-1	Expo 2005	0	2.550	-2.550	-
	Stofnanir	*81.169*	*75.308*	*5.861*	*7,8%*
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	70.082	64.107	5.975	9,3%
4-5181-3	Norræna prófunarstofan (Nordtest)	0	0	0	-
3-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	10.012	10.189	-177	-1,7%
3-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (NEFP)	1.075	1.012	63	6,2%
Félags- og heilbrigðismál		**45.730**	**43.508**	**2.222**	**5,1%**
	Verkefni	*17.387*	*17.741*	*-354*	*-2,0%*
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.025	6.840	-815	-11,9%
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.010	1.034	-24	-2,3%
4-4340-1	Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (Nomesko) og Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (Nososko)	1.697	1.713	-16	-0,9%
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	6.312	6.399	-87	-1,4%
4-4510-1	Verkefni – Samstarf í vímuefnamálum	2.343	1.755	588	33,5%
	Stofnanir	*28.343*	*25.767*	*2.576*	*10,0%*
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)[1]	33.716	33.218	498	1,5%
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.508	9.136	372	4,1%
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.902	2.956	-54	-1,8%
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	7.164	4.791	2.373	49,5%
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.167	7.253	-86	-1,2%
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.602	1.631	-29	-1,8%
Efnahags- og fjármál		**1.668**	**1.691**	**-23**	**-1,4%**
4-5210-1	Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.668	1.691	-23	-1,4%

1 Norræni lýðheilsuháskólinn er fjármagnaður beint af löndunum og íþyngir því ekki fjárveitingum MR-S.

Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli		**Fjárlög 2006**	**Fjárlög 2005**	**Mismunur +/-**	**%**
		81.723	**82.877**	**-1.154**	**-1,4%**
Umhverfismál		**43.908**	**44.506**	**-598**	**-1,3%**
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	32.444	32.885	-441	-1,3%
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.209	9.336	-127	-1,4%
4-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.255	2.285	-30	-1,3%
Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli		**37.815**	**38.371**	**-556**	**-1,4%**
	Verkefni	*0*	*6.571*	*-6.571*	-
3-6410-1	Verkefni – Sameiginlegur sjóður	0	5.447	-5.447	-
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	0	1.124	-1.124	-
	Sjávarútvegur	7.399	5.108	2.291	44,9%
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegur	7.399	5.108	2.291	44,9%
	Landbúnaður og skógrækt	*23.489*	*21.356*	*2.133*	*10,0%*
	Verkefni	*13.508*	*12.423*	*1.085*	*8,7%*
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	3.131	2.390	741	31,0%
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	815	1.020	-205	20,1%
3-6540-1	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.304	3.242	62	1,9%
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	6.258	5.771	487	8,4%
	Stofnanir	9.981	8.933	1.048	11,7%
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	9.981	8.933	1.048	11,7%
	Matvæli	6.927	5.336	1.591	29,8%
3-6810-1	Verkefni – Matvæli	5.704	5.336	368	6,9%
3-6820-1	Verkefni – Rannsóknir	1.223	0	1.223	-
Nágrannapólitík					
		87.286	**84.956**	**2.330**	**2,7%**
6-0820-2	Þekkingaruppbygging og tengslanet	30.570	24.058	6.512	27,1%
6-0940-1	Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barentssvæðinu og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi	9.975	0	9.975	-
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	6.126	0	6.126	-
6-0930-1	Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	0	10.710	-10.710	-
6-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.872	19.591	281	1,4%
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	9.495	13.933	-4.438	-31,9%
6-0920-1	Verkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	0	6.426	-6.426	-
6-0960-1	Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	1.019	0	1.019	-
6-0910-1	Pólitísk forgangsmál	2.038	3.200	-1.162	-36,3%
6-0790-1	Samstarf á landamærasvæðum	1.019	0	1.019	-
6-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	7.172	7.038	134	1,9%
6-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	0	0	0	-
6-0840-1	Menningarmiðlun	0	0	0	-
6-0860-1	Sjálfbær auðlindastjórnun	0	0	0	-

Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Mismunur +/-	Mismunur %
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi					
		107.525	**110.415**	**-2.890**	**-2,7%**
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	64.469	65.221	-752	-1,2%
5-0185-1	Afnám landamærahindrana	1.732	2.295	-563	-24,5%
5-0190-1	Endurskipulagning rannsóknarstofnana	300	510	-210	-41,2%
5-0195-1	Evrópa og Norðlæga víddin	198	510	-312	-61,2%
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.259	3.303	-44	-1,3%
5-0425-4	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.724	2.761	-37	-1,3%
5-0430-1	Norrænt tölfræðisamstarf	1.787	1.812	-25	-1,4%
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	385	597	-212	-35,5%
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (Formennskusjóður)	9.502	10.200	-698	-6,8%
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.223	1.240	-17	-1,4%
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd	3.975	4.029	-54	-1,3%
5-1010-1	Upplýsingamiðlun	3.829	3.882	-53	-1,4%
5-1020-1	Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	979	993	-14	-1,4%
5-1025-1	Norðurlönd í fókus (upplýsingagluggar)	4.897	4.964	-67	-1,3%
5-1030-1	Halló Norðurlönd	4.474	4.536	-62	-1,4%
5-1040-1	Þýðingar og túlkun	1.088	1.103	-15	-1,4%
5-1050-2	Starfsmannaskipti	1.972	1.947	25	1,3%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	732	512	220	43,0%
Aðlögunarsjóður					
5-1000-1	Aðlögunarsjóður	7.530	0	7.530	-
Ráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður		**0**	**9.287**	**-9.287**	**-**
2-3410-1	Upplýsingatækni	0	1.093	-1.093	-
3-6210-1	Samgöngumál	0	1.079	-1.079	-
4-5310-1	Bygginga- og húsnæðismál	0	903	-903	-
4-6710-1	Neytendamál	0	6.212	-6.212	-

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2006 og 2005 (verðlag hvers tíma þús. d.kr.)

	Fjárlög 2006	Hlut-deild	Fjárlög 2005	Hlut-deild	Mismunur +/-	%
Menningarmál, Jafnréttismál og Löggjafarmál	**169.706**	**20,2%**	**170.063**	**20,6%**	**-357**	**-0,2%**
Menningarmál	160.031	19,1%	160.537	19,4%	-506	-0,3%
Jafnréttismál	8.352	1,0%	8.185	1,0%	167	2,0%
Löggjafarmál	1.323	0,2%	1.341	0,2%	-18	-1,3%
Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	**230.280**	**27,4%**	**218.141**	**26,4%**	**12.139**	5,6%
Menntun og rannsóknir	217.342	25,9%	205.015	24,8%	12.327	6,0%
Vinnumarkaður og -umhverfi	12.938	1,5%	13.126	1,6%	-188	-1,4%
Atvinnu-, orku- og byggðamál, Félags- og heilbrigðismál og Efnahags- og fjármál	**155.593**	**18,5%**	**150.154**	**18,2%**	**5.439**	**3,6%**
Atvinnu-, orku- og byggðamál	108.195	12,9%	104.955	12,7%	3.240	3,1%
Félagsmál	45.730	5,4%	43.508	5,3%	2.222	5,1%
Efnahags- og fjármál	1.668	0,2%	1.691	0,2%	-23	-1,4%
Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli	**81.723**	**9,7%**	**82.877**	**10,0%**	**-1.154**	**-1,4%**
Umhverfismál	43.908	5,2%	44.506	5,4%	-598	-1,3%
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	37.815	4,5%	38.371	4,6%	-556	-1,4%
Nágrannapólitík	**87.286**	**10,4%**	**84.956**	**10,3%**	**2.330**	**2,7%**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**107.525**	**12,8%**	**110.415**	**13,4%**	**-2.890**	**-2,6%**
Aðlögunarsjóður	**7.530**	**100,0%**	**0**	**0,0%**	**-7.530**	-
Ráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður	**0**	**0,0%**	**9.287**	**1,1%**	**-9.287**	-
Upplýsingatækni	0	0,0%	1.093	0,1%	-1.093	-
Samgöngumál	0	0,0%	1.079	0,1%	-1.079	-
Bygginga- og húsnæðismál	0	0,0%	903	0,1%	-903	-
Neytendamál	0	0,0%	6.212	0,8%	-6.212	-
Samtals	**839.643**	**100,0%**	**825.893**	**100,0%**	**13.750**	**1,7**

Skipting fjárlaganna á ýmsa þætti fjárlaganna 2006 og 2005

Flokkun fjárlagaliðanna í *verkefni, styrki, stofnanir og félagasamtök,* byggir á þeirri úttekt sem gerð var á fjárlögunum árið 2000. Vakin er athygli á því að margir fjárlagaliðir gætu fallið undir fleiri flokka og ræður mikilvægasti flokkurinn því undir hvaða flokk fjárveitinga fjárlagaliðurinn fellur.

Stofnanirnar eru skilgreindar út frá skipulagi þeirra en ekki faglegu inntaki. Því flokkast Norræna rannsóknarráðið (NordForsk), Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) og Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) með stofnunum. Fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og skrifstofanna í Norðvestur-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum eru einnig skilgreindar sem stofnanarekstur en koma fram sem sérstakur flokkur á eftirfarandi myndum. Skrifstofa ráðherranefndarinnar kemur fram sem hluti af fjárlagaliðnum *skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi* en hinar skrifstofurnar aftur á móti sem hluti af fjárlagaliðnum *nágrannapólitík.*



Flokkun fjárlagaliða hefur að mestu leyti haldist óbreytt. Framlög til styrkja og verkefna hafa þó aukist frá tímabilinu 2002–2005 og dregið hefur verið úr framlögum til stofnananna. Á fjárlögum fyrir árið 2006 breytist þessi tilhneiging, þar sem framlög til stofnana hafa hækkað um 4%. Þetta er að mestu leyti vegna aukins framlags til Norrænu samstarfsnefndarinnar um málefni fatlaðra (NSH), NordForsk og NICe, sem nemur hærri upphæð en niðurskurður á framlögum til stofnana á menningarsviði vegna endurskipulagningar á sviði menningarmála.





Flokkun fjárlagaliða

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2006	Hlutdeild	Fjárlög 2005	Hlutdeild
Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál	**169.706**	**20,2%**	**170.063**	**20,6%**
Verkefni	40.727	24,0%	52.410	30,8%
Styrkir	69.411	40,9%	54.340	32,0%
Stofnanir	55.415	32,7%	58.246	34,2%
Félagasamtök	4.153	2,4%	5.067	3,0%
Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaður og -umhverfi	**230.280**	**27,4%**	**218.141**	**26,4%**
Verkefni	44.791	19,5%	60.255	27,6%
Styrkir	95.979	41,7%	99.033	45,4%
Stofnanir	88.373	38,4%	57.702	26,5%
Félagasamtök	1.137	0,5%	1.151	0,5%
Atvinnu-, orku- og byggðamál, Félags- og heilbrigðismál og Efnahags- og fjármál	**155.593**	**18,5%**	**150.154**	**18,2%**
Verkefni	46.081	29,6%	49.079	32,7%
Styrkir	0	0,0%	0	0,0%
Stofnanir	109.512	70,4%	101.075	67,3%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2006	Hlutdeild	Fjárlög 2005	Hlutdeild
Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli	**81.723**	**9,7%**	**82.877**	**10,0%**
Verkefni	60.278	38,7%	62.323	41,5%
Styrkir	9.209	5,9%	9.336	6,2%
Stofnanir	9.981	6,4%	8.933	5,9%
Félagasamtök	2.255	1,4%	2.285	1,5%
Nágrannapólitík	**87.286**	**10,4%**	**84.956**	**10,3%**
Verkefni	21.223	26,0%	27.374	33,0%
Styrkir	30.570	37,4%	24.058	29,0%
Stofnanir	35.493	43,4%	33.524	40,5%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	**115.055**	**13,7%**	**119.702**	**14,5%**
Verkefni	44.603	38,8%	48.417	40,4%
Styrkir	0	0,0%	0	0,0%
Stofnanir	64.469	56,0%	65.221	54,5%
Félagasamtök	5.983	5,2%	6.064	5,1%
Samtals	**839.643**	**100,0%**	**825.893**	**100,0%**
Verkefni	257.703	30,7%	299.858	36,3%
Styrkir	205.169	24,4%	186.767	22,6%
Stofnanir	283.153	33,7%	245.547	29,7%
Félagasamtök	13.528	1,6%	14.567	1,8%
Ráðherranefndarskrifstofa/Skrifstofur á nágrannasvæðum	80.090	9,5%	79.154	9,6%
Samtals	**839.643**	**100%**	**825.893**	**100%**

Uppbygging fjárlaganna og flokkun fjárlagaliða

Aðalflokkun	Aðalflokkun fjárlaganna fylgir fagsviðunum. Fyrst er gerð grein fyrir hverju fagsviði fyrir sig þar sem athyglinni er beint að pólitískum markmiðum, nýjum verkefnum og helstu breytingum miðað við fyrra fjárlagaár.
Fjárlagaliðir	Fjárlagaliðirnir eru kynntir út frá inntaki með tvenns konar flokkun; a) Verkefni/styrkir/félagasamtök og b) Stofnanir/starfsemi sem er stjórnað með markmiðs- og árangurssamningum.
Númeragjöf	Hver fjárlagaliður hefur sex tölustafa númer: Fyrsta talan gefur samstarfssviðið til kynna, önnur og þriðja tala gefa til kynna fagráðherranefndina og tvær næstu eru raðnúmer innan ráðherranefndarinnar. Síðasta talan gefur til kynna hvers eðlis fjárlagaliðurinn er; 1=verkefni, 2=styrkir, 3=stofnun, 4=félagasamtök.

Stofnun og samruni fjárlagaliða ásamt fjárlagaliðum sem lagðir hafa verið niður

Vegna endurskipulagningar Norrænu ráðherranefndarinnar hafa 4 fjárlagaliðir verið lagðir niður en þeir heyra undir þær ráðherranefndir sem lagðar verða niður: 2-3410-1, Verkefni í upplýsingatækni, 3-6210-1, Verkefni – Samgöngumál, 4-5310-1, Verkefni – Bygginga- og húsnæðismál og 4-6710-1, Verkefni – Neytendamál.

Stofnaður hefur verið nýr fjárlagaliður, 5-1000-1, aðlögunarsjóður, sem á að nota á ofangreindum sviðum ef aðlögunartímabil er nauðsynlegt. Það gæti t.d. verið vegna bindandi samninga, norræns-baltnesks samstarfs, ábyrgðar á samnorrænum stofnunum o.þ.h.

Vegna endurskipulagningar á fagsviði mennta- og rannsóknamála hafa verið lagðir niður fjárlagaliðir og stofnaðir nýir miðað við fjárlög fyrir árið 2005. Við stofnun Norræna rannsóknarráðsins (NordForsk), fjárlagaliður 2-3100-3, hafa fjárlagaliðirnir 2-3110-1, Norræna vísindastefnuráðið, 2-3115-3, NorFa og 2-3128-1, Norrænt rannsóknasamstarf, verið lagðir niður og látnir renna saman við NordForsk. Stefnumótunarhópur um upplýsingatækni hefur verið lagður niður og þess vegna er fjárlagaliður 2-2550-2, Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni, einnig lagður niður og í staðinn kemur fjárlagaliður 2-2553-1, Stefnumótun, þekkingarsamfélag og grunnkerfi upplýsingatækni.

Hjá ráðherranefnd um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli hafa í fjárlögum fyrir árið 2006 fjármunir verið færðir til pólitískra forgangsmála – rannsókna, nýsköpunar og erfðaauðlinda – og stjórnun verkefna jafnframt einfölduð.

Fjárlagaliðurinn 3-6410-1, Verkefni – Sameiginlegur sjóður, hefur verið lagður niður og fjármagninu dreift á ráðherranefndirnar þrjár, bæði til sérstakra pólitískra forgangsmála og til þverfaglegs samstarfs.

Fjárlagaliðurinn 3-6530-1, Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi, hefur verið lagður niður og í staðinn stofnaður fjárlagaliðurinn 3-6820-1, Rannsóknir – Matvæli.

Vegna áherslubreytinga í stefnu ráðherranefndarinnar þess eðlis að nágrannapólitík tekur við af grannsvæðastefnu, breytist uppbygging fjárlaganna varðandi samstarf við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland.

Áherslubreyting í starfsemi ráðherranefndarinnar gagnvart Norðvestur-Rússlandi endurspeglast í fjárlögunum. Á árinu 2006 losnar um fjármagn sem hægt verður að nota til aðgerða í Norðvestur-Rússlandi.

Vegna breytinga á samstarfi við grannsvæðin, verður fjárlagaliðurinn 6-0930-1, Framkvæmdaáætlun um Norðvestur-Rússland, lagður niður. Nýir fjárlagaliðir eru 6-0940-1, Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf við Barentssvæðið og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi ásamt 6-0790-1, Samstarf á landamærasvæðum.

Skrifstofurnar í Pétursborg og Kaliningrad eru nú aðskildar frá skrifstofunum í Eystrasaltsríkjunum í fjárlagalið 6-0970-3, Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi.

Vegna endurskipulagningar á fagsviði menningarmála hafa eftirfarandi fjárlagaliðir verið stofnaðir; 1-2204-1, Norrænn menningarvettvangur og sérfræðingahópar, 1-2221-2, Tölvuleikir/UT og 1-2254-2, Ferða- og dvalarstyrkir, og eftirfarandi fjárlagaliðir verða lagðir niður; 1-2238-2, Sleipnir, 1-2246-4, Norræna listamannaheimilið í Róm og 1-2257-3, Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen).



Á raunvirði hafa fjárlögin verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildu árinu 1996 en þá var starfsemin meiri en á tímabilinu 1997–2001, þar sem umfang starfseminnar var nokkuð stöðugt. Á árunum 2001–2005 jókst starfsemin en svo dregur úr henni aftur á árinu 2006. Þessar breytingar ber að skoða í ljósi ákvörðunar um að auka starfsemina á þessu tímabili til að draga úr lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 mun þetta breytast á ný og draga mun úr starfseminni í raun.

Tekjuliðir fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum. Grundvallarreglan er sú að framlag landanna er sama upphæð og fjárlagaramminn að frádregnum gjöldum af tekjum starfsmanna, vaxtatekjum og öðrum tekjum sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag landanna er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggir á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um (þ.e. fyrir árin 2002 og 2003).

Tekjur **Þús. d.kr.**	**Uppgjör 2004**	**Skiptiregla 2004**	**Fjárlög 2005**	**Skiptiregla 2005**	**Fjárlög 2006**	**Skiptiregla 2006**
Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR)	9.518		7.000		8.000	
Vaxtatekjur	4.753		4.600		4.600	
Aðrar tekjur	-430		200		200	
Framlag landanna	803.957		814.093		826.843	
- Danmörk	183.302	22,8%	185.613	22,8%	186.040	22,5%
- Finnland	141.496	17,6%	145.723	17,9%	148.832	18,0%
- Ísland	8.844	1,1%	8.955	1,1%	9.095	1,1%
- Noregur	202.597	25,2%	214.106	26,3%	214.979	26,0%
- Svíþjóð	267.718	33,3%	259.696	31,9%	267.897	32,4%
Samtals	**817.517**	**100,0%**	**825.893**	**100,0%**	**839.643**	**100,0%**
Afgangur	**282**					

Athugasemdir:

Gjöld af tekjum starfsmanna: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 4,6 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 2,0% árið 2004 og meðallausafjárstaða á því ári nemi 230 millj. d.kr.

Aðrar tekjur: Þessi tekjuliður felur í sér dráttarvexti, gengisbreytingar og endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna.

Þróun lausafjárstöðu

Á eftirfarandi línuriti má sjá þróun lausafjárstöðu frá miðju árinu 2000 til 9. nóvember 2005.



Þetta línurit sýnir ákveðið mynstur í lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Þetta mynstur endurspeglar það að greiðslur frá ráðherranefndinni dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og að framlag landanna er innheimt tvisvar á ári, í upphafi árs (primo) og um mitt árið (medio). Að greiðslum er dreift svo jafnt, borið saman við að umfang starfseminnar hefur verið stöðugt miðað við fast verðlag, bendir einnig til þess að meðallausafjárstaða hafi verið nokkurn veginn stöðug á því tímabili sem línuritið nær til að árunum 2003 og 2004 undanteknum, en þau ár var upphæðin lægri. Að mati landanna var lausafjárstaða ráðherranefndarinnar of há og því var ákveðið að draga úr henni. Á tímabilinu 2001–2005 innheimti ráðherranefndin því upphæð sem er 10 millj. d.kr. lægri en heildarupphæð fjárlaganna. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 verður þessu hætt.

Vegna þeirrar þróunar að meðallausafjárstaða ráðherranefndarinnar heldur áfram að vera há er gert ráð fyrir að ráðherranefndin hefji á árinu 2006 aðgerðir til að draga úr lausafé ráðherranefndarinnar til framtíðar.

Kröfur gagnvart löndunum

Vegna áðurnefndra aðgerða á tímabilinu 2001–2005 hafa stofnast kröfur gagnvart löndunum. Frá og með fjárlögum fyrir árið 2006 verður á ný innheimt sama fjárhæð og fjárlögin bjóða upp á. Skiptingin milli landanna ræðst af skiptireglunni vegna viðkomandi fjárlagaárs. Aðgerðirnar á tímabilinu 2001–2005 leiddu til þess að löndin standa í skuld við Norrænu ráðherranefndina. Skuldin ber enga vexti. Kröfurnar dreifast á löndin samanber eftirfarandi töflu. Einnig er tiltekið hve miklar heildarkröfur eru við árslok 2005.

Kröfur miðað við einstök lönd og fjárlagaár (Þús. d. kr.)	Kröfur 2001	Kröfur 2002	Kröfur 2003	Kröfur 2004	Kröfur 2005	Samtals 31.12.2005
Danmörk	2.430	2.460	2.380	2.280	2.280	11.830
Finnland	1.830	1.850	1.750	1.760	1.790	8.980
Ísland	110	110	110	110	110	550
Noregur	2.200	2.160	2.340	2.520	2.630	11.850
Svíþjóð	3.430	3.420	3.420	3.330	3.190	16.790
Skerðing fjárstreymis	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**10.000**	**50.000**

Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögunum nemur hækkun á tilteknum fjárlagaliðum samtals 125,651 millj. d.kr. og lækkanir samtals 135,650 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2005. (Munurinn, sem nemur 10 millj. d.kr., samsvarar lækkun fjárlagarammans, sem er afleiðing þess að nú verður hætt að byggja upp kröfur til landanna). Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Eins má sjá hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur. Til samanburðar námu breytingar á fjárlögum fyrir 2005, 76,643 millj. d.kr.

Meiri háttar hækkanir ***(verðlag ársins 2005 í þús. d.kr.)***

Meiri háttar hækkanir		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Breyting
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	5.998	5.114	884
1-2204-1	Norrænn menningarvettvangur og sérfræðingahópar	1.000	0	1.000
1-2221-2	Tölvuleikir/UT	6.000	0	6.000
1-2254-2	Ferða- og dvalarstyrkir	10.000	0	10.000
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir	4.347	4.034	313
2-2553-1	Stefnumörkun, þekkingarsamfélag og uppbygging upplýsingatækni	563	0	563
2-3100-3	Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	64.708	0	64.708
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	3.073	2.390	683
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	6.141	5.771	370
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	9.833	8.933	900
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegur	7.261	5.108	2.153
3-6820-1	Rannsóknir – Matvæli	1.200	0	1.200
6-0820-2	Þekkingaruppbygging og tengslanet	30.000	24.058	5.942
6-0790-1	Samstarf á landamærasvæðum	1.000	0	1.000
6-0940-1	Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barentssvæðinu og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi	9.789	0	9.789
6-0960-1	Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	1.000	0	1.000
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	6.000	0	6.000
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra(NSH)	7.058	4.791	2.267
4-4510-1	Verkefni – Samstarf um vímuefnamál	2.299	1.755	544
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe)	65.174	64.107	1.067

Meiri háttar hækkanir		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Breyting
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	718	512	206
5-1000-1	Aðlögunarsjóður	7.390	0	7.390
	Aðrar minni háttar hækkanir			1.672
Hækkanir samtals				**125.651**
Lækkanir				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	5.794	6.294	-500
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	1.285	6.129	-4.844
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlastarf	2.105	5.655	-3.550
1-2229-3	Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)	3.106	3.406	-300
1-2238-2	Sleipnir	0	2.760	-2.760
1-2246-4	Norræna listamannaheimilið í Róm	0	856	-856
1-2255-3	Norræna sviðslistanefndin (NordScen)	6.427	7.205	-778
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	0	1.535	-1.535
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	6.508	7.924	-1.416
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	2.125	6.875	-4.750
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	1.538	2.564	-1.026
2-2520-1	Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.094	1.823	-729
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun – HØGUT	1.295	2.159	-864
2-2544-1	Norræna málráðið	1.241	2.069	-828
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	0	563	-563
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	0	1.544	-1.544
2-3115-3	Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	0	35.389	-35.389
2-3410-1	Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	0	1.093	-1.093
2-0462-1	Norræn vísindaáætlun um haffræði	0	2.757	-2.757
2-3128-1	Norrænt rannsóknarsamstarf	0	8.178	-8.178
2-3180-3	Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	15.604	19.495	-3.891
2-3184-2	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.134	7.975	-841
2-3185-2	Norræna samíska stofnunin (NSI)	3.594	5.391	-1.797
3-6410-1	Verkefni – Sameiginlegur sjóður	0	5.447	-5.447
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	0	1.124	-1.124
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	800	1.020	-220
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	9.300	13.933	-4.633
6-0910-1	Pólitísk forgangsmál	2.000	3.200	-1.200
6-0920-1	Samstarfsverkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	0	6.426	-6.426
6-0930-1	Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	0	10.710	-10.710
3-3210-1	Verkefni – Orkumál	4.859	6.279	-1.420
3-6210-1	Verkefni – Samgöngumál	0	1.079	-1.079
3-6410-1	Verkefni – Sameiginlegur sjóður	0	5.447	-5.447
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	5.913	6.840	-927
4-5190-1	Expo 2005	0	2.550	-2.550
4-5310-1	Verkefni – Bygginga- og húsnæðismál	0	903	-903
4-6710-1	Verkefni – Neytendamál	0	6.212	-6.212
5-0185-1	Afnám landamærahindrana	1.700	2.295	-595
5-0190-1	Endurskipulagning stofnana	294	510	-216
5-0195-1	Evrópa og Norðlæga víddin	194	510	-316
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	378	597	-219
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (Formennskusjóður)	9.325	10.200	-875
	Aðrar minni háttar lækkanir			-4.342
Lækkanir samtals				**-135.650**

Hér á eftir eru almennar athugasemdir frá hinum einstöku fagráðherranefndum um bakgrunn forgangsröðunar þeirrar sem kemur fram í hækkunum og niðurskurði á einstökum fjárlagaliðum. Þetta ber að skoða í ljósi þeirra breytinga sem er lýst hér á undan varðandi forgangsverkefnasjóðinn og samráðsins við Norðurlandaráð.

Á sviði menningarmála eru breytingar á fjárlögunum vegna endurskipulagningar á norrænu menningarmálasamstarfi. Í október staðfestu menningarmálaráðherrar ákvörðun sína frá júní 2005. Í samþykkt ráðherranefndarinnar felst að núverandi fagdeildaskipulag verður lagt niður frá og með 1. janúar 2007. Fjárlög fyrir árið 2006 bera merki aðlögunartíma milli núverandi og framtíðarskipulags.

Til að geta, strax á árinu 2006, komið á fót nýjum áætlunum í samræmi við nýtt skipulag, verða ýmsar samstarfsnefndir lagðar niður. Frá og með fjárlagaárinu 2006 verða Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenningu, Stjórnarnefnd um samstarf á menningar- og fjölmiðlasviði (KM-hópurinn) og Stjórnarnefnd um norræn menningarverkefni á erlendri grund lagðar niður. Verkefni, sem þegar hefur verið hrint af stað, halda áfram, fastar fjárveitingar og starfsemi sem stjórnarnefndirnar hafa borið ábyrgð á halda áfram í fjárlögum fyrir árið 2006. Þegar samstarfsnefndir verða lagðar niður losnar um fjármagn frá verkefnum og stjórnum. Það verður nýtt til að stofna þrjá nýja fjárlagaliði á fjárlögum fyrir 2006; stofnun þemaáætlunar um tölvuleiki fyrir börn (Tölvu-leikir/UT), stofnun ferða- og dvalarstyrkja, og stofnun Norræns menningarvettvangs og sérfræðingahópa í sambandi við framkvæmd breytinganna.

Fjárveitingin til áætlunar um ferða- og dvalarstyrki kemur frá fjármagni sem losnað hefur ásamt fjármagni því sem verður eyrnamerkt áætlun um ferða- og dvalarstyrki í núverandi skipulagi. Fjárlagaliðirnir Sleipnir, Norræna listamannaheimilið í Róm og Norræna listamannamiðstöðin í Dalsåsen verða lagðir niður og upphæðin sameinuð rammafjárveitingu nýju áætlunarinnar um ferða- og dvalarstyrki. Fjárlagaliðirnir Norræna sviðslistanefndin (NordScen) og Norræna stofnunin um samtímalist (Nifca) lækka um þá upphæð sem yfirfærist til ferða- og dvalarstyrkja. Þó áætlun um ferða- og dvalarstyrki birtist þegar á árinu 2006 sem eigin áætlun í fjárlögunum, mun það ekki hafa í för með sér breytingar á stjórnun starfseminnar á árinu 2006. Hlutaðeigandi nefndir, stofnanir og styrkþegar (NordScen, Nifca, Sleipnir, Norræna listamannaheimilið í Róm og Norræna listamannamiðstöðin í Dalsåsen) munu sem fyrr bera ábyrgð á starfinu.

Frá og með árinu 2007 verða eftirfarandi lista- og menningarnefndir og stofnanir lagðar niður: Norræni blaðamannaháskólinn (NJC), Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (Nordbok), Norræna safnanefndin (Museikommittén), Norræna tónlistarnefndin (NOMUS), Norræna sviðslistanefndin (NordScen), Norræna listamannamiðstöðin í Dalsåsen ásamt Norrænu stofnuninni um samtímalist (Nifca). Þegar nýja skipulagið kemur til framkvæmda árið 2007 verða fjárlögin sett upp í samræmi við það.

Á mennta- og rannsóknarsviði fela fjárlögin í sér niðurskurð á ráðstöfunarfé fyrir menntun og rannsóknir um 22%, fyrir stjórnarnefndirnar um 40% og ferðastyrkja- og tengslanetaáætlanir um 3%. Þetta er í samræmi við ákvörðun frá árinu 2004, varðandi fjárlög fyrir árið 2005, um að leggja meiri áherslu en áður á ráðstöfunarfé til nýrra, þverfaglegra verkefna. Í tillögunni eru undanþegin svið sem hafa pólitíska forgang eins og rannsóknarsamstarf – NordForsk, fullorðinsfræðsla og stefnumörkun á sviði þekkingarsamfélaga og upplýsingatækni og á það einnig við um önnur forgangssvið eins og ferðastyrki.

Hjá ráðherranefnd um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt, og matvæli hefur, fyrir árið 2006, verið gerð breyting á forgangsröðun þess fjármagns sem ætlað er til pólitískra for-

gangsmála – rannsókna og nýsköpunar ásamt erfðaauðlindum – og um leið hefur verkefnisstjórnun verið einfölduð.

Fjárlagaliður 3-6410-1, Verkefni – Sameiginlegur sjóður, verður lagður niður og fjármagninu skipt niður á ráðherranefndirnar þrjár, bæði til sérstakra pólitískra forgangsverkefna og til þverfaglegs samstarfs. Fjárlagaliðurinn 3-6530-1, Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi, verður lagður niður og í staðinn stofnaður nýr fjárlagaliður, 3-6820-1, Rannsóknir – Matvæli.

Á sviði ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál hefur fjárveiting til Norrænu samstarfsnefndarinnar um málefni fatlaðra (NSH) verið aukin á fjárlagaárinu 2006 í það sem hún var á árinu 2004 og er það fé tekið af verkefnafé ráðherranefndarinnar. Tímabundin lækkun á árinu 2005 er til komin vegna þess að embættismannanefndin uppálagði stofnuninni að nota 2,5 millj. d.kr. af eigin fé til reksturs.

Varðandi samstarf við nágrannasvæði Norðurlanda samþykktu samstarfsráðherrarnir þann 10. desember 2004 nýjar starfsreglur fyrir samstarf ráðherranefndarinnar við bæði Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland fyrir tímabilið 2006–2008 og verður unnið samkvæmt þeim hjá öllum ráðherranefndum.

Samstarf Norðurlanda við Eistland, Lettland og Litháen er mikilvægt jafnt fyrir Norðurlönd sem Eystrasaltsríkin. Það er jafnframt hluti af breiðara samstarfi á Eystrasaltssvæðinu og í Evrópu. Samstarfið við Eistland, Lettland og Litháen hefur þróast í átt að pólitísku og nánara samstarfi á jafnræðisgrundvelli.

Uppbygging fjárlaga varðandi samstarf við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland tekur breytingum í samræmi við breyttar áherslur ráðherranefndarinnar í samstarfi við nágrannasvæðin.

Hvað fjárveitingar varðar flyst áherslan í starfsemi ráðherranefndarinnar til Norðvestur-Rússlands.

Skipulagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar til lengri tíma

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir þróun fjárlaganna, miðað við þriggja ára tímabil, að óbreyttum fjárhagsramma frá fjárlögum fyrir 2006 á því tímabili sem fjárlagaspáin nær til. Lögð er áhersla á að hér er um að ræða tæknilegt atriði en ekki pólitíska forgangsröðun. Það er því ekki tekin afstaða til hvernig það fé sem verður til ráðstöfunar verður nýtt. Þar að auki getur verulegur hluti þess fjármagns sem notað er til verkefna færst til, annaðhvort innan eða á milli einstakra fjárlagaliða.

Forsendur skipulagsramma til lengri tíma fyrir tiltekna fjárlagaliði eru sem hér segir:

- Ef annað er ekki ákveðið eða áætlað, er umfangi starfseminnar í fjárlögum fyrir 2006 haldið óbreyttu á spátímabilinu, þ.e. árin 2007 og 2008.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki höfð með í spátímabilinu.
- Aðlögunarsjóðurinn er hafður með í heildarrammanum fyrir spátímabilið þó ekki hafi verið tekin ákvörðun um slíkan sjóð á spátímabilinu.

Líta ber á upplýsingar um spátímabilið sem leiðbeinandi. Það er því ekki um að ræða fjárlög til margra ára þar sem upphæðir á spátímabilinu eru þekktar. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar eru sem áður aðeins árlegar fjárveitingar eins og þær koma fram í samþykktum fjárlögum. Heildarrammi fjárlaganna er ákveðinn á ári hverju og er ekki þekktur fyrir spátímabilið.

Yfirlit í eftirfarandi töflu er samantekt yfir alla fjárlagaliði. Yfirlit yfir alla fjárlagaliði er að finna í fylgiskjali 1, Heildarskipulagsrammi til lengri tíma.

Með hugtakinu „Frávik frá fjárlögum 2006“ er átt við muninn á upphæðum hvers árs á spátímabilinu og þeim upphæðum sem koma fram í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2006. Ef frávikið er neikvætt, merkir það ófullnægða fjármögnunarþörf á því ári spátímabilsins. Jákvætt frávik merkir að fjármagn er til ráðstöfunar miðað við árið 2006.

Eftirfarandi yfirlit er yfir fagsviðin, nágrannapólitík (þ.e. samstarf við grannríki og -svæði) ásamt skrifstofunni og annarri samnorrænni starfsemi að gefnum óbreyttum heildarramma.

Miðað við óbreyttan heildarramma að fjárhæð 839,643 millj. d.kr. á spátímabilinu verða u.þ.b. 23,9 millj. d.kr. samtals til ráðstöfunar á árinu 2007 og u.þ.b. 32,5 millj. d.kr. til ráðstöfunar samtals á árinu 2008 hjá Norrænu ráðherranefndinni, að gefnum ofangreindum forsendum. Þessi upphæð sem er til ráðstöfunar dreifist með u.þ.b. 6,3 millj. d.kr. á „Velferð og atvinnumál“ á árunum 2007 og 2008, „Menntun og rannsóknir“ sem fá u.þ.b. 10,1 millj. d.kr. og 18,7 millj. d.kr. á árunum 2007 og 2008 og á aðlögunarsjóðinn með u.þ.b. 7,5 millj. d.kr. á árunum 2007 og 2008.

Á fagsviðinu „Velferðar- og atvinnumál“ myndast frávikið vegna þess að áætlað er að ljúka velferðarrannsóknarverkefninu (fjárlagaliður 4-4620-1) á árinu 2007.

Á fagsviðinu „Menntun og rannsóknir“ er upphæðin til komin að hluta til vegna flutnings rannsóknarstofnana til landanna og að rannsóknarverkefnunum 2-3111-1, Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar, og 2-3133-1, Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði, lýkur.

Þar sem ekki hefur verið tekin pólitísk afstaða til aðlögunarsjóðsins til lengri tíma en til fjárlagaársins 2006 hefur verið kosið tæknilega að „losa um“ þessar 7, 5 millj. d.kr., en halda þeim samt innan heildarrammans.

Skipulagsrammi til lengri tíma eftir fagsviðum

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2005 og 2006 og spátímabilin 2007 og 2008 (þús. d.kr.)

	Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlagaspá 2007	Fjárlagaspá 2008
Menningarmál, Jafnréttismál, Löggjafarmál	**170.063**	**169.706**	**169.706**	**169.706**
Menningarmál	160.537	160.031	160.031	160.031
Jafnréttismál	8.185	8.352	8.352	8.352
Löggjafarmál	1.341	1.323	1.323	1.323
Menntun og rannsóknir, Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	**218.141**	**230.280**	**220.172**	**211.564**
Menntun og rannsóknir	205.015	217.342	207.234	198.626
Vinnumarkaður og -umhverfi	13.126	12.938	12.938	12.938
Frávik frá fjárlögum 2006			10.108	18.716
Atvinnumál, Félags- og heilbrigðismál, Efnahags- og fjármál	**150.154**	**155.593**	**149.281**	**149.281**
Atvinnu-, orku- og byggðamál	104.955	108.195	108.195	108.195
Félagsmál	43.508	45.730	39.418	39.418
Efnahags- og fjármál	1.691	1.668	1.668	1.668
Frávik frá fjárlögum 2006			6.312	6.312

	Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlagaspá 2007	Fjárlagaspá 2008
Umhverfismál, Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli	**82.877**	**81.723**	**81.723**	**81.723**
Umhverfismál	44.506	43.908	43.908	43.908
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	38.371	37.815	37.815	37.815
Nágrannapólitík	**84.956**	**87.286**	**87.286**	**87.286**
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	110.415	107.525	107.525	107.525
Frávik frá fjárlögum 2006 samtals			**23.950**	**32.558**
Aðlögunarsjóður	**0**	**7.530**	**0**	**0**
Ráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður	**9.287**	**0**	**0**	**0**
Upplýsingatækni	1.093	0	0	0
Samgöngumál	1.079	0	0	0
Bygginga- og húsnæðismál	903	0	0	0
Neytendamál	6.212	0	0	0
SAMTALS	**825.893**	**839.643**	**839.643**	**839.643**

Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir

Eins og undanfarin ár er í fjárlögum fyrir 2006 sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka. Frá því í fjárlögum fyrir árið 2003 er í yfirlitinu yfir fjárveitingar gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir, og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök markast af að samræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hugtakið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/óformlegir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem skiptir máli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili.

Það eru því þrír eftirgreindir flokkar sem liggja til grundvallar yfirlitinu:

1. Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
2. Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
3. Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2006.

Fjárlagaliður		**Fjárlög 2006**	**Fjárlög 2005**	**Ráðstafað 2004**
Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka				
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.253	1.271	1.246
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	1.600	1.500	1.265
1-2220-2	Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglingamenningu	0	1.200	0
1-2255-3	Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	760	790	800
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin – NOMUS	760	800	
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	150	150	149
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	200	200	235
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	223	150	37
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	120	120	120
1-2296-1	Menningarverkefni erlendis	0	200	200
1-2234-1	Samískt samstarf	4.153	4.211	4.128
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.137	1.151	1.128
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	1.000	1.500	500
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	750	500	750
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	400	200	450
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.259	3.303	3.238
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	175	175	175
SAMTALS		**15.940**	**17.421**	**14.421**

Fjárlagaliður		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Ráðstafað 2004
Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	500	500	840
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	0	2.500	1.050
4-4120-2	Nordjobb	2.287	2.244	2.500
4-6710-1	Verkefni – Neytendamál	0	350	350
5-1025-1	Norðurlönd í fókus (upplýsingagluggarnir)	4.897	4.964	4.867
5-1030-1	Halló Norðurlönd	3.000	3.000	3.000
SAMTALS		**10.684**	**13.558**	**12.607**
Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um				
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	0	0	0
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	10.800	13.450	10.898
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	2.400	2.400	2.411
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	0	-	1.050
1-2231-2	Sleipnir	0	2.760	2.502
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	0	839	942
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	0	800	374
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	0	950	247
1-2254-2	Ferða- og dvalarstyrkir	10.190	0	0
2-2522-2	Nordplus Voksen	8.964	9.069	8.058
2-2543-2	Nordplus Sprog	8.874	8.978	7.865
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra	1.900	1.700	1.900
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.223	1.240	1.216
6-0820-2	Styrkir (þ.á m. Nordplus Nabo)	15.000	10.000	13.000
6-0960-1	Frjáls félagsamtök á Eystrasaltssvæðinu	1.000	0	0
SAMTALS		**60.351**	**52.186**	**50.463**
SAMTALS		**86.975**	**83.165**	**77.491**

Starfsemi í þágu barna og unglinga

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglinga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagalið fyrir sig eru byggðar á mati, og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið fyrir árin 2005 og 2006 endurspeglar væntingar og reynslu fyrri ára og áætlanir fagsviðanna fyrir árið 2006.

Fjárlagaliður		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Ráðstafað 2004
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	0	2.000	0
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	2.400	6.200	2.435
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.253	1.271	1.246
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	5.904	6.294	5.924
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu (BUK)	1.309	6.129	5.723

Fjárlagaliður		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Ráðstafað 2004
1-2220-1	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlastarf (KM-gruppen)	0	500	0
1-2230-1	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	1.200	600	1.214
1-2239-1	Norræna safnanefndin (Museikommittèn)	180	200	200
1-2255-3	Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	200	400	456
1-2256-3	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	1.500	1.600	1.491
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	240	300	532
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	1.000	500	1.077
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	300	100	255
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	900	800	1.289
1-2296-1	Menningarverkefni erlendis	500	500	1.000
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	2.100	2.100	1.545
	Menningarmál samtals	**18.986**	**29.494**	**24.387**
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf	1.567	2.564	3.055
2-2512-2	Nordplus junior, þ.á m. Norræna skólanetið	20.074	20.309	18.285
	Menntamál og rannsóknir samtals	**21.670**	**22.837**	**21.340**
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	600	800	500
	Umhverfismál samtals	**600**	**800**	**500**
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	0	150	450
3-6810-1	Verkefni – Matvæli	400	0	0
	Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals	**400**	**150**	**450**
4-4310-2	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	1.300	1.300	1.300
4-4384-3	NSH	2.000	1.500	1.500
4-4385-3	NUD	2.000	2.500	2.500
4-4386-3	NOPUS	1.000	500	500
	Félags- og heilbrigðismál samtals	**6.300**	**5.800**	**5.800**
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	800	0	500
	Jafnréttismál samtals	**800**	**0**	**500**
4-6710-1	Neytendamál	0	850	855
	Neytendamál samtals	**0**	**850**	**855**
5-1025-1	Norðurlönd í fókus (upplýsingagluggarnir)	600	600	600
	Skrifstofan og önnur samnorræn verkefni samtals	**600**	**600**	**600**
BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS		**49.356**	**60.579**	**56.932**

Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar á nágrannasvæðunum

Starfsemi ráðherranefndarinnar á nágrannasvæðunum er fjármögnuð bæði af fjárveitingum fagsviðanna og af fjárlagaliðnum Nágrannapólitík. Vegna endurskipulagningar á starfsemi tengdri málefnum grannsvæðanna hafa fagráðherranefndirnar ekki yfirsýn yfir notkun eigin fjárveitinga sem verður beint yfir í starfsemi á nágrannasvæðunum á fjárlagaárinu 2006. Sú hlutdeild sem gefin er upp fyrir hvert einstakt fagsvið fyrir árið 2005 byggir á mati, sem gert var við fjárlagagerð fyrir árið 2005. Þetta mat var gert vorið 2004 og sýnir þær fjárveitingar sem reiknað var með að rynnu til starfsemi í grannlöndunum. Hvað varðar niðurstöður fyrir árið 2004, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum fyrir starfsárið 2004 frá stofnunum, samstarfsnefndum og styrkjakerfum.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2005		Uppgjör 2004	
	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð
Menningarmál	8%	12.843	5%	7.200
Menntun og rannsóknir	1,7%	3.438	2%	3.991
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	0%	0	0%	0
Nágrannapólitík	100%	84.956	100%	85.951
Orkumál	50%	3.645	35%	2.500
Umhverfismál	25%	10.555	26 %	10.600
Efnahagsmál	0%	0	0%	0
Byggðamál	15%	4.482	2,2%	650
Samgöngumál	14%	151	14%	150
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	16%	6.139	3,2%	1.206
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	8%	1.050	8,5%	1.100
Félags- og heilbrigðismál	1,2%	501	1,7%	700
Jafnréttismál	7%	573	6%	520
Samstarf í vímuefnamálum	45%	790	51%	775
Atvinnumál	2%	1.356	0%	0
Bygginga- og húsnæðismál	10%	90	11%	100
Neytendamál	6%	510	2,3%	200
Löggjafarmál	8%	107	8%	107
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	7 %	7.922	7%	7.790
SAMTALS	**16,8%**	**139.108**	**15,1%**	**123.540**

Jafnréttismál

Allt frá árinu 2001 hefur Norræna ráðherranefndin haft yfirlýsta stefnu í jafnréttismálum. Starfsemi ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum byggir á samstarfsáætluninni „Norrænt samstarf um jafnréttismál 2001–2005 ". Þessari áætlun verður fylgt eftir í ráðherranefndinni *með nýrri samstarfsáætlun um jafnréttismál fyrir tímabilið 2006-2010.* Meginmarkmið starfsins er þróun lýðræðislegra og jafnra tækifæra fyrir konur og karla ásamt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í þjóðfélaginu (Gender Mainstreaming)."

Á tímabilinu frá október 2005 til júní 2006 mun skrifstofan gera spurningakönnun á hverju fagsviði fyrir sig, til að gera úttekt á því hvernig þeim starfsreglum ráðherranefndarinnar sem byggja á jafnréttisáætluninni hefur verið framfylgt á hinum ýmsu fagsviðum.

Í framhaldi af ákvörðun samstarfsráðherranna um að endurskipuleggja Norrænu ráðherranefndina, munu fagráðherranefndirnar í spurningakönnuninni vera beðnar um að gera grein fyrir því hvernig þær muni í nýju skipulagi sinna starfi að jafnréttissjónarmiðum í framkvæmda- og stefnumörkunaráætlunum sínum. Þær munu sömuleiðis verða beðnar um að meta hvaða áhrif niðurstöður fyrri úttekta á jafnréttissjónarmiðum hafi haft og hvaða áhrif búist er við að þær hafi á komandi ákvarðanir eða breytingar á áður teknum ákvörðunum.

Niðurstöður úttektarinnar verða kynntar á Norðurlandaráðsþingi í Kaupmannahöfn árið 2006. Niðurstöðum mun fylgt eftir með tilmælum um hvernig fylgja megi niðurstöðunum eftir.

Aðgerðir á sviði vísinda og rannsókna

Rannsóknir eru afgerandi forsenda samfélagsþróunar og samkeppnishæfni á alþjóðavettvangi. Rannsóknir og nýsköpunarmöguleikar eru forsendur velferðar. Rannsóknir á alþjóðamælikvarða krefjast aðstöðu í hæsta gæðaflokki. Útgjöld til hágæðarannsókna hafa hins vegar tilhneigingu til að hækka.

Undanfarin fjögur ár hefur ESB verið að þróa hugmyndina um Evrópskt rannsóknarrými, ERA (European Research Area), til að efla samstarf og samræmingu rannsókna, auka fjárfestingar í rannsóknum, bæta nýtingu fjármagnsins og skapa fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, betri ramma fyrir rannsóknir. Þetta á að skapa innri markað fyrir rannsóknir. Í stækkaðri Evrópu mun svæðisbundið rannsóknarsamstarf fá aukna þýðingu. Það má ganga út frá því að svæðisbundin samstarfsmynstur muni þróast áfram.

Í alþjóðlegu samhengi skara Norðurlönd fram úr á mörgum sviðum. Það ætti að nýta betur til að skapa samlegðaráhrif og til að skerpa ímynd Norðurlanda. Þó hlutfallslega mikið fjármagn sé notað til rannsókna, eru Norðurlönd lítil á alþjóðamælikvarða. Það er heldur ekki tryggt þegar samkeppni eykst á rannsóknarsviði að áfram muni vel ganga í framtíðinni.

Því hefur ráðherranefndin ákveðið að koma á fót norrænum rannsóknar- og nýsköpunarvettvangi, NORIA (Nordic Research and Innovation Area), með það að markmiði að efla Norðurlönd sem svæði í Evrópu og annars staðar í heiminum um leið og NORIA verður öflugur og samþættur hluti af ERA.

Ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U) lét á árinu 2002 gera úttekt á skilyrðum nánara rannsóknarsamstarfs á Norðurlöndum. Niðurstöður voru kynntar í hvítbókinni „NORIA – Nordisk forskning och innovation – globalt ledande genom ökat samarbete", sem kom út haustið 2003. Norrænu mennta- og rannsóknarráðherrarnir voru sammála þeirri sýn sem kemur fram í Hvítbókinni um uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarumhverfis á tveimur nátengdum stoðum, einni fyrir rannsóknir og annarri fyrir nýsköpun. MR-U hefur ákveðið að kalla rannsóknarstoðina NordForsk. Hvað hina stoðina varðar ákvað Norræna ráðherranefndin um atvinnumál (MR-Næring) í lok ársins 2003 að fela norrænu embættismannanefndinni um atvinnumál (EK-Næring) að semja tillögu að áætlun um nýsköpunarsamstarf ráðherranefndarinnar fram að árinu 2010. Nýsköpunarbókin „Förslag til nordisk näringspolitik", styður við hugmyndina um NORIA. Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) og NordForsk verða samstarfsaðilar í endurskipulögðu nýsköpunar- og rannsóknarsamstarfi Norðurlanda.

Rannsóknir og nýsköpun eru samtvinnaðir þættir nýsköpunarumhverfisins og það er því mikilvægt að þessir aðilar séu í nánu samstarfi til að efla samlegðaráhrif og framúrskarandi niðurstöður. Rannsóknarsamstarf er mikilvægur þáttur í nýsköpun atvinnulífsins og hæfni samfélags til endurnýjunar. Aukinn metnaður um nýtingu vísindalegra og tæknilegra framfara í atvinnulífinu sem og að skapa fleiri störf eru mikilvæg rök fyrir auknu norrænu sam-

starfi. Þess vegna verða NordForsk og NICe aðalleikendur í norrænu rými rannsókna og nýsköpunar í nánu samstarfi við skrifstofu ráðherranefndarinnar.

NordForsk var stofnað 1. janúar 2005. Hlutverk stofnunarinnar er að skipuleggja og efla samstarf milli mikilvægra fjárveitingaraðila rannsóknarstarfs á Norðurlöndum. Markmiðið er að skilgreina samstarfið út frá forgangsröðun landanna og út frá sameiginlegum hagsmunum. Meginhlutverk NordForsks er því að vera framkvæmda-, samræmingar- og samstarfsaðili og ber að leggja áherslu á frumkvæði sem byggja á norrænum styrk.

Áætlað er að á árinu 2006 nemi norrænar fjárveitingar sem verða yfirfærðar til NordForsk rúmlega 91 millj. d.kr. og að þær muni hækka í u.þ.b. 100 mill. d.kr. á árinu 2007. Líta ber á norrænar fjárveitingar sem grunnfjárveitingu sem í samstarfi við löndin styrki bestu stofnanirnar, vísindamennina og rannsóknarhópana. Út frá þessu sjónarmiði verður eðlilegt að reikna með að fjármögnun komi fyrst og fremst frá löndunum. Með því að veita rannsóknarráðum landanna afgerandi hlutverk hvað varðar fjármögnun og fjárveitingar til NordForsk má auka samlegð milli norrænna fjárveitinga og fjárveitinga frá löndunum.

Hlutverk NordForsk er að vera samræmingaraðili þeirra stofnana í löndunum sem fjármagna rannsóknir. Samstarfið á að ná til allra stiga rannsókna, frá grunnrannsóknum til hagnýtra rannsókna. NordForsk tekur eigið frumkvæði en á einnig að taka afstöðu til frumkvæða sem koma frá fræðaheiminum og háskólunum. Í dag gegna háskólarnir mikilvægu hlutverki þar sem stór hluti rannsókna fer fram við háskólana og menntun vísindamanna fer fyrst og fremst fram innan þeirra vébanda.

Verkefni NordForsk er að vera stefnumótandi og hlutverk stofnunarinnar er þríþætt: Hún á í senn að vera samræmingaraðili, fjármögnunaraðili og stefnumótunaraðili. NordForsk hefur verið tryggt mikið frelsi í vinnuaðferðum og aðgerðum. NordForsk á að taka ákvarðanir um fjárveitingar út frá vísindalegu mati. Annað verkefni NordForsk er, eins og áður hefur verið nefnt, að koma á fót öflugu samstarfi við norrænt nýsköpunarumhverfi og NICe.

Mikilvægur árangur af starfi NordForsk á að birtast í öflugu rannsóknarsamstarfi á Norðurlöndum og í nágrannalöndum ásamt því að Norðurlönd geti saman staðið sterkari í samkeppni um evrópskar rannsóknarfjárveitingar en löndin gætu hvert og eitt.

Það er mikilvægt að starf á vettvangi NordForsk sé skoðað í samhengi við annað norrænt rannsóknarsamstarf. Á sviði orkurannsókna er fyrir hendi traust norrænt samstarf og á sviði landbúnaðar og skógræktar, matvæla og sjávarútvegs er verið að undirbúa frekari samræmingu aðgerða. Til að tryggja bestu mögulegu þróun og framkvæmd NORIA ber að tengja bæði þessi og önnur áformuð verkefni starfsemi NordForsks.

Norrænt samstarf á sviði orkurannsókna hefur staðið í bráðum 20 ár og árið 1999 voru Norrænar orkurannsóknir settar á fót sem norræn stofnun. Norræna orkurannsóknaráætlunin beinir athyglinni að áhrifum loftslagsbreytinga á orkumál, samræmingu orkumarkaða, endurnýjanlegum orkulindum, hagkvæmri orkunýtingu og vetnitækni. Með norræna hagsmuni að leiðarljósi hafa verið sett á fót um 14 samræmd verkefni fyrir tímabilið 2003–2006. Verkefnin byggja á umfangsmiklu faglegu tengslaneti með virkri þátttöku u.þ.b. 200 einstaklinga. Þar fer einnig fram menntun 45 doktorsnema. Í rúmlega 70% þessara verkefna taka þátt aðilar frá Eystrasaltsríkjunum og/eða rússneskum rannsóknarstofnunum. Á árinu 2004 hafa Norrænar orkurannsóknir jafnframt tekið þátt í verkefnisstjórn verkefnis ESB „Hydrogen and Fuel Cell Co-ordination“ (HY-CO). Markmið þessa verkefnis er að samræma vetnisrannsóknir og þróun efnarafala sem eru fjármagnaðar af opinberu fé í Evrópu. Að verkefninu eiga aðild 21 þátttakandi frá 18 evrópskum löndum og það ræður samtals yfir 160 millj. evra.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar hefur um árabil starfað að því að auka hagræðingu og efla rannsóknar- og menntastarfsemi ráðherranefndarinnar. Rannsóknir á skógræktarsviði, sem Samnorrænar skógarrannsóknir sjá um, hafa einstaklega mikið norrænt notagildi og þær rannsóknir eru á alþjóðamælikvarða. Ráðherrarnir ákváðu á fundi sínum á árinu 2004 að efla skógræktarrannsóknir enn frekar. Samnorrænar skógarrannsóknir munu þess vegna leitast við að auka samstarf sitt við NordForsk og sækja um að stofna til öndvegissetur á einu af forgangssviðum Samnorrænna skógarrannsókna. Á vegum Norræna samstarfsráðsins fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) verður einnig leitast við að auka samstarf við aðra rannsóknaraðila sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina.

Árið 2004 tók ráðherranefndin ákvörðun um að stofna til norræns samstarfs um matvælarannsóknir, og byggja þar á þeim möguleikum sem þegar eru fyrir hendi á sviði norræns matvælasamstarfs. Ráðherranefnd um matvæli hefur á árunum 2004 og 2005 tekið frumkvæði gagnvart NordForsk um að efla norrænar rannsóknir á matvælasviði með því að stofna til öndvegissetra eða rannsóknaráætlana. Þessu starfi, ásamt árangursríku samstarfi við NICe í tengslum við ESB, verður haldið áfram á árinu 2006.

Norrænn starfshópur um rannsóknir á sviði sjávarútvegs hefur í mörg ár lagt áherslu á breitt svið rannsókna og átt þátt í því að norrænar rannsóknir á sviði sjávarútvegs eru leiðandi í Evrópu á mörgum sviðum, einkum hvað varðar hafrannsóknir, fiskiðnað og félagshagfræðilegar rannsóknir. Þessi rannsóknarstarfsemi mun halda áfram. Á árinu 2005 var í samstarfi við Nord-Forsk stofnuð Norræna sjávarútvegsakademían (NMA), en það er fyrsta og stærsta þverfaglega vísindamenntunin á Norðurlöndum. Búist er við að framtakinu verði fylgt eftir með stofnun öndvegissetur í tengslum við NMA.

Fjárlagaliðir þar sem sameiginleg upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur

Verulegur hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar fer til upplýsingamiðlunar af ýmsum toga. Þar er um að ræða útgáfu á tímaritum og skýrslum, málþing og ráðstefnur, fréttamannafundi og rekstur heimasíðu með daglegum fréttum. Markmið þessarar starfsemi er margþætt. Bæði eru þar veittar upplýsingar um verkefni og niðurstöður norrænna samstarfsverkefna og almennar upplýsingar um norrænt samstarf.

Skrifstofa ráðherranefndarinnar og skrifstofa Norðurlandaráðs reka sameiginlega upplýsingadeild. Norræna ráðherranefndin stendur undir 60% af útgjöldum við rekstur deildarinnar og Norðurlandaráð 40%.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá þætti upplýsingastarfseminnar sem birtast sem sérstakir fjárlagaliðir á fjárlögum fyrir árið 2006. Hér er fyrst og fremst um að ræða starfsemi sem er sameiginleg fyrir ráðherranefndina í heild sinni. Það skal þó tekið fram að veigamikill hluti upplýsingastarfseminnar er fjármagnaður beint af fjárveitingum fagsviðanna og norrænu stofnananna. Fjármagn til upplýsinga er og oft samofið almennri starfsemi og kemur því ekki fram á þessu yfirliti.

Verðlag hvers tíma í þús d.kr.		Fjárlög 2006	Fjárlög 2005	Mismunur +/	Mismunur %
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen 1), 2)	9.495	13.933	-4.438	-
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi 2)	6.126	-	6.126	-
5-0410-4	Samband norrænu félaganna 3)	3.259	3.303	-44	-1,3%
5-1010-1	Upplýsingastarfsemi 4)	3.829	3.882	-53	-1,4%
5-1020-1	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	979	993	-14	-1,4%
5-1025-1	Norðurlönd í fókus (upplýsingagluggar)	4.897	4.964	-67	-1,3%
5-1030-1	Halló Norðurlönd 5)	4.474	4.536	-62	-1,4%
5-8030-1	Útgáfustarfsemi 6)	732	512	220	43,0%
	Samtals	**33.791**	**32.123**	**1.668**	**5,2%**

1) Frá og með 1.1.2006 eru skrifstofurnar í Norðvestur-Rússlandi, Pétursborg og Kaliningrad færðar undir sérstakan fjárlagalið 6-0970-3.
2) Norrænu skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum (Eistlandi, Lettlandi og Litháen) og Pétursborg sjá einnig um verkefnisstjórn fyrir hönd skrifstofunnar í Kaupmannahöfn.
3) Framlag til reksturs Sambands Norrænu félaganna og svæðisbundinna upplýsingamiðstöðva í norrænu löndunum ásamt upplýsingamiðstöðinni í Suður-Slésvík.
4) Fjárlagaliðurinn fjármagnar hlutdeild ráðherranefndarinnar af upplýsingadeildinni. Þar að auki fjármagnar ráðherranefndin upplýsingadeildina af fjárlagalið 5-0180-3, Skrifstofa ráðherranefndarinnar. Til þessa voru í fjárlögum skrifstofunnar fyrir 2005 ætlaðar 5,68 millj. d.kr.
5) Halló Norðurlönd var í upphafi símaþjónusta en er nú öflug upplýsingaþjónusta á Netinu þar sem norrænir þegnar geta fengið upplýsingar um lög, reglur og réttindi m.a. í tengslum við búferlaflutninga milli norrænu landanna og varðandi afnám landamærahindrana. Eins er þar að finna ýmsar upplýsingar um norrænt samstarf og annað sem varðar Norðurlönd.
6) Útgáfustarfsemin er að meginhluta fjármögnuð af fagsviðunum, sem greiða fyrir þjónustu, ásamt sölu á útgefnum skýrslum sem og beinum framlögum frá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði.

Útgjöld sem ekki tengjast beint starfsemi eða verkefnum

Í fjárlögunum fyrir árið 2006 koma fram upplýsingar um útgjöld sem ekki tengjast beint starfsemi og verkefnum. Þar er átt við útgjöld sem eru nauðsynleg til að stjórna og þróa samstarfssvið og stjórnunarkostnað vegna styrkjakerfa sem og samstarfsnefnda og stofnana. Innan þessara þriggja flokka eru valdar mismunandi lausnir.

Styrkir.

Í fjárlögunum er gerð sérstaklega grein fyrir stjórnunarútgjöldum vegna styrkja, nema Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins og Norræna menningarsjóðsins, en um þá gilda sérstakar reglur. Það þýðir að í fjárlögunum er tilgreind upphæð fyrir stjórnsýslu varðandi hvert einstakt styrkjakerfi fyrir sig. Stjórnsýsluútgjöldin taka til skrifstofu, upplýsingamiðlunar, meðhöndlunar umsókna og funda fyrir þá sem taka ákvarðanir um styrki. Einnig er tilgreint hverjir sjá um umsýslu fyrir hið tilgreinda styrkjakerfi. Þegar skrifstofa ráðherranefndarinnar sér um umsýslu styrkjakerfisins greiða styrkjakerfin sjálf ekki fyrir þá þjónustu.

Samstarfsnefndir.

Fjöldi fjárlagaliða í flokknum verkefni, tekur til einnar eða fleiri samstarfsnefnda. Hluti fjárveitingarinnar mun því vera notaður til reksturs þessara aðila. Í fjárlögunum koma fram upplýsingar um þær upphæðir sem gert er ráð fyrir að fari til stjórnunar starfseminnar og umsýslu þeirra samstarfsaðila sem um ræðir. Það er dæmigert að hugtakið verkefnisstjórn og umsýsla tekur til þróunar fagsviðs samstarfsnefndarinnar, frumkvæða og eftirfylgni starf-

semi/verkefna, skrifstofu svo og funda og ferðalaga. Sumar samstarfsnefndirnar fá ferðakostnað greiddan af löndunum. Þegar svo á við kemur þetta sérstaklega fram. Samstarfsnefndirnar greiða ekki fyrir þjónustu ráðherranefndarskrifstofunnar. Það kemur einnig fram hvaða aðili þjónar samstarfsnefndunum.

Stofnanir.

Hvað varðar samnorrænu stofnanirnar, koma fram upplýsingar varðandi áætluð útgjöld til stjórnunar og umsýslu á fjárlagaárinu og síðast þekkta bókhaldsári (2004). Upplýsingar fjárlagaársins byggja á samningum við stofnunina og upplýsingum úr ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2004. Í dag eru skilgreiningar stofnananna mismunandi sem og aðferðir við að skipta útgjöldum niður á umsýslu og stjórn. Vegna ólíkra forsendna er því ekki víst að samanburður milli stofnana sé raunhæfur. Sumar stofnanir hafa einnig breytt grundvallarreglum varðandi stjórnun og umsýsluútgjöld á milli samningstímabila. Í þeim tilvikum getur samanburður milli ára haft litla þýðingu.

Fylgiskjal 1: Heildarskipulagsramma til lengri tíma

Menningarmál, jafnréttismál og löggjafarmál	Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlaga-spá 2007	Fjárlaga-spá 2008
	170.063	**169.706**	**169.706**	**169.706**
Menningarmál (MR-Kultur)	**160.537**	**160.031**	**160.031**	**160.031**
Almennt framlag til menningarmála	*35.212*	*38.348*	*38.348*	*38.348*
1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála	5.114	6.112	6.112	6.112
1-2204-1 Norrænn menningarvettvangur og sérfræðingahópar	0	1.019	1.019	1.019
1-2205-2 Norræni menningarsjóðurinn	30.098	31.217	31.217	31.217
Börn og unglingar	*13.694*	*8.466*	*8.466*	*8.466*
Verkefni og almennir styrkir	*13.694*	*8.466*	*8.466*	*8.466*
1-2210-1 Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.253	1.253	1.253
1-2212-1 Norræna æskulýðsnefndin	6.294	5.904	5.904	5.904
1-2214-1 Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	6.129	1.309	1.309	1.309
Kvikmyndir og fjölmiðlar	*32.780*	*35.530*	*35.530*	*35.530*
Verkefni og almennir styrkir	*27.137*	*30.149*	*30.149*	*30.149*
1-2220-1 Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.655	2.145	2.145	2.145
1-2221-2 Tölvuleikir/UT	0	6.114	6.114	6.114
1-2222-2 Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	21.482	21.890	21.890	21.890
Stofnanir	*5.643*	*5.381*	*5.381*	*5.381*
1-2228-3 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.237	2.210	2.210	2.210
1-2229-3 Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)	3.406	3.171	3.171	3.171
Listasvið	*35.895*	*38.755*	*38.755*	*38.755*
Verkefni og almennir styrkir	*19.231*	*25.592*	*25.592*	*25.592*
1-2230-1 Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.838	7.731	7.731	7.731
1-2238-2 Sleipnir	2.760	0	0	0
1-2239-1 Norræna safnanefndin (Museikommittén)	1.227	1.211	1.211	1.211
1-2246-4 Norræna listamannaheimilið í Róm	856	0	0	0
1-2256-1 Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.550	6.460	6.460	6.460
1-2254-2 Ferða- og dvalarstyrkir	0	10.190	10.190	10.190
Stofnanir	*16.664*	*13.163*	*13.163*	*13.163*
1-2255-3 Norræna sviðslistanefndin (NordScen)	7.205	6.562	6.562	6.562
1-2257-3 Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.535	0	0	0
1-2258-3 Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	7.924	6.601	6.601	6.601
Norræn menningarhús (stofnanir)	*31.870*	*32.614*	*32.614*	*32.614*
1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík	7.484	7.768	7.768	7.768
1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.958	11.188	11.188	11.188
1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.084	2.114	2.114	2.114
1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.949	5.053	5.053	5.053
1-2279-1 Viðhald menningarhúsa	1.047	1.067	1.067	1.067

Menningarmál, jafnréttismál og löggjafarmál		Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlaga-spá 2007	Fjárlaga-spá 2008
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	5.348	5.424	5.424	5.424
	Annað menningarsamstarf	*11.086*	*6.318*	*6.318*	*6.318*
	Verkefni og almennir styrkir	*11.086*	*6.318*	*6.318*	*6.318*
1-2234-4	Samískt samstarf	4.211	4.153	4.153	4.153
1-2296-1	Norræn menningarverkefni erlendis	6.875	2.165	2.165	2.165
Jafnréttismál (MR-Ligestilling)		**8.185**	**8.352**	**8.352**	**8.352**
	Verkefni	*3.069*	*3.028*	*3.028*	*3.028*
4-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	3.069	3.028	3.028	3.028
	Stofnanir	*5.116*	*5.324*	*5.324*	*5.324*
4-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	5.116	5.324	5.324	5.324
Löggjafarmál (MR-Lov)		**1.341**	**1.323**	**1.323**	**1.323**
4-7110-1	Verkefni – Löggjafarmál	1.341	1.323	1.323	1.323
Menntun, rannsóknir (MR-U) og vinnumarkaðsmál (MR-A)		**218.141**	**230.280**	**220.172**	**211.564**
Menntun og rannsóknir (MR-U)		**205.015**	**217.342**	**207.234**	**198.626**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	*4.034*	*4.430*	*4.430*	*4.430*
2-2505-1	Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	4.034	4.430	4.430	4.430
	Stefnumörkun o.fl.	*17.159*	*12.400*	*12.400*	*12.400*
2-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	2.564	1.567	1.567	1.567
2-2520-1	Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.823	1.115	1.115	1.115
2-2530-1	Stjórnarnefndin um æðri menntun – HÖGUT	2.159	1.320	1.320	1.320
2-2544-1	Norræna málráðið	2.069	1.265	1.265	1.265
2-2550-1	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	563	0	0	0
2-2553-1	Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni	0	574	574	574
2-3110-1	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.544	0	0	0
2-3127-2	Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.437	6.559	6.559	6.559
	Ferðastyrkir og tengslanet	*73.320*	*72.471*	*72.471*	*72.471*
2-2512-2	Nordplus junior	20.309	20.074	20.074	20.074
2-2522-2	Nordplus Voksen	9.069	8.964	8.964	8.964
2-2532-2	Nordplus (Æðri menntun)	32.769	32.390	32.390	32.390
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.151	1.137	1.137	1.137
2-2543-1	Nordplus sprog	8.978	8.874	8.874	8.874
2-2545-2	Kennsla um Norðurlönd erlendis	1.044	1.032	1.032	1.032
	NordForsk	*67.412*	*91.070*	*91.070*	*82.462*
2-3100-3	NordForsk	0	69.582	69.582	69.582
2-3115-3	Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	35.389	0	0	0
2-0462-1	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.757	0	0	0

Menntun, rannsóknir (MR-U) og vinnumarkaðsmál (MR-A)		**Fjárlög 2005**	**Fjárlög 2006**	**Fjárlaga-spá 2007**	**Fjárlaga-spá 2008**
2-2554-1	Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	0	0	0
2-3111-1	Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar	5.277	5.377	5.377	0
2-3128-1	Norrænt rannsóknarsamstarf	8.178	0	0	0
2-3129-1	Norrænar vísindaupplýsingar (Nordbib)	2.550	2.598	2.598	2.598
2-3131-1	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	0	0	0
2-3132-1	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	0	0	0
2-3133-1	Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.171	3.231	3.231	0
2-3136-2	Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.566	3.634	3.634	3.634
2-3138-1	Norræn áætlun um rannsóknarskóla	2.534	2.582	2.582	2.582
2-3139-1	Öndvegissetur, læknisfræði	3.051	3.109	3.109	3.109
2-3140-1	Norræna lífsiðfræðinefndin	939	957	957	957
	Aðrar rannsóknir	*43.090*	*36.971*	*26.863*	*26.863*
2-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	0	0	0
2-3180-3	Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	19.495	15.932	10.621	10.621
2-3181-2	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.935	2.991	2.991	2.991
2-3182-2	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.294	7.116	4.743	4.743
2-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	0	0	0
2-3184-2	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.975	7.270	4.846	4.846
2-3185-2	Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.391	3.662	3.662	3.662
Ráðherranefnd um vinnumarkaðsmál og vinnuumhverfi (MR-A)		**13.126**	**12.938**	**12.938**	**12.938**
	Verkefni	*10.308*	*10.079*	*10.079*	*10.079*
4-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	6.668	6.369	6.369	6.369
4-4120-2	Nordjobb	2.244	2.287	2.287	2.287
4-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.396	1.423	1.423	1.423
	Stofnanir	*2.818*	*2.859*	*2.859*	*2.859*
4-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.818	2.859	2.859	2.859
Atvinnumál, orkumál og byggðamál (MR-NER), Félags- og heilbrigðismál (MR-S), Efnahags- og fjármál (MR-Finans)		**148.463**	**153.925**	**147.613**	**147.613**
Ráðherranefnd um atvinnumál, orkumál og byggðamál (MR-NER)		**104.955**	**108.195**	**108.195**	**108.195**
	Verkefni	*29.647*	*27.026*	*27.026*	*27.026*
4-5110-1	Verkefni – Atvinnumál	1.123	1.116	1.116	1.116
3-3210-1	Verkefni – Orkumál	6.279	4.951	4.951	4.951
3-6110-1	Verkefni – Byggðamál	19.695	20.959	20.959	20.959
4-5190-1	Expo 2005	2.550	0	0	0
	Stofnanir	*75.308*	*81.169*	*81.169*	*81.169*
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe)	64.107	70.082	70.082	70.082
4-5181-3	Nordtest	0	0	0	0
3-6180-3	Nordregio	10.189	10.012	10.012	10.012
3-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (Nefp)	1.012	1.075	1.075	1.075

		Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlaga-spá 2007	Fjárlaga-spá 2008
Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)		**43.508**	**45.730**	**39.418**	**39.418**
	Verkefni	*17.741*	*17.387*	*11.075*	*11.075*
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.840	6.025	6.025	6.025
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.034	1.010	1.010	1.010
4-4340-1	Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (Nomesko) og Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (Nososko)	1.713	1.697	1.697	1.697
4-4620-1	Velferðarrannsóknir	6.399	6.312	0	0
4-4510-1	Verkefni – samstarf í vímuefnamálum	1.755	2.343	2.343	2.343
	Stofnanir	*25.767*	*28.343*	*28.343*	*28.343*
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV)	33.218	33.716	33.716	33.716
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.136	9.508	9.508	9.508
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.956	2.902	2.902	2.902
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	4.791	7.164	7.164	7.164
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.253	7.167	7.167	7.167
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.631	1.602	1.602	1.602
Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-Finans)		**1.691**	**1.668**	**1.668**	**1.668**
4-5210-1	Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.691	1.668	1.668	1.668
Umhverfismál (MR-M), Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli (MR-FJSL)					
		82.877	**81.723**	**81.723**	**81.723**
Umhverfismál (MR-Miljø)		**44.506**	**43.908**	**43.908**	**43.908**
3-3310-1	Verkefni – Umhverfismál	32.885	32.444	32.444	32.444
3-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.336	9.209	9.209	9.209
4-6720-4	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.285	2.255	2.255	2.255
Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli (MR-FJSL)		**38.371**	**37.815**	**37.815**	**37.815**
	Verkefni	*6.571*	*0*	*0*	*0*
3-6410-1	Verkefni – sameiginlegur sjóður	5.447	0	0	0
3-6530-1	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.124	0	0	0
	Sjávarútvegur	*5.108*	*7.399*	*7.399*	*7.399*
3-6610-1	Verkefni – Sjávarútvegur	5.108	7.399	7.399	7.399
	Landbúnaður og skógrækt	*21.356*	*23.489*	*23.489*	*23.489*
	Verkefni	*12.423*	*13.508*	*13.508*	*13.508*
3-6510-1	Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.390	3.131	3.131	3.131
3-6520-1	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.020	815	815	815

Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli (MR-FJSL)		Fjárlög 2005	Fjárlög 2006	Fjárlaga-spá 2007	Fjárlaga-spá 2008
3-6540-1	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.242	3.304	3.304	3.304
3-6581-1	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.771	6.258	6.258	6.258
	Stofnanir	*8.933*	*9.981*	*9.981*	*9.981*
3-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.933	9.981	9.981	9.981
	Matvæli	*5.336*	*6.927*	*6.927*	*6.927*
3-6810-1	Verkefni – Matvæli	5.336	5.704	5.704	5.704
3-6820-1	Rannsóknir – Matvæli	0	1.223	1.223	1.223

Nágrannapólitík

Nágrannapólitík		**84.956**	**87.286**	**87.286**	**87.286**
6-0820-2	Þekkingaruppbygging og tengslanet	24.058	30.570	30.570	30.570
6-0940-1	Þátttaka í samstarfsverkefnum ESB, samstarf á Barentssvæðinu og við frjáls félagasamtök í Norðvestur-Rússlandi	0	9.975	9.975	9.975
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	0	6.126	6.126	6.126
6-0930-1	Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	10.710	0	0	0
6-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.591	19.872	19.872	19.872
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	13.933	9.495	9.495	9.495
6-0920-1	Samstarfsverkefni í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	6.426	0	0	0
6-0960-1	Frjáls félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	0	1.019	1.019	1.019
6-0910-1	Pólitísk forgangsmál	3.200	2.038	2.038	2.038
6-0790-1	Samstarf á landamærasvæðum	0	1.019	1.019	1.019
6-0870-1	Samstarf á Norðurskautssvæðum	7.038	7.172	7.172	7.172
6-0830-1	Lýðræði og málefni þegnanna	0	0	0	0
6-0840-1	Menningarmiðlun	0	0	0	0
6-0860-1	Sjálfbær auðlindabúskapur	0	0	0	0

Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi

		110.415	**107.525**	**107.525**	**107.525**
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	65.221	64.469	64.469	64.469
5-0185-1	Afnám landamærahindrana	2.295	1.732	1.732	1.732
5-0190-1	Endurskipulagning stofnana	510	300	300	300
5-0195-1	Evrópa og Norðlæga víddin	510	198	198	198
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.303	3.259	3.259	3.259
5-0425-4	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.761	2.724	2.724	2.724
5-0430-1	Norrænt tölfræðisamstarf	1.812	1.787	1.787	1.787
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	597	385	385	385
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (Formennskusjóður)	10.200	9.502	9.502	9.502

5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.240	1.223	1.223	1.223
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd	4.029	3.975	3.975	3.975
5-1010-1	Upplýsingamiðlun	3.882	3.829	3.829	3.829
5-1020-1	Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	993	979	979	979
5-1025-1	Norðurlönd í fókus (upplýsingagluggar)	4.964	4.897	4.897	4.897
5-1030-1	Halló Norðurlönd	4.536	4.474	4.474	4.474
5-1040-1	Þýðingar og túlkun	1.103	1.088	1.088	1.088
5-1050-2	Starfsmannaskipti	1.947	1.972	1.972	1.972
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	512	732	732	732
Aðlögunarsjóður					
5-1000-1	**Aðlögunarsjóður**	**0**	**7.530**	**0**	**0**
Ráðherranefndir sem lagðar hafa verið niður		**9.287**	**0**	**0**	**0**
2-3410-1	Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.093	0	0	0
3-6210-1	Samgöngumál	1.079	0	0	0
4-5310-1	Bygginga- og húsnæðismál	903	0	0	0
4-6710-1	Neytendamál	6.212	0	0	0

821. Frumvarp til laga [566. mál]

um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum, útgáfu vottorða, skilríkja og annað það er lög mæla fyrir um.

Dómsmálaráðherra fer með stjórn Þjóðskrár og skal hún rekin sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu. Fjárreiður Þjóðskrár skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum ráðuneytisins.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Auk Þjóðskrár starfa sveitarstjórnir að almannaskráningu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðið „þjóðskráin“ skal ritað með hástaf og sama orð með sama hætti hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi orðmynd).
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 3. tölul. kemur: dómsmálaráðuneytis.
c. 6. tölul. orðast svo: að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofu Íslands, sbr. 4. mgr. 19. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Tilkynningar ljósmæðra til Þjóðskrár um fæðingar. Skýrslur presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna eða presta skráðra trúfélaga til Þjóðskrár um nafngjafir við skírnir eða nafngjafir án skírna, hjónavígslur og mannslát.
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. kemur: Þjóðskrár.
c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Gögn dómsmálaráðuneytis um ættleiðingarleyfi, breytingar á ríkisfangi o.fl. í því sambandi.
d. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna eða presta skráðra trúfélaga, Útlendingastofnunar og annarra opinberra aðila um menn.
e. Í stað orðsins „Hagstofan“ í 2. mgr. kemur: Þjóðskrá.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá getur krafist þess af opinberum aðilum að þeir láti henni í té skýrslur og upplýsingar sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, enda séu þær á reiðum höndum. Þjóðskrá er heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

6. gr.

Í stað orðsins „Hagstofan“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú kemur það í ljós að prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Þjóðskrár um nafngjöf við skírn eða nafngjöf án skírnar, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt.

b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í janúarmánuði ár hvert sendir Þjóðskrá sveitarstjórnum og skattyfirvöldum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórnir skulu fara yfir íbúaskrána eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, samkvæmt nánari fyrirmælum Þjóðskrár. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn Þjóðskrá athugasemdir sínar um oftalda og vantalda einstaklinga.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þjóðskrá sendir hlutaðeigandi skattyfirvaldi afrit af tilkynningum þeim sem hún sendir sveitarstjórn skv. 11.–13. gr. og breyta þessir aðilar íbúaskránni til samræmis. Sama gildir um aðrar breytingar sem Þjóðskrá tilkynnir þessum aðilum.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórn skal tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi allar breytingar á íbúaskrá sem hún gerir skv. 4. mgr. 10. gr. og rita þessir aðilar þær á íbúaskrá.

10. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld til almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, og sóknargjöld samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekjuskattur er á lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá veitir upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skrám sínum og gögnum, eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Þjóðskrá annast útgáfu fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, svo sem um búsetu, hjúskaparstöðu, sambúðarskráningu og staðfestingu á dánardegi.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal ákvæði um skráningu og rekstur þjóðskrár, aðgang að skránni og innheimtu gjalds, svo sem fyrir útgáfu vottorða, skilríkja, aðgang að skránni og afnot af upplýsingum hennar.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta þjóðskrá og gögn hennar til hagskýrslugerðar. Þjóðskrá skal láta Hagstofunni í té afrit af skránni og upplýsingar úr henni eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Þjóðskrá skal jafnframt aðstoða Hagstofuna eftir föngum við að finna nöfn og heimilisföng þátttakenda í úrtaksathugunum hennar. Hagstofunni er skylt að fara með skrána og önnur gögn tengd henni sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.

13. gr.

Í stað orðsins „vélspjöldum“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: gögnum.

14. gr.

22. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 2002 lagði ríkisstjórnin fram tillögur um endurskipulagningu á verkefnum á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar. Var þar meðal annars gert ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður og verkefni hennar færð til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands. Alþingi samþykkti lög þessa efnis vorið 2002 og tóku þau gildi 1. júlí það ár. Í þeim fólst að þau verkefni á sviði hagskýrslugerðar, sem Þjóðhagsstofnun hafði haft með höndum, voru færð til Hagstofunnar. Jafnframt var þá ákveðið að stefnt skyldi að fleiri breytingum á starfsemi Hagstofunnar. Í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun var greint frá því að áformað væri að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja hagskýrslugerðina um leið með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyrðu hagskýrslugerðinni beinlínis lengur og var þá átt við þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Upphaflega var stefnt að því að færa þjóðskrá og fyrirtækjaskrá frá Hagstofunni til ríkisskattstjóra. Horfið var frá þessum áformum hvað snerti þjóðskrá þar sem fram komu efasemdir um að verkefni almannaskráningar ættu fulla samleið með meginverkefnum ríkisskattstjóra. Áformin um flutning á fyrirtækjaskráningu til ríkisskattstjóra gengu hins vegar eftir og tók það embætti við skráningu fyrirtækja, hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana í atvinnurekstri um mitt ár 2003.

Nú hefur verið ákveðið að ljúka þessum breytingum á verkaskiptingu stofnana og endurskipulagningu Hagstofunnar með því að færa þjóðskrá og almannaskráningu frá henni til dómsmálaráðuneytis, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar á fundi 27. september 2005. Til þess að þessi breyting nái fram að ganga þarf að breyta ákvæðum reglugerðar um Stjórnarráð Ís-

lands og ýmsum lögum á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er leitað nauðsynlegra breytinga á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu en samhliða er flutt annað frumvarp um breytingar á ýmsum lögum sem leiða af flutningi þjóðskrár frá Hagstofunni til dómsmálaráðuneytis.

Hagstofan kom þjóðskránni á fót fyrir röskri hálfri öld. Stofnun þjóðskrárinnar og rekstur hennar var skipulagður í samvinnu við skattyfirvöld og landlæknisembættið. Henni var komið á fót til að sinna brýnum þörfum stjórnvalda fyrir samræmda skráningu landsmanna. Þetta þótti ekki síst nauðsynlegt til að tryggja að skattskylda næði jafnt til allra; enginn kæmist undan henni og enginn yrði skattlagður tvisvar. Enn fremur átti skráin að mæta þörfum heilbrigðiskerfisins fyrir heildarskrá, sem þá var meðal annars talin geta komið að miklum notum við eftirlit með smitsjúkdómum og þá sérstaklega í tengslum við útrýmingu berkla, sem þá var eitt helsta viðfangsefni heilbrigðisyfirvalda. Loks átti þjóðskráin að verða Hagstofunni efniviður til hagskýrslugerðar.

Allt þetta hefur gengið eftir. Rekstur þjóðskrár hefur falið í sér margháttað hagræði fyrir stjórnvöld, atvinnulíf og almenning. Það er hagræði fólgið í því að öll stjórnvöld og opinber kerfi geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Hagstofan hefur annast almannaskráninguna í samvinnu við sveitarfélögin og ýmis stjórnvöld, ekki síst skattyfirvöld og sýslumenn. Þegar undan er skilið það hlutverk þjóðskrár að vera uppspretta gagna til hagskýrslugerðar má hins vegar færa fyrir því rök að auka megi hagræðingu í rekstri hennar með því að flytja hana frá hagskýrslugerðinni og auka tengsl skráningarstarfsins við skylda starfsemi innan stjórnkerfisins. Er þá gert ráð fyrir að Hagstofan hafi áfram aðgang að þjóðskrá og gögnum hennar til hagskýrslugerðar og hagnýting þeirra í því skyni verði engu minni en verið hefur.

Samsetning hagskýrslugerðar og rekstur þjóðskrár í einni stofnun hefur á síðari árum ekki þótt jafnheppileg og var þegar þjóðskráin var stofnuð. Þetta stafar af ekki síst af þeirri þróun sem orðið hefur í viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna. Þessi þróun hefur meðal annars verið fólgin í því að kröfur um gagnaleynd hafa verið skilgreindar ítarlega eftir því í hvaða skyni gögnum er safnað og með þau unnið. Opinber skráning einstaklinga í þjóðskrá lýtur þannig öðrum reglum en þær sem verða að gilda um hagskýrslugerð. Á árunum 1992 og 1994 voru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samdar og samþykktar svonefndar grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð. Ísland hefur staðfest þessar reglur og hefur Hagstofan leitast við að fylgja þeim. Þær mæla meðal annars fyrir um eftirfarandi meginatriði:

- að fullkominn trúnaður skuli ríkja um hagskýrslugögn, sem varða tiltekna einstaklinga, fyrirtæki eða aðra aðila,
- að gögn, sem safnað er til hagskýrslugerðar, megi ekki nota í öðrum tilgangi og
- að ekki megi birta niðurstöður á þann hátt að þær verði rekjanlegar til tiltekinna einstaklinga eða aðila.

Þessar reglur koma ekki í veg fyrir að Hagstofan hagnýti þjóðskrá og aðrar opinberar skrár, svo sem fyrirtækjaskrár, skattskrár eða tryggingaskrár, til hagskýrslugerðar, enda sé einstaklingsbundnum upplýsingum ævinlega haldið leyndum. Hins vegar þykir erfiðara að verja að Hagstofan fari með almannaskráningu og fáist með því beinlínis við einstaklingsbundin mál og úrlausn álitamála um skráningu einstaklinga, þegar meginstarfsemi hennar byggist á því að heitið sé fyllsta trúnaði um einstaklingsbundin gögn. Þetta getur dregið úr trúverðugleika Hagstofunnar sem óvilhallrar hagskýrslustofnunar.

Sem fyrr segir var skilið á milli hagskýrslustarfsemi Hagstofunnar og rekstrar fyrirtækjaskrár á árinu 2003 og er nú gert ráð fyrir svipuðum skilnaði á milli hagskýrslugerðar og al-

mannaskráningar hennar. Er lagt til að þjóðskrá og almannaskráning verði færð til dómsmálaráðuneytis.

Tengsl þjóðskrár og verkefna á sviði dómsmálaráðuneytis hafa vaxið til mikilla muna á síðustu árum. Þjóðskráin er þannig undirstaða ýmissa verkefna sem dómsmálaráðuneytið og stofnanir þess hafa með höndum, svo sem skráningar útlendinga, veitingar dvalarleyfa og útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Þá er þjóðskrá og gagnasafn hennar ein helsta heimild um margháttuð málefni einstaklinga á sviði sifjaréttar, svo sem um faðerni barna, ættleiðingar, forsjá barna, stofnun og slit hjúskapar og staðfestrar samvistar og skráningar sambúðar og slit hennar, svo og um ríkisfang, mannanöfn o.fl. Er það ætlun dómsmálaráðuneytisins að hagnýta þessi tengsl með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni, til dæmis hvað varðar útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja og umsjá með verkefnum ráðuneytisins á sviði löggjafar um mannanöfn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til breytingar þess efnis að Þjóðskrá verði færð frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að hlutverk Þjóðskrár verði eftir sem áður að annast almannaskráningu samkvæmt lögunum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er ætlunin að hagnýta tengsl Þjóðskrár og verkefna á sviði dómsmálaráðuneytis með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni og er því lagt til að Þjóðskrá annist útgáfu ýmissa skilríkja og annað það er lög mæla fyrir um.

Lagt er til að Þjóðskrá verði rekin sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu en ekki sem deild eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Ástæða þessarar orðalagsbreytingar er sú að þegar lögin, sem eru frá árinu 1962, voru sett var starfsemi ráðuneyta almennt skipt í deildir en er í dag skipt í skrifstofur. Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, þar á meðal rekstur Þjóðskrár, og er vísað nánar til athugasemda við þá grein.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að einungis sveitarstjórnir starfi með Þjóðskrá að almannaskráningu. Hlutverki sóknarpresta í slíkri skráningu lauk fyrir mörgum árum. Eru því ákvæði um störf sóknarpresta að almannaskráningu löngu úrelt og rétt að fella þau niður í lögum um þjóðskrá.

Um 3. gr.

Í þessari grein er í a-lið gert ráð fyrir að þegar vísað er til „þjóðskrár“ í lögunum sem skrifstofu ráðuneytisins verði hún rituð með hástaf (stórum staf), en þegar rætt er um skrána sem slíka verði hún rituð með lágstaf (litlum staf). Hvarvetna sem orðið kemur eftirleiðis fyrir í lögunum verður það ritað með hástaf þar sem tilvísanir eiga við Þjóðskrá sem skrifstofu.

Í b-lið er lagt til að í stað tilvísunar til ákvörðunar Hagstofunnar verði vísað til ákvörðunar dómsmálaráðuneytis.

Þá er í c-lið lagt til að heiti Hagstofu Íslands verði ritað fullum fetum.

Um 4. gr.

Í a-lið er lagt til að verklag sem Þjóðskrá tók upp árið 1988 við skil á fæðingarskýrslum verði lögfest. Fram til þess tíma skiluðu ljósmæður fæðingarskýrslum til sóknarpresta sem síðan sendu þær Þjóðskrá eftir innfærslu upplýsinga í prestsþjónustubækur. Þetta ferli tók oft

langan tíma og varð ótækt þegar ákveðið var árið 1986 að skrá upplýsingar almennt daglega í þjóðskrá. Nú senda ljósmæður Þjóðskrá fæðingarskýrslur daglega í Reykjavík og litlu síðar utan af landi. Með gildistöku nýrra barnalaga 1. nóvember 2003 var þetta verklag Þjóðskrár lögfest, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þar segir m.a. að barn skuli skráð í þjóðskrá þegar eftir fæðingu þess. Prestar eru nú hættir að skrá fæðingar sem verða í sóknum þeirra í prestsþjónustubækur en skrá einungis í bækurnar ákveðin prestsverk. Þá er enn fremur í a-lið lögð til orðalagsbreyting til nútímahorfs. Áður fyrr stóðu sóknarprestar einir að skýrslugjöf til Þjóðskrár vegna nafngjafa barna hvort sem þau voru skírð eða ekki. Þessi háttur er löngu aflagður og berast Þjóðskrá nú skýrslur um nafngjafir, hjónavígslur og andlát frá prestum þjóðkirkjunnar, forstöðumönnum eða prestum skráðra trúfélaga. Í b–e-liðum eru annars vegar tilvísanir til Þjóðskrár í stað Hagstofu og hins vegar orðalagsbreytingar að hluta til þær sömu og í a-lið.

Um 5. gr.

Lagðar eru til þær orðalagsbreytingar að Þjóðskrá getur krafist þess af opinberum aðilum að þeir láti henni í té skýrslur og upplýsingar sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, í stað Hagstofunnar. Þá verði Þjóðskrá í stað Hagstofunnar heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að í stað tilvísunar til Hagstofunnar verði vísað til Þjóðskrár.

Um 7. gr.

Í a-lið er lögð til sama breyting og getið er um í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins hvað varðar orðin prestar þjóðkirkjunnar, forstöðumenn eða prestar skráðra trúfélaga í stað orðsins sóknarprestar. Í b-lið er lagt til að málsgreinin verði felld brott úr lögunum því hún á ekki lengur við og eftir orðalagsbreytingar í a-lið greinarinnar er hún óþörf.

Um 8.–10. gr.

Hér er lagt til að sama breyting verði gerð á lögunum um hlutverk sóknarpresta í almannaskráningu og getið er um í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Lagatilvísanir í 17. gr. laganna eru til laga sem fallin eru úr gildi og ný lög hafa komið í þeirra stað. Eru því hér lagðar til breytingar þar sem vísað er til núgildandi laga um almannatryggingar, laga um sóknargjöld o.fl. og laga um tekjuskatt.

Um 12. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru lagðar til orðalagsbreytingar því ákvæðin þykja orðin gamaldags en efnislega eru þau eins.

Í 3. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði m.a. um skráningu, rekstur og aðgang að þjóðskrá og miðlun upplýsinga úr henni svo og um gjaldtöku fyrir aðgang að og afnot af skránni og upplýsingum hennar. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæðum í lögum um fyrirtækjaskrá, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Er gert ráð fyrir að gjaldtöku vegna afnota þjóðskrár verði hagað á svipaðan hátt og nú er gert og verið hefur lengst af hjá Hagstofunni. Miðað er við að með afnotagjöldum megi standa undir meginhluta rekstrar Þjóðskrár.

Við flutning Þjóðskrár frá Hagstofunni er nauðsynlegt að tryggja að hún hafi áfram fullan aðgang að og afnot af þjóðskrá til hagskýrslugerðar. Um þetta eru ákvæði í 4. mgr. Með mörg gögn Þjóðskrár verður vitaskuld að fara sem trúnaðargögn líkt og gildir um öll gögn sem safnað er beinlínis til hagskýrslugerðar. Með því er átt við að ekki séu látnar í té upplýsingar um einstaklinga og að upplýsingar séu einungis birtar á samandregnu formi og verði ekki raktar til viðkomandi. Um þessi atriði er meðal annars kveðið á í svonefndum grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagskýrslugerð sem Ísland hefur staðfest eins og vikið er að í almennum athugasemdum hér að framan. Þetta ákvæði er efnislega hliðstætt því sem lögfest var við flutning fyrirtækjaskrár Hagstofunnar til ríkisskattstjóra.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að orðið vélspjöld verði lagt niður og í stað þess komi orðið gögn. Mörg ár eru frá því Þjóðskráin fór að miðla gögnum sínum með öðrum hætti en fyrir tilstuðlan vélspjalda. Við stofnun Þjóðskrár árið 1953 var byggt á sérstöku manntali sem tekið var 16. október 1952 og manntali frá árinu 1950. Upplýsingar úr þessum manntölum voru færðar á vélspjöld sem voru í almennri notkun til ársins 1977. Ennþá er sótt í þessi spjöld daglega við leit eldri upplýsinga.

Um 14. gr.

Lagt er til að greinin verði felld brott. Við flutning Þjóðskrár í dómsmálaráðuneyti fer um fjárreiður hennar eins og greint er frá í 2. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Um 15. gr.

Lagt er til að breytingar samkvæmt þessu frumvarpi taki gildi á sama tíma og breyting á reglugerð um Stjórnarráð Íslands þess efnis að þjóðskrá og almannaskráning flytjist frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutningsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verkefni Þjóðskrár og almannaskráningar verði flutt frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Þjóðskráin verði skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu en fjárreiður hennar verði greindar frá fjárreiðum ráðuneytisins. Einnig er gert ráð fyrir að hagnýta tengsl Þjóðskrár og verkefna á sviði dómsmálaráðuneytis með því að fela Þjóðskrá aukin verkefni eins og útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja svo og umsjá með ýmsum verkefnum ráðuneytisins á sviði löggjafar um mannanöfn. Samhliða þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp um breytingar á ýmsum lögum sem leiða af flutningi þjóðskrárinnar.

Að öðru leyti en að ofan greinir er fyrirhugað að starfsemi Þjóðskrár verði með svipuðum hætti og verið hefur og að rekstrarkostnaður hennar og verkefna sem þangað verða færð verði óbreyttur. Gert er ráð fyrir að fjárveiting og tekjur vegna starfseminnar verði færð undir

dómsmálaráðuneytið en verulegur hluti útgjaldanna verður eins og áður fjármagnaður með rekstrartekjum þjóðskrárinnar, svo sem afnotagjöldum. Ætla má að sú fjármála- og greiðslu þjónusta sem Hagstofan hefur sinnt fyrir Þjóðskrána nemi 1–2 störfum. Á næstunni verður unnið að nánari greiningu á ársreikningum og rekstraráætlun Þjóðskrár til að leggja mat á þær fjárveitingar sem flytja þarf til dómsmálaráðuneytisins. Er því ekki gert ráð fyrir að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

822. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu að um flutning manns á lögheimili sínu hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna eða flutning manns á lögheimili sínu héðan til einhvers Norðurlandanna skuli gilda Norðurlandasamningur um almannaskráningu eins og hann er á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „þ.e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk“ í 2. mgr. falla brott.
b. 5. mgr. fellur brott.

3. gr.

1. málsl. 10. gr. laganna orðast svo: Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á prentuðum eða rafrænum eyðublöðum, sem Þjóðskrá lætur gera.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þjóðskrá ákveður tilhögun á sendingu aðseturstilkynninga og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

5. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðsins „Hagstofan“ í 3. mgr. kemur: Þjóðskrá.
c. Í stað orðsins „allsherjarspjaldskránni“ í 4. mgr. kemur: þjóðskrá.
d. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 5. mgr. kemur: Þjóðskrár.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða Þjóðskrá og hlutaðeigandi sveitarstjórnir eftir föngum við hana.

II. KAFLI
Breyting á lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands fyrir hönd þjóðskrárinnar“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðsins „Hagstofunni“ í 6. mgr. kemur: Þjóðskrá.

9. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í stað orðsins „Hagstofan“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

III. KAFLI
Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðanna „þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

V. KAFLI
Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingu.

13. gr.

Orðin „Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

14. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara fram eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

15. gr.

Í stað orðanna „Hagstofunni, dómsmálaráðherra“ í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands, Þjóðskrá“ í 1. málsl. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 2. málsl. kemur: dómsmálaráðherra.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Hagstofa Íslands (þjóðskrá)“ í 4. og 6. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingu.

19. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. málsl., „Hagstofan“ í 3. og 5. málsl. og „Hagstofunni“ í 4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

20. gr.

Í stað orðanna „Hagstofa Íslands (þjóðskrá)“ í 22. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

21. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands (þjóðskrá)“ og „Hagstofunni“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skrá Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: bannskrá Þjóðskrár.
b. Í stað orðanna „skrár Hagstofu Íslands“ í 3. mgr. kemur: bannskrár Þjóðskrár.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þjóðskrá skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Dómsmálaráðherra setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Þjóðskrár.
c. Í stað orðsins „Hagstofuna“ í 4. tölul. 5. mgr. kemur: Þjóðskrá.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Þjóðskrár.*

X. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingu.

24. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands, þjóðskrár“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: Þjóðskrár.

XI. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingu.

25. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Dómsmálaráðherra.

26. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um feðrun barns á eyðublaði sem hún leggur til.

27. gr.

6. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem hún leggur til.

XII. KAFLI

Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.

28. gr.

Í stað orðanna „hjá Hagstofu Íslands“ í 27. gr. laganna kemur: í þjóðskrá.

XIII. KAFLI

Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingu.

29. gr.

Orðin „Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

XIV. KAFLI
Gildistaka.
30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu en þar er lagt til að þessi málaflokkur verði fluttur frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, hefur að geyma tillögur um að breyta ákvæðum ýmissa laga sem nefna Hagstofuna sem ábyrga fyrir þjóðskrá eða þar sem vísað er til Þjóðskrár sem hluta af Hagstofunni. Er lagt til að í stað þessa vísi hlutaðeigandi lagaákvæði til Þjóðskrár þegar beinlínis er fjallað um skyldur hennar, en í fimm greinum til dómsmálaráðherra þegar um er að ræða útgáfu reglugerðar, reglna, auglýsingar eða annarra fyrirmæla, svo og ákvæðis vegna dagsekta. Auk þess er í 1. gr. frumvarpsins óskyld tillaga um breytingu á lögum um tilkynningu aðsetursskipta. Þessi tillaga leiðir af nýjum norrænum samningi um almannaskráningu frá 1. nóvember 2004 þar sem Norðurlöndin urðu ásátt um að í stað þess að skráning á flutningum fólks milli Norðurlandanna byggðist á samnorrænum flutningsvottorðum yrðu teknar upp rafrænar flutningstilkynningar milli þjóðskráa ríkjanna. Norðurlöndin, utan Íslands, hafa nú fullgilt samninginn og breytt löggjöf eða tekið samninginn í heild upp í löggjöf sína. Hér er lagt til að lögum um tilkynningar aðsetursskipta verði breytt svo hægt verði að fullgilda samninginn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að 6. gr. laganna verði breytt vegna nýs Norðurlandasamnings um almannaskráningu sem ráðgert er að taki gildi á árinu 2006. Núverandi samningur var gerður 8. maí 1989 og tók gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu nr. 13/1990 í C-deild Stjórnartíðinda. Megininntak þess samnings er að flutningur manna milli Norðurlandanna verður ekki skráður nema á grundvelli samnorræns flutningsvottorðs. Með nýja samningnum verður samnorræna flutningsvottorðið lagt niður en í stað þess verða við flutninga fólks tekin upp rafræn samskipti og tilkynningar milli höfuðstöðva skráningaryfirvalda í hverju Norðurlandanna. Áfram munu Norðurlöndin skiptast á sömu grunnupplýsingum og verið hefur og áfram verður sá skilningur hafður í heiðri að Norðurlöndin séu, hvað varðar almannaskráningu, eitt skráningarsvæði. Þannig verður áfram tryggt að enginn geti átt lögheimili samtímis í tveimur Norðurlandanna. Áfram mun hvert landanna um sig taka ákvörðun um skráningu lögheimilis hjá sér á grundvelli eigin löggjafar. Höfuðtilgangur nýja samningsins er að einfalda allt ferli við flutninga fólks milli landanna svo menn fái notið fyrr réttinda og borið skyldur í nýja búsetulandinu. Eitt meginvandamál í almannaskráningu milli landanna hingað til hefur verið seinagangur við útgáfu kennitölu og er nýja samningnum ætlað að bæta þar úr. Þess má geta að útgáfa kennitölu hér á landi hefur ekki tafið skráningu fólks við komu hingað. Við komu til nýs búsetulands, samkvæmt nýja samningnum, mun skráningaryfirvald gera kröfu til viðkomandi um að hann framvísi skilríkjum til að staðreyna hver hann sé (vegabréfi eða öðru opinberu skjali) svo ákvæðum samningsins verði beitt við flutning lögheimilis milli landanna. Samkvæmt samningnum eru skráningaryfirvöldin fimm sem munu hafa bein rafræn samskipti sín í millum: Á Íslandi Þjóðskrá, í Danmörku Indenrigs- og Sundhedsministeriets CPR-kontor, í Finnlandi Befolkningsregistercentralen, í Noregi Skattedirektoratet og í Svíþjóð Skatteverket. Í tengslum við samninginn sammæltust Norðurlöndin um að koma á fót

nefnd með fulltrúum landanna sem ætlað er að hittast eigi sjaldnar en einu sinni á ári til þess að leysa ágreining sem upp gæti komið við beitingu samningsins. Nýi Norðurlandasamningurinn um almannaskráningu var undirritaður á Norðurlandaþingi í Stokkhólmi 1. nóvember 2004. Hann hefur nú fyrir skömmu verið fullgiltur af hálfu allra Norðurlandanna nema Íslands. Ef íslensk stjórnvöld fullgilda samninginn fyrir 1. apríl 2006 tæki hann gildi 1. júlí 2006, sbr. 6. gr. hans. Öll löndin vinna nú að samstarfi við lausn tæknilegra mála svo rafræn samskipti um almannaskráningu geti hafist milli Norðurlandanna við gildistöku samningsins.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að fellt verði niður gamaldags og úrelt ákvæði 2. mgr. 9. gr.

Tillaga b-liðar er svipaðs eðlis en hún gerir ráð fyrir að niður falli ákvæði um að þess megi krefjast að tilkynningar séu látnar í té í tvíriti.

Um 3.–6. gr.

Tillögur í greinunum lúta að því að í stað tilvísana til Hagstofu Íslands sé vísað til Þjóðskrár.

Í c-lið 6. gr. er lagt til að orðið allsherjarspjaldskrá, eins og þjóðskráin var stundum nefnd fyrstu árin eftir að hún var mynduð, verði leyst af hólmi með núverandi heiti hennar.

Um 7. gr.

Í greininni er tillaga um breytingu á 1. mgr. 14. gr. Þar segir nú að lögreglustjórar skuli hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laganna og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppsnefndir eftir föngum við hana. Hér er lagt til að þessi aðstoð gildi enn fremur um Þjóðskrá, eins og verið hefur í reynd til margra ára, þ.e. að lögreglustjórar skuli aðstoða Þjóðskrá og hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eins og það er orðað í tillögunni, við framkvæmdina.

Um 8.–10. gr.

Hér eru gerðar tillögur um breytingar á lögum um nafnskírteini og eru þær allar á þá leið að í stað þess að vísað sé til Hagstofunnar verði vísað til Þjóðskrár. Jafnframt er lagt til að fella niður ákvæði um meðferð dánarvottorða þar sem það á ekki við lengur.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er gert ráð fyrir að senda skuli afrit af legstaðaskrá til ýmissa stofnana, þeirra á meðal til „þjóðskrárdeild(ar) Hagstofu Íslands“ eins og það er orðað. Hér er lagt til að í stað þessa sé vísað til Þjóðskrár.

Um 12. gr.

Í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti er í 3. gr. kveðið á um að krefjast megi af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands. Hér er um verkefni Þjóðskrár að ræða og er lagt til að greinin orðist samkvæmt því.

Um 13.–17. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á lögum um mannanöfn. Þau lög leggja Þjóðskrá ýmsar skyldur á herðar en í lögunum segir á nokkrum stöðum Hagstofan fremur en Þjóðskrá. Allar breytingar í þessum greinum gera ráð fyrir að í stað tilvísunar til Hagstofunnar verði vísað

til Þjóðskrár. Í tveimur tilvikum er vísað til dómsmálaráðherra þar sem það á við. Þá er lagt til að bráðabirgðaákvæði III verði fellt niður því það hefur þegar þjónað tilgangi sínum.

Um 18. gr.

Hér er gert ráð fyrir að í stað þess að í núverandi lögum um kosningar til sveitarstjórna sé rætt um kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té verði rætt um kjörskrárstofna sem Þjóðskrá lætur í té.

Um 19.–21. gr.

Allar breytingar samkvæmt þessari grein eru á þá leið að í lögum um kosningar til Alþingis verði kveðið á um skyldur Þjóðskrár við gerð kjörskrárstofna í stað þess að rætt sé um Hagstofuna í því sambandi.

Um 22. gr.

Í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga er nú vísað til skrár Hagstofu Íslands í 14. gr. laganna. Ákvæði um þessa skrá eru í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og er hún þar nefnd bannskrá. Í þessari grein er lagt til að orðin bannskrá(r) Þjóðskrár komi í stað orðanna skrá(r) Hagstofu Íslands í 2. og 3. mgr. 14. gr.

Um 23. gr.

Í 28. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er rætt um bannskrá Hagstofunnar og hlutverk Hagstofunnar í því sambandi. Hér er lagt til að þessu verði breytt þannig að rætt sé um bannskrá Þjóðskrár og hlutverk hennar hvað þetta snertir. Þá er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglur um gerð og notkun slíkrar skrár en það er hlutverk ráðherra Hagstofu Íslands í gildandi lögum.

Um 24. gr.

Breytingar samkvæmt þessari grein gera ráð fyrir að felld verði niður tilvísun til Hagstofu Íslands í 1. og 16. gr. laga um skráningu og mat fasteigna og tekin verði upp tilvísun til Þjóðskrár þess í stað.

Um 25.–27. gr.

Í 7. gr. barnalaga er nú kveðið á um að ráðherra Hagstofu Íslands geti sett ákvæði um skráningu faðernis í reglugerð. Með flutningi Þjóðskrár til dómsmálaráðuneytis verður setning reglugerðar í höndum dómsmálaráðherra eins og lagt er til hér. Þá eru í 18. og 34. gr. laganna lagðar þær skyldur á dómara að þeir sendi tilteknar upplýsingar til Þjóðskrár á eyðublöðum sem Hagstofa Íslands leggur til. Þessi eyðublöð verða ekki á ábyrgð Hagstofunnar eftir að Þjóðskráin hefur flust frá henni.

Um 28. gr.

Hér er um að ræða ákvæði í 27. gr. ábúðarlaga um skráningu á sambúð og er lagt til að í stað skráningu „hjá Hagstofu Íslands“ komi „í þjóðskrá“.

Um 29. gr.

Í 2. mgr. 11. jarðalaga er kveðið á um að Hagstofu Íslands sé ásamt nokkrum öðrum aðilum skylt að láta landbúnaðarráðuneytinu í té endurgjaldslaust allar upplýsingar sem það óskar eftir við skráningu í jarðahluta Landskrár fasteigna. Hér er um að ræða upplýsingar úr

þjóðskrá og sýnist ákvæðið geta falið í sér mun meiri upplýsingaskyldu en samrýmist eðlilegri meðferð Þjóðskrár á ýmsum persónuupplýsingum. Því er lagt til að þetta ákvæði taki ekki til upplýsinga þjóðskrár. Það hefur ekki í för með sér að ekki verði kostur á nægjanlegum þjóðskráruppplýsingum fyrir jarðahluta Landskrár fasteigna, svo hægt sé að uppfylla skyldur samkvæmt jarðalögum um skrána, heldur að þær upplýsingar verði háðar ákvörðun dómsmálaráðherra en ekki landbúnaðarráðuneytis eins og nú sýnist felast í ákvæðinu.

Um 30. gr.

Lagt er til að breytingar samkvæmt þessu frumvarpi taki gildi á sama tíma og breytingar á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu og breyting á reglugerð um Stjórnarráð Íslands þess efnis að þjóðskrá og almannaskráning flytjist frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða öðru frumvarpi um breytingar á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu sem gerir ráð fyrir að þau verkefni verði flutt frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis. Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á ýmsum öðrum lögum sem leiða af þeim flutningi. Vísað er til kostnaðarumsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögunum um þjóðskrá og almannaskráningu.

823. Frumvarp til laga [568. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Lágmarkseignarhaldstími o.fl.

Stjórnendur fjármálafyrirtækja sem kaupa verðbréf í eigin hlutafélögum skulu að lágmarki eiga þau í sex mánuði frá kaupdegi. Aðrir starfsmenn skulu að lágmarki eiga verðbréfin sem þeir kaupa í eigin hlutafélögum í þrjá mánuði frá kaupdegi.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki ef um er að ræða:

a. hlutdeildarskírteini starfsmanna í verðbréfasjóðum samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,
b. hlutabréf í skráðum hlutabréfasjóðum,
c. skuldabréf sem starfsmenn fá sem greiðslu við sölu fjármuna sinna,

d. verðbréf sem starfsmenn hafa eignast áður en reglurnar taka gildi gagnvart þeim.

Regluverði er einnig heimilt að veita stjórnanda eða starfsmanni undanþágu frá 1. mgr. við sérstakar aðstæður, m.a. vegna veikinda, slyss eða andláts fjölskyldumeðlims, hjónaskilnaðar eða hafi viðkomandi eignast verðbréfin óvænt með öðrum hætti en kaupum, t.d. sem arf eða gjöf.

2. gr.

Í stað „⅓ hluta“ í 3. tölul. 3. mgr. 37. gr. laganna kemur: 20%.

3. gr.

Í stað orðsins „heimilt“ í fyrri málslið 72. gr. laganna kemur: skylt.

4. gr.

Á eftir orðinu „ákvæðum“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: 55. gr. um markaðsmisnotkun og ákvæðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Fjármálaeftirlitið er ein þýðingarmesta eftirlitsstofnunin í stjórnsýslu okkar, ásamt Samkeppnisstofnun og Ríkisendurskoðun. Umfang eftirlitsins eykst stöðugt með auknum umsvifum á fjármálamarkaði, bæði innlendum og erlendum og útrás fyrirtækja á erlendum markaði. Brýnt er að Fjármálaeftirlitið hafi þau úrræði sem til þarf til að skapa eðlilegar leikreglur og heilbrigt umhverfi í fjármálakerfinu.

Með frumvarpi þessu eru lögð til ákvæði um eftirfarandi:

a. Lágmarkseignarhaldstíma verðbréfa stjórnenda og starfsmanna í eigin hlutafélögum.
b. Aukna vernd minni hluthafa með því að kveða á um að samstarf teljist stofnast vegna tilboðskyldu í skráðu hlutafélagi við 20% atkvæðisréttar í stað ⅓ hluta.
c. Fjármálaeftirlitinu verði gert skylt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laganna en þó með ákveðnum undantekningum.
d. Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að beita stjórnvaldssektum gegn markaðsmisnotkun.

Flutningsmenn telja einnig þörf að setja skýrar reglur um kjör, upplýsingaskyldu og aðgang stjórnenda að lánum hjá þeim fjármálastofnunum sem þeir vinna hjá. Fjármálafyrirtæki hafa t.d. ekki talið sér skylt að upplýsa hvort stjórnendur hafi fengið lán fyrir kaupum á verðbréfum í fyrirtækinu sem þeir vinna hjá og þá á hvaða kjörum. Í svari við fyrirspurn til viðskiptaráðherra um viðskipti fruminnherja á fjármálamarkaði fyrr á þessu þingi (mál nr. 87) kemur fram að ráðuneytið telji rétt að kanna hvort núgildandi ákvæði 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, geti talist fullnægjandi. Frumvarpið felur í sér breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti en mikilvægt er í framhaldi af þessu frumvarpi að skoða einnig þau ákvæði hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki er varða lánveitingar til stjórnenda og að ákvæði þess efnis séu þrengd. Einnig þarf að taka á lánveitingum fyrir hlutabréfum í eigin hlutafélögum með veðsetningu í sjálfum bréfunum. Fyrsti flutningsmaður er að skoða sérstaklega breytingar á fyrrgreindum lögum með tilliti til þessara atriða.

Lágmarkseignarhaldstími.

Á undanförnum missirum hafa komið fram tilvik sem mjög hafa verið gagnrýnd um kaup lykilstjórnenda í fjármálastofnunum á hlutabréfum í eigin félögum. Á margan hátt má segja að hér sé um siðlausa fjármálagjörninga að ræða og full ástæða til að lögbinda tiltekinn eignarhaldstíma á hlutabréfum og lengja hann eins og hér er lagt til.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli, nr. 1/2001. Í kafla 4.1.6 er fjallað um lágmarkseignarhaldstíma, en þar er gerð krafa um að starfsmenn eigi verðbréf sem þeir kaupa í þrjá mánuði að lágmarki. Sambærilegt ákvæði um 6 mánaða eignarhaldstíma að lágmarki er að finna í bandarískum lögum um verðbréfaviðskipti frá 1934. Ef bréfin eru seld innan þess tíma getur félagið gert tilkall til þess hagnaðar sem myndast innan 6 mánaða frestsins. Í Noregi er lögfestur 12 mánaða lágmarkseignarhaldstími á verðbréfum en ákvæðið á þó ekki við um verðbréfasjóði.

Flutningsmenn telja mikilvægt að lögfesta lágmarkseignarhaldstíma í 6 mánuði þegar um ræðir kaup stjórnenda á verðbréfum í eigin hlutafélögum en í 3 mánuði þegar um er að ræða aðra starfsmenn. Þó er gert ráð fyrir að ákveðnar undantekningar verði heimilar frá eignarhaldstímanum skv. 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 64. gr. laganna kemur fram skilgreining á stjórnendum en þar segir að með stjórnendum sé átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans. Ákvæðið tekur einnig til aðila sem eru fjárhagslega tengdir framangreindum stjórnendum.

Vernd minni hluthafa.

Ákvæði frumvarpsins um vernd minni hluthafa kemur fram í 2. gr. frumvarpsins og snertir hvenær tilboðsskylda stofnast í skráðu hlutafélagi.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í greininni telst samstarf hafa stofnast við 20% atkvæðisréttar í stað ⅓ hluta. Til þess að yfirtökureglur nái markmiði sínu er æskilegast að kveða á um 20% atkvæðisréttar í tengslum milli aðila í stað ⅓ hluta. Í ákvæði 4. tölul. 2. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, er félag talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi. Fjármálaeftirlitið hefur einnig talið eðlilegt að miða við 20% atkvæðisréttar þegar metið er hvort samstarf sé fyrir hendi og bent á að í lögum um ársreikninga er 20% eignarhlutdeild í félagi skilgreind sem hlutdeildarfélag og slík hlutdeild talin veruleg eignarhlutdeild sem er til þess fallin að hafa áhrif á rekstur viðkomandi félags. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið bent á að verulegar líkur séu á að sameiginlegir hagsmunir stofnist mun fyrr en við yfirráð, 40% eignarhlut, eða ⅓ hluta atkvæðisréttar eins og áskilið er nú. Einnig má benda á að í Bretlandi er miðað við 20%, eins og hér er lagt til, en reynslan sýnir að svo stór hluti er ráðandi hlutur í tengslum milli aðila eins og Fjármálaeftirlitið hefur bent á.

Fjármálaeftirlitið hefur legið undir ámæli fyrir að taka ekki á nokkrum slíkum málum sem hafa snert yfirtöku og tengsl aðila þar sem kallað var eftir viðbrögðum Fjármálaeftirlitsins en lagaheimild skorti til þess og hægt hefði verið að taka á málunum ef tengslin hefðu verið skilgreind við 20% atkvæðisrétt.

Flutningsmenn telja að þörf sé fyrir framangreint ákvæði, ekki síst vegna smæðar markaðarins og mikilla eignatengsla milli félaga. Með þessu ákvæði er réttur minni hluthafa aukinn.

Skylda til að birta niðurstöður opinberlega.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laganna, nema ef slík birting er talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Mun skýrara er að skylda Fjármálaeftirlitið til að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum, en þó með framangreindum undantekningum. Þá er hægt að ganga að því sem vísu að slíkar upplýsingar séu alltaf birtar opinberlega nema í þessum undantekningartilvikum. Með því ykist gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins og varnaðaráhrif yrðu meiri í kjölfarið.

Stjórnvaldssektir.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að beita stjórnvaldssektum við markaðsmisnotkun. Slík heimild hefði veruleg varnaðaráhrif gegn markaðsmisnotkun. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til stjórnsýslusekta ef formreglur um innherjaviðskipti eru brotnar. Þá heimild fékk eftirlitið árið 2003 og í lok júní 2005 hafði heimildinni verið beitt 24 sinnum en heimild til sekta er á bilinu 10 þús. kr. til 2 millj. kr. Heimildin er aftur á móti ekki til staðar ef um er að ræða markaðssvik eins og markaðsmisnotkun sem felst í því að hafa áhrif á gengi skráðra verðbréfa eða ef einhver hefur átt viðskipti á grundvelli innherjaupplýsinga. Þau mál þarf nú að fara með fyrir dómstóla sem er svifaseint og þungt í vöfum og því er full ástæða til þess að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að hafa eftirlit með því að markaðssvik viðgangist ekki með því að veita því heimild til þess að beita stjórnvaldssektum við markaðsmisnotkun. Brýnt er að Fjármálaeftirlitið hafi slíkt úrræði þar sem það mundi veita markaðnum mikið aðhald og tryggja að heilbrigðar leikreglur gildi á verðbréfamarkaðnum.

824. Frumvarp til laga [569. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. laga þessara skulu tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (fjármagnstekjur), metnar að 50 hundraðshlutum og tekjur vegna séreignarsparnaðar, sem ekki byggist á lagaskyldu, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, metnar að 30 hundraðshlutum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að laga það misræmi sem leiðir af gildandi lögum að allar greiðslur úr lífeyrissjóði teljist til tekna við skerðingu tekjutryggingar. Lagt er til að gerð verði breyting á 2. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, á þann veg að tekjur vegna séreignarsparnaðar sem byggist ekki á lagaskyldu skuli metnar að 30 hundraðshlutum.

Greiðslur almannatrygginga taka mið af tekjum bótaþega en ekki eignum. Þannig telst það ekki til tekna þó að fólk taki sparifé út úr banka eða selji hlutabréf. Vextir af slíku sparifé og arður og söluhagnaður af hlutabréfum telst þó vera fjármagnstekjur og helmingurinn er metinn sem tekjur. Nú ákveður einstaklingur sjálfviljugur að taka þátt í séreignarsparnaði og fresta skattlagningu á þann sparnað þar til hann fær hann greiddan út og er þá eðlilegt að hann greiði skatta af útgreiðslum en eftir það ætti hann að vera jafnsettur þeim sem ákváðu að greiða skatta af tekjum sínum strax og spara síðan hluta teknanna á hefðbundinn hátt með spariinnlánum, kaupum á hlutabréfum eða með öðrum hætti. Ekki er lagaskylda að spara á þennan hátt og því eiga þeir sem ákveða að spara á þann hátt að eigin frumkvæði að vera í sömu stöðu og þeir sem spara á hefðbundinn hátt að undanskildu því að skattlagning frestast. Breytir þá engu hvort einstaklingur tekur ákvörðunina sjálfur eða hvort séreignarsparnaðurinn er á grundvelli frjálsra kjarasamninga.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Litið er á greiðslur úr séreignarsparnaði sem tekjur gagnvart skatti, eins og hefðbundnar greiðslur (lífeyri) úr lífeyrissjóði, enda hefur iðgjald í lífeyrissjóði að jafnaði verið skattfrjálst og iðgjald í séreignarsparnað hefur alltaf verið skattfrjálst. Skattlagningu er því frestað. Þegar kemur að skerðingu lífeyris frá Tryggingastofnun horfir málið öðruvísi við. Árið 1974 skyldaði ríkisvaldið alla launamenn til að greiða til lífeyrissjóðs og árið 1980 alla þá sem hafa tekjur af vinnu sinni. Iðgjaldið, 4% + 6%, hafa sumir skilgreint sem skatt og segja ætlan ríkisvaldsins að skylda landmenn til að taka þátt í samtryggingu til að létta byrðum af almannatryggingum. Þetta kom svo greinilegar í ljós þegar sett voru lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Það er ekki skylda að taka þátt í séreignarsparnaði og þess vegna getur sá sparnaður ekki verið ætlaður til þess að létta byrðum af ríkinu. Það væri enda mjög óréttlátt að sá sem sjálfviljugur dregur úr neyslu sinni og sparar á þann hátt eigi að njóta lakari kjara gagnvart Tryggingastofnun en hinn sem lagði ekki á sig slíkar kvaðir. Þegar kemur að skerðingu lífeyris frá Tryggingastofnun verður þess vegna að aðskilja algerlega lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum sem byggjast á iðgjaldi sem lagaskylda er að greiða og hins vegar greiðslur úr séreignarsparnaði sem er sjálfvalinn. Það breytir engu þó að í báðum tilfellum njóti greiðslurnar skattfrestunar.

Í 3. mgr. 10. gr. almannatryggingarlaga kemur fram að greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum teljist ekki til tekna. Ákvæði þetta hefur verið túlkað á þann veg að séreignargreiðslur séu greiðslur í skyldubundinn atvinnutengdan lífeyrissjóð og komi því ekki til skerðingar grunnlífeyris frá Tryggingastofnun. Þetta er bókstafleg túlkun því greiðslurnar eru úr skyldubundnum lífeyrissjóðum en iðgjaldið og þátttakan í þessum sparnaði er ekki skyldubundin. Samkvæmt 3.–5. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er öðrum en lífeyrissjóðum heimilt að taka við iðgjaldi í séreignarsparnað. Með lögjöfnun hefur verið farið eins með greiðslur úr séreignarsparnaði frá lífeyrissjóðum og frá öðrum fjármálastofnunum, t.d. bönkum. Hér er lagt til að 30% þessara greiðslna komi til frádráttar bæði grunnlífeyri og tekjutryggingu eins og þær væru tekjur, svipað og á við um 50% fjármagnstekna. Þetta er rökstutt hér aftar.

Það að lífeyrir frá lífeyrissjóðum skuli ekki koma til skerðingar grunnlífeyris á sér lengri sögu og er tilraun til að bæta stöðu þeirra sem hafa greitt um langan aldur til lífeyrissjóða og sitja oft við svipað borð vegna skerðinga hjá Tryggingastofnun og aðrir, sem komu sér hjá því að greiða í lífeyrissjóð þó að það hafi verið skylda frá 1974 og 1980. Þau rök eiga ekki við um séreignarsparnað eftir þá breytingu sem hér er lögð til.

Séreignarsparnaður.

Frá 1. janúar 1999 gátu launþegar dregið allt að 2% frá heildarlaunum sínum í lífeyrissparnað og ríkið lækkaði tryggingargjald vegna launþegans um 10% af framlaginu eða að hámarki 0,2% af launum. Heildarsparnaður gat því numið 2,2% (2% + 0,2%).

Með almennum kjarasamningum í maí 2000 var samið um að mótframlag launagreiðandans skyldi vera 1% af launum og frá sama tíma eða 1. júní 2000 var rétthöfum heimilt að hækka framlag sitt úr 2% í 4%. Með sama hætti hækkaði þá framlag ríkisins í 0,4%. Heildarsparnaður gat því numið 5,4% (4% + 0,4% + 1%).

Í ársbyrjun 2002 var svo framlag launagreiðandans hækkað með kjarasamningum úr 1% í 2%. Heildarsparnaður frá 1. janúar 2002 var því 6,4% (4% + 0,4% + 2%). Frá og með 1. janúar 2004 féll framlag ríkisins (lækkun tryggingagjalds) niður (allt að 0,4%). Frá 1. janúar 2004 hefur hámarkssparnaðurinn því numið 6% af launum (4% + 2%).

Allir launþegar, sem ekki höfðu lagt fram neinn viðbótarlífeyrissparnað fengu samt sem áður 1% framlag frá vinnuveitanda frá 1. júlí 2002 til 31. desember 2004, samkvæmt viðbótarákvæði og bókun í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Fjármagnstekjur og launatekjur.

Fjármagnstekjur eru tekjur af fjármagni, t.d. vextir og verðbætur af bankainnistæðum, vextir og verðbætur og söluhagnaður af skuldabréfum, arður og söluhagnaður af hlutafé og leigutekjur og söluhagnaður af fasteignum. Litið er á helming fjármagnstekna sem raunverulegar tekjur þegar bætur eru skertar vegna tekna. Rökin fyrir þessu eru þekkt en vegna þeirra er fjármagnstekjuskattur 10% en ekki rúm 20% sem er meðalhlutfall tekjuskatts einstaklinga. Þessi rök eru: Vextir eru að hluta til verðbætur sem ekki eru tekjur. Nú um stundir er verðbólga 4% og því gefa t.d. 8,4% nafnvextir í raun aðeins 4,2% ávöxtun sem raunverulegar tekjur eða helming. Lægri nafnvextir gefa því enn lægra hlutfall sem raunverulegar tekjur. Ef nafnvextir eru undir 4% er um tap að ræða. Arður og söluhagnaður af hlutabréfum er bundinn áhættu af sölutapi, hallarekstri og áhættu af gjaldþrotum og því aðeins að hluta til raunverulegar tekjur. Á móti húsaleigutekjum kemur viðhald, skattar og annar kostnaður af húsnæði, sem og áhætta hvað varðar verðmæti fasteigna. Sama er að segja um söluhagnað.

Til mikillar einföldunar eru fjármagnstekjur skattlagðar án frádráttarliða. Auðvitað mætti reikna raunvexti á sparifé og skuldabréf og draga vaxtagjöld frá. Það mætti draga sölutap á hlutabréfum og fasteignum frá arði og leigutekjum og draga kostnað við húsnæði (skatta og viðhald) frá leigutekjum. Ef tap yrði af fjármagni með slíkum aðferðum mætti draga það frá launatekjum. Ef þessi leið yrði farin mætti skattleggja fjármagnstekjur eins og launatekjur en sú skoðun var ríkjandi þegar skattur á fjármagnstekjur var tekinn upp og samræmdur að tekjur ríkissjóðs yrðu minni ef það yrði gert og jafnvel engar og allt umstang yrði miklu meira.

Fjármagnstekjur sem hafa safnast upp á mörgum árum og sem fást greiddar og færðar á einu ári, t.d. við sölu á spariskírteini eða hlutabréfi eftir að eigandinn er kominn á lífeyri, geta skert lífeyri á mjög ósanngjarnan hátt samkvæmt gildandi lögum þó að eingöngu sé um helming þeirra að ræða. Sama getur átt við um séreignarsparnað. Það flækti útreikning bóta um-

talsvert ef farið væri að taka þetta vandamál inn í myndina. Eðlilegt væri að eingöngu helmingur fjármagnstekna yfirstandandi árs kæmi til frádráttar bótum hverju sinni. Á þessum vanda er ekki tekið í frumvarpi þessu.

Fjármagnstekjuskattur á lífeyrisgreiðslur?

Sú umræða hefur skotið upp kollinum öðru hverju að þann hluta lífeyris úr lífeyrissjóði sem er uppsafnaðar fjármagnstekjur ætti að skattleggja sem fjármagnstekjur með 10% skatti en upphaflegt iðgjald, 4%+6%, sem naut yfirleitt skattfrelsis ætti að skattleggja sem tekjur. Þessu má andmæla með eftirfarandi dæmi. Til einföldunar er gert ráð fyrir að skattprósentan sé 40% allan tímann. Tveir einstaklingar, A og B, hafa hvor um sig 1000 kr. í tekjur umfram skattleysismörk. A ákveður að greiða skatta af upphæðinni, 400 kr. og leggja restina, 600 kr. fyrir í banka. B ákveður hins vegar að greiða 1000 kr. sem iðgjald i lífeyrissjóð og greiðir ekki skatt af þeirri upphæð að sinni. Gefum okkur að bankinn og lífeyrissjóðurinn nái nákvæmlega sömu ávöxtun á féð. Þá á A alltaf 60% af þeirri upphæð sem B á. Eftir mörg ár ákveða báðir að nota sparnaðinn til framfærslu. Þá fær A 60% af þeirri upphæð sem B fær. B er nefnilega búinn að fá vexti og vaxtavexti á skattinn, 400 kr., sem hann greiddi ekki og hafði í ávöxtun allan tímann. Þess vegna er eðlilegt að hann greiði 40% skatt af allri greiðslunni til að vera jafnsettur A.

Þar sem lífeyrissjóðir greiða ekki fjármagnstekjuskatt né hafa þeir greitt eignarskatt, þá er B í reynd töluvert betur settur en A sem varð að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af sparnaði sínum og hugsanlega eignarskatt. Ef fjármagnstekjur eru ⅔ hlutar lífeyrisgreiðslna, eins og haldið hefur verið fram, þá þýðir skattfrelsi fjármagns lífeyrissjóðanna að lífeyririnn er að minnsta kosti 7% hærri hjá B eftir tekjuskatt en sambærilegur sparnaður hjá A. Varðandi skattfrelsi iðgjalda má nefna að 6% iðgjald atvinnurekenda hefur notið skattfrelsis alla tíð en 4% iðgjald launþega var ekki sérgreint skattfrjálst eftir að staðgreiðslan var tekin upp 1988. Átti hár persónuafsláttur í upphafi að ná meðal annars yfir iðgjöld í lífeyrissjóð. Skattfrelsi iðgjalda var svo aftur innleitt í þrepum á árunum 1995 og 1997. 4% iðgjaldið var því skattfrjálst fyrir 1988 og frá og með 1998. Ef menn gefa sér að greidd hafi verið 4%+6% af sömu launum í 30 ár í lífeyrissjóð og þetta tímabil er inni í iðgjaldagreiðslutímanum eru um 11% sparnaðarins skattlögð og þannig er upphæðin í versta falli 4,5% of lág vegna tvísköttunar.

„Tekjur“ af séreignarsparnaði.

Sömu hugleiðingar eiga við um séreignarsparnað. Iðgjaldið er dregið frá skatti, útgreiðslur eru skattskyldar eins og aðrar tekjur en ávöxtun séreignarinnar fellur ekki undir fjármagnstekjuskatt. Nú eru rúm sex ár síðan séreignarsparnaður fékk lagastoð. Þess vegna eru lífeyrisgreiðslur þeirra sem byrjaðir eru að taka lífeyri enn að meiri hluta iðgjald og að minni hluta ávöxtun. Það mun breytast hratt á næstu árum og hlutur ávöxtunar aukast. Ef gert er ráð fyrir að um helmingur greiðslunnar, 50%, sé ávöxtun þ.e. fjármagnstekjur, en 50% sé upphaflegt framlag (iðgjald), þá ættu fjármagnstekjurnar að koma til frádráttar bótum almannatrygginga samkvæmt ofanskráðu að hálfu, eða 25% af greiðslunni. Fjármagnstekjuskattur, 10%, hefði numið 5% greiðslunnar. Sá skattur var hins vegar aldrei greiddur og má líta á það sem hagræði af þessum sparnaði umfram annan sparnað. Þess vegna er lagt til að litið verði á 30% af greiðslum af séreignarsparnaði sem tekjur.

Tekjur sem skerða bætur Tryggingastofnunar – ellilífeyrisaldur.

Þegar litið er á þær tekjur sem skerða bætur Tryggingastofnunar er athyglisvert að ekki er litið á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur og aðrar bætur frá Tryggingastofnun sem tekjur. Þessar opinberu bætur eru þó tekjur heimilisins nákvæmlega eins og tekjur sem fást t.d. með því að skúra. Áður var minnst á að lífeyrir frá lífeyrissjóðum skerðir ekki grunnlífeyri. Svo skerða einungis 60% tekna öryrkja tekjutryggingu en allar tekjur ellilífeyrisþega. Það væri þarft að taka upp umræðu um hvernig háttað skuli skerðingum á bótum og hvort ekki megi slaka á skerðingum vegna atvinnutekna aldraðra eða hækka ellilífeyrismörkin umtalsvert, t.d. í 75 ára eða 80 ára, fyrir þá sem vilja vinna lengur gegn sambærilegri hækkun bóta. Eldra fólk er miklu mun sprækara núna og lifir miklu lengur en þegar 67 ára mörkin voru ákveðin fyrir 50 árum og þjóðfélagið getur vel nýtt sér og á að nýta sér verðmæta reynslu þessa fólks. Svo er vinnan sem betur fer ekki lengur sú kvöð á fólki sem hún var oft áður fyrr og gefur fólki jafnvel mjög mikla lífsfyllingu.

825. Fyrirspurn [570. mál]

til umhverfisráðherra um losunarkvóta á gróðurhúsalofttegundir.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hvað líður því að ráðuneytið reikni út losunarkvóta á gróðurhúsalofttegundir og ef niðurstaðan liggur fyrir, hver er hún?

826. Fyrirspurn [571. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er afstaða ráðherra til þess að Fjármálaeftirlitið neitar að veita alþingismanni upplýsingar um hverjar urðu lyktir kærumáls sem upp kom í ágúst 2003, þegar hlutabréf ríkisins í Íslenskum aðalverktökum voru seld?

827. Fyrirspurn [572. mál]

til umhverfisráðherra um kadmínmengun.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvað líður niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru árið 2004 á kadmínmengun í Arnarfirði?
2. Er fyrirhugað að veita fé til frekari rannsókna á kadmínmengun í lífríki Íslands?

828. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. febr.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar nefndinni forstöðumann til fimm ára í senn. Forstöðumaður ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar og gætir þess að hann sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma. Samgönguráðherra skal, að fengnum tillögum forstöðumanns, ráða til nefndarinnar aðstoðarforstöðumann. Allur kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, svohljóðandi:

Forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa er jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýrir rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Aðstoðarforstöðumaður skal vera staðgengill forstöðumanns.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður skulu hafa sérmenntun eða starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtist við sjóslysarannsóknir.

Um sérstakt hæfi þeirra fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

3. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar allra gagna er varða skip, svo sem leiðar-, dag- og véladagbókar, eftirlitsbókar, allra vottorða sem skylt er að hafa um borð í skipi, skráa yfir skipverja, útskrifta úr tölvum er varða siglingu og vélbúnað skips, upptakna, svo og annarra gagna er ástæða þykir til, t.d. um fjarskipti og gögn sem varða rekstur og siglingu skipsins. Þeim er einnig heimilt að taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda skips, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

829. Frumvarp til laga [573. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson,
Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller,
Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Mörður Árnason, Sandra Franks,
Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti og skulu þau vera þessi: Atvinnuvegaráðuneyti, forsætisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, innanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegn störfum ritara ríkisráðs Íslands.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmönnum núverandi Hagstofu Íslands skal boðið starf hjá stofnuninni Hagstofu Íslands. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta að ákvæðum 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forsætisráðherra skipar nefnd fimm manna til að fjalla um innra skipulag ráðuneyta og stöðu Hagstofu Íslands og koma með tillögur að reglugerð um skiptingu verkefna milli ráðuneyta. Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu er löngu tímabær. Skipan þess hefur að mestu leyti haldist óbreytt frá því að lög um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, voru sett. Þau lög tóku mið af þeirri skipan sem þá var á ráðuneytunum. Líklega eru fá, ef nokkur, dæmi um að stjórnskipan eða deildarskipting í fyrirtækjum eða stofnunum hafi staðið svo til óbreytt í nærfellt 40 ár. Nauðsynlegt er að stokka upp núverandi skipan Stjórnarráðsins og breyta skiptingu og skipulagi ráðuneyta þannig að betur falli að samfélagsaðstæðum. Í frumvarpi þessu er lögð til fækkun ráðuneyta úr fjórtán í níu sem jafnframt felur í sér verulega endurskoðun á verkaskiptingu ráðuneytanna. Lagt er til að stöðu Hagstofu Íslands í stjórnskipaninni verði breytt

þannig að hún verði ríkisstofnun en ekki ráðuneyti en auk þess er lagt til að almenn stöðuheiti og skipting starfa innan Stjórnarráðsins verði ekki lengur bundin í lög.

Markmið frumvarpsins.

Markmið með breytingum á ákvæðum laga um Stjórnarráðið eru margþætt. Í fyrsta lagi er mikilvægt að laga Stjórnarráðið og stofnanir þess að þeim gríðarlegu breytingum sem orðið hafa í samfélags- og atvinnuháttum frá því að lögin um Stjórnarráð Íslands voru sett árið 1969. Þessar breytingar endurspeglast ekki í núverandi uppbyggingu Stjórnarráðsins. Í öðru lagi er það sjálfstætt markmið að fækka ráðuneytum í þeim tilgangi að auka skilvirkni og nýta betur sérfræðiþekkingu. Við þetta mun ráðherraembættum fækka og launakostnaður Stjórnarráðsins væntanlega lækka. Ráðherraembættum hefur fjölgað um of á kostnað heildarsýnar og skilvirkni og því löngu orðið tímabært að fækka þeim. Í þriðja lagi stuðlar frumvarpið að einfaldari yfirbyggingu stjórnsýslunnar. Stofnanir hennar eru orðnar of margar miðað við verkefni samfélagsins, þær eru of smáar og ekki nægilega öflugar til að takast á við æ flóknari úrlausnarefni í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi. Í fjórða lagi er stefnt að því að draga úr hættunni á skörun milli ráðuneyta. Í fimmta lagi er breytingin til þess fallin að gera rekstur hins opinbera skilvirkari, hagræða með sameiningu og draga þannig úr kostnaði skattborgaranna af rekstri stofnana ríkisins. Má í þessu sambandi einkum nefna þá breytingu að sameina þau þrjú ráðuneyti sem helst hafa með atvinnulífið að gera í eitt atvinnuvegaráðuneyti, en af slíkri breytingu yrði talsvert fjárhagslegt hagræði fyrir hið opinbera.

Söguleg atriði.

Upphafleg verkaskipting Stjórnarráðsins tók mið af hefðbundinni skiptingu á viðfangsefnum opinberrar stjórnsýslu í Evrópu. Sú skipting átti einnig ýmislegt sammerkt með þáverandi skipulagi ráðuneyta í Danmörku. Í stofnlögum um Stjórnarráðið frá 1903 voru afar takmarkaðar leiðbeiningar um hvernig haga bæri skipulagi og starfsemi stjórnarráðsins og ráðherrar eða starfsmenn stjórnarráðsins tóku yfirleitt ákvarðanir um heildarskipan þess.

Þegar stjórnarskránni var breytt árið 1920 var ekki talið heimilt að takmarka vald konungs, og þar með ríkisstjórnar, til að ákveða tölu ráðherra, stofna ný ráðuneyti og færa verkefni milli þeirra með almennri löggjöf. Af þessu leiddi að í meginatriðum var öll stefnumörkun um málsmeðferð innan ráðuneyta og skipulag á efsta lagi stjórnsýslu ríkisins í höndum ríkisstjórnar en ekki löggjafarvaldsins og þróaðist stjórnsýslan án verulegrar íhlutunar frá því.

Ráðuneytum fjölgaði nokkuð á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar og var yfirleitt staðið óformlega að fjölguninni. Hún virðist ekki hafa átt rætur að rekja til fyrir fram mótaðrar stefnu um að rétt væri að deila starfsemi Stjórnarráðsins í auknum mæli niður í sérstakar stjórnarskrifstofur. Fjölgun ráðuneytanna endurspeglaði breyttar samfélagslegar áherslur þar sem hlutverk ríkisins í stjórn atvinnu- og efnahagsmála varð sífellt mikilvægara, samhliða aukinni áherslu á uppbyggingu velferðarkerfisins og opinberrar þjónustu á ýmsum sviðum. Hliðstæð þróun virðist hafa átt sér stað víðast hvar í Evrópu. Það voru þó ekki alltaf breyttar samfélagslegar ástæður sem lágu til grundvallar fjölgun ráðuneyta heldur stjórnunarlegar eða pólitískar ástæður sem tengdust tilteknum einstaklingum.

Frá lýðveldisstofnun og fram til ársins 1970 var gefinn út forsetaúrskurður um skiptingu verkefna milli ráðherra við sérhver stjórnarskipti. Sú verkaskipting var óháð verkefnum einstakra ráðuneyta og þannig var aldrei tryggt að einn ráðherra færi með öll málefni ákveðins ráðuneytis. Það var því varla unnt að líta á ráðuneytin sem sérstakrar skrifstofur ráðherra.

Þróun mála eftir gildistöku laga nr. 73/1969.

Óhætt mun að fullyrða að þróun Stjórnarráðsins hafi í áratugi verið mjög handahófskennd og í lok sjötta áratugarins og byrjun þess sjöunda þótti mörgum þingmönnum sem mikið skorti á að Stjórnarráðið sýndi öðrum ríkisstofnunum það góða fordæmi sem því bæri. Töldu ýmsir að glundroði einkenndi skipulag þess og málsmeðferð væri ábótavant. Stjórnarráðið hefði ekki staðið sig við mótun almennrar stefnu um uppbyggingu þess og ráðherrar ekki gætt hófs í skefjalausri fjölgun ráðuneyta. Í ljósi þessa þyrfti að styrkja vald Alþingis til íhlutunar um skipulag Stjórnarráðsins í því skyni að auka aðhald í rekstri ríkisins. Árið 1958 var skipuð nefnd til að endurskoða löggjöf um Stjórnarráðið sem skilaði af sér frumvarpsdrögum árið 1961. Þau drög voru lögð til hliðar og sjö ár liðu áður en unnið var að frekari frumvarpssmíði um Stjórnarráðið.

Nýtt frumvarp var lagt fram á haustþingi 1968 og samþykkt vorið 1969 sem lög nr. 73/1969. Lögin fólu í sér ýmis nýmæli sem miðuðu að því að gera skipulag Stjórnarráðsins skýrara en verið hafði. Þannig eru ráðuneytin talin upp í lögunum og óheimilt að stofna ráðuneyti eða leggja þau niður nema með lagasetningu. Var almenn samstaða meðal þingmanna um réttmæti þessarar breytingar. Þá varð sú breyting á að hvert ráðuneyti var lagt óskipti til eins og sama ráðherra. Með þessu átti að tryggja festu og skýrleika í skipulagi Stjórnarráðsins. Í lögunum er kveðið á um innra skipulag ráðuneyta en ákvæðin fólu í raun ekki í sér miklar breytingar heldur voru þau í meginatriðum lögfesting á þeirri skipan sem almennt var við lýði í ráðuneytunum, en eins og að framan greinir hafði uppbygging stjórnsýslunnar þróast á ómarkvissan hátt.

Við samþykkt laganna virðast hins vegar sjónarmið sem stuðluðu að fjölgun ráðuneyta hafa ráðið mestu en lögin fólu í sér verulega fjölgun ráðuneyta og var það ein umdeildasta breytingin. Einnig var það yfirlýst markmið laganna að hver höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar hefði sérstakt ráðuneyti sem stuðlaði eðli máls samkvæmt að aukinni greiningu Stjórnarráðsins í ráðuneyti. Áhersla var lögð á að nægjanlega mörg ráðuneyti væru til skiptanna við stjórnarmyndanir svo auðveldara væri að finna ákjósanlegt jafnvægi milli væntanlegra stjórnarflokka fremur en að hafa faglegan grundvöll að leiðarljósi við skiptingu Stjórnarráðsins í ráðuneyti.

Gallar á núverandi skipan Stjórnarráðsins.

Sú leið var valin þegar gildandi lög um Stjórnarráð Íslands voru sett að binda fjölda ráðuneyta og málefnaskiptingu þeirra í lög. Hún hefur þá kosti að málaflokkar tilheyra ávallt sama ráðuneyti og auðveldar það bæði almenningi og stjórnvöldum að átta sig á því hvar yfirstjórn viðkomandi málaflokks er. Sá böggull fylgir hins vegar skammrifi að ef skipan Stjórnarráðsins er ekki endurskoðuð reglulega er hætta á að hún endurspegli samfélagsaðstæður ekki nægilega vel. Jafnframt er hætta á því að málaflokkur heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti.

Þrátt fyrir að íslenskt samfélag hafi tekið miklum breytingum frá því að lög um Stjórnarráð Íslands voru sett árið 1969 hefur skipan ráðuneyta ekki verið breytt í takt við þjóðfélagsbreytingarnar þó að slík áform hafa verið uppi oftar en einu sinni. Meginatriðum laganna hefur ekki verið breytt frá því að þau voru sett og er málefnaskipan þeirra að mörgu leyti úr takti við samfélagsaðstæður og leiðir til ósveigjanleika og stöðnunar. Uppbygging stjórnsýslunnar hefur þannig einungis að mjög takmörkuðu leyti verið löguð að breytingum á stjórnarferlum íslenska ríkisins. Skipting Stjórnarráðsins í ráðuneyti byggðist á sínum tíma fyrst og fremst á pólitískum málamiðlunum milli stjórnarflokka án þess að tekið væri tillit til skipulags stjórnsýslunnar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um Stjórnarráð Íslands var kveðið á um að verkaskipting á milli ráðuneyta skyldi ákveðin með reglugerð sem forseti setti samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Ráðherranum bæri jafnan að gæta þess að undir ráðuneyti heyrðu málefni sem eðli sínu samkvæmt ættu þar heima og var þar vísað til upptalningar ráðuneytanna í 4. gr. frumvarpsins. Lögin sköpuðu þannig forsendur fyrir því að marka nýja heildarstefnu um verkaskiptingu ráðuneytanna. Hins vegar verður ekki séð að skipuleg greining hafi farið fram á hvernig best væri að ákveða samsetningu viðfangsefna einstakra ráðuneyta. Reyndist erfitt að víkja frá því fyrirkomulagi sem hafði fest sig í sessi og virðist hefðin hafa ráðið miklu í þessum efnum.

Að mörgu leyti ber reglugerð nr. 96/1969 svipmót þeirrar verkaskiptingar sem hafði einkennt Stjórnarráðið fyrir gildistöku laganna og fól hún ekki í sér verulega röskun á heildarskipan þess. Reglugerðin er einnig í ýmsum tilvikum orðin úrelt, enda eru þar víða talin upp stjórnvöld og verkefni sem eru ekki lengur á starfssviði viðkomandi ráðuneyta og ný lögbundin viðfangsefni eru ekki tilgreind þar. Þetta helgast af því að löggjafinn mælir almennt fyrir um það í ýmsum sérlögum hver skuli vera viðfangsefni stjórnvalda.

Eins og skipan Stjórnarráðsins er nú háttað heyra ýmsir málaflokkar undir fleiri en eitt ráðuneyti. Auk þess væru önnur verkefni betur komin undir öðru ráðuneyti en þau heyra undir í dag. Sem dæmi má nefna að ýmsar menningarstofnanir heyra undir forsætisráðuneyti, ekki heyra allir skólar undir menntamálaráðuneyti og sama á við um skipulag rannsóknarstarfsemi. Oft má rekja það til þess að umræddri starfsemi var ætlað að koma til móts við ólíkar þarfir afmarkaðra hópa. Á síðari árum hefur einnig orðið vart við þá tilhneigingu að leggja málefni undir fleiri en einn ráðherra eða jafnvel ríkisstjórnina í heild. Hefur slíkt fyrirkomulag gert málsmeðferð þyngri í vöfum og er einnig til þess fallið að draga úr ábyrgð einstakra ráðherra á stjórnarstörfum. Frá gildistöku laganna hefur fjöldi ráðherra færst nær fjölda ráðuneyta og því hefur smám saman dregið úr þeim sveigjanleika við stjórnarmyndun sem ríflegur fjöldi ráðuneyta átti að tryggja. Samhliða þessu hefur kostnaður við æðstu stjórn ríkisins aukist en nú eru 19% þingmanna ráðherrar.

Úrelt verkaskipting hvað atvinnulífið varðar.

Verkaskipting Stjórnarráðsins endurspeglar ekki nútímann. Skipan þess hefur verið að mestu óbreytt frá árinu 1969 ef frá er talin stofnun umhverfisráðuneytisins. Sannkölluð bylting hefur orðið, m.a. á sviði fjarskipta og margmiðlunar og í þekkingar- og vitundariðnaði nútímans. Þessar breytingar í tækni og atvinnuháttum, sem jafna má við iðnbyltinguna á sínum tíma, endurspeglast hvergi í uppbyggingu og verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Skipan Stjórnarráðsins byggist á fornaldarlegri skiptingu atvinnulífins í frumframleiðslugreinar, þ.e. sjávarútveg, landbúnað og iðnað, og skipta ráðuneyti þessara greina æ minna máli fyrir atvinnulíf landsmanna. Nýjar greinar fá hvorki athvarf né atlæti innan Stjórnarráðsins.

Sem dæmi um hversu forneskjuleg viðhorf búa þessu að baki má nefna að landbúnaður, sem hefur í kringum sig heilt ráðuneyti og viðamikið stoðkerfi kostnaðarsamra stofnana, þ.m.t. heilan háskóla, leggur til 1,5% landsframleiðslunnar. Hins vegar má nefna hátækniiðnað með um 4% landsframleiðslunnar. Þá má einnig nefna ferðaþjónustu sem leggur til 5% landsframleiðslunnar, en henni var holað niður í samgönguráðuneytinu án sterkra raka.

Það er viðtekin skoðun að hið opinbera eigi ekki að gera neinn greinarmun á mismunandi atvinnugreinum heldur skapa atvinnulífinu öllu sömu skilyrði til að vaxa. Það er hin útbreidda skoðun og vinnuaðferð í atvinnulífinu sjálfu. Öllum þessum greinum, gömlum og nýjum, væri best komið saman í einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti. Innan þess yrði stjórn-

sýsla og stefnumörkun fyrir atvinnulífið í heild færð til nútímanns. Stefnan yrði skýrari og áhrif sérhagsmuna minni.

Samfylkingin flutti þingsályktun um stofnun atvinnuvegaráðuneytis á 131. löggjafarþingi þar sem hún taldi það fyrsta og mikilvægasta skrefið í endurskipulagningu og nútímavæðingu Stjórnarráðsins. Var við það miðað að því verki væri lokið fyrir árslok 2006. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga.

Flutningur verkefna milli ráðuneyta.

Þegar skoðað er skipulag stjórnarráða á Norðurlöndunum kemur í ljós að fjöldi, skipulag og verkaskipting er með nokkuð mismunandi hætti milli landa. Þannig eru ráðuneytin 11 í Svíþjóð en 18 bæði í Danmörku og Noregi þó að verkaskipting ráðuneyta þeirra sé ólík. Skipulag danska stjórnarráðsins er ekki fest í lög og því auðvelt að laga það að pólitískum áherslum hverju sinni. Vinnuhópur á vegum framtíðarhóps Samfylkingarinnar, sem fjallaði um lýðræði og jafnrétti, skoðaði m.a. fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum. Hópurinn skoðaði m.a. kosti þess og galla að festa skipan Stjórnarráðsins í lög eða hafa fyrirkomulagið sveigjanlegra eins og í Danmörku. Það er niðurstaða flutningsmanna þessa frumvarps að skynsamlegra sé að binda skipulag Stjórnarráðsins í lög rétt eins og hér hefur verið gert og tíðkast í Svíþjóð og Noregi. Er fylgiskjal úr skilagrein hópsins birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi en frumvarpið byggist í meginatriðum m.a. á tillögum hópsins um breytta skipan Stjórnarráðsins. Hópurinn fór hins vegar ekki út í ítarlega skoðun á skiptingu verkefna milli einstakra ráðuneyta og hefur það verið útfært aðeins nánar í þessari greinargerð.

Í tillögum hópsins var gert ráð fyrir að stofnað yrði sérstakt innanríkisráðuneyti sem færi með flest þau mál sem nú heyra undir samgönguráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Að auki tæki ráðuneytið við sveitarstjórnarmálum frá félagsmálaráðuneyti og byggingarmálum frá umhverfisráðuneyti. Þá er eðlilegt að hið nýja innanríkisráðuneyti taki við byggðamálum sem hafa velkst um í stjórnarráðinu á undanförnum árum með tilheyrandi skorti á heildstæðri byggðastefnu og alvarlegum afleiðingum fyrir þróun byggðar í landinu. Vinnuhópur framtíðarhópsins gerði ráð fyrir að skipulagsmálin færu jafnframt undir innanríkisráðuneytið en færa má rök fyrir því að þau séu betur komin í umhverfisráðuneytinu eins og nú er.

Við uppstokkun verkefna einstakra ráðuneyta er mikilvægt að hafa í heiðri þá grunnreglu að eftirlit, vöktun og mat á auðlindum verði ekki á hendi sama ráðuneytis og fer með ákvarðanir um nýtingu auðlindanna og stjórnsýslu sem henni fylgir. Í því er fólginn augljós hagsmunaárekstur sem brýnt er að útrýma. Það er mat Samfylkingarinnar að meginverkefni stofnana eins og Skógræktarinnar og Landgræðslunnar eigi heima í umhverfisráðuneyti en ekki nýju atvinnuvegaráðuneyti og það sama gildir um Hafrannsóknastofnunina.

Fyrrnefndur vinnuhópur framtíðarhóps lagði til að málefni almannatrygginga og málefni aldraðra yrðu flutt frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Sama afstaða kom fram hjá hópi sem vann að stefnumótun í heilbrigðismálum og ýmis samtök aldraðra hafa látið þessa sömu skoðun í ljós. Fyrir þessu eru m.a. þau faglegu rök að stór hluti almannatrygginga, m.a. allt sem lýtur að lífeyristryggingum, sé í eðli sínu félagsleg þjónusta og eigi því betur heima í félagsmálaráðuneyti en heilbrigðisráðuneyti. Sömu rök eiga við um málefni aldraðra. Aldraðir þurfa vissulega á margvíslegri heilbrigðisþjónustu að halda en öldrun er ekki sjúkdómur og þess vegna á málaflokkurinn ekki heima í heilbrigðisráðuneytinu. Mikilvægt er að góð yfirsýn sé yfir þjónustu í þágu aldraðra og öll stefnumótun sé á einni og sömu hendi. Fer best á því að mati Samfylkingarinnar að málaflokkurinn verði vistaður í félagsmálaráðuneytinu en ábyrgð á þjónustunni og þróun hennar verði hjá sveitarfélögunum í landinu.

Samhliða flutningi þeirra verkefna Tryggingastofnunar, sem nú heyra undir lífeyristryggingasvið stofnunarinnar, til félagsmálaráðuneytis er ástæða til að skoða sérstaklega hvernig þeim verkefnum sem sjúkratryggingasvið Tryggingastofnunar sinnir í dag verði best fyrir komið. Í því sambandi þarf að taka skipulag heilbrigðisráðuneytis til sérstakrar skoðunar og greina á milli stefnumörkunar, greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu, framkvæmdar þjónustunnar og eftirlits með gæðum hennar. Mætti t.d. hugsa sér að sérstök stofnun undir heilbrigðisráðuneyti, sem lyti pólitískri stjórn kosinni af Alþingi, semdi um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu innan og utan sjúkrahúsa en landlæknisembættið sæi um eftirlit með gæðum þjónustunnar. Samhliða yrði sjálfstæði þeirra stofnana sem veita þjónustuna aukið frá því sem nú er enda lytu þær faglegri stjórn en ekki pólitískri.

Við endurskoðun verkefna einstakra ráðuneyta og flutning málaflokka milli þeirra verður að huga vel að nýjum málaflokkum sem mikilvægt er að sinna með sérstökum hætti meðan skilningur á þeim er að festa rætur í stjórnkerfinu. Á þetta m.a. við um jafnréttismál, málefni nýrra Íslendinga og þróun fjölmenningarsamfélags og þróun og notkun upplýsingatækni. Samfylkingin flutti þingsályktunartillögu á 130. löggjafarþingi um að fela forsætisráðuneytinu ábyrgð á því að skipulega yrði unnið að því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið stefnumótun og starfi allra ráðuneyta. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi voru m.a. þau að til að ná árangri í slíkri vinnu þyrfti einarðan pólitískan vilja á æðstu stöðum innan stjórnmála og stjórnsýslu. Ábyrgðin á slíkum verkefnum þarf að vera skýr og yfirlýst og hvíla á herðum þeirra sem fara með raunveruleg völd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ráðuneytum verði fækkað úr fjórtán í níu. Þannig verði iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Þessi ráðuneyti eru of mörg, of smá og ekki nógu skilvirk. Skal hið nýja ráðuneyti skal fara með stjórnsýslu og stefnumörkun sem varðar málefni allra atvinnugreina. Sem dæmi má nefna ferðaþjónustu, þekkingariðnað og aðrar atvinnugreinar sem heyra nú undir önnur ráðuneyti eða eiga ekki fastan stað í stjórnkerfinu. Sú skipan að ráðuneyti hafi eingöngu eina atvinnugrein að viðfangsefni hefur haft þau áhrif að öflugir hagsmunaaðilar á hverju sviði hafa á stundum haft óeðlilega mikil áhrif á þróun atvinnumála á Íslandi, oft gegn hagsmunum ríkis og almennings. Eðlilegra er að horft sé til hagsmuna atvinnulífsins sem heildar í stað þess að gæta í sífellu sérhagsmuna þröngs hóps. Færri og stærri ráðuneyti gera embættismönnum og starfsfólki ráðuneyta einnig hægara um vik að undirbúa langtímastefnumótun en ef ráðuneytin eru mörg og smá. Einnig fylgir aukin fagmennska stærri einingum þar sem hægt er að auka sérfræðiþekkingu og sérhæfingu. Slíkt er mjög mikilvægt í ekki stærra samfélagi.

Þá er talið eðlilegt að stöðu Hagstofu Íslands í stjórnskipan landsins verði breytt á þann veg að hún verði ríkisstofnun í stað ráðuneytis. Skipan mála var þannig í Danmörku þegar lög nr. 73/1969 voru sett hér á landi að upphaflega hafði Hagstofa Íslands svipaða stöðu í stjórnskipaninni og sú danska. Hlutverk Hagstofunnar er fyrst og fremst að sinna afmörkuðum og lögbundnum stjórnsýsluverkefnum en ekki að undirbúa stefnumótun ráðherra og því eðlilegra að hún hafi stöðu ríkisstofnunar en ráðuneytis. Verði frumvarp þetta að lögum yrði Hagstofan því sjálfstæð stofnun og skulu um hana sett sérstök lög.

Einnig er rétt að sameina dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti í eitt öflugt innanríkisráðuneyti sem að auki tæki við sveitastjórnar- og byggðamálum frá öðrum ráðuneytum. Slíkt mundi auka á sérfræðiþekkingu og fagmennsku, skapa heildarsýn í stjórn-

kerfinu yfir stöðu og þróun byggðar í landinu og hafa í för með sér að heildarhagsmunir þjóðarinnar yrðu hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku í málaflokknum fremur en sérhagsmunir.

Að lokum þykir eðlilegra að færa tryggingamál frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Heilbrigðismál og tryggingamál eru núna stærstu útgjaldaflokkar ríkisins. Eðlilegt er að skipta þessum fjármunum á milli tveggja ráðuneyta í stað þess að þeir fari í eitt ráðuneyti, eins og nú er. Almannatryggingakerfið á einnig margt sameiginlegt með félagslega kerfinu og skörun er á milli þeirra á mörgum sviðum. Sameining þessara málaflokka í einu ráðuneyti mundi auðvelda samvinnu í þessum málaflokkun og auka skilvirkni. Slíkt hefur í för með sér fjárhagslegt hagræði fyrir ríkið, auk þess sem auðveldara verður að tryggja að einstaklingar lendi ekki á milli kerfa, eins og gerist í núverandi kerfi.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru orðin „og hagstofustjóri“ felld brott og vísast í þeim efnum til 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Hagstofa Íslands verði ríkisstofnun en teljist ekki ráðuneyti.

Þá eru 3. og 4. mgr. 10. gr. laganna felld brott. Þar sem í frumvarpi þessu er gerð tillaga um fækkun ráðuneyta er óþarft að fleiri en eitt ráðuneyti lúti sömu yfirstjórn. Gildandi ákvæði endurspeglar hinn mikla fjölda ráðuneyta.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er gerð tillaga um að 12. gr. laganna falli brott enda fráleitt að starfsheiti einstakra starfsmanna ráðuneyta séu bundin í lög. Má segja að þetta lagaákvæði endurspegli hvað best hvers lags fornaldarfyrirbæri lögin eru.

Um 4. gr.

Lagt er til að frumvarpið taki gildi 1. júlí 2007. Helgast þessi langi frestur af því að ýmsar lagabreytingar þarf að gera, auk þess sem hið nýja fyrirkomulag verður að kynna og skipuleggja. Tímann fram að gildistöku verður því að nýta til að gera nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum. Með því að hafa gildistöku sumarið 2007 gefst tími fyrir þingið til að gera breytingar á löggjöf á næsta löggjafarþingi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að starfsmönnum ráðuneytisins Hagstofu Íslands verði boðið starf hjá stofnuninni Hagstofu Íslands. Er með ákvæðinu tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem umræddir starfsmenn verða ráðnir í en eftir sem áður gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um þessa starfsmenn.

Um réttindi annarra starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Jafnframt er kveðið á um að skipuð skuli nefnd sem m.a. skuli fjalla um skiptingu verkefna milli ráðuneyta og stöðu Hagstofu Íslands. Umrædd nefnd skal því taka afstöðu til þess hvar einstakar stofnanir, nefndir og ráð á vegum ríkisins eigi heima eftir að lögin hafa tekið gildi.

Fylgiskjal.

Úr skilagrein frá vinnuhópi um lýðræði og jafnrétti á vegum Framtíðarhóps Samfylkingarinnar.

Um Stjórnarráð Íslands.

Þó að upphaflega hafi þessum málum hér á landi verið skipað á svipaðan hátt og í Danmörku hafa lög um stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, haft í för með sér að þróum mála hér á landi hefur verið með allt öðrum hætti og leitt til þess ósveigjanleika og stöðnunar sem nú ríkir í þessum efnum. Í þeim lögum er fjöldi ráðuneyta og málefnaskipting þeirra bundin í lög og þarf lagabreytingu til þess að breyta skipaninni. Þessi leið hefur þá kosti að málaflokkar tilheyra ávallt sama ráðuneyti og auðveldar það bæði almenningi og stjórnvöldum að átta sig á því hvar yfirstjórn viðkomandi málaflokks er.

Þessi skipan hefur hins vegar þá galla að ef skipan stjórnarráðsins er ekki endurskoðuð reglulega er hætta á að skipanin hætti að endurspegla samfélagsaðstæður. Hún eykur jafnframt hættuna á því að málaflokkur heyri undir fleiri en eitt ráðuneyti, sbr. það sem kemur fram í lið 6 í skilagreininni.

Skipulag danska stjórnarráðsins er ekki fest í lög og er því mun sveigjanlegra og er auðveldara að laga að pólitískum áherslum hverju sinni. Danska forsætisráðherranum eru færð mun meiri völd heldur en forsætisráðherranum hér á landi. Hann er hvorki bundinn af lögum né reglugerðum við skiptingu ráðuneyta eða málefna milli ráðuneyta og ákvörðun um fjölda þeirra. Niðurstaða hans byggist á ákveðnum pólitískum sjónarmiðum og tengslum við myndun nýrra ríkisstjórna. Ýmsir þættir koma að sjálfsögðu inn í matið, svo sem samræming sjónarmiða í fjölflokka ríkisstjórn, jöfnun vægis flokkanna, stefnuyfirlýsingar þeirra, kröfur frá hagsmunaaðilum, kröfur frá stjórnsýslunni, breytt mat á hlutverki hins opinbera í opinberri umræðu og atriði af stjórnunarlegum og skipulagslegum toga eru þættir sem skipta máli.

Danska þingið getur þó tekið ákvörðun um að tiltekinn málaflokkur eigi að heyra undir tiltekið ráðuneyti en konungur þarf að staðfesta þá ákvörðun og er ávallt hægt að breyta skipaninni með konunglegri tilskipun.

Vel er hægt að hugsa sér að málum hér á landi verði hagað með svipuðum hætti og gert er í Danmörku. Ljóst er að eftir að forseti Íslands neitaði að staðfesta frumvarp ríkisstjórnarinnar um takmörkun á eignarhaldi fjölmiðla hefur staða hans breyst til frambúðar. Forsetinn mun hér eftir hafa mun pólitískari stöðu heldur en verið hefur undanfarin ár. Því væri vel hægt að hugsa sér að hægt væri að fela forseta það vald sem konungur hefur í Danmörku. Helstu kostir þessarar leiðar er sú að fjöldi og skipting ráðuneyta mundi endurspegla umhverfið á hverjum tíma. Stjórnmálaflokkar gætu þá hagað skipan stjórnarráðsins eftir þeirri stefnu sem sett var fram í kosningabaráttunni og með þeim hætti gert ljóst hver þeirra áherslumál væru. Einnig eru ýmsir gallar á þessari skipan sem rétt er að nefna. Hætta er á að almenningi og stjórnvöldum finnist flókið að málaflokkar séu sífellt að skipta um ráðuneyti og ekki sé ljóst hver fari með yfirstjórn viðkomandi málaflokks. Einnig er hætta á að málaflokkar „gleymist " og engu ráðuneyti verði falið að fara með yfirstjórn viðkomandi málaflokks. Að lokum ber að nefna að þessi skipan getur leitt til þess að ráðuneytum fjölgi mikið, sem mundi meðal annars hafa í för með sér aukinn kostnað.

Einnig er hægt að hugsa sér sambland af þeim leiðum sem nefndar voru að ofan þannig að höfuðmálaflokkar og -ráðuneyti yrðu ákveðnir í lögum en forsætisráðherra á hverjum tíma geti svo til viðbótar bætt við ráðuneytum og fært málaflokka sem samkvæmt lögum heyra ekki undir tiltekin ráðuneyti undir það ráðuneyti sem hann telur hentugast.

Dæmi um hvernig hægt er að breyta skipan Stjórnarráðsins:

Ráðuneytum fækkað úr þrettán í níu og að skipting þeirra verði sem hér segir:

1. Forsætisráðuneyti.
   Jafnréttismál (í víðum skilningi).
2. Utanríkisráðuneyti.
3. Fjármálaráðuneyti.
4. Félags- og tryggingamálaráðuneyti.
   Málefni almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar (þar á meðal málefni aldraðra) færð frá heilbrigðisráðuneyti
5. Heilbrigðisráðuneyti.
6. Menntamálaráðuneyti.
   Málefni menningar færð hingað frá t.d. forsætisráðuneyti (svo sem Gljúfrasteinn og Þjóðmenningarhús).
7. Viðskipta- og atvinnuvegaráðuneyti.
   Áður landbúnaðar-, sjávarútvegs-, viðskipta- og iðnaðarráðuneyti. Málefni ferðaiðnaðar færð frá samgönguráðuneyti.
8. Innanríkisráðuneyti.
   Áður samgöngu-, dómsmálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, ríkislögreglustjóri, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun.
   Sveitarstjórnarmál færð frá félagsmálaráðuneyti.
   Skipulags- og byggingarmál færð frá umhverfisráðuneyti.
9. Umhverfisráðuneyti.
   Málefni verndunar fiskstofna færð frá sjávarútvegsráðuneyti.

830. Svar [304. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um efnistöku úr botni Hvalfjarðar.

Ráðuneytið leitaði upplýsinga og aðstoðar Orkustofnunar við að svara fyrirspurninni.

1. *Hversu miklu af jarðefnum hefur verið dælt upp af botni Hvalfjarðar síðan efnistaka var leyfð þar?*

Í ágúst 1990 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til efnistöku á grundvelli laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Litlar upplýsingar eru í vörslum ráðuneytisins eða Orkustofnunar um efnistöku á árunum 1990 til 1999 enda voru engin ákvæði í leyfi Björgunar ehf. um upplýsingaskyldu eða skil gagna til stjórnvalda. Í skjalasafni ráðuneytisins fundust þó upplýsingar um efnistöku á tímabilinu frá september 1990 til október 1997 sem unnar höfðu verið úr dagbókum dæluskipa Björgunar ehf. Þar kemur fram að efnistaka í Hvalfirði á umræddu tímabili hafi numið 1.150.875 m^3. Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ráðuneytinu ekki tekist að afla upplýsinga um efnistöku í Hvalfirði á tímabilinu frá október 1997 til desember 1999.

Orkustofnun hafa borist magntölur um efnistöku úr botni Hvalfjarðar frá Björgun ehf. fyrir árin 2000–2004. Á þessum árum hefur samtals verið dælt upp 1.906.090 m^3 af efni úr botni Hvalfjarðar.

Samkvæmt þessu hefur efnistaka úr botni Hvalfjarðar frá árinu 1990 a.m.k. numið rúmum 3 milljónum rúmmetra á tímabilinum frá 1990 til 1997 og 2000 til 2004. Ef horft er til meðaltalstalna áranna 1990 til 1997 má gera ráð fyrir að efnistaka hafi verið í kringum 3.500.000 m^3.

2. *Er efnistaka í firðinum svæða- eða tímabilaskipt? Ef svo er, hvernig er skiptingin?*

Samkvæmt gögnum ráðuneytisins og þeim upplýsingum sem Orkustofnun hafa borist frá Björgun ehf. fyrir árin 2000-2004 hefur efnistaka fyrirtækisins farið fram á fjórum afmörkuðum svæðum í Hvalfirði. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu hefur efnistökunni ekki verið skipt niður í tímabil enda var ekki gerð krafa um það í leyfi Björgunar ehf.

3. *Hefur farið fram vistfræðilegt eftirlit á svæðinu og ef svo er, hvernig hefur því verið fylgt eftir?*

Af hálfu opinberra aðila hefur ekki farið fram vistfræðilegt eftirlit með efnistökusvæðinu í Hvalfirði. Leyfi Björgunar ehf. frá árinu 1990 var eingöngu háð því að fyrirtækið gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar vegna efnistökunnar. Ekki var nánar kveðið á um með hvaða hætti það skyldi gert.

Í greinargerð til umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um jarðefnanám á Faxaflóa, sem unnin var af Hjalta J. Guðmundssyni, Sigurði Ásbjörnssyni og Svövu Steinarsdóttur í október 2000, er kafli um áhrif efnistöku á lífríki. Þar kemur m.a. fram að engar vísindalegar rannsóknir hafi farið fram á áhrifum efnistöku í Faxaflóa á lífríkið. Þörf fyrir slíkar rannsóknir hafi margoft verið rædd hjá Hafrannsóknastofnuninni og Líffræðistofnun Háskóla Íslands, enda brýn nauðsyn talin á því að þær fari fram, en fjárskortur hafi hamlað verkinu. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafi hins vegar farið með dæluskipum út á efnistökusvæðin og séð lifandi skeljar og dýr í því seti sem dælt var upp.

4. *Hefur orðið veruleg breyting á einstökum botnsvæðum í firðinum?*

Breytingar á einstökum botnsvæðum hafa ekki verið rannsakaðar og því liggja ekki fyrir upplýsingar til að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

5. *Verður áfram leyfð efnistaka án skoðunar á botnsvæðum?*

Björgun ehf. hefur hafið undirbúning þess að sækja um endurnýjun leyfis efnistöku af hafsbotni á 17 svæðum í Kollafirði með tilkynningu til Skipulagsstofnunar, dags. 23. nóvember 2005. Í sama bréfi kemur fram að í næstu framtíð verði útbúin og lögð fram tilkynning varðandi efnistöku í námum í Hvalfirði og síðar um efnistöku í Faxaflóa.

Í því stjórnsýsluferli sem hafið er varðandi efnistöku Björgunar ehf. í Kollafirði mun koma í ljós hvort ráðist verður í skoðun á botnsvæðum í Kollafirði og að öðru jöfnu mun það sama eiga við í Hvalfirði þegar sótt verður um endurnýjun leyfis þar.

831. Svar [537. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um stofnstærðarmælingar á loðnu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margar stofnstærðarmælingar hafa verið gerðar á loðnu nú í janúar og febrúar?*
2. *Hvenær voru mælingarnar gerðar og með hvaða rannsóknaskipum?*
3. *Hvernig voru leiðarlínur rannsóknaskipa við mælingarnar og hvernig leit þéttleikadreifing loðnunnar út, færð á kort eftir mæligildum?*
4. *Hver var áætluð stærð loðnuárganga í hverri mælingu í fjölda og tonnum?*
5. *Hversu áreiðanlegar eru mælingarnar taldar af fiskifræðingum sem stjórnuðu leiðöngrunum?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar.

Fram til 20. janúar höfðu verið farnar þrjár yfirferðir yfir svæðið á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni fyrir austan en lítið sést. 26. janúar byrjaði fjórða yfirferðin sem gaf þá mælingu sem fyrir liggur og var grundvöllur ráðgjafar um heildarveiði úr stofninum á vertíðinni. Í febrúar hafa verið gerðar þrjár mælingar fyrir Suðurlandi, allar á hluta veiðistofnsins þegar göngur bárust inn á grunnið í þéttum torfum. Að undanskildri einni mælingu sem gerð var á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni hafa mælingar í janúar og febrúar verið gerðar á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni.

Leitarlínur skipanna eru sýndar á mynd 1 og þéttleikadreifing mælingar sem leiddi til tillögu um aflamark er sýnd á myndum 2 og 3.

Fjórða mælingin, sem fram fór 26. janúar til 1. febrúar, var grundvöllur að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark. Sú loðnumæling gaf 614 þús. tonna stofnstærð þar sem reiknað er með 21,3 g meðalþyngd og að þetta sé mest allt þriggja ára hrygningarloðna, sjá töflu. Við útreikninga á ráðlögðu heildaraflamarki er tekið tillit til vaxtar (þyngdaraukningar) og náttúrulegra affalla (M) samkvæmt ákveðnum (gefnum) forsendum um þessi gildi. Gert er ráð fyrir að mánaðarlegt M sé 0,035. Að gefnum þessum forsendum reiknaðist heildaraflamark 210 þús. tonn.

Mælingin er talin eins áreiðanleg og loðnumælingar geta verið á þessum árstíma. Veður var viðunandi og loðnan var dreifð og lítið um mjög þéttar lóðningar. Mælt var frá suðri til norðurs, á móti göngunni, sem gaf að mati leiðangursmanna um borð í rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni heillega yfirferð. Sýnataka úr veiðistofninum telst jafnframt góð (stöðvar eru sýndar á mynd 1).

Mynd 1. Leiðarlínur, togstöðvar og stöðvar með hitamælingum í loðnumælingu fyrir Austfjörðum, 26. janúar til 1. febrúar 2006.



Mynd 2. Hlutfallsleg dreifing loðnu fyrir Austurlandi, 26. janúar til 1. febrúar 2006.



Mynd 3. Bergmálsgildi loðnu fyrir Austurlandi, 26. janúar til 1. febrúar 2006.



Aldursgreindur veiðistofn loðnu úr mælingunni 26. janúar til 1. febrúar 2006.

Length	W	N Age 2	3	4	Numbers	Biomass	Total
12	5.9	146.62			147	865	
12.5	9.6	15.13	4.97		20	192	
13	9.4	21.77	208.91		231	2165	
13.5	10.2	4.97	576.36		581	5930	
14	12.3		708.53		709	8715	
14.5	14.7		1994.70		1995	29322	
15	16.5		2848.93		2849	47007	
15.5	19.3		3860.35	79.55	3940	76040	
16	21.4		6243.58	271.31	6515	139419	
16.5	24.3		4889.06	372.47	5262	127855	
17	26.2		4130.18	284.83	4415	115508	
17.5	28.2		1579.31	132.33	1712	48268	
18	31.7		360.55		361	11424	
18.5	32		39.35		39	1259	
	Total N	188.5	27444.8	1140.5	28773.7		
	Total B	1265	585128	27576		613969	
	Average W	6.7	21.3	24.2			21.3
	Average L	12.2	15.9	16.6			15.9
	% N	0.66	95.38	3.96	100.0		

832. Skýrsla [574. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2005.

1. Inngangur.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndarfunda fjórum sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö íslenskir alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra (ásamt sjálfstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn um mánaðarmótin október/nóvember, er fjallað um framkomnar tillögur og sendir þingið frá sér tilmæli til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa þinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norður-

landaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál, svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandasamvinnunnar. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi starfsársins 2005 skipuðu Íslandsdeildina þau Jónína Bjartmarz formaður, þingflokki Framsóknarflokks, Drífa Hjartardóttir varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Rannveig Guðmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Sigurður Kári Kristjánsson þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Mörður Árnason, þingflokki Samfylkingarinnar, Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, Bjarni Benediktsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Gunnarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Ný Íslandsdeild var kosin 3. október við upphaf 132. þings. Ein breyting varð á skipan aðalmanna þar sem Kjartan Ólafsson tók við af Sigurði Kára Kristjánssyni. Þær breytingar urðu á varamönnum að Ásta Möller tók við af Kjartani Ólafssyni, Katrín Júlíusdóttir tók við af Jóni Gunnarssyni og Sigurrós Þorgrímsdóttir tók sæti Péturs H. Blöndals. Á fundi Íslandsdeildar 5. október var Jónína Bjartmarz kjörin formaður deildarinnar og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á starfsárinu 2005.

2.2. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Á 56. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 1.–3. nóvember 2004 var kosið í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2005. Rannveig Guðmundsdóttir var kjörin forseti Norðurlandaráðs og Jónína Bjartmarz varaforseti. Nefndarseta Íslandsdeildar var sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz áttu sæti í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd sátu Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Arnbjörg Sveinsdóttir sat í velferðarnefnd. Í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sat Ásta R. Jóhannesdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson átti sæti í borgara- og neytendanefnd. Sigurður Kári sat einnig í eftirlitsnefnd. Þegar Kjartan Ólafsson tók sæti í Íslandsdeildinni í stað Sigurðar Kára Kristjánssonar tók hann jafnframt sæti Sigurðar Kára í borgara- og neytendanefnd og eftirlitsnefnd.

Auk nefndarsetu sátu meðlimir Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Rannveig Guðmundsdóttir gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá Þingmannanefnd um norðurskautsmál. Jónína Bjartmarz gegndi formennsku í stjórn Norræna menningarsjóðsins og Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans.

2.3. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá svo og gagnkvæm upplýsingaskipti meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs. Þá var ítarlega rætt um undirbúning og skipulag 57. þing Norðurlandaráðs sem fram fór í Reykjavík 25.–27. október (sjá 7. kafla). Töluvert var rætt um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs en eftir breytingar á skipulagi ráðsins sem tóku gildi 1. janúar 2002 hefur verið lögð áhersla á nánari tengsl við þing ríkjanna og hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum eftir heima í héraði. Voru tilmæli Norðurlandaráðs frá starfsárinu 2004 þýdd á íslensku og send fastanefndum Alþingis. Hugmyndin að baki þessari ráðstöfun er sú að fastanefndirnar fái tilmælin til upplýsingar og geti jafnframt fylgt þeim eftir í löggjafarstarfi þegar við á. Þá var á fundum Íslandsdeildar rætt um skipan meðlima Íslandsdeildar í nefndir Norðurlandaráðs og nauðsyn þess að Íslandsdeild fengi fulltrúa í sem flestum af hinum fimm málefnanefndum Norðurlandaráðs.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Sigríði A. Þórðardóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og fór hann fram í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 12. október. Fundurinn var haldinn í aðdraganda 57. Norðurlandaráðsþings og var þingið sjálft, dagskrá þess og skipulag helsta umræðuefnið. Rætt var um áherslur í starfi Norðurlandaráðs annars vegar og Norrænu ráðherranefndarinnar hins vegar. Jónína Bjartmarz kynnti áherslumál Norðurlandaráðs fyrir starfsárið 2006 en fjögur þemu hafa verið sett á oddinn:

a. áframhaldandi vinna að afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum,
b. þróun norræns samstarfs með nánari tengingu við þjóðþingin,
c. alþjóðastarf sem beinist m.a. að því að brúa bilið á milli ESB/ESS-svæðisins og Rússlands, og
d. umhverfis- og atvinnumál á Norðurskautssvæðinu og Vestur-Norðurlöndum.

Hver málefnanefnd Norðurlandaráðs skilgreinir svo forgangsmál sín út frá þessum fjórum þemum. Nokkuð var rætt um skipulagsbreytingar hjá Norrænu ráðherranefndinni þar sem ráðherranefndum var fækkað úr 18 í 11 og þá lýstu meðlimir Íslandsdeildar áhyggjum af hugmyndum um breytingar á sameiginlegri upplýsingadeild Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þá hélt Íslandsdeildin fund með upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Farið var yfir skipulag fjölmiðlamála á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík og rætt hvernig vekja mætti athygli fjölmiðla og tryggja umfjöllun um norræn málefni. Kynnti upplýsingaskrifstofa hugmyndir um útgáfuefni, blaðamannafundi og aðrar uppákomur.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 31. ágúst en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur eða ein milljón íslenskra króna. Alls bárust sjö umsóknir og ákvað Íslandsdeildin að veita fimm umsækjendum styrk. Hugrún B. Hjaltadóttir hlaut styrk að upphæð 350.000 kr., Helgi Bjarnason og Auðunn Arnórsson hlutu 250.000 kr. hvor, Agnes Bragadóttir hlaut 100.000 kr. og Brynja Dögg Friðriksdóttir 50.000 kr.

Norðurlandaráð hefur ár hvert boðið hópi þingmanna frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi í námsferð til norrænnar höfuðborgar til að kynna sér lýðræðislega og gagnsæja stjórnarhætti. Eftir að Eystrasaltsríkin gengu í ESB verða einungis rússneskir þingmenn í þessum námsferðum og tók sú breyting gildi árið 2005. Þá var námsheimsókn skipulögð til Íslands í fyrsta skipti og var Íslandsdeildin gestgjafi 19 rússneskra þingmanna dagana 23.–24. maí. Rússnesku þingmennirnir kynntu sér starfsemi Alþingis, áttu fundi með Íslandsdeild

Norðurlandaráðs, fulltrúum þingflokka og Valgerði Sverrisdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda. Þá heimsóttu þingmennirnir félagsmálaráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

2.4. Forseti Norðurlandaráðs.

Rannveig Guðmundsdóttir gegndi starfi forseta Norðurlandaráðs á árinu og Jónína Bjartmarz starfi varaforseta. Hlutverk forseta er einkum að leiða og samhæfa störf forsætisnefndar, stjórna fundum nefndarinnar og ekki síst að koma fram fyrir hönd Norðurlandaráðs gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Þá hefur forseti mikilvægu hlutverki að gegna varðandi stefnumótun í málefnum skrifstofu Norðurlandaráðs og vinnur náið með framkvæmdastjóra skrifstofunnar. Forseti sótti fjölmarga fundi og ráðstefnur erlendis fyrir hönd Norðurlandaráðs en allur kostnaður við störf forsetans er greiddur af skrifstofu ráðsins. Er hér greint frá þeim helstu en að öðru leyti er vísað til kafla 3.1 um starfsemi forsætisnefndar.

Fyrsta opinbera verkefni forseta var að opna ráðstefnu Norræna menningarsjóðsins um norrænan málskilning sem fram fór á ráðstefnusetrinu Schæffergården skammt fyrir utan Kaupmannahöfn 12.–13. janúar. Þá var forseti heiðursgestur og aðalræðumaður við opnun norrænnar óperuhátíðar í Kristjánssundi í Noregi 3. febrúar.

Forseti tók þátt í fundi þings Samveldis sjálfstæðra ríkja sem fram fór í Pétursborg 15.–16. apríl. Þingið er samráðsvettvangur þingmanna frá ríkjum Sovétríkjanna fyrrverandi. Þingið var helgað því að 60 ár eru liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldar og heiðraði framlag og fórnir þjóða austantjaldslandanna fyrrverandi í baráttunni gegn nasismanum. Forseti Norðurlandaráðs flutti ávarp við þingsetningu og sagði m.a. að það væri sárt að sjá nýjustu einræðistilburði í Evrópu í ljósi þeirrar reynslu sem menn hafa af einræðisstjórn og skorti á lýðræði. Það væri verkefni stjórnmálamanna að vera öryggisventill lýðræðisins og beina kastljósinu að öllu sem ógnar lýðræðinu. Í Pétursborg átti forseti fund með Sergei Mironov, forseta Sambandsráðsins (efri deildar rússneska þingsins) og forseta þings Samveldis sjálfstæðra ríkja, og var rætt um leiðir til að auka samstarf rússneska þingsins og Norðurlandaráðs.

Forseti sótti alþjóðlegan fund um efnahagsmál (International Economic Forum) í Pétursborg 12.–16. júní. Í tengslum við hann fór fram fundur Þingmannanefndar um norðurskautsmál sem forseti sótti einnig. Fyrrnefndi fundurinn var helgaður efnahagsþróun á norðurslóðum en Rússar fóru með formennsku í Norðurskautsráðinu. Í tengslum við fundinn átti forseti fund með fulltrúum rússnesku Dúmunnar, þeim Artur Chilingarov, varaforseta og Valentin Luntsevich þingmanni.

Í byrjun júlí tók forseti þátt í norræna deginum á heimssýningunni EXPO 2005 í Aichi í Japan en Norðurlöndin stóðu sameiginlega að þátttöku í sýningunni og reistu sameiginlegan sýningarskála. Meginþemu á norræna deginum voru norræn og japönsk reynsla af jafnrétti og sérstök málstofa var haldin um það málefni. Í ávarpi sínu lagði forseti sérstaka áherslu á hvernig norræna velferðarkerfið hefur gert fólki kleift að sameina fjölskyldulíf og starfsframa, og hvernig það er grunnur þess að Norðurlönd skara fram úr í jafnréttismálum á heimsvísu.

Í ágúst sótti forseti ársfund Vestnorræna ráðsins sem fram fór á Ísafirði. Í ávarpi forseta var gerð grein fyrir því hvernig Norðurlandaráð hefur beint sjónum sínum að vestnorræna svæðinu á íslenska forsetaárinu og nefndi forseti sérstaklega starf efnahags- og viðskiptanefndar ráðsins. Nefndin tók vestnorræn samgöngu- og byggðamál til sérstakrar umfjöllunar á starfsárinu (sjá kafla 3.3).

Forseti fór fyrir sendinefnd Norðurlandaráðs á 14. Eystrasaltsþinginu í Vilníus í lok ágúst þar sem meginþemu voru þingmannasamvinna á Eystrasaltssvæðinu og hvernig mætti stuðla

að stöðugleika og tryggja lýðræði í sessi. Þá ávarpaði forseti fund jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins í Reykjavík um miðjan september. Í byrjun október kynnti forseti Sjón, handhafa bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, fyrir dönsku fjölmiðlafólki á blaðamannafundi sem haldinn var í salarkynnum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Fundurinn var haldinn til að kynna danska útgáfu verðlaunabókarinnar Skugga-Baldurs (sjá 4. kafla). Dagana 6.–8. október hélt forseti til Pétursborgar og sótti alþjóðlegu ráðstefnuna Konur og lýðræði. Forseti flutti lokaræðu ráðstefnunnar og ræddi þar m.a. aðgerðir gegn mansali barna og kvenna, og fæðingarorlofslög sem tæki í jafnréttisbaráttu. Í nóvember sótti forseti ársfund Svartahafsþingsins í Tirana og hélt erindi um norrænt samstarf og skipulag þess. Jafnframt átti forseti tvíhliða fund með Jozefina Topalli, forseta albanska þingsins og Svartahafsþingsins. Var einkum rætt um spillingu í Albaníu og baráttu gegn glæpastarfsemi og mansali. Að loknu Svartahafsþinginu fór forseti fyrir sendinefnd forsætisnefndar Norðurlandaráðs á Eystrasaltsþinginu sem haldið var í Tallinn 24.–26. nóvember.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Af hálfu Íslandsdeildar sátu Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz í forsætisnefnd. Rannveig stýrði starfi og fundum nefndarinnar sem forseti Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd er skipuð forseta, og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2005, líkt og áður hafði verið gert. Eftir breytingar á nefndakerfi Norðurlandaráðs sem tóku gildi árið 2002 er aukin áhersla lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri stofnanir. Forsætisnefnd fjallar um þær tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd hélt sjö fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir forsætisnefndar og ýmissa aðila, m.a. hefðbundnir fundir nefndarinnar með norrænu forsætisráðherrunum og utanríkisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs.

Venja er að forsætisnefnd haldi marsfund sinn í því landi sem fer með embætti forseta. Forsætisnefnd fundaði því hér á landi 7.–8. mars í boði Íslandsdeildar. Fundurinn fór fram í fundarsölum nefndasviðs Alþingis en auk þess gekkst forsætisnefnd fyrir málstofu um jafnréttismál í Norræna húsinu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Málstofan var haldin að frumkvæði íslensku fulltrúanna og á henni var fjallað um þrjú þemu frá norrænum sjónarhóli: Konur og atvinnulíf, konur og stjórnmálin, og karla og jafnréttisbaráttuna. Jónína Bjartmarz stjórnaði málstofunni en frummælendur voru Rannveig Guðmundsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, Lilja Mósesdóttir, verkefnastjóri norrænnar úttektar á kynbundnum launamun, Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi formaður lýðræðisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar, Lenita Freidenvall frá Stokkhólmsháskóla, Knut Oftung frá Norrænu rannsóknarstofnuninni í kvenna- og kynjafræðum og Gísli Hrafn Atlason mannfræðingur.

Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna viðræður við forseta norrænu þjóðþinganna um stöðu og framtíð norræns samstarfs sem hófust í maí árið 2004. Jørgen Kosmo, forseti Stórþingsins, var talsmaður þingforsetanna í þessum viðræðum þar sem m.a. var rætt um að efla tenginguna milli starfsins í Norðurlandaráði og á þjóðþingunum, leiðir til að tryggja skilvirkni í starfi ráðsins auk þess sem hlutverk ráðsins í þingmannasamstarfi í Norður-Evrópu var skoðað. Viðræðunum lauk á fundi Kosmos og forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Bodø 29. júní. Þar var m.a. ákveðið að til þess að efla tengslin við þingin mundi Norðurlandaráð bjóða forsetum þjóðþinganna til árlegra viðræðna um forgangsröðun í starfi ráðsins. Fulltrúum þingnefnda þjóðþinganna verður jafnframt boðið á nefndarfundi á vegum Norðurlandaráðs þegar tilefni þykir til. Auk þess verður leitast við að tryggja að nefndarseta þingmanna í Norðurlandaráði svari til nefndarsetu þeirra í þjóðþingunum. Fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs verður kynnt og rædd við forseta þjóðþinganna en um það sjá formenn einstakra landsdeilda. Norðurlandaráð á að geta gegnt samhæfingarhlutverki á milli þeirra mörgu stofnana þar sem þingmannasamstarf fer fram í Norður-Evrópu þegar það á við til að koma í veg fyrir óskilvirkni og tvíverknað. Norðurlandaráð verður áfram þingræðisleg vídd í norræna ráðherrasamstarfinu, þróar samstarfið við Eystrasaltsráðið og eykur tengsl við Rússland.

Flóðin í Suðaustur-Asíu í lok ársins 2004 voru til umræðu á fundi forsætisnefndar í janúar. Nefndin taldi að reynslan af náttúruhamförunum sýndi að hægt væri, með betra skipulagi, að bæta norræna samvinnu um neyðarhjálp þegar hamfarir verða og hættuástand skapast. Það mundi gagnast Norðurlandabúum hvar sem er í heiminum og jafnframt gera aðgerðir á hamfarasvæðum skilvirkari. Í yfirlýsingu forsætisnefndar kom fram að það ætti að vera hægt að nota NORDCAPS-kerfið svokallaða (norræna friðargæsluliðið) sem fyrirmynd að norrænni verkskiptingu og samræmdri aðstoð við hamfarir og hættuástand. Á árinu starfaði sérstakur vinnuhópur forsætisnefndar um samfélagsöryggi á breiðum grunni og átti Jónína Bjartmarz sæti í hópnum.

Á árinu vann sameiginlegur vinnuhópur forsætisnefndar Norðurlandaráðs og forsætisnefndar Eystrasaltsþingsins að skýrslu um framtíð og skipulag samstarfs þessara samtaka í ljósi breyttrar pólitískrar stöðu við Eystrasaltið eftir stækkun ESB og NATO til austurs. Lokaskýrsla vinnuhópsins var lögð fyrir sameiginlegan fund Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins (sjá 6. kafla). Í skýrslunni er m.a. kveðið á um að löndin eigi ýmsa sameiginlega hagsmuni innan ESB/EES-samstarfsins og að þau geti nýtt samtakamátt sinn til að halda þeim á lofti. Sérstök áhersla er lögð á samstarfið við hina nýju granna ESB til austurs. Skipulag framtíðarstarfsins verður sveigjanlegra en áður, málefnanefndir samtakanna tveggja munu eiga beint samstarf eftir því sem tilefni gefst til, sameiginlegum vinnuhópum verður komið á og árlegir samráðsfundir forsætisnefnda og nefndarformanna leysa stóru sameiginlegu fundina af hólmi.

Forsætisnefnd tók málefni sem varða stöðu sjálfsstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi til sérstakrar umræðu á árinu. Rót þess var ósk Færeyinga um fulla aðild að ráðinu sem sett var fram árið 2003 og ný umræða um þau mál í kjölfar heimsóknar Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, til Færeyja í ágúst sl. Forsætisnefnd tók málefni sjálfsstjórnarsvæðanna upp á árlegum fundi með forsætisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs. Forsætisráðherranir fólu norrænu samstarfsráðherrunum að gera úttekt á því hvernig efla megi hlut sjálfsstjórnarsvæðanna í norrænu samstarfi.

3.2. Menningar- og menntamálanefnd.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti. Enginn íslenskur fulltrúi sat í nefndinni á starfsárinu 2005.

Menningar- og menntamálanefnd vann tillögu um stuðning til eflingar tengslaneti frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Þá voru norðurskautsrannsóknir á borði nefndarinnar og var tillaga unnin um greiningu á þekkingarþörf og áframhaldandi norrænum rannsóknum á sviði loftslags- og umhverfisbreytinga á norðurskautssvæðinu. Málefni sem varða fjárhættuspil, happadrætti og spilafíkn voru einnig til umfjöllunar. Þá var tillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um nýtt skipulag samstarfs á sviði menningarmála tekin fyrir í nefndinni.

3.3. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd voru Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon sem gegndu stöðu formanns og varaformanns nefndarinnar. Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Á starfsárinu beindi nefndin sjónum að afnámi landamærahindrana í atvinnulífi Norðurlanda og fjallaði um málefni sem varða opinn hugbúnað og opna hugbúnaðarstaðla, vinnumarkaðssamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, útvistun (e. outsourcing) og vestnorræna samgöngu- og byggðastefnu. Þá vann vinnuhópur, sem Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í, tillögu um tilhögun evrópsks hugbúnaðareinkaleyfis.

Í maí gekkst nefndin fyrir ráðstefnu um útvistun og innvistun (e. outsourcing/insourcing) í Kaupmannahöfn í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina. Rætt var um aukna útvistun norrænna fyrirtækja á framleiðslu sinni til landa eins og Kína og Indlands þar sem framleiðslukostnaður er mun lægri en á Norðurlöndum og hvernig það styrkti samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á heimsmarkaði. Jafnframt var rætt um hvernig Norðurlönd gætu lagað til sín auknar fjárfestingar og möguleika þess að þær stofnanir sem vinna að því að laða að fjárfestingar í einstökum löndum gætu unnið saman að því að markaðssetja Norðurlönd sem fjárfestingarsvæði. Áhersla var lögð á að samkeppnin nú snerist ekki lengur einungis um ódýrara vinnuafl heldur í vaxandi mæli um háskólamenntað fólk sem Asíuríki væru sérstaklega dugleg að mennta, t.d. hönnuði, hugbúnaðarfólk, verkfræðinga o.s.frv. Þess vegna yrði að leggja ofuráherslu á rannsóknir og menntun á Norðurlöndum því samkeppnisstaða þeirra stæði og félli með því að löndin haldi sessi sínum sem háþróuð þekkingarsamfélög í fremstu röð.

Í samræmi við áherslur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar á málefni Vestur-Norðurlanda árið 2004 hóf efnahags- og viðskiptanefnd að kynna sér vestnorræn samgöngu- og byggðamál. Því var haldið áfram á starfsárinu 2005 og var sumarfundur nefndarinnar helgaður þessum málefnum. Sumarferðin var farin til Íslands og Grænlands dagana 15.–19. ágúst. Átti nefndin fundi með rekstrarfélagi ferjunnar Norrænu, Flugfélagi Íslands, Grænlandsflugi og óháðum sérfræðingum. Á Grænlandi kynnti nefndin sér stöðu ferðaþjónustu og framtíðarhorfur í greininni, m.a. möguleika á nánari samvinnu ferðaþjónustuaðila á Íslandi og Grænlandi á þeim stöðum þar sem boðið er upp á beint flug á milli landanna. Þá

heimsótti nefndin bóndabæi og ræddi við fulltrúa landbúnaðarstofnunar heimastjórnarinnar um stöðu landbúnaðar á Grænlandi. Í Qaqortoq, stærsta bæ Suður-Grænlands, átti nefndin fund með bæjaryfirvöldum og heimsótti fiskmarkað, fiskvinnslu og verslunarskóla bæjarins auk skinnavinnslu Great Greenland.

Á árinu sóttu Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon nokkrar ráðstefnur sem formaður og varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar. Þau fóru fyrir sendinefnd í vinnuheimsókn til Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) í Genf í mars. Þá sótti Drífa ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um veikindafjarveru frá vinnustöðum í Kaupmannahöfn í apríl, 14. Eystrasaltsráðstefnuna í Vilníus í ágúst, og fund WTO í Hong Kong í desember.

3.4. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd var Ásta R. Jóhannesdóttir. Nefndin annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Á starfsárinu 2005 lagði umhverfis- og náttúruauðlindanefnd m.a. áherslu á orkumál og vann tillögu um úttekt á framtíðarspám um raforkunotkun á Norðurlöndum og fyrirliggjandi áætlunum til að auka raforkuframnleiðslu. Þá fjallaði nefndin um framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf um orkumál 2006–2009. Fleiri áætlanir ráðherranefndarinnar komu til afgreiðslu nefndarinnar, svo sem endurnýjuð stefna um sjálfbæra þróun 2005–2008, framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði umhverfismála 2005–2008, og framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði fiskveiða, landbúnaðar, skógræktar og matvæla 2005–2008.

Þá fjallaði nefndin um umhverfismál hafsins með áherslu á Eystrasaltið og vann að þeim málum í samvinnu við umhverfisnefnd Eystrasaltsþingsins.

Á starfsárinu 2004 kom umhverfis- og náttúruauðlindanefnd á fót vinnuhópi til að skipuleggja ráðstefnu um framtíðarhorfur strandveiða á Norðurlöndum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem sat í nefndinni sem varamaður, tók sæti í vinnuhópnum og starfaði í honum þar til ráðstefnan fór fram í Grenå 2.–3. maí.

Sumarfundur nefndarinnar fór fram í Kalmar og var orkubúskapur Svíþjóðar til skoðunar, möguleikar á endurnýjanlegri orku en einnig litið til þess hvernig kjarnorkuframleiðslu og meðhöndlun kjarnorkuúrgangs er háttað.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík hélt umhverfis- og náttúruauðlindanefnd fund með fulltrúum sjávarútvegsnefndar Alþingis þar sem skipst var á skoðunum um stjórnkerfi fiskveiða og þróun strandveiða.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fulltrúi nefndarinnar á Eystrasaltsdeginum í Pétursborg og á ráðstefnu um olíu- og gasvinnslu á norðurskautssvæðinu á sama stað.

3.5. Velferðarnefnd.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar í velferðarnefnd. Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, bygginga- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, börnum og unglingum, og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Á árinu 2005 fjallaði nefndin sérstaklega um geðheilbrigðismál, aðbúnað geðsjúkra og stöðu þeirra í heibrigðiskerfum norrænu landanna. Meðal annars var horft til þess hvernig Norðurlöndin geta miðlað reynslu sín á milli, aðkomu frjálsra félagasamtaka að aðstoð við geðsjúka, og barnageðlækningar og aðstæður ungmenna á geðdeildum. Við almenna nefndar-

fundi hafa sérfræðingar í hverju landi fyrir sig gengið á fund nefndarinnar og gert grein fyrir stöðu mála. Sumarfundur nefndarinnar fór fram í Nord-Karelen í Finnlandi og var helgaður stöðu geðheilbrigðismála í Finnlandi, bæði almennt og einnig staðbundið í Nord-Karelen. Á árinu vann velferðarnefnd tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um aðlögun laga og ákvæða sem varða málefni fatlaðra svo þau taki einnig til geðfatlaðra. Velferðarnefnd mun vinna áfram með geðheilbrigðismál á yfirstandandi ári.

Arnbjörg sótti í apríl ráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um veikindafjarveru frá vinnustöðum fyrir hönd nefndarinnar.

3.6. Borgara- og neytendanefnd.

Í upphafi árs sat Sigurður Kári Kristjánsson í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs. Eftir að ný Íslandsdeild var kosin 3. október tók Kjartan Ólafsson við sæti Sigurðar í nefndinni. Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Á starfsárinu beindi nefndin sjónum sínum sérstaklega að málefnum sem varða jafnréttismál frá sjónarhóli karla, stöðu minnihlutahópa með áherslu á réttindi frumbyggja, skipulagðri glæpastarfsemi og mansali, auk baráttu gegn spillingu. Nefndin vann tillögu til Norrænu ráðherranefndarinnar um að kanna áhrif þess á rannsóknir lögreglu á mansali að veita fórnarlömbum þess dvalarleyfi í móttökulandinu. Að auki vann nefndin tillögu um að utanríkisráðherrar Norðurlanda gefi Norðurlandaráðsþingi 2006 skýrslu um starf vinnuhóps Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um baráttu gegn mansali. Þá var unnin tillaga um þróun heilbrigðis- og atvinnumála meðal frumbyggja á Barentssvæðinu. Einnig lagði nefndin til að haldin yrði ráðstefna um spillingu í Pétursborg. Þá hafði nefndin tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um áætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála 2006–2010 til afgreiðslu.

Sumarfundur borgara- og neytendanefndar var haldinn í Strassborg þar sem nefndin fundaði með fulltrúum ólíkra nefnda Evrópuráðsþingsins.

3.7. Eftirlitsnefnd.

Í upphafi árs var Sigurður Kári Kristjánsson fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Eftir að ný Íslandsdeild var kosin 3. október tók Kjartan Ólafsson við sæti Sigurðar í nefndinni. Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins. Fyrir utan hefðbundin störf gerði eftirlitsnefnd á starfsárinu 2005 sérstaka úttekt á tungumálaskilningi og tungumálasamstarfi á Norðurlöndum.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun, og kvikmyndaverðlaun. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 26. október.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) hlaut verðlaunin árið 2005 fyrir Skugga-Baldur en verkið er rómantísk skáldsaga sem

gerist á Íslandi um miðja 19. öld. Í rökstuðningi dómnefndar segir m.a. að í Skugga-Baldri þræði Sjón einstigið milli ljóðs og prósa. Í skáldsögunni séu ofin saman minni úr íslenskum þjóðsögum, rómantísk frásögn og heillandi saga þar sem siðfræðilegar spurningar nútímans skjóti upp kollinum.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarhópurinn Cikada frá Noregi hlaut verðlaunin árið 2005. Dómnefndin rökstuddi val sitt með því að Cikada væri mikilvægur fulltrúi nútímatónlistar á Norðurlöndum og lagði ríka áherslu á sérstakan stíl hópsins og lifandi og nýstárlegan flutning tónlistar í ýmiss konar stíl.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 var samþykkt að koma á árlegum náttúru- og umhverfisverðlaunum. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni tillitssemi. Norski líffræðingurinn Ann-Cecilie Norderhaug hlaut verðlaunin árið 2005 fyrir framlag sitt til verndunar menningarlandslags á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 verða þau veitt árlega og fá því fastan sess í norrænu samstarfi og viðburðum á vegum þess. Danska kvikmyndin Morðið (Drabet) eftir Per Fly hlaut verðlaunin árið 2005. Í rökstuðningi dómnefndar segir m.a. að Morðið sé látlaus mynd sem fjalli um að bera ábyrgð á gerðum sínum og fylgja samvisku sinni. Í frásögn séu aðferðir raunsæis nýttar og flókin harmsaga sé sögð á einfaldan hátt, án þess þó að dregið sé úr áhrifamætti hennar. Þetta sé norræn kvikmyndalist, saga sem sé sögð beint frá hjartanu um sígilt efni, og það sé gert á tungumáli og forsendum okkar tíma.

Framangreind verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

5. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kemur að jafnaði saman til nefndafunda fjórum sinnum á ári til þess að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing. Í tengslum við þessa nefndafundi fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem eitthvert eitt efni er tekið fyrir.

5.1. Janúarfundur Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Kaupmannahöfn dagana 26.–27. janúar. Auk hefðbundinna funda í nefndum og flokkahópum var haldinn einn sameiginlegur fundur alls ráðsins og fjallaði hann um líftækni og möguleika á samræmdri norrænni líftæknistefnu. Í upphafsávarpi sínu sagði Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, að líftækni væri hlutgervingur hinnar hröðu tækniþróunar síðustu áratuga, en þótt hún byði upp á ótrúlega möguleika bæði á sviði læknavísinda og sem atvinnugrein, þá vekti hún upp margar áleitnar siðferðislegar spurningar. Sem dæmi um það vísaði forseti til þeirra umræðna og deilna sem hafa verið um klónun annars vegar og notkun á stofnfrumum í lækningaskyni hins vegar. Á fundinum var einnig rætt um þá efnahagslegu möguleika sem líftækni býður upp á, bæði sem sjálfstæð atvinnugrein og til hagræðingar í heilbrigðismálum. Hið síðastnefnda gerði Lena Koch að umtalsefni í erindi sínu og sagði skorta á að talað væri hreint út um notkun á líftækni í heilbrigðiskerfinu. Hún nefndi sem dæmi að dönsk heilbrigðisyfirvöld byðu ófrískum konum upp á rannsókn til að ganga úr skugga um hvort fóstur væri með erfðagalla. Hinn duldi tilgangur væri að spara samfélaginu útgjöld, en það gætu stjórnmálamenn ekki

leyft sér að segja. Á fundinum kom enn fremur fram að löggjöf á Norðurlöndum á sviði líftækni er mismunandi og færði Børge Diedrichsen, rannsóknarstjóri hjá Novo Nordisk, rök að því að samræmd lög og stefna á sviði líftækni mundi gera Norðurlöndin að aðlaðandi rannsóknar- og athafnasvæði fyrir alþjóðleg líftæknifyrirtæki.

Það er hefð í Norðurlandaráði að halda janúarfundina í því landi sem tekið hefur við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni en Danir tóku við formennsku af Íslendingum 1. janúar 2005. Hugsunin að baki því er sú að gefa norrænum samstarfsráðherra formennskulandsins færi á að kynna formennskuáætlunina í grófum dráttum, auk þess sem málefnanefndir Norðurlandaráðs eiga kost á að funda nánar með einstökum fagráðherrum um áherslur formennskulandsins á afmarkaðri sviðum. Vegna þingslita og boðunar kosninga í Danmörku gátu ráðherrar þó ekki tekið þátt í janúarfundunum að þessu sinni. Það kom því í hlut Søren Christensen, stjórnanda Norðurlandaskrifstofu danska utanríkisráðuneytisins, að kynna formennskuáætlun Dana á fundi með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Áætlunin ber nafnið „Norðurlönd á nýjum tímum: Þekking, þróttur og samstarf". Megináherslur hennar eru þrjár: Þekking og nýsköpun, landamæralaus Norðurlönd og skilvirkni í norrænu samstarfi. Søren Christensen lagði áherslu á hagræðingu í norrænu samstarfi og sagði ýmsa möguleika til athugunar, t.d. að fækka fagráðherranefndum. Markmiðið er ekki að draga úr norrænu samstarfi heldur að þétta það á afmörkuðum sviðum eins og þegar er gert á rannsóknasviðinu. Norðurlöndin geta ekki keppt við lág laun en þau geta keppt á þekkingargrundvelli. Þess vegna leggja Danir áherslu á rannsóknir og nýsköpun í formennskuáætlun sinni.

Þrjár nefndir Norðurlandaráðs, umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, borgara- og neytendanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, gengust fyrir sameiginlegri málstofu um REACH-tilskipun Evrópusambandsins um meðferð hættulegra efnasambanda. Sidsel Dyekjær, ráðgjafi Norrænu ráðherranefndarinnar í umhverfismálum, hélt erindi á fundinum ásamt Rasmus Kjeldahl, forseta evrópsku neytendasamtakanna, og Owe Fredholm, forstjóra úr sænska plast- og efnaiðnaðinum. Sumir ræðumanna lýstu áhyggjum af því að hagsmunaaðilar í efnaiðnaði mundu með áhrifum sínum útvatna þá sameiginlegu löggjöf Evrópusambandsins um meðferð hættulegra efnasambanda sem væntanleg er. Owe Fredholm lagði áherslu á að hagsmunaaðilar í efnaiðnaði væru fylgjandi sameiginlegri löggjöf. Hann lýsti eftir aukinni miðstýringu svo koma mætti á traustu og skilvirku samstarfi hagsmunaaðila. Fredholm sagði jafnframt að það væri liðin tíð að Norðurlönd stæðu ein í fremstu víglínu í umhverfisverndarmálum. Rasmus Kjeldahl nefndi í erindi sínu nokkur dæmi um algengar neysluvörur á Norðurlöndum sem innihéldu hættuleg efnasambönd, svo sem loftkælitæki, leikföng, hárlit og húðkrem. Asmund Kristoffersen, formaður umhverfis- og náttúruauðlindanefndarinnar, dró saman niðurstöður málfundarins og sagði afar mikilvægt að norrænu ríkin þrýstu á um að hættuleg efnasambönd yrðu fjarlægð úr umhverfinu. Nefndi hann norðurskautssvæðið sem sérlega viðkvæmt svæði fyrir utanaðkomandi mengun og tók dæmi af miklu magni af þrávirka efninu PCB sem mælst hefur í ísbjörnum á norðurslóðum og ógnar þeim.

5.2. Júnífundir Norðurlandaráðs í Bodø.

Júnífundir Norðurlandaráðs og Barentsráðstefna þingmanna fóru fram í Bodø í Noregi dagana 28.–30. júní. Í vinnuáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2005 voru Norðurskautssvæðið, Barentssvæðið og Vestur-Norðurlönd tilgreind sem eitt af fjórum áherslusviðum í starfi ráðsins. Í samræmi við það voru málefni sem varða þessi svæði, loftslagsbreytingar á norðurhveli jarðar og stöðu frumbyggja í brennidepli á fundum Norðurlandaráðs í Bodø og

Barentsráðstefnunni sem fylgdi í kjölfar þeirra. Einstakar málefnanefndir Norðurlandaráðs beindu sjónum sínum að þessum málaflokkum. Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og menningar- og menntamálanefnd efndu til málstofu þar sem hinar hröðu loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu voru ræddar, m.a. á grunni hinnar fjölþjóðlegu skýrslu um loftslagsbreytingar sem Norðurskautsráðið sendi frá sér í október 2004. Borgara- og neytendanefnd fékk einnig kynningu á loftslagsbreytingunum og enn fremur skýrslu Norðurskautsráðsins um sjálfbæra samfélagsþróun á norðurslóðum.

Barentsráðstefna þingmanna hófst 29. júní en hún var skipulögð í samstarfi Stórþingsins og Norðurlandaráðs. Yfir 300 þátttakendur mættu og voru í þeim hópi þingmenn frá Norðurlöndunum og Rússlandi, sveitarstjórnarmenn og fylkisþingmenn frá nyrstu héruðum landanna, fulltrúar samtaka frumbyggja og annarra frjálsra félagasamtaka. Ráðstefnan hafði þrjú meginþemu: samstarf í Norður-Evrópu, sjálfbæra efnahagsþróun á Barentssvæðinu og aðstæður og stöðu frumbyggja á Barentssvæðinu.

Jørgen Kosmo hélt opnunarræðu ráðstefnunnar og sagði að frumbyggjasamfélögin fyndu fyrst allra fyrir hinum miklu umhverfisbreytingum á svæðinu. Frumbyggjarnir væru í nánustum tengslum við náttúruna, þeir merktu það að ísinn hefði bráðnað á gömlum veiðislóðum og væri vart mannheldur. Samarnir merkja það fyrst þegar túndrurnar þiðna upp þar sem þeir hafast við með hreindýrahjarðir sínar. Þá gerði Kosmo möguleika Rússa og Norðmanna á olíu- og gasvinnslu að umræðuefni svo og nauðsyn þess að gæta að vörslu kjarnorkuúrgangs á Barentssvæðinu sem væri arfur kalda stríðsins.

Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, flutti opnunarræðu fyrir hönd ráðsins. Forseti sagði aðstæður á Barents- og norðurskautssvæðinu einkennast af köldu loftslagi og harðri veðráttu, gríðarlegu landflæmi, miklum fjarlægðum og strjálum byggðum. Þessar sérstöku aðstæður kölluðu á sérstakar aðgerðir og því væri rík áhersla lögð á málefni svæðisins í starfi Norðurlandaráðs. Á Barentssvæðinu væru erfið úrlausnarefni á sviði umhverfismála en jafnframt miklir möguleikar til efnahagslegrar þróunar vegna ríkulegra náttúruauðlinda. Stærstu áskoranirnar væru umhverfisvá af völdum loftslagsbreytinga sem hafa mikil áhrif á hina viðkvæmu náttúru og jafnframt mengunarhætta af völdum kjarnavopna og kjarnorkuknúinna sjófara sem eru úr sér gengin og illa haldið við. Möguleikarnir felast hins vegar í því að nýta náttúruauðlindir á borð við olíu, gas, málma, fiskistofna og skóglendi. Forsenda allrar nýtingar er þó að hún sé sjálfbær og að fyllsta tillit sé tekið til viðkvæmrar náttúru og lítilla samfélaga, einkum samfélaga frumbyggja þar sem hefðbundin menning og lífsmáti fá að njóta sín.

Jan Pedersen, utanríkisráðherra Noregs, ræddi nauðsyn samráðs um olíu- og gasvinnslu á milli Noregs og Rússlands þótt það væri ekki eiginlegt samstarfssvið Barentssamstarfsins. Mjög miklir möguleikar eru fyrir hendi á þessu sviði og slík vinnsla hefði þau hliðaráhrif að efla almenna hagþróun á svæðinu. Pedersen sagði stöðu frumbyggja vera á dagskrá næsta fundar Barentsráðsins og lagði áherslu á að þess yrði gætt að frumbyggjarnir hefðu sömu möguleika og aðrir íbúar svæðisins til þess að taka þátt í hinni efnahagslegu þróun auk áhrifa á það hvernig náttúruauðlindir væru nýttar.

Í umræðum tók Roald Nystö, forseti Samaþingsins, undir með Pedersen um nauðsyn þess að Sömum yrði gert kleift að taka þátt í efnahagsuppbyggingunni og reyna fyrir sér í nútímalegum atvinnugreinum. Dian Wallis, þingmaður á Evrópuþinginu, ræddi nauðsyn þess að efla hina norðlægu vídd ESB og tryggja henni bein framlög á fjárlögum sambandsins. Þá komu m.a. fram hugmyndir um formbindingu á þingmannasamstarfi á Barentssvæðinu og sérstakan fund þingforseta norðurskautslandanna.

Ráðstefnunni var slitið af Jónínu Bjartmarz, varaforseta Norðurlandaráðs. Jónína sagði að rauði þráðurinn í máli flestra ræðumanna hefði verið nauðsyn þess að finna jafnvægi á milli hinna miklu andstæðna á Barentssvæðinu sem einkennist annars vegar af viðkvæmri náttúru og hins vegar náttúruauðlindum í ríkum mæli. Áskorunin sem allir ráðstefnugestir færu með heim í farteskinu væri að tryggja sjálfbæra þróun á svæðinu, jafnt með tilliti til umhverfis sem efnahagslegrar og félagslegrar þróunar. Mikilvægt væri að þátttakendur héldu málefnum svæðisins á lofti þegar þeir væru komnir heim til þjóðþinga sinna og höfuðborga sem flestar væru á mun suðlægari breiddargráðum en Bodø sem liggur við heimskautsbaug. Þá minnti Jónína á að Stórþingið og Norðurlandaráð munu skipuleggja fund í Ósló til að fylgja á eftir þeim umræðum sem áttu sér stað á Barentsráðstefnunni.

5.3. Septemberfundir Norðurlandaráðs í Karlstad.

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Karlstad í Svíþjóð dagana 21.–23. september 2005. Fundirnir voru haldnir í tengslum við hátíðarhöld til þess að fagna því að öld er liðin frá friðsamlegum slitum á ríkjasambandi Noregs og Svíþjóðar en viðræðunefndir ríkjanna náðu einmitt samkomulagi um aðskilnaðinn eftir samningalotu í Karlstad. Forsætisráðherrar Noregs og Svíþjóðar og þingforsetar ríkjanna voru viðstaddir hátíðarhöldin auk Norðurlandaráðsliða. Sérstök málstofa um stjórnvisku var haldin í hátíðarsal háskólans í Karlstad og fluttu Björn von Sydow, forseti sænska Ríkisdagsins, Jørgen Kosmo, forseti norska Stórþingsins, og Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, þar framsögu auk fræðimanna sem hafa sérhæft sig í þessu tímabili í sögu þjóðanna. Yfirskrift ráðstefnunnar var stjórnviska og stjórnkænska og hvernig hún getur ráðið úrslitum við lausn ágreiningsmála á milli þjóða.

Rannveig lagði í erindi sínu áherslu á að friðsamleg sambúð Norðurlanda síðustu tvær aldir væri ekki sjálfgefið eða náttúrulegt ástand í samskiptum frændþjóða. Oft væri sagt að grundvöllur þessa samstarfs væri skyldleiki tungumála og menningar og söguleg tengsl, en það væri vert að hafa í huga að öldum saman voru Norðurlöndin erkifjendur sem bárust á banaspjótum. Friðsamleg sambúð Norðurlanda byggist því ekki á einhvers konar náttúrulegu eða sjálfgefnu samlyndi heldur sé hún árangur af þeirri vinnu sem lögð hefur verið í að leysa ágreiningsmál með friðsamlegum hætti. Rannveig velti fyrir sér hvort þessi arfur og reynsla gæti verið skýringin á áhuga og góðum árangri Norðurlandaþjóða í starfi að lausn deilumála á alþjóðavettvangi. Hún nefndi sem dæmi að Norðurlönd hefðu aðstoðað við friðarviðræður í Bosníu, Ísrael/Palestínu, á Srí Lanka og í Indónesíu og að stjórnmálamenn á borð við Olof Palme og Carl Bildt frá Svíþjóð, Thorvald Stoltenberg frá Noregi og Martti Ahtisaari frá Finnlandi væru kunnir víða um lönd fyrir störf sín að lausn deilumála þjóða í milli.

6. Fimmti sameiginlegi fundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins.

Dagana 27.–29. apríl héldu Norðurlandaráð og Eystrasaltsþingið fimmta sameiginlega fund sinn. Eystrasaltsþingið er þingmannasamkunda Eistlands, Lettlands og Litháens sem stofnuð var að fyrirmynd Norðurlandaráðs árið 1991. Fundurinn fór fram í Pärnu í Eistlandi. Fyrri sameiginlegir fundir þessara aðila voru haldnir í Vilnius árið 1996, Helsinki árið 1999, Riga árið 2001 og Lundi árið 2003. Hefð hefur verið fyrir að halda sameiginlega fundi annað hvert ár til skiptis á Norðurlöndum eða í Eystrasaltsríkjunum.

Áður en hinn sameiginlegi fundur hófst áttu málefnanefndir Norðurlandaráðs fundi með samsvarandi nefndum Eystrasaltsþingsins. Menningar- og menntamálanefndirnar ræddu Bologna-ferlið og vinnu að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum. Á dagskrá umhverfisnefndanna var vinna að alþjóðlegri viðurkenningu Eystrasaltsins sem sérlega við-

kvæms hafsvæðis og hvernig tryggja mætti stuðning Rússa við þá vinnu. Efnahags- og viðskiptanefndirnar fjölluðu um sameiningu vinnumarkaða Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna nú eftir að hin síðarnefndu eru orðnir aðilar að ESB. Borgara- og neytendanefndirnar ræddu um baráttuna gegn spillingu. Velferðarnefndirnar fjölluðu um stefnu í áfengismálum á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum en streymi ódýrs áfengis frá Eystrasaltsríkjunum til Norðurlanda er sérstakt áhyggjuefni í Finnlandi.

Þá áttu forsætisnefndir Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins fund þar sem þær samþykktu skýrslu sérstaks vinnuhóps sem unnið hefur tillögur um form og forgangsröðun samstarfs þessara tveggja samtaka í ljósi breyttrar pólitískrar stöðu við Eystrasaltið eftir stækkun ESB og NATO til austurs.

Aðalumræðuefni sameiginlega fundarins voru forgangsröðun og skipulag samstarfs Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í ljósi hnattvæðingar, og stuðningur við uppbyggingu lýðræðis og borgaralegs samfélags í nágrannalöndunum til austurs. Forseti Eistlands, Arnold Rüütel, setti fundinn og gerði stuðning Norðurlanda við sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna að umræðuefni. Hann sagði mikilvægi samstarfsins við Norðurlönd hafa verið mikið, bæði þegar Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt og einnig við þá lýðræðisuppbyggingu sem þá tók við. Sagði Rüütel að þótt samstarf innan ESB og NATO væri nú kjölfestan í utanríkissamskiptum Eistlands væri samstarfið við Norðurlönd enn mjög mikilvægt og full ástæða til að endurmeta og skapa nýjan grunn fyrir samstarf Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins í ljósri breyttra aðstæðna í alþjóðamálum.

Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, hélt opnunarræðu fyrir hönd ráðsins og sagði samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna síst veigaminna eftir inngöngu hinna síðarnefndu í ESB. Þó mætti með einföldun segja að ESB-aðildin breytti forsendum samstarfsins einkum á tvo vegu. Hvað varðar innra samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna má ætla að ESB-aðildin auki tengsl landanna. Efnahagsleg tengsl munu aukast, fleiri fyrirtæki munu starfa þvert á landamæri og flæði vinnuafls mun stóraukast við sameiningu vinnumarkaða. Að auki má búast við auknu menningarsamstarfi og grasrótarsamskiptum. Hins vegar eiga Norðurlönd og Eystrasaltsríkin sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi samstarf við hina nýju nágranna ESB til austurs, einkum Norðvestur-Rússland. Það er mikilvægt fyrir stöðugleika í Norður-Evrópu að stækkun ESB leiði ekki til þess að varanleg velferðargjá myndist við eystri landamæri sambandsins og Norðurlandaráð og Eystrasaltsþingið geta lagt sitt á vogarskálarnar til að hamla gegn því með samstarfi við Rússa.

Í ræðu sinni lagði Anders Taimla, forseti Eystrasaltsþingsins, áherslu á að umhyggja fyrir umhverfi, menningararfi og hinu mannlega mætti ekki gleymast á tímum hnattvæðingar. Virðingin fyrir manninum og náttúrunni ætti að vera grunngildi í alþjóðlegu samstarfi.

Utanríkisráðherra Eistlands, Urmas Paet, fjallaði m.a. um öryggis- og varnarmálasamstarf Eistlands við Norðurlönd og sagði það mikilvægt, bæði samstarfið við norrænu NATO-ríkin og þau sem standa utan bandalagsins. Almennt taldi Paet samstarf landanna vera að aukast hratt, sérstaklega á efnahagssviðinu. Nefndi hann sem dæmi að 58% af útfluttum iðnaðarvörum frá Eistland fari til Norðurlanda og að 50% innflutnings komi þaðan. Þá koma um 75% erlendrar fjárfestingar í Eistlandi frá Norðurlöndum. Að lokum lýsti Paet yfir áhuga Eistlands á að tengjast fleiri norrænum stofnunum en Norræna fjárfestingarbankanum, sem Eystrasaltsríkin eru orðin aðilar að, og nefndi m.a. Norræna genabankann, Nordregio og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina í því sambandi.

Til snarpra orðaskipta kom á milli gesta frá rússnesku dúmunni og nokkurra þingmanna Eystrasaltsþingsins þegar rætt var um arfleifð síðari heimsstyrjaldar. Gennadij Khripel gagnrýndi stjórnvöld í Eistlandi og Lettlandi harðlega fyrir að mismuna rússneskum borgurum

og leyfa ofsóknir á hendur rússneskum uppgjafahermönnum úr seinna stríði á meðan fyrrverandi eistlenskum og lettneskum hermönnum úr SS-sveitum nasista er hampað. Nokkur andsvör komu fram gegn Khripel og var ítrekað krafist afsökunarbeiðni frá Rússlandi vegna 50 ára ólöglegs hernáms Eystrasaltsríkjanna.

Gabriel Romanus og Trivimi Velliste kynntu skýrslu forsætisnefndanna um skipulag framtíðarsamstarfs Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins. Í henni er m.a. kveðið á um að löndin eigi ýmsa sameiginlega hagsmuni innan ESB/EES-samstarfsins og að þau geti nýtt samtakamátt sinn til að halda þeim á lofti. Sérstök áhersla er lögð á samstarfið við hina nýju granna ESB til austurs. Skipulag framtíðarstarfsins verður sveigjanlegra en áður, málefnanefndir samtakanna tveggja munu eiga beint samstarf eftir því sem tilefni gefst til, sameiginlegum vinnuhópum verður komið á og árlegir samráðsfundir forsætisnefnda og nefndarformanna leysa stóru sameiginlegu fundina af hólmi.

Áherslur skýrslunnar endurspegluðust í lokayfirlýsingu sameiginlega fundarins sem Rannveig Guðmundsdóttir og Anders Taimla undirrituðu fyrir hönd samtaka sinna. Kváðu forsetarnir nýtt sveigjanlegt skipulag, byggt á beinu samstarfi nefnda, vinnuhópum og minni fundum, sýna að samstarf Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins væri lifandi og í takt við breytingar á öðru alþjóðlegu samstarfi í Evrópu.

7. 57. þing Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík dagana 25.–27. október 2005. Þing er haldið á Íslandi fimmta hvert ár, síðast árið 2000. Alls sóttu um 800 þátttakendur þingið, þar af 41 norrænn ráðherra, 87 norrænir þingmenn og 20 þingmenn frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs og alþjóðasvið Alþingis höfðu veg og vanda af skipulagningu þingsins í samstarfi við fjölmarga starfsmenn skrifstofu Alþingis og aðra. Hófst undirbúningur þess strax að loknu 56. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 2004 og stóð óslitið fram að setningu þingsins í Reykjavík 25. október 2005. Verkaskipting milli Alþingis og skrifstofu Norðurlandaráðs við skipulagningu var í grófum dráttum sú að Alþingi sá um allan ytri ramma þingsins og yfirbragð, fundaraðstöðu, þ.m.t. túlkakerfi, skrifstofuaðstöðu, verklega framkvæmd, skipulag fundarhalda, prentun, ferðir og flutninga. Norðurlandaráð sá um þingfundinn, framkvæmd hans og stjórnun, nefndarfundi, útgáfu þingskjala og almennt skrifstofuhald Norðurlandaráðs. Skemmst er frá því að segja að allt skipulag og framkvæmd þingsins tókst með eindæmum vel og var Alþingi og starfsfólki þess til sóma.

Þingið var haldið á Hótel Nordica en þar var þingsalur, fundarherbergi nefnda, skrifstofur landsdeilda, flokkahópa og skrifstofu Norðurlandaráðs, prentsmiðja, aðstaða ræðuritara, túlka og tæknimanna, fréttamannaaðstaða og aðstaða fyrir blaðamannafundi. Auk þess fóru nokkrir nefndafundir og málsverðir fram á Grand hóteli.

Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, setti þingið 25. október og bauð þátttakendur velkomna til Íslands. Minntist forseti á kvennaverkfallið sem fram fór daginn áður til að fagna 30 ára afmæli kvennaverkfallsins mikla og sagðist vona að sem flestir þingfulltrúa hefðu orðið vitni að því. Verkfallið væri þörf áminning um það að enn væri margt ógunnið í jafnréttismálum hér á Norðurlöndum. Forseti lagði enn fremur áherslu á að litið væri á norrænt samstarf sem einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og að þrátt fyrir ýmsar breytingar á skipulagi og inntaki samstarfsins undanfarin ár væri sú skoðun óbreytt.

Forseti Norðurlandaráðs, Rannveig Guðmundsdóttir, hélt opnunarræðu og sagði að þinghald á Íslandi væri sérlega viðeigandi í ljósi þess að málefni hinna norðlægari slóða, Vestur-Norðurlanda, norðurskautsins og Barentssvæðisins hefðu verið í brennidepli í starfi ráðsins

á árinu. Forseti fjallaði um umhverfismál við norðurskaut og sagði helstu umhverfisvána vera hraðar loftslagsbreytingar sem hafa áhrif langt út fyrir norðurslóðir. Ef ísinn bráðnar stígur yfirborð sjávar bæði í Eystrasalti og við norðurströnd Skandinavíu. Loftslagsbreytingarnar skapa í senn alvarlegan umhverfisvanda og ný tækifæri. Líklegt er að í framtíðinni opnist ný siglingaleið milli Asíu og Evrópu og tækifæri gefist til að nýta auðugar gas- og olíulindir á svæðinu. Við slíkt yrði þó að gæta fyllstu varkárni og taka tillit til viðkvæmrar náttúru norðurskautsins. Þá ræddi forseti jafnréttismál og lagði áherslu á að þrátt fyrir að Norðurlönd væru í fararbroddi á heimsvísu hvað varðar jafnréttindi kynjanna, og þar með fyrirmynd kvenna sem berjast fyrir jafnrétti í öðrum löndum, þá væru mörg verkefni óunnin. Brýnast væri að vinna bug á ofbeldi gegn konum og börnum, mansali og kynbundnu launamisrétti.

Forsætisráðherrarnir Halldór Ásgrímsson og Anders Fogh Rassmussen fluttu þá skýrslur sínar og norski samstarfsráðherrann, Heidi Grande Røys, gerði grein fyrir formennskuáætlun Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2006. Áætlunin ber nafnið „Hin nýju Norðurlönd – Endurnýjun og samstarf í Norður-Evrópu". Megináherslurnar eru samstarf á norðurslóðum, norræna velferðarkerfið og vægi þekkingar á tímum hnattvæðingar. Þá fóru fram almennar stjórnmálaumræður. Steingrímur J. Sigfússon var talsmaður flokkahóps vinstrisósíalista og grænna í umræðunum og gagnrýndi að framlög til norræns samstarfs hafa ekki aukist í samræmi við verðlagsbreytingar og aukningu þjóðarframleiðslu á Norðurlöndum undanfarin 10–15 ár. Í ræðu sinni hvatti hann auk þess til þess að orðið yrði við óskum Færeyinga um fulla aðild að Norðurlandaráði og að málinu yrði ekki frestað. Steingrímur gagnrýndi að fyrirhugaðar breytingar á norrænu samstarfi stefndu allar í þá átt að draga úr samstarfinu, t.d. með því að fækka ráðherra- og embættismannanefndum og með því að færa norrænar stofnanir yfir til einstakra ríkja. Hann kvartaði jafnframt yfir því að þrír af fimm forsætisráðherrum Norðurlanda hefðu ekki gefið sér tíma til að sitja fyrsta dag Norðurlandaráðsþingsins heldur væru þegar farnir frá Íslandi. Í ræðu sinni hvatti Steingrímur jafnframt til aukins samstarfs við Skotland og Kanada og benti á að í Kanada byggju fleiri en í öllum norrænu ríkjunum samanlagt og þar byggi fólk við aðstæður sem um margt minntu á Norðurlönd.

Annar dagur þingsins hófst á umræðum um endurnýjun norræns samstarfs og var þar rætt um fyrirliggjandi skipulagsbreytingar á Norrænu ráðherranefndinni þar sem ákveðið var að fækka ráðherranefndum úr 18 í 11. Því næst var umræða um landamærahindranir og afnám þeirra. Þá fór fram fyrirspurnatími norrænu samstarfsráðherranna. Steingrímur J. Sigfússon beindi þeirri spurningu til Connie Hedegaard, samstarfsráðherra Danmerkur og formanns samstarfsráðherranna, hvernig Norðurlöndin ynnu saman til þess að sporna gegn ólöglegu vinnuafli. Það væri vandamál að ólöglegt vinnuafl kæmi til Norðurlanda sem ekki nyti sömu launa og réttinda og innlent vinnuafl. Hedegaard sagði ráðherranefndina hafa fylgst með þessum málum eftir stækkun ESB til austurs. Vandinn væri ekki stórvægilegur en atvinnumálaráðherrarnir fylgdust með þróun mála.

Utanríkis- og varnarmálaumræðan fór fram eftir hádegi annan þingdag og fluttu ráðherrar þá skýrslur sínar. Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, flutti jafnframt skýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um alþjóðlegt samstarf ráðsins. Minnti forseti á að löng hefð væri fyrir því að Norðurlandabúar sæktu út fyrir landsteinanna og nefndi siglingu Leifs Eiríkssonar til Norður-Ameríku sem dæmi. Sagði forseti samstarfið við Eystrasaltsþingið hornsteininn í starfi Norðurlandaráðs út á við og gerði grein fyrir niðurstöðum sameiginlegs fundar þessara aðila í Pärnu í Eistlandi þar sem ákvarðanir voru teknar um framtíðarskipulag samstarfsins. Sameiginlega munu Norðurlandaráð og Eystrasaltsríkin efla samstarfið við

Norðvestur-Rússland og munu í þeim tilgangi styrkja tengslin við þingmenn rússneska sambandsráðsins og dúmunnar auk rússneskra svæðisþinga í norðvestri.

Þá fylgdi umræða um samstarf á norðurslóðum þar sem samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautsmál var m.a. lögð fram. Forseti Norðurlandaráðs var áheyrnarfulltrúi ráðsins í Þingmannanefnd um norðurskautsmál og var forseti því talsmaður forsætisnefndar í málinu. Fagnaði forseti samstarfsáætluninni og undirstrikaði að rannsóknir á hinum hröðu loftslagsbreytingum við Norðurskautið sýndu hvaða þróunar væri að vænta víða um heim á næstu áratugum.

Að kvöldi annars þingdags fór afhending verðlauna Norðurlandaráðs fram í Borgarleikhúsinu við hátíðlega athöfn. Athöfnin hófst á því að Eivör Pálsdóttir söngkona steig á svið og söng gamlar færeyskar vögguvísur. Því næst bauð Jónína Bjartmarz, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, gesti velkomna. Jónína sagði Eivöru ekki einungis færeyska heldur væri hún norrænn listamaður sem tilheyrði okkur öllum rétt eins og segja mætti um verðlaunahafa kvöldsins. Jónína sagði verðlaunahafa Norðurlandaráðs fánabera fyrir Norðurlönd í heild sinni. Að baki hvers verðlaunahafa væri land og efalaust væri hver þjóð stolt af sínum sigurvegara en norræn samkennd væri fyrst og fremst ríkjandi þegar verðlaunin væru afhent. Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, afhenti verðlaunin en verðlaunahafar voru Ann-Cecilie Norderhaug sem hlaut náttúru- og umhverfisverðlaunin, hljómsveitin Cikada sem fékk tónlistarverðlaunin, Per Fly sem hlaut kvikmyndaverðlaunin og Sjón sem hlaut bókmenntaverðlaunin (sjá nánar 4. kafla). Sagði forseti að þótt ekki mætti gera upp á milli verðlaunahafa þá yrði hún að fá að geta þess að það væri sérstaklega ánægjulegt að fá að afhenda íslenskum rithöfundi bókmenntaverðlaunin á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík. Að verðlaunaafhendingu lokinni bauð ríkisstjórn Íslands til kvöldverðar í Perlunni þar sem samstarfsráðherra Norðurlanda, Sigríður A. Þórðardóttir, var gestgjafi.

Þriðji þingdagur hófst á umræðu um norræna menningarstefnu og því næst voru málefni fatlaðra á dagskrá. Þar var m.a. lögð fram tillaga um aðlögun laga og ákvæða sem varða málefni fatlaðra svo þau taki einnig til geðfatlaðra. Arnbjörg Sveinsdóttir tók til máls og gerði grein fyrir þeirri skoðun flokkahóps hægrimanna að úttekt yrði gerð á stöðu þessara mála sem svo gæti legið til grundvallar úrbótum. Þó minnti Arnbjörg á að hér væri um að ræða löggjöf einstakra landa sem lægi utan við hið norræna starf og að það væri ekki stefna að samræma löggjöf á Norðurlöndum.

Þá tók við umræða um jafnréttis- og mannréttindamál. Fyrst var rætt um tillögu að norrænni samstarfsáætlun í jafnréttismálum 2006–2010. Steingrímur J. Sigfússon taldi tillöguna metnaðarlitla og að róttækari stefnu þyrfti til að taka á tveimur meginvandamálum í jafnréttismálum, kynbundnum launamun og ofbeldi gegn konum. Forsendu þess að takast af alvöru á við launamuninn sagði Steingrímur vera að afnema launaleynd og tryggja gagnsæi í launamálum. Varðandi ofbeldi gegn konum þyrfti að taka á klámiðnaðinum og herða barátttuna gegn vændi og mansali. Þá var rædd tillaga flokkahóps vinstrisósíalista og grænna um vatn sem sameiginlega auðlind. Meiri hluti borgara- og neytendanefndar lagði í nefndaráliti til að ekkert yrði aðhafst frekar með tillöguna. Steingrímur tók til máls og sagðist undrandi á afstöðu nefndarinnar og þeirri röksemdafærslu að Norðurlandaráð væri ekki rétti vettvangurinn fyrir slíkan tillöguflutning. Taldi Steingrímur tillöguna í takt við þá umræðu sem hefur farið fram um réttinn til vatns innan Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og lýsti eftir því að nefndarmenn kynntu sér þá umfjöllun.

Næst á dagskrá þingsins voru rannsóknir og nýsköpun og mælti Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrir tillögu að norrænni samstarfsáætlun í iðnaðar- og atvinnumálum fyrir tímabilið 2006–2010. Markmið áætlunarinnar er að Norðurlönd haldi stöðu

sinni sem leiðandi svæði á heimsvísu hvað varðar hagvöxt og samkeppnishæfni. Fjögur aðgerðasvið eru tiltekin í áætluninni, afnám landamærahindranna, nýsköpun, samstarf þeirra aðila sem vinna að eflingu atvinnulífs í hverju landi fyrir sig og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Drífa Hjartardóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Norðurlandaráðs, mælti fyrir nefndaráliti um áætlunina og sagði margt í henni gott en þó hefði nefndin nokkrar athugasemdir. Fyrirséð væri að samkeppni við Kína og Indland yrði mikil áskorun fyrir rannsóknar- og fjárfestingarumhverfi á Norðurlöndum á næstu árum og að ekki væri tekið á hvernig Norðurlönd gætu mætt þeirri áskorun. Þá ætti nýsköpunarstefnan í ríkari mæli að miðast við norrænar aðstæður smárra fyrirtækja. Að síðustu skorti skilgreind markmið og forgangsröðun varðandi vinnu með landamærahindranir. Steingrímur J. Sigfússon tók einnig þátt í umræðunni og taldi áætlunina metnaðarlausa og að mun framsæknari hluti væri að finna í skýrslunni „Norðurlönd, sigursvæði á heimsvísu“. Lagði hann til að tillögur skýrslunnar yrðu teknar upp í samstarfsáætlunina.

Þá fór fram umræða um norræna orkustefnu og mælti Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrir tillögu að framkvæmdaáætlun fyrir norræna orkumálasamstarfið 2006–2009. Markmið þess er að tryggja framboð orku, samkeppnishæfni og sjálfbæra þróun. Þrjú helstu svið áætlunarinnar varða þróun orkumarkaða, sjálfbær orkukerfi og þátt Norðurlanda í alþjóðlegu starfi, m.a. hvað varðar takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Kolbrún Halldórsdóttir tók þátt í umræðunni, sem varamaður Steingríms J. Sigfússonar, og taldi það bera vott um tvöfalt siðgæði að halda áfram orkuframleiðslu í kjarnorkuverum á meðan talað væri um sjálfbæra þróun. Sömuleiðis færi stóriðjustefna íslenskra stjórnvalda ekki saman við sjálfbæra þróun.

Við þinglok fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta og varaforseta Norðurlandaráðs. Danski þingmaðurinn Ole Stavad, flokkahópi jafnaðarmanna, var kjörinn forseti fyrir árið 2006 og landi hans Kristian Phil Loerentzen, flokkahópi miðjumanna, varaforseti. Í ræðu nýkjörins forseta kvaðst Ole Stavad hafa mikinn metnað fyrir hönd norræns samstarfs. Áfram yrði unnið að nánari tengingu milli starfs Norðurlandaráðs og starfsins í þjóðþingunum eins og kveðið hefði verið á um í viðræðum ársins við norrænu þingforsetanna. Brýnt væri að gera Norðurlandaráð sýnilegra og sjá til þess að það virkaði ekki út á við sem lokaður klúbbur. Því yrði samstarf og tenging málefnanefnda ráðsins og nefnda þjóðþinganna aukið. Stavad lýsti því markmiði sínu að Norðurlandaráðsþing yrði að árlegum leiðtogafundi ráðherra og flokksleiðtoga og markaði ekki einungis stefnu fyrir norrænt samstarf, heldur einnig fyrir samstarf Norðurlanda við ríkisstjórnir annarra landa og þjóðþing. Þá lagði Stavad áherslu á að Norðurlönd tækjust best á við áskoranir hnattvæðingar í samstarfi og að þau sköruðu þegar fram úr á heimsvísu, það staðfestu ýmsar alþjóðlegar mælingar á samkeppnishæfni og lífskjörum þjóða.

Eftir kosningar í nefndir og ráð er nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir fyrir starfsárið 2006: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz halda sætum sínum í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd situr Drífa Hjartardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Arnbjörg Sveinsdóttir tekur sæti í menningar- og menntamálanefnd, Ásta R. Jóhannesdóttir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og Kjartan Ólafsson í borgara- og neytendanefnd. Kjartan er jafnframt í eftirlitsnefnd.

Í lokaræðu þingsins þakkaði Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, þátttakendum fyrir þrjá annasama en góða þingdaga í fallegu haustveðri í Reykjavík. Þar sem þetta var síðasta ræða forseta fyrir ráðinu notaði forseti tækifærið og þakkaði þingheimi samstarfið og stuðninginn á árinu. Forseti sagði það hafa verið heiður og forréttindi að leiða starf ráðsins og vera fulltrúi þess út á við og að forsetastarfið væri hápunkturinn á pólitískum ferli

sínum. Þá óskaði forseti Ole Stavad til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi forseta. Því næst sleit forseti 57. þingi Norðurlandaráðs.

Næsta þing Norðurlandaráðs verður haldið í Kaupmannahöfn 31. október til 2. nóvember 2006.

8. Starfsáætlun og áherslur Norðurlandaráðs 2006.

Í starfsáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 2006 er meginähersla lögð á fjögur svið. Þau eru áframhaldandi starf að afnámi landamærahindrana á Norðurlöndum, þróun norræns samstarfs og nánari tengsl Norðurlandaráðs við þjóðþingin, alþjóðlegt samstarf sem m.a. beinist að því að efla tengsl við Rússland og halda málefnum norðurskautsins á lofti. Hvað varðar málefnaáherslur einstakra nefnda Norðurlandaráðs fyrir árið 2006, þá leggur umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sérstaka áherslu á lausn vandamála sem tengjast þörungablóma í Eystrasaltinu og umhverfismál hafsins á breiðum grundvelli. Borgara- og neytendanefnd beinir sjónum sínum að jafnréttismálum og baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi, einkum mansali. Að auki skoðar nefndin hvernig persónuvernd og réttarstöðu einstaklingsins er háttað í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum. Efnahags- og viðskiptanefnd leggur m.a. áherslu á mál sem varða útvistun (e. outsourcing), samgöngu- og samskiptakerfi á jaðarsvæðum og efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Velferðarnefnd tekur geðheilbrigðismál á Norðurlöndum til áframhaldandi skoðunar. Menningar- og menntamálanefnd setur málefni sem varða norrænu tungumálin og tungumálaskilning á oddinn auk þess sem nefndin beinir sjónum sínum að þeim skipulagsbreytingum sem Norræna ráðherranefndin gengst nú fyrir í norræna menningarsamstarfinu.

Alþingi, 28. febr. 2006.

Jónína Bjartmarz, form.	Drífa Hjartardóttir, varaform.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.		Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal.

Tilmæli og ákvarðanir um innra starf samþykkt á starfsárinu 2005.

1. Tilmæli 1/2005: Endurnýjuð stefna um sjálfbæra þróun 2005–2008 (B 225/miljø).
2. Tilmæli 2/2005: Aðgerðir til að efla umræður um sjálfbæra þróun á alþjóðavettvangi (B 225/miljø).
3. Tilmæli 3/2005: Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði umhverfismála 2005–2008 (B 223/miljø).
4. Tilmæli 4/2005: Aðgerðir til að efla umræður um umhverfismál á alþjóðlegum vettvangi (B 223/miljø).
5. Tilmæli 5/2005: Jafnréttisstefna í norrænu samstarfi (B 232/medborger).

6. Tilmæli 6/2005: Samkomulag milli norrænu landanna um gagnkvæm upplýsingaskipti til að koma í veg fyrir landamærahindranir (A 1367/presidiet).
7. Tilmæli 7/2005: Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf á sviði fiskveiða, landbúnaðar, skógræktar og matvæla 2005–2008 (B 224/miljø).
8. Tilmæli 8/2005: Endurnýjuð starfsáætlun um erfðaauðlindir í fiskveiðum, landbúnaði, skógrækt og matvælum á Norðurlöndum 2005–2008 (B 222/miljø).
9. Tilmæli 9/2005: Efnavörulöggjöf ESB, REACH (A 1368/medborger/miljø/næring).
10. Tilmæli 10/2005: Kröfur til hugbúnaðareinkaleyfis ESB (A 1372/næring).
11. Tilmæli 11/2005: Mat á tillögu ESB að tilskipun um hugbúnaðareinkaleyfi (A 1372/næring).
12. Tilmæli 12/2005: Staða orkumála á Norðurlöndum (A 1362/miljø).
13. Tilmæli 13/2005: Ráðstefna um spillingu (A 1373/medborger).
14. Tilmæli 14/2005: Nýtt skipulag Norrænu ráðherranefndarinnar (B 234/presidiet).
15. Tilmæli 15/2005: Rússlandsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar (B 239/presidiet),
16. Tilmæli 16/2005: Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins 2006–2008 (B 236/presidiet).
17. Tilmæli 17/2005: Norrænt-baltneskt tengslanet frjálsra félagasamtaka (A 1352/kultur).
18. Tilmæli 18/2005: Norðurskautsrannsóknir (A 1370/kultur).
19. Tilmæli 19/2005: Þróun heilbrigðis- og atvinnumála meðal frumbyggja á Barentssvæðinu (A 1374/medborger).
20. Tilmæli 20/2005: Nýtt skipulag samstarfs á sviði menningarmála (B 241/kultur).
21. Tilmæli 21/2005: Fjárhættuspil og happdrætti á Norðurlöndum (A 1361/kultur).
22. Tilmæli 22/2005: Ráðherranefndartillaga um Hönnun fyrir alla – norræn framkvæmdaáætlun (B 237/velferd).
23. Tilmæli 23/2005: Aðlögun laga og ákvæða sem varða málefni fatlaðra svo þau taki einnig til geðfatlaðra (A 1344/välfärd).
24. Tilmæli 24/2005: Áætlun um norrænt samstarf á sviði jafnréttismála 2006–2010 (B 233/medborger).
25. Tilmæli 25/2005: Barátta gegn mansali (A 1371/medborger).
26. Tilmæli 26/2005: Skýrsla um baráttu gegn mansali (A 1371/medborger).
27. Tilmæli 27/2005: Norræn samstarfsáætlun í iðnaðar- og atvinnumálum 2006–2010 (B 238/næring).
28. Tilmæli 28/2005: Samanburðarúttekt á kennaramenntun á Norðurlöndum (A 1355/kultur).
29. Tilmæli 29/2005: Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf um orkumál 2006–2009 (B 235/miljø).
30. Tilmæli 30/2005: Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2006.

833. Frumvarp til lokafjárlaga [575. mál]

fyrir árið 2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2004 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	3,2	1,8
Menntamálaráðuneyti	354,2	340,6
Utanríkisráðuneyti	14,3	45,8
Landbúnaðarráðuneyti	223,9	265,1
Sjávarútvegsráðuneyti	74,5	464,7
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-6,6	-5,3
Félagsmálaráðuneyti	-62,2	-66,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-7,1	-5,2
Fjármálaráðuneyti	153,7	132,7
Samgönguráðuneyti	242,3	229,2
Iðnaðarráðuneyti	53,6	65,0
Viðskiptaráðuneyti	-30,4	-32,4
Hagstofa Íslands	18,4	27,6
Umhverfisráðuneyti	211,6	185,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**1.243,4**	**1.648,4**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2004 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	5,3	5,3
Forsætisráðuneyti	0,5	0,5
Menntamálaráðuneyti	86,3	86,3
Utanríkisráðuneyti	-119,1	-119,1
Landbúnaðarráðuneyti	-93,3	-93,3
Sjávarútvegsráðuneyti	5,3	5,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-47,1	-47,1
Félagsmálaráðuneyti	-311,1	-311,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-105,3	-105,3
Fjármálaráðuneyti	-13.931,3	-2.037,1
Samgönguráðuneyti	0,0	0,0
Iðnaðarráðuneyti	-3,4	-3,4
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	7,9	7,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	988,1	0,0
Samtals	**-13.517,2**	**-2.611,1**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2004 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	3,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8
Viðskiptahreyfingar	1,4

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**1,8**
Viðskiptahreyfingar	**1,4**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	96,4
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	0,3
Almennur rekstur samtals	96,7
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-4,8
Gjöld samtals	**91,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	91,9

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	2,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8
Viðskiptahreyfingar	1,1

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	14,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	14,8

02-211 Tækniháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniháskóli Íslands	8,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	8,2

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 22,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 22,6

02-238 Tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 41,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 41,2

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

m.kr.

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 16,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 16,7

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,5
1.09 Önnur verkefni 0,5
Almennur rekstur samtals 6,0

Gjöld samtals **6,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,0

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,2

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,0

m.kr.

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,6

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 30,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 30,4

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 48,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 48,0

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 9,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,3

m.kr.

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,4

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,2

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,5

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

m.kr.

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 21,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 21,3

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 9,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,7

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,5

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,5

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

m.kr.

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,3

02-367 Snæfellsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,6

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 10,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 10,7

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 9,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,3

m.kr.

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun ..... -2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -3,2
Viðskiptahreyfingar 1,2

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld ..... -22,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -36,2
Viðskiptahreyfingar 13,3

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttarsjóður 2,5
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ..... -1,4
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 1,5
Almennur rekstur samtals 2,6

Gjöld samtals **2,6**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,6
Viðskiptahreyfingar ..... -2,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **354,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **340,6**
Viðskiptahreyfingar **13,6**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	8,3
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-0,1
Almennur rekstur samtals	8,2
Gjöld samtals	**8,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,9
Viðskiptahreyfingar	7,3

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur	22,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	58,3
Viðskiptahreyfingar	-35,7

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	-16,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-13,4
Viðskiptahreyfingar	-3,1

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**14,3**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**45,8**
Viðskiptahreyfingar	**-31,5**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-2,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-0,1
Viðskiptahreyfingar	-2,3

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	10,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	9,4
Viðskiptahreyfingar	0,8

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	-3,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-3,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	2,5
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	9,2
Almennur rekstur samtals	11,7
Gjöld samtals	**11,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	8,6
Viðskiptahreyfingar	3,1

m.kr.

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 12,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -21,9
Viðskiptahreyfingar 34,4

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 8,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 8,3

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 5,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,0

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir, óskipt 4,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 4,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,3

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður ..... -46,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -16,0
Viðskiptahreyfingar ..... -30,2

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins ..... -22,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,6
Viðskiptahreyfingar ..... -19,8

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 20,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 27,3
Viðskiptahreyfingar ..... -7,1

m.kr.

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 62,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 83,2
Viðskiptahreyfingar ..... -20,7

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 153,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 153,1
Viðskiptahreyfingar 0,6

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 2,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,2

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **223,9**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **265,1**
Viðskiptahreyfingar ..... **-41,2**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	33,9
1.10 Landamærastöðvar	11,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	11,5
Almennur rekstur samtals	56,4
Gjöld samtals	**56,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	85,7
Viðskiptahreyfingar	-29,3

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	-4,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-25,5
Viðskiptahreyfingar	20,7

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	22,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	404,5
Viðskiptahreyfingar	-381,6

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**74,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**464,7**
Viðskiptahreyfingar	**-390,2**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað ..... -2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,7
Viðskiptahreyfingar ..... -1,3

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... -2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd ..... -5,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -5,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,2

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík ..... -0,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -0,6

	m.kr.
06-395 Landhelgisgæsla Íslands	
Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	3,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,2
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-6,6**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-5,3**
Viðskiptahreyfingar	**-1,3**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 113,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 109,5
Viðskiptahreyfingar 4,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 106,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 106,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -29,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -29,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -7,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -7,7

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður ..... -245,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -245,6

	m.kr.
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-62,2**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-66,2**
Viðskiptahreyfingar	**4,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	-78,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-72,9
Viðskiptahreyfingar	-5,6

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-2,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	-2,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-3,0
Viðskiptahreyfingar	0,3

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	5,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,3
Viðskiptahreyfingar	1,4

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	4,4

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,4

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 59,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 57,1
Viðskiptahreyfingar 2,0

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 0,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,9

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 6,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-7,1**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-5,2**
Viðskiptahreyfingar ..... **-1,9**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	7,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	22,1
Viðskiptahreyfingar	-14,9

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	3,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,8

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	121,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	85,3
Viðskiptahreyfingar	35,9

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.11 Rekstur fasteigna	1,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,7

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis verkefni	19,8

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	19,8
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**153,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**132,7**
Viðskiptahreyfingar	**21,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	0,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,7
Viðskiptahreyfingar	-0,1

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	4,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,6

10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Stofnkostnaður:	
6.10 Framkvæmdir	89,5
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	89,5

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	0,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,8

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	16,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	24,7
Viðskiptahreyfingar	-8,4

m.kr.

10-471 Rekstur Flugmálastjórnar

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 60,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 114,8
Viðskiptahreyfingar ..... -54,0

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 70,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 68,9
Viðskiptahreyfingar 1,5

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin ..... -0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 14,7
Viðskiptahreyfingar ..... -15,4

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **242,3**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **229,2**
Viðskiptahreyfingar **13,1**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	31,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	30,8
Viðskiptahreyfingar	0,4

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	19,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	31,7
Viðskiptahreyfingar	-12,1

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	2,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,5
Viðskiptahreyfingar	0,3

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**53,6**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**65,0**
Viðskiptahreyfingar	**-11,4**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Icepro-nefnd 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1
Viðskiptahreyfingar 0,1

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 13,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 14,3
Viðskiptahreyfingar ..... -1,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið ..... -0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1,2
Viðskiptahreyfingar 0,8

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara ..... -63,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -65,6
Viðskiptahreyfingar 2,1

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 20,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	20,0
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-30,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-32,4**
Viðskiptahreyfingar	**2,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-1,3
1.50 Þjóðskráin	19,7
Almennur rekstur samtals	18,4
Gjöld samtals	**18,4**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	27,6
Viðskiptahreyfingar	-9,2

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**18,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**27,6**
Viðskiptahreyfingar	**-9,2**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisstofnun	28,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	28,3

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Úrvinnslusjóður	137,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	115,0
Viðskiptahreyfingar	22,8

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	45,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	41,7
Viðskiptahreyfingar	3,8

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**211,6**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**185,0**
Viðskiptahreyfingar	**26,6**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	-5,7
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**-5,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-5,6

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	8,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,2

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	2,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,7

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**5,3**
Greitt úr ríkissjóði	**5,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	-33,0
Sértekjur:	
Sértekjur	29,4
Gjöld umfram tekjur	**-3,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,6

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	-6,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,8

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,9

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.20 Bókaútgáfa	6,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,7

02-919 Söfn, ýmis framlög

Stofnkostnaður:	
6.24 Tölvuvæðing bókasafna	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	3,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,1

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.15 Skólaíþróttir	-0,2
Sértekjur:	
Sértekjur	1,3
Gjöld umfram tekjur	**1,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,1

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	75,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**86,3**
Greitt úr ríkissjóði	**86,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.19 Ráðstefnur	-0,1
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	-0,4
Almennur rekstur samtals	-0,5
Gjöld samtals	**-0,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	-1,4
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	-20,6
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	-1,0
Almennur rekstur samtals	-23,0
Gjöld samtals	**-23,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-23,0

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-67,5
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,9
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	3,7
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-0,4
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	0,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-29,5
1.39 Evrópuráðið	-5,0
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	7,4
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	-2,9

	m.kr.
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-10,4
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	-2,9
1.72 EFTA-dómstóllinn	3,5
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	7,5
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,5
Almennur rekstur samtals	-95,8
Gjöld samtals	**-95,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**-95,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-95,6
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-119,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-119,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	0,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,6

04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	7,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,4

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-24,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-24,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	-3,8
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	-40,4
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	-11,6
Almennur rekstur samtals	-55,8
Gjöld samtals	**-55,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-55,8

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:	
1.01 Lán til fiskeldis	-7,2

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,2
04-851 Greiðslur vegna riðuveiki	
Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki	-14,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-14,3
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-93,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-93,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.49 Úrskurðarnefndir	3,9
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	1,3
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICCAT)	1,9
1.54 Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	-1,9
Almennur rekstur samtals	5,2
Gjöld samtals	**5,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,2

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5,3**
Greitt úr ríkissjóði	**5,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	-7,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,6

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðasamstarf	-1,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**-1,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,4

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn	5,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,9

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-75,7
Sértekjur:	
Sértekjur	67,8
Gjöld umfram tekjur	**-7,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-7,9

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	-86,5
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	1,2
Almennur rekstur samtals	-85,3
Gjöld samtals	**-85,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	19,1
Gjöld umfram tekjur	**-66,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-66,2

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	-70,7
Sértekjur:	
Sértekjur	54,9
Gjöld umfram tekjur	**-15,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,8

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	-3,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,6

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	5,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,7

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:	
6.34 Húsnæði sýslumanns í Keflavík	3,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,3

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	2,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,8

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	27,9
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-4,2
Almennur rekstur samtals	23,7
Gjöld samtals	**23,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,7

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	5,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-47,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-47,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-46,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-46,3

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	-3,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	61,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-40,0
Gjöld umfram tekjur	**21,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	21,5

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-237,3
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	-9,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	1,9
1.31 Kjararannsóknarnefnd	1,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	0,6
1.41 Framlög og styrkir	4,1
1.45 Starfsmenntasjóður	-5,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	-20,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**-263,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	73,5
Gjöld umfram tekjur	**-190,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-190,2

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	7,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**3,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	3,7

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	-7,2
1.11 Fæðingarorlofssjóður	-218,9
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	5,0
Almennur rekstur samtals	-221,1
Gjöld samtals	**-221,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
Innheimt af ríkistekjum	-226,1

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	125,1

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,1
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-311,1**
Greitt úr ríkissjóði	**80,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-391,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	17,7
1.15 Umönnunargreiðslur	50,9
1.21 Makabætur og umönnunarbætur	-3,1
1.25 Dánarbætur	20,2
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	47,9
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	-14,8
1.41 Heimilisuppbót	16,8
1.51 Frekari uppbætur	36,8
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa	-43,2
Almennur rekstur samtals	129,2
Gjöld samtals	**129,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,2

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	17,5
1.15 Örorkulífeyrir	25,8
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-115,7
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	42,6
1.26 Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega	-14,7
1.27 Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega	34,1
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	5,6
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	3,7
1.31 Örorkustyrkur	-17,6
1.35 Barnalífeyrir	25,2
1.91 Annað	-296,5
Almennur rekstur samtals	-290,0
Gjöld samtals	**-290,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,4
Gjöld umfram tekjur	**-286,6**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-286,6

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	-61,1
1.15 Lyf	-11,5
1.21 Hjálpartæki	64,3
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	16,2
1.31 Þjálfun	20,1
1.35 Tannlækningar	17,2
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	-10,3
1.45 Brýn meðferð erlendis	-115,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	49,4
1.55 Sjúkradagpeningar	16,0
1.91 Annað	13,5
Almennur rekstur samtals	-1,2
Gjöld samtals	**-1,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	1,8
1.15 Bætur til framfærslu	-30,5
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	-18,5
1.21 Stjórnunarkostnaður	-12,6
Almennur rekstur samtals	-59,8
Gjöld samtals	**-59,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	37,1
Gjöld umfram tekjur	**-22,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-22,7

m.kr.

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúklingatryggingar 10,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,5

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 37,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,8

Gjöld umfram tekjur **31,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði ..... -0,6
1.20 Umhverfismat um Norðlingaölduveitu 0,4
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 45,9
1.71 Norræni lýðheilsuháskólinn 0,3
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 0,4
1.84 Bætur vegna lifrabólgu C ..... -12,3
Almennur rekstur samtals 34,1

Gjöld samtals **34,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,1

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-105,3**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-105,3**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-70,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,9
Gjöld umfram tekjur	**-71,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-71,2

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-3.669,6
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	-378,2
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	-142,1
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-2.686,2
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	-11,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	-76,3
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	-255,7
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	23,7
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-118,0
Almennur rekstur samtals	-7.313,4
Gjöld samtals	**-7.313,4**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-7.313,4

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:	
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna	55,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,2

m.kr.

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... -115,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,6

Gjöld umfram tekjur ..... **-114,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -114,9

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna ..... -4.775,2

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar ..... -4.775,2

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur ..... -1.592,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1.592,8

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur ..... -10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -10,1

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... -352,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -352,8

m.kr.

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:
6.01 Ríkisábyrgðir ..... -20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -20,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 194,4
6.15 Tjónabætur 13,5
Stofnkostnaður samtals 207,9

Gjöld samtals **207,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5
Viðskiptahreyfingar 194,4

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga ..... -129,5
6.92 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga 0,5
6.93 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga 2,8
6.94 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga 91,2
6.95 Fv. skólastjórabústaður Nesjum, Hornafirði 36,0
Stofnkostnaður samtals 1,0

Gjöld samtals **1,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 68,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,9

m.kr.

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	-11,4
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	25,1
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-12,4
1.31 Lífeyrissjóður bænda	12,5
1.60 Dómkröfur	-57,9
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	-0,6
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
Almennur rekstur samtals	-39,7
Gjöld samtals	**-39,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	25,8
Gjöld umfram tekjur	**-13,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-13,9

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-13.931,3**
Greitt úr ríkissjóði	**-2.037,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-11.894,2**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	-46,0
Sértekjur:	
Sértekjur	42,6
Gjöld umfram tekjur	**-3,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-3,4
11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-3,4**
Greitt úr ríkissjóði	**-3,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.40 Alþjóðastofnanir	7,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,9
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7,9**
Greitt úr ríkissjóði	**7,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	988,1
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	988,1

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**988,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**988,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjár- og fjáraukalaga fyrir árið 2004 og tillögur um niðurfellingu á stöðu fjárheimilda í lok ársins. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er einnig yfirlit yfir ónotaðar fjárveitingar sem færast til ársins 2005 og umframgjöld sem koma til lækkunar á fjárheimildum þess árs. Við samningu frumvarpsins var stuðst við sömu vinnureglur um uppgjör fjárheimilda og markaðra tekna og í fyrri lokafjárlögum. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður um afgangsheimildir og umframgjöld í rekstri ríkissjóðs á árinu 2004 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum, fjáraukalögum og skýringa við ríkisreikning árið 2004 um framvindu ríkisfjármála það ár. Þá liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2004.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er yfirlit yfir talnagrunn frumvarpsins í heild. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2004 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, þ.e. fluttar stöður fjárheimilda frá fyrra ári, fjárlög, fjáraukalög, millifærðar heimildir innan ársins og breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna samkvæmt þessu frumvarpi. Því næst eru tilfærð gjaldfærð útgjöld í reikningi og loks fjárheimildastaða í árslok, þ.e. mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra útgjalda. Heildarfjárheimildir ársins 2004 nema 296.273,3 m.kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu 300.438,7 m.kr. og staða fjárheimilda í árslok er því neikvæð um 4.165,4 m.kr. nettó. Taflan hér á eftir sýnir heildarsamtölur fyrir uppruna fjárheimilda og árslokastöðu samkvæmt fylgiskjali 2.

Rekstrargrunnur, m.kr.	M.kr.
Flutt frá fyrra ári	10.450,7
Fjárlög	275.295,6
Fjáraukalög	9.283,4
Millifært	0,2
Lokafjárlög	1.243,4
Alls heimildir	296.273,3
Reikningur	300.438,7
Staða í árslok	**-4.165,4**

Lagagreinar og sundurliðanir. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á ríkistekjum frá áætlun fjár- og fjáraukalaga. Nánar tiltekið er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri eða hver metin fjárþörf við skil markaðra tekna reyndist vera. Slíkar breytingar á fjárheimildum ríkisaðila og ráðstöfun ríkistekna verður að ákvarða með lögum á Alþingi á sama hátt og gert er í fjárlögum og fjáraukalögum. Byggt er á eftirfarandi vinnureglum í þessari tillögugerð:

1. Almennt er miðað við að mismunur á álögðum tekjum stofnana samkvæmt ríkisreikningi og áætluðum tekjum fjár- og fjáraukalaga leiði til jafn mikillar breytingar á fjárheimildum ársins.
2. Í nokkrum tilvikum, þar sem lög ákvarða útgjöld óháð tekjum, er breyting fjárheimildar þó miðuð við skil teknanna frá ríkissjóði til stofnana, enda hefur þá verið lagt mat á fjárþörfina innan ársins við skil ríkissjóðs á mörkuðum tekjum. Sú regla á t.d. við um útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, útgjöld Fæðingarorlofssjóðs og útgjöld Ábyrgðasjóðs launa.
3. Í ákveðnum tilvikum eru ekki lagðar til breytingar á fjárheimildum frá því sem ákveðið var af Alþingi í fjár- og fjáraukalögum þótt markaðar tekjur hafi reynst vera meiri eða minni en áætlað var. Hér er yfirleitt um að ræða tilvik þar sem ekki er beint samband milli útgjaldaþarfar stofnunar og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað. Þar má helst nefna framlög til vegagerðar og þau tilvik þegar tekjustofnar hafa verið skertir með lögum eða fjárlög ekki heimilað að tekjunum væri að fullu ráðstafað til gjaldahliðar sbr. viðskiptahreyfingar á tekjuliðum í séryfirlitum 3 og 4 í fjárlögum.

Í sundurliðun 1 er yfirlit yfir einstaka fjárlagaliði ráðuneyta þar sem lagðar eru til breytingar á fjárveitingum vegna frávika á ríkistekjum samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að stöður fjárheimilda í árslok verði felldar niður og flytjist því ekki yfir á næsta ár. Getur þar bæði verið um að ræða afgangsheimildir eða útgjöld umfram fjárheimildir. Stuðst er við þá meginreglu að í þeim tilvikum þegar útgjöld ráðast með beinum hætti af öðrum lögum en fjárlögum, svo sem útgjöld almannatrygginga, er staðan ekki flutt yfir til næsta árs heldur felld niður. Sama gildir um stöður fjárlagaliða þar sem útgjöld ráðast af hagrænum breytingum, svo sem vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar, eða ef útgjöld fjárlagaliðar eru ekki þáttur í rekstri tiltekins ábyrgðaraðila, svo sem útgjöld á sameiginlegum launa- og verðlagslið fjárlaga. Eins er lagt til að stöður verkefna sem er lokið verði felldar niður. Þessi afgreiðsla er með sama hætti og verið hefur um langt árabil. Í sundurliðun 2 er yfirlit yfir stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum ráðuneyta sem lagt er til að falli niður samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, annars vegar umframgjöld, þ.e. fjárhæðir með neikvæðu formerki, og hins vegar afgangsheimildir, þ.e. fjárhæðir með engu formerki.

Samræming á stöðu fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Með lokafjárlögum er ákvarðað hvaða árslokastöður fjárheimilda falla niður og hverjar flytjast til næsta árs. Með lokafjárlögum 2003 var alls 10.450,7 m.kr. fjárheimildastaða flutt til ársins 2004. Í séryfirliti 4 í ríkisreikningi 2004 er yfirlit yfir heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum. Samkvæmt yfirlitinu hefur 10.922 m.kr. fjárheimildastaða verið flutt frá fyrra ári inn í reikninginn en það er u.þ.b. 470 m.kr. hærri staða en ákvörðuð var í lokafjárlögum 2003. Misræmið kemur mestu leyti fram á fjórum fjárlagaliðum. Í fyrsta lagi á lið *14-287*

Úrvinnslusjóður þar sem 260 m.kr. afgangur er fluttur frá fyrra ári í reikningnum samanborið við 97,7 m.kr. afgang í lokafjárlögum. Í öðru lagi á lið *14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga* þar sem 231 m.kr. afgangur er fluttur frá fyrra ári í reikningnum samanborið við 95,8 m.kr. afgang í lokafjárlögum. Í þriðja lagi á lið *14-321 Brunamálastofnun ríkisins* þar sem 208 m.kr. afgangur er fluttur frá fyrra ári í reikningnum samanborið við 98,5 m.kr. afgang í lokafjárlögum. Í fjórða lagi á lið *07-331 Vinnueftirlit ríkisins* þar sem 59 m.kr. afgangur er fluttur frá fyrra ári í reikningnum en í lokafjárlögum var staða liðarins í jafnvægi. Önnur frávik í fluttum fjárheimildastöðum einstakra fjárlagaliða eru mun smærri.

Varðandi stöðuna í árslok 2004 þá kemur í nokkrum tilvikum fram mismunur milli stöðutalna frumvarpsins og höfuðstóls í árslok samkvæmt ríkisreikningi. Mest munar þar á fjárlagalið *10-472 Flugvellir*, þar sem fjárheimildastaða frumvarpsins er jákvæð um 568,2 m.kr. en höfuðstóll samkvæmt reikningi er 85,6 m.kr., eða 482,6 m.kr. lægri. Þessi munur skýrist að stærstum hluta af ólíkri framsetningu lokafjárlaga og reiknings á fjárveitingum umfram markaðar tekjur af flugvallargjaldi, auk nokkurra annarra smærri atriða sem samræmd verða í lokafjárlögum og reikningi 2005. Næst mesti munur er á lið *07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra*, þar sem fjárheimildastaða samkvæmt frumvarpinu er neikvæð um 65,3 m.kr. en höfuðstólsstaða reiknings er neikvæð um 30,8 m.kr. og er því 34,5 m.kr. betri. Þessi munur stafar að mestu leyti af 33,9 m.kr. millifærslu fjárheimildar sem færð var á liðinn í reikningi af fjárlagalið *09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum*, eftir að fjárheimildagrunni ársins hafði verið lokað í fjárlagakerfinu. Þetta misræmi verður leiðrétt með sérstakri millifærslu í fjárheimildagrunni ársins 2005. Þriðji stærsti munurinn er á lið *10-251 Umferðarstofa* þar sem höfuðstólsstaðan er 9 m.kr. umfram fjárheimildastöðu frumvarpsins. Þessi munur stafar af misræmi milli frumvarpsins og reiknings hvað varðar viðmið á breytingu fjárheimildar vegna frávika í ríkistekjum af umferðaröryggiseftirlitsgjaldi. Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á fjárheimild liðarins af þessum sökum frá því sem ákveðið var á fjárlögum en í reikningsuppgjörinu er miðað við að 9 m.kr. tekjur af gjaldinu umfram áætlun fjárlaga gangi til hækkunar á höfuðstól stofnunarinnar og þar með stöðu hans gagnvart fjárheimildum. Annað misræmi í fjárheimildastöðum einstakra fjárlagaliða í árslok er mun smærra og stafar oftast af afrúnningi sem skapast getur af því að í reikningi eru tekjur og gjöld færð í heilum krónum en í fjárheimildagrunni lokafjárlaga eru allar fjárhæðir færðar og settar fram í milljónum króna með einum aukastaf á sama hátt og í fjárlögum. Enn eru þó víða til staðar mismunir niður á einstök viðfangsefni innan fjárlagaliða. Unnið er að því að jafna þetta misræmi og talsverður hluti af því mun jafnast út af sjálfu sér í uppgjöri ársins 2006 vegna sameiningar og fækkunar á viðfangsefnum einstakra fjárlagaliða sem gerð var á fjárlögum 2006.

Staða fjárheimilda í árslok. Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er lögð fram heildarskrá yfir fjárheimildastöður ríkisaðila í A-hluta, bæði þeirra sem eru innan fjárheimilda og þeirra sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Staða fjárheimilda í árslok er, eins og áður

hefur komið fram, í heildina tekið neikvæð um 4.165,4 m.kr., eða 1,4% umfram fjárheimildir. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir eru 16.712,8 m.kr. en umframgjöld 20.878,2 m.kr. Í töflunni hér á eftir kemur fram hvernig fjárheimildastaða fjárlagaliða í árslok skiptist í afgangsheimildir og umframgjöld eftir ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Afgangs-heimildir	Umfram-gjöld	Staða í árslok
00 Æðsta stjórn ríkisins	93,9	-90,3	3,6
01 Forsætisráðuneyti	408,3	-12,7	395,6
02 Menntamálaráðuneyti	2.166,6	-1.525,1	641,5
03 Utanríkisráðuneyti	775,9	-431,2	344,7
04 Landbúnaðarráðuneyti	456,3	-478,4	-22,1
05 Sjávarútvegsráðuneyti	715,6	-2,9	712,7
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	962,8	-182,7	780,1
07 Félagsmálaráðuneyti	419,1	-698,3	-279,2
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.640,6	-2.947,2	-306,6
09 Fjármálaráðuneyti	1.205,9	-14.302,2	-13.096,3
10 Samgönguráðuneyti	4.041,2	-8,9	4.032,3
11 Iðnaðarráðuneyti	858,2	-3,4	854,8
12 Viðskiptaráðuneyti	95,5	0,0	95,5
13 Hagstofa Íslands	0,0	-21,4	-21,4
14 Umhverfisráðuneyti	884,8	-173,5	711,3
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs	988,1	0,0	988,1
Samtals	**16.712,8**	**-20.878,2**	**-4.165,4**

Afgangsheimildir og umframgjöld í ofangreindri töflu eru samanlagðar árslokastöður allra fjárlagaliða frumvarpsins, annars vegar fjárlagaliða sem hafa jákvæða fjárheimildastöðu í árslok og hins vegar liða sem hafa neikvæða stöðu í árslok. Yfirleitt eru það liðirnir, þ.e.a.s. stofnanirnar sjálfar, sem horft á við skoðun á því hvort aðilar hafi farið fram úr fjárheimildum eða haldið sig innan þeirra. Sé hins vegar litið á árslokastöðurnar út frá stöðum einstakra viðfangsefna yrðu afgangsheimildir alls 27.371,3 m.kr. og umframgjöld 31.536,7 m.kr. Heildarfjárhæðirnar yrðu þannig 10.658,5 m.kr. hærri, en nettóstaðan er sú sama. Hærri heildartölur viðfangsefna stafa af því að stöður einstakra viðfangsefna innan fjárlagaliða geta ýmist verið jákvæðar eða neikvæðar. Sem dæmi má nefna lið *02-201 Háskóli Íslands*, en fjárheimildastaða liðarins í árslok er neikvæð um 78,3 m.kr. Sú staða skiptist niður á fimm viðfangsefni með 1.117,5 m.kr. samanlagða jákvæða stöðu á móti 1.195,8 m.kr. samanlagðri neikvæðri stöðu. Munar þar mest um 1.116,9 m.kr. afgangsheimild á viðfangsefni *1.01 Kennsla* og 1.055,9 m.kr. umframgjöld á viðfangsefni *1.09 Rannsóknir og önnur verkefni*.

Sé litið eftir því hvaða fjárlagaliðir það eru þar sem frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru hvað mest kemur í ljós að oft eru það ýmsir óreglulegir liðir og vissir stofnkostnaðarliðir fremur en eiginlegir rekstrarliðir. Útgjöld þessara liða eru oft á tíðum lögbundin, hagræn eða kerfislæg og ráðast því ekki af fjármálastjórn tiltekins aðila og

ríkissjóður kemst ekki hjá að greiða eða gjaldfæra útgjöld á árinu án tillits til fjárheimilda. Má sem dæmi nefna útgjöld almannatrygginga, lífeyrisskuldbindingar, fjármagnstekjuskatt, afskriftir skattkrafna, gengismun og vaxtagjöld. Þetta kemur berlega í ljós þegar litið er til þess hvar mestu frávik milli fjárheimilda og útgjalda eru í árslok 2004. Afgangsheimildir eru mestar 1.963 m.kr. á lið *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar*. Sú inneign skýrist að verulegu leyti af 3 milljarða króna fjárveitingu sem veitt var á fyrri fjáraukalögum 2003 til framkvæmda í vegagerð vegna aðgerða í atvinnu og byggðamálum auk seinkunar framkvæmda frá því sem áður var reiknað með. Næst mesti afgangur er 988,1 m.kr. á lið *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, en vaxtagjöld ríkissjóðs hafa lækkað í kjölfar aukinna uppgreiðslna ríkissjóðs á skuldum. Þriðja hæsta inneign fjárlagaliðar er 931,2 m.kr. á lið *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*, sem að mestu skýrist af ónotuðum fjárveitingum sem veittar voru á fyrri fjáraukalögum 2003 til byggingar Menningarhúsa. Umframgjöld eru hæst 7.313,4 m.kr. á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun*, en gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga á árinu var af ýmsum ástæðum óvenju há eins og nánar er rakið í ríkisreikningi. Næst hæst umframgjöld eru 4.775,2 m.kr. á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna* og þriðju hæstu umframgjöldin eru 1.592,8 m.kr. á lið *09-721 Fjármagnstekjuskattur*, sem að mestu má rekja til skatts á söluhagnað af sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Eins og áður hefur verið bent á hafa í nokkrum tilvikum verulegar afgangsheimildir safnast upp á einstaka fjárlagaviðföngum á móti umframgjöldum annarra viðfangsefna sama fjárlagaliðar. Til viðbótar áðurnefndu dæmi um lið *02-201 Háskóli Íslands* má nefna fjárlagalið *02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands* með 618,1 m.kr. skuld á viðfangi *1.01 Almennur rekstur* og 646,2 m.kr. inneign á viðfangi *1.10 Kvikmyndasjóður*, fjárlagalið *04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu* með 413,3 m.kr. inneign á viðfangi *1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar* og 484,1 m.kr. skuld á viðfangi *1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður*, fjárlagalið *09-984 Fasteignir ríkissjóðs* með 461,4 m.kr. inneign á viðfangi *1.01 Yfirstjórn*, 92,2 m.kr. inneign á viðfangi *1.11 Rekstur fasteigna* og 598,7 m.kr. skuld á viðfangi *5.21 Viðhald fasteigna* og loks fjárlagalið *11-301 Orkustofnun* með 682,6 m.kr. inneign á viðfangi *1.03 Orkurannsóknir* á móti verulegum skuldum á öðrum viðfangsefnum stofnunarinnar. Mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að slík frávik myndist milli fjárveitinga og útgjalda á viðföngum einstakra fjárlagaliða. Í því sambandi þarf að gæta þess að bókhaldi sé hagað þannig að kostnaður einstakra verkefna sé gjaldfærður á sömu viðfangsefni og fjárheimild fyrir útgjöldunum var veitt á í fjárlögum. Eins er nauðsynlegt að endurskoða skiptingu kostnaðar á milli viðfangsefna í fjárlögum ár hvert.

Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok. Eins og áður hefur komið fram er heildarstaða fjárheimilda í árslok neikvæð um 4.165,4 m.kr., sem skiptist í alls 27.371,3 m.kr. afgangsheimildir einstakra viðfangsefna og 31.536,7 m.kr. umframgjöld. Í lokafjárlögum eru stöður þessar ýmist felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Í samræmi við það er í 2.

gr. frumvarpsins lagt til að niður falli 13.517,2 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða í árslok. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra viðfangsefna sem niður falla eru 2.549 m.kr. en umframgjöld 16.066,2 m.kr. Í sundurliðun 2 í frumvarpinu er yfirlit yfir stöður fjárheimilda á einstökum fjárlagaliðum ráðuneyta sem lagt er til að falli niður. Loks er í fylgiskjali 1 með frumvarpinu, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, lögð fram skrá yfir fjárheimildir sem flytjast til næsta árs. Í heildina tekið er lagt til að 9.351,8 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða í árslok flytjist yfir á árið 2005, og nemur sú staða 2,9% af fjárveitingum fjár- og fjáraukalaga 2005. Staðan skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra viðfangsefna nema 24.883,1 m.kr. en umframgjöld 15.531,3 m.kr.

Tilgangur með yfirfærslu á stöðum fjárheimilda milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót eins og áður tíðkaðist, heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Hafi t.d. meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var með fjárlögum losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður að vinna hallann upp af framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur af framlögum vegna frestunar á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok og nýtist því til verkefna viðkomandi stofnunar á næsta ári. Tilgangur með yfirfærslum er því einnig sá að gera starfsemi ráðuneyta og stofnana sveigjanlegri með því að veita þeim svigrúm til að hnika útgjöldum til í tíma, t.d. þegar fresta þarf framkvæmd verkefna til næsta árs.

Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að afgangsheimildum og umframgjöldum í rekstri stofnana er ráðstafað til næsta árs. Sama gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar framkvæmdum er ólokið. Staða fjárheimilda á liðum fyrir tilfærsluframlög, t.d. til almannatrygginga, fellur hins vegar almennt niður enda eru þær greiðslur í flestum tilvikum lög- eða samningsbundnar og verður ekki stýrt nema með breytingum á viðkomandi lögum. Sama gildir um liði þar sem útgjöld eru yfirleitt hagræns eða kerfislægs eðlis og lúta ekki fjármálastjórn tiltekins aðila, svo sem lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna. Heimilda til slíkra niðurfellinga er aflað í lokafjárlögum. Tillögur fjármálaráðuneytis um ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á eftirfarandi vinnureglum sem eru lítt breyttar frá fyrri árum:

1. Almennt

1.1. Ráðstöfun á stöðu heimilda er bundin við viðkomandi fjárlagalið og þá skiptingu á viðfangsefni sem þar er gerð. Er því ekki heimilt að ráðstafa afgangi eða umframgjöldum milli ára af einum fjárlagalið á annan eða t.d. frá stofnkostnaði til reksturs.

1.2. Staða fjárheimilda er almennt felld niður í árslok á lög- og samningsbundnum liðum,

t.d. vegna tilfærslufranlaga lífeyristrygginga, þar sem útgjöld ráðast fremur af ákvæðum laga en fjármálastjórn í starfsemi eða verkefnum sem lúta ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila og hægt er að stýra án breytinga á lögum.

1.3. Heimildastaða fellur niður í árslok ef viðkomandi verkefni er lokið. Hins vegar fellur hún ekki niður þegar starfsemi er endurskipulögð, t.d. með samruna stofnana.

1.4. Heimildastaða í árslok sem er innan við 100 þús. kr. fellur niður.

2. Afgangsheimildir

2.1. Afgangsheimild liðar í árslok kemur til viðbótar fjárveitingum næsta árs. Afgangur getur þó einungis færst yfir tvenn áramót við frestun á framkvæmd verkefna.

2.2. Afgangsheimild fellur niður í árslok hafi verulega verið dregið úr þjónustu frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, vegna breytinga á forsendum eða ef verkefni mun ekki koma til framkvæmda að hluta eða að fullu vegna óvissu um umfang þess.

2.3. Afgangur aukafjárveitingar getur færst til næsta árs þegar um er að ræða afmarkað verkefni sem ekki hefur tekist að ljúka við og gjaldfæra fyrir áramót.

3. Umframgjöld

3.1. Umframgjöld liða í árslok dragast að jafnaði frá fjárveitingum næsta árs nema einhver liðanna í 1.1–1.4 eigi fremur við.

3.2. Umframgjöld falla ekki niður þótt starfsemi færist milli fjárlagaliða eða ráðuneyta.

Af háum afgangsheimildum sem gert er ráð fyrir að flytjist til næsta árs má nefna 1.963 m.kr. inneign á lið *10-212 Framkvæmdir Vegagerðarinnar*, 931,2 m.kr. inneign á lið *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður*, 858 m.kr. inneign á lið *10-336 Hafnabótasjóður*, 664,8 m.kr. inneign á fjárlagaviðfangi *03-401-1.73 Þróunarsjóður EFTA* og 577,6 m.kr. inneign á lið *14-287 Úrvinnslusjóður*. Af gjöldum umfram fjárheimildir sem lagt er til að flytjist til næsta árs munar mest um 1.046,2 m.kr. skuld á lið *08-373 Landspítali háskólasjúkrahús*, 327,4 m.kr. skuld á lið *03-300 Sendiráð Íslands*, 234,4 m.kr. skuld á lið *02-210 Háskólinn á Akureyri*, 177,4 m.kr. skuld á lið *08-505 Heilsugæslan í Reykjavík*, 151,2 m.kr. skuld á lið *08-201 Tryggingastofnun ríkisins* og 135,4 m.kr. skuld á lið *04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði*. Um niðurfelldar fjárheimildastöður er fjallað í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins.

Mismunandi framsetning fjárheimilda í lokafjárlögum og ríkisreikningi. Þegar tölur um fjárheimildir í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru skoðaðar þarf að hafa í huga að framsetning þeirra getur verið mismunandi. Í ríkisreikningi 2004 eru fjárheimildir stofnana sýndar með tvenns konar hætti. Annars vegar í reikningum einstakra A-hluta stofnana og verkefna þar sem aðeins er sýnd fjárheimild ársins samkvæmt fjárlögum, fjáraukalögum og millifærslum, hins vegar í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum 2 og 4 í ríkisreikningi

þar sem einnig eru tilgreindar fjárheimildir fluttar frá fyrra ári. Samkvæmt séryfirliti 4 í ríkisreikningi, *Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum*, námu fluttar fjárheimildir frá fyrra ári alls 10.922 m.kr. Fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningum einstakra A-hluta stofnana í ríkisreikningi eru því lægri sem þessu nemur miðað við heimildir sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs og séryfirlitum reikningsins. Í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum eru fjárheimildir einstakra verkefna hins vegar ætíð settar fram sem nánari sundurliðun á heildartölum rekstraryfirlits ríkissjóðs, þ.e. í öllum tilvikum eru innifaldar allar fjárheimildir sem Alþingi veitir. Hafa verður þetta í huga við allan samanburð þegar heimildir einstakra verkefna í lokafjárlögum og ríkisreikningi eru bornar saman. Sem dæmi má nefna fjárlagalið *08-505 Heilsugæsla í Reykjavík*. Í ársreikningi stofnunarinnar eru tilgreindar 1.430,7 m.kr. fjárheimildir á móti 1.371,9 m.kr. gjöldum umfram sértekjur. Fljótt á litið gæti stofnunin því virst hafa haft 1.430,7 m.kr. til ráðstöfunar á árinu og rekstur hennar verið 58,8 m.kr. innan heimilda. Hið rétta er þó að vegna 236,2 m.kr. umframgjalda fyrri ára hafði stofnunin í raun og veru aðeins 1.194,5 m.kr. útgjaldaheimild á árinu og útgjöld hennar urðu 177,4 m.kr. umfram heimildir, sbr. fjárheimildastöðu stofnunarinnar í árslok í fylgiskjali 2 með frumvarpinu. Ársreikningar A-hluta aðila í ríkisreikningi sýna þannig stöðu stofnana gagnvart þeim fjárheimildum sem eru veittar í fjárlögum og fjáraukalögum ársins og draga fram hvort stofnun er að auka eða ganga á eigið fé innan þess árs. Fjárheimildastöður lokafjárlaga innifela hins vegar heildarfjárheimildir að teknu tilliti til afgangs eða halla frá fyrra ári og breytinga á fjárheimildum ársins vegna frávika í ríkistekjum. Árslokastöður lokafjárlaga eru því ætíð heildarfjárheimildir að frádregnum gjöldum ríkisreiknings og sýna uppsafnaða fjárheimildastöðu stofnana í árslok.

Nýting lántökuheimilda á árinu 2004. Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2004 var ríkissjóði heimilað að taka að láni 33 milljarða króna, skv. 1. tölulið 5. gr., og endurlána þar af 5,2 milljarða skv. 2. tölulið. Í áætlunum ríkissjóðs í sjóðstreymi fjárlaga var við það miðað að lántökur yrðu 28,8 milljarðar króna. Samkvæmt ríkisreikningi urðu langtímalántökur alls 39,4 milljarðar króna og endurlán námu 4,3 milljörðum króna. Helsta skýring á 10,6 milljarða króna lántökum umfram áætlanir er sú að meira var greitt í afborganir af teknum lánum en áætlað var. Þannig urðu afborganir langtímalána alls 37 milljarðar króna, eða 4,6 milljörðum króna umfram 32,4 milljarða króna áætlun fjárlaga, og auk þess voru ríkisvíxlar greiddir niður um 6 milljarða króna. Nánari upplýsingar um lánsfjármál og samanburð við heimildir er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2004 og í ríkisreikningi fyrir árið 2004.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárheimildir stofnana hækki samtals um 1.243,4 m.kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjár- og fjáraukalaga. Er þar leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera í samræmi við verklagsreglur sem lýst er í kaflanum Lagagreinar og sundurliðanir hér að framan.

Fjárheimildir sem lagt er til að veittar verði á grundvelli frávika á ríkistekjum ársins 2004 nema alls 865,2 m.kr. en auk þess er, til samræmis við ríkisreikning, lögð til alls 378,2 m.kr. hækkun fjárheimilda á nokkrum liðum af öðrum ástæðum, sem í stórum dráttum má skipta í fimm flokka. Í fyrsta lagi eru nokkur tilvik þar sem framsetning í ríkisreikningi miðast ekki við að haldið sé eftir í ríkissjóði af mörkuðum tekjum í samræmi við viðskiptahreyfingar tekna í fjárlögum en tekjunum þess í stað öllum veitt til viðkomandi stofnana. Er þar í fyrsta lagi um að ræða 3,3 m.kr. hækkun til Staðlaráðs vegna hlutdeildar í tekjum af tryggingagjaldi á árunum 2001-2003, í öðru lagi 0,2 m.kr. hækkun til Icepro-nefndar vegna hlutdeildar í tekjum af tryggingagjaldi á árinu 2002, í þriðja lagi 0,8 m.kr. hækkun til Umhverfisstofnunar vegna tekna fyrir veiðileyfi hreindýraráðs og gjalds af veiðikortum á árunum 2002 og 2003 og loks í fjórða lagi 0,3 m.kr. hækkun til liðar Ýmissa verkefna landbúnaðarráðuneytis vegna tekna fyrir mats á búvörum frá árinu 2003. Í öðru lagi er tilvik Úrvinnslusjóðs, en breytingar á fjárheimildum sjóðsins vegna ríkistekjufrávika miðast nú við álagðar tekjur en áður var miðað við óbreytta heimild fjárlaga. Vegna þess er lögð til 162,5 m.kr. hækkun á fjárheimildum sjóðsins vegna ríkistekjufrávika á árinu 2003, auk þess sem lögð er til 13,6 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna fyrri ára til samræmis við endurskoðað uppgjör á reikningum sjóðsins. Í þriðja lagi er tilvik á framkvæmdalið Vegagerðarinnar þar sem lögð er til 89,5 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta afskriftum markaðra tekna og verðbótum á ferjulán. Í fjórða lagi er tilvik Vinnueftirlits ríkisins þar sem auk 54,5 m.kr. tekjufrávika ársins er lagt er til að stofnuninni verði veittur ráðstöfunarréttur á 59 m.kr. ríkistekjufrávikum fyrri ára af tryggingagjaldi sem fram til þessa hefur ekki verið veitt til stofnunarinnar. Í fimmta lagi er tilvik á framkvæmdalið Flugmálastjórnar, Flugvellir, þar sem lögð er til 49 m.kr. hækkun fjárheimildar til leiðréttingar á skekkju sem gerð var við útreikning ríkistekjufrávika í vinnslu lokafjárlagafrumvarps 1998, sem leiddi til 49 m.kr. ofmats á lækkun fjárheimilda á grundvelli ríkistekjufrávika í lokafjárlögum 1998.

Þau tekjufrávik sem leiða til mestrar hækkunar á fjárheimildum einstakra fjárlagaliða eru 153,7 m.kr. á lið *04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins* vegna hærri tekna af sölu og afgjöldum ríkisjarða en áætlað var í fjárlögum, 137,8 m.kr. á lið *14-287 Úrvinnslusjóður* vegna ríkistekjufrávika ársins og frávika fyrri ára sem sjóðnum hefur fram til þessa hefur

ekki verið veittur ráðstöfunarréttur á, 113,5 m.kr. á lið *07-331 Vinnueftirlit ríkisins* vegna ríkistekjufrávika ársins og frávika fyrri ára í tekjum af tryggingagjaldi sem stofnuninni hefur fram til þessa ekki verið veittur ráðstöfunarréttur á, 121,2 m.kr. á lið *09-402 Fasteignamat ríkisins* vegna hærri tekna af umsýslugjaldi og aðgangi að fasteignamatsskrá og 106,7 m.kr. á lið *07-982 Ábyrgðasjóður launa* vegna skila á mörkuðum tekjum til sjóðsins umfram áætlun fjár- og fjáraukalaga.

Þau tekjufrávik sem leiða til mestrar lækkunar á fjárheimildum eru 245,6 m.kr. á lið *07-989 Fæðingarorlofssjóður* vegna minni skila á mörkuðum tekjum til sjóðsins en reiknað var með í fjár- og fjáraukalögum, 78,5 m.kr. á lið *08-208 Slysatryggingar* vegna lægri tekna af slysatryggingagjaldi vegna sjómanna en reiknað var með í fjárlögum og 63,5 m.kr. á lið *12-811 Flutningssjóður olíuvara* vegna lægri tekna af flutningsjöfnunargjaldi á olíuvörur en reiknað var með í fjárlögum. Nánari sundurliðun á breytingum fjárheimilda vegna frávika ríkistekna er að finna í sundurliðun 1 í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sótt um niðurfellingu á 13.517,2 m.kr. útgjöldum umfram fjárheimildir á rekstrargrunni en á greiðslugrunni nemur niðurfellingin 2.611,1 m.kr. Þessi mikli munur milli rekstrargrunns og greiðslugrunns stafar að stærstum hluta af niðurfellingu á 7.313,4 m.kr. umframgjöldum á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* ásamt niðurfellingu á 4.775,2 m.kr. umframgjöldum á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna* en hvorug breytingin hefur áhrif á útgreiðslur.

Alls er lagt til að í árslok falli niður 2.549 m.kr. afgangsheimildir og 16.066,2 m.kr. umframgjöld. Af afgangsheimildum sem lagt er til að falli niður munar mest um 988,1 m.kr. afgang á lið *19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs*, 207,9 m.kr. afgang á lið *09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur* og 125,1 m.kr. afgang á lið *07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi*. Af útgjöldum umfram heimildir sem lagt er til að falli niður munar mest um áðurnefndar 7.313,4 m.kr. á lið *09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun* og 4.775,2 m.kr. á lið *09-711 Afskriftir skattkrafna*. Þeim til viðbótar má nefna 1.592,8 m.kr. umframgjöld á lið *09-721 Fjármagnstekjuskattur*, 352,8 m.kr. umframgjöld á lið *09-821 Vaxtabætur*, 286,6 m.kr. umframgjöld á lið *08-204 Lífeyristryggingar*, 221,1 m.kr. umframgjöld á lið *07-989 Fæðingarorlofssjóður* og 190,2 m.kr. umframgjöld á lið *07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður*. Nánari sundurliðun á niðurfelldum fjárheimildastöðum í árslok er að finna í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**4.338,0**	**322,5**	**-714,0**	**5.405,3**	**9.351,8**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***-11,2***	***-9,0***	***6,9***	***11,6***	***-1,7***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-98,1**	**-0,2**	**3,7**	**9,9**	**-84,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-88,2				-88,2
101-1.50	Fálkaorðan	3,5				3,5
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-13,4	-0,2			-13,6
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			3,7		3,7
101-6.01	Tæki og búnaður				9,9	9,9
00-201	**Alþingi**	**71,3**	**-0,1**	**3,2**	**-1,3**	**73,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	47,8				47,8
201-1.03	Fastanefndir	-84,2				-84,2
201-1.04	Alþjóðasamstarf	39,6	-1,6			38,0
201-1.06	Almennur rekstur	98,8	-4,0			94,8
201-1.07	Sérverkefni	-4,9	5,5			0,6
201-1.10	Rekstur fasteigna	-25,8				-25,8
201-5.20	Fasteignir			3,2		3,2
201-6.01	Tæki og búnaður				-1,3	-1,3
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**10,3**	**-1,4**			**8,9**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	10,3	-1,4			8,9
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**5,3**	**-7,3**		**3,0**	**1,0**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	5,3	-7,3			-2,0
620-6.21	Fasteignir				3,0	3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01	***Forsætisráðuneyti***	***121,0***	***147,8***	***43,8***	***82,5***	***395,1***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**53,7**	**11,4**		**-1,7**	**63,4**
101-1.01	Yfirstjórn	50,5	11,4			61,9
101-1.20	Stjórnarráðshús	3,2				3,2
101-6.11	Bifreiðar				-1,7	-1,7
01-190	**Ýmis verkefni**	**47,0**	**46,3**	**-0,5**		**92,8**
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	-0,1				-0,1
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	-5,5	37,8			32,3
190-1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	2,9				2,9
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	19,7	-0,1			19,6
190-1.16	Evrópunefnd	1,5				1,5
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	1,8				1,8
190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	2,0				2,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,3	8,6			8,3
190-1.90	Ýmis verkefni	25,0				25,0
190-5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum			-0,5		-0,5
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**-14,6**		**37,5**		**22,9**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-14,6				-14,6
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			37,5		37,5
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**				**101,4**	**101,4**
203-6.25	Nýbygging á Stjórnarráðsreit				101,4	101,4
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**3,3**	**-1,1**			**2,2**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	3,3	-1,1			2,2
01-241	**Umboðsmaður barna**	**-2,0**	**2,5**			**0,5**
241-1.01	Umboðsmaður barna	-2,0	2,5			0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**11,6**				**11,6**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	11,6				11,6
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**-0,7**	**13,7**			**13,0**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	-0,7	13,7			13,0
01-255	**Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini**	**28,8**		**4,6**	**-34,4**	**-1,0**
255-1.01	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	28,8				28,8
255-5.21	Viðhald			4,6		4,6
255-6.21	Framkvæmdir				-34,4	-34,4
01-261	**Óbyggðanefnd**	**-7,1**				**-7,1**
261-1.01	Óbyggðanefnd	-7,1				-7,1
01-271	**Ríkislögmaður**	**7,3**				**7,3**
271-1.01	Ríkislögmaður	7,3				7,3
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	**-14,6**	**75,7**			**61,1**
303-1.11	Kristnihátíðarsjóður	-14,6	75,7			61,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**8,3**	**-0,7**	**2,2**	**3,1**	**12,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	8,3	-0,7			7,6
902-5.01	Fasteignir			2,2		2,2
902-6.01	Nýframkvæmdir				3,7	3,7
902-6.21	Fasteignir				-0,6	-0,6
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**14,1**	**14,1**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				14,1	14,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02	***Menntamálaráðuneyti***	***903,3***	***-1.336,8***	***-46,3***	***1.035,0***	***555,2***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-26,6**	**12,7**		**-0,1**	**-14,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-26,6	12,7			-13,9
101-6.10	Bifreiðar				-0,1	-0,1
02-201	**Háskóli Íslands**	**1.195,2**	**-1.133,6**	**-32,7**	**-107,2**	**-78,3**
201-1.01	Kennsla	1.244,0	-127,1			1.116,9
201-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	147,6	-1.203,5			-1.055,9
201-1.13	Háskólasjóður	-196,4	197,0			0,6
201-5.50	Fasteignir			-32,7		-32,7
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-107,2	-107,2
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**53,3**	**-33,1**			**20,2**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	63,7	-32,1			31,6
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	-10,4	-1,0			-11,4
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**55,8**	**-97,1**			**-41,3**
203-1.01	Yfirstjórn	60,2	-9,0			51,2
203-1.02	Rekstur fasteigna	-3,2	-0,9			-4,1
203-1.03	Rannsóknastofur	-1,2	-87,2			-88,4
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**11,6**	**-10,8**			**0,8**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	-4,3	-1,9			-6,2
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	15,9	-8,9			7,0
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**4,0**	**-7,9**			**-3,9**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-5,2	-1,4			-6,6
205-1.20	Bókaútgáfa	9,2	-6,5			2,7
02-206	**Orðabók Háskólans**	**4,1**	**2,5**			**6,6**
206-1.01	Orðabók Háskólans	4,1	2,5			6,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-207	**Íslensk málstöð**	**5,3**	**1,3**			**6,6**
207-1.01	Íslensk málstöð	5,3	1,3			6,6
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**0,4**	**-2,2**			**-1,8**
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	0,4	-2,2			-1,8
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-258,1**	**23,7**			**-234,4**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-376,3	-13,3			-389,6
210-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	118,2	37,0			155,2
02-211	**Tækniháskóli Íslands**	**-44,2**	**-4,4**			**-48,6**
211-1.01	Tækniháskóli Íslands	-44,2	-4,4			-48,6
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-118,2**	**174,4**			**56,2**
215-1.01	Kennsla	-45,2	30,0			-15,2
215-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	-73,0	144,4			71,4
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-25,9**	**-1,9**			**-27,8**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-25,9	-1,9			-27,8
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**25,6**	**-19,6**			**6,0**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	25,6	-19,6			6,0
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-0,7**				**-0,7**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-0,7				-0,7
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**				**33,4**	**33,4**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				33,4	33,4
02-236	**Rannsóknasjóður**	**142,9**	**-231,5**			**-88,6**
236-1.10	Rannsóknasjóður	142,9	-231,5			-88,6
02-238	**Tækjasjóður**				**321,8**	**321,8**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður				321,8	321,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-0,4**	**-56,2**			**-56,6**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-0,4	-56,2			-56,6
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**29,0**	**-16,0**	**13,0**
269-5.21	Viðhald			29,0		29,0
269-6.21	Stofnkostnaður				-16,0	-16,0
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-45,0**	**59,2**			**14,2**
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-59,4	59,2			-0,2
299-1.91	Háskólar, óskipt	14,4				14,4
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**44,1**	**-3,5**			**40,6**
301-1.01	Almennur rekstur	44,1	-3,5			40,6
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-30,7**	**-19,2**			**-49,9**
302-1.01	Almennur rekstur	-114,3	-19,2			-133,5
302-1.09	Önnur verkefni	83,6				83,6
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-31,6**	**-0,2**			**-31,8**
303-1.01	Almennur rekstur	-70,7	-0,2			-70,9
303-1.09	Önnur verkefni	39,1				39,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**52,0**	**-2,0**			**50,0**
304-1.01	Almennur rekstur	40,3	-2,0			38,3
304-1.09	Önnur verkefni	11,7				11,7
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**13,2**	**-0,1**			**13,1**
305-1.01	Almennur rekstur	13,2	-0,1			13,1
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**5,8**	**-2,8**			**3,0**
306-1.01	Almennur rekstur	-18,5	-2,8			-21,3
306-1.09	Önnur verkefni	24,3				24,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**18,7**	**-2,3**			**16,4**
307-1.01	Almennur rekstur	-7,1	-2,3			-9,4
307-1.09	Önnur verkefni	25,8				25,8
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-73,2**	**-16,5**			**-89,7**
308-1.01	Almennur rekstur	-113,5	-16,1			-129,6
308-1.09	Önnur verkefni	40,3	-0,4			39,9
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**1,7**	**-1,6**			**0,1**
309-1.01	Almennur rekstur	1,7	-1,6			0,1
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**88,4**	**-27,1**	**-42,6**		**18,7**
316-1.05	Fasteignir skóla	88,4	-27,1			61,3
316-5.21	Viðhald			-42,6		-42,6
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**-93,4**	**-93,4**
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				-116,8	-116,8
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				23,4	23,4
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**458,6**	**-442,7**			**15,9**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	43,5	-47,4			-3,9
319-1.12	Orlof kennara	6,0	-34,5			-28,5
319-1.13	Forfallakennsla	-19,1				-19,1
319-1.14	Sérkennsla	-77,4	70,5			-6,9
319-1.15	Prófkostnaður	18,3	-20,8			-2,5
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	-1,9	0,9			-1,0
319-1.17	Námsskrárgerð	100,0	-64,8			35,2
319-1.18	Námsefnisgerð	72,3	-67,9			4,4
319-1.19	Kennslueftirlit	9,8	-8,0			1,8
319-1.21	Nám tannsmiða	2,5	-2,1			0,4
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	3,9	-8,4			-4,5
319-1.26	Þróunarsjóður	-1,7	23,4			21,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
319-1.27	Íslenskukennsla	46,2	-39,5			6,7
319-1.28	Mat á skólastarfi	47,6	-43,3			4,3
319-1.30	Endurmenntun	-17,1	9,3			-7,8
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	31,5	-31,3			0,2
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	194,2	-178,8			15,4
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-12,7**	**-1,7**			**-14,4**
350-1.01	Almennur rekstur	-55,4	-1,7			-57,1
350-1.09	Önnur verkefni	42,7				42,7
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**31,2**	**-51,1**			**-19,9**
351-1.01	Almennur rekstur	-41,5	-51,1			-92,6
351-1.09	Önnur verkefni	72,7				72,7
02-352	**Flensborgarskóli**	**-59,3**	**-6,2**			**-65,5**
352-1.01	Almennur rekstur	-59,3	-6,2			-65,5
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**55,1**	**-9,6**			**45,5**
353-1.01	Almennur rekstur	61,3	-16,6			44,7
353-1.09	Önnur verkefni	-6,2	7,0			0,8
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-28,5**	**-0,6**			**-29,1**
354-1.01	Almennur rekstur	-76,7	-0,6			-77,3
354-1.09	Önnur verkefni	48,2				48,2
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**20,8**	**-1,9**			**18,9**
355-1.01	Almennur rekstur	4,5	-1,9			2,6
355-1.09	Önnur verkefni	16,3				16,3
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-51,6**	**-2,2**			**-53,8**
356-1.01	Almennur rekstur	-91,1	-2,1			-93,2
356-1.09	Önnur verkefni	39,5	-0,1			39,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**30,6**	**-7,5**			**23,1**
357-1.01	Almennur rekstur	66,7	-7,5			59,2
357-1.09	Önnur verkefni	-36,1				-36,1
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**-15,7**	**-9,6**			**-25,3**
358-1.01	Almennur rekstur	-37,3	-8,5			-45,8
358-1.09	Önnur verkefni	21,6	-1,1			20,5
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-72,4**	**-10,3**			**-82,7**
359-1.01	Almennur rekstur	38,9	-11,9			27,0
359-1.09	Önnur verkefni	-111,3	1,6			-109,7
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-56,7**	**-8,5**			**-65,2**
360-1.01	Almennur rekstur	-56,7	-8,5			-65,2
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**20,3**				**20,3**
361-1.01	Almennur rekstur	9,4				9,4
361-1.09	Önnur verkefni	10,9				10,9
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**-4,7**	**-0,9**			**-5,6**
362-1.01	Almennur rekstur	-4,7	-0,9			-5,6
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**5,1**	**-0,2**			**4,9**
363-1.01	Almennur rekstur	-13,1	-0,2			-13,3
363-1.09	Önnur verkefni	18,2				18,2
02-365	**Borgarholtsskóli**	**38,4**	**-10,2**			**28,2**
365-1.01	Almennur rekstur	20,2	-10,2			10,0
365-1.09	Önnur verkefni	18,2				18,2
02-367	**Snæfellsskóli**	**-11,1**				**-11,1**
367-1.01	Almennur rekstur	-11,1				-11,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-21,0**	**20,6**			**-0,4**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-18,1	-2,4			-20,5
430-1.02	Nám táknmálstúlka	-2,9	23,0			20,1
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-15,3**				**-15,3**
441-1.01	Kennsla	-36,4				-36,4
441-1.02	Annað en kennsla	21,1				21,1
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**5,3**				**5,3**
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	5,3				5,3
02-506	**Vélskóli Íslands**	**-34,5**	**8,5**			**-26,0**
506-1.01	Almennur rekstur	-45,6	7,5			-38,1
506-1.09	Önnur verkefni	11,1	1,0			12,1
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-19,9**				**-19,9**
507-1.01	Almennur rekstur	-28,1				-28,1
507-1.09	Önnur verkefni	8,2				8,2
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**-27,9**	**-18,5**			**-46,4**
514-1.01	Almennur rekstur	-113,3	-18,5			-131,8
514-1.09	Önnur verkefni	85,4				85,4
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**67,9**	**-0,2**			**67,7**
516-1.01	Almennur rekstur	67,9	-0,2			67,7
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**				**0,1**
541-1.01	Kennsla	0,1				0,1
02-563	**Tónlistarskólinn í Reykjavík**		**0,1**			**0,1**
563-1.10	Tónlistarskólinn í Reykjavík		0,1			0,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-564	**Listdansskólinn**	**-78,9**	**-0,3**			**-79,2**
564-1.01	Kennsla	-45,1				-45,1
564-1.02	Annað en kennsla	-33,8	-0,3			-34,1
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**42,1**	**-37,5**			**4,6**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	54,3	-59,3			-5,0
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-1,1	4,2			3,1
720-1.35	Samræmd próf		2,0			2,0
720-1.37	Endurmenntun		4,2			4,2
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	-7,6	7,4			-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-3,5	4,0			0,5
02-725	**Námsgagnastofnun**	**17,4**	**-0,1**			**17,3**
725-1.01	Námsgagnastofnun	17,4	-0,1			17,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-19,0**				**-19,0**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-19,0				-19,0
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**22,8**	**-2,4**			**20,4**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-38,4	-2,4			-40,8
884-1.10	Skólaakstur	61,2				61,2
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**0,5**	**-1,2**			**-0,7**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	0,5	-1,2			-0,7
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**16,2**	**14,1**		**-14,5**	**15,8**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	10,4	3,8			14,2
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	9,0	10,3			19,3
902-1.11	Hönnunarsafn Íslands	-3,2				-3,2
902-6.01	Tæki og búnaður				-14,5	-14,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-12,1**	**12,4**			**0,3**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-12,0	7,1			-4,9
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	-0,1	5,3			5,2
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**		**3,2**		**-35,0**	**-31,8**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn		3,2			3,2
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur				-32,4	-32,4
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands				-2,6	-2,6
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**7,0**	**0,5**			**7,5**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	7,0	0,5			7,5
02-907	**Listasafn Íslands**	**10,6**	**-0,6**		**15,0**	**25,0**
907-1.01	Listasafn Íslands	-4,6	-0,6			-5,2
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	15,2				15,2
907-6.01	Listaverkakaup				15,0	15,0
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**0,0**	**-0,7**		**13,5**	**12,8**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	0,0	-0,7			-0,7
908-6.01	Tæki og búnaður				13,5	13,5
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**0,1**	**-0,3**			**-0,2**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	0,1	-0,3			-0,2
02-918	**Safnasjóður**	**-4,6**	**7,6**			**3,0**
918-1.10	Safnasjóður	-4,6	7,6			3,0
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-8,0**	**10,6**		**11,0**	**13,6**
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	-8,0	10,6			2,6
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður				11,0	11,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**				**931,2**	**931,2**
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana				-123,2	-123,2
969-6.23	Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðustefnumiðstöðvar í				55,7	55,7
969-6.95	Menningarhús				998,7	998,7
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**10,1**	**-12,3**			**-2,2**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	10,1	-12,3			-2,2
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-8,7**				**-8,7**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-8,7				-8,7
02-976	**Menningarsjóður**	**3,3**	**0,5**			**3,8**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	3,3	0,5			3,8
02-977	**Höfundarréttargjöld**		**-1,0**			**-1,0**
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur		-1,0			-1,0
02-978	**Listasjóðir**	**-27,2**	**87,1**			**59,9**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-27,2	87,1			59,9
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**-10,3**	**-0,1**		**9,0**	**-1,4**
979-1.01	Almennur rekstur	-10,3	-0,1			-10,4
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				9,0	9,0
02-980	**Listskreytingasjóður**				**1,2**	**1,2**
980-6.01	Listskreytingasjóður				1,2	1,2
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**-214,8**	**242,9**			**28,1**
981-1.01	Almennur rekstur	-214,8	-403,3			-618,1
981-1.10	Kvikmyndasjóðir		646,2			646,2
02-982	**Listir, framlög**	**-95,1**	**151,2**			**56,1**
982-1.15	Þýðingarsjóður	-0,3	13,6			13,3
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-22,3	20,9			-1,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar	-0,2				-0,2
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-2,0	11,8			9,8
982-1.25	Tónlistarstarfsemi		0,1			0,1
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-7,4	7,6			0,2
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-2,2	2,6			0,4
982-1.55	Menningarkynning í Frakklandi	-19,9	36,2			16,3
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	-0,6	1,9			1,3
982-1.81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík		1,5			1,5
982-1.90	Listir	-35,2	36,6			1,4
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	-5,0	18,4			13,4
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-60,7**	**73,2**			**12,5**
983-1.10	Fræðistörf	-0,2	-0,3			-0,5
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,1	-3,0			-2,9
983-1.16	Hið íslenska fornritafélag		0,5			0,5
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	-2,1	2,7			0,6
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-38,2	42,6			4,4
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-20,3	23,2			2,9
983-1.51	Fræða- og þekkingasetur		7,5			7,5
02-984	**Norræn samvinna**	**-26,3**	**17,6**			**-8,7**
984-1.90	Norræn samvinna	-26,3	17,6			-8,7
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-130,3**	**92,5**			**-37,8**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-130,3	92,5			-37,8
02-988	**Æskulýðsmál**	**-12,4**	**18,0**			**5,6**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	-7,7	9,9			2,2
988-1.17	Landssamband KFUM og KFUK		-1,7			-1,7
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	-2,9	5,5			2,6
988-1.90	Æskulýðsmál	-1,8	4,3			2,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**17,4**	**-10,0**			**7,4**
989-1.16	Íþróttasjóður	-4,7	10,8			6,1
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	3,4	-0,6			2,8
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-1,9				-1,9
989-1.24	Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmennafélaga 2004		2,5			2,5
989-1.90	Ýmis íþróttamál	20,6	-22,7			-2,1
02-994	**Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni**	**40,1**	**-24,3**			**15,8**
994-1.01	Uppbygging menntunar og menningar á landsbyggðinni	40,1	-24,3			15,8
02-995	**Tungutækni**	**41,4**	**-24,7**		**21,8**	**38,5**
995-1.01	Verkefnisstjórn	41,4	-24,7			16,7
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni				21,8	21,8
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**-57,2**	**-57,2**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				-57,2	-57,2
02-999	**Ýmislegt**	**13,1**	**-0,2**		**0,5**	**13,4**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,6	2,5			1,9
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-4,2				-4,2
999-1.43	Skriðuklaustur	0,5				0,5
999-1.44	Snorrastofa	2,8	2,7			5,5
999-1.51	Fornleifasjóður		1,4			1,4
999-1.90	Ýmis framlög	14,6	-6,8			7,8
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög				0,5	0,5
03 Utanríkisráðuneyti		***-209,6***	***720,3***	***-33,6***	***-13,3***	***463,8***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**21,2**	**-50,9**		**-13,0**	**-42,7**
101-1.01	Yfirstjórn	48,1	-49,4			-1,3
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	24,6	-1,5			23,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-51,5				-51,5
101-6.01	Tæki og búnaður				-13,0	-13,0
03-190	**Ýmis verkefni**	**6,4**	**2,8**			**9,2**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-11,6	16,7			5,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-15,5	12,5			-3,0
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	23,7	-13,5			10,2
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	-1,1				-1,1
190-1.90	Ýmis verkefni	10,9	-12,9			-2,0
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-61,5**	**-2,8**	**2,0**	**1,2**	**-61,1**
201-1.01	Yfirstjórn	-71,9	-0,3			-72,2
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	355,2	-0,5			354,7
201-1.20	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-450,8	-2,0			-452,8
201-1.30	Öryggisverkefni	106,0				106,0
201-5.20	Fasteignir			2,0		2,0
201-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
03-300	**Sendiráð Íslands**	**-262,5**	**-27,8**	**-35,6**	**-1,5**	**-327,4**
300-1.01	Sendiráð Íslands	-262,5	-27,8			-290,3
300-5.21	Viðhald fasteigna			-35,6		-35,6
300-6.01	Tæki og búnaður				-130,4	-130,4
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín				80,3	80,3
300-6.28	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn				48,6	48,6
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**51,2**	**-27,8**			**23,4**
390-1.01	Almennur rekstur	-7,8	-27,8			-35,6
390-1.11	Þróunaraðstoð	59,0				59,0
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-66,2**	**229,0**			**162,8**
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		0,1			0,1
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	-17,2	66,7			49,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-49,0	162,2			113,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**101,8**	**597,8**			**699,6**
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	20,7	644,1			664,8
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla		-0,7			-0,7
401-1.87	Íslensk friðargæsla	81,1	-48,0			33,1
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja		2,4			2,4
04 Landbúnaðarráðuneyti		***-466,0***	***161,9***	***134,0***	***241,3***	***71,2***
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-2,6**	**5,8**			**3,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-2,6	5,8			3,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**10,3**	**-17,3**			**-7,0**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	10,8	-11,1			-0,3
190-1.12	Mat á búvörum	-4,5	4,0			-0,5
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	4,0	-3,2			0,8
190-1.31	Skógræktarfélag Íslands		-3,1			-3,1
190-1.90	Ýmis verkefni		-3,9			-3,9
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**19,2**		**18,9**	**-6,5**	**31,6**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	19,2				19,2
211-5.01	Viðhald			18,9		18,9
211-6.01	Tæki og búnaður				-15,6	-15,6
211-6.20	Fasteignir				9,1	9,1
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-6,2**				**-6,2**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-6,2				-6,2
04-222	**Veiðimálastjóri**	**-6,6**	**6,8**			**0,2**
222-1.01	Veiðimálastjóri	-6,6	6,8			0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-93,8**	**-7,5**	**20,8**		**-80,5**
233-1.01	Yfirdýralæknir	-90,5	-7,4			-97,9
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-101,1	-0,1			-101,2
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	84,2				84,2
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	13,6				13,6
233-5.90	Dýralæknisbústaðir			20,8		20,8
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**28,7**				**28,7**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	28,7				28,7
04-261	**Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**	**-131,3**	**-12,0**	**-3,8**	**11,7**	**-135,4**
261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	-131,3	-12,0			-143,3
261-5.01	Viðhaldsfé			-3,8		-3,8
261-6.01	Tæki og búnaður				28,2	28,2
261-6.20	Fasteignir og lóðir				-16,5	-16,5
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**-101,3**	**-7,3**	**22,5**	**35,6**	**-50,5**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	-101,3	-7,3			-108,6
271-5.01	Viðhaldsfé			22,5		22,5
271-6.01	Tæki og búnaður				1,4	1,4
271-6.20	Fasteignir og lóðir				34,2	34,2
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**-37,1**	**-6,8**	**16,7**	**14,4**	**-12,8**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-37,1	-6,8			-43,9
283-5.01	Viðhald			16,7		16,7
283-6.01	Tæki og búnaður				14,4	14,4
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**0,6**				**0,6**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,6				0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**3,3**	**75,0**	**35,0**	**-57,6**	**55,7**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	-41,6	75,0			33,4
311-1.90	Fyrirhleðslur	44,9				44,9
311-5.01	Viðhaldsfé			35,0		35,0
311-6.01	Tæki og búnaður				21,0	21,0
311-6.20	Fasteignir				-78,6	-78,6
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-208,1**	**120,8**	**23,9**	**95,5**	**32,1**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-153,3	84,3			-69,0
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-54,8	36,5			-18,3
321-5.01	Viðhaldsfé			23,9		23,9
321-6.01	Tæki og búnaður				20,1	20,1
321-6.20	Fasteignir, óskipt				75,4	75,4
04-331	**Héraðsskógar**	**-3,7**			**8,0**	**4,3**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	-3,7				-3,7
331-6.41	Gagnagrunnur um skógrækt				8,0	8,0
04-343	**Landshlutabundin skógrækt**	**74,3**	**-44,0**			**30,3**
343-1.10	Suðurlandsskógar	36,3	-46,6			-10,3
343-1.13	Vesturlandsskógar	29,4	-24,3			5,1
343-1.15	Skjólskógar, Vestfjörðum	-9,3	7,1			-2,2
343-1.16	Norðurlandsskógar	-12,3	38,1			25,8
343-1.17	Austurlandsskógar	30,2	-18,3			11,9
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-9,2**	**-76,1**			**-85,3**
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda		5,3			5,3
805-1.03	Jöfnunargreiðslur		-1,8			-1,8
805-1.04	Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar		413,3			413,3
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull		-82,4			-82,4
805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður	-3,6	-480,5			-484,1
805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt	-5,6	70,0			64,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**		**42,5**			**42,5**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda		18,7			18,7
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt		12,6			12,6
807-1.07	Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum		12,4			12,4
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna		-1,2			-1,2
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**		**1,9**			**1,9**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins		1,9			1,9
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**143,1**	**143,1**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				143,1	143,1
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**-2,6**	**50,8**			**48,2**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	-2,6	50,8			48,2
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**0,1**	**29,3**		**-4,4**	**25,0**
891-1.14	Átak í hrossarækt	0,2				0,2
891-1.15	Úrelding sláturhúsa		9,2			9,2
891-1.91	Loðdýrafóður	-0,1	20,1			20,0
891-6.91	Ýmis stofnkostnaður				-4,4	-4,4
04-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**1,5**	**1,5**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				1,5	1,5
05 Sjávarútvegsráðuneyti		***407,2***	***251,5***	***-39,0***	***87,7***	***707,4***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**1,9**	**-4,0**			**-2,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-7,5	-4,0			-11,5
101-1.11	Fiskveiðisamningar	9,4				9,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-190	**Ýmis verkefni**	**17,1**	**8,5**		**18,7**	**44,3**
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,8	-1,0			15,8
190-1.23	Matvælasetur	28,3	-28,2			0,1
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-1,7	6,9			5,2
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-52,1	40,4			-11,7
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	-2,9				-2,9
190-1.90	Ýmislegt	28,7	-9,6			19,1
190-6.41	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna				18,7	18,7
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**				**-0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1				-0,1
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**25,2**	**-0,3**	**-39,0**	**37,1**	**23,0**
202-1.01	Almenn starfsemi	163,0				163,0
202-1.30	Rannsóknaskip	-137,8	-0,3			-138,1
202-5.31	Viðhald rannsóknaskipa			-39,0		-39,0
202-6.31	Tæki og búnaður í skip				43,2	43,2
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa				-6,1	-6,1
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-149,8**	**85,0**		**84,9**	**20,1**
203-1.01	Almenn starfsemi	-149,8	85,0			-64,8
203-6.01	Tæki og búnaður				84,9	84,9
05-204	**Fiskistofa**	**206,5**	**-0,1**		**-47,1**	**159,3**
204-1.01	Fiskistofa	27,2	-0,1			27,1
204-1.10	Landamærastöðvar	45,4				45,4
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	133,9				133,9
204-6.01	Tæki og búnaður				-47,1	-47,1
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**31,5**	**13,8**			**45,3**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	31,5	13,8			45,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	**23,0**	**119,8**			**142,8**
210-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	23,0	119,8			142,8
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**12,6**	**-3,5**			**9,1**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	12,6	-3,5			9,1
05-215	**Gengismunasjóður**		**17,2**			**17,2**
215-1.01	Gengismunasjóður		17,2			17,2
05-216	**Gæða- og orkufjársjóður**		**-0,4**			**-0,4**
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður		-0,4			-0,4
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**		**2,7**			**2,7**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður		2,7			2,7
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**		**12,3**			**12,3**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir		12,3			12,3
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**		**-0,3**			**-0,3**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna		-0,3			-0,3
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**26,3**			**-5,9**	**20,4**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	26,3				26,3
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				-5,9	-5,9
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**90,6**				**90,6**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	90,6				90,6
05-274	**Matvæla- og sjávarútvegsgarður**	**96,3**				**96,3**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	96,3				96,3
05-801	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**	**-1,5**	**3,9**			**2,4**
801-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	-1,5	3,9			2,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**27,6**	**-3,1**			**24,5**
901-1.01	Yfirstjórn	23,5	-0,9			22,6
901-1.30	Keldnaholt	4,1	-2,2			1,9
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***810,6***	***-140,5***	***23,8***	***133,3***	***827,2***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,9**	**-7,5**			**2,4**
101-1.01	Yfirstjórn	9,9	-7,5			2,4
06-102	**Stjórnartíðindi**	**-48,8**				**-48,8**
102-1.01	Stjórnartíðindi	-48,8				-48,8
06-103	**Lagasafn**	**15,5**				**15,5**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	15,5				15,5
06-105	**Lögbirtingablað**	**-2,0**				**-2,0**
105-1.01	Lögbirtingablað	-2,0				-2,0
06-190	**Ýmis verkefni**	**-13,8**	**3,0**			**-10,8**
190-1.10	Fastanefndir	-24,3	-1,3			-25,6
190-1.51	Innheimta meðlaga	3,5				3,5
190-1.82	Biblíuþýðingar		0,1			0,1
190-1.90	Ýmislegt	4,4	6,3			10,7
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	2,6	-2,1			0,5
06-201	**Hæstiréttur**	**11,4**	**-0,1**			**11,3**
201-1.01	Yfirstjórn	11,4	-0,1			11,3
06-210	**Héraðsdómstólar**	**12,9**	**-0,1**		**2,8**	**15,6**
210-1.01	Héraðsdómstólar	12,9	-0,1			12,8
210-6.01	Tæki og búnaður				2,8	2,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-251	**Persónuvernd**	**31,3**				**31,3**
251-1.01	Persónuvernd	31,3				31,3
06-301	**Ríkissaksóknari**	**5,3**				**5,3**
301-1.05	Ríkissaksóknari	5,3				5,3
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**85,7**	**-5,2**		**-4,9**	**75,6**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	81,9	-5,2			76,7
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	3,8				3,8
303-6.01	Tæki og búnaður				-5,3	-5,3
303-6.11	Bifreiðar				0,4	0,4
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**22,2**				**22,2**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	22,2				22,2
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**62,9**	**1,3**		**-8,2**	**56,0**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	62,9	1,3			64,2
311-6.01	Tæki og búnaður				-8,2	-8,2
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**7,9**	**-0,7**			**7,2**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	7,9	-0,7			7,2
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**21,4**	**-0,7**			**20,7**
341-1.20	Fíkniefnamál	3,5	1,4			4,9
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	17,9	-2,1			15,8
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**41,3**	**-1,8**			**39,5**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	6,8	-1,0			5,8
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	34,8	-0,8			34,0
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,3				-0,3
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**				**28,4**	**28,4**
391-6.21	Fasteignir				28,4	28,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**139,0**	**-55,0**	**10,3**	**0,2**	**94,5**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	139,0	-55,0			84,0
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta			10,3		10,3
395-6.01	Tæki og búnaður				0,2	0,2
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**22,4**	**22,4**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				22,4	22,4
06-397	**Schengen-samstarf**	**18,2**	**20,0**			**38,2**
397-1.01	Schengen-samstarf	18,2	20,0			38,2
06-398	**Útlendingastofnun**	**95,5**	**-59,2**			**36,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	95,5	-59,2			36,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**3,3**				**3,3**
411-1.01	Yfirstjórn	3,3				3,3
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**27,9**	**-0,1**			**27,8**
412-1.01	Yfirstjórn	32,7				32,7
412-1.20	Löggæsla	-4,8	-0,1			-4,9
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**8,9**				**8,9**
413-1.01	Yfirstjórn	-6,5				-6,5
413-1.20	Löggæsla	3,6				3,6
413-1.40	Tollgæsla	11,8				11,8
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**7,3**				**7,3**
414-1.01	Yfirstjórn	3,3				3,3
414-1.20	Löggæsla	4,0				4,0
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**1,7**				**1,7**
415-1.01	Yfirstjórn	8,7				8,7
415-1.20	Löggæsla	-7,0				-7,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-4,9**				**-4,9**
416-1.01	Yfirstjórn	-0,5				-0,5
416-1.20	Löggæsla	-4,4				-4,4
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**0,1**				**0,1**
417-1.01	Yfirstjórn	0,5				0,5
417-1.20	Löggæsla	-0,4				-0,4
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**3,4**				**3,4**
418-1.01	Yfirstjórn	-3,9				-3,9
418-1.20	Löggæsla	17,9				17,9
418-1.40	Tollgæsla	-10,6				-10,6
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**-0,4**				**-0,4**
419-1.01	Yfirstjórn	11,0				11,0
419-1.20	Löggæsla	-11,4				-11,4
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**9,7**				**9,7**
420-1.01	Yfirstjórn	8,0				8,0
420-1.20	Löggæsla	1,7				1,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-8,2**				**-8,2**
421-1.01	Yfirstjórn	-0,7				-0,7
421-1.20	Löggæsla	-7,5				-7,5
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**9,5**				**9,5**
422-1.01	Yfirstjórn	8,6				8,6
422-1.20	Löggæsla	0,9				0,9
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**2,9**	**-0,1**			**2,8**
423-1.01	Yfirstjórn	16,3	-0,1			16,2
423-1.20	Löggæsla	-13,4				-13,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**1,4**	**-1,3**			**0,1**
424-1.01	Yfirstjórn	66,6	0,5			67,1
424-1.20	Löggæsla	-61,5	-1,8			-63,3
424-1.40	Tollgæsla	-3,7				-3,7
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**4,5**				**4,5**
425-1.01	Yfirstjórn	36,0				36,0
425-1.20	Löggæsla	-31,5				-31,5
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-8,3**				**-8,3**
426-1.01	Yfirstjórn	-26,7				-26,7
426-1.20	Löggæsla	37,1				37,1
426-1.40	Tollgæsla	-18,7				-18,7
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**45,1**				**45,1**
428-1.01	Yfirstjórn	47,5				47,5
428-1.20	Löggæsla	-2,4				-2,4
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**6,2**				**6,2**
429-1.01	Yfirstjórn	-1,5				-1,5
429-1.20	Löggæsla	7,7				7,7
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-0,4**				**-0,4**
430-1.01	Yfirstjórn	16,6				16,6
430-1.20	Löggæsla	-17,0				-17,0
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**24,0**				**24,0**
431-1.01	Yfirstjórn	8,5				8,5
431-1.05	Innheimta sekta	10,7				10,7
431-1.20	Löggæsla	4,8				4,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**16,0**				**16,0**
432-1.01	Yfirstjórn	2,8				2,8
432-1.20	Löggæsla	20,0				20,0
432-1.40	Tollgæsla	-6,8				-6,8
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**12,1**	**-0,1**			**12,0**
433-1.01	Yfirstjórn	2,3	-0,1			2,2
433-1.20	Löggæsla	11,6				11,6
433-1.40	Tollgæsla	-1,8				-1,8
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**10,5**				**10,5**
434-1.01	Yfirstjórn	-10,6				-10,6
434-1.20	Löggæsla	19,5				19,5
434-1.40	Tollgæsla	1,6				1,6
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**15,9**	**-0,1**			**15,8**
436-1.01	Yfirstjórn	-7,5	-0,1			-7,6
436-1.20	Löggæsla	37,5				37,5
436-1.40	Tollgæsla	-14,1				-14,1
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**10,0**	**-0,4**			**9,6**
437-1.01	Yfirstjórn	50,3	-0,3			50,0
437-1.20	Löggæsla	-40,3	-0,1			-40,4
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**-1,5**	**-0,1**			**-1,6**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	26,6	-0,1			26,5
490-1.11	Útgáfa ökuskírteina	2,5				2,5
490-1.60	Gagnalínukostnaður	12,7				12,7
490-1.63	Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	0,1				0,1
490-1.65	Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	-43,4				-43,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**21,8**	**38,4**	**60,2**
491-5.01	Viðhald húseigna			21,8		21,8
491-6.01	Tæki og búnaður				2,7	2,7
491-6.11	Húsnæði sýslumanns í Reykjavík				-1,0	-1,0
491-6.14	Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi				0,4	0,4
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				36,3	36,3
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**63,6**	**-27,3**	**-8,3**		**28,0**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	63,6	-27,3			36,3
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			-8,3		-8,3
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**36,9**	**36,9**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				36,9	36,9
06-701	**Þjóðkirkjan**	**34,5**	**-8,3**			**26,2**
701-1.01	Biskup Íslands	29,0	-8,4			20,6
701-1.12	Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans	5,5				5,5
701-1.16	Langamýri í Skagafirði		0,1			0,1
06-707	**Kristnisjóður**		**3,3**			**3,3**
707-1.10	Kristnisjóður		3,3			3,3
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**17,3**	**17,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				17,3	17,3
07 Félagsmálaráðuneyti		***211,0***	***-22,1***	***-83,6***	***-73,4***	***31,9***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-1,7**	**-1,9**		**-2,4**	**-6,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-1,7	-1,9			-3,6
101-6.10	Bifreiðar				-2,4	-2,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-190	**Ýmis verkefni**	**46,2**	**-9,6**			**36,6**
190-1.11	Fjölskylduráð	5,6	-0,5			5,1
190-1.13	Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	1,8				1,8
190-1.15	Kærunefnd húsnæðismála	2,0				2,0
190-1.16	Kærunefnd barnaverndarmála	6,1				6,1
190-1.17	Kærunefnd jafnréttismála	3,2				3,2
190-1.18	Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	3,4				3,4
190-1.19	Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,1				1,1
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	10,5	-9,3			1,2
190-1.26	Jafnréttisráð	1,4	-0,4			1,0
190-1.90	Ýmislegt	11,1	0,6			11,7
07-205	**Leiguíbúðir**				**49,8**	**49,8**
205-6.21	Leiguíbúðir				49,8	49,8
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**15,9**	**-0,7**			**15,2**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	15,9	-0,7			15,2
07-313	**Jafnréttisstofa**	**21,2**	**-13,1**			**8,1**
313-1.01	Jafnréttisstofa	21,2	-13,1			8,1
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**22,2**	**-0,8**		**-2,3**	**19,1**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	22,2	-0,8			21,4
331-6.01	Tæki og búnaður				-2,3	-2,3
07-400	**Barnaverndarstofa**	**-20,6**	**-17,4**		**-2,3**	**-40,3**
400-1.01	Yfirstjórn	-78,0	-15,6			-93,6
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	211,1				211,1
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-153,7	-1,8			-155,5
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar				-2,3	-2,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-700	**Málefni fatlaðra**	**154,8**	**-135,5**			**19,3**
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	19,5	-15,2			4,3
700-1.90	Ýmis verkefni	64,0	-59,1			4,9
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	63,6	-61,2			2,4
700-1.93	Ný sambýli	7,7				7,7
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-0,1**	**4,4**			**4,3**
701-1.01	Almennur rekstur	1,4				1,4
701-1.10	Svæðisráð	-1,5				-1,5
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir		4,4			4,4
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**7,1**	**-10,3**			**-3,2**
702-1.01	Almennur rekstur	8,9				8,9
702-1.10	Svæðisráð	1,9				1,9
702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-8,7				-8,7
702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,2				0,2
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	4,8	-10,3			-5,5
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-25,2**	**14,3**			**-10,9**
703-1.01	Almennur rekstur	-27,7	14,3			-13,4
703-1.10	Svæðisráð	3,7				3,7
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-1,2				-1,2
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**0,7**	**-2,8**			**-2,1**
704-1.01	Almennur rekstur	-4,2	-2,8			-7,0
704-1.10	Svæðisráð	4,9				4,9
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**1,0**				**1,0**
705-1.10	Svæðisráð	0,7				0,7
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,3				0,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**1,3**				**1,3**
706-1.10	Svæðisráð	0,3				0,3
706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	1,0				1,0
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-20,0**	**30,9**			**10,9**
707-1.01	Almennur rekstur	-33,0	30,9			-2,1
707-1.10	Svæðisráð	4,4				4,4
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	7,7				7,7
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,9				0,9
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-8,0**	**28,7**			**20,7**
708-1.01	Almennur rekstur	53,0	28,7			81,7
708-1.10	Svæðisráð	2,4				2,4
708-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-63,9				-63,9
708-1.72	Skaftholt	0,5				0,5
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-9,0**	**-0,2**			**-9,2**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-9,0	-0,2			-9,2
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**38,7**	**-7,9**	**-83,6**	**-12,5**	**-65,3**
795-1.01	Yfirstjórn	38,7	-7,9			30,8
795-5.21	Viðhald fasteigna			-83,6		-83,6
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				-12,5	-12,5
07-980	**Vinnumálastofnun**	**79,2**	**-52,3**			**26,9**
980-1.01	Yfirstjórn	91,6	-109,4			-17,8
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	-12,4	57,1			44,7
07-981	**Vinnumál**	**-39,1**	**45,4**			**6,3**
981-1.10	Félagsdómur	2,7	-1,0			1,7
981-1.90	Ýmislegt	-41,8	46,4			4,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**				**-103,7**	**-103,7**
984-6.10	Fasteign				-103,7	-103,7
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-53,6**	**106,7**			**53,1**
999-1.30	Sjómannastofur		4,5			4,5
999-1.31	Félagasamtök, styrkir	-0,2	25,4			25,2
999-1.48	Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	-36,2	35,8			-0,4
999-1.49	Móttaka flóttamannahópa	0,9	28,9			29,8
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	-7,6	-4,6			-12,2
999-1.90	Ýmis framlög	-10,5	16,7			6,2
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		***-1.098,2***	***553,7***	***-257,0***	***600,2***	***-201,3***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-5,1**	**13,8**		**-7,1**	**1,6**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,1	13,8			8,7
101-6.01	Tæki og búnaður				-7,1	-7,1
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-367,1**	**188,3**		**27,6**	**-151,2**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-367,1	188,3			-178,8
201-6.01	Tæki og búnaður				27,6	27,6
08-301	**Landlæknir**	**43,8**	**-7,8**			**36,0**
301-1.01	Yfirstjórn	34,8	-7,8			27,0
301-1.10	Læknaráð	-0,8				-0,8
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	3,4				3,4
301-1.40	Siðaráð	6,4				6,4
08-305	**Lýðheilsustöð**	**-441,1**	**473,7**			**32,6**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-445,5	297,9			-147,6
305-1.90	Forvarnasjóður	4,4	175,8			180,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**29,7**			**4,3**	**34,0**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	29,7				29,7
324-6.10	Fasteign				4,3	4,3
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-29,4**				**-29,4**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-29,4				-29,4
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**25,0**	**-14,7**		**-8,0**	**2,3**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	25,0	-14,7			10,3
327-6.01	Tæki og búnaður				-8,0	-8,0
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-7,1**	**5,9**		**2,5**	**1,3**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra		-0,1			-0,1
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri		-3,4			-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal		-0,2			-0,2
340-1.80	Gigtarráð	-7,1	9,0			1,9
340-1.90	Ýmis starfsemi		0,6			0,6
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				2,5	2,5
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**-87,0**	**-0,5**	**-70,3**	**111,0**	**-46,8**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-87,0	-0,5			-87,5
358-5.01	Fasteign			-70,3		-70,3
358-6.01	Tæki og búnaður				60,8	60,8
358-6.50	Nýbygging				50,2	50,2
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	**-142,7**	**-296,9**	**-193,6**	**-413,0**	**-1.046,2**
373-1.01	Landspítali - háskólasjúkrahús	-142,7	-296,9			-439,6
373-5.60	Viðhald			-193,6		-193,6
373-6.01	Tæki og búnaður				90,5	90,5
373-6.70	Nýframkvæmdir				-503,5	-503,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**3,2**	**60,1**		**59,8**	**123,1**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	3,2	60,1			63,3
379-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar				59,8	59,8
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**			**-28,7**	**513,2**	**484,5**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt			-28,7		-28,7
381-6.60	Tækjakaup, óskipt				48,8	48,8
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða				464,4	464,4
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**	**20,9**	**-0,1**			**20,8**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	20,9	-0,1			20,8
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-4,6**				**-4,6**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-4,6				-4,6
08-397	**Lyfjastofnun**	**66,8**	**-0,2**			**66,6**
397-1.01	Lyfjastofnun	66,8	-0,2			66,6
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**30,8**	**39,5**			**70,3**
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	4,7				4,7
399-1.14	Lyfjaverðsnefnd	-6,3				-6,3
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd	2,3				2,3
399-1.17	Vísindasiðanefnd	2,0				2,0
399-1.18	Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum	1,2				1,2
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	1,9				1,9
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp		-1,5			-1,5
399-1.45	Útgáfa lyfjaskráa	3,7				3,7
399-1.90	Ýmis framlög	-1,1	13,6			12,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-6,7	6,8			0,1
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis	29,1	20,6			49,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-401	**Hjúkrunarheimili, almennt**	**234,5**	**39,5**		**408,5**	**682,5**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	268,6				268,6
401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-38,1	39,5			1,4
401-1.83	Greiðslur frá vistmönnum	2,6				2,6
401-1.91	Ýmis verkefni öldrunar- og endurhæfingarstofnana	1,4				1,4
401-6.21	Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ				67,9	67,9
401-6.25	Bygging hjúkrunarheimila				340,6	340,6
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-19,8**		**-145,4**	**-174,3**
402-1.10	Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	-9,1	-19,8			-28,9
402-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur				-145,4	-145,4
08-405	**Hrafnista, Reykjavík**	**180,6**				**180,6**
405-1.01	Hjúkrunarrými	113,7				113,7
405-1.11	Dvalarrými	66,9				66,9
08-406	**Hrafnista, Hafnarfirði**	**-6,5**				**-6,5**
406-1.01	Hjúkrunarrými	-8,3				-8,3
406-1.11	Dvalarrými	3,7				3,7
406-1.15	Dagvist	-1,9				-1,9
08-407	**Grund, Reykjavík**	**30,4**				**30,4**
407-1.01	Hjúkrunarrými	0,8				0,8
407-1.11	Dvalarrými	29,6				29,6
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**	**-40,2**				**-40,2**
408-1.01	Hjúkrunarrými	-39,0				-39,0
408-1.15	Dagvist	-1,2				-1,2
08-409	**Hjúkrunarheimilið Skjól**	**-22,2**				**-22,2**
409-1.01	Hjúkrunarrými	-22,2				-22,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-410	**Hjúkrunarheimilið Eir**	**-30,5**				**-30,5**
410-1.01	Hjúkrunarrými	-7,1				-7,1
410-1.15	Dagvist	-23,4				-23,4
08-411	**Garðvangur, Garði**	**-9,0**				**-9,0**
411-1.01	Hjúkrunarrými	-9,0				-9,0
08-412	**Hjúkrunarheimilið Skógarbær**	**-1,0**				**-1,0**
412-1.01	Hjúkrunarrými	-1,0				-1,0
08-413	**Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**	**-15,5**				**-15,5**
413-1.01	Hjúkrunarrými	-15,5				-15,5
08-414	**Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**	**-6,0**				**-6,0**
414-1.01	Hjúkrunarrými	-4,4				-4,4
414-1.11	Dvalarrými	-1,6				-1,6
08-415	**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**	**2,7**				**2,7**
415-1.01	Hjúkrunarrými	0,1				0,1
415-1.11	Dvalarrými	1,6				1,6
415-1.15	Dagvist	1,0				1,0
08-416	**Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**	**-0,1**				**-0,1**
416-1.01	Hjúkrunarrými	0,5				0,5
416-1.11	Dvalarrými	-0,5				-0,5
416-1.15	Dagvist	-0,1				-0,1
08-417	**Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**	**37,4**				**37,4**
417-1.01	Hjúkrunarrými	23,0				23,0
417-1.11	Dvalarrými	11,7				11,7
417-1.15	Dagvist	2,7				2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-418	**Seljahlíð, Reykjavík**	**29,2**				**29,2**
418-1.01	Hjúkrunarrými	-2,6				-2,6
418-1.11	Dvalarrými	31,8				31,8
08-419	**Sólvangur, Hafnarfirði**	**-19,9**				**-19,9**
419-1.01	Hjúkrunarrými	-19,9				-19,9
08-421	**Víðines**	**-17,6**				**-17,6**
421-1.01	Hjúkrunarrými	-17,6				-17,6
08-423	**Höfði, Akranesi**	**-3,1**				**-3,1**
423-1.01	Hjúkrunarrými	-1,8				-1,8
423-1.11	Dvalarrými	-4,4				-4,4
423-1.15	Dagvist	3,1				3,1
08-424	**Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi**	**-7,8**				**-7,8**
424-1.01	Hjúkrunarrými	-2,6				-2,6
424-1.11	Dvalarrými	-5,2				-5,2
08-425	**Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi**	**4,3**				**4,3**
425-1.01	Hjúkrunarrými	1,5				1,5
425-1.11	Dvalarrými	2,8				2,8
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**	**17,0**				**17,0**
426-1.01	Hjúkrunarrými	17,7				17,7
426-1.11	Dvalarrými	-0,7				-0,7
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**	**4,9**				**4,9**
427-1.01	Hjúkrunarrými	0,9				0,9
427-1.11	Dvalarrými	3,2				3,2
427-1.15	Dagvist	0,8				0,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-428	**Fellsendi, Búðardal**	**1,3**				**1,3**
428-1.01	Hjúkrunarrými	1,3				1,3
08-429	**Barmahlíð, Reykhólum**	**-0,7**				**-0,7**
429-1.01	Hjúkrunarrými	-0,2				-0,2
429-1.11	Dvalarrými	-0,5				-0,5
08-433	**Dalbær, Dalvík**	**1,6**				**1,6**
433-1.01	Hjúkrunarrými	-0,4				-0,4
433-1.11	Dvalarrými	2,7				2,7
433-1.15	Dagvist	-0,7				-0,7
08-434	**Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu**	**-56,4**				**-56,4**
434-1.01	Hjúkrunarrými	-53,8				-53,8
434-1.11	Dvalarrými	-2,1				-2,1
434-1.15	Dagvist	-0,5				-0,5
08-436	**Uppsalir, Fáskrúðsfirði**	**-1,5**				**-1,5**
436-1.01	Hjúkrunarrými	-3,4				-3,4
436-1.11	Dvalarrými	1,9				1,9
08-437	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu**	**3,4**				**3,4**
437-1.01	Hjúkrunarrými	0,1				0,1
437-1.11	Dvalarrými	3,3				3,3
08-438	**Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**	**1,4**				**1,4**
438-1.01	Hjúkrunarrými	1,6				1,6
438-1.11	Dvalarrými	-0,2				-0,2
08-439	**Hjallatún, Vík**	**-6,8**				**-6,8**
439-1.01	Hjúkrunarrými	-8,0				-8,0
439-1.11	Dvalarrými	1,2				1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-440	**Kumbaravogur, Stokkseyri**	**26,3**				**26,3**
440-1.01	Hjúkrunarrými	10,0				10,0
440-1.11	Dvalarrými	16,3				16,3
08-441	**Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**	**1,7**				**1,7**
441-1.01	Hjúkrunarrými	-2,8				-2,8
441-1.11	Dvalarrými	-19,9				-19,9
441-1.17	Geðrými	24,4				24,4
08-442	**Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**	**1,2**				**1,2**
442-1.01	Hjúkrunarrými	-16,8				-16,8
442-1.11	Dvalarrými	17,6				17,6
442-1.15	Dagvist	0,4				0,4
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**	**9,6**				**9,6**
443-1.01	Hjúkrunarrými	7,5				7,5
443-1.15	Dagvist	2,1				2,1
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**	**-1,4**				**-1,4**
444-1.01	Hjúkrunarrými	-1,4				-1,4
08-447	**Sóltún, Reykjavík**	**-1,5**				**-1,5**
447-1.01	Hjúkrunarrými	-1,5				-1,5
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**	**-25,9**	**7,8**			**-18,1**
460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur	-25,9	7,8			-18,1
08-470	**Vesturhlíð, Reykjavík**	**3,8**				**3,8**
470-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík	3,8				3,8
08-472	**Hlíðabær, Reykjavík**	**-4,4**				**-4,4**
472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík	-4,4				-4,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-473	**Lindargata, Reykjavík**	**-2,4**				**-2,4**
473-1.10	Lindargata, Reykjavík	-2,4				-2,4
08-474	**MS-félag Íslands, Reykjavík**	**-3,8**				**-3,8**
474-1.10	MS-félag Íslands, Reykjavík	-3,8				-3,8
08-475	**Múlabær, Reykjavík**	**-9,2**				**-9,2**
475-1.10	Múlabær, Reykjavík	-9,2				-9,2
08-476	**Fríðuhús, Reykjavík**	**-3,0**				**-3,0**
476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík	-3,0				-3,0
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**	**-6,1**				**-6,1**
477-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar	-6,1				-6,1
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**131,8**	**-3,4**	**35,6**	**41,7**	**205,7**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	16,0	-3,4			12,6
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva	115,8				115,8
500-5.01	Viðhald, óskipt			35,6		35,6
500-6.01	Tæki og búnaður				41,7	41,7
08-501	**Sjúkraflutningar**	**81,2**				**81,2**
501-1.11	Sjúkraflutningar	41,5				41,5
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-0,4				-0,4
501-1.15	Sjúkraflug	40,1				40,1
08-505	**Heilsugæsla í Reykjavík**	**-177,3**	**-0,1**			**-177,4**
505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	-177,3	-0,1			-177,4
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-129,3**	**71,5**			**-57,8**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-129,3	71,5			-57,8
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-14,9**	**-0,6**			**-15,5**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-14,9	-0,6			-15,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-6,3**	**-0,3**			**-6,6**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-6,3	-0,3			-6,6
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**2,1**				**2,1**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2,1				2,1
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-3,2**				**-3,2**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-3,2				-3,2
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-3,1**				**-3,1**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-3,1				-3,1
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**-4,1**				**-4,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	-4,1				-4,1
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**-7,7**				**-7,7**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-7,7				-7,7
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**3,1**				**3,1**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	3,1				3,1
08-574	**Heilsugæslustöðin Rangárþingi**	**-5,5**				**-5,5**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	-5,5				-5,5
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**16,6**				**16,6**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	16,6				16,6
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**12,1**	**-0,1**			**12,0**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	12,1	-0,1			12,0
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**6,1**				**6,1**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	6,1				6,1
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-10,0**	**-3,4**			**-13,4**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-10,0	-3,4			-13,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**5,2**	**-0,2**			**5,0**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	5,2	-0,2			5,0
08-584	**Heilsugæsla í Kópavogi**	**-25,9**	**-0,5**			**-26,4**
584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	-25,9	-0,5			-26,4
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**23,5**				**23,5**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	23,5				23,5
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**-24,5**	**-0,1**			**-24,6**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-24,5	-0,1			-24,6
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**	**7,9**				**7,9**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	7,9				7,9
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**47,9**				**47,9**
711-1.01	Heilsugæslusvið	72,7				72,7
711-1.11	Sjúkrasvið	-24,8				-24,8
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-4,9**				**-4,9**
721-1.01	Heilsugæslusvið	-3,3				-3,3
721-1.11	Sjúkrasvið	-1,6				-1,6
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**58,5**	**-0,2**			**58,3**
725-1.01	Heilsugæslusvið	62,3				62,3
725-1.11	Sjúkrasvið	-3,8	-0,2			-4,0
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**-1,2**				**-1,2**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-44,7				-44,7
731-1.11	Sjúkrasvið	43,5				43,5
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-13,1**				**-13,1**
735-1.01	Heilsugæslusvið	-0,4				-0,4
735-1.11	Sjúkrasvið	-12,7				-12,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-4,2**				**-4,2**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-59,5				-59,5
741-1.11	Sjúkrasvið	55,3				55,3
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-9,6**				**-9,6**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-40,1				-40,1
745-1.11	Sjúkrasvið	30,5				30,5
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**46,7**				**46,7**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-70,5				-70,5
751-1.11	Sjúkrasvið	117,2				117,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**1,8**				**1,8**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-32,7				-32,7
755-1.11	Sjúkrasvið	34,5				34,5
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-61,5**				**-61,5**
761-1.01	Heilsugæslusvið	174,4				174,4
761-1.11	Sjúkrasvið	-235,9				-235,9
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-14,7**	**-1,0**			**-15,7**
777-1.01	Heilsugæslusvið	70,2	-1,0			69,2
777-1.11	Sjúkrasvið	-84,9				-84,9
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-93,6**				**-93,6**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-35,0				-35,0
781-1.11	Sjúkrasvið	-58,6				-58,6
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-46,8**				**-46,8**
785-1.01	Heilsugæslusvið	6,8				6,8
785-1.11	Sjúkrasvið	-53,6				-53,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**	**-24,9**				**-24,9**
787-1.01	Heilsugæslusvið	-19,7				-19,7
787-1.11	Sjúkrasvið	-5,2				-5,2
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-170,5**				**-170,5**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-532,3				-532,3
791-1.11	Sjúkrasvið	361,8				361,8
08-795	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-101,7**	**3,5**			**-98,2**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-101,7	3,5			-98,2
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**5,1**	**5,1**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				5,1	5,1
09 Fjármálaráðuneyti		***1.230,9***	***-3,6***	***-574,2***	***181,9***	***835,0***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**38,6**	**3,4**		**-3,8**	**38,2**
101-1.01	Yfirstjórn	38,6	3,4			42,0
101-6.01	Tæki og búnaður				-3,8	-3,8
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**44,5**	**-10,1**		**14,0**	**48,4**
103-1.01	Almennur rekstur	9,0	-10,1			-1,1
103-1.41	Launagreiðslukerfi	-4,5				-4,5
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	17,6				17,6
103-1.45	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	4,0				4,0
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	27,4				27,4
103-1.48	Innheimtuskilakerfi	0,2				0,2
103-1.49	Forsendukerfi innheimtugagna	-9,2				-9,2
103-6.01	Tæki og búnaður				-3,7	-3,7
103-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				0,2	0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				42,6	42,6
103-6.45	Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins				3,9	3,9
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi				-29,0	-29,0
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**13,3**			**13,3**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		13,3			13,3
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-72,0**	**-0,3**		**129,3**	**57,0**
201-1.01	Yfirstjórn	0,5	-3,3			-2,8
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	8,8	3,0			11,8
201-1.20	Skatteftirlit	22,4				22,4
201-1.41	Skattvinnslukerfi	-103,7				-103,7
201-6.01	Tæki og búnaður				3,3	3,3
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				126,0	126,0
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**13,6**	**-3,2**		**-4,8**	**5,6**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	13,6	-3,2			10,4
202-6.01	Tæki og búnaður				-4,8	-4,8
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,6**				**-0,6**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,6				-0,6
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**5,0**	**-0,1**			**4,9**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	5,0	-0,1			4,9
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**-0,1**	**-0,1**			**-0,2**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	-0,1	-0,1			-0,2
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**5,4**	**-0,2**			**5,2**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	5,4	-0,2			5,2
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**-0,8**				**-0,8**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	-0,8				-0,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**11,3**	**-0,2**			**11,1**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	11,3	-0,2			11,1
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-1,2**				**-1,2**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-1,2				-1,2
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**13,6**	**-1,4**			**12,2**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	13,6	-1,4			12,2
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**70,6**	**6,8**		**41,0**	**118,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-6,3	6,8			0,5
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	0,4				0,4
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa	20,5				20,5
212-1.10	Skatteftirlit	57,9				57,9
212-1.30	Þungaskattur	-1,9				-1,9
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið				41,0	41,0
09-214	**Yfirskattanefnd**	**19,1**			**3,5**	**22,6**
214-1.01	Yfirskattanefnd	19,1				19,1
214-6.01	Tæki og búnaður				3,5	3,5
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,2**	**-0,7**		**-2,0**	**-3,9**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,2	-0,7			-1,9
215-6.01	Tæki og búnaður				-2,0	-2,0
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**113,4**	**-7,2**		**-58,5**	**47,7**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-194,0	-7,2			-201,2
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	307,4				307,4
262-6.01	Tæki og búnaður				-58,5	-58,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**187,0**	**-7,0**		**16,1**	**196,1**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	187,0	-7,0			180,0
402-6.01	Tæki og búnaður				-107,8	-107,8
402-6.02	Landskrá fasteigna				123,9	123,9
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**11,8**	**-2,3**			**9,5**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	11,8	-2,3			9,5
09-905	**Ríkiskaup**	**29,2**	**-3,5**			**25,7**
905-1.01	Ríkiskaup	29,2	-3,5			25,7
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**11,7**	**-2,0**			**9,7**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	11,7	-2,0			9,7
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**51,0**			**-20,7**	**30,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	97,4				97,4
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-46,4				-46,4
980-6.21	Húsnæði				-61,6	-61,6
980-6.41	Tölvubúnaður				40,9	40,9
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			**24,5**		**24,5**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga			24,5		24,5
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**553,7**	**-0,1**	**-598,7**		**-45,1**
984-1.01	Yfirstjórn	461,5	-0,1			461,4
984-1.11	Rekstur fasteigna	92,2				92,2
984-5.21	Viðhald fasteigna			-598,7		-598,7
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**6,7**			**6,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		6,7			6,7
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**38,8**	**38,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				38,8	38,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-999	**Ýmislegt**	**127,3**	**4,6**		**29,0**	**160,9**
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	1,1				1,1
999-1.13	Kjarasamningar	19,3	-0,1			19,2
999-1.15	Kjararannsóknir	-3,9				-3,9
999-1.45	Ýmsar nefndir	-3,0				-3,0
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	22,0				22,0
999-1.65	Kjaranefnd	-15,0				-15,0
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-11,2				-11,2
999-1.90	Ýmis verkefni	118,0	4,7			122,7
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins				-8,9	-8,9
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis				22,7	22,7
999-6.91	Hagræðingarmál				15,2	15,2
10 Samgönguráðuneyti		***689,4***	***-86,6***	***23,1***	***3.406,4***	***4.032,3***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**42,6**	**-40,8**			**1,8**
101-1.01	Yfirstjórn	42,6	-40,8			1,8
10-190	**Ýmis verkefni**	**-3,1**	**36,4**			**33,3**
190-1.11	Fastanefndir	-4,5				-4,5
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	0,3	9,5			9,8
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	10,2	-9,6			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-6,7	11,2			4,5
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna		1,7			1,7
190-1.25	Staðsetningarkerfi	19,8	-10,0			9,8
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	3,0			-0,1
190-1.42	Gestastofur, söfn og markaðsstarf	5,4	-11,2			-5,8
190-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	-7,1	31,0			23,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.45	Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu		1,8			1,8
190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-30,9	23,5			-7,4
190-1.90	Ýmislegt	13,5	-14,5			-1,0
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**227,5**	**-134,2**			**93,3**
211-1.01	Yfirstjórn	19,8				19,8
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	31,7	-4,1			27,6
211-1.07	Þjónusta	108,1				108,1
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa		-137,3			-137,3
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	25,2	7,2			32,4
211-1.21	Rannsóknir	42,7				42,7
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**			**-67,0**	**2.030,0**	**1.963,0**
212-5.10	Viðhald			-67,0		-67,0
212-6.10	Framkvæmdir				2.030,0	2.030,0
10-251	**Umferðarstofa**	**1,7**	**0,4**		**-1,3**	**0,8**
251-1.01	Umferðarstofa	1,7	0,4			2,1
251-6.01	Tæki og búnaður				-1,3	-1,3
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**23,4**	**-3,7**		**75,1**	**94,8**
335-1.01	Yfirstjórn	26,5	-3,7			22,8
335-1.11	Rekstur strandarstöðva	-3,1				-3,1
335-6.01	Tæki og búnaður				36,9	36,9
335-6.60	Vitabyggingar				6,6	6,6
335-6.80	Sjóvarnargarðar				31,6	31,6
10-336	**Hafnabótasjóður**	**74,3**	**-40,8**		**824,5**	**858,0**
336-1.01	Almennur rekstur	74,3	-40,8			33,5
336-6.70	Hafnamannvirki				815,9	815,9
336-6.74	Lendingabætur				-0,2	-0,2
336-6.76	Ferjubryggjur				8,8	8,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**-3,6**				**-3,6**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	-3,6				-3,6
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	**36,2**	**112,2**			**148,4**
471-1.01	Flugmálastjórn	-22,7	28,3			5,6
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	58,9				58,9
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO		83,9			83,9
10-472	**Flugvellir**			**90,1**	**478,1**	**568,2**
472-5.41	Viðhald			90,1		90,1
472-6.41	Framkvæmdir				478,1	478,1
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-7,3**	**2,0**			**-5,3**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-7,3	2,0			-5,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**186,6**	**36,7**			**223,3**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	186,6	36,7			223,3
10-651	**Ferðamálaráð**	**111,1**	**-54,8**			**56,3**
651-1.01	Ferðamálaráð	-108,2	50,5			-57,7
651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	304,6	-48,6			256,0
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	-8,2	-0,8			-9,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-0,3				-0,3
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	75,3	-55,9			19,4
651-1.81	Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	-152,1				-152,1
11 Iðnaðarráðuneyti		***819,3***	***152,2***		***-113,3***	***858,2***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,4**	**-1,7**		**4,1**	**11,8**
101-1.01	Yfirstjórn	9,4	-1,7			7,7
101-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-102	**Einkaleyfastofan**	**56,6**	**-0,1**		**5,1**	**61,6**
102-1.01	Einkaleyfastofan	56,6	-0,1			56,5
102-6.01	Tæki og búnaður				5,1	5,1
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**298,5**	**-300,5**		**27,3**	**25,3**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	298,5	-300,5			-2,0
201-6.01	Tæki og búnaður				27,3	27,3
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**93,5**	**-69,0**		**-14,7**	**9,8**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	93,5	-69,0			24,5
203-6.01	Tæki og búnaður				-14,7	-14,7
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**36,3**	**-15,9**			**20,4**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	36,3	-15,9			20,4
11-242	**Tækniþróunarsjóður**	**-7,2**	**24,2**			**17,0**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður	-7,2	24,2			17,0
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi**	**-0,6**	**135,0**			**134,4**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	-0,6	135,0			134,4
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**63,5**	**-32,4**			**31,1**
299-1.10	Fastanefndir	3,9				3,9
299-1.19	Staðlaráð	-4,8	6,2			1,4
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	-0,4	-0,2			-0,6
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	42,5	-29,9			12,6
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-14,3	14,0			-0,3
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	36,6	-22,5			14,1
11-301	**Orkustofnun**	**317,1**	**26,8**		**-135,1**	**208,8**
301-1.01	Almennur rekstur	-321,7	28,1			-293,6
301-1.03	Orkurannsóknir	682,6				682,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
301-1.04	Vatnamælingar	-43,8	-1,3			-45,1
301-6.01	Tæki og búnaður				-135,1	-135,1
11-371	**Orkusjóður**		**11,4**			**11,4**
371-1.23	Notendur utan samveitna		11,4			11,4
11-399	**Ýmis orkumál**	**4,2**	**-1,4**			**2,8**
399-1.17	Fjárfestingarstofan, orkusvið	-4,5				-4,5
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum		-1,4			-1,4
399-1.21	Nýskipan orkumála	8,7				8,7
11-401	**Byggðaáætlun**	**-37,8**	**361,4**			**323,6**
401-1.10	Byggðaáætlun	-37,8	361,4			323,6
11-411	**Byggðastofnun**	**-14,2**	**14,4**			**0,2**
411-1.10	Byggðastofnun	-14,2	14,4			0,2
12 Viðskiptaráðuneyti		***101,7***	***27,2***		***-33,4***	***95,5***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**11,5**	**0,7**			**12,2**
101-1.01	Yfirstjórn	11,5	0,7			12,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**-7,3**	**25,5**			**18,2**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,0			-1,0
190-1.15	Fastanefndir	2,4				2,4
190-1.20	Icepro-nefnd	-0,3	1,1			0,8
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-9,4	25,4			16,0
12-302	**Löggildingarstofa**	**81,8**			**-30,3**	**51,5**
302-1.01	Löggildingarstofa	81,8				81,8
302-6.01	Tæki og búnaður				-30,3	-30,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**10,6**	**-2,0**			**8,6**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	10,6	-2,0			8,6
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**5,1**	**3,0**		**-3,1**	**5,0**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	5,1	3,0			8,1
902-6.01	Tæki og búnaður				-3,1	-3,1
13 Hagstofa Íslands		***-61,8***	***45,3***		***-4,9***	***-21,4***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-61,8**	**45,3**		**-4,9**	**-21,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-149,4	45,3			-104,1
101-1.50	Þjóðskráin	87,6				87,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,9	-4,9
14 Umhverfisráðuneyti		***890,4***	***-138,8***	***88,1***	***-136,3***	***703,4***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**18,6**	**-6,0**		**-8,7**	**3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	18,6	-6,0			12,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-8,7	-8,7
14-190	**Ýmis verkefni**	**121,1**	**-107,3**			**13,8**
190-1.10	Fastanefndir	-2,9	1,0			-1,9
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-0,6				-0,6
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	57,5	-49,4			8,1
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	8,1	-11,7			-3,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	-19,6	32,0			12,4
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	63,0	-61,3			1,7
190-1.43	Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rússlandi		1,5			1,5
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	2,6	-2,5			0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	15,6	-15,0			0,6
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	6,0	-3,5			2,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-9,0				-9,0
190-1.90	Ýmis verkefni	0,4	1,6			2,0
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-5,0**	**-0,5**			**-5,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-5,0	-0,5			-5,5
14-211	**Umhverfisstofnun**	**6,3**	**-81,4**	**70,2**	**-11,8**	**-16,7**
211-1.01	Umhverfisstofnun	6,3	-87,4			-81,1
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink		6,0			6,0
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			70,2		70,2
211-6.01	Tæki og búnaður				-11,8	-11,8
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**				**-106,3**	**-106,3**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				-106,3	-106,3
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**577,6**				**577,6**
287-1.01	Almennur rekstur	1,9				1,9
287-1.10	Úrvinnslusjóður	575,7				575,7
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-36,4**	**45,5**			**9,1**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-40,4	45,5			5,1
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	4,0				4,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**-0,5**	**53,9**			**53,4**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf	-0,2	-135,2			-135,4
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	-0,3	189,1			188,8
14-310	**Landmælingar Íslands**	**14,1**	**1,0**		**-6,0**	**9,1**
310-1.01	Landmælingar Íslands	14,1	1,0			15,1
310-6.01	Tæki og búnaður				-6,0	-6,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**95,5**	**19,5**		**-19,2**	**95,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	81,7	18,0			99,7
321-1.10	Námssjóður	-1,1	4,3			3,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2005 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 2004

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
321-1.20	Brunamálaskóli	14,9	-2,8			12,1
321-6.01	Tæki og búnaður				-19,2	-19,2
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**111,9**	**10,0**		**-27,9**	**94,0**
381-1.01	Almennur rekstur	111,9	10,0			121,9
381-6.60	Ofanflóðasjóður				-27,9	-27,9
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-70,7**	**-4,0**	**17,9**	**18,6**	**-38,2**
401-1.01	Yfirstjórn	-5,9	0,3			-5,6
401-1.02	Setur í Reykjavík	-11,2	-3,9			-15,1
401-1.03	Setur á Akureyri	-53,6	-0,4			-54,0
401-5.21	Fasteignir			17,9		17,9
401-6.01	Tæki og búnaður				18,6	18,6
14-403	**Náttúrustofur**	**30,9**	**-30,7**			**0,2**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	30,9	-30,7			0,2
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-12,4**	**-1,3**		**6,9**	**-6,8**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-12,4	-1,3			-13,7
407-6.01	Tæki og búnaður				6,9	6,9
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**39,4**	**-37,5**		**18,1**	**20,0**
410-1.01	Almenn starfsemi	36,3	-37,5			-1,2
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	3,1				3,1
410-6.01	Tæki og búnaður				18,1	18,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
Samtals öll ráðuneyti		**10.450,7**	**275.295,6**	**9.283,4**	**0,2**	**1.243,4**	**296.273,3**	**300.438,7**	**-4.165,4**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***36,4***	***2.468,4***	***114,7***	***9,8***		***2.629,3***	***2.625,7***	***3,6***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-36,8**	**128,5**		**0,2**		**91,9**	**176,6**	**-84,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-45,7	101,3		0,2		55,8	144,0	-88,2
101-1.50	Fálkaorðan	2,3	1,7				4,0	0,5	3,5
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-6,2	22,7				16,5	30,1	-13,6
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald	3,0	1,0				4,0	0,3	3,7
101-6.01	Tæki og búnaður	9,8	1,8				11,6	1,7	9,9
00-201	**Alþingi**	**81,5**	**1.672,3**	**99,7**	**0,4**		**1.853,9**	**1.780,8**	**73,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	32,1	628,9	27,7	0,2		688,9	641,1	47,8
201-1.02	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka		55,0				55,0	55,0	
201-1.03	Fastanefndir	-92,8	15,7				-77,1	7,1	-84,2
201-1.04	Alþjóðasamstarf	22,8	77,9	-2,0			98,7	60,7	38,0
201-1.06	Almennur rekstur	81,1	607,7	14,0	0,2		703,0	608,2	94,8
201-1.07	Sérverkefni	4,6	22,8				27,4	26,8	0,6
201-1.10	Rekstur fasteigna	-24,2	140,2				116,0	141,8	-25,8
201-5.20	Fasteignir	39,9	69,0	60,0			168,9	165,7	3,2
201-6.01	Tæki og búnaður	18,0	55,1				73,1	74,4	-1,3
00-205	**Nýbygging**							**5,6**	**-5,6**
205-6.50	Nýbygging							5,6	-5,6
00-301	**Ríkisstjórn**		**191,0**				**191,0**	**182,8**	**8,2**
301-1.01	Ríkisstjórn		191,0				191,0	182,8	8,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
00-401	**Hæstiréttur**		**103,6**				**103,6**	**100,9**	**2,7**
401-1.01	Hæstiréttur		103,6				103,6	100,9	2,7
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**7,1**	**78,3**		**0,1**		**85,5**	**76,6**	**8,9**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	7,1	78,3		0,1		85,5	76,6	8,9
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**-15,4**	**294,7**	**15,0**	**9,1**		**303,4**	**302,4**	**1,0**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	-18,4	294,7	15,0	9,1		300,4	302,4	-2,0
620-6.21	Fasteignir	3,0					3,0		3,0
01 Forsætisráðuneyti		***433,7***	***1.175,5***	***120,9***	***42,4***	***3,2***	***1.775,7***	***1.380,1***	***395,6***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**40,2**	**205,4**		**27,5**		**273,1**	**208,0**	**65,1**
101-1.01	Yfirstjórn	38,2	187,0		27,5		252,7	190,8	61,9
101-1.20	Stjórnarráðshús	2,0	18,4				20,4	17,2	3,2
101-6.11	Bifreiðar				5,7		5,7	7,4	-1,7
01-190	**Ýmis verkefni**	**121,5**	**243,8**	**31,7**	**36,3**		**433,3**	**344,1**	**89,2**
190-1.11	Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag		10,0				10,0	10,0	
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	0,4	7,1		3,4		10,9	11,0	-0,1
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	34,9	6,4				41,3	9,0	32,3
190-1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	6,0	14,4				20,4	17,5	2,9
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	41,4	16,9				58,3	38,7	19,6
190-1.16	Evrópunefnd			2,2			2,2	0,7	1,5
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	1,0	3,8				4,8	3,0	1,8
190-1.19	Efnahagsrannsóknir	30,0	50,0				80,0	80,0	
190-1.23	Hrafnseyri		5,9				5,9	5,9	
190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi		10,0	6,0			16,0	16,0	
190-1.27	Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal		2,0				2,0		2,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,5	4,9				8,4	0,1	8,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
190-1.42	Grænlandssjóður								
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	1,1					1,1	4,7	-3,6
190-1.90	Ýmis verkefni	4,2	63,9	23,5	32,9		124,5	99,5	25,0
190-1.91	Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjör- dæ		40,0				40,0	40,0	
190-5.25	Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	-1,0	3,5				2,5	3,0	-0,5
190-6.52	Minningarkapella á Ljósavatni		5,0				5,0	5,0	
01-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**4,1**	**56,9**				**61,0**	**38,1**	**22,9**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-18,2	42,1				23,9	38,5	-14,6
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis	22,3	14,8				37,1	-0,4	37,5
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	**105,0**	**95,0**	**70,0**	**-13,7**		**256,3**	**154,9**	**101,4**
203-6.25	Nýbygging á Stjórnarráðsreit	105,0	95,0	70,0	-13,7		256,3	154,9	101,4
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**4,7**	**132,3**	**-0,8**	**-5,9**		**130,3**	**134,9**	**-4,6**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	4,7	39,3		-5,9		38,1	35,9	2,2
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar		93,0	-0,8			92,2	99,0	-6,8
01-241	**Umboðsmaður barna**	**-0,7**	**25,2**		**0,1**		**24,6**	**24,1**	**0,5**
241-1.01	Umboðsmaður barna	-0,7	25,2		0,1		24,6	24,1	0,5
01-251	**Þjóðmenningarhúsið**	**16,7**	**75,2**		**12,0**		**103,9**	**92,3**	**11,6**
251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	16,7	75,2		12,0		103,9	92,3	11,6
01-253	**Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**	**20,9**	**9,9**				**30,8**	**6,9**	**23,9**
253-1.01	Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	9,7	9,9				19,6	6,6	13,0
253-6.21	Fasteignir	11,2					11,2	0,3	10,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
01-255	**Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrast**	**33,6**	**25,0**	**20,0**			**78,6**	**79,6**	**-1,0**
255-1.01	Minningarsafn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini	22,0	22,5				44,5	15,7	28,8
255-5.21	Viðhald	2,3	2,5				4,8	0,2	4,6
255-6.21	Framkvæmdir	9,3		20,0			29,3	63,7	-34,4
01-261	**Óbyggðanefnd**	**2,9**	**65,8**				**68,7**	**75,8**	**-7,1**
261-1.01	Óbyggðanefnd	2,9	65,8				68,7	75,8	-7,1
01-271	**Ríkislögmaður**	**1,3**	**50,4**				**51,7**	**44,4**	**7,3**
271-1.01	Ríkislögmaður	1,3	50,4				51,7	44,4	7,3
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	**57,3**	**100,0**				**157,3**	**96,2**	**61,1**
303-1.11	Kristnihátíðarsjóður	57,3	100,0				157,3	96,2	61,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**12,1**	**70,6**		**0,4**	**3,2**	**86,3**	**73,4**	**12,9**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10,5	37,6		0,4	3,2	51,7	44,1	7,6
902-5.01	Fasteignir	1,5	2,0				3,5	1,3	2,2
902-6.01	Nýframkvæmdir	0,7	31,0				31,7	28,0	3,7
902-6.21	Fasteignir	-0,6					-0,6		-0,6
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**14,1**	**15,0**		**-15,0**		**14,1**		**14,1**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	14,1	15,0		-15,0		14,1		14,1
02 Menntamálaráðuneyti		***1.146,7***	***33.325,8***	***726,9***	***215,9***	***354,2***	***35.769,5***	***35.128,0***	***641,5***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-8,2**	**431,7**	**3,7**	**28,0**		**455,2**	**469,2**	**-14,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-8,2	431,7	3,7	24,8		452,0	465,9	-13,9
101-6.10	Bifreiðar				3,2		3,2	3,3	-0,1
02-199	**Ráðstöfunarfé**	**5,0**	**18,0**		**-23,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0	18,0		-23,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-201	**Háskóli Íslands**	**89,0**	**4.530,2**	**15,0**	**176,1**	**91,9**	**4.902,2**	**4.980,5**	**-78,3**
201-1.01	Kennsla	560,4	2.816,0		103,2	96,4	3.576,0	2.459,1	1.116,9
201-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	-455,8	1.274,0	15,0	27,9	0,3	861,4	1.917,3	-1.055,9
201-1.13	Háskólasjóður	21,3	90,2				111,5	110,9	0,6
201-5.50	Fasteignir	9,5	40,0		45,0		94,5	127,2	-32,7
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-46,4	310,0			-4,8	258,8	366,0	-107,2
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**23,0**	**128,3**			**2,9**	**154,2**	**134,0**	**20,2**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	33,4	104,8				138,2	106,6	31,6
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	-10,4	23,5			2,9	16,0	27,4	-11,4
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-24,9**	**215,6**		**3,8**		**194,5**	**235,8**	**-41,3**
203-1.01	Yfirstjórn	43,3	29,7		3,7		76,7	25,5	51,2
203-1.02	Rekstur fasteigna	0,7	17,4				18,1	22,2	-4,1
203-1.03	Rannsóknastofur	-68,9	168,5		0,1		99,7	188,1	-88,4
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**0,4**	**19,6**				**20,0**	**19,2**	**0,8**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	-5,2	11,2				6,0	12,2	-6,2
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	5,6	8,4				14,0	7,0	7,0
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**-1,8**	**103,2**		**1,8**		**103,2**	**100,4**	**2,8**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-8,7	96,0		1,8		89,1	95,7	-6,6
205-1.20	Bókaútgáfa	6,9	7,2				14,1	4,7	9,4
02-206	**Orðabók Háskólans**	**8,4**	**26,0**		**0,9**		**35,3**	**28,7**	**6,6**
206-1.01	Orðabók Háskólans	8,4	26,0		0,9		35,3	28,7	6,6
02-207	**Íslensk málstöð**	**7,3**	**17,9**		**1,2**		**26,4**	**19,8**	**6,6**
207-1.01	Íslensk málstöð	7,3	17,9		1,2		26,4	19,8	6,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**-0,5**	**16,1**				**15,6**	**17,4**	**-1,8**
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	-0,5	16,1				15,6	17,4	-1,8
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-126,8**	**684,1**		**69,9**	**14,8**	**642,0**	**876,4**	**-234,4**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	-193,4	568,2		14,7	14,8	404,3	793,9	-389,6
210-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	66,6	115,9		55,2		237,7	82,5	155,2
02-211	**Tækniháskóli Íslands**	**-127,2**	**550,8**		**55,4**	**8,2**	**487,2**	**535,8**	**-48,6**
211-1.01	Tækniháskóli Íslands	-127,2	550,8		55,4	8,2	487,2	535,8	-48,6
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**33,8**	**1.166,7**		**61,2**	**22,6**	**1.284,3**	**1.228,1**	**56,2**
215-1.01	Kennsla	29,4	871,9		35,5	22,6	959,4	974,6	-15,2
215-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	4,4	294,8		25,7		324,9	253,5	71,4
02-223	**Námsmatsstofnun**	**-9,3**	**20,1**		**0,2**		**11,0**	**38,8**	**-27,8**
223-1.01	Námsmatsstofnun	-9,3	20,1		0,2		11,0	38,8	-27,8
02-225	**Viðskiptaháskólinn á Bifröst**		**156,2**		**5,1**		**161,3**	**161,3**	
225-1.01	Kennsla		132,4				132,4	132,4	
225-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni		23,8		5,1		28,9	28,9	
02-227	**Háskólinn í Reykjavík**		**418,3**		**40,3**		**458,6**	**458,6**	
227-1.01	Kennsla		407,3		0,3		407,6	407,6	
227-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni		11,0		40,0		51,0	51,0	
02-228	**Listaháskóli Íslands**		**426,2**		**0,4**		**426,6**	**426,6**	
228-1.01	Listaháskóli Íslands		426,2		0,4		426,6	426,6	
02-231	**Rannsóknamiðstöð Íslands**	**7,2**	**93,9**		**9,0**		**110,1**	**104,1**	**6,0**
231-1.01	Rannsóknamiðstöð Íslands	7,2	93,9		9,0		110,1	104,1	6,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**0,5**	**112,7**		**-111,3**		**1,9**	**2,6**	**-0,7**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,5	112,7		-111,3		1,9	2,6	-0,7
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umh**	**-21,6**	**85,0**				**63,4**	**30,0**	**33,4**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhver	-21,6	85,0				63,4	30,0	33,4
02-236	**Rannsóknasjóður**	**-102,4**	**415,0**				**312,6**	**401,2**	**-88,6**
236-1.10	Rannsóknasjóður	-102,4	415,0				312,6	401,2	-88,6
02-238	**Tækjasjóður**	**255,5**	**115,0**			**41,2**	**411,7**	**89,9**	**321,8**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður	255,5	115,0			41,2	411,7	89,9	321,8
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-54,5**	**50,0**				**-4,5**	**52,1**	**-56,6**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-54,5	50,0				-4,5	52,1	-56,6
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkc**	**-2,4**	**170,0**				**167,6**	**154,6**	**13,0**
269-5.21	Viðhald	13,2	40,0		-20,0		33,2	4,2	29,0
269-6.21	Stofnkostnaður	-15,6	130,0		20,0		134,4	150,4	-16,0
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-16,5**	**383,9**		**-256,2**		**111,2**	**97,0**	**14,2**
299-1.15	Nýsköpunarsjóður		20,0				20,0	20,0	
299-1.61	Norræna eldfjallastöðin		18,4				18,4	18,4	
299-1.73	Reykjavíkurakademían		10,0				10,0	10,0	
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	8,4	48,4		-8,4		48,4	48,6	-0,2
299-1.91	Háskólar, óskipt	-24,9	287,1		-247,8		14,4		14,4
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**18,3**	**320,2**		**76,1**	**0,9**	**415,5**	**374,9**	**40,6**
301-1.01	Almennur rekstur	18,3	320,2		76,1	0,9	415,5	374,9	40,6
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-39,2**	**296,5**		**34,4**	**0,4**	**292,1**	**342,0**	**-49,9**
302-1.01	Almennur rekstur	-104,1	278,0		34,2	0,4	208,5	342,0	-133,5
302-1.09	Önnur verkefni	64,9	18,5		0,2		83,6		83,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	**-33,5**	**90,5**		**21,9**	**0,1**	**79,0**	**110,8**	**-31,8**
303-1.01	Almennur rekstur	-58,2	76,2		21,8	0,1	39,9	110,8	-70,9
303-1.09	Önnur verkefni	24,7	14,3		0,1		39,1		39,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**34,0**	**458,5**		**62,4**	**16,7**	**571,6**	**521,6**	**50,0**
304-1.01	Almennur rekstur	6,5	404,4		96,3	16,7	523,9	485,6	38,3
304-1.09	Önnur verkefni	27,5	54,1		-33,9		47,7	36,0	11,7
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**8,8**	**294,9**		**47,3**	**0,8**	**351,8**	**338,7**	**13,1**
305-1.01	Almennur rekstur	8,8	294,9		47,3	0,8	351,8	338,7	13,1
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	**-2,1**	**156,8**		**35,1**	**6,0**	**195,8**	**192,8**	**3,0**
306-1.01	Almennur rekstur	-15,9	139,1		35,5	5,5	164,2	185,5	-21,3
306-1.09	Önnur verkefni	13,8	17,7		-0,4	0,5	31,6	7,3	24,3
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**8,6**	**163,5**		**22,4**	**5,2**	**199,7**	**183,3**	**16,4**
307-1.01	Almennur rekstur	-10,7	146,7		21,8	5,2	163,0	172,4	-9,4
307-1.09	Önnur verkefni	19,3	16,8		0,6		36,7	10,9	25,8
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-133,9**	**468,2**		**92,4**	**3,0**	**429,7**	**519,4**	**-89,7**
308-1.01	Almennur rekstur	-149,0	408,7		103,1	3,0	365,8	495,4	-129,6
308-1.09	Önnur verkefni	15,1	59,5		-10,7		63,9	24,0	39,9
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**-3,3**	**215,3**		**34,1**	**0,6**	**246,7**	**246,6**	**0,1**
309-1.01	Almennur rekstur	-3,3	215,3		34,1	0,6	246,7	246,6	0,1
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**	**50,0**	**66,0**		**-3,7**		**112,3**	**93,6**	**18,7**
316-1.05	Fasteignir skóla	33,9	56,0		0,3		90,2	28,9	61,3
316-5.21	Viðhald	16,1	10,0		-4,0		22,1	64,7	-42,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**	**215,9**	**422,0**				**637,9**	**731,3**	**-93,4**
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt	182,9	404,0				586,9	703,7	-116,8
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt	33,0	18,0				51,0	27,6	23,4
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**99,8**	**1.250,9**	**450,0**	**-1.405,0**		**395,7**	**379,8**	**15,9**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	1,3	58,7		-35,1		24,9	28,8	-3,9
319-1.12	Orlof kennara	-14,0	93,1		-100,9		-21,8	6,7	-28,5
319-1.13	Forfallakennsla	6,9	38,4		-64,4		-19,1		-19,1
319-1.14	Sérkennsla	-18,6	93,6		-52,8		22,2	29,1	-6,9
319-1.15	Prófkostnaður	5,0	54,8		-19,5		40,3	42,8	-2,5
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	2,2	19,0		12,8		34,0	35,0	-1,0
319-1.17	Námsskrárgerð	42,8	34,6		-7,8		69,6	34,4	35,2
319-1.18	Námsefnisgerð	1,5	18,5		0,2		20,2	15,8	4,4
319-1.19	Kennsluefnirlit	-4,3	6,0		5,0		6,7	4,9	1,8
319-1.21	Nám tannsmiða	0,1	9,6		-6,9		2,8	2,4	0,4
319-1.23	Ólympíuleikar í raungreinum	-4,1	2,4		0,1		-1,6	2,9	-4,5
319-1.24	Iðnnemasamband Íslands		5,2		-1,2		4,0	4,0	
319-1.26	Þróunarsjóður	20,1	15,2		0,1		35,4	13,7	21,7
319-1.27	Íslenskukennsla	6,2	16,6		0,2		23,0	16,3	6,7
319-1.28	Mat á skólastarfi	0,7	33,5		0,3		34,5	30,2	4,3
319-1.30	Endurmenntun	8,5	25,9		-1,8		32,6	40,4	-7,8
319-1.33	Myndlistarskólinn Akureyri		9,5				9,5	9,5	
319-1.34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	0,2	17,8		6,0		24,0	23,8	0,2
319-1.35	Myndlistarskólinn í Kópavogi		4,0				4,0	4,0	
319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	16,9					16,9	16,9	
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	28,4	694,5	450,0	-1.139,3		33,6	18,2	15,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-74,0**	**641,8**		**46,3**	**30,4**	**644,5**	**658,9**	**-14,4**
350-1.01	Almennur rekstur	-117,5	524,7		101,2	30,4	538,8	595,9	-57,1
350-1.09	Önnur verkefni	43,5	117,1		-54,9		105,7	63,0	42,7
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**-68,7**	**400,6**		**111,8**	**48,0**	**491,7**	**511,6**	**-19,9**
351-1.01	Almennur rekstur	-94,3	384,1		81,2	48,0	419,0	511,6	-92,6
351-1.09	Önnur verkefni	25,6	16,5		30,6		72,7		72,7
02-352	**Flensborgarskóli**	**-56,2**	**247,8**		**57,8**	**1,4**	**250,8**	**316,3**	**-65,5**
352-1.01	Almennur rekstur	-56,2	247,8		57,8	1,4	250,8	316,3	-65,5
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**8,8**	**341,6**		**102,4**	**9,3**	**462,1**	**416,6**	**45,5**
353-1.01	Almennur rekstur	-2,2	315,4		115,3	9,3	437,8	393,1	44,7
353-1.09	Önnur verkefni	11,0	26,2		-12,9		24,3	23,5	0,8
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-30,5**	**296,5**		**45,2**	**3,4**	**314,6**	**343,7**	**-29,1**
354-1.01	Almennur rekstur	-55,7	274,6		43,9	3,4	266,2	343,5	-77,3
354-1.09	Önnur verkefni	25,2	21,9		1,3		48,4	0,2	48,2
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**14,3**	**124,9**		**11,8**	**0,7**	**151,7**	**132,8**	**18,9**
355-1.01	Almennur rekstur	8,1	114,1		11,2	0,7	134,1	131,5	2,6
355-1.09	Önnur verkefni	6,2	10,8		0,6		17,6	1,3	16,3
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-52,5**	**183,0**		**39,0**	**2,2**	**171,7**	**225,5**	**-53,8**
356-1.01	Almennur rekstur	-74,5	165,5		38,1	2,2	131,3	224,5	-93,2
356-1.09	Önnur verkefni	22,0	17,5		0,9		40,4	1,0	39,4
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**27,4**	**383,6**		**50,6**	**3,5**	**465,1**	**442,0**	**23,1**
357-1.01	Almennur rekstur	25,2	345,7		45,5	3,5	419,9	360,7	59,2
357-1.09	Önnur verkefni	2,2	37,9		5,1		45,2	81,3	-36,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**-26,0**	**117,9**		**21,1**	**1,6**	**114,6**	**139,9**	**-25,3**
358-1.01	Almennur rekstur	-39,1	104,6		21,8	1,6	88,9	134,7	-45,8
358-1.09	Önnur verkefni	13,1	13,3		-0,7		25,7	5,2	20,5
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-96,4**	**626,2**		**70,7**	**21,3**	**621,8**	**704,5**	**-82,7**
359-1.01	Almennur rekstur	-49,8	585,3		63,7	21,3	620,5	593,5	27,0
359-1.09	Önnur verkefni	-46,6	40,9		7,0		1,3	111,0	-109,7
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-50,5**	**288,6**		**66,3**	**9,7**	**314,1**	**379,3**	**-65,2**
360-1.01	Almennur rekstur	-50,5	288,6		66,3	9,7	314,1	379,3	-65,2
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**9,7**	**63,9**		**10,7**	**0,5**	**84,8**	**64,5**	**20,3**
361-1.01	Almennur rekstur		62,4		11,0	0,5	73,9	64,5	9,4
361-1.09	Önnur verkefni	9,7	1,5		-0,3		10,9		10,9
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**-7,0**	**77,8**		**21,5**	**0,5**	**92,8**	**98,4**	**-5,6**
362-1.01	Almennur rekstur	-7,0	77,8		21,5	0,5	92,8	98,4	-5,6
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**7,2**	**82,4**		**22,6**	**0,1**	**112,3**	**107,4**	**4,9**
363-1.01	Almennur rekstur	-0,6	68,1		22,5	0,1	90,1	103,4	-13,3
363-1.09	Önnur verkefni	7,8	14,3		0,1		22,2	4,0	18,2
02-365	**Borgarholtsskóli**	**41,9**	**468,3**		**106,0**	**7,3**	**623,5**	**595,3**	**28,2**
365-1.01	Almennur rekstur	25,4	425,9		107,8	7,3	566,4	556,4	10,0
365-1.09	Önnur verkefni	16,5	42,4		-1,8		57,1	38,9	18,2
02-367	**Snæfellsskóli**		**25,6**		**13,6**	**0,6**	**39,8**	**50,9**	**-11,1**
367-1.01	Almennur rekstur		25,6		13,6	0,6	39,8	50,9	-11,1
02-369	**Menntaskólinn Hraðbraut**		**107,6**				**107,6**	**107,6**	
369-1.01	Almennur rekstur		107,6				107,6	107,6	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarske**	**1,7**	**24,7**		**13,6**		**40,0**	**40,4**	**-0,4**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-12,4	21,2		13,6		22,4	42,9	-20,5
430-1.02	Nám táknmálstúlka	14,1	3,5				17,6	-2,5	20,1
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-16,7**	**153,6**		**10,8**		**147,7**	**163,0**	**-15,3**
441-1.01	Kennsla	-26,7	138,4		10,7		122,4	158,8	-36,4
441-1.02	Annað en kennsla	10,0	15,2		0,1		25,3	4,2	21,1
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	**-0,4**	**175,8**		**-9,8**		**165,6**	**160,3**	**5,3**
451-1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins		61,5				61,5	61,5	
451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	-0,4	22,5		-9,8		12,3	7,0	5,3
451-1.13	FS-net, símenntunarstöðvar		10,8				10,8	10,8	
451-1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi		9,0				9,0	9,0	
451-1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða		9,0				9,0	9,0	
451-1.23	Farskóli Norðurlands vestra		9,0				9,0	9,0	
451-1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar		9,0				9,0	9,0	
451-1.25	Fræðslumiðstöð Þingeyinga		9,0				9,0	9,0	
451-1.26	Fræðslunet Austurlands		9,0				9,0	9,0	
451-1.27	Fræðslunet Suðurlands		9,0				9,0	9,0	
451-1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum		9,0				9,0	9,0	
451-1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja		9,0				9,0	9,0	
02-506	**Vélskóli Íslands**	**-10,8**	**144,6**		**20,5**		**154,3**	**180,3**	**-26,0**
506-1.01	Almennur rekstur	-22,9	134,8		20,4		132,3	170,4	-38,1
506-1.09	Önnur verkefni	12,1	9,8		0,1		22,0	9,9	12,1
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-14,9**	**60,5**		**6,1**		**51,7**	**71,6**	**-19,9**
507-1.01	Almennur rekstur	-23,1	53,3		6,0		36,2	64,3	-28,1
507-1.09	Önnur verkefni	8,2	7,2		0,1		15,5	7,3	8,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**-47,0**	**855,6**		**115,4**	**10,7**	**934,7**	**981,1**	**-46,4**
514-1.01	Almennur rekstur	-102,7	771,5		134,5	10,7	814,0	945,8	-131,8
514-1.09	Önnur verkefni	55,7	84,1		-19,1		120,7	35,3	85,4
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**-1,6**	**369,6**		**65,5**	**0,7**	**434,2**	**366,5**	**67,7**
516-1.01	Almennur rekstur	-1,6	369,6		65,5	0,7	434,2	366,5	67,7
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**	**23,1**		**1,4**		**24,6**	**24,5**	**0,1**
541-1.01	Kennsla	0,1	16,9		1,3		18,3	18,2	0,1
541-1.02	Annað en kennsla		6,2		0,1		6,3	6,3	
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**		**17,0**		**0,9**		**17,9**	**17,9**	
551-1.01	Kennsla		15,9		0,9		16,8	16,8	
551-1.02	Annað en kennsla		1,1				1,1	1,1	
02-563	**Tónlistarskólinn í Reykjavík**	**0,1**	**6,6**		**0,1**		**6,8**	**6,7**	**0,1**
563-1.10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	0,1	6,6		0,1		6,8	6,7	0,1
02-564	**Listdansskólinn**	**-72,8**	**56,5**		**0,1**	**9,3**	**-6,9**	**72,3**	**-79,2**
564-1.01	Kennsla	-47,9	49,7			9,3	11,1	56,2	-45,1
564-1.02	Annað en kennsla	-24,9	6,8		0,1		-18,0	16,1	-34,1
02-581	**Verslunarskóli Íslands**		**562,2**		**34,0**		**596,2**	**596,2**	
581-1.01	Almennur rekstur		493,6		33,4		527,0	527,0	
581-1.09	Önnur verkefni		68,6		0,6		69,2	69,2	
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**5,1**	**150,8**				**155,9**	**151,3**	**4,6**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	-6,3	21,0				14,7	19,7	-5,0
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	3,0	3,0				6,0	2,9	3,1
720-1.35	Samræmd próf	2,0	59,8				61,8	59,8	2,0
720-1.37	Endurmenntun	6,1	17,2				23,3	19,1	4,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri	-0,2	37,5				37,3	37,5	-0,2
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	0,5	12,3				12,8	12,3	0,5
02-725	**Námsgagnastofnun**	**19,9**	**333,7**				**353,6**	**336,3**	**17,3**
725-1.01	Námsgagnastofnun	19,9	333,7				353,6	336,3	17,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-17,2**	**9,2**			**-2,0**	**-10,0**	**9,0**	**-19,0**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-17,2	9,2			-2,0	-10,0	9,0	-19,0
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		**3.412,0**	**-45,0**			**3.367,0**	**3.367,0**	
872-1.01	Lánasjóður íslenskra námsmanna		3.412,0	-45,0			3.367,0	3.367,0	
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**30,4**	**496,6**				**527,0**	**506,6**	**20,4**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-19,8	452,9				433,1	473,9	-40,8
884-1.10	Skólaakstur	50,2	43,7				93,9	32,7	61,2
02-901	**Fornleifavernd ríkisins**	**-0,4**	**36,6**		**1,5**		**37,7**	**38,4**	**-0,7**
901-1.01	Fornleifavernd ríkisins	-0,4	36,6		1,5		37,7	38,4	-0,7
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**76,3**	**252,0**	**20,0**	**-1,5**		**346,8**	**331,0**	**15,8**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	64,8	229,0	20,0	2,1		315,9	301,7	14,2
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	19,5	12,0				31,5	12,2	19,3
902-1.11	Hönnunarsafn Íslands	-0,8	9,2		-3,6		4,8	8,0	-3,2
902-6.01	Tæki og búnaður	-7,2	1,8				-5,4	9,1	-14,5
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**1,4**	**123,3**		**3,4**		**128,1**	**127,8**	**0,3**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-1,7	111,7		3,3		113,3	118,2	-4,9
903-1.11	Héraðsskjalasöfn	3,1	11,6		0,1		14,8	9,6	5,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**-27,9**	**459,5**		**2,1**		**433,7**	**465,5**	**-31,8**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-11,3	436,0		2,1		426,8	423,6	3,2
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	-23,5	23,5					32,4	-32,4
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	6,9					6,9	9,5	-2,6
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**9,2**	**11,0**				**20,2**	**12,7**	**7,5**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	9,2	11,0				20,2	12,7	7,5
02-907	**Listasafn Íslands**	**33,1**	**90,2**		**0,1**		**123,4**	**98,4**	**25,0**
907-1.01	Listasafn Íslands	7,7	74,8		0,1		82,6	87,8	-5,2
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	13,0	4,6				17,6	2,4	15,2
907-6.01	Listaverkakaup	12,4	10,8				23,2	8,2	15,0
02-908	**Kvikmyndasafn Íslands**	**-1,4**	**43,1**				**41,7**	**28,9**	**12,8**
908-1.01	Kvikmyndasafn Íslands	-1,4	29,6				28,2	28,9	-0,7
908-6.01	Tæki og búnaður		13,5				13,5		13,5
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**-2,9**	**57,6**		**0,1**		**54,8**	**55,0**	**-0,2**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	-2,9	57,6		0,1		54,8	55,0	-0,2
02-918	**Safnasjóður**	**7,3**	**66,0**				**73,3**	**70,3**	**3,0**
918-1.10	Safnasjóður	7,3	66,0				73,3	70,3	3,0
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**38,5**	**137,5**				**176,0**	**162,0**	**14,0**
919-1.10	Listasafn ASÍ		5,0				5,0	5,0	
919-1.11	Nýlistasafn	0,4	5,0				5,4	5,4	
919-1.12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		7,0				7,0	7,0	
919-1.41	Galdrasýning á Ströndum		7,0				7,0	7,0	
919-1.90	Söfn, ýmis framlög	11,7	17,3				29,0	26,4	2,6
919-6.24	Tölvuvæðing bókasafna	1,2					1,2	0,8	0,4
919-6.25	Geysisstofa í Haukadal	7,0					7,0	7,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
919-6.27	Endurbygging á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum	6,2					6,2	6,2	
919-6.34	Safnasafnið á Svalbarðsströnd	0,5					0,5	0,5	
919-6.36	Síldarminjasafnið á Siglufirði	3,7	14,0				17,7	17,7	
919-6.90	Söfn, ýmis stofnkostnaður	7,8	82,2				90,0	79,0	11,0
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	**1.142,7**	**318,5**	**100,0**			**1.561,2**	**630,0**	**931,2**
969-6.21	Endurbætur menningarstofnana	101,8	305,0	100,0			506,8	630,0	-123,2
969-6.23	Undirbúningur að byggingu tónlistarhúss og ráðust	42,2	13,5				55,7		55,7
969-6.95	Menningarhús	998,7					998,7		998,7
02-971	**Ríkisútvarpið**		**2.298,0**	**107,0**		**-22,9**	**2.382,1**	**2.382,1**	
971-1.10	Ríkisútvarpið, afnotagjöld		2.298,0	107,0		-22,9	2.382,1	2.382,1	
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**-15,7**	**71,6**		**11,3**		**67,2**	**69,4**	**-2,2**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-15,7	71,6		11,3		67,2	69,4	-2,2
02-973	**Þjóðleikhúsið**	**-88,4**	**487,1**	**57,0**	**4,9**		**460,6**	**469,3**	**-8,7**
973-1.01	Þjóðleikhúsið	-88,4	487,1	57,0	4,9		460,6	469,3	-8,7
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		**257,2**		**0,1**		**257,3**	**257,3**	
974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands		257,2		0,1		257,3	257,3	
02-976	**Menningarsjóður**	**-0,4**	**13,0**				**12,6**	**8,8**	**3,8**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	-0,4	13,0				12,6	8,8	3,8
02-977	**Höfundarréttargjöld**	**-1,0**	**96,8**			**2,6**	**98,4**	**99,4**	**-1,0**
977-1.11	Höfundaréttarsjóður		90,0			2,5	92,5	92,5	
977-1.13	Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald		2,6			-1,4	1,2	1,2	
977-1.14	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við g	-1,0	1,0					1,0	-1,0
977-1.15	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við já		3,2			1,5	4,7	4,7	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
02-978	**Listasjóðir**	**61,2**	**261,9**				**323,1**	**263,2**	**59,9**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	61,2	261,9				323,1	263,2	59,9
02-979	**Húsafriðunarnefnd**	**-8,8**	**131,6**				**122,8**	**124,2**	**-1,4**
979-1.01	Almennur rekstur		15,4				15,4	25,8	-10,4
979-6.10	Húsafriðunarsjóður	-8,8	116,2				107,4	98,4	9,0
02-980	**Listskreytingasjóður**	**1,5**	**7,2**				**8,7**	**7,5**	**1,2**
980-6.01	Listskreytingasjóður	1,5	7,2				8,7	7,5	1,2
02-981	**Kvikmyndamiðstöð Íslands**	**29,0**	**372,7**		**0,1**		**401,8**	**373,7**	**28,1**
981-1.01	Almennur rekstur	-303,8	59,3		0,1		-244,4	373,7	-618,1
981-1.10	Kvikmyndasjóðir	332,8	313,4				646,2		646,2
02-982	**Listir, framlög**	**57,4**	**606,4**		**4,0**		**667,8**	**611,7**	**56,1**
982-1.14	Bókasafnssjóður höfunda		19,3		0,8		20,1	20,1	
982-1.15	Þýðingarsjóður	16,9	8,6				25,5	12,2	13,3
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-0,8	6,5		0,1		5,8	7,2	-1,4
982-1.17	Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar							0,2	-0,2
982-1.22	Starfsemi áhugaleikfélaga		17,2				17,2	17,2	
982-1.23	Bandalag íslenskra leikfélaga		5,5				5,5	5,5	
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	10,9	40,8				51,7	41,9	9,8
982-1.25	Tónlistarstarfsemi	2,1	5,5				7,6	7,5	0,1
982-1.27	Tónlist fyrir alla	0,2	5,0				5,2	5,0	0,2
982-1.28	Barnamenningarsjóður	0,5	2,5				3,0	2,6	0,4
982-1.29	Íslenska tónverkamiðstöðin		9,4				9,4	9,4	
982-1.30	Íslenska óperan		160,4		0,8		161,2	161,2	
982-1.40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfser		63,7		6,3		70,0	70,0	
982-1.43	Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menn		34,0				34,0	34,0	
982-1.55	Menningarkynning í Frakklandi	5,6	30,0		11,0		46,6	30,3	16,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþir		40,0				40,0	40,0	
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila	1,3	8,7				10,0	8,7	1,3
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík		34,3				34,3	34,3	
982-1.81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	3,0	1,5				4,5	3,0	1,5
982-1.84	Samningur við Menningarborgarsjóð		15,0				15,0	15,0	
982-1.90	Listir	0,7	62,0		1,1		63,8	62,4	1,4
982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	10,0	19,5		-16,1		13,4		13,4
982-6.43	Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	7,0	17,0				24,0	24,0	
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**3,8**	**47,0**	**6,0**	**15,0**		**71,8**	**59,3**	**12,5**
983-1.10	Fræðistörf	-2,8	5,8		15,9		18,9	19,4	-0,5
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	1,0	7,5	6,0	-0,9		13,6	16,5	-2,9
983-1.15	Sögufélagið		0,5				0,5	0,5	
983-1.16	Hið íslenska fornritafélag		0,5				0,5		0,5
983-1.17	Launasjóður höfunda fræðirita	0,8	10,1				10,9	10,3	0,6
983-1.20	Iðnsaga Íslands	2,7	3,4				6,1	1,7	4,4
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	2,1	3,7				5,8	2,9	2,9
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		8,0				8,0	8,0	
983-1.51	Fræða- og þekkingasetur		7,5				7,5		7,5
02-984	**Norræn samvinna**	**0,8**	**13,0**				**13,8**	**22,5**	**-8,7**
984-1.90	Norræn samvinna	0,8	13,0				13,8	22,5	-8,7
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-19,5**	**516,2**	**-2,8**	**-7,7**		**486,2**	**520,9**	**-34,7**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-19,5	87,5				68,0	105,8	-37,8
985-1.91	Aðildargjöld ESB		414,2	-2,8	-7,7		403,7	400,6	3,1
985-1.95	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna		14,5				14,5	14,5	
02-988	**Æskulýðsmál**	**7,8**	**124,5**	**10,0**			**142,3**	**136,7**	**5,6**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	2,8	2,0				4,8	2,6	2,2
988-1.12	Ungmennafélag Íslands		57,0	10,0			67,0	67,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
988-1.13	Bandalag íslenskra skáta		17,5				17,5	17,5	
988-1.14	Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni		1,5				1,5	1,5	
988-1.15	Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi		1,5				1,5	1,5	
988-1.17	Landssamband KFUM og KFUK		25,0				25,0	26,7	-1,7
988-1.18	Æskulýðsrannsóknir	3,4	1,5				4,9	2,3	2,6
988-1.90	Æskulýðsmál	1,6	18,5				20,1	17,6	2,5
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**37,6**	**307,4**				**345,0**	**336,5**	**8,5**
989-1.10	Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands		89,7				89,7	89,7	
989-1.12	Ólympíunefnd fatlaðra		4,0				4,0	4,0	
989-1.14	Íþróttasamband fatlaðra		18,5				18,5	18,5	
989-1.15	Skólaíþróttir							-1,1	1,1
989-1.16	Íþróttasjóður	4,3	18,3				22,6	16,5	6,1
989-1.17	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,8	3,2				6,0	3,2	2,8
989-1.18	Íþróttamiðstöð Íslands	1,0	1,0				2,0	2,0	
989-1.20	Glímusamband Íslands		4,0				4,0	4,0	
989-1.21	Skáksamband Íslands		8,0				8,0	8,0	
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-1,1	7,6				6,5	8,4	-1,9
989-1.24	Frjálsíþróttavöllur á Sauðárkróki, landsmót ungmen	15,0	20,0				35,0	32,5	2,5
989-1.25	Skákskóli Íslands		6,2				6,2	6,2	
989-1.29	Afreksmannasjóður		25,0				25,0	25,0	
989-1.30	Bridgesamband Íslands		8,0				8,0	8,0	
989-1.31	Íþróttasvæði á Torfunesi, Ísafirði	15,0					15,0	15,0	
989-1.90	Ýmis íþróttamál	0,6	12,9				13,5	15,6	-2,1
989-6.52	Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð		7,0				7,0	7,0	
989-6.53	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri		30,0				30,0	30,0	
989-6.54	Gaddstaðir		7,0				7,0	7,0	
989-6.56	Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði		7,0				7,0	7,0	
989-6.57	Sparkvellir		30,0				30,0	30,0	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
02-994	**Uppbygging menntunar og menningar á landsb**	**25,3**			**-7,7**		**17,6**	**1,8**	**15,8**
994-1.01	Uppbygging menntunar og menningar á landsbygg	25,3			-7,7		17,6	1,8	15,8
02-995	**Tungutækni**	**52,0**	**13,5**				**65,5**	**27,0**	**38,5**
995-1.01	Verkefnisstjórn	16,7					16,7		16,7
995-6.51	Verkefnissjóður tungutækni	35,3	13,5				48,8	27,0	21,8
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**24,1**	**87,5**		**38,0**		**149,6**	**131,8**	**17,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	24,1	87,5		38,0		149,6	131,8	17,8
02-999	**Ýmislegt**	**23,3**	**129,9**	**6,0**	**16,0**		**175,2**	**161,8**	**13,4**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	0,4	5,0				5,4	3,5	1,9
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-2,3	2,6		-0,7		-0,4	3,8	-4,2
999-1.43	Skriðuklaustur	2,4	11,1				13,5	13,0	0,5
999-1.44	Snorrastofa		10,0	6,0			16,0	10,5	5,5
999-1.46	Hestamiðstöð Íslands		5,0				5,0	5,0	
999-1.51	Fornleifasjóður	3,2	5,0				8,2	6,8	1,4
999-1.90	Ýmis framlög	19,6	36,7		16,7		73,0	65,2	7,8
999-6.90	Ýmis stofnkostnaðarframlög		54,5				54,5	54,0	0,5
03 Utanríkisráðuneyti		***508,0***	***5.525,6***	***233,2***	***43,6***	***14,3***	***6.324,7***	***5.980,0***	***344,7***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-75,2**	**811,3**	**45,0**	**1,9**		**783,0**	**825,7**	**-42,7**
101-1.01	Yfirstjórn	16,3	665,3		-7,5		674,1	675,4	-1,3
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-30,2	72,0	45,0			86,8	63,7	23,1
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-54,6	65,7		9,4		20,5	72,0	-51,5
101-6.01	Tæki og búnaður	-6,7	8,3				1,6	14,6	-13,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
03-190	**Ýmis verkefni**	**26,1**	**44,5**		**-16,7**		**53,9**	**45,2**	**8,7**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	6,7	3,0		3,1		12,8	7,7	5,1
190-1.13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EE	-3,5	2,5				-1,0	2,0	-3,0
190-1.19	Ráðstefnur							0,1	-0,1
190-1.21	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi		0,9				0,9	0,9	
190-1.23	Mannréttindaskrifstofa Íslands		4,0				4,0	4,0	
190-1.24	Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahi		5,6				5,6	6,0	-0,4
190-1.25	Hafréttarstofnun Íslands	7,7	5,5				13,2	3,0	10,2
190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	9,9	11,6		-20,4		1,1	2,2	-1,1
190-1.90	Ýmis verkefni	5,3	11,4		0,6		17,3	19,3	-2,0
03-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-52,0**	**529,2**		**4,5**	**8,2**	**489,9**	**551,0**	**-61,1**
201-1.01	Yfirstjórn	-24,9	61,0				36,1	108,3	-72,2
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	245,8	325,8			8,3	579,9	225,2	354,7
201-1.20	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	-303,3	125,8			-0,1	-177,6	275,2	-452,8
201-1.30	Öryggisverkefni	30,9	12,9		4,5		48,3	-57,7	106,0
201-5.20	Fasteignir	1,0	1,0				2,0		2,0
201-6.01	Tæki og búnaður	-1,5	2,7				1,2		1,2
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**		**591,5**	**187,8**		**22,6**	**801,9**	**801,9**	
211-1.10	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, ríkistekjur		591,5	187,8		22,6	801,9	801,9	
03-300	**Sendiráð Íslands**	**-107,5**	**1.552,7**	**-28,5**	**41,7**		**1.458,4**	**1.785,8**	**-327,4**
300-1.01	Sendiráð Íslands	-166,9	1.500,0	-70,5	41,7		1.304,3	1.594,6	-290,3
300-5.21	Viðhald fasteigna	-34,2	24,9				-9,3	26,3	-35,6
300-6.01	Tæki og búnaður	-57,6	27,8	42,0			12,2	142,6	-130,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
300-6.25	Sendiherrabústaður í Berlín	102,6					102,6	22,3	80,3
300-6.28	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	48,6					48,6		48,6
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**39,8**	**519,2**	**-49,3**			**509,7**	**486,3**	**23,4**
390-1.01	Almennur rekstur	-40,4	36,1		25,7		21,4	57,0	-35,6
390-1.11	Þróunaraðstoð	80,2	483,1	-49,3	-25,7		488,3	429,3	59,0
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**283,6**	**176,4**	**-5,9**	**55,1**		**509,2**	**369,4**	**139,8**
391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna		67,3				67,3	67,3	
391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóða		8,4	-0,9			7,5	8,9	-1,4
391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP		18,2	-2,1			16,1	36,7	-20,6
391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF		9,4	-1,0			8,4	9,4	-1,0
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		52,0		0,1		52,1	52,0	0,1
391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróu		2,5				2,5	2,5	
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herz	53,0					53,0	3,5	49,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	230,6	16,8	-1,9	55,0		300,5	187,3	113,2
391-6.01	Tæki og búnaður		1,8				1,8	1,8	
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**391,8**	**1.018,4**	**84,1**	**-28,5**		**1.465,8**	**861,8**	**604,0**
401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		31,1	-3,5			27,6	95,1	-67,5
401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNE		9,5	-1,0			8,5	7,6	0,9
401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA		6,1	-0,7			5,4	1,7	3,7
401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO		4,4				4,4	4,8	-0,4
401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)		14,4	-1,6			12,8	12,5	0,3
401-1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið		5,5				5,5	35,0	-29,5
401-1.39	Evrópuráðið		19,9				19,9	24,9	-5,0
401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD		18,8				18,8	11,2	7,6
401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO		58,3				58,3	61,2	-2,9
401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA		47,9				47,9	58,3	-10,4
401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA		76,5	-0,6			75,9	78,8	-2,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
401-1.72	EFTA-dómstóllinn		25,0				25,0	21,5	3,5
401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	412,7	253,9	-1,8			664,8		664,8
401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE		26,2				26,2	18,7	7,5
401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn		1,7				1,7	2,2	-0,5
401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	33,4	59,4	-6,7			86,1	86,8	-0,7
401-1.87	Íslensk friðargæsla	-52,7	329,8	100,0	-28,5		348,6	315,5	33,1
401-1.91	Átak í lækkun skulda þróunarríkja	-1,6	30,0				28,4	26,0	2,4
03-611	**Útflutningsráð Íslands**		**269,4**			**-16,5**	**252,9**	**252,9**	
611-1.10	Útflutningsráð Íslands		269,4			-16,5	252,9	252,9	
03-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**1,4**	**8,0**		**-9,4**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	1,4	8,0		-9,4				
04	***Landbúnaðarráðuneyti***	***259,9***	***11.713,2***	***181,9***	***28,8***	***223,9***	***12.407,7***	***12.429,8***	***-22,1***
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,3**	**180,4**		**8,8**		**194,5**	**191,3**	**3,2**
101-1.01	Yfirstjórn	5,3	180,4		8,8		194,5	191,3	3,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**6,2**	**101,5**		**8,0**	**-2,4**	**113,3**	**119,7**	**-6,4**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	2,9	4,9				7,8	8,1	-0,3
190-1.12	Mat á búvörum	-1,4	11,7			-2,4	7,9	8,4	-0,5
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	0,9	5,8				6,7	5,9	0,8
190-1.21	Landþurrkun		0,6				0,6	0,6	
190-1.31	Skógræktarfélag Íslands	-2,1	27,0				24,9	28,0	-3,1
190-1.40	Landgræðslu- og skógræktaráætlanir		4,2				4,2	4,2	
190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO		5,2				5,2	4,6	0,6
190-1.55	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti		2,1				2,1	2,1	
190-1.90	Ýmis verkefni	5,9	40,0		8,0		53,9	57,8	-3,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-199	**Ráðstöfunarfé**		**6,0**		**-6,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		6,0		-6,0				
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**26,8**	**200,9**			**10,2**	**237,9**	**206,3**	**31,6**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	17,1	189,6			10,2	216,9	197,7	19,2
211-5.01	Viðhald	15,1	6,7				21,8	2,9	18,9
211-6.01	Tæki og búnaður	-13,2	3,3				-9,9	5,7	-15,6
211-6.20	Fasteignir	7,8	1,3				9,1		9,1
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-5,6**	**55,5**				**49,9**	**56,1**	**-6,2**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-5,6	55,5				49,9	56,1	-6,2
04-222	**Veiðimálastjóri**	**0,4**	**26,1**			**-3,0**	**23,5**	**23,3**	**0,2**
222-1.01	Veiðimálastjóri	0,4	26,1			-3,0	23,5	23,3	0,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-54,9**	**362,8**	**7,0**	**7,8**	**11,7**	**334,4**	**414,9**	**-80,5**
233-1.01	Yfirdýralæknir	-68,9	223,0	7,0	7,7	2,5	171,3	269,2	-97,9
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-76,8	42,3		0,1		-34,4	66,8	-101,2
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	64,1	18,5				82,6	-1,6	84,2
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	9,0	75,0			9,2	93,2	79,6	13,6
233-5.90	Dýralæknisbústaðir	17,7	4,0				21,7	0,9	20,8
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**6,8**	**45,8**			**12,5**	**65,1**	**36,4**	**28,7**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	6,8	45,8			12,5	65,1	36,4	28,7
04-261	**Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfir**	**-37,2**	**193,3**			**8,3**	**164,4**	**299,8**	**-135,4**
261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	-70,1	140,8			8,3	79,0	222,3	-143,3
261-5.01	Viðhaldsfé	-4,9	4,2				-0,7	3,1	-3,8
261-6.01	Tæki og búnaður	21,9	6,3				28,2		28,2
261-6.20	Fasteignir og lóðir	15,9	42,0				57,9	74,4	-16,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**21,2**	**174,4**			**5,0**	**200,6**	**251,1**	**-50,5**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	-46,9	150,4			5,0	108,5	217,1	-108,6
271-5.01	Viðhaldsfé	21,5	4,2				25,7	3,2	22,5
271-6.01	Tæki og búnaður	1,8	1,8				3,6	2,2	1,4
271-6.20	Fasteignir og lóðir	44,8	18,0				62,8	28,6	34,2
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**7,7**	**96,1**		**0,2**	**0,9**	**104,9**	**117,7**	**-12,8**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-20,8	88,9		0,2	0,9	69,2	113,1	-43,9
283-5.01	Viðhald	16,1	5,2				21,3	4,6	16,7
283-6.01	Tæki og búnaður	12,4	2,0				14,4		14,4
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**0,4**	**18,8**				**19,2**	**18,6**	**0,6**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,4	18,8				19,2	18,6	0,6
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**48,4**	**450,2**	**15,0**	**4,2**	**1,6**	**519,4**	**463,7**	**55,7**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	27,7	359,6		4,2	1,6	393,1	359,7	33,4
311-1.90	Fyrirhleðslur	47,5	41,2	15,0			103,7	58,8	44,9
311-5.01	Viðhaldsfé	29,3	8,0				37,3	2,3	35,0
311-6.01	Tæki og búnaður	22,5	41,4				63,9	42,9	21,0
311-6.20	Fasteignir	-78,6					-78,6		-78,6
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**13,2**	**242,9**		**1,9**	**4,8**	**262,8**	**230,7**	**32,1**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-62,9	138,3		1,6		77,0	146,0	-69,0
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-5,9	66,7		0,3		61,1	79,4	-18,3
321-5.01	Viðhaldsfé	24,0	6,2				30,2	6,3	23,9
321-6.01	Tæki og búnaður	8,2	22,6				30,8	10,7	20,1
321-6.20	Fasteignir, óskipt	49,8	9,1			4,8	63,7	-11,7	75,4
04-331	**Héraðsskógar**	**-9,5**	**107,0**		**3,2**		**100,7**	**96,4**	**4,3**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	-9,5	99,0		3,2		92,7	96,4	-3,7
331-6.41	Gagnagrunnur um skógrækt		8,0				8,0		8,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-341	**Átak í landgræðslu og skógrækt**	**7,9**					**7,9**	**0,5**	**7,4**
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt	7,9					7,9	0,5	7,4
04-343	**Landshlutabundin skógrækt**	**4,2**	**325,5**		**0,2**		**329,9**	**299,6**	**30,3**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-7,7	98,7		0,1		91,1	101,4	-10,3
343-1.13	Vesturlandsskógar	11,2	57,8				69,0	63,9	5,1
343-1.15	Skjólskógar, Vestfjörðum	-4,2	43,2				39,0	41,2	-2,2
343-1.16	Norðurlandsskógar	1,3	96,6		0,1		98,0	72,2	25,8
343-1.17	Austurlandsskógar	3,6	29,2				32,8	20,9	11,9
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**4.420,0**			**4,3**	**4.424,3**	**4.448,3**	**-24,0**
801-1.01	Beinar greiðslur til bænda		3.990,0				3.990,0	4.014,0	-24,0
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		150,0				150,0	150,0	
801-1.11	Verðtilfærslugjald á mjólk		280,0			4,3	284,3	284,3	
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**	**-34,6**	**2.610,0**	**135,6**			**2.711,0**	**2.852,1**	**-141,1**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		1.602,0				1.602,0	1.605,8	-3,8
805-1.02	Lífeyrissjóður bænda		70,0	5,3			75,3	70,0	5,3
805-1.03	Jöfnunargreiðslur	-0,8	72,0				71,2	73,0	-1,8
805-1.04	Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar		283,0	130,3			413,3		413,3
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull	-70,0	261,0				191,0	273,4	-82,4
805-1.06	Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki							40,4	-40,4
805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður	-11,2	280,0				268,8	752,9	-484,1
805-1.30	Uppkaup á greiðslumarki							11,6	-11,6
805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt	47,4	42,0				89,4	25,0	64,4
04-807	**Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu**	**47,5**	**280,0**	**4,3**			**331,8**	**289,3**	**42,5**
807-1.01	Beinar greiðslur til bænda	38,5	195,0	-9,3			224,2	205,5	18,7
807-1.05	Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt	9,0	30,0	16,2			55,2	42,6	12,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
807-1.07	Styrkir til úreldingar á gróðurhúsum		30,0	-1,4			28,6	16,2	12,4
807-1.08	Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og enc		25,0	-1,2			23,8	25,0	-1,2
04-811	**Bændasamtök Íslands**		**420,7**				**420,7**	**420,7**	
811-1.01	Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta		150,8				150,8	150,8	
811-1.92	Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta		82,8				82,8	82,8	
811-1.93	Búrekstraráætlanir		23,0				23,0	23,0	
811-1.96	Búfjárrækt		74,1				74,1	74,1	
811-6.97	Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni		90,0				90,0	90,0	
04-818	**Búnaðarsjóður**		**242,0**			**-46,2**	**195,8**	**195,8**	
818-1.10	Búnaðarsjóður		242,0			-46,2	195,8	195,8	
04-821	**Framleiðnisjóður landbúnaðarins**	**2,6**	**185,0**				**187,6**	**185,7**	**1,9**
821-1.01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	2,6	185,0				187,6	185,7	1,9
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**		**136,0**			**-22,4**	**113,6**	**113,6**	
823-6.60	Lánasjóður landbúnaðarins		136,0			-22,4	113,6	113,6	
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**		**101,6**			**20,2**	**121,8**	**121,8**	
824-1.10	Verðmiðlun landbúnaðarvara		101,6			20,2	121,8	121,8	
04-827	**Fóðursjóður**		**520,0**			**62,5**	**582,5**	**582,5**	
827-1.10	Fóðursjóður		520,0			62,5	582,5	582,5	
04-828	**Garðávaxtasjóður**								
828-1.10	Garðávaxtasjóður								
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	**61,9**	**72,0**			**153,7**	**287,6**	**144,5**	**143,1**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	61,9	72,0			153,7	287,6	144,5	143,1
04-840	**Lán til fiskeldis**							**7,2**	**-7,2**
840-1.01	Lán til fiskeldis							7,2	-7,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
04-841	**Fiskeldisrannsóknir**		**24,0**				**24,0**	**24,0**	
841-1.01	Fiskeldisrannsóknir		24,0				24,0	24,0	
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**51,6**	**17,7**			**2,2**	**71,5**	**23,3**	**48,2**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	51,6	17,7			2,2	71,5	23,3	48,2
04-851	**Greiðslur vegna riðuveiki**		**52,0**		**3,0**		**55,0**	**69,3**	**-14,3**
851-1.90	Greiðslur vegna riðuveiki		52,0		3,0		55,0	69,3	-14,3
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	**88,1**	**25,0**	**20,0**			**133,1**	**108,1**	**25,0**
891-1.14	Átak í hrossarækt		25,0				25,0	24,8	0,2
891-1.15	Úrelding sláturhúsa	83,6					83,6	74,4	9,2
891-1.16	Styrkur til sauðfjárbænda	7,9					7,9	7,9	
891-1.91	Loðdýrafóður	1,0		20,0			21,0	1,0	20,0
891-6.91	Ýmis stofnkostnaður	-4,4					-4,4		-4,4
04-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**1,5**	**20,0**		**-2,5**		**19,0**	**17,5**	**1,5**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	1,5	20,0		-2,5		19,0	17,5	1,5
05 Sjávarútvegsráðuneyti		***649,5***	***3.103,8***	***-445,1***	***8,8***	***74,5***	***3.391,5***	***2.678,8***	***712,7***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,0**	**153,2**		**0,5**		**158,7**	**160,8**	**-2,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-0,9	145,4		0,5		145,0	156,5	-11,5
101-1.11	Fiskveiðisamningar	5,9	7,8				13,7	4,3	9,4
05-190	**Ýmis verkefni**	**49,7**	**188,2**	**6,8**	**3,0**		**247,7**	**198,2**	**49,5**
190-1.20	Eldi sjávardýra	-0,3	19,1				18,8	18,8	
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	10,8	16,0				26,8	11,0	15,8
190-1.23	Matvælasetur	0,1	6,0				6,1	6,0	0,1
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	5,1	29,6		3,0		37,7	32,5	5,2
190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	-6,7	24,4	-1,7			16,0	27,7	-11,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistj. og eftirl							2,9	-2,9
190-1.49	Úrskurðarnefndir		6,3				6,3	2,4	3,9
190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMC(		9,3				9,3	8,0	1,3
190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC, ICC		23,2				23,2	21,3	1,9
190-1.54	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC		4,9				4,9	6,8	-1,9
190-1.90	Ýmislegt	33,7	37,7	8,5			79,9	60,8	19,1
190-6.41	Gagnagrunnur um ástand og nýtingu fiskistofna	7,0	11,7				18,7		18,7
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**3,0**		**-3,0**		**-0,1**		**-0,1**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	3,0		-3,0		-0,1		-0,1
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**-0,5**	**973,1**	**50,1**	**13,0**		**1.035,7**	**1.012,7**	**23,0**
202-1.01	Almenn starfsemi	152,2	574,6	15,1	5,8		747,7	584,7	163,0
202-1.30	Rannsóknaskip	-123,6	371,1	35,0	7,2		289,7	427,8	-138,1
202-5.31	Viðhald rannsóknaskipa	-39,0					-39,0		-39,0
202-6.31	Tæki og búnaður í skip	28,3	14,9				43,2		43,2
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	-18,4	12,5				-5,9	0,2	-6,1
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**7,9**	**169,6**	**10,0**			**187,5**	**167,4**	**20,1**
203-1.01	Almenn starfsemi	-76,0	156,0	10,0			90,0	154,8	-64,8
203-6.01	Tæki og búnaður	83,9	13,6				97,5	12,6	84,9
05-204	**Fiskistofa**	**110,6**	**637,1**		**5,1**	**56,4**	**809,2**	**649,9**	**159,3**
204-1.01	Fiskistofa	14,7	579,4		5,1	33,9	633,1	606,0	27,1
204-1.10	Landamærastöðvar	27,2	34,3			11,0	72,5	27,1	45,4
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	105,3	19,8			11,5	136,6	2,7	133,9
204-6.01	Tæki og búnaður	-36,6	3,6				-33,0	14,1	-47,1
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**72,0**	**35,0**			**-4,8**	**102,2**	**56,9**	**45,3**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	72,0	35,0			-4,8	102,2	56,9	45,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	**145,2**					**145,2**	**2,4**	**142,8**
210-1.10	Sjóður til síldarrannsókna	145,2					145,2	2,4	142,8
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**6,7**	**22,8**				**29,5**	**20,4**	**9,1**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	6,7	22,8				29,5	20,4	9,1
05-215	**Gengismunasjóður**	**15,0**					**15,0**	**-2,2**	**17,2**
215-1.01	Gengismunasjóður	15,0					15,0	-2,2	17,2
05-216	**Gæða- og orkufjársjóður**	**-0,1**					**-0,1**	**0,3**	**-0,4**
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður	-0,1					-0,1	0,3	-0,4
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**3,6**					**3,6**	**0,9**	**2,7**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	3,6					3,6	0,9	2,7
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**11,0**					**11,0**	**-1,3**	**12,3**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	11,0					11,0	-1,3	12,3
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**1,1**					**1,1**	**1,4**	**-0,3**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	1,1					1,1	1,4	-0,3
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**26,3**	**10,4**				**36,7**	**16,3**	**20,4**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	27,4					27,4	1,1	26,3
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	-1,1	10,4				9,3	15,2	-5,9
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**81,1**					**81,1**	**-9,5**	**90,6**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	81,1					81,1	-9,5	90,6
05-274	**Húsbyggingarsjóður**	**86,3**					**86,3**	**-10,0**	**96,3**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	86,3					86,3	-10,0	96,3
05-801	**Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfa**		**100,0**				**100,0**	**97,6**	**2,4**
801-1.10	Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs		100,0				100,0	97,6	2,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	**0,1**	**742,0**	**-512,0**		**22,9**	**253,0**	**252,9**	**0,1**
811-6.41	Þróunarsjóður sjávarútvegsins	0,1	742,0	-512,0		22,9	253,0	252,9	0,1
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**28,6**	**59,4**		**0,2**		**88,2**	**63,7**	**24,5**
901-1.01	Yfirstjórn	26,1	47,8		0,1		74,0	51,4	22,6
901-1.30	Keldnaholt	2,5	11,6		0,1		14,2	12,3	1,9
05-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**10,0**		**-10,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		10,0		-10,0				
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***694,3***	***15.050,7***	***192,8***	***29,9***	***-6,6***	***15.961,1***	***15.181,0***	***780,1***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**10,3**	**263,9**		**13,4**		**287,6**	**285,2**	**2,4**
101-1.01	Yfirstjórn	10,3	263,9		13,4		287,6	285,2	2,4
101-6.10	Bifreið				3,2		3,2	3,2	
06-102	**Stjórnartíðindi**	**-32,7**	**4,3**				**-28,4**	**20,4**	**-48,8**
102-1.01	Stjórnartíðindi	-32,7	4,3				-28,4	20,4	-48,8
06-103	**Lagasafn**	**15,2**					**15,2**	**-0,3**	**15,5**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	15,2					15,2	-0,3	15,5
06-105	**Lögbirtingablað**	**25,1**	**26,7**			**-2,0**	**49,8**	**51,8**	**-2,0**
105-1.01	Lögbirtingablað	25,1	26,7			-2,0	49,8	51,8	-2,0
06-111	**Kosningar**		**26,7**		**-1,0**		**25,7**	**33,3**	**-7,6**
111-1.10	Kosningar		26,7		-1,0		25,7	33,3	-7,6
06-190	**Ýmis verkefni**	**10,8**	**167,1**		**9,4**	**-2,0**	**185,3**	**197,5**	**-12,2**
190-1.10	Fastanefndir	-3,4	21,3		-2,8	-2,0	13,1	38,7	-25,6
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	3,4	3,0				6,4	6,4	
190-1.25	Tilkynningaskylda íslenskra skipa		36,1				36,1	36,1	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.26	Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum		12,2				12,2	12,2	
190-1.27	Slysavarnafélagið Landsbjörg		70,3				70,3	70,3	
190-1.40	Alþjóðasamstarf		5,9				5,9	7,3	-1,4
190-1.45	Mannréttindaskrifstofa Íslands		4,0				4,0	4,0	
190-1.47	Íslensk ættleiðing		5,0				5,0	5,0	
190-1.51	Innheimta meðlaga	3,2	3,6				6,8	3,3	3,5
190-1.61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð		0,3				0,3	0,3	
190-1.82	Biblíuþýðingar	0,1	3,6				3,7	3,6	0,1
190-1.90	Ýmislegt	6,3			13,0		19,3	8,6	10,7
190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	1,2	1,8		-0,8		2,2	1,7	0,5
06-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
06-201	**Hæstiréttur**	**12,1**	**73,4**		**0,9**		**86,4**	**75,1**	**11,3**
201-1.01	Yfirstjórn	12,1	73,4		0,9		86,4	75,1	11,3
06-210	**Héraðsdómstólar**	**-36,1**	**712,7**	**35,0**	**0,1**		**711,7**	**690,2**	**21,5**
210-1.01	Héraðsdómstólar	-37,6	676,7	35,0	0,1		674,2	661,4	12,8
210-1.11	Meðdómsmenn		33,5				33,5	27,6	5,9
210-6.01	Tæki og búnaður	1,5	2,5				4,0	1,2	2,8
06-231	**Málskostnaður í opinberum málum**		**281,5**				**281,5**	**289,4**	**-7,9**
231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum		281,5				281,5	289,4	-7,9
06-232	**Opinber réttaraðstoð**		**104,8**				**104,8**	**171,0**	**-66,2**
232-1.10	Opinber réttaraðstoð		96,5				96,5	163,9	-67,4
232-1.15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamr		4,0				4,0	2,8	1,2
232-1.16	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana		4,3				4,3	4,3	
06-235	**Bætur brotaþola**		**40,0**				**40,0**	**55,8**	**-15,8**
235-1.10	Bætur brotaþola		40,0				40,0	55,8	-15,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-251	**Persónuvernd**	**23,9**	**57,9**			**-5,0**	**76,8**	**45,5**	**31,3**
251-1.01	Persónuvernd	23,9	57,9			-5,0	76,8	45,5	31,3
06-301	**Ríkissaksóknari**	**9,1**	**83,8**				**92,9**	**87,6**	**5,3**
301-1.05	Ríkissaksóknari	9,1	83,8				92,9	87,6	5,3
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**75,3**	**652,2**	**113,0**	**31,3**	**-0,2**	**871,6**	**796,0**	**75,6**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	67,2	641,7	113,0	31,4	-0,2	853,1	776,4	76,7
303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-40,2	-67,5		19,9		-87,8	-91,6	3,8
303-6.01	Tæki og búnaður	6,9	10,5				17,4	22,7	-5,3
303-6.11	Bifreiðar	41,4	67,5		-20,0		88,9	88,5	0,4
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**11,5**	**151,3**		**0,4**		**163,2**	**141,0**	**22,2**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	11,5	151,3		0,4		163,2	141,0	22,2
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**-15,3**	**1.984,7**	**-23,5**	**94,1**	**-0,6**	**2.039,4**	**1.983,4**	**56,0**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-11,5	1.982,0	-23,5	94,1	-0,6	2.040,5	1.976,3	64,2
311-6.01	Tæki og búnaður	-3,8	2,7				-1,1	7,1	-8,2
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**6,0**	**84,1**	**2,3**			**92,4**	**85,2**	**7,2**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	6,0	84,1	2,3			92,4	85,2	7,2
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**13,8**	**93,1**		**-85,5**		**21,4**	**0,7**	**20,7**
341-1.20	Fíkniefnamál	5,6	1,5		-1,6		5,5	0,6	4,9
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	8,2	91,6		-83,9		15,9	0,1	15,8
06-390	**Ýmis löggæslu- og öryggismál**	**62,0**	**97,2**	**51,0**	**-75,0**		**135,2**	**95,7**	**39,5**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	29,1	60,6	51,0	-76,3		64,4	58,6	5,8
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	33,2	0,9				34,1	0,1	34,0
390-1.17	Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftave		15,0				15,0	15,0	
390-1.18	Viðbótartryggingar lögreglumanna	-0,3	20,7		1,3		21,7	22,0	-0,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**	**20,3**	**10,0**		**-5,0**		**25,3**	**0,5**	**24,8**
391-6.21	Fasteignir	20,3	10,0		-5,0		25,3	0,5	24,8
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**29,5**	**1.151,5**	**9,0**	**12,0**	**3,2**	**1.205,2**	**1.110,7**	**94,5**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	17,6	1.067,0	9,0	31,2	3,2	1.128,0	1.044,0	84,0
395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	-3,0	80,0				77,0	66,7	10,3
395-6.01	Tæki og búnaður	14,9	4,5		-19,2		0,2		0,2
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**	**22,0**					**22,0**	**-0,4**	**22,4**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands	22,0					22,0	-0,4	22,4
06-397	**Schengen-samstarf**	**26,3**	**54,4**				**80,7**	**42,5**	**38,2**
397-1.01	Schengen-samstarf	26,3	54,4				80,7	42,5	38,2
06-398	**Útlendingastofnun**	**27,4**	**188,6**				**216,0**	**179,7**	**36,3**
398-1.01	Útlendingastofnun	27,4	188,6				216,0	179,7	36,3
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**0,8**	**245,2**	**6,0**	**8,2**		**260,2**	**256,9**	**3,3**
411-1.01	Yfirstjórn	0,8	245,2	6,0	8,2		260,2	256,9	3,3
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**31,4**	**142,0**		**1,8**		**175,2**	**147,4**	**27,8**
412-1.01	Yfirstjórn	38,6	58,7		-6,7		90,6	57,9	32,7
412-1.20	Löggæsla	-7,2	83,3		8,5		84,6	89,5	-4,9
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**2,2**	**115,7**		**0,3**		**118,2**	**109,3**	**8,9**
413-1.01	Yfirstjórn	-6,7	42,5		0,3		36,1	42,6	-6,5
413-1.20	Löggæsla	6,2	59,6				65,8	62,2	3,6
413-1.40	Tollgæsla	2,7	13,6				16,3	4,5	11,8
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**6,9**	**131,3**		**0,3**		**138,5**	**131,2**	**7,3**
414-1.01	Yfirstjórn	0,4	55,6		0,2		56,2	52,9	3,3
414-1.20	Löggæsla	6,5	75,7		0,1		82,3	78,3	4,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**1,1**	**31,6**				**32,7**	**31,0**	**1,7**
415-1.01	Yfirstjórn	5,4	20,6				26,0	17,3	8,7
415-1.20	Löggæsla	-4,3	11,0				6,7	13,7	-7,0
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-3,0**	**70,0**		**0,2**		**67,2**	**72,1**	**-4,9**
416-1.01	Yfirstjórn	-1,9	36,6		0,1		34,8	35,3	-0,5
416-1.20	Löggæsla	-1,1	33,4		0,1		32,4	36,8	-4,4
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**1,3**	**39,0**		**0,7**		**41,0**	**40,9**	**0,1**
417-1.01	Yfirstjórn	0,2	21,2				21,4	20,9	0,5
417-1.20	Löggæsla	1,1	17,8		0,7		19,6	20,0	-0,4
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**		**152,7**		**10,6**		**163,3**	**159,9**	**3,4**
418-1.01	Yfirstjórn	-7,6	63,0		1,6		57,0	60,9	-3,9
418-1.20	Löggæsla	16,8	84,9		9,0		110,7	92,8	17,9
418-1.40	Tollgæsla	-9,2	4,8				-4,4	6,2	-10,6
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**-1,3**	**46,9**		**1,0**		**46,6**	**47,0**	**-0,4**
419-1.01	Yfirstjórn	9,3	24,9				34,2	23,2	11,0
419-1.20	Löggæsla	-10,6	22,0		1,0		12,4	23,8	-11,4
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**7,7**	**103,0**				**110,7**	**101,0**	**9,7**
420-1.01	Yfirstjórn	8,8	43,1				51,9	43,9	8,0
420-1.20	Löggæsla	-1,1	59,9				58,8	57,1	1,7
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-5,2**	**107,4**		**5,5**		**107,7**	**115,9**	**-8,2**
421-1.01	Yfirstjórn	-0,8	46,3				45,5	46,2	-0,7
421-1.20	Löggæsla	-4,4	59,2		5,5		60,3	67,8	-7,5
421-1.40	Tollgæsla		1,9				1,9	1,9	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**6,3**	**58,5**		**7,2**		**72,0**	**62,5**	**9,5**
422-1.01	Yfirstjórn	7,8	28,3				36,1	27,5	8,6
422-1.20	Löggæsla	-1,5	30,2		7,2		35,9	35,0	0,9
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**2,4**	**39,3**				**41,7**	**38,9**	**2,8**
423-1.01	Yfirstjórn	14,0	22,3				36,3	20,1	16,2
423-1.20	Löggæsla	-11,6	17,0				5,4	18,8	-13,4
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**16,4**	**334,1**	**10,0**	**6,1**		**366,6**	**366,5**	**0,1**
424-1.01	Yfirstjórn	50,0	134,0		1,1		185,1	118,0	67,1
424-1.20	Löggæsla	-30,2	189,0	10,0	5,0		173,8	237,1	-63,3
424-1.40	Tollgæsla	-3,4	11,1				7,7	11,4	-3,7
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**5,7**	**140,0**		**0,5**		**146,2**	**141,7**	**4,5**
425-1.01	Yfirstjórn	28,1	60,9		0,5		89,5	53,5	36,0
425-1.20	Löggæsla	-22,4	79,1				56,7	88,2	-31,5
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-7,3**	**145,7**		**9,9**		**148,3**	**156,6**	**-8,3**
426-1.01	Yfirstjórn	-20,8	57,2				36,4	63,1	-26,7
426-1.20	Löggæsla	30,3	79,7		5,1		115,1	78,0	37,1
426-1.40	Tollgæsla	-16,8	8,8		4,8		-3,2	15,5	-18,7
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**37,2**	**155,1**		**2,5**		**194,8**	**149,7**	**45,1**
428-1.01	Yfirstjórn	41,2	63,6		0,1		104,9	57,4	47,5
428-1.20	Löggæsla	-4,0	91,5		2,4		89,9	92,3	-2,4
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**4,4**	**66,1**		**2,0**		**72,5**	**66,3**	**6,2**
429-1.01	Yfirstjórn	-0,7	28,7		2,0		30,0	31,5	-1,5
429-1.20	Löggæsla	5,1	37,4				42,5	34,8	7,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-0,7**	**49,6**		**5,5**		**54,4**	**54,8**	**-0,4**
430-1.01	Yfirstjórn	11,3	24,0		4,0		39,3	22,7	16,6
430-1.20	Löggæsla	-12,0	25,6		1,5		15,1	32,1	-17,0
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**6,3**	**114,3**		**0,5**		**121,1**	**97,1**	**24,0**
431-1.01	Yfirstjórn	6,2	37,5		0,1		43,8	35,3	8,5
431-1.05	Innheimta sekta		30,1				30,1	19,4	10,7
431-1.20	Löggæsla	0,1	46,7		0,4		47,2	42,4	4,8
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**11,3**	**137,6**		**0,5**		**149,4**	**133,4**	**16,0**
432-1.01	Yfirstjórn	-0,2	53,1		0,5		53,4	50,6	2,8
432-1.20	Löggæsla	18,1	72,6				90,7	70,7	20,0
432-1.40	Tollgæsla	-6,6	11,9				5,3	12,1	-6,8
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**4,3**	**257,0**		**7,7**		**269,0**	**257,0**	**12,0**
433-1.01	Yfirstjórn	1,7	88,7		7,4		97,8	95,6	2,2
433-1.20	Löggæsla	7,3	157,3		0,3		164,9	153,3	11,6
433-1.40	Tollgæsla	-4,7	11,0				6,3	8,1	-1,8
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**8,5**	**375,1**		**5,0**		**388,6**	**378,1**	**10,5**
434-1.01	Yfirstjórn	-9,2	118,8		0,4		110,0	120,6	-10,6
434-1.20	Löggæsla	16,0	243,1		4,6		263,7	244,2	19,5
434-1.40	Tollgæsla	1,7	13,2				14,9	13,3	1,6
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**12,0**	**412,3**		**5,3**		**429,6**	**413,8**	**15,8**
436-1.01	Yfirstjórn	-9,5	162,3		0,3		153,1	160,7	-7,6
436-1.20	Löggæsla	42,2	215,2		5,0		262,4	224,9	37,5
436-1.40	Tollgæsla	-20,7	34,8				14,1	28,2	-14,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**4,8**	**334,6**		**1,2**		**340,6**	**331,0**	**9,6**
437-1.01	Yfirstjórn	30,8	157,2		1,2		189,2	139,2	50,0
437-1.20	Löggæsla	-26,0	177,4				151,4	191,8	-40,4
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**17,9**	**303,9**		**-35,0**		**286,8**	**282,7**	**4,1**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	16,5	33,3		-18,2		31,6	5,1	26,5
490-1.11	Útgáfa ökuskírteina		14,4		-11,9		2,5		2,5
490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur r		127,3		-4,9		122,4	116,7	5,7
490-1.60	Gagnalínukostnaður	7,5	26,4				33,9	21,2	12,7
490-1.63	Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins		72,5				72,5	72,4	0,1
490-1.65	Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	-6,1	30,0				23,9	67,3	-43,4
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**	**74,7**	**47,0**	**-10,0**	**0,7**		**112,4**	**48,9**	**63,5**
491-5.01	Viðhald húseigna	16,2	5,0		0,6		21,8		21,8
491-6.01	Tæki og búnaður	1,1	4,5		-2,9		2,7		2,7
491-6.11	Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	0,7			-0,6		0,1	1,1	-1,0
491-6.14	Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	12,3	15,0	-10,0			17,3	16,9	0,4
491-6.34	Húsnæði sýslumanns í Keflavík				3,6		3,6	0,3	3,3
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna	44,4	22,5				66,9	30,6	36,3
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**15,1**	**658,3**		**0,1**		**673,5**	**645,5**	**28,0**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	27,1	648,3		0,1		675,5	639,2	36,3
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga	-12,0	10,0				-2,0	6,3	-8,3
06-591	**Fangelsisbyggingar**	**51,9**					**51,9**	**15,0**	**36,9**
591-6.10	Stofnframkvæmdir	51,9					51,9	15,0	36,9
06-701	**Þjóðkirkjan**	**38,4**	**1.177,5**				**1.215,9**	**1.189,7**	**26,2**
701-1.01	Biskup Íslands	38,3	1.125,3				1.163,6	1.143,0	20,6
701-1.12	Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavan		5,5				5,5		5,5
701-1.15	Kirkjumiðstöð Austurlands		1,2				1,2	1,2	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
701-1.16	Langamýri í Skagafirði	0,1	1,7				1,8	1,7	0,1
701-1.91	Skálholtsskóli		8,1				8,1	8,1	
701-6.21	Skálholtsstaður		5,4				5,4	5,4	
701-6.22	Hallgrímskirkja		5,4				5,4	5,4	
701-6.23	Hóladómkirkja		2,7				2,7	2,7	
701-6.25	Dómkirkjan í Reykjavík		5,4				5,4	5,4	
701-6.26	Auðunarstofa		10,8				10,8	10,8	
701-6.28	Þingeyraklausturskirkja		6,0				6,0	6,0	
06-705	**Kirkjumálasjóður**		**161,5**				**161,5**	**158,7**	**2,8**
705-1.10	Kirkjumálasjóður		161,5				161,5	158,7	2,8
06-707	**Kristnisjóður**	**3,3**	**65,1**				**68,4**	**65,1**	**3,3**
707-1.10	Kristnisjóður	3,3	65,1				68,4	65,1	3,3
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**		**678,8**				**678,8**	**669,8**	**9,0**
733-1.11	Kirkjugarðar		625,2				625,2	616,2	9,0
733-1.13	Kirkjugarðasjóður		53,6				53,6	53,6	
06-735	**Sóknargjöld**		**1.569,0**				**1.569,0**	**1.545,3**	**23,7**
735-1.10	Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar		1.431,0				1.431,0	1.403,1	27,9
735-1.20	Sóknargjöld til annarra trúfélaga		138,0				138,0	142,2	-4,2
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**		**264,6**				**264,6**	**259,6**	**5,0**
736-1.10	Jöfnunarsjóður sókna		264,6				264,6	259,6	5,0
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**23,0**	**3,0**		**-8,7**		**17,3**		**17,3**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	23,0	3,0		-8,7		17,3		17,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07 Félagsmálaráðuneyti		*107,4*	*23.376,3*	*3.589,8*	*31,3*	*-62,2*	*27.042,6*	*27.321,8*	*-279,2*
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**0,7**	**178,1**	**10,0**	**15,5**		**204,3**	**207,9**	**-3,6**
101-1.01	Yfirstjórn	0,7	178,1	10,0	15,5		204,3	207,9	-3,6
101-6.10	Bifreið				3,4		3,4	5,8	-2,4
07-190	**Ýmis verkefni**	**26,4**	**51,8**		**-1,7**		**76,5**	**39,9**	**36,6**
190-1.11	Fjölskylduráð	5,1	4,9		-2,5		7,5	2,4	5,1
190-1.13	Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	1,7	4,3		-2,0		4,0	2,2	1,8
190-1.14	Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	-0,5	5,1				4,6	4,6	
190-1.15	Kærunefnd húsnæðismála	0,1	4,4				4,5	2,5	2,0
190-1.16	Kærunefnd barnaverndarmála	4,1	6,4		-1,2		9,3	3,2	6,1
190-1.17	Kærunefnd jafnréttismála	3,1	5,0		-2,5		5,6	2,4	3,2
190-1.18	Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	2,2	4,6		-1,8		5,0	1,6	3,4
190-1.19	Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	0,5	2,7				3,2	2,1	1,1
190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	4,2	5,4				9,6	8,4	1,2
190-1.26	Jafnréttisráð	0,6	6,4		-1,7		5,3	4,3	1,0
190-1.90	Ýmislegt	5,3	2,6		10,0		17,9	6,2	11,7
07-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
07-205	**Leiguíbúðir**		**240,0**				**240,0**	**190,2**	**49,8**
205-6.21	Leiguíbúðir		240,0				240,0	190,2	49,8
07-207	**Varasjóður húsnæðismála**		**60,0**				**60,0**	**60,0**	
207-6.21	Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða		60,0				60,0	60,0	
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**1,1**	**53,7**	**11,3**	**0,1**		**66,2**	**51,0**	**15,2**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	1,1	53,7	11,3	0,1		66,2	51,0	15,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-313	**Jafnréttisstofa**	**1,8**	**33,1**		**1,7**		**36,6**	**28,5**	**8,1**
313-1.01	Jafnréttisstofa	1,8	33,1		1,7		36,6	28,5	8,1
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**		**286,7**			**113,5**	**400,2**	**381,1**	**19,1**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins		282,2			113,5	395,7	374,3	21,4
331-6.01	Tæki og búnaður		4,5				4,5	6,8	-2,3
07-400	**Barnaverndarstofa**	**58,4**	**640,3**		**0,1**		**698,8**	**739,1**	**-40,3**
400-1.01	Yfirstjórn	-84,2	104,7				20,5	114,1	-93,6
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	222,6	410,7		0,1		633,4	422,3	211,1
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-139,9	124,9				-15,0	140,5	-155,5
400-6.20	Fasteign	59,9					59,9	62,2	-2,3
07-700	**Málefni fatlaðra**	**20,9**	**75,5**		**-16,4**		**80,0**	**60,7**	**19,3**
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	4,3	10,8		-10,8		4,3		4,3
700-1.80	Starfsþjálfun		25,8				25,8	25,8	
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		6,4				6,4	6,4	
700-1.90	Ýmis verkefni	8,9	23,9		-4,0		28,8	23,9	4,9
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	7,6	1,0		-1,6		7,0	4,6	2,4
700-1.93	Ný sambýli	0,1	7,6				7,7		7,7
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**33,5**	**1.524,0**	**5,0**	**31,4**		**1.593,9**	**1.589,6**	**4,3**
701-1.01	Almennur rekstur	30,6	1.479,4	5,0	31,4		1.546,4	1.545,0	1,4
701-1.10	Svæðisráð	-1,5	2,7				1,2	2,7	-1,5
701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	4,4	41,9				46,3	41,9	4,4
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**23,0**	**1.133,3**		**-23,4**		**1.132,9**	**1.136,1**	**-3,2**
702-1.01	Almennur rekstur	31,8	1.082,2		-23,4		1.090,6	1.081,7	8,9
702-1.10	Svæðisráð	1,2	2,1				3,3	1,4	1,9
702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-7,2	22,8				15,6	24,3	-8,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
702-1.61	Dagvistun Keflavík	-0,2	17,4				17,2	17,0	0,2
702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	-2,6	8,8				6,2	11,7	-5,5
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**-8,7**	**178,0**		**0,4**		**169,7**	**180,6**	**-10,9**
703-1.01	Almennur rekstur	-10,5	148,3		0,4		138,2	151,6	-13,4
703-1.10	Svæðisráð	3,0	1,1				4,1	0,4	3,7
703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	-1,2	28,6				27,4	28,6	-1,2
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**-0,5**	**127,4**		**0,6**		**127,5**	**129,6**	**-2,1**
704-1.01	Almennur rekstur	-4,6	126,3		0,6		122,3	129,3	-7,0
704-1.10	Svæðisráð	4,1	1,1				5,2	0,3	4,9
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**0,7**	**215,4**				**216,1**	**215,1**	**1,0**
705-1.10	Svæðisráð	0,4	1,1				1,5	0,8	0,7
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra	0,3	214,3				214,6	214,3	0,3
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**		**569,4**		**11,5**		**580,9**	**579,6**	**1,3**
706-1.10	Svæðisráð		1,1				1,1	0,8	0,3
706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónust		59,1		3,4		62,5	61,5	1,0
706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatla		509,2		8,1		517,3	517,3	
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**5,9**	**202,7**		**4,1**		**212,7**	**201,8**	**10,9**
707-1.01	Almennur rekstur	7,0	174,0		2,1		183,1	185,2	-2,1
707-1.10	Svæðisráð	4,0	1,1				5,1	0,7	4,4
707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-6,0	11,4		0,2		5,6	-2,1	7,7
707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónu	0,9	16,2		1,8		18,9	18,0	0,9
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**9,3**	**348,7**		**1,6**		**359,6**	**338,9**	**20,7**
708-1.01	Almennur rekstur	61,3	224,9		1,6		287,8	206,1	81,7
708-1.10	Svæðisráð	2,1	1,1				3,2	0,8	2,4
708-1.30	Verndaðir vinnustaðir	-54,6	23,2				-31,4	32,5	-63,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
708-1.72	Skaftholt	0,5	34,7				35,2	34,7	0,5
708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við		64,8				64,8	64,8	
07-711	**Styrktarfélag vangefinna**		**448,3**		**0,4**		**448,7**	**448,7**	
711-1.01	Styrktarfélag vangefinna		448,3		0,4		448,7	448,7	
07-720	**Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ**		**208,8**		**3,0**		**211,8**	**211,8**	
720-1.70	Vistheimilið Skálatúni		208,8		3,0		211,8	211,8	
07-722	**Sólheimar í Grímsnesi**		**159,2**		**1,8**		**161,0**	**161,0**	
722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi		159,2		1,8		161,0	161,0	
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-0,6**	**183,3**		**2,6**		**185,3**	**194,5**	**-9,2**
750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-0,6	183,3		2,6		185,3	194,5	-9,2
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**	**-2,0**	**297,9**				**295,9**	**361,2**	**-65,3**
795-1.01	Yfirstjórn		3,5				3,5	-27,3	30,8
795-5.21	Viðhald fasteigna		70,0				70,0	153,6	-83,6
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-2,0	224,4				222,4	234,9	-12,5
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**6.427,0**	**736,0**			**7.163,0**	**7.209,3**	**-46,3**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		6.427,0	736,0			7.163,0	7.209,3	-46,3
07-972	**Bjargráðasjóður**		**10,0**				**10,0**	**10,0**	
972-1.10	Bjargráðasjóður		10,0				10,0	10,0	
07-980	**Vinnumálastofnun**	**9,2**	**171,7**	**4,0**			**184,9**	**158,0**	**26,9**
980-1.01	Yfirstjórn	-30,0	157,2	4,0			131,2	149,0	-17,8
980-1.11	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	39,2	14,5				53,7	9,0	44,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
07-981	**Vinnumál**	**4,9**	**32,2**	**1,5**	**-2,0**		**36,6**	**34,1**	**2,5**
981-1.10	Félagsdómur	-0,3	8,7				8,4	6,7	1,7
981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO		9,0				9,0	12,8	-3,8
981-1.90	Ýmislegt	5,2	14,5	1,5	-2,0		19,2	14,6	4,6
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		**527,0**	**150,0**		**106,7**	**783,7**	**762,2**	**21,5**
982-1.01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota		527,0	150,0		106,7	783,7	762,2	21,5
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	**-103,7**	**2.618,0**	**1.747,0**		**-29,1**	**4.232,2**	**4.526,1**	**-293,9**
984-1.11	Atvinnuleysisbætur		2.071,0	1.620,0		-29,1	3.661,9	3.779,0	-117,1
984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar		60,0				60,0	69,0	-9,0
984-1.16	Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumála		118,0				118,0	118,0	
984-1.25	Styrkir til fiskvinnslustöðva		77,0	25,0			102,0	100,1	1,9
984-1.31	Kjararannsóknarnefnd		34,0	7,0			41,0	40,0	1,0
984-1.35	Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði		112,0				112,0	110,9	1,1
984-1.41	Framlög og styrkir		75,0	95,0			170,0	165,9	4,1
984-1.45	Starfsmenntasjóður		60,0				60,0	65,0	-5,0
984-1.51	Rekstur úthlutunarnefnda		59,0				59,0	79,0	-20,0
984-1.81	Vaxtatekjur		-48,0				-48,0	-0,8	-47,2
984-6.10	Fasteign	-103,7					-103,7		-103,7
07-985	**Félagsmálaskóli alþýðu**		**23,9**				**23,9**	**23,9**	
985-1.10	Almennur rekstur		15,4				15,4	15,4	
985-1.20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu		4,3				4,3	4,3	
985-1.30	Norræni verkalýðsskólinn í Genf		0,2				0,2	0,2	
985-1.40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum		4,0				4,0	4,0	
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstakling**		**16,8**			**-7,7**	**9,1**	**5,4**	**3,7**
987-1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga		16,8			-7,7	9,1	5,4	3,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
07-989	**Fæðingarorlof**		**5.826,0**	**915,0**		**-245,6**	**6.495,4**	**6.716,5**	**-221,1**
989-1.01	Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins		49,0				49,0	56,2	-7,2
989-1.11	Fæðingarorlofssjóður		5.390,0	880,0		-245,6	6.024,4	6.243,3	-218,9
989-1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar		387,0	35,0			422,0	417,0	5,0
07-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**10,0**		**-10,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		10,0		-10,0				
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**27,1**	**493,1**	**10,0**	**11,6**		**541,8**	**363,6**	**178,2**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþ		27,7				27,7	-97,4	125,1
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992		170,0				170,0	170,0	
999-1.30	Sjómannastofur		4,5				4,5		4,5
999-1.31	Félagasamtök, styrkir	28,7	62,2				90,9	65,7	25,2
999-1.34	Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða		16,9				16,9	16,9	
999-1.35	Félag heyrnarlausra		5,2				5,2	5,2	
999-1.36	Félagið Geðhjálp		16,0				16,0	16,0	
999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík		28,2				28,2	28,2	
999-1.41	Stígamót		17,5	2,0			19,5	19,5	
999-1.43	Krossgötur, endurhæfingarheimili		20,3				20,3	20,3	
999-1.44	Byrgið, líknarfélag		25,7				25,7	25,7	
999-1.47	Félagsþjónusta við nýbúa		2,8				2,8	2,8	
999-1.48	Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum	0,2	10,4				10,6	11,0	-0,4
999-1.49	Móttaka flóttamannahópa	8,8	41,3		-2,5		47,6	17,8	29,8
999-1.60	Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	-10,4	16,9				6,5	18,7	-12,2
999-1.90	Ýmis framlög	-0,2	27,5	8,0	14,1		49,4	43,2	6,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08	*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti*	*-882,1*	*110.542,6*	*2.037,8*	*645,8*	*-7,1*	*112.337,0*	*112.643,6*	*-306,6*
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskr**	**-3,3**	**391,1**	**20,1**	**11,4**		**419,3**	**417,7**	**1,6**
101-1.01	Yfirstjórn	0,8	358,4	20,1	8,7		388,0	379,3	8,7
101-6.01	Tæki og búnaður	-4,1	32,7		2,7		31,3	38,4	-7,1
08-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-137,8**	**905,3**	**18,2**	**0,1**		**785,8**	**937,0**	**-151,2**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-151,8	784,0	18,2	0,1		650,5	829,3	-178,8
201-6.01	Tæki og búnaður	14,0	121,3				135,3	107,7	27,6
08-203	**Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**		**5.865,0**	**346,0**			**6.211,0**	**6.081,8**	**129,2**
203-1.11	Mæðra - og feðralaun		309,0				309,0	291,3	17,7
203-1.15	Umönnunargreiðslur		958,0				958,0	907,1	50,9
203-1.21	Makabætur og umönnunarbætur		67,0				67,0	70,1	-3,1
203-1.25	Dánarbætur		65,0				65,0	44,8	20,2
203-1.31	Endurhæfingarlífeyrir		582,0	250,0			832,0	784,1	47,9
203-1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar		82,0				82,0	96,8	-14,8
203-1.41	Heimilisuppbót		2.256,0				2.256,0	2.239,2	16,8
203-1.51	Frekari uppbætur		1.342,0				1.342,0	1.305,2	36,8
203-1.55	Uppbætur vegna bifreiðakaupa		204,0	96,0			300,0	343,2	-43,2
08-204	**Lífeyristryggingar**		**28.939,0**	**297,0**			**29.236,0**	**29.522,6**	**-286,6**
204-1.11	Ellilífeyrir		6.700,0	-70,0			6.630,0	6.612,5	17,5
204-1.15	Örorkulífeyrir		3.955,0	240,0			4.195,0	4.169,2	25,8
204-1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega		9.381,0	-211,0			9.170,0	9.285,7	-115,7
204-1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega		4.869,0	201,0			5.070,0	5.027,4	42,6
204-1.26	Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega		953,0	-40,0			913,0	927,7	-14,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
204-1.27	Tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega		747,0	73,0			820,0	785,9	34,1
204-1.28	Vasapeningar ellilífeyrisþega		290,0				290,0	284,4	5,6
204-1.29	Vasapeningar örorkulífeyrisþega		60,0				60,0	56,3	3,7
204-1.31	Örorkustyrkur		122,0				122,0	139,6	-17,6
204-1.35	Barnalífeyrir		1.756,0	104,0			1.860,0	1.834,8	25,2
204-1.91	Annað		106,0				106,0	399,1	-293,1
08-206	**Sjúkratryggingar**		**14.451,7**	**496,2**			**14.947,9**	**14.949,1**	**-1,2**
206-1.11	Lækniskostnaður		3.100,7	77,3			3.178,0	3.239,1	-61,1
206-1.15	Lyf		6.160,0	250,2			6.410,2	6.421,7	-11,5
206-1.21	Hjálpartæki		1.367,0	143,0			1.510,0	1.445,7	64,3
206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum		130,0				130,0	113,8	16,2
206-1.31	Þjálfun		1.206,0	100,0			1.306,0	1.285,9	20,1
206-1.35	Tannlækningar		1.196,0				1.196,0	1.178,8	17,2
206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands		193,0				193,0	203,3	-10,3
206-1.45	Brýn meðferð erlendis		580,0	-19,8			560,2	675,2	-115,0
206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis		133,0	-4,5			128,5	79,1	49,4
206-1.55	Sjúkradagpeningar		260,0	-50,0			210,0	194,0	16,0
206-1.91	Annað		126,0				126,0	112,5	13,5
08-208	**Slysatryggingar**		**672,9**			**-78,5**	**594,4**	**617,1**	**-22,7**
208-1.11	Bætur vegna lækn is- og sjúkrakostnaðar		127,9				127,9	126,1	1,8
208-1.15	Bætur til framfærslu		305,0				305,0	298,4	6,6
208-1.16	Kaup og aflahlutur sjómanna		200,0			-78,5	121,5	140,0	-18,5
208-1.21	Stjórnunarkostnaður		40,0				40,0	52,6	-12,6
08-209	**Sjúklingatryggingar**		**28,1**	**20,0**			**48,1**	**37,6**	**10,5**
209-1.11	Sjúklingatryggingar		28,1	20,0			48,1	37,6	10,5
08-214	**Eftirlaunasjóður aldraðra**		**160,3**				**160,3**	**128,9**	**31,4**
214-1.10	Eftirlaunasjóður aldraðra		160,3				160,3	128,9	31,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-301	**Landlæknir**	**27,4**	**172,5**		**17,7**	**-2,0**	**215,6**	**179,6**	**36,0**
301-1.01	Yfirstjórn	20,6	167,9		17,7	-2,0	204,2	177,2	27,0
301-1.10	Læknaráð	-1,3	2,9				1,6	2,4	-0,8
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	2,7	0,7				3,4		3,4
301-1.40	Siðaráð	5,4	1,0				6,4		6,4
08-305	**Lýðheilsustöð**	**-3,7**	**228,1**		**-14,5**	**-2,7**	**207,2**	**174,6**	**32,6**
305-1.01	Lýðheilsustöð	-104,6	146,1		-14,5		27,0	174,6	-147,6
305-1.90	Forvarnasjóður	100,9	82,0			-2,7	180,2		180,2
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**23,7**	**103,1**		**69,0**		**195,8**	**161,8**	**34,0**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	20,4	102,1		69,0		191,5	161,8	29,7
324-6.10	Fasteign	3,3	1,0				4,3		4,3
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-17,4**	**71,0**				**53,6**	**83,0**	**-29,4**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-17,4	71,0				53,6	83,0	-29,4
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**6,5**	**65,2**			**5,7**	**77,4**	**75,1**	**2,3**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	10,7	63,9			5,7	80,3	70,0	10,3
327-6.01	Tæki og búnaður	-4,2	1,3				-2,9	5,1	-8,0
08-340	**Málefni fatlaðra**	**1,5**	**171,6**	**22,4**	**8,5**		**204,0**	**202,7**	**1,3**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatla	-0,1	113,8				113,7	113,8	-0,1
340-1.15	Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða			22,4			22,4	22,4	
340-1.20	Sjálfsbjörg Akureyri		5,8				5,8	9,2	-3,4
340-1.30	Sumardvalarheimili í Reykjadal		13,7		4,5		18,2	18,4	-0,2
340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Rey		18,0				18,0	18,0	
340-1.50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands		3,0				3,0	3,0	
340-1.60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands		6,3				6,3	6,3	
340-1.70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akı		4,0				4,0	4,0	
340-1.80	Gigtarráð	1,0			4,0		5,0	3,1	1,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
340-1.90	Ýmis starfsemi	-0,3	2,0				1,7	1,1	0,6
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	0,9	5,0				5,9	3,4	2,5
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**-99,9**	**2.961,0**		**34,7**		**2.895,8**	**2.942,6**	**-46,8**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-76,0	2.804,0		34,7		2.762,7	2.850,2	-87,5
358-5.01	Fasteign	-50,7	25,0				-25,7	44,6	-70,3
358-6.01	Tæki og búnaður	23,6	85,0				108,6	47,8	60,8
358-6.50	Nýbygging	3,2	47,0				50,2		50,2
08-373	**Landspítali - háskólasjúkrahús**	**-757,0**	**24.755,0**	**667,7**	**189,1**	**4,4**	**24.859,2**	**25.905,4**	**-1.046,2**
373-1.01	Landspítali - háskólasjúkrahús	-238,4	24.276,0	667,7	117,7	4,4	24.827,4	25.267,0	-439,6
373-5.60	Viðhald	-80,7	178,0				97,3	290,9	-193,6
373-6.01	Tæki og búnaður	150,4	201,0				351,4	260,9	90,5
373-6.70	Nýframkvæmdir	-588,3	100,0		71,4		-416,9	86,6	-503,5
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**91,8**	**363,9**	**-20,0**	**-236,4**		**199,3**	**76,2**	**123,1**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	64,9	201,8	-20,0	-158,3		88,4	25,1	63,3
379-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	26,9	162,1		-78,1		110,9	51,1	59,8
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**	**247,4**	**358,4**		**-27,5**		**578,3**	**93,8**	**484,5**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	-27,9	23,5		-24,3		-28,7		-28,7
381-6.60	Tækjakaup, óskipt	49,2	18,4		-18,8		48,8		48,8
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisb	226,1	316,5		15,6		558,2	93,8	464,4
08-384	**Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn**		**86,5**	**-2,4**			**84,1**	**63,3**	**20,8**
384-1.01	Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn		86,5	-2,4			84,1	63,3	20,8
08-386	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-1,4**	**145,0**		**8,1**		**151,7**	**156,3**	**-4,6**
386-1.10	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-1,4	145,0		8,1		151,7	156,3	-4,6
08-388	**Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**		**453,5**		**28,7**		**482,2**	**482,2**	
388-1.10	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið		453,5		28,7		482,2	482,2	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-397	**Lyfjastofnun**	**39,1**	**144,0**			**59,1**	**242,2**	**175,6**	**66,6**
397-1.01	Lyfjastofnun	39,1	144,0			59,1	242,2	175,6	66,6
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**19,8**	**806,9**	**1,4**	**-78,7**	**0,9**	**750,3**	**645,9**	**104,4**
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	4,2	21,9	2,4			28,5	23,8	4,7
399-1.14	Lyfjaverðsnefnd	-3,2	6,4	-2,4			0,8	7,1	-6,3
399-1.15	Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbi		25,0	-25,0		0,9	0,9	1,5	-0,6
399-1.16	Lyfjagreiðslunefnd			6,3			6,3	4,0	2,3
399-1.17	Vísindasiðanefnd	2,1	19,6				21,7	19,7	2,0
399-1.18	Nefnd um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjun	1,9	8,2	-3,1			7,0	5,8	1,2
399-1.20	Umhverfismat um Norðlingaölduveitu	1,8					1,8	1,4	0,4
399-1.30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning		15,8				15,8	15,8	
399-1.31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbame		240,6	2,2			242,8	240,9	1,9
399-1.32	Krabbameinsfélag Íslands, styrkir		13,0				13,0	13,0	
399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð		45,5				45,5	45,5	
399-1.36	Stórstúka Íslands		1,5				1,5	1,5	
399-1.37	Skrifstofa líknarfélaga		5,5				5,5	5,5	
399-1.38	Félagið Heyrnarhjálp	0,2	6,2				6,4	7,9	-1,5
399-1.40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975		2,5		-0,4		2,1	2,1	
399-1.42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarni		128,8		-4,4		124,4	78,5	45,9
399-1.45	Útgáfa lyfjaskráa	5,0	2,3	-0,8			6,5	2,8	3,7
399-1.55	Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talme		77,8		-69,0		8,8	8,8	
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,1	39,9				40,0	40,0	
399-1.68	Sjúkrahjálp og endurhæfing íþróttamanna		20,0				20,0	20,0	
399-1.71	Norræni lýðheilsuháskólinn		11,0				11,0	10,7	0,3
399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO		10,4	-1,2			9,2	8,8	0,4
399-1.84	Bætur vegna lifrabólgu C							12,3	-12,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
399-1.90	Ýmis framlög	7,6	22,8		16,0		46,4	33,9	12,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	0,1	5,7		-5,7		0,1		0,1
399-1.98	Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðune		76,5	23,0	-15,2		84,3	34,6	49,7
08-401	**Hjúkrunarheimili, almennt**	**59,0**	**567,8**	**30,0**	**-39,6**		**617,2**	**-65,3**	**682,5**
401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	-196,1	165,5	60,0	-5,0		24,4	-244,2	268,6
401-1.13	Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-5,4	94,8		-6,0		83,4	82,0	1,4
401-1.83	Greiðslur frá vistmönnum	192,6	-130,0	-60,0			2,6		2,6
401-1.91	Ýmis verkefni öldrunar- og endurhæfingarstofnana			30,0	-28,6		1,4		1,4
401-6.21	Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum, Garðabæ	67,9					67,9		67,9
401-6.25	Bygging hjúkrunarheimila		437,5				437,5	96,9	340,6
08-402	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-133,0**	**904,0**				**771,0**	**945,3**	**-174,3**
402-1.10	Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	-28,9	231,5				202,6	231,5	-28,9
402-5.21	Viðhald fasteigna öldrunarstofnana		188,0				188,0	188,0	
402-6.21	Stofnkostnaður og endurbætur	-104,1	484,5				380,4	525,8	-145,4
08-405	**Hrafnista, Reykjavík**		**1.261,1**		**24,5**		**1.285,6**	**1.105,0**	**180,6**
405-1.01	Hjúkrunarrými		1.001,9		20,2		1.022,1	908,4	113,7
405-1.11	Dvalarrými		259,2		4,3		263,5	196,6	66,9
08-406	**Hrafnista, Hafnarfirði**		**838,2**		**16,3**		**854,5**	**861,0**	**-6,5**
406-1.01	Hjúkrunarrými		669,1		13,5		682,6	690,9	-8,3
406-1.11	Dvalarrými		151,1		2,5		153,6	149,9	3,7
406-1.15	Dagvist		18,0		0,3		18,3	20,2	-1,9
08-407	**Grund, Reykjavík**		**964,9**		**19,0**		**983,9**	**953,5**	**30,4**
407-1.01	Hjúkrunarrými		834,3		16,8		851,1	850,3	0,8
407-1.11	Dvalarrými		130,6		2,2		132,8	103,2	29,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-408	**Sunnuhlíð, Kópavogi**		**339,3**		**6,7**		**346,0**	**386,2**	**-40,2**
408-1.01	Hjúkrunarrými		326,9		6,5		333,4	372,4	-39,0
408-1.15	Dagvist		12,4		0,2		12,6	13,8	-1,2
08-409	**Hjúkrunarheimilið Skjól**		**478,2**		**9,8**		**488,0**	**510,2**	**-22,2**
409-1.01	Hjúkrunarrými		478,2		9,8		488,0	510,2	-22,2
08-410	**Hjúkrunarheimilið Eir**		**793,0**		**16,1**		**809,1**	**839,6**	**-30,5**
410-1.01	Hjúkrunarrými		786,1		16,0		802,1	809,2	-7,1
410-1.15	Dagvist		6,9		0,1		7,0	30,4	-23,4
08-411	**Garðvangur, Garði**		**188,2**		**4,0**		**192,2**	**201,2**	**-9,0**
411-1.01	Hjúkrunarrými		188,2		4,0		192,2	201,2	-9,0
08-412	**Hjúkrunarheimilið Skógarbær**		**401,1**		**8,0**		**409,1**	**410,1**	**-1,0**
412-1.01	Hjúkrunarrými		327,5		6,6		334,1	335,1	-1,0
412-1.71	Endurhæfingardeild		73,6		1,4		75,0	75,0	
08-413	**Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**		**316,9**		**6,7**		**323,6**	**339,1**	**-15,5**
413-1.01	Hjúkrunarrými		316,9		6,7		323,6	339,1	-15,5
08-414	**Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**		**131,4**		**2,8**		**134,2**	**140,2**	**-6,0**
414-1.01	Hjúkrunarrými		116,5		2,5		119,0	123,4	-4,4
414-1.11	Dvalarrými		14,9		0,3		15,2	16,8	-1,6
08-415	**Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**		**91,6**		**1,7**		**93,3**	**90,6**	**2,7**
415-1.01	Hjúkrunarrými		75,7		1,5		77,2	77,1	0,1
415-1.11	Dvalarrými		13,1		0,2		13,3	11,7	1,6
415-1.15	Dagvist		2,8				2,8	1,8	1,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-416	**Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**		**113,1**		**2,3**		**115,4**	**115,5**	**-0,1**
416-1.01	Hjúkrunarrými		88,5		1,9		90,4	89,9	0,5
416-1.11	Dvalarrými		20,5		0,3		20,8	21,3	-0,5
416-1.15	Dagvist		4,1		0,1		4,2	4,3	-0,1
08-417	**Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn**		**68,4**		**1,4**		**69,8**	**32,4**	**37,4**
417-1.01	Hjúkrunarrými		50,4		1,1		51,5	28,5	23,0
417-1.11	Dvalarrými		15,2		0,3		15,5	3,8	11,7
417-1.15	Dagvist		2,8				2,8	0,1	2,7
08-418	**Seljahlíð, Reykjavík**		**180,5**		**3,4**		**183,9**	**154,7**	**29,2**
418-1.01	Hjúkrunarrými		124,5		2,5		127,0	129,6	-2,6
418-1.11	Dvalarrými		56,0		0,9		56,9	25,1	31,8
08-419	**Sólvangur, Hafnarfirði**		**382,9**		**8,1**		**391,0**	**410,9**	**-19,9**
419-1.01	Hjúkrunarrými		382,9		8,1		391,0	410,9	-19,9
08-421	**Víðines**		**169,8**		**3,5**		**173,3**	**190,9**	**-17,6**
421-1.01	Hjúkrunarrými		169,8		3,5		173,3	190,9	-17,6
08-423	**Höfði, Akranesi**		**266,2**		**5,0**		**271,2**	**274,3**	**-3,1**
423-1.01	Hjúkrunarrými		183,3		3,7		187,0	188,8	-1,8
423-1.11	Dvalarrými		69,1		1,1		70,2	74,6	-4,4
423-1.15	Dagvist		13,8		0,2		14,0	10,9	3,1
08-424	**Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi**		**153,3**		**2,8**		**156,1**	**163,9**	**-7,8**
424-1.01	Hjúkrunarrými		89,9		1,8		91,7	94,3	-2,6
424-1.11	Dvalarrými		63,4		1,0		64,4	69,6	-5,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-425	**Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi**		**61,2**		**1,2**		**62,4**	**58,1**	**4,3**
425-1.01	Hjúkrunarrými		40,7		0,9		41,6	40,1	1,5
425-1.11	Dvalarrými		20,5		0,3		20,8	18,0	2,8
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**		**54,6**		**1,0**		**55,6**	**38,6**	**17,0**
426-1.01	Hjúkrunarrými		41,5		0,8		42,3	24,6	17,7
426-1.11	Dvalarrými		13,1		0,2		13,3	14,0	-0,7
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**		**48,5**		**0,9**		**49,4**	**44,5**	**4,9**
427-1.01	Hjúkrunarrými		26,3		0,5		26,8	25,9	0,9
427-1.11	Dvalarrými		20,8		0,3		21,1	17,9	3,2
427-1.15	Dagvist		1,4		0,1		1,5	0,7	0,8
08-428	**Fellsendi, Búðardal**		**72,1**		**1,4**		**73,5**	**72,2**	**1,3**
428-1.01	Hjúkrunarrými		72,1		1,4		73,5	72,2	1,3
08-429	**Barmahlíð, Reykhólum**		**58,8**		**1,2**		**60,0**	**60,7**	**-0,7**
429-1.01	Hjúkrunarrými		55,1		1,1		56,2	56,4	-0,2
429-1.11	Dvalarrými		3,7		0,1		3,8	4,3	-0,5
08-433	**Dalbær, Dalvík**		**154,4**		**2,9**		**157,3**	**155,7**	**1,6**
433-1.01	Hjúkrunarrými		103,3		2,1		105,4	105,8	-0,4
433-1.11	Dvalarrými		41,4		0,7		42,1	39,4	2,7
433-1.15	Dagvist		9,7		0,1		9,8	10,5	-0,7
08-434	**Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónu**		**653,9**		**12,6**		**666,5**	**722,9**	**-56,4**
434-1.01	Hjúkrunarrými		495,6		10,0		505,6	559,4	-53,8
434-1.11	Dvalarrými		130,6		2,2		132,8	134,9	-2,1
434-1.15	Dagvist		27,7		0,4		28,1	28,6	-0,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-436	**Uppsalir, Fáskrúðsfirði**		**79,8**		**1,6**		**81,4**	**82,9**	**-1,5**
436-1.01	Hjúkrunarrými		57,4		1,2		58,6	62,0	-3,4
436-1.11	Dvalarrými		22,4		0,4		22,8	20,9	1,9
08-437	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öl**		**193,6**	**13,3**	**3,7**		**210,6**	**207,2**	**3,4**
437-1.01	Hjúkrunarrými		118,0	13,3	2,4		133,7	133,6	0,1
437-1.11	Dvalarrými		26,1		0,5		26,6	23,3	3,3
437-1.15	Dagvist		4,4		0,1		4,5	4,5	
437-1.81	Sjúkrarými og fæðingar		45,1		0,7		45,8	45,8	
08-438	**Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri**		**81,3**		**1,6**		**82,9**	**81,5**	**1,4**
438-1.01	Hjúkrunarrými		73,1		1,5		74,6	73,0	1,6
438-1.11	Dvalarrými		7,5		0,1		7,6	7,8	-0,2
438-1.15	Dagvist		0,7				0,7	0,7	
08-439	**Hjallatún, Vík**		**60,5**		**1,2**		**61,7**	**68,5**	**-6,8**
439-1.01	Hjúkrunarrými		47,4		1,0		48,4	56,4	-8,0
439-1.11	Dvalarrými		13,1		0,2		13,3	12,1	1,2
08-440	**Kumbaravogur, Stokkseyri**		**229,3**		**4,4**		**233,7**	**207,4**	**26,3**
440-1.01	Hjúkrunarrými		188,2		3,8		192,0	182,0	10,0
440-1.11	Dvalarrými		41,1		0,6		41,7	25,4	16,3
08-441	**Ás/Ásbyrgi, Hveragerði**		**405,1**		**7,1**		**412,2**	**410,5**	**1,7**
441-1.01	Hjúkrunarrými		111,3		2,2		113,5	116,3	-2,8
441-1.11	Dvalarrými		130,6		2,2		132,8	152,7	-19,9
441-1.17	Geðrými		163,2		2,7		165,9	141,5	24,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-442	**Hraunbúðir, Vestmannaeyjum**		**150,3**		**2,9**		**153,2**	**152,0**	**1,2**
442-1.01	Hjúkrunarrými		108,0		2,2		110,2	127,0	-16,8
442-1.11	Dvalarrými		35,4		0,6		36,0	18,4	17,6
442-1.15	Dagvist		6,9		0,1		7,0	6,6	0,4
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**		**178,6**		**3,6**		**182,2**	**172,6**	**9,6**
443-1.01	Hjúkrunarrými		171,6		3,5		175,1	167,6	7,5
443-1.15	Dagvist		7,0		0,1		7,1	5,0	2,1
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**		**226,6**		**4,6**		**231,2**	**232,6**	**-1,4**
444-1.01	Hjúkrunarrými		226,6		4,6		231,2	232,6	-1,4
08-447	**Sóltún, Reykjavík**		**706,5**		**2,0**		**708,5**	**710,0**	**-1,5**
447-1.01	Hjúkrunarrými		706,5		2,0		708,5	710,0	-1,5
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**		**481,4**				**481,4**	**499,5**	**-18,1**
460-1.11	Dvalarrými aldraðra, önnur		481,4				481,4	499,5	-18,1
08-470	**Vesturhlíð, Reykjavík**		**10,2**		**0,2**		**10,4**	**6,6**	**3,8**
470-1.10	Vesturhlíð, Reykjavík		10,2		0,2		10,4	6,6	3,8
08-471	**Gistiheimili RKÍ, Reykjavík**		**50,8**		**14,3**		**65,1**	**65,1**	
471-1.10	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík		50,8		14,3		65,1	65,1	
08-472	**Hlíðabær, Reykjavík**		**33,2**		**0,6**		**33,8**	**38,2**	**-4,4**
472-1.10	Hlíðabær, Reykjavík		33,2		0,6		33,8	38,2	-4,4
08-473	**Lindargata, Reykjavík**		**30,9**		**0,5**		**31,4**	**33,8**	**-2,4**
473-1.10	Lindargata, Reykjavík		30,9		0,5		31,4	33,8	-2,4
08-474	**MS-félag Íslands, Reykjavík**		**60,3**		**1,0**		**61,3**	**65,1**	**-3,8**
474-1.10	MS-félag Íslands, Reykjavík		60,3		1,0		61,3	65,1	-3,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-475	**Múlabær, Reykjavík**		**46,8**		**0,8**		**47,6**	**56,8**	**-9,2**
475-1.10	Múlabær, Reykjavík		46,8		0,8		47,6	56,8	-9,2
08-476	**Fríðuhús, Reykjavík**		**25,0**		**0,4**		**25,4**	**28,4**	**-3,0**
476-1.10	Fríðuhús, Reykjavík		25,0		0,4		25,4	28,4	-3,0
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**		**105,7**		**1,7**		**107,4**	**113,5**	**-6,1**
477-1.10	Dagvistun aldraðra, aðrar		105,7		1,7		107,4	113,5	-6,1
08-478	**Vistheimilið Bjarg**		**37,7**		**0,6**		**38,3**	**38,3**	
478-1.10	Vistheimilið Bjarg		37,7		0,6		38,3	38,3	
08-479	**Hlaðgerðarkot**		**63,6**				**63,6**	**63,6**	
479-1.10	Hlaðgerðarkot		63,6				63,6	63,6	
08-491	**Reykjalundur, Mosfellsbæ**		**903,8**	**30,0**	**2,9**		**936,7**	**936,7**	
491-1.10	Reykjalundur, Mosfellsbæ		903,8	30,0	2,9		936,7	936,7	
08-492	**Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**		**390,7**		**41,7**		**432,4**	**432,4**	
492-1.10	Endurhæfingardeild		149,7		39,0		188,7	188,7	
492-1.15	Almenn deild		223,0		2,7		225,7	225,7	
492-6.21	Stofnkostnaðarstyrkur til heilsustofnunar Náttúrula		18,0				18,0	18,0	
08-493	**Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnu**		**309,5**		**0,9**		**310,4**	**310,4**	
493-1.10	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun		304,5		0,9		305,4	305,4	
493-5.21	Viðhald fasteignar		5,0				5,0	5,0	
08-494	**Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða**		**72,3**	**12,0**	**0,4**		**84,7**	**84,7**	
494-1.10	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða		72,3	12,0	0,4		84,7	84,7	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**191,8**	**479,5**		**-431,0**		**240,3**	**34,6**	**205,7**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	49,2	373,1		-377,1		45,2	32,6	12,6
500-1.13	Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsu	74,3	48,2		-6,7		115,8		115,8
500-5.01	Viðhald, óskipt	38,3	31,8		-32,5		37,6	2,0	35,6
500-6.01	Tæki og búnaður	30,0	26,4		-14,7		41,7		41,7
08-501	**Sjúkraflutningar**	**79,6**	**553,5**		**-4,9**		**628,2**	**547,0**	**81,2**
501-1.11	Sjúkraflutningar	54,2	376,2		-4,9		425,5	384,0	41,5
501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	-0,4	56,2				55,8	56,2	-0,4
501-1.15	Sjúkraflug	25,8	121,1				146,9	106,8	40,1
08-505	**Heilsugæsla í Reykjavík**	**-236,2**	**1.265,2**		**165,5**		**1.194,5**	**1.371,9**	**-177,4**
505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	-236,2	1.265,2		165,5		1.194,5	1.371,9	-177,4
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-64,1**	**495,2**		**66,8**		**497,9**	**555,7**	**-57,8**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-64,1	495,2		66,8		497,9	555,7	-57,8
08-515	**Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**		**108,4**		**6,0**		**114,4**	**114,4**	
515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla		108,4		6,0		114,4	114,4	
08-517	**Læknavaktin**		**209,6**		**0,1**		**209,7**	**209,7**	
517-1.01	Læknavaktin		209,6		0,1		209,7	209,7	
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-6,0**	**90,8**		**4,8**		**89,6**	**105,1**	**-15,5**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-6,0	90,8		4,8		89,6	105,1	-15,5
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-14,4**	**67,4**		**25,6**		**78,6**	**85,2**	**-6,6**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-14,4	67,4		25,6		78,6	85,2	-6,6
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**1,5**	**39,3**		**4,6**		**45,4**	**43,3**	**2,1**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	1,5	39,3		4,6		45,4	43,3	2,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-2,3**	**63,1**		**14,7**		**75,5**	**78,7**	**-3,2**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-2,3	63,1		14,7		75,5	78,7	-3,2
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**1,6**	**38,8**		**1,2**		**41,6**	**44,7**	**-3,1**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1,6	38,8		1,2		41,6	44,7	-3,1
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**0,7**	**60,4**		**2,4**		**63,5**	**67,6**	**-4,1**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,7	60,4		2,4		63,5	67,6	-4,1
08-553	**Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu**		**349,9**		**15,5**		**365,4**	**365,4**	
553-1.01	Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu		349,9		15,5		365,4	365,4	
08-568	**Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um he**		**79,2**		**16,7**		**95,9**	**95,9**	
568-1.01	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsu		79,2		16,7		95,9	95,9	
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**-1,8**	**37,1**	**-9,2**	**-3,1**		**23,0**	**30,7**	**-7,7**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-1,8	37,1	-9,2	-3,1		23,0	30,7	-7,7
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**4,9**	**39,8**	**-9,9**	**-1,0**		**33,8**	**30,7**	**3,1**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	4,9	39,8	-9,9	-1,0		33,8	30,7	3,1
08-574	**Heilsugæslustöðin Rangárþingi**	**-3,7**	**86,4**	**-21,6**	**1,8**		**62,9**	**68,4**	**-5,5**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	-3,7	86,4	-21,6	1,8		62,9	68,4	-5,5
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**7,4**	**66,0**	**-16,5**	**6,4**		**63,3**	**46,7**	**16,6**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	7,4	66,0	-16,5	6,4		63,3	46,7	16,6
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**8,7**	**61,0**	**-15,2**	**-2,0**		**52,5**	**40,5**	**12,0**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	8,7	61,0	-15,2	-2,0		52,5	40,5	12,0
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**7,0**	**34,0**	**-8,5**	**-1,7**		**30,8**	**24,7**	**6,1**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	7,0	34,0	-8,5	-1,7		30,8	24,7	6,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-12,8**	**279,5**		**62,3**		**329,0**	**342,4**	**-13,4**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-12,8	279,5		62,3		329,0	342,4	-13,4
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**4,6**	**113,4**		**5,6**		**123,6**	**118,6**	**5,0**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	4,6	113,4		5,6		123,6	118,6	5,0
08-584	**Heilsugæsla í Kópavogi**	**-15,2**	**294,1**		**24,2**		**303,1**	**329,5**	**-26,4**
584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	-15,2	294,1		24,2		303,1	329,5	-26,4
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**36,3**	**156,2**		**10,9**		**203,4**	**179,9**	**23,5**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	36,3	156,2		10,9		203,4	179,9	23,5
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**-24,0**	**126,6**		**19,2**		**121,8**	**146,4**	**-24,6**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-24,0	126,6		19,2		121,8	146,4	-24,6
08-588	**Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi**		**103,1**				**103,1**	**95,2**	**7,9**
588-1.01	Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi		103,1				103,1	95,2	7,9
08-700	**Heilbrigðisstofnanir**		**100,0**	**-15,0**	**-85,0**				
700-1.01	Almennur rekstur		100,0	-15,0	-85,0				
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**51,3**	**1.058,7**		**39,3**		**1.149,3**	**1.101,4**	**47,9**
711-1.01	Heilsugæslusvið	54,5	106,2		23,0		183,7	111,0	72,7
711-1.11	Sjúkrasvið	-3,2	952,5		16,3		965,6	990,4	-24,8
08-715	**St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**		**274,7**		**8,6**		**283,3**	**283,3**	
715-1.01	Heilsugæslusvið		44,3		7,6		51,9	51,9	
715-1.11	Sjúkrasvið		230,4		1,0		231,4	231,4	
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-11,1**	**178,0**	**5,0**	**6,9**		**178,8**	**183,7**	**-4,9**
721-1.01	Heilsugæslusvið	-8,7	42,7		2,7		36,7	40,0	-3,3
721-1.11	Sjúkrasvið	-2,4	135,3	5,0	4,2		142,1	143,7	-1,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**64,9**	**597,7**		**20,4**		**683,0**	**624,7**	**58,3**
725-1.01	Heilsugæslusvið	51,2	151,2		3,7		206,1	143,8	62,3
725-1.11	Sjúkrasvið	13,7	446,5		16,7		476,9	480,9	-4,0
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**4,1**	**107,4**		**4,0**		**115,5**	**116,7**	**-1,2**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-39,1	37,1		3,1		1,1	45,8	-44,7
731-1.11	Sjúkrasvið	43,2	70,3		0,9		114,4	70,9	43,5
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-19,5**	**96,3**		**16,7**		**93,5**	**106,6**	**-13,1**
735-1.01	Heilsugæslusvið	9,3	40,5		1,1		50,9	51,3	-0,4
735-1.11	Sjúkrasvið	-28,8	55,8		15,6		42,6	55,3	-12,7
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-6,8**	**198,3**		**21,8**		**213,3**	**217,5**	**-4,2**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-48,1	48,0		7,0		6,9	66,4	-59,5
741-1.11	Sjúkrasvið	41,3	150,3		14,8		206,4	151,1	55,3
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-16,0**	**288,0**		**18,0**		**290,0**	**299,6**	**-9,6**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-39,2	54,1		5,2		20,1	60,2	-40,1
745-1.11	Sjúkrasvið	23,2	233,9		12,8		269,9	239,4	30,5
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**43,9**	**599,5**	**5,0**	**20,6**		**669,0**	**622,3**	**46,7**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-47,1	68,8		6,1		27,8	98,3	-70,5
751-1.11	Sjúkrasvið	91,0	530,7	5,0	14,5		641,2	524,0	117,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**		**289,2**		**10,6**		**299,8**	**298,0**	**1,8**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-20,6	37,1		4,2		20,7	53,4	-32,7
755-1.11	Sjúkrasvið	20,6	252,1		6,4		279,1	244,6	34,5
08-761	**Heilbrigðisstofnun Þingeyinga**	**-88,3**	**625,4**	**40,0**	**27,0**	**6,0**	**610,1**	**671,6**	**-61,5**
761-1.01	Heilsugæslusvið	109,0	190,2	20,0	7,4		326,6	152,2	174,4
761-1.11	Sjúkrasvið	-197,3	435,2	20,0	19,6	6,0	283,5	519,4	-235,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-25,8**	**1.168,7**	**25,0**	**84,8**		**1.252,7**	**1.268,4**	**-15,7**
777-1.01	Heilsugæslusvið	12,5	398,4	25,0	58,1		494,0	424,8	69,2
777-1.11	Sjúkrasvið	-38,3	770,3		26,7		758,7	843,6	-84,9
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-62,6**	**462,0**		**8,0**		**407,4**	**501,0**	**-93,6**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-22,0	81,4		6,6		66,0	101,0	-35,0
781-1.11	Sjúkrasvið	-40,6	380,6		1,4		341,4	400,0	-58,6
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-25,0**	**713,9**	**-172,6**	**6,2**		**522,5**	**569,3**	**-46,8**
785-1.01	Heilsugæslusvið	2,1	161,5	-34,5	24,1		153,2	146,4	6,8
785-1.11	Sjúkrasvið	-27,1	552,4	-138,1	-17,9		369,3	422,9	-53,6
08-787	**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**			**259,4**	**121,8**		**381,2**	**406,1**	**-24,9**
787-1.01	Heilsugæslusvið			121,3	75,8		197,1	216,8	-19,7
787-1.11	Sjúkrasvið			138,1	46,0		184,1	189,3	-5,2
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-76,4**	**975,3**	**20,0**	**51,1**		**970,0**	**1.140,5**	**-170,5**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-393,2	274,6		30,3		-88,3	444,0	-532,3
791-1.11	Sjúkrasvið	316,8	700,7	20,0	20,8		1.058,3	696,5	361,8
08-795	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-50,9**	**520,5**		**29,8**		**499,4**	**597,6**	**-98,2**
795-1.11	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-50,9	520,5		29,8		499,4	597,6	-98,2
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**9,8**	**37,5**				**47,3**	**42,2**	**5,1**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	9,8	37,5				47,3	42,2	5,1
09 Fjármálaráðuneyti		***898,5***	***26.240,2***	***1.937,8***	***-1.121,4***	***153,7***	***28.108,8***	***41.205,1***	***-13.096,3***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**49,1**	**498,0**		**3,2**		**550,3**	**512,1**	**38,2**
101-1.01	Yfirstjórn	54,3	495,3		0,5		550,1	508,1	42,0
101-6.01	Tæki og búnaður	-5,2	2,7		2,7		0,2	4,0	-3,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-103	**Fjársýsla ríkisins**	**145,0**	**976,3**				**1.121,3**	**1.072,9**	**48,4**
103-1.01	Almennur rekstur	-30,8	312,1	76,0			357,3	358,4	-1,1
103-1.41	Launagreiðslukerfi	-22,0	44,7	22,0			44,7	49,2	-4,5
103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	-45,7	223,8	65,0			243,1	225,5	17,6
103-1.45	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-11,9	51,4				39,5	35,5	4,0
103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	20,4	220,5				240,9	213,5	27,4
103-1.48	Innheimtuskilakerfi	-11,7	10,1	18,0			16,4	16,2	0,2
103-1.49	Forsendukerfi innheimtugagna	-16,4	16,5				0,1	9,3	-9,2
103-6.01	Tæki og búnaður	0,8	5,4				6,2	9,9	-3,7
103-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	101,2		-101,0			0,2		0,2
103-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	137,1	9,0	-92,3			53,8	11,2	42,6
103-6.45	Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríki	9,8	6,3	-9,7			6,4	2,5	3,9
103-6.47	Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmanna	14,2	76,5	22,0			112,7	141,7	-29,0
09-199	**Ráðstöfunarfé**	**11,1**	**6,0**		**-3,8**		**13,3**		**13,3**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	11,1	6,0		-3,8		13,3		13,3
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**52,2**	**889,3**		**30,0**	**7,2**	**978,7**	**921,7**	**57,0**
201-1.01	Yfirstjórn	8,4	421,1		30,0	7,2	466,7	469,5	-2,8
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	-10,9	146,1				135,2	123,4	11,8
201-1.20	Skatteftirlit	16,4	34,1				50,5	28,1	22,4
201-1.41	Skattvinnslukerfi	-120,9	253,3				132,4	236,1	-103,7
201-6.01	Tæki og búnaður	5,8	7,2				13,0	9,7	3,3
201-6.41	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	153,4	27,5				180,9	54,9	126,0
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**3,7**	**342,8**				**346,5**	**340,9**	**5,6**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	7,0	339,2				346,2	335,8	10,4
202-6.01	Tæki og búnaður	-3,3	3,6				0,3	5,1	-4,8

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,4**	**52,8**		**2,7**		**55,1**	**55,7**	**-0,6**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,4	52,8		2,7		55,1	55,7	-0,6
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**2,2**	**32,3**				**34,5**	**29,6**	**4,9**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	2,2	32,3				34,5	29,6	4,9
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**0,1**	**34,1**		**0,1**		**34,3**	**34,5**	**-0,2**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,1	34,1		0,1		34,3	34,5	-0,2
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**2,3**	**83,2**		**1,1**		**86,6**	**81,4**	**5,2**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	2,3	83,2		1,1		86,6	81,4	5,2
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**-1,8**	**39,5**		**2,5**		**40,2**	**41,0**	**-0,8**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	-1,8	39,5		2,5		40,2	41,0	-0,8
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**9,8**	**53,8**				**63,6**	**52,5**	**11,1**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	9,8	53,8				63,6	52,5	11,1
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-1,9**	**22,0**				**20,1**	**21,3**	**-1,2**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-1,9	22,0				20,1	21,3	-1,2
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**8,0**	**210,3**				**218,3**	**206,1**	**12,2**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	8,0	210,3				218,3	206,1	12,2
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**111,2**	**114,0**		**-71,9**		**153,3**	**34,9**	**118,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	5,1	45,6		-38,8		11,9	11,4	0,5
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	0,4	1,0				1,4	1,0	0,4
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa	17,4	3,8				21,2	0,7	20,5
212-1.10	Skatteftirlit	57,9	7,5		-7,5		57,9		57,9
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		25,6		-25,6				
212-1.30	Þungaskattur	0,5	18,8				19,3	21,2	-1,9
212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	29,9	11,7				41,6	0,6	41,0

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-214	**Yfirskattanefnd**	**17,4**	**94,2**		**5,0**		**116,6**	**94,0**	**22,6**
214-1.01	Yfirskattanefnd	14,8	93,3		5,0		113,1	94,0	19,1
214-6.01	Tæki og búnaður	2,6	0,9				3,5		3,5
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,4**	**124,2**	**14,0**	**5,0**		**141,8**	**145,7**	**-3,9**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0,5	122,4	14,0	5,0		141,9	143,8	-1,9
215-6.01	Tæki og búnaður	-1,9	1,8				-0,1	1,9	-2,0
09-250	**Innheimtukostnaður**		**217,6**			**3,8**	**221,4**	**292,6**	**-71,2**
250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður		217,6			3,8	221,4	292,6	-71,2
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**30,3**	**926,1**	**10,0**	**21,1**		**987,5**	**939,8**	**47,7**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-66,6	757,0	10,0	21,1		721,5	922,7	-201,2
262-1.45	Tollafgreiðslukerfi	151,8	155,6				307,4		307,4
262-6.01	Tæki og búnaður	-54,9	13,5				-41,4	17,1	-58,5
09-381	**Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**		**4.704,0**				**4.704,0**	**12.017,4**	**-7.313,4**
381-1.01	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins		3.900,0				3.900,0	7.569,6	-3.669,6
381-1.02	Lífeyrissjóður alþingismanna		105,0				105,0	483,2	-378,2
381-1.03	Lífeyrissjóður ráðherra		22,0				22,0	164,1	-142,1
381-1.04	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		351,0				351,0	3.037,2	-2.686,2
381-1.06	Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands		139,0				139,0	150,0	-11,0
381-1.07	Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands		10,0				10,0	86,3	-76,3
381-1.08	Eftirlaun hæstaréttardómara		29,0				29,0	284,7	-255,7
381-1.09	Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofn		142,0				142,0	118,3	23,7
381-1.91	Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun		6,0				6,0	124,0	-118,0
09-385	**Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar lau**							**-55,2**	**55,2**
385-1.01	Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launar							-55,2	55,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**113,2**	**453,2**			**121,2**	**687,6**	**491,5**	**196,1**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	139,5	354,3			121,2	615,0	435,0	180,0
402-6.01	Tæki og búnaður	-105,7	13,9				-91,8	16,0	-107,8
402-6.02	Landskrá fasteigna	79,4	85,0				164,4	40,5	123,9
09-481	**Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**		**190,0**		**-288,9**		**-98,9**	**16,0**	**-114,9**
481-6.01	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		190,0		-288,9		-98,9	16,0	-114,9
09-711	**Afskriftir skattkrafna**		**4.000,0**	**1.000,0**			**5.000,0**	**9.775,2**	**-4.775,2**
711-1.11	Afskriftir skattkrafna		4.000,0	1.000,0			5.000,0	9.775,2	-4.775,2
09-721	**Fjármagnstekjuskattur**		**500,0**				**500,0**	**2.092,8**	**-1.592,8**
721-1.11	Fjármagnstekjuskattur		500,0				500,0	2.092,8	-1.592,8
09-811	**Barnabætur**		**5.430,0**				**5.430,0**	**5.440,1**	**-10,1**
811-1.11	Barnabætur		5.430,0				5.430,0	5.440,1	-10,1
09-821	**Vaxtabætur**		**4.505,0**	**600,0**			**5.105,0**	**5.457,8**	**-352,8**
821-1.11	Vaxtabætur		4.505,0	600,0			5.105,0	5.457,8	-352,8
09-901	**Framkvæmdasýsla ríkisins**	**18,9**	**2,7**				**21,6**	**12,1**	**9,5**
901-1.01	Framkvæmdasýsla ríkisins	18,9	2,7				21,6	12,1	9,5
09-905	**Ríkiskaup**	**21,8**			**2,0**		**23,8**	**-1,9**	**25,7**
905-1.01	Ríkiskaup	21,8			2,0		23,8	-1,9	25,7
09-971	**Ríkisábyrgð**							**20,0**	**-20,0**
971-6.01	Ríkisábyrgð							20,0	-20,0
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**-12,8**	**65,2**				**52,4**	**42,7**	**9,7**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	-12,8	65,2				52,4	42,7	9,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
09-973	**Tapaðar kröfur og tjónabætur**		**210,0**		**-6,2**		**203,8**	**-4,1**	**207,9**
973-6.11	Tapaðar kröfur		190,0				190,0	-4,4	194,4
973-6.15	Tjónabætur		20,0		-6,2		13,8	0,3	13,5
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarh**	**32,5**	**28,4**	**9,8**	**0,2**		**70,9**	**40,6**	**30,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	91,7		9,8			101,5	4,1	97,4
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-37,2	10,1		0,2		-26,9	19,5	-46,4
980-6.21	Húsnæði	-55,8	5,3				-50,5	11,1	-61,6
980-6.41	Tölvubúnaður	33,8	13,0				46,8	5,9	40,9
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**	**110,1**	**14,5**		**32,4**		**157,0**	**131,5**	**25,5**
981-5.21	Viðhald stjórnarráðsbygginga	12,0	14,5				26,5	2,0	24,5
981-6.26	Grensásvegur 9	98,1			-98,1				
981-6.91	Ýmsar fasteignir samkvæmt 6. grein fjárlaga							129,5	-129,5
981-6.92	Ýmsar fasteignir samkvæmt 6. grein fjárlaga				0,5		0,5		0,5
981-6.93	Ýmsar fasteignir samkvæmt 6. grein fjárlaga				2,8		2,8		2,8
981-6.94	Húsnæði fyrir heilsugæslu Hveragerði				91,2		91,2		91,2
981-6.95	Fv. skólastjórabústaður Nesjum, Hornafirði				36,0		36,0		36,0
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**10,5**	**0,1**		**128,0**	**1,7**	**140,3**	**185,4**	**-45,1**
984-1.01	Yfirstjórn	462,7	52,7				515,4	54,0	461,4
984-1.11	Rekstur fasteigna	-29,4	-826,0		29,9	1,7	-823,8	-916,0	92,2
984-5.21	Viðhald fasteigna	-422,8	773,4		98,1		448,7	1.047,4	-598,7
09-989	**Launa- og verðlagsmál**		**520,0**	**300,0**	**-751,1**		**68,9**		**68,9**
989-1.90	Launa- og verðlagsmál		520,0	300,0	-751,1		68,9		68,9
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**	**16,4**	**200,0**		**-209,7**		**6,7**		**6,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarin	16,4	200,0		-209,7		6,7		6,7

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**38,8**	**10,0**		**-10,0**		**38,8**		**38,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	38,8	10,0		-10,0		38,8		38,8
09-999	**Ýmislegt**	**112,2**	**690,6**	**4,0**	**-13,1**	**19,8**	**813,5**	**666,5**	**147,0**
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið		40,7				40,7	26,3	14,4
999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir		27,8				27,8	2,7	25,1
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósri		7,4				7,4	6,3	1,1
999-1.13	Kjarasamningar	10,3	15,7				26,0	6,8	19,2
999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum		37,2				37,2	49,6	-12,4
999-1.15	Kjararannsóknir	-1,3	9,1				7,8	11,7	-3,9
999-1.18	Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild		200,0				200,0	200,0	
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		20,0				20,0	20,0	
999-1.31	Lífeyrissjóður bænda		75,0				75,0	62,5	12,5
999-1.45	Ýmsar nefndir	-5,8	25,8				20,0	23,0	-3,0
999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	19,0	5,1				24,1	2,1	22,0
999-1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)		1,6				1,6	1,6	
999-1.60	Dómkröfur		129,7				129,7	187,6	-57,9
999-1.65	Kjaranefnd	-7,7	19,5				11,8	26,8	-15,0
999-1.66	Yfirfasteignamatsnefnd	-5,6	4,5				-1,1	10,1	-11,2
999-1.75	Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi							0,6	-0,6
999-1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		5,0				5,0		5,0
999-1.90	Ýmis verkefni	63,3	52,2	4,0	11,8	19,8	151,1	28,4	122,7
999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	18,0	5,0		-31,9		-8,9		-8,9
999-6.49	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og A	18,3	4,8				23,1	0,4	22,7
999-6.91	Hagræðingarmál	3,7	4,5		7,0		15,2		15,2

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
10	*Samgönguráðuneyti*	*5.079,6*	*18.273,8*	*528,2*	*2,6*	*242,3*	*24.126,5*	*20.094,2*	*4.032,3*
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**0,6**	**212,6**	**4,0**	**23,1**	**0,6**	**240,9**	**239,1**	**1,8**
101-1.01	Yfirstjórn	0,6	212,6	4,0	23,1	0,6	240,9	239,1	1,8
10-190	**Ýmis verkefni**	**41,6**	**553,5**	**4,3**	**-272,4**		**327,0**	**293,7**	**33,3**
190-1.11	Fastanefndir	11,0	10,6				21,6	26,1	-4,5
190-1.12	Vetrarsamgöngur og veruflutningar	-0,5	9,3				8,8	-1,0	9,8
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,6	1,5				2,1	1,5	0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,7	3,0				6,7	2,2	4,5
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	1,7	49,9				51,6	49,9	1,7
190-1.25	Staðsetningarkerfi	20,5	6,3		-7,0		19,8	10,0	9,8
190-1.26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO		1,1				1,1	1,1	
190-1.34	Flugskóli Íslands	-0,1	22,0	11,1			33,0	33,1	-0,1
190-1.41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda		1,0		-1,0				
190-1.42	Gestastofur, söfn og markaðsstarf	-5,6	16,5				10,9	16,7	-5,8
190-1.44	Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	18,8	320,0		-263,9		74,9	51,0	23,9
190-1.45	Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu		5,0				5,0	3,2	1,8
190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	-9,3	60,4	-6,8			44,3	51,7	-7,4
190-1.48	Hestamiðstöð Íslands		5,0				5,0	5,0	
190-1.52	Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á		12,5				12,5	12,5	
190-1.90	Ýmislegt	0,8	19,4		-0,5		19,7	20,7	-1,0
190-6.41	Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla		10,0				10,0	10,0	
10-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
10-211	**Rekstur Vegagerðarinnar**	**-218,7**	**3.834,9**			**4,6**	**3.620,8**	**3.527,5**	**93,3**
211-1.01	Yfirstjórn	-79,8	502,0			4,6	426,8	407,0	19,8
211-1.05	Umdæmi og rekstrardeildir	-49,6					-49,6	-77,2	27,6
211-1.07	Þjónusta	-46,6	2.554,0				2.507,4	2.399,3	108,1
211-1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa	-99,6	540,0				440,4	577,7	-137,3
211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	25,2	135,7				160,9	128,5	32,4
211-1.21	Rannsóknir	31,7	103,2				134,9	92,2	42,7
10-212	**Framkvæmdir Vegagerðarinnar**	**3.534,4**	**9.527,0**	**375,0**		**89,5**	**13.525,9**	**11.562,9**	**1.963,0**
212-5.10	Viðhald	187,2	2.307,0				2.494,2	2.561,2	-67,0
212-6.10	Framkvæmdir	3.347,2	7.220,0	375,0		89,5	11.031,7	9.001,7	2.030,0
10-251	**Umferðarstofa**	**97,5**	**305,4**			**0,8**	**403,7**	**402,9**	**0,8**
251-1.01	Umferðarstofa	100,2	300,9			0,8	401,9	399,8	2,1
251-6.01	Tæki og búnaður	-2,7	4,5				1,8	3,1	-1,3
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**97,6**	**653,7**	**-10,0**	**0,9**	**16,3**	**758,5**	**663,7**	**94,8**
335-1.01	Yfirstjórn	26,4	375,7	-10,0	0,9	16,3	409,3	386,5	22,8
335-1.11	Rekstur strandarstöðva	-1,1	172,6				171,5	174,6	-3,1
335-6.01	Tæki og búnaður	23,1	19,0				42,1	5,2	36,9
335-6.60	Vitabyggingar	12,7	11,7				24,4	17,8	6,6
335-6.80	Sjóvarnargarðar	36,5	74,7				111,2	79,6	31,6
10-336	**Hafnabótasjóður**	**787,1**	**1.081,8**				**1.868,9**	**1.010,9**	**858,0**
336-1.01	Almennur rekstur	32,3	10,3				42,6	9,1	33,5
336-6.70	Hafnamannvirki	752,4	1.061,0				1.813,4	997,5	815,9
336-6.74	Lendingabætur	-0,2	3,9				3,7	3,9	-0,2
336-6.76	Ferjubryggjur	2,6	6,6				9,2	0,4	8,8
10-381	**Rannsóknanefnd sjóslysa**	**-3,1**	**31,2**				**28,1**	**31,7**	**-3,6**
381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	-3,1	31,2				28,1	31,7	-3,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
10-471	**Rekstur Flugmálastjórnar**	**94,8**	**1.136,3**	**97,7**	**1,1**	**60,8**	**1.390,7**	**1.242,3**	**148,4**
471-1.01	Flugmálastjórn	-6,8	1.042,6	97,7	1,1	60,8	1.195,4	1.189,8	5,6
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	25,1					25,1	-33,8	58,9
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugm	76,5	93,7				170,2	86,3	83,9
10-472	**Flugvellir**	**381,3**	**441,8**	**60,0**		**70,4**	**953,5**	**385,3**	**568,2**
472-5.41	Viðhald	150,9	155,1				306,0	215,9	90,1
472-6.41	Framkvæmdir	230,4	286,7	60,0		70,4	647,5	169,4	478,1
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-0,6**	**25,4**				**24,8**	**30,1**	**-5,3**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-0,6	25,4				24,8	30,1	-5,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**244,8**	**209,3**			**-0,7**	**453,4**	**230,1**	**223,3**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	244,8	209,3			-0,7	453,4	230,1	223,3
10-651	**Ferðamálaráð**	**22,3**	**245,9**	**-2,8**	**264,9**		**530,3**	**474,0**	**56,3**
651-1.01	Ferðamálaráð	-37,2	44,1		11,0		17,9	75,6	-57,7
651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	22,7	105,3	-2,8	253,9		379,1	123,1	256,0
651-1.11	Ferðamálasamtök landshluta	9,8	25,0				34,8	43,8	-9,0
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-0,3	12,5				12,2	12,5	-0,3
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	19,4	51,0				70,4	51,0	19,4
651-1.81	Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	7,9	8,0				15,9	168,0	-152,1
10-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**10,0**		**-10,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		10,0		-10,0				
11 Iðnaðarráðuneyti		***675,0***	***3.460,4***	***56,5***	***-16,4***	***53,6***	***4.229,1***	***3.374,3***	***854,8***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**3,1**	**123,5**		**-6,1**		**120,5**	**108,7**	**11,8**
101-1.01	Yfirstjórn		122,5		-6,1		116,4	108,7	7,7
101-6.01	Tæki og búnaður	3,1	1,0				4,1		4,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
11-102	**Einkaleyfastofan**	**44,0**	**104,7**			**31,2**	**179,9**	**118,3**	**61,6**
102-1.01	Einkaleyfastofan	36,1	100,4			31,2	167,7	111,2	56,5
102-6.01	Tæki og búnaður	7,9	4,3				12,2	7,1	5,1
11-199	**Ráðstöfunarfé**		**8,0**		**-8,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		8,0		-8,0				
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**20,4**	**172,9**		**0,6**		**193,9**	**168,6**	**25,3**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-10,1	165,1		0,6		155,6	157,6	-2,0
201-6.01	Tæki og búnaður	30,5	7,8				38,3	11,0	27,3
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**16,9**	**89,4**				**106,3**	**96,5**	**9,8**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	26,4	85,4				111,8	87,3	24,5
203-6.01	Tæki og búnaður	-9,5	4,0				-5,5	9,2	-14,7
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**0,6**	**14,6**	**6,5**			**21,7**	**1,3**	**20,4**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	0,6	14,6	6,5			21,7	1,3	20,4
11-242	**Tækniþróunarsjóður**		**200,0**				**200,0**	**183,0**	**17,0**
242-1.10	Tækniþróunarsjóður		200,0				200,0	183,0	17,0
11-245	**Samtök iðnaðarins**		**207,1**			**19,6**	**226,7**	**226,7**	
245-1.10	Samtök iðnaðarins		207,1			19,6	226,7	226,7	
11-251	**Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslan**	**153,7**	**75,0**				**228,7**	**94,3**	**134,4**
251-1.10	Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	153,7	75,0				228,7	94,3	134,4
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**45,0**	**166,8**		**10,3**	**2,8**	**224,9**	**193,8**	**31,1**
299-1.10	Fastanefndir		7,3				7,3	3,4	3,9
299-1.19	Staðlaráð	-0,7	34,7			2,8	36,8	35,4	1,4
299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	-1,0	6,9				5,9	6,5	-0,6
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	17,5	22,7		5,0		45,2	32,6	12,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
299-1.45	Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mýv		5,0				5,0	5,0	
299-1.46	Hestamiðstöð Íslands		5,0				5,0	5,0	
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	13,3	53,4		-3,4		63,3	63,6	-0,3
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	15,9	31,8		8,7		56,4	42,3	14,1
11-301	**Orkustofnun**	**157,4**	**335,5**		**59,2**		**552,1**	**343,3**	**208,8**
301-1.01	Almennur rekstur	-276,6	48,7		0,7		-227,2	66,4	-293,6
301-1.03	Orkurannsóknir	536,4	276,7		58,5		871,6	189,0	682,6
301-1.04	Vatnamælingar							45,1	-45,1
301-6.01	Tæki og búnaður	-102,4	10,1				-92,3	42,8	-135,1
11-371	**Orkusjóður**		**32,8**		**11,4**		**44,2**	**32,8**	**11,4**
371-1.01	Rekstur Orkusjóðs		2,5				2,5	2,5	
371-1.11	Nýting innlendra orkulinda		16,5				16,5	16,5	
371-1.13	Jarðhitaleit		11,8				11,8	11,8	
371-1.23	Notendur utan samveitna		2,0		11,4		13,4	2,0	11,4
11-373	**Niðurgreiðslur á húshitun**		**868,0**		**-48,5**		**819,5**	**822,9**	**-3,4**
373-1.11	Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis		868,0		-48,5		819,5	822,9	-3,4
11-399	**Ýmis orkumál**	**13,5**	**452,8**		**-18,4**		**447,9**	**445,1**	**2,8**
399-1.13	Hafsbotnsrannsóknir		276,4				276,4	276,4	
399-1.16	Styrking dreifikerfis í sveitum		142,0				142,0	142,0	
399-1.17	Fjárfestingarstofan, orkusvið		10,0		-10,0			4,5	-4,5
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum	5,0	5,0		-11,4		-1,4		-1,4
399-1.21	Nýskipan orkumála	8,5	8,4		3,0		19,9	11,2	8,7
399-1.23	Þróunarverkefni o.fl.		11,0				11,0	11,0	
11-401	**Byggðaáætlun**	**220,2**	**292,2**		**-7,0**		**505,4**	**181,8**	**323,6**
401-1.10	Byggðaáætlun	220,2	292,2		-7,0		505,4	181,8	323,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
11-411	**Byggðastofnun**	**0,2**	**307,1**	**50,0**	**0,1**		**357,4**	**357,2**	**0,2**
411-1.10	Byggðastofnun	0,2	187,8	50,0			238,0	237,8	0,2
411-1.11	Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni		119,3		0,1		119,4	119,4	
11-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**10,0**		**-10,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		10,0		-10,0				
12 Viðskiptaráðuneyti		***72,7***	***1.458,5***	***-90,5***	***22,4***	***-30,4***	***1.432,7***	***1.337,2***	***95,5***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**3,6**	**115,8**		**21,3**		**140,7**	**128,5**	**12,2**
101-1.01	Yfirstjórn	3,6	115,8		21,3		140,7	128,5	12,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**17,6**	**37,3**	**4,5**	**4,0**	**0,2**	**63,6**	**45,4**	**18,2**
190-1.10	Neytendasamtökin		8,5				8,5	9,5	-1,0
190-1.15	Fastanefndir	3,6	2,1		6,0		11,7	9,3	2,4
190-1.20	Icepro-nefnd	0,6	4,9			0,2	5,7	4,9	0,8
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	13,4	21,8	4,5	-2,0		37,7	21,7	16,0
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**3,0**		**-3,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		3,0		-3,0				
12-302	**Löggildingarstofa**	**40,0**	**195,6**			**13,3**	**248,9**	**197,4**	**51,5**
302-1.01	Löggildingarstofa	72,4	193,5			13,3	279,2	197,4	81,8
302-6.01	Tæki og búnaður	-32,4	2,1				-30,3		-30,3
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**4,0**	**288,7**			**-0,4**	**292,3**	**283,7**	**8,6**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	4,0	288,7			-0,4	292,3	283,7	8,6
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**481,0**			**-63,5**	**417,5**	**417,5**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		481,0			-63,5	417,5	417,5	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
12-821	**Flutningssjóður sements**		**165,0**	**-95,0**		**20,0**	**90,0**	**90,0**	
821-1.10	Flutningssjóður sements		165,0	-95,0		20,0	90,0	90,0	
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**7,5**	**157,3**		**0,1**		**164,9**	**159,9**	**5,0**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	12,3	155,6		0,1		168,0	159,9	8,1
902-6.01	Tæki og búnaður	-4,8	1,7				-3,1		-3,1
12-999	**Ýmis viðskiptamál**		**14,8**				**14,8**	**14,8**	
999-1.10	Fjárfestingarstofan, almennt svið		14,8				14,8	14,8	
13 Hagstofa Íslands		***-24,0***	***541,5***	***14,0***	***17,9***	***18,4***	***567,8***	***589,2***	***-21,4***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-24,0**	**541,5**	**14,0**	**17,9**	**18,4**	**567,8**	**589,2**	**-21,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-94,1	409,3	14,0	17,9	-1,3	345,8	449,9	-104,1
101-1.50	Þjóðskráin	76,7	120,0			19,7	216,4	128,8	87,6
101-6.01	Tæki og búnaður	-6,6	12,2				5,6	10,5	-4,9
14 Umhverfisráðuneyti		***795,1***	***3.899,3***	***84,5***	***38,8***	***211,6***	***5.029,3***	***4.318,0***	***711,3***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**2,3**	**234,2**	**4,8**	**36,6**		**277,9**	**274,0**	**3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	17,0	231,5	4,8	32,8		286,1	273,5	12,6
101-6.01	Tæki og búnaður	-14,7	2,7		3,8		-8,2	0,5	-8,7
14-190	**Ýmis verkefni**	**23,7**	**163,0**	**8,4**	**5,5**		**200,6**	**178,9**	**21,7**
190-1.10	Fastanefndir	1,7	8,1		4,0		13,8	15,7	-1,9
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-1,3	8,4				7,1	7,7	-0,6
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	11,7	24,0		4,0		39,7	31,6	8,1
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-3,6	13,1				9,5	13,1	-3,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	13,1	28,0				41,1	28,7	12,4
190-1.40	Alþjóðastofnanir		20,5	-1,6			18,9	11,0	7,9

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg	2,4	11,5				13,9	12,2	1,7
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn me		8,1				8,1	8,1	
190-1.43	Verndun hafsvæða norðursins gegn mengun frá Rú		1,5				1,5		1,5
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	2,5	3,0				5,5	5,4	0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	-0,5	1,1				0,6		0,6
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	1,5	6,9				8,4	5,9	2,5
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-5,9	15,3	10,0			19,4	28,4	-9,0
190-1.90	Ýmis verkefni	2,1	13,5		-2,5		13,1	11,1	2,0
14-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**		**-5,0**				
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0		-5,0				
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-2,6**	**7,0**				**4,4**	**9,9**	**-5,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-2,6	7,0				4,4	9,9	-5,5
14-211	**Umhverfisstofnun**	**-0,8**	**537,0**	**15,8**	**10,6**	**28,3**	**590,9**	**607,6**	**-16,7**
211-1.01	Umhverfisstofnun	-28,4	477,5		10,6	28,3	488,0	569,1	-81,1
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o	-4,4	20,2	9,8			25,6	19,6	6,0
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	58,6	6,0	6,0			70,6	0,4	70,2
211-6.01	Tæki og búnaður	-26,6	33,3				6,7	18,5	-11,8
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**	**-75,3**	**220,0**				**144,7**	**251,0**	**-106,3**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	-75,3	220,0				144,7	251,0	-106,3
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**97,7**	**715,0**			**137,8**	**950,5**	**372,9**	**577,6**
287-1.01	Almennur rekstur	-9,9	55,0				45,1	43,2	1,9
287-1.10	Úrvinnslusjóður	107,6	660,0			137,8	905,4	329,7	575,7
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**700,0**			**45,5**	**745,5**	**745,5**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		700,0			45,5	745,5	745,5	

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14-301	**Skipulagsstofnun**	**16,5**	**126,2**				**142,7**	**133,6**	**9,1**
301-1.01	Skipulagsstofnun	4,2	117,0				121,2	116,1	5,1
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	12,3	9,2				21,5	17,5	4,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**95,8**	**82,0**				**177,8**	**124,4**	**53,4**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem	-93,6	45,9				-47,7	87,7	-135,4
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	189,4	36,1				225,5	36,7	188,8
14-310	**Landmælingar Íslands**	**5,9**	**196,5**		**0,1**		**202,5**	**193,4**	**9,1**
310-1.01	Landmælingar Íslands	15,4	192,0		0,1		207,5	192,4	15,1
310-6.01	Tæki og búnaður	-9,5	4,5				-5,0	1,0	-6,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**98,5**	**117,2**				**215,7**	**119,9**	**95,8**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	106,5	92,2				198,7	99,0	99,7
321-1.10	Námssjóður	1,4	3,5				4,9	1,7	3,2
321-1.20	Brunamálaskóli	10,1	19,3				29,4	17,3	12,1
321-6.01	Tæki og búnaður	-19,5	2,2				-17,3	1,9	-19,2
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**577,7**	**68,7**				**646,4**	**552,4**	**94,0**
381-1.01	Almennur rekstur	28,8	15,2				44,0	-77,9	121,9
381-6.60	Ofanflóðasjóður	548,9	53,5				602,4	630,3	-27,9
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-39,1**	**170,8**	**39,5**			**171,2**	**209,4**	**-38,2**
401-1.01	Yfirstjórn	-0,6	19,7				19,1	24,7	-5,6
401-1.02	Setur í Reykjavík	-34,5	112,8	39,5			117,8	132,9	-15,1
401-1.03	Setur á Akureyri	-33,5	31,5				-2,0	52,0	-54,0
401-5.21	Fasteignir	17,4	0,5				17,9		17,9
401-6.01	Tæki og búnaður	12,1	6,3				18,4	-0,2	18,6

Uppruni fjárheimilda ársins 2004, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-færð	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-403	**Náttúrustofur**	**-0,5**	**83,9**				**83,4**	**83,2**	**0,2**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,2	12,7				12,9	12,7	0,2
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		12,7				12,7	12,7	
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík	0,2	12,7				12,9	12,9	
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		12,7				12,7	12,7	
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	0,1	12,7				12,8	12,8	
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði	-1,0	12,7				11,7	11,7	
403-1.16	Náttúrustofa Norðausturlands		7,7				7,7	7,7	
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**3,1**	**18,8**				**21,9**	**28,7**	**-6,8**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-2,5	17,0				14,5	28,2	-13,7
407-6.01	Tæki og búnaður	5,6	1,8				7,4	0,5	6,9
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-7,8**	**434,0**	**16,0**	**11,0**		**453,2**	**433,2**	**20,0**
410-1.01	Almenn starfsemi	-11,8	408,3	16,0	11,0		423,5	424,7	-1,2
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	2,9	0,1				3,0	-0,1	3,1
410-6.01	Tæki og búnaður	1,1	25,6				26,7	8,6	18,1
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**		**20,0**		**-20,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið		20,0		-20,0				
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***15.140,0***				***15.140,0***	***14.151,9***	***988,1***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**15.140,0**				**15.140,0**	**14.151,9**	**988,1**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		15.140,0				15.140,0	14.151,9	988,1

834. Nefndarálit [382. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Nefndinni bárust umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjómannasambandi Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Hafrannsóknastofnuninni, Háskólanum á Akureyri, Landssambandi smábátaeigenda og Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að 660 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins fékk við sölu á eignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins renni í ríkissjóð. Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.: „Fé þessu skal varið til hafrannsókna og er því við það miðað að hafrannsóknir verði efldar og fé sem varið er til hafrannsókna aukið. Annars vegar er lagt til að í fjárlögum ársins 2006 verði rammi fjárveitinga Hafrannsóknastofnunarinnar hækkaður um 50 millj. kr. og um 100 millj. kr. frá og með fjárlögum ársins 2007. Enn fremur er gert ráð fyrir að reglum um úthlutun úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði breytt þannig að á árinu 2006 muni a.m.k. 25 millj. kr. af því fé sem Verkefnasjóðurinn hefur til úthlutunar verða varið til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til hafrannsókna og geta allir sótt um styrk til sjóðsins. Faghópur mun fjalla um umsóknir og meta þær með hliðsjón af vísindalegu gildi rannsóknaverkefnanna.“

Meiri hlutinn fagnar umræddum áformum og telur brýnt að Hafrannsóknastofnuninni verði veittar 100 millj. kr. til frambúðar frá og með árinu 2007. Þá lýsir meiri hlutinn yfir þeim vilja sínum að á árinu 2006 verði miðað við að sú fjárhæð sem gert er ráð fyrir að verði varið til sérstakra styrkja til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli, að lágmarki 25 millj. kr., verði allt að 40 millj. kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 1. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. | Kristinn H. Gunnarsson. | Arnbjörg Sveinsdóttir.

Guðlaugur Þór Þórðarson. | Birkir J. Jónsson.

835. Nefndarálit [461. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 462. máli en þar eru lagðar til samsvarandi breytingar á lögum um einkahlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „heimasíðu hlutafélaga og útibúa þeirra“ í 1. gr. komi: vef hlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febrúar 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Bjarni Benediktsson.	Siv Friðleifsdóttir.
	Lúðvík Bergvinsson.	

836. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Við-

skiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 461. máli en þar eru lagðar til samsvarandi breytingar á lögum um hlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „heimasíðu einkahlutafélaga og útibúa þeirra“ í 1. gr. komi: vef einkahlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febrúar 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Bjarni Benediktsson.	Siv Friðleifsdóttir.
	Lúðvík Bergvinsson.	

837. Skýrsla [576. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2005.

I. Inngangur.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en takmörkuð samvinna norðurskautsríkja hafði hafist nokkru áður þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Næsta ráðstefna verður haldin árið 2006. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Eitt meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar og eins að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda

eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem við komu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað sinn í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fyrri hluta árs 2005 var Íslandsdeild skipuð þeim Einari K. Guðfinnssyni, formanni, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Magnúsi Stefánssyni, varaformanni, þingflokki Framsóknarflokks, og Þórunni Sveinbjarnardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Hinn 3. október 2005 voru eftirtaldir þingmenn kjörnir til setu í Íslandsdeildinni: Sigurður Kári Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru kjörnir Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Valdimar L. Friðriksson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Á fyrsta fundi nefndarinnar á 132. þingi var Sigurður Kári kjörinn formaður og Magnús Stefánsson varaformaður. Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeildin sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þingmannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins. Ritari Íslandsdeildar var Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari. Ritari Íslandsdeildar sá einnig um allan skrifstofurekstur og framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar á árinu.

III. Áherslur í málefnastarfi og helstu verkefni þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2005.

Þingmannanefnd um norðurskautsmál hefur lagt áherslu á að fylgja eftir skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum sem birt var á fundi Norðurskautsráðsins í nóvember árið 2004. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Í skýrslunni kemur fram að miklar loftslagsbreytingar hafa orðið á norðurskautssvæðum síðustu áratugi og að loftslag fer ört hlýnandi. Spáð er enn örari þróun í þessa átt á næstu ára-

tugum og stórfelldum áhrifum á náttúru, dýralíf og mannlíf. Norðurslóðir einkennast af viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem mun gerast annars staðar í heiminum. Í sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Norðurskautsráðsins sem birt var í nóvember 2004 var því lýst yfir að loftslagsbreytingar hefðu í för með sér margvíslega vá fyrir lífshætti og viðurværi íbúa norðurslóða, sem og hættu fyrir tilteknar dýra- og gróðurtegundir. Í sérstöku stefnumótunarskjali skuldbundu ráðherrar sig til að framfylgja tilteknum aðgerðum til að stemma stigu við frekari loftslagsbreytingum. Ráðherrarnir skuldbundu sig einnig til að aðstoða íbúa norðurslóða með skipulögðum hætti við að aðlagast þessum breytingum og leita leiða til að þróa og nýta endurnýtanlega orkugjafa, svo sem vetni. Þingmannanefndin hefur fylgst vel með þróun þessara mála og eftirfylgni við yfirlýsingu ráðherra Norðurskautsráðsins.

Nefndin hefur unnið undirbúningsvinnu við að kanna möguleikana á lagalegum sáttmála um umhverfi og náttúru norðurskauts, í svipuðum anda og suðurskautssáttmálinn sem um árabil hefur verið í gildi. Sáttmáli um umhverfi og náttúru norðurskauts er mun flóknara fyrirbæri en suðurskautssáttmálinn, en hugmyndin að slíkum sáttmála er að hluta til komin vegna spurninga um hversu litlar kvaðir skuldbindingar og samþykktir Norðurskautsráðsins leggja á aðildarríkin. Ýmsir vilja mun strangari reglur um eftirfylgni og framkvæmd ályktana, en erfitt getur reynst að koma slíku í gegn þar eð öll aðildarríkin verða að samþykkja framfylgd ályktana. Með því að leggja vinnu í að kanna möguleikann á gerð norðurskautssáttmála er þingmannanefndin því að hreyfa við nokkuð viðkvæmu málefni innan norðurskautssamstarfsins, sem vakið hefur eftirtekt. Einnig hefur mikið verið rætt um olíuboranir á norðurslóðum, en ljóst er að nýting olíu- og gasauðlinda á norðurslóðum mun margfaldast í komandi framtíð, sérstaklega í Norður-Rússlandi. Ýmsir hafa áhyggjur af þeim umhverfisspjöllum og mengun sem þetta kann að hafa í för með sér, og hefur þingmannanefndin stutt gerð skýrslu um þessi mál sem kanna á mismunandi áhrif slíkra umleitana á vistkerfi norðurslóða.

Meðal annarra mála sem komið hafa til umræðu á fundum þingmannanefndarinnar er áframhaldandi eftirfylgni við skýrslu um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum sem birt var í nóvember árið 2004, en nefndin átti ríkan þátt í að því verkefni var hrint af stað á sínum tíma. Einnig hafa málefni sem tengjast upplýsingatækni á norðurskautssvæðum, þar á meðal fjarkennsla og fjarlækningar, verið tekin fyrir, en nefndin hefur um langa hríð verið því fylgjandi að Norðurskautsráðið geri úttekt á þeim málum. Mikill sigur vannst í þeim málaflokki þegar upplýsingatækni var gerð að einu af forgangsverkefnum Norðurskautsráðsins undir formennsku Íslands 2002–2004. Háskóli norðurslóða fangaði einnig athygli þingmannanefndarinnar á árinu. Nefndarmenn hafa hvatt til eindregins stuðnings norðurskautsríkjanna við skólann og unnið að því að fjárhagslegur rekstur skólans til lengri tíma verði tryggður. Þá hefur nefndin unnið að undirbúningi að þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin verður í Kiruna í Svíþjóð í byrjun ágúst 2006.

IV. Fundir þingmannanefndar 2005.

Þingmannanefndin hélt þrjá fundi á árinu. Einar K. Guðfinnsson sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar í Washington D.C. í byrjun mars og í Pétursborg um miðjan júní. Magnús Stefánsson sótti fund nefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildar í Ósló í lok september. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, ritari nefndarinnar, sótti fundina ásamt þingmönnunum. Að aftan er gerð stutt grein fyrir þeim þremur fundum þar sem þingmannanefndin öll kom saman á árinu, en auk þessara funda voru haldnir vinnuhópafundar um tiltekin málefni. Formaður

og ritari nefndarinnar sóttu einnig ráðstefnur og héldu erindi fyrir hönd þingmannanefndarinnar á alþjóðlegum vettvangi.

i. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Washington D.C. dagana 1.–2. mars 2005. Einar K. Guðfinnsson sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildar, ásamt ritara.

Dagskrá þingmannanefndar um norðurskautsmál í Washington D.C. var margþætt og samanstóð af röð heimsókna og funda í bandaríska þinginu. Dagskráin hófst með fundi þingmannanefndar um norðurskautsmál. Formaður tilkynnti þá um nýjan fulltrúa sem bæst hefur í þingmannahóp nefndarinnar, en það er öldungadeildarþingmaðurinn Lisa Murkowski frá Alaska. Góður rómur var gerður að þátttöku Murkowski, en um nokkra hríð hefur enginn bandarískur þingmaður haft formlega aðkomu að störfum nefndarinnar. Unnið hefur verið að því hörðum höndum innan nefndarinnar að fá Murkowski til starfa á þessum vettvangi og þótti mikill sigur unninn að það hefði nú tekist. Þetta voru því nokkur tímamót eftir langa fjarveru bandarískra þingmanna í norðurskautssamstarfinu.

Það var hins vegar hinn rússneski formaður embættismannanefndar Norðurskautsráðsins, Vitaly Churkin, sem var fyrstur á mælendaskrá. Þetta var í fyrsta sinn sem Churkin ávarpar nefndina frá því að Rússar tóku við formennsku í Norðurskautsráðinu, en nokkur gustur hefur staðið um formanninn. Churkin gerði ítarlega grein fyrir helstu áherslum Rússa í forustuhlutverkinu til næstu tveggja ára. Churkin sagði Rússa mundu halda áfram að styrkja eftirlit með þróun umhverfismála á norðurslóðum, og ítrekaði sérstaklega mikilvægi þess að forvarnir og viðbrögð við hugsanlegum umhverfisslysum, svo sem olíuleka, yrðu samhæfð landanna á milli. Churkin sagði þennan þátt hafa setið eftir innan norðurskautssamstarfsins og það væri ætlun Rússa að gera forvörnum við umhverfisslysum hærra undir höfði en áður hefði verið gert. Churkin sagði einnig að Rússar mundu halda áfram því góða starfi sem formennska Íslands í Norðurskautsráðinu hefði skilið eftir, en sú arfleifð væri afar rík og af mörgu að taka. Þar væri einna mest um vert að styrkja enn frekar stoðir efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta í starfi Norðurskautsráðsins, í stað þess að einblína á umhverfismál eingöngu. Í þessu samhengi væri eftirfylgni við vinnu á sviði upplýsingatækni og sjálfbærrar mannlífsþróunar mikilvæg. Einnig væri mikils um vert að fylgjast vel með opnun siglingaleiða í norðurhöfum og nýta tækifærin sem við það skapast. Churkin sagði einnig frá stórri alþjóðlegri ráðstefnu í Pétursborg í júní þar sem þingmönnum nefndarinnar var sérstaklega boðið að vera með innlegg og erindi um málefni norðurslóða. Einar K. Guðfinnsson spurði Churkin frekar út í áherslur Rússa á eftirfylgni við skýrslu um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum, en Rússar hafa sætt nokkurri gagnrýni fyrir að virðast ekki ætla að fylgja skýrslunni eftir með kraftmiklum hætti. Churkin sagði að efni skýrslunnar yrði sérstaklega tekið fyrir undir formennsku Rússa á næstunni og ítrekaði mikilvægi þess að niðurstöðum hennar væri fylgt eftir.

Drue Pearce, sérfræðingur á sviði olíuborana, tók því næst til máls og gerði grein fyrir áhrifum olíuborana í Alaska, nýjustu tækni og erfiðustu átakapunktum í umræðunni um lögmæti olíuborana á viðkvæmum landsvæðum. Pearce sagði margt hafa breyst í þessum efnum á undanförnum árum og að langtum meira tillit væri tekið til umhverfismála og náttúruverndar heldur en áður. Hún sagði að nú ríkti einhugur í Alaska um að auðlindanýting yrði að fara fram á sjálfbærum grunni, en að málin væru oft einfölduð í öfgakenndum málflutningi bæði af hálfu umhverfissinna sem og þeirra sem vilja opna ný svæði fyrir olíuboranir. Mikil umræða hefur á undanförnum árum átt sér stað innan bandarískra þingsins um hvort opna eigi stórt friðland í Alaska fyrir olíuborunum og hefur málið vakið feiknahörð viðbrögð úr ýmsum áttum. Pearce sagði mikinn meiri hluta Alaskabúa vera fylgjandi frekari olíuborun-

um á sem flestum stöðum til eflingar lífsskilyrðum, og staðhæfði að ný tækni við olíuboranir gerði öll umhverfisspjöll langtum takmarkaðri en áður. Þar að auki væri mun meira lagt upp úr nánu samráði við alla íbúa þess svæðis þar sem bora á eftir olíu og um leið væri meira fjármagn veitt í að rannsaka og þróa endurnýtanlega orku. Pearce sagði að með nýjustu tækni og upplýsingaflæði væri vel mögulegt að samtvinna virðingu fyrir náttúrunni og stórtækar olíuboranir.

Að erindi Pearce loknu gerði Ben Ellis, forstöðumaður Rannsóknastofnunar Norðursins í Alaska, grein fyrir vinnu Norðurskautsráðsins á sviði upplýsingatækni. Þetta er málaflokkur sem þingmannanefndin hefur í langan tíma haft til meðferðar og átti þátt í að koma á dagskrá hjá Norðurskautsráðinu, sem nú undirbýr hugsanlega úttekt á upplýsingatækni á norðurslóðum. Ellis sagði mikla vinnu vera fyrir höndum við að fá yfirsýn yfir margvísleg ólík verkefni á þessu sviði og mikilvægt væri að forðast tvíverknað. Hann sagði að með stuðningi þingmannanefndarinnar væri vonast til að Norðurskautsráðið samþykkti að gera heildstæða úttekt á þessum málaflokki þar sem hægt væri að ákvarða frekara samstarf landanna. Í umræðum eftir erindi Ellis tók Einar K. Guðfinnsson undir þau sjónarmið að mikilvægt væri að halda áfram þessu starfi innan Norðurskautsráðsins og að þingmannanefndinni bæri skylda til að fylgja verkefninu vel eftir.

George Newton, forstöðumaður Rannsóknastofnunar Bandaríkjanna á sviði norðurskautsmála (US Arctic Research Commission) gaf að lokum yfirlit yfir helstu störf stofnunarinnar. Stofnunin vinnur yfirgripsmikið starf og er ráðgefandi bæði fyrir forseta Bandaríkjanna og bandaríska þingið. Ýmsir fræði- og vísindamenn stofnunarinnar hafa átt samstarf við þingmannanefndina.

Að loknum fundi nefndarinnar fóru fram fundir í kanadíska sendiráðinu þar sem fjölmargir fulltrúar bandaríska þingsins gerðu grein fyrir vinnu innan þingsins sem varðar loftslagsbreytingar. Þeir sögðu að villandi væri að einblína eingöngu á Kyoto-sáttmálann. Fjölmörg lönd sem skrifað hefðu undir sáttmálann stæðu ekki við hann og tilgangslaust væri að gagnrýna stöðugt Bandaríkin fyrir að vilja ekki skrifa undir það sem fólk vissi að þau gætu ekki staðið við. Önnur ríki virtust hins vegar ekki eiga í erfiðleikum með að skrifa stöðugt undir sáttmála sem þau ætluðu síðan greinilega engan veginn að framfylgja, því væri öðrum stundum nær að líta í eigin barm. Nokkur hiti var í fundarmönnum þegar þetta var rætt og sitt sýndist hverjum. Það er hins vegar ljóst að mikil vinna er í gangi innan bandaríska þingsins sem snýr að lagaumhverfi og samhæfðum viðbrögðum við loftslagsbreytingum, þrátt fyrir að engin von sé um að skrifað verði undir Kyoto-sáttmálann. Lisa Murkowski lagði áherslu á að ekki væri hægt að segja nákvæmlega hvað ylli loftslagsbreytingum, þótt vissulega væru þær staðreynd, og því ætti að fara varlega í að vera með stórar yfirlýsingar um ástæður loftslagsbreytinga nú, frekari rannsókna væri þörf. Aðrir lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að grípa þegar í stað til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og fulltrúar bandarískra þingmanna gerðu grein fyrir mismunandi lagaákvæðum í bígerð. Þingmannanefndin átti einnig sérstakan fund með Lisu Murkowski og ráðgjöfum hennar í bandaríska þinginu, en Murkowski staðfesti einlægan ásetning sinn um að vera virk í starfi nefndarinnar. Hún ítrekaði þó að bandarískir þingmenn ynnu á öðrum forsendum í alþjóðastarfi heldur en evrópskir þingmenn, það væri t.d. mun meiri vandkvæðum bundið að ferðast mikið á fundi erlendis og ekki eins einfalt og fyrir Norðurlandabúa. Hún bað því fólk um að sýna skilning á því ef hún gæti ekki komist á alla fundi, en sagðist vinna heilshugar að málefnum norðurslóða innan öldungadeildar bandaríska þingsins og senda fulltrúa á fund nefndarinnar í sinn stað þegar því væri við komið. Murkowski benti á að hún hefði m.a. nýverið borið fram fyrirspurnir til Condo-

leezu Rice um málefni norðurslóða, og Rice hefði staðfest virka þátttöku Bandaríkjamanna innan Norðurskautsráðsins.

ii. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Pétursborg dagana 13.–14. júní 2005. Einar K. Guðfinnsson sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildar, ásamt ritara.

Í upphafi fundar flutti gestgjafinn, Mikhail Nikolaev, erindi um framtíðarsýn sína á norðurskautssamstarfið og lagði fram tillögur að breytingum. Nikolaev kom inn í nefndina sem nýr fulltrúi Rússa á þingmannaráðstefnunni í Nuuk í ágúst 2004 og hefur vakið mikla eftirtekt fyrir málflutning sinn. Að þessu sinni fjallaði Nikolaev á ítarlegan hátt um starfsemi ólíkra samtaka á norðurslóðum og taldi vanta mikið upp á eftirfylgni og framkvæmd ríkisstjórna á ráðherrasamþykktum. Hann sagði þingmenn bera ábyrgð á að málefni norðurslóða héldust á dagskrá stærri alþjóðlegra stofnana, en mikil vinna væri fyrir höndum í þeim efnum þar eð norðurskautssvæðin gleymdust alltof oft í umræðunni á alþjóðlegum vettvangi. Nikolaev sagði nauðsynlegt að koma á samhæfðari og skilvirkari skipan mála í þessum efnum og lagði til að stofnað yrði sameiginlegt þing norðurslóða, þar sem þingmenn kæmu saman með reglubundnari hætti og fylgdu ályktunum sínum fastar eftir. Ýmsir þingmenn nefndarinnar tóku til máls eftir að erindi Nikolaev lauk. Einar K. Guðfinnsson sagði að þótt vissulega væri hægt að taka undir orð Nikolaev um að löndin yrðu að finna enn skilvirkari leiðir við að gæta hagsmuna norðurslóða þá leyfði hann sér að efast um að stofnun sérstaks þings væri rétta leiðin til þess. Nú þegar væri komin hefð fyrir ákveðnu vinnulagi sem sátt ríkti um, og samþykkt um enn eina stofnun yrði miklum vandkvæðum bundið. Runar Patriksson, Simo Rundgren og Lene Jensen tóku undir orð Einars og töldu sig ekki geta stutt grundvallarhugmyndir Nikolaevs í þessum efnum. Megintillögur Nikolaevs voru því ekki samþykktar, en þó átti ein hugmynda hans hljómgrunn, sem var að boða til sérstaks fundar þingforseta norðurskautsríkjanna.

Vitaly Churkin gerði grein fyrir samþykktum embættismannanefndar Norðurskautsráðsins í apríl sl. Þar var samþykkt að setja á stofn lítinn hóp sem á að fylgjast með því hvernig eftirfylgni við samþykktir ráðherra um loftslagsmál er háttað. Á fundinum var einnig samþykkt að setja á laggirnar sérstakan sjóð innan Norðurskautsráðsins til styrktar rannsóknaverkefnum hjá vinnuhópum ráðsins. Stofnun sjóðsins er eitt af þeim verkefnum sem Íslendingar unnu sérstaklega að þegar Ísland gegndi formennsku í Norðurskautsráðinu, en fjármögnun verkefna innan ráðsins hefur verið ýmsum vandkvæðum bundin. Einar K. Guðfinnsson fagnaði því að stofnun sjóðsins hefði verið samþykkt og spurði í framhaldinu nánar út í vinnu Rússa við Alþjóðlega norðurskautsárið 2007–2008 (International Polar Year). Churkin sagði aðkomu Norðurskautsráðsins að skipulagsvinnu við Norðurskautsárið ekki vera nægilega kraftmikla en ráðið væri þó ráðgefandi aðili og hefði óformlega aðkomu að skipulagningu Norðurskautsársins. Þetta væri stór og mikill viðburður þar sem fjöldi vísindamanna um allan heim kæmi fram með ný rannsóknaverkefni á málefnum norðurslóða.

Runar Patriksson tók þá til máls og kynnti lauslega hugmyndir og vinnu við næstu þingmannaráðstefnu sem haldin verður í Kiruna í Svíþjóð í ágúst. Nefndarmenn ræddu mismunandi efni og hugsanlega uppbyggingu ráðstefnunnar, en ýmsar hugmyndir eru uppi um að breyta nokkuð hinu hefðbundna fyrirkomulagi ráðstefnunnar til að greiða enn frekar fyrir líflegum skoðanaskiptum þingmanna. Nefndarmenn komust að lokum að samkomulagi um að taka til nánari skoðunar fjögur málefni á ráðstefnunni: Norðurskautsárið 2007–2008, upplýsingatækni á norðurslóðum, opnun siglingaleiða í norðurhöfum og lagalegan alþjóðlegan sáttmála um málefni norðurskauts. Nefndarmenn samþykktu að vinna frekar að þessum málaflokkum og ákveða endanlega uppröðun og fyrirkomulag á næsta fundi.

Sérstakir gestir rússnesku gestgjafa nefndarinnar tóku þá til máls. Prófessor Viktor Kruzhalin fjallaði um samstarf háskóla á norðurslóðum og prófessor Alexander Brinken fjallaði um takmörk sjálfbærrar þróunar á norðurskautssvæðum. Að lokum gerðu nefndarmenn grein fyrir þróun mála innan eigin þjóðþinga í efnisflokkum er varða norðurskautssvæði. Rannveig Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs í nefndinni, sagði frá fundum forsætisnefndar Norðurlandaráðs um loftslagsbreytingar og skýrslu um sjálfbæra mannlífsþróun á norðurslóðum, en Norðurlandaráð hefur gefið þessum málum æ meiri gaum að undanförnu. Einar K. Guðfinnsson gerði m.a. grein fyrir fundum sínum með fulltrúum utanríkisráðuneytisins um vinnu og verkefni Norðurskautsráðsins.

iii. Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál haldinn í Ósló 30. september 2005. Magnús Stefánsson sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildar, ásamt ritara.

Í byrjun fundar gerðu nefndarmenn grein fyrir helstu þáttum starfsins heima fyrir og þróun mála innan landsdeilda nefndarinnar. Magnús Stefánsson talaði fyrir hönd Íslandsdeildar og greindi frá umfjöllun um loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun sem ætti sér stað heima fyrir og snerti á ýmsum þeim þáttum sem nefndin ynni að. Magnús bar fundinum sérstaka kveðju frá Einari K. Guðfinnssyni sem nú væri búinn að kveðja nefndina þar eð hann væri orðinn ráðherra. Magnús vakti athygli á því að frá upphafi hefur hver einasti formaður Íslandsdeildar þingmannanefndar um norðurskautsmál fengið ráðherratign. Góður rómur var gerður að greinargerð Magnúsar og sögðu nokkrir þingmenn ljóst að það hlyti að vera keppikefli margra íslenskra þingmanna að verða formenn Íslandsdeildar. Peter Adams frá Kanada sagði margt jákvætt vera að gerast innan kanadíska þingsins hvað varðaði viðhorf og fjármagnsstreymi til málefna norðurslóða. Mun meiri áhugi væri nú á norðurskautssvæðum Kanada og mörgum rannsóknarverkefnum hefði verið ýtt úr vör að undanförnu. Kanadastjórn hefði auk þess nýverið komist að samkomulagi við Rússa um að vinna saman að hreinsun gamalla kjarnorkukafbáta. Miklum fjármunum yrði varið til þeirrar samvinnu. Rannveig Guðmundsdóttir lýsti yfirgripsmiklu starfi Norðurlandaráðs. Hún sagði norrænu ráðherranefndina nýlega hafa fjallað um menningarverðmæti norðurskautssvæða og fleiri þætti mannlífs á norðurslóðum. Rannveig ítrekaði hið aukna vægi sem þessi mál fengju nú innan Norðurlandaráðs og benti á að á næsta Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík yrði þingmannanefndinni sérstaklega boðið til umræðna um framtíð samstarfs norðurskautsríkja.

Diana Wallis, þingkona á Evrópuþinginu, tók næst til máls og fjallaði um norðlægu vídd Evrópusambandsins. Wallis sagði ýmsar blikur á lofti í þessum efnum og hvatti nefndarmenn eindregið til að láta í sér heyra um málefnið. Þetta væri sérlega áríðandi núna þar eð ráðherrafundur væri á næsta leiti þar sem framtíð hinnar norðlægu víddar yrði vörðuð. Wallis rakti sögu og tilurð norðlægu víddarinnar innan Evrópusambandsins og hvernig umhverfið allt hefði gjörbreyst á síðustu árum. Wallis sagði m.a. miklar umræður og átök vera um hvernig skilgreina ætti norðlægu víddina landfræðilega, og hvaða lönd og svæði ættu að vera inni í þeirri skilgreiningu. Wallis lagði áherslu á að berjast þyrfti fyrir víðari skilgreiningu á hinni norðlægu vídd svo hún tæki til stærri svæða í stað þess að Evrópusambandið leiddist æ lengra í þá átt að einblína á tiltekna nágranna í austri. Wallis sagði skilgreiningu á tengslum Evrópusambandsins við Rússland flækja málin enn frekar, þar eð ný hugtök væru innleidd um mismunandi nágrannalönd Evrópusambandsins. Wallis taldi brýnt að þingmannanefnd um norðurskautsmál gæti komist að sameiginlegri afstöðu um hina norðlægu vídd með öðrum stofnunum á norðurslóðum.

Samantha Smith flutti erindi um möguleikana á því að aðildarlöndin stæðu saman að eins konar lagalegum sáttmála norðurslóða, sem kvæði á um tilteknar skuldbindingar í umhverfis-

málum og öðrum málaflokkum. Smith sagði að einungis væri hægt að bregðast við loftslagsbreytingum með sameiginlegu átaki allra, og því gæti slíkur sáttmáli komið að góðum notum. Loftslagsbreytingar væru þegar farnar að hafa stórfelld félags-, menningar- og efnahagsleg áhrif á þjóðflokka norðursins, umhverfi og náttúru, en alltof lítið væri að gert. Þingmannaráðstefnan í Nuuk 2004 beindi þeim tilmælum til þingmannanefndarinnar að kanna möguleikana á sáttmála norðurskautsins, sem tæki sér m.a. að fyrirmynd sams konar sáttmála um umhverfi suðurskautsins frá árinu 1959. Smith benti á að undirbúningsvinnu að slíku yrði að vinna í þjóðþingum heima fyrir og hvatti nefndarmenn til að athuga þessi mál vel. Ýmsar spurningar voru bornar fram um efnið, m.a. hversu raunhæft væri að ætla að slíkur sáttmáli yrði gerður, ekki síst með tilliti til þess hversu oft væri erfitt að fá öll aðildarlöndin til að samþykkja sameiginlegar ályktanir Norðurskautsráðsins í erfiðum málum, svo sem um viðbrögð við loftslagsbreytingum.

Að lokum flutti Per Sander Dövle erindi um skýrslu um olíuboranir á norðurslóðum, en ljóst þykir að í náinni framtíð muni æ meira vera leitað inn á norðurskautssvæði sem uppsprettu olíu- og gasauðlinda. Dövle benti á að slíkt gæti hafi alvarlegar afleiðingar þar eð vistkerfi norðurslóða væri einkar viðkvæmt og því þyrfti að rannsaka þessa þætti vel og meta afleiðingar slíkra mannvirkja í umhverfinu. Þingmannanefndin ákvað á sínum tíma að styðja gerð þessarar skýrslu og mun því fylgja þessum málaflokki sérstaklega eftir.

Alþingi, 26. febr. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.	Magnús Stefánsson, varaform.	Björgvin G. Sigurðsson.

838. Skýrsla [577. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2005.

I. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi hinn 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis-, auðlinda- og samgöngumál, aukið menningarsamstarf og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við

að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

II. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í upphafi árs 2005 skipuðu Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins eftirtaldir þingmenn: Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Hinn 3. október 2005 voru eftirtaldir þingmenn kosnir í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Halldór Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks, Sigurrós Þorgrímsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Sigurjón Þórðarson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Eftirfarandi varamenn voru kjörnir: Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar, þingflokki Samfylkingarinnar, Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Þór Hafsteinsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Arna Gerður Bang gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

Á fyrsta fundi nýrrar Íslandsdeildar hinn 5. október 2005 var Halldór Blöndal kjörinn formaður og Hjálmar Árnason endurkjörinn varaformaður.

III. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Á fyrri hluta ársins bar hæst undirbúning fyrir ársfund Vestnorræna ráðsins sem haldinn var á Ísafirði 22.–24. ágúst. Auk þess var hugað að undirbúningi Íslandsdeildarinnar fyrir þemaráðstefnu ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum um sjávarútvegsmál sem haldin var í júní. Landsdeildin ákvað einnig að skipa sömu dómnefnd og starfað hefur undanfarin ár við bókmenntaverðlaun Vestnorræna ráðsins. Dómnefndin samþykkti að halda starfi sínu áfram. Íslandsdeild fjallaði einnig sérstaklega um ályktanir ráðsins og hvernig mætti auka yfirsýn og tryggja framkvæmd þeirra og afgreiðslu í þingum landanna.

IV. Ráðning nýs framkvæmdastjóra ráðsins.

Í lok febrúar 2005 hætti Ernst Olsen sem framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins eftir rúmlega fjögurra ára starf. Starf framkvæmdastjóra var auglýst laust til umsóknar í dagblöðum Vestnorrænu landanna í nóvember 2004 og bárust 30 umsóknir. Í febrúar 2005 hóf Þórður Þórarinsson stjórnmálafræðingur störf sem nýr framkvæmdastjóri ráðsins.

V. Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins.

Í desember 2005 voru tilkynntar tilnefningar til Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og er þetta í þriðja skipti sem tilnefningar fara fram. Dómnefndir landanna þriggja tilnefna eina bók hver frá sínu landi.

Íslenska dómnefndin um Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins tilnefndi til verðlaunanna árið 2006 skáldsöguna Frosnu tærnar eftir Sigrúnu Eldjárn. Grænlenska dómnefndin tilnefndi barnabókina Jólasveinninn og litlu sveinarnir eftir Grethe Guldager sem Nuka Godfredsen myndskreytti. Dómnefnd Færeyja tilnefndi bókina Hundur, köttur og mús eftir Bárð Oskarsson. Vestnorræna dómnefndin mun veita einni af þessum bókum verðlaunin í tengslum við ársfund ráðsins sem haldinn verður í ágúst nk.

Markmiðið með barnabókaverðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu en þær bækur sem hljóta tilnefningu eru þýddar á vegum menntamálaráðuneyta landanna á vestnorrænu málin og skandinavísku.

VI. Þemaráðstefna um sjávarútvegsmál.

Dagana 15. og 16. júní var þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um sjávarútvegsmál og sameiginlega stefnu Vestur-Norðurlanda gagnvart Evrópusambandinu haldin í Þórshöfn. Á ráðstefnunni var sjónum beint að fiskveiðimálum Grænlands, Færeyja og Íslands og leitað var leiða til aukinnar samvinnu landanna. Fyrir hönd Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sátu ráðstefnuna Birgir Ármannsson, formaður Íslandsdeildar, Hjálmar Árnason, varaformaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson og Sigurjón Þórðarson, auk Örnu Gerðar Bang ritara.

Markmið ráðstefnunnar var að komast að samkomulagi um atriði sem varða sameiginlega stefnu landanna í sjávarútvegsmálum og byggja á þann hátt undirstöðu sem getur nýst löndunum í samskiptum þeirra við umheiminn. Áhugi á sameiginlegri stefnu í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu er ljós en ráðstefnuna sóttu um sextíu aðilar frá Vestur-Norðurlöndum og Noregi. Meðal þeirra voru þingmenn, ráðherrar og sérfræðingar auk fulltrúa ESB og hagsmunasamtaka sem tengjast sjávarútvegsmálum.

Birgir Ármannsson, formaður Vestnorræna ráðsins, setti ráðstefnuna og lagði áherslu á mikilvægi þess að á ráðstefnunni yrðu stigin fyrstu skrefin við að skilgreina þau sameiginlegu undirstöðuatriði sem vestnorrænu löndin eru sammála um varðandi sjávarútvegsmál og Evrópusambandið. Birgir ræddi einnig um mikilvægi þess að þjóðirnar geti rætt saman um umdeild efni, jafnvel þótt aðilar séu ekki alltaf sammála.

Ekkert vestnorrænu landanna er aðili að Evrópusambandinu og þau hafa enga sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu í sjávarútvegsmálum. Ákvarðanir Evrópusambandsins um sjávarútvegsmál hafa engu að síður víðfeðmar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Í ljósi þess var niðurstaða ársfundar Vestnorræna ráðsins árið 2004 að mikilvægt væri að Vestur-Norðurlönd reyndu í sameiningu að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru um fiskveiðar í Evrópusambandinu. Með því að standa saman og tala einni röddu auka löndin möguleika sína á að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins. Að öðrum kosti geta þau átt á hættu að áhrif þeirra á sjávarútvegsmál minnki í framtíðinni. Í lok ráðstefnunnar ríkti samstaða um að aukið vestnorrænt samstarf væri af hinu góða.

VII. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Dagana 22.–24. ágúst var ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Ísafirði. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu fundinn Birgir Ármannsson, formaður, Hjálmar Árnason, varaformaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kjartan Ólafsson og Magnús Þór Hafsteinsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Meðal efna á dagskrá fundarins voru vestnorrænt samstarf í sjávarútvegsmálum og Evrópusambandið, samgöngu- og ferðamannamál á Vestur-Norðurlöndum og samstarf á sviði orkumála, loftslags-, umhverfis- og heilbrigðismála.

Ársfundurinn hófst á því að Birgir Ármannsson, fráfarandi formaður ráðsins, flutti skýrslu sína um starfsemi ársins og bauð þátttakendur velkomna, með sérstöku þakklæti til gesta fundarins, þeirra Rannveigar Guðmundsdóttur, forseta Norðurlandaráðs, Valgerðar Sverrisdóttur, norræns samstarfsráðherra, og Lodve Solholm, forseta Lögþingsins. Að því loknu voru fluttar frásagnir framkvæmdastjóra og landsdeilda um störf Vestnorræna ráðsins síðasta árið.

Formaður Íslandsdeildar, Birgir Ármannsson, skýrði einnig frá störfum deildarinnar á árinu. Hann ræddi meðal annars um umfjöllun Íslandsdeildarinnar um ályktanir ráðsins og hvernig mætti auka yfirsýn og tryggja framkvæmd þeirra og afgreiðslu í þingum landanna. Birgir fjallaði einnig um þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um sjávarútvegsmál og Evrópusambandið og lagði áherslu á þau tækifæri sem samvinna vestnorrænu landanna á sviði sjávarútvegsmála getur veitt. Birgir þakkaði einnig fundargestum gott samstarf við skipulagningu ársfundarins.

Í kjöri til forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins var Henrik Old frá Færeyjum kosinn formaður, Jonathan Motzfeldt frá Grænlandi varaformaður og Birgir Ármannsson annar varaformaður. Ákveðið var að þemaráðstefna starfsársins 2006 yrði tileinkuð ferðamálum og haldin á Grænlandi. Ferðaþjónusta og samgöngumál eru mikilvæg á Vestur-Norðurlöndum og óskaði ráðið eftir því við ríkisstjórnir Íslands og Grænlands að þær styddu áfram flugsamgöngur milli Reykjavíkur og Narsarsuaq, en þriggja ára samningur um stuðning við þessar flugsamgöngur rann út í lok árs 2005. Niðurstaða virðist nú vera fengin í það mál og munu tvö flugfélög sjá um sumarflug milli Íslands og Grænlands.

Í ræðu sinni lagði Henrik Old áherslu á að ráðið væri mikilvægur samstarfsaðili í vestnorrænum málum, þar sem svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf verður sífellt mikilvægara. Það hefur bæði verðug verkefni og tækifæri í för með sér fyrir Vestur-Norðurlönd, enda oft erfitt fyrir smáþjóðir að láta rödd sína heyrast. Vestnorræna svæðasamstarfið getur því veitt löndunum tækifæri til að standa saman sem ein heild og aukið þar með möguleika þeirra á að hafa áhrif á alþjóðleg málefni. Henrik lagði enn fremur áherslu á mikilvægi þess að vestnorrænu þjóðirnar stæðu saman og töluðu einni röddu á þeim sviðum sem hagsmunir fara saman að því marki sem það er mögulegt.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum. Fyrst er að nefna ályktun um að styrkja námskeið fyrir vestnorræna rithöfunda. Einnig var samþykkt ályktun um að stuðla að því að Norður-Atlantshafssvæðið verði frumkvöðlasvæði á sviði náttúruverndar og notkunar á náttúruvænum orkugjöfum. Í þriðju ályktuninni var lagt til að samstarf á sviði talningar á hvölum í Norður-Atlantshafi yrði aukið. Ályktanir fundarins voru samþykktar einróma.

Aðalfundur ákvað einnig að varaformenn landsdeilda ráðsins yrðu jafnframt varamenn í forsætisnefnd þess.

VIII. Ályktanir Vestnorræna ráðsins á ársfundi á Ísafirði 22.–24. ágúst 2005.

- Tillaga til þingsályktunar um að styrkja námskeið fyrir vestnorræna rithöfunda.
- Tillaga til þingsályktunar um að stuðla að því að þjóðir við Norður-Atlantshaf verði frumkvöðlar á sviði náttúruverndar og notkunar á umhverfisvænum orkugjöfum.

– Tillaga til þingsályktunar um aukið samstarf á sviði talningar á hvölum í Norður-Atlantshafi.

Alþingi, 22. febr. 2006.

Halldór Blöndal, form.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Hjálmar Árnason, varaform.
Sigurjón Þórðarson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.

839. Svar [505. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Söndru Franks um Álftanesveg.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær er áformað að bjóða út gerð nýs vegar á Álftanesi syðra?*
2. *Hve mikið er áætlað að lagning hans kosti?*
3. *Hve mikið er lagt til hans í fjárlögum yfirstandandi árs?*
4. *Hvenær er áætlað að gerð hans verði lokið?*

Áformað er að bjóða út endurbyggingu Álftanesvegar frá Engidal að vegamótum Bessastaðavegar seint á þessu ári.

Áætlaður heildarkostnaður er 528 millj. kr. og er reiknað með að hann falli allur til á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu á þessu ári og áætlað er að verkinu verði að fullu lokið sumarið 2008.

840. Fyrirspurn [578. mál]

til menntamálaráðherra um Háskóla Íslands.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra vinna að því að Háskóli Íslands nái settu marki um að verða einn af 100 bestu háskólum í heimi?
2. Hefur verið gerð áætlun um slíkt, og ef svo er, hvernig er hún?
3. Fylgja þessu markmiði auknar fjárveitingar til skólans eða heimild til aukinnar gjaldtöku?

841. Fyrirspurn [759. mál]

til heilbrigðisráðherra um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu háir styrkir hafa verið veittir til verkefna er tengjast öldrunarmálum úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hverjir hafa hlotið þá, sbr. svar ráðherra í máli 367, þskj. 686, á yfirstandandi þingi, sundurliðað eftir árum, styrkþegum á hverju ári og upphæðum til hvers þeirra?
2. Hversu miklir fjármunir eru í sjóðnum nú?

Skriflegt svar óskast.

842. Fyrirspurn [580. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga um málefni aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Er fyrirhugað að endurskoða lög um málefni aldraðra?

843. Fyrirspurn [581. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldbindingar sveitarfélaga.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hverjar voru skuldbindingar átta stærstu sveitarfélaganna vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum, og hvernig hefur þróun slíkra skuldbindinga verið sl. fjögur ár?

Skriflegt svar óskast.

844. Fyrirspurn [582. mál]

til landbúnaðarráðherra um viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

Telur ráðherra að ástand sauðfjárveikivarnagirðinga sé viðunandi og að nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar til að viðhalda þeim? Ef ekki, til hvaða ráðstafana hefur ráðherra gripið eða hyggst grípa til að tryggja sauðfjárveikivarnir í landinu?

845. Fyrirspurn [583. mál]

til heilbrigðisráðherra um Reyksímann.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu lengi hefur verið boðið upp á þjónustu Reyksímans, hve lengi og hvenær er hann opinn daglega, hve margir starfsmenn sinna þjónustunni og í hverju er starfsemin fólgin?
2. Hve margir hafa nýtt sér þjónustuna og hversu oft er hringt að meðaltali í hverjum mánuði?
3. Hefur verið kannað hvaða árangri þjónustan hefur skilað?
4. Hversu miklu fé hefur verið varið til þjónustunnar árlega?

Skriflegt svar óskast.

846. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Norðdahl frá ASÍ, Atla Dagbjartsson yfirlækni á Barnaspítala Hringsins, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Ernu Guðmundsdóttur frá BSRB, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Þór G. Þórarinsson frá félagsmálaráðuneyti, Stefán Hreiðarsson forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og sérfræðing í fötlunum barna, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Karl Steinar Guðnason, Sigríði Lillý Baldursdóttur og Sverri Óskarsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Ingibjörgu Rafnar umboðsmann barna og Rögnu Marinósdóttur og Leif Bárðarson frá Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlegan

og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Þá geta foreldrar sem þurfa að gera hlé á námi átt rétt á greiðslum í slíkum tilvikum enda getur námsmaður átt á hættu að eiga ekki rétt á námsláni fullnægi hann ekki skilyrðum um eðlilega námsframvindu. Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2001 sem hafði það hlutverk að finna leiðir til að auka rétt foreldra á innlendum vinnumarkaði til greiðslna í fjarveru þeirra frá vinnu í þessum aðstæðum. Í tillögum nefndarinnar var lögð áhersla á að foreldrar langveikra barna hefðu tækifæri til að viðhalda tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir að þurfa að leggja niður störf í ákveðinn tíma. Nefndin miðaði við að bæði ríkið og sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga kæmu til móts við foreldra í þessum aðstæðum. Foreldri getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum og er þannig áhersla lögð á ákveðinn sveigjanleika en þetta fyrirkomulag samræmist þeirri stefnu að foreldrum verði gert kleift að halda tengslum við vinnumarkaðinn.

Verði frumvarp þetta að lögum er að mati nefndarinnar stigið skref í rétta átt að því markmiði að þétta net velferðarkerfisins. Markmið frumvarpsins kemur fram í 2. gr. þar sem segir orðrétt að markmiðið sé að „tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem koma upp þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun“. Þar sem atvinnuþátttaka er mikil á Íslandi, bæði hjá konum og körlum, verður að minnsta kosti annað foreldri oftast að hverfa af vinnumarkaði tímabundið þegar barn greinist með alvarlegan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Það verður að teljast eðlilegt að stjórnvöld komi til móts við foreldra í slíkum aðstæðum með tímabundinni fjárhagsaðstoð. Hugmyndafræði frumvarpsins er því sú að aðstoða foreldra í bráðaaðstæðum og er jafnframt lögð áhersla á það að foreldrar haldi tengslum við vinnumarkaðinn. Þannig er gert ráð fyrir því í 10. gr. frumvarpsins að foreldri geti átt rétt á greiðslum samhliða skertu starfshlutfalli. Þar sem um vinnumarkaðstengt úrræði er að ræða er gert ráð fyrir því að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna. Skv. 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. geta foreldrar átt rétt á 93.000 kr. á mánuði í þrjá mánuði þegar lögin verða komin til framkvæmda að fullu.

Í gildandi kerfi er um nokkur úrræði að ræða til að aðstoða foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Í fyrsta lagi má nefna umönnunargreiðslur sbr. 4. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Í öðru lagi er heimilt að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili, sbr. 2. mgr. i-liðar 1. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993. Í þriðja lagi er einstaklingi heimilt að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 65. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, þegar svo háttar til að á framfæri hans er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur. Í fjórða lagi má nefna vinnutengd réttindi en samkvæmt kjarasamningum, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði, eiga starfsmenn rétt á 7–10 dögum á ári vegna veikinda barna undir 13 ára aldri. Auk þess hafa sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaga komið til móts við foreldra í þeim tilfellum er þeir þurfa að hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda barna en það fer eftir reglum hvers sjóðs hvaða réttindi launamenn eiga úr slíkum sjóðum. Nokkuð mismunandi er hvernig reglur sjóðanna eru en fulltrúi Alþýðusambands Íslands upplýsti á fundum nefndarinnar að innan Alþýðusambandsins hafi verið samþykkt reglugerð er kveði á um lágmarksréttindi félagsmanna aðildarfélaga þess úr sjúkrasjóðum við þær aðstæður sem hér er um að ræða. Þannig er gert ráð fyrir að sjúkrasjóðir aðildarfélaga Alþýðusambandsins hafi sett sér reglur fyrir 1. júlí 2006 er kveði á um réttindi félagsmanna sinna um rétt til 80% af fyrri tekjum þeirra í þrjá mánuði í tilvikum er þeir þurfa að leggja niður störf vegna umönnunar barna sinna.

Lögin öðlast gildi 1. júlí 2006 og munu eiga við um börn sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Réttur til greiðslna tekur gildi í áföngum á þremur árum. Mun þannig sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna á árinu 2006 vera einn mánuður, allt að tveir mánuðir á árinu 2007 vegna barna sem greinast á því ári og er svo ráðgert að lögin komi að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast 1. janúar 2008 eða síðar. Nefndin leggur áherslu á þá hugmyndafræði frumvarpsins að koma til móts við foreldri sem er í bráðaaðstæðum, þ.e. þegar sú aðstaða kemur upp að það verður skyndilega að hætta í vinnu til að sinna alvarlega veiku eða fötluðu barni sínu.

Við mat á því hvort foreldrar geti átt rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu kemur ávallt til mat á heildaraðstæðum hverrar fjölskyldu fyrir sig. Framkvæmdaraðili metur meðal annars hversu mikið barnið er veikt, í hversu langan tíma það þarfnast umönnunar og litið verður til annarra úrræða í umönnun barnsins. Það eru því aðstæður hverju sinni sem ákvarða rétt til greiðslna enda leggjast sömu eða svipaðir sjúkdómar misjafnlega á hvern einstakling fyrir sig. Rétt þykir að árétta að í lögum nr. 27/2000 er kveðið á um að óheimilt sé að segja starfsmanni upp störfum vegna fjölskylduábyrgðar hans gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og þarfnast umönnunar hans eða forsjár.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi breytingum:

1. Lagt er til að í stað „6. mgr. 12. gr.“ í 3. mgr. 6. gr. komi: 5. mgr. 12. gr.
2. Lagt er til að foreldri skuli nýta réttindi úr sjúkra- eða styrktarsjóði áður en það fær greiðslur samkvæmt þessu frumvarpi. Með þessu skilyrði, að foreldrar leiti fyrst til sjúkra- eða styrktarsjóða stéttarfélaga sinna, er undirstrikað mikilvægi þess að foreldrar haldi tengslum við vinnumarkaðinn eins lengi og unnt er til að auðvelda þeim að snúa til baka á vinnumarkaðinn þegar aðstæður leyfa. Þegar þeim rétti lýkur áður en að aðstæður barnanna verða með þeim hætti að foreldrar geti hafið störf á ný er miðað við að greiðslur sem hér er mælt með að verði samþykktar taki við.

Alþingi, 27. febr. 2006.

Siv Friðleifsdóttir, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Guðlaugur Þór Þórðarson.
Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

847. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, GHj, GÞÞ, PHB, BJJ, VF).

1. Í stað „6. mgr. 12. gr.“ í síðari málslið 3. mgr. 6. gr. komi: 5. mgr. 12. gr.
2. Við 9. gr.
   a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess hafa fallið niður, sbr. einnig

2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns.

b. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín þar.

848. Skýrsla [584. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2005.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 143 þing en aukaaðilar að sambandinu eru sjö svæðisbundin þingmannasamtök. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. IPU hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og rétt til að dreifa skjölum sambandsins á allsherjarþinginu.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing IPU taka pólitískar ákvarðanir og álykta um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Sautján manna framkvæmdastjórn hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd: friðar- og öryggismálanefnd;
2. nefnd: nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál;
3. nefnd: nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Til viðbótar eru starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhópur um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU og vinnuhópur um samstarf kynjanna.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins og eitt minna þing að hausti sem er haldið í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeild var í upphafi árs skipuð Einari K. Guðfinnssyni, formanni, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristjáni L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, og Hjálmari Árnasyni, vara-

formanni, þingflokki framsóknarmanna. Varamenn voru Bjarni Benediktsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Jóhann Ársælsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna. Ný Íslandsdeildin var kjörin í upphafi 132. þings, 1. október sl. Breytingar voru þær að Ásta Möller var kjörin fulltrúi þingflokks sjálfstæðismanna í stað Einars K. Guðfinnssonar og Jóhanna Sigurðardóttir varamaður í stað Jóhanns Ársælssonar. Ásta Möller var svo kjörin formaður Íslandsdeildar og Hjálmar Árnason endurkjörinn varaformaður 5. október. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu.

3. Störf og ályktanir 112. þings IPU.

112. þing IPU var haldið í Manila 3.–8. apríl 2005. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson, formaður Íslandsdeildar, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar. Fulltrúar 116 þjóðþinga tóku þátt í þinghaldinu. Auk þess sóttu þingið fulltrúar svæðisþinga sem eiga aukaaðild að IPU og fjölmargir áheyrnarfulltrúar frá stofnunum og samtökum. 27% þingfulltrúa voru konur.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: F.M. Drilon, forseti efri deildar filippseyska þingsins, J. de Venecia jr., forseti neðri deildar filippseyska þingsins, R. Orr, einn af aðstoðaraðalriturum Sameinuðu þjóðanna, S. Páez, forseti IPU, og Gloria Macapagal-Arroyo, forseti Filippseyja.

Að venju fóru fram almennar umræður á þinginu. Undir þessum lið fluttu nokkrir gestir ávörp. C. Bellamy, framkvæmdastjóri UNICEF, flutti ávarp og lagði áherslu á hlutverk þingmanna þegar kemur að því að vernda börn. Framkvæmdastjórinn fagnaði góðu samstarfi við IPU, sérstaklega útgáfu handbókar fyrir þingmenn um að sporna gegn verslun með börn og ræddi um mikilvægi lagasetningar og umræðu um málið. R. Orr, fulltrúi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, óskaði í ávarpi sínu eftir stuðningi þingmanna við breytingar á starfsemi samtakanna. Hann lagði áherslu á samstarf Sameinuðu þjóðanna og IPU við uppbyggingu lýðræðis. Utanríkisráðherra Filippseyja, A.G. Romulo, ávarpaði jafnframt þingið og ræddi m.a. nauðsynlegar breytingar á starfi Sameinuðu þjóðanna. Hann sagði Filippseyjar styðja tillögur aðalritarans um breytingar á mannréttindanefnd stofnunarinnar. Hann hvatti jafnframt IPU til að styðja aukið viðskiptafrelsi.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrirframákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Hér er aðeins sagt lítillega frá samþykktum ályktunum, en nálgast má heildartextann á alþjóðasviði og á heimasíðu IPU. Í 1. nefnd um frið og alþjóðleg öryggismál var rætt um hlutverk þjóðþinga til að tryggja að forsendur séu til að dæma í málum er tengjast stríðsglæpum, glæpum gegn mannkyninu, þjóðarmorði og hryðjuverkum. Hjálmar Árnason tók þátt í starfi nefndarinnar. Í lokaályktun eru allir stríðsglæpir, glæpir gegn mannkyninu, þjóðarmorð og hryðjuverk fordæmd. Þjóðþing eru m.a. hvött, á grundvelli alþjóðalaga, til að taka á slíkum glæpum í landslögum.

Einar K. Guðfinnsson var formaður 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál og stjórnaði hann öllum fundum nefndarinnar á þinginu, auk þess sem hann setti í gang starf vinnuhóps sem vann að lokaályktun nefndarinnar. Nefndin fjallaði um hlutverk þjóðþinga við að finna nýstárlegar lausnir á sviði alþjóðlegrar fjármögnunar og viðskipta til að taka á skuldavandamálum og ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í lokaályktun eru þjóðþing iðnríkja hvött til að fara fram á það við ríkisstjórnir sínar að þær standi við þau markmið að leggja 0,7% af vergri landsframleiðslu til þróunarmála. Farið er m.a. fram á að ríkisstjórnir veiti þjóðþingum fullnægjandi upplýsingar um gang viðræðna um alþjóðlega

samninga og lagt til að þingmenn séu ávallt með í sendinefndum ríkisstjórna á ráðherrafundi WTO.

Í 3. nefnd um lýðræði og mannréttindi var fjallað um hlutverk þjóðþinga til að tryggja að mannréttindi séu virt í því starfi sem lýtur að því að koma í veg fyrir útbreiðslu alnæmis og því er tengist meðferð sjúkdómsins. Kristján L. Möller tók þátt í störfum nefndarinnar. Í lokaályktun eru þing og ríkisstjórnir m.a. hvött til að tryggja að stefnumið á sviði alnæmis tryggi virðingu fyrir mannréttindum, sérstaklega rétt til menntunar, vinnu, friðhelgi einkalífsins og rétt til meðferðar og félagslegrar aðstoðar. Þau eru jafnframt hvött til að sjá til þess að kynlífsfræðsla sé veitt, að fólk hafi aðgang að smokkum, hreinum nálum, ókeypis alnæmisprófum og lyfjum.

Samþykkt var neyðarályktun um náttúruhamfarir: hlutverk þjóðþinga hvað varðar varnir, enduruppbyggingu og verndun áhættuhópa.

Tvennar pallborðsumræður fóru fram á þinginu. Annars vegar var fjallað um fólksflutninga og þróunarmál og stýrði Einar K. Guðfinnsson unmræðum. J. Karlsson, formaður Alþjóðanefndar um fólksflutninga og fyrrverandi þróunarmálaráðherra Svíþjóðar, og T. Achacoso, fyrrverandi yfirmaður stofnunar sem fæst við málefni Filippseyinga sem starfa erlendis, tóku þátt í umræðunum. Karlsson sagði frá skýrslu sem nefndin ætlaði að leggja fljótlega fyrir aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Achacoso sagði m.a. frá því að margir filippseyskir læknar væru í endurþjálfun svo þeir gætu farið til útlanda að vinna sem hjúkrunarfræðingar. Hinar pallborðsumræðurnar fjölluðu um ofbeldi gegn konum og börnum á stríðshrjáðum svæðum. Framsögur höfðu þingmenn frá Rúanda, Sri Lanka og Svíþjóð, fulltrúi Amnesty International og sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna á sviði barnahernaðar.

4. Störf og ályktanir 113. þings IPU.

113. þing IPU var haldið í Genf 16.–19. október 2005. Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason og Belinda Theriault, ritari Íslandsdeildar. Auk þeirra málefna sem tekin voru fyrir í nefndum voru helstu mál þingsins kjör nýs forseta og umfjöllun um breytingar á starfi IPU (IPU reforms).

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrirframákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Hjálmar Árnason tók þátt í störfum 1. nefndar um frið og alþjóðleg öryggismál, en þar var rætt um hlutverk þinga og fjölmiðla þegar kemur að því að veita almenningi upplýsingar um vopnuð átök og aðgerðir gegn hryðjuverkum. Í lokaályktun eru þjóðþing m.a. hvött til að setja lög til að koma í veg fyrir að efni frá fjölmiðlum og auglýsingar hvetji til kynþáttahaturs eða mannréttindabrota og að tryggja að ríkisstórnir uppfylli þær skyldur sínar að veita óvilhallar og réttar upplýsingar um atvik sem tengjast hryðjuverkum og vopnuðum átökum.

Ásta Möller tók þátt í störfum 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál. Nefndin fjallaði um fólksflutninga og þróunarmál. Ásta gerði mansal að umtalsefni og lagði áherslu á að ekki mætti líta á fórnarlömb mansals sem ólöglega innflytjendur heldur fórnarlömb. Í lokaályktun eru ríkisstjórnir m.a. hvattar til að leggja meiri áherslu á að uppfylla þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og undirbúa og framkvæma áætlanir til að draga úr fordómum og ofbeldi gegn innflytjendum.

Jóhanna Sigurðardóttir tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræði og mannréttindi. Þar var fjallað um hlutverk borgaranna þegar kemur að þróun lýðræðis. Jóhanna fjallaði um mikilvægi frjálsra félagasamtaka í jafnréttisbaráttunni og tók nokkur dæmi máli sínu til stuðnings.

Í lokaályktun eru stjórnvöld m.a. hvött til að endurskoða löggjöf eftir þörfum til að auðvelda starfsemi frjálsra félagasamtaka og auka samskipti sín við slík samtök.

Neyðarályktun um náttúruhamfarir var samþykkt á þinginu. Í ályktuninni eru stjórnvöld hvött til að viðurkenna tenginguna á milli loftslagsbreytinga og umhverfismála. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þjóðþinga þegar kemur að því að ákveða framlög til aðstoðar á hamfarasvæðum.

5. Svæðisbundið samstarf innan IPU.

5.1. Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings eða ráðsfundar hittist svokallaður tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing eða sérstakur ráðsfundur stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Kosningar til forseta IPU voru fyrirhugaðar haustið 2005 og var framboð til forseta IPU fyrirferðarmesta málið á dagskrá tólfplús-hópsins á vorþinginu. Tveir þingmenn úr hópnum höfðu lýst yfir áhuga á embættinu en enginn frá öðrum svæðishópum. Þegar tólfplús-hópurinn hefur sóst eftir forsetaembættinu og fleiri en einn þingmaður er í kjöri er venja að lýst sé yfir framboði innan hópsins, sem tekur síðan lýðræðislega ákvörðun um hver verði frambjóðandi hans til forsetakjörs. Var tekin ákvörðun um það á síðasta þingi að þessi framgangsmáti yrði viðhafður nú. Því var gert ráð fyrir að frambjóðendurnir tveir, Belginn Versnick sem var á þeim tíma formaður tólfplús-hópsins og ítalski þingforsetinn Casini, mundu kynna framboð sitt innan hópsins sem tæki síðan ákvörðun í Manila um hvor þeirra byði sig fram til forseta. Í ljós kom að Casini átti ekki heimangengt vegna fráfalls páfa. Ítalska sendinefndin var á móti því að tólfplús-hópurinn greiddi atkvæði um það hvor þeirra yrði frambjóðandi hópsins og sagði að Casini héldi framboðinu til streitu hvað sem ákveðið yrði í hópnum, enda liti hann ekki á sig sem frambjóðanda hópsins heldur allra innan IPU. Einar K. Guðfinnsson var einn margra sem talaði fyrir því að kosið yrði á milli frambjóðendanna án frekari kynningar, enda hefði Casini þegar efnt til mikillar kynningaherferðar meðal sendinefnda tólfplús-hópsins. Of seint yrði að gera upp á milli frambjóðenda í haust, enda biðu aðrir svæðishópar eftir því að fá að vita hver væri frambjóðandi tólfplús-hópsins. Hann og fleiri lýstu vonbrigðum með að Casini vildi ekki hlíta lýðræðislegri ákvörðun hópsins. Að lokum fór fram kosning um frambjóðanda hópsins til forseta IPU, en aðeins Belginn var í kjöri, þar sem Ítalinn neitaði að vera í framboði á vegum hópsins. Hlaut Versnick góða kosningu og var opinber frambjóðandi tólfplús-hópsins til forseta IPU, en ljóst að Casini héldi sínu framboði jafnframt til streitu.

Á fundum tólfplús-hópsins í tengslum við 113. þing IPU var mikið rætt um hvernig hefði til tekist með breytingar á starfsháttum IPU. Almennt má segja að menn hafi talið breytingar hafa verið til batnaðar, þó að frekari breytinga væri þörf. Mikilvægt væri að hafa fasta fulltrúa í IPU til að byggja upp þekkingu á starfi samtakanna, en sum þing hafa ekki fasta sendinefnd heldur senda nýja fulltrúa á hvert þing. Þingfulltrúar voru almennt sammála um að nauðsynlegt væri að hafa áfram tvö þing á ári og töldu jafnframt að þingmenn ættu að koma meira að þeim verkefnum sem IPU vinnur á milli þinga. Fram kom að vinnuhópur innan tólfplús-hópsins mundi halda áfram störfum til næsta þings, en jafnframt var gert ráð fyrir að nýr forseti IPU setti á stofn lítinn vinnuhóp til að fjalla um breytingarnar fram að næsta þingi (vor 2006). Töluvert var rætt um stöðu skrifstofu IPU og nauðsyn þess að hún

þjónaði þingmönnum betur. Þar væri vissulega mjög hæft starfsfólk, en það virtist sem framkvæmdastjórinn vildi stundum taka sér of mikil völd á kostnað pólitískrar stjórnar IPU. Ásta Möller tók í framhaldi af þessum umræðum málið upp á ráðsfundi og setti fram málefnalega gagnrýni á framkvæmdastjórann. Hjálmar Árnason fylgdi málinu eftir á næsta tólfplús-fundi, en í framhaldi af því fékk málflutningur Ástu almennan stuðning í hópnum og tóku fulltrúar margra ríkja til máls og þökkuðu Ástu fyrir skelegga framgöngu. Ásta Möller var síðan valin fyrir hönd tólfplús-hópsins til að vera skýrsluhöfundur á næsta ári um samstarf þjóðþinga og Sameinuðu þjóðanna til að stuðla að heimsfriði, sérstaklega með tilliti til baráttunnar gegn hryðjuverkum.

5.2. Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Danir í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn 28. febrúar til 1. mars og sá síðari á Fjóni i 15.–16. september 2005. Varaformaður og ritari Íslandsdeildar sóttu fyrri fund ársins en ritari þann síðari.

6. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU Council).

6.1. Ráðsfundir í tengslum við 112. þing.

Ráð IPU kom tvívegis saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þess má geta að Georgía fékk á ný aðild að IPU. Ráðið samþykkti að taka fyrir á næsta fundi sínum tillögu að lagabreytingu þess eðlis að heimilt verði í sérstökum tilfellum að fella niður langvarandi skuldir við IPU sem ríki erfa frá fyrrverandi stjórnvöldum.

Rætt var um aðgerðir til að styrkja lýðræði og þjóðþing, en á vegum IPU er veitt tæknileg aðstoð og ráðgjöf til nýrra þinga og í löndum þar sem lýðræðisþróun er komin skammt á veg. Oftast eru verkefni unnin í samstarfi við þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Aðstoð er nú veitt í eftirfarandi ríkjum: Albaníu, Gíneu, Nígeríu, Pakistan, Srí Lanka, Austur-Tímor, Úrúgvæ og Kósóvó. Verið er að setja af stað verkefni til að aðstoða framtíðarþjóðþing Afganistans og núverandi bráðabirgðaþing Íraks.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Indónesía, Malasía, Mongólía, Burma, Pakistan, Palestína, Rúanda, Sýrland, Tyrkland og Simbabve.

Rætt var almennt um starfsemi IPU og þær breytingar sem gerðar voru á sínum tíma á þinghaldinu. Kynnt var nýstofnuð upplýsingamiðstöð IPU sem á að styrkja IPU sem miðstöð fyrir upplýsingar um þing og lýðræði, varðveita og þróa þekkingu innan IPU, gera IPU-skrifstofunni betur kleift að sinna verkefnum sínum og styrkja upplýsinganet um lýðræði og þing. Ráðgjafarfyrirtækið Saatchi & Saatchi hafði verið fengið til að skrifa skýrslu um ásýnd IPU út á við og var hún lögð fram. Hún var rædd í tólfplús-hópnum og jafnframt lítillega í ráðinu. Verður áfram unnið með þetta mál. Einar K. Guðfinnsson lagði áherslu á að skoða yrði annars vegar hvernig IPU kemur upplýsingum á framfæri við þingmenn aðra en þá sem eiga sæti í landsdeildum og hvernig hægt er að auka sýnileika IPU út á við hins vegar.

6.2. Ráðsfundir í tengslum við 113. þing.

Ráð IPU kom tvívegis saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Maldíveyjar fengu inngöngu í IPU og Dóminíska lýðveldið og Madagaskar fengu endurinngöngu. Máritaníu var

vikið tímabundið úr IPU þar sem ekkert þing er þar starfandi eftir stjórnarbyltingu hersins í ágúst 2005.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Indónesía, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína, Rúanda, Singapúr, Srí Lanka, Sýrland, Tyrkland og Simbabve.

Nýr forseti IPU var kjörinn í Genf. Tveir voru í framboði, Geert Versnick frá Belgíu og Pier Ferdinando Casini, forseti ítalska þingsins. Casini vann með 230 atkvæðum gegn 107, en þrír atkvæðaseðlar voru auðir eða ógildir.

7. Aðrir fundir.

Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, starfandi ritari Íslandsdeildar IPU, sóttu þingmannafund IPU um málefni WTO sem haldinn var í tengslum við ráðherrafund WTO í Hong Kong. Þingmennirnir voru jafnframt hluti af opinberri sendinefnd Íslands á ráðherrafundinn og gafst þingmönnunum þannig tækifæri til að fylgjast með störfum framkvæmdarvaldsins í þeim mikilvægu hagsmunamálum sem til umfjöllunar voru og koma áherslum sínum á framfæri. Á þingmannafundi IPU gafst tækifæri til skoðanaskipta við ýmsa ráðherra og háttsetta embættismenn, en jafnframt voru teknar til umræðu skýrslur þingmanna um margvísleg viðfangsefni ráðherrafundarins. Um 400 þingmenn frá 69 ríkjum tóku þátt í fundinum. Ályktun var samþykkt í lok fundar þar sem þingmenn hvöttu stjórnvöld aðildarríkja WTO að ljúka Dóha-viðræðunum fyrir lok 2006. Þingmenn lýstu m.a. áhyggjum yfir litlum framförum í viðræðunum á öllum sviðum þeirra. Farið var fram á að útflutningsstyrkir á sviði viðskipta með landbúnaðarvörur yrðu með öllu aflagðir fyrir lok 2006, minnt var á að skoða þyrfti viðskipti með landbúnaðarvörur með tilliti til margra hagsmunaþátta, svo sem fæðuöryggis, byggðarsjónarmiða, o.s.frv., en bent var jafnframt á að sanngjörn niðurstaða á þessu sviði sem kæmi til móts við kröfur fátækra ríkja væri forsenda þess að jákvæð niðurstaða fengist út úr samningaviðræðunum almennt. Aðildarríki WTO voru hvött til að leggja harðar að sér til að ná framförum á sviði þjónustuviðskipta, en bent var á að fara þyrfti varlega þegar um almannaþjónustu væri að ræða.

8. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2004.

8.1. Ályktanir 112. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Hlutverk þjóðþinga til að tryggja að forsendur séu til staðar til að dæma í málum er tengjast stríðsglæpum, glæpum gegn mannkyninu, þjóðarmorði og hryðjuverkum.
2. Hlutverk þjóðþinga við að finna nýstárlegar lausnir á sviði alþjóðlegrar fjármögnunar og viðskipta til að taka á skuldavandamálum og ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
3. Hlutverk þjóðþinga til að tryggja að mannréttindi séu virt í því starfi sem lýtur að því að koma í veg fyrir útbreiðslu alnæmis og því er tengist meðferð sjúkdómsins.
4. Neyðarályktun um náttúruhamfarir: hlutverk þjóðþinga hvað varðar varnir, enduruppbyggingu og verndun áhættuhópa.

8.2. Ályktanir 113. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Hlutverk þinga og fjölmiðla þegar kemur að því að veita almenningi upplýsingar um vopnuð átök og aðgerðir gegn hryðjuverkum.
2. Fólksflutninga og þróunarmál.

3. Hlutverk borgaranna þegar kemur að þróun lýðræðis.
4. Neyðarályktun um náttúruhamfarir.

Til viðbótar voru samþykktar ályktanir á ýmsum sérráðstefnum og fundum IPU. Alþingi átti einungis fulltrúa á einum slíkum fundi, þ.e. þingmannafundi í tengslum við ráðherrafund WTO, sbr. 7 kafla.

Alþingi, 22. febr. 2006.

Ásta Möller, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Kristján L. Möller.

849. Lög [375. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars)

Samhljóða þskj. 431.

850. Lög [378. mál]

um breytingu á lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, nr. 7/1975, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars)

Samhljóða þskj. 434.

851. Lög [380. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars)

Samhljóða þskj. 436.

852. Lög [412. mál]

um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars)

Samhljóða þskj. 828.

853. Breytingartillögur [389. mál]

við frv. til l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Valdimar L. Friðrikssyni.

1. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:
   Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta samkvæmt lögum þessum.
2. Í stað orðsins „framkvæmdaraðili“ hvarvetna í 6.–12. gr. komi (í viðeigandi beygingarfalli): Tryggingastofnun.
3. Við 8. gr.
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Með samfelldu starfi teljast einnig þau tilvik er foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, sjúkradagpeninga eða endurhæfingarlífeyri.
   b. Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem lög þessi veita réttindi til og foreldri kemst sannanlega ekki út á vinnumarkað af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skal og sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð.
4. 1. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Greiðsla til foreldris, sbr. 8. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum áður en greiðslur hefjast. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Foreldri utan vinnumarkaðar á rétt á greiðslu að fjárhæð 42.000 kr.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað „6%“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 7%.
   b. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: og greiðir ríkissjóður þá lögbundið framlag á móti.
6. Við 3. mgr. 12. gr. bætast þrír nýir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þarfnist barn áframhaldandi umönnunar foreldris og önnur úrræði eru ekki í boði að þeim níu mánuðum liðnum sem lög þessi veita réttindi til og foreldri getur ekki stundað nám sitt af þeim sökum er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra. Foreldri skal og sanna tekjuleysi sitt með skattframtali. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð.
7. Í stað 2.–4. mgr. 19. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur foreldri sem á barn með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun sem greinst hefur fyrir 1. janúar 2006 átt rétt á greiðslum sam-

kvæmt lögum þessum. Skilyrðin eru þau að foreldri hafi sannanlega ekki komist út á vinnumarkað sökum verulegrar umönnunar vegna veikinda barnsins og skal foreldri sanna tekjuleysi sitt með skattframtali.

854. Svar [490. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um stöðu bankanna.

Ráðuneytið óskaði eftir því að Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið tækju saman svör við fyrirspurninni enda var í fyrirspurninni óskað álits þessara stofnana. Í samræmi við þetta byggjast svör ráðuneytisins alfarið á upplýsingum sem bárust frá þeim.

1. *Hvert er álit Fjármálaeftirlitsins á mati greiningarfyrirtækjanna Barclays Capital og Credit Sights að staða viðskiptabankanna þriggja sé veikari en ársskýrslur þeirra gefa til kynna og að hraður vöxtur þeirra geti valdið þeim vandræðum í framtíðinni?*

Í svari Fjármálaeftirlitsins kemur fram að eftirlitið sé ekki sammála þeirri heildarmynd sem dregin er upp af stöðu bankanna í matsskýrslum umræddra greiningarfyrirtækja. Fyrir liggja nýleg álit alþjóðlegu matsfyrirtækjanna Moody's og Fitch um bankana þrjá, sem eru byggð á mun ítarlegri upplýsingum um starfsemi þeirra en telja verður að fyrrgreind greiningarfyrirtæki byggi mat sitt á. Enn fremur liggur fyrir nýleg skýrsla Moody´s um íslenska bankakerfið (Banking System Outlook, December 2005), sem að mati Fjármálaeftirlitsins gefur betri mynd af stöðu bankanna.

Þá kemur fram í svari Fjármálaeftirlitsins að hröðum vexti bankanna fylgi ýmiss konar áhætta en að vöxturinn hafi jafnframt falið í sér ákveðna áhættudreifingu. Ein af forsendunum fyrir þessum vexti er að til staðar sé fullnægjandi áhættustýring hjá hverjum banka fyrir sig. Að mati Fjármálaeftirlitsins liggur ekki annað fyrir en að sá starfsþáttur bankanna sé með viðunandi hætti.

2. *Er ástæða til að ætla að fámennur hópur tengdra aðila hafi haft áhrif til hækkunar á hlutabréfaverði umfram það sem eðlilegt getur talist og að bankarnir séu þar í lykilhlutverki? Hvaða áhrif getur það haft á fjármálastöðugleikann að útlánaþensla fjármálafyrirtækja sé að mestu fjármögnuð erlendis?*

Varðandi fyrri hluta þessa töluliðar fyrirspurnarinnar kemur fram í svari Fjármálaeftirlitsins að því sé ekki kunnugt um að þau atvik hafi átt sér stað sem lýst er í fyrirspurninni. Væru vísbendingar um slíkt kynni það að varða við 55. gr. verðbréfaviðskiptalaga um markaðsmisnotkun.

Varðandi seinni hluta þessa töluliðar vísar Fjármálaeftirlitið til árlegrar skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika, sem gefin var út 26. apríl 2005, en þar er sérstakur kafli um fjármálafyrirtækin. Í þeim kafla er m.a. ítarlega fjallað um útlánaþenslu og gengisbundna fjármögnun bankanna og áhættur í því sambandi. Þá er í skýrslu Seðlabankans sérstakur kafli um þjóðhagslegt umhverfi og fjármálamarkaði þar sem fjallað er um þjóðhagsleg skilyrði fjármálastöðugleika. Í inngangskafla skýrslu Seðlabankans eru niðurstaða greiningar bankans dregin saman með eftirfarandi hætti: „Niðurstaða greiningar Seðlabankans er sú að þrátt fyrir að íslenska fjármálakerfið sé á mikilli siglingu og verði að glíma við ójafnvægi í þjóðarbúskap næstu árin sé það í meginatriðum traust. Það er traust í þeim skilningi að geta

staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.“ Samkvæmt svari Fjármálaeftirlitsins telur það að sú mynd sem dregin er upp í tilvitnaðri skýrslu Seðlabankans hafi ekki breyst í neinum verulegum atriðum. Von er á næstu skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika í apríl/maí nk.

3. *Er það rétt að bæði Moody's og Fitch reikni inn í lánshæfismat bankanna vilja íslenskra stjórnvalda til að koma þeim til bjargar ef í nauðir rekur?*

Í skýrslu Moody´s um íslenska bankakerfið frá desember 2005, bls. 2, kemur fram eftirfarandi, í lauslegri þýðingu: „Verulegar líkur á stuðningi ríkissjóðs í tilviki kerfisáfalls.“ (Strong likelihood of state support in the event of systemic shock.) Hvað varðar fyrirliggjandi lánshæfismat frá Fitch fyrir sérhvern íslensku bankana þrjá þá felur það m.a. í sér eftirfarandi, í lauslegri þýðingu: „Banki þar sem miklar líkur eru á ytri stuðningi. Mögulegur stuðningsaðili er hátt metinn sem slíkur og hefur tilhneigingu til að veita viðkomandi banka stuðning.“ (A bank for which there is a high probability of external support. The potential provider of support is highly rated in its own right and has a high propensity to provide support to the bank in question.) Sbr. skilgreiningu á heimasíðu Fitch á einkunnagjöf fyrir stuðningseinkunnina 2 (support rating 2).

4. *Hvert er mat Fjármálaeftirlitsins á þeirri aðvörun greiningarfyrirtækisins Credit Sights að ekki sé hægt að reiða sig um of á getu íslenska ríkisins til að bjarga bönkunum ef í harðbakka slær?*

Í svari Fjármálaeftirlitsins kemur fram að það telji sig ekki vera rétta aðilann til að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

5. *Hvert er mat samkeppnisyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins á því sem fram hefur komið nýlega í skýrslu greiningarfyrirtækisins Barclays Capital að í íslenska bankakerfinu séu óvenjulega náin og óheilbrigð eignatengsl og að slík eignatengsl og óbeinar fjárfestingar í eigin fyrirtækjum geti haft óæskileg áhrif á hagkerfið í heild sinni? Er ástæða til að bregðast við þeirri þróun?*

Í svari Fjármálaeftirlitsins kemur fram að eftirlitið sé ekki sammála þeirri mynd af eignatengslum í íslenska bankakerfinu sem dregin er upp í tilvitnaðri fullyrðingu. Þar sem um er að ræða eignatengsl í íslenska bankakerfinu sem skipta máli við mat á fjárhagsstöðu bankanna er tekið á því í reglum sem gilda um eiginfjárkröfur bankanna. Reglurnar eiga að fyrirbyggja svonefnd dóminóáhrif á eigin fé bankanna, sbr. 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í svari Samkeppniseftirlitsins kemur fram að það telur sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til þess hvort eignatengsl í íslenska bankakerfinu séu óvenjulega náin eða óheilbrigð í samanburði við eignatengsl sambærilegra fyrirtækja í öðrum löndum, en orðalag spurningarinnar vísar til slíks samanburðar. Í svarinu kemur fram að Samkeppniseftirlitið telji hins vegar að ástæða sé til þess að fylgjast vel með þróun eignatengsla í íslenskum bönkum og raunar einnig fyrirtækjum á öðrum sviðum atvinnulífsins. Þetta sé mikilvægt, m.a. í því skyni að meta hvort myndast kunni eignatengsl sem feli í sér yfirráð í skilningi samkeppnislaga eða sem geti raskað samkeppni milli keppinauta. Enn fremur kemur fram í svari Samkeppniseftirlitsins að það muni leitast við að leggja mat á þetta í tengslum við framkvæmd samkeppnislaga.

6. *Eru einhver þau einkenni á fjármálamarkaðnum nú og í næstu framtíð að ástæða sé til að upp geti komið alvarleg skakkaföll í fjármálakerfinu og hvernig er staða innstæðueigenda tryggð við þær aðstæður? Er ástæða til að bregðast við til að tryggja betur hag innstæðueigenda og þá hvernig?*

Í svari Fjármálaeftirlitsins við þeim hluta þessa töluliðar sem fjallar um einkenni á fjármálamarkaðinum og hugsanleg skakkaföll í fjármálakerfinu vísast til skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika frá apríl 2005. Að mati Fjármálaeftirlitsins hefur sú mynd sem þar er dregin upp af fjármálakerfinu og fjármálastöðugleika ekki breyst í neinum verulegum atriðum, sbr. enn fremur svar hér að framan við 2. tölulið fyrirspurnarinnar.

Hvað varðar tryggingarvernd innstæðueigenda, vekur Fjármálaeftirlitið athygli ráðuneytisins á að sambærilegum spurningum var svarað af hálfu ráðuneytisins í á þskj. 780, 421. mál 131. löggjafarþings, sjá svör við 1. og 3. tölulið í því þingskjali.

Þá vill ráðuneytið að lokum nota þetta tækifæri og geta þess að um tveggja ára skeið hefur átt sér stað óformlegt samráð forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um viðbúnað við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfinu. Þessir aðilar hafa nýlega ákveðið að formbinda þetta samráð með samkomulagi. Með því verður leitast við að skerpa hlutverkaskiptingu, hindra tvíverknað og auka gagnsæi. Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð hvers um sig.

855. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Ingva Má Pálsson og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Þorgeir Eyjólfsson frá Lífeyrissjóði verslunarmanna, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Friðbert Traustason frá Lífeyrissjóði bankamanna, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna og Bjarna Þórðarson frá Íslenskri endurtryggingu hf.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða verði hækkað til samræmis við það sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði, eða úr 10% í 12% í tveimur áföngum á næstu tveimur árum. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem snúa að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða um 2% verði frestað. Fram kom við umfjöllun málsins að enn ætti eftir að ganga frá kjarasamningum við nokkra hópa. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 kemur fram að lífeyrissjóður skuli tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir. Að teknu tilliti til þessa telur nefndin að ekki sé nauðsynlegt að gera umrædda breytingu að svo stöddu en leggur áherslu á að það verði skoðað á næsta þingi.

Í öðru lagi er lögð til lagfæring á frumvarpinu til samræmis við markmið þess, að því er varðar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í hlutabréfum, sbr. b-, c- og d-lið 2. tölul. í breytingartillögunum. Samkvæmt frumvarpinu var ekki ætlunin að auka heimildir lífeyrissjóða með þeim hætti að eign þeirra í skuldabréfum, víxlum, hlutdeildarskírteinum eða öðrum verðbréfum, sbr. 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, gæti orðið allt að 60% af hreinni eign sjóðsins. Einungis var ætlunin að gefa lífeyrissjóðum kost á því að eign þeirra í hlutabréfum fyrirtækja, skv. 6. tölul. 1. mgr. 36. gr., gæti orðið allt að 60% af hreinni eign sjóðsins. Bent var á að c-liður 2. tölul. í breytingartillögunum væri óþarfur þar sem heimildin mundi felast í orðalagi 2. málsl. eins og lagt er til að hann orðist, sbr. d-lið í breytingartillögunum. Engu að síður var talið skynsamlegt að taka þetta fram með beinum hætti til áréttingar.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á c-lið 2. gr. frumvarpsins en hann kveður á um að heimilt verði að meta hreina eign lífeyrissjóða við endurskoðað uppgjör innan ársins í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör. Fram komu athugasemdir um að of strangt væri að uppgjör þyrfti að endurskoða innan ársins. Getur nefndin tekið undir það, og með vísun til þess sem fram kemur í athugasemdum við fyrrnefndan c-lið er lagt til að könnun endurskoðanda á uppgjöri lífeyrissjóða innan ársins sé nægileg, m.ö.o. að eiginleg endurskoðun sé ekki skilyrði hvað þetta varðar. Þess ber að geta að samkvæmt reglum Kauphallar Íslands er nægjanlegt að árshlutauppgjör séu könnuð af endurskoðendum og könnunaráritun fylgi.

Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það með beinum hætti að lífeyrissjóði sé heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá. Skilyrði er að slík innheimta hafi ekki í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn. Innheimta þessi hefur verið framkvæmd í áratugi og helgast fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum, enda eru þessi gjöld innheimt samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum og reiknast þau almennt af sama stofni og iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Þess ber að geta að við setningu laga nr. 129/1997 var hvergi tiltekið að frá framkvæmdinni ætti að víkja. Nú hefur hins vegar komið í ljós að hún kunni að brjóta í bága við ákvæði 20. gr. laga nr. 129/1997 og telur nefndin því rétt að kveðið sé á um þetta með skýrum hætti í lögunum. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom einnig fram það sjónarmið að lífeyrissjóði og aðilum tengdum honum væri í lófa lagið að stofna sérstakt hlutafélag um þessa innheimtu að óbreyttum lögum. Í heimildinni sem lögð er til felst að lífeyrissjóðir geta efnt til samstarfs við tengda aðila sem að þeim standa, þ.e. stéttarfélög, sjúkrasjóði, fræðslusjóði, orlofssjóði og samtök atvinnurekenda, um innheimtu iðgjalda fyrir þessa aðila.

Að síðustu er lögð til breyting á gildistökuákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Dagný Jónsdóttir.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Eygló Harðardóttir.		Lúðvík Bergvinsson.

856. Breytingartillögur [371. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. verði svohljóðandi:
   Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lífeyrissjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.
2. 2. gr. verði svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „65%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 75%.
   b. Raðtalan „6.“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.
   c. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eign lífeyrissjóðs í hlutabréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.
   d. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 60%.
   e. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta uppgjöri sem hefur verið kannað eða endurskoðað af endurskoðanda.
3. 3.–12. gr. falli brott.
4. 13. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

857. Nefndarálit [382. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkvæmt lögum nr. 27/2005, um breytingu á lögum nr. 152/1996 um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, var ákveðið að fjármunir Þróunarsjóðs sjávarútvegsins skyldu renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Ekki lágu fyrir endanlegir útreikningar á því hversu miklir fjármunirnir gætu verið, en í umræðum kom fram að um gæti verið að ræða a.m.k. 500–600 millj. kr.

Nefndin var sammála um að ekki væri eðlilegt að skilyrða þá fjármuni sem um ræðir með þeim hætti að þeir rynnu einungis til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, heldur væri eðlilegt að gera þá breytingu að fjármunirnir rynnu til hafrannsókna á samkeppnisgrunni. Í nefndaráliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið sem varð að lögum nr. 27/2005 (þskj. 991, 387. mál 131. löggjafarþings) segir:

„Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.“

Minni hlutinn hefur tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í fyrrgreindu áliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar frá því í mars 2005 og hefur litið þannig á að fé sem um ræðir eigi að koma til viðbótar því fé sem árlega er sett til hafrannsókna. Minni hlutinn lýsir undrun sinni á þeim sinnaskiptum meiri hlutans sem fram koma við umfjöllun um frumvarp þetta.

Frumvarpið sem hér um ræðir gerir ráð fyrir að nú skuli ákvörðuninni sem tekin var með lögum nr. 27/2005 breytt í þá veru að 660 millj. kr. skuli renna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins í ríkissjóð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að tilgangur þess sé að færa umrætt fé úr Verkefnasjóðnum í ríkissjóð og þaðan skuli það renna í fjárlögum næstu ára til Hafrannsóknastofnunarinnar til aukinna rannsókna á hennar vegum. Einungis er gert ráð fyrir að 25 millj. kr. verði varið til samkeppnisrannsókna. Þessi breyting þýðir í raun að fjármunir Þróunarsjóðsins sem áður höfðu runnið í Verkefnasjóð sjávarútvegsins eru teknir í ríkissjóð í þeim tilgangi að greiða fyrir auknar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar, sem allir eru sammála um að séu nauðsynlegar, í stað þess að fjármögnun slíkra rannsókna sé tryggð í fjárlögum.

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að verja umtalsvert meira fé til hafrannsókna en gert hefur verið og hefur oft lýst furðu sinni á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að skera fé til rannsókna á auðlindum hafsins svo við nögl að ekki sé unnt að halda úti nauðsynlegum grunnrannsóknum á hafinu og lífríki þess. Minni hlutinn taldi að það fé sem kom úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins og rann í Verkefnasjóðinn væri löngu tímabær viðbót við rannsóknafé á þessu sviði og jafnframt væri opnað fyrir rannsóknir annarra aðila en Hafrannsóknastofnunarinnar. Nú liggur fyrir af hálfu meiri hlutans sú stefnubreyting að svo sé ekki og fjármunir Verkefnasjóðsins skuli gerðir upptækir í ríkissjóð.

Minni hlutinn leggst gegn samþykkt frumvarpsins og hefur jafnframt lengi bent á nauðsyn þess að setja nýjar reglur um með hvaða hætti er skipað í stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Það geti varla samrýmst góðum stjórnsýslureglum að sjávarútvegsráðherra skipi einungis undirmenn sína í ráðuneytinu í stjórn sjóðsins og hafi þannig í raun einn um það að segja hvernig hundruðum milljóna af fé sjóðsins er ráðstafað. Nauðsynlegt er að breyta þeim reglum sem um sjóðinn gilda um leið og mikilvægt er að sjóðurinn haldi því fé sem honum var ætlað frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Alþingi, 1. mars 2006.

Jón Gunnarsson, frsm. Jóhann Ársælsson. Kristján L. Möller.

Magnús Þór Hafsteinsson.

858. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason, Guðjón Axel Guðjónsson og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneytinu, Óðin Sigþórsson og Árna Snæbjörnsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Árna Ísaksson frá Veiðimálastofnun, Pál Hannesson frá BSRB, Ólaf Pál Jónsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Halldór Jónsson hrl., Hákon Aðalsteinsson og Freystein Sigurðsson frá Orkustofnun, Þórð Skúlason og Trausta Fannar Valsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Davíð Egilson og Helga Jensson frá Umhverfisstofnun, Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. frá Lögmannafélagi Íslands, Geir Marelsson frá Kópavogsbæ, Tryggva Felixson og Björgólf Thorsteinsson frá Landvernd, Karl Axelsson hrl. og Eyvind G. Gunnarsson hdl. Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Kópavogsbæ, Landssambandi eldri borgara, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtökum iðnaðarins, Landssambandi veiðifélaga, Byggðastofnun, Samorku, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Landvernd, Veiðimálastjóra, Bændasamtökum Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, óbyggðanefnd, Lögmannafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi vatnalög nr. 15/1923, með síðari breytingum. Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem í því felast og ástæðum þess að talin var þörf á að endurskoða lögin.

Frumvarpið var lagt fram fyrst á 131. löggjafarþingi en var síðan endurskoðað. Þær breytingar sem gerðar hafa verið er aðallega að finna í 1., 15., 35. og 36. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í frumvarpinu byggjast breytingarnar í fyrsta lagi á athugasemdum sem bárust iðnaðarnefnd við fyrra frumvarpið, í öðru lagi samráði við umhverfisráðuneyti og undirstofnanir þess og í þriðja lagi athugasemdum ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur.

Í gildandi vatnalögum eru ítarleg ákvæði um ýmsa þætti vatnamála sem ekki er að finna í frumvarpinu. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa orðið miklar samfélagsbreytingar, tækniframfarir hafa orðið og vægi umhverfisverndar hefur aukist til muna. Frumvarpinu er ekki ætlað að taka til allra þátta sem lúta að vatni og vatnsnotum með sama hætti og núgildandi vatnalög enda er nú tekið á ýmsum þáttum vatnamála í öðrum lögum, m.a. á sviði umhverfis-, náttúru- og almannaréttar. Þá eru ýmis ákvæði í gildandi lögum einfölduð, m.a. í ljósi breyttra aðstæðna.

Algengt er að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar yfir fasteignum teljist sérstök réttindi. Dæmi um það eru vatnsréttindi en einnig má nefna rekaréttindi, námuréttindi og veiðiréttindi. Vatnsréttindi fjalla um þær heimildir fasteignareiganda sem beinlínis lúta að umráðum og hagnýtingu vatns á landareign. Ein helsta breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir og fjallað var ítarlega um í nefndinni er að vatnsréttindi fasteignareiganda verða nú skilgreind á annan hátt en í núgildandi vatnalögum. Fram að þessu hefur verið byggt á jákvæðri skilgreiningu sem gerir ráð fyrir að taldar séu upp allar heimildir eiganda sem í eignarrétti geta talist. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir neikvæðri skilgreiningu en hún tilgreinir ekki með upptalningu hvaða heimildir eigandinn hefur heldur er gengið út frá því að eigandinn njóti allra heimilda nema þeirra sem eru með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans hvort sem það hefur gerst með lögum eða samningi.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að hér sé um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni. Í athugasemdum með frumvarpinu þar sem fjallað er um skilgreiningu eignarréttar er tekið svo til orða að hér sé „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Á fundi nefndarinnar með frumvarpshöfundum kom fram að orðin „fyrst og fremst“ hefðu átt að falla brott við endurskoðun frumvarpsins.

Með setningu vatnalaga nr. 15/1923 var tekið af skarið um það að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta það vatn sem á landareign þeirra finnst eða um hana rennur, þ.m.t. orkunýtingarrétt. Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar. Vatnsréttindi eru þannig þáttur í eignarrétti landeigenda og njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Landeigendur verða því ekki sviptir þessum rétti bótalaust. Til samræmis við það sem að framan segir hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða öðrum sérstökum lögum þegar þurft hefur að afla í þágu virkjana vatnsréttinda í einkaeign.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um almannarétt. Við gerð frumvarpsins var farin sú leið að fella ákvæði um umferð almennings um vötn inn í náttúruverndarlög, nr. 44/1999, þar sem þau lög hafa að geyma almenn ákvæði um umferðarrétt almennings. Í III. kafla náttúruverndarlaga er jafnframt að finna almennar umgengnisreglur sem gilda í náttúrunni og ákveðnar takmarkanir á umferðarrétti, svo sem varðandi merkingar o.fl. Litið er svo á að þau ákvæði gildi einnig um umferð um vötn eftir því sem við getur átt.

Nokkrar umræður urðu einnig um skaðabótaábyrgð landeiganda ef vatn sem rennur um landareign hans veldur tjóni á landareign annars manns. Meiri hlutinn telur ólíklegt að skaðabótaábyrgð stofnist við slíkar aðstæður nema um sök sé að ræða, þ.e. landeigandi hefur með saknæmum hætti valdið því að tjón verður á landareign annars manns. Hlutlæg bótaábyrgð, þ.e. bótaábyrgð án sakar, á ekki við í slíkum tilvikum.

Þá urðu í nefndinni nokkrar umræður um 35. gr. frumvarpsins. Í greininni ræðir um skyldu til að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar. Í 2. mgr. er hins vegar kveðið á um að ekki þurfi að tilkynna Orkustofnun sérstaklega um framkvæmdir er snerta veiðivötn í skilningi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Slíkar framkvæmdir eru háðar leyfi samkvæmt þeim lögum. Þegar sótt er um leyfi til framkvæmda

skal senda Orkustofnun afrit af slíkum umsóknum. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þeim sem fara með stjórn veiðimála verði ávallt tilkynnt um framkvæmdir í ám og vötnum sem áhrif hafa á fiskstofna og lífríki þeirra.

Í 5. mgr. 35. gr. frumvarpsins er síðan kveðið á um samráð við umhverfisráðuneytið vegna reglugerðarsetningar, m.a. um framkvæmd tilkynningarskyldu og önnur atriði sem mælt er fyrir um í greininni. Að mati meiri hlutans er samráð við umhverfisráðuneytið afar mikilvægt varðandi þessi atriði.

Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á reglum um eignarnám og eignarnámsframkvæmd. Þar er fyrst og fremst um að ræða einföldun á þeim reglum sem gilda um mat á tjóni og ákvörðun um eignarnámsbætur. Þá er einnig m.a. lagt til að ákvörðunarvald um heimild til eignarnáms verði ávallt í höndum ráðherra. Þá er samkvæmt frumvarpinu lagt til að öll stjórnsýsla verði einfölduð en hún verður alfarið á hendi Orkustofnunar og iðnaðarráðherra sem hefur yfirstjórn mála á sinni hendi.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um forgangsröð að vatni. Í 3. mgr. kemur fram að sveitarfélög skuli hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu innan sveitarfélags á eftir fasteignareigendum. Með orðunum „innan sveitarfélags“ er hugsunin ekki sú að setja einstökum sveitarfélögum staðbundin mörk um það hvar vatnstaka geti átt sér stað heldur er vísað til þess svæðis þar sem vatnsveitan starfar, þ.e. innan viðkomandi sveitarfélags. Í ljósi umræðu sem fram fór í nefndinni er lagt til að orðin „innan sveitarfélags“ falli brott.
2. Lögð er til breyting á 2. mgr. 35. gr. þar sem veiðimálastjóri heyrir nú undir landbúnaðarstofnun.
3. Lögð er til málfarsbreyting á 2. mgr. 36. gr.
4. Lagt er til að í 4. mgr. 42. gr. verði starfandi vatnafélögum gefinn frestur til 1. janúar 2007 til að laga starfsemi sína að lögunum.
5. Vegna athugasemda sem bárust og í ljósi umræðu sem fram fór í nefndinni er lagt til að í stað orðanna „Sveitarfélög sjá um að leggja fráveitur eftir því sem þörf er á“ í 1. tölul. 43. gr. komi „Sveitarfélögum er heimilt að leggja fráveitur.“

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 27. febr. 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm. | Kjartan Ólafsson. | Einar Oddur Kristjánsson.

Sigurður Kári Kristjánsson. | Gunnar Örlygsson.

859. Breytingartillögur [268. mál]

við frv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (BJJ, KÓ, EOK, SKK, GÖrl).

1. Við 15. gr. Orðin „innan sveitarfélags“ í 3. mgr. falli brott.
2. Við 2. mgr. 35. gr.
   a. Í stað orðsins „veiðimálastjóra“ í 1. málsl. komi: Landbúnaðarstofnun.
   b. Í stað orðanna „Veiðimálastjóri skal þegar honum“ í 2. málsl. komi: Landbúnaðarstofnun skal þegar henni.
3. Við 36. gr. Í stað orðanna „heimilar eru“ í 2. mgr. komi: heimil er.
4. Við 42. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2006“ í 4. mgr. komi: 1. janúar 2007.
5. Við 43. gr. Í stað orðanna „Sveitarfélög sjá um að leggja fráveitur eftir því sem þörf er á“ í 1. efnismálsl. a-liðar 1. tölul. komi: Sveitarfélögum er heimilt að leggja fráveitur.

860. Skýrsla [585. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2005.

1. Inngangur.

Starfsemi NATO-þingsins árið 2005 einkenndist öðru fremur af umræðu um samskiptin yfir Atlantsála, baráttuna gegn hryðjuverkum og breytingar á hlutverki bandalagsins sem hefur m.a. beint sjónum sínum í auknum mæli að viðbrögðum við náttúruhamförum. Með breyttu hlutverki NATO hafa sveitir á vegum bandalagsins sinnt verkefnum víða utan hefðbundins athafnasvæðis bandalagsins, m.a. bæði í Afganistan og í Afríku. Á næstu árum má búast við að þessi þróun haldi áfram.

Umræðuefni NATO-þingsins taka að sjálfsögðu mið af þessu breytta hlutverki NATO og þeim vandamálum sem komu upp í samstarfi aðildarþjóðanna í kjölfar Íraksstríðsins árið 2003. Forseti NATO-þingsins hefur á undanförnum missirum tekið að sér aukin verkefni í ljósi breyttra áherslna bandalagsins, en ýmsir hafa varað við því að forsetinn skyggi á málefnanefndir þingsins sem hafa hingað til verið leiðandi í málefnastarfi þess. Auk þess hefur nokkrum ríkjum í Norður-Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs nú verið veitt svokölluð Miðjarðarhafsaukaaðild að þinginu sem sýnir aukinn áhuga og metnað þess til að koma á bættum samskiptum við ríkin á suðurlandamærum sambandsins. Árið 2005 bötnuðu samskipti aðildarríkja NATO-þingsins verulega en þau höfðu versnað verulega í tengslum við stríðið í Írak. Aukið samstarf aðildarríkjanna á ýmsum öðrum sviðum, t.d. í tengslum við málefni Afganistans, á hlut í bættum samskiptum þeirra undanfarin missiri. Skiptar skoðanir eru þó enn milli aðildarríkjanna, sérstaklega yfir Atlantsála, um hvernig skuli bregðast við ógninni vegna alþjóðlegra hryðjuverka og hvernig hvetja skuli til lýðræðisumbóta í Miðausturlöndum.

Íslandsdeild NATO-þingsins var að venju mjög virk árið 2005. Þar bar hæst stjórnarfund þingsins sem haldinn var í Reykjavík í apríl. Fundurinn þótti takast mjög vel en þar var mikið rætt um samskipti NATO og NATO-þingsins við ríki á jaðri bandalagsins, bæði til austurs og suðurs. Íslandsdeildin tók einnig þátt í öðrum helstu fundum þingsins ásamt því að sækja

nefndarfundi í málefnanefndum. Af öðru markverðu í starfi deildarinnar má nefna að á árinu hefur hún staðið að undirbúningi ársfundar þingsins sem verður í Reykjavík haustið 2007.

2. NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum á þinginu fjölgað ört og hefur starfssvið þess því verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þá gætir aukinna samskipta NATO-þingsins við ríki í norðanverðri Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs með tilkomu Miðjarðarhafshópsins svonefnda. Níu lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins kleift að koma á framfæri áhugamálum og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þau ákveða sjálf. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildar- og aukaaðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tækninefnd. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem þó hefur ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir og hópar eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á vorfundum og ársfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar

bandamanna í Evrópu) og einnig Evrópusambandsins, og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðinu til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Aukaaðild og samskiptin við ríkin í austri.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantsála er þörf fyrir breytingar til aðlögunar að nýjum aðstæðum. Umfram allt kallar þetta á fyrirkomulag í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. Við upphaf tíunda áratugarins var þjóðþingum nokkurra Austur-Evrópuþjóða veitt aukaaðild að þinginu. Með aðild margra þessara ríkja að NATO og NATO-þinginu hefur enn fleiri ríkjum, m.a. á Kákasussvæðinu, verið veitt aukaaðild. Auk þess hefur á undanförnum árum verið lögð aukin áhersla á samskipti ríkjanna við Miðjarðarhafið og hefur nokkrum ríkjum í Norður-Afríku og Miðausturlöndum verið veitt svokölluð Miðjarðarhafsaðild, m.a. var Máritaníu, Alsír, Jórdaníu og Ísrael veitt slík aðild árið 2005 og heimastjórnarþingi Palestínu var veitt áheyrnaraðild.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og framkvæmdastjórar þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 248 þingmenn frá aðildarríkjunum 26. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 59 þingmenn frá 13 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Framkvæmdastjórar þingsins eru sjö og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fimm varaforsetar). Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra landsdeilda aðildarríkja NATO, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um annan kostnað en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

3. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Í upphafi árs 2005 skipuðu Íslandsdeild NATO-þingsins Einar Oddur Kristjánsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Árni Stefánsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Dagný Jónsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Á fundi Íslandsdeildar 20. febrúar 2005 var Guðmundur Árni Stefánsson kjörinn formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður. Hinn 3. október 2005 var Össur Skarphéðinsson kosinn til setu í Íslands-

deildinni. Á fundi Íslandsdeildar sama dag var Össur kjörinn formaður og Einar Oddur endurkjörinn varaformaður.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar til 1. september en þá tók Belinda Theriault við starfinu.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í starfi allra nefnda þess. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2005 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Til vara:	Guðmundur Árni Stefánsson og Össur Skarphéðinsson frá 3. október.
Stjórnmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Til vara:	Kjartan Ólafsson.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson og Össur Skarphéðinsson frá 3. október.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Dagný Jónsdóttir.
Vísinda- og tæknineſnd:	Guðmundur Árni Stefánsson og Össur Skarphéðinsson frá 3. október.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Miðjarðarhafshópur:	Einar Oddur Kristjánsson og Guðmundur Árni Stefánsson, og Össur Skarphéðinsson frá 3. október.

4. Fundir sem Íslandsdeild sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í lok mars eða byrjun apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar tvær Rose Roth námsstefnur.

Árið 2004 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Ósló, vor- og ársfundum þingsins í Bratislava og Feneyjum, auk fjölda nefndarfunda utan þingfunda.

a. Febrúarfundir.

Dagana 20.–21. febrúar 2005 var efnt til svonefndra febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel. Fundirnir að þessu sinni voru sérstakir að því leyti að venjubundinn fundur fulltrúa NATO-þingsins með Norður-Atlantshafsráðinu (NAC) fór ekki fram vegna opinberrar heimsóknar George Bush Bandaríkjaforseta til Brussel og fundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkja þar í borg. Var því aðeins um tvo fundardaga að ræða í stað þriggja eins og venja er til.

Febrúarfundina sóttu af hálfu Íslandsdeildar Einar Oddur Kristjánsson formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Magnús Stefánsson, auk Andra Lútherssonar rit-

ara. Fyrirkomulag fundanna var venjubundið, þ.e. embættismenn Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins héldu erindi um afmörkuð málefni og gáfu svo þingmönnum færi á að beina til þeirra spurningum. Þá áttu fulltrúar NATO-þingsins fund með utanríkismálanefnd Evrópuþingsins. Auk þess var efnt til opinnar umræðu fulltrúa NATO-þingsins í lok venjubundinnar dagskrár.

Á fundi NATO-þingsins 20. febrúar ræddi Günther Altenburg, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO og yfirmaður stjórnmáladeildar bandalagsins, samskipti NATO við löggjafa ásamt Jean Fournet, aðstoðarframkvæmdastjóra NATO og yfirmanni almannasamskipta bandalagsins. Síðar sama dag ræddi Gerhard W. Back, hershöfðingi, meginaðgerðamarkmið bandalagsins.

Fundur NATO-þingsins 21. febrúar fór fram í Evrópuþinginu. Þar fengu þingmenn kynningu frá yfirmanni andhryðjuverkaaðgerða Evrópusambandsins, Gijs de Vries. Hann ræddi um árangur og áskoranir í samvinnu Atlantshafsríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni.

Á fundunum fór fram mikil umræða um framtíðarhlutverk bandalagsins, sérstaklega í ljósi ágreinings aðildarþjóðanna vegna stríðsins í Írak. Þrátt fyrir ágreining á því sviði hafa bandalagsþjóðir þó starfað vel saman á öðrum sviðum á þessum sama tíma, t.d. í Afganistan og á Balkanskaga.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 2. apríl 2005 fundaði stjórnarnefnd NATO-þingsins á Nordica-hótelinu í Reykjavík. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson, formaður, og Magnús Stefánsson, í fjarveru Einars Odds Kristjánssonar varaformanns, auk Andra Lúthersonar ritara. Í upphafi fundar bauð Guðmundur Árni Stefánsson fulltrúa stjórnarnefndarinnar velkomna til Íslands og lofaði fundarmönnum gagnlegum fundi og fróðlegri og skemmtilegri skoðunarferð um Snæfellsnes degi síðar. Því næst tóku við venjubundin stjórnarnefndarstörf.

Fyrst var rætt um hugsanlega aukna þátttöku bandarískra þingmanna í starfi NATO-þingsins. Eftir fjörugar umræður varð það úr að í tengslum við Transatlantic Forum fundina yrði að minnsta kosti tveimur klukkustundum varið í skoðanaskipti milli evrópskra og bandarískra þingmanna einvörðungu þar sem farið yrði yfir málefni er varða Atlantshafsstrenginn.

Því næst tók Simon Lunn framkvæmdastjóri til máls og flutti aðfaraorð að ársskýrslu sinni. Fór hann yfir helstu atriði starfs NATO-þingsins og hvaða breytingar hefðu orðið á undanförnum árum og missirum. Þá lagði hann áherslu á nokkur málefni þar sem þingið hefði beitt sér og mundi gera það áfram á komandi árum. Í fyrsta lagi væru það málefni Kosovo-héraðs og Balkanskaga, í öðru lagi væri það mikilvægi Miðjarðarhafssvæðisins, í þriðja lagi væri það ástand mála í Kákasus og Mið-Asíulýðveldunum og loks samskiptin við Rússland og rússneska þingið. Að auki nefndi hann opinberar heimsóknir forseta NATO-þingsins. Öll þessi málefni væru afar mikilvæg og tilhneigingin væri sú að nefndir NATO-þingsins hefðu metnað til að sinna þessum málaflokkum af mikilli kostgæfni. Oftar en ekki kallaði þetta á mikið álag á fámennt starfslið NATO-þingsins og aukin fjárútlát og sagði Lunn að menn yrðu að átta sig á þessum atriðum áður en málefnanefndirnar – sem hafa samkvæmt þingsköpum frumkvæði að verkefnum – ákveða að takast á hendur ný verkefni. Þá vék Lunn sérstaklega að nýliðinni heimsókn fulltrúa stjórnarnefndarinnar til Kabúl og sagði að mikill árangur hefði náðst í þeirri ferð.

Eftir erindi Lunns tók forsetinn til máls og þakkaði starfsfólki NATO-þingsins afar góð störf. Hann fór yfir helstu áhersluatriðin í starfi sínu sem forseti og nefndi heimsóknir sínar til Miðausturlanda, Kákasusríkjanna og Bandaríkjanna. Sagði hann að málefni NATO væru

í brennidepli nú um stundir og að rödd þingmannasamkundunnar yrði að heyrast á öllum vígstöðvum. Það væri því ekki tilviljun að hann hefði afráðið að vera mikið á faraldsfæti á vegum NATO-þingsins á næstunni.

Eftir ræðu forsetans var orðið gefið laust. Guðmundur Árni Stefánsson tók þá til máls og sagði að hann styddi fyllilega þau markmið og áætlanir sem forsetinn hefði lagt fram og lagði jafnframt áherslu á að ekki mætti draga úr vægi Miðjarðarhafsnefndarinnar sem skilað hefði miklum árangri undanfarin ár og mikils væri vænst af á næstunni.

Mikið var rætt um samskipti NATO-þingsins við Rússlandsþing en á undanförnum árum hefur nokkuð verið kvartað yfir skeytingarleysi Rússa á vettvangi NATO auk mikillar andúðar í garð Eystrasaltsríkjanna. Almennt var álitið að mál hefðu þokast í betri átt á síðasta ári, ekki síst vegna íhlutunar forseta NATO-þingsins og framkvæmdastjórans. Auk málefna Rússlands var mikið rætt um hlutverk NATO í Írak, málefni Afganistans og hlutverk NATO-þingsins, auk annarra mála sem borið hafði hátt á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Þá var og nokkur umræða um tiltekin verkefni og ferðir málefnanefndanna og hvaða stefnu þau mál væru að taka. Niðurstaðan af því varð sú að í raun gætu forsetinn og fastanefnd NATO-þingsins ekki komið í veg fyrir að tilteknar nefndir hyggi á ferðir eða fundi í fjarlægum löndum eftir að vinnuáætlanir nefndanna eru samþykktar af stjórnarnefnd ár hvert en hins vegar gæti fastanefndin beint tilmælum til formanna nefndanna um að leita allra leiða til að koma í veg fyrir tvíverknað og óþarfa álag á starfsfólk. Lothar Ibrügger, gjaldkeri þingsins, tók einnig til máls í lok umræðunnar og staðfesti þetta mat forsetans. Að því loknu staðfesti stjórnarnefndin vinnuáætlanir málefnanefndanna fimm.

Að því búnu var nokkur umræða um verkefni þau sem forseti þingsins, Pierre Lellouche, hefði tekist á hendur og kom fram nokkur gagnrýni á hve margar opinberar ferðir væru fram undan. Lellouche sagðist skilja áhyggjur manna af ferðum og fjárútlátum en ítrekaði jafnframt að franska þingið bæri þungann af kostnaði við þær auk þess sem ferðalög þessi væru ekki að nauðsynjalausu, afar mikilvægt væri t.d. að sinna Miðjarðarhafsríkjunum og þá sér í lagi Miðausturlöndum og arabaheiminum. Það hefði hann gert og hygðist gera það áfram með stuðningi stjórnarnefndarinnar. Þá var einnig vikið að innri málefnum NATO og skýrslu sem bandalagið ynni að um framtíð þess. Voru fulltrúar þingsins á því að NATO-þingið yrði að hafa rödd í því ferli og var forsetanum falið að leita leiða til þess. Þá var og rætt um hvernig NATO-þingið sjálft ætti að fjalla um framtíð bandalagsins og ákveðið að stjórnmálanefndin mundi fjalla um hana í almennri skýrslu aðalskýrsluhöfundar, hollenska þingmannsins Berts Koenders, sem lögð yrði fram á vorþinginu í Ljúblíana og staðfest á ársfundinum í Kaupmannahöfn.

Því næst voru teknar fyrir umsóknir Norður-Afríkuríkjanna Alsírs og Máritaníu um aukaaðild Miðjarðarhafsríkja að NATO-þinginu. Eftir nokkrar umræður voru umsóknir ríkjanna tveggja samþykktar. Áður hafði Marokkó fengið slíka aðild.

Næsti dagskrárliður var samskiptin við Hvíta-Rússland. Fyrir fundinum lá bréf frá þingmönnum í Hvíta-Rússlandi þar sem farið var fram á aukin samskipti við NATO-þingið. Forsetinn sagði að jafnvel þótt menn á Vesturlöndum vildu gjarnan sjá pólitískar breytingar í Hvíta-Rússlandi og stuðla að slíkum breytingum væri afar mikilvægt að gera ekkert sem túlkast gæti sem stuðningur við einræðisstjórn Lúkasjénkós forseta. Líflegar umræður urðu um málið og menn almennt á því að það væri vandmeðfarið. Erfitt væri að rétta Hvíta-Rússlandi sáttahönd án þess að það væri mistúlkað af þarlendum stjórnvöldum. Niðurstaðan var sú að forsetinn mundi rita forseta hvítrússneska þingsins bréf þar sem fram kæmi að stjórnarnefndin hefði fjallað um málið en að án áþreifanlegs árangurs hvað lýðræðisumbætur varðaði gæti NATO-þingið ekki breytt afstöðu sinni til þátttöku Hvíta-Rússlands á vettvangi NATO-

þingsins. Staðan yrði samt endurmetin að hálfu ári liðnu. Þá var einnig ákveðið að félagsmálanefndin mundi fjalla um Hvíta-Rússland á sérstökum fundi sem haldinn yrði í Vilníus og þangað yrði boðið fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu Hvíta-Rússlands. Því næst var fjallað um ósk Fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu um að formlegu nafni landsins yrði breytt í Lýðveldið Makedónía í skjölum NATO-þingsins. Nokkrir fulltrúar vildu ganga lengra og verða við ýtrustu kröfum Makedóníubúa, sem um árabil hafa viljað að landið kallaðist Makedónía á alþjóðavettvangi, en í ljósi þess að Grikkir, sem hafa alfarið hafnað þessari kröfu Makedóníubúa, gátu ekki sent fulltrúa sína á fundinn í Reykjavík var ákveðið að hætta við það og fresta málinu til næsta fundar. Eftir stutta umfjöllun um svör framkvæmdastjóra NATO við ályktunum ársfundarins í Feneyjum var vikið að fjármálum NATO-þingsins. Lothar Ibrügger, gjaldkeri þingsins, flutti framsögu og þar kom fram að fjármálin væru í góðu lagi en að með auknum metnaði málefnanefnda þingsins þyrfti skrifstofan í sífellu að beita strangari aðhaldsaðgerðum. Ef framhald yrði á þessu yrðu aðildarríkin að hækka framlög sín. Að þessari umfjöllun lokinni tóku við umræður um fundi sem fram undan væru. Eftir venjubundin stjórnarnefndarstörf var efnt til stuttrar opinnar umræðu.

c. Vorfundur.

Dagana 27.–31. maí 2005 var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Ljúblíana. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson formaður, Magnús Stefánsson og Kjartan Ólafsson í forföllum Einars Odds Kristjánssonar, auk Andra Lútherssonar, ritara Íslandsdeildar. Guðmundur Árni sat fundi stjórnarnefndar, samstarfsnefndar NATO-þingsins og Rússlandsþings og félagsmálanefndar. Þá tók Magnús Stefánsson þátt í fundum varnar- og öryggismálanefndar og efnahagsnefndar. Kjartan Ólafsson sótti fundi stjórnmálanefndarinnar. Á fundum málefnanefndanna voru ræddar skýrslur og ýmsum ráðamönnum, fræðimönnum og öðrum gestum var boðið að ávarpa fundina.

Á fundi stjórnmálanefndarinnar voru ræddar skýrslur um hlutverk Atlantshafsbandalagsins í uppbyggingu eftir stríðsátök og öryggis- og varnarmál við Persaflóa. Miklar og líflegar umræður urðu á fundinum, sérstaklega um breytta stöðu NATO og framtíðarhlutverk bandalagsins.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um aðgerðir NATO utan hefðbundins athafnasvæðis bandalagsins og um áframhaldandi hlutverk NATO á Balkanskaga. Auk þess var rædd skýrsla um efndir Atlantshafsbandalagsríkjanna með hliðsjón af skuldbindingum þeirra sem kenndar eru við leiðtogafundinn í Prag.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um minnihlutahópa í Suður-Kákasus og óstöðugleika á því svæði og um samskipti NATO og Kasakstans, auk skýrslu um kjarna-, efna- og lífefnavopn og leiðir til að bregðast við hugsanlegum árásum þar sem slík vopn væru notuð. Í lok fundarins var stutt umfjöllun um svör framkvæmdastjóra NATO við ályktunum nefndarinnar í Feneyjum, þar á meðal ályktun Guðmundar Árna Stefánssonar um ólöglega barnasölu.

Í efnahagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um efnahagsþróunina í Miðausturlöndum og ríkjum Norður-Afríku og um stjórnsýslulegar afleiðingar „áhættusamfélagsins“, auk skýrslu um efnahagsundrið í Kína og áhrif þess á efnahagslíf Atlantshafsríkja.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um öryggi kjarnorkuúrgangs í norðvesturhluta Rússlands, og skýrsla um loftslagsbreytingar við norðurheimskautið og áhrif þeirra á Atlantshafssamfélagið. Þá var enn fremur til umræðu skýrsla um áhrif nanótækni á öryggismál.

Á vorfundinum var einnig efnt til sjötta fundar samstarfsnefndar NATO-þingsins og rússneska þingsins. Samstarfið á þessum vettvangi er ekki eins náið og í samstarfsnefnd NATO og rússneskra stjórnvalda en þrátt fyrir það hefur verið álitið að nokkur árangur hafi náðst af starfinu, sérstaklega við að auka persónuleg samskipti og traust milli fulltrúa NATO-þingsins og rússneskra starfsbræðra þeirra. Líkt og á undangengnum fundum lá fyrir fundinum skýrsla formanns rússnesku landsdeildarinnar, Lubov Sliska, og fjallaði hún um hlutverk Rússlandsstjórnar við að leysa úr svæðisbundnum ógnum á Suður-Kákasussvæðinu. Að mestum hluta var umræðum varið í að greina frá þróun mála í Nagorno-Karabak, efnahagsframförum í Aserbaídsjan, fyrirrætlunum Rússlandshers í herstöðvunum í Georgíu og baráttunni gegn hryðjuverkaöflum í Kákasus. Nokkur skoðanaskipti urðu á fundinum og sem fyrr voru fulltrúar Eystrasaltsríkjanna gagnrýnir á utanríkismálastefnu Rússlandsstjórnar. Þó var það mál manna að fundurinn hefði verið gagnlegur og uppbyggilegur og að samstarfsnefndin væri mikilvægur vettvangur til skoðanaskipta fulltrúa þjóðþinga sem funduðu á jafnræðisgrundvelli.

Fundur stjórnarnefndarinnar í Ljúblíana var með hefðbundnu sniði. Fyrri hluta fundar stjórnaði einn varaforseta þingsins, Bert Koenders, í fjarveru forsetans franska, Pierre Lellouche. Í upphafi fundar þakkaði Koenders íslensku landsdeildinni fyrir höfðinglegar móttökur á síðasta fundi nefndarinnar í Reykjavík í apríl og sagði fulltrúa NATO-þingsins hlakka einkar mikið til þess að vera við ársfundinn í Reykjavík haustið 2007.

Fjármál NATO-þingsins voru fyrsti dagskrárliður fundarins. Voru þar kynntar áætlanir um að breyta reiknireglu sem notuð er til að ákveða fastagjöld aðildarríkjanna og koma mun til framkvæmda árið 2006. Til hliðsjónar hefur verið haft að fastagjöld eigi að endurspegla verga þjóðarframleiðslu ríkjanna betur en þau gera nú. Að öðru leyti kom fram að fjárhagsstaðan væri góð um þessar mundir en að venju fylgdu varnaðarorð um að málefnanefndir ættu ekki að færast of mikið í fang því að því fylgdi mikill ófyrirséður kostnaður og álag á starfsfólk. Nokkur umræða var um breytingar á embætti forseta þingsins, sérstaklega með tilliti til aukins fjölda ferða og verkefna sem hann hefði tekist á hendur. Síðar á fundinum var umræðunni haldið áfram þar sem forsetinn svaraði gagnrýni í sinni garð og minnti á að ferðir sínar væru að mestu greiddar af franska þinginu. Að lokum var ákveðið að verkáætlun forsetans yrði borin undir forsætisnefndina til samþykktar.

Nokkur umræða varð einnig um niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi um stjórnarskrá Evrópusambandsins sem var felld. Forsetinn, Pierre Lellouche, hafði verið í París að fylgjast með þjóðaratkvæðagreiðslunni og mætti því seint til fundarins. Var forsetanum mikið niðri fyrir þegar hann sneri frá París og sagði að franska stjórnkerfið hefði orðið fyrir þungu áfalli.

Næsti dagskrárliður var endurnýjun umboðs varaforseta NATO-þingsins. Formaður ítölsku sendinefndarinnar fór fram á að fundurinn tæki afstöðu til tillagna sinna um að stuðla að aukinni nýliðun í embættum varaforsetanna með því að breyta tímamörkum sem gilda um setu í embættum (forseta, varaforseta, gjaldkera og formanna málefnanefnda) og færa þau til þess að allir sætu jafnlengi í embættum þessum nema gjaldkeri sem situr í sex ár. Miklar umræður urðu um þetta mál og margar skoðanir komu fram. Lellouche taldi að innan stjórnarnefndarinnar væri ekki samstaða og taldi óráðlegt að greiða atkvæði um tillögur Ítalans.

Næst á dagskrá var beiðni Makedóníubúa um að breyta formlegu nafni landsins í skjölum NATO-þingsins. Umræða um þetta hafði átt sér stað á stjórnarnefndarfundinum í Reykjavík í apríl þar sem ákveðið var að bíða með ákvörðun þar til sjónarmið Grikkja kæmu fram. Grikkir sögðust á fundinum í Ljúblíana andsnúnir því að breyta nafni landsins í skjölum NATO-þingsins og varð niðurstaðan sú að ræða málið aftur á næsta ári.

Að þessum dagskrárlið loknum voru beiðnir þjóðþinga Jórdaníu og Ísraels um aukaaðild Miðjarðarhafsríkja að NATO-þinginu samþykktar eftir nokkra umræðu. Þá var tekin fyrir ósk þings heimastjórnar Palestínu um áheyrnaraðild og hún samþykkt að loknum miklum umræðum. Einnig var kosið um hvort veita ætti palestínska þinginu aukaaðild en sú tillaga var felld.

Þá var tekin fyrir og samþykkt beiðni Úkraínumanna um leyfi til að stækka sendinefnd sína. Auk þess var beiðni Evrópuráðsþingsins um formlega stöðu hjá NATO-þinginu til jafns við ÖSE-þingið og VES-þingið samþykkt. Undir þessum dagskrárlið urðu að lokum nokkrar umræður um tillögu forsetans um að auka réttindi fulltrúa Evrópuþingsins á NATO-þinginu.

Þingfundur NATO-þingsins var haldinn þriðjudaginn 31. maí. Fundinn ávörpuðu Pierre Lellouche, forseti NATO-þingsins, France Cukjati, forseti slóvenska þingsins, Dimitrij Rupel, utanríkisráðherra Slóveníu, Janez Jansa, forsætisráðherra Slóveníu, og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO. Fundurinn samþykkti yfirlýsingar um Úsbekistan og Darfúr-hérað og veitti þjóðþingum Alsír, Ísrael, Jórdaníu og Máritaníu Miðjarðarhafsaukaaðild að NATO-þinginu. Þá var samþykkt að veita þingi heimastjórnar Palestínu og Evrópuráðsþinginu áheyrnaraðild að NATO-þinginu.

Síðari hluti þingfundarins var með óhefðbundnu sniði en þá var efnt til gagnvirkrar kynningar sem nefndist „Black Hawk Down“. Kynningin var sett þannig fram að átt hefði sér stað ímynduð árás hryðjuverkamanna með geislavirkri sprengju á höfuðstöðvar NATO í Brussel. Fundarmenn voru leiddir í gegnum árásina og viðbrögð yfirvalda af færustu sérfræðingum og var fulltrúum NATO-þingsins gefinn kostur á að spyrja spurninga á meðan ferlið átti sér stað. Kynningin tók alls um fjórar klukkustundir og var afar gagnleg og áhugaverð.

d. Ársfundur.

Dagana 11.–15. nóvember 2005 var ársfundur NATO-þingsins haldinn í Kaupmannahöfn. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Össur Skarphéðinsson, formaður, Einar Oddur Kristjánsson og Magnús Stefánsson, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildarinnar. Formaður og ritari sóttu fund stjórnarnefndar NATO-þingsins og fund samstarfsnefndar með Rússum. Seta þingmanna í málefnanefndum skiptist þannig að Magnús Stefánsson tók þátt í fundum varnar- og öryggismálanefndar og efnahagsnefndar, Einar Oddur Kristjánsson sótti fundi stjórnmálanefndar og Össur Skarphéðinsson sat fundi félagsmálanefndar og vísinda- og tæknineFndar. Formaður og ritari sátu þingfundinn síðasta daginn en aðrir nefndarmenn voru þá farnir heim til skyldustarfa á Alþingi.

Í stjórnmálanefndinni voru ræddar skýrslur um Atlantshafsbandalagið og öryggismál á Persaflóa og hvernig tryggja eigi hlutverk og þýðingu Atlantshafsbandalagsins. Auk þess var rædd skýrsla um öryggissamvinnu Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru ræddar skýrslur um aðgerðir NATO utan varnarsvæðis og áframhaldandi hlutverk Atlantshafsbandalagsins í öryggismálum á Balkanskaga, auk skýrslu um árangur vegna skuldbindinganna frá Prag um hernaðargetu.

Í félagsmálanefnd voru ræddar skýrslur um NATO og Kasakstan og um leit að efna-, líf-efna-, geislunar- og kjarnorkuvopnum þar sem gefið var tæknilegt yfirlit. Auk þess var rædd skýrsla um minnihlutahópa í Suður-Kákasus og þeirri spurningu varpað fram hvort þeir dragi úr stöðugleika. Í umræðum félagsmálanefndar um Kasakstan greindi Össur Skarphéðinsson frá reynslu sinni úr nýlegri ferð þangað á vegum Evrópuráðsþingsins. Hann taldi að þótt Kasakar væru á réttri leið ættu þeir enn langt í land með lýðræðisumbætur. Hann nefndi t.d. ofsóknir gegn stjórnarandstöðuflokkum og tangarhald stjórnarinnar á fjölmiðlum máli sínu til stuðnings.

Í efnahagsmálanefnd voru ræddar skýrslur um efnahagslegar umbreytingar í Miðausturlöndum og Norður-Afríku og kínverska efnahagsundrið og áhrif þess á efnahag Norður-Atlantshafsríkja. Auk þess var rædd skýrsla um verslun og efnahagslega samvinnu Rússlands og Kína. Í þeirri skýrslu var gefið yfirlit um stöðu, vandamál og væntingar.

Í vísinda- og tækninefnd voru ræddar skýrslur um öryggi efna til gerðar gereyðingarvopna í Rússlandi og áhrif nanótækni á öryggisþætti. Auk þess var rædd skýrsla um loftslagsbreytingar á norðurslóðum og þau krefjandi verkefni sem þær leiða til fyrir samfélög við Norður-Atlantshaf.

Nefndirnar fengu til sín fjölmarga sérfræðinga sem fluttu erindi og svöruðu fyrirspurnum. Þar má nefna Martin Perry frá bresku veðurfræðistofunni sem ræddi loftslagsbreytingar, Hikmet Cetin, borgaralegan fulltrúi NATO í Afganistan, sem ræddi um ástand mála þar í landi, Kai Ede sendiherra sem ræddi ástandið í Kosovo, William C. Potter frá Miðstöð rannsókna gegn útbreiðslu kjarnavopna (Center for nonproliferation studies) sem ræddi samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna, Jakob Scharf, aðstoðarlögreglustjóra og yfirmann dönsku lögreglunnar, sem ræddi um verndun borgaranna gegn hryðjuverkum, ráðherrann Giorgi Baramidze, sem ræddi umbætur í Georgíu síðustu tvö ár, og Robert Bell, varaforseta SAIC (Science Applications International Corporation), sem ræddi sameiginlega fjármögnun verkefna NATO. Þessa fyrirlestra eða útdrætti úr þeim er hægt að nálgast á alþjóðasviði.

Þingfundur var haldinn þriðjudaginn 16. nóvember. Erindi fluttu Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, Jan de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, og Pierre Lellouche, forseti NATO-þingsins. Sjálfkjörið var í öll laus embætti á þinginu.

Ályktanir sem höfðu verið til umfjöllunar í nefndum þingsins voru teknar til umfjöllunar og afgreiddar. Listi yfir samþykktar ályktanir er fylgiskjal með skýrslu þessari.

e. „Transatlantic Forum“.

Dagana 5. og 6. desember 2005 efndi NATO-þingið og Atlantshafsráð Bandaríkjanna, ásamt National Defence University, til fundar um helstu málefni Atlanthafssamstarfsins í Washington D.C. Fundurinn nefndist „Transatlantic Forum“, hann fór fram í húsakynnum National Defence University (NDU) í McNair-virki í Washington og var þetta í fjórða sinn sem slíkur fundur var haldinn. Þátttakendur voru þingmenn nokkurra aðildarríkja og auka-aðildarríkja NATO-þingsins auk embættismanna og sérfræðinga í alþjóðamálum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Össur Skarphéðinsson, formaður, auk Belindu Theriault ritara.

Segja má að megintilgangur „Transatlantic Forum“ sé að gera fulltrúum NATO-þingsins kleift að ræða sameiginleg málefni er varða öryggi og varnir Evrópu og Bandaríkjanna við þá aðila í bandaríska stjórnkerfinu sem næst eru ákvörðunartökuferlinu. Þátttaka hefur verið afar góð á þessum fundum og umræður hreinskiptnar og upplýsandi. Fundurinn var skipulagður á þann hátt að nokkur svið alþjóðamála sem hátt hafði borið á undangengnum missirum voru tekin fyrir. Þar má nefna utanríkismálastefnu Bandaríkjastjórnar, varnarviðbúnað og hernaðargetu, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, samstarf NATO og ESB, samstarfsríki NATO, stöðu mála í Afganistan og Írak, kjarnorkuáætlun Írana og samskiptin yfir Atlantshafið. Tilhögun fundanna var sú að bandarískir sérfræðingar héldu framsögur um málefnin og svöruðu svo spurningum þingmanna og annarra þátttakenda á fundinum.

Á fundinum kom fram ólík afstaða margra evrópskra og bandarískra þingmanna um hvernig beri að heyja baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Bandarískir þingmenn telja almennt að útbreiðsla lýðræðis í Miðausturlöndum sé ein af helstu forsendum baráttunnar en leggja minni áherslu á áhrif fátæktar og annarra félagslegra þátta en evrópsku þingmennirnir.

Þingmenn beggja vegna Atlantsála lögðu þó áherslu á mikilvægi þess að ráðist yrði gegn undirliggjandi ástæðum hryðjuverka þótt lítil samstaða væri um hverjar þær væru. Einnig var rætt um mikilvægi breytinga á heröflum aðildarríkjanna og hlutverk NATO vegna breytinga á áherslum bandalagsins, m.a. vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum en einnig vegna viðbragða þess við náttúruhamförum. Fundarmenn ræddu einnig afstöðu Rússlands til ýmissa mála sem vörðuðu hagsmuni NATO og Kína og voru sammála um að bandalagsþjóðunum stæði ógn af Íran.

Össur Skarphéðinsson, formaður Íslandsdeildarinnar, kvaddi sér hljóðs á fundinum og spurði sérfræðinga sem sátu fyrir svörum m.a. hvort ekki væri þörf á herþotum á Íslandi ef þeirra væri þörf í Bandaríkjunum vegna heimavarna. Össur lagði einnig fram spurningu um áhrif McCain-breytingatillögunnar sem leggur bann við pyntingum allra sem eru í haldi bandarískra hersveita. Auk þess spurði Össur hvernig Bandaríkjastjórn hygðist bregðast við tilraunum Írana til þess að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

f. Nefndarfundir.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu einnig nefndarfundi á árinu, m.a. sótti Magnús Stefánsson fundi efnahagsnefndar NATO-þingsins hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Guðmundur Árni Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson sóttu fund Miðjarðarhafsnefndar NATO í Jórdaníu.

Alþingi, 14. febr. 2006.

Össur Skarphéðinsson, form.	Einar Oddur Kristjánsson, varaform.	Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2005.

Vorfundur í Ljúbljana, 27. maí–31. maí:

- Yfirlýsing um Úsbekistan.
- Yfirlýsing um ástandið í Darfúr-héraði í Súdan.

Ársfundur í Kaupmannahöfn, 11.–15. nóvember:

- Ályktun nr. 339, um uppbyggingu alþjóðlegra varna gegn fuglaflensu.
- Ályktun nr. 338, um mótun stefnu Atlantshafsríkja gagnvart Kína.
- Ályktun nr. 340, um að koma Doha-áætluninni áleiðis.
- Ályktun nr 344, um öryggi vegna efna í gereyðingarvopn í Rússlandi.
- Ályktun nr. 336, um að draga úr fyrirvörum einstakra ríkja.
- Ályktun nr. 337, um frekari sameiginlega fjármögnun aðgerða Atlantshafsbandalagsins.
- Ályktun nr. 335, um verndun og aðlögun minnihlutahópa sem framlag til stöðugleika í Suður-Kákasus.
- Ályktun nr. 341, um ummyndun og framtíð Atlantshafsbandalagsins.
- Ályktun nr. 342, um Kosovo.
- Ályktun nr. 343, um Hvíta-Rússland.

- Yfirlýsing nr. 346, um þingkosningar í Aserbaídsjan.
- Yfirlýsing nr. 345, um förgun umframvopna og skotfæra í Úkraínu.

861. Skýrsla [586. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2005.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

Frá því á leiðtogafundi Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember árið 1998 hefur Evrópusambandið tekið að sér stærra hlutverk á sviði öryggismála álfunnar. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Nú er svo komið að utanríkismálastjóri ESB gegnir einnig stöðu framkvæmdastjóra VES og í fastaráði VES sitja fulltrúar í stjórnmála- og öryggismálanefnd ESB.

Árið 2000 staðfestu leiðtogar ESB að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkvæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar“ ESB.

Þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB hefur gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar hefur minnkað verulega. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO.

2. VES-þingið.

VES-þingið var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman alls 370 þjóðkjörnir þingmenn. Stór hluti þeirra, eða 115 þingmenn, er frá stofnaðildarríkjum VES sem eru alls tíu talsins, Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Sambandsaðild (e. affiliate member) eiga átta ný ESB-ríki, Pólland, Tékkland, Ungverjaland, Slóvakía, Litháen, Eistland, Lettland og Slóvenía. Aukaaðild (e. associate member) að þinginu eiga þau þrjú evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur og Tyrkland.

Sambandsaukaaðild (e. affiliate associate member) að VES-þinginu eiga Rúmenía og Búlgaría. Áheyrnaraðild (e. observer countries) eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Þá hafa tvö ný ESB-ríki stöðuna sambandsáheyrnaraðili (e. affiliate observer countries), þ.e. Malta og Kýpur. Króatía hefur samstarfssamning (e. affiliate associate partner country) við VES-þingið og fulltrúar þjóðþinga Albaníu, Makedóníu, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu og Svartfjallalands hafa stöðu sérlegra gesta (e. special guests). Loks hafa fulltrúar rússneska þingsins og úkraínska þingsins stöðu fastagesta (e. permanent guests).

VES-þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

Starfsemi og umræður á VES-þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannavíddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er VES-þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. VES-þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur fram að „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína [...] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans [...]“. Starfsemi VES-þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur VES-þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur VES-þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna- og þróunarstarfs í hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, tveimur fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng Vestur-Evrópusambandsins.

VES-þingið hefur verið afgerandi þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Annað væri ótækt þar eð mál er lúti að beitingu herafla og útgjalda til öryggis- og varnarmála væru bundin við þjóðríkin, þau þyrftu að njóta samþykkis þjóðþinga og þar af leiðandi væri það hlutverk fjölþjóðlegrar þingmannasamkundu sem í sætu fulltrúar þjóðþinganna að ræða slík mál.

Hin sameiginlega öryggis- og varnarmálastefna ESB lýtur ekki stefnu framkvæmdastjórnar bandalagsins sem slíks heldur er um milliríkjamálefni að ræða. Er þetta grundvallaratriði og hafa fulltrúar VES-þingsins því lagt ofuráherslu á að það séu þjóðþing aðildarríkjanna sem hafi eftirlit með þessum málaflokki en ekki Evrópuþingið. Það sé grundvallaratriði að fjölþjóðlegar þingmannasamkundur sem hafa bein tengsl við umbjóðendur, þ.e. kjósendur í aðildarríkjunum, endurspegli mikilvæg milliríkjamálefni. Reynslan af slíkum þingmannasamkundum hafi verið afar farsæl og nægi þar að nefna, auk VES-þingsins, NATO-þingið, Evrópuráðsþingið og þingmannasamkundu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Hins vegar er staðan sú að hvorki VES-þinginu né Evrópuþinginu hefur verið gefinn kostur á að tryggja nægilega hið þinglega eftirlit með starfsemi ESB á sviði öryggis- og varnarmála sem getið er um í endurskoðaða Brussel-sáttmálanum. Þar með er talin sú grundvallarskylda ráðherraráðs VES að birta þinginu ársskýrslu um starfsemina og að svara ályktunum þingsins og fyrirspurnum þingmanna.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er VES-þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur sem leiðtogar Evrópuríkja nýta til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur VES-þingið nánum tengslum við rússnesku dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda.

Á árinu 2005 varð áframhald á lífseigri umræðu um framtíðarhorfur VES-þingsins og um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en sem kunnugt er hafa miklar og örar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu síðustu ár. Þessi umræða varð sérstaklega hávær í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur Frakka og Hollendinga um nýja stjórnarskrá ESB, sem báðar þjóðirnar höfnuðu. Stjórnarskráin hefði haft þónokkur áhrif á stöðu varnar- og öryggismála innan ESB en samkvæmt stjórnarskrárdrögunum var staða þjóðþinganna veik, t.d. á sviði öryggis- og varnarmála. Eftir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslnanna í Frakklandi og Hollandi lá fyrir ákváðu leiðtogar Evrópusambandsins að fresta frekari ákvörðunartöku varðandi stjórnarskrána og taka sér umhugsunartíma um framtíð sambandsins. Austurríkismenn lýstu því yfir við upphaf forsetatíðar sinnar í ESB í ársbyrjun 2006 að þeir hefðu áhuga á að endurvekja stjórnarskrárferlið en lítill áhugi virðist vera á því innan sambandsins.

Ljóst er að ESB taldi útkomuna vera mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

3. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2005.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæða- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa

ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Í upphafi árs 2005 voru aðalmenn Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðjón Hjörleifsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Drífa Hjartardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Hinn 3. október 2005 voru eftirfarandi þingmenn kosnir til setu í Íslandsdeild: Guðjón Hjörleifsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Gunnar Örlygsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Eftirfarandi þingmenn voru kosnir til vara: Kjartan Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björgvin G. Sigurðsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Á fundi Íslandsdeildar 5. október 2005 var Guðjón Hjörleifsson kjörinn formaður og Gunnar Örlygsson varaformaður. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins til 2. september þegar Stígur Stefánsson tók við starfinu.

4. Þátttaka Íslandsdeildar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeild þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 50. fundar VES-þingsins.

Dagana 6.–8. júní var fyrri hluti 51. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson formaður, Guðjón Hjörleifsson varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir, í fjarveru Bryndísar Hlöðversdóttur, auk Andra Lútherssonar ritara. Umræður um framkvæmd evrópsku öryggismálaáætlunarinnar (e. European Security Strategy), samskipti ESB og ríkja í austurvegi, varnarþætti baráttunnar gegn hryðjuverkastarfsemi, og afstöðu þjóðþinga aðildarríkja Evrópusambandsins til stjórnarskrár ESB voru öðrum málum fyrirferðarmeiri á júnífundinum. Þá er óhætt að segja að umræður um þessi mál og fleiri sem og ávörp tignargesta sem fundinn sóttu hafi tekið mið af tíðindunum af þjóðaratkvæðagreiðslunum í Frakklandi og Hollandi um stjórnarskrá ESB. Ljóst er að ESB taldi útkomuna mikið áfall fyrir pólitíska þróun sambandsins og á fundinum kom glögglega fram að framhaldið væri að mestu óráðið. Á hinn bóginn mátti einnig greina að menn töldu að þessi nýja staða væri til þess fallin að greiða fyrir því að niðurstaða í helstu baráttumálum VES-þingsins undanfarin ár og missiri, þ.e. aukin þátttaka og hlutur þjóðþinga í lýðræðislegu eftirliti með öryggis- og varnarmálastefnu ESB, yrði farsælli en ella.

Fundurinn hófst á því að forseti VES-þingsins, belgíski þingmaðurinn Stef Goris, ávarpaði þingheim. Í ræðu sinni sagði Goris að nýleg tíðindi frá Frakklandi og Hollandi og ákvörðun þýsku stjórnarinnar um að flýta kosningum hefðu þau áhrif að ESB væri í nokkurri tilvistarkreppu sem gæti veikt Evrópusamvinnuna til lengri tíma litið. Sagði hann að VES-þingið hefði ákveðnar áhyggjur af þessari þróun mála, ekki síst í ljósi aðstæðna og viðvarandi ógna á alþjóðavettvangi. Nefndi hann til að mynda stöðuna í Miðausturlöndum og Darfúr-héraði þessu til stuðnings, auk baráttunnar gegn hryðjuverkum. Sagði hann enn fremur að menn yrðu að fylgjast afar náið með þróuninni næstu missirin og hvaða áhrif hún hefði á framþróun evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar og verkefni á hennar vegum, sérstaklega með

tilliti til þess hver útkoman yrði í sambandi við ákvæði Brussel-sáttmálans um sameiginlegar varnir.

Luc Frieden, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, sem fór með formennsku í ESB fyrri hluta ársins, flutti ávarp á fyrsta degi þingsins og sagði þar m.a. að það væri ábyrgðarlaust af leiðtogum ESB-ríkjanna að hunsa útkomuna úr þjóðaratkvæðagreiðslunum um stjórnarskrána í Frakklandi og Hollandi en að sama skapi væri vandasamt að bregðast við án þess að skaða Evrópusamvinnuna. Það sem Evrópa kallaði eftir á þessum tímapunkti væru betri og fyllri skýringar, aukin samskipti og aukin orðræða um málefni álfunnar milli borgara í ESB-ríkjunum. Menn yrðu að flýta sér hægar en gert hefði verið hingað til og virða skoðanir grasrótarinnar. Hvað öryggismálaþáttinn varðaði væri ljóst að Evrópubúar byggju við sama umhverfi nú og fyrir hálfu ári eða ári síðan. Ógnir á borð við hryðjuverk og gereyðingarvopn væru viðvarandi og aldrei fyrr hefði ytra öryggi verið jafnnátengt innra öryggi ríkja. Ekkert eitt ESB-ríki gæti tekist á við aðsteðjandi ógnir eitt síns liðs og því væri fullljóst að samvinna á þessu sviði mundi síst minnka þrátt fyrir stjórnarskrárkosningarnar. Hins vegar væri það forgangsverkefni hinnar pólitísku forustu ESB að koma verkefnum af hugmyndastigi og til framkvæmda. Þetta hefði verið forgangsmál Lúxemborgar í formennskutíð sinni hjá ESB og slíkt yrði áfram að vera. Þá sagði Frieden frá helstu verkefnum á vegum evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar síðustu mánuði og nefndi dæmi frá Bosníu og Hersegóvínu, lýðveldinu Kongó og samstarfi ESB og NATO í málefnum Súdans. Að endingu vék ráðherrann að starfi VES-þingsins og sagðist vonast til að hið mikilvæga starf sem þar færi fram yrði Evrópu til heilla hér eftir sem hingað til. Ljóst væri að öryggis- og varnarmálastefna ESB væri innantóm ef hún nyti ekki stuðnings þjóðþinga ESB-ríkjanna.

Að venju ávörpuðu sérfræðingar og ráðamenn fundinn og svöruðu spurningum þingmanna. Luc Frieden, varnarmálaráðherra og fjármálaráðherra Lúxemborgar, ávarpaði fundinn. Aðrir ræðumenn voru Stjepan Mesic, forseti Króatíu, Yuliya Tymoshenko, forsætisráðherra Úkraínu, og Goshvar Bakhshaliyeva, fyrsti varaforseti þings Aserbaídsjan. Þá flutti John Holmes, sendiherra Bretlands í París, ávarp fyrir hönd Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, en Bretar fóru með formennsku í ESB síðari hluta ársins 2005. Auk þess ávörpuðu fundinn þeir Francois Roelants du Vivier, formaður utanríkis- og varnarmálanefndar belgíska þingsins, og Frank Asbeck, forstöðumaður gervihnattamiðstöðvar ESB í Torrejón.

Bjarni Benediktsson, formaður Íslandsdeildar, flutti ræðu í umræðum um skýrslu þýska þingmannsins Berts Höfers um framkvæmd evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar. Í ræðu sinni rifjaði Bjarni upp atburði síðustu tveggja vikna og hvernig niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Frakklandi og Hollandi hefði vakið upp áleitnar spurningar um stöðu Evrópusambandsins og framtíðarþróun þess. Leiðtogar ESB-ríkjanna væru enn að reyna að átta sig á stöðunni. Sagði Bjarni að sannleikurinn væri sá að Evrópusambandið hefði farst of mikið í fang á of skömmum tíma og farið þannig fram úr pólitískum vilja grasrótarinnar, kjósenda í ESB-ríkjunum. Á hinn bóginn væri það bersýnilega jákvætt hve mikinn áhuga Evrópubúar hefðu á málefnum ESB. Það væri því á ábyrgð pólitískra leiðtoga sambandsins að nýta þennan aukna áhuga almennings og haga viðbrögðum ESB til samræmis við almannaviljann. Niðurstaða slíks ferlis yrði mun farsælla Evrópusamband. Bjarni sagði að niðurstöður atkvæðagreiðslnanna hefðu áhrif á alla þætti ESB, þ.m.t. öryggis- og varnarmálaþáttinn og tók undir með skýrsluhöfundi að evrópska öryggisáætlunin væri afar metnaðarfullt skjal. Margt af því sem þar kæmi fram lýsti ríkum vilja ESB til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi og sagðist Bjarni sammála flestum þeim markmiðum og leiðum sem þar væru boðaðar. Hins vegar hefði hann fyrirvara á þeirri tilhneigingu höfunda skjalsins að vega að Atlantshafsbandalaginu. NATO væri og hefði ávallt verið meginvettvangur öryggis- og

varnarmálaumræðu ríkja Atlantshafssamfélagsins og á sama tíma og hann fagnaði auknum vilja og metnaði ESB á þessu sviði varaði hann við tilraunum til að veikja NATO. Í lokin ræddi Bjarni um tiltekin efnisatriði skýrslunnar, til að mynda væri nauðsyn á að skilgreina betur hvað höfundar evrópsku öryggismálaáætlunarinnar ættu við með „fyrirbyggjandi aðgerðum“ og einnig að skortur væri á skýrri sýn um hlutverk þjóðþinga í áætluninni. Að lokum beindi Bjarni máli sínu að útbreiðslu gereyðingarvopna sem væri, auk alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi, mesta ógn samtímans.

b. Síðari hluti 50. fundar VES-þingsins.

Dagana 5.–7. desember fór seinni hluti 50. fundar VES-þingsins fram í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðjón Hjörleifsson formaður og Einar Már Sigurðarson varaformaður, auk Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, starfandi ritara.

Helstu skýrslur sem fyrir þinginu lágu að þessu sinni fjölluðu um lýðræðislegt eftirlit með evrópsku öryggis- og varnarstefnunni, þinglegar umræður og almenningsálit í tengslum við aukna samþættingu Evrópusambandsríkja, friðargæslu í Afríku sunnan Sahara og evrópskan markað fyrir varnarútbúnað. Auk þess var skýrsla um eftirlit á hafsvæðum og strandlengjum Evrópuríkja rædd og farið yfir hvernig hægt væri að auka samstarf Evrópuríkja á því sviði. Auk þess var rædd skýrsla um Althea-verkefni Evrópusambandsins á Balkanskaga. Óvissan í kjölfar þess að Frakkar og Hollendingar höfnuðu stjórnarskrá Evrópusambandsins hafði mikil áhrif á allar umræður á fundinum og var margoft lögð áhersla á að sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna sambandsins gæti ýtt ferlinu af stað að nýju auk þess sem áframhaldandi þróun hennar þyrfti ekki að stöðvast þótt ný stjórnarskrá tæki ekki gildi.

Fundurinn hófst á því að fráfarandi forseti VES-þingsins, belgíski þingmaðurinn Stef Goris, ávarpaði þingheim. Goris kallaði m.a. eftir því að stofnaður yrði í Brussel varanlegur vettvangur fyrir þingmenn á þjóðþingum Evrópusambandsins til að ræða m.a. öryggis- og varnarmál. Goris sagði einnig að þótt öryggis- og varnarmál yrðu færð formlega undir stjórn Evrópusambandsins mundu þingmenn á þjóðþingum aðildarríkjanna samt sem áður vilja koma að þeim málum.

Günther Platter, varnarmálaráðherra Austurríkis, flutti einnig ávarp á fyrsta degi fundarins en Austurríkismenn tóku við formennsku í ESB um áramótin. Platter lagði höfuðáherslu á að dýpka yrði samvinnu hernaðarlegra og borgaralegra stofnana, sérstaklega í tengslum við viðbrögð við náttúruhamförum. Í þessu sambandi benti hann á að um 600 hermenn hefðu verið sendir til flóðasvæðanna í Suðaustur-Asíu en varla hefði verið tekið eftir þeim vegna skorts á samvinnu Evrópuríkjanna.

Auk þess flutti sendiherra Breta í París, John Holmes, ræðu fyrir hönd Jack Straw utanríkisráðherra Breta. Í ræðunni var lögð áhersla á útvíkkun öryggis- og varnarstefnu Evrópusambandsins í formennskutíð Breta þrátt fyrir þau vandamál sem upp komu í tengslum við stjórnarskrá ESB. Sveitir á vegum ESB eru nú ekki aðeins að störfum á Balkanskaga heldur einnig í Kongó, á landamærum heimastjórnarsvæðis Palestínumanna og Egyptalands og í Aceh-héraði á Indónesíu.

Alþingi, 21. febr. 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form.	Einar Már Sigurðarson.	Gunnar Örlygsson, varaform.

Fylgiskjal.

Ályktanir, tilmæli, tilskipanir og ákvarðanir VES-þingsins árið 2005.

Fyrri hluti 50. þingfundar, 6.–8. júní:

1. ákvörðun nr. 29, um ákvörðun 27 og tilskipun 120: atkvæðisréttur áheyrnaraðila og aukaaðila í málefnanefndum VES-þingsins,
2. tilmæli nr. 759, um framkvæmd evrópsku öryggisáætlunarinnar – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
3. tilmæli nr. 760, um öryggissamstarf ESB og grannríkjanna í austri,
4. tilmæli nr. 761, um Evrópsku innkaupaáætlunina (tæknivörur) (ETAP) – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
5. tilmæli nr. 762, um möguleika Evrópuríkja til hagnýtingar miðlægra gagnaneta,
6. tilmæli nr. 763, um varnarþætti baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi,
7. ályktun nr. 126, um þróun alþjóðlegs þingmannasamstarfs við ríki Balkanskaga,
8. tilmæli nr. 764, um þróun á sviði öryggis- og varnarmálastefnu ESB og höfuðmarkmið 2010 – svar við ársskýrslu ráðherraráðsins,
9. tilmæli nr. 765, um þróunina í Stór-Miðausturlöndum,
10. tilmæli nr. 766, um afvopnunaráætlanir og hömlur gegn útbreiðslu gereyðingarvopna og notkun gervitungla í þeim tilgangi.

Síðari hluti 50. þingfundar, 5.–7. desember:

1. ályktun nr. 127, um þinglegar umræður og almenningsálit um Evrópusamruna,
2. tilmæli nr. 767, um framhald á evrópsku öryggis- og varnarstefnunni,
3. tilmæli nr. 768, um friðargæslu í Afríku sunnan Sahara,
4. tilmæli nr. 769, um evrópskan vopnamarkað,
5. tilmæli nr. 770, um framtíð evrópsks iðnaðar sem tengist vörnum á sjó,
6. tilmæli nr. 771, um eftirlit með hafsvæðum og strandlengjum Evrópu,
7. tilskipun nr. 121, um þjóðþing og Althea-verkefnið,
8. ályktun nr. 128, um þjóðþing og Althea-verkefnið,
9. tilmæli nr. 774, um samvinnu í aðgerðum á milli Evrópusambandsins og NATO,
10. tilmæli nr. 775, um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og verkefni henni tengd fyrir Evrópu.

862. Fyrirspurn [587. mál]

til viðskiptaráðherra um samkeppnisstöðu fiskverkenda.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver er afstaða ráðherra til ójafnrar samkeppnisstöðu fiskverkenda sem eru í beinum tengslum við útgerð og hinna sem kaupa hráefni sitt á mörkuðum?

863. Skýrsla [588. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2005.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 46 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 315 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum og 24 undirnefndum þeirra. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar og fimm formenn flokkahópa í forsætisnefnd þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess, og sami hópur skipar stjórnarnefnd ásamt formönnum landsdeilda. Loks starfa á þinginu sex flokkahópar. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um hugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem orðið hefur í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Fram til 1. október 2005 voru aðalmenn Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks,

og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Í upphafi 132. löggjafarþings var kjörin ný Íslandsdeild. Þar voru aðalmenn Birgir Ármannsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildar var Andri Lúthersson, en 1. september 2005 tók Arna Gerður Bang alþjóðaritari við því starfi. Utan hefðbundinna funda Evrópuráðsþingsins sjálfs hélt Íslandsdeildin einn fund.

3. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2005.

a. Fyrsti hluti þingsins.

Dagana 24.–28. janúar fór fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2005 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir formaður, Siv Friðleifsdóttir varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Þess má geta að þetta var í annað sinn í röð sem Íslandsdeildin var eina landsdeildin á þingfundinum sem eingöngu var skipuð konum. Nýr forseti Evrópuráðsþingsins var kjörinn á þingfundinum og var René van der Linden, formaður flokkahóps kristilegra hægrimanna, einn í framboði, en eins og kunnugt er hafa gilt óskrifaðar heiðursmannareglur um að forsetaembættið fari frá einum flokkahópi til annars. Er kjörtímabilið eitt ár og getur forsetinn verið endurkjörinn tvisvar sinnum. Í setningarræðu sinni sagði van der Linden að hann vonaðist til að geta lagt sitt af mörkum til að bæta samskipti Evrópusambandsins og Evrópuráðsins og að hvetja ESB til að nýta betur sérfræðiþekkingu og starfsstöðvar Evrópuráðsins í þeim málaflokkum sem ráðið hefur skapað sér mikla sérstöðu í. Þá hvatti hann ESB til að gerast fullur aðili að mannréttindasáttmála Evrópu með það að markmiði að í Evrópu verði eitt samræmt lagaumhverfi. Þá varaði hann við aukinni andstöðu meðal Evrópuþjóða gegn innflytjendum og aukinni kynþáttahyggju sem vart hefði orðið á umliðnum árum og sagði að Evrópuráðið væri rétti vettvangurinn til að takast á við slík vandamál. Þá vék van der Linden einnig að leiðtogafundi Evrópuráðsins og sagðist binda miklar vonir við að hann yrði mikill aflvaki í starfsemi ráðsins. Góður rómur var gerður að ræðu forsetans nýkjörna. Í upphafi þingfundar minntust þingmenn fórnarlamba flóðahamfaranna í Asíu í desember með einnar mínútu þögn. Af helstu málum sem rædd voru á þinginu að þessu sinni má nefna umræðuna um sambúð Evrópu og Bandaríkjanna, flóðahamfarirnar í Asíu og framlag Evrópuráðsríkja til uppbyggingar eftir hörmungarnar, friðarhorfur í Miðausturlöndum, og drög að sáttmála um varnir gegn hryðjuverkum.

Einna hæst bar þó opinbera heimsókn nýkjörins Úkraínuforseta, Viktors Júsjenkós, til Strassborgar en hann ávarpaði þingið þriðjudaginn 25. janúar og var þann dag appelsínuguli liturinn ríkjandi í og við Evrópuráðshöllina. Í ávarpi sínu sagði Júsjenkó að ekki yrði aftur snúið frá því lýðræðisferli sem hefði hafist í Úkraníu um jólahátíðina. „Oraníubyltingin“ í Úkraínu tókst vegna þess að evrópsk gildi um lýðræði, réttarríkið og mannréttindi höfðu náð fótfestu í landinu og þakkaði hann Evrópuráðinu sérstaklega fyrir ríkulegt framlag sitt til lýðræðisþróunar í Úkraínu. Greinilegt var af ræðu forsetans að aðild að ESB væri höfuðmarkmið nýrra stjórnvalda en þó tók forsetinn skýrt fram að af aðild yrði ekki fyrr en Úkraínumenn hefðu gert hreint fyrir sínum dyrum. Sagði hann jafnframt að Úkraínumenn vildu traust og trúnað í samskiptum sínum við Rússa og koma á gagnkvæmum samningum á milli

þjóðanna. Það væri alveg ljóst að Úkraína yrði að útkljá öll mál sín við Rússa áður en að af aðild að ESB yrði. Í hagrænu tilliti sagði Júsjenkó að í augum Evrópubúa hefði Úkraína verið eins og sofandi fíll en fullyrti að eftir nokkur ár yrði komið á fullkomið nútímahagkerfi í landinu. Sagði hann að ríkisstjórnin væri búin að semja framkvæmdaáætlun sem þegar væri farið starfa eftir og samkvæmt henni yrðu Úkraínumenn aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni í lok þessa árs. Júsjenkó var óvæginn í garð fyrrverandi stjórnvalda og gagnrýndi framgöngu þeirra harkalega og var honum tíðrætt um gildi mannréttinda. Sagðist hann túlka sigur sinn sem sigur lýðræðisins og ætlaði hann sér að sameina þjóðina og tryggja framgang lýðræðis og mannréttinda í landinu, en bað jafnframt um aðstoð Evrópuráðsins við að byggja upp sams konar löggjöf í Úkraínu og tíðkast í Vestur-Evrópu.

Ekki minni athygli vakti ræða Mikheils Saakashvilis, forseta Georgíu, sem hafði, líkt og Júsjenkó, ávarpað Evrópuráðsþingið skömmu eftir að hann tók við völdum eftir rósabyltinguna í Georgíu 2003. Forsetinn hóf mál sitt á því að þakka Evrópuráðsþinginu fyrir mikilvægt framlag sitt til að efla lýðræðisþróun í Georgíu og skuldbindingar sínar á mannréttindasviðinu. Sagði hann að jafnvel þegar grundvallarmannréttindum hefði verið ógnað í landinu hefði Evrópuráðsþingið aldrei hvikað í viðleitni sinni heldur komið fram við Georgíubúa á jafningjagrundvelli og haft þá skýru sýn að upp rynni dagur sem öllu mundi breyta. Georgía væri nú jafningi á meðal bræðraþjóða í Evrópu. Saakashvili sagði að Georgía væri nú land örra breytinga og þjóðin yrði að meta styrk sinn og veikleika með raunsæjum hætti. Í því fælist meðal annars að taka yrði á ýmsum þáttum sem gætu talist vera pólitískt viðkvæmir. Sagði hann að sömu aðilar og léðu rósabyltingunni mátt sinn og megin kölluðu nú á skjótan árangur – og fullljóst var af máli forsetans að hveitibrauðsdagar nýrra stjórnvalda eru að baki. Í ræðunni sagði forsetinn að það væri ekki markmið sitt að lofsama nýfengið lýðræði í Georgíu heldur frekar að upplýsa Evrópuráðsþingið um að vegferð landsins væri í átt að stöðugleika og lýðræði að vestur-evrópskri fyrirmynd og að ekki væri hægt að snúa af þeirri leið. Saakashvili notaði ræðu sína á Evrópuráðsþinginu til að ýta úr vör nýrri áætlun um frið. Sagði hann að þjóðarsál Georgíu væri sprottin úr lýðræði og að rósabyltingin hefði í raun verið tímabær áminning um þá ríku lýðræðishefð. Af þessum ástæðum hefði svo mikill árangur náðst á því eina ári sem liðið væri frá stjórnarskiptunum. Nefndi hann að barist hefði verið gegn útbreiddri spillingu innan lögreglunnar, peningaþvætti stöðvað og komið í veg fyrir að trúarhópar sættu áreitni. Þá sagði hann að frá því að nýja stjórnin tók við hefðu fjárlög ríkisins þrefaldast, ellilífeyrir verið tvöfaldaður og grynnkað á skuldum ríkisins. Þá hefðu stjórnvöld beitt sér fyrir opnun almannafjölmiðla og væri Georgía fyrsta landið í þeim hluta Evrópu sem svo hefði gert, auk þess sem ríkið væri nú að efla innviði landsins, vegi og annað. Þá vék Saakashvili að átökum og blóðsúthellingum þeim sem litað hefðu georgíska sögu. Sagði hann að þjóðin hefði þjáðst mikið og að átökin sem á tíðum hefðu sundrað landinu skildu eftir sig djúp sár. Sagði hann að það hryggði sig ákaflega að horfa upp á aðstæður fólksins í Suður-Ossetíu og Abkasíu. Sumir töluðu um þau átök sem „frosnar deilur" en sú skilgreining kæmi hins vegar ekki til skila áþján og hungri fólksins sem þar býr. Fyrir ári hefði hann heitið því að sameina Georgíu alla og fyrsti liður í þeirri áætlun væri að gera Georgíu að ríki sem einkenndist af góðri stjórnsýslu og gagnsæi. Gæti hann nú fullyrt að allnokkur árangur hefði náðst. Nú yrði að beina kröftum að því að koma á varanlegum friði í Suður-Ossetíu sem væri í raun lítið en afar mikilvægt svæði sem hefði verið í gleymsku allt of lengi. Georgísk stjórnvöld hefðu nú ákveðið að hrinda í framkvæmd áætlun um frið í Suður-Ossetíu sem grundvallaðist á því að þjóðin hlyti sjálfsákvörðunarrétt. Í því fælist að Suður-Ossetar öðluðust rétt til að kjósa héraðsstjórnir með beinum hætti, þ.m.t. framkvæmdarvald og löggjafarþing, sem ákvarðaði um alla mikilvæga málaflokka, menningar-

mál, félagsmál, hagstjórn o.s.frv. Og Suður-Ossetum bæri stjórnarskrárbundinn réttur til að hafa fulltrúa sína í stjórn Georgíu, hvað varðaði dómskerfið, stjórnlagakerfið og á georgíska þinginu. Georgía yrði að vera öflug og sameinuð og það þýddi að allir sætu við sama borð. Það yrði tryggt með grundvallarréttindum Suður-Ossetum til handa – rétti þeirra til að tala sitt tungumál og hafa eigin menntastefnu. Sagði forsetinn að Suður-Ossetar hefðu sögulegan rétt til hagsældar og stöðugleika sem nú þegar ríkti í Georgíu og útlistaði þær aðgerðir sem Georgíustjórn hygðist hrinda í framkvæmd á næstu þremur árum, fyrsta áfanga friðaráætlunarinnar. Samkvæmt þeirri áætlun ætti Evrópuráðið að vera vettvangur hins formlega friðarferlis. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) ætti að hafa eftirlit með friðarferlinu, Evrópusambandið mundi tryggja friðinn og Bandaríkin mundu styðja friðarferlið. Sagðist hann jafnframt vilja bjóða Rússum að verða uppbyggilegur bandamaður í þessu friðarferli.

Í fyrirspurnatíma forsetans spurðu rússneskir þingmenn hann frekar um friðaráætlun Georgíumanna og hlutverk rússneskra stjórnvalda í því. Sagði hann að það væri hreinlega skylda hlutaðeigandi aðila að beita sér fyrir því að markmið friðarferlisins næðust. Ítrekaði hann að hann sæi fyrir sér að Rússar yrðu hlutlausir aðilar að friðarferlinu og hvatti þá til að koma til móts við Georgíustjórn í þessu máli. Jafnframt sagði hann að svo virtist vera sem Rússlandsstjórn væri enn að nýta allar leiðir til að halda ítökum sínum í Suður-Ossetíu, m.a. með því að búa svo um hnútana að háttsettir menn úr löggæslu og her væru skipaðir í valdamiklar stöður í Suður-Ossetíu og einnig með útgáfu vegabréfa til Suður-Osseta sem þeir síðan skilgreindu sem rússneska þegna. Þetta væri afar miður en samt sem áður hefði hann trú á að Georgíumenn og Rússar næðu að yfirvinna þessa örðugleika. Sagði hann að Georgía væri ekki lengur lítið hérað sem lægi í skugga Rússlands. Georgía væri fullgilt evrópskt þjóðríki sem bæði Rússa um að verða bandamaður sinn.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Alcee L. Hastings, forseti ÖSE-þingsins; Claude Frey, formaður framkvæmdaráðs Norður-Suður-miðstöðvarinnar; Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu; Marek Antoni Nowicki, frá embætti umboðsmanns í Kosovo-héraði; Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu; Jan Truszczynski, utanríkisráðherra Póllands, sem fer með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins; Michel Barnier, utanríkisráðherra Frakklands; Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins; og Yvette Stevens, forstöðumaður mannúðarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (OCHA).

b. Annar hluti þingsins.

Dagana 25.–29. apríl fór vorfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir formaður, Birkir J. Jónsson, og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Að venju voru fjölmörg áhugaverð mál til umræðu og af þeim má nefna skýrslu breska þingmannsins Kevins McNamara um aðstæður fanga Bandaríkjastjórnar í Guantanamó-herstöðinni. Í skýrslunni, sem samþykkt var nær einróma á þinginu, var Bandaríkjastjórn gagnrýnd harðlega fyrir meðferð á föngum sem haldið hefði verið um árabil í herstöðinni þrátt fyrir talsverða gagnrýni víða á alþjóðavettvangi. Í texta skýrslunnar sagði að Bandaríkjamenn hefðu farið á svig við eigin skuldbindingar á sviði mannréttinda og að Evrópuráðið liti slíkt alvarlegum augum. Voru bandarísk stjórnvöld jafnframt hvött til að tryggja mannréttindi fanganna í Guantanamó og bæta aðstæður þeirra. Þá hvatti þingheimur til þess að lagaleg staða fanganna yrði skilgreind hið fyrsta, meðal annars með hliðsjón af Genfarsáttmálunum sem Bandaríkin væru aðilar að.

Annað mál sem vakti óskoraða athygli á þinginu var skýrsla svissneska þingmannsins Dicks Marty um líknardráp. Er um afar umdeilt mál að ræða og til marks um það hefur skýrslan verið í meðförum Evrópuráðsþingsins á þriðja ár en verið tvívegis dregin til baka

áður en hún var lögð fram á þingfundi til afgreiðslu. Þá hefur umræðu um málið verið frestað tvívegis. Að þessu sinni hafði skýrslu Svisslendingsins verið breytt á þann veg að þingmenn Evrópuráðsins mátu hana þingtæka og eftir langar og miklar umræður voru ályktunardrögin felld í atkvæðagreiðslu. Athygli vakti hins vegar að flestallar þeirra u.þ.b. 60 breytingartillagna sem fram höfðu verið lagðar voru samþykktar áður en ályktunin sjálf var felld. Meginatriði ályktunarinnar voru þau að skýrsluhöfundur leitaðist við að skilgreina þær aðstæður og þær forsendur sem þurfi til að líknardráp teljist lögmætt og hvatti til þess að Evrópuráðsríki legðu fram skýra stefnu í þeim málum. Voru dæmi rakin í skýrslunni um hvernig þessum málum væri háttað í tilteknum aðildarríkjum Evrópuráðsins, þar á meðal Hollandi og Sviss. Þá hvatti skýrsluhöfundur til þess að réttindi sjúklinga yrðu skýrt skilgreind sem og réttindi og skyldur lækna og hjúkrunarstarfsfólks. Í skýrslunni var lögð áhersla á að í aðildarríkjum Evrópuráðsins færi fram opin umræða um þennan mikilvæga en jafnframt viðkvæma málaflokk og að sú umræða tæki mark af menningarbundnum og trúarlegum aðstæðum þjóða og þjóðarbrota. Segja má að umræðan um líknardráp hafi snert fulltrúa á Evrópuráðsþinginu afar djúpt, óháð flokkspólitískum áherslum, sem alla jafna ráða mestu um pólitískar umræður á þinginu.

Nokkuð var rætt um þriðja leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn var 16.–17. maí. Fundurinn var í Varsjá en Pólverjar fóru með formennsku í Evrópuráðinu fyrri part ársins. Á fundinum var rætt um hvernig skilgreina bæri framtíðarhlutverk Evrópuráðsins í hinni fjölskrúðugu stofnanaflóru Evrópu. Lögð var áhersla á að skýra hlutverk og starfssvið Evrópuráðsins í samhengi við t.a.m. Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Þá undirrituðu þjóðarleiðtogar Evrópuráðsríkjanna þrjá nýja sáttmála um peningaþvætti, mansal og baráttu gegn hryðjuverkum.

Málefni er standa Íslendingum afar nærri voru tekin til umræðu á vorþinginu. Þriðjudaginn 26. apríl voru til umræðu skýrslur um orkumál og endurnýjanlega orkugjafa. Var greinilegt að afar mikill áhugi er á þessum málaflokki sem vaxið hefur mjög í alþjóðlegri umræðu undanfarin ár og missiri. Sólveig Pétursdóttir, formaður Íslandsdeildar, tók þátt í umræðunum og sagði í innleggi sínu að ábyrg nýting auðlinda væri forsenda hagsældar, velferðar og öryggis. Þá kom fram að umræðan um endurnýjanlega orkugjafa hefði farið hátt á undanförnum missirum og umhverfisvitund fólks í Evrópu sem og annars staðar væri að aukast. Hvað aðildarríki Evrópuráðsins varðaði væri hins vegar fullljóst að þjóðir væru í mismunandi aðstöðu þegar kæmi að endurnýjanlegum orkugjöfum. Á hitt bæri þó að líta að flest ríki hefðu ákveðna möguleika til að nýta mun betur þá kosti sem þeim stæðu til boða og hvetja ætti þau til þeirra verka. Var þá vikið að aðstæðum á Íslandi og þeim árangri sem náðst hefði hér. Ísland væri afar ríkt af endurnýjanlegum orkugjöfum og stefna stjórnvalda hefði um áratugabil verið að nýta endurnýtanlega orkugjafa. Væri nú svo komið að yfir 70% af orku sem framleidd væri í landinu væri endurnýjanleg, sem væri einstakt í veröldinni. Til samanburðar væri hlutfall endurnýtanlegra orkugjafa í Evrópusambandsríkjunum 25 aðeins rúmlega 10% af heildarorkuframleiðslu árið 2002. Þá var einnig sagt frá frumkvæði Íslendinga og samstarfsaðila þeirra á sviði vetnisframleiðslu. Í vetnissamfélagi framtíðarinnar lægju miklir möguleikar til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Árangur Íslands væri til marks um að allar þjóðir, stórar sem smáar, gætu lagt sitt af mörkum til að leysa úr aðsteðjandi vanda á sviði orkumála, með samstarfi aðila á sviði vísinda, viðskipta og stjórnmála.

Sólveig Pétursdóttir tók einnig þátt í umræðum um kjarnorkuáætlanir Írana og viðbrögð alþjóðasamfélagsins. Í ræðunni sagði Sólveig að útbreiðsla gereyðingarvopna ásamt alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi væri einhver mesta ógnin sem að alþjóðasamfélaginu stafaði um þessar mundir. Stjórnvöld í Íran hefðu sýnt það á undanförnum árum að þau hikuðu ekki við

að fara á svig við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði kjarnorkumála og hefðu, ásamt Norður-Kóreu, valdið miklum áhyggjum á alþjóðavettvangi. Sagði Sólveig að saga alþjóðasamskipta síðustu ára og missira ætti að sýna fram á að sókn ríkja í gereyðingarvopn væri þeim síst til framdráttar. Í ræðunni fagnaði Sólveig tilraunum Frakklands, Þýskalands og Bretlands til að fá Íran að samningaborðinu og jafnframt ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að styðja frumkvæðið. Sagði Sólveig menn vonast til að Íranir bættu ráð sitt. Hins vegar væri rétt að minna á að utanríkisstefna klerkastjórnarinnar í Teheran væri í algerri andstöðu við Evró-Atlantshafsríki og að hún hefði til þessa notað vægast sagt misjafnar aðferðir til að verja málstað sinn. Minnti hún og á að Íranir hefðu lengi leitast við að valda óstöðugleika í mörgum ríkjum Miðausturlanda og að stjórnvöld í Íran styddu leynt og ljóst hryðjuverk sem spilltu fyrir friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs.

Sólveig sagði að um þessar mundir virtist hins vegar vera tækifæri til að ná samkomulagi við Íran. Stjórnmálaástandið í landinu og efnahagslífið væri með þeim hætti að tækifæri til samninga gætu verið í sjónmáli. Vesturlönd ættu að einbeita sér að því að nota efnahagsmátt sinn til að styðja við bakið á umbótaöflum í Íran. Þannig gætu aukin viðskipti og erlendar fjárfestingar, sem eru af afar skornum skammti, dregið úr sókn Írana í gereyðingarvopn. Á sama tíma yrði alþjóðasamfélagið að viðhalda pólitískum þrýstingi sínum á stjórnvöld í Íran.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Svetozar Marovic, forseti Serbíu og Svartfjallalands; Claude Mandil, framkvæmdastjóri Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA); Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2005; Adam Daniel Rotfield, utanríkisráðherra Póllands, sem fór með formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins fyrri hluta ársins 2005; og Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 20.–24. júní fór sumarfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Sóttu hann af hálfu Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Össur Skarphéðinsson og Siv Friðleifsdóttir, auk Belindu Theriault, starfandi ritara.

Sólveig Pétursdóttur átti fund með mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, Alvaro Gil-Robles, í tilefni af heimsókn hans til Íslands síðar um sumarið, þar sem hann kynnti sér stöðu mannréttindamála á Íslandi. Í kjölfar heimsóknarinnar skrifaði hann skýrslu um Ísland. Rætt var um heimsóknina og dagskrá hennar og fékk Gil-Robles ábendingar hjá formanni Íslandsdeildar um hugsanlega viðmælendur og málefni sem vert væri að kynna sér. Ræddu þau m.a. um stöðu jafnréttismála, heimilisofbeldi, mansal, stöðu flóttamanna og fangelsismál. Þá var rætt almennt um starf mannréttindafulltrúans og taldi Sólveig nauðsynlegt að auka sýnileika hans á Evrópuráðsþinginu. Fjallað er um heimsóknina í lok þessarar skýrslu.

Fjölmörg áhugaverð mál voru til umræðu á júnífundinum, en stærsta málið var skýrsla þingmannanna David Atkinson frá Bretlandi og Rudolf Binding frá Þýskalandi um hvernig Rússum gengur að uppfylla skyldur sínar sem aðildarríki Evrópuráðsins. Skýrslan var mjög gagnrýnin á framferði rússneskra yfirvalda. Viðurkennt var að Rússar stæðu frammi fyrir erfiðum vandamálum sem ógnuðu stöðugleika í landinu, en lögð var áhersla á að taka yrði á slíkum vandamálum með lausnum sem samrýmdust grundvallargildum Evrópuráðsins. Skýrsluhöfundar hrósuðu Rússum fyrir aðgerðir á nokkrum sviðum, en töldu almennt ekki nóg að gert og að í sumum tilvikum væru Rússar hreinlega á rangri leið. Í ályktun þingsins var nýleg kosningalöggjöf gagnrýnd sem og ástandið á fjölmiðlamarkaðnum þar sem frjálsa og óháða fjölmiðla vantaði. Lagðar voru fram margar tillögur til úrbóta. Þá var fjallað ítarlega um mannréttindamál í Rússlandi. Varðandi afnám dauðarefsinga var farið fram á það að rússnesk stjórnvöld fullgiltu án tafar 6. viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Þá var

farið fram á að Rússar lykju undirskriftar- og staðfestingarferli landamærasamnings við Lettland og að aðstoð Rússa við stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi yrði háð þeim skilyrðum að mannréttindi verði virt.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, ávarpaði þingið. Hann lagði áherslu á mikilvægi lýðræðis til að mæta verkefnum 21. aldar. Hann ræddi hvernig NATO hefði byggt upp net samstarfsríkja á sviði öryggismála sem næði ekki aðeins til Evrópu heldur líka til Kákasus og Mið-Asíu. Til lengri tíma litið væri mikilvægt að fá einnig Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu og Svartfjallaland til samstarfs. Þá færi fram mikilvægt starf við að byggja upp samstarf við Miðausturlönd. Í umræðum í kjölfar ræðunnar spurði Össur Skarphéðinsson um nýleg ummæli framkvæmdastjórans þegar hann var staddur í Ísrael þess efnis að leitað væri leiða til að svara óskum Palestínumanna um viðræður við NATO. De Hoop Scheffer sagði að NATO væri að styrkja samstarf sitt við ríki Norður-Afríku, Maghreb-svæðið, Ísrael og Jórdaníu (sk. Mediterranean dialogue). Í kjölfar heimsóknar framkvæmdastjóra NATO til Ísrael heimsótti starfsmannastjóri NATO nýlega Palestínumenn til að upplýsa þá um Miðjarðarhafssamstarfið. Óvíst væri á þessu stigi um framhaldið, en hann hefði gefið sendiherrum NATO-ríkja í Brussel skýrslu um málið og því yrði fylgt eftir. Hann lagði áherslu á að NATO hefði engin bein afskipti af málefnum svæðisins og leitaði ekki eftir slíku hlutverki.

Þingmaðurinn de Puig frá Spáni lagði fram skýrslu um lýðræðislegt eftirlit með stofnunum sem sinna öryggismálum. Í skýrslunni var fjallað um þær ógnir sem ríki nútímans standa frammi fyrir og hvernig mæta mætti slíkum ógnum án þess að gengið yrði um of á frelsi borgaranna. Lögð var áhersla á að aðgerðir leyniþjónustu, lögreglu, landamæravarða og herja yrði alltaf að eiga sér stoð í lögum og lúta lýðræðislegu eftirliti sem sé í höndum þjóðþings. Össur Skarphéðinsson tók til máls um skýrsluna og þakkaði höfundi hennar góð störf. Hann sagði að mörg ríki hefðu samþykkt lög eftir hryðjuverkaárásirnar í New York sem juku mjög vald öryggisstofnana og taldi að ekki hefði tekist að tryggja viðunandi lýðræðislegt eftirlit með valdhöfum í kjölfar nýrrar löggjafar. Hann sagði brýnt að finna jafnvægi milli þess sem nauðsynlegt væri að gera til að tryggja öryggi okkar og að virða mannréttindi. Hann lagði áherslu á að ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu yrði fylgt í baráttunni gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Löggjöf yrði að vera gagnsæ, borgarar yrðu að geta komið kvörtunum á framfæri og gera yrði þjóðþingum kleift að sinna skyldum sínum á sviði lýðræðislegs eftirlits.

Össur Skarphéðinsson lagði fram drög að skýrslu um starfsmannaleigur á fundi nefndar um fólksflutninga og flóttamenn. Vakti skýrslan mikinn áhuga í nefndinni og verður hún væntanlega lögð fram á þingfundi Evrópuráðsins.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Jose de Venicia, formaður ráðgjafaráðs friðarsamtaka asískra þinga og forseti filippseyska þingsins; Chaudhry Amir Hussain, forseti friðarsamtaka asískra þinga og forseti pakistanska þingsins; Adnan Terzic, formaður ráðherraráðs Bosníu og Hersegóvínu.

d. Fjórði hluti þingsins.

Dagana 3.–7. október fór fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 2005 fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Siv Friðleifsdóttir varaformaður og Guðrún Ögmundsdóttir, auk Örnu Gerðar Bang ritara. Á haustfundi Evrópuráðsþingsins bar einna hæst umræður um hryðjuverk, konur og trúarbrögð í Evrópu, fyrirbyggjandi aðgerðir gegn fuglaflensu og kosning mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins. Tomas Hammarberg frá Svíþjóð var kjörinn mannréttindafulltrúi ráðsins.

Þingið samþykkti ályktun um konur og trúarbrögð í Evrópu þar sem hvatt var til þess að aðildarríki ráðsins beittu sér fyrir því að veita öllum konum búsettum í ríkjunum fulla vernd gegn brotum á rétti sínum sem rekja má til trúarskoðana. Í því samhengi var enn fremur mælst til þess að mótuð yrði sérstök stefna um að koma í veg fyrir brot á réttindum kvenna til lífs, yfirráða yfir líkama sínum, frelsis til flutninga og frelsis til að velja sér maka, þ.m.t. svokallaðir „heiðursglæpir“, þvinguð hjónabönd og löskun á kynfærum kvenna, hvar sem er og af hverjum sem slíkar aðgerðir eru framkvæmdar, hvernig sem þær eru réttlættar og án tillits til þess hvort fórnarlambið hafi samþykkt þær til málamynda; þetta þýðir að trúarbragðafrelsi er takmarkað af mannréttindum.

Þá hvatti þingið til þess að tryggt yrði að trúfrelsi og virðing fyrir menningu væri ekki notað til að réttlæta brot á réttindum kvenna, þ.m.t. þegar stúlkur undir aldri eru þvingaðar til að láta undan trúarreglum (m.a. reglum varðandi klæðnað), frelsi þeirra til flutninga er skert eða aðgangur að getnaðarvörnum er hindraður af fjölskyldu eða samfélagi.

Í upphafsávarpi sínu ræddi van der Linden, forseti þingsins, um hryðjuverkaógnina og fagnaði hann miklum áhuga þingsins á hryðjuverkaumræðunni og yfirlýstum vilja þess til að samræma aðgerðir aðildarríkja Evrópuráðsins til að stemma stigu við þeirri ógn sem af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi hlytist. Van der Linden lagði einnig áherslu á mikilvægi ráðsins við að efla skilning milli ólíkra menningar- og trúarheima. Hann hvatti til þess að ráðið færi þar með forustu enda staða þess kjörin til slíks. Þá bauð hann Ekmeleddin Ihsanoglu, framkvæmdastjóra samtaka um íslamska ráðstefnu, sérstaklega velkominn og lagði áherslu á mikilvægi þátttöku hans í þinginu.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Marian Lupu, forseti þingsins í Moldóvu; Ekmeleddin Ihsanoglu, framkvæmdastjóri samtaka um íslamska ráðstefnu; Asma Jahangir, skýrsluhöfundur frá Sameinuðu þjóðunum um trú og trúfrelsi; Miguel Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar; Donald J. Johnston, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu; Volodymyr Lytvyn, forseti þingsins í Úkraínu; og Elmar Brok, formaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins. Íslandsdeildin tók að venju virkan þátt í þingstörfunum og sótti nefndarfundi í viðkomandi nefndum.

4. Stjórnarnefnd.

a. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Mónakó.

Hinn 1. september var efnt til stjórnarnefndarfundar Evrópuráðsþingsins í Mónakó. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Siv Friðleifsdóttir varaformaður, auk Örnu Gerðar Bang alþjóðaritara. Fyrir utan venjubundin stjórnarnefndarstörf fór mestur fundartími í ávarp ríkisráðherra Mónakó, Jean-Paul Proust, um stjórnmál og stjórnskipan í Mónakó.

Fundurinn hófst á því að Stéphane Valeri, forseti ríkisráðs Mónakó, bauð fundargesti velkomna. Forseti Evrópuráðsþingsins, van der Linden, stýrði fundinum og skiptist á skoðunum við Proust um málefni Mónakó. Siv spurði Proust hvort umræða hefði átt sér stað um að breyta þeirri grein í stjórnarskrá Mónakó sem snýr að erfðum krúnunnar, þar sem m.a. kemur fram að synir hafa forgang umfram dætur. Proust svaraði spurningunni á þá leið að hann væri ekki í stöðu að svo stöddu til að svara því hvort slík umræða hefði farið fram.

Karólína prinsessa, forseti heimssamtakanna Barnavinir (AMADE), var gestur fundarins og tók þátt í umræðu um ofbeldi og misnotkun á börnum og baráttu gegn því. Í ávarpi sínu lagði Karólína áherslu á að þrátt fyrir að fjölmargar stofnanir og alþjóðasamtök hefðu unnið ötullega að því að auka lagalega vernd barna þyrfti að auka hana enn frekar. Hún lagði til að Evrópuráðsþingið og ráðherraráðið ynnu að nýjum ályktunum, tilmælum og sáttmála um málið.

Að loknum föstum dagskrárliðum stjórnarnefndarfundarins var rætt um skýrslur og ályktunardrög sem fyrir fundinum lágu. Ástæðulaust er að rekja almennar umræður en af þeim málum sem mest kvað að má nefna skýrslu um að koma á framfæri fimmtu kvennaráðstefnunni á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem m.a. á að leggja áherslu á nýjar ógnir sem steðja að réttindum kvenna. Rætt var um að með auknu trúarofstæki hefði orðið ákveðið bakslag sem leitt hefði til þess að staða kvenna hefði versnað á ákveðnum svæðum síðastliðin ár. Síðan kvennaráðstefnan var haldin í Peking árið 1995 hefur lítið verið framkvæmt af ályktunum ráðstefnunnar og var það gagnrýnt.

b. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Búkarest.

Hinn 25. nóvember var efnt til stjórnarnefndarfundar Evrópuráðsþingsins í Búkarest en Rúmenar tóku við formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins í nóvember 2005. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Birgir Ármannsson formaður, auk Örnu Gerðar Bang alþjóðaritara. Fyrir utan venjubundin stjórnarnefndarstörf fór mestur fundartími í ávarp utanríkisráðherra Rúmeníu og formanns ráðherraráðsins, Mihai-Razvan Ungureanu. Fundurinn hófst á því að Nicolae Vacaroiu, forseti neðri deildar rúmenska þingsins, bauð fundargesti velkomna og skiptist á skoðunum við Ungureanu um málefni Rúmeníu.

Að loknum föstum dagskrárliðum stjórnarnefndarfundarins var rætt um skýrslur og ályktunardrög sem fyrir fundinum lágu. Ástæðulaust er að rekja almennar umræður en af þeim málum sem mest kvað að má nefna skýrslu um afnám síðasta hluta járntjaldsins í Mið-Evrópu og starfsemi Sameinuðu þjóðanna varðandi flóttamenn.

5. Nefndastörf og önnur störf.

a. Skipting Íslandsdeildar í nefndir.

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Birgir Ármannsson.
Til vara:	Siv Friðleifsdóttir.
Stjórnarnefnd:	Birgir Ármannsson.
Til vara:	Siv Friðleifsdóttir.
Stjórnmálanefnd:	Birgir Ármannsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Laga- og mannréttindanefnd:	Birgir Ármannsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Guðrún Ögmundsdóttir.
Efnahagsnefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Þingskapanefnd:	Birgir Ármannsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Vísinda-, tækni- og menntamálanefnd:	Siv Friðleifsdóttir.
Til vara:	Birkir J. Jónsson.
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Guðrún Ögmundsdóttir.
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Margrét Frímannsdóttir.
Til vara:	Guðrún Ögmundsdóttir.

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þinga.

Siv Friðleifsdóttir, varaformaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, sótti fundi efnahagsnefndar í Antalýu í maímánuði og í Lissabon í september. Þá sótti hún fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar í Búkarest í nóvember og í París í desember.

c. Fundur jafnréttisnefndar í Reykjavík.

Dagana 12.–13. september 2005 hélt jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins fund í Reykjavík og var Íslandsdeild gestgjafi hans. Fundurinn fór fram á Hótel Loftleiðum og voru þátttakendur um 50, þingmenn, starfsmenn þjóðþinga aðildarríkjanna ásamt sérfræðingum.

Af 10 málefnanefndum Evrópuráðsþingsins er jafnréttisnefndin yngst, stofnuð árið 1998. Frá upphafi hefur nefndin fjallað um jafnréttismál í víðum skilningi, kvenréttindi og baráttuna gegn ofbeldi á konum. Nefndin hefur barist fyrir aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélagsins. Á síðustu tveimur árum hefur hún beitt sér mjög í málefnum er lúta að mansali og vændi.

Meðal efnis á fundi jafnréttisnefndarinnar í Reykjavík var samþætting vinnu og fjölskyldulífs og skýrsla um konur og trúarbrögð í Evrópu sem mikil umræða skapaðist um. Einnig áttu sér stað skoðanaskipti milli íslenskra þingmanna og nefndarmanna. Vöktu lög Íslendinga um fæðingarorlof mikla athygli og aðdáun nefndarmanna, auk mikillar þátttöku kvenna í stjórnmálum hér á landi. Umræður voru gagnlegar og góðar og var áhugi nefndarmanna mikill. Þess má geta að fundurinn var framlengdur um klukkustund vegna þessa. Hluti fundarins var að þessu sinni helgaður hlutverki karla í jafnréttisverkefnum. Þar héldu ávörp meðal annarra Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs.

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn þingmennirnir Sólveig Pétursdóttir, formaður, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður og formaður félagsmálanefndar, og Margrét Frímannsdóttir. Aðrir þingmenn sem sóttu fundinn voru Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður félagsmálanefndar, Kolbrún Halldórsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

c. Heimsókn mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins.

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins heimsótti Alþingi hinn 5. júlí 2005. Á móti fulltrúanum tók Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, Sólveig Pétursdóttir, formaður, Siv Friðleifsdóttir, varaformaður, og Össur Skarphéðinsson, ásamt Belindu Theriault, starfandi ritara. Var mannréttindafulltrúanum boðið til hádegisverðar þar sem staða mannréttindamála á Íslandi var rædd. Líkt og á fundi Sólveigar með mannréttindafulltrúanum fyrr um sumarið ræddu þau meðal annars um stöðu jafnréttismála, heimilisofbeldi, mansal, stöðu flóttamanna og fangelsismál. Þá var rætt almennt um starf mannréttindafulltrúans og taldi Sólveig nauðsynlegt að auka sýnileika hans á Evrópuráðsþinginu.

Alþingi, 3. mars 2006.

Birgir Ármannsson, form.	Siv Friðleifsdóttir, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2005.

Fyrsti hluti þingfundar, 24.–28. janúar:
- ályktun nr. 1423, um leiðir til að sporna við atvinnuleysi í Evrópuríkjum,
- ályktun nr. 1424, um aukna félagslega samloðun og aukna atvinnu,
- ályktun nr. 1425, um endurskoðun skipunarbréfs málefnanefnda,
- tilmæli nr. 1694, um sambúð Evrópu og Bandaríkjanna,
- ályktun nr. 1421, um sambúð Evrópu og Bandaríkjanna,
- ályktun nr. 1422, um flóðahamfarirnar í Asíu,
- álit nr. 254, um drög að sáttmála um fjárþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og upptöku fjár sem sprottið er af glæpastarfsemi,
- álit nr. 255, um drög að sáttmála um varnir gegn hryðjuverkum,
- tilmæli nr. 1693, um þriðja leiðtogafund Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1419, um erfðabreytt matvæli,
- ályktun nr. 1420, um friðarhorfur í Miðausturlöndum,
- álit nr. 253, um drög að sáttmála um leiðir til að sporna gegn mansali,
- ályktun nr. 1416, um átökin í Nagorno-Karabak,
- tilmæli nr. 1690, um átökin í Nagorno-Karabak,
- ályktun nr. 1691, um verndun mannréttinda í Kosovo-héraði,
- tilmæli nr. 1418, um kringumstæður handtöku forsvarsmanna Yukos-olíufélagsins,
- tilmæli nr. 1415, um skuldbindingar Georgíu á vettvangi Evrópuráðsins.

Annar hluti þingfundar, 25.–29. apríl:
- tilmæli nr. 1704, um þjóðaratkvæðagreiðslur og góða stjórnsýslu í Evrópu,
- ályktun nr. 1439, um mengun sjávar,
- ályktun nr. 1438, um frelsi fjölmiðla og starfsskilyrði blaðamanna á stríðshrjáðum svæðum,
- tilmæli nr. 1702, um frelsi fjölmiðla og starfsskilyrði blaðamanna á stríðshrjáðum svæðum,
- tilmæli nr. 1703, um vernd og aðstoð til handa börnum sem sækja um landvistarleyfi,
- tilmæli nr. 1700, um mismunun gagnvart konum á vinnumarkaði,
- tilmæli nr. 1701, um mismunun gagnvart konum og stúlkum í íþróttum,
- ályktun nr. 1437, um flóttamenn og samfélagslega samloðun,
- ályktun nr. 1433, um lögmæti þess að halda stríðsföngum í Guantanamó-herstöðinni,
- tilmæli nr. 1699, um lögmæti þess að halda stríðsföngum í Guantanamó-herstöðinni,
- ályktun nr. 1434, um orkumál í Evrópu,
- ályktun nr. 1435, um samspil orkumála og umhverfismála,
- ályktun nr. 1436, um kjarnorkuáætlanir Írana og viðbrögð alþjóðasamfélagsins,
- tilmæli nr. 1698, um réttindi barna.

Þriðji hluti þingfundar, 20.–24. júní:
- ályktun nr. 1449, um umhverfismál og þúsaldarmarkmiðin,
- ályktun nr. 1450, um Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þúsaldarmarkmiðin,

- ályktun nr. 1451, um framlag Evrópubankans til efnahagsþróunar í Mið- og Austur-Evrópu,
- ályktun nr. 1452, um aðstæður í Miðausturlöndum,
- ályktun nr. 1453, um núverandi aðstæður í Kosovo,
- ályktun nr. 1454, um fjölda kvenna og stúlkubarna sem hverfa í Mexíkó,
- ályktun nr. 1455, um skyldur Rússlands sem aðildarríkis að Evrópuráðinu,
- ályktun nr. 1456, um framlag Evrópubankans til efnahagsþróunar í Mið- og Austur-Evrópu,
- ályktun nr. 1457, um eftirfylgni við ályktun 1359 (2004) um pólitíska fanga í Aserbaídsjan,
- ályktun nr. 1458, um ferli stjórnarskrárbreytinga í Armeníu,
- ályktun nr. 1459, um afnám hafta varðandi kosningarétt,
- ályktun nr. 1460, um bætt viðbrögð við þörfum geðsjúkra í Evrópu,
- tilmæli nr. 1706, um fjölmiðla og hryðjuverk,
- tilmæli nr. 1707, um aðstæður í Miðausturlöndum,
- tilmæli nr. 1708, um núverandi aðstæður í Kosovo,
- tilmæli nr. 1709, um fjölda kvenna og stúlkubarna sem hverfa í Mexíkó,
- tilmæli nr. 1710, um skyldur Rússlands sem aðildarríkis að Evrópuráðinu,
- tilmæli nr. 1711, um eftirfylgni við ályktun 1359 (2004) um pólitíska fanga í Aserbaídsjan,
- tilmæli nr. 1712, um eftirfylgni við þriðja leiðtogafundinn,
- tilmæli nr. 1713, um lýðræðislegt eftirlit með stofnunum er sinna öryggismálum í aðildarríkjunum,
- tilmæli nr. 1714, um afnám hafta varðandi kosningarétt,
- tilmæli nr. 1715, um bætt viðbrögð við þörfum geðsjúkra í Evrópu.

Stjórnarnefndarfundur, 1. september:
- tilmæli 1716, um að koma á framfæri fimmtu kvennaráðstefnunni á vegum Sameinuðu þjóðanna,
- tilmæli 1717, um menntun vegna tómstundaiðkunar,
- ályktun 1461, um Kúrlandseiði; olíu og umhverfi.

Fjórði hluti þingfundar, 3.–7. október:
- ályktun nr. 1462, um sameiginlega stefnu við stjórn á búferlaflutningum,
- tilmæli nr. 1718, um sameiginlega stefnu við stjórn á búferlaflutningum,
- tilmæli nr. 1719, um þvingað brotthvarf,
- ályktun nr. 1463, um þvingað brotthvarf,
- ályktun nr. 1464, um konur og trúarbrögð í Evrópu,
- tilmæli nr. 1720, um menntun og trúarbrögð,
- tilmæli nr. 1721, um virkni lýðræðislegra stofnana í Moldóvu,
- ályktun nr. 1465, um virkni lýðræðislegra stofnana í Moldóvu,
- tilmæli nr. 1722, um skyldur og skuldbindingar Úkraínu,
- ályktun nr. 1466, um skyldur og skuldbindingar Úkraínu,
- ályktun nr. 1467, um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) og hið hnattræna hagkerfi,
- tilmæli nr. 1723, um þvinguð hjónabönd og hjónabönd barna,
- ályktun nr. 1468, um þvinguð hjónabönd og hjónabönd barna,

- tilmæli nr. 1725, um fuglaflensu í Evrópu og fyrirbyggjandi aðgerðir,
- tilmæli nr. 1726, um alvarleg brot á mannréttindum í Líbíu og grimmilega meðferð á heilbrigðisstarfsfólki frá Búlgaríu,
- tilmæli nr 1727, um hraðari málsmeðferð varðandi hæli í aðildarríkjum Evrópuráðsins,
- ályktun nr. 1469, um tungumálaörðugleika við aðgang að heilbrigðisþjónustu í Brussel,
- ályktun nr. 1470, um kostnað við landbúnaðarstefnu ESB (CAP),
- ályktun nr. 1471, um hraðari málsmeðferð varðandi hæli í aðildarríkjum Evrópuráðsins.

Stjórnarnefndarfundur, 25. nóvember:

- ályktun nr. 1472, um að afnema síðasta hluta járntjaldsins í Mið-Evrópu,
- ályktun nr. 1473, um siglingaleiðir í Evrópu: með áherslu á leiðina Dóná-Oder-Saxelfur,
- ályktun nr.1474, um starfsemi Sameinuðu þjóðanna varðandi flóttamenn,
- ályktun nr. 1475, um 50 ára afmæli Evrópuverðlaunanna – uppgjör og útlit,
- tilmæli nr. 1728, um fjárhagslega getu Evrópuráðsþingsins,
- tilmæli nr. 1729, um starfsemi Sameinuðu þjóðanna varðandi flóttamenn,
- tilmæli nr. 1730, um einkarekstur menningarlegra eigna.

864. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til vatnalaga.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný vatnalög sem er ætlað að hluta að leysa af hólmi núgildandi vatnalög frá árinu 1923. Frumvarpið var til meðferðar Alþingis á 131. löggjafarþingi og var þá afgreitt frá nefnd en náði ekki til lokaafgreiðslu. Gildandi vatnalög, nr. 15/1923, sem voru í raun heildarlög um vatnsréttindi, eru afar merkileg og hafa staðist tímans tönn furðu vel. Það er hins vegar ljóst að margs konar breytingar á lagaumhverfi og stjórnsýslu kalla á endurskoðun þeirra í náinni framtíð. Þó kom mjög skýrt fram á fundum nefndarinnar með umsagnaraðilum og sérfræðingum að ekki væru uppi sérstök vandamál sem gerðu það að verkum að hraða þyrfti endurskoðun laganna. Þvert á móti töldu margir sem á fund nefndarinnar komu að best væri að fara sér hægt í málinu en vanda þeim mun betur til verka. Rétt er að minna á að það tók Alþingi sex ár á sínum tíma að fjalla um núgildandi vatnalög, lagabálk sem upphaflega var 155 greinar.

Í frumvarpinu eru vatnsréttindi skilgreind með neikvæðum hætti, þ.e. með almennri skilgreiningu, í stað þess að talin séu upp öll réttindi fasteignareigenda eins og gert er í núgildandi vatnalögum en það kallast jákvæð skilgreining réttinda. Í þessu gæti falist meiri breyting en ætla mætti af skýringum með málinu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni.“ Það verður að telja vafasamt orðaval ef hér á fyrst og fremst að vera um formbreytingu að ræða eins og sagði í athugasemdum með frumvarpinu. Þar var einnig sagt að í þessari nýju skilgreiningu á vatnsréttindum fælist í raun meginatriði frumvarpsins en þó var sérstaklega áréttað að þar væri „fyrst og fremst“ um formbreytingu að ræða. Meginatriði frumvarpsins var sem sagt formbreyting samkvæmt þeim skilningi sem fram kom í athugasemdum með því á síðasta þingi. Í athugasemdum frá laganefnd Lögmannafélags Íslands var sérstaklega fjallað um það

orðalag og sagt að það væri til þess fallið að vekja vafa um markmið breytinganna og að mun skýrara væri að segja afdráttarlaust að hér væri einungis um formbreytingu að ræða.

Í sérstakri viðbótarumsögn Orkustofnunar sem nefndinni barst var tekið sérstaklega undir þessa athugasemd laganefndar Lögmannafélagsins. Meiri hluti nefndarinnar hefur lýst því yfir að þessi breyting sé einungis formbreyting en muni engin áhrif hafa á raunveruleg réttindi. Höfundar frumvarpsins hafa ítrekað fullyrt að engin ný réttindi muni skapast eða glatast verði það að lögum. Eftir stendur að skilningur þeirra sem sömdu frumvarpið var og er óumdeilanlega að aðalmarkmið þess sé „skýrt eignarhald á vatni“. Það vekur óneitanlega tortryggni þegar því er haldið fram að aðalmarkmið lagasetningarinnar sé formbreyting eins og nú er orðin niðurstaða meiri hlutans.

Það að hér gangi mönnum annað til en umhyggja fyrir formi og samræmi sannaðist þegar aðalhöfundur þessarar lagasmíðar svaraði spurningum nefndarmanna, en hann var m.a. spurður hvort það gæti skapað skaðabótaábyrgð á hendur ríkinu ef ákvæði um vatn sem nú eru í lögunum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu yrðu numin brott. Svarið var skorinort „já, án vafa“. Höfundar frumvarpsins höfðu ítrekað vísað til þessara ákvæða um vatn sem sambærilegra við þau sem deilt er um í þessu máli. Þarf frekari vitna við? Ef sambærileg ákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og þau sem hér um ræðir færa mönnum skaðabótarétt verði gerð á þeim sú formbreyting að færa réttindin til fyrra horfs hlýtur að mega gagnálykta á þann veg um þá breytingu sem felst í frumvarpinu að í henni felist breyting á réttarstöðu.

Sjá má af framlögðum gögnum og greinargerð með þessu máli að frumvarpinu ásamt frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum var ætlað að koma í stað gildandi vatnalaga. Síðarnefnda frumvarpið var einnig lagt fyrir á 131. löggjafarþingi (374. mál) og var til meðferðar í iðnaðarnefnd Alþingis en hlaut aldrei fullnaðarmeðferð og hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi að nýju. Þess í stað flutti iðnaðarnefnd á 131. þingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins í iðnaðarnefnd tóku þátt í flutningi þess máls í þeim tilgangi að kostur gæfist á heildstæðari undirbúningi frumvarps til laga um jarðrænar auðlindir og boðaðs frumvarps sem byggt yrði á tilskipun Evrópusambandsins um aðgang að vatni. Fyrrnefnt frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu náði ekki afgreiðslu á síðasta þingi en var endurflutt af iðnaðarráðherra á þessu þingi. Ráðherra hafði þá fellt út úr því bráðabirgðaákvæði um skipan nefndar til að móta reglur um framtíðarnýtingu auðlinda og meðferð umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Iðnaðarnefnd tók þá tillögu upp aftur og flutti auk þess breytingartillögur um þrengingu á heimildum ráðherra til að veita vilyrði fyrir nýtingarleyfum skv. 5 gr. laganna. Þetta mál, þ.e. breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var afgreitt sem lög frá Alþingi á þessum vetri. Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á því að þessi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eru einungis bráðabirgðalausn til mjög skamms tíma og að afar mikilvægt er að heildarmynd fáist á þá lagabálka sem eiga að koma í stað gildandi vatnalaga. Ekki verður mögulegt að ljúka umfjöllun um frumvarp um jarðrænar auðlindir fyrr en fyrir liggja tillögur þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir að fjalli um framtíð þjóðarauðlinda og meðferð þeirra ásamt því hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir rannsóknar- og nýtingarleyfum til orku- og auðlindanýtingar. Þá var einnig greint frá því í upphaflegum gögnum málsins að í umhverfisráðuneytinu hefðu verið gerð drög að frumvarpi til laga um vatnsvernd. Því frumvarpi er ætlað að koma til móts við tilskipun Evrópusambandsins um nýtingu og meðferð vatns og mun efni þess augljóslega koma í stað mikilvægra ákvæða vatnalaga frá 1923.

Þá er einnig rétt að geta þess að ýmis lög, t.d. á sviði umhverfisréttar, taka nú til mengunar vatna og einnig hafa verið sett sérlög, m.a. um vatnsveitur sveitarfélaga. Þróun lagasetningar á þessu sviði er því augljós. Þau mörgu og víðtæku ákvæði um vatn og rétt almennings og einstaklinga til að nýta það, sem fram að þessu hafa flest verið í hinum mikla lagabálki frá 1923, verða í nokkrum lagabálkum. Alþingi er sá mikli vandi á höndum að sjá til þess að þessi þróun geti orðið án þess að vandræði skapist. Það verður best tryggt með því að heildarendurskoðun vatnalaga fari saman við setningu allra þeirra laga sem eiga að taka við hlutverki þeirra. Um þetta ættu ekki að þurfa að vera deilur.

En ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér ekki að standa þannig að málum. Alþingi er nú ætlað að ljúka umfjöllun um vatnalagafrumvarpið eitt og sér og fella vatnalögin úr gildi með samþykkt þess. Sú umfjöllun er þar með slitin úr tengslum við aðra lagasetningu sem afnám vatnalaga frá 1923 kallar á. Það á við um áðurnefnt frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem ekki hefur komið fram á þessu þingi, eins og áður segir, og það á einnig við um boðað frumvarp á grunni vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Lokaniðurstaða þessara mála fæst svo ekki fyrr en pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra.

Minni hlutinn telur þess vegna að Alþingi eigi að taka sér nauðsynlegan tíma til að skoða þessi mál í heild og að ekki eigi að fella hinn mikla bálk vatnalaga úr gildi fyrr en öruggt er að önnur lög geti tekið við hlutverki hans.

Þau vinnubrögð sem hér er ætlunin að viðhafa eru þess vegna fráleit að mati minni hlutans, þ.e. afnám vatnalaga og setning nýrra laga sem þó koma ekki að fullu í þeirra stað. Þessum sjónarmiðum hefur minni hlutinn komið á framfæri í nefndarstarfinu en meiri hlutinn hefur ekki viljað taka tillit til þeirra og ákveðið að taka málið til afgreiðslu án þess að önnur mál sem sem þetta frumvarp er óumdeilanlega hluti af fái nauðsynlega umfjöllun. Þá er einnig rétt að benda á viðamiklar umsagnir og tillögur um breytingar á lagatextanum frá ýmsum umsagnaraðilum sem bera með sér að hér er illa að málum staðið. Undirstofnanir umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, höfðu fjölmargt við málið að athuga á síðasta þingi og lögðust gegn frumvarpinu. Forstöðumenn þessara stofnana hafa sagt á fundum nefndarinnar að þeir standi við þær umsagnir. Þetta sannar með öðru sem hér hefur verið á bent að málið hefur ekki hlotið nægja umfjöllun í stjórnkerfinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga lagðist gegn samþykkt frumvarpsins á síðasta þingi og nefndi fyrir því tvær aðalástæður. Hin fyrri sneri að skertum möguleikum sveitarfélaga til eignarnáms en til móts við þær athugasemdir hefur verið komið nú. Þá virðast ákvæði frumvarpsins skerða verulega rétt sveitarfélaga til að nálgast vatn í löndum annarra sveitarfélaga eða um þau. Meiri hlutinn hefur ákveðið að flytja breytingartillögu sem færir sveitarfélögum sambærilegan rétt til að nálgast vatn í öðrum sveitarfélögum og þau hafa innan síns lögsagnarumdæmis, sé á slíku nauðsyn, og ber að fagna þeirri breytingu. Síðara atriðið sem Samband íslenskra sveitarfélaga nefndi í sinni umsögn á síðasta þingi var að í ákvæði 1. tölul. 43. gr. frumvarpsins fælist fortakslaus skylda sveitarfélaga til að leggja fráveitur og í umsögn Kópavogsbæjar kom það sama fram. Ef þessi skilningur umsagnaraðila er réttur væru með þessu lagðar nýjar skyldur á herðar sveitarfélaga, t.d. í frístundabyggðum og á óskipulögðum svæðum.

Nú hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir af hálfu meiri hlutans en hann þverskallaðist við þeim á síðasta þingvetri.

Sérstaka athygli vekur hið mikla hlutverk Orkustofnunar við framkvæmd og eftirlit sem spretta mun af þessari lagsmíð, í ljósi þess að einungis tvær greinar frumvarpsins fjalla um

orkunýtingu. Ýmsir sem komu á fund nefndarinnar gerðu athugasemdir við stjórnsýsluþátt frumvarpsins af þessum ástæðum.

Þau atriði sem hér hafa verið tilgreind frá umsagnaraðilum eru einungis tekin sem dæmi um athugasemdir þeirra og tillögur um breytingar. Þessum athugasemdum og tillögum verða gerð nánari skil við framhald umræðu um málið.

Minni hlutinn leggur til að málinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. með þeirri lagasetningu sem felst í frumvarpinu sé hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni frá 1923, sem fólst í setningu vatnalaga,
b. þessi lagasetning, og þar með afnám gildandi vatnalaga, sé ekki tímabær á meðan ekki liggja fyrir frumvarp um jarðrænar auðlindir og frumvarp á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins, og
c. grundvöll skorti til allrar þessarar lagasetningar þar til pólitísk sátt er fundin um það hvernig ráðstafa beri auðlindum í þjóðareign, hvort og hvernig þeim verði fundinn staður í stjórnarskránni og hvernig valið verði milli þeirra sem sækjast eftir nýtingu þeirra,

leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

Hlynur Hallsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 1. mars 2006.

Jóhann Ársælsson, frsm. Helgi Hjörvar.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl.

I. Umsögn frá Umhverfisstofnun. (1. desember 2005.)
II. Umsögn frá Umhverfisstofnun á 131. þingi. (21. mars 2005.)
III. Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands (23. nóvember 2005.)
IV. Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands á 131. þingi. (2. mars 2005.)
V. Umsögn frá Landvernd. (28. nóvember 2005.)
VI. Umsögn frá Landvernd á 131. þingi. (18. mars 2005.)
VII. Umsögn frá veiðimálastjóra. (28. nóvember 2005.)
VIII. Umsögn frá veiðimálastjóra á 131. þingi. (3. mars 2005.)
IX. Umsögn frá Landssambandi veiðifélaga. (27. nóvember 2005.)
X. Umsögn frá Landssambandi veiðifélaga á 131. þingi. (30. mars 2005.)
XI. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands. (28. nóvember 2005.)
XII. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands á 131. þingi. (11. mars 2005.)
XIII. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. (28. nóvember 2005.)

XIV. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins á 131. þingi. (3. mars 2005.)
XV. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (28. nóvember 2005.)
XVI. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á 131. þingi. (28. febrúar 2005.)
XVII. Umsögn frá Kópavogsbæ. (22. nóvember 2005.)
XVIII. Umsögn frá Kópavogsbæ á 131. þingi. (22. febrúar 2005.)
XIX. Umsögn frá Orkustofnun. (30. nóvember 2005.)
XX. Erindi frá Orkustofnun. (3. febrúar 2006.)
XXI. Umsögn frá Orkustofnun á 131. þingi. (2. mars 2005.)
XXII. Erindi frá Orkustofnun á 131. þingi. (22. apríl 2005.)
XXIII. Umsögn frá Byggðastofnun. (24. nóvember 2005.)
XXIV. Umsögn frá Byggðastofnun á 131. þingi. (4. mars 2005.)
XXV. Umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. (5. desember 2005.)
XXVI. Umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands á 131. þingi. (7. mars 2005.)
XXVII. Umsögn frá Samorku. (28. nóvember 2005.)
XXVIII. Umsögn frá Samorku á 131. þingi. (4. mars 2005.)
XXIX. Umsögn frá Orkuveitu Reykjavíkur. (30. nóvember 2005.)
XXX. Umsögn frá Orkuveitu Reykjavíkur á 131. þingi. (8. mars 2005.)
XXXI. Umsögn frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. (27. nóvember 2005.)
XXXII. Umsögn frá óbyggðanefnd. (1. desember 2005.)
XXXIII. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum starfsfólks fjármálafyrirtækja, Ungmennafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Kennarasambandi Íslands, Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Öryrkjabandalagi Íslands. (28. nóvember 2005.)
XXXIV. Umsögn frá Landssambandi eldri borgara. (24. nóvember 2005.)
XXXV. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (11. janúar 2006.)

865. Skýrsla [589. mál]

forsætisráðherra um starfsemi Kristnihátíðarsjóðs 2003–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Kristnihátíðarsjóður var stofnaður til að minnast þess að 1000 ár voru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Sjóðurinn starfaði samkvæmt lögum nr. 12, um Kristnihátíðarsjóð, sem samþykkt voru á Alþingi 28. febrúar 2001 en starfstími sjóðsins var fimm ár. Ríkissjóður lagði til 100 millj. kr. fyrir hvert hinna fimm starfsára sjóðsins samkvæmt sérstökum lið í fjárlögum. Sjóðurinn starfaði enn fremur eftir reglugerð sem gefin var út 28. september 2001 af forsætisráðuneytinu.

Í mars 2001 kaus Alþingi stjórn Kristnihátíðarsjóðs en í henni sátu Anna Soffía Hauksdóttir prófessor, formaður, Anna Agnarsdóttir prófessor og Þorsteinn Gunnarsson rektor. Stjórnin hafði samvinnu við ýmsar stofnanir, samtök og félög um viðfangsefni sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt, annars vegar að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn.

Hins vegar er hlutverk sjóðsins að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Stjórnin skipaði tvær verkefnisstjórnir. Í verkefnisstjórn á sviði menningar- og trúararfs, sem hafði aðsetur á Akureyri, sátu Guðmundur Heiðar Frímannsson deildarforseti, formaður, Guðmundur K. Magnússon prófessor og séra Lára G. Oddsdóttir. Verkefnisstjórn á sviði fornleifafræði, með aðsetur í Reykjavík, skipuðu Guðmundur Hálfdanarson prófessor, formaður, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, vísindamaður á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og Hjalti Hugason prófessor.

Verkefnisstjórnirnar gerðu tillögur til stjórnar um verkefni og framlög til þeirra fyrir hvert starfsár. Stjórn sjóðsins setti verkefnisstjórnunum nánari reglur með erindisbréfi, m.a. um faglegt eftirlit þeirra með verkefnum og framvindu þeirra, svo og um megináherslur í starfi þeirra og tillögum.

Stjórn sjóðsins ákvað árlega skiptingu á ráðstöfunarfé hans milli meginsviðanna tveggja og til reksturs sjóðsins. Fjárvarsla sjóðsins er hjá forsætisráðuneytinu sem jafnframt veitir sjóðsstjórn nauðsynlega ritara- og skrifstofuþjónustu.

Frekari upplýsingar um Kristnihátíðarsjóð má finna á vefsvæði sjóðsins undir slóðinni http://forsaetisraduneyti.is/afgreidsla/sjodir/Kristnihatidarsjodur.

Auglýsingar og fjöldi umsókna.

Eins og fyrstu starfsárin auglýsti stjórn sjóðsins árin 2003–2005 í ágúst eftir umsóknum í sjóðinn með umsóknarfresti fram í miðjan september. Þar kom fram að sjóðurinn veitti styrki til að efla þekkingu og vitund um menningar- og trúararf þjóðarinnar. Tekið var fram að einkum yrði litið til margvíslegra verkefna er tengdust almenningsfræðslu, umræðum og rannsóknum. Jafnframt skyldu verkefnin m.a. miðla fróðleik um siðferðis- og trúarhugmyndir sem mótað hafa þjóðina, t.d. með gerð fræðslu- og námsefnis, stuðla að umræðum um lífsgildi þjóðarinnar, siðferði og framtíðarsýn, t.d. fyrir tilstilli mennta- og menningarstofnana eða fjölmiðla, og efla rannsóknir á menningar- og trúararfi íslensks samfélags.

Fram kom að styrkir yrðu jafnframt veittir til fornleifarannsókna og kynningar á niðurstöðum þeirra. Áhersla skyldi lögð á að árangur rannsóknanna yrði aðgengilegur almenningi. Einkum yrði litið til rannsóknarverkefna er vörðuðu mikilvæga sögustaði þjóðarinnar, m.a. Þingvelli, Skálholt og Hóla í Hjaltadal, aðra staði tengda sögu kristni á Íslandi, m.a. klaustur og kirkjustaði, og mikilvæga sögustaði aðra, svo sem verslunarstaði, miðaldabæi og þingstaði. Einnig yrði lögð áhersla á samvinnu umsækjanda við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir eða fræðimenn, sem og á þjálfun og handleiðslu ungra vísindamanna á sviði fornleifafræði á Íslandi.

Til viðbótar fyrrgreindum kröfum var tekið fram að sjóðurinn mundi leitast við að styðja áfram þau verkefni sem hlutu styrk við síðustu úthlutun, uppfylltu þau kröfur um framvindu og árangur. Árið 2004 var þó tilgreint að sjóðurinn mundi að öðru jöfnu ekki veita styrki til verkefna í menningar- og trúararfshlutanum lengur en til þriggja ára og í auglýsingunni árið 2005 var greint frá því að sjóðurinn mundi eingöngu styrkja þau fornleifaverkefni sem hlotið hefðu styrk við síðustu úthlutun, enda uppfylltu þau kröfur um framvindu og árangur.

Umsóknum var skilað á þar til gerðum eyðublöðum en þar komu fram ítarlegar upplýsingar um verkefnin og umsækjendur. Árið 2003 bárust alls 138 umsóknir að upphæð 381 millj. kr. Á sviði menningar- og trúararfs bárust 128 umsóknir og 10 á sviði fornleifarannsókna. Árið 2004 bárust alls 114 umsóknir að upphæð 326 millj. kr., þar af 98 umsóknir á sviði menningar- og trúararfs, og árið 2005 voru umsóknir 82 talsins, að upphæð 250,5 millj. kr.

Reyndust 73 þeirra vera á sviði menningar- og trúararfs en eingöngu níu á sviði fornleifarannsókna enda kom fram í auglýsingunni það ár að engin ný verkefni mundu hljóta styrk.

Mat á umsóknum.

Verkefnisstjórnir mátu styrkhæfi umsókna, hvor á sínu sviði, en mat á umsóknum byggðist einkum á eftirtöldum sjónarmiðum: Gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til þeirra markmiða sem Kristnihátíðarsjóði voru sett og fram komu í auglýsingu, líkum á því að umsækjanda tækist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðaði að og að lokum starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda með tilliti til þeirra krafna sem verkefnið gerði til þeirra. Ef um framhaldsumsókn var að ræða var enn fremur litið til þess hvort framvinda og árangur væri fullnægjandi á fyrri styrkárum.

Verkefnisstjórnir gerðu síðan skriflegar tillögur til sjóðsstjórnar um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fyrirhugað var að veita til verkefna á hvoru sviði um sig. Sjóðsstjórn tók því næst afstöðu til afgreiðslu umsókna á grundvelli tillagna verkefnisstjórnanna.

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði menningar- og trúararfs.

Á þeim fimm árum sem menningar- og trúarhluti Kristnihátíðarsjóðs hefur starfað hefur hann stuðlað að því að fjöldamörg hagnýt verkefni á sviði hug- og félagsvísinda hafa verið unnin. Þetta á við um ýmis verkefni sem tengjast uppeldishlutverki kristninnar, um söguleg verkefni sem tengjast kirkju og bókmenntum, mörg verkefni við rannsóknir á íslenskum tónlistararfi en hann er fyrst og fremst kirkjulegur, fundaraðir um siðferðileg efni, undirbúning að útgáfu á bókum, geisladiskum og DVD-diskum og undirbúningur vefsvæða með upplýsingum um margvísleg efni sem tengjast trú og menningu. Mörg verkefni í hug- og félagsvísindum eru unnin af fræðimönnum sem vinna þau einir og þess vegna hentaði sjóður sem þessi vel til að styrkja verkefni á þessum sviðum. Hann hefur stuðlað að því að meiri þróttur hefur verið í rannsóknum og umræðum um þessi efni og í vinnslu á efni sem skilar sér í uppeldisstarfi en ella hefði verið. Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði menningar- og trúararfs sem ákveðið var að styrkja árin 2003–2005 voru fjölþætt og að þeim stóðu skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar.

Árið 2003 fékk verkefnisstjórn um trúar- og menningararf 128 umsóknir til yfirferðar og sótt var um 260 millj. kr. samtals. Upphæðin sem verkefnisstjórnin hafði til umráða var ríflega 42 millj. kr. Verkefnin sem sótt var um styrki til voru fjölbreytileg og flest féllu að markmiðum sjóðsins. Margar góðar umsóknir voru um gerð fræðsluefnis fyrir börn og unglinga en minna var sótt um styrki til tölvu- og vefvinnslu af ýmsu tagi en árið 2002. Nokkuð var um styrkumsóknir til rannsókna á tónlistar- og myndlistararfinum. Margar umsóknir voru um fé til rannsókna á bóklegum arfi Íslendinga og einnig til að koma honum á framfæri við almenning í sjónvarpsmyndum eða á geisla- og DVD-diskum. Færri umsóknir voru um styrki til þess að rannsaka, þróa eða vekja umræður um siðferðisefni.

Verkefnisstjórnin fór vandlega yfir allar umsóknirnar og mat verðleika þeirra. Til viðmiðunar hafði hún þau skilyrði sem koma fram á umsagnarblaði og er kveðið á um í lögum og reglugerð. Þær umsóknir sem uppfylltu öll skilyrði sem fram koma á umsagnarblaðinu komu til álita við úthlutun. Á grundvelli tillagna verkefnisstjórnar ákvað stjórn Kristnihátíðarsjóðs síðan að 57 umsóknir fengju styrk, 10 fleiri en árið 2002.

Skipta má þeim umsóknum sem fengu úthlutun árið 2003 í sex flokka:

1. Rannsóknir.
2. Fræðsla, málþing og umræður.
3. Þýðingar og útgáfur.

4. Félagslegar kannanir.
5. Vefmál.
6. Tónlist og myndlist.

Árið 2004 fékk verkefnisstjórn um trúar- og menningararf 98 umsóknir til yfirferðar og sótt var um 196 millj. kr. samtals. Upphæðin sem verkefnisstjórnin hafði til umráða var um 41 millj. kr. Verkefnisstjórnin fór vandlega yfir allar umsóknirnar og mat verðleika þeirra. Til viðmiðunar hafði hún þau skilyrði sem koma fram á umsagnarblaði og er kveðið á um í lögum og reglugerð. Þær umsóknir sem uppfylltu öll skilyrðin komu til álita við úthlutun. Á grundvelli tillagna verkefnisstjórnar ákvað stjórn Kristnihátíðarsjóðs síðan að 50 umsóknir fengju styrk árið 2004.

Umsóknum má skipta í þrjá flokka og dreifðist úthlutunin á þá með svofelldum hætti: Í fyrsta flokkinn féllu umsóknir um styrki til að miðla fróðleik um siðferðis- og trúarhugmyndir sem mótað hafa þjóðina, t.d. með gerð fræðslu- og námsefnis. Í þessum flokki fengu 17 umsóknir styrk. Í annan flokkinn féllu styrkumsóknir til að stuðla að umræðum um lífsgildi þjóðarinnar, siðferði og framtíðarsýn, t.d. fyrir tilstilli mennta- og menningarstofnana eða fjölmiðla. Fimm umsóknir í þessum flokki fengu styrk. Í þriðja flokkinn féllu umsóknir um styrk til að efla rannsóknir á menningar- og trúararfi íslensks samfélags en í þessum flokki fengu 28 umsóknir styrk.

Árið 2005 fékk verkefnisstjórn um trúar- og menningararf 73 umsóknir til yfirferðar og sótt var um 134 millj. kr. samtals. Upphæðin sem verkefnisstjórnin hafði til umráða var rúmar 38 millj. kr. Umsóknir voru af ýmsu tagi en flestar voru þær um styrki til rannsókna á bóklegum trúar- og menningararfi og til að miðla fróðleik um siðferðis- og trúarhugmyndir. Á grundvelli tillagna verkefnisstjórnar ákvað stjórn Kristnihátíðarsjóðs að 47 umsækjendur fengju styrk.

Umsóknum var skipt í þrjá flokka og dreifðist úthlutunin á þá með svofelldum hætti: Í fyrsta flokkinn féllu umsóknir um styrk til að miðla fróðleik um siðferðis- og trúarhugmyndir sem mótað hafa þjóðina, t.d. með gerð fræðslu- og námsefnis. Í þessum flokki fengu 19 umsóknir styrk. Í annan flokkinn féllu styrkumsóknir til að stuðla að umræðum um lífsgildi þjóðarinnar, siðferði og framtíðarsýn, t.d. fyrir tilstilli mennta- og menningarstofnana eða fjölmiðla. Níu umsóknir í þessum flokki fengu styrk. Í þriðja flokkinn féllu þær umsóknir sem snerust um að efla rannsóknir á menningar- og trúararfi íslensks samfélags. Í þessum flokki fengu 19 umsóknir styrk.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2003.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi 57 verkefni á sviði menningar- og trúararfs árið 2003 um rúmar 42 millj. kr. Af þeim verkefnum sem fengu úthlutun höfðu 22 áður fengið styrk en 35 voru nýjar umsóknir.

1. *Réttlæti og ást. Til móts við nýja kynlífssiðfræði,* Sólveig Anna Bóasdóttir (Rannsóknarstofa í Kvennafræðum), 1,6 millj. kr.
2. *Saga Matthíasar Jochumssonar – kristnin og nútíminn,* Þórunn Valdimarsdóttir, 1,6 millj. kr.
3. *Fræðileg útgáfa á sálmum og kvæðum Hallgríms Péturssonar,* Svanhildur Óskarsdóttir og Margrét Eggertsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar), 1,2 millj. kr.
4. *Að rækta lífsgildi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Uppeldissýn kennara,* Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1 millj. kr.
5. *Bannfæringar á Íslandi á síðmiðöldum,* Lára Magnúsardóttir, 1 millj. kr.
6. *„Guði treysti ég!" Rannsókn á trúarhugmyndum íslenskra kvenna á fyrri hluta 19. aldar*

eins og þær birtast í bréfum og öðrum frumheimildum kvenna frá þeim tíma, Karítas Kristjánsdóttir, 1 millj. kr.

7. *Heilagra manna sögur,* Sverrir Tómasson, Guðrún Nordal og Einar Sigurbjörnsson (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Guðfræðistofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
8. *Hvernig eru Evrópubúar? Fjölþjóða samanburðarrannsókn,* Friðrik H. Jónsson (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
9. *Íslensk biblíuguðfræði. Rómverjabréfið í skýringum íslenskra guðfræðinga,* Clarence E. Glad, 1 millj. kr.
10. *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1550,* Árni Daníel Júlíusson, 1 millj. kr.
11. *Katla gamla,* Sigurður Ingi Ásgeirsson, 1 millj. kr.
12. *Kristin trú og kvenhreyfingar,* Arnfríður Guðmundsdóttir (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
13. *Kristinréttur Árna Þorlákssonar biskups – vísindaleg útgáfa,* Magnús Lyngdal Magnússon, 1 millj. kr.
14. *Rannsókn á íslenskum söngarfi,* Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, 1 millj. kr.
15. *Saga biskupsstólanna,* Gunnar Kristjánsson (Skálholtsstaður), 1 millj. kr.
16. *Suðurganga Nikulásar og pílagrímaferðir Íslendinga,* Sumarliði R. Ísleifsson (Penna sf.), 1 millj. kr.
17. *Trúarlíf Íslendinga og tækifæri kirkjunnar á nýjum tímum,* Sigurður Árni Þórðarson (verkefnisstjóri Pétur Pétursson), 1 millj. kr.
18. *Trúarmenning og siðfræði íslenskra bændakvenna á 19. öld,* Inga Huld Hákonardóttir (Guðfræðistofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
19. *Trúfrelsi, þjóðkirkja, samband ríkis og kirkju 1874–1997,* Sigurjón Árni Eyjólfsson, 1 millj. kr.
20. *Trúhneigð og trúrækni ungra Íslendinga. Rannsókn á trúarlífi og áhrifum þess á andlega og félagslega velferð unglinga,* Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir (Rannsóknir og greining ehf.), 1 millj. kr.
21. *Upplýsing og rómantík. Trúarleg umræða á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar,* Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, 1 millj. kr.
22. *Þórbergur Þórðarson. Trúarviðhorf og deilur um kristindóminn,* Soffía Auður Birgisdóttir, 1 millj. kr.
23. *Þýdd guðsorðarit á Íslandi á 17. öld,* Einar Sigurbjörnsson (Guðfræðistofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
24. *Saga hvítasunnuhreyfingarinnar,* Michael Fitzgerald (Lindin kristileg fjölmiðlun), 1 millj. kr.
25. *Kirkjutónlist á Íslandi,* Páll Steingrímsson (Kvik kvikmyndagerð), 800 þús. kr.
26. *Nýtt aðgengi að skjalasöfnum kirkjunnar,* Björk Ingimundardóttir (Þjóðskjalasafn Íslands), 800 þús. kr.
27. *Sálmur Hiskía. Bókmenntafræðileg rannsókn á Jesaja 38, 9–20,* Jón Ásgeir Sigurvinsson, 800 þús. kr.
28. *Sé ég eld yfir þér,* Sigurður Halldórsson (Voces Thules), 800 þús. kr.
29. *„Gömlu lögin" við Passíusálma Hallgríms Péturssonar,* Smári Ólason, 800 þús. kr.
30. *Adrenalín gegn rasisma,* Jóna Hrönn Bolladóttir, 600 þús. kr.
31. *Fræðsluefni fyrir sumarbúðir þroskaheftra,* Jóhanna I. Sigmarsdóttir (Kirkjumiðstöð Austurlands), 600 þús. kr.
32. *Hjónanámskeið,* Þórhallur Heimisson (Biskupsstofa, fræðslusvið), 600 þús. kr.

33. *Lífsleikni og sjálfstyrking fyrir ungt fólk,* Petrína Mjöll Jóhannesdóttir (Biskupsstofa, fræðslusvið), 600 þús. kr.
34. *Nálægð Guðs í tilverunni,* Gyða Karlsdóttir (Landssamband KFUM og KFUK), 600 þús. kr.
35. *Saga KFUM og KFUK í Reykjavík 1908–1918,* Þórarinn Björnsson, 600 þús. kr.
36. *Sköpunartexti og sköpunartrú Þóris Kr. Þórðarsonar, fyrirlestrar veturinn 2003–2004,* Kristinn Ólason, 600 þús. kr.
37. *Trú og kvikmyndir. Trúar- og siðferðisstef í barnamyndum,* Stefán Már Gunnlaugsson, (Deus ex cinema), 600 þús. kr.
38. *Myndlist og tónlist í handritum Landsbókasafn Íslands,* Hringur Hafsteinsson (Collegium Musicum), 600 þús. kr.
39. *Sr. Hallgrímur Pétursson og fermingarbörn í Vatnaskógi,* Halldór Elías Guðmundsson (Skógarmenn KFUM – Vatnaskógur), 600 þús. kr.
40. *Kirkjur og dýrlingar á Íslandi á miðöldum,* Margaret Cormack, 500 þús. kr.
41. *Lífsviðhorf og gildismat unglinga,* Gunnar J. Gunnarsson (Gunnar J. Gunnarsson og Gunnar Finnbogason), 500 þús. kr.
42. *Syng mín sál með glaðværð góðri,* Margrét Bóasdóttir, 500 þús. kr.
43. *Um Auðunarstofu,* Guðmundur Guðmundsson (Hólanefnd), 500 þús. kr.
44. *Fjölþjóðasamfélagið og trúarbrögð þess,* Ragnheiður Sverrisdóttir (Biskupsstofa), 400 þús. kr.
45. *Fornir textar fá líf að nýju. Miðlun sálma og söngva úr íslenskum trúararfi,* Steingrímur Þórhallsson (Neskirkja), 400 þús. kr.
46. *Fræðsluefni fyrir þjálfun leiðtogaefna,* Stefán Már Gunnlaugsson (Samráðshópur um leiðtogaefnisþjálfun), 400 þús. kr.
47. *Gagnvirkt net-kennsluforrit um kristni á Íslandi,* Sigurður Ingi Friðleifsson (Íslensk kennsluforrit ehf.), 400 þús. kr.
48. *Guðfræði og siðfræði nýrra miðla,* Irma Sjöfn Óskarsdóttir (Biskupsstofa, upplýsingasvið), 400 þús. kr.
49. *Kirkja og skóli á 20. öld,* Sigurður Pálsson, 400 þús. kr.
50. *Kirkjunetið,* Hannes Björnsson (Vindós ehf.), 400 þús. kr.
51. *Skálholtsdiskar,* Helga Ingólfsdóttir (Sumartónleikar í Skálholtskirkju), 400 þús. kr.
52. *Glíman – óháð tímarit um guðfræði og samfélag,* Stefán Karlsson, 300 þús. kr.
53. *Í kirkju með Bjarti og Birtu,* Hrafnhildur Valgarðsdóttir (KRASS ehf.), 300 þús. kr.
54. *Íslensk-niðurlensk tengsl um kirkju og kristnihald frá öndverðu til siðaskipta,* Leo J. W. Ingason, 300 þús. kr.
55. *Íslenskt kristniboð í Eþíópíu í 50 ár,* Ragnar Gunnarsson (Samband íslenskra kristniboðsfélaga), 300 þús. kr.
56. *Útgáfa á prestastefnubók Brynjólfs Sveinssonar 1639–1674,* Már Jónsson, 270 þús. kr.
57. *Námsefni til fermingarfræðslu,* Jóhann Björnsson (Siðmennt, félag um borgaralegar athafnir), 200 þús. kr.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2004.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi 50 verkefni á sviði menningar- og trúararfs árið 2004 um rúmar 41 millj. kr. Af þeim verkefnum sem fengu úthlutun höfðu 23 áður fengið styrk en 27 voru nýjar umsóknir.

1. *Kristin trú og kvenhreyfingar,* Arnfríður Guðmundsdóttir (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands), 1,2 millj. kr.

2. *Íslenska teiknibókin í Árnasafni,* Guðbjörg Kristjánsdóttir, 1,2 millj. kr.
3. *Kristinréttur Árna Þorlákssonar biskups – vísindaleg útgáfa,* Magnús Lyngdal Magnússon, 1,2 millj. kr.
4. *Að rækta lífsgildi í lýðræðislegu þjóðfélagi. Uppeldissýn kennara,* Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1,2 millj. kr.
5. *Trúfrelsi, þjóðkirkja, samband ríkis og kirkju 1874–1997,* Sigurjón Árni Eyjólfsson, 1,2 millj. kr.
6. *Rannsókn og útgáfa Makkabeabóka í handriti úr safni Breska biblíufélagsins,* Svanhildur Óskarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi), 1,2 millj. kr.
7. *Hvernig eru Evrópubúar? Fjölþjóða samanburðarrannsókn,* Friðrik H. Jónsson (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
8. *Rannsókn á íslenskum söngarfi,* Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, 1 millj. kr.
9. *Lífsleikni í leikskóla – kennsluleiðbeiningar,* Hanna Berglind Jónsdóttir (Lífsleikni í leikskóla), 1 millj. kr.
10. *Rekstur staðar í Reykholti,* Helgi Þorláksson (Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands/Stjórn Reykholtsverkefnis), 1 millj. kr.
11. *Óratórían Cecilía,* Inga Rós Ingólfsdóttir (Listvinafélag Hallgrímskirkju), 1 millj. kr.
12. *Saga Klausturs í Kirkjubæ og trúarmenning kvenna í tengslum við það,* Irma J. Erlingsdóttir í samstarfi við Hjalta Hugason (Kirkjubæjarstofa), 1 millj. kr.
13. *Þátttaka fólks með þroskahömlun í trúarlífi samfélagsins,* Kristín Björnsdóttir (Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands), 1 millj. kr.
14. *Bragfræði helgikvæða og sálma 1550–1800,* Kristján Eiríksson (Ferskeytlan ehf.), 1 millj. kr.
15. *Siðanefndir starfsstétta,* Róbert H. Haraldsson (Siðfræðistofnun), 1 millj. kr.
16. *Katla gamla,* Sigurður Ingi Ásgeirsson, 1 millj. kr.
17. *Saltari Odds Oddssonar,* Smári Ólason, 1 millj. kr.
18. *Þing ungs fólks innan kirkjunnar 2005,* Stefán Már Gunnlaugsson (Fræðslusvið Biskupsstofu), 1 millj. kr.
19. *Suðurganga Nikulásar og pílagrímaferðir Íslendinga,* Sumarliði R. Ísleifsson (Penna sf.), 1 millj. kr.
20. *Heilagra manna sögur,* Sverrir Tómasson, Guðrún Nordal, Einar Sigurbjörnsson (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Guðfræðistofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.
21. *Siðfræði og samtími – fyrirlestrar og útgáfa,* Vilhjálmur Árnason (Siðfræðistofnun), 1 millj. kr.
22. *Erfiljóð frá 17. öld,* Þórunn Sigurðardóttir, 1 millj. kr.
23. *Hvers spyrja unglingar um trú?* Árni Svanur Daníelsson (Upplýsingasvið Biskupsstofu), 800 þús. kr.
24. *Útgáfa á ljóðum Jóns Arasonar biskups,* Ásgeir Jónsson, 800 þús. kr.
25. *Vídalínspostilla, íslensk alþýðutrú og óútgefnar biblíuþýðingar,* Clarence E. Glad, 800 þús. kr.
26. *Staða kennslu kristinna fræða og trúarbragðafræði í grunnskólanum,* Halla Jónsdóttir, 800 þús. kr.
27. *Altarisdúkar í íslenskum kirkjum,* Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir, 800 þús. kr.
28. *Jóhannítar á Íslandi?* Jón Ólafur Ísberg, 800 þús. kr.
29. *Inngangsfræði og bókmenntasaga Gamla testamentisins,* Kristinn Ólason, 800 þús. kr.
30. *Kirkjur og dýrlingar á Íslandi á miðöldum,* Margaret Cormack, 800 þús. kr.

31. *Trúarlíf Íslendinga,* Pétur Pétursson (verkefnisstjóri Steinunn A. Björnsdóttir), 800 þús. kr.
32. *Þórbergur Þórðarson. Trúarviðhorf,* Soffía Auður Birgisdóttir, 800 þús. kr.
33. *Hallgrímur Pétursson og Guðríður Símonardóttir,* Steinunn Jóhannesdóttir, 800 þús. kr.
34. *Íslensk miðaldaklaustur – margmiðlunardiskur,* Steinunn Kristjánsdóttir (Stofnun Gunnars Gunnarssonar), 800 þús. kr.
35. *Vísitasíubækur Brynjólfs biskups Sveinssonar,* Svavar Sigmundsson (Örnefnastofnun Íslands), 800 þús. kr.
36. *Upplýsing og rómantík. Trúarleg umræða á Íslandi á seinni hluta 18. aldar og fyrri hluta 19. aldar,* Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, 800 þús. kr.
37. *Tengsl fíkna og trúarlífs,* Gunnbjörg Óladóttir, 700 þús. kr.
38. *Sr. Hallgrímur Pétursson og fermingarbörn í Vatnaskógi,* Halldór Elías Guðmundsson (Skógarmenn KFUM – Vatnaskógur), 600 þús. kr.
39. *Trú og samkynhneigð,* Jón Helgi Þórarinsson (Leikmannaskóli Þjóðkirkjunnar), 600 þús. kr.
40. *Rauði þráðurinn,* Ragnhildur Ásgeirsdóttir (Landssamband KFUM og KFUK), 600 þús. kr.
41. *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1550,* Árni Daníel Júlíusson, 500 þús. kr.
42. *Biskupaleið yfir Ódáðahraun – fræðslurit,* Ingvar Teitsson (Ferðafélag Íslands), 500 þús. kr.
43. *Lífsgildi og lífsleikni,* Jón Baldvin Hannesson (Giljaskóli), 500 þús. kr.
44. *KMS – Kristur, menning, sköpun,* Jóna Hrönn Bolladóttir (Miðborgarstarf KFUM og KFUK og kirkjunnar og Laugarneskirkja), 500 þús. kr.
45. *Trúarlíf í leikskólum,* Kristín Dýrfjörð, 500 þús. kr.
46. *Útgáfa á prestastefnubók Brynjólfs Sveinssonar 1639–1674,* Már Jónsson, 500 þús. kr.
47. *Andlegir skulu í lög setja. Prestastefnur á Íslandi frá siðbreytingu til loka átjándu aldar,* Skúli S. Ólafsson, 500 þús. kr.
48. *Helstu viðburðir mannsævinnar í trúarlegu ljósi,* Elsa Arnardóttir (Fjölmenningarsetur), 300 þús. kr.
49. *Brynjólfsmessa,* Hákon Leifsson (Kórar Keflavíkurkirkju, Skálholtskirkju og Grafarvogskirkju), 300 þús. kr.
50. *Haraldur Níelsson prófessor. Ævi og starf,* Pétur Pétursson, 300 þús. kr.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2005.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi 47 verkefni á sviði menningar- og trúararfs árið 2005 um rúmar 38 millj. kr. Af þeim verkefnum sem fengu úthlutun höfðu 23 áður fengið styrk en 24 voru nýjar umsóknir.

1. *Saga biskupsstólanna Hólar – Skálholt,* Gunnar Kristjánsson (Skálholtsstaður), 4,5 millj. kr.
2. *Siðfræði og samtími,* Vilhjálmur Árnason (Siðfræðistofnun), 1,2 millj. kr.
3. *Íslenska teiknibókin í Árnasafni,* Guðbjörg Kristjánsdóttir, 1,1 millj. kr.
4. *Kristin trú og kvennahreyfingar,* Arnfríður Guðmundsdóttir (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands), 1,1 millj. kr.
5. *Altarisdúkar í íslenskum kirkjum,* Oddný E. Magnúsdóttir (Jenný Karlsdóttir), 1 millj. kr.
6. *Eintal sálarinnar við sjálfa sig eftir Martin Moller,* Einar Sigurbjörnsson (Guðfræðistofnun Háskóla Íslands), 1 millj. kr.

7. *Ferming í fjórar aldir,* Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, 1 millj. kr.
8. *Gildismat og velferð barna í neyslusamfélagi nútímans,* Vilhjálmur Árnason (Siðfræðistofnun), 1 millj. kr.
9. *Íslensk miðaldaklaustur – margmiðlunardiskur,* Steinunn Kristjánsdóttir (Stofnun Gunnars Gunnarssonar), 1 millj. kr.
10. *Kirkjutónlist á Íslandi,* Kvik kvikmyndagerð (Páll Steingrímsson), 1 millj. kr.
11. *Klassískir unglingar,* Örn Bárður Jónsson (Neskirkja), 1 millj. kr.
12. *Orgel í Árnesprófastsdæmi,* Bjarki Sveinbjörnsson, 1 millj. kr.
13. *Óratórían Cecilía,* Inga Rós Ingólfsdóttir (Listvinafélag Hallgrímskirkju), 1 millj. kr.
14. *Tilvist, trú og tilgangur,* Sigurjón Árni Eyjólfsson, 1 millj. kr.
15. *Trúarskoðanir Gríms Thomsens,* Gylfi Gunnlaugsson, 1 millj. kr.
16. *Þátttaka fólks með þroskahömlun í trúarlífi samfélagsins,* Kristín Björnsdóttir (Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands), 1 millj. kr.
17. *Hallgrímur Pétursson og Guðríður Símonardóttir,* Steinunn Jóhannesdóttir, 800 þús. kr.
18. *Inngangsfræði og bókmenntasaga Gamla testamentisins,* Kristinn Ólason, 800 þús. kr.
19. *Menningarsetrið að Útskálum,* María Hauksdóttir (Menningarsetrið að Útskálum ehf.), 800 þús. kr.
20. *Rannsókn á íslenskum söngarfi,* Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, 800 þús. kr.
21. *Saltari Odds Oddssonar,* Smári Ólason, 800 þús. kr.
22. *Tennisspaðarnir,* Sigurður Ingi Ásgeirsson (Gagnvirkni sf.), 800 þús. kr.
23. *Tóntegundabreytingar í gömlum sálmalögum. Rannsókn á sálmabókarhandriti frá um 1600 (Lbs 524 4to),* Ingibjörg Eyþórsdóttir, 800 þús. kr.
24. *Trú og samkynhneigð – guðfræðileg greinargerð,* Jón Helgi Þórarinsson (Leikmannaskóli Þjóðkirkjunnar), 800 þús. kr.
25. *Vídalínspostilla, íslensk alþýðutrú og útgefnar biblíuþýðingar,* Clarence E. Glad, 800 þús. kr.
26. *Vísitasíubækur Brynjólfs biskups Sveinssonar,* Svavar Sigmundsson (Örnefnastofnun Íslands), 800 þús. kr.
27. *„Afmýtólógisering" Biblíunnar? Um notkun og hlutverk goðsagna og goðsögulegra „mótífa" í biblíulegu samhengi,* Jón Ásgeir Sigurvinsson, 700 þús. kr.
28. *Hvað er þá maðurinn?* Hannes Björnsson, 700 þús. kr.
29. *KMS – Kristur, menning, sköpun,* Jóna Hrönn Bolladóttir (Miðborgarstarf KFUM og KFUK og kirkjunnar og ÆSKR), 700 þús. kr.
30. *Kirkjur og dýrlingar á Íslandi á miðöldum,* Margaret Cormack, 700 þús. kr.
31. *Nýju sunnudagaskólalögin,* Hafdís Huld Þrastardóttir, 700 þús. kr.
32. *Ungt fólk í hjálparstarfi – gerð fræðsluefnis,* Dagný Halla Tómasdóttir (Samstarfshópur um starf fyrir ungt fólk í hjálparstarfi), 700 þús. kr.
33. *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000–1550,* Árni Daníel Júlíusson, 600 þús. kr.
34. *Próventa í klaustrum,* Jón Ólafur Ísberg, 600 þús. kr.
35. *Suðurganga Nikulásar og pílagrímaferðir Íslendinga,* Sumarliði R. Ísleifsson (Penna sf.), 600 þús. kr.
36. *Að efla siðferðilegt sjálfræði,* Jóhann Björnsson (Réttarholtsskóli), 500 þús. kr.
37. *Andlegir skulu í lög setja. Prestastefnur á Íslandi frá siðbreytingu til loka átjándu aldar,* Skúli S. Ólafsson, 500 þús. kr.
38. *Aristóteles og íslenska lífsleiknin,* Kristján Kristjánsson, 500 þús. kr.
39. *Áhrif byggingarlags íslensku dómkirknanna á aðrar kirkjur í landinu á fyrri öldum,* Guðrún Harðardóttir, 500 þús. kr.

40. *Bragfræði helgikvæða og sálma 1550–1800*, Kristján Eiríksson (Ferskeytlan ehf.), 500 þús. kr.
41. *Formálar Lúthers að Biblíunni*, Árni Svanur Daníelsson (Hið íslenska bókmenntafélag), 500 þús. kr.
42. *Hvað þurfum við að vita um íslam?* Magnús Þorkell Bernharðsson (Þórir Jónsson Hraundal), 500 þús. kr.
43. *Laufás: Kirkjur*, Gunnar Harðarson (Hið íslenska bókmenntafélag), 500 þús. kr.
44. *Ráðstefna um Hallgrím Pétursson og samtíð hans*, Margrét Eggertsdóttir, 500 þús. kr.
45. *Sr. Hallgrímur og fermingarbörnin í Vatnaskógi*, Ármann Hákon Gunnarsson (Skógarmenn KFUM – Vatnaskógur), 500 þús. kr.
46. *Stúdentar heiðra minningu Fjölnismanna*, Guðni Már Harðarson (Kristilegt stúdentafélag), 500 þús. kr.
47. *Kristur, kirkja og kvikmyndir*, Sigurður Árni Þórðarson (Neskirkja), 300 þús. kr.

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði fornleifarannsókna.

Verkefni Kristnihátíðarsjóðs á sviði fornleifarannsókna sem ákveðið var að styrkja árin 2003–2005 voru mun færri en á sviði menningar- og trúararfs, eða níu talsins. Vel hefur þó tekist að veita styrki í anda laganna um Kristnihátíðarsjóð. Kveðið var á um að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal. Það hefur nú verið gert á öllum stöðum. Klaustur skyldu rannsökuð. Nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri og munkaklaustrið á Skriðu í Fljótsdal hafa hlotið styrk. Kirkjustaðir skyldu einnig rannsakaðir. Reykholt í Borgarfirði fékk framhaldsstyrk 2002 og árið 2001 rann styrkur til Laufáss í Eyjafirði. Loks lagði Alþingi til að aðrir mikilvægir sögustaðir skyldu rannsakaðir og varð hinn forni verslunarstaður á Gásum í Eyjafirði fyrir valinu.

Hingað til hafa allir íslenskir fornleifafræðingar sótt menntun sína til útlanda. Haustið 2002 hófst hins vegar í fyrsta sinn kennsla í fornleifafræði við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Námið hefur mælst vel fyrir og í desember 2005 höfðu níu útskrifast með BA-próf og þrír með meistarapróf. Nú eru 47 nemendur við nám á BA stigi, 11 í meistaranámi og einn í doktorsnámi. Doktorsritgerðir við erlenda háskóla eru einnig í smíðum og nánast öll verkefnin tengjast uppgreftri sem styrktur var af Kristnihátíðarsjóði. Það er ánægjuefni að í nánast öllum þeim verkefnum, sem Kristnihátíðarsjóður styrkti, fengu ungir vísindamenn þjálfun á vettvangi. Sérstakt vettvangsnámskeið var m.a. sett á laggirnar í tengslum við Hólarannsóknina í samvinnu við Hólaskóla og Háskóla Íslands. Það var auk þess fagnaðarefni hversu alþjóðleg rannsóknarteymin voru með virkri þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga.

Rétt er að vekja athygli á að flestir verkefnastjórar í fornleifahluta Kristnihátíðarsjóðs kynntu verkefni sín rækilega fyrir almenningi, bæði með skipulagðri fræðslu á rannsóknarsvæðum og sýningum á þeim forngripum og mannvirkjum sem komið hafa í ljós við rannsóknirnar. Börnin gleymdust heldur ekki, fornleifaskóli barnanna starfaði á Þingvöllum og í Skálholti var börnum boðið að upplifa uppgröft af eigin raun undir handleiðslu fornleifafræðinga. Sérstök moldarhrúga var útbúin og „forngripir" faldir í moldinni. Verkefnisstjórar hafa einnig skýrt fagráðinu í fornleifafræði frá því hvernig þeir hyggjast ganga frá uppgraftarsvæðunum í lok næsta sumars – bæði til að varðveita það sem fundist hefur og gera þessa staði aðgengilega fyrir almenning.

Framlag Alþingis til fornleifarannsókna á Íslandi hefur valdið byltingu í fornleifafræðirannsóknum hér á landi. Niðurstöðurnar hafa nú þegar og munu í framtíðinni færa okkur dýrmætar og ómetanlegar upplýsingar um sögu okkar þjóðar og opna þar nýja sýn.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2003.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi níu verkefni á sviði fornleifarannsókna árið 2003 um tæpar 52 millj. kr. Af þeim verkefnum sem fengu úthlutun höfðu átta áður fengið styrk en eitt nýtt bættist við.

1. *Hólarannsókn.* Umsækjendur eru Ragnheiður Traustadóttir, Hólaskóli, Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafn Íslands. Verkefnisstjóri er Ragnheiður Traustadóttir. Styrkupphæð er 11 millj. kr.
2. *Skálholt – höfuðstaður Íslands í 700 ár.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Mjöll Snæsdóttir. Styrkupphæð er 10 millj. kr.
3. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ.* Umsækjandi er Kirkjubæjarstofa. Verkefnisstjóri er Bjarni F. Einarsson. Styrkupphæð er 7 millj. kr.
4. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna.* Umsækjandi er Skriðuklausturrannsóknir. Verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir. Styrkupphæð er 7 millj. kr.
5. *Þingvellir og þinghald til forna.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands (í umboði Þingvallanefndar). Verkefnisstjóri er Adolf Friðriksson. Styrkupphæð er 5 millj. kr.
6. *Þverfaglegar rannsóknir og kynning á Gásum í Eyjafirði.* Umsækjandi er Minjasafnið á Akureyri ásamt Þjóðminjasafni Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún M. Kristinsdóttir. Styrkupphæð er 4,5 millj. kr.
7. *Rannsókn kirkjunnar í Reykholti.* Umsækjendur eru Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún Sveinbjarnardóttir. Styrkupphæð er 4 millj. kr.
8. *Kuml og samfélag.* Umsækjandi og verkefnisstjóri er Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands. Styrkupphæð er 2 millj. kr.
9. *Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.* Umsækjandi er Byggðasafn Skagfirðinga. Verkefnisstjóri er Guðný Zoëga. Styrkupphæð er 1,2 millj. kr.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2004.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi níu verkefni á sviði fornleifarannsókna árið 2004 um tæpar 52 millj. kr. Öll verkefnin sem fengu úthlutun höfðu hlotið styrk áður.

1. *Hólarannsókn.* Umsækjendur eru Hólaskóli, Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafn Íslands. Verkefnisstjóri er Ragnheiður Traustadóttir. Styrkupphæð er 11 millj. kr.
2. *Skálholt – höfuðstaður Íslands í 700 ár.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Mjöll Snæsdóttir. Styrkupphæð er 9 millj. kr.
3. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ.* Umsækjandi er Kirkjubæjarstofa. Verkefnisstjóri er Bjarni F. Einarsson. Styrkupphæð er 7,2 millj. kr.
4. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna.* Umsækjandi er félagið Skriðuklaustursrannsóknir. Verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir. Styrkupphæð er 7,2 millj. kr.
5. *Þingvellir og þinghald til forna.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands (í umboði Þingvallanefndar). Verkefnisstjórar eru Adolf Friðriksson og Sigurður Líndal. Styrkupphæð er 6,3 millj. kr.
6. *Rannsókn kirkjunnar í Reykholti.* Umsækjendur eru Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún Sveinbjarnardóttir. Styrkupphæð er 4,2 millj. kr.

7. *Þverfaglegar rannsóknir og kynning á Gásum í Hörgárbyggð.* Umsækjandi er Minjasafnið á Akureyri ásamt Þjóðminjasafni Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún M. Kristinsdóttir. Styrkupphæð er 4 millj. kr.
8. *Kuml og samfélag.* Umsækjandi og verkefnisstjóri er Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands. Styrkupphæð er 2 millj. kr.
9. *Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.* Umsækjandi er Byggðasafn Skagfirðinga. Verkefnisstjóri er Guðný Zoëga. Styrkupphæð er 800 þús. kr.

Verkefni sem hlutu styrk árið 2005.

Stjórn Kristnihátíðarsjóðs ákvað að styrkja eftirfarandi níu verkefni á sviði fornleifarannsókna árið 2005 um rúmar 57 millj. kr. Engin ný verkefni hlutu styrk þetta árið.

1. *Hólarannsókn.* Umsækjendur eru Ragnheiður Traustadóttir, Hólaskóli, Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafn Íslands. Verkefnisstjóri er Ragnheiður Traustadóttir. Styrkupphæð er 12 millj. kr.
2. *Skálholt – höfuðstaður Íslands í 700 ár.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Mjöll Snæsdóttir. Styrkupphæð er 10 millj. kr.
3. *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ.* Umsækjandi er Kirkjubæjarstofa. Verkefnisstjóri er Bjarni F. Einarsson. Styrkupphæð er 8,2 millj. kr.
4. *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna.* Umsækjandi er félagið Skriðuklaustursrannsóknir. Verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir. Styrkupphæð er 8,2 millj. kr.
5. *Þingvellir og þinghald til forna.* Umsækjandi er Fornleifastofnun Íslands (í umboði Þingvallanefndar). Verkefnisstjórar eru Adolf Friðriksson og Sigurður Líndal. Styrkupphæð er 7 millj. kr.
6. *Rannsókn kirkjunnar í Reykholti.* Umsækjendur eru Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún Sveinbjarnardóttir. Styrkupphæð er 4,7 millj. kr.
7. *Þverfaglegar rannsóknir og kynning á Gásum í Eyjafirði.* Umsækjandi er Minjasafnið á Akureyri ásamt Þjóðminjasafni Íslands. Verkefnisstjóri er Guðrún M. Kristinsdóttir. Styrkupphæð er 4,5 millj. kr.
8. *Kuml og samfélag.* Umsækjandi og verkefnisstjóri er Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands. Styrkupphæð er 2,2 millj. kr.
9. *DNA-greining á beinagrindum frá Keldudal.* Umsækjandi er Byggðasafn Skagfirðinga og Forskningslaboratoriet, Retsmedicinsk Institut, Kaupmannahafnarháskóla. Verkefnisstjóri er Margrét Ásta Kristinsdóttir. Styrkupphæð er 800 þús. kr.

Töluleg samantekt.

Fjöldi umsókna og verkefna.

	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi umsókna					
Menningar- og trúararfur	139	115	128	98	73
Fornleifarannsóknir	29	17	10	16	9
Alls	**168**	**132**	**138**	**114**	**82**
Fjöldi verkefna sem fengu styrk					
Menningar- og trúararfur	43	47	57	50	47
Fornleifarannsóknir	8	8	9	9	9
Alls	**51**	**55**	**66**	**59**	**56**

Styrkupphæðir, millj. kr.

	2001	2002	2003	2004	2005
Upphæðir sem sótt var um					
Menningar- og trúararfur		270	260	196	134
Fornleifarannsóknir		162	121	130	116,5
Alls	**690**	**432**	**381**	**326**	**250,5**
Upphæðir sem úthlutað var					
Menningar- og trúararfur	48,6	43,6	42,3	41,3	38,2
Fornleifarannsóknir	48	50,5	51,7	51,7	57,6
Alls	**96,6**	**94,1**	**94**	**93**	**95,8**

Verkefnisstjórnir, skipt eftir kyni.

	2001		2002		2003		2004		2005	
	kk.	kvk.	kk.	kvk.	kk.	kvk.	kk.	kvk.	kk.	kvk.
Menningar- og trúararfur	24	19	26	21	36	21	29	21	31	16
Fornleifarannsóknir	3	5	3	5	3	6	3	6	3	6
Alls	**27**	**24**	**29**	**26**	**39**	**27**	**32**	**27**	**34**	**22**
	53%	**47%**	**53%**	**47%**	**59%**	**41%**	**54%**	**46%**	**61%**	**39%**

Lok starfs Kristnihátíðarsjóðs.

Í tilefni af síðustu úthlutun sjóðsins 1. desember 2005 ákvað stjórn Kristnihátíðarsjóðs að efna til ráðstefnu sem bar heitið „Hin forna framtíð“ og var haldin 1. og 2. desember 2005 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Samnefnd sýning var einnig opnuð í bókasal Þjóðmenningarhússins við úthlutunina og stóð hún í tæpa þrjá mánuði frá 1. desember. Þar mátti sjá sýnishorn af árangri fornleifarannsóknanna sem sjóðurinn styrkti ásamt kynningu á fjölda annarra rannsókna á menningar- og trúarlífi þjóðarinnar. Jafnframt var ákveðið að gefa út rit sem ber sama titil eða „Hin forna framtíð: Verkefni styrkt af Kristnihátíðarsjóði 2001–2005“ en þar er að finna m.a. stuttar lýsingar á flestum þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt, sum að fullu, önnur að minni hluta.

Skipunartíma stjórnar Kristnihátíðarsjóðs og verkefnisstjóra sjóðsins lauk 31. desember 2005. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 12/2001, um Kristnihátíðarsjóð, skulu þeir sem fá fé úr Kristnihátíðarsjóði gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar. Verði misbrestur á, eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt, er henni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins. Til að tryggja umsjón styrkveitinga eftir að skipunartíma stjórnar sjóðsins lauk ákvað forsætisráðherra að skipa nefnd til að fylgja eftir framvindu verkefna sem hlutu styrk úr Kristnihátíðarsjóði 1. desember 2005 og ráðstöfun fjár í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. reglugerðar um Kristnihátíðarsjóð og reglur stjórnar Kristnihátíðarsjóðs þar að lútandi.

Nefndina skipa Anna Soffía Hauksdóttir prófessor, formaður, Anna Agnarsdóttir prófessor, Guðmundur H. Frímannsson deildarforseti, Guðmundur Hálfdánarson prófessor og Þorsteinn Gunnarsson rektor. Skipunartími nefndarinar er til 31. desember 2006.

Það er ánægjuefni að greina frá því að þó svo að hlutverki Kristnihátíðarsjóðs sé lokið munu verkefni fornleifahlutans áfram njóta liðsinnis hins opinbera. Að tillögu ríkisstjórnarinnar verður í fjárlögum áranna 2006–2008 samtals 60 millj. kr. varið til forvörslu og undirbúnings sýninga á niðurstöðum fornleifarannsókna sem styrktar hafa verið úr Kristnihátíðarsjóði.

Lokaorð.

Tilkoma Kristnihátíðarsjóðs markaði tímamót í fræðslu og rannsóknum á menningar- og trúararfi þjóðarinnar, sem og í fornleifarannsóknum. Lög og fjárveitingar til sjóðsins bera vott um stórhug og framsýni, sem hvetur þá sem vinna á þessum sviðum til dáða og góðra verka, sem munu miðla og gagnast í samtíð og framtíð. Sjóðurinn hefur styrkt yfir 150 verkefni og eru stærstu styrkir sjóðsins með þeim hæstu sem úthlutað hefur verið á Íslandi til rannsókna- og fræðistarfa. Grettistaki hefur verið lyft á sviði fornleifarannsókna á Íslandi og á mörgum sviðum hug- og félagsvísinda.

Verkefnissvið sjóðsins var vítt og spannaði allt frá lífi íslenskra fornmanna til lífsleikni nútímamannsins sem þarf oft og tíðum að vera ærin en þó sennilega hvorki meiri né minni en lífsleikni fornmannsins. Það er e.t.v. alrangt, en lýsir um leið vissri þröngsýni nútímamannsins, að halda að lífinu sé vandlifaðra en áður, hver tími færir ný vandamál til að takast á við.

Fimm ár er ekki langur tími í sögu lands og þjóðar, en þau hafa verið drjúg í starfi Kristnihátíðarsjóðs. Þau hafa breytt sýn okkar á söguna með nýjum uppgötvunum og rannsóknum – opnað nýjar víddir í sögu lands og þjóðar.

Stjórn sjóðsins þakkar öllum þeim sem koma að starfi sjóðsins samstarfið og Alþingi Íslendinga traustið.

866. Fyrirspurn [590. mál]

til fjármálaráðherra um samkeppnisstöðu ríkisbanka á húsnæðismarkaði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að samkeppnisstaða ríkisbanka á húsnæðismarkaði gagnvart einkabönkum verði jöfnuð með tilliti til:

a. greiðslu ríkisábyrgðargjalds,
b. greiðslu tekjuskatts,
c. kröfu um eiginfjárhlutfall,
d. reglna um greiðslu vaxtabóta vegna viðgerða húsa,
e. skuldajöfnunar opinberra gjalda,
f. uppgjörsaðferða?

867. Fyrirspurn [591. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ristilkrabbamein.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hversu margir greinast með ristilkrabbamein árlega?
2. Hversu margir Íslendingar deyja ár hvert af völdum þessa sjúkdóms?
3. Hver er kostnaður hins opinbera vegna hvers sjúklings á ári?
4. Hvað kostar ristilspeglun?

5. Hvað kostar skimun?
6. Mun ráðherra beita sér fyrir því að skipulagðri ristilkrabbameinsleit verði komið á?

868. Nefndarálit [353. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fallið verði frá sérreglum varðandi úthlutun á 3.000 lestum af þorski skv. 9. gr. a laganna og fiskiskipum sem þessarar úthlutunar hafa notið verði í staðinn úthlutað aflahlutdeild frá og með fiskveiðiárinu 2006/2007 samkvæmt nánar tiltekinni reiknireglu í ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin er sammála því að umræddri úthlutun verði breytt í aflahlutdeild en leggur til að reiknireglunni verði breytt þannig að í stað þess að miða eingöngu við það meðaltal sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, þá verði einnig litið til þess hversu mikið hver réttur gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips og sá kostur valinn sem meira gefur í aflahlutdeild. Þetta val leiði hins vegar ekki til aukins heildaraflamagns þorsks sem ráðstafað er til þessarar sérstöku úthlutunar.

Með tilliti til framanritaðs leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við þegar lögin taka gildi. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal vera hvort sem hærra reynist; aflamark, sem úthlutun á grundvelli viðkomandi réttar gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips eða aflamark sem er meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða reiknigrunn hvers úthlutunarréttar hlutfallslega þannig að heildarreiknigrunnurinn verði ekki hærri en meðaltal úthlutana fyrrgreindra fiskveiðiára að teknu tilliti til lækkunar leyfilegs heildarafla þorsks milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips skal síðan reiknuð út frá reiknigrunni sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa.

Jón Bjarnason áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.
Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kjartan Ólafsson.
Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.

Kristján L. Möller,
með fyrirvara.

869. Frumvarp til laga [461. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Eftir 2. umr., 6. mars.)

1. gr.

Við 8. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á vef hlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 153. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 8. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

870. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Eftir 2. umr., 6. mars.)

1. gr.

Við 7. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á vef einkahlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 127. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 7. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

871. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

(Eftir 2. umr., 6. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lífeyrissjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „65%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 75%.
b. Raðtalan „6.“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eign lífeyrissjóðs í hlutabréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.

d. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 60%.
e. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta uppgjöri sem hefur verið kannað eða endurskoðað af endurskoðanda.

II. KAFLI
Gildistaka.
3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

872. Fyrirspurn [592. mál]

til menntamálaráðherra um mat á listnámi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig meta yfirvöld menntamála nám þeirra listamanna sem luku burtfararprófi úr gömlu sérskólunum, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Leiklistarskóla Íslands, nú eftir að Listaháskóli Íslands hefur tekið við menntun myndlistarmanna og leikara?

873. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Ólaf Örn Ólafsson, bæjarstjóra í Grindavík, og Sigurð Líndal. Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkisskattstjóra, Hafrannsóknastofnuninni, Grindavíkurkaupstað, Fiskistofu, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Alþýðusambandi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Byggðastofnun, Sjómannasambandi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að 6. gr. laganna falli brott en hún lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta sem fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Í öðru lagi er lagt til að sett verði hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Í þriðja lagi er lagt til að unnt verði að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti en nú tíðkast. Í fjórða lagi er lagt til að gerðar verði tvær tímabundnar lagabreytingar vegna þeirra erfiðleika sem upp hafa komið í veiðum og vinnslu á úthafsrækju.

Fram komu athugasemdir um að prósentuhlutföllin í 2. gr. frumvarpsins væru of há. Aflaheimildir smábátaflotans ættu sér sterkar sögulegar rætur í einstaklingsútgerð og mikilvægt væri að veiðiheimildir smábátanna söfnuðust ekki á örfáa báta. Meiri hlutinn getur tekið

undir það og leggur til að prósentuhlutföll verði lækkuð þannig að hámark á samanlagða krókaaflahlutdeild verði 4% í þorski, 5% í ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar þeirra tegunda sem krókaaflahlutdeild er úthlutað í. Hér er komið að hluta til móts við umsögn stjórnar Landssambands smábátaeigenda. Þá leggur meiri hlutinn til að þeir aðilar sem hugsanlega eru komnir upp yfir fyrrnefnd viðmiðunarmörk fái aðlögunartíma til 1. september 2009 til að flytja af skipum sínum krókaaflahlutdeildir í þeim tegundum sem þarf til þess að rúmast innan ramma ákvæðisins.

Til stendur að endurútgefa lögin um stjórn fiskveiða. Af því tilefni leggur meiri hlutinn til að gerðar verði nokkrar lagatæknilegar breytingar auk þess sem lagt er til að eitt atriði verði áréttað, sbr. eftirfarandi skýringar við 2. lið í breytingartillögum:

a. Málsliðurinn, sem lagt er til að bætist við, er nú í ákvæði XXIII til bráðabirgða en ákvæðið mun að öðru leyti falla niður við fyrirhugaða endurútgáfu. Nauðsynlegt er að hafa áfram heimild til sérveiða, svo sem ígulkera-, sæbjúgna- og hrognkelsaveiða fyrir krókaaflamarksbátana.
b. Um er að ræða tvenns konar lagfæringar vegna endurútgáfunnar: Annars vegar er lagt til að núverandi lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. falli brott þar sem þau tímamörk sem þar eru tilgreind eru liðin en samkvæmt þessum málslið var óheimilt í fimm ár frá gildistöku laganna að flytja aflahlutdeild, sem rekja mátti til uppbótar, frá skipi. Hins vegar þykir rétt að flytja ákvæði V til bráðabirgða inn í megintexta laganna þar sem ákvæðið er ótímabundið og er lagt til að bæta því við 6. mgr. 11. gr. Samkvæmt því þarf samþykki þeirra aðila sem samningsveð eiga í skipinu 1. janúar 1991 til flutnings aflaheimildar af því.
c. Rétt þykir að skylda skipstjórnarmanna til að taka eftirlitsmenn um borð verði áréttuð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Kjartan Ólafsson.

Einar Oddur Kristjánsson. Siv Friðleifsdóttir.

874. Breytingartillögur [448. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (GHj, MS, KÓ, EOK, SF).

1. Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:
   a. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „9%“ í a-lið komi: 4%; 5%.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í b-lið komi: 5%.
2. Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 38/1990, um

stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á lögunum:

a. Við 6. gr. b bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.
b. Lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. orðast svo: Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991.
c. Við 1. málsl. 3. mgr. 17. gr. bætist: og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Sé krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 11. gr. a skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 11. gr. b og gilda þá ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar. Aðili skal þó hafa frest til 1. september 2009 til að ráðstafa krókaaflahlutdeildinni þannig að hún rúmist innan settra marka. Að öðru leyti gildir 2. mgr. 11. gr. b um hámark krókaaflahlutdeildar.

875. Breytingartillögur [371. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Kaflaskipting og kaflafyrirsagnir falli brott.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

876. Fyrirspurn [593. mál]

til forsætisráðherra um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Liggur fyrir skýrsla eða viðbragðsáætlun eftir tveggja ára óformlegt samráð forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytisins, Fjámálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um viðbúnað og viðbrögð ef upp kemur fjármálakreppa eða alvarleg áföll verða í fjármálakerfinu?
2. Ef svo er, verður þessi skýrsla gerð opinber? Ef ekki, mun ráðherra verða við ósk um að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis verði kynnt efni hennar?

3. Hver er skilgreind verkefnalýsing í því formlega samráði sem komið var á um miðjan febrúar sl. á milli fyrrgreindra aðila, sbr. 1. tölul.?
4. Hafa verið mótaðar reglur um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu og hvert er megininntak þeirra reglna?
5. Hvaða reglur gilda annars staðar á Norðurlöndum um viðbúnað við fjármálakreppu eða alvarlegum áföllum í fjármálakerfinu?

Skriflegt svar óskast.

877. Frumvarp til laga [389. mál]

um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til réttinda foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Lögin eiga einnig við um rétt foreldra í námi til sömu greiðslna.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

a. *Barn:* Einstaklingur sem er yngri en 18 ára.
b. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.
c. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.
d. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn greiðslna til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Framkvæmdaraðili.

Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

6. gr.
Umsókn um greiðslur.

Foreldri skal sækja um greiðslur skv. III. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barns, staðfesting frá vinnuveitanda um að foreldri leggi niður störf, staðfesting um starfstímabil, vottorð frá skóla um að foreldri hafi gert hlé á námi og fyrri námsvist, sem og aðrar upplýsingar sem framkvæmdaraðili telur nauðsynlegar.

Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hans.

Umsóknin skal undirrituð af báðum foreldrum enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Forsjárlaust foreldri skal undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 5. mgr. 8. gr. eða 5. mgr. 12. gr. gr., sem og maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki þegar það á við.

7. gr.
Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 6. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Réttindi foreldra.

8. gr.
Skilyrði fyrir réttindum foreldra á vinnumarkaði.

Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., sem leggur niður launuð störf þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að foreldri hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri leggi niður störf til að annast barnið meðan greiðslur standa yfir, barn þarfnist sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi. Foreldrar skulu hafa lagt niður störf samtals lengur en 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil.

Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána fyrir því að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

9. gr.
Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.

Greiðsla til foreldris skv. 8. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess hafa fallið niður, sbr. einnig 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns. Foreldri skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að það hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín

þar. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur hefjist við síðara tímamark en um getur í 1. málsl.

Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur reiknast greiðslur frá og með þeim degi er foreldrar hafa lagt niður störf samtals í 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við getur átt.

Greiðslur skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, 15. virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir 5. virka dag mánaðarins.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil sem eru hærri en nemur mismun greiðslna skv. 1. mgr. og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., sem leggur niður störf að hluta þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8.–9. gr. samhliða minnkuðu starfshlutfalli samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Hið sama á við þegar foreldri kemur aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði niður störf tímabundið og ástæður þess að foreldrið er í hlutastarfi má rekja til veikinda eða fötlunar barnsins, sbr. 8. gr. Skilyrði eru meðal annars að foreldrar hafi lagt niður störf og/eða verið í hlutastarfi samfellt lengur en í 14 virka daga og breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Að öðru leyti gilda skilyrði 8.–9. gr. um greiðslur til foreldra samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Foreldri sem fær hlutfallslegar greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 1. mgr. getur átt rétt á greiðslum í hlutfallslega lengri tíma en kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 8. gr.

11. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8.–10. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir mótframlag að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Foreldri er heimilt að óska eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá framkvæmdaraðili um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

12. gr.

Skilyrði fyrir réttindum foreldra í námi.

Foreldri sem gerir hlé á námi þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að foreldrið hafi verið í námi, sbr. d-lið 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri geri hlé á námi í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla til að annast barnið sem þarfnast sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, foreldri hafi átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði áður en barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Forsjárlaust foreldri á rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána fyrir því að forsjárlausa foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggi fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

13. gr.

Undanþágur frá skilyrðum fyrir réttindum foreldra í námi.

Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 12. gr. hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis eftir að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og flytur aftur hingað til lands þegar barnið greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 12. gr. um samfellt nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þess getur foreldri átt rétt á greiðslum skv. 12. gr. hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Hið sama á við hafi foreldri lokið a.m.k. einnar annar námi, sbr. d-lið 3. gr., og

hafi síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

14. gr.

Tilhögun greiðslna til foreldra í námi.

Greiðsla til foreldris skv. 12. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er 14 virkir dagar eru frá því að barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt læknisvottorði, sbr. 12. gr. Þær skulu inntar af hendi eftir á þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að foreldri hafi gert hlé á námi vegna veikinda eða fötlunar barns þess. Foreldri skal leggja fram vottorð skóla um að það hafi gert hlé á námi. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur miðist við síðara tímamark en um getur í 1. málsl. þegar sjúkdómur eða fötlun barns er þess eðlis að foreldri getur haldið áfram námi en þarf að gera hlé á náminu síðar til að annast barn sitt vegna þróunar sjúkdóms barnsins eða fötlunar.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur frá öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm.

Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla með hinu foreldri barnsins enda hafi foreldri verið samfellt á vinnumarkaði í tólf mánuði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 12. gr. eftir því sem við á.

Foreldrar geta átt rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla þegar annað barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun enda þótt foreldrarnir hafi áður fengið greiðslur vegna fyrra barns. Foreldrar geta þó einungis fengið greitt vegna eins barns í einu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Foreldri sem fær atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um foreldri sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæð-

ingar- og foreldraorlof öðlast foreldrarnir ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum vegna sama barns, sbr. þó 15. gr.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur en því bar samkvæmt lögum þessum er heimilt að skuldajafna ofgreiddum greiðslum á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. júlí 2006, sbr. þó 2.–4. mgr. Ákvæði laganna eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur þó átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006.

Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2006 vera allt að einn mánuður. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að tvo mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2007 vera allt að tveir mánuðir. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að fjóra mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

Lögin koma að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2008 eða síðar. Sama á við um aðstæður skv. 1. mgr. 15. gr. enda þótt börnin hafi greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2008.

20. gr.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Við 3. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, en áður en það verður fullra átján ára.

878. Frumvarp til laga [594. mál]

um evrópsk samvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun I um altæka aðlögun að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Í samræmi við reglugerð um evrópsk samvinnufélög eru í lögum þessum sett nánari ákvæði um þau félög. Ná þau ákvæði aðeins til evrópskra samvinnufélaga sem skráð eru á Íslandi nema annað sé tekið fram.

2. gr.
Bókhald og ársreikningar.

Um evrópskt samvinnufélag, sem skráð er hér á landi, gilda lög um bókhald og lög um ársreikninga sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög. Evrópskt samvinnufélag getur fengið heimild ársreikningaskrár, sem ríkisskattstjóri starfrækir, til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga um bókhald og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við lög um ársreikninga.

Flytji evrópskt samvinnufélag skráða skrifstofu sína til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja skal stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins gera sérstakan rekstrarreikning fyrir tímabilið frá lokum síðasta ársreiknings til þess dags er flutningur skráðrar skrifstofu hefur öðlast gildi skv. 10. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Taki samvinnufélag þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna skv. 19. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög og evrópska samvinnufélagið verður með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skal stjórn samvinnufélagsins gera sérstakan ársreikning frá lokum síðasta ársreiknings til þess dags er evrópska samvinnufélagið er skráð skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Ársreikningurinn skal afhentur samvinnufélagaskrá innan mánaðar frá lokum þess tímabils sem reikningurinn tekur til.

Stundi evrópskt samvinnufélag, með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, starfsemi hér á landi í formi útibús skal bókhald og ársreikningur útibúsins vera í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga. Heimild 2. málsl. 1. mgr. gildir einnig um þessi útibú.

3. gr.
Heiti.

Evrópsku samvinnufélagi er skylt að hafa skammstöfunina SCE í heiti sínu. Auk þess er félagi heimilt að hafa orðin „evrópskt samvinnufélag“ í heitinu, svo og að nota skammstöfunina SCE/esvf. Heitið skal greina glöggt frá heiti annarra samvinnufélaga sem skráð hafa verið í samvinnufélagaskrá, sbr. 9. gr.

4. gr.
Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum gilda samnefnd lög.

II. KAFLI
Stofnun evrópsks samvinnufélags.

5. gr.
Þátttaka í stofnun evrópsks samvinnufélags.

Samvinnufélagi eða félagi í samsvarandi lagalegu formi, sem hefur aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, er heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags ef félagið:

a. er stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja;
b. hefur skráða skrifstofu í ríki skv. 1. tölul. og
c. hefur raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við stofnun evrópsks samvinnufélags með öðrum hætti en samruna eða breytingu skulu ákvæði 1. mgr. um samvinnufélag eða félag í samsvarandi lagalegu formi einnig gilda um þá lögaðila sem kveðið er á um í 34. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

6. gr
Þátttaka fjármálafyrirtækja í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með er ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum með samruna ef Fjármálaeftirlitið leggst gegn því að lokinni athugun vegna hættu á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfi eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti, enda leggist stofnunin gegn því fyrir útgáfu vottorðs skv. 7. gr. þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Fyrirtækið skal leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. Mæli eitthvað gegn því að athugunin fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirtækinu kost á að tjá sig eða bæta úr annmörkum innan tiltekins frests. Geri fyrirtækið það ekki skal vísa umsókn þess frá. Fjármálaeftirlitið skal taka ákvörðun innan mánaðar frá móttöku umsóknar eða lokum frests.

Samvinnufélagaskrá skal hafna umsókn um leyfi til að hrinda í framkvæmd samrunaáætlun sem gerir ráð fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna hafi athugun Fjármálaeftirlitsins ekki farið fram, sbr. 2. mgr., eða stofnunin lagst gegn samruna á grundvelli slíkrar athugunar.

7. gr.

Útgáfa vottorðs við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Samvinnufélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna þegar skráin hefur gefið samvinnufélagi leyfi til að hrinda í framkvæmd annaðhvort lögmætri ákvörðun félagsfundar eða ákvörðun stjórnar um að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna skv. X. kafla laga nr. 27/1991, um samvinnufélög, eða XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eftir því sem við á.

8. gr.

Réttur til úrsagnar úr yfirtökufélagi.

Hafi félagsmaður í félagi lagst gegn stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna getur hann sagt sig úr yfirtökufélaginu leiði samruninn til þess að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði utan Íslands. Skal úrsögn fara fram innan þeirra tímamarka og með þeim skilyrðum sem getið er í 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

III. KAFLI
Skráning evrópskra samvinnufélaga o.fl.

9. gr.

Skráningaryfirvald.

Samvinnufélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skráir evrópsk samvinnufélög. Um skráningu félaganna hjá samvinnufélagaskrá gilda ákvæði laga um samvinnufélög og eftir atvikum önnur lagaákvæði, m.a. um gjaldmiðil stofnfjár, sbr. 3. gr. og 1. mgr. 77. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Um evrópsk samvinnufélög, sem stunda starfsemi á sviði fjármagnsmarkaðar, gilda ákvæði laga á því sviði og eftir atvikum önnur lagaákvæði við skráningu félaganna.

Um gjald fyrir skráningu evrópskra samvinnufélaga fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða samvinnufélög. Um aukatilkynningar o.fl. fer eftir ákvæðum sömu laga. Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um skráningu evrópskra samvinnufélaga, önnur en almennt gilda um samvinnufélög, þ.m.t. um skipulag skráningarinnar, rekstur skrár, aðgang að skrá og gjaldtöku, m.a. fyrir úgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráin hefur á tölvutæku formi. Skráin innheimtir gjöld vegna birtingar í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi, svo og gjöld vegna birtingar upplýsinga um skráningu og afskráningu evrópskra samvinnufélaga í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, sbr. 13. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

10. gr.

Birting tillagna að ýmsum ákvörðunum.

Framkvæmdastjórn í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættri stjórn eða stjórn í evrópsku samvinnufélagi með einþættri stjórn skal afhenda samvinnufélagaskrá tillögur að ákvörðunum eða upplýsingar skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, um flutning skráðrar skrifstofu, skv. 3. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar um breytingu starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag og skv. 3. mgr. 76. gr. reglugerðarinnar um breytingu evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag í því ríki þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Upplýsingar um skráningu skal án dráttar láta birta á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði. Sé tillaga ekki birt í heild skal greina frá því í tilkynningu hvar hana megi nálgast.

IV. KAFLI
Flutningur skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags.

11. gr.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi.

Evrópsku samvinnufélagi, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, er ekki heimilt að flytja skráða skrifstofu frá Íslandi til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja leggist stofnunin gegn flutningnum innan tveggja mánaða frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, sbr. 6. mgr. sömu greinar.

Í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögunnar skal evrópskt samvinnufélag, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, leggja inn umsókn um athugun á því hvort stofnunin leggst gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 1. mgr. Berist umsókn ekki innan frestsins skal henni vísað frá. Fjármálaeftirlitið getur lagst gegn flutningnum sé hætta á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfi eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti.

Mæli eitthvað gegn því að athugun skv. 2. mgr. fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri félagið það ekki skal vísa umsókn þess frá.

12. gr.

Upplýsingar til kröfuhafa um flutning.

Samþykki félagsfundur evrópsks samvinnufélags að flytja skráða skrifstofu félagsins til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, sbr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, skal félagið tilkynna þekktum kröfuhöfum félagsins ákvörðunina skriflega.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skulu vera upplýsingar um rétt kröfuhafa félagsins á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög til að skoða flutningstillöguna auk skýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Í tilkynningunni skulu enn fremur vera upplýsingar um rétt kröfuhafa skv. 14. gr. laga þessara til að leggjast gegn flutningnum.

13. gr.

Umsókn um flutningsleyfi.

Evrópskt samvinnufélag skal sækja um leyfi hjá samvinnufélagaskrá til flutnings skráðrar skrifstofu skv. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Leggja skal inn umsókn innan mánaðar frá ákvörðun félagsfundar um flutning.

Umsókn skal fylgja:

1. eitt afrit fundargerðar frá félagsfundi þar sem ákvörðun um flutning var tekin;
2. eitt afrit flutningstillögu;
3. eitt afrit skýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög;
4. vottorð frá framkvæmdastjórn evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi, stjórn evrópsks samvinnufélags með einþættu stjórnkerfi eða framkvæmdastjóra evrópsks samvinnufélags um að þekktum kröfuhöfum félagsins hafi verið veittar upplýsingar skv. 12. gr. og
5. staðfesting frá Fjármálaeftirlitinu varðandi fyrirtæki skv. 11. gr. þess efnis að stofnunin hafi athugað umsókn samkvæmt þeirri grein og ekki lagst gegn flutningi.

Hafi evrópskt samvinnufélag látið undir höfuð leggjast að láta skjöl skv. 2. mgr. fylgja umsókn eða annað tálmar athugun á umsókn skal samvinnufélagaskrá gefa félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri félagið það ekki skal samvinnufélagaskrá vísa umsókn þess frá.

Hafi dómstóll staðfest ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 11. gr. um að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 28. gr., skal samvinnufélagaskrá vísa umsókninni frá.

14. gr.

Meðferð flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá.

Hafi samvinnufélagaskrá tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 13. gr. til athugunar skal hún gefa út áskorun til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags og birta hana í Lögbirtingablaði.

Í áskorun skv. 1. mgr. skal kveða á um að þeir kröfuhafar sem leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu skuli í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði tilkynna það skriflega.

Samvinnufélagaskrá skal senda sérstaka tilkynningu um áskorun skv. 1. mgr. til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er.

15. gr.

Leggist kröfuhafi, sem fengið hefur áskorun skv. 14. gr., gegn því innan tiltekins frests að evrópskt samvinnufélag flytji skráða skrifstofu skal samvinnufélagaskrá senda erindið héraðsdómi í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Hafi enginn kröfuhafi lagst gegn flutningnum skal samvinnufélagaskrá veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

16. gr.

Meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi.

Hafi erindi um flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja verið sent héraðsdómi skal dómurinn veita félaginu flutningsleyfi sýni það fram á að þeir kröfuhafar sem lagst hafa gegn flutningnum hafi fengið fulla greiðslu á kröfum sínum eða fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra krafna sem orðið hafa til innan frestsins sem tilgreindur er í 2. mgr. 14. gr. Að öðrum kosti skal dómurinn hafna umsókn félagsins.

Héraðsdómur skal að eigin frumkvæði upplýsa samvinnufélagaskrá um niðurstöðu flutningsmáls fyrir dóminum.

17. gr.

Útgáfa vottorðs vegna flutnings.

Samvinnufélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög varðandi lok gerninga og formsatriða fyrir flutningi þegar:

a. skráin hefur veitt flutningsleyfi skv. 15. gr. eða
b. héraðsdómur hefur veitt flutningsleyfi skv. 16. gr.

Samvinnufélagaskráin skal þó ekki gefa út vottorð í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 15. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

V. KAFLI
Skipulag evrópskra samvinnufélaga.

18. gr.
Evrópsk samvinnufélög með tvíþættu stjórnkerfi.

Um evrópsk samvinnufélög með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög skulu ákvæði um stjórn eða stjórnarmenn í lögum um samvinnufélög, og eftir atvikum í öðrum lögum, einnig gilda um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnarmenn þessara evrópsku samvinnufélaga, svo og eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn eftir því sem við á.
2. Auk skyldna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skal eftirlitsstjórn gefa aðalfundi skýrslu með upplýsingum um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.

Í 23. gr. laga þessara er að finna nánari ákvæði um störf eftirlitsstjórnar.

19. gr.

Sé eftirlitsstjórnarmaður valinn til setu í framkvæmdastjórn skv. 3. mgr. 37. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skal valið eigi vera til lengri tíma en þriggja mánaða.

20. gr.
Evrópsk samvinnufélög með einþættu stjórnkerfi.

Sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög skulu ákvæði um stjórn eða stjórnarmenn í lögum um samvinnufélög, og eftir atvikum öðrum lögum, einnig gilda um stjórn eða stjórnarmenn evrópskra samvinnufélaga með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðarinnar.

21. gr.
Fjöldi manna í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga.

Sé evrópskt samvinnufélag með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu minnst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn og minnst þrír menn í eftirlitsstjórn.

Sé evrópskt samvinnufélag með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu minnst þrír menn sitja í stjórn félagsins.

22. gr.
Framkvæmdastjóri evrópsks samvinnufélags.

Evrópskt samvinnufélag skal hafa framkvæmdastjóra.

Sé stjórnkerfi félagsins tvíþætt, sbr. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, skal framkvæmdastjórn ráða framkvæmdastjóra. Í því tilviki getur framkvæmdastjórinn ekki átt sæti í eftirlitsstjórn. Sé stjórnkerfi félagsins einþætt, sbr. 42.–44. gr. reglugerðarinnar, skal stjórn ráða framkvæmdastjóra.

Nánar er kveðið á um framkvæmdastjóra og verksvið hans í lögum um samvinnufélög.

23. gr.
Eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með tvíþættu stjórnkerfi.

Í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu bæði eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn hafa eftirlit með störfum

framkvæmdastjóra. Ákvæði 39.–40. gr. reglugerðar um eftirlit eftirlitsstjórnar með störfum framkvæmdastjórnar og rétt til upplýsinga gilda einnig um eftirlit eftirlitsstjórnar og framkvæmdastjórnar með störfum framkvæmdastjórans.

Sérhver eftirlitsstjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar skv. 3. mgr. 40. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, svo og eftirlit með framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. Sérhver framkvæmdastjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum hans.

Endurskoðandi félags skal tilkynna eftirlitsstjórn um athugasemdir sem hann hefur komið á framfæri við framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra.

24. gr.

Eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með einþættu stjórnkerfi.

Ákvæði 23. gr. um eftirlit framkvæmdastjórnar í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi með störfum framkvæmdastjóra og rétt hennar til að fá upplýsingar frá honum gilda um eftirlit stjórnar með framkvæmdastjóra í evrópsku samvinnufélagi með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

25. gr.

Tillöguréttur félagsmanna.

Hver félagsmaður á rétt á að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundi ef hann gerir um það skriflega kröfu með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Krafa skv. 1. mgr. skal send til framkvæmdastjórnar evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi eða stjórnar evrópsks samvinnufélags með einþættu stjórnkerfi.

26. gr.

Stjórnvald boðar til félagsfundar.

Sé eigi boðað til félagsfundar í evrópsku samvinnufélagi samkvæmt reglugerð um evrópsk samvinnufélög, félagssamþykktum eða ákvörðun félagsfundar skal viðkomandi stjórnvald boða til félagsfundar skv. 19. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, hafi krafa þar að lútandi borist frá framkvæmdastjórnarmanni eða eftirlitsstjórnarmanni í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi, stjórnarmanni í evrópsku samvinnufélagi með einþættu stjórnkerfi, framkvæmdastjóra, endurskoðanda, skoðunarmanni eða félagsmanni.

27. gr.

Ráðstafanir gagnvart evrópsku samvinnufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum.

Fullnægi evrópskt samvinnufélag ekki skyldum sínum skv. 6. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög um að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa félagsins séu í sama ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamnings Evrópu eða í Færeyjum skal samvinnufélagaskrá staðfesta það með sérstakri ákvörðun. Skráin skal síðan gefa félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests. Í fyrirmælunum skal felast viðvörun um að krafist verði skipta á félaginu bæti það eigi úr annmarkanum.

Fari evrópskt samvinnufélag ekki að fyrirmælum skv. 1. mgr. skal ráðherra gera kröfu um að félagið verði tekið til skipta skv. 62. gr. a laga nr. 22/1991, um samvinnufélög.

28. gr.
Málskot.

Ákvörðun samvinnufélagaskrár varðandi skráningu evrópsks samvinnufélags er heimilt að leggja fyrir héraðsdóm innan tveggja mánaða frá ákvörðunardegi. Sama gildir um ákvörðun skrárinnar um að vísa frá umsókn félags um flutningsleyfi, sbr. 13. gr.

Ákvörðun samvinnufélagaskrár skv. 1. mgr. 27. gr. um staðsetningu skrifstofu evrópsks samvinnufélags má leggja fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá þeim degi er félagið fékk vitneskju um ákvörðunina. Leggja má ákvörðun stjórnvalds skv. 2. mgr. 27. gr. fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá ákvörðunardegi.

Leggja má ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins skv. 6. gr. varðandi samruna og 11. gr. varðandi flutning fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá því að félagið fékk vitneskju um ákvörðunina.

29. gr.
Viðurlög.

Ákvæði XIV. kafla laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, varðandi refsingar o.fl. gilda m.a. um stjórnendur evrópskra samvinnufélaga sem skráð eru hér á landi.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 18. ágúst 2006.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1435/2003

frá 22. júlí 2003

um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópuþingið samþykkti 13. apríl 1983 ályktun um samvinnufélög í Evrópubandalaginu ([4]), 9. júlí 1987 ályktun um framlag samvinnufélaga til byggðaþróunar ([5]), 26. maí 1989 ályktun um hlutverk kvenna í samvinnufélögum og staðbundnum framtaksverkefnum í atvinnumálum ([6]), 11. febrúar 1994 um framlag samvinnufélaga til byggðaþróunar ([7]) og 18. september 1998 um hlutverk samvinnufélaga í aukinni atvinnuþátttöku kvenna ([8]).

([1]) Stjtíð. EB C 99, 21.4.1992, bls. 17 og Stjtíð. EB C 236, 31.8.1993, bls. 17.
([2]) Stjtíð. EB C 42, 15.2.1993, bls. 75 og álit sem var skilað 14. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([3]) Stjtíð. EB C 223, 31.8.1992, bls. 42.
([4]) Stjtíð. EB C 128, 16.5.1983, bls. 51.
([5]) Stjtíð. EB C 246, 14.9.1987, bls. 94.
([6]) Stjtíð. EB C 158, 26.6.1989, bls. 380.
([7]) Stjtíð. EB C 61, 28.2.1994, bls. 231.
([8]) Stjtíð. EB C 313, 12.10.1998, bls. 234.

2) Tilkoma innri markaðarins og þær efnahagslegu og félagslegu framfarir sem hann hefur í för með sér í gervöllu Bandalaginu leiðir ekki einungis til þess að ryðja þarf viðskiptahindrunum úr vegi, heldur einnig að laga verður skipulag framleiðslu að aðstæðum í Bandalaginu almennt. Þess vegna skiptir það miklu máli að félög, hvers konar, þar sem starfsemin takmarkast ekki við að sinna þörfum á hverjum stað, geti gert áætlanir og endurskipulagt starfsemi sína á Bandalagsvísu.

3) Lagarammi viðskipta í Bandalaginu byggist enn að miklum hluta á innlendum lögum og samsvarar því ekki þeim efnahagsramma sem þarf að vera um þróun viðskipta ef markmiðin, sem sett eru fram í 18. gr. sáttmálans, eiga að nást. Slíkt ástand er veruleg hindrun í vegi fyrir því að myndaðir séu hópar félaga frá mismunandi aðildarríkjum.

4) Ráðið hefur samþykkt reglugerð (EB) nr. 2157/2001 ([9]) þar sem rekstrarform Evrópufélaga (SE) að lögum er ákveðið í samræmi við meginreglur um hlutafélög. Sú reglugerð er þó ekki sniðin að séreinkennum samvinnufélaga.

5) Þótt evrópsk, fjárhagsleg hagsmunafélög (EEIG), sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2137/85 ([10]), veiti fyrirtækjum möguleika á því að styðja sameiginlega við tiltekinn hluta af starfseminni, en varðveita um leið sjálfstæði sitt, uppfylla þau ekki þau sérstöku skilyrði sem gilda um samvinnufélög.

6) Evrópubandalaginu er mikið í mun að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og stuðla að efnahagsþróun í Bandalaginu sjálfu og skal það sjá til þess að viðeigandi löggerningar séu til fyrir samvinnufélög, sem eru almennt viðurkennt félagsform í öllum aðildarríkjunum, sem auðvelda þeim að þróa starfsemi sína yfir landamæri. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt ríkisstjórnir allra ríkja til að tryggja hagstætt umhverfi þar sem samvinnufélög geta starfað á sama grundvelli og fyrirtæki með öðru rekstrarformi ([11]).

7) Samvinnufélög eru fyrst og fremst hópar aðila eða lögaðila sem starfa eftir sérstökum rekstrarreglum sem eru frábrugðnar reglum annarra aðila atvinnulífsins. Þar á meðal eru meginreglur um lýðræðislegt skipulag og stjórn og réttláta úthlutun á hreinum hagnaði á fjárhagsárinu.

8) Þessar sérstöku meginreglur byggjast einkum á því að meginhersla er lögð á einstaklinginn og endurspeglast það í sérstökum reglum um félagsaðild, úrsögn og brottvísun þar sem mælt er fyrir um regluna um „eitt atkvæði á mann" og að atkvæðisréttur sé bundinn við einstaklinginn, sem hefur þau áhrif að félagsaðilar hafa engan rétt yfir eignum samvinnufélagsins.

9) Stofnfé samvinnufélaga er í formi hluta og félagsaðilar geta verið hvort heldur sem er einstaklingar eða fyrirtæki. Þessir félagsaðilar geta verið, að öllu leyti eða að hluta til, viðskiptamenn, starfsmenn eða birgjar. Þegar félagsaðilar, sem eru sjálfir fyrirtæki í formi samvinnufélags, stofna samvinnufélag telst það vera „afleitt" eða „annars stigs" samvinnufélag. Í sumum tilvikum getur þó tiltekið hlutfall af félagsaðilum samvinnufélags verið fjárfestar, sem nýta sér ekki þjónustu þess, eða þriðju aðilar sem njóta góðs af starfsemi þess eða vinna fyrir það.

10) Evrópskt samvinnufélag skal hafa það að meginmarkmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna og/eða að þróa atvinnustarfsemi þeirra og/eða félagsstörf í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

— starfsemi félagsins skal rekin á grundvelli gagnkvæms ávinnings félagsaðila þannig að ávinningur hvers félagsaðila af starfsemi félagsins sé í samræmi við þátttöku hans,

— félagsaðilar í evrópska samvinnufélaginu skulu einnig vera viðskiptamenn, starfsmenn eða birgjar eða þeir sem koma að starfsemi þess með öðrum hætti,

— stjórn skal skiptast að jöfnu á milli félagsaðila en þó eru vegin atkvæði við atkvæðagreiðslu leyfileg til að endurspegla framlag félagsaðilanna til evrópska samvinnufélagsins,

— vextir af lánum og hlutafé skulu vera takmarkaðir,

— hagnaði skal úthlutað í hlutfalli við viðskipti við evrópska samvinnufélagið eða hann notaður til að mæta þörfum félagsaðila,

([9]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 199, 31.7.1985, bls. 1.
([11]) Ályktun sem allsherjarþingið samþykkti á 88. allsherjarfundi Sameinuðu þjóðanna 19. desember 2001 (A/RES/56/114).

— engar tilbúnar takmarkanir skulu vera á félagsaðild,

— við félagsslit skal úthluta hreinni eign og varasjóðum samkvæmt meginreglunni um óvilhalla úthlutun, þ.e. til annars samvinnufélags sem hefur svipuð markmið eða með almannahagsmuni að leiðarljósi.

11) Eins og sakir standa er samvinna yfir landamæri á milli samvinnufélaga í Bandalaginu erfiðleikum bundin vegna lagalegra og stjórnsýslulegra vandkvæða sem ber að uppræta á markaði án landamæra.

12) Innleiðing á evrópsku rekstrarformi að lögum fyrir samvinnufélög, sem byggt er á sameiginlegum meginreglum en tekur tillit til séreinkenna þeirra, ætti að gera þeim kleift að starfa utan landamæra síns eigin lands á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins eða hluta þess.

13) Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum, eða lögaðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Það skapar einnig þann möguleika að koma á fót evrópsku samvinnufélagi með samruna tveggja samvinnufélaga, sem fyrir eru, eða með því að breyta innlendu samvinnufélagi yfir í nýja formið án þess að slíta því fyrst ef það samvinnufélag hefur skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í einu aðildarríki og staðfestu eða dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki.

14) Þar eð evrópsk samvinnufélög eru sérkennandi fyrir Bandalagið hafa ákvæði þessarar reglugerðar um raunverulegt aðsetur evrópskra samvinnufélaga hvorki áhrif á lög aðildarríkjanna né forgang fram yfir aðrar heimildir Bandalagsins um félagarétt sem hugsanlega þarf að velja um.

15) Þegar talað er um stofnfé í þessari reglugerð er eingöngu átt við skráð stofnfé. Það hefur ekki áhrif á óskiptar, sameiginlegar eignir eða hlutafé evrópska samvinnufélagsins.

16) Þessi reglugerð tekur ekki til laga á öðrum sviðum svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Ákvæði í lögum aðildarríkjanna og Bandalagsins gilda því á framangreindum sviðum og á öðrum sviðum sem þessi reglugerð tekur ekki til.

17) Í tilskipun 2003/72/EB ([12]) er mælt fyrir um reglur um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum og eru þau ákvæði óaðskiljanleg viðbót við þessa reglugerð og skal beita þeim samhliða henni.

18) Svo vel hefur miðað áleiðis við samræmingu innlends félagaréttar að á sumum sviðum, þar sem ekki er þörf á samræmdum Bandalagsreglum um starfsemi evrópsku samvinnufélaganna, er unnt að vísa til tiltekinna lagaákvæða á hliðstæðan hátt í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, sem hafa verið samþykkt til framkvæmdar eftirfarandi tilskipunum um félög, þar eð þessi ákvæði eru sniðin að því fyrirkomulagi sem gildir fyrir evrópsk samvinnufélög, einkum:

— fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([13]),

— fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([14]),

— sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([15]),

— áttundu tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna ([16]),

— elleftu tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til ([17]).

19) Sett hafa verið lög um starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, einkum að því er varðar lána-

([12]) Stjtíð. EB L 207, 18.8.2003, bls. 25.
([13]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.
([14]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).
([15]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.
([16]) Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.
([17]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

stofnanir og vátryggingafélög, á grundvelli eftirfarandi tilskipana:

— tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([18]),

— tilskipun ráðsins 92/49/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([19]).

20) Samþykktir fyrir þetta félagsform skulu vera valkvæðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Form evrópska samvinnufélagsins

1. Heimilt er að stofna samvinnufélag á yfirráðasvæði Bandalagsins í formi evrópsks samvinnufélags með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Skráð stofnfé evrópsks samvinnufélags skal skiptast í eignarhluti.

Í evrópsku samvinnufélagi er félagatala óbundin og stofnfé ekki föst fjárhæð.

Enginn félagsaðili skal vera ábyrgur fyrir hærri fjárhæð en hann er skráður fyrir, nema kveðið sé á um annað í samþykktum evrópska samvinnufélagsins þegar það er stofnað. Ef félagsaðilar í evrópska samvinnufélaginu bera takmarkaða ábyrgð skal nafn félagsins enda á hf.

3. Evrópskt samvinnufélag skal hafa það að meginmarkmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna og/eða að þróa atvinnustarfsemi þeirra og/eða félagsstörf, einkum með gerð samninga við þá um að sjá félaginu fyrir vörum eða þjónustu eða vinna verk innan ramma þeirrar starfsemi sem samvinnufélagið stundar sjálft eða felur öðrum. Evrópskt samvinnufélag getur einnig haft það að markmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna með því að stuðla að þátttöku þeirra, á þann hátt sem segir hér að framan, í atvinnustarfsemi innan eins eða fleiri evrópskra samvinnufélaga og/eða innlendra samvinnufélaga. Evrópskt samvinnufélag getur stundað starfsemi sína gegnum dótturfyrirtæki.

4. Evrópsku samvinnufélagi er óheimilt að láta aðra en þá, sem eiga félagsaðild, njóta góðs af starfsemi sinni eða leyfa þeim að taka þátt í viðskiptum sínum, nema kveðið sé á um annað í samþykktum félagsins.

5. Evrópskt samvinnufélag skal hafa réttarstöðu lögaðila.

6. Um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi gilda ákvæði tilskipunar 2003/72/EB.

2. gr.

Stofnun

1. Stofna má evrópskt samvinnufélag á eftirfarandi hátt:

— af fimm eða fleiri einstaklingum sem eru búsettir í a.m.k. tveimur aðildarríkjum,

— af fimm eða fleiri einstaklingum, félögum og fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum sem heyra undir opinberan rétt eða einkamálarétt, hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa aðsetur í eða heyra undir lög a.m.k. tveggja mismunandi aðildarríkja,

— af félögum og fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum sem heyra undir opinberan rétt eða einkamálarétt, hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og heyra undir lög a.m.k. tveggja mismunandi aðildarríkja,

— með samruna samvinnufélaga sem hafa verið stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan Bandalagsins, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lög mismunandi aðildarríkja,

— með breytingu á samvinnufélagi sem stofnað hefur verið samkvæmt lögum aðildarríkis, er með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan Bandalagsins, hafi það í a.m.k. tvö ár haft þar staðfestu eða dótturfyrirtæki sem heyrir undir lög annars aðildarríkis.

2. Aðildarríki getur kveðið á um að lögaðila, sem hefur aðalskrifstofu utan Bandalagsins, skuli heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, að því tilskildu að lögaðilinn sé stofnaður samkvæmt lögum aðildarríkis, að hann hafi skráða skrifstofu í

([18]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

([19]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

viðkomandi aðildarríki og hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis.

3. gr.

Lágmarksstofnfé

1. Stofnfé evrópsks samvinnufélags skal gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig gefið upp stofnfé sitt í evrum.

2. Skráð stofnfé skal vera minnst 30 000 evrur.

3. Krefjist lög aðildarríkis þess að skráð stofnfé lögaðila, sem sinna tilteknum tegundum starfsemi, sé hærri fjárhæð skulu þau lög gilda um evrópsk samvinnufélög með skráðar skrifstofur í því aðildarríki.

4. Í samþykktunum skal mæla fyrir um lágmarksfjárhæð sem skráð stofnfé má ekki fara niður fyrir þegar hlutir félagsaðila, sem hætta aðild að evrópska samvinnufélaginu, eru endurgreiddir. Þessi fjárhæð má ekki vera lægri en sú sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Frestur til að endurgreiða þeim félagsaðilum, sem hætta aðild að evrópska samvinnufélaginu og eiga rétt á endurgreiðslu skv. 16. gr., skal framlengdur svo lengi sem endurgreiðsla hefði það í för með sér að skráð stofnfé færi niður fyrir sett mörk.

5. Auka má stofnfé með síðari kaupum félagsaðila á eignarhlutum eða með viðtöku nýrra félagsaðila og það má minnka með því að endurgreiða eignarhluti að fullu eða að hluta til með fyrirvara um 4. mgr.

Þótt magni stofnfjárupphæðar sé breytt krefst það ekki breytinga á samþykktum né heldur að þær séu gerðar opinberar.

4. gr.

Stofnfé evrópska samvinnufélagsins

1. Skráð stofnfé evrópsks samvinnufélags skal vera í formi eignarhluta félagsaðila og gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig gefið upp hluti sína í evrum. Gefa má út fleiri en einn flokk eignarhluta.

Í samþykktunum má kveða á um að mismunandi flokkar eignarhluta skuli veita mismunandi rétt að því er varðar skiptingu tekjuafgangs. Hlutir, sem veita sama rétt, skulu vera í einum flokki.

2. Stofnfé getur einungis verið í formi eigna sem unnt er að meta til verðs. Ekki má gefa út hluti til félagsaðila gegn skuldbindingu um að taka að sér verk eða veita þjónustu.

3. Hlutir skulu skráðir á nafn. Nafnverð hluta í sama flokki skal vera það sama. Mæla skal fyrir um það í samþykktunum. Ekki má gefa út hluti á lægra verði en nafnverði þeirra.

4. Þegar hlutir eru gefnir út gegn staðgreiðslu skulu a.m.k. 25% af nafnverði þeirra greidd sama dag og þeir eru skráðir. Það sem eftir stendur skal greiða innan fimm ára nema kveðið sé á um styttra tímabil í samþykktunum.

5. Hluti, sem eru gefnir út gegn annars konar greiðslu en staðgreiðslu, skal greiða að fullu við skráningu.

6. Að því er varðar tilnefningu sérfræðinga og mat á hvers konar endurgjaldi öðru en staðgreiðslu skulu gildandi lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið.

7. Í samþykktunum skal mæla fyrir um lágmarksfjölda hluta sem þarf að skrá sig fyrir til að fá félagsaðild. Ef í samþykktum er mælt fyrir um að einstaklingar skuli mynda meiri hluta félagsaðila á félagsfundi og ef krafa er gerð um að félagsaðilar, sem vilja taka þátt í starfsemi evrópska samvinnufélagsins, séu skráðir fyrir hlut er ekki hægt að krefjast þess að þeir skrái sig fyrir meira en einum hlut til að félagsaðild fáist.

8. Þegar aðalfundur samþykkir reikningsskil fjárhagsársins skal í ályktun hans tilgreina fjárhæð eigin fjár í lok fjárhagsársins og breytingar sem hafa orðið frá síðasta fjárhagsári.

Að tillögu stjórnar eða framkvæmdastjórnar má auka skráð stofnfé með því að eignfæra, að öllu leyti eða að hluta, varasjóði, sem ætlaðir voru til úthlutunar, með ákvörðun félagsfundar sem tekin er samkvæmt reglum um ályktunarhæfi og meiri hluta við breytingu á samþykktum. Úthluta skal nýjum hlutum til félagsaðila í hlutfalli við fyrri stofnfjáreign þeirra.

9. Auka má nafnverð hluta með því að sameina útgefna hluti. Ef slík aukning gerir það að verkum að fara þarf fram á viðbótargreiðslur frá félagsaðilum samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum skal það gert með ákvörðun félagsfundar sem tekin er samkvæmt reglum um ályktunarhæfi og meiri hluta við breytingu á samþykktum.

10. Draga má úr nafnverði hluta með því skipta útgefnum hlutum.

11. Framselja má hluti eða selja þá félagsaðila eða hverjum þeim sem fær félagsaðild í samræmi við samþykktirnar og með samþykki annaðhvort félagsfundar eða framkvæmdastjórnar eða stjórnar.

12. Evrópskt samvinnufélag getur ekki skráð sig fyrir sínum eigin hlutum, keypt þá eða tekið við þeim sem tryggingu, hvorki beint né með milligöngu aðila sem starfar undir eigin nafni en fyrir hönd félagsins.

Í venjulegum viðskiptum evrópskra samvinnufélaga, sem eru lánastofnanir, má þó taka eigin hluti sem tryggingu.

5. gr.

Samþykktir

1. Í þessari reglugerð merkir hugtakið „samþykktir evrópsks samvinnufélags“ hvort tveggja, stofnsamninginn og sjálfar samþykktir evrópska samvinnufélagsins, þegar þær eru efni sérstaks skjals.

2. Stofnfélagar skulu semja samþykktir evrópska samvinnufélagsins í samræmi við ákvæði um stofnun samvinnufélaga sem mælt er fyrir um í lögum aðildarfélagsins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Samþykktirnar skulu vera skriflegar og undirritaðar af stofnfélögunum.

3. Lög, sem gilda um fyrirbyggjandi eftirlit við stofnun almennra hlutafélaga í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um eftirlit með stofnun evrópska samvinnufélagsins.

4. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram:

— heiti evrópska samvinnufélagsins og framan eða aftan við skammstöfunin fyrir evrópskt samvinnufélag, „SCE“, og skammstöfunin „hf.“ ef við á,

— yfirlýsing um markmið,

— nöfn þeirra einstaklinga og lögaðila sem eru stofnfélagar evrópska samvinnufélagsins og skal, í síðara tilvikinu, tilgreina markmið þeirra og skráða skrifstofu,

— heimilisfang skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

— skilyrði og málsmeðferð við félagsaðild, brottvísun og úrsögn félagsaðila,

— réttindi og skyldur félagsaðila, mismunandi flokka félagsaðila, ef um slíkt er að ræða, og réttindi og skyldur félagsaðila í hverjum flokki,

— nafnvirði skráðra hluta, fjárhæð skráðs stofnfjár og upplýsingar um að stofnfé sé ekki föst fjárhæð,

— sérstakar reglur um það hve háa fjárhæð af tekjuafgangi skuli, ef við á, leggja í lögbundinn varasjóð,

— vald og ábyrgð stjórnarmanna hverrar stjórnar um sig,

— ákvæði um tilnefningu og brottvikningu stjórnarmanna hverrar stjórnar um sig,

— reglur um meiri hluta og ályktunarhæfi,

— líftími félagsins ef það á að starfa tímabundið.

6. gr.

Skráð skrifstofa

Skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags skal vera innan Bandalagsins og í sama aðildarríki og aðalskrifstofa þess. Auk þess getur aðildarríki lagt þá skyldu á evrópsk samvinnufélög, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, að þau staðsetji aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu á sama stað.

7. gr.

Flutningur skráðrar skrifstofu

1. Flytja má skráða skrifstofu evrópsks samvinnufélags til annars aðildarríkis í samræmi við 2. til 16. mgr. Slíkur flutningur skal ekki leiða til þess að evrópska samvinnufélaginu sé slitið né heldur til stofnunar nýs lögaðila.

2. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal semja tillögu um flutning og birta hana í samræmi við 12. gr. án þess þó að það hafi áhrif á önnur form birtingar sem aðildarríkið, þar sem skráða skrifstofan hefur aðsetur, kann að kveða á um til viðbótar. Í tillögunni skulu koma fram gildandi heiti, skráð skrifstofa og númer evrópska samvinnufélagsins og skal hún ná yfir eftirtalin atriði:

a) fyrirhugaða staðsetningu skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

b) fyrirhugaðar samþykktir evrópska samvinnufélagsins, þ.m.t., þar sem við á, nýtt heiti þess,

c) fyrirhugaða tímaáætlun fyrir flutninginn,

d) breytingar sem flutningurinn kann að hafa í för með sér varðandi áhrif starfsmanna í félaginu,

e) hvers konar réttindi sem eiga að tryggja vernd félagsaðila, lánardrottna og annarra rétthafa.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal taka saman skýrslu þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir flutningsins eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif sem varða starfsmenn, og skýrt hverjar afleið-

ingar flutningurinn hefur fyrir félagsaðila, lánardrottna, starfsmenn og aðra rétthafa.

4. Félagsaðilar, lánardrottnar og aðrir rétthafar evrópsks samvinnufélags, svo og allir aðrir aðilar sem samkvæmt landslögum geta neytt þess réttar, skulu hafa heimild til að skoða flutningstillöguna og skýrsluna, sem tekin er saman skv. 3. mgr., á skráðri skrifstofu evrópska samvinnufélagsins, minnst einum mánuði fyrir félagsfundinn, sem er haldinn til að taka ákvörðun um flutninginn, og að fá afrit af þeim skjölum endurgjaldslaust.

5. Hver sá félagsaðili, sem hefur andmælt ákvörðun um flutning á félagsfundi eða á deildar- eða svæðafundi, getur lagt fram úrsögn sína úr félaginu innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin á aðalfundi. Félagsaðild lýkur við lok fjárhagsársins þegar úrsögn er lögð fram; flutningurinn gildir ekki að því er varðar hlutaðeigandi félagsaðila. Úrsögn veitir viðkomandi félagsaðila rétt til að fá hluti sína endurgreidda með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 4. gr. og 16. gr.

6. Ekki má ákveða flutning í tvo mánuði eftir að tillagan hefur verið birt. Slík ákvörðun skal tekin eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 62. gr.

7. Áður en lögbært yfirvald gefur út vottorðið sem um getur í 8. mgr. skal evrópska samvinnufélagið fullvissa það um, að því er varðar skuldir sem verða til fyrir birtingu flutningstillögunnar, að hagsmuna lánardrottna og annarra rétthafa, að því er varðar evrópska samvinnufélagið (þ.m.t. opinberir aðilar), hafi verið gætt með fullnægjandi hætti í samræmi við kröfur aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu fyrir flutninginn.

Aðildarríki er heimilt að rýmka gildissvið fyrstu undirgreinar þannig að hún taki einnig til skulda sem verða til eða kunna að verða til áður en flutningurinn á sér stað.

Fyrsta og önnur undirgrein gildir með fyrirvara um beitingu innlendrar löggjafar aðildarríkja um lúkningu skulda eða tryggingu greiðslna til opinberra aðila gagnvart evrópskum samvinnufélögum.

8. Dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal gefa út vottorð sem staðfestir að gerningum og formsatriðum, sem krafist er, sé lokið áður en flutningurinn á sér stað.

9. Nýja skráningin má ekki koma til framkvæmda fyrr en vottorðið, sem um getur í 8. mgr., hefur verið lagt fram ásamt gögnum sem sanna að formsatriðum, sem krafist er við skráningu í landinu þar sem nýja, skráða skrifstofan er, hafi verið fullnægt.

10. Flutningur skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags, ásamt þeim breytingum á samþykktum þess sem fylgja í kjölfarið, öðlast gildi þann dag sem evrópska samvinnufélagið er, í samræmi við 1. mgr. 11. gr., skráð í skrá hinnar nýju, skráðu skrifstofu.

11. Að lokinni nýrri skráningu evrópska samvinnufélagsins skal skráningarskrifstofa hinnar nýju, skráðu skrifstofu tilkynna það skráningarskrifstofu hinnar fyrri skráðu skrifstofu. Afskrá skal félagið úr eldri skránni þegar framangreind tilkynning hefur borist en eigi fyrr.

12. Í samræmi við 12. gr. skal birta nýju skráninguna og afskráningu úr gömlu skránni í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

13. Þegar ný skráning evrópsks samvinnufélags hefur verið birt má byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að skráð skrifstofa félagsins sé hin nýja skrifstofa. Meðan afskráning af skrá hinnar fyrri skráðu skrifstofu evrópska samvinnufélagsins hefur ekki verið birt getur þriðji aðili þó enn borið það fyrir sig að skráð skrifstofa þess sé hin fyrri skráða skrifstofa nema félagið sanni að honum hafi verið kunnugt um nýju, skráðu skrifstofuna.

14. Í lögum aðildarríkis má kveða á um, að því er varðar evrópsk samvinnufélög sem eru skráð í því aðildarríki, að flutningur skráðrar skrifstofu, sem myndi hafa í för með sér að önnur lög giltu, öðlist ekki gildi ef lögbært yfirvald í því aðildarríki andmælir því innan þess tveggja mánaða frests sem um getur í 6. mgr. Slík andmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að þau varði hagsmuni almennings.

Ef evrópskt samvinnufélag er undir eftirliti innlends fjármálaeftirlits samkvæmt tilskipunum Bandalagsins skal það eftirlitsyfirvald einnig hafa rétt til þess að andmæla flutningi skráðrar skrifstofu félagsins.

Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

15. Evrópsku samvinnufélagi skal óheimilt að flytja skráða skrifstofu sína hafi mál verið höfðað á hendur því til félagsslita, þ.m.t. slit að eigin frumkvæði, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta, greiðslustöðvunar eða annarrar ámóta meðferðar.

16. Hafi evrópskt samvinnufélag flutt skráða skrifstofu sína til annars aðildarríkis skal eigi að síður litið svo á, að því er varðar mál sem rísa áður en flutningurinn á sér stað, eins og ákvarðað er í 10. mgr., að skráð skrifstofa þess sé í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið var skráð fyrir flutninginn,

eins þótt kæran á hendur evrópska samvinnufélaginu sé lögð fram eftir flutninginn.

8. gr.

Gildandi lög

1. Eftirtalin ákvæði skulu gilda um evrópsk samvinnufélög:

a) ákvæði þessarar reglugerðar,

b) ákvæði samþykkta þeirra ef bein heimild er fyrir því í þessari reglugerð,

c) þegar um er að ræða málefni, sem reglugerð þessi gildir ekki um, eða ekki nema að hluta til, skal eftirfarandi gilda um þá þætti sem reglugerð þessi tekur ekki til:

i) lög sem aðildarríkin samþykkja um framkvæmd þeirra ráðstafana Bandalagsins sem varða evrópsk samvinnufélög sérstaklega,

ii) lög aðildarríkjanna sem myndu gilda um samvinnufélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu,

iii) ákvæði í samþykktum evrópska samvinnufélagsins, á sama hátt og ætti við um samvinnufélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu.

2. Ef kveðið er á um sérstakar reglur og/eða takmarkanir í landslögum í tengslum við þá tegund starfsemi, sem evrópskt samvinnufélag sinnir, eða um eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalds gilda þau lög að fullu um evrópska samvinnufélagið.

9. gr.

Meginregla um bann við mismunun

Sé ekki kveðið á um annað í þessari reglugerð skal um evrópskt samvinnufélag fara í öllum aðildarríkjunum eins og um samvinnufélag væri að ræða sem hefur verið stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu.

10. gr.

Atriði sem þurfa að koma fram í skjölunum

1. Gildandi hlutafélagalög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, um innihald bréfa og skjala, sem eru send þriðju aðilum, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið. Bæta skal skammstöfuninni „SCE“ framan við eða aftan við heiti evrópska samvinnufélagsins og skammstöfuninni „hf.“ ef við á.

2. Einungis evrópsk samvinnufélög mega nota skammstöfunina „SCE“ á undan eða eftir heiti sínu til að gefa til kynna rekstrarform sitt að lögum.

3. Félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum, sem hafa verið skráðir í aðildarríki áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda og hafa skammstöfunina „SCE“ í heiti sínu, skal þó ekki gert að breyta því.

11. gr.

Kröfur um skráningu og afhendingu

1. Sérhvert evrópskt samvinnufélag skal skráð í því aðildarríki, þar sem það hefur skráða skrifstofu, í skrá sem er tilgreind í lögum þess aðildaríkis í samræmi við gildandi lög um hlutafélög.

2. Óheimilt er að skrá evrópskt samvinnufélag, nema því aðeins að tekist hafi samkomulag um tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu skv. 4. gr. tilskipunar 2003/72/EB eða tekin hafi verið ákvörðun skv. 6. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar eða að frestur til samningaviðræðna skv. 5. gr. sömu tilskipunar hafi runnið út án þess að samkomulag hafi náðst.

3. Til að unnt sé að skrá evrópskt samvinnufélag sem komið er á fót með samruna í aðildarríki, sem hefur nýtt sér þann kost sem um getur í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/72/EB, verður annaðhvort að hafa náðst samkomulag skv. 4. gr. tilskipunarinnar um tilhögun á aðild starfsmanna, þ.m.t. um þátttöku þeirra, eða ekkert af samvinnufélögunum, sem taka þátt, hafi heyrt undir þátttökureglur áður en evrópska samvinnufélagið var skráð.

4. Samþykktir evrópska samvinnufélagsins mega aldrei stríða gegn þeirri tilhögun á aðild starfsmanna sem þannig hefur verið ákveðin. Stríði nýtt fyrirkomulag, sem er ákvarðað samkvæmt tilskipun 2003/72/EB, gegn gildandi samþykktum skal breyta samþykktunum eins og þörf krefur.

Þegar þannig stendur á má kveða á um, í lögum aðildarríkis, að framkvæmdastjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins megi breyta samþykktunum án frekari ákvarðana félagsfundar.

5. Að því er varðar kröfur um afhendingu skjala og upplýsinga skulu gildandi hlutafélagalög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið.

12. gr.

Birting skjala í aðildarríkjunum

1. Birting skjala og upplýsinga um evrópskt samvinnufélag, sem birta skal samkvæmt reglugerð þessari, skal vera með þeim hætti sem mælt fyrir um í hlutafélagalögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

2. Innlendar reglur, sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 89/666/EBE, gilda um útibú evrópsks samvinnufélags sem er opnað í öðru aðildarríki en því þar sem það hefur skráða skrifstofu. Aðildarríki geta þó kveðið á um undanþágur frá innlendum ákvæðum til framkvæmdar þeirri tilskipun svo að tekið sé tillit til séreinkenna samvinnufélaga.

13. gr.

Tilkynning í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins

1. Birta skal tilkynningu um skráningu evrópsks samvinnufélags og afskráningu þess í upplýsingaskyni í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eftir birtingu í samræmi við 12. gr. Í þeirri tilkynningu skal koma fram heiti, skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður evrópska samvinnufélagsins, birtingardagur, birtingarstaður og titill birtingarrits, skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins og starfssvið.

2. Ef skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er flutt í samræmi við 7. gr. skal birta um það tilkynningu með þeim upplýsingum, sem kveðið er á um 1. mgr., ásamt upplýsingum um nýju skráninguna.

3. Upplýsingar þær, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna innan eins mánaðar frá þeirri birtingu sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

14. gr.

Félagsaðild

1. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. 33. gr. skal framkvæmdastjórn eða stjórn samþykkja félagsaðild að evrópsku samvinnufélagi. Umsækjendur, sem er synjað um félagsaðild, geta skotið málinu til næsta félagsfundar eftir umsóknina.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa er hægt að kveða á um það í samþykktunum að skrá megi aðila, sem reikna ekki með því að nota eða framleiða vörur og þjónustu evrópsks samvinnufélags, sem fjárfestingaraðila (óvirka aðila). Þeir sem fá slíka félagsaðild verða að fá samþykki félagsfundar eða einhverrar annarrar stofnunar sem hefur fengið umboð til þess á félagsfundi eða í samþykktunum.

Félagsaðilar, sem eru lögaðilar, verða að vera notendur vegna þess að þeir eru fulltrúar sinna eigin félagsaðila, að því tilskildu að félagsaðilar þeirra, sem eru einstaklingar, séu notendur.

Sé ekki kveðið á um annað í samþykktunum geta einstaklingar og lögaðilar fengið félagsaðild að evrópsku samvinnufélagi.

2. Í samþykktunum má mæla fyrir um önnur skilyrði fyrir félagsaðild, einkum:

— að viðkomandi skrái sig fyrir tilteknu lágmarki stofnfjár,

— skilyrði er tengjast markmiðum evrópska samvinnufélagsins.

3. Ef kveðið er á um það í samþykktunum er heimilt að senda félagsaðilum beiðni um að leggja fram aukið stofnfé.

4. Á skráðri skrifstofu evrópsks samvinnufélags skal geyma skrá yfir alla félagsaðila í stafrófsröð þar sem fram koma heimilisföng þeirra og fjöldi hluta í eigu þeirra ásamt því í hvaða flokki hlutirnir eru, ef við á. Hverjum þeim sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta er heimilt að skoða skrána, ef hann biður um það, og fá afrit af henni allri eða hvaða hluta hennar sem er á verði sem er ekki hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

5. Öll viðskipti, sem hafa áhrif á það hvernig stofnfé er skráð eða því úthlutað, það aukið eða minnkað, skulu færð í félagsaðilaskrána sem kveðið er á um í 4. mgr. eigi síðar en mánuði eftir breytinguna.

6. Viðskiptin, sem um getur í 5. mgr., skulu hvorki öðlast gildi gagnvart evrópska samvinnufélaginu né þriðju aðilum, sem eiga beinna, lögmætra hagsmuna að gæta, fyrr en þau hafa verið færð inn í skrána sem um getur í 4. mgr.

7. Félagsaðilar skulu fá skriflega yfirlýsingu um að breytingin hafi verið færð inn ef þeir óska eftir því.

15. gr.

Lok félagsaðildar

1. Félagsaðild lýkur:

— við úrsögn,

— við brottvísun, ef félagsaðili hefur vanrækt alvarlega skyldur sínar eða unnið gegn hagsmunum evrópska samvinnufélagsins,

— við yfirfærslu félagsaðila á öllum hlutum sínum til annars félagsaðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur fengið félagsaðild, ef það er heimilað í samþykktunum,

— við félagsslit, þegar um er að ræða félagsaðila sem er ekki einstaklingur,

— við gjaldþrotaskipti,

— við andlát,

— við aðrar aðstæður, sem kveðið er á um í samþykktunum eða í lögum um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

2. Félagsaðili í minnihluta sem andmælir breytingu á samþykktunum á félagsfundi þar sem:

i) lagðar eru á nýjar skuldbindingar varðandi greiðslur eða annað framlag, eða

ii) skuldbindingar félagsaðila, sem fyrir eru, eru auknar verulega, eða

iii) frestur til að tilkynna úrsögn úr evrópska samvinnufélaginu er lengdur í meira en fimm ár,

getur tilkynnt úrsögn sína innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin á félagsfundi.

Félagsaðild lýkur við lok yfirstandandi fjárhagsárs í tilvikunum, sem um getur í i- og ii-lið fyrstu undirgreinar, og við lok uppsagnarfrestsins, sem gilti áður en samþykktunum var breytt, í tilvikinu sem um getur í iii-lið hennar. Breytingin á samþykktunum öðlast ekki gildi að því er varðar þann félagsaðila. Úrsögn veitir viðkomandi félagsaðila rétt til að fá hluti sína endurgreidda með skilyrðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 3. gr og 16. gr.

3. Framkvæmdastjórnin eða stjórnin skal taka ákvörðun um brottvísun félagsaðila eftir að félagsaðilinn hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt. Félagsaðilinn getur áfrýjað slíkri ákvörðun til félagsfundar.

16. gr.

Fjárhagsleg réttindi félagsaðila við úrsögn eða brottvísun

1. Ef félagsaðild félagsaðila lýkur á hann, nema um sé að ræða yfirfærslu hluta og með fyrirvara um 3. gr., rétt á endurgreiðslu á sínum hluta skráðs stofnfjár að frádregnu réttu hlutfalli af því tapi sem hefur verið jafnað á móti stofnfé evrópska samvinnufélagsins.

2. Fjárhæðirnar, sem eru dregnar frá skv. 1. mgr., skulu reiknaðar með hliðsjón af efnahagsreikningi fjárhagsársins þegar réttur til endurgreiðslu myndaðist.

3. Í samþykktunum skal mæla fyrir um málsmeðferð og skilyrði fyrir því að neyta megi réttarins til úrsagnar og ákveða frest til endurgreiðslu sem má ekki vera lengri er þrjú ár. Evrópska samvinnufélaginu ber ekki í neinum tilvikum skylda til endurgreiðslu fyrr en sex mánuðum eftir að næsti efnahagsreikningur, eftir að félagsaðild lýkur, er samþykktur.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda einnig þegar einungis þarf að endurgreiða hluta af eignarhlut félagsaðila.

II. KAFLI

STOFNUN

1. þáttur

Almennt

17. gr.

Gildandi lög við stofnun

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerð þessari skal stofnun evrópsks samvinnufélags heyra undir gildandi lög um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið kemur á fót skráðri skrifstofu.

2. Skráning evrópsks samvinnufélags skal birt í samræmi við 12. gr.

18. gr.

Réttarstaða lögaðila

1. Evrópskt samvinnufélag skal fá réttarstöðu lögaðila daginn sem það er skráð í skrána, sem tilgreind er í lögum aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu, í samræmi við 1. mgr. 11. gr.

2. Ef aðhafst er í nafni evrópsks samvinnufélags áður en það er skráð skv. 11. gr., en félagið tekur ekki á sig skuldbindingar eftir skráninguna sem eiga rætur að rekja til þessarar athafnar, bera þeir einstaklingar, félög, fyrirtæki eða aðrir lögaðilar, sem stóðu að athöfninni, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á henni ef ekki hefur verið samið um annað.

2. þáttur

Stofnun með samruna

19. gr.

Málsmeðferð um stofnun með samruna

Heimilt er að stofna evrópskt samvinnufélag með samruna í samræmi við:

— málsmeðferð um samruna með yfirtöku,

— málsmeðferð um samruna með stofnun nýs lögaðila.

Þegar um er að ræða samruna með yfirtöku skal samvinnufélagið, sem tekur yfir, taka upp form evrópsks samvinnufélags við samrunann. Þegar um er að ræða samruna með stofnun nýs lögaðila skal hið síðarnefnda taka upp form evrópsks samvinnufélags.

20. gr.

Gildandi lög við samruna

Að því er varðar málefni, sem þessi þáttur gildir ekki um, eða, ef hann gildir einungis að hluta til um eitthvert málefni, að því er varðar atriði sem hann gildir ekki um, skal hvert það samvinnufélag, sem á hlut að stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna, lúta ákvæðum um samruna samvinnufélaga í lögum þess aðildarríkis sem það heyrir undir en að öðrum kosti gildandi ákvæðum um innri samruna hlutafélaga í lögum þess aðildarríkis.

21. gr.

Ástæður fyrir því að mótmæla samruna

Í lögum aðildarríkis er hægt að kveða á um að samvinnufélagi, sem lýtur lögum þess aðildarríkis, sé ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna ef því er mótmælt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu áður en vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 29. gr., er gefið út.

Slík mótmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að almannahagsmunir krefjist. Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

22. gr.

Forsendur samruna

1. Framkvæmdastjórnir eða stjórnir samrunafélaganna skulu semja samrunaáætlun. Í samrunaáætluninni skal eftirfarandi tilgreint:

a) heiti og skráð skrifstofa hvers samrunasamvinnufélags auk fyrirhugaðs heitis og skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

b) skiptihlutfall hluta í skráðu stofnfé og staðgreiðslufjárhæð. Ef hlutir eru ekki fyrir hendi þá nákvæm skipting eigna og jafnviði þeirra í hlutum,

c) skilmálar varðandi úthlutun hluta í evrópska samvinnufélaginu,

d) frá hvaða degi réttur hluthafa í evrópska samvinnufélaginu til hlutdeildar í tekjuafgangi myndast og sérstök skilyrði varðandi þann rétt,

e) frá hvaða degi viðskipti samrunasamvinnufélaganna skuli færð í bókhaldi sem viðskipti evrópska samvinnufélagsins,

f) sérstök skilyrði eða kjör í tengslum við skuldabréf eða önnur verðbréf en hluti sem, skv. 66. gr., veita ekki stöðu félagsaðila,

g) hvaða réttindi evrópska samvinnufélagið veitir eigendum þeirra hluta sem sérstök réttindi fylgja og eigendum annarra verðbréfa en hluta eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi,

h) á hvern hátt megi vernda réttindi lánardrottna samrunasamvinnufélaga,

i) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðist þeim sérfræðingum sem skoða samrunaáætlunina eða þeim sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunasamvinnufélaganna,

j) samþykktir evrópska samvinnufélagsins,

k) upplýsingar um málsmeðferð við ákvörðun tilhögunar á aðild starfsmanna samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

2. Samrunasamvinnufélögin geta tilgreint fleiri atriði í samrunaáætluninni.

3. Lögin, sem gilda um hlutafélög, að því er varðar samrunaáætlanir, gilda á hliðstæðan hátt um samruna samvinnufélaga yfir landamæri við myndun evrópsks samvinnufélags.

23. gr.

Skýringar og rök fyrir samrunaáætluninni

Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunasamvinnufyrirtækis skal semja nákvæma, skriflega skýrslu þar sem samrunaáætlunin er útskýrð og rökstudd frá lagalegu og efnahagslegu sjónarmiði, einkum að því er varðar skiptihlutfall hluta. Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamat skal einnig fjallað um þau í skýrslunni.

24. gr.

Birting

1. Lög, sem gilda um hlutafélög, að því er varðar kröfur um að gera samrunaáætlun opinbera, gilda á hliðstæðan hátt um öll samrunasamvinnufélög með fyrirvara um viðbótarkröfur aðildarríkisins sem viðkomandi samvinnufélag heyrir undir.

2. Við birtingu samrunaáætluninnar í lögbirtingablaði skulu þó eftirfarandi atriði koma fram varðandi hvert samrunasamvinnufélag:

a) tegund, heiti og skráð skrifstofa hvers samrunasamvinnufélags,

b) heimilisfang staðarins eða staðsetning skrárinnar sem er geymslustaður fyrir samþykktirnar og öll önnur skjöl og upplýsingar varðandi hvert samrunasamvinnufélag og færslunúmer í þeirri skrá,

c) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 28. gr. til að lánardrottnar viðkomandi félags geti neytt réttar síns og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir án endurgjalds,

d) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 28. gr. til að félagsaðilar viðkomandi samvinnufélags geti neytt réttar síns og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir án endurgjalds,

e) fyrirhugað heiti og skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins,

f) skilyrðin sem ákvarða hvaða dag samruninn tekur gildi skv. 31. gr.

25. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Hver félagsaðili skal eiga rétt á að skoða eftirfarandi skjöl á skráðu skrifstofunni a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn þar sem taka á ákvörðun um samrunann:

a) samrunaáætlunina sem getið er um í 22. gr.,

b) árleg reikningsskil og skýrslur framkvæmdastjórnar samrunasamvinnufélaganna frá þremur undangengnum fjárhagsárum,

c) fjárhagsskýrslu sem er samin í samræmi við gildandi ákvæði um innri samruna hlutafélaga að svo miklu leyti sem slíkrar skýrslu er krafist í þessum ákvæðum,

d) sérfræðiskýrslu um verðgildi hluta sem úthluta á í skiptum fyrir eignir í samrunasamvinnufélögunum eða skiptihlutfallið eins og kveðið er á um í 26. gr.,

e) skýrslu stjórnar eða framkvæmdastjórnar samvinnufélagsins eins og kveðið er á um í 23. gr.

2. Hver félagsaðili getur, samkvæmt beiðni og án endurgjalds, fengið afrit af skjölunum, sem um getur í 1. gr., eða úrdrátt úr þeim ef hann óskar eftir því.

26. gr.

Skýrsla óháðra sérfræðinga

1. Einn eða fleiri óháðir sérfræðingar, tilnefndir af samrunasamvinnufélagi, skulu rannsaka samrunaáætlunina að því er varðar hvert samrunasamvinnufélag í samræmi við ákvæði 6. mgr. 4. gr. og afhenda félagsaðilunum skriflega skýrslu.

2. Heimilt er að semja eina skýrslu fyrir öll samrunasamvinnufélög ef lög aðildarríkjanna, sem þau heyra undir, leyfa það.

3. Lögin, sem gilda um samruna hlutafélaga varðandi réttindi og skyldur sérfræðinga, gilda á hliðstæðan hátt um samrunasamvinnufélög.

27. gr.

Samþykki samrunaáætlunarinnar

1. Félagsfundur í hverju samrunasamvinnufélagi skal samþykkja samrunaáætlunina.

2. Tilhögun á aðild starfsmanna að evrópska samvinnufélaginu skal ákvörðuð í samræmi við tilskipun 2003/72 /EB. Félagsfundur hvers samvinnufélags, sem tekur þátt í samrunanum, getur áskilið sér rétt til að binda skráningu evrópska samvinnufélagsins því skilyrði að tilhögun sú, sem þannig er ákveðin, sé staðfest með skýlausum hætti.

28. gr.

Gildandi lög um stofnun með samruna

1. Að teknu tilliti til þess að samruninn nær yfir landamæri gilda lög aðildarríkjanna, sem hvert samrunasamvinnufélag fellur undir, eins og um samruna hlutafélaga væri að ræða, að því er varðar gæslu hagsmuna eftirtalinna aðila:

— lánardrottna samrunasamvinnufélaga,

— eigenda skuldabréfa í samrunasamvinnufélaginu.

2. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar samrunasamvinnufélög sem lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði í því skyni að vernda með viðeigandi hætti félagsaðila sem leggjast gegn samrunanum.

29. gr.

Athugun á málsmeðferð við samruna

1. Grannskoða skal hvort samruninn sé lögmætur, að því er varðar þá þætti málsmeðferðarinnar sem snerta hvert samrunasamvinnufélag, í samræmi við lög um samruna samvinnufélaga í aðildarríkinu sem samrunasamvinnufélagið heyrir undir og, að öðrum kosti, gildandi ákvæði í lögum þess aðildarríkis um innri samruna hlutafélaga.

2. Í hverju hlutaðeigandi aðildarríki skal dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefa út vottorð til staðfestingar á því að öllum viðeigandi gerningum og formsatriðum sé lokið fyrir samrunann.

3. Ef kveðið er á um málsmeðferð í lögum aðildarríkis, sem samrunasamvinnufélag heyrir undir, um hvernig standa beri að athugun og breytingum á skiptihlutfalli hluta eða um jöfnunargreiðslur til félagsaðila sem eru í minni hluta, án þess að komið sé í veg fyrir skráningu samrunans, skal því aðeins beita slíkri málsmeðferð að hin samrunasamvinnufélögin í aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um slíka málsmeðferð, staðfesti ótvírætt, um leið og þau samþykkja samrunaáætlunina í samræmi við 1. mgr. 27. gr., að félagsaðilar þess samrunasamvinnufélags skuli eiga þess kost að nýta sér slíka málsmeðferð. Í slíkum tilvikum getur dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefið út vottorðið, sem um getur í 2. mgr., jafnvel þótt slík málsmeðferð sé hafin. Í vottorðinu skal þó koma fram að málsmeðferðinni sé ekki lokið. Ákvörðun sú, sem er niðurstaða málsmeðferðarinnar, skal vera bindandi fyrir yfirtökusamvinnufélagið og alla félagsaðila þess.

30. gr.

Athugun á lögmæti samruna

1. Lögmæti samrunans, að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir framkvæmd samrunans og stofnun evrópska samvinnufélagsins, skal grannskoðað af dómstóli, lögbókanda eða öðru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem fyrirhugað er að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði, sem er þar til bært að grannskoða lögmæti samruna samvinnufélaga með tilliti til þess þáttar og, að öðrum kosti, samruna hlutafélaga.

2. Í þessu skyni skal hvert samrunasamvinnufélag senda lögbæra yfirvaldinu vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 29. gr., innan sex mánaða frá því að það er gefið út ásamt afriti af samrunaáætluninni sem viðkomandi samvinnufélag hefur samþykkt.

3. Einkum skal yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., sjá til þess að samrunafélögin hafi samþykkt samrunaáætlun með sama orðalagi og að tilhögun á aðild starfsmanna hafi verið ákveðin samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

4. Sama yfirvald skal jafnframt ganga úr skugga um að evrópska samvinnufélagið hafi verið stofnað í samræmi við kröfur í lögum aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu.

31. gr.

Skráning samruna

1. Samruni félaga og stofnun evrópsks samvinnufélags í kjölfarið skal koma til framkvæmda daginn sem evrópska samvinnufélagið er skráð í samræmi við 1. mgr. 11. gr.

2. Evrópska samvinnufélagið skal ekki skráð fyrr en gengið hefur verið frá öllum formsatriðum sem um getur í 29. og 30. gr.

32. gr.

Birting

Birta skal tilkynningu fyrir hvert samrunasamvinnufélag um samrunann eins og mælt er fyrir um í lögum viðkomandi aðildarríkis í samræmi við lög um samruna hlutafélaga.

33. gr.

Áhrif samruna

1. Samruni, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í fyrsta undirlið fyrstu undirgreinar í 19. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir hvers samvinnufélags, sem tekið er yfir, færast til lögaðilans sem yfirtekur það,

b) félagsaðilar samvinnufélagsins, sem tekið er yfir, verða félagsaðilar í félagi yfirtökuaðilans,

c) samvinnufélögin, sem tekin eru yfir, verða ekki lengur til,

d) yfirtökulögaðilinn tekur upp form evrópsks samvinnufélags.

2. Samruni, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar í 19. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir samrunasamvinnufélaganna færast til evrópska samvinnufélagsins,

b) félagsaðilar samrunasamvinnufélaganna verða félagsaðilar evrópska samvinnufélagsins,

c) samrunasamvinnufélögin verða ekki lengur til.

3. Þegar um er að ræða samruna samvinnufélaga og lög aðildarríkis kveða á um að fullnægja þurfi tilteknum formsatriðum til að yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda eða skuldbindinga af hálfu samrunasamvinnufélaganna taki gildi gagnvart þriðja aðila gilda þau formsatriði og þeim skal fullnægt annaðhvort af hálfu samrunasamvinnufélaganna eða evrópska samvinnufélagsins þegar það hefur verið skráð.

4. Réttindi og skyldur þeirra samvinnufélaga, sem eru þátttakendur, bæði að því er varðar einstaka og sameiginlega ráðningarskilmála og skilyrði, sem byggjast á landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu færast til evrópska samvinnufélagsins við slíka skráningu.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um rétt fulltrúa starfsmanna til að taka þátt aðalfundum, svæða- eða deildarfundum sem kveðið er á um í 4. mgr. 59. gr.

5. Þegar samruninn hefur verið skráður skal evrópska samvinnufélagið þegar í stað tilkynna félagsaðilunum samvinnufélagsins, sem er yfirtekið, um að þeir hafi verið skráðir í félagsaðilaskrána og hve marga hluti þeir eiga.

34. gr.

Lögmæti samrunans

1. Ekki er heimilt að lýsa samruna, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., ógildan eftir að evrópska samvinnufélagið hefur verið skráð.

2. Hafi lögmæti samrunans ekki verið grannskoðað skv. 29. og 30. gr. getur það talist meðal gildra ástæðna til slita á evrópsku samvinnufélagi í samræmi við ákvæði 74. gr.

3. þáttur

Breyting starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag

35. gr.

Málsmeðferð um stofnun með breytingu

1. Með fyrirvara um 11. gr. skal breyting samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag ekki hafa í för með sér slit samvinnufélagsins eða tilurð nýs lögaðila.

2. Ekki má flytja skráða skrifstofu frá einu aðildarríki til annars skv. 7. gr. um leið og breytingin kemur til framkvæmda.

3. Stjórn eða framkvæmdastjórn samvinnufélagsins skal semja breytingaáætlun og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif hennar í atvinnumálum, og tilgreint hvaða afleiðingar það hafi fyrir félagsaðila og starfsmenn að taka upp form evrópsks samvinnufélags.

4. Birta skal breytingaáætlunina á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytinguna.

5. Fyrir félagsfundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu, sem evrópska samvinnufélagið sem breyta á í hlutafélag heyrir undir, votta, að breyttu breytanda, að reglurnar í b-lið 1. mgr. 22. gr. hafi verið virtar.

6. Félagsfundur samvinnufélagsins skal samþykkja breytingaráætlunina ásamt samþykktum evrópska samvinnufélagsins.

7. Aðildarríkin geta bundið breytinguna því skilyrði að hún njóti stuðnings aukins meiri hluta atkvæða eða sé samþykkt samhljóða í stjórnarstofnun samvinnufélagsins sem verið er að breyta þar sem þátttaka starfsmanna er skipulögð.

8. Réttindi og skyldur samvinnufélagsins, sem breyta á, bæði að því er varðar einstaka og sameiginlega ráðningarskilmála og -skilyrði, sem leiðir af landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu á grundvelli slíkrar skráningar færast til evrópska samvinnufélagsins.

III. KAFLI

SKIPULAG EVRÓPSKA SAMVINNUFÉLAGSINS

36. gr.

Skipulag stofnana

Með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu eftirfarandi stofnanir vera í evrópsku samvinnufélagi:

a) félagsfundur, og

b) annaðhvort eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn (tvíþætt kerfi) eða stjórn (einþætt kerfi) eftir því hvaða form hefur verið ákveðið í samþykktum félagsins.

1. þáttur

Tvíþætt kerfi

37. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Framkvæmdastjórnin skal annast rekstur evrópska samvinnufélagsins og koma fram fyrir þess hönd gagnvart þriðju aðilum og í málarekstri. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Eftirlitsstjórnin skal annast tilnefningu og brottvikningu stjórnarmanns eða -manna í framkvæmdastjórn.

Aðildarríki getur hins vegar krafist þess eða leyft að í samþykktum félagsins séu ákvæði um að stjórnarmaður eða menn í framkvæmdastjórninni séu tilnefndir eða þeim vikið frá á félagsfundi og á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Sami aðili má ekki samtímis eiga sæti í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sama evrópska samvinnufélags. Eftirlitsstjórnin getur hins vegar útnefnt einn úr sínum röðum til að taka sæti í framkvæmdastjórn komi til forfalla. Sá skal þá víkja sæti í eftirlitsstjórninni á meðan. Aðildarríki getur takmarkað gildistíma slíkrar ráðstöfunar.

4. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skal mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna í framkvæmdastjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

5. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um tvíþætt kerfi að því er varðar samvinnufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar evrópsk samvinnufélög.

38. gr.

Formennska og fundarboðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin kýs sér formann úr eigin röðum í samræmi við samþykktirnar.

2. Formaðurinn skal boða til fundar í framkvæmdastjórninni samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni einhvers stjórnarmanns. Í slíkri beiðni skal ætíð tilgreina ástæður fyrir boðun fundarins. Ef ekki hefur verið brugðist við slíkri beiðni innan 15 daga getur stjórnarmaður eða menn, sem óskuðu eftir fundinum, boðað til hans.

39. gr.

Verkefni eftirlitsstjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Eftirlitsstjórnin hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnarinnar. Henni er, fyrir sitt leyti, ekki heimilt að stjórna evrópska samvinnufélaginu. Eftirlitsstjórninni er óheimilt að koma fram fyrir hönd evrópska samvinnufélagsins gagnvart þriðju aðilum. Hún skal koma fram fyrir hönd evrópska samvinnufélagsins gagnvart framkvæmdastjórninni eða stjórnarmönnum hennar í tengslum við málssókn eða samningagerð.

2. Stjórnarmenn eftirlitsstjórnarinnar skulu tilnefndir eða þeim vikið frá á félagsfundi. Í samþykktunum má hins vegar tilnefna menn í fyrstu eftirlitsstjórnina. Þetta gildir með fyrirvara um tilhögun á þátttöku starfsmanna sem ákveðin er samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

3. Óvirkir aðilar mega ekki skipa meira en einn fjórða hluta sæta í eftirlitsstjórn.

4. Í samþykktunum skal mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki getur hins vegar mælt fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórn evrópsks samvinnufélags, sem hefur skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þess, og samsetningu hennar eða um lágmarks- og/eða hámarksfjölda stjórnarmanna.

40. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa eftirlitsstjórninni skýrslu a.m.k. þriðja hvern mánuð um framvindu og horfur í viðskiptum evrópska samvinnufélagsins með hliðsjón af hvers konar upplýsingum um fyrirtæki undir stjórn evrópska samvinnufélagsins sem gætu haft veruleg áhrif á framvindu í viðskiptum þess.

2. Auk þeirra reglulegu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin tafarlaust koma á framfæri við eftirlitsstjórnina hvers konar upplýsingum um atburði sem ætla má að hafi umtalsverð áhrif á evrópska samvinnufélagið.

3. Eftirlitsstjórnin getur krafið framkvæmdastjórnina um hverjar þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til að sinna eftirliti í samræmi við 1. mgr. 39. gr. Aðildarríki getur kveðið á um að sérhver stjórnar-

maður eftirlitsstjórnarinnar skuli einnig eiga kost á því.

4. Eftirlitsstjórninni er heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hverjar þær rannsóknir sem kunna að reynast nauðsynlegar til að hún geti sinnt skyldum sínum.

5. Sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem henni berast.

41. gr.

Formennska og fundarboðun eftirlitsstjórnarinnar

1. Eftirlitsstjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir á félagsfundi.

2. Formaðurinn skal boða til fundar í eftirlitsstjórninni samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Í beiðninni skulu koma fram ástæðurnar fyrir henni. Ef engin viðbrögð hafa orðið við slíkri beiðni innan 15 daga geta þeir sem óskuðu eftir fundi boðað til hans.

2. þáttur

Einþætt kerfi

42. gr.

Verkefni stjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Stjórnin skal stýra evrópska samvinnufélaginu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart þriðju aðilum og í málarekstri. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skal mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarksfjölda og, ef þörf krefur, hámarksfjölda stjórnarmanna. Óvirkir aðilar mega ekki skipa meira en einn fjórða hluta sæta í stjórninni.

Í stjórninni skulu hins vegar vera a.m.k. þrír stjórnarmenn ef reglur um þátttöku starfsmanna eru í samræmi við tilskipun 2003/72/EB.

3. Á félagsfundi skal tilnefna menn til setu í stjórn og, ef kveðið er á um það í samþykktunum, í varastjórn. Í samþykktunum má hins vegar tilnefna menn í fyrstu stjórnina. Þetta gildir með fyrirvara um tilhögun á þátttöku starfsmanna sem ákveðin er samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

4. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um einþætt kerfi að því er varðar samvinnufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar evrópsk samvinnufélög.

43. gr.

Bil á milli funda og réttur til upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal koma saman a.m.k. þriðja hvern mánuð með millibili sem kveðið er á um í samþykktunum til að ræða framvindu og horfur í viðskiptum evrópska samvinnufélagsins, að teknu tilliti til hvers konar upplýsinga um fyrirtæki undir stjórn evrópska samvinnufélagsins sem gætu haft veruleg áhrif á framvindu í viðskiptum þess ef við á.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa rétt til að skoða allar skýrslur, skjöl og upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórnina.

44. gr.

Formennska og fundarboðun stjórnarinnar

1. Stjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir á félagsfundi.

2. Formaðurinn skal boða til stjórnarfundar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna. Í beiðninni skulu koma fram ástæðurnar fyrir henni. Ef engin viðbrögð hafa orðið við slíkri beiðni innan 15 daga geta þeir sem óskuðu eftir fundi boðað til hans.

3. þáttur

Reglur sem eru sameiginlegar í einþætta og tvíþætta kerfinu

45. gr.

Skipunartími

1. Stjórnarmenn í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga skulu tilnefndir til ákveðins tíma sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins, þó eigi lengur en til sex ára.

2. Með fyrirvara um takmarkanir, sem kann að vera mælt fyrir um í samþykktunum, skal heimilt að endurtilnefna aðila, einu sinni eða oftar, til ákveðins tíma sem ákvarðaður er í samræmi við 1. mgr.

46. gr.

Skilyrði fyrir setu í stjórnarstofnun

1. Samþykktir evrópsks samvinnufélags geta heimilað félagi, í skilningi 48. gr. sáttmálans, að eiga sæti í einhverri af stjórnarstofnunum þess, að því tilskildu að slíkt stríði ekki gegn ákvæðum laga um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

Það félag skal tilnefna einstakling sem fulltrúa sinn til að gegna skyldum sínum í viðkomandi stjórn. Fulltrúinn skal hlíta sömu skilyrðum og hafa sömu skyldur og ef hann ætti persónulega sæti í stjórninni.

2. Enginn aðili má eiga sæti í stjórnarstofnun evrópsks samvinnufélags eða vera fulltrúi félagsaðila í skilningi 1. mgr. ef hann telst:

— vanhæfur, samkvæmt lögum aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, til að starfa í samsvarandi stjórn samvinnufélags sem heyrir undir lög þess aðildarríkis, eða

— vanhæfur, á grundvelli dómsúrskurðar eða stjórnvaldsákvörðunar í aðildarríki, til að starfa í samsvarandi stjórn samvinnufélags sem heyrir undir lög aðildarríkis.

3. Í samþykktum evrópska samvinnufélags er hægt, í samræmi við lög um samvinnufélög í aðildarríkinu, að mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir kjörgengi félagsaðila sem eru fulltrúar stjórnarinnar.

47. gr.

Umboð fulltrúa og ábyrgð evrópska samvinnufélagsins

1. Ef tveimur eða fleiri félagsaðilum er veitt heimild til að vera fulltrúar evrópska samvinnufélagsins gagnvart þriðja aðila í samræmi við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 42. gr. skulu þessir félagsaðilar fara með þá heimild sameiginlega, nema lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfi að kveðið sé á um annað í samþykktunum, en í því tilviki er unnt að bera fyrir sig slíkt ákvæði gagnvart þriðju aðilum ef það hefur verið gert opinbert í samræmi við 5. mgr. 11. gr. og 12. gr.

2. Gerningar stjórna evrópskra samvinnufélaga eru bindandi fyrir það gagnvart þriðju aðilum, einnig þegar þessir gerningar eru ekki í samræmi við markmið evrópska samvinnufélagsins, nema þessir gerningar séu utan ramma þeirra heimilda sem stjórnirnar hafa eða mega hafa samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Aðildarríkin geta þó kveðið á um að evrópska samvinnufélagið sé ekki bundið af slíkum gerningum séu þeir utan ramma markmiða evrópska samvinnufélagsins ef félagið færir sönnur á að þriðji aðili hafi vitað að gerningurinn væri utan ramma markmiðanna eða gæti ekki, miðað við aðstæður, hafa verið ókunnugt um það; birting samþykkta, ein og sér, er ekki nægileg sönnun þess.

3. Aldrei má bera fyrir sig, gagnvart þriðja aðila, takmarkanir á valdi stjórna evrópska samvinnufélagsins sem eiga rót sína í samþykktum þess eða ákvörðunum lögbærra stjórna þess jafnvel þótt þær hafi verið gerðar opinberar.

4. Aðildarríki getur mælt fyrir um að í samþykktum megi veita einum aðila, eða nokkrum saman, umboð til að koma fram fyrir hönd evrópska samvinnufélags. Slík löggjöf getur mælt fyrir um að unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði í samþykktunum gagnvart þriðja aðila að því tilskildu að það varði almenna fyrirsvarsheimild. Ákvæði 12. gr. skulu gilda um það hvort unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði gagnvart þriðja aðila eða ekki.

48. gr.

Aðgerðir sem krafist er heimildar fyrir

1. Í samþykktum evrópsks samvinnufélags skal vera skrá yfir þær tegundir viðskipta þar sem krafist er:

— í tvíþætta kerfinu, heimildar sem framkvæmdastjórnin fær frá eftirlitsstjórn eða félagsfundi,

— í einþætta kerfinu, ótvíræðrar ákvörðunar stjórnarinnar eða heimildar frá félagsfundi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um 47. gr.

3. Aðildarríki getur þó ákveðið fyrir hvaða tegundir viðskipta þurfi heimild og hvaða stjórnarstofnun skuli veita heimildina og verður það að koma fram í samþykktum evrópskra samvinnufélaga sem eru skráð á yfirráðasvæði þess og/eða kveðið á um það að í tvíþætta kerfinu geti eftirlitsstjórnin sjálf ákveðið fyrir hvaða tegundir viðskipta hafa þurfi heimild.

49. gr.

Trúnaðarkvöð

Þeir sem sitja í stjórnarstofnunum evrópsks samvinnufélags eru bundnir þeirri skyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, að láta ekki uppi neina vitneskju sem þeir kunna að búa yfir varðandi evrópska samvinnufélagið sem gæti skaðað hagsmuni félagsins eða félagsaðila þess, nema því aðeins að ákvæði landslaga um samvinnufélög krefjist þess eða leyfi að slíkar upplýsingar séu látnar í té eða það sé í þágu almannahagsmuna.

50. gr.

Starfshættir stjórnarstofnana

1. Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari eða í samþykktunum skulu innri reglur um ályktunarhæfi og ákvarðanatöku í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga vera sem hér segir:

a) ályktunarhæfi: a.m.k. helmingur þeirra, sem sitja í stjórn og hafa atkvæðisrétt, skal vera viðstaddur eða eiga fulltrúa á fundinum,

b) ákvarðanataka: meiri hluti þeirra, sem sitja í stjórn, hafa atkvæðisrétt og eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á fundinum.

Fjarverandi stjórnarmenn geta átt hlut að ákvarðanatöku með því veita öðrum í stjórninni eða staðgenglum, sem tilnefndir voru í hana á sama tíma, umboð sitt.

2. Ef engin ákvæði þar að lútandi eru í samþykktum félagsins skal formaður hverrar stjórnar fara með oddaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Engin ákvæði gagnstæð þessu mega vera í samþykktunum ef helmingur þeirra sem eiga sæti í eftirlitsstjórninni eru fulltrúar starfsmanna.

3. Þegar kveðið er á um þátttöku starfsmanna í samræmi við tilskipun 2003/72/EB getur aðildarríki kveðið á um að ályktunarhæfi funda og ákvarðanataka á fundum eftirlitsstjórnarinnar skuli, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., háð gildandi reglum um samvinnufélög í lögum hlutaðeigandi aðildarríkis og með sömu skilyrðum.

51. gr.

Einkaréttarábyrgð

Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu skulu þeir sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, eftirlitsstjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins bera ábyrgð á tapi eða skaða sem félagið verður fyrir vegna þess að þeir hafa ekki sinnt lagaskyldum, samþykktum eða öðrum skuldbindingum sem fylgja störfum þeirra.

4. þáttur

Félagsfundur

52. gr.

Valdsvið

Félagsfundur skal taka ákvarðanir um málefni sem hann ber einn ábyrgð á samkvæmt:

a) þessari reglugerð, eða

b) löggjöf aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu og sem hefur verið samþykkt samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

Enn fremur skal félagsfundur taka ákvarðanir um mál sem eru á ábyrgð aðalfundar samvinnufélags, sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu, annaðhvort samkvæmt lögum þess aðildarríkis eða samþykktum evrópska samvinnufélagsins í samræmi við þau lög.

53. gr.

Framkvæmd félagsfunda

Með fyrirvara um reglur þær, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, gilda lög um samvinnufélög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, um skipulag og framkvæmd félagsfunda og atkvæðagreiðslur á þeim.

54. gr.

Félagsfundir

1. Halda skal félagsfund í evrópsku samvinnufélagi minnst einu sinni á hverju almanaksári, innan sex mánaða frá lokum fjárhagsárs þess nema lög um samvinnufélög sem sinna sams konar starfsemi í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu, kveði á um tíðari fundi. Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um að halda megi fyrsta félagsfund hvenær sem er á fyrstu 18 mánuðunum eftir stofnun evrópsks samvinnufélags.

2. Framkvæmdastjórn, stjórn, eftirlitsstjórn eða aðrar stjórnarstofnanir eða lögbær yfirvöld geta hvenær sem er boðað til félagsfundar í samræmi við landslög um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Framkvæmdastjórninni er skylt að boða til félagsfundar ef eftirlitsstjórnin fer fram á það.

3. Á dagskrá félagsfundar, sem haldinn er eftir að fjárhagsári lýkur, skal a.m.k. vera samþykkt árlegra reikningsskila og ráðstöfun hagnaðar.

4. Á félagsfundinum er hægt að ákveða að boðað verði til annars fundar og ákveða dagsetningu og dagskrá þess fundar.

55. gr.

Fundur boðaður af minni hluta félagsaðila

Félagsaðilar evrópsks samvinnufélags, samanlagt fleiri en 5000, eða sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarfjölda atkvæða, geta krafist þess að boðað verði til félagsfundar í evrópska samvinnufélaginu

og samið dagskrá fundarins. Í samþykktunum er heimilt að lækka framangreinda hlutfallstölu.

56. gr.

Fundarboð

1. Boða skal til félagsfundar með skriflegu fundarboði sem sent er eftir tiltækum leiðum til allra sem eiga rétt á að sitja aðalfund evrópska samvinnufélagsins í samræmi við 1. og 2. mgr. 58. gr. og ákvæði samþykktanna. Boða má til fundarins með því að birta fundarboð í opinberu útgáfuriti evrópska samvinnufélagsins.

2. Í fundarboði félagsfundar skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— heiti og skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins,

— fundarstaður, dagsetning og fundartími,

— ef við á, um hvers konar félagsfund er að ræða,

— dagskrá þar sem fundarefni eru tilgreind ásamt tillögum að ákvörðunum.

3. Að minnsta kosti 30 dagar skulu líða frá deginum þegar fundarboðið, sem um getur í 1. mgr., er sent til dagsins þegar fundurinn er haldinn. Þennan tíma má stytta í 15 daga þegar mikið liggur við. Þegar 4. mgr. 61. gr. er beitt, að því er varðar kröfur um ályktunarhæfi, má stytta tímann milli fyrsta og annars fundar, sem haldinn er til að ræða sömu dagskrármál, í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

57. gr.

Viðbætur við dagskrá

Félagsaðilar evrópsks samvinnufélags, samanlagt fleiri en 5000, eða sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarfjölda atkvæða, geta krafist þess að viðbótarliðir, einn eða fleiri, séu teknir á dagskrá félagsfundar. Í samþykktunum er heimilt að lækka framangreinda hlutfallstölu.

58. gr.

Fundarmenn og þeir sem fara með umboð

1. Allir félagsaðilar hafa rétt til að taka til máls og greiða atkvæði á félagsfundum um efnisatriðin sem eru á dagskrá.

2. Þeir sem eiga sæti í stofnunum evrópsks samvinnufélags, eigendur verðbréfa, annarra en hluta og skuldabréfa í skilningi 64. gr., og, ef heimild er fyrir því í samþykktunum, hver sá aðili annar sem á rétt á því samkvæmt lögum ríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, má sitja félagsfund án atkvæðisréttar.

3. Aðili, sem hefur atkvæðisrétt, skal eiga rétt á því að tilnefna mann til að fara með umboð sitt á félagsfundi í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samþykktunum.

Í samþykktunum skal mæla fyrir um hámarksfjölda aðila sem einn maður getur farið með umboð fyrir.

4. Í samþykktunum er hægt að heimila atkvæðagreiðslu með pósti eða rafræna atkvæðagreiðslu en í því tilviki skal mæla fyrir um nauðsynlega málsmeðferð.

59. gr.

Atkvæðisréttur

1. Hver félagsaðili í evrópsku samvinnufélagi skal hafa eitt atkvæði án tillits til þess hve marga hluti hann á.

2. Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa er hægt að kveða á um það í samþykktunum að fjöldi atkvæða, sem félagsaðili ræður yfir, skuli ákvarðast af annarri aðild hans að starfsemi samvinnufélagsins en stofnfjárframlagi hans. Þetta atkvæðamagn getur verið mest fimm atkvæði á félagsaðila eða 30% af heildaratkvæðisrétti, hvort heldur er lægra.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa getur evrópskt samvinnufélag, sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi, kveðið á um það í samþykktum sínum að atkvæðafjöldi félagsaðila skuli ákvarðast af þátttöku þeirra í starfsemi samvinnufélagsins, þ.m.t. hlutur þeirra í stofnfé evrópska samvinnufélagsins. Þetta atkvæðamagn getur mest verið fimm atkvæði á félagsaðila eða 20% af heildaratkvæðisrétti, hvort heldur er lægra.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa geta evrópsk samvinnufélög, þar sem meiri hluti félagsaðila eru samvinnufélög, kveðið á um það í samþykktum sínum, að atkvæðafjöldi félagsaðila skuli ákvarðast af þátttöku þeirra í starfsemi samvinnufélagsins, þ.m.t. hlutur þeirra í stofnfé evrópska samvinnufélagsins og/eða fjöldi félagsaðila í hverri einingu þess.

3. Að því er varðar atkvæðisrétt sem úthluta má í samþykktum til óvirkra félagsaðila (fjárfesta) skal evrópska samvinnufélagið hlíta lögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Óvirkir félagsaðilar (fjárfestar) geta þó

ekki ráðið samanlagt yfir meira en 25% af heildaratkvæðisrétti.

4. Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa, við gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að kveða á um það í samþykktum evrópska samvinnufélagsins hvernig þátttöku fulltrúa starfsmanna á félagsfundum skuli háttað eða á svæða- eða deildarfundum, að því tilskildu að fulltrúar starfsmanna ráði ekki samanlagt yfir meira en 15% af heildaratkvæðisrétti. Sá réttur fellur niður um leið og skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er flutt til aðildarríkis þar sem ekki er kveðið á um slíka þátttöku í landslögum.

60. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Allir félagsaðilar, sem óska eftir því á aðalfundi, skulu eiga rétt á upplýsingum frá framkvæmdastjórninni eða stjórninni um málefni evrópska samvinnufélagsins varðandi þá liði sem félagsfundur hefur heimild til að taka ákvörðun um í samræmi við 1. mgr. 61. gr. Upplýsingar skulu veittar á viðkomandi félagsfundi eftir því sem unnt er.

2. Framkvæmdastjórnin eða stjórnin getur því aðeins neitað að veita slíkar upplýsingar að:

— líkur séu á því að það skaði evrópska samvinnufélagið verulega,

— það samrýmist ekki lagaskyldu um trúnaðarkvaðir að láta þær uppi.

3. Félagsaðili, sem synjað er um upplýsingar, getur krafist þess að beiðni hans og ástæður fyrir synjuninni séu skráð í fundargerð félagsfundarins.

4. Félagsaðilar skulu, í 10 daga fyrir félagsfundinn þar sem tekin verður ákvörðun um lok fjárhagsársins, hafa aðgang að efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og athugasemdum með þeim, skýrslu framkvæmdastjórnar, niðurstöðum endurskoðunar viðeigandi aðila á reikningunum og, þegar um er að ræða móðurfyrirtæki í skilningi tilskipunar 83/349/EBE, samstæðureikningsskilum.

61. gr.

Ákvarðanir

1. Félagsfundur getur ályktað um liði á dagskrá fundarins. Félagsfundur getur einnig fjallað um og samþykkt ályktanir um liði sem minni hluti félagsaðila hefur bætt við dagskrá fundarins í samræmi við 57. gr.

2. Félagsfundur tekur ákvarðanir með meiri hluta greiddra og gildra atkvæða félagsaðila sem sitja fundinn eða fulltrúa þeirra.

3. Í samþykktunum skal mæla fyrir um reglur um ályktunarhæfi og meiri hluta sem gilda skulu á félagsfundum.

Ef sá möguleiki er gefinn í samþykktum evrópska samvinnufélagsins að veita fjárfestum (óvirkum aðilum) félagsaðild eða úthluta atkvæðum samkvæmt stofnfjárframlagi í evrópsku samvinnufélagi sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi, skal einnig mæla fyrir um sérstakar reglur um ályktunarhæfi í samþykktunum að því er varðar aðra félagsaðila en fjárfesta (óvirka aðila) eða félagsaðila sem hafa atkvæðisrétt samkvæmt hlutafjáreign í evrópsku samvinnufélagi sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi. Aðildarríkjunum er frjálst að setja lágmarksviðmiðun fyrir slíkar sérstakar reglur um ályktunarhæfi fyrir evrópsk samvinnufélög sem hafa skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þeirra.

4. Félagsfundur getur því aðeins breytt samþykktunum í fyrsta skipti sem hann kemur saman að félagsaðilar, sem sitja fundinn eða eiga þar fulltrúa, séu a.m.k. helmingur allra félagsaðila á þeim degi sem aðafundurinn er haldinn og, sé boðað til annars fundar með sömu dagskrá, er ekki gerð krafa um ályktunarhæfi.

Í tilvikum, sem um getur í fyrstu undirgrein, verða a.m.k. tveir þriðju hlutar gildra og greiddra atkvæða að vera meðatkvæði, nema þess sé krafist í gildandi lögum um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu að meiri hluti atkvæða sé hærra hlutfall.

62. gr.

Fundargerð

1. Rita skal fundarferð á öllum félagsfundum. Í fundargerðinni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— fundarstaður og dagsetning fundarins,

— ályktanir sem samþykktar voru,

— niðurstöður atkvæðagreiðslu.

2. Með fundargerðinni skal fylgja skrá yfir fundarmenn, skjöl varðandi fundarboð til félagsfundar og skýrslur sem félagsaðilum eru afhentar í tengslum við dagskrárliði.

3. Geyma skal fundargerðina og fylgiskjöl hennar í a.m.k. fimm ár. Allir félagsaðilar geta fengið afrit

af fundargerðinni og fylgiskjölunum, ef þeir óska eftir því, gegn greiðslu umsýslukostnaðar.

4. Fundarstjóri skal undirrita fundargerðina.

63. gr.

Deildar- eða svæðafundir

1. Ef evrópska samvinnufélagið stundar mismunandi starfsemi eða stundar starfsemi á fleiri en einu landsvæði eða hefur margar starfsstöðvar eða ef félagsaðilar eru fleiri en 500 er hægt að kveða á um það í samþykktunum að haldnir séu deildar- eða svæðafundir ef landslög viðkomandi aðildarríkis leyfa. Í samþykktunum skal kveðið á um skiptingu í deildir eða svæði og fulltrúafjölda þeirra.

2. Á deildar- eða svæðafundum skal kjósa fulltrúa til fjögurra ára að hámarki nema umboðið sé afturkallað áður en sá tími er liðinn. Fulltrúar, sem þannig eru kjörnir, skulu sitja aðalfund evrópska samvinnufélagsins fyrir hönd þeirrar deildar eða þess svæðis sem þeir eru fulltrúar fyrir og skulu þeir gefa umbjóðendum sínum skýrslu um niðurstöður félagsfundarins. Ákvæðin í 4. þætti III. kafla gilda um framkvæmd deildar- og svæðafunda.

IV. KAFLI

ÚTGÁFA HLUTA SEM VEITA SÉRSTÖK KJÖR

64. gr.

Verðbréf, önnur en hlutir og skuldabréf, sem veita sérstök kjör

1. Í samþykktum evrópska samvinnufélags er hægt að kveða á um útgáfu skuldabréfa eða annarra verðbréfa en hluta, en eigendur slíkra bréfa skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Jafnt félagsaðilar sem aðrir geta skráð sig fyrir þeim. Kaup á þeim veitir ekki stöðu félagsaðila. Í samþykktunum skal einnig mæla fyrir um málsmeðferð við innlausn.

2. Heimilt er að láta eigendur verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., njóta sérstakra kjara í samræmi við samþykktirnar eða skilyrði sem mælt er fyrir um þegar þau eru gefin út.

3. Heildarnafnvirði verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., má ekki vera hærra en sú tala sem mælt er fyrir um í samþykktunum.

4. Í samþykktunum er hægt að kveða á um sérstaka fundi eigenda verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., með fyrirvara um rétt þeirra til að sitja félagsfundinn sem kveðið er á um í 2. mgr. 58. gr. Slíkur fundur getur skilað áliti varðandi ákvarðanir, sem á að taka á félagsfundi um réttindi og hagsmuni slíkra eigenda, og tilnefnt fulltrúa til að kynna það á félagsfundi.

Álitið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal skráð í fundargerð félagsfundar.

V. KAFLI

RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

65. gr.

Lögbundinn varasjóður

1. Með fyrirvara um ófrávíkjanleg lagaákvæði skal í samþykktunum mæla fyrir um reglur um ráðstöfun tekjuafgangs fyrir hvert fjárhagsár.

2. Í samþykktunum skal gerð krafa um að hluti af slíkum tekjuafgangi sé lagður í lögboðinn varasjóð, er komið verði á fót, áður en afgangi er ráðstafað á nýjan leik.

Þangað til lögbundinn varasjóður nemur sömu fjárhæð og stofnfénu, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., verður fjárhæðin, sem lögð er í hann, að nema a.m.k. 15% af tekjuafgangi fjárhagsársins, að frádregnu tapi sem hefur verið flutt frá fyrra ári.

3. Aðilar, sem segja sig úr evrópska samvinnufélaginu, skulu ekki eiga neina kröfu til fjár sem lagt hefur verið í lögbundna varasjóðinn með þessum hætti.

66. gr.

Arður

Heimilt er að kveða á um það í samþykktunum að arður sé greiddur til félagsaðila í hlutfalli við viðskipti þeirra við evrópska samvinnufélagið eða þá þjónustu sem þeir hafa innt af hendi fyrir það.

67. gr.

Ráðstöfun tekjuafgangs

1. Hagnaður til úthlutunar er sú fjárhæð sem eftir stendur þegar búið er að draga frá greiðslu í lögbundinn varasjóð, arðgreiðslur og yfirfært tap frá fyrri árum að viðbættum tekjuafgangi, sem hefur verið yfirfærður frá fyrra ári, og fjárhæðum sem hafa verið úr varasjóðum.

2. Á félagsfundi, þar sem reikningar fjárhagsársins eru lagðir fram, má ráðstafa tekjuafgangi á þann hátt og í þeim hlutföllum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, einkum:

— að færa hann yfir á næsta fjárhagsár,

— leggja hann í lögbundinn varasjóð eða annan skyldubundinn varasjóð,

— að veita arði af innborguðu stofnfé og ígildi stofnfjár, sem staðgreiddur er eða greiddur í hlutum.

3. Í samþykktunum má einnig kveða á um bann við úthlutun.

VI. KAFLI

ÁRLEG REIKNINGSSKIL OG SAMSTÆÐUREIKNINGSSKIL

68. gr.

Gerð árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila

1. Að því er varðar gerð árlegra reikningsskila og, eftir atvikum, gerð samstæðureikningsskila, ásamt meðfylgjandi ársskýrslu, svo og um endurskoðun þeirra og birtingu, skal evrópskt samvinnufélag heyra undir lagaákvæði aðildarríkisins, þar sem félagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE. Aðildarríki geta þó kveðið á um breytingar á ákvæðum landslaga til framkvæmdar þeim tilskipunum svo að tekið sé tillit til séreinkenna samvinnufélaga.

2. Ef evrópsku samvinnufélagi ber ekki skylda til, samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem félagið hefur skráða skrifstofu, að birta reikningsskil, eins og kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, skal evrópska samvinnufélagið a.m.k. sjá til þess að almenningur hafi aðgang að skjölum, tengdum árlegum reikningsskilum, á skráðri skrifstofu sinni. Afrit af þessum skjölum skulu afhent ef óskað er eftir því. Gjald fyrir slík afrit skal ekki vera hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

3. Evrópskt samvinnufélag skal setja fram árleg reikningsskil sín og, eftir atvikum, samstæðureikningsskil í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig sett fram árleg reikningsskil sín og, eftir atvikum, samstæðureikningsskil í evrum. Í því tilviki skal tilgreina, í athugasemdum með reikningsskilunum, hvernig þeir liðir í reikningsskilunum, sem eru eða voru upphaflega tilgreindir í öðrum gjaldmiðli, hafa verið umreiknaðir í evrur.

69. gr.

Reikningsskil evrópskra samvinnufélaga sem stunda lána- eða fjármálastarfsemi

1. Við gerð árlegra reikningsskila, og eftir atvikum, samstæðureikningsskila ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og við endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal evrópskt samvinnufélag, sem er lána- eða fjármálastofnun, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í landslögum aðildarríkisins, þar sem það hefur skráða skrifstofu, samkvæmt tilskipunum sem tengjast stofnun og rekstri lánastofnana.

2. Við gerð árlegra reikningsskila og, eftir atvikum, samstæðureikningsskila ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og við endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal evrópskt samvinnufélag, sem er vátryggingafélag, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í landslögum aðildarríkisins, þar sem það hefur skráða skrifstofu, samkvæmt tilskipunum um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

70. gr.

Endurskoðun

Lögboðin endurskoðun árlegra reikningsskila evrópsks samvinnufélags og, eftir atvikum, samstæðureikningsskila þess skal vera í höndum eins eða fleiri aðila, sem hafa til þess heimild í aðildarríkinu þar sem það hefur skráða skrifstofu, í samræmi við ráðstafanir sem það ríki hefur samþykkt í samræmi við tilskipanir 84/253/EBE og 89/48/EBE.

71. gr.

Endurskoðunarkerfi

Ef þess er krafist í lögum aðildarríkis að öll samvinnufélög eða samvinnufélög af tiltekinni gerð, sem heyra undir lög þess ríkis, tengist annarri stofnun, sem hlotið hefur heimild að lögum, og gangist undir tiltekið endurskoðunarkerfi sem sú stofnun starfrækir, skal sú tilhögun sjálfkrafa gilda um evrópskt samvinnufélag sem hefur skráða skrifstofu í því aðildarríki, að því tilskildu að aðilinn uppfylli kröfur tilskipunar 84/253/EBE.

VII. KAFLI

FÉLAGSSLIT, SKIPTAMEÐFERÐ, GJALDÞROT OG GREIÐSLUSTÖÐVUN

72. gr.

Félagsslit, skiptameðferð og ámóta málsmeðferð

Evrópskt samvinnufélag skal, að því er varðar félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot, greiðslustöðvun og ámóta málsmeðferð, heyra undir lagaákvæði sem myndu gilda um hlutafélag, stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa þess er, þ.m.t. ákvæði um ákvarðanir funda.

73. gr.

Félagsslit samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu

1. Að beiðni aðila, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, eða að beiðni lögbærs yfirvalds skal dómstóll eða annað lögbært stjórnvald í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gefa fyrirmæli um félagsslit evrópska samvinnufélagsins ef í ljós kemur að ákvæði 1. mgr. 2. gr. og/eða 2. mgr. 3. gr. hafi verið brotin og einnig í tilvikum eins og um getur í 34. gr. Dómstóllinn eða lögbæra stjórnvaldið getur veitt evrópska samvinnufélaginu frest til úrbóta. Hafi félagið ekki gert það innan tiltekins frests skal dómstóllinn eða lögbæra stjórnvaldið gefa fyrirmæli um að slíta því.

2. Þegar evrópskt samvinnufélag uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir í 6. gr. skal aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, knýja evrópska samvinnufélagið með viðeigandi ráðstöfunum til að koma reglu á málefni sín innan tiltekins tíma:

— annaðhvort með því að flytja aðalskrifstofu sína aftur til aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu, eða

— með því að flytja skráðu skrifstofuna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

3. Aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal tryggja með nauðsynlegum ráðstöfunum að evrópskt samvinnufélag, sem lætur undir höfuð leggjast að koma lagi á málefni sín í samræmi við 2. mgr., sé tekið til skiptameðferðar.

4. Aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal leita eftir réttarúrræðum eða öðrum úrræðum vegna allra staðfestra brota á ákvæðum 6. gr. Slíkt úrræði skal hafa áhrif til frestunar á málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

5. Ef staðfest er, annaðhvort að frumkvæði yfirvalda eða einhvers hagsmunaaðila, að evrópskt samvinnufélag sé með aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði aðildarríkis, andstætt ákvæðum 6. gr., skulu yfirvöld þess aðildarríkis þegar í stað gera aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, grein fyrir því.

74. gr.

Birting félagsslita

Með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem krefjast frekari birtingar, skal, í samræmi við 12. gr., birta tilkynningar um upphaf og lok félagsslita, þ.m.t. slit að eigin frumkvæði, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta og greiðslustöðvun svo og um ákvarðanir um að halda áfram rekstri.

75. gr.

Úthlutun

Úthluta skal hreinni eign í samræmi við meginreglurnar um óvilhalla úthlutun eða, ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa það, í samræmi við annað fyrirkomulag sem kemur fram í samþykktum evrópska samvinnufélagsins. Í þessari grein merkir hrein eign þá eign sem eftir stendur þegar búið er að greiða allar skuldir við lánardrottna og endurgreiða félagsaðilum stofnfjárframlög.

76. gr.

Breyting yfir í samvinnufélag

1. Breyta má evrópsku samvinnufélagi í samvinnufélag sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Ekki má taka ákvörðun um breytingu félags fyrr en tvö ár eru liðin frá skráningu þess eða tvö fyrstu, árlegu reikningsskilin hafa verið samþykkt.

2. Breyting evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag skal ekki hafa í för með sér félagsslit félagsins eða tilurð nýs lögaðila.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins skal semja breytingaáætlun og skýrslu þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif hennar í atvinnumálum, og tilgreint hvaða afleiðingar það hafi fyrir félagsaðila og hluthafa, sem um getur í 14. gr., sem og starfsmenn, að taka upp form samvinnufélags.

4. Breytingaáætlunin skal gerð aðgengileg almenningi á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytinguna.

5. Fyrir félagsfundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í samræmi við landslög í aðildarríkinu, sem evrópska samvinnufélagið sem

breyta á í samvinnufélag heyrir undir, votta að eignir félagsins séu a.m.k. jafngildi stofnfjár þess.

6. Félagsfundur evrópska samvinnufélagsins skal samþykkja breytingaráætlunina ásamt samþykktum samvinnufélagsins. Ákvörðun félagsfundarins skal tekin eins og mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga.

VIII. KAFLI

VIÐBÓTARÁKVÆÐI OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

77. gr.

Efnahags- og myntbandalagið

1. Á meðan þriðji áfangi Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) gildir ekki fyrir eitthvert aðildarríki getur það aðildarríki beitt sömu ákvæðum gagnvart evrópskum samvinnufélögum, sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess, og þeim sem gilda um samvinnufélög eða hlutafélög sem heyra undir lög þess að því er varðar gjaldmiðilinn sem stofnfé þeirra er gefið upp í. Samt sem áður getur evrópskt samvinnufélag einnig gefið upp stofnfé sitt í evrum. Þegar svo ber undir skal umreikningsgengi innlends gjaldmiðils gagnvart evru vera það sama og síðasta dag síðasta mánaðar fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

2. Á meðan þriðji áfangi Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) gildir ekki fyrir aðildarríkið þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu er evrópska samvinnufélaginu þó heimilt að semja og birta árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í evrum. Aðildarríkið getur krafist þess að evrópska samvinnufélagið semji og birti árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í innlendum gjaldmiðli og á sömu forsendum og við eiga um samvinnufélög og hlutafélög sem heyra undir lög þess aðildarríkis. Evrópska samvinnufélagið skal þó einnig eiga þess kost að birta árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í evrum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í ekum (ECU) ([20]).

IX. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

78. gr.

Innlendar framkvæmdarreglur

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld í skilningi 7., 21., 29., 30., 54. og 73. gr. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki þar um.

79. gr.

Endurskoðun reglugerðarinnar

Eigi síðar en fimm árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu reglugerðarinnar og tillögur um breytingar ef við á. Í skýrslunni skal einkum athuga hvort heppilegt sé:

a) að heimila að aðalskrifstofa og skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags séu sín í hvoru aðildarríkinu,

b) að leyfa, í samþykktum evrópsks samvinnufélags, ákvæði sem aðildarríki hefur samþykkt til framkvæmdar heimildum, sem aðildarríkjunum eru veittar með þessari reglugerð eða með lögum sem samþykkt hafa verið til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar evrópska samvinnufélagið, sem víkja frá eða eru til fyllingar þessum lögum jafnvel þótt slík ákvæði yrðu ekki leyfð í samþykktum samvinnufélags sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríkinu,

c) að leyfa ákvæði sem gera það kleift að skipta evrópska samvinnufélaginu í tvö eða fleiri innlend samvinnufélög,

d) að hafa sérstök lagaúrræði þegar misferli eða mistök eiga sér stað við skráningu evrópsks samvinnufélags sem komið er á fót með samruna.

80. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 18. ágúst 2006.

([20]) Stjtíð. EB L 317, 16.11.1990, bls. 57.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gerð frumvarps.

Lagafrumvarp þetta um evrópsk samvinnufélög, sem Jóhann Albertsson lögfræðingur samdi í samvinnu við starfsmenn viðskiptaráðuneytisins, tengist frumvarpi félagsmálaráðherra til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Með ályktun sinni frá 19. maí 2004 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2004 frá 6. febrúar 2004 varðandi breytingu á félagaréttarviðauka EES-samningsins og fella reglugerð um evrópsk samvinnufélög, sem lagafrumvarp þetta byggist á, inn í samninginn.

Lýsing á efni reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Í megindráttum felst í reglugerðinni að samvinnufélögum, sem starfa vilja í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er heimilað að stofna evrópskt samvinnufélag samkvæmt ákveðnum meginreglum sem kveðið er á um í reglugerðinni og tilskipun um aðild starfsmanna að samvinnufélögum. Geta félögin þá starfað á grundvelli þessara meginreglna um stjórn, aðild starfsmanna að félögunum o.fl., nokkurra viðbótarákvæða í landslögum skráningarríkis og félagssamþykkta sinna í stað þess að starfa á grundvelli mismunandi landslaga stofni þau útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi kostur er talinn leiða til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og meiri samkeppnishæfni samvinnufélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Unnt verður að stofna evrópskt samvinnufélag með mismunandi hætti.

Uppbygging reglugerðarinnar.

Reglugerðin er áttatíu greinar og skiptist í níu kafla.

Í I. kafla (1.–16. gr.) eru almenn ákvæði. Þar er fjallað um m.a. stofnun evrópsks samvinnufélags og stofnfé sem skal vera minnst 30.000 evrur (2.–4. gr.), eða tæpar 2,3 millj. kr. miðað við sölugengi evru 26. janúar 2005 (1 evra er 75,2385 kr.). Einnig eru þar ákvæði um samþykktir (5. gr.), staðsetningu skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags og flutning hennar (6.–7. gr.), skráningu félagsins (11. gr.) og svo félagsaðild og lok hennar (14.–15. gr.).

Í II. kafla er fjallað um stofnun evrópsks samvinnufélags. Í 1. þætti kaflans eru almenn ákvæði um gildandi lög við stofnun (17.–18. gr.). Í 17. gr. segir að stofnun evrópsks samvinnufélags skuli lúta gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki þar sem félagið kemur á fót skráðri skrifstofu sé ekki kveðið á um annað í reglugerðinni. Í 18. gr. er vikið að réttarstöðu evrópsks samvinnufélags sem skal fá réttarstöðu lögaðila frá þeim degi sem félagið er skráð samkvæmt lögum viðkomandi aðildarríkis. Í 2. þætti (19.–34. gr.) er fjallað um stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna og í 3. þætti (35. gr.) er fjallað um breytingu starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag.

Ákvæði III. kafla reglugerðarinnar (36.–63. gr.) fjalla um skipulag evrópskra samvinnufélaga. Í 1. þætti (37.–41. gr.) er fjallað um tvíþætt stjórnkerfi evrópsks samvinnufélags og í 2. þætti (42.–44. gr.) um einþætt stjórnkerfi, en það er talið gilda í íslenskum samvinnufé-

lögum. Í 3. þætti (45.–51. gr.) eru reglur sem eru sameiginlegar félögum með einþættu og tvíþættu stjórnkerfi. Í 4. þætti (52.–63. gr.) er fjallað um félagsfundi.

Í IV. kafla er fjallað um útgáfu hluta sem veita sérstök kjör (64. gr.), í V. kafla um ráðstöfun hagnaðar (65.–67. gr.), VI. kafla um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil (68.–71. gr.) og í VII. kafla eru félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot og greiðslustöðvun (72.–76. gr.) til umfjöllunar. Í VIII. kafla eru viðbótarákvæði og bráðabirgðaákvæði en í IX. kafla eru lokaákvæði reglugerðarinnar (78.–80. gr.). Kemur þar m.a. fram að reglugerðin skuli öðlast gildi 18. ágúst 2006.

Innleiðing reglugerðarinnar.

Við innleiðingu (upptöku) reglugerðar um evrópsk samvinnufélög í íslenskan rétt var m.a. haft samráð við þá sem fást við félagarétt í ráðuneytum hinna Norðurlandaþjóðanna. Við frumvarpsgerðina hefur einkum verið stuðst við sænskt lagafrumvarp um sama efni eins og gert var á sínum tíma við gerð frumvarps til laga um Evrópufélög.

Lýsing á efni frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins kemur fram að reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), skuli hafa lagagildi hér á landi. Jafnframt er tekið fram að með lögunum séu sett nánari ákvæði um evrópsk samvinnufélög sem skráð eru hér á landi. Loks er vísað til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum sem fyrirhuguð eru.

Í II. kafla eru ákvæði um stofnun evrópsks samvinnufélags og er einkum kveðið á um þátttöku samvinnufélaga eða félaga í samsvarandi lagalegu formi, sem hafa aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, í stofnun evrópsks samvinnufélags. Jafnframt er fjallað um þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun evrópskra samvinnufélaga með samruna. Þá er fjallað um útgáfu vottorðs við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Í III. kafla er fjallað um skráningu evrópskra samvinnufélaga o.fl. Kemur þar fram að samvinnufélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skrái evrópsk samvinnufélög hér á landi. Fjármálaráðherra er heimilað að setja, með reglugerð, ákvæði um skráningu evrópskra samvinnufélaga. Loks er í kaflanum fjallað um birtingu tillagna að ýmsum ákvörðunum, svo sem varðandi flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags, breytingu starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag og breytingu evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag í því ríki þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu.

Í IV. kafla er fjallað um flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags. Fjallað er um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi, umsókn um flutningsleyfi til samvinnufélagaskrár, meðferð flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá og fyrir héraðsdómi, upplýsingar til kröfuhafa um flutning og loks útgáfu vottorðs vegna flutnings evrópsks samvinnufélags. Flutningsákvæðin auðvelda evrópskum samvinnufélögum að flytja sig milli EES-ríkja, aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja án þess að slíta þurfi þeim í einu ríki og stofna þau síðan í öðru ríki.

Í V. kafla er fjallað um skipulag evrópskra samvinnufélaga, annars vegar félög með einþættu stjórnkerfi og hins vegar tvíþættu stjórnkerfi, og eftirlit með hvorri tegund félaganna um sig. Þá er einnig fjallað um fjölda stjórnarmanna í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga. Þá eru einnig ákvæði í kaflanum um skyldu evrópsks samvinnufélags til að hafa framkvæmdastjóra.

Í VI. kafla eru ýmis ákvæði. Kveðið er á um rétt félagsmanna til að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundi, boðun stjórnvalds til félagsfunda i undantekningartilvikum, ráðstafanir stjórnvalda ef evrópskt samvinnufélag virðir ekki skyldur sínar skv. 6. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög um að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa séu í sama ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum. Þá eru ákvæði um málskot til héraðsdóms í ákveðnum tilvikum, viðurlagaákvæði og gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Skv. 1. mgr. skulu ákvæði reglugerðar ráðs Evrópubandalagsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög, sem tekin hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hafa lagagildi hér á landi. Af bókun I með þeim samningi, um altæka aðlögun, leiðir að ákvæði reglugerðar um evrópsk samvinnufélög er ekki unnt að skilja bókstafsskilningi. Þannig væri unnt að stofna evrópskt samvinnufélag hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu þótt í reglugerðinni sé kveðið á um stofnun þessara félaga í aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Í 2. mgr. segir að í lögunum séu sett nánari ákvæði um evrópsk samvinnufélög í samræmi við reglugerðina. Jafnframt er tekið fram að þau ákvæði taki einungis til evrópskra samvinnufélaga sem skráð eru hér á landi nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um ákvæði laga um bókhald og ársreikninga sem fara skal eftir sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög. Ákvæðum 1. og 5. mgr. svipar til ákvæða 2. gr. laga nr. 26/2004, um Evrópufélög. Ákvæði sambærileg 2.–4. mgr. eru þó ekki í þeim lögum. Fjallað er í 2. mgr. um gerð sérstaks rekstrarreiknings ef evrópskt samvinnufélag flytur skráða skrifstofu sína til annars ríkis. Verður hann hluti ársreiknings fyrir allt reikningsárið þar sem litið er svo á að um samfelldan rekstur sé að ræða. Í 3. mgr. er kveðið á um gerð sérstaks ársreiknings við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna og í 4. mgr. um afhendingu þess reiknings til samvinnufélagaskrár.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heiti evrópskra samvinnufélaga. Þeim er skylt að hafa skammstöfunina SCE í heiti sínu og er það í samræmi við 4. mgr. 5. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Í EES-ríkjum verða evrópsk samvinnufélög aðgreind frá öðrum félögum með þessum hætti. Auk þessa er evrópskum samvinnufélögum heimilt að hafa orðin „evrópskt samvinnufélag“ í heiti sínu. Þá er þeim frjálst að nota sambland af erlendri og innlendri skammstöfun, þ.e. skammstöfunina SCE/esvf. en esvf. er skammstöfun fyrir evrópskt samvinnufélag. Loks er mælt fyrir um það í greininni að heiti evrópsks samvinnufélags skuli greina glögglega frá heiti annarrra samvinnufélaga sem skráð hafa verið í samvinnufélagaskrá. Nánari ákvæði hér að lútandi er að finna í firmalöggjöf.

Um 4. gr

Í þessari grein er kveðið á um að sérstök lög gildi um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi. Frumvarp til þeirra laga leggur félagsmálaráðherra fram og er byggt á tilskipun ráðs Evrópubandalagsins 2003/72/EB, um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um þátttöku í stofnun evrópsks samvinnufélags.

Í 1. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem samvinnufélag eða félag í samsvarandi lagalegu formi, sem hefur aðalskrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, þarf að fullnægja ef það vill taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags. Þarf félagið að vera stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja og hafa skráða skrifstofu þar. Einnig er sett það skilyrði að félagið hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þá ekki einungis átt við það ríki þar sem skráð skrifstofa félagsins er.

Í 2. mgr. segir að sé um að ræða stofnun evrópsks samvinnufélags með öðrum hætti en samruna eða breytingu skuli ákvæði 1. mgr. um samvinnufélag eða félag í samsvarandi formi gilda um þá lögaðila sem kveðið er á um í 34. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt því ákvæði samningsins skal farið með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis Evrópusambandsins eða EFTA-ríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði samningsaðila, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum. Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þ.m.t. samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarrétti, að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Í 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu veitt vald til að leggjast gegn samruna að athuguðu máli, sé talin hætta á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfinu eða starfsemi á fjármálamarkaði eða með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti. Heimild Fjármálaeftirlitsins er bundin við að um sé að ræða fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með Ákvæðið er í samræmi við 21. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög sem veitir aðildarríki heimild til að kveða svo á að félagi, sem lýtur lögum þess, sé ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna ef því er mótmælt af þar til bæru yfirvaldi innan tiltekins tíma.

Samkvæmt 2. mgr. skal fyrirtæki leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal liggja fyrir innan mánaðar frá móttöku umsóknar eða lokum frests sem kann að hafa verið veittur samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um útgáfu vottorðs af hálfu samvinnufélagaskrár um stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna, sbr. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna þegar nánar tilteknum skilyrðum er fullnægt. Samrunaákvæði X. kafla laga um samvinnufélög eða XIV. kafla laga um hlutafélög gilda eftir því sem við á. Þá kann að þurfa að líta til samrunaákvæða laga á sviði fjármagnsmarkaðar ef fjármálafyrirtæki tekur þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna. Reglugerð um evrópsk samvinnufélög mælir ekki fyrir um á hvaða tungumáli vottorðið skuli vera. Er því ekki skylt að gefa það út á öðru máli en íslensku.

Um 8. gr.

Greinin kveður á um rétt til úrsagnar úr yfirtökufélagi við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna. Hafi félagsmaður í yfirtökufélagi lagst gegn samruna og leiði samruninn til þess að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði utan Íslands verður réttur félagsmannsins til úrsagnar virkur. Úrsögn skal fara fram innan tímamarka og á þeim kjörum sem getið er í 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Samkvæmt því ákvæði skal leggja fram úrsögn innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun um samruna er tekin á félagsfundi og lýkur félagsaðild viðkomandi við lok fjárhagsársins þegar úrsögn er lögð fram. Kveðið er á um endurgreiðslu hluta í 4. mgr. 4. gr. og í 16. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Um 9. gr.

Greinin kveður á um skráningaryfirvald.

Samkvæmt 1. mgr. er samvinnufélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, falið að skrá evrópsk samvinnufélög. Um skráningu félaganna hjá samvinnufélagaskrá gilda ákvæði laga um samvinnufélög, svo og eftir atvikum önnur lagaákvæði, t.d. í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Um evrópsk samvinnufélög, sem stunda starfsemi á sviði fjármagnsmarkaðar, geta gilt ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, vátryggingafyrirtæki og eftir atvikum annarra laga, allt eftir því sem við á. Taka verður tillit til sérreglna reglugerðar um evrópsk samvinnufélög sem er lögfest skv. 1. gr. Hér má nefna ákvæði 3. gr. og 1. mgr. 77. gr. reglugerðarinnar um heimild til að gefa stofnfé upp í evrum auk innlends gjaldmiðils.

Í 2. mgr. segir að um gjöld fyrir skráningu evrópskra samvinnufélaga fari eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þá er í málsgreininni heimild til handa fjármálaráðherra til að setja reglugerð um skráningu evrópskra samvinnufélaga. Má gera ráð fyrir að setja þurfi einhverjar sérreglur um evrópsk samvinnufélög, t.d. um gjöld vegna skráningar og afskráningar félaganna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Gert er ráð fyrir að samvinnufélagaskrá skrái svipaðar upplýsingar um evrópsk samvinnufélög og samvinnufélög almennt, t.d. um stofnfé, hverjir stjórni félaginu og geti ritað firma þess.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um skyldu samvinnufélagaskrár til að birta tillögur um ýmsar ákvarðanir varðandi evrópsk samvinnufélög í Lögbirtingablaði.

Um er að ræða tillögur um flutning skráðrar skrifstofu, breytingu starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag og breytingu evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag í því ríki þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

Upplýsingar skal láta birta á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði án dráttar. Eigi þarf að birta tillögu í heild en sé hún stytt skal greina frá því í Lögbirtingablaði hvar hana megi nálgast. Yrði það væntanlega hjá samvinnufélagaskrá eins og í svipuðum tilvikum um samvinnufélög almennt.

Af reglugerð um evrópsk samvinnufélög leiðir að birting tillögu skal fara fram í síðasta lagi ákveðnum tíma fyrir félagsfund sem tekur ákvörðunina.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags frá Íslandi til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

Samkvæmt 1. mgr. er heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi bundin við fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með. Hér getur t.d. verið um að ræða samvinnufélög sem stunda bankastarfsemi, verðbréfaviðskipti eða vátryggingastarfsemi. Þarf Fjármálaeftirlitið að leggjast gegn flutningi innan tveggja mánaða frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, sbr. 6. mgr. sömu greinar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að viðkomandi evrópskt samvinnufélag skuli leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins á fyrirhuguðum flutningi í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu. Berist umsókn ekki innan þessa frests skal henni vísað frá. Getur Fjármálaeftirlitið einungis lagst gegn flutningnum sé hætta á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfinu eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti.

Samkvæmt 3. mgr. skal Fjármálaeftirlitið gefa viðkomandi félagi tiltekinn frest til að tjá sig eða bæta úr annmörkum mæli eitthvað gegn því að athugun á fyrirhuguðum flutningi fari fram. Geri félagið það ekki skal umsókn þess vísað frá.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um upplýsingar til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags um flutning skráðrar skrifstofu félagsins til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

Samkvæmt 1. mgr. skal tilkynna þekktum kröfuhöfum félagsins ákvörðun um flutning skriflega, þ.m.t. þeim kröfuhöfum sem eiga launa- eða eftirlaunakröfur á viðkomandi félag. Þá kunna að vera sérákvæði í löggjöf á sviði fjármagnsmarkaðar um upplýsingar til kröfuhafa.

Samkvæmt 2. mgr. skulu í tilkynningu evrópsks samvinnufélags vera upplýsingar um rétt kröfuhafa félagsins til að skoða flutningstillögu og skýrslu, sbr. 3. og 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Þá skulu enn fremur vera í tilkynningu félagsins upplýsingar um rétt kröfuhafa þess til að leggjast gegn flutningnum skv. 14. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um umsókn evrópsks samvinnufélags um flutningsleyfi.

Samkvæmt 1. mgr. skal evrópskt samvinnufélag sækja um leyfi hjá samvinnufélagaskrá til flutnings skráðrar skrifstofu til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Leggja skal inn umsókn innan eins mánaðar frá ákvörðun félagsfundar um flutninginn.

Í 2. mgr. er tilgreint hvaða skjöl skuli fylgja umsókn um flutningsleyfi. Athygli skal vakin á að 5. tölul. á aðeins við um félög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Þá þarf að gæta sérákvæða í lögum um fyrirtæki á sviði fjármagnsmarkaðar.

Í 3. mgr. kemur fram að leggi evrópskt samvinnufélag ekki fram tilskilin skjöl skv. 2. mgr. eða annað tálmar athugun á umsókn skuli samvinnufélagaskrá veita félaginu tiltekinn frest til að tjá sig eða bæta úr annmörkum. Geri félagið það ekki innan frestsins skal vísa umsókn þess frá.

Í 4. mgr. segir að hafi dómstóll staðfest ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 11. gr. frumvarpsins um að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 28. gr., skuli samvinnufélagaskrá vísa umsókn félagsins frá.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um meðferð flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá.

Samkvæmt 1. mgr. skal samvinnufélagaskrá gefa út áskorun til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags þegar hún hefur tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 13. gr. til athugunar. Áskorunin skal birt í Lögbirtingablaði.

Samkvæmt 2. mgr. er kröfuhöfum, sem leggjast gegn flutningi, veittur tveggja vikna frestur frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði til að tilkynna það skriflega til samvinnufélagaskrár.

Samkvæmt 3. mgr. skal samvinnufélagaskrá senda sérstaka tilkynnningu um áskorun skv. 1. mgr. til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um andmæli kröfuhafa gegn flutningi skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags. Berist slík andmæli innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. frumvarpsins, skal samvinnufélagaskrá senda erindi til héraðsdóms í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Tekur dómurinn þá málið til meðferðar skv. 16. gr. frumvarpsins. Hafi enginn kröfuhafi lagst gegn flutningnum skal samvinnufélagaskrá veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi þegar erindi um flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja hefur verið sent dóminum. Hlutverk dómsins er að tryggja hagsmuni kröfuhafa sem lagst hafa gegn flutningi evrópska samvinnufélagsins. Kröfuhafi þarf fyrst að sanna að hann eigi fullgilda kröfu. Koma þá ekki til greina kröfur sem komið hafa fram eftir þann frest sem tilgreindur var í áskorun til kröfuhafa skv. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Evrópskt samvinnufélag skal sýna fram á að kröfuhafar, sem lagst hafa gegn flutningi félagsins, hafi fengið fulla greiðslu á kröfum eða fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra. Dómsins er að meta hvort greiðsla hafi verið innt af hendi eða fullnægjandi trygging verið sett. Þeir sem eiga launakröfu á hendur evrópska samvinnufélaginu falla hér undir hugtakið kröfuhafar.

Í 2. mgr. segir að héraðsdómur skuli að eigin frumkvæði upplýsa samvinnufélagaskrá um niðurstöðu flutningsmáls fyrir dóminum. Ákvæðið er nauðsynlegt í tengslum við ákvæði 17. gr. frumvarpsins um útgáfu samvinnufélagaskrár á vottorði vegna flutnings, sbr. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um útgáfu sérstaks vottorðs vegna flutnings evrópsks samvinnufélags.

Í 1. mgr. segir að samvinnufélagaskrá skuli gefa út vottorð skv. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög varðandi lok gerninga og formsatriða fyrir flutningi skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags. Samvinnufélagaskrá gefur vottorðið út hvort sem hún hefur sjálf veitt flutningsleyfi skv. 15. gr. frumvarpsins eða héraðsdómur skv. 16. gr. Evrópskt samvinnufélag er ekki unnt að skrá í nýju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum nema slíkt vottorð hafi verið gefið út.

Samkvæmt 2. mgr. skal samvinnufélagaskrá ekki gefa út vottorð skv. 1. mgr. í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 15. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Samkvæmt þessu ákvæði reglugerðarinnar er evrópsku samvinnufélagi óheimilt að flytja skráða skrifstofu sína hafi mál verið höfðað á hendur því til félagsslita, þ.m.t. slit að eigin frumkvæði, skiptameðferð, gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun eða önnur ámóta meðferð.

Um 18. gr.

Í þessari grein, og þeirri næstu, er sérstaklega fjallað um evrópsk samvinnufélög með tvíþættu stjórnkerfi. Er hér um að ræða nýjan valkost í íslenskum félagarétti þar eð talið er að íslensk samvinnufélög séu með einþættu stjórnkerfi þrátt fyrir möguleika á fulltrúanefnd. Þessi ákvæði koma til viðbótar ákvæðum reglugerðar um evrópsk samvinnufélög þar um, sbr. 37.–41. gr. reglugerðarinnar.

Sé eigi kveðið á um annað í reglugerðinni skulu ákvæði laga um samvinnufélög, og eftir atvikum annarra laga, um stjórn eða stjórnarmenn einnig gilda um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnarmenn evrópskra samvinnufélaga, svo og eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn, eftir því sem við á. Í greininni eru ákvæði um sérstök verkefni eftirlitsstjórnar en nánari ákvæði um störf hennar eru í 23. gr.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um tímabundið val eftirlitsstjórnarmanns í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi til setu í framkvæmdastjórn þess. Meginreglan er að sami aðili má ekki samtímis eiga sæti í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn evrópsks samvinnufélags, sbr. 3. mgr. 37. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Hins vegar er í reglugerðarákvæðinu heimild fyrir eftirlitsstjórn að tilnefna einn úr sínum röðum til að taka tímabundið sæti í framkvæmdastjórn komi til forfalla. Víkur sá aðili þá úr eftirlitsstjórn meðan á hinni tímabundnu ráðstöfun stendur. Aðildarríkjum er samkvæmt ákvæðinu heimilt að takmarka gildistíma ráðstöfunarinnar. Slík takmörkun felst í þessari grein frumvarpsins sem mælir fyrir um að gildistími ráðstöfunarinnar skuli ekki vera til lengri tíma en þriggja mánaða. Er það talinn nægilega langur tími til að unnt sé að velja nýjan framkvæmdastjórnarmann.

Um 20. gr.

Í greininni eru reglur sem evrópsk samvinnufélög með einþættu stjórnkerfi skulu starfa eftir. Vísað er til 42.–44. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög sem geyma ýmis ákvæði um einþætta stjórnkerfið. Um störf stjórnar og tilnefningu stjórnarmanna er fjallað í 42. gr., tíðni funda og rétt til upplýsinga í 43. gr. og formennsku og fundarboðun stjórnar í 44. gr.

Sé eigi kveðið á um annað í reglugerðinni skulu ákvæði um stjórn og stjórnarmenn í lögum um samvinnufélög, og eftir atvikum öðrum lögum, einnig gilda um stjórn eða stjórnarmenn þessara evrópsku samvinnufélaga.

Um 21. gr.

Í greininni er mælt fyrir um fjölda manna í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga.

Í 1. mgr. segir að í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi skuli minnst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn og minnst þrír menn í eftirlitsstjórn.

Í 2. mgr. segir að sé evrópskt samvinnufélag með einþættu stjórnkerfi skuli minnst þrír menn sitja í stjórn félagsins.

Með því að mæla fyrir um fjölda manna í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga nýtir löggjafinn sér heimild 4. mgr. 37. gr., 4. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 42. gr. reglugerðar um

evrópsk samvinnufélög. Lágmarksfjöldi er ákveðinn en ekki er talin þörf á að ákveða hámarksfjölda í lögum. Hámarksfjöldinn yrði þá ákveðinn í samþykktum viðkomandi félags.

Ekki er kveðið á um fjölda varamanna í reglugerðinni. Mætti ákveða fjölda þeirra í samþykktum viðkomandi félags.

Vakin skal athygli á því að skv. 1. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar er unnt að velja stjórnarmenn til sex ára lengst. Hins vegar eru engin slík tímamörk í lögum um samvinnufélög.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um framkvæmdastjóra evrópsks samvinnufélags. Í 1. mgr. er. kveðið á um skyldu evrópsks samvinnufélags til að hafa framkvæmdastjóra. Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 42. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög þar sem aðildarríkjum er veitt heimild til að kveða á um að framkvæmdastjóri skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félaganna á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði viðkomandi ríkja.

Í 2. mgr. kemur fram að framkvæmdastjórn evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi skuli ráða framkvæmdastjóra. Í því tilviki getur framkvæmdastjóri ekki átt sæti í eftirlitsstjórn þar sem eftirlitsstjórnin á að hafa eftirlit með störfum hans. Sé evrópskt samvinnufélag með einþættu stjórnkerfi ræður stjórn félagsins framkvæmdastjóra.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með tvíþættu stjórnkerfi.

Í 1. mgr. er fjallað um eftirlit með störfum framkvæmdastjóra sem er í höndum framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar félagsins. Þá er tekið fram að ákvæði 39. og 40. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, sem mæla fyrir um eftirlit eftirlitsstjórnar með störfum framkvæmdastjórnar og rétt eftirlitsstjórnar til upplýsinga frá framkvæmdastjórn, gildi einnig um eftirlit eftirlitsstjórnar og framkvæmdastjórnar með störfum framkvæmdastjórans.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. hefur sérhver eftirlitsstjórnarmaður rétt til að fá frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Í málsgreininni er nýtt heimild 3. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar til að gefa sérhverjum eftirlitsstjórnarmanni heimild til að krefjast upplýsinga. Þá er aðeins átt við upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmaður kveður upp úr um það hvort upplýsingar séu þess eðlis að skylt sé að veita þær.

Um 24. gr.

Greinin er um eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með einþættu stjórnkerfi.

Í greininni segir að ákvæði 23. gr., um eftirlit framkvæmdastjórnar í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi með störfum framkvæmdastjóra og rétt hennar til að fá upplýsingar frá honum, gildi um eftirlit stjórnar með framkvæmdastjóra í evrópsku samvinnufélagi með einþættu stjórnkerfi.

Um 25. gr.

Kveðið er á um tillögurétt félagsmanna á félagsfundi í greininni.

Samkvæmt 1. mgr. getur hver félagsmaður krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundi. Skiptir stofnfjáreign hans ekki máli fremur en samkvæmt lögum um samvinnufélög. Með þessu ákvæði er nýtt heimild til að víkja frá ákvæði 55. gr. reglugerðar um evr-

ópsk samvinnufélög þess efnis að þeir sem óska eftir að fá mál tekið fyrir á félagsfundi skuli vera minnst 5.000 eða ráða yfir a.m.k. 10% af heildarfjölda atkvæða. Heimilt er að lækka framangreinda hlutfallstölu í samþykktum evrópsks samvinnufélags skv. 55. gr. reglugerðarinnar. Gera skal skriflega kröfu um að mál verði tekið fyrir á félagsfundi og skal það gert með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka mál á dagskrá fundarins.

Samkvæmt 2. mgr. skal krafa skv. 1. mgr. send til framkvæmdastjórnar evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi eða stjórnar evrópsks samvinnufélags með einþættu stjórnkerfi.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um boðun af hálfu stjórnvalds til félagsfundar í evrópsku samvinnufélagi.

Í samræmi við 2. mgr. 54. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög getur stjórnvald skv. 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1991, um samvinnufélög, boðað til félagsfundar hafi ekki verið boðað til hans samkvæmt reglugerðinni, félagssamþykktum eða ákvörðun félagsfundar. Tilgreindir eru þeir aðilar sem geta borið kröfu um fundarboðun samkvæmt lögum um samvinnufélög undir viðskiptaráðherra.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um ráðstafanir gagnvart evrópsku samvinnufélagi sem fullnægir ekki skyldum sínum skv. 6. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög um að hafa skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í sama ríki innan Evrópubandalagsins. Í þessari grein frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa evrópsks samvinnufélags séu í sama ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Í 1. mgr. kemur fram að evrópskt samvinnufélag fullnægir ekki skyldum sínum skv. 6. gr. reglugerðarinnar ef skráð skrifstofa og aðalskrifstofa þess eru í mismunandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, mismunandi aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum. Skal þá samvinnufélagaskrá staðfesta með sérstakri ákvörðun að ákvæði reglugerðarinnar hafi verið brotin og jafnframt gefa félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests. Skal jafnframt felast í fyrirmælunum viðvörun um að krafist verði skipta á félaginu bæti það ekki úr annmarkanum.

Í 2. mgr. segir að fari evrópskt samvinnufélag ekki að fyrirmælum skv. 1. mgr. skuli ráðherra gera kröfu um að félagið verði tekið til skipta skv. 62. gr. a í lögum nr. 21/1991, um samvinnufélög. Væri það viðskiptaráðherra sem gerði slíka kröfu, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Um 28. gr.

Í greininni eru ákvæði um málskot til héraðsdóms á nánar tilteknum ákvörðunum sem teknar hafa verið um málefni evrópskra samvinnufélaga. Þær ákvarðanir sem hér um ræðir eru:

a. ákvarðanir samvinnufélagaskrár varðandi skráningu evrópsks samvinnufélags, frávísun umsóknar evrópsks samvinnufélags um flutningsleyfi og staðsetningu skrifstofa,
b. ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um töku evrópsks samvinnufélags til skipta vegna brota á ákvæðum um staðsetningu skrifstofa, og loks
c. ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins, annars vegar varðandi samruna og hins vegar varðandi flutning evrópsks samvinnufélags.

Um 29. gr.

Hér eru ákvæði um viðurlög með hliðsjón af 1. mgr. 78. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög sem segir að aðildarríki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirka beitingu reglugerðarinnar.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að lög um evrópsk samvinnufélög öðlist gildi 18. ágúst 2006, sama dag og samnefnd reglugerð. Ekki verður unnt að stofna evrópsk samvinnufélög hér á landi fyrr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um evrópsk samvinnufélög.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt reglugerð EB nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að gefa samvinnufélögum, sem vilja starfa í fleiri en einu ríki Evrópska efnahagssvæðisins, kost á að stofna evrópskt samvinnufélag sem starfar þá á grundvelli reglugerðarinnar, nokkurra viðbótarákvæða í landslögum skráningarríkis og félagssamþykktum sínum, í stað þess að félögin stofni útibú í viðkomandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu sem þurfa þá að starfa á grundvelli mismunandi landslaga. Þessi kostur er talinn leiða til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og meiri samkeppnishæfni samvinnufélaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

879. Frumvarp til laga [595. mál]

um eldi vatnafiska.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til eldis vatnafisks á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um varnir gegn fisksjúkdómum og laga um eldi nytjastofna sjávar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Heilsárseldi:* Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.
12. *Kvíaeldi:* Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.
13. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
14. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
15. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
16. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
17. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
18. *Skiptieldi:* Eldi á fiski í strandeldi upp í 250–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.
19. *Strandeldi:* Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.
20. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
21. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
22. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
23. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

24. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss))*, áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
25. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
26. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
27. *Villtur fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og sama tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.
28. *Örmerkingar:* Merkingar á fiski með málmflísum í trjónuna.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Starfa skal sérstök nefnd sem nefnist fiskeldisnefnd. Hún skal vera stjórnvöldum og hagsmunaaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Í nefndinni eiga sæti fimm menn sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar og Veiðimálastofnunar.

Fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.
Svæðaskipting fiskeldis.

Landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga og Veiðimálastofnunar.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi.

Landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta laxfiskastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjar-

lægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 19. gr.

III. KAFLI
Rekstrarleyfi til fiskeldis.

7. gr.
Rekstrarleyfi.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Landbúnaðarstofnun veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Landbúnaðarstofnun afla umsagnar fisksjúkdómanefndar og Fiskistofu. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

8. gr.
Umsókn um rekstrarleyfi.

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skulu einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Landbúnaðarstofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

9. gr.
Málsmeðferð umsóknar.

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Landbúnaðarstofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Landbúnaðarstofnun lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt. Í því skyni getur stofnunin lagt fyrir hann að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

10. gr.

Efni og útgáfa rekstrarleyfis.

Telji Landbúnaðarstofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér skyldu leyfishafa til að standa að rannsóknum sambærilegum þeim sem greinir í 2. og 3. mgr. 9. gr. og skyldu til vöktunar á nærliggjandi veiðivötnum, vöktunar á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi o.fl.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI

Starfræksla fiskeldisstöðva.

11. gr.

Upphaf starfsemi.

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar Landbúnaðarstofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

12. gr.

Friðunarsvæði í sjó.

Til að tryggja eftir föngum að sem minnst röskun verði á starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum er Landbúnaðarstofnun heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Veiðar fisks sem sleppur.

Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir vatnafisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Landbúnaðarstofnunar.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til

að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Landbúnaðarstofnunar. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Landbúnaðarstofnunar.

Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Landbúnaðarstofnun, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

Allan kostnað Landbúnaðarstofnunar og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

14. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf.

Landbúnaðarstofnun skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.

Í því skyni skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Landbúnaðarstofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Eftirlitsaðilum skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Landbúnaðarstofnunar.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um vog, mál og faggildingu að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrir eftirlit Landbúnaðarstofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Landbúnaðarstofnun skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

V. KAFLI

Niðurfelling rekstrarleyfis.

15. gr.

Forsendubrestur.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, sem umsókn fylgdi í samræmi við ákvæði 8. gr., er Landbúnaðarstofnun heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi.

Áður en gripið er til niðurfellingar leyfis skv. 1. mgr. skal Landbúnaðarstofnun ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Niðurfelling rekstrarleyfis.

Landbúnaðarstofnun getur fellt niður rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að fella leyfi niður ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að fella rekstrarleyfi niður ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

Áður en gripið er til niðurfellingar leyfis skv. 1. mgr. skal Landbúnaðarstofnun ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Landbúnaðarstofnunar er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

18. gr.

Eldi annarra lagardýra en ferskvatnsfiska.

Eldi annarra lagardýra en þeirra sem falla undir ákvæði laga þessara eða annarra laga, í kvía- og strandeldi, skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Skaðabætur.

Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

20. gr.

Tilflutningur eldisfisks.

Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Landbúnaðarstofnun veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila, sé Veiðimálastofnun umsækjandi.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða er óheimill.

Að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar getur Landbúnaðarstofnun veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Landbúnaðarstofnun skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

21. gr.

Eldisbúnaður.

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill, hvort heldur er til notkunar í starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum eða með öðrum hætti. Þó getur Landbúnaðarstofnun heimilað slíkan innflutning ef fyrir liggja fullnægjandi vottorð um sótthreinsun og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir. Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, refsiákvæði o.fl.

22. gr.

Reglugerðarheimild o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

Landbúnaðarstofnun er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

23. gr.

Um refsingar.

Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að 2 árum, ef sakir eru miklar, ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi.

Sömu refsingu varðar það stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

24. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Um leið falla úr gildi 62.–77. gr., 93. gr. og 97. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal

skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja tíu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 2001 ákvað landbúnaðarráðherra að endurskoða skyldi ákvæði gildandi lax- og silungsveiðilaga í því skyni að færa ákvæði þeirra til nútímahorfs að efni og formi. Unnið hefur verið jafnt og þétt að verkinu frá áramótum 2004/05 með það að markmiði að unnt yrði að leggja fram frumvarp til nýrra lax- og silungsveiðilaga og annarra tengdra laga við upphaf haustþings 2005. Nefnd sú sem vann að endurskoðun löggjafarinnar var skipuð þeim Þorgeiri Örlygssyni, dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og dr. Páli Hreinssyni, prófessor við sömu deild. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þá hefur dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, verið ráðgjafi við samningu frumvarpsins. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndarinnar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er afar umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Stofn gildandi löggjafar er að hluta til frá árinu 1932, þótt ný lög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Við þá lagaendurskoðun sem nú hefur farið fram hefur sú leið verið farin að einfalda löggjöfina og gera framsetninguna markvissari. Er að því stefnt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi hafa verið samin frumvörp um fjóra þætti eða málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði og þannig gert ráð fyrir að sérlög gildi á þeim sviðum. Þetta eru ákvæði um Veiðimálastofnun, ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum, ákvæði um fiskrækt og síðast en ekki síst ákvæði um fiskeldi sem frumvarp þetta hefur að geyma. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. Í þriðja lagi hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra, sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt efni sínu séu sjálfstæð. Er því ástæða til þess að vísa til fyllingar athugasemdum þessum til ítarlegra almennra athugasemda með nýju frumvarpi til lax- og silungsveiðilaga sem að breyttu breytanda þykja jafnframt taka til þess sviðs sem þetta frumvarp fjallar um.

Ákvæði um fiskeldi, og að sínu leyti hafbeit, hafa verið í lögum um langa hríð. Ákvæði IX. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði eru að hluta grundvölluð á endurskoðun sem fram fór á árinu 1994, sbr. lög nr. 63/1994, en í meginatriðum er þó um endurskoðun að ræða sem fram fór á árinu 2001, sbr. lög nr. 83/2001. Með tilliti til þess hve skammur tími er liðinn frá þeirri endurskoðun þykja ekki efni til neinnar umbyltingar reglna IX. kafla gildandi laga. Að ósk stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva voru ákvæði um hafbeit tekin út úr frumvarpi þessu og er hafbeit nú skipað í frumvarp til laga um fiskrækt. Þess skal getið að nánast engar hafbeitarstöðvar eru nú starfandi og ekki fyrirsjáanlegt að til starfrækslu fleiri stöðva verði stofnað á komandi árum. Allt að einu verða í lögum að vera ákvæði um slíka starfsemi og þykir best fara á því að þeim sé skipað í lögum um fiskrækt.

Auk nokkurra efnisbreytinga á ákvæðum um fiskeldi, sem flestar eru óverulegar, er hér fyrst og fremst um breytingar að ræða sem leiðir af breyttu formi og tilhögun löggjafar á þessu sviði og fyrr er um fjallað, sem og breyttu fyrirkomulagi á skipan stjórnsýslu landbúnaðarmála.

Við gerð frumvarps þessa var haft samráð við stjórn Landssambands fiskeldisstöðva og tillit tekið til fjölmargra ábendinga sem frá þeim komu.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins. Er hér um hefðbundna efnisskipan að ræða. Svo sem fyrr segir er ekki um að ræða verulegar efnisbreytingar frá reglum IX. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði en einstakar athugasemdir eru nokkuð ítarlegar enda óhjákvæmilegt að rekja þar uppruna einstakra greina og samsvörun þeirra í gildandi lögum.

Þá er vakin á því athygli að eftirtaldar greinar IX. kafla gildandi lax- og silungsveiðilaga eru felldar á brott í heild sinni af þeim ástæðum sem nánar eru nú tilgreindar:

Lokamálsliður 9. mgr. 62 gr. gildandi laga er felldur brott en þar er kveðið á um það að brjóti rekstrarleyfishafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn lögunum eða skilyrðum rekstrarleyfis sé veiðimálastjóra heimilt að afturkalla rekstrarleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta. Ákvæði þessa efnis eru nú í 16. gr. frumvarpsins. Þykir hvorki heppilegt né eðlilegt að stjórnsýslustofnun sem Landbúnaðarstofnun sé falið að meta sakarstig með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir í 9. mgr. 62. gr. gildandi laga i.f. Er þannig gert ráð fyrir að aðili rekstrarleyfis fái í öllum tilvikum viðvörun og frest til úrbóta.

Ekki er tekið upp í frumvarpið efni sem svarar til reglna 63., 64. og 65. gr. gildandi laga. Ekki þykja efni til þess að taka upp í ný lög sérstaka eignarnámsheimild til handa veiðifélögum til þess að afla lands og vatns til byggingar og starfsemi klak- og eldisstöðva, en slík heimild er nú í 63. gr. gildandi laga. Þykir slík heimild til handa veiðifélögum sérstaklega hvorki nauðsynleg né aðkallandi. Er eðlilegt að til slíkra framkvæmda sé stofnað með samningum. Reglur 64. og 65. gr. gildandi laga þykja eiga sér næga stoð í V. kafla frumvarps til laga um lax- og silungsveiði og eftir atvikum í reglum vatnalaga. Þykir ekki vera þörf á því að taka upp sérstök fyrirmæli í þá veru í þessi lög.

Þá leiðir það af eðli máls að ákvæði 66. og 67. gr. gildandi laga eiga ekki erindi í sérlög um eldi vatnafiska.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna hefðbundin ákvæði um markmið og gildissvið laganna, sbr. 1. og 2. gr. Þá eru í 3. gr. ítarlegar skilgreiningar hugtaka.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu sérstakra laga um eldi vatnafiska er, svo sem nánar kemur fram í 1. gr., að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Svo sem kunnugt er hefur fiskeldi sem atvinnugrein átt misjöfnu gengi að fagna á umliðnum árum og áratugum. Þá hafa orðið deilur milli þeirra sem veiðirétt eiga að villtum ferskvatnsfiskstofnum og þeirra sem fiskeldi vilja stunda. Eigi að síður eru bundnar við það vonir að atvinnugrein þessi geti eflt atvinnulíf og byggð í landinu og þannig skilað þjóðarbúinu umtalsverðum tekjum, svo sem raun hefur á orðið með öðrum þjóðum. Með gildistöku laga þessara er ætlunin því sú að stuðla eftir föngum að möguleikum manna til fiskeldis og setja þeirri atvinnugrein jafnframt skýrar reglur og umgjörð.

Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og fleiri greinum þess að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu víkja hinir síðarnefndu. Sér þessa m.a. stað í 6. og 13. gr. frumvarpsins og í bótareglum 2. og 3. mgr. 19. gr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um það að lögin taki til eldis vatnafisks á íslensku forráðasvæði. Þarfnast sú útlistun á gildissviði þeirra ekki sérstakra skýringa. Þá er jafnframt kveðið á um það í 2. gr. að við framkvæmd laga um eldi vatnafiska skuli gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Er með þessu lögð áhersla á það sérstaka samhengi og samræmi sem vera þarf við beitingu þeirrar löggjafar sem ætlað er að leysa gildandi lög um lax- og silungsveiði af hólmi. Sambærileg ákvæði eiga að vera í þeim lögum sem tilgreind eru í frumvarpsgreininni. Í þessu felst áréttíng þess að þrátt fyrir þá uppskiptingu núgildandi lax- og silungsveiðilöggjafar í fleiri lagabálka, sem birtist í frumvarpi þessu og fylgifrumvörpum þess, er þeim öllum saman ætlað að mynda heildarumgjörð um málaflokkinn svo sem gildandi lög hafa gert.

Vakin er athygli á því að um eldi þorsks og annarra sjávarstofna gilda ákvæði laga um eldi nytjastofna sjávar en sú löggjöf heyrir undir starfssvið sjávarútvegsráðherra. Á vettvangi samráðsnefndar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er stefnt að því að samræma frekar löggjöf sem taka mun til fiskeldis í heild.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru skilgreind helstu hugtök sem fyrir koma í frumvarpinu, sem og hugtök sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við lagalega útfærslu heimilda til fiskeldis. Hefur sú leið verið valin að skýra fremur fleiri en færri hugtök og styðst sú aðferð við þau rök að þótt tiltekin hugtök komi ekki fyrir í lögunum sjálfum þá kunni þau að verða notuð í reglugerðum og reglum settum á grundvelli laganna. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um II. kafla.

Í II. kafla er gerð grein fyrir stjórnsýslu fiskeldismála, heimild ráðherra til skiptingar landsins í einstök fiskeldissvæði og heimild ráðherra til að mæla fyrir um bann við fiskeldi á tilteknum landsvæðum. Í 5. og 6. gr. er að finna frávik frá þeirri meginreglu að Landbúnaðarstofnun annist framkvæmd stjórnsýslu samkvæmt lögunum, enda er þar um að ræða

viðamikil inngrip í atvinnuréttindi þeirra sem í greininni kjósa að starfa. Þykir eðlilegt að ákvarðanir þar að lútandi séu teknar af æðsta handhafa stjórnsýslunnar, þ.e. ráðherra.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn fiskeldismála. Að öðru leyti er framkvæmd stjórnsýslunnar í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja á því athygli að með breyttri stjórnsýslu samkvæmt lögum um varnir gegn fisksjúkdómum er ekki í lögum gert ráð fyrir aðkomu sérstaks dýralæknis fisksjúkdóma að málaflokknum, en verkefni hans flytjast til Landbúnaðarstofnunar.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er tekið fram að stjórnvöldum og hagsmunaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar í fiskeldismálum skuli starfa sérstök nefnd, fiskeldisnefnd. Skipan hennar er nokkuð breytt frá því sem fram kemur í 1. mgr. 93. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga, en lagt er til að Landssamband fiskeldisstöðva tilnefni fulltrúa í hana. Þá er hlutverk hennar rýmkað nokkuð miðað við það sem fram kemur í IX. kafla tilvitnaðra laga, sbr. 2. mgr. 89. og 2. mgr. 93. gr. laganna.

Um reglugerðarheimild 3. mgr. er það að segja að eitt helsta markmiðið með heildarendurskoðun löggjafar um lax- og silungsveiði felst í því að einfalda lögin og gera þau aðgengilegri, svo sem nánar er um fjallað í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Liður í þeirri viðleitni er að flytja úr lögunum ýmsar reglur tæknilegs eðlis sem betur fer á að séu í reglugerð. Til þess að tryggja að við setningu reglugerða sé ætíð byggt á vísindalegum forsendum og gögnum er lögð til sú meginregla í 3. mgr. að ávallt skuli leita umsagnar Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar áður en slíkar reglugerðir eru settar. Í þessu felst ekki að ráðherra eða önnur stjórnvöld samkvæmt lögum þessum séu bundin af umsögn álitsgjafa nema það sé sérstaklega tekið fram.

Í 4. mgr. er loks að finna reglu sama efnis og nú er í 73. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar varðandi skyldu fiskeldisstöðva til að hafa með sér samtök sem gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra.

Um 5. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild landbúnaðarráðherra til að ákveða skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Sambærilega reglu er nú að finna í 6. mgr. 77. gr. gildandi laga, en hún var lögtekin með 5. gr. laga nr. 83/2001. Þó er ekki gert ráð fyrir ákvörðun ráðherra um heildarframleiðslu á hverju svæði enda tekið á slíku í rekstrarleyfum. Við það er nú miðað í frumvarpsgreininni að svæðaskipting af þessu tagi styðjist við vistfræðileg eða erfðafræðileg rök, og því er gert ráð fyrir að ævinlega skuli afla umsagnar fag- og hagsmunaaðila áður en slík ákvörðun er tekin.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um heimild landbúnaðarráðherra til að takmarka eða banna fiskeldi eða eldisaðferðir á ákveðnum svæðum þar sem sérstök hætta er talin stafa af slíkri starfsemi. Reglur sambærilegar 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru nú í 2.–5. málsl. 77. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Þau viðmið, sem leggja ber til grundvallar áður en slík ákvörðun er tekin sem um ræðir í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, eru tíunduð í 2. mgr. og skýra sig að mestu sjálf í ljósi þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. geta heimilað beitingu þessa úrræðis. Með neikvæðum vistfræðiáhrifum í skilningi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar og annars staðar þar sem hugtakið kemur fyrir í frumvarpi þessu er m.a. átt við erfðablöndun.

Í 3. mgr. er síðan gert ráð fyrir því nýmæli að til bótaréttar af hálfu handhafa rekstrarleyfis geti komið vegna beitingar heimildarinnar, en um bótaskilyrði og ákvörðun bótafjárhæðar er nánar fjallað í 19. gr.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ákvæði um rekstrarleyfi til fiskeldis. Skv. 7. gr. er starfsemi sem fellur undir ákvæði laganna leyfisskyld. Styðst það við þau rök að fiskeldi getur, eins og reynslan hefur sýnt, ógnað vistkerfi ferskvatnsfiska. Með því leyfisveitingarferli og eftirliti, sem frumvarpið byggist á, eru líkur til að draga megi úr slíkri hættu. Í 8. gr. eru fyrirmæli um þær kröfur sem umsókn um rekstrarleyfi skal fullnægja. Í 9. gr. eru ákvæði um málsmeðferð umsóknar og í 10. gr. eru ákvæði um efni og útgáfu rekstrarleyfis.

Um 7. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar svarar til 1. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga með breyttri framsetningu. Þá er gert ráð fyrir því að leita skuli umsagnar Fiskistofu þannig að gætt sé samræmis í útgáfu rekstrarleyfa til alls fiskeldis, jafnt vatna- sem sjávarfiska. Þarfnast greinin ekki skýringa að öðru leyti.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er mælt fyrir um hvaða skilyrðum umsókn um rekstrarleyfi skal fullnægja. Svarar efni frumvarpsgreinarinnar til 2. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga. Skylda til upplýsingagjafar þjónar þeim tilgangi að rekstrarleyfi verði einungis veitt þeim sem fyrir fram getur sýnt fram á að hann sé líklegur til að fullnægja skilyrðum laga og rekstrarleyfis, komi til útgáfu þess. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins, sem svarar til 3. mgr. 62. gr. gildandi laga, er mælt fyrir um þá málsmeðferð, sem umsókn um rekstrarleyfi sætir og hvaða sjónarmið Landbúnaðarstofnun skal leggja til grundvallar við meðferð umsóknar.

Vegna þeirrar hættu, sem fiskeldi getur haft í för með sér fyrir lífríki villtra ferskvatnsfiskstofna, þykir ekki ósanngjarnt að leyfisveitandi geti mælt fyrir um skyldu umsækjanda til að standa að þeim rannsóknum sem nánar er mælt fyrir um í 2. og 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar og kosta þær. Ákvæðið er byggt á því sjónarmiði að í lengstu lög skuli forðast að sömu þættir séu rannsakaðir af mismunandi stjórnvöldum og því beri að kappkosta að nýta fyrirliggjandi rannsóknir sem fram hafa farið eftir því sem unnt er og stofna ekki til nýrra nema breyttar aðstæður gefi tilefni til. Við það er miðað í 2. málsl. 3. mgr. að ráðherra geti sett nánari fyrirmæli um tæknilega framkvæmd slíkra rannsókna í reglugerð. Þykir fara betur á því að slíkum ákvæðum sé skipað í reglugerð en í lögum. Við setningu reglugerðar ber að sjálfsögðu að gæta þess að ekki séu lagðar víðtækari skyldur og kvaðir á umsækjanda í þeim efnum en nauðsyn krefur með tilliti til þeirra upplýsinga sem leyfisveitandi þarf á að halda við meðferð umsóknar, enda geta rannsóknir þessar verið bæði tímafrekar og kostnaðarsamar.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 4. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga, en framsetningu er nokkuð breytt og þar tekið mið af breyttri stjórnsýslu landbúnaðarmála. Vakin er athygli á þeirri breytingu að rekstrarleyfi til fiskeldisstöðva skuli gefin út til tíu ára í senn í stað fimm ára samkvæmt gildandi lögum en heimilt verður að gefa út rekstrarleyfi til skemmri

tíma ef sérstakar vistfræðilegar ástæður réttlæta slíkt. Er þetta fyrirkomulag í samræmi við ákvæði er gilda um tímalengd starfsleyfa til fiskeldis. Til viðbótar eru þau rök að fjárbinding er mikil í þessum rekstri og langur tími kann að líða þar til fjárfestingin getur farið að skila eigendum sínum tekjum. Ákvæði greinarinnar þarfnast að öðru leyti ekki sérstakra skýringa.

Um IV. kafla.

Fjórði kafli hefur að geyma reglur þær sem gilda um starfrækslu fiskeldisstöðva, eftir að rekstrarleyfi hefur verið gefið út. Í 11. gr. er mælt fyrir um þau skilyrði sem fullnægja þarf áður en starfsemi getur hafist, í 12. gr. er fjallað um heimildir til að takmarka veiðar í sjó í þágu fiskeldisstöðva, í 13. gr. um veiðar fisks sem sleppur úr fiskeldisstöð og loks eru í 14. gr. fyrirmæli um árlega skýrslugjöf rekstrarleyfishafa til Landbúnaðarstofnunar.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins svara til 5. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga. Það nýmæli er í málsgreininni að í henni er skýrt út í hvaða tilgangi úttekt skuli gera, þ.e. hún skal framkvæmd til að staðreyna að rekstrarleyfishafi fullnægi skilyrðum laga og skilmálum leyfis. Í 2. mgr. 11. gr. er að finna reglu þá sem nú kemur fram í 8. mgr. 62. gr. gildandi laga og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Vera kann að starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt frumvarpinu kalli á það að bann verði lagt við hvers konar veiði sjávar- og ferskvatnsfiska í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva. Af þeirri ástæðu er mælt fyrir um það í 1. mgr. 12. gr. að Landbúnaðarstofnun sé heimilt að friða slík svæði fyrir öllum veiðum, hvort heldur sem um er að ræða lax og göngusilung eða sjávarfiska. Svarar ákvæðið til 71. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga.

Ekki er útilokað að eigendur sjávarjarða, sem stundað hafa lax- og göngusilungsveiðar í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva, verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíkrar takmörkunar sem um ræðir í 1. mgr. Þykir því rétt, svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem er nýmæli, að þeir geti öðlast rétt til bóta úr hendi þeirra sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Ef eigi semur um bætur skal þær ákveða með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að það eru einungis eigendur sjávarjarða sem bótaréttar geta notið samkvæmt ákvæðinu, vegna takmörkunar á veiði í netlögum jarða sinna.

Um 13. gr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að nauðsynlegt er að hafa í lögum ákvæði um hvernig við skuli brugðist ef fiskur sleppur úr eldisstöð, vegna þeirrar hættu sem slíkur atburður getur haft í för með sér fyrir lífríki villtra ferskvatnsfiska. Er því í frumvarpið tekin upp regla sama efnis og nú er í 72. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga, með nokkrum breytingum þó. Í gildandi lögum er við það miðað að sleppi fiskur úr eldisstöð sé rekstrarleyfishafa heimilt að veiða slíkan fisk á nánar tilgreindu svæði umhverfis stöðina. Með frumvarpi þessu er sú meginbreyting lögð til að í stað heimildar í þessa veru er rekstrarleyfishafi nú skyldur til slíkra veiða. Rétt er að vekja á því athygli að skylda rekstrarleyfishafa til björgunaraðgerða samkvæmt frumvarpsgrein þessari takmarkast ekki á nokkurn hátt af rétti eigenda sjávarjarða í netlögum. Þá er og rétt að taka fram að aðgerðir samkvæmt frumvarpsgreininni eiga að sjálfsögðu ekki að ganga lengra en þörf krefur til að handsama megi þann fisk sem sloppið hefur. Hagsmunir eigenda sjávarjarða af slíku tilefni eru svo sérstaklega varðir í 19. gr. Í 5.

mgr. frumvarpsgreinarinnar er það nýmæli að finna að allan kostnað stjórnvalda vegna aðgerða samkvæmt greininni beri þeim að greiða sem rekur viðkomandi fiskeldisstöð.

Um 14. gr.

Svo sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ráð fyrir því gert að Landbúnaðarstofnun hafi eftirlit með lagaframkvæmdinni, verði frumvarp þetta að lögum. Í 14. gr. er eftirlitshlutverk Landbúnaðarstofnunar með rekstri fiskeldisstöðva áréttað. Er hugmyndin að nánar verði mælt fyrir um það í reglugerð, sbr. og 22. gr. frumvarpsins. Í því skyni að gera eftirlitið skilvirkara og markvissara er svo mælt fyrir um í 14. gr. að rekstrarleyfishafi skuli árlega gefa stofnuninni skýrslu um þau atriði sem nánar eru tilgreind í frumvarpsgreininni. Skylda til skýrslugjafar í þessa veru hefur verið í lax- og silungsveiðilögum um nokkra hríð, sbr. nú 69. gr. og 97. gr. þeirra, og þykir hafa sannað gildi sitt. Þá er óbreytt heimild Landbúnaðarstofnunar til að fela þeim sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um vog, mál og faggildingu að annast framkvæmd eftirlits á hennar vegum samkvæmt sérstökum samningi. Að lokum eru ákvæði um eftirlitsgjald sama efnis og nú eru í 97. gr. gildandi laga.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um þau tvö tilvik sem leitt geta til þess að rekstrarleyfishafi verði sviptur leyfi sínu. Í 15. gr. er mælt fyrir um sviptingu leyfis vegna forsendubrests, þ.e. þegar rekstrarleyfishafi byrjar ekki starfsemi í samræmi við ákvæði leyfis innan tilskilins tíma, en í 16. gr. er fjallað um aðrar þær orsakir sem leitt geta til niðurfellingar leyfis.

Um 15. gr.

Regla 15. gr. frumvarpsins á sér samsvörun í 74. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði, en tímabil í 1. mgr. er lengt úr 12 í 24 mánuði og liggja því til grundvallar líffræðileg sjónarmið, þ.e. um lengd eldistíma. Í 2. mgr. er það nýmæli að finna að til slíkra íþyngjandi aðgerða, sem um ræðir í 1. mgr., sé ekki heimilt að grípa nema rekstrarleyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um 16. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild Landbúnaðarstofnunar til að fella niður rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga eða skilmálum rekstrarleyfis. Greinin á sér fyrirmynd í 9. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga, en orðalagi og framsetningu er breytt og með sambærilegum hætti og í 15. gr. er ekki heimilt að grípa til slíks nema rekstrarleyfishafa sé fyrst gefið færi á að bæta úr.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er ýmis almenn ákvæði að finna sem síður verða heimfærð undir aðra kafla þess. Skv. 17. gr. er framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi óheimil án samþykkis Landbúnaðarstofnunar. Í 18. gr. er tekið fram að eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skuli hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem við á og önnur lög taka ekki til. Í 19. gr. er mælt fyrir um skaðabótarétt, í 20. gr. felast takmarkanir á tilflutningi eldisfisks og í 21. gr. eru ákvæði um eldisbúnað.

Um 17. gr.

Regla 17. gr. frumvarpsins á sér fyrirmynd í 7. mgr. 62. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga. Samkvæmt frumvarpsgreininni er framsal, leiga eða veðsetning rekstrarleyfis óheimil

án samþykkis Landbúnaðarstofnunar. Það nýmæli er hins vegar að finna í 2. málsl. ákvæðisins að þinglýsa skal slíku samþykki sem hér um ræðir.

Um 18. gr.

Í 18. gr., sem á sér fyrirmynd í 68. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga, kemur fram að eldi annarra lagardýra í kvía- og strandeldi skuli hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska eftir því sem við á, enda eigi önnur lög ekki við.

Um 19. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, er að finna reglur um rétt til skaðabóta vegna ýmissa atvika sem að höndum getur borið í tengslum við rekstur fiskeldisstöðva.

Í 1. mgr. er fjallað um þær aðstæður sem upp geta komið ef fiskeldi er takmarkað eða bannað á grundvelli heimildar í 6. gr. frumvarpsins. Er hér fyrst og fremst horft til þess tilviks þegar slíkt bann beinist gegn aðilum sem þegar hafa fengið rekstrarleyfi og/eða hafið fiskeldi eða beita öðrum eldisaðferðum á slíkum svæðum. Þrátt fyrir að slíkar takmarkanir eða bönn séu almenns eðlis, byggð á málefnalegum grunni og jafnræðis sé gætt fær það ekki staðist bótalaust að aðilar, sem þegar hafa hafið slíka starfsemi á svæðinu í trausti opinbers leyfis, séu sviptir því bótalaust, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem heimild 6. gr. er beitt í þágu þeirra almannahagsmuna að villtum ferskvatnsfiskstofnun sé ekki spillt með fisksjúkdómum eða öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum er eðlilegt að ríkissjóður bæti tjón sem af banni eða takmörkun hlýst, en ekki einstakir veiðiréttarhafar. Felur bótaregla af þessum toga jafnframt í sér nokkurt aðhald í beitingu heimilda skv. 6. gr.

Í 2. mgr. er á hinn bóginn fjallað um það sérstaka tilvik 13. gr. frumvarpsins að fiskur sleppur úr eldi. Svo sem fram hefur komið getur óhjákvæmilega hlotist meiri eða minni skaði af slíku. Mest hætta steðjar þá að villtum laxfiskastofnum, en ekki er útilokað að hætta geti af þessum sökum steðjað að öðrum fiskeldisstöðvum. Styðst regla 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar við þau rök að eðlilegt sé að rekstrarleyfishafi beri, án tillits til sakar, bótaábyrgð á tjóni sem af slíkum atburði hlýst.

Regla 3. mgr. á sér fyrirmynd í 70. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga og felur, eins og regla 2. mgr., í sér hlutlæga bótaskyldu rekstrarleyfishafa. Regla þessi á sér nokkra sögu í lögum um lax- og silungsveiði og er henni fyrst og fremst ætlað að taka til þeirra tilvika þegar veiði í veiðivötnum nærri fiskeldisstöð minnkar. Þá þykir eðlilegra í ljósi þess hagsmunamats, sem löggjöf á sviði lax- og silungsveiða felur í sér, að fiskeldisstöðvar beri hallann af því ef staðsetning þeirra og starfsemi veldur sannanlegri rýrnun veiði í nærliggjandi veiðivötnum. Áréttað skal að sönnunarbyrðin vegna slíks skaða/tjóns hvílir með hefðbundnum og óskoruðum hætti á þeim handhöfum veiðiréttar sem telja að viðkomandi veiðivatn hafi orðið fyrir tjóni.

Að öðru leyti en því sem um er fjallað sérstaklega í 19. gr. frumvarpsins fer um skaðabætur vegna þeirrar starfsemi, sem lög þessi taka til, eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar.

Um 20. gr.

Regla 20. gr. frumvarpsins er í öllum aðalatriðum samhljóða reglu 75. gr. gildandi laga. Eftirfarandi röksemdir er að finna fyrir lögleiðingu hennar í athugasemdum við frumvarpsgrein þá sem síðar var lögtekin sem 5. gr. laga nr. 83/2001, og þykja þær vera í fullu gildi:

„Í núgildandi löggjöf eru ekki sambærileg ákvæði en ljóst er að mjög mikilvægt er að slík ákvæði séu í lögum. Flutningar eldistegunda sem ekki eru fyrir í fiskeldis- eða hafbeitar-

stöðvum milli stöðva geta haft ófyrirsjáanleg og skaðleg áhrif. Einnig er ljóst að flutningur lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða getur haft skaðleg áhrif, bæði sjúkdómstengd og vistfræðileg.“

Áréttað er að undanþágur frá þeim meginreglum um bann, sem fram koma í 1. og 2. mgr., sæta þröngum skilyrðum, sbr. útlistun þar að lútandi í 2. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð þeirri sem sett verður á grundvelli 22. gr. frumvarpsins verði nánar mælt fyrir um skilyrði þess að undanþága verði veitt, sbr. gildandi reglugerð nr. 1011/2003.

Um 21. gr.

Í greininni er annars vegar mælt fyrir um bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði sem þó má víkja frá liggi fullnægjandi gögn fyrir að mati Landbúnaðarstofnunar, svo sem nánar er mælt fyrir um í greininni. Er regla 1. mgr. sérregla gagnvart ákvæðum frumvarps til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, sbr. einkum 8. gr. þess. Þá er gert ráð fyrir heimild landbúnaðarráðherra til að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa. Reglur svipaðs efnis eru í 76. gr. gildandi laga, en framsetningu er breytt og orðalagi vikið nokkuð við.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er í fyrsta lagi heimild til útgáfu reglugerðar og í öðru lagi refsiheimild.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild landbúnaðarráðherra til útgáfu reglugerðar til fyllingar ákvæðum laganna. Felur hún jafnframt í sér áréttingu á fyrirmælum eða heimildum í sömu veru skv. 3. mgr. 4. gr., 3. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 13. gr. Er í 1. mgr. 22. gr. gert ráð fyrir að í reglugerð verði nánar mælt fyrir um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi þeirra, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl. Regla svipaðs efnis er nú í 1. mgr. 77. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði, og reglugerð sú sem sett hefur verið með stoð í ákvæðinu er nr. 1011/2003. Er hugmyndin að efni hennar, með þeim nauðsynlegu viðaukum sem af breyttum reglum samkvæmt frumvarpi þessu leiðir, verði uppistaðan í slíkri reglugerð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Landbúnaðarstofnun geti, eftir því sem þörf krefur, sett svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli reglugerðar skv. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Um 23. gr.

Eins og nánar er að vikið í 2. mgr. 6. gr. er það eitt af markmiðum frumvarpsins að vernda villta vatnafiskstofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Af þeim sökum er lögð refsing við því ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt. Þá varðar það einnig refsingu ef ekki er brugðist við í samræmi við ákvæði 1. eða 2. mgr. 13. gr. þegar eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla eru ákvæði um gildistöku og breytingar á lögum.

Um 24. gr.

Gildistakan er miðuð við 1. júní 2006 og falla þá um leið úr gildi þau ákvæði laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem lúta að fiskeldi og hafbeit.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum með frumvarpi þessu hefur sú leið verið farin við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka. Liggur því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli. Birtist þetta í því að samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram fjögur önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, og munu þau öll, ef að lögum verða, mynda þá lagaumgjörð sem nú er að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Til viðbótar þessum frumvörpum munu nýsamþykkt lög um Landbúnaðarstofnun víða koma við sögu við framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafar. Þá er og rétt að hafa í huga að samhliða þessari fyrirkomulagsbreytingu er öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð í frumvörpunum og munu færri aðilar koma þar að málum en nú er.

Þegar svo miklar breytingar eru gerðar á lagaumhverfinu er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Er nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Hún á að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því að nefndin verði skipuð til fimm ára, enda ætti þá að vera komin góð reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar er jákvæð er með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eldi vatnafiska.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Þessu tiltekna frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi IX. kafla laganna auk 93. og 97. gr.

Helstu efnisbreytingar frumvarpsins frá ákvæðum gildandi laga eru tvær. Annars vegar eru ákvæði um hafbeit ekki í frumvarpinu heldur er þeim skipað í frumvarp til laga um fiskrækt. Hins vegar eru ákvæði 3. mgr. 6. gr. um bótarétt og skaðabætur vegna tjóns sem leiðir af banni eða takmörkun landbúnaðarráðherra á fiskeldi eða eldisaðferðum og ákvæði 1. mgr. 19. gr. um að slík tjón skuli bætt úr ríkissjóði. Hér er um nýmæli að ræða sem ekki eru í gildandi lögum.

Að frátöldum áðurnefndum skaðabótaákvæðum frumvarpsins verður ekki séð að lögfesting þess hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Ekki eru forsendur til að áætla hugsanleg útgjöld ríkissjóðs vegna skaðabóta á grundvelli frumvarpsins, verði það óbreytt að lögum.

880. Frumvarp til laga [596. mál]

um varnir gegn fisksjúkdómum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnsýsla.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna og vatnafisk með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hrogna á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
7. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
8. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
9. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
10. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska til þess að fanga þá til endurveiða eða slátrunar er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.
11. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
12. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
13. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
14. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
15. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

16. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
17. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
18. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
19. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
20. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
21. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
22. *Villtur fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og sama tíma en ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu rannsóknardeildar fisksjúkdóma í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarstofnun skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

Í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara er ráðherra heimilt í reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar.

II. KAFLI
Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

5. gr.

Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnaplöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

6. gr.

Um innflutning skrautfiska.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hrogna þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli þar að lútandi.

7. gr.

Tímabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.

Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti Landbúnaðarstofnunar og hlíta þeim fyrirmælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

8. gr.

Sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

Skylt er að sótthreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati Landbúnaðarstofnunar, um að búnaðurinn hafi verið sótthreinsaður erlendis. Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sótthreinsun samkvæmt grein þessari. Landbúnaðarráðherra getur falið tollyfirvöldum framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Innflutningur á dauðum fiski.

Landbúnaðarstofnun er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyrirmæli Landbúnaðarstofnunar skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.

Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er Landbúnaðarstofnun heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.

11. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við Landbúnaðarstofnun og fisksjúkdómanefnd, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sótthreinsun hrogna, íláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sótthreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem Landbúnaðarstofnun getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.

IV. KAFLI
Refsi- og gildistökuákvæði.

12. gr.
Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjóti hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjóti maður af ásetningi eða gáleysi fyrirmæli Landbúnaðarstofnunar skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

13. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Um leið falla úr gildi 78.–84. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um eldi vatnafiska. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja tíu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 2001 ákvað landbúnaðarráðherra að endurskoða skyldi ákvæði gildandi lax- og silungsveiðilaga í því skyni að færa ákvæði þeirra til nútímahorfs að efni og formi. Unnið hefur verið jafnt og þétt að verkinu frá áramótum 2004/05 með það að markmiði að unnt yrði að leggja fram frumvarp til nýrra lax- og silungsveiðilaga og annarra tengdra laga við upphaf haustþings 2005. Nefnd sú sem vann að endurskoðun löggjafarinnar var skipuð þeim Þorgeiri Örlygssyni, dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og dr. Páli Hreinssyni, prófessor við sömu deild. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, var faglegur ráðgjafi nefndarinnar í störfum hennar. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndarinnar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er afar umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Stofn gildandi löggjafar er að hluta til frá árinu 1932, þótt ný lög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Við þá lagaendurskoðun sem nú hefur farið fram hefur sú leið verið farin að einfalda löggjöfina og gera framsetninguna markvissari. Er að því stefnt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi hafa verið samin frumvörp um fjóra þætti eða málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði og þannig gert ráð fyrir að sérlög gildi á þeim sviðum. Þetta eru ákvæði um Veiðimálastofnun, ákvæði um fiskeldi, ákvæði um fiskrækt og síðast en ekki síst ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum sem frumvarp þetta hefur að geyma. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. Í þriðja lagi hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra, sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru frumvörp sem lúta að áðurnefndum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi um lax- og silungsveiði og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt efni sínu séu sjálfstæð. Er því ástæða til þess að vísa til fyllingar athugasemdum þessum til ítarlegra almennra athugasemda með nýju frumvarpi til lax- og silungsveiðilaga sem að breyttu breytanda þykja jafnframt taka til þess sviðs sem þetta frumvarp fjallar um.

Ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum komu fyrst inn í lög um lax- og silungsveiði með lögum nr. 53/1957. Allmiklar breytingar voru á þeim reglum gerðar með lögum nr. 76/1970, sem að stærstum hluta eru í óbreyttri mynd í lögunum, sbr. X. kafla laganna. Ekki eru með frumvarpi þessu fyrirhugaðar neinar verulegar efnisbreytingar á gildandi reglum.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins. Er hér um hefðbundna efnisskipan að ræða. Ekki er um að ræða verulegar efnisbreytingar frá reglum X. kafla gildandi laga en einstakar athugasemdir eru að sínu leyti nokkuð ítarlegar enda óhjákvæmilegt að rekja þar uppruna einstakra greina og samsvörun þeirra í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla

Í I. kafla er að finna hefðbundin ákvæði um markmið og gildissvið laganna, sbr. 1. og 2. gr. Þá eru í 3. gr. ítarlegar orðskýringar, en í 4. gr. er mælt fyrir um fyrirkomulag stjórnsýslu samkvæmt lögunum.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að vernda lífríki vatnafisks með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum í honum. Engin slík skilgreining er í gildandi lögum og er frumvarpsgreinin því nýmæli. Framangreint markmið tengist markmiðum annarra þeirra frumvarpa sem fyrr er getið og lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu um veiðar, viðkomu, ræktun og eldi ferskvatnsfiska og stefna öll að því sameiginlega markmiði að stuðla að skynsamlegri, hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu fiskstofna í ferskvatni. Nauðsynlegur hluti þess er að sjálfsögðu heilbrigði viðkomandi stofna.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um það að lögin taki til vatnafisks og innflutnings fisks og hrogna á íslenskt forráðasvæði. Er að því stefnt með lögunum að verja eftir föngum vatnafisk og lífríki hans fyrir sjúkdómum og sníkjudýrum. Er augljóst að mikil hætta í þá veru getur skapast

vegna innflutnings fisks, hrogna og ýmiss tækjabúnaðar erlendis frá. Með afmörkun gildissviðs frumvarpsins er vísað til þeirra reglna sem ætlað er að sporna við þeirri hættu með því að reisa skorður við öllum slíkum innflutningi og tryggja virkt eftirlit með þeim takmarkaða innflutningi sem leyfður verður. Þá er jafnframt kveðið á um það í 2. gr. að við framkvæmd laga um varnir gegn fisksjúkdómum skuli gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar. Er með þessu lögð áhersla á það sérstaka samhengi og samræmi sem vera þarf við beitingu þeirrar löggjafar sem ætlað er að leysa gildandi lög um lax- og silungsveiði af hólmi. Lögin taka ekki til eldis nytjastofna sjávar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar. Sambærileg ákvæði eiga að vera í öðrum þeim lögum sem tilgreind eru í frumvarpsgreininni. Í þessu felst áréttíng þess að þrátt fyrir þá uppskiptingu núgildandi lax- og silungsveiðilöggjafar í fleiri lagabálka, sem birtist í frumvarpi þessu og fylgifrumvörpum þess, er þeim öllum saman ætlað að mynda heildarumgjörð um málaflokkinn svo sem gildandi lög hafa gert.

Um 3. gr.

Í 3. gr. hafa verið teknar saman skilgreiningar allra helstu hugtaka sem fyrir koma, sem og hugtaka sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við varnir gegn sjúkdómum í fiskstofnum og lífríki vatnsins. Hefur sú leið verið valin að skýra fremur fleiri en færri hugtök og styðst sú aðferð við þau rök að þótt tiltekin hugtök komi ekki fyrir í lögunum sjálfum kunni þau að verða notuð í reglugerðum og reglum settum á grundvelli laganna. Vakin er athygli á því að hugtakið fiskur hefur víðtækari merkingu í frumvarpi þessu heldur en frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Þá er bent á að hugtakið hafbeit er samkvæmt greininni tvíþættrar merkingar. Í fyrsta lagi er um að ræða föngun fisks á sleppistað (hafbeitarstöð) til slátrunar og í öðru lagi föngun fisks til flutnings og endurveiða í öðrum vötnum. Í þessu samhengi er vert að geta þess að slepping gönguseiða í veiðivötn telst ekki til hafbeitar heldur fiskræktar. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála er varða varnir gegn fisksjúkdómum. Að öðru leyti er framkvæmd stjórnsýslunnar í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja á því athygli að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að til sé sérstök staða dýralæknis fisksjúkdóma, en í frumvarpinu er hins vegar við það miðað að verkefni hans flytjist til Landbúnaðarstofnunar í samræmi við breytta stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála.

Í 2. mgr. er tekið fram að Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna skuli starfa sérstök nefnd, fisksjúkdómanefnd. Gert er ráð fyrir nokkuð breyttri skipan hennar miðað við 78. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga. Er nú gert ráð fyrir því að í nefndinni sitji fimm menn, skipaðir samkvæmt tilnefningum rannsóknardeildar fisksjúkdóma í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Hafrannsóknastofnunarinnar, Veiðimálastofnunar, Fiskistofu, auk yfirdýralæknis, sem vera skal formaður nefndarinnar. Er með þessari breytingu stefnt að því að nefndin sé skipuð hæfustu sérfræðingum sem völ er á á þessu sviði auk fulltrúa þeirra tveggja stjórnvalda sem málaflokkurinn helst varðar. Hlutverk nefndarinnar er nokkuð breytt þar sem henni er nú ætlað ráðgjafarhlutverk. Af þessu leiðir jafnframt að regla 2. mgr. 78. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga er ekki tekin upp í frumvarpið, enda án þýðingar í breyttu stjórnsýsluumhverfi.

Um reglugerðarheimild 3. mgr. er það að segja að eitt helsta markmiðið með heildarendurskoðun löggjafar um lax- og silungsveiði felst í því að einfalda lögin og gera þau aðgengilegri en áður, svo sem nánar er um fjallað í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Liður í þeirri viðleitni er að flytja úr lögum ýmsar reglur tæknilegs eðlis sem betur fer á að séu í reglugerð. Til þess að tryggja að við setningu reglugerðar samkvæmt lögunum sé ætíð byggt á vísindalegum forsendum og gögnum er tekið fram í 3. mgr. að ávallt skuli leita umsagnar Landbúnaðarstofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar áður en slíkar reglugerðir eru settar. Í þessu felst ekki að ráðherra eða önnur stjórnvöld samkvæmt lögum þessum séu bundin af umsögn álitsgjafa nema það sé sérstaklega tekið fram.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna meginreglur þær sem gilda munu um innflutning á lifandi fiski og hrognum. Hafa reglur kaflans, svo sem rakið er í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, það markmið að vernda lífríki ferskvatnsfiska gegn þeirri hættu sem stafað getur af óheftum innflutningi fiska. Vakin er á því athygli að gert er ráð fyrir því að regla 1. mgr. 81. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga verði tekin upp og útfærð í reglugerðum þeim sem ráðherra skal setja á grundvelli 5. og 6. gr. frumvarpsins, verði það að lögum. Fer betur á því að slíkum tæknilegum atriðum sé skipað í reglugerð en lögum.

Um 5. gr.

Í greininni er hnykkt á þeirri meginreglu að um innflutning laxfiska, sem og annarra fiska sem lifa í ósöltu vatni, gildi ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Af þessari tilvísun til laga nr. 54/1990 leiðir að slíkur innflutningur sætir umfangsmiklum takmörkunum. Sambærilega reglu er að finna í 1. mgr. 79. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Þá er sú sjálfsagða bannregla áréttuð að óheimilt sé að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnaplöntum sem fluttar hafa verið til landsins. Með tilliti til breytts lagaumhverfis og stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála leiðir af sjálfu sér að ekki er þörf á því að taka upp í frumvarpið reglu þá sem nú er í 2. mgr. 79. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Regla 6. gr. á sér fyrirmynd í 80. gr. gildandi laga. Þó eru gerðar á henni þær breytingar að í stað bannreglu gildandi laga með undanþáguheimildum er við það miðað í frumvarpsgreininni að innflutningur skrautfiska sé heimill, en með þeim skilyrðum sem Landbúnaðarstofnun setur til að tryggja að markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að þau skilyrði verði nánar útfærð í reglugerð ráðherra á grundvelli þeirra viðmiða sem fram koma í lögunum. Þá leiðir það af breyttri stjórnsýslu landbúnaðarmála að Landbúnaðarstofnun fer með meginhlutverkið samkvæmt frumvarpsgreininni, en það var áður á hendi ráðherra og fisksjúkdómanefndar.

Um 7. gr.

Ljóst má vera að hætta fyrir lífríki ferskvatns og ferskvatnsfiska getur skapast þegar fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi. Er því nauðsynlegt í lögum að hafa skýrar reglur um eftirlit og heimild til inngrips, ef þörf krefur. Regla svipaðs efnis er í 2. mgr. 81. gr. gildandi laga, en sem fyrr leiðir breytt stjórnsýsla landbúnaðarmála til þess að verkefni samkvæmt frumvarpsgreininni eru í höndum Landbúnaðarstofnunar. Þá er og gert ráð fyrir því

í frumvarpsgreininni að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um flutning fisks milli landa.

Um 8. gr.

Efni greinarinnar svarar til fyrri málsliðar 82. gr. gildandi laga og fjallar um sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar. Þeirri reglu er í frumvarpinu breytt úr valkvæðri heimild í fortakslausa skyldu, enda mun það vera í samræmi við þá framkvæmd sem í raun hefur tíðkast. Þá er regla frumvarpsgreinarinnar nokkuð víðtækari því að hún nær til smærri báta og annars sambærilegs búnaðar sem ætlaður er til nota á íslenskum veiðivötnum.

Um 9. gr.

Í lokaákvæði II. kafla eru fyrirmæli í þá veru að Landbúnaðarstofnun sé rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík regla er nú í síðari málslið 82. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Af breyttri stjórnsýslu leiðir að Landbúnaðarstofnun fer nú með það hlutverk sem fisksjúkdómanefnd er ætlað að gildandi lögum.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru annars vegar ákvæði um heimild til viðbragða komi upp sjúkdómur í veiðivatni eða eldisstöð en hins vegar um skyldu ráðherra til útgáfu reglugerða, þar á meðal vegna heilbrigðiseftirlits í eldisstöðvum.

Um 10. gr.

Regla 10. gr. á sér samsvörun í 83. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði og fjallar um heimild Landbúnaðarstofnunar til víðtæks inngrips komi upp sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða fiskeldisstöð. Heimild til þess sætir þó eðli málsins samkvæmt takmörkunum á grundvelli meðalhófs, sbr. þann áskilnað að aðgerðir þær sem gripið er til verði að vera nauðsynlegar til þess að hefta útbreiðslu sjúkdómsins eða sníkjudýranna. Þá skal haft samráð við fisksjúkdómanefnd og við það veiðifélag sem með veiði fer í viðkomandi veiðivatni, veiðiréttarhafa, sé veiðifélag ekki starfrækt, og rekstrarleyfishafa sé um að ræða fiskeldis- og hafbeitarstöð.

Um 11. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir setningu tvenns konar reglugerða, að höfðu samráði við Landbúnaðarstofnun og fisksjúkdómanefnd.

Í 2. mgr. er áréttuð skylda ráðherra til þess að setja reglugerð til fyllingar ákvæðum II. kafla frumvarpsins. Svo sem ráðið verður af texta frumvarpsins er nú m.a. gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um þau atriði sem nú er mælt fyrir um í 81. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Að öðru leyti verður ekki talið að greinin þarfnist sérstakra skýringa.

Í 3. mgr. er tekið upp ákvæði sama efnis og í 84. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði en það lýtur að heilbrigðiseftirliti í eldisstöðvum. Greinin er efnislega óbreytt en vakin er athygli á þeim reglum sem settar hafa verið á grundvelli 84. gr. gildandi laga en það eru nú eftirfarandi reglugerðir: nr. 403/1986, sbr. nr. 597/1989 (um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum); nr. 105/2000 (um flutning og sleppingar laxfiska o.fl.), sbr. nr. 528/2003; nr. 525/2003 (um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra); nr. 526/2003 (um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra) og nr. 527/2003 (um sýnatökuáætlanir o.fl.).

Um IV. kafla.

Í kaflanum er refsiheimild og ákvæði um gildistöku og breytingar á lögum.

Um 12. gr.

Með ákvæðinu eru brot á 7. og 9. gr. frumvarpsins gerð refsiverð. Vakin er athygli á því að sé bann við innflutningi á dýrum brotið varðar það refsingu skv. 18. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra.

Um 13. gr.

Gildistakan er miðuð við 1. júní 2006 og falla þá um leið úr gildi þau ákvæði laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, sem lúta að innflutningi á lifandi fiski og hrognum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum með frumvarpi þessu hefur sú leið verið farin við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka. Liggur því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli. Birtist þetta í því að samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram fjögur önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um eldi vatnafiska og frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, og munu þau öll, ef að lögum verða, mynda þá lagaumgjörð sem nú er að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Til viðbótar þessum frumvörpum munu nýsamþykkt lög um Landbúnaðarstofnun víða koma við sögu við framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafar. Þá er og rétt að hafa í huga að samhliða þessari fyrirkomulagsbreytingu er öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð í frumvörpunum og munu færri aðilar koma þar að málum en nú er.

Þegar svo miklar breytingar eru gerðar á lagaumhverfinu er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Er nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Hún á að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því að nefndin verði skipuð til fimm ára, enda ætti þá að vera komin góð reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar er jákvæð er með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Þessu tiltekna frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi X. kafla gildandi laga um lax- og silungsveiði. Ekki eru með frumvarpinu fyrirhugaðar neinar verulegar efnisbreytingar frá gildandi lögum og verður ekki séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

881. Fyrirspurn [597. mál]

til heilbrigðisráðherra um pláss á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Er ráðherra tilbúinn að beita sér nú þegar fyrir fjölgun plássa á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða?

Skriflegt svar óskast.

882. Fyrirspurn [598. mál]

til dómsmálaráðherra um boð til heyrnarlausra og heyrnarskertra um viðvarandi hættuástand.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Hafa stjórnvöld skipulagt hvernig koma skuli boðum til heyrnarlausra og heyrnarskertra þegar hættuástand skapast og er viðvarandi, til að mynda með því að senda út SMS-skilaboð?

883. Fyrirspurn [599. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgerðaáætlun um upplýsingar ef meiri háttar slys eða hamfarir verða.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

Er til samræmd aðgerðaáætlun stjórnvalda um hvernig staðið skuli að dreifingu upplýsinga til almennings ef meiri háttar slys eða hamfarir verða? Ef svo er, hvernig er áætluninni háttað?

884. Fyrirspurn [600. mál]

til sjávarútvegsráðherra um menntun fiskvinnslufólks.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

1. Telur ráðherra þörf á því að efla menntun fiskvinnslufólks hér á landi? Ef svo er, hvernig yrði það best gert?
2. Telur ráðherra koma til greina að endurvekja Fiskvinnsluskólann í einhverri mynd?

Skriflegt svar óskast.

885. Fyrirspurn [601. mál]

til landbúnaðarráðherra um viðarnýtingarnefnd.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Í hverju er starf viðarnýtingarnefndar fólgið?
2. Hverju hefur hún áorkað frá því að hún tók til starfa?
3. Hvernig er fyrirhugað að nýta allan þann við sem til verður vegna aukinnar skógræktar í landinu?

886. Fyrirspurn [602. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Greiðir Tryggingastofnun ríkisins allan kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis og ef svo er ekki, hversu mikinn hluta kostnaðarins greiðir stofnunin?
2. Greiðir Tryggingastofnun ríkisins foreldrum eða fylgdarmönnum dagpeninga á þessum ferðum og er þá um að ræða fulla dagpeninga? Ef svo er ekki, um hvaða upphæðir er að ræða skipt eftir löndum, borgum og öðru sem áhrif hefur á upphæðina?

Skriflegt svar óskast.

887. Fyrirspurn [603. mál]

til menntamálaráðherra um jarðskjálftaupplýsingar í Ríkisútvarpinu.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Klukkan hvað var fyrst upplýst um jarðskjálftann sem átti upptök sín við Krísuvík 6. mars sl., á Rás 2 Ríkisútvarpsins?
2. Klukkan hvað voru fyrstu upplýsingar um skjálftann settar á vefsíðu Ríkisútvarpsins og á textavarp þess?
3. Klukkan hvað var fyrst tilkynnt um skjálftann í sjónvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins og þá með hvaða hætti?
4. Klukkan hvað voru fluttar fyrstu fréttir eða upplýsingar um skjálftann á Rás 1?

888. Fyrirspurn [604. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fella niður eða draga úr tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins?

Skriflegt svar óskast.

889. Fyrirspurn [605. mál]

til menntamálaráðherra um Kvennaskólann á Blönduósi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvaða áætlanir hefur ráðherra um framkvæmd mjög svo brýnna endurbóta og viðgerða á hinu fallega og fornfræga húsi Kvennaskólans á Blönduósi sem er að ⅔ í eigu ríkisins og liggur undir skemmdum?
2. Hefur ráðherra hugleitt hvernig stjórnvöld geti komið að því með beinum hætti ásamt heimaaðilum að finna Kvennaskólahúsinu verðugt hlutverk sem nýtt geti hin miklu húsakynni og jafnframt haldið sögu þess og reisn á lofti?

890. Fyrirspurn [606. mál]

til umhverfisráðherra um merkingar á erfðabreyttum matvælum.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Hvað líður innleiðingu gerðar Evrópusambandsins nr. 1829/2003, um merkingar á erfðabreyttum matvælum?

891. Frumvarp til laga [607. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um alla veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema aðra skipan leiði af ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.
2. *Almenningur í stöðuvatni:* Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.
3. *Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.
4. *Áll:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru álar fleiri en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.
5. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
6. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.
7. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
8. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
9. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
10. *Ferskvatnsvistkerfi:* Tiltekið svæði þar sem vatnadýr tengjast hvert öðru og umhverfi sínu á einn eða annan hátt.
11. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
12. *Fiskför:* För fisks um veiðivatn.
13. *Fiskigengd:* Sá fjöldi fiska sem gengur í veiðivatn eða elst upp í veiðistærð í veiðivatni.
14. *Fiskihverfi:* Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.
15. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða arð af veiðivatni.
16. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
17. *Fiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla og Anguilla rostrata)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
18. *Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.
19. *Föst veiðivél:* Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet og girðing.
20. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
21. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
22. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska til þess að fanga þá endurveiða eða slátrunar er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.

23. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og þegar auð er jörð.
24. *Jörð:* Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.
25. *Kvísl:* Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.
26. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
27. *Lögn:* Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.
28. *Merkivatn:* Vatn það sem landamerkjum ræður.
29. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
30. *Ós í á:* Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.
31. *Ós í sjó:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.
32. *Ós í stöðuvatn:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.
33. *Ós úr stöðuvatni:* Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.
34. *Ósasvæði:* Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.
35. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
36. *Sjálfbær nýting fiskstofna:* Nýting þar sem ekki er gengið á fiskstofn. Eftir veiði er hrygningarstofn nægilega stór til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins.
37. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
38. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
39. *Straumlína (strengur):* Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.
40. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
41. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
42. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
43. *Vatnafiskur:* Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
44. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
45. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
46. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
47. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
48. *Vatnsmiðlun:* Geymsla og miðlun vatns til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til þess að stýra rennsli vatns.
49. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
50. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
51. *Vatnsvirki:* Mannvirki umhverfis vatn, í eða yfir vatni eða við það.
52. *Veiðifélag:* Félag allra veiðiréttarhafa í sama fiskihverfi, veiðivatni eða landsvæði, sbr. 38. gr.
53. *Veiðiréttarhafi:* Sá einstaklingur sem á hverjum tíma fer með rétt fasteignar til veiði, sbr. fyrirmæli II. kafla laga þessara.

54. *Veiðihlutur:* Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.
55. *Veiðimagn:* Samanlögð þyngd veiddra fiska.
56. *Veiðimál:* Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.
57. *Veiðitala:* Tala veiddra fiska.
58. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
59. *Veiðivél:* Sjá föst veiðivél.
60. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
61. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.
62. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

Í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara er ráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.

Þegar talað er um reglur í lögum þessum er átt við svæðis- og tímabundnar reglur sem Landbúnaðarstofnun setur á grundvelli laganna eða reglugerða ráðherra sem settar eru með stoð í lögum þessum.

Við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum skal leita faglegra umsagna eftir því sem við kann að eiga, þar með talið frá viðkomandi veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum.

Öll veiðifélög samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

II. KAFLI
Um veiðirétt.

5. gr.

Veiðiréttur.

Eignarlandi hverju fylgir veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum.

Í þjóðlendum er íslenska ríkið eigandi veiðiréttar samkvæmt lögum þessum með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda, sbr. ákvæði 7. gr.

Ábúð á jörð fylgir heimild til ráðstöfunar veiðiréttar sem jörðinni tilheyrir, nema á annan veg semjist milli jarðeiganda og ábúanda.

Þegar vatn skilur fasteignir, sem veiðiréttur fylgir, er landeiganda einum heimil veiði fyrir landi sínu. Mönnum er þó ævinlega heimil för í annarra land til þess að koma í veg fyrir missi afla eða koma í veg fyrir tjón á veiðibúnaði. Ávallt skulu þeir gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum nágranna og bæta tjón ella á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

Ef farvegur straumvatns breytist eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg færist veiðiréttur til eigenda þeirra fasteigna er land eiga undir, sbr. þó 7. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

6. gr.

Veiðiréttur í almenningi stöðuvatns.

Fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þar með talin dorgveiði um ís, og er hún þeim öllum jafnheimil. Ef forn venja er til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum fasteignum gildir sú skipan mála.

7. gr.

Veiðiréttur á afrétti í þjóðlendu.

Þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Veiðifélag fer að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slíkum vötnum.

8. gr.

Veiðiréttur í óskiptri sameign.

Ef fasteign eða veiðiréttur samkvæmt lögum þessum er í óskiptri sameign er sameigendum öllum veiði jafnheimil.

Rétt er þeim er telur sig vanhaldinn að krefjast skipta á veiði, annaðhvort þannig að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða vikur, í samræmi við eignarhluta sinn. Skal skorið úr um skiptinguna með mati skv. VII. kafla laga þessara náist samkomulag ekki.

9. gr.

Aðskilnaður veiðréttar frá fasteign.

Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tilekinn tíma. Ráðherra getur þó, að fenginni jákvæðri umsögn Landbúnaðarstofnunar, veitt undanþágu frá banni þessu. Á lögbýlum, þar sem stundaður er landbúnaður, skal þess gætt við veitingu undanþágu að aðskilnaður valdi því ekki að torvelt verði eftirleiðis að stunda þar landbúnað. Þá má slíkur aðskilnaður ekki valda hættu á því að fiskstofnar viðkomandi veiðivatns verði ofnýttir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, allt að tíu árum. Ef ekki er á annan veg samið felst í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á umsömdu tímabili.

10. gr.

Innlausnarréttur.

Veiðiréttindi ein og sér, sem skilin hafa verið frá fasteign fyrir gildistöku laga þessara, er eigendum fasteigna þeirra sem rétturinn hefði ella fylgt, sbr. 5. gr., rétt að leysa til sín, hverjum á og fyrir sínu landi að fengnu leyfi ráðherra. Áður en afstaða er tekin til slíkrar leyfisveitingar skal leita umsagnar Landbúnaðarstofnunar og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað.

Ef hinn fráskildi veiðiréttur liggur um eða fyrir landi fleiri en einnar fasteignar þarf hið minnsta samþykki ¾ hluta þeirra er veiðiréttur upphaflega tilheyrði. Um vægi atkvæða fer samkvæmt reglum þeim er gilda um atkvæðisrétt í veiðifélagi eftir því sem við á, í samræmi við fyrirmæli VI. kafla laga þessara.

Þegar innlausnar er krafist, en þó ekki af hálfu allra þeirra fasteignareigenda er innlausnarrétt eiga, getur eigandi veiðiréttarins krafist þess að þeir landeigendur sem innlausnar krefjast leysi jafnframt til sín veiðirétt þeirra sem ekki vilja innleysa.

Ef ágreiningur er um verðmæti innleysts veiðiréttar fer um mat skv. VII. kafla laga þessara.

Ef innlausnar samkvæmt grein þessari er ekki krafist innan fimm ára frá gildistöku laganna fellur innlausnarrétturinn niður.

11. gr.

Ófriðun sels.

Ef selur er í veiðivatni, ósi þess eða ósasvæði er þeim er veiðirétt eiga samkvæmt lögum þessum heimilt að styggja hann og skjóta.

Nú fara ekki saman nytjar sellátra og selalagna annars vegar og nýting og viðkoma lax og göngusilungs í veiðivatni hins vegar. Getur Landbúnaðarstofnun þá, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa og að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, heimilað eyðingu sellátursins og upptöku allra selalagna í eða við það veiðivatn eða fiskihverfi.

Ef sannað þykir að aðgerðir þær sem Landbúnaðarstofnun heimilar skv. 2. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum þeirra er sellátur eiga eða nytja skulu veiðiréttarhafar þeir er aðgerðanna óska bæta tjónið. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI
Um veiðistjórn.

12. gr.

Skráning veiðivatna.

Skrá skal öll veiðivötn og veiðiréttarhafa og annast Landbúnaðarstofnun þá skráningu.

Við gerð og frágang skrár skv. 1. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli hennar og annarra skráa sem haldnar eru lögum samkvæmt af opinberum aðilum og geyma upplýsingar um eiginleika og eignarhald fasteigna.

Veiðiréttarhöfum er skylt að veita Landbúnaðarstofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir og nauðsynlegar eru skráningarinnar vegna.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu veiðivatna og þær upplýsingar sem við slíka skráningu skulu liggja fyrir.

13. gr.

Veiðiskýrslur.

Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.

Skýrslugjöf skal vera samræmd fyrir landið allt og í formi sem Landbúnaðarstofnun útbýr og leggur til.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Landbúnaðarstofnunar. Upplýsingar úr skýrslum skulu aðgengilegar Veiðimálastofnun.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

14. gr.

Laxveiðar í sjó.

Ekki má veiða lax í sjó. Veiðist lax í veiðitæki í sjó skal sleppa honum strax aftur.

15. gr.

Veiðar göngusilungs í sjó.

Ekki má veiða göngusilung í sjó. Slíkar veiðar eru þó heimilar í netlögum sjávarjarða og skulu þær hlíta sömu reglum og veiði silungs í ósöltu vatni eftir því sem við getur átt.

Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957. Landbúnaðarstofnun skal halda skrá um framangreindan rétt sjávarjarða til netaveiði í netlögum og sinna eftirliti með þeim veiðum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, eða hafbeitarstöðvar en 2.000 metra.

Ef stangveiði er stunduð í netlögum sjávarjarða á svæðum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. er eiganda sjávarjarðar skylt að hafa fullt samráð við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, og eigendur viðkomandi hafbeitarstöðvar.

Landbúnaðarstofnun er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélaga eða veiðiréttarhafa sem hagsmuna eiga að gæta heimilt með reglum að takmarka eða banna á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs samkvæmt grein þessari, ef slíkt er nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn.

Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 5. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

Landbúnaðarstofnun setur nánari reglur um netaveiði göngusilungs í sjó.

16. gr.

Takmarkanir á veiði sjávarfiska.

Að fenginni heimild sjávarútvegsráðuneytisins getur Landbúnaðarstofnun að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa takmarkað eða bannað veiði sjávarfiska framan við árósa straumvatna ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Áður en gripið er til slíkrar takmörkunar eða banns skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar.

Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 1. mgr. á veiðum innan netlaga hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum tiltekins landeiganda skulu þeir bæta tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákvarðaðar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

17. gr.

Veiðitími lax.

Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í níutíu daga innan þess tímabils. Landbúnaðarstofnun er heimilt að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilt að lengja um allt að fimmtán daga veiðitímabil skv. 1. málsl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt.

Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

18. gr.

Veiðitími göngusilungs.

Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr. vegna dorgveiði,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

19. gr.

Veiðitími vatnasilungs.

Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. alfriðun veiðivatns um tiltekið tímabil,

b. tímabundna friðun innan veiðitímabils, t.d. um ákveðinn daga- eða vikufjölda,
c. takmarkaðar veiðar til heimilisþarfa á friðunartíma skv. 1. mgr.,
d. friðun vatnasilungs á hrygningarstöðvum,
e. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

20. gr.
Álaveiðar.

Álaveiðar eru heimilar allt árið. Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tíma- eða staðbundnar friðanir áls og gerð og frágang heimilla veiðitækja.

21. gr.
Ósaveiðar.

Eigi má veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

Landbúnaðarstofnun getur, að ósk hlutaðeigandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, bannað eða takmarkað umfram það sem greinir í 1. mgr. alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir, þar með talið stangveiði, upp eða niður frá ósi, enda þyki slíkt nauðsynlegt vegna fiskigengdar og viðhalds veiði í vatninu.

Bann eða takmörkun veiði skv. 2. mgr. skal vera tímabundin, sé þess kostur. Ef sannað þykir að slíkt bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

22. gr.
Gönguhelgi.

Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi.

Gönguhelgi tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik og ósasvæði skv. 1. mgr. 21. gr. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemur þriðjungi af breidd vatns.

Nú rennur straumvatn í kvíslum og skal þá haga veiði í hverri kvísl sem hún væri sérstakt vatn.

Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og skal þá skorið úr með mati skv. VII. kafla laga þessara.

23. gr.
Veiðar við fiskvegi.

Ekki má veiða eða styggja fisk í fiskvegi eða fiskteljara nær neðra mynni þeirra en 30 metrum og ekki nær efra mynni þeirra en 20 metrum. Ekki má spilla fiskvegum eða fiskteljurum eða tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

24. gr.

Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.

Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur Landbúnaðarstofnun sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn Veiðimálastofnunar. Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Landbúnaðarstofnun heimilt að setja reglur um friðun tiltekinna svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, enda sé það mat Veiðimálastofnunar að veiði á þeim stöðum sé skaðleg fiskstofnum vatnsins.

Friðun skv. 2. mgr. getur ýmist verið bundin við tiltekinn tíma eða ótímabundin. Ef sannað þykir að bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Ef eigi semst skal ákveða bætur með mati skv. VII. kafla laga þessara.

25. gr.

Eyðing fisks.

Ef rétt þykir að eyða fiski eða lagardýrum úr veiðivatni vegna sjúkdóma eða sníkjudýra getur Landbúnaðarstofnun heimilað slíkt. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, Veiðimálastofnunar, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fisksjúkdómanefndar. Ef nauðsyn ber til skal kveða á um notkun tiltekinna efna við eyðingu fiskstofnsins, með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

26. gr.

Veiðar í klak- og vísindaskyni og merkingar vatnafiska.

Heimilt er veiðifélögum að veiða lax eða silung til hrognatöku vegna fiskræktar enda liggi fyrir samþykkt fiskræktaráætlun, sbr. lög um fiskrækt. Þá getur Landbúnaðarstofnun heimilað veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að veiða lax- eða silung til hrognatöku í sama skyni. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara en um nánari framkvæmd þeirra fer eftir lögum um fiskrækt.

Landbúnaðarstofnun getur heimilað þeim er rannsóknir stunda á lífríki ferskvatns veiðar ferskvatnsfiska í vísindaskyni, þar með talið í eignarlöndum. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. kafla laga þessara um veiðistjórn og ákvæðum IV. kafla um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Til veiða í vísindaskyni þarf veiðiskírteini sem Landbúnaðarstofnun gefur út á nafn einstaklings, eða stofnunar ef rannsóknir eru stundaðar á hennar vegum. Landbúnaðarstofnun er heimilt að gera ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu þeirra sem óska eftir veiðiskírteini. Skal skírteinið gilda tímabundið. Að jafnaði skal tiltekið til hverra veiðivatna rannsókn tekur. Ef sérstaklega stendur á, t.d. þar sem rannsóknir eru stundaðar á landsvísu eða afmörkuðum svæðum landsins, er ekki þörf slíkrar tilgreiningar. Veiðar í vísindaskyni skulu, eftir því sem kostur er, stundaðar í samráði við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög.

Handhafa veiðiskírteinis er ekki heimilt að hagnýta sér í eigin þágu þann fisk sem veiddur er í vísindaskyni. Veiðiréttarhafa er heimilt að hagnýta sér aflann, en ber að öðru leyti ekki endurgjald vegna slíkrar veiði.

Landbúnaðarstofnun veitir heimildir til merkinga á vatnafiskum með skilyrðum sem hún setur og heldur gagnabanka um merkingar. Eigendur veiðiréttar og þeir sem veiði stunda

skulu skila merkjum til Landbúnaðarstofnunar, í samræmi við reglur sem stofnunin setur.

Landbúnaðarstofnun getur sett reglur um upprunamerkingu á þeim laxi sem boðinn er til sölu og gert sérstakar kröfur um merkingar á stangveiddum slátruðum laxi sem veiddur er í ám. Landbúnaðarstofnun leggur þá til slík merki, hagsmunaaðilum að kostnaðarlausu.

IV. KAFLI
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.
Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.

Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.

Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks. Landbúnaðarstofnun er einnig heimilt að leyfa veiði með girðingum og kistum þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hún með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það sem segir í lögum þessum.

Ekki er heimilt að stunda samhliða veiði á stöng og veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti á sama svæði í straumvatni eða svæði stöðuvatns þar sem göngufiskur fer um.

28. gr.
Fastar veiðivélar í straumvatni.

Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Ekki má leggja lagnet svo að af verði gildra, og ekki má nota tvöföld net.

Á tímabilinu frá 20. maí til 30 september ár hvert mega net þau er í 1. mgr. greinir, á þeim svæðum sem lax gengur um, ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum.

Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.

Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða ekki, skal jafnan vera hundrað metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Til fastrar veiðivélar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, svo og leiðari.

Ekki má fjölga föstum veiðivélum frá því sem var síðustu fimm árin fyrir gildistöku laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarstofnun getur þó, ef sérstaklega stendur á, heimilað fjölgun lagna, enda mæli Veiðimálastofnun ekki gegn slíku.

Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja, að mati Veiðimálastofnunar, stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu, er Landbúnaðarstofnun heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Ef sannað þykir að ákvarðanir Landbúnaðarstofnunar skv. 5. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra veiðiréttarhafa í sama veiðivatni skulu þeir veiðiréttarhafar, sem

ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

29. gr.

Stangveiði í straumvatni.

Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu sem gilda skulu í a.m.k. átta ár. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda stanga sem á má veiða hverju sinni,
b. aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

Ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að krefjast mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

30. gr.

Veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum.

Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.

Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. undanþágu til notkunar annarra veiðitækja en greinir í 1. mgr.,
b. fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja sem leyfð eru,
c. lágmarksstærð fisks sem veiða má,
d. fjarlægð stangveiði frá föstum veiðivélum,
e. undanþágu frá banni við ádrætti í almenningi stöðuvatns.

Fari lax og göngusilungur um stöðuvatn skulu gilda um það sömu reglur og um straumvötn með tilliti til staðsetningar fastra veiðivéla og gönguhelgi. Að öðru leyti gilda reglur laga þessara um veiði í straumvötnum um veiði í stöðuvötnum eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Tæki og aðferðir við veiðar göngusilungs í sjó.

Veiða má göngusilung í netlögum sjávarjarða á færi, stöng og í lagnet. Við þær veiðar má ekki nota nein þau veiðitæki sem ætluð eru til laxveiða.

32. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um veiðitæki og veiðiaðferðir samkvæmt kafla þessum, þ.m.t. um merkingu fastra veiðivéla.

Landbúnaðarstofnun getur með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en greinir í kafla þessum, enda telji Veiðimálastofnun að slíkt skaði hvorki lífríki vatns, fiskigengd né fiskför.

V. KAFLI
Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.

33. gr.

Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Landbúnaðarstofnunar um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Landbúnaðarstofnunar skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

Ef sérstök ástæða þykir til getur Landbúnaðarstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. Landbúnaðarstofnun getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.

34. gr.

Fiskvegir.

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirki í vatni eða meðfram vatni. Þar sem ekki er starfandi veiðifélag þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. ⅔ veiðiréttarhafa.

Ráðherra getur heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum skv. 1. mgr. að taka eignarnámi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns sem með þarf til gerðar, starfrækslu og viðhalds fiskvegar eða annarra sambærilegra mannvirkja. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. getur Landbúnaðarstofnun heimilað lokun fiskvegar, tímabundið eða ótímabundið.

Ef sannað þykir að beiting heimilda skv. 1. og 3. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

35. gr.

Önnur mannvirkjagerð.

Ef heimiluð er á grundvelli annarra laga gerð mannvirkis sem tálmar fiskför í eða við veiðivatn er þeim sem heimild fær skylt að kosta gerð og viðhald fullnægjandi fiskvegar samkvæmt ákvæðum 34. gr.

Skylda til gerðar fiskvegar skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef sýnt er fram á með mati skv. VII. kafla laga þessara að gerð fiskvegarins og viðhald hafi til muna meiri kostnað í för með sér en sem nemur tjóni á veiði þeirra veiðiréttarhafa sem land eiga að veiðivatni ofan mannvirkis. Tjón þeirra skal hins vegar sá bæta að fullu er heimild fær til mannvirkjagerðar.

Ef vatni er veitt úr eða í veiðivatn til áveitu, vatnsveitu, vatnsaflsvirkjana eða annarra nota, sem ekki tengjast veiði eða fiskför, getur Landbúnaðarstofnun sett það skilyrði að svo sé búið um hnútana að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í skurði eða leiðslur. Kostnað, er af slíku hlýst, skal sá greiða er á eða hagsbóta nýtur af framkvæmdinni.

Hafi vatnsmiðlun áhrif á vatnsmagn í veiðivatni skal ávallt haga henni þannig að sem minnst röskun hljótist af fyrir lífríki, fiskför og veiði. Rekstraraðila miðlunar er skylt að hafa samráð við veiðifélag eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, um vatnsmagnsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á hverjum tíma og líklegar eru til að hafa áhrif á fiskför.

36. gr.

Skaðabætur.

Ef sannað þykir að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskigengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóta samkvæmt lögum þessum og slíkt veldur tilteknum veiðiréttarhafa tjóni, skal sá aðili er að framkvæmd stendur bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

VI. KAFLI
Um veiðifélög.

37. gr.

Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.

Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi:

a. Að sjá til þess að reglum laga þessara og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu.
b. Að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra.
c. Að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra.
d. Að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu.
e. Að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem þeim eru falin í lögunum og varða framkvæmd þeirra.

Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr.

Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum þessum skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

Hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Ávallt skulu þeir sem aðgengis njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laga þessara fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns.

Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárhlutfalli.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um starfsemi veiðifélaga svo sem nánar er kveðið á um í kafla þessum.

38. gr.

Umdæmi veiðifélags.

Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

Landbúnaðarstofnun skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði.

Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi.

Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi félags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar.

39. gr.

Stofnun veiðifélags.

Þar sem ekki er starfandi veiðifélag fyrir geta einn eða fleiri veiðiréttarhafar átt frumkvæði að stofnun veiðifélags og boðun stofnfundar, en að þeim frátöldum Landbúnaðarstofnun.

Til stofnfundar skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um boðun stofnfundar og dagskrá hans. Til annarra funda en stofnfundar í veiðifélagi skal boða með sama hætti.

Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

a. nafn félags,
b. heimilisfang og varnarþing,
c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga þessara,
d. verkefni félagsins,
e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,
g. skyldu til framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félags,
h. meðferð afla félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

Ráðherra skal í reglugerð setja veiðifélögum fyrirmynd að samþykkt í samræmi við efni málsgreinar þessarar.

Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

Atkvæði ⅔ hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þar afl atkvæða.

Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar, getur Landbúnaðarstofnun sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

Sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

Samþykkt skv. 3. mgr. skal staðfest af Landbúnaðarstofnun og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskostsfrestur skv. 7. mgr. er liðinn.

40. gr.

Atkvæðisréttur í veiðifélagi.

Á félagssvæði veiðifélags fylgir eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama gildir um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Með jörð í framangreindum skilningi er átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976.

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélagi með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

Þegar sameinaðar hafa verið jarðir, sem veiðirétt hafa, fylgir eitt atkvæði hinni sameinuðu jörð.

Þegar veiðiréttur hefur löglega verið skilinn frá jörð, eða land hefur verið fellt úr tölu jarða með samþykki réttra yfirvalda, skal eitt atkvæði koma fyrir þá jörð eða það land sem veiðirétturinn tilheyrði upphaflega.

Ef landareign er leigð samkvæmt ábúðarlögum skal ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar sinnar, nema á annan veg hafi verið samið, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Félagsmaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðarbók.

Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi.

Um málefni, sem ekki er sérstaklega kveðið á í lögum eða samþykktum félags, ræður afl atkvæða.

41. gr.

Arðskrá.

Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til:

a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði,
b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og
c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.

Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði, og þarf atkvæði ⅔ hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar henni. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

Ef arðskrá er ekki samþykkt ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati skv. VII. kafla laga þessara um þau atriði sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast

mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

Arðskrá skv. 1.–4. mgr. skal staðfest af Landbúnaðarstofnun og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskostsfrestur skv. 4. mgr. er liðinn. Tekur hún gildi tveimur mánuðum eftir slíka birtingu. Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá ef henni er til að dreifa þar til matsgerð skv. VII. kafla laga þessara liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

Heimilt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.

Nánari fyrirmæli um arðskrár skal ráðherra setja í reglugerð.

42. gr.

Nánari ákvæði um starfshætti veiðifélags.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

Félagsstjórn skal senda Landbúnaðarstofnun samþykktir viðkomandi veiðifélags og arðskrá til staðfestingar.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa Landbúnaðarstofnun skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga þessara.

Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert og aukafundi eftir þörfum. Boði félagsstjórn ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert er þeim sem fund vilja halda heimilt að boða hann. Nánari ákvæði um slíka fundi skal ráðherra setja í reglugerð.

43. gr.

Kæruheimild.

Nú greinir félagsmenn veiðifélags á um lögmæti ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn og getur þá hver félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

Landbúnaðarstofnun skal hafa lokið afgreiðslu máls innan tveggja mánaða frá því að kæra barst.

Reynist hin kærða ákvörðun ólögmæt fellir Landbúnaðarstofnun hana úr gildi. Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

VII. KAFLI
Um matsgerðir og skaðabætur.

44. gr.

Skipan matsnefndar o.fl.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn og jafnmarga til vara í matsnefnd til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir að tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara. Einn nefndarmaður skal skipaður að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga. Nefndin skiptir með sér störfum. Annar þeirra nefndarmanna sem Hæstiréttur tilnefnir skal vera formaður nefndarinnar.

Ráðherra er heimilt að framlengja starfstíma matsnefndar um sex mánuði til þess að ljúka þeim málum sem nefndin hafði til meðferðar þegar ráðherra skipar nýja menn í nefndina.

Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir. Henni er einnig heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls.

Ráðherra ákveður tímagjald matsmanna og starfsmanns nefndarinnar. Laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist með fjárveitingum af fjárlögum. Við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal miðað við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi matsnefndarinnar.

Matsnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann.

45. gr.

Beiðni um úrskurð eða matsgerð.

Ef félagsmenn í veiðifélagi greinir á um arðskrá verður ágreiningi þar að lútandi skotið til matsnefndar í samræmi við 4. og 6. mgr. 41. gr.

Nú greinir menn á hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál eða takmörk fiskihverfis og er þá heimilt að bera ágreininginn undir úrskurð matsnefndar.

Matsnefnd fer að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

Beiðni um úrskurð um ágreiningsefni skal vera skrifleg og skal ágreiningsefnið skýrt afmarkað. Beiðninni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

46. gr.

Málsmeðferð.

Matsnefnd skal ákveða fyrirtöku máls með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegri tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varðar, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd getur þess í stað óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrir fram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku máls í Lögbirtingablaði.

Við fyrstu fyrirtöku máls skal skorað á aðila að upplýsa hvort þeir geri athugasemdir við hæfi nefndarmanna til meðferðar máls. Þá skal og farið yfir afmörkun ágreiningsefnis sem til úrlausnar er og ákvarðar nefndin það nánar sé ástæða til.

Um meðferð máls fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum.

Matsnefnd skal ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.

Matsnefnd skal í rökstuddum skriflegum úrskurði gera grein fyrir niðurstöðu sinni. Form og efni úrskurðarins skal vera í samræmi við 31. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Úrskurð skal birta með sama hætti og segir í 1. mgr.

47. gr.

Kostnaður af matsgerð.

Í úrskurði matsnefndar skal kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila og rennur hann í ríkissjóð. Veiðifélag skal að jafnaði bera kostnað af endurskoðun arðskrár.

Til málskostnaðar telst allur kostnaður af matinu, þ.m.t. laun matsmanna samkvæmt tímaskýrslu og sérfræðinga skv. 3. mgr. 44. gr., ferðakostnaður og annar kostnaður, svo og laun starfsmanns nefndarinnar samkvæmt tímaskýrslu.

48. gr.

Úrskurðir matsnefndar og málshöfðunarfrestur.

Matsnefnd skv. 1. mgr. 44. gr. er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

49. gr.

Bótaskyld skerðing á veiðirétti.

Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati.

Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan sú ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu.

Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

VIII. KAFLI

Refsi- og réttarfarsákvæði.

50. gr.

Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að 2 árum, ef miklar sakir eru, ef:

a. Hann veiðir án leyfis í vatni annars manns.
b. Hann er staðinn að því að vera með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé að hann hafi átt þar lögmæt erindi.
c. Hann veiðir á tíma þegar veiði er bönnuð eða á stöðum þar sem veiði er bönnuð.
d. Hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir sem bannað er að nota eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð.
e. Hann veiðir fisk sem er minni en leyft er að veiða eða sleppir ekki veiddum fiski er sleppa skal.
f. Hann brýtur ákvæði 1. eða 3. mgr. 27. gr., 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. eða 2. mgr. 30. gr.
g. Hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn.
h. Hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði.
i. Hann hlítir ekki settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

51. gr.

Um fullframningarstig brota.

Brot þau er getur í c-, d- og h-liðum 50. gr. teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

52. gr.

Um skaðabótarétt brotaþola.

Nú veiðir maður án leyfis í vatni annars manns, og skal sá er misgert var við fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón sem hann kann að hafa orðið fyrir.

53. gr.

Um upptöku veiðitækja og ólöglegs afla.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu gerð upptæk. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 52. gr.

54. gr.

Um ráðstöfun sektarfjár.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

55. gr.

Um þátttöku Landhelgisgæslu í löggæslu.

Landhelgisgæsla Íslands fer með löggæslu samkvæmt lögum þessum á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi að ystu mörkum efnahagslögsögunnar.

56. gr.

Stjórnvaldssektir.

Lögregla og Landhelgisgæsla Íslands geta lagt stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. á skipstjóra eða hvern þann sem veitt hefur lax í sjó og af ásetningi eða gáleysi ekki sleppt honum strax aftur. Ef brot er stórfellt má leggja á hinn brotlega 200.000 kr. stjórnvaldssekt. Sektir samkvæmt þessari grein renna í Landhelgissjóð Íslands.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

57. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Ákvæðum VII. kafla skal einvörðungu beitt um mál sem koma til meðferðar matsnefndar eftir gildistöku laganna. Sé mál enduruppteikið eftir gildistöku laga þessara skal beita lögunum um þau mál upp frá því.

Þau mál sem eru til meðferðar hjá matsmönnum og yfirmatsmönnum skv. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þegar lög þessi taka gildi, skal til lykta leiða af þessum matsmönnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Mati skv. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, má skjóta til matsnefndar áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats.

Mat skv. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, verður borið undir matsnefnd í samræmi við ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga þessara.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 1.–22. gr., 24.–61. gr., 85.–89. gr., 1. mgr. 90. gr., 95. og 96. gr. og 101.–110. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

58. gr.

Breyting á lögum nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Landbúnaðarstofnun skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Landbúnaðarstofnun eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi.

Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um eldi vatnafiska, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja 10 fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II.

Samþykktum einstakra veiðifélaga skal breytt til samræmis við fyrirmæli og reglur laga þessara, í síðasta lagi innan árs frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Um aðdragandann að samningu frumvarps þessa.

Hinn 1. júlí 2001 fól landbúnaðarráðherra þeim dr. jur. Gauki Jörundssyni, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, dr. jur. Páli Hreinssyni, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, að semja frumvarp til nýrra laga um lax- og silungsveiði, er leysa skyldi af hólmi gildandi lög um sama efni nr. 76/1970, með síðari breytingum. Við fráfall dr. jur. Gauks Jörundssonar voru í hans stað skipaðir til starfans þeir Karl Axelsson, hrl. og lektor, og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þá hefur dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, verið ráðgjafi við samningu frumvarpsins. Áslaug Björg-

vinsdóttir, laganemi við Háskólann í Reykjavík, tók saman dómareifanir er fylgja sem fylgiskjal I við frumvarp þetta.

Unnið hefur verið jafnt og þétt að verkinu frá áramótum 2004/05 með það að markmiði að unnt yrði að leggja fram frumvarp til nýrra lax- og silungsveiðilaga við upphaf haustþings 2005. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndarinnar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Svo sem rakið verður í næsta kafla (II) er stofn gildandi löggjafar að hluta til frá árinu 1932, þótt ný lög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Á síðustu árum og áratugum hefur átt sér stað allveruleg endurskoðun, og að sínu leyti samræming, ákvæða íslenskrar löggjafar sem lúta að auðlindum landsins, eignarhaldi þeirra og nýtingu. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum; lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu; lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta; raforkulög, nr. 65/2003, o.fl. Á 131. löggjafarþingi voru jafnframt lögð fram frumvörp til nýrra vatnalaga og laga um jarðrænar auðlindir sem ekki urðu útrædd. Við þá endurskoðun sem fram hefur farið á lögum um lax- og silungsveiði og endurspeglast í frumvarpi þessu hefur nauðsynlegs samræmis verið gætt í þessu tilliti, enda um þá auðlindanýtingu að ræða sem eðlilegt er að meta og stýra í samhengi og samræmi við aðra nýtingu lífrænna og ólífrænna auðlinda landsins.

Löggjöf um lax- og silungsveiði er í eðli sínu löggjöf um nýtingu auðlindar á því sviði og fellur hún því í sama flokk og löggjöf sú er að framan er talin. Efni frumvarpsins fylgir í öllum aðalatriðum sömu meginsjónarmiðum og fram koma í þeirri auðlindalöggjöf um eignarhald og takmarkanir eignarráða, enda er þar um fyrirkomulag eignarhalds og takmarkanir þess byggt á viðhorfum sem ráðandi hafa verið í íslenskri löggjöf og lagaframkvæmd frá upphafi lagasetningar hér á landi um það efni. Verði frumvarp þetta og fylgifrumvörp þess að lögum má í raun segja að komið sé gott samræmi í íslenska löggjöf um eignarhald og nýtingu þýðingarmestu auðlinda landsins.

Meginmarkmið frumvarps þessa er hið sama og gildandi laga, þ.e. að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og þær takmarkanir sem sá réttur sætir. Því til viðbótar felur 1. gr. frumvarpsins í sér þá stefnuyfirlýsingu að nýting auðlindarinnar skuli fara fram með skynsamlegum og hagkvæmum hætti þar sem sjálfbær nýting fiskstofnanna er höfð að leiðarljósi. Svo sem nánar verður fjallað um hér síðar var sú leið farin við endurskoðunina að einfalda löggjöfina og gera hana sem skýrasta og markvissasta. Er að því stefnt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eru fjórir þættir eða málaflokkar, sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði, fluttir í sérstök frumvörp og þannig ráðgert að sérlög gildi á þeim sviðum. Í öðru lagi er ráðgert að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. Í þriðja lagi hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda, skýra og samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Staða íslenskra laxfiskstofna er betri en víða annars staðar. Íslendingum hefur tekist að nýta laxveiðiauðlindina betur en öðrum þjóðum. Bæði fæst meiri arður af auðlindinni og ekki

hefur verið gengið á auðlindina eins og hjá öðrum þjóðum. Íslenskir laxastofnar standa almennt betur en stofnar víða annars staðar en í heild hefur Atlantshafslaxi hnignað verulega á síðustu áratugum. Svipað má segja um silungsstofna þó að nýting þeirra sé ekki eins mikil og þróuð og laxveiðin. Gott ástand mála er þó ekki sjálfgefið. Vel þarf að halda á málum til að viðhalda þessu góða ástandi og er góður lagarammi afar mikilvægur.

Stangveiðar eru mjög mikilvægar fyrir land og þjóð. Kannanir sýna að um þriðjungur Íslendinga eða um 60.000 manns á aldrinum 18–75 ára stunda stangveiði árlega. Stangveiði er því vinsæl og mikið stunduð. Þá hefur það verið metið að um 5.000 erlendir veiðimenn leggi leið sína hingað til lands til veiða.

Laxveiðiframboð er nú um 34.000 stangadagar á ári. Það framboð verður ekki aukið mikið án ræktunaraðgerða. Veiðidagar Íslendinga eru yfir 400.000 á ári svo að ljóst er að margir stunda silungsveiði. Veiðidagar á mann eru færri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum.

Tekjur af veiðinytjum eru mikilvægar. Óbein og afleidd áhrif stangveiða má meta til 7,8–9,1 milljarðs króna á ári. Þar af eru beinar tekjur veiðifélaga 1,0–1,2 milljarðar króna á ári. Milli 1.000 og 1.200 störf eru til vegna stangveiða. Sem dæmi má nefna að stangveiði stendur undir um það bil helmingi atvinnutekna í landbúnaði á Vesturlandi. Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Veiðimálastofnunar um efnahagsáhrif stangveiða og stöðu laxastofna á Íslandi.

Í athugasemdum þessum verður næst vikið að sögulegu yfirliti réttarreglna um lax- og silungsveiði (II); þá verður fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem búa að baki og heimila skylduaðild að veiðifélögum (III); síðan verður nánar vikið að helstu nýmælum og efnisskipan frumvarpsins (IV). Loks eru athugasemdir við einstaka kafla og greinar. Með frumvarpinu eru birt sem fylgiskjöl reifanir allra þeirra hæstaréttardóma sem gengið hafa á þessu réttarsviði og tilvitnuð skýrsla Hagfræðistofnunar og Veiðimálastofnunar.

II. Sögulegt yfirlit réttarreglna um lax- og silungsveiði.

Í íslenskri löggjöf hafa líklega verið ákvæði um veiði allt frá stofnun Alþingis. Fyrstu skráðu lagaákvæðin í íslenskum rétti um veiði eru í Grágás, lögum hins íslenska þjóðveldis. Þar kom fram meginreglan um einkaveiðirétt landeiganda í landi sínu en hún hljóðaði svo: „Hver maður á að veiða fugla og fiska í sínu landi“, sbr. Konungsbók II, bls. 122 og Staðarhólsbók, bls. 506. Einkaveiðiréttí landeiganda voru þó nokkur takmörk sett. Honum var m.a. bannað að þverleggja ár eða þvergirða þær með öðrum hætti, nema hann ætti einn alla ána og þá varð hann í vissum tilvikum að þola veiði annarra manna í landi sínu. Í Jónsbók var byggt á sömu meginreglu og í Grágás um einkarétt landeiganda til veiða í landi sínu. Ákvæðin í Jónsbók um veiði voru í 56. kap. landsleigubálks. Af lestri þeirra ákvæða verður ráðið að þau hafi einkum verið sett til að jafna veiði og koma í veg fyrir yfirgang. Hitt virðist ekki hafa vakað fyrir þeim er lögin settu að fiskur þyrfti friðunar við til að veiðin héldist. Ákvæðin í Jónsbók voru um margar aldir einu fyrirmælin um veiðirétt og veiði hér á landi.

Það var ekki fyrr en árið 1849 sem ný ákvæði voru sett um veiði hérlendis. Það ár var gefin út tilskipun um veiði á Íslandi en hún fjallaði einkum um dýraveiðar á landi og sela- og hvalveiðar, en tók ekki til veiði í vötnum og ám.

Er líða tók á 19. öld var farið að stunda laxveiði í meira mæli en áður enda varð nokkur spurn eftir laxi til útflutnings. Deilur og málaferli tóku að spretta út af laxveiðum og ljóst varð að nauðsyn bæri til að sett yrði laxveiðilöggjöf er væri fyllri en hin fábrotnu ákvæði Jónsbókar og svaraði betur breyttum viðhorfum á þessu sviði, m.a. um friðun. Laxafriðun var til meðferðar á Alþingi árið 1867 en ekki varð þó af því að lög yrðu sett um það efni að sinni. Mál þessi voru einnig til meðferðar á Alþingi 1871 og 1873 en það var ekki fyrr en árið

1875 sem Alþingi samþykkti frumvarp er varð að lögum nr. 16/1876, viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula, um friðun á laxi. Í lögunum voru reglur um friðunartíma lax en hann skyldi friðaður fyrir hvers konar veiði frá 1. september til 20. maí ár hvert. Þá voru í lögunum ákvæði um gerð og umbúnað veiðarfæra sem m.a. lutu að því að óheimilt væri að nota neinar þær veiðiaðferðir eða nein veiðarfæri er tækju smálax. Loks var óheimilt að spilla veiði með því að fæla lax frá því að ganga í ár eða vötn eða „upp að þeim“, eins og tekið var til orða í lögunum.

Laxafriðun var enn til meðferðar á Alþingi árin 1877, 1879 og 1885. Átti það að verulegu leyti rætur að rekja til ágreinings sem risið hafði á sjöunda áratug aldarinnar um veiðiaðferðir og veiðirétt í Elliðaánum. Spunnust af þessum ágreiningi málaferli sem ekki verða rakin hér.

Með lögum nr. 5/1886, um friðun á laxi, voru ákvæði 56. kapitula landsleigubálks Jónsbókar endanlega numin úr íslenskum rétti og jafnframt viðaukalögin frá 1876. Í lögunum frá 1886 voru ýmis nýmæli og miðuðu þau í flestum atriðum að aukinni friðun á laxi, nema þau fyrirmæli sem heimiluðu að þvergirða á, ef sú á væri í eigu eins manns. Af öðrum nýmælum má nefna að á veiðitíma var tekin upp friðun um ákveðinn tíma í viku hverri, svonefnd vikufriðun, viss notkun veiðitækja var bönnuð og heimiluð var stofnun veiðifélaga með vissum skilyrðum.

Árið 1909 voru fyrstu ákvæðin um friðun silungs sett með lögum nr. 55/1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum. Í lögunum voru þó ekki nein almenn ákvæði um friðun silungs heldur veittu þau heimildir til að gera samþykktir um friðun og veiði silungs ef ⅗ þeirra manna sem veiði áttu í vatni kröfðust þess. Gátu slíkar samþykktir m.a. haft að geyma ákvæði um friðun á riðasilungi og á riðastöðvum (gotstöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, friðun á ófullþroska silungi og tilhögun netja og annarra veiðivéla.

Vatnalög voru sett árið 1923 (lög nr. 15/1923) en þar var að finna ýmis ákvæði er snertu veiði og veiðirétt. Áðurnefnd lög nr. 5/1886, um friðun á laxi, héldu þó áfram gildi sínu að því leyti sem þau vörðuðu laxveiði og selveiði og þá var heldur ekki hróflað við gildi laga nr. 55/1909, sem getið var hér að framan, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum. Í XIII. kafla vatnalaganna voru ýmis ákvæði er snertu veiði og veiðirétt. Ákvæði þessa kafla virðast eingöngu hafa átt við fiskveiðar, en t.d. ekki fuglaveiðar. Markverðast var að tekið var upp ákvæði í kaflann sem var hliðstætt banni 4. gr. veiðitilskipunarinnar frá 1849 við því að skilja að „veiðiréttinn og lóðina“, enda talið vafasamt að bannið í tilskipuninni næði til fiskveiði í ám og vötnum. Samkvæmt því ákvæði vatnalaga var bannað að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti frá landareign. Þetta bann gekk þó skemmra en bannið í veiðitilskipuninni þar sem í vatnalögum var heimilað að skilja veiðirétt frá landareign um tiltekið árabil, þó ekki lengur en 10 ár í senn, nema ráðherra leyfði eða önnur hlunnindi kæmu á móti er væru ekki metin landareigninni minna virði en veiðirétturinn. Fram kom í greinargerð með þessu ákvæði frumvarpsins að fortakslaust bann við aðskilnaði þætti líklega fullhart.

Árið 1929 voru sett lög um fiskiræktarfélög, nr. 6/1929. Með lögunum var stofnun fiskiræktarfélaga heimiluð. Heimildin var veitt eigendum veiðiréttar í sama fiskihverfi. Til fiskiræktar voru í lögunum taldar hvers konar aðgerðir sem ætla mætti að sköpuðu eða ykju fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskseiða, friðun á fiski og eyðing sels og annars veiðivargs.

Fyrstu heildstæðu lögin um lax- og silungsveiði voru sett með lögum nr. 61/1932, en þau lög voru afrakstur starfs nefndar sem atvinnumálaráðherra hafði skipað árið 1929 til þess „að endurskoða öll lagafyrirmæli um veiði í vötnum og ám og að semja frumvarp til nýrra laga

um allt það, sem að veiði í vötnum og ám og fiskirækt [lyti]". Samkvæmt greinargerð með frumvarpi því er að lögum varð var megintilgangur laganna að bæta hlut þeirra er borið höfðu skarðan hlut frá borði við skiptingu veiði úr ám og vötnum og að tryggja veiði til frambúðar með því að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju. Nefndin taldi að það hefðu einkum verið þeir er byggju með ánum ofanverðum sem fram að setningu laganna hefðu haft of litla hlutdeild í veiðinni. Frumvarpið var lagt fram á þingi 1930 og 1931 en varð í hvorugt skipti útrætt. Frumvarpið var samþykkt með nokkrum breytingum á Alþingi 1932 og urðu allharðar deilur á þinginu um ýmis atriði þess.

Með lögum nr. 61/1932 voru felld úr gildi lög sem áður er getið, þ.e. lög nr. 5/1886, um friðun á laxi, lög nr. 55/1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, XIII. kafli vatnalaga, nr. 15/1923, og lög nr. 6/1929, um fiskiræktarfélög. Í lögunum voru gerðar nokkrar breytingar frá fyrra réttarástandi. Hert var á takmörkunum á ráðstöfunarrétti manna yfir veiði frá því sem kveðið var á um í vatnalögum og lýst var hér að framan. Bannað var að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu frá landareign hvort heldur var fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en undantekningar gerðar sem einkum lutu að heimild landeiganda til að skilja rétt til stangveiði frá landareign um tiltekinn tíma sem þó mátti ekki fara fram úr 10 árum, nema leyfi ráðherra kæmi til og veiðimálanefnd og veiðimálastjóri mæltu með leyfisveitingunni. Þá var fiskræktarfélagi með vissum skilyrðum heimilað að taka veiði leigunámi. Með lögum nr. 61/1932 voru sett ákvæði um innlausnarrétt eigenda landareigna á veiðiréttindum sem skilin höfðu verið frá þeim eignum fyrir gildistöku laganna. Innlausnarréttur sá var bundinn því skilyrði að veiðifélag yrði stofnað til að hagnýta veiðina og að hans yrði neytt innan 5 ára frá gildistöku laganna. Þessi frestur var þrívegis lengdur, síðast til ársloka 1951, en eftir það, með lögum nr. 53/1957, var ákveðið að innlausnarrétturinn skyldi haldast án tímamarks. Með lögum nr. 61/1932 var nokkuð hert á friðunarákvæðum. Þannig var t.a.m. farið inn á þá braut að setja ákvæði sem takmörkuðu veiði á svæðum þar sem veiði var talin hættuleg fiskstofni. Þá var laxveiði í sjó að meginstefnu til bönnuð en silungsveiði heimiluð. Bann var lagt við fiskveiðum í ósum í ár og ósum í stöðuvötn og enn fremur 100 metra upp frá slíkum ósum og 250 metra niður frá þeim. Þó var heimilt að veita undanþágu frá slíku banni, svo sem algengt hefur verið. Í lögunum voru fjölmörg ákvæði er vörðuðu veiðitæki og veiðiaðferðir til að koma í veg fyrir rányrkju, einkum er laut að veiði ungviðis. Sú leið var yfirleitt farin að tiltaka þau veiðitæki sem nota mætti og kveða síðar nánar á um gerð, umbúnað og tilhögun þeirra. Í lögunum var kveðið á um að skylda mætti menn, að vissum skilyrðum uppfylltum, til þátttöku í fiskræktarfélögum. Þá var í lögunum sérstakur kafli um veiðifélög. Var mönnum samkvæmt ákvæðum laganna heimilt að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi, í fyrsta lagi, að félagið sjálft léti stunda veiði, og í öðru lagi, að félagið seldi á leigu rétt til stangveiði. Þegar aukinn meiri hluti manna hafði í samræmi við nánari reglur í lögunum samþykkt félagsstofnun var öllum öðrum skylt að gerast félagar. Samkvæmt lögunum skyldi gera veiðifélagi skrá sem sýndi þann hluta veiði eða arðs af veiði sem koma ætti í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta sem veiðiréttur fylgdi í vatni eða vötnum á félagssvæðinu. Veiði eða arði af henni skyldi jafna eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarðanna og skyldi í því efni hafa hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna 10 ára, ef til væru. Loks voru í lögum nr. 61/1932 ákvæði um matsgerðir og skaðabætur. Var tekið fram að um ákvörðun bóta og endurgjalds, er greiða ætti samkvæmt lögunum, skyldi matsnefnd fjalla eftir því sem segði í þágildandi lögum um framkvæmd eignarnáms. Virðast lögin hafa verið byggð á þeirri meginstefnu að ekki væri skylt samkvæmt stjórnarskrá að greiða bætur fyrir eignartakmarkanir sem af lögunum leiddi, eða kynni að leiða, aðrar en þær sem lögin beinlínis tóku fram að hefðu bótaskyldu í för með sér.

Fram til ársins 1940 var lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932, breytt sjö sinnum, sjaldnast í meiri háttar atriðum. Þó skal þess getið að með lögum nr. 79/1936 varð veigamikil breyting á afstöðu löggjafans til þeirra eignatakmarkana sem lögin um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932, höfðu eða gátu haft í för með sér. Var tekið upp almennt bótaákvæði sem kvað á um að ef veiðieigandi missti með öllu veiði vegna ákvæða í lögum nr. 61/1932 fyrir þá sök að lögin fyrirmunuðu honum að nota þá veiðiaðferð sem hann áður einni mátti við koma skyldi hann eiga kröfu til skaðabóta úr ríkissjóði eftir mati.

Árið 1941 voru breytingar þær sem gerðar höfðu verið á lax- og silungsveiðilögum frá setningu laga nr. 61/1932 felldar inn í meginmál laganna og lögin gefin út svo breytt í heild sem lög nr. 112/1941. Frá þeim tíma og fram til ársins 1957 var lögunum enn breytt sex sinnum, en ekki í meiri háttar atriðum.

Árið 1957 voru sett ný heildarlög um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957. Almennt má segja að ekki verði séð að til grundvallar lögum nr. 53/1957 hafi legið nein veruleg stefnubreyting miðað við ástæður og tilgang eldri löggjafar. Juku þau lög þó í flestu tilliti mjög á friðun lax og silungs enda var talið að eldri lög hefðu verið orðin ófullnægjandi þar sem til sögunnar hefðu komið betri veiðitæki en áður höfðu þekkst og meiri stund verið lögð á veiðar en áður hefði verið gert ráð fyrir. Hin strangari ákvæði lutu m.a. að friðun fyrir veiði, stangveiði og netaveiði, fjarlægð veiðivéla, stangafjölda í ám og lax- og silungsveiði í sjó. Þannig má sem dæmi nefna, að stangveiðitími var gerður jafnlangur netaveiðitíma eða 3 mánuðir í hverju veiðivatni ár hvert, kveðið var á um að daglegur veiðitími mætti ekki vera lengri en 12 klst. og að stangveiði mætti ekki stunda á þeim stöðum þar sem önnur veiðitæki væru notuð. Öll þessi ákvæði voru nýmæli. Þá var þeim veiðitækjum sem heimilt var að nota í ám fækkað. Loks má nefna að gerðar voru breytingar á ákvæðum um fiskræktarfélög og veiðifélög sem einkum vörðuðu stofnun þeirra félaga, fundarboðun, atkvæðagreiðslur og frest til vefengingar á stofnun félaganna. Að því er varðar veiðifélög sérstaklega var ákvæðum um niðurjöfnun veiði og skiptingu arðs í veiðifélögum breytt. Horfið var frá þeirri reglu, sem var í eldri lögum, að við niðurjöfnun og skiptingu arðs skyldi miðað við veiðireynslu á jörðum tiltekin ár aftur í tímann. Þess í stað var litið til þriggja atriða, þ.e. aðstöðu við netaveiði og stangveiði á jörð, landlengdar jarðar að veiðivatni og hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks á jörð.

Árið 1970 var samþykkt á Alþingi frumvarp til breytinga á lax- og silungsveiðilögum, nr. 53/1957. Var meginmál hinna fyrrnefndu laga (nr. 38/1970) fellt inn í hin síðarnefndu og gefin út sem lög nr. 76/1970. Þau lög eru að stofni til enn gildandi lög hérlendis um lax- og silungsveiði. Þeim hefur þó alloft verið breytt, eins og síðar verður rakið, þó ekki í grundvallaratriðum. Með lögum nr. 38/1970 var ýmsum ákvæðum breytt til skýringar frá eldri lögum eða í samræmi við breytta hætti. Þá var þar að finna nokkrar nýjungar. Þannig var sett inn ákvæði sem heimilaði að stytta vikufriðunartíma vegna annarrar veiði en stangveiði úr 80 í 60 klst. ef engin hætta var á, að dómi veiðimálstjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, að um þverrandi fiskstofn væri að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Að sama skapi var heimilt að lengja friðunartímann um allt að 24 klst. væri talin hætta á þverrandi fiskstofni í fiskihverfinu. Þá voru reistar skorður við því að tekin væru í notkun net úr nýjum efnum eða úr efnum sem fullkomnuð höfðu verið í framleiðslu sem veiðiútbúnaður. Aðrar helstu nýjungar sem komu inn með lögum nr. 38/1970 lutu að breytingum á félagslegu skipulagi veiðimála. Þannig voru fiskiræktarfélög lögð niður enda höfðu þau ekki náð þeirri hylli og útbreiðslu sem vænst var þegar ákvæði um þau voru leidd í lög. Þá voru veiðifélög gerð að skylduaðildarfélögum. Samkvæmt því skyldu veiðifélög starfa við öll fiskihverfi landsins, m.a. á afréttum, þar sem slík félög gátu náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Var þannig ætlun löggjafans að breyta því fyrirkomulagi að veiðifélög störfuðu við sum fiski-

hverfi en ekki önnur enda var stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi þar sem veiðifélög störfuðu. Þá var með lögunum stofnaður Fiskræktarsjóður sem hafði það hlutverk að efla fiskrækt og fiskeldi í landinu með beinum styrkjum og lánum. Loks má nefna að með lögunum voru viðurlög við brotum á þeim hert verulega, enda hafði ásókn manna í ólöglegar lax- og silungsveiðar aukist árin á undan.

Eins og að framan var rakið hefur gildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, verið breytt alloft frá árinu 1970, einkum hin síðari ár, og verða hér helstu breytingar raktar.

Með lögum nr. 63/1994 voru fjölmörg ákvæði laganna endurskoðuð þar eð ýmislegt hafði gerst á sviði veiðimála frá gildistöku eldri laga sem kallaði á breytt lagaákvæði og ný ákvæði. Tekið var þó fram í frumvarpi því er að lögum varð að hér væri ekki um heildarendurskoðun þeirra að ræða. Helsta breytingin með lögum nr. 63/1994 laut að því að sett voru inn í lögin almenn og nauðsynleg ákvæði um fiskeldi og hafbeit en sú atvinnugrein hafði þá í auknum mæli rutt sér til rúms. Þá voru nokkrar breytingar gerðar á ákvæðum laganna um friðun lax og silungs, sum í átt til rýmkunar. Þannig var árlegur veiðitími lengdur úr 3 mánuðum í 3½ mánuð og lok árlegrar veiði færð aftur um 10 daga, frá 20. september til 30. september. Þá voru ákvæði laganna um hvenær sólarhrings mætti veiða rýmkuð þannig að kveðið var á um að veiði gæti staðið allt til 3 eftir miðnætti. Ekki var þó hróflað við því að stangveiði mætti ekki standa lengur en 12 klst. á sólarhring. Önnur ákvæði laganna voru í átt til takmörkunar, m.a. var lögfest heimild fyrir ráðherra til að friða viss svæði í sjó í námunda við laxveiðiár þar sem miklar laxagöngur færu um á leið sinni í þær. Loks var lögfest heimild til að friða vatnasilung fyrir allri veiði.

Með lögum nr. 50/1998 voru gerðar breytingar á lögum nr. 76/1970 sem lutu einkum að þrennu. Stjórnsýsluverkefni voru flutt frá landbúnaðarráðherra til veiðimálastjóra, lagaákvæði er vörðuðu verndun og viðhald náttúrulegra stofna laxfiska voru treyst og Fiskræktarsjóður efldur.

Með lögum nr. 83/2001 voru sett skýrari og ítarlegri ákvæði í þann kafla laga nr. 76/1970 er fjallaði um fiskeldi og hafbeit, þar eð þágildandi löggjöf var talin fábrotin og ekki veita stjórnvöldum nóg svigrúm til að hafa úrslitaáhrif á mótun og starfsemi atvinnugreinarinnar.

Ekki verður í þessu sögulega yfirliti getið annarra minni háttar breytinga sem gerðar hafa verið á lögum nr. 76/1970 frá gildistöku þeirra laga.

III. Um skylduaðild að veiðifélögum.

Ákvæði um skilyrðislausa skyldu manna til að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi kom fyrst inn í lög um lax- og silungsveiði með lögum nr. 38/1970. Fyrir þann tíma, eða allt frá gildistöku laga nr. 5/1886, um friðun á laxi, var valkvætt hvort stofnuð væru slík veiðifélög, en með lögum nr. 61/1932 voru sett ákvæði um að ef slík félög væru á annað borð stofnuð, en til þess þurfti samþykki aukins meiri hluta þeirra sem á stofnfund mættu, væri öllum öðrum ábúendum á hinu fyrirhugaða félagssvæði skylt að gerast félagar í þeim.

Hin skilyrðislausa skylda manna til að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi var rökstudd með svofelldum hætti í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/1970:

„Ætlast er [...] til, að veiðifélög verði starfandi samkvæmt lögum við öll fiskihverfi landsins, m.a. á afréttum, þar sem slík félög geti náð yfir fleiri en eitt fiskihverfi eftir aðstæðum. Er fyrirhugað að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, þ.e. að veiðifélög starfi við sum fiskihverfi og eigi við önnur, enda er stjórn og rekstur veiðimála í góðu lagi, þar sem veiðifélögin starfa, til mikils gagns og hagsbóta fyrir veiðibændur. En þar sem veiðifélög eru eigi starfandi, er

skipulagsleysi ríkjandi og fiskrækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi. Er slíkt ástand til vandræða fyrir menn almennt við einstök fiskihverfi, þó að einstakir veiðibændur kunni að koma ár sinni vel fyrir borð vegna skipulagsleysis. Í nágrannalöndum hefur skipulag á stjórn veiðimála við fiskihverfi eða stærri félagsheildir þegar verið bundið í lögum.“ (Alþt. 1968–1969, A-deild, bls. 1606–1607.)

Ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, hefur að geyma ákvæði um félagafrelsi. Þar er í 1. mgr. kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess. Í 1. málsl. 2. mgr. er rétturinn til að standa utan félaga verndaður, en þar segir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í 2. málsl. 2. mgr. er að finna undantekningar frá þeirri meginreglu en þar segir að með lögum megi kveða á um skyldu til aðildar að félagi ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Ákvæði þessi komu inn í stjórnarskrána með 12. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, með síðari breytingum. Í athugasemdum með 12. gr. í frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, komu fram þau rök fyrir skylduaðild vegna réttinda annarra að við ákveðnar aðstæður gætu tengsl á milli hagsmuna manna orðið svo náin að nauðsynlegt þætti að leggja þá skyldu á þá að virða hagsmuni hvor eða hver annars með því að standa að sameiginlegu félagi í því skyni. Eru veiðifélög tekin sem dæmi um þessa aðstöðu í frumvarpinu og tekið fram að í slíkum félögum sé eigendum veiðiréttar gert að standa að sameiginlegu félagi vegna þeirra nánu tengsla sem eru á milli hagsmuna þeirra (sbr. Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2108).

Heimildir löggjafans til að mæla fyrir um skylduaðild að veiðifélögum skv. VI. kafla frumvarps þessa helgast því, með vísan til framangreinds, af 2. málsl. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og þeim sjónarmiðum sem það ákvæði er byggt á.

Rétturinn til að standa utan félaga er ekki berum orðum varinn í 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í dómaframkvæmd hefur Mannréttindadómstóll Evrópu þó komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið verndi þann rétt, þótt ekki hafi hann með skýrum hætti tekið afstöðu til þess hvort sá réttur njóti verndar í sama mæli og rétturinn til að stofna og starfrækja félög, sbr. t.d. dóm dómstólsins í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn Íslandi frá 30. júní 1993. Af þessu leiðir, skv. 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans, að uppfylla þarf tiltekin skilyrði til að rétturinn til að standa utan félaga verði takmarkaður. Um skylduaðild að félagi þarf þannig að mæla fyrir í lögum. Hún þarf að vera í þágu lögmætra markmiða, þ.e. vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Loks má skylduaðildin ekki ganga lengra en nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í *máli Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi* frá 29. apríl 1999 reyndi m.a. á hvort fyrirkomulag það sem var við lýði á sumum svæðum í Frakklandi og kvað á um skylduaðild landeigenda jarða af tiltekinni stærð að félögum um villidýraveiði og flutning veiðiréttar þeirra landeigenda til veiðifélaganna stæðist 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hlutverk félaganna var samkvæmt lögum þeim sem um þau giltu að stuðla að uppbyggingu villibráðarstofna og eyðingu rándýra og hindra veiðiþjófnað á félagssvæði. Kærendur höfðu tekið yfirlýsta afstöðu gegn veiðum og stunduðu náttúruvernd. Töldu kærendur m.a. af þeim ástæðum að skylduaðildin bryti í bága við 11. gr. mannréttindasáttmálans. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að franska ríkið hefði brotið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans á þeim forsendum að enda þótt kveðið væri á um skylduaðildina í lögum og að hún þjónaði lögmætu markmiði, þ.e. að vernda réttindi og frelsi annarra, gæti hún ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Í rökstuðningi sínum benti

dómstóllinn á nokkur atriði niðurstöðu sinni til stuðnings. Hér skal í fyrsta lagi nefnt að dómstóllinn taldi að líta yrði til þess að kærendur væru andsnúnir veiðum af siðferðilegum ástæðum og að þær ástæður byggðust á skoðunum sem væru virtar í lýðræðisríkjum. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að hin umdeildu lög næðu aðeins til hluta landeigenda. Þannig næðu lögin ekki til tiltekinna opinberra aðila sem ættu land. Þá væri skylduaðildin aðeins við lýði í fjórðungi sveitarfélaga auk þess sem hún ætti aðeins við um eigendur landareigna undir ákveðinni stærð. Meðal annars með vísan til ofangreindra atriða taldi dómstóllinn að franska ríkið hefði gengið lengra en því var heimilt til að ná því markmiði sem stefnt var að og féllst á að brotið hefði verið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans í þessu tilviki.

Rétt er að víkja að hinu íslenska fyrirkomulagi á skylduaðild að veiðifélögum á grundvelli lax- og silungsveiðilaga andspænis 11. gr. mannréttindasáttmálans og ofangreindum dómi Mannréttindadómstólsins. Fyrst skal á það bent að tilgangur skylduaðildar að veiðifélögum hérlendis er skv. 37. gr. frumvarps þessa sá að stuðla að því að markmið laganna náist, en þau markmið eru skv. 1. gr. frumvarpsins að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Áður en kveðið var á um skylduaðild að veiðifélögum með lögum nr. 76/1970 sýndi það sig, eins og áður segir, að þar sem veiðifélög voru ekki starfandi var skipulagsleysi ríkjandi og fiskrækt vart hugsanleg vegna skorts á samstarfi. Þá gat slíkt ástand leitt til þess að einstakir veiðibændur kæmu ár sinni vel fyrir borð vegna skipulagsleysis á kostnað annarra. Skylduaðildin þjónar af þessum sökum því markmiði að vernda réttindi annarra í skilningi 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans, þ.e. eignarréttindi.

Þegar því er svarað hvort hið íslenska fyrirkomulag sé nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi í skilningi 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmálans er að einhverju marki unnt að hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu um það efni í dómi Mannréttindadómstólsins í *máli Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi.* Nauðsynlegt er þó þegar að benda á þann grundvallarmun þessara tilvika að sá dómur laut að skylduaðild að félagi um veiði villtra landdýra, eins og að framan greinir. Eðli slíkra dýra annars vegar og vatnafiska hins vegar, sem um er að tefla í frumvarpi þessu, er gjörólíkt. Fiskur lifir í vatni, þ.e. ám og sjó, með þeim takmörkunum sem af því leiðir fyrir ferðir hans, og kemst því ekki yfir sambærileg landsvæði og landdýrin geta á láði og sum í lofti. Nýting eins veiðiréttarhafa, t.d. að laxveiðiá, þar sem villtur stofn fer um hefur því allt önnur og meiri áhrif á sambærilega nýtingarmöguleika annars veiðiréttarhafa við sama veiðivatn heldur en nýting fleiri fasteignaeigenda á stofnum landdýra sem á og um land þeirra fara. Á Íslandi er ekki skylduaðild að félögum um veiði landdýra og umræða í þá veru óþekkt, enda engin marktæk efnisleg rök sem knýja á um slíka skylduaðild. Líta verður til þessarar staðreyndar þegar dómur í *máli Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi* er skoðaður andspænis skylduaðildarfyrirkomulagi lax- og silungsveiðilaga. Þá verður jafnframt að horfa til þess að lagafrumvarp þetta gerir, líkt og gildandi lög um lax- og silungsveiði, *öllum* veiðiréttarhöfum hérlendis skylt að vera aðilar að veiðifélagi, að því gefnu að þeir séu tveir eða fleiri í tilteknu fiskihverfi. Í því sambandi skiptir engu máli hvort um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila, hvar á landinu veiðiréttarhafar eru búsettir eða hver stærð landareigna er. Skyldan er þannig skilyrðislaus öndvert við aðstöðuna í *máli Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi* þar sem ákveðin sjónarmið, þ.e. eiginleikar veiðiréttarhafa og lega og stærð landareignar, réðu því hvort aðilar voru skyldaðir til aðildar að veiðifélagi. Loks skal á það bent að ekki er kunnugt um það hérlendis að einstakir veiðiréttarhafar hafi mótmælt skylduaðild að veiðifélögum á þeim grundvelli að þeir séu alfarið andsnúnir veiðum af siðferðilegum ástæðum. Unnt er að fullyrða að allur meginþorri fólks er hlynntur því að fiskstofnar í ferskvatni hér á landi séu verndaðir og nýttir á skynsamlegan, hagkvæman og sjálfbæran

hátt, eins og markmiðsyfirlýsing lagafrumvarps þessa hljóðar. Kæmi sú staða hins vegar upp hérlendis að einstakur veiðiréttarhafi teldi sig alfarið andsnúinn veiðum af siðferðilegum ástæðum er sjálfstætt álitamál hvort sú skylda sem á honum hvíldi að vera aðili að veiðifélagi á grundvelli lax- og silungsveiðilaga bryti gegn rétti hans til að standa utan félaga í skilningi 11. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. 9. og 10. gr. sáttmálans. Er ekkert unnt að fullyrða um hver afstaða Mannréttindadómstólsins yrði til þessa atriðis. Þó er unnt að fullyrða, með vísan til alls þess sem að framan greinir, að í langflestum tilvikum stenst fyrirkomulag það sem hér er við lýði um skylduaðild veiðiréttarhafa að veiðifélögum 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Við það sem að framan er rakið bætist að með frumvarpi þessu er ætlunin að auka enn frekar en nú er réttaröryggi einstakra félagsmanna í veiðifélögum. Er það m.a. gert með því að fjölga þeim atriðum sem veiðifélögum er gert skylt að taka upp í samþykktir sínar með það að markmiði að gera rekstur og ákvarðanatöku á vettvangi veiðifélaga skýrari og skilvirkari.

IV. Um helstu nýmæli og efnisskipan frumvarpsins.

1. Um helstu nýmæli í frumvarpi þessu.

Að því var vikið hér að framan að við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga væri óhjákvæmilegt að gera framsetningu nýrra laga sem einfaldasta og skýrasta og þau þannig aðgengilegri þeim sem með þau sýsla og hagsmuni sína eiga undir framkvæmd þeirra. Í þessu sambandi hafa þrír þættir verið nefndir: Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði sérstök lög um fjóra málaflokka, sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði, í öðru lagi er ráðgert að nánari útfærslu einstakra atriða verði fyrirkomið í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra sem og reglum Landbúnaðarstofnunar og loks hefur í þriðja lagi uppbyggingu laganna verið breytt til þess að gera þau einfaldari og skýrari. Má sem dæmi um það nefna að við framsetningu efnisreglna frumvarpsins er yfirleitt greint á milli þeirra reglna sem gilda um lax annars vegar og silung hins vegar, enda reglurnar oft ólíkar.

Þeir fjórir málaflokkar sem betur þykir fara á að um gildi sérstök lög eru í *fyrsta lagi* ákvæði um Veiðimálastofnun og stjórnsýslu hennar, sbr. sérstakt frumvarp þar að lútandi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Er þetta í takt við þær venjur sem tíðkast hafa í lagasetningu hin síðari ár. Þykir ekki heppilegt að hafa ákvæði um starfshætti slíkrar rannsóknastofnunar í lögum sem fyrst og fremst lúta að eignarhaldi og stjórn á nýtingu auðlindarinnar. Er það einnig til mikillar einföldunar fyrir alla þá sem starfa eiga eftir lögunum. Í *öðru lagi* er lagt til að ákvæði gildandi laga sem lúta að fiskrækt, þ.m.t. ákvæði um fiskræktaráætlun og Fiskræktarsjóð, verði í sérstökum lögum, sbr. sérstakt frumvarp til laga um fiskrækt sem ráðgert er að lagt verði fram samhliða þessu frumvarpi. Í 2. gr. þess frumvarps er um gildissvið tekið fram að lögin muni taka til allrar fiskræktar sem fram fer á íslensku forráðasvæði, en að teknu tilliti til ákvæða lax- og silungsveiðilaga, sem og annarra sérlaga sem lúta að friðun, viðgangi og veiðum ferskvatnsfisks. Er með þessu minnt rækilega á það órjúfanlega samhengi og samræmi sem er á milli nýtingar veiðiréttar og fiskræktar, þótt af lagatæknilegum ástæðum fari betur á því að skipa þessu efni í tvenn lög. Það breytir hins vegar engu um það að eftir sem áður verður framkvæmd beggja laganna með samræmdum hætti. Í *þriðja lagi* er lagt til að ákvæðum sem lúta að fiskeldi verði fyrirkomið í sérlögum, sbr. framkomið frumvarp þar um. Með sama hætti og við á um fiskrækt er þó ráðgert að lög þar að lútandi verði í öllum tilvikum skýrð til samræmis við og í samhengi við ákvæði þessa frumvarps verði það að lögum. Loks er í *fjórða lagi* ráðgert að í sérlög verði flutt öll þau ákvæði gildandi laga sem lúta að vörnum gegn fisksjúkdómum, innflutningi á lifandi fiski,

hrognum o.fl. Eiga sambærileg rök við um þá tilhögun og tilflutning ákvæða um Veiðimálastofnun í sérlög, sbr. hér að framan.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru, sem fyrr segir, frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi þessu og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin þrjú koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt efni sínu séu sérstök frumvörp.

Aðstæður og staðhættir við nýtingu ferskvatnsfiskstofna eru mismunandi frá einum stað til annars og frá einum tíma til annars. Því þykir það horfa til mikils hagræðis og veita jafnframt nauðsynlegt svigrúm að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að nánari og sértæk útfærsla einstakra þátta fari fram á grundvelli reglugerða og svæðis- og tímabundinna reglna Landbúnaðarstofnunar. Í velflestum tilvikum er gert ráð fyrir aðkomu viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa og Veiðimálastofnunar. Heimildir hér að lútandi taka fyrst og fremst til útfærslu þeirra þátta sem eru í III. og IV. kafla frumvarpsins og varða veiðistjórnun, veiðitæki og veiðiaðferð, en ákvæði í þessa veru eru nú í III., IV., V. og VI. kafla gildandi laga.

Lög um lax- og silungsveiði bera þess merki að þau eru að stofni til frá ýmsum tímum. Þykja mörg þau ákvæði, sem í gildandi lögum er skipað saman, jafnvel innan einstakra greina, ekki eiga neitt sameiginlegt efnislega. Hefur köflum verið fækkað verulega frá gildandi lögum, einstök ákvæði færð til eftir efni þeirra og önnur felld niður. Til glöggvunar ber nú hver grein jafnframt sérstakt heiti sem ætlað er að vísa til megininntaks hennar og þýðingar.

Helstu nýmæli frumvarps þessa eru að öðru leyti þessi:

- Í lögin eru tekin upp ákvæði um markmið og gildissvið.
- Allri stjórnsýslu samkvæmt lögunum er breytt, m.a. með tilkomu Landbúnaðarstofnunar, sbr. lög nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun, sem leysir embætti veiðimálastjóra af hólmi. Þá er veiðimálanefnd lögð niður.
- Greinarmunur verður nú gerður á veiði í eignarlöndum annars vegar og í þjóðlendum hins vegar, sbr. lögtaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998.
- Réttur til innlausnar verður bundinn þeim tímatakmörkunum að hafi innlausn ekki farið fram innan fimm ára frá gildistöku laganna fellur slíkur réttur endanlega niður í eitt skipti fyrir öll.
- Öll ákvæði um veiðistjórn eru nú sameinuð í III. kafla frumvarpsins, þeim skipað saman að nýju, fækkað og þau skýrð.
- Lagt er til að veiðitími á laxi verði styttur úr þremur og hálfum mánuði í 90 daga.
- Veiðifélögum, í samráði við Landbúnaðarstofnun og Veiðimálastofnun, er ætlað meira ákvörðunarvald um daglegan veiðitíma, en gætt skal meginreglu um 84 stunda vikufriðun.
- Sú breyting er gerð að ósaveiði á stöng verður nú almennt heimiluð, þótt Landbúnaðarstofnun geti, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa, bannað eða takmarkað frekar slíka veiði. Ósaveiði í net og aðrar fastar veiðivélar verður þó áfram bönnuð.
- Öll ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir eru nú sameinuð í IV. kafla frumvarpsins, þeim skipað saman að nýju, fækkað og þau skýrð. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að veiðar verði framvegis lítið stundaðar á önnur veiðitæki en færi, stöng, lagnet og króknet.
- Reglum um gerð fiskvega er breytt á þá lund að nú er gert ráð fyrir að fiskvegum verði

lokað um lengri eða skemmri tíma, samþykki aukinn meiri hluti innan veiðifélags slíkt að fenginni heimild Landbúnaðarstofnunar.
- Reglur um mannvirkjagerð í veiðivötnum eru hertar og gert ráð fyrir því að öll mannvirkjagerð eða rask við veiðivatn, sem áhrif getur haft á fiskigengd, skuli háð umsögn starfandi veiðifélags. Þá er tekin upp sérstök bótaregla í frumvarpið af þessu tilefni.
- Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvarðanir félagsfundar eða félagsstjórnar veiðifélags verði kærðar til Landbúnaðarstofnunar sem fellt getur þær úr gildi standi lög til slíks.
- Þau atriði sem veiðifélögum er gert skylt að taka upp í samþykktir sínar er fjölgað með það að markmiði að gera rekstur og ákvarðanatöku í veiðifélögum skýrari og skilvirkari og tryggja eftir föngum réttaröryggi einstakra félagsmanna sem sæta þurfa skylduaðild.
- Gert er ráð fyrir nokkuð breyttri tilhögun atkvæðisréttar á félagsfundum veiðifélags. Meginreglan verður sú að hverri jörð sem taldist lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976, fylgir eitt atkvæði. Sú undantekning er hins vegar gerð að ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast í framkvæmdir vegna starfsemi félagsins sem hafa fjárútlát í för með sér, sem nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, geti hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Þá er heimilað að ákveða í samþykktum veiðifélags að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilvikum sem varða ákvarðanatöku á vettvangi veiðifélags.
- Matsreglum og reglum um ákvörðun skaðabóta skv. VII. kafla frumvarpsins er breytt og skiptir þar mestu máli að allt matsferli er mjög einfaldað og eingöngu gert ráð fyrir einu matsstigi. Matsnefndinni er ætlað að annast í öllum tilvikum það mat sem fram skal fara á grundvelli frumvarpsins verði það að lögum. Mati eða úrskurðum matsnefndar verður ekki skotið til yfirmats en þetta verður að sjálfsögðu borið undir dómstóla með hefðbundnum hætti.
- Loks er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir tímabundnu starfi samráðsnefndar um framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum, sbr. frumvörp þar að lútandi sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu.

Um aðrar breytingar og athugasemdir við einstaka kafla og greinar vísast nánar til athugasemda þar að lútandi hér á eftir.

2. Um efnisskipan og kaflaskiptingu í frumvarpi þessu.

Kaflaskipan frumvarpsins er með eftirfarandi hætti:

1. Markmið og gildissvið.
2. Um veiðirétt.
3. Um veiðistjórn.
4. Um veiðitæki og veiðiaðferðir.
5. Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.
6. Um veiðifélög.
7. Um matsgerðir og skaðabætur.
8. Refsiákvæði og réttarfars.
9. Gildistaka.

Er skipting þessi í góðu samræmi við viðtekna uppbyggingu auðlindalöggjafar og horfir til mikillar einföldunar miðað við kaflaskipan gildandi laga sem vissulega er, svo sem fyrr segir, barn síns tíma, þótt um margt hafi þau reynst vel.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins. Er um hefðbundna efnisskipan að ræða en einstakar athugasemdir að nokkuð ítarlegar enda óhjákvæmilegt að rekja nokkuð nákvæmlega uppruna einstakra greina og samsvörun þeirra í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla eru hefðbundin ákvæði um markmið og gildissvið laganna, sbr. 1. og 2. gr. Þá eru í 3. gr. ítarlegar orðskýringar, en í 4. gr. er mælt fyrir um fyrirkomulag stjórnsýslu samkvæmt lögunum.

Um 1. gr.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins er markmið þess að mæla fyrir um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og þær takmarkanir sem sá réttur sætir. Þá er og það markmið löggjafarinnar sérstaklega áréttað að stuðla skuli að skynsamlegri, hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu þeirra fiskstofna sem undir ákvæði laganna falla. Með þessari tilhögun er stefnt að samræmingu við efni og markmið annarrar löggjafar er um eignarhald og nýtingu auðlinda gildir, sem og frekari löggjafaráform í þá veru.

Rétt er að taka fram að þótt greinin, samkvæmt orðalagi sínu, taki aðeins til veiða í ferskvatni þá leiðir það af öðrum ákvæðum frumvarpsins að lögunum er jafnframt ætlað að taka til veiða úr ferskvatnsfiskstofnum í sjó í þeim takmarkaða mæli sem þær eru heimilaðar.

Nýmæli er að nú er mælt svo fyrir í lögum að nýting skuli vera sjálfbær. Sjálfbær nýting endurnýjanlegra auðlinda eins og fiskstofnar eru felur það í sér að nýtingin er hófleg og ekki er gengið svo á veiðistofna að þeir spillist heldur geti þeir áfram endurnýjað sig og skapað þar með möguleika á áframhaldandi veiði. Þá er kveðið á um verndun fiskstofna. Slíkt markmið er mikilvægt til að viðhalda stofnunum og líffræðilegum fjölbreytileika í náttúru landsins, en hver fiskstofn er sérstakur og varðveisla fiskstofna viðheldur fjölbreytileika í arfgerð þeirra tegunda. Þetta er í anda alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, sbr. t.d. Ríó-sáttmálann sem samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál sem haldin var í borginni Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992. Þá skal áréttað að í ákvörðunum og umsögnum sínum um veiðinýtingu og verndun búsvæða taki veiðifélög, veiðiréttarhafar, Landbúnaðarstofnun og Veiðimálastofnun tillit til varúðarreglunnar (Precautionary principle). Varúðarreglan hefur verið tekin upp af Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnuninni NASCO og Alþjóðahafrannsóknaráðinu ICES en Ísland er fullgildur aðili að báðum þessum alþjóðastofnunum. Með varúðarreglunni er kveðið á um að villtir dýrastofnar og umhverfi þeirra eigi að njóta vafans í öllum ákvörðunum er lúta að nýtingu og verndun stofnanna og búsvæða þeirra. Þá má skortur á vísindalegum upplýsingum ekki verða til þess að ekki verði gripið til nauðsynlegra verndaraðgerða eða þeim slegið á frest.

Um 2. gr.

Af eðli máls leiðir að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, gilda fyrst og fremst um veiðar úr fiskstofnum í ferskvatni, þ.e. í lækjum, straumvötnum og stöðuvötnum. Því til viðbótar taki lögin til þeirra takmörkuðu veiða úr fiskstofnum þessum sem heimilaðar eru í sjó á íslensku forráðasvæði. Ber í því sambandi að hafa í huga þá meginreglu gildandi laga sem áfram er byggt á í frumvarpinu og fram kemur í 1. mgr. 14. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. og bannar lax- og silungsveiðar í sjó. Sú undantekning er þó frá þeirri reglu að veiðar silungs eru heimilaðar í netlögum sjávarjarða.

Um 3. gr.

Í þessa grein eru teknar upp þær orðskýringar sem nauðsynlegar eru við túlkun laganna, sem og hugtök er lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við beitingu vatns- og veiðiréttinda í rúmum skilningi. Hefur sú leið verið valin að skýra fremur fleiri en færri hugtök og styðst sú aðferð við þau rök að þótt tiltekin hugtök komi ekki fyrir í lögunum sjálfum kunna þau að verða notuð í reglugerðum og/eða reglum settum á grundvelli laganna. Vakin er athygli á því að hugtakið hafbeit er samkvæmt greininni tvíþættrar merkingar. Í fyrsta lagi er um að ræða föngun fisks á sleppistað (hafbeitarstöð) til slátrunar og í öðru lagi föngun fisks til flutnings og endurveiða í öðrum vötnum. Í þessu samhengi er vert að geta þess að sleppingar gönguseiða í veiðivötn teljast ekki til hafbeitar heldur fiskræktar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa. Reglum um hafbeit er nú og að öðru leyti skipað í frumvarp til laga um fiskrækt.

Um 4. gr.

Eðlilegt er að þessi málaflokkur heyri undir landbúnaðarráðherra, svo sem verið hefur, enda eru réttindi þau sem lög þessi taka til veigamikill þáttur í eignarrétti landeigenda og með verðmætustu hlunnindum margra jarða. Í sumum tilvikum hagar jafnvel svo til að meginstoðin í búrekstri einstakra bújarða hefur falist í hagnýtingu þessarar auðlindar. Í samræmi við þetta sjónarmið er við það miðað að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins. Stjórnsýslan er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar, nema lögin mæli fyrir um aðra skipan. Eru þá sérstaklega hafðar í huga þær auknu valdheimildir sem veiðifélögum eru fengnar í hendur með frumvarpi þessu. Í því sambandi er hliðsjón höfð af því að veiðifélögin hafa flest hver fest sig í sessi og gegnt veigamiklu hlutverki við framkvæmd gildandi laga. Í ljósi þeirrar jákvæðu reynslu, sem af því hefur fengist, þykir í nýrri löggjöf síst ástæða til breytinga í þeim efnum.

Um reglugerðarheimild 2. mgr. er það að segja að eitt af markmiðunum við heildarendurskoðun laga um lax- og silungsveiði er að einfalda lögin og gera þau aðgengilegri, svo sem nánar er um fjallað í almennum athugasemdum. Liður í þeirri viðleitni er að flytja úr lögunum ýmsar staðbundnar og tímabundnar reglur, sem og reglur tæknilegs eðlis, sem betur fer á að séu í reglugerð.

Aðstæður við veiðar geta verið breytilegar frá einu svæði til annars og frá einum tíma til annars. Við slíku þarf að vera unnt að bregðast án þess að til komi lagabreyting hverju sinni og eru ákvæði 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar í samræmi við það. Er þar gert ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun geti sett svæðis- og tímabundnar reglur eftir því sem þörf krefur hverju sinni, ýmist á grundvelli ákvæða laganna eða reglugerða þeirra sem mælt er fyrir um skv. 2. mgr. Ljóst er að þetta fyrirkomulag horfir til hagræðis og einföldunar miðað við það sem verið hefur í tíð gildandi laga.

Til þess að tryggja að við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum sé ætíð byggt á vísindalegum forsendum og gögnum er í 4. mgr. lagt til að fylgt verði þeirri meginreglu að leita ávallt umsagnar viðkomandi aðila, sem í flestum tilvikum væri Veiðimálastofnun, áður en slíkar reglugerðir og reglur eru settar. Í þessu felst ekki að ráðherra eða önnur stjórnvöld samkvæmt lögum þessum séu bundin af umsögn Veiðimálastofnunar, nema það sé sérstaklega tekið fram. Þá er og eðlilegt að hagsmunaaðilar, þ.e. viðkomandi veiðifélög eða veiðiréttarhafar, hafi veiðifélög ekki verið stofnuð, eigi umsagnarrétt ef reglusetning beinist að sértækum hagsmunum þeirra fremur en almennum hagsmunum allra þeirra er undir ákvæði laganna falla.

Loks svarar efni 5. mgr. til reglu 95. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um II. kafla.

Annar kafli hefur að geyma ákvæði um það hverjum veiðiréttur í ferskvatni tilheyrir, en í III. og IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um það hverjum takmörkunum sá réttur sætir. Í II. kafla er áfram byggt á þeirri fornu meginreglu íslensks réttar að hver maður eigi veiði á og fyrir sínu landi. Þá eru í kaflanum ákvæði um veiðirétt í afréttum í þjóðlendum, um veiðirétt í sameign og um veiðirétt í almenningum stöðuvatna. Er í þeim efnum í öllum aðalatriðum fylgt sömu reglum og nú gilda en þó að teknu tilliti til breyttrar löggjafar um skipan eignarhalds á landi utan byggðar. Einnig er í kaflanum að finna ákvæði um aðskilnað veiðiréttar frá landi. Eru þau ákvæði fyllri heldur en ákvæði gildandi laga auk þess sem mælt er fyrir um málsmeðferðarreglur, og er þetta fyrirkomulag til þess fallið að draga úr ágreiningsmálum sem lúta að veiðirétti útskiptra fasteigna, þ.e. fasteigna sem skipt hefur verið niður í fleiri sjálfstæðar einingar. Loks eru í kaflanum ákvæði um innlausn veiðiréttar sem rétt þykir að tímabinda nú endanlega með þeim rökum sem nánar koma fram í athugasemdum við 10. gr.

Um 5. gr.

Hugtakið fasteign hefur ekki algilda merkingu í íslenskum lögum. Almennt hefur þó verið lagt til grundvallar í íslensku lagamáli um langa hríð að hugtakið fasteign merki afmarkaðan hluta lands ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt. Á þessari skilgreiningu er byggt í ákvæðum nokkurra laga sem sett hafa verið á seinni árum, t.d. í lögum um fasteignamat og fasteignakaup, og er á því byggt í 9. tölul. 3. gr. frumvarps þessa.

Þrátt fyrir framangreinda hugtaksskilgreiningu er rétt að hafa í huga að til eru ýmsir flokkar fasteigna sem hafa ólíka réttarstöðu. Fyrsta og nærtækasta dæmið er sú aðgreining í löggjöf sem byggist á því að til séu annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur. Annars konar afbrigði er lóð í þéttbýli ásamt mannvirkjum en hún telst ein tegund fasteigna. Sama á við um útskipta lóð undir frístundahús í dreifbýli. Þriðja tilbrigði fasteignar er jörð samkvæmt jarða- og ábúðarlögum og hugtökin lögbýli og eyðibýli hafa sérstaka merkingu. Þessi mismunandi réttaráhrif birtast með glöggum hætti í lax- og silungsveiðilögum. Meðan meginreglan er sú að öllum fasteignum sem land eiga að veiðivötnum tilheyri veiðiréttur þá eru það aðeins jarðeigendur eða ábúendur jarða sem fara með atkvæðisrétt í veiðifélagi.

Með þessum formála skal það tekið fram að í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er áréttuð sú forna meginregla íslensks réttar að eignarhaldi á landi fylgir réttur til veiði á eða fyrir því landi, enda leiði aðra skipan ekki af lögum eða samningsskuldbindingum sem löglega hefur verið til stofnað.

Hafa ber í huga að þegar mælt er fyrir um veiðirétt í vatni í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fyrst og fremst hafður í huga veiðiréttur í straum- og stöðuvötnum. Þess ber þó jafnframt að geta að silungsveiðar eru heimilaðar í netlögum sjávarjarða og því nær meginregla 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar einnig til slíkrar veiði.

Ákvæði 2. mgr. leiðir af þeirri skipan mála sem komið var á með lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur o.fl. og þarfnast ekki frekari skýringa. Þó skal áréttað að í samræmi við ákvæði þeirra laga er í frumvarpi þessu í engu hróflað við réttarstöðu þeirra afréttarhafa sem slíkan veiðirétt eiga í vötnum á afréttum, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar um fyrirsvar veiðiréttar þegar jörð er byggð á leigu eru efnislega samhljóða 3. mgr. 2. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að ekki er þörf á því að aflað sé samþykkis stjórnvalda fyrir þeirri tilhögun sem samið er um.

Í 4. mgr. er um það tilvik fjallað þegar fleiri en ein fasteign liggja að sama vatni sem veiðiréttur fylgir. Hin forna meginregla íslensks réttar er sú að hver maður á einn veiði fyrir

sínu landi. Í ákvæðinu er þetta ítrekað, en jafnframt áréttað að mönnum er heimil för í annarra land til þess að forða veiðivélum og afla frá tjóni. Er hér í raun verið að endursegja efni 6. gr. gildandi laga með breyttu orðalagi. Eins og fram kemur í ákvæðinu takmarkast þessi réttur af almennum grenndarreglum og er mælt fyrir um bótaskyldu ef tjón hlýst af. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla og vísast nánar um fyrirkomulag þess til skýringa við þann kafla. Sú regla hefur um langa hríð gilt í íslenskum rétti að breytist farvegur straumvatns eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, færast landamerki jarða ekki til en veiðiréttur færist til þeirra fasteigna er land eiga undir, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum 7. og 8. gr. gildandi vatnalaga. Ber að skoða tilhögun þessa í samræmi við þá fornu meginreglu íslensk réttar, sem áður er nefnd, að saman fari eignarhald á landi og veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi. Er augljóst að annað fyrirkomulag getur leitt til mikils glundroða, þ.e. ef ekki fer saman eignarhald á landi og veiði.

Um 6. gr.

Í frumvarpsgreininni kemur fram sú regla að fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, sé einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þ.m.t. dorgveiði um ís, og sé hún þeim öllum jafnheimil. Þá kemur og fram að standi forn venja til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum fasteignum þá skuli sú skipan mála gilda. Eiga ákvæði frumvarpsgreinarinnar við um veiðirétt í almenningi þeirra stöðuvatna sem umlukin eru eignarlöndum. Ekki þykir ástæða til að mæla sérstaklega fyrir um eignarhald veiðiréttar í almenningi stöðuvatna í þjóðlendum, umfram það sem fram kemur í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins og leitt verður eðli málsins samkvæmt af þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Um almenninga stöðuvatna á afréttum í þjóðlendu gilda ákvæði 7. gr. frumvarps þessa.

Í öndverðu var veiðiréttur sá sem hér er mælt fyrir um alfarið á hendi eigenda þeirra jarða sem land áttu að stöðuvötnum. Í tímans rás hefur af ýmsum ástæðum orðið breyting þar á með þeim hætti að veiðirétturinn hefur við uppskiptingu jarða og útskiptingu einstakra lóða úr jörðum skipst á fleiri hendur og hafa dómstólar staðfest lögmæti slíkrar skiptingar, sbr. nánari umfjöllun í athugasemdum með 9. gr. frumvarpsins. Ekki er ætlunin með frumvarpi þessu að hagga í neinu við þeirri eignarréttarlegu stöðu sem þannig hefur komist á og byggjast reglur frumvarpsgreinarinnar á því sjónarmiði. Hins vegar er ætlunin með frumvarpi þessu sú, þegar til framtíðar er litið, að taka af skarið um það í löggjöf að regla sú sem í öndverðu gilti og áður er gerð grein fyrir gildi framvegis, sbr. 9. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana. Þykir það fyrirkomulag vera í betra samræmi við meginmarkmið lagasetningarinnar, svo sem því er lýst í 1. gr. frumvarpsins og almennum athugasemdum við það.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgrein þessari er kveðið á um þær sérreglur sem gilda um eignarhald veiðiréttar í stöðu- og straumvötnum á afréttum. Á regla þessi sér stoð í 1. málsl. 5. gr. gildandi laga, en það fyrirkomulag sem þar er mælt fyrir um á sér langa sögu.

Regla 1. málsl. tekur fyrst og fremst mið af samnotaafréttum, sem svo eru stundum nefndir. Um veiðirétt í vötnum á öðrum afréttum í þjóðlendu fer eftir almennum reglum laganna. Í því felst m.a. að séu afréttarréttindin í eigu einka- eða lögaðila fara þeir með ráðstöfun veiðiréttarins. Sem dæmi má nefna sveitarfélag sem fengið hefur slíkum afréttum afsalað frá ríki, kirkju eða einstökum jörðum. Í því tilviki er það viðkomandi sveitarfélag sem lögpersóna sem er handhafi veiðiréttarins en hann er ekki sjálfstætt á hendi einstakra jarða með sama hætti og á samnotaafréttum. Þegar upp er staðið mun þessi munur þó ekki skipta veru-

legu máli í framkvæmd enda ráðgert að veiðifélög séu að jafnaði starfrækt um slíka veiði, sbr. umfjöllun um 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar.

Það skal áréttað að sé jörð í ábúð er það ábúandinn sem fer með heimildir fasteignareiganda nema þeir hafi samið skýrlega með öðrum hætti, sbr. eðlislíkt tilvik sem fjallað er um í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Út frá því er gengið að veiði í vötnum þeim sem frumvarpsgreinin tekur til lúti að jafnaði stjórn veiðifélags. Í þeirri tilhögun felst m.a. tvennt. Í fyrsta lagi að veiðifélag setur reglur um skipulag veiði í viðkomandi vötnum. Í öðru lagi að veiðifélagið eitt er bært til þess að ráðstafa veiði í vatninu til þriðja aðila í samræmi við fyrirmæli laganna.

Eðli málsins samkvæmt er ekki þörf á sérreglum um veiði í almenningum þeirra vatna sem frumvarpsgrein þessi fjallar um, enda strangt til tekið hvorki netlög né almenningur í þeim.

Um 8. gr.

Regla þessi er í samræmi við 4. gr. gildandi laga og almennar reglur um óskipta (sérstaka) sameign. Gert er ráð fyrir að sameigendur freisti þess að ná samkomulagi um skiptingu veiði, en náist samkomulag ekki getur hver sameigenda sem er óskað mats skv. VII. kafla frumvarpsins.

Í frumvarpinu er engin grein sambærileg við 9. gr. gildandi laga. Þar er um að ræða sérreglu sem bannar veiðiréttarhafa að leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi, í félagsvatni eða í almenningi. Verði frumvarpið að lögum er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun þannig að veiðiréttarhöfum, sem svo stendur á um, verður heimilt að leyfa slíka veiði. Þó er ástæða til þess að árétta að leyfishafi fer aldrei með rýmri heimildir en eigandi veiðiréttarins, og þess utan er það jafnan svo að þegar félagsskapur er um veiði fer veiðifélagið alfarið með slíkar heimildir.

Um 9. gr.

Frumvarpsgreinin kemur í stað 4. og 5. mgr. 2. gr. gildandi laga. Á gildistíma gildandi laga um lax- og silungsveiði hafa gengið dómar sem af ýmsum hafa verið túlkaðir þannig að bann 4. mgr. 2. gr. þeirra laga við skilnaði veiðiréttar frá landareign taki ekki til annarra fasteigna en þeirra þar sem stundaður er búskapur. Til þess að taka af öll tvímæli er með frumvarpsgrein þessari lagt til að sú meginregla gildi frá gildistöku laganna að veiðiréttur verði ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali veiðiréttarins né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöfun einstakra spildna úr henni. Slíkt yrði því í öllum tilvikum leyfisskylt, og gert er ráð fyrir því að við mat á heimild til undanþágu beri sérstaklega að líta til þess hvort kostir fasteignar til landbúnaðarnota skerðist, og jafnframt að fiskstofnar viðkomandi vatns verði ekki ofnýttir. Þykir þessi fortakslausa tilhögun í betra samræmi við þau meginmarkmið frumvarpsins sem áður hefur verið gerð grein fyrir og er m.a. ætlað að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggja afkomu sína, að öllu leyti eða hluta, á veiðinytjum. Þess utan er ljóst að takmarkalaus uppskipting veiðiréttar einstakra jarða á fleiri hendur getur stefnt í hættu því markmiði frumvarpsins að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskstofnar ferskvatna eru.

Miðað er við það að aðskilnaður stangveiðiréttar standi aldrei lengur en tíu ár í einu, og er það breyting frá gildandi lögum. Slíkt kemur ekki í veg fyrir að sami aðili geti í raun leigt stangveiðirétt um lengri tíma en umrædd tíu ár, en samningstíminn hverju sinni getur aldrei verið lengri.

Í 2. málsl. 2. mgr. felst sú löglíkindaregla að tímabundið framsal stangveiðiréttar í samræmi við frumvarpsgreinina feli jafnframt í sér afsal veiðiréttarhafa á öðrum veiðinytjum á samningstímanum. Samningur kann hins vegar að leiða til annarrar niðurstöðu.

Um 10. gr.

Innlausnarréttur kom fyrst í lögin 1932 og var þá tímabundinn. Þau tímamörk voru síðan endurnýjuð við síðari lagabreytingar, en með nýjum lögum um lax- og silungsveiði á árinu 1957 var réttur þessi gerður ótímabundinn og er sú tilhögun óbreytt í gildandi lögum. Innlausn veiðiréttar á þessum grundvelli mun vera nánast óþekkt hin seinni ár. Hér er því um að tefla úrræði sem lítið hefur reynt á og lítið verið notað. Þá felur það í sér íþyngjandi inngrip í réttindi sem stofnað var til með lögum fyrir meira en 70 árum. Með hliðsjón af þeirri meginreglu sem fram kemur í 9. gr. frumvarpsins og þeim sjónarmiðum sem að baki henni liggja þykir rétt að taka enn upp ákvæði um rétt í þessa veru í ný lög um lax- og silungsveiði, en ætla honum nú stuttan gildistíma, þ.e. fimm ár frá gildistöku laganna. Þykir með þessu fyrirkomulagi gætt réttmætra hagsmuna bæði landeigenda og veiðiréttarhafa. Rétt er að ítreka að innlausnarréttur þessi tekur eingöngu til veiðiréttar sem einn og sér hefur verið skilinn frá fasteign, svo sem skýrt er tekið fram í 1. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Með hliðsjón af hinu íþyngjandi eðli innlausnar þykir rétt að ráðherra fari sjálfur með leyfisveitingarvald í þessu skyni.

Þá þykir og rétt að við atkvæðagreiðslu þá sem ráðgerð er í greininni fari um vægi og gildi atkvæða eftir sömu meginreglum og gilda um atkvæðagreiðslur innan veiðifélaga. Að öðru leyti er um sambærilegar reglur að ræða og fram koma í 3. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Í frumvarpsgreininni felast reglur um það efni sem nú er fjallað um í XII. kafla gildandi laga, en þær eru hér einfaldaðar mjög og framsetningu breytt.

Reglur núgilandi laga um ófriðun sels komu inn í lax- og silungsveiðilög árið 1932, en fyrir þann tíma höfðu verið í gildi sérstakar reglur um það efni. Ákvæði gildandi laga eru að nokkru orðin úrelt og taka mið af atvinnuháttum sem nú hafa breyst, en arður af selnytjum hefur um langt árabil verið hverfandi. Það er hins vegar ekki útilokað að til hagsmunaárekstra geti komið vegna þessara ólíku nytja. Af þessari ástæðu þykir nauðsynlegt að hafa áfram í lögum ákvæði um það hvernig bregðast skal við slíkum aðstæðum.

Rétt er að vekja á því athygli að nokkurrar óvissu gætir um það hverja stöðu selur hefur í íslenskri löggjöf, m.a. með tilliti til friðunar. Með ákvæðum frumvarpsgreinarinnar er ekki verið að marka sel ákveðna stöðu í þeim efnum, heldur einvörðungu mæla fyrir um það hvernig við skuli brugðist þegar hinar ólíku nytjar geta ekki farið saman. Í ákvæðum frumvarpsgreinarinnar felst ákveðin forgangsröðun ólíkra hagsmuna og ótvírætt kveðið á um að lax- og silungsnytjar gangi framar selnytjum.

Í 1. mgr. kemur fram regla sama efnis og nú er í 86. gr. gildandi laga. Hún byggist á því sjónarmiði að ávallt skuli heimilt að styggja sel í veiðivatni og ósum þess. Ef önnur vægari ráð duga ekki heimilar ákvæðið að sel megi skjóta.

Í 2. mgr. er orðuð forgangsregla sú sem minnst var á hér að framan og nú er í í 87. gr. gildandi laga. Er sú regla mjög einfölduð í ljósi breyttra atvinnuhátta. Þá er og í málsgreininni tekið mið af breyttu fyrirkomulagi við stjórnsýslu landbúnaðar- og umhverfismála. Aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein eru háðar því að frumkvæðið komi frá veiðiréttarhöfum.

Í ákvæðum 3. mgr. felast fyrirmæli um bótarétt þeim til handa sem tjón bíður af aðgerðum skv. 2. mgr. Í gildandi lögum eru bótareglur um sama efni í 88. gr. Þær eru barn síns tíma og

eru því í frumvarpsgreininni einfaldaðar að formi til og samræmdrar öðrum bótareglum frumvarpsins. Af bótareglum íslensks eignarnámsréttar leiðir að ekki er þörf á því í sértækum lagatexta að taka upp þau efnislegu ákvæði sem ákvörðun bótafjárhæðar hvílir á, en slíkar reglur eru nú að hluta til í 88. gr. gildandi laga.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru tekin saman ákvæði III., IV. og V. kafla gildandi laga. Ekki eru í frumvarpinu ákvæði sambærileg 13. gr. gildandi laga enda þykir skýrslugjöf skv. 13. gr. frumvarpsins í öllum tilvikum nægileg.

Athygli er vakin á því að kaflinn hefur að geyma þær takmarkanir veiðiréttarins sem leiðir af friðun og nú er að finna í IV. og V. kafla gildandi laga. Er þar bæði um að ræða tímabundnar og svæðisbundnar friðanir.

Um kaflann í heild er það að öðru leyti að segja að þar eru ákvæði um veiðar ferskvatnsfiska í sjó, reglur um veiðitíma og almenn ákvæði um gönguhelgi og skyld atriði. Við framsetningu reglna kaflans þykir það til skýrleika fallið að aðgreina umfjöllun um lax, göngusilung og vatnasilung.

Í 3. og 5. mgr. 14. gr. gildandi laga er að finna ákvæði er tengjast innlausn laxveiðiréttar sjávarjarða. Ákvæði þar að lútandi eru ekki tekin upp í frumvarpið þar sem slík réttindi eru ekki lengur fyrir hendi.

Um 12. gr.

Skráning veiðivatna er nauðsynlegur þáttur í að tryggja að markmið laganna náist, sbr. 1. gr. þeirra. Á það jöfnum höndum við um skýrleika og gagnsæi eignarhalds og markmið laganna um sjálfbæra og hagkvæma nýtingu ferskvatnsfiskstofna. Grein þessi svarar að öðru leyti til 10. gr. gildandi laga en hefur þó verið einfölduð og framsetningu breytt. Landbúnaðarstofnun skal sjá um skráninguna og skal skv. 2. mgr. tryggja samræmi við aðrar opinberar skrár, svo sem þinglýsingarbækur, fasteignamatskrá, jarðaskrá o.s.frv. Skráning á þessu sviði hefur á undanförnum árum þróast í átt til samræmingar með lagasamræmingu og samstarfi stofnana er undir hin ýmsu ráðuneyti heyra.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á veiðiréttarhafa að veita nauðsynlegar upplýsingar til skráningarinnar. Skv. 4. mgr. skal ráðherra setja í reglugerð nánari fyrirmæli um skráninguna og inntak hennar. Í aðalatriðum er gert ráð fyrir því að í skránni verði allar sömu upplýsingar og gert er ráð fyrir í 10. gr. gildandi laga. Í ljósi þess yfirlýsta markmiðs með frumvarpi þessu að skýra og einfalda löggjöfina er ekki ástæða til þess að nákvæmlega sé upptalið í lagatextanum sjálfum hvaða upplýsingar skráin skuli hafa að geyma. Slíkt á betur heima í reglugerð. Það er auk þess hagkvæmara þar sem þörfin á skráningaratriðum getur breyst frá einum tíma til annars. Heimild ráðherra til útfærslu á upplýsingaþörf og skráningaratriðum í reglugerð takmarkast við þau atriði sem nauðsynlegt er að skrá svo að markmið laganna, sbr. 1. gr. þeirra, náist.

Um 13. gr.

Greinin svarar efnislega til 12. gr. gildandi laga en er einfölduð nokkuð. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að gera skuli skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á öllum handhöfum veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar. Mikilvægt er að þessi skylda hvíli á handhöfum veiðiréttar, þ.e. veiðifélögum sem ber þá að sjá um að þeir sem veiði stunda á þeirra ábyrgð skrái veiði. Jafnframt er rétt að sú skylda hvíli á öllum veiðimönnum að skrá veiði. Rétt er að vekja á því athygli að skrán-

ing skv. 12. gr. og skýrslugjöf skv. 13. gr. lúta ekki að hinu sama. Skráning varðar varanleg atriði, sem tengjast veiðivatni, en skýrslugjöfin felur í sér reglulega upplýsingagjöf um veiði, magn, stærð og samsetningu afla. Á grundvelli skýrslugjafarinnar geta veiðiréttarhafar og stjórnvöld gripið inn í óæskilega þróun viðgangs fiskstofna í viðkomandi veiðivatni. Saman eru því skráning skv. 12. gr. og skýrslugjöf skv. 13. gr. nauðsynlegt tæki við nýtingu og verndun auðlindarinnar.

Í ákvæðum 2. mgr. felst að Landbúnaðarstofnun ákveður form skýrslugjafarinnar og leggur veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þau til, þeim að kostnaðarlausu. Þótt Landbúnaðarstofnun fari með þá framkvæmd sem hér um ræðir er við það miðað að Veiðimálastofnun og önnur stjórnvöld hafi aðgang að öllum þessum upplýsingum, en veiðifélög og veiðiréttarhafar hafi aðgang að skráðum upplýsingum sem varða eigin vatnasvæði.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að veiðifélög eða veiðiréttarhafar skuli sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Landbúnaðarstofnunar að loknu hverju veiðitímabili. Rétt er að leggja áherslu á þýðingu þess að veiðiskýrslum sé skilað tímanlega. Veiðifélög gegna að þessu leyti ákveðnu stjórnsýsluhlutverki við framkvæmd laganna og er í samræmi við það hlutverk sitt skylt að sjá til þess að sú framkvæmd gangi eftir. Sérstaklega skal áréttað að við það er miðað að Íslenskar vatnarannsókir hafi ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum sem safnað er á grundvelli þessarar greinar, enda eru þær sú stofnun sem mest nýtir þær upplýsingar sem skráðar eru.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að kveða á um nánari útfærslu í reglugerð.

Um 14. gr.

Fyrri málsliðurinn felur í sér reglu sem er sama efnis og regla 1. mgr. 14. gr. gildandi laga að því er lax varðar. Bann við laxveiðum í sjó var lögleitt hér á landi með gildistöku lax- og silungsveiðilaga árið 1932 og urðu Íslendingar fyrstir þjóða til að setja slíkt bann. Nú hefur slíkt bann víða verið tekið upp með öðrum þjóðum og er þróunin mjög á þann veg. Reglan studdist í upphafi við þau rök að nýting ferskvatnsfiskstofna færi fram á uppeldisslóð í fersku vatni og nytjar féllu þannig til viðkomandi jarðeigenda. Þá styðst bannreglan jafnframt við þau veigamiklu líffræðilegu rök að veiðar fari fram á hverjum stofni fyrir sig en með laxveiðum í sjó er veitt úr mörgum stofnum þar sem einstaka stofnar gætu skaðast við ofveiði. Loks má benda á þau efnahagslegu rök að arður veiðiréttarhafa og samfélagsins í heild af laxveiðum á stöng í ferskvatni er margfaldur á við þann arð sem sjávarveiðar skila. Öll þessi rök eiga enn við og búa að baki áframhaldandi banni við laxveiðum í sjó.

Í 2. málsl. er regla sama efnis og nú er í 2. mgr. 14. gr. gildandi laga, en framsetning hennar einfölduð nokkuð. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Grein þessi svarar að hluta til 1., 4., 6. og 7. mgr. 14. gr. og 15. gr. gildandi laga, en orðalagi er breytt og framsetning öll einfölduð.

Í ákvæðum 1. mgr. felst að silungsveiðar í sjó eru bannaðar með sama hætti og laxveiðar í sjó. Ekki þykir þó ástæða til að banna veiðar göngusilungs í netlögum sjávarjarða, enda hafa slíkar veiðar víða verið stundaðar um langt skeið á grundvelli heimilda í lögum. Er ekkert fram komið sem kallar á takmarkanir í þeim efnum umfram það sem leiðir af ákvæðum greinarinnar og fyrst og fremst tekur mið af því ástandi sem ríkt hefur.

Rétt er að taka fram að í rétti til veiða í netlögum skv. 1. mgr. felst bæði réttur til stangveiði og netaveiði. Hvað netaveiðina varðar er þó sú takmörkun gerð í 2. mgr. að miða skal við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði á fimm ára tímabili fyrir gildistöku laga

nr. 53/1957. Er þar um að ræða sama viðmið og í gildandi lögum. Þá leiðir það og af ákvæðum málsgreinarinnar að aðeins þeir eigendur jarða sem slíks réttar nutu við gildistöku laga nr. 53/1957 hafa slíkan rétt framvegis verði frumvarp þetta að lögum. Í 2. málsl. 2. mgr. er það nýmæli hvað þennan rétt varðar að Landbúnaðarstofnun skal halda skrá um framangreindan rétt og sinna eftirliti með veiðum samkvæmt honum í samræmi við ákvæði laganna.

Í 3. mgr. eru efnisreglur þær sem nú eru fólgnar í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. gildandi laga, en hafa verið einfaldaðar nokkuð í samræmi við markmið frumvarpsins þar að lútandi. Í ljósi þess að mjög takmarkað kveður að silungsveiðum í sjó þykir ekki óvarlegt að einfalda þau fjarlægðarviðmið sem um er að ræða í þessu ákvæði og gera ráð fyrir einni reglu þar að lútandi, þ.e. um 2.000 metra fjarlægð frá ósi eða hafbeitarstöð.

Í 4. mgr. felst samráðsregla sú sem nú kemur fram í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Samkvæmt 5. mgr. getur Landbúnaðarstofnun sett svæðis- og tímabundnar takmarkanir á veiðar skv. 1. mgr. að fullnægðum þeim skilyrðum sem í 5. mgr. koma fram. Reglunni er ætlað að tryggja eftir föngum að fiskur eigi óhindraða för í aðliggjandi veiðivötn og þannig verði sem best tryggð þau meginmarkmið laganna sem fram koma í 1. gr. Leiði takmörkunin til tjóns getur bótaréttur stofnast á grundvelli 6. mgr.

Rétt þykir að mæla svo fyrir í 6. mgr. að þeir sem hagsbóta njóta af takmörkun skv. 5. mgr. bæti eigendum jarða það fjárhagslega tjón sem þeir verða fyrir. Í þessari skipan felst nokkur breyting frá gildandi rétti sem lýsir sér helst í því að takmörkunin er ekki háð því að ósk komi fram um hana frá veiðifélögum og veiðiréttarhöfum í nærliggjandi vötnum, heldur geti komið til frumkvæði þess stjórnvalds sem eftirlit hefur með framkvæmd laganna. Ekki þykir rétt að bótaskylda ráðist af því hvort slík beiðni hafi komið fram. Með nærliggjandi veiðivötnum í málsgreininni er átt við þau veiðivötn þar sem áhrifa sjávarveiðinnar getur gætt.

Í 7. mgr. er Landbúnaðarstofnun veitt heimild til að setja nánari reglur um netaveiði göngusilungs í sjó.

Um 16. gr.

Í greininni eru reglur svipaðs efnis og nú koma fram í 8. mgr. 14. gr. og 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. gildandi laga. Ekki er útilokað að veiðar sjávarfiska sem um ræðir í frumvarpsgreininni geti spillt fiskigengd í aðliggjandi veiðivötn eða skaðað með öðrum hætti stofna þeirra. Þykir því nauðsynlegt að hafa áfram í lögum heimild til þess að bregðast við slíku. Þess er vænst að heimild í þessa veru verði varlega beitt og því er hugmyndin að ávallt skuli leita umsagnar Veiðimálastofnunar og að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins.

Um bótareglu 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar má að breyttu breytanda vísa til umfjöllunar um 6. mgr. 15. gr. frumvarpsins, en greinin á við um hugsanlegt tjón sem sýnt er fram á innan netlaga jarða.

Um 17. gr.

Frumvarpsgrein þessi hefur að geyma helstu efnisreglur um þau atriði sem nú koma fram í 18. og 19. gr. gildandi laga og varða veiðar og friðun á laxi, en orðalagi og framsetningu er verulega breytt. Landbúnaðarstofnun er skv. 4. mgr. ætlað það hlutverk að útfæra reglurnar nánar á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í frumvarpsgreininni, og er það í samræmi við þá tilhögun við gerð frumvarpsins sem áður hefur verið lýst. Ber hér sérstaklega að hafa í huga að reglur þær sem um er fjallað í frumvarpsgreininni varða að jafnaði stað- og

tímabundið ástand í einstökum veiðivötnum og eru því skýrt dæmi um nauðsyn þess sveigjanleika sem þarf að vera til staðar vegna breytinga á reglunum.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram sama regla og nú er í 1. mgr. 18. gr. gildandi laga, þó með þeirri breytingu að lagt er til að á umræddu tímabili séu veiðar heimilar í 90 daga í stað þriggja og hálfs mánaðar, samkvæmt gildandi lögum. Til skamms tíma var fortakslaust miðað við 90 daga en með lögum nr. 50/1998 var tímamörkum breytt í þrjá og hálfan mánuð. Reynslan sýnir að veiði úr villtum stofnum er víðast ekki stunduð lengur en í 90 daga. Hins vegar gegnir öðru máli um veiði úr stofnum sem orðnir eru til við viðvarandi sleppingu seiða, þ.e. veiðiþol þeirra er meira og því yfirleitt óhætt að stunda þær veiðar lengur. Við þessum aðstæðum er brugðist í 2. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar með þeim hætti að Landbúnaðarstofnun getur ýmist lengt veiðitímabil í þeim veiðivötnum í allt að 120 daga og/eða flutt veiðitímabilið aftur til 31. október ár hvert. Þá er í 3. málsl. mælt fyrir um heimild til lengingar veiðitíma skv. 1. málsl. um fimmtán daga í þeim veiðivötnum þar sem öllum veiddum fiski er sleppt.

Í 2. mgr. er fjallað um vikulegan friðunartíma meðan á veiði stendur, en reglur af þeim toga eru nú í 1. mgr. 19. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur óbreytt fram regla 5. mgr. 18. gr. gildandi laga og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Samkvæmt 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar er veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki eru veiðifélög, skylt að setja staðbundnar reglur um veiðitíma og veiðitilhögun í einstökum veiðivötnum, en gildi slíkra reglna er háð staðfestingu Landbúnaðarstofnunar. Eðlilegt þykir að slík reglusetning verði í höndum viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, enda er þar fyrir að fara sérstakri þekkingu á staðháttum í viðkomandi veiðivatni. Vald Landbúnaðarstofnunar til staðfestingar umræddra reglna lýtur að eftirliti með því að fyrirmælum laga sé fylgt og að í heiðri séu höfð þau líffræðilegu sjónarmið sem umsögn Veiðimálastofnunar tekur til. Vakin er athygli á þeirri breytingu sem leiða mun af lögfestingu frumvarpsins að ekki er lengur bundið í lög hvenær sólarhringsins stangveiði er stunduð. Veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum er, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, ætlað að mæla fyrir um daglegan veiðitíma í einstökum veiðivötnum, eftir því sem þörf krefur á hverjum stað, sbr. nánar ákvæði 5. mgr.

Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru talin upp helstu efnisatriði sem staðbundnar reglur fyrir hvert svæði skulu lúta að. Er þar í aðalatriðum um að ræða sömu efnisatriði og fram koma í 18. og 19. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Í frumvarpsgreininni felast helstu efnisreglur um þau atriði sem nú koma fram í 18. og 19. gr. gildandi laga og varða veiðar og friðun göngusilungis. Framsetning greinarinnar er með sama hætti og í 17. gr. varðandi veiðar og friðun á laxi að breyttu breytanda, og vísast til athugasemda við þá grein um þau atriði. Þó er nauðsynlegt að geta þess að í 2. málsl. 1. mgr. er heimild til handa Landbúnaðarstofnun til þess að leyfa veiðar utan þess veiðitíma sem ákveðinn er skv. 1. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar, þó ekki netaveiðar. Þessi undantekning er í samræmi við 3. málsl. 3. mgr. 18. gr. gildandi laga, en þó er gengið skemmra hér. Eingöngu er miðað við að undantekningin nái til veiði í þeim veiðivötnum þar sem hún hefur verið stunduð fram að gildistöku laga á grundvelli frumvarps þessa. Ekki þykja hins vegar efni til að heimila sérstaklega undanþágu til veiða í net utan hins lögákveðna veiðitíma skv. 1. málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Um 19. gr.

Efnislega eru reglur framvarpsgreinarinnar hinar sömu og nú koma fram í V. kafla gildandi laga. Framsetning er hins vegar með sama hætti og í 17. og 18. gr. varðandi veiðar og friðun lax og göngusilungs. Að öðru leyti þarfnast frumvarpsgreinin ekki skýringa.

Um 20. gr.

Frumvarpsgrein þessi leysir af hólmi ákvæði XI. kafla gildandi laga, en orðalagi er hnikað til. Í 1. mgr. er tekið fram að álaveiðar séu heimilar allt árið um kring, en áréttað að þannig skuli að þeim staðið að hvorki spillist gengd né veiðar á laxi og silungi. Heimild til reglusetningar er sama efnis og fram kemur í 17., 18. og 19. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í frumvarpsgreininni koma fram reglur sama efnis og nú er að finna í 16. gr. gildandi laga og varða veiðar í ósum. Er eftir sem áður gert ráð fyrir óbreyttum reglum um veiðar með föstum veiðivélum í ósum og eru slíkar veiðar bannaðar sem fyrr. Öðru máli gegnir hins vegar um veiðar á stöng á slíkum svæðum. Þegar virt eru rökin fyrir almennu banni gildandi laga við allri veiði á nánar afmörkuðum ósasvæðum verður óhjákvæmilega staðnæmst við þau rök sem er að finna í frumvarpi því sem varð að lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932, en þar var lögtekið bann við ósaveiði, sambærilegt því sem nú gildir. Að þeim rökum virtum er ljóst að banninu hefur fyrst og fremst verið stefnt gegn veiði með föstum veiðivélum. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 53/1957 var ráðgert að slíku veiðibanni yrði aflétt hvað stangveiði varðar. Frumvarpinu var hins vegar breytt í meðförum þingsins og í endanlegri og samþykktri mynd var regla eldri laga um almennt bann við ósaveiði óbreytt. Verður ekki ráðið af lögskýringargögnum að veigamikil fiskifræðileg eða hagfræðileg rök hafi búið þar að baki. Allt að einu hefur ekki verið við reglunni hróflað síðan, sbr. 16. gr. gildandi laga. Má nú segja að með 1. mgr. frumvarps þessa sé horfið aftur til tillögugerðar í aðdraganda lagasetningarinnar 1957 þegar lagt er til að bann við ósaveiði taki ekki til stangveiði. Ekki þykja sérstök fiskifræðileg rök standa til þess að banna stangveiðar í ósum og ósasvæðum umfram önnur veiðisvæði. Er slík veiði víða stunduð á grundvelli undanþága og án þess að neinn merkjanlegur skaði hafi orðið á fiskigengd í þeim veiðivötnum. Er eðlilegra að slík veiði sé almennt heimil, en heimild til þess að takmarka hana eða banna að ósk viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa er í 2. mgr. greinarinnar. Má þannig segja hvað stangveiði í ósum varðar að endaskipti hafi orðið á meginreglu og undantekningu. Eðli málsins samkvæmt gegnir hins vegar allt öðru máli um veiðar með föstum veiðivélum í ósum og á ósasvæðum. Með hliðsjón af þessu er nú með 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar lagt til að bann við ósaveiðum taki áfram til allrar veiði með föstum veiðivélum en stangveiði sé þar heimil. Hvað netaveiði varðar eru fjarlægðarviðmið óbreytt frá 16. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild til að takmarka ósaveiðar frekar en kveðið er á um í 1. mgr. og getur slík takmörkun einnig náð til stangveiði. Bann eða takmörkun samkvæmt þessari málsgrein þarf ávallt að styðjast við þau rök að slíkt sé nauðsynlegt til þess að tryggja fiskigengd og viðgang veiði í viðkomandi veiðivatni.

Í 3. mgr. er bótaregla sem ætlað er að bæta tjón það sem af takmörkunum skv. 2. mgr. getur leitt.

Um 22. gr.

Grein þessi svarar til 17. gr. gildandi laga. Sú efnisbreyting er lögð til í samræmi við breytt efni 21. gr. frumvarpsins um ósaveiðar að gönguhelgi nái jafnan yfir ósa í heild sinni

og eins og þeir eru afmarkaðir í 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Þar er kveðið á um að þegar um ós í stöðuvatni eða sjó er að ræða nái bann við ósaveiðum með föstum veiðivélum 100 metra upp frá ósi og 250 metra niður frá honum. Í ósum stöðuvatna takmarkast sambærilegt bann 50 metra upp eða niður frá ósnum. Að öðru leyti eru reglur um gönguhelgi óbreyttar frá gildandi lögum. Loks er í 3. mgr. tekin upp sú regla 37. gr. gildandi laga að renni straumvatn í kvíslum þá skuli líta á hverja kvísl sem sérstakt vatn.

Um 23. gr.

Regla frumvarpsgreinarinnar er sama efnis og regla sú er nú kemur fram í 40. gr. gildandi laga, að því viðbættu að hún tekur nú auk fiskvega til fiskteljara. Betur fer á því að skipa frumvarpsgreininni í þann kafla frumvarpsins sem fjallar um veiðistjórn og kemur hún því í framhaldi af reglum um ósaveiði og gönguhelgi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 24. gr.

Regla 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til þeirrar reglu sem nú kemur fram í 21. gr. gildandi laga, en 2. og 3. mgr. eiga sér fyrirmynd í 20. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó lögð til að heimild til friðunar nái ekki aðeins til lax og göngusilungs heldur jafnframt vatnasilungs. Samkvæmt meginreglu 1. mgr. er og gert ráð fyrir því nýmæli að ekki sé fortakslaus þörf á alfriðun, heldur geti í stað þess komið til þess að dregið sé úr veiði með markvissum aðgerðum. Þá nær meginregla 1. mgr. nú jafnframt til hluta veiðivatns. Sá munur er á reglum 1. og 2. mgr. að friðunaraðgerðir skv. 1. mgr. eru almennar og taka til alls veiðivatnsins, en friðunaraðgerðir skv. 2. mgr. eru hins vegar staðbundnar og geta því komið misjafnlega við einstaka veiðiréttarhafa. Er því þörf að bregðast sérstaklega við þeim aðstæðum og er slíkt gert með bótareglu 3. mgr. sem byggist á sama grunni og aðrar sambærilegar bótareglur laganna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 25. gr.

Heimild til þess að eyða fiski úr veiðivötnum var lögleidd 1970 en náði aðeins til vatnasilungs. Þær sérstöku aðstæður geta skapast í veiðivatni að eyða þurfi fiskstofnum þess, svo sem vegna sjúkdóma eða sníkjudýra sem herja á stofnana. Er því nauðsynlegt að hafa í lögum heimild til þess að bregðast við slíkri vá með eyðingu stofnanna til varnar fiskstofnum í öðrum veiðivötnum, og styðst regla sú sem fram kemur í 25. gr. frumvarpsins við þau rök. Regla svipaðs efnis er nú í 25. gr. gildandi laga. Regla frumvarpsgreinarinnar er þrengri en regla gildandi laga að því leyti að heimildin er takmörkuð við það að um sjúkdóma eða sníkjudýr sé að ræða, en í gildandi lögum nær heimildin jafnframt til þess að eyða ákveðnum fiskstofni í því skyni að rækta annan. Þykir af umhverfisástæðum ekki ástæða til þess að halda í slíka heimild. Regla frumvarpsgreinarinnar er hins vegar rýmri en heimild gildandi laga að því leyti að hún nær til allra fisktegunda, en í gildandi lögum er heimildin bundin við vatnasilung. Rétt er að leggja á það ríka áherslu að hér er um vandmeðfarna heimild að ræða sem einungis ber að beita við þær aðstæður sem nánar er lýst í frumvarpsgreininni.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir heimild til veiða til klaks o.fl. Sú breyting er hér lögð til að veiðifélög þurfa ekki að afla sérstakrar heimildar til slíks, en eru allt að einu bundin af ákvæðum laga um fiskrækt, sbr. framkomið frumvarp þar um, m.a. um fiskræktaráætlun. Í öðrum tilvikum er ráðgert að Landbúnaðarstofnun geti heimilað veiðiréttarhöfum að veiða

lax eða silung til hrognatöku vegna fiskræktar. Við það er miðað að við aðferðir til slíks séu viðkomandi undanþegnir ákvæðum III. og IV. kafla frumvarpsins.

Að öðru leyti er í frumvarpsgreininni að finna reglur um heimildir til veiða í vísindaskyni, og kemur greinin í stað 2. mgr. 2. gr. og 22. gr. gildandi laga. Orðalag og framsetning frumvarpsgreinarinnar er nokkuð breytt frá gildandi lögum. Þannig er nú ráðgert að stofnanir sem stunda rannsóknir á fiskstofnum á lands- eða svæðavísu geti fengið veiðiskírteini útgefin sér til handa án sérstakrar tilgreiningar þeirra einstaklinga sem vísindaveiðar mega stunda og án upptalningar þeirra veiðivatna sem heimildin nær til. Í öðrum tilvikum er gert ráð fyrir óbreyttum reglum. Þó er sú breyting lögð til að Landbúnaðarstofnun geti gert ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu umsækjenda veiðiskírteina. Loks er í 5. mgr. að finna reglu sem svarar til d-liðar 1. mgr. 90. gr. gildandi laga. Enn fremur er lögð sú skylda á veiðiréttarhafa og þá sem veiði stunda að skrásetja og skila merkjum til Landbúnaðarstofnunar samkvæmt reglum sem stofnunin setur.

Í 1. málsl. 6. mgr. er að finna sambærilega reglu og nú er í 2. tölul. 13. gr. núgildandi laga. Enn fremur er þar að finna nýmæli sem gerir ráð fyrir heimild Landbúnaðarstofnunar til að láta merkja dauðan lax út stangveiði til að hægt sé að hafa eftirlit með því að það magn sem fjarlægt er úr veiðiánum sé í samræmi við veiðikvóta. Slíkar merkingar á dauðum laxi hafa lengi verið notaðar við eftirlit í Kanada og hafa nýlega verið teknar í notkun á Írlandi. Rétt þykir að hafa þennan möguleika fyrir hendi hér á landi ef nauðsyn krefur.

Um IV. kafla.

Efnislega svarar þessi kafli til VI. kafla gildandi laga, en framsetning tekur mið af þeirri stefnu að einfalda lögin og hafa nánari útfærslu í reglugerð eða reglum sem settar verða um framkvæmd þeirra. Þá hafa verið færð undir þennan kafla frumvarpins ákvæði sem eru á víð og dreif í gildandi lögum og snerta veiðitæki og veiðiaðferðir.

Í 27. gr. frumvarpsins er meginregla kaflans um veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni en reglur 28. og 29. gr. kaflans eru henni til fyllingar. Í 30. gr. eru reglur um veiðitæki og aðferðir í stöðuvötnum og í 31. gr. um tæki og aðferðir við veiðar göngusilungs í sjó. Loks er í 32. gr. mælt fyrir um skyldu ráðherra til setningar reglugerðar til fyllingar ákvæðum kaflans og heimild Landbúnaðarstofnunar til setningar reglna.

Ákvæði um heimild Landbúnaðarstofnunar til að leyfa veiðar í kistur og fyrirstöður kemur til vegna rannsókna og talninga á laxfiskum í veiðivötnum. Slík veiðitæki eru að sjálfsögðu ekki hugsuð til almennra veiða, þótt nýta mætti þau til klakveiði.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svara til 1. mgr. 27. gr. gildandi laga. Hér eru heimiluð þau tæki sem löng venja stendur til notkunar á við veiðar og er ekki um að ræða neina breytingu þar á frá gildandi lögum.

Efni 2. mgr. svarar í einu og öllu til 28. gr. gildandi laga. Með greininni er áréttað að bannað sé í straumvatni að veiða með þeim tækjum sem þar eru nefnd þótt heimilt sé að nýta þau við þær þröngu aðstæður sem frumvarpsgreinin nefnir.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild Landbúnaðarstofnunar til þess að leyfa veiðar á göngusilungi með ádrætti, líkt og er í gildandi lögum. Í greininni er hins vegar áréttað að ádráttarveiði á laxi er aðeins heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks. Ádráttarveiði á laxi mun nú nánast alfarið heyra sögunni til og þess utan standa fiskifræðileg og hagfræðileg rök til þess að það skref verði nú stigið til fulls að banna slíkar veiðar á laxi. Öðru máli gegnir hins vegar um göngusilung sem sums staðar er vannýtt veiðiauðlind.

Í 4. mgr. er tekið upp efni sem nú er í 2. og 3. mgr. 30. gr. gildandi laga og fjallar um þær takmarkanir sem settar eru við því að veiði sé samtímis stunduð með föstum veiðivélum annars vegar og á stöng hins vegar á sömu svæðum í straumvötnum. Reglan styðst við þau fiskifræðilegu rök að illa fer á því að stunda saman veiði í straumvatni með svo ólíkum veiðitækjum. Auk þess er regla greinarinnar í góðu samræmi við reglu 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Efni 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til 1. og 2. mgr. 29. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa, enda hafa reglur þar að lútandi verið í íslenskum rétti um langa hríð.

Í 2. og 3. mgr. er að finna breytingar frá gildandi lögum þar sem greint er á milli netaveiði á laxi annars vegar og silungi hins vegar að því er varðar gerð og möskvastærð neta. Í 2. mgr. er kveðið á um að við veiðar á laxi megi net þau sem notuð eru ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum. Ákvæði þetta er efnislega í samræmi við núgildandi lög. Með 3. mgr. er hins vegar ætlunin að fela veiðifélögum að setja reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á hverju og einu félagssvæði ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af Landbúnaðarstofnun að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Rökin fyrir þessari tilhögun eru þau að silungsstofnar eru misjafnir að gerð og frá fiskifræðilegu sjónarmiði er rétt að ólíkar reglur gildi um gerð og möskvastærð silungsveiðineta eftir vatnakerfum.

Mikilvægt er að í lögum sé skýrt kveðið á um lengd milli fastra veiðivéla í straumvatni, og er ákvæði um það efni í 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar sem svarar til efnis 35. gr. gildandi laga. Er hugmyndin að atriði er lúta að nánari framkvæmd frumvarpsgreinarinnar verði í reglugerð, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem svarar til 1. málsl. 5. mgr. 27. gr. gildandi laga, er mælt fyrir um þann fjölda fastra veiðivéla sem nota má í hverju straumvatni. Er til grundvallar lagt til að fjöldinn skuli vera sá hinn sami og var við gildistöku lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, enda almennt ekki efni til þess af fiskifræðilegum ástæðum að fjölga lögnum frá því sem þá var. Þó getur Landbúnaðarstofnun skv. 2. málsl. heimilað fjölgun lagna, ef slíkt telst óhætt að mati Veiðimálastofnunar. Ekki þykir ástæða til að taka upp í frumvarpið reglu 2. málsl. 5. mgr. 27. gr. gildandi laga sem er barn síns tíma.

Með sama hætti og unnt er að fjölga lögnum skv. 5. mgr. gerir 6. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem svarar til 6. mgr. 27. gr. gildandi laga, ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun sé heimilt að mæla fyrir um fækkun fastra veiðivéla, ef viðgangur fiskstofna kallar á slíkt að mati Veiðimálastofnunar.

Bótaregla 7. mgr. frumvarpsgreinarinnar er nýmæli, en á mjög skylt við aðrar bótareglur frumvarpsins og þarfnast ekki sérstakra skýringa hér.

Um 29. gr.

Efni 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til 1. mgr. 30. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í samræmi við það markmið frumvarps þessa að færa aukna ábyrgð á stjórnun veiða á hendur þeim sem hana bera er við það miðað í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar að veiðifélög eða veiðiréttarhafar skuli setja sér nánari reglur um stangveiði í einstökum veiðivötnum sem gilda eiga í a.m.k. átta ár, en gildi slíkra reglna er þó háð staðfestingu Landbúnaðarstofnunar sem í öllum tilvikum ber að afla faglegs mats Veiðimálastofnunar. Í 3. mgr. er nánar kveðið á um það hvað koma skuli fram í slíkum reglum. Það skal áréttað að þar er ekki um tæmandi

talningu að ræða. Efni í þessa veru kemur nú m.a. fram í 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er loks fjallað um úrlausn ágreinings um skiptingu veiðitíma, veiðistaða og endurgjald fyrir stangveiði.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum. Fyrsti málsl. 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. gildandi laga og 2. málsl. svarar til 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. gildandi laga. Engar efnisbreytingar eru hér lagðar til.

Efni 2. mgr. svarar í einu og öllu til 28. gr. gildandi laga, sbr. samhljóða athugasemdir við 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Um skýringu 3. mgr. vísast til athugasemda við 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda. Í 4. mgr. er nánar kveðið á um það hvað koma skuli fram í reglum skv. 3. mgr., en ekki er þar um tæmandi talningu að ræða. Efni í þessa veru kemur nú m.a. fram í 2. málsl. 1. mgr. 38. gr., 2. málsl. 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 38. gr. og 5. mgr. 38. gr. gildandi laga.

Efni 5. mgr. svarar til 4. mgr. 38. gr. en að öðru leyti er áréttað í frumvarpsgreininni að reglur laganna um veiði í straumvötnum skulu að breyttu breytanda gilda um veiði í stöðuvötnum.

Um 31. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma reglur um sama efni og nú kemur fram í 1. mgr. 15. gr. gildandi laga, en betur þykir fara á því samræmisins vegna að koma slíkri reglu fyrir í IV. kafla frumvarpsins. Sú efnisbreyting er ein gerð frá gildandi lögum að ekki er lengur gert ráð fyrir því að ádráttarveiðar á göngusilungi séu stundaðar í netlögum í sjó, þegar af þeirri ástæðu að ekki er til þess vitað að þær hafi verið stundaðar hin seinni ár.

Um 32. gr.

Í greininni er þau nýmæli að þar er í fyrsta lagi, sbr. 1. mgr., gert ráð fyrir skyldu ráðherra til útgáfu reglugerðar sem feli í sér nánari útfærslu ýmissa þeirra atriða sem lúta að veiðitækjum og aðferðum og sum hver eru í VI. kafla gildandi laga. Í öðru lagi er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun geti með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en þær sem greindar eru í kaflanum.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivatn. Reglur um sambærilegt efni er nú að finna í VII. kafla gildandi laga, en efni og framsetning í frumvarpinu er töluvert breytt frá gildandi lögum. Mannvirkjagerð samkvæmt kaflanum er í aðalatriðum tvíþætt, þ.e. annars vegar gerð fiskvegar og annarra sambærilegra mannvirkja, sbr. ákvæði 34. gr., og hins vegar efnistöku eða gerð annarra mannvirkja sem tálmað geta fiskför eða raskað geta lífríki vatns, sbr. 35. gr. Ákvæði 33. gr. felur í sér almenna reglu um nauðsynlegan undanfara heimilda til allarar mannvirkjagerðar í og við veiðivötn, þ.m.t. framkvæmda skv. 34. og 35. gr., en í 36. gr. er bótaregla sem nær til annarra tilvika en þeirra sem falla undir reglur 34. og 35. gr. Er regla 36. gr. frumvarpsins nýmæli.

Við endurskoðun vatnalaga, sem nú stendur yfir, er áformað að herða á gildandi reglum um heimild til mannvirkjagerðar í vötnum. Reglur vatnalaga eru í eðli sínu almennar og eiga við um alla mannvirkjagerð í vatni. Reglur þessa kafla frumvarpsins eru hins vegar sérreglur sem koma til viðbótar ákvæðum vatnalaga og ná sérstaklega til mannvirkjagerðar og fram-

kvæmda í og við veiðivötn. Af þessu leiðir að sá sem ræðst í framkvæmdir í veiðivatni á grundvelli ákvæða þessa kafla frumvarpsins þarf til viðbótar leyfum samkvæmt þessum lögum að afla sér tilskilinna leyfa eða heimilda samkvæmt vatnalögum og eftir atvikum fleiri lögum.

Um 33. gr.

Reglur 1. og 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru að stofni til í 43. gr. gildandi laga. Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metra frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er nú háð leyfi Landbúnaðarstofnunar. Þá er það nýmæli lagt til að ávallt skuli leita álits viðkomandi veiðifélags, en veruleg brögð hafa verið að því að ráðist væri í framkvæmdir í og við veiðivötn án þess að leita álits viðkomandi veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, ef ekki er veiðifélag starfandi. Reglur frumvarpsgreinarinnar fela í sér almenna skyldu til að standa þannig að framkvæmd við veiðivatn að ávallt liggi fyrir hver áhrif framkvæmdin kunni að hafa á þá þætti sem ráða afkomu fiskstofna vatnsins. Niðurstaða hinnar líffræðilegu úttektar, sem 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar mælir fyrir um, getur leitt til þess að Landbúnaðarstofnun fallist ekki á framkvæmdina, þótt sá er hennar óskar hafi aflað sér jákvæðra álita annara umsagnaraðila.

Í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir því að umsókn um leyfi til framkvæmdar fylgi umsögn sérfræðings í veiðimálum. Gert er ráð fyrir því að slík umsögn geti verið frá Veiðimálastofnun eða sjálfstætt starfandi sérfræðiaðila.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er lagt til að Landbúnaðarstofnun geti krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. Hér er um að ræða þau tilvik þegar framkvæmd er umfangsmikil og líkur eru taldar á því að hún geti haft veruleg áhrif á lífríki veiðivatns. Landbúnaðarstofnun getur þá kveðið nánar á um til hvaða þátta líffræðileg úttekt skuli ná. T.d. gætu slík skilyrði fjallað um að rannsókn næði til búsvæða í vatni, hrygningarstöðva og veiðistaða eða til samanburðar á veiði til nokkurra ára.

Um 34. gr.

Ákvæði 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar svarar til 1. mgr. 39. gr. gildandi laga, en orðalagi er vikið við og greinin aðlöguð breyttri stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála. Þess má vænta að í flestum tilvikum standi veiðifélag að framkvæmd af þessum toga, en ekki þykir útilokað að félagi sé ekki til að dreifa og því gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því að í slíku tilviki þurfi aukinn meiri hluta veiðiréttarhafa. Sú breyting kemur fram, miðað við gildandi lög, að gert er ráð fyrir því að auk fiskvegar kunni að koma til gerðar annarra sambærilegra mannvirkja, þótt ekki sé um fiskveg í eiginlegri merkingu þess hugtaks að ræða.

Regla 2. mgr. svarar til 2. mgr. 39. gr. gildandi laga og varðar heimild til eignarnáms lands- og vatnsréttinda í þágu þeirrar mannvirkjagerðar sem frumvarpsgreinin tekur til. Er þar allt með hefðbundnum hætti.

Í 3. mgr. er regla sem ekki er að finna í gildandi lögum og varðar heimild til þess að loka fiskvegi tímabundið eða varanlega. Á liðnum áratugum hefur fjöldi fiskvega verið reistur í veiðivötnum landsins. Reynsla af því hefur ekki í öllum tilvikum verið jákvæð og af hálfu veiðiréttarhafa hefur því verið hreyft að nauðsyn beri til þess að í nýjum lögum sé heimild til þess að loka fiskvegum, a.m.k. tímabundið. Með þessari málsgrein er brugðist við því.

Bótaregla sú sem fram kemur í 4. mgr. er nýmæli, en byggist á sömu sjónarmiðum og bótareglur þær sem fram koma í fleiri greinum frumvarpsins. Eðli málsins samkvæmt tekur bótareglan fyrst og fremst mið af þeirri aðstöðu sem skapast þegar fiskvegur er fjarlægður

og fiskigengd stöðvuð í efri hluta viðkomandi straumvatns. Líklegt er að veiðiréttarhafar, sem veiði missa fyrir sínu landi, verði fyrir fjártjóni af þeirri ástæðu. Hins vegar er ekki útilokað að fjártjón geti einnig af því hlotist þegar fiskvegur er gerður, þ.e. að gerð fiskvegar valdi því að veiði minnki fyrir landi tiltekinna fasteigna. Er því rétt að bótareglan veiti heimild til að bregðast við báðum tilvikum, en því er ekki fyrir að fara í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um aðra mannvirkjagerð í eða við veiðivatn sem tálmað getur fiskför eða raskað lífríki þess. Er þar um að ræða framkvæmdir sem í flestum tilvikum eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, t.d. vatna- og raforkulögum. Felst í greininni skylda framkvæmdaraðila til að kosta nauðsynlegar aðgerðir sem tryggja eiga fiskför og veiði í viðkomandi veiðivatni þrátt fyrir framkvæmdina.

Í 1. mgr. er lögð sú skylda á framkvæmdaraðila að kosta gerð og viðhald fiskvegar ef framkvæmdin er til þess fallin að tálma fiskför. Á reglan sér nokkra stoð í 1. og 3. mgr. 41. gr. gildandi laga. Árétta ber að við gerð fiskvegar gilda ákvæði 34. gr. frumvarpsins að öllu leyti, þ.m.t. heimild sú til eignarnáms sem fram kemur í 2. mgr. 34. gr.

Skyldan til gerðar fiskvegar skv. 1. mgr. er ekki fortakslaus því að í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er gert ráð fyrir undantekningu. Forsenda þeirrar undanþágu er sú að sýnt sé fram á það með mati að kostnaður af gerð fiskvegar sé til muna meiri en það tjón sem veiðiréttarhafi mun fyrirsjáanlega bíða af framkvæmdinni. Sambærileg regla er nú í 2. mgr. 41. gr. gildandi laga. Ekki þykir þörf á að taka upp í frumvarpið ákvæði 2. mgr. 41. gr. gildandi laga vegna þess að í breyttri mynd ná reglur þessa kafla frumvarpsins að fullu yfir þau tilvik sem þar er um fjallað.

Regla 3. mgr. lýtur að þeirri stöðu sem uppi er þegar vatni er veitt úr eða í veiðivatn um pípur, skurði eða með öðrum sambærilegum hætti í þágu annarrar starfsemi eða hagsmuna en veiði. Regla þessi, sem nú á sér stoð í 1. mgr. 42. gr. gildandi laga, leggur þá skyldu á herðar þeim aðila, sem stendur að eða hagsbóta nýtur af framkvæmdinni, að tryggja það að fiskur eða seiði spillist ekki með því að ganga inn í veitutækin.

Loks er í 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar gert ráð fyrir ríkri skyldu þeirra aðila, sem standa fyrir vatnsmiðlunum, til samráðs við veiðifélag eða veiðiréttarhafa, í því skyni að takmarka sem frekast er kostur áhrif tíðra breytinga á vatnsmagni sem fyrir fram eru líklegar til þess að hafa áhrif á veiði og fiskför.

Um 36. gr.

Í 34. og 35. gr. frumvarpsins eru bótareglur sem ná til tjóns sem leitt getur af þeim framkvæmdum sem um ræðir í þeim greinum. Ekki þykir útilokað að veiðiréttarhafar verði fyrir annars konar bótaskyldri skerðingu en þeirri sem um er fjallað í 34. og 35. gr. og er frumvarpsgrein þessari ætlað að taka til slíkra tilvika. Af þessu leiðir að greininni er bætt við önnur ákvæði kaflans í öryggisskyni. Þá skal áréttað að þessu til viðbótar njóta viðkomandi veiðiréttarhafar verndar almennra ákvæða vatnalaga.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru reglur um veiðifélög og starfsemi þeirra. Fylgt er í meginatriðum þeim reglum sem fram koma í gildandi lögum. Á það við um skylduaðildina sem slíka, stofnun, starfrækslu og skipulag veiðifélaga og tilhögun við gerð arðskrár. Nokkrar breytingar hafa á hinn bóginn verið gerðar á atkvæðisrétt innan veiðifélags. Um rök fyrir skylduaðild að veiðifélögum vísast til kafla III í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Gert er ráð

fyrir þeirri tilhögun að ýmis nánari ákvæði, sem lúta að starfsemi veiðifélaga, verði tekin upp í reglugerð ráðherra. Þá er vakin á því athygli að ekki er í frumvarpinu að finna reglur um þau atriði sem nú koma fram í 2. og 3. mgr. 57. gr., 58. gr., 60. og 61. gr. gildandi laga. Að hluta til er um úrelt fyrirmæli að ræða, en að öðru leyti er reglum þessa efnis fyrir komið í III. kafla frumvarpsins um veiðistjórn og í IV. kafla um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur skýrt fram það sjónarmið að starfræksla veiðifélaga og skylduaðild að þeim sé þýðingarmikið úrræði til að ná markmiðum laganna svo sem þau eru nánar skilgreind í 1. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er að öðru leyti fjallað um hlutverk veiðifélaga og á greinin sér að hluta til samsvörun í 44. gr. gildandi laga, en þó er orðalagi vikið við og framsetningu nokkuð breytt. Rétt er þó að taka fram að með frumvarpi þessu er veiðifélögum ætlað meira hlutverk en áður við framkvæmd laganna og er mið tekið af því við framsetningu málsgreinararinnar.

Í 2. mgr. er það nýmæli að félagsmenn í veiðifélagi eru skilgreindir sem allir veiðiréttarhafar á viðkomandi félagssvæði, þ.e. þeir aðilar sem teknir eru upp í skrá skv. 12. gr. frumvarpsins og réttinda njóta á grundvelli arðskrár, sbr. 41. gr. Um fyrirkomulag atkvæðisréttar er hins vegar nánar fjallað í 40. gr.

Í 3. mgr. er annars vegar kveðið á um fortakslaust forræði veiðifélags í umdæmi þess, sbr. 2. mgr. 45. gr. gildandi laga, og hins vegar bann við veiði félagsmanna án heimildar félags, sbr. 1. mgr. 57. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er það nýmæli að hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að heimila aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Eðlilegt er að í lögum séu tekin af öll tvímæli um það að þeir aðilar sem keypt hafa stangveiðirétt af veiðifélagi og þeir sem frá þeim leiða rétt sinn njóti ótvíræðrar heimildar til að nýta þann rétt með nauðsynlegum umferðarrétti og aðgangi um lönd þeirra fasteigna sem að veiðivötnum liggja. Til mótvægis er hins vegar lögð á það rík áhersla í 2. málsl. málsgreinarinnar að ávallt skuli þeir sem aðgangs njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

Í 5. mgr. er að finna skuldskeytingarreglu þá sem fram kemur í 1. mgr. 59. gr. gildandi laga, en með breyttu orðalagi og framsetningu.

Í 6. mgr. er áréttuð sú eignarréttarstaða í skiptum veiðifélags og félagsmanna að félagið sjálft er ekki handhafi neins konar eignarréttarheimilda, heldur teljast sjálfstæðar eignir félagsins tilheyra einstökum félagsmönnum og veiðiréttarhöfum í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu á grundvelli arðskrár.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til þess að útfæra nánar í reglugerð ýmis atriði er varða skipan og starfshætti veiðifélaga, en betur þykir fara á að slík ákvæði séu í reglugerð en lögum.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um umdæmaskipan veiðifélaga sem getur verið með fernum hætti. Umdæmi einstaks veiðifélags getur í fyrsta lagi tekið yfir heilt fiskihverfi, í öðru lagi einstakt veiðivatn í fiskihverfi, í þriðja lagi hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, og í fjórða lagi veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði. Er þetta ekki efnisbreyting miðað við 1. mgr. 45. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að Landbúnaðarstofnun fari með ákvörðunarvald um umdæmi einstakra veiðifélaga í samræmi við þau viðmið sem fram koma í 1. mgr., en að höfðu sam-

ráði við veiðiréttarhafa. Á grundvelli gildandi laga er nú þegar komin á föst umdæmaskipan veiðifélaga, sem reynst hefur vel, og er því líklegt að ekki reyni á reglu þessarar málsgreinar nema í undantekningatilvikum. Efnislega sambærileg regla kemur nú fram í 1. mgr. 46. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er regla sama efnis og nú kemur fram 54. gr. gildandi laga, en orðalagi er breytt. Lýtur hún að stöðu einstakra fasteigna þar sem möguleikar á veiði eru upphaflega ekki fyrir hendi en koma síðar til. Skal sú fasteign tilheyra veiðifélagi aðliggjandi fiskihverfis og viðkomandi veiðiréttarhafa er skylt að gerast félagi.

Í 4. mgr. er regla sama efnis og fram kemur í 3. mgr. 45. gr. gildandi laga. Við afmörkun á félagssvæði veiðifélags skal samkvæmt frumvarpinu almennt hafa hliðsjón af því hvar veiði er stunduð á tilteknu svæði. Regla 4. mgr. felur í sér heimild til að víkja frá þessu viðmiði og láta umdæmi félags, þegar sérstaklega stendur á, ná lengra upp með veiðivatni. Er í dæmaskyni nefnt það tilvik þegar fiskrækt er stunduð í straumvatni ofan veiðisvæða.

Um 39. gr.

Regla 1. mgr. mælir fyrir um frumkvæðisrétt að stofnun veiðifélags, og er hann í fyrsta lagi á hendi viðkomandi veiðiréttarhafa, en að þeim frátöldum á hendi Landbúnaðarstofnunar. Er við það miðað að á slíkt frumkvæði Landbúnaðarstofnunar reyni einungis í þeim tilvikum þar sem veiðiréttarhafar sinna ekki þeirri skyldu sinni að stofna til félags. Er regla sama efnis nú í 2. mgr. 46. gr. gildandi laga, en er hér tekin upp nokkuð breytt.

Í 2. mgr. er nánar mælt fyrir um boðun stofnfundar. Samkvæmt ákvæðinu skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Ráðherra er í reglugerð ætlað að setja nánari ákvæði um boðun stofnfundar og dagskrá hans. Til annarra funda en stofnfundar í veiðifélagi skal boða með sama hætti. Í greininni felst að nokkru leyti tilvísun til þeirra atriða sem nú koma fram í 47. og 1. mgr. 48. gr. gildandi laga, en betur þykir fara á því að nánari útfærsla sé í reglugerð.

Í 3. mgr. eru fyrirmæli um samþykktir veiðifélags og þau efnisatriði sem þar er nauðsynlegt að komi fram. Á efni greinarinnar sér að hluta til fyrirmynd í 3. mgr. 49. gr. gildandi laga, en með verulegum viðbótum þó. Fyrst skal þess getið að ætlast er til að í samþykktum verði taldar upp þær fasteignir sem veiðiréttindi eiga en hafi veiðiréttur verið skilinn frá fasteign skulu taldir upp þeir einstaklingar og/eða lögaðilar sem hinn aðskilda veiðirétt eiga. Í öðru lagi er veiðifélögum samkvæmt frumvarpinu ætlað aukið hlutverk við framkvæmd nýrra lax- og silungsveiðilaga, þótt ekki séu þau gerð að eiginlegu stjórnvaldi í skilningi stjórnsýslulaga. Af hinu aukna hlutverki veiðifélaga leiðir að gera verður ríkar kröfur til vandaðrar málsmeðferðar af þeirra hálfu enda eru þau í störfum sínum að fjalla um þýðingamikil réttindi manna og skyldur, þar á meðal stjórnarskrárvarin eignarréttindi. Því er kveðið á um það í málsgreininni að í samþykktum skuli vera málsmeðferðarreglur. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð ráðherra, sem sett verður um veiðifélög, verði nánari fyrirmæli um útfærslu samþykktanna, þ.m.t. málsmeðferðarreglur þar sem hliðsjón verður höfð af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins. Loks er gert ráð fyrir því nýmæli að í samþykktum veiðifélags sé kveðið á um skyldu til að leggja fram fjárhagsáætlun komandi starfsárs á aðalfundi félagsins.

Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að deildarskipta starfsemi veiðifélags, en sambærilega reglu er að finna í 4. mgr. 49. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um nauðsynlegt atkvæðamagn svo samþykktir teljist löglega gerðar, en sambærileg regla er í 1. mgr. 49. gr. gildandi laga. Atkvæði ⅔ atkvæðisbærra félagsmanna, sbr. 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, þarf til þess að setja veiðifélagi samþykktir eða breyta

þeim. Það frávik er þó heimilað samkvæmt frumvarpsgreininni að sé fundarsókn ekki næg þá skuli boða til annars fundar og ráði þar afl atkvæða þeirra félagsmanna.

Í 6. mgr. eru fyrirmæli um það hvernig bregðast skuli við setji veiðifélag sér ekki lögmætar samþykktir, en sambærileg regla er nú í 2. mgr. 49. gr. gildandi laga. Skal Landbúnaðarstofnun þá setja félaginu samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

Í 7. mgr. mælt fyrir um heimild þess sem vefengja vill félagsstofnun til þess að bera ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi. Skyld regla er í 53. gr. gildandi laga en er hér verulega einfölduð.

Loks er í 8. mgr. mælt fyrir um birtingu samþykkta.

Um 40. gr.

Í greininni er að finna reglur um atkvæðisrétt innan veiðifélags, en reglur í þá veru eru nú í 2. og 3. mgr. 48. gr. gildandi laga. Er ljóst að um þetta atriði hefur löngum verið deilt og verður án efa áfram. Við mótun þessarar reglu frumvarpsins er það fyrrnefnda markmið haft að leiðarljósi að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggja afkomu sína, að öllu leyti eða að hluta, á veiðinytjum. Ber meginregla 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar þess merki þar sem kveðið er á um þá óbreyttu tilhögun að eitt atkvæði fylgir hverri jörð sem veiðirétt á. Allt að einu er ljóst, og verður ekki fram hjá þeirri staðreynd litið, að mjög örar breytingar verða nú á eignarhaldi fasteigna utan þéttbýlis, sem og á atvinnu- og samfélagsháttum. Er á því skilningur að tryggja verði með einum eða öðrum hætti vernd þeirra aðila sem eiga veiðirétt í skilningi II. kafla laganna og teljast félagsmenn í veiðifélagi, sbr. fyrirmæli 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins, en fullnægja ekki því skilyrði að fara með atkvæðisrétt fyrir jörð í skilningi 1. mgr. frumvarpsgreinar þessarar. Þá þykir jafnframt verða að taka réttmætt tillit til hagsmuna þeirra aðila sem eru tiltölulega stórir í arðskrá en vægi þeirra endurspeglast ekki nægilega í atkvæði greiddu á grundvelli 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Við þessu er brugðist með undantekningarreglu þeirri sem er í 7. mgr. frumvarpsgreinarinnar en þar er kveðið á um það að ef lagt sé fyrir fund í veiðifélagi að ráðast í framkvæmdir vegna starfsemi félagsins sem hafi fjárútlát í för með sér, er nema hærri fjárhæð en 25% af tekjum af veiði á því ári, geti hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Þá er gert ráð fyrir því í sömu málsgrein að í samþykktum veiðifélags sé heimilt að ákveða að sama regla um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi. Af sjálfu leiðir að eigi að koma á slíkri tilhögun ber að fara eftir reglum laganna um breytingar á samþykktum, sbr. 5. mgr. 39. gr. frumvarpsins, og gildir þá meginregla laganna um atkvæðisrétt, sbr. 1. mgr. frumvarpsgreinar þessarar. Eru þetta óneitanlega grundvallarbreytingar frá gildandi lögum. Í frumvarpsgreininni eru jafnframt reglur um það hvernig farið skuli að þegar jarðir hafa verið sameinaðar, jörð/lögbýli fellt úr þeim flokki, sem það var áður í, hvernig fyrirsvari einstakra jarða skuli háttað o.fl.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram sú fyrrnefnda meginregla að eitt atkvæði fylgir hverri jörð sem veiðirétt á. Tekið er fram að með jörð sé átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga 1976, en við þau tímamörk þykir eðlilegt að miða í ljósi þess að þá hafði lögbýlaskipan landsins tekið á sig nokkuð endanlega mynd. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að árétta að til eru ýmsir flokkar fasteigna sem haft geta ólíka réttarstöðu. Fyrsta og nærtækasta dæmið er sú aðgreining í löggjöf sem byggð er á því að til séu annars vegar eignarlönd og hins vegar þjóðlendur. Annars konar afbrigði er lóð í þéttbýli ásamt mannvirkjum en hún telst ein tegund fasteigna. Sama

á við um útskipta lóð undir frístundahús í dreifbýli. Þriðja tilbrigði fasteignar er jörð samkvæmt jarða- og ábúðarlögum og hugtökin lögbýli samkvæmt ábúðarlögum og eyðibýli hafa sérstaka merkingu. Þessi mismunandi réttaráhrif birtast með glöggum hætti í frumvarpinu. Meðan meginreglan er sú að öllum fasteignum sem land eiga að veiðivötnum tilheyrir veiðiréttur þá eru það aðeins eigendur eða ábúendur jarða í þessum skilningi 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar sem að meginstefnu fara með atkvæðisrétt í veiðifélagi. Þá skal áréttað það nýmæli að með því að hverri jörð fylgir eitt atkvæði skiptir ekki máli þótt sami aðili eigi fleiri en eina jörð, hann fer þá með eitt atkvæði fyrir hverja þeirra. Loks er í 1. mgr. tekin upp regla 3. mgr. 48. gr. gildandi laga um sambærilega réttarstöðu þeirra jarða sem veiðiréttur fylgir í vötnum á afrétti í þjóðlendu, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er regla sem nú kemur fram í 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. gildandi laga og lýtur að þeirri stöðu þegar veiðiréttur einnar og sömu jarðarinnar hefur skipst á fleiri hendur. Er gert ráð fyrir því nýmæli að skylt sé að tilkynna veiðifélagi með sannanlegum hætti hver fari með atkvæðisrétt þegar svo háttar.

Í 3. og 4. mgr. eru reglur um það annars vegar hvernig með skuli farið séu jarðir eru sameinaðar og hins vegar þegar veiðiréttur hefur verið skilinn frá jörð eða jörð telst ekki vera slík lengur. Skýra reglur þessar sig sjálfar.

Í 5. mgr. er sú regla 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins áréttuð að sé jörð leigð samkvæmt ábúðarlögum skuli ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar, nema á annan veg hafi verið samið.

Þá er í 6. mgr. tekin upp óbreytt regla niðurlagsákvæðis 2. mgr. 48. gr. gildandi laga um heimild til framsals atkvæðisréttar með umboði. Almennar reglur um umboð koma grein þessari að öðru leyti til fyllingar.

Í 7. mgr. er nýmæli, sem áður er getið, og felst í þeirri undantekningu frá meginreglu 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar að eigi að ráðast í framkvæmdir í þágu starfsemi félagsins sem hafa fjárútlát í för með sér, sem nema hærri fjárhæð en 25% af tekjum af veiði á því ári, geti hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Leggja verður á það áherslu að eigi regla þessi að ná tilgangi sínum verður beiting hennar að vera með málefnalegum hætti. Sem dæmi um hið öndverða má nefna það tilvik að meiri hluti í veiðifélagi samkvæmt meginreglu 1. mgr. dreifi ákveðnum útgjöldum á fleiri ár án þess að fyrir því séu efnisleg rök og geri þar með undantekningarreglu 7. mgr. óvirka. Þá er, eins og áður segir, gert ráð fyrir að í samþykktum veiðifélags sé heimilt að ákveða að sama regla um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilvikum sem varða ákvarðanatöku á vettvangi veiðifélags. Um breytingu þessa er að öðru leyti fjallað í skýringum við frumvarpsgreinina hér að framan.

Loks er í 8. mgr. greinarinnar almenn regla um afl atkvæða á fundum veiðifélags, en sambærileg regla er nú í niðurlagi 1. mgr. 49. gr. gildandi laga. Er meginreglan sú að meiri hluti mættra og atkvæðisbærra félagsmanna er bær til ákvarðanatöku.

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til arðskrárgerðar og er um að ræða lítið breytt fyrirmæli frá 1. málsl. 1. mgr. 50. gr. gildandi laga, auk þess sem hér eru tekin upp fyrirmæli 2. málsl. 2. mgr. 50. gr. Gerð arðskrár er eðlilega eitt lykilatriðið í starfrækslu þess veiðifélagakerfis sem hér er við lýði og arðskrá á að endurspegla eignarhlutföll einstakra fasteigna/veiðiréttarhafa í þessari auðlind viðkomandi veiðivatns. Á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur í tíð gildandi laga er ekki ástæða til þess að hrófla við þeim grundvelli sem felst í arðskrá sem slíkri, þ.e. sem ákveðnu formi til þess að meta og dreifa arði af nýtingu auðlindarinnar.

Í 2. mgr. eru talin upp þau grundvallaratriði sem öðru fremur ber að taka tillit til við arðskrárgerð. Í 1. mgr. 50. gr. gildandi laga er kveðið á um að við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skuli m.a. taka tillit til aðstöðu við netaveiði og stangveiði, landlengd að veiðivatni og hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Eru þetta þau atriði sem hingað til hefur í framkvæmd verið stuðst við þegar arðskrár er gerðar. Í ljósi eignarréttar hefur ekki verið um það deilt að eðlilegt sé að hin tilgreindu atriði séu lögð til grundvallar við arðskrárgerð þó að hagsmunaaðila kunni að greina á um innbyrðis vægi einstakra þátta. Hins vegar er til þess að líta að þótt atriði þau sem fram koma í gildandi lögum verði áfram grundvallaratriði við arðskrármat þá er nauðsynlegt að líta til þeirrar þróunar sem óhjákvæmilega hefur átt sér stað í tímans rás. Upphafleg fyrirmæli um viðmið í þessa veru voru lögtekin með 64. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932. Gildandi fyrirmæli voru í lög leidd með 70. gr. laga nr. 53/1957. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi því er varð að þeim lögum sagði svo:

„Hún kemur í stað 65. gr. laganna og mælir fyrir um arðskrár veiðifélaga. Rétt þykir að breyta þeim meginreglum, sem fara á eftir, þegar arði af félagsveiði er jafnað niður, því að aðstæður hafa breytzt frá því, er lög um lax- og silungsveiði voru sett. Þá var lítil veiði í höfuðám ofanverðum og þverám, því að stangarveiði var þá fremur fátíð og langmest um netjaveiði neðanvert í höfuðám eða við ósa þeirra. Þótti því verða að jafna arðinum niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarða. Síðan lögin voru sett, hefur stangarveiði færzt mjög í vöxt, og hefur reynsla sýnt, að hún er jafnan mest ofarlega í fiskihverfi hverju. Augljóst er, að hrygningarsvæði og uppeldisskilyrði ráði úrslitum um afkomu fiskstofns. Hitt er jafnvíst, að ekki nýtast þessi skilyrði, nema fiskurinn fái gengið leið sína frá sjó til hrygningar- og uppeldissvæða, sem jafnan eru ofanvert í ám. Virðist því rétt að taka tillit til allra þeirra atriða, er í greininni getur, enda hefur sú raun orðið á, að víða hefur það verið gert, þá er arðskrá hefur verið sett með mati.“ (Alþt. 1955, A-deild, bls. 420.)

Við gerð frumvarps þessa hefur verið litið til nokkurra niðurstaðna yfirmats vegna arðskrárgerðar frá seinni árum. Þó að hin lögbundnu viðmið séu eðli málsins samkvæmt þeir meginþættir sem litið er til við arðskrárgerð er allt að einu ljóst að á tæpri hálfri öld hefur mikið vatn runnið til sjávar og afstaða manna til vægis þeirra einstöku þátta sem til grundvallar arðskrármati liggja breyst og ný sjónarmið komið til sögunnar. Þannig er t.d. augljóst af rýni í tilvitnaðar matsgerðir að vægi aðstöðu til netaveiði minnkar jafnt og þétt í yngri matsgerðum. Það er hins vegar vandasamt að ætla að breyta í grundvallaratriðum þeim forsendum sem arðskrárgerð hefur verið byggð á um langan aldur og er óhjákvæmilega undirstaðan í gildandi mati í öllum helstu veiðivötnum landsins. Þó er lagt til að auk þeirra atriða sem eru í gildandi lögum verði m.a. litið til vatnsmagns og stærðar vatnsbotns fyrir landi viðkomandi fasteignar til fyllingar fyrirmælum um landlengd (bakkalengd), en þessi atriði þykja skipta verulegu máli. Áhersla er þó lögð á það að alls ekki er um tæmandi upptalningu að ræða á þeim atriðum sem áhrif geta haft við arðskrárgerð. Eru engar forsendur til þess í lögum að njörva slíkt niður fyrir fram enda á því byggt að úr ágreiningi í þeim efnum sé skorið í matsgerðum þeim sem liggja arðskrám til grundvallar og ófært að binda hendur matsmanna í stóru og smáu fyrir fram og án nauðsynlegs tillits til sérstakra aðstæðna í hverju einstöku veiðivatni.

Í 3. og 4. mgr. eru reglur um þau atriði sem nú koma fram í 2. mgr. 50. gr. gildandi laga. Lúta þau annars vegar að samþykkt arðskrár á félagsfundi veiðifélags, sbr. 3. mgr., og þeim aukna meiri hluta sem þarf til samþykktar arðskrár. Er þar um sömu reglur að ræða og gilda um samþykktir veiðifélaga, sbr. 5. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í 4. mgr. um það fjallað hvernig við skuli brugðist ef fyrirliggjandi arðskrá er ekki samþykkt á félagsfundi. Ber stjórn veiðifélags þá að óska eftir mati skv. VII. kafla. Einnig er sérhverjum félagsmanni,

sem telur á hlut sinn gengið í arðskrá, rétt að krefjast slíks mats. Krafa þar að lútandi þarf þó að koma fram innan tveggja mánaða frá samþykkt arðskrár á félagsfundi.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um nokkuð breytt fyrirkomulag birtingar og gildistöku arðskrár. Er lagt til að arðskrá skuli staðfest af Landbúnaðarstofnun og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að frestir til að krefjast mats eru liðnir. Tekur hún þá gildi tveimur mánuðum eftir slíka birtingu. Komi hins vegar fram krafa um mat gildir eldri arðskrá, ef henni er til að dreifa, þar til matsgerð skv. VII. kafla liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt. Sé um fyrstu arðskrá að ræða gildir hún með afturvirkum hætti.

Í 6. mgr. eru reglur sem nú koma fram í 3. mgr. 50. gr. gildandi laga og lúta að heimild félagsfundar veiðifélags, stjórnar eða einstakra félagsmanna til þess að krefjast endurskoðunar gildandi arðskrár. Er nú lagt til eitt samræmt tímaviðmið, átta ár, en samkvæmt gildandi lögum er heimilt að krefjast endurskoðunar í fyrsta sinn fimm árum eftir gildistöku fyrstu arðskrár en síðan á átta ára fresti.

Loks er í 7. mgr. frumvarpsgreinarinnar kveðið á um að nánari fyrirmæli um verklag við útfærslu arðskrár skuli sett í reglugerð ráðherra.

Um 42. gr.

Í þessari grein eru ýmis nánari fyrirmæli um starfshætti veiðifélaga sem nauðsynlegt þykir að eigi sér stoð í lögunum sjálfum.

Í 1. mgr. er að finna reglu sem nú kemur fram í 51. gr. gildandi laga og kveður á um þá skipan að félagsmenn veiðifélags skuli greiða kostnað af starfsemi þess í sama hlutfalli og þeir taka arð. Er þessi skipan í góðu samræmi við meginreglur íslensks réttar um óskipta sameign.

Í 2. mgr. er regla sem lýtur að staðfestingu Landbúnaðarstofnunar á samþykktum veiðifélags og arðskrá. Skyld regla er nú í 52. gr. gildandi laga, en hún er hér einfölduð verulega og hugmyndin að um nánari útfærslu verði kveðið á í reglugerð. Þá er vakin á því athygli að Landbúnaðarstofnun skal staðfesta samþykktir og arðskrá, en landbúnaðarráðherra fer með það vald.

Í 3. mgr. er fyrirmæli um skyldu veiðifélags til skýrslugjafar um starfsemi félagsins o.fl. til Landbúnaðarstofnunar, en sambærilegt ákvæði er nú 55. gr. gildandi laga.

Loks eru í 4. mgr. tekin upp fyrirmæli 56. gr. gildandi laga um fyrirkomulag og tilhögun funda veiðifélags, þ.m.t. aðalfunda. Verði frumvarpið samþykkt er lögbundið að aðalfundi veiðifélags skuli halda fyrir 1. júní ár hvert. Að öðru leyti er til þess ætlast að nánari útfærsla þess verði í reglugerð.

Um 43. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild félagsmanna til þess að kæra ákvarðanir veiðifélags eða félagsstjórnar til Landbúnaðastofnunar sem hefur á grundvelli ákvæðisins heimild til að fella ákvörðunina úr gildi reynist hún ólögmæt. Í ákvæðinu felst að Landbúnaðarstofnun hefur lögmætiseftirlit með ákvörðunum veiðifélaga á grundvelli kæru sem til hennar er beint. Landbúnaðarstofnun getur einvörðungu fellt ákvörðun úr gildi, reynist hún ólögmæt, eða kveðið upp úr um að hún skuli óröskuð standa, reynist hún lögmæt. Landbúnaðarstofnun hefur ekki á grundvelli ákvæðisins heimild til þess að taka nýja ákvörðun í stað þeirrar sem felld er úr gildi eða breyta efni hennar.

Tekið er fram að ákvörðun Landbúnaðarstofnunar samkvæmt ákvæði þessu verður ekki kærð til landbúnaðarráðherra. Er talið rétt að deilur af þessum toga verði almennt leystar fyrir dómstólum vilji menn ekki una við úrskurð Landbúnaðarstofnunar. Tekið skal fram að heim-

ilt er á hinn bóginn að kæra aðrar stjórnvaldsákvarðanir Landbúnaðarstofnunar til landbúnaðarráðherra á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla felast reglur um mat á grundvelli laganna og ákvörðun bóta, sem og úrlausn annarra ágreiningsefna sem matsnefnd lax- og silungsveiðilaga er ætlað að leysa úr, bæði samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps verði það að lögum, sem og annarra laga. Er hér um verulega breyttar reglur að ræða miðað við gildandi lög. Markmið breytinganna er m.a. að stytta þann tíma sem mat og úrlausn annarra ágreiningsefna tekur og að draga úr kostnaði. Ekki er lengur gert ráð fyrir því að mat fari fram á tveimur stjórnsýslustigum, þ.e. undirmat og yfirmat, heldur verði ein matsnefnd, ekki ósvipuð matsnefnd eignarnámsbóta, látin annast matið. Auk framangreindra markmiða er þetta fyrirkomulag til þess fallið að tryggja meira samræmi en áður við úrlausn mála og þar með að auðveldara verði en ella að sjá framkvæmdina skýrt fyrir.

Um 44. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan matsnefndar lax- og silungsveiðilaga. Lagt er til að landbúnaðarráðherra skipi nefndarmenn og skulu tveir skipaðir að tilnefningu Hæstaréttar Íslands og einn að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga.

Matsnefndinni er heimilt að kalla eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls. Kostnaður af slíku mati telst til matskostnaðar sem fellur á aðila málsins, sbr. 2. mgr. 47. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndarinnar greiðist með fjárveitingum af fjárlögum. Á hinn bóginn skal við ákvörðun matskostnaðar, sbr. 47. gr. frumvarpsins, miða við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi nefndarinnar. Sá kostnaður sem til hefur fallið við framkvæmd hverrar matsgerðar á því á endanum að greiðast af aðilum málsins, sbr. 1. mgr. 47. gr.

Um 45. gr.

Í greininni er fjallað um þau álitaefni sem matsnefndinni er falið að leysa úr. Í 1. mgr. er áréttað hvernig arðskrá verður skotið til matsnefndar, sbr. nánari útlistun í 41. gr.

Ákvæði 2. mgr. svipar til 1. mgr. 101. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga en í 3. mgr. er tekið fram að nefndin fari að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt frumvarpi þessu, sem og öðrum lögum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um þau formskilyrði sem erindi til matsnefndarinnar þurfa að uppfylla. Þannig skulu erindi ávallt lögð fyrir nefndina skriflega og ágreiningsefnið skýrt afmarkað. Ef erindi uppfyllir ekki þetta skilyrði ber matsnefndinni að leiðbeina aðilum þar um og gefa þeim færi á að bæta úr, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Við fyrstu fyrirtöku er síðan farið á ný yfir afmörkun á ágreiningsefninu og ákvarðar nefndin það nánar sé ástæða til, sbr. 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er fjallað um málsmeðferð fyrir matsnefnd lax- og silungsveiðilaga. Um meðferð mála fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í greininni. Í 1. mgr. er að finna það nýmæli að matsnefndin getur óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls. Að öðru leyti skýrir efni greinarinnar sig sjálft.

Um 47. gr.

Í greininni er fjallað um málskostnað sem aðilum máls ber að greiða. Greinin er á því byggð að aðilar málsins eigi að bera allan kostnað sem af matsgerðinni hlýst.

Um 48. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um stjórnsýslulega stöðu matsnefndar lax- og silungsveiðilaga. Nefndin telst sjálfstæð stjórnsýslunefnd og af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið henni bindandi fyrirmæli um úrlausn mála og úrskurðum hennar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Um 49. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um bótaskylda skerðingu á veiðirétti. Í 102. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga er að finna svipað ákvæði. Ákvæði frumvarpsins hefur verið einfaldað nokkuð og sett fram á almennari hátt.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er að finna refsi- og réttarfarsákvæði þau sem gilda eiga verði frumvarp þetta að lögum. Hefur sú leið verið farin að taka efnislega upp ákvæðin í XVI. kafla gildandi laga sem bæði þykja hafa reynst vel og eru öll tiltölulega nýlega endurskoðuð. Hefur orðalagi verið vikið við á nokkrum stöðum og ákvæðin að öðru leyti heimfærð að nýjum lögum. Þykja ákvæði kaflans í heild ekki útheimta frekari skýringar.

Um 50. gr.

Í greininni eru tekin saman refsiákvæði þau sem nú eru í 104. gr. gildandi laga. Þykir ákvæðið ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 51. gr.

Í greininni er fjallað um fullframningarstig brota skv. 50. gr. og á greinin sér samsvörun í 105. gr. gildandi laga. Þarfnast ákvæðið ekki sérstakra skýringa.

Um 52. gr.

Í þessari grein felst sérstök bótaregla til handa brotaþola og er þar m.a. gert ráð fyrir því að brotaþoli fái hinn ólögmæta afla eða andvirði hans auk skaðabóta séu skilyrði bótaréttar fyrir hendi. Sambærileg regla er í 106. gr. gildandi laga. Þykir ákvæðið ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 53. gr.

Í þessari grein er ákvæði um upptöku veiðitækja og afla, en reglan er nú í 107. gr. gildandi laga. Þykir ákvæðið ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 54. gr.

Í greininni er kveðið á um það að sektir samkvæmt lögunum og andvirði upptækra veiðitækja skuli renna í ríkissjóð, sbr. 108. gr. gildandi laga. Þykir ákvæðið ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 55. gr.

Loks er í þessari grein mælt fyrir um aðkomu Landhelgisgæslunnar að löggæslu samkvæmt lögunum. Er sambærilegt ákvæði í 109. gr. gildandi laga. Þykir ákvæðið ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 56. gr.

Í greininni er að finna nýmæli. Lagt er til að lögregla og Landhelgisgæsla Íslands geti lagt stjórnvaldssekt á skipstjóra eða hvern þann sem veitt hefur lax í sjó og ekki sleppt honum strax aftur. Hér er um að ræða brot sem auðsönnuð eru, t.d. þegar starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands koma um borð í báta eða skip og finna þar lax sem veiðst hefur. Þar sem oftast er um að ræða fábrotin mál þykir það horfa til aukinnar skilvirkni og draga verulega úr kostnaði við meðferð mála að fela lögregluyfirvöldum heimild til álagningar stjórnvaldssekta. Vilji maður ekki una stjórnvaldssekt getur hann höfðað mál og fengið dómstóla til þess að skera úr því hvort sektin hafi verið réttilega á hann lögð.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru gildistökuákvæði og ákvæði um breytingu og brottfall laga. Er þar í flestum atriðum um hefðbundin ákvæði að ræða.

Um 57. gr.

Í ákvæði þessu er fjallað um gildistöku laganna og lagaskilareglur. Af 2. mgr. greinarinnar leiðir að ákvæðum um matsgerðir verður aðeins beitt um þau mál sem upp koma eftir gildistöku laganna. Þeim málum sem eru til meðferðar hjá matsmönnum skv. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, ber að ljúka samkvæmt þeim lögum, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Skv. 4. mgr. verður heimilt að kæra undirmat til matsnefndar lax- og silungsveiðilaga sé það gert innan tveggja mánaða frá birtingu mats. Skv. 5. mgr. verður mat yfirmatsmanna borið undir matsnefnd til endurskoðunar eftir ákvæðum 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins. Meiri hluti atkvæðisbærra félagsmanna er því bær til þess að taka ákvörðun um að bera slíkt mat undir matsnefndina. Þá getur sérhver eigandi veiðiréttar í veiðifélagi skotið máli til matsnefndar þegar átta ár eru liðin frá því að yfirmatsmenn kváðu síðast upp úrskurð sinn um arðskrá.

Um 58. gr.

Í greininni er lagt til að þau ákvæði sem nú er að finna í 96. gr. laga nr. 76/1970 verði tekin upp í lög nr. 80/2005, um Landbúnaðarstofnun.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum með frumvarpi þessu hefur sú leið verið farin við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka. Liggur því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í bálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli. Birtist þetta í því að samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram fjögur önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um eldi vatnafiska, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, og munu þau öll, ef að lögum verða, mynda þá lagaumgjörð sem nú er að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Til viðbótar þessum frumvörpum munu nýsamþykkt lög um Landbúnaðarstofnun víða koma við sögu við framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafar. Þá er og rétt að hafa í huga að samhliða þessari fyrir-

komulagsbreytingu er öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð í frumvörpunum og munu færri koma þar að málum en nú er.

Þegar svo miklar breytingar eru gerðar á lagaumhverfinu er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er í ákvæði til bráðabirgða I með frumvarpinu gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum frá gildistöku nýrra lax- og silungsveiðilaga starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Er nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Hún á að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að nefndin verði skipuð til fimm ára, enda ætti þá að vera komin góð reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar er jákvæð er með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ljóst má vera að breyttar reglur frumvarpsins, verði það að lögum, hafa í för með sér allnokkrar breytingar á starfsháttum og skipulagi einstakra veiðifélaga. Má um þetta vísa í heild til ákvæða VI. kafla frumvarpsins. Í 3. mgr. 39. gr. er gerð grein fyrir því að í samþykktir veiðifélags skuli m.a. taka upp ákvæði um nafn félags; heimilisfang og varnarþing; félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laganna; verkefni félagsins; skipun og starfssvið félagsstjórnar; málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun; skyldu til þess að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár á aðalfundi félags; meðferð afla félags eða arð og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags. Er jafnframt ráðgert að nánari útfærsla þessa verði í reglugerð settri af ráðherra. Af þessum sökum þykir eðlilegt að ætla veiðifélögum nægilegt svigrúm til þess að breyta samþykktum sínum og laga þær að nýrri löggjöf.

Fylgiskjal I.

Reifanir á dómum er varða lög um lax- og silungsveiði.

Hrd. nr. 173/2003 frá 18. desember 2003.

Deila málsaðila snerist um veiðirétt í Syðra-Kvíslarvatni á Núpsheiði í Miðfirði. H krafðist aðallega viðurkenningar á því að veiðiréttur tilheyrði sér sem eiganda Núpsheiðar og Þverár. S og Ö kröfðust hins vegar sýknu.

Dómurinn ákvarðaði veiðiréttinn á grundvelli fyrirliggjandi gagna um eigendaskipti að veiðiréttinum, auk löggerninga um aðliggjandi jarðir og afrétt.

Í héraðsdóminum, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, segir að eftir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923 hafi verið lagt bann við því í lögum að veiðiréttur yrði skilinn frá jörð. Óumdeilt var þó í málinu að veiðiréttur sá er tilheyrði jörðinni Þverá var frá henni skilinn og lagður til Efra Núps með afsali árið 1908. Eftir gildistöku lax- og silungsveiðilaga frá 1932 hafi verið óheimilt að færa veiðiréttinn til baka nema með innlausn, sbr. 3. gr. Þar sem innlausn hafði ekki farið fram taldi dómurinn veiðiréttinn enn tilheyra jörðinni Þverá. H var

því talinn eigandi veiðiréttarins að undanskildum þeim veiðirétti sem fylgdi Efra Núpi samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þverá frá árinu 1887.

Hrd. nr. 118/2003 frá 9. október 2003.

S krafðist staðfestingu á lögbanni sýslumanns við því að V myndi ráðstafa arði til eigenda tiltekinna jarða í samræmi við samþykkt aðalfundar S.

Í héraðsdómi, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, var tekið fram að skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 væri arðskrá grundvöllur úthlutunar af veiði félagsmanna. Af arðskránni fyrir hinar tilteknu jarðir yrði hins vegar ekki séð hvernig innbyrðis skipting arðsins ætti að vera milli jarðanna. Þar sem innbyrðis hlutföll lágu ekki ljós fyrir taldi dómurinn ákvæði lax- og silungsveiðilaga ekki standa því í vegi að S myndi ráðstafa arði í samræmi við samþykkt aðalfundar, enda hefðu þeir sem greiðslurnar fengu heitið endurgreiðslu. Réttarreglur um skaðabætur voru því taldar vernda hagsmuni S nægjanlega og vegna þessa þóttu skilyrði lögbanns ekki vera fyrir hendi. Kröfum S var því hafnað.

Hrd. 1999. bls. 2809 .

Deilt var um álagningarhlutfall fasteignaskatts. Laxveiðiá og vatn höfðu verið skilin frá aðliggjandi jörðum fyrir gildistöku laga nr. 61/1923 um lax- og silungsveiði, sem lögðu bann við slíku sbr. II. kafla laga nr. 76/1970, og voru þau því metin sem sérstakar fasteignir. Með vísan til þess, að sambærilegar eignir væru almennt skattlagðar með tilteknu lægra hlutfalli (þar sem miðað var við álagningu á erfðafestulöndum og jarðeignum sem ekki voru nýtt til annars en landbúnaðar), var fallist á með eigendum jarðanna að þeir skyldu einnig greiða fasteignaskatt, sem miðaður væri við það. Voru því kröfur þeirra um endurgreiðslu oftekins fasteignaskatts teknar til greina að því marki, sem þær voru ófyrndar.

Hrd. 1999. bls. 2794.

Deilt var um álagningarhlutfall fasteignaskatts. Laxveiðiá og vatn höfðu verið skilin frá aðliggjandi jörðum fyrir gildistöku laga nr. 61/1923 um lax- og silungsveiði, sem lögðu bann við slíku sbr. II. kafla laga nr. 76/1970, og voru þau því metin sem sérstakar fasteignir. Með vísan til þess, að sambærilegar eignir væru almennt skattlagðar með tilteknu lægra hlutfalli (þar sem miðað var við álagningu á erfðafestulöndum og jarðeignum sem ekki voru nýtt til annars en landbúnaðar), var fallist á með eigendum jarðanna að þeir skyldu einnig greiða fasteignaskatt, sem miðaður væri við það. Voru því kröfur þeirra um endurgreiðslu oftekins fasteignaskatts teknar til greina að því marki, sem þær voru ófyrndar.

Hrd. 1999. bls. 486.

Deilt var um það hvort jörðin Litli-Langidalur ætti rétt á einu eða tveimur atkvæðum í Veiðifélagi Stóru-Langadalsár og Setbergsár.

Í gögnum málsins kom fram að jörðin Litli-Langidalur var frá árinu 1932 talin til tveggja matshluta í fasteignamati, Litli-Langidalur fremri og Litli-Langidalur ytri. Í fasteignamati árið 1970 var jörðin þó metin sem einn hluti, en því mati var breytt með millimati ári síðar. Eigandi Litla-Langadals, J, afsalaði bróður sínum, Þ, Litla-Langadal fremri árið 1984.

Í kjölfar gildistöku laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði var stofnað veiðifélag árið 1970. Reis þá ágreiningur um hvort líta bæri á Litla-Langadal sem eitt eða tvö lögbýli og þar með hvort jörðinni bæri eitt eða tvö atkvæði í veiðifélaginu.

Dómurinn sagði að við gildistöku lax- og silungsveiðilaganna hefði jörðin Litli-Langidalur verið eitt lögbýli, bæði í reynd og skv. því fasteignamati sem þá gilti. Vísaði dómurinn

til 2. mgr. 48. gr. laga nr. 76/1970 en skv. því ákvæði færi ábúandi hvers lögbýlis með eitt atkvæði og fengi hann ekki aukið atkvæðamagn, þótt hann byggi á fleiri en einni jörð. Dómurinn taldi því ákvæði lax- og silungsveiðilaganna ófrávíkjanleg og skipti engu, hvort félagar í veiðifélagi hefðu áður samþykkt að einhver þeirra skyldi njóta betri réttar en áskilinn væri í lögunum. Voru því engin skilyrði til þess að lögum á árinu 1970 eða síðar, að ábúandi jarðarinnar Litli-Langidalur færi með tvö atkvæði. Niðurstaðan var því sú að jörðin færi aðeins með eitt atkvæði.

Hrd. 1997. bls. 1096.

S krafðist þess að V greiddi sér tiltekna upphæð vegna sviptingar á leigugreiðslum fyrir laxveiðirétt S í Langá.

Málsatvik voru þau að S var eigandi jarðarinnar Langárfoss í Álftaneshreppi. Hafði hann frá því að hann eignaðist jörðina, árið 1968, nýtt sjálfur eða leigt veiði í Langá fyrir landi jarðarinnar. Í september 1992 leigði S J og skylduliði hans veiðirétt jarðarinnar til þriggja ára, 1993–1995, og var leigugjaldið 5.000.000 kr. fyrir hvert ár.

Veiðifélag Langár var stofnað árið 1972. Á aðalfundi þess í apríl 1994 var samþykkt að leita eftir tilboði í veiðirétt árinnar til næstu þriggja ára. Á fundi í september 1994 var stjórn félagsins veitt heimild til að semja við Langá hf. um leigu árinnar til þriggja ára fyrir 12.500.000 kr. á ári. Var þetta gert með níu atkvæðum gegn einu atkvæði S. Í leigusamningnum var ekki tekið tillit til þess að eitt ár var eftir af leigusamningi S við J. Óumdeilt var í málinu að eigendur veiðiréttar í Langá höfðu fram til ársins 1995 ráðstafað veiði sinni án afskipta V. Héraðsdómur, sem Hæstiréttur staðfesti, taldi þó þessa nýtingu ekki koma í veg fyrir að V gæti ákveðið að nýta veiðina í samræmi við lög nr. 76/1970. Með hliðsjón af lögbundnum rétti V til þess að ráðstafa veiði í ánni taldi dómurinn S ekki hafa getað með samningi við þriðja aðila takmarkað þann rétt án sérstaks samþykkis V. Þá tók Hæstiréttur fram að S hefði ekki gert fundarmönnum grein fyrir efni samnings síns við J né hafi verið leitað samþykkis félagsins fyrir þeim leigusamningi á sínum tíma. Dómurinn taldi V því geta ráðstafað veiði í Langá án þess að taka tillit til samnings S og J frá 1992 og sýknaði V af kröfum S.

Hrd. 1996. bls. 2245.

L höfðaði mál á hendur eigendum og ábúendum jarðanna B og T og krafðist þess að viðurkennd yrði með dómi 15% hlutdeild L í veiðirétti B og T í Sogi.

R, sem L leiddi rétt sinn frá, keypti árið 1917 af B allt vatnsafl í Sogi fyrir landi jarðanna B og T, ásamt öllum rétti til notkunar á vatninu. Í 4. lið afsalsins var kveðið svo á, að jafnskjótt og byrjað yrði á mannvirkjum til hagnýtingar vatnsaflsins í Sogi, eignaðist kaupandi allan veiðirétt fyrir landi B og T í þeim kafla Sogsins sem mannvirkin næðu til. Héraðsdómur tók fram að á þeim tíma er afsalið var gefið út höfðu vatnalög nr. 15/1923, þar sem takmörkun á aðskilnaði veiðiréttar frá landareign komu fyrst fram, ekki tekið gildi og því hefði framsal veiðiréttarins skv. afsalinu fullt gildi.

Niðurstaðan var sú að framkvæmdir við Írafossvirkjun hefðu hafist árið 1950. Sogsvirkjun hefði því fengið veiðiréttinn afhentan þá, jafnvel þó svo að eignarrétturinn að veiðiréttindunum hafi færst til R árið 1917.

Héraðsdómurinn tók fram að það væri ekki á verksviði dómsins að ákvarða umfang veiðiréttarins, heldur yrði að gera það á grundvelli sjónarmiða skv. 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Þá tók dómurinn fram að ekki væri unnt að viðurkenna veiðirétt fyrir virkjunarsvæðinu sjálfu, sem teldist ekki veiðivatn skv. skilgreiningu 1. gr. laga nr.

76/1970. Þá gæti L ekki fengið veiðirétt nær útrennslismannvirkjum en leyft væri skv. 40. gr. laga nr. 76/1970.

Hæstiréttur staðfesti dóminn og taldi L eiga veiðirétt sem miðað við aðstæður teldist vera 50 metra frá frárennslisopinu að sunnan og áfram að girðingu á mörkum B/T og landspildu L.

Hrd. 1996. bls. 33.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 66/1995 var kröfu stefnenda um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 hafnað á þeirri forsendu, að ekki hefði verið leyst úr þeirri grundvallarspurningu, hvaða ástæður liggi að baki ætluðu tjóni þeirra. Í þessu máli lögðu stefnendur fram nýja beiðni þar sem krafist var dómkvaðningar matsmanna á grundvelli 3. mgr. 96. gr., sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, sbr. 7. gr. laga nr. 63/1994 um breytingu á þeim lögum.

Á árunum 1972–1973 var gerður fiskvegur (laxastigi) í Laxfossi í Laxá í Kjósarsýslu. Var framkvæmdum þessum ætlað að auka heildarveiði og þar með heildararðsemi árinnar. Stefnendur töldu tekjur sínar hins vegar hafa lækkað hlutfallslega eftir gerð fiskvegarins og óskuðu þau eftir mati dómkvaddra matsmanna til þess að meta tjón þeirra.

Héraðsdómur skoðaði athugasemdir með 96. gr. laganna. Af þeim taldi dómurinn það verða ráðið að tilgangur lagaákvæðisins væri að bæta hluteiganda veiðiréttareigendum tjón sem þeir verða fyrir vegna friðunar veiðifélaga á ákveðnum veiðisvæðum, umfram það sem lögin kveða á um. Dómurinn taldi bótareglur þessarar lagagreinar ekki eiga við um atvik er lágu á bak við matsbeiðninni í þessu máli.

Þá vísaði dómurinn til 2. mgr. 39. gr. laga nr. 76/1970 en tók fram að matsbeiðnin hefði ekki verið reist á því ákvæði.

Dómurinn taldi þannig ekki lagaskilyrði eftir matsreglum lax- og silungsveiðilaga til dómkvaðningar matsmanna skv. þeim lögum og því óhjákvæmilegt að hafna henni. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm.

Hrd. 1995. bls. 797.

Eigendur tiltekinna jarða kröfðust þess að dómkvaddir yrðu matsmenn til þess að meta það tjón, er þeir töldu sig hafa orðið fyrir vegna lækkunar arðskrárprósentu þeirra í Veiðifélagi Laxár í Kjós. Töldu matsbeiðendur gerð laxastiga hafa valdið þeim tjóni öðrum fremur og ættu þeir að fá tjón sitt bætt með hliðsjón af 2. mgr. 39. gr. og 3. mgr. 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi matsbeiðni sóknaraðila ekki beinast að því að fá skorið úr um hvaða ástæður lágu að baki ætluðu tjón þeirra. Dómurinn taldi hins vegar þörf á að leysa úr þeirri grundvallarspurningu áður en stofnað yrði til matskostnaðar sem hugsanlega yrði felldur á varnaraðila, þar sem matsreglur laga um lax- og silungsveiði hefðu sérstöðu, svo sem vegna fyrirmæla 5. mgr. 95. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 63/ 1994. Niðurstaða dómsins var því sú að ekki yrði séð, að matsgerð myndi þjóna tilgangi, eins og matsbeiðni sóknaraðila var úr garði gerð, en telja yrði varnaraðila hafa hagsmuna að gæta, er þeir andmæltu dómkvaðningu samkvæmt henni. Skorti því skilyrði til að verða við beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970.

Hrd. 1994. bls. 2344.

R höfðaði mál á hendur S og G, ásamt T til réttargæslu, og krafðist þess að sér yrðu dæmdar skaðabætur að tiltekinni fjárhæð m.a. með vísan í IX. kafla laga nr. 76/1970.

Málavextir voru þeir að stjórafæri á kví í eigu R festust í fisksjárstaut síldarbátsins Sæborgar og dróst með henni nokkurn spöl. Urðu afleiðingarnar þær að hoppnetið slitnaði niður og karfa þeirrar kvíar snerist þannig að seiðin sem í henni voru sluppu úr henni.

Dómurinn taldi skipstjóra Sæborgar hafa sýnt af sér verulegt gáleysi með siglingu sinni svo nálagt kvíunum að hann var bótaskyldur skv. almennum reglum skaðabótaréttar sbr. og 158. gr. og 171. gr. siglingarlaga nr. 34/1985. Dómurinn taldi R þó þurfa að bera ⅓ hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar fyrir að hafa engin viðvörunarljós fyrir utan eða í útjaðri kvíanna.

Hrd. 1994. bls. 924.

Stefnendur gerðu þær dómkröfur fyrir héraðsdómi að staðfest yrði lögbann sem lagt var við veiði af hálfu stefndu í Hvítá og að viðurkennt yrði með dómi, að allur veiðiréttur í Hvítá, milli suður og norðurmerkja Gíslastaða, tilheyrði jörðinni einni og að eigendur jarðarinnar hafi umferðarrétt um land stefndu til að nýta veiðiréttinn fyrir því landi.

Málsatvik voru þau að stefndu eignuðust spildu úr landi Gíslastaða með afsalsbréfi, dagsettu í maí 1974. Í afsalinu var svofellt ákvæði: „Veiðiréttur í Hvítá fylgir hinum selda jarðarhluta, sem nemur hálfri stöng, sem eru samkvæmt núgildandi veiðilögum og reglum 46 heilir stangarveiðidagar fyrir eina stöng."

Stefnendur töldu veiðiréttinn hins vegar niður fallinn með vísan í 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, en þar segir: „Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en harm má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má ekki vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé vent."

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu, með vísan í aðdraganda umrædds banns í lax- og silungsveiðilögunum, að við skýringu á 2. gr. lax- og silungsveiðilaganna bæri að leggja til grundvallar merkingu orðsins landareign sbr. 1. gr. vatnalaga. Taldi dómurinn að þegar hinum umdeilda veiðirétti var afsalað árið 1974 hafi Gíslastaðir ekki verið landareign í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Ráðstöfun veiðiréttarins fór því ekki í bága við greint ákvæði. Tók dómurinn fram að líta bæri einnig til þess að ákvæðið fæli í sér skerðingu á eignarráðum landeiganda sem skýra yrði þröngt. Samkvæmt þessu sýknaði dómurinn stefndu. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn.

Hrd. 1993. bls. 1566.

Ákæruvaldið höfðaði mál á hendur K fyrir að hafa án fullnægjandi merkinga lagt net í sjó til veiða á silungi, en veiðiverðir tóku netið upp. Taldi ákæruvaldið þetta varða við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990, sbr. d. og j. lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi sannað að net K hefði verið ómerkt þegar það var tekið upp. Dómurinn dæmdi K því til þess að greiða 9.000 kr. í sekt, sbr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði og til þess að hlíta upptöku netsins sbr. 100. gr. lax- og silungsveiðilaga. K var einnig gert að greiða allan sakar- og áfrýjunarkostnað.

Hrd. 1993. bls. 1563.

Ákæruvaldið höfðaði mál með ákæru á hendur G fyrir að hafa án fullnægjandi merkinga lagt net í sjó til veiða á silungi, en veiðiverðir tóku netið upp. Taldi ákæruvaldið þetta varða

við 7. tl. sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990, sbr. d. og j. lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi sannað að net G hefði verið ómerkt þegar það var tekið upp. Dómurinn dæmdi G því til þess að greiða 9.000 kr. í sekt sbr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði og til þess að hlíta upptöku netsins sbr. 100. gr. lax- og silungsveiðalaga. G var einnig gert að greiða allan sakar- og áfrýjunarkostnað.

Hrd. 1993. bls. 751.

Mál nr. 402/1992 og mál nr. 197/1992 voru sameinuð.

Mál nr. 197/1992 reis vegna kæru á hendur Á og fimm öðrum mönnum vegna 13 silunganeta í sjó við Hvammstanga. Átti Á tvö þessara neta og var hann sakfelldur vegna umbúnaðar annars þeirra. Dómurinn ómerkti hins vegar hinn áfrýjaða dóm ex officio með vísan í 7. tl. 36. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í málinu nr. 402/1992 var Á sakaður um brot gegn 2. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Í reglunum segir að lagnet skuli vera lagfast, en það var það ekki hjá Á. Dómurinn taldi aðstæður ekki hafa verið kannaðar með mati eða mælingu dómkvaddra matsmanna og því hafi brostið viðhlítandi sönnun um sök Á sem leiddi til þess að hann var sýknaður.

Hrd. 1992. bls. 1886.

J og Þ óskuðu eftir því að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að gera arðskrá fyrir ána Flóku. Rökstuddu J og Þ kröfu sína um dómkvaðningu með því að forsendur arðskrár, er gerð var í september 1987 og vísað hafði verið til yfirmats, hefðu breyst verulega. Héraðsdómur féllst á dómkvaðninguna. Eigendur S sem höfðu mótmælt dómkvaðningunni áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar og kröfðust þess að dómkvaðningu yrði frestað þar til yfirmatsnefnd hefði úrskurðað í málinu.

Dómurinn taldi upplýst að frá því að matið hefði farið fram árið 1987 hefði verið gerður nýr fiskvegur. Tók dómurinn fram að forsendur væru því breyttar og fallast ætti því á dómkvaðningu matsmanna. Tók dómurinn fram að ákvæði 3. mgr. 50. gr. laga nr. 76/1970 yrði ekki talið standa því í vegi.

Hrd. 1988. bls. 449.

Í málinu krafði Ó S um bætur fyrir veiðimissi í Hvítá fyrir jörðinni Einarsnesi árin 1982–1985. Byggði Ó bótarétt sinn á gerðardómi frá 1959. Einnig byggði hann á matsgerð frá 1986 um tvennt, að hann gæti krafist bóta eftir 1. og 2. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 og hve háar þær skyldu vera. S taldi hins vegar að gerðardómurinn frá 1959 væri fallin úr gildi vegna ákvæða laga nr. 76/1970. Þá taldi hann 67. gr. stjórnarskrár Íslands standa því í vegi að S væri skylt að hlíta lagaákvæðum almennra laga, vegna lögmætra skerðinga á eignaréttindum. Þá taldi S að sýkna ætti það um bætur vegna áranna 1984–1985.

Ó voru ákvarðaðar bætur vegna veiðimissis skv. 35. gr. laga nr. 53/1957. Dómurinn tók fram að ekkert ákvæði í lögum nr. 76/1970 mælti fyrir um að þeir menn sem fengið höfðu ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957, en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta, en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Dómurinn taldi því ekki hægt að líta svo á að breyting sú sem varð á lögunum nr.

53/1957 stæði því ein í vegi að Ó gæti krafið S um bætur fyrir veiðimissinn. Dómurinn tók málsástæðu S er vísaði til stjórnarskrár heldur ekki til greina.

Í dóminum segir að skerðing sú sem varð á veiðiheimildum Ó hafi verið vegna laga nr. 53/1957. Hafi gerðardómurinn gengið um bótaskyldu og bætur árið 1959. Í honum hafi þó ekki ljóslega verið sagt hvort bætur skyldi greiða í 25 ár eða lengur. Dómurinn taldi því 35. gr. laga nr. 53/1957 ráða úrslitum og af þeirri ástæðu hafi S ekki verið skylt að greiða bætur fyrir árin 1984 og 1985. Réttarfarsástæður studdu einnig þá niðurstöðu.

Þá taldi dómurinn það leiða af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 leystu lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn skv. hinum nýju lögum. Þar sem S mómælti ekki þeirri niðurstöðu er yfirmatsmenn komust að varðandi árin 1982 og 1983 lagði dómurinn hana til grundvallar.

Dómurinn komst því að þeirri niðurstöðu að gerðardómurinn frá 1959 væri grundvöllur réttar Ó til bóta. Samkvæmt honum ætti S að greiða fjórðung bótanna, skv. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 53/1957. Var S því gert að greiða Ó fjórðung tjóns hans á árunum 1982 og 1983.

Hrd. 1987. bls. 863.

Málið var höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skerðingar eða rýrnunar á veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði á árunum 1970 til og með 1977.

Dómurinn tók fram að þegar lög nr. 38/1970, er felldu úr gildi ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957, tóku gildi hafði S o.fl. verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi þann er leiddi af lögtöku 35. gr. laga nr. 54/1957. Þá sagði dómurinn ekkert ákvæði í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 hafa mælt fyrir um það að þeir menn sem fengið höfðu ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Dómurinn taldi því breytingarnar á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 ekki standa því í vegi ein og sér að S o.fl. gætu krafið SM um skaðabætur á grundvelli úrskurðar er gerðardómsmenn kváðu upp árið 1959. Dómurinn tók málsástæðu SM er vísaði til stjórnarskrár heldur ekki til greina. Þá taldi dómurinn stjórnvöld ekki hafa farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýrasýslu um að skaðabætur skv. 35. gr. yrðu ákvarðaðar af gerðardómi. Niðurstaða dómsins var því sú að SM var bundinn gagnvart S o.fl. skv. gerðardómsúrskurðinum frá 1959 til að greiða þeim bætur í formi tiltekins árgjalds. Það leiddi þó af gerðardómsúrskurðinum að eftir gildistöku laga nr. 76/1970 ætti árgjaldið eftirleiðis undir matsmenn skv. nýju lögunum. Dómurinn lagði mat yfirmatsmanna frá 1981 til grundvallar við ákvörðun bóta S o.fl. til handa. Dómurinn sýknaði sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar þar sem S o.fl. fengu dæmdar fébætur úr hendi SM. Sératkvæði.

Hrd. 1987. bls. 830.

Málið var höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skerðingar eða rýrnunar á veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði fyrir landi Holts á árunum 1970 til og með 1977.

Dómurinn tók fram að þegar lög nr. 38/1970, er felldu úr gildi ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957, tóku gildi hafði G o.fl. verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi þeirra, þann er leiddi af lögtöku 35. gr. laga nr. 54/1957. Þá sagði dómurinn ekkert ákvæði í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 hafa mælt fyrir um það að þeir menn sem fengið höfðu ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970.

Dómurinn taldi því breytingarnar á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 ekki standa því í vegi ein og sér að G o.fl. gætu krafið SM um skaðabætur á grundvelli úrskurðar er gerðardómsmenn kváðu upp árið 1959. Dómurinn tók málsástæðu SM er vísaði til stjórnarskrár heldur ekki til greina. Þá taldi dómurinn stjórnvöld ekki hafa farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkissjóðs og SM um að skaðabætur skv. 35. gr. yrðu ákvarðaðar af gerðardómi. Niðurstaða dómsins var því sú að SM var bundinn gagnvart G o.fl. skv. gerðardómsúrskurðinum frá 1959 til að greiða þeim bætur í formi tiltekins árgjalds. Það leiddi þó af gerðardómsúrskurðinum að eftir gildistöku laga nr. 76/1970 ætti árgjaldið eftirleiðis undir matsmenn skv. nýju lögunum. Dómurinn lagði mat yfirmatsmanna frá 1981 til grundvallar við ákvörðun bóta G o.fl. til handa. Dómurinn sýknaði sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar þar sem G o.fl. fengu dæmdar fébætur úr hendi SM. Sératkvæði.

Hrd. 1987. bls. 788.

Málið var höfðað til greiðslu skaðabóta vegna veiðimissis sem rót átti að rekja til skerðingar á rétti J til laxveiði í net fyrir landi eignarjarðar sinnar, Bóndahóls, sem honum var gert að þola með stoð í 35. gr. laga um lax- og silungsveiði sem breytt var með 15. gr. laga nr. 38/1970, sbr. 35. gr. laga nr. 76/1970.

Dómurinn tók fram að þegar lög nr. 38/1970, er felldu úr gildi ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957, tóku gildi höfðu J verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi hans er leiddi af lögtöku 35. gr. laga nr. 54/1957. Þá sagði dómurinn ekkert ákvæði í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 hafa mælt fyrir um það að þeir menn sem fengið höfðu ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga, ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Dómurinn taldi því breytingarnar á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 ekki standa því í vegi einar og sér að J gæti krafið SM um skaðabætur á grundvelli úrskurðar er gerðardómsmenn kváðu upp árið 1959. Dómurinn tók málsástæðu SM er vísaði til stjórnarskrár heldur ekki til greina. Þá taldi dómurinn stjórnvöld ekki hafa farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkissjóðs og SM um að skaðabætur skv. 35. gr. yrðu ákvarðaðar af gerðardómi. Niðurstaða dómsins var því sú að SM var bundinn gagnvart J skv. gerðardómsúrskurðinum frá 1959 til að greiða honum bætur í formi tiltekins árgjalds. Það leiddi þó af gerðardómsúrskurðinum að eftir gildistöku laga nr. 76/1970 ætti árgjaldið eftirleiðis undir matsmenn skv. nýju lögunum. Dómurinn lagði mat yfirmatsmanna frá 1981 til grundvallar við ákvörðun bóta J til handa. Dómurinn sýknaði sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélag Borgarfjarðar þar sem J fékk dæmdar fébætur úr hendi SM. Sératkvæði.

Hrd. 1986. bls. 1473.

F höfðaði mál á hendur O, I og S og krafðist þess að staðfest yrði með dómi að jörðin Gýgjarhóll ætti engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará byggðan á rétti Glæsibæjar. Þá var þess krafist að viðurkennt yrði að jörðin Hafsteinsstaðir ætti engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, byggðan á rétti Glæsibæjar.

Málsatvik voru þau að þann 20. apríl 1926 seldi J S jörðina Glæsibæ þar sem hann áskildi Hafsteinsstöðum ítak í lax- og silungsveiði Sæmundarár og Miklavatns, en hluta þeirrar jarðar var síðar skipt út og nefndist hann Gýgjarhóll.

Héraðsdómur tók fram að það væri grundvallarregla í íslenskum rétti að hver maður ætti veiði fyrir sinni jörð, sbr. landsleigubálk Jónsbókar 56. kafla, sem síðar var staðfestur með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Þegar samningur aðilanna var gerður voru því vatnalögin

í gildi. Í 2. tl. 121. gr. þeirra laga væri lagt bann við því að skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árabil þó ekki lengur en 10 ár í senn nema leyfi ráðherra kæmi til.

Dómurinn taldi ekki verða séð af gögnum málsins að leyfi ráðherra hafi verið aflað. Þá tók hann fram að ekki væri ljóst að á móti ítakinu hafi komið hlunnindi sem metin væru jörðinni ekki minna virði en skerðing veiðiréttarins.

Dómurinn taldi ákvæði samningsins um íhlutun í veiðiréttinn því hafa brotið gegn 2. tl. 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Því hafi ekki stofnast lögmætur réttur fyrir Hafsteinsstaði til veiða í Miklavatni og Sæmundará og tók dómurinn kröfur F til greina. Meirihluti Hæstaréttar staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Sératkvæði.

Hrd. 1984. bls. 1148.

D var ákærð fyrir að hafa, þann 7.–9. júlí 1982, brotið reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr, sbr. c-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þessar reglur setti landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðifélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu. Þann 24. júlí 1980 setti landbúnaðarráðherra nýjar reglur um þetta efni að beiðni sýslumanns í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og áttu þær að bæta fyrri reglur sem ekki þótti unnt að byggja ákæru á, þar sem tilvísun í lagaákvæði sem þær studdust við vantaði ásamt refsiákvæði eða tilvísun til þess.

Á þeim tíma er reglurnar nr. 454/1980 voru settar lágu þó ekki fyrir meðmæli sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og veiðifélaga þar svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskildi beinum orðum. Dómurinn taldi þetta valda því að reglurnar gátu ekki verið löggiltur refsigrundvöllur. Dómurinn sýknaði því D af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Hrd. 1984. bls. 1142.

J var ákærður fyrir að hafa, þann 6.–9. júlí 1982, brotið reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þessar reglur setti landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðifélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu. Þann 24. júlí 1980 setti landbúnaðarráðherra nýjar reglur um þetta efni að beiðni sýslumanns í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og áttu þær að bæta fyrri reglur sem ekki þótti unnt að byggja ákæru á, þar sem tilvísun í lagaákvæði sem þær studdust við vantaði ásamt refsiákvæði eða tilvísun til þess.

Á þeim tíma er reglurnar nr. 454/1980 voru settar lágu þó ekki fyrir meðmæli sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og veiðifélaga þar svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskildi beinum orðum. Dómurinn taldi þetta valda því að reglurnar gátu ekki verið löggiltur refsigrundvöllur. Dómurinn sýknaði því J af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Hrd. 1981. bls. 780.

G var ákærður fyrir að hafa haft net í sjó fyrir landi Sauðár, 398 metra frá ósi Hamarsár, og veitt lax í netið. Taldi ákæruvaldið háttsemi G varða við 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. (sic), 5. gr. og 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Veiðieftirlitsmenn komu að G þar sem hann var búinn að leggja net frá skeri, nefndu Stóraskeri. Náðu þeir í netið saman og var einn lax í netinu. G og veiðieftirlitsmennina greindi á hvort laxinn hefði verið sprelllifandi eða ekki lífvænlegur. Dómurinn taldi því ekki hægt að líta svo á að um fullframið brot gegn 1. mgr. 144. gr. laga nr. 76/1970 hafi verið að ræða, heldur tilraun til þess, og var G refsað í samræmi við það.

Í öðru lagi var G ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970. Þar sem net G lá innan við 400 metra frá ósi Hamarsár taldi dómurinn G hafa brotið gegn þessu ákvæði.

Í þriðja lagi var G ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr. sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Netlagnir nálægt ósi Hamarsár voru bannaðar á tímabilinu frá 1. mars til 1. október. Dómurinn taldi G því hafa brotið gegn 1. mgr. 19. gr. laganna. Dómurinn taldi 2. mgr. 15. gr. hins vegar tæma sök hans að þessu leyti og því var honum ekki refsað sérstaklega fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr.

Dómurinn ákvarðaði refsingu skv. 97. gr. laga nr. 76/1970, með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var G dæmdur til þess að greiða sekt að fjarhæð 1.000.00 nýjum krónum, skilorðsbundið til tveggja ára. Vararefsing var ákveðin 7 daga varðhald. Þá var net G gert upptækt ásamt laxi þeim er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á. Þá var G gert að greiða sakar- og áfrýjunarkostnað.

Hrd. 1981. bls. 775.

J var ákærður fyrir að hafa lagt þrjú silunganet í sjó fyrir Grafarmelum í landi sínu og látið þau liggja í sjó, þar til veiðiverðir og lögreglumenn drógu þau í land. Taldi ákæruvaldið háttsemi J varða við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., og 98. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Er veiðiverðirnir drógu upp netin var einn lax í netunum en hann slapp.

Dómurinn taldi atferli J varða við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. og c-lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970. Þótti dóminum refsing hans hæfilega ákveðin 1.000.000 nýrra krónu sekt, skilorðsbundið til 2 ára ef almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 yrði haldið, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Vararefsing var ákveðin 7 daga varðhald. Skv. 100. gr. laga nr. 76/1970 var net J gert upptækt til ríkissjóðs.

Hrd. 1979. bls. 1077.

B krafðist þess að staðfest yrði að eignarhluta hans, tveim þriðju hlutum jarðarinnar Haukabrekku, fylgdi veiðiréttur í sama hlutfalli, óstaðbundið, í svokölluðum Fróðár- eða Haukabrekkuvaðli og í Fróðárósi við Haukabrekkuhöfða.

Við munnlegan flutning málsins í héraði var bókað í þingbók að málsástæður B byggju eingöngu á því að 4. gr. laga nr. 76/1970 veitti B réttarstöðu sem hann hefði ekki haft áður. Hæstiréttur tók því fram í dómi sínum að eigi yrði dæmt um aðrar málsástæður.

Eigendur jarðarinnar Haukabrekku gerðu með sér landaskiptasamning þann 4. ágúst 1941. Þar kom skýrt fram að hvor eigenda um sig skyldi eiga öll hlunnindi fyrir því landi sem í hans hlut kæmi við skiptin. Þar sem eigendurnir hefðu þar með samið gagngert um veiðiréttindi við landskiptin taldi dómurinn 2. gr. laga nr. 38/1970, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 ekki geta haggað þeirri skipan. Ákvæðinu væri ætlað að rétta hlut þeirra landeiganda sem við skipti hafa farið halloka í veiðiaðstöðu miðað við það land sem eftir stendur. Það sé hins vegar gert ráð fyrir því að menn geti eftir sem áður haft þá skipan á sem þeir kjósa með samningum sín á milli. F var því sýknað af kröfum B.

Hrd. 1975. bls. 55.

Deilt var um rétt til silungsveiða í ám og vötnum Arnarvatnsheiða.

Í málinu kom fram að S hafði afsalað hluta Arnarvatnsheiðar til viðsemjenda sinna með öllum landsnytjum, að því frátöldu að hann áskildi sér að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja. Varðaði ágreiningur málsaðila að hvaða marki silungsveiði í ám, lækjum og vötnum á hinu selda landi hafi verið undanskilið sölunni með þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Dómurinn vísaði til þess að það væri bæði forn og ný réttarregla að landeigandi ætti fiskiveiði í vötnum á landi sínu, sbr. landbrigðaþátt Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar og 56. kap. landleigubálks Jónsbókar, og 2. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Með tilliti til þessarar reglu taldi dómurinn ríka ástæðu hafa verið fyrir S til þess að kveða afdráttarlaust að orði ef ætlun hans hafi verið sú að engin silungsveiði í vötnum á hinu selda landi ætti að fylgja með við sölu þess. Ákvæðið í afsalinu um silungsveiðiréttinn var hins vegar ekki skýrt. Þá vísaði dómurinn í mótmæli hreppsbænda frá 1898 sem sýndi það að þeir hefðu ekki litið svo á að allur silungsveiðiréttur hefðu verið tekinn undan við landsöluna 1880 og vottorð margra manna um að þeir hafi stundað silungsveiði í vötnum á heiðarlandinu án sérstaks leyfi eiganda Kalmannstungu. Þá taldi dómurinn að K og Ó, sem leiddu rétt sinn frá S, ekki hafa sýnt fram á að þeir hafi eignast allan silungsveiðiréttinn fyrir hefð. Dómurinn taldi K og Ó því ekki hafa sannað að þeir ættu einir silungsveiðirétt á hinu selda heiðarlandi.

Dómurinn taldi veiðiréttinn hafa orðið sameign S og kaupnauta hans við söluna 1880, þannig að þeir hefðu allir haft jafnan rétt til þess að nýta veiðina, sbr. 56. kap. landleigubálks Jónsbókar sbr. 1. tl. 4. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Dómurinn taldi K og Ó því eiga 14 hluta á móti R og H til silungsveiði í ám og vötnum á landi því sem S afsalaði 1880.

Hrd. 1974. bls. 368.

K o.fl. kröfðust þess að viðurkennt yrði að jörðinni Berjanesi í Austureyjafjallahreppi, eignar- og ábýlisjörð A, fylgdi enginn veiðiréttur í Holtsósi og að A væri óheimil öll veiði þar. Til vara kröfðust K o.fl. þess að dæmt yrði að A, sem eigandi og ábúandi Berjaness, ætti ekki veiðirétt í Holtsósi þegar ósinn væri við eðlilegar aðstæður og næði ekki að Berjaneslandi.

Í dóminum kom fram að hæð vatnsborðs í Holtsósi, og þar með stærð stöðuvatnsins, væri mjög breytileg. Færi það eftir því hvort afrennsli óssins væri stíflað og hann stæði uppi, eða ekki. Dómurinn taldi kröfu K o.fl. miða við veiði í Holtsósi eins og hann er þegar afrennsli hans er teppt. Þá kom fram að ágreiningslaust væri að við þær aðstæður myndi leggjast vatn á Berjanes. Þar sem dómurinn taldi K o.fl. ekki hafa fært rök fyrir því að A ætti að vera óheimilt að veiða í því vatni sem á landi hans liggur sbr. 2. gr. laga nr. 76/1970, var aðalkrafa þeirra ekki tekin til greina.

Dómurinn taldi kröfu K o.fl. varðandi veiði A í Holtsósi þegar ósinn væri við eðlilegar aðstæður þýða þegar Holtsós hafi óhindrað afrennsli til sjávar og liggi að engu leyti á landi Berjaness. Þá vísaði dómurinn til þess að skv. 94. gr. laga nr. 76/1970 ætti það undir matsmenn, sem nefndir væru eftir fyrirmælum greinarinnar, að skera úr ágreiningi um ýmis nánar greind atriði í lögunum, þar á meðal um það, hvar séu takmörk vatns í merkingu laganna. Sú matsgerð fór fram vegna málsins og komust yfirmatsmenn að því að „takmörk Holtsóss væru í Berjaneslandi við 4 metra hæðarlínu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941". Samkvæmt þessu og þeirri staðreynd að Holtsós er breytilegur og sérstætt stöðuvatn, er það leggst tímum saman á land Berjaness, taldi dómurinn verða að

leggja það til grundvallar við úrlausn málsins, að Berjanes ætti land að Holtsósi í merkingu 1. mgr. 8. gr. laga nr. 76/1970 og þar með veiðirétt í vatninu utan netlaga, eins og þau eru ákveðin í 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Taldi dómurinn ekki hafa verið sýnt fram á að veiðiréttur utan netlaganna fylgdi ákveðnum jarðeignum samkvæmt fornri venju. Hins vegar taldi dómurinn ekki hægt að fallast á það með A að hann ætti fyrir hefð eða af öðrum ástæðum rétt til veiði í netlögum jarða K o.fl. Leiddi það af því, að frá gildistöku laga nr. 15/1923 hafði verið bann við því í lögum, að veiðiréttur væri skilinn frá jörð, nema að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 121. gr. þeirra laga og 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Taldi dómurinn því þurfa að skýra þessi ákvæði þannig að þau bönnuðu m.a. stofnun veiðiítaks fyrir hefð. Dómurinn sýknaði A af öllum kröfum K o.fl.

Hrd. 1971. bls. 1137.

V og B kröfðust sýknu af kröfum A og L og að dæmt yrði að Reyðarvatn væri allt innan landamerkja Þverfells. A og L kröfðust þess að þeim, sem eigendum að norður- og austurströnd Reyðarvatns í Lundarreykjadal, yrði dæmdur botns-, vatns- og veiðiréttur í vatninu á nánar tilgreindum stöðum.

Dómurinn skírskotaði til forsendna dóms Hæstaréttar frá 20. október 1967 þar sem kom fram að telja yrði að eigendur Þverfells ættu botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni frá landi jarðarinnar og 115 metra út í vatnið, miðað við lágflæði sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Dómurinn taldi að á sama hátt yrði að telja að A ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni 115 metra út í vatnið miðað við lágflæði, frá Grímsárósi að Fossármynni, og veiði í almenningi vatnsins skv. ákvörðun matsmanna sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því væri að skipta.

Dómurinn taldi málið vanreifað hvað varðaði kröfu L um vatns- og botnsrétt í Reyðarvatni á svæðinu frá Fossármynni að mynni Reyðarlækjar. Dómurinn taldi L hins vegar eiga veiðirétt á þessu svæði, 115 metra út í vatnið, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970 svo og veiði í almenningi vatnsins skv. ákvörðun matsmanna sbr. 1. tl. 4. gr., 8. gr. og 94. gr. laga nr. 76/1970, ef því væri að skipta.

Hrd. 1967. bls. 1047.

Málið var höfðað til staðfestingar á lögbanni sem sett hafði verið gegn því að Ó o.fl., eða aðrir á þeirra vegum, ferðuðust um eða stunduðu nokkurs konar veiðiskap í Þjórsá innan marka jarðar S o.fl., Fljótshóla, eða spilltu þar veiði með skotum eða á annan hátt frá austurbakka árinnar.

Dómurinn vísaði í 15. gr. tilskipunar frá 24. júní 1849 um veiði á Íslandi þar sem kom fram að sýslumönnum bæri af sjálfsdáðum og óbeðið af eiganda hvert ár að lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela þá var tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Dómurinn tók fram að ekki væri vitað til þess að slík friðlýsing hefði átt sér stað um ós eða ósasvæði Þjórsár, en skv. 4 gr. laga nr. 16/1876 skyldi hverjum manni heimilt að skjóta seli eða styggja í veiðiám og ósum, þar sem lax gengur, ef eigi er þar friðlýst selalátur eða æðarfuglaeggver. Í 4. gr. laga nr. 5/1886 um friðun á laxi, sem leystu lög nr. 16/1876 af hólmi, var mælt, að hverjum manni skyldi vera heimilt að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um, þó mátti „ekki raska þinglesinni friðun eggvera og selalátra, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt, er dómkvaddir menn meta". Í 71. gr. laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði, sem tóku við af lögum nr. 5/1886, sagði: „Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum". Ákvæði þetta var óbreytt tekið upp í 72. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Í 97.

gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði var ákvæðið orðað svo: „Hverjum manni er rétt að skjóta eða styggja sel i veiðivatni og ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum".

Dómurinn taldi af gögnum málsins að miða þyrfti við það að ós Þjórsár í sjó og svo ósasvæði a.m.k. að nokkru hafi verið innan landamerkja Fljótshóla.

Þá vísaði dómurinn til þess að S o.fl. og forverar þeirra á Fljótshólum hefðu rekið selveiði í ósi Þjórsár og ósasvæði hennar um langan aldur óátalið. Með skírskotun til 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 yrðu þó að líta svo á að hver sá sem hygðist nýta heimild 97. gr. laga nr. 53/1957 til seladráps yrði að inna af hendi til S o.fl. fébætur skv. mati. Þar sem Ó o.fl. höfðu ekki boðið fram slíkar bætur taldi dómurinn að staðfesta bæri lögbann við því að Ó o.fl. skjóti eða styggi sel í Þjórsá innan landamerkja Fljótshóla. Dómurinn taldi þó ekki rétt að meina Ó o.fl. friðsama för um Þjórsá ef þeir skjóti hvorki né styggi þar sel, sbr. 6. gr. laga nr. 48/1956. Sératkvæði.

Hrd. 1964. bls. 573.

G höfðaði mál á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og krafðist greiðslu skaðabóta fyrir það að minkaeldi var bannað með lögum.

G hafði reist sundmarðahús og aflað sér tækja til sundmarðaeldis í réttmætu trausti þess að honum yrði að lögum veitt heimild til þess að reka sundmarðabú. Bann var hins vegar lagt við sundmarðaeldi hér á landi með lögum nr. 32/1951 sem leiddi til þess að hús og tæki G urðu ónothæfar eignir. Dómurinn taldi því rétt að taka til greina kröfu G um skaðabætur vegna húsa, búra og tækja. Ekki þótti þó rétt að veita honum bætur vegna atvinnuspjalla.

Aðdragandi lax- og silungsveiðilöggjafar er ítarlega rakinn í héraðsdóminum. Ástæðan er sú að dómurinn taldi að af henni mætti ráða viðhorf löggjafans til þess hver mörkin væru milli þeirra takmarkana á eignarrétti sem settar verða bótalaust og þeirra sem greiða þarf bætur fyrir.

Hrd. 1963. bls. 173.

Ungmennafélag Íslands höfðaði mál á hendur Á og H. Við munnlegan málflutning féll U þó frá öllum kröfum á hendur H. Á hendur Á gerði U þær kröfur að viðurkennt yrði með dómi að veiðiréttur svo og hver önnur vatnsréttindi í Sogi fyrir Þrastarskógslandi fylgi Þrastaskógslandi og sé eign U.

Málsatvik voru þau að árið 1909 seldi G Á landareign en undanskildi tiltekna landspildu sem nú er nefnd Þrastarskógur og er nú í eigu U. Deilt var um það hvort landspildunni hefðu fylgt venjuleg veiði- og vatnsréttindi.

Dómurinn taldi ljóst af gögnum málsins að við afsalsgerðina árið 1909 hefði ekkert verið rætt um veiðirétt og vatnsréttindi í Soginu fyrir landspildu þeirri er G undanskildi við söluna til Á.

Dómurinn tók þó fram að það væri almenn regla skv. íslenskum lögum að hver maður ætti vatn og veiði fyrri sinni jörðu sbr. landsleigubálk 56. kap Jónsbókar, sem síðar var staðfestur með ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 og laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Þá taldi dómurinn það hefði þurft að koma skýrt fram ef skilja hefði átt frá landinu vatns- og veiðirétt. Yrði því að telja að í upphafi hafi réttindi þessi fylgt nefndri landspildu. Þá taldi dómurinn Á ekki hafa unnið veiðirétt fyrir hefð sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905. Héraðsdómur komst því að þeirri niðurstöðu að U ætti vatns- og veiðirétt í Sogi fyrir Þrastárskógarlandi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna.

Hrd. 1962. bls. 488.

G, bóndi í Nýpukoti, höfðaði mál á hendur E, bónda á Þorkelshóli, til viðurkenningar á eignarrétti hans að allri veiði í Víðidalsá fyrir landi jarðarinnar Nýpukots skv. gildandi landamerkjum.

Málsatvik voru þau að þegar Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá var stofnað var Þ eigandi Nýpukots og hálfs Þorkelshóls og ábúandi alls Þorkelshóls. Lét Þ meta til arðskrár veiði fyrir báðum jörðunum sameiginlega. Þegar Þorkelshóll var seldur varð að skipta veiðinni milli jarðanna. Í stað þess að láta formleg skipti fara fram ákvað Þ skiptin sjálfur.

Héraðsdómur sagði að við þessa skiptingu veiðiarðsins væri ekkert að athuga, á meðan sami maður hefði umráð beggja jarðanna en eftir að Nýpukot var selt myndi sú spurning vakna hvort kaupandi þyrfti að hlíta því að skiptingin héldist áfram. Vísaði dómurinn í það að skiptingin hefði komið fram í kaupsamningi sem ekki hefði verið þinglesinn og því væri ekki um opinbert heimildarskjal að ræða og kaupandi Nýpukots hefði ekki átt aðgang að því skjali fyrr en við dómtöku málsins. Þá taldi dómurinn G ekki hafa samþykkt skiptin með móttöku veiðiarðsins um nokkurra ára bil.

Dómurinn komst því að þeirri niðurstöðu að á meðan skipting með mati dómkvaddra matsmanna hefði ekki farið fram þá gæti enginn vitað með vissi hver aðskrárhluti Nýpukots ætti að vera. Það væri þó klárt að jarðirnar Þorkelshóll og Nýpukot ættu báðar veiði fyrir landi sínu í Víðidalsá. Dómurinn tók því kröfu G til greina.

Hrd. 1961. bls. 734.

B krafði Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga um tiltekna fjárhæð. Kröfu sína byggði hann á því að frá stofnun F árið 1938 og fram til ársins 1956 hafi B einungis fengið kr. 1066.00 sem arð fyrir þá veiði jarðar hans sem ekki var tekin eignarnámi árið 1940, í stað þess að hann hefði átt að fá 21.900.00 í veiðiarð, miðað við þau 60 arðstig sem jörð hans var úthlutað fyrir veiði þessa árið 1957. Krafði B F um mismuninn á þessum fjárhæðum þar sem hann taldi mistök við nefnt eignarnám hafa valdið því að hann fékk svo lítinn veiðiarð sem raun bar vitni.

Dómurinn tók fram að B hefði ekki gert neinar ráðstafanir á sínum tíma til þess að fá hnekkt eignarnámsgerð þeirri eða mati sem áður greinir, heldur hafi hann fyrirvaralaust tekið við greiðslum fyrri veiði árin 1940–1955. Dómurinn taldi því ekki hægt að taka dómkröfur hans til greina.

Hrd. 1960. bls. 807.

Þ krafðist þess að lögbann það sem lagt var við því að J stundaði lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi, yrði staðfest með dómi.

Þ byggði kröfu sína um það að J yrði bönnuð öll veiði fyrir Neðra-Hreppsengi á því að hann hefði fullkominn eignarrétt á enginu skv. afsali frá móður sinni. Einnig vísaði hann til þess að hann hefði í mörg ár stundað veiði í Andakílsá.

Með dómi Hæstaréttar frá 23. nóvember 1960 var því slegið föstu að Neðra-Hreppsengi hafi verið slægjuítak og því eigi eigandi ítaksins aðeins slægjuítak á því, en landið sé undir eign eiganda Innri-Skeljabrekku.

Dómurinn taldi afsal Þ, frá móður sinni, því ekki veita honum rétt til veiði fyrir Neðra-Hreppsengi. Dómurinn taldi þá staðreynd að hann hefði veitt á þeim stað um nokkurt árabil heldur ekki veita honum veiðirétt skv. hefð.

Dómurinn felldi því lögbannið úr gildi og gerði Þ að greiða J bætur fyrri tjón það er lögbannið hafði valdið honum, eða kr. 100.00.

Hrd. 1957. bls. 342.

G var ákærður fyrir að hafa sumarið 1953 og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilamannahreppi með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikræ vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingu veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í tækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósnum. Taldi ákæruvaldið brot þessi varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1942 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi veiðitæki þau er G hafði notað ólögleg og því hefði hann gerst brotlegur við 4. tl. 30. gr. laxveiðilaganna. Dómurinn taldi þó rétt að líta til afskiptaleysis veiðieftirlitsmanns og veiðimálanefndar gagnvart veiðitækjum G, en hann hafði notað þau um langt árabil sem hefði orðið þess valdandi að hann liti ekki svo á að verknaður sinni væri réttarbrot. Þótti því rétt skv. 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða að refsing hans skyldi niður falla. G var þó gert að þola upptöku veiðitækjanna og var honum gert að greiða allan sakarkostnað.

Hrd. 1957. bls. 338.

J og S voru ákærðir fyrir að hafa stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilamannshreppi með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi, og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði úr ánni og árósnum. Taldi ákæruvaldið þessi brot varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi ekkert fram komið í málinu sem benti til þess að S hefði átt veiðigildrur þær er málið varðaði, heldur hefði hann aðeins starfrækt þær fyrir föður sinn eftir hans fyrirmælum. Dómurinn sýknaði hann því.

Dómurinn taldi J hins vegar hafa gerst brotlegur við 4. tl. 30. gr. laxveiðilaganna. Dómurinn taldi þó rétt að líta til afskiptaleysis veiðieftirlitsmanns og veiðimálanefndar gagnvart veiðigildrum ákærða sem hefði orðið þess valdandi að hann liti ekki svo á að verknaður sinn væri réttarbrot. Þótti því rétt skv. 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða að refsing hans skyldi niður falla. J var þó gert að þola upptöku veiðitækjanna og var honum gert að greiða allan sakarkostnað.

Hrd. 1955. bls. 423.

G var ákærður fyrir að hafa sumarið 1953, og allt frá því á árinu 1942, stundað laxveiði í ós við Urriðaá með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósunum. Taldi ákæruvaldið brot þessi varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði.

Hæstiréttur taldi prófun málsins og dóm svo áfátt að ómerkja þyrfti héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar

Hrd. 1955. bls. 419.

J og S voru ákærðir fyrir að hafa sumarið 1953, og allt frá því á árinu 1942, stundað laxveiði í ós við Urriðaá með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósunum. Taldi ákæruvaldið brot þessi varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði.

Dómurinn taldi prófun málsins og dóm svo áfátt að ómerkja þyrfti héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar

Hrd. 1955. bls. 108.

Landbúnaðarráðherra, Hreppsnefnd Holtahrepps f.h. hreppsins og Hreppsnefnd Rangárvallarhrepps f.h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla annars og Hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins hins vegar deildu um rétt til veiði í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Hæstiréttur tók fram að réttur til afréttarins hafi í öndverðu orðið til á þann veg að íbúar hreppanna og býlanna hefðu tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill til annarrar takmarkaðrar notkunar. Taldi dómurinn hreppsfélögin því ekki hafa unnið eignarhefð á því. Þar sem slíkur eignaréttur væri ekki fyrir hendi taldi dómurinn 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiða í vötnum og afréttur koma til álita. Í 1. tl. þeirrar greinar sagði að noti héruð afrétt með löglegri heimild þá sé héraðsmönnum þar öllum veiði jafnheimil. Þar sem íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi notuðu Landmannaafrétt með löglegri heimild, hefðu þeir samkvæmt greindu ákvæði sameiginlega veiðirétt í vötnum á afrétti þessum. Dómurinn tók jafnframt fram að orðið afrétt í 2. tölulið 5. gr. yrði að skýra svo þröngt, að það tæki ekki til afrétta, sem notaðir væru með löglegri heimild sbr. 1. tl.

Hrd. 1953. bls. 363.

E krafðist staðfestingar á lögbanni sem sett hafði verið á P o.fl. við veiði þeirra í Austurkotslátri, sem E taldi vera í sinni einkaeign. Þá krafðist hann viðurkenningar dómsins á rétti sínum eins til veiði í Austurkotslátri og annars staðar fyrir landi Austurkots í Hvítá. P o.fl. gerðu þær dómkröfur að lögbannsgerðin yrði felld úr gildi og hrundið kröfu E um rétt hans til veiði í Austurkotslátri. Þá gerðu P o.fl. þær kröfur að viðurkenndur yrði réttur þeirra til veiði fyrir landi Austurkotseyja. Þá voru gerðar kröfur um málskostnað.

Dómurinn vísaði í 56. kap. Jónsbókar, XIII. kafla vatnalaga og II. kafla laga um lax- og silungsveiðar nr. 112/1941 þar sem kom fram að landeigandi ætti einn veiði í vötnum fyrir landi sínu, nema veiðiréttur hafi verið löglega frá landinu skilinn. Dómurinn taldi engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem sögðu að veiðiréttur í Hvítá hafi að einhverju eða öllu leyti verið í séreign tiltekinna jarða, en ekki í óskiptri sameign, eins og önnur gögn og gæði torfunnar. Dómurinn taldi því þurfa að líta svo á að vatns- og veiðiréttindi í Hvítá hefði í öndverðu verið óskipt sameign og hefði veiðiréttur ekki lagst af með hefð. Dómurinn felldi því lögbannsgerðina úr gildi þar sem ekki yrði séð að veiðiréttur fyrir Austurkotslátri væri talinn tilheyra eigendum jarðarinnar í sama hlutfalli og eyjan sjálf.

Hrd. 1950. bls. 175.

B var ákærður fyrir að hafa brotið gegn 31. gr. lax- og silungsveiðilaga með því að leggja laxveiðilögn fyrir landi sínu á leirusvæði Hvítár, er mælst hafði 840 metrar á lengd, er hún var mæld frá bakka árinnar, og var því nær öðrum lögnum á leirusvæðinu en heimilað var í 31. gr. laga nr. 112/1941.

Ákæruvaldið taldi að skýra ætti 31. gr. þannig að telja skyldi fjarlægð veiðivélar frá árbakka til lengdar hennar. Dómurinn taldi það hins vegar ekki rétt og sagði að miða ætti einungis við lengd veiðivélarinnar sjálfrar. Samkvæmt þeirri mælingu braut B ekki gegn 31. gr. laganna og var hann því sýknaður.

Hrd. 1949. bls. 132.

Í 11. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði voru króknet talin til fastra veiðivéla, en í 25. gr. sömu laga voru þau nefnd meðal þeirra veiðitækja sem nota mátti til laxveiða eða

silungsveiða í ám. Í athugasemdum með frumvarpi laganna var lýsing á krókneti ásamt uppdrætti af því.

J var tekinn fyrir að nota frábrugðið veiðitæki því, sem höfundar laganna miðuðu við. Dómurinn taldi J því hafa brotið 25. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941. Dómurinn taldi J hins vegar hafa framið verknað sinn vegna afsakanlegrar vanþekkingar á réttarreglum og með vísan til 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 var refsing hans látin falla niður.

Hrd. 1948. bls. 170.

Deilt var um rétt F til að framleigja veiðirétt í Langá.

Málsatvik voru þau að árið 1937 gerðu J o.fl. og F samning. Í samningi þeim kom m.a. fram: „1. Frú [F] gefur okkur afsal fyrir veiðirétti í Langá fyrir jörðum okkar, gegn því að hún fái að nota veiðiréttinn endurgjaldslaust í 10 ár eða frá 1. janúar 1938 til 1. janúar 1948 og að hún og hennar erfingjar fái veiðirétt þennan leigðan í næstu 10 ár þar á eftir eða frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958 gegn því hún greiði þau árin £ 60, sextíu pund sterling, í leigu á ári samtals, en eftir þann tíma hefur hún forgangsrétt að leigunni, ef hún vill og veiðiréttur inn verður leigður, og þá með þeim skilyrðum, er um semst þá. 2. Frú [F] hefur leyfi til, meðan hún notar veiðiréttinn samkvæmt framantöldu, að leigja eða leyfa öðrum að nota hann um lengri eða skemmri tíma, með sama rétti og hún hefur."

Með samningi í ágúst 1944 seldi frú F svo G veiðiréttindi í Langá sem hún átti óskorað og yfirfæðri og framleigði honum allan veiðirétt sinn skv. fyrrgreindum samningi frá 1937.

J o.fl. í málinu töldu frú F hafa öðlast persónulegan veiðirétt í Langá með samningnum sem hún gæti ekki framselt. Þá töldu stefnendur 4. tl. 2. gr. laga nr. 112/1941 sbr. lög 61/1932, leggja bann við því að réttur til stangarveiði yrði skilinn frá landareign um lengra tímabil en 10 ár nema að leyfi ráðherra komi til. Töldu stefnendur samning þeirra við frú F brjóta í bága við þetta ákvæði og því væri hann ógildur.

Héraðsdómur taldi J o.fl. ekki hafa fært fram sönnur fyrir því að frekari takmarkanir hefðu verið á framsali frú F heldur en lesa mátti af samningi aðila. Þá taldi dómurinn ljóst að veiðiréttur inn í Langá hafi verið seldur undan jörðunum um síðustu aldamót en bannið við skilnaði veiðiréttar og jarðar hafi ekki komið til fyrr en með vatnalögunum nr. 15/1923.

Dómurinn sýknaði því frú F og G af öllum kröfum J o.fl.

Hrd. 1940. bls. 239.

J krafðist viðurkenningar á því með dómi að hann sem eigandi jarðanna Svarfhóls og Bjargarsteins hefði skv. 3. gr. laga nr. 61/1932 rétt til innlausnar á veiðirétti í Hvítá fyrir landi því sem téðum jörðum kynni að verða úthlutað meðfram Hvítá við væntanleg yfirlandskipti.

Dómurinn tók fram að ætla mætti af sambandinu milli 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 61/1932 að skilyrði 1. mgr. um að ¾ hlutar landeigenda krefjist innlausnar, ætti við það að þegar sami aðili á veiðirétt fyrir landi fleirum en einnar jarðar í sömu veiðigrennd, þá sé honum ekki skylt að hlíta innlausn, nema ¾ hlutar landeigenda krefjist hennar. Í þessu máli var J eigandi beggja þeirra jarða sem innlausnar var krafist fyrir og því taldi dómurinn skilyrðinu fullnægt. Dómurinn tók jafnframt fram að 2. mgr. 3. gr. laganna gæti ekki staðið rétti J í vegi. Taldi dómurinn rétt að fallast á kröfu J.

Hrd. 1939. bls. 400.

S, eigandi og ábúandi Sauðhúsa, J, eigandi og ábúandi Saura og S, eigandi og ábúandi Hrappsstaða ásamt R, eiganda jarðarinnar Fjósa, höfðuðu mál á hendur T og kröfðust þess

að hann yrði, að viðurlögðum dagsektum, dæmdur til að gefa út til þeirra hvers um sig, afsal fyrir veiðirétti á jörðum þeirra gegn greiðslu upphæðar skv. matsgerð. Töldu þeir sig eiga rétt skv. 3. gr. laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði til að innleysa veiðiréttindi fyrir sinni jörð.

Eigendur jarðanna létu gera bæði undir- og yfirmat. Matsmenn framkvæmdu matið á þeim grundvelli að sannvirði veiðiréttindanna væri andvirði veiðinnar að frádregnum kostnaði við að afla hennar.

Dómarinn í héraði vísaði til 85. gr. veiðilaganna, sbr. 10. gr. þeirra laga, þar sem kom fram að matsverð skyldi miða við gangverð er eignin myndi hafa í kaupum og sölum. Þar sem yfirmatsmenn höfðu ekki gert grein fyrir gangverði eignanna í frjálsum kaupum, t.d. miðað við veiðiréttindi í öðrum sambærilegum ám, þá taldi dómarinn matið framkvæmt á röngum grundvelli. Dómurinn sýknaði því T. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna.

Fylgiskjal II.

Lax- og silungsveiði á Íslandi.

Efnahagsleg áhrif og líffræðileg staða auðlindarinnar.

Skýrsla unnin fyrir Landssamband veiðifélaga.

Formáli

Á síðast liðnu vori gerði Landssamband veiðifélaga samning við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Veiðimálastofnum um að vinna
skýrslu um efnahagsleg áhrif nýtingu og verndun þeirrar auðlindar sem felst í veiði í ám og vötnum á Íslandi.

Úttekin beinist í meginatriðum að laxinum en einnig
er fjallað um nýtingu á silungi, bleikju (sjóbleikju) og urriða (sjóbirtingi).

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerir í verki þessu úttekt á heildarverðmætum veiði, skiptingu þeirra ásamt beinum og afleiddum tekjum og störfum sem veiðiauðlindin skapar. Þá var Veiðimálastofnun fengin til þess að gera úttekt á líffræðilegri stöðu fiskistofna og stöðu þekkingar varðandi vistfræði þeirra og nýtingu.

Verkinu er skipt í tvo sjálfstæða hluta þar sem hluti I fjalla um efnahagsleg áhrif og hluti II um líffræðilega stöðu. Eins og við má búast við jafn viðamikil verk og hér eru fram sett getur verið skörun á milli þessara tveggja hluta.

Tilgangur með verkinu var að fá mat á stöðu þeirra auðlinda sem felast í fiskstofnum í ám og vötnum. Vonast er til að á því megi byggja við til verndunar og viðhalds þessara auðlinda til framtíðar.

Landssamband veiðifélaga naut styrkja frá Landbúnaðarráðuneyti, Fiskræktarsjóði og Framleiðnisjóði við gerð skýrslu þessarar.

Landssamband veiðifélaga færir þeim sem komu að þessu verki bestu þakkir fyrir þeirra framlag og gott samstarf.

Gert í september 2004

Óðinn Sigþórsson
formaður Landssambands veiðifélaga

HLUTI I

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:

Lax- og silungsveiði á Íslandi. Efnahagsleg áhrif.

Skýrsla til Landssambands veiðifélaga, september 2004.

Formáli

Í mars 2004 náðist samkomulag milli Hagfræðistofnunar og Landssambands Veiðifélaga um að stofnunin tæki að sér að gera skýrslu um stanga- og netaveiði í ferskvatni á Íslandi út frá hagrænu sjónarmiði. Í því fólst að meta þau efnahagslegu umsvif í hagkerfinu sem rekja má til stangveiða. Skýrsluna unnu dr. Sveinn Agnarsson sérfræðingur og Þóra Helgadóttir starfsmaður Hagfræðistofnunar.

Hagfræðistofnun í september 2004

Tryggvi Þór Herbertsson
forstöðumaður

Ágrip

Markmið þessarar skýrslu er að skoða stanga- og netaveiði á Íslandi út frá hagrænu sjónarmiði. Í því felst að meta þau efnahagslegu umsvif í hagkerfinu sem rekja má til stangaveiða. Í skýrslunni er því leitast við að leggja mat á tekjur veiðiréttarhafa sem og leigutaka og reynt að varpa ljósi á áhrif þeirra á aðra starfsemi í hagkerfinu, auk þess sem fjallað er sérstaklega um efnahagsleg áhrif erlendra og innlendra stangaveiðimanna á íslenska hagkerfið.

Niðurstöður úttektarinnar gefa til kynna að stangaveiðin leggi mun meira til þjóðarbúsins en áður hefur verið ætlað. Bein, óbein og afleidd áhrif stangaveiði innlendra og erlendra veiðimanna eru áætluð á bilinu 7,8–9,1 milljarðar kr. á ári. Þar af er gert ráð fyrir að sölu- og leigutekjur veiðifélaganna séu á bilinu 868–961 milljónir kr. og að viðbótartekjur leigutaka séu á bilinu 173–228 milljónir kr. á ári. Útgjöld innlendra veiðimanna til neyslu á innlendri vöru eða þjónustu eru metin á bilinu 501–543 milljónir kr. á ári og útgjöld erlendra stangveiðimanna á bilinu 201–403 milljónir kr. Samtals eru því beinu áhrifin talin vera á bilinu 1,7–2,1 milljarðar kr á ári.

Óbein og afleidd áhrif eru talin vera 6,1–7 milljarðar kr. á ári. Af þessum niðurstöðum má ráða að tekjur veiðifélaga og leigutaka séu aðeins lítill hluti af þeim efnahagslegu umsvifum sem lax- og silungsveiði á stöng á Íslandi hafa í för með sér, eða um 13%.

Efnahagsleg áhrif innlendra og erlendra stangaveiðimanna á Íslandi

	Neðra mat	Efra mat
Bein áhrif		
- Tekjur veiðifélaga	868	961
- Tekjur leigutaka	173	228
- Tekjur annarra sem tengjast veiðum beint:		
- Innlendir stangaveiðimenn	501	543
- Erlendir stangaveiðimenn	201	403
Bein áhrif (Samtals)	1.743	2.135
Óbein og afleidd áhrif	6.068	6.958
Efnahagslegt virði stangaveiða	7.811	9.093

1 Inngangur

Lax- og silungsveiðar hafa vafalítið verið stundaðar hér á landi frá fyrstu tíð og hafa landnámsmenn sennilega skjótt tekið að notfæra sér þau hlunnindi sem fólust í góðum veiðiám og vötnum. Örnefni á borð við Laxá og Urriðaá bera einnig áhuga Íslendinga á veiði fyrr á öldum gott vitni. Fyrstu lög um veiðiskap má rekja til ársins 930 og var tilgangur þeirra að tryggja jafnan veiðirétt og fyrirbyggja yfirgang, en ákvæði um veiði er einnig að finna í lögbókunum Járnsíðu og Jónsbók.[1] Talið er að stangaveiði hafi verið stunduð hér á landi á landnámsöld, jafnvel fluguveiði, en bent hefur verið á að vísa í Njálu gefi til kynna að Íslendingar hafi þá þegar kunnað þá list að egna flugu fyrir fisk.[2] Trúlegra er þó að net og aðrar aðferðir hafi meira verið notaðar við lax- og silungsveiði, en netaveiði verður ekki verulega almenn fyrr en á 19. öld.[3] Þá tóku Englendingar einnig að venja komur sínar til Íslands til að stunda laxveiði á stöng og í kjölfarið náði íþróttin nokkurri útbreiðslu meðal heimamanna. Stangaveiði varð þó ekki almenn á Íslandi fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld og í seinni tíð hefur þeim fjölgað mjög sem spreyta sig á að veiða lax og silung á stöng. Á sama tíma hefur dregið verulega úr netaveiði í vötnum og ám.

Lax og aðrir ferskvatnsfiskar eru verðmæt náttúruauðlind á Íslandi og hafa fjölmargir tekjur af ýmiss konar starfsemi í kringum stanga- og netaveiði í ferskvatni. Veiðileyfi í ám og vötnum tilheyra aðliggjandi jörðum og er veiðiréttarhöfum skylt að stofna félög um sameiginleg fiskihverfi á landi sínu. Fyrstu veiðifélögin voru stofnuð árið 1934. Bann var lagt við laxveiði í sjó með setningu laga um lax- og silungsveiði nr. 61/1932, en þó voru nokkrar jarðir sem höfðu hefðarrétt til laxveiði í sjó undanþegnar banninu. Jafnframt voru sett takmörk á veiði göngufiska í sjó og straumvatni á ákveðnum tímabilum og lögin takmörkuðu einnig fjölda og gerð veiðitækja. Laxveiðiréttindi sjávarjarða hafa síðan verið keypt upp og frá árinu 1997 hefur engin laxveiði verið stunduð í sjó við strendur landsins og engin netaveiði lax í sjó frá árinu

---

[1] Björn Snær Guðbrandsson (1990).

[2] Í 149. tölublaði vefritsins Flugufréttir frá 11. apríl 2003 er sagt frá eftirfarandi vísu í 102 kafla:

Tekka eg sunds þótt sendi
sannreynir boð, tanna
hvarfs við hleypiskarfi,
Hárbarðs véa fjarðar.
Erat ráfáka rækis,
röng eru mál á gangi,
sé eg við mínu meini,
mínlegt flugu að gína.

[3] Magnús Jónsson og Sigurður Guðjónsson (2004).

1998.[4] Lax er nú eingöngu veiddur í fersku vatni en í nágrannalöndunum tíðkast þó enn sums staðar laxveiði í sjó. Veiðiálagið í ám landsins hefur einnig breyst í áranna rás og hefur netaveiði minnkað á meðan stangaveiði hefur aukist. Má nú heita að níu af hverjum tíu löxum sem dregnir eru á land komi á stöng.

Veiðifélögin hafa að verulegu leyti haft frumkvæði um þá þróun sem hefur orðið til að glæða mjög áhuga Íslendinga og erlendra gesta á veiði í ám og vötnum landsins. Er nú svo komið að stangaveiði er orðið eitt vinsælasta tómstundagaman Íslendinga og er talið að 55–61 þúsund Íslendingar á aldrinum 18–75 ára stundi stangaveiði í frístundum sínum.[5] Afli á stöng hefur aukist eftir að netaveiði dróst saman og þá hefur færst í vöxt að sleppa aftur fiski sem veiðist á stöng. Rannsókn sem gerð var sumarið 2003 bendir til þess að 22-28% af þeim laxi sem þá veiddist hafi verið sleppt aftur.[6]

Markmið þessarar skýrslu er að skoða stanga- og netaveiði í ferskvatni á Íslandi út frá hagrænu sjónarmiði, en í því felst að meta þau efnahagslegu umsvif í hagkerfinu sem rekja má til stangaveiða. Lagt er mat á tekjur veiðiréttarhafa sem og leigutaka og leitast við að varpa ljósi á áhrif þeirra á aðra starfsemi í hagkerfinu, auk þess sem fjallað er sérstaklega um efnahagsleg áhrif erlendra stangaveiðimanna á íslenska hagkerfið. Kaflaskipting skýrslunnar er með þeim hætti að í öðrum kafla er rætt almennt um lax- og silungsveiði á Íslandi og meðal annars greint frá starfsemi veiðifélaga og leigutaka. Í þriðja kafla er fjallað um eldri úttektir og áætlað hvaða tekjur veiðifélög og leigutakar höfðu af lax- og silungsveiði árið 2003. Þá er rætt um önnur umsvif tengd veiðum og sýnt fram á hversu mikilvægar veiðarnar eru fyrir einstakar byggðir landsins. Tengsl ferðaþjónustu og stangaveiði eru meginefni fjórða kafla, en í honum er einnig lagt mat á efnahagsleg áhrif erlendra stangaveiðimanna. Niðurstöður skýrslunnar eru síðan dregnar saman í fimmta kafla.

[4] Guðni Guðbergsson (2004).
[5] Rögnvaldur Guðmundsson (2004).
[6] Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2004).

2 Stanga- og netaveiði

Á Íslandi eru um 250 ár, stórar og smáar, og skiptast þær í jökulár, dragár og lindár.

- *Jökulár:* Flytja tiltölulega lítið vatnsmagn á veturna en færast í aukana á sumrin og ná hámarksrennsli í júlí og ágúst. Hiti er nálægt frostmarki við upptök en árnar hitna á sumrin langt frá upptökum.
- *Dragár:* Byggja vatnsmagn á úrkomu sem sígur ekki í jarðlögin. Mestar í vexti á vorin og í haustrigningum en rennsli er minnst á veturna og á miðju sumri.
- *Lindár*: Fá vatnsmagn undan jarðlögum og hafa stöðugt rennsli. Hitastig vatnsins við upptök er 3–5°C en hækkar oft á sumrin þegar fjær dregur.[7]

Fremur sjaldgæft er að ár haldi einkennum sínum frá upptökum til ósa en algengara að þær renni saman við aðrar ár. Myndast oft skörp skil við ármótin, ekki síst þegar skítugar jökulárnar blandast tærari drag- eða lindám, svo sem við ármót Sogs og Hvítár fyrir neðan Þrastarlund í Árnessýslu. Hversu mikinn fisk má finna í ánum er háð staðsetningu, rennsli, uppruna vatnsins og hitastigi. Þrjár tegundir vatnafiska má aðalega finna hér á landi: atlantshafslax, bleikju og urriða. Lax gengur í um 90 ár og eru flestar þeirra á Vestur- og Norðurlandi, en góðar laxveiðiár má finna í öllum hlutum landsins.[8] Silung er að finna í enn fleiri ám og fjölmörgum þeirra 1.800 vatna sem eru í landinu. Stofnstærð í vötnum ræðst meðal annars af gerð jarðar, uppruna vatns, hæð yfir sjávarmál og gegnumstreymi. Alls er talið að á landinu séu um 212 fiskihverfi með lax og silung, en fiskihverfi eru skilgreind sem ár og/eða vötn á ákveðnu landsvæði þar sem fiskur getur gengið um.

Vegna náttúrulegra aðstæðna er veiðitíminn mjög stuttur á Íslandi. Leyfilegt er að veiða lax í þrjá og hálfan mánuð á tímabilinu 20. maí til 30. september, en göngusilung má hins vegar veiða á tímabilinu frá 1. apríl til 10. október.[9] Á mynd 2.1 má sjá dreifingu lax- og silungstegunda um landið.

[7] Sjá www.nat.is.
[8] Einar Hannesson (1988).
[9] Sjá lög um lax- og silungsveiði (1970).

Mynd 2.1. Dreifing lax- og silungstegunda um landið[10]



Veiðimálastofnun hefur tekið saman tölur um lax- og silungsveiði og gefið út frá árinu 1987 en Veiðimálastofnun hefur umsjón með skráningu og samantekt veiðiskýrslna. Skráning mun vera með því besta sem gerist hjá laxveiðiþjóðum. Árið 2003 veiddust um 34.111 laxar á stöng, 38.820 urriði og 31.130 bleikjur og er skipting eftir landshlutum sýnd á mynd 2.2.

[10] Árni Ísaksson (2002a).

Mynd 2.2. Stangaveiði árið 2003 á Íslandi eftir landshlutum[11]



Laxveiði er mest á Vesturlandi en silungsveiði á Suðurlandi og Vestfjörðum. Á mynd 2.3 má sjá skiptingu laxveiðiáa, stangafjölda eftir landshlutum og meðalveiði í hverjum landshluta.

Mynd 2.3. Skipting stanga- og laxveiðisvæða eftir landshlutum[12]



Á síðustu árum hefur silungsveiði á stöng aukist mjög mikið og má sem dæmi nefna að hún fjórfaldaðist á milli áranna 1987 og 2002 er hún fór úr 15 þúsund silungum í 60 þúsund silunga (sjá mynd 2.4). Hér þarf þó að hafa í huga að með árunum hafa

[11] Guðni Guðbergsson (2004).
[12] Árni Ísaksson (2002b).

aðstæður til skráningar á silungsveiði batnað töluvert sem skýrir að einhverju leiti muninn milli ára. Laxveiðin hefur aftur á móti sveiflast mikið til á milli ára. Hún varð mest árið 1988, um 50 þúsund laxar, en minnst tæpir 30 þúsund fiskar árið 1994. Á síðustu árum hefur veiðin haldist í rúmlega 30 þúsund löxum og árið 2003 veiddust 34 þúsund laxar á stöng.

Mynd 2.4. Stangaveiði á árunum 1987–2002[13]



Veiðimálastofnun tekur einnig saman upplýsingar um aflahæstu lax- og silungsárnar og fengsælustu silungsveiðivötnin. Í töflu 2.1 getur að líta í hvaða ám og vötnum flestir laxar, urriðar og bleikjur veiddust árið 2003, en sömu veiðisvæðin eru yfirleitt í tíu efstu sætunum þó að röð þeirra innbyrðis geti verið breytileg á milli ára. Tekið skal fram að mjög mismunandi er hversu margar stangir eru leyfðar í hverri á eða vatni og því segja þessar tölur lítið um hvaða svæði gefa bestan afla á hvern stangardag.

Tafla 2.1. Aflamestu árnar árið 2003 eftir veiðitegundum[14]

Laxveiði	Fjöldi veiddra laxa	Urriðaveiði	Fjöldi veiddra urriða	Bleikjuveiði	Fjöldi veiddra bleikja
Langá	2.263	Veiðivötn	9.334	Hlíðarvatn	2.411
Þverá og Kjarrá	1.872	Fremri- Laxá í Ásum	3.646	Flókadalsá og vötn	2.279
Ytri-Rangá	1.723	Laxá í Mývatnssveit	3.434	Víðidalsá og Fitjá	2.144
Eystri-Rangá	1.720	Laxá í Laxárdal	1.703	Arnarvatn-stóra og Austurá	1.897
Laxá í Kjós og Bugða	1.656	Reykjadalsá í Þingeyjars.	1.247	Veiðivötn	1.770
Selá í Vopnafirði	1.558	Meðalfellsvatn	1.228	Eyjafjarðará	1.678
Hofsá	1.483	Grenlækur	1.189	Vatnsdalsá	1.430
Norðurá	1.444	Litlá	1.022	Skógá	1.380
Laxá í Dölum	1.394	Hróarholtslækur	924	Brúará	1.209
Grímsá og Tunguá	1.156	Laxá í Aðaldal	905	Vesturdalsá	1.002

[13] Guðni Guðbergsson (2004).
[14] Sama rit.

2.1 Yfirstjórn veiðimála

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirstjórn allra veiðimála í sínum höndum og sér landbúnaðarráðherra um að skipa veiðimálastjóra og tilnefna formann í veiðimálanefnd og skipa fjóra aðra nefndarmenn sem hagsmunaaðilar tilnefna.

Mynd 2.5. Yfirstjórn veiðimála



Hlutverk veiðimálanefndar er að vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál og getur nefndin gert tillögur um atriði er lúta að þeim málaflokki. Veiðimálastjóri fer hins vegar með stjórnsýslu varðandi veiðar, fiskirækt og tengd umhverfismál og á að stuðla að sjálfbærri nýtingu á ám og vötnum. Veiðimálastjóri heldur einnig utan um gagnabanka um ár og vötn á Íslandi og hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu í veiðimálum ásamt því að veita upplýsingar og vera leiðbeinandi í þeim málum.[15] Önnur hlutverk veiðimálastjóra eru eftirfarandi:

- Skipa veiðieftirlitsmenn og samræma eftirlit í veiðimálum.
- Heimila merkingar á laxfiskum og innkalla skýrslur um merkingar og veiði laxfiska, fiskirækt, hafbeitar- og eldisframleiðslu.
- Heimila byggingu fiskivega og samþykkja gerð mannvirkja eða efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum.
- Veita leyfi til fiskeldis og hafbeitar og gefa út rekstrarleyfi.
- Fylgjast með og vera þátttakandi í alþjóðastarfi er varðar veiðistjórnun og umhverfismál og aðra stjórnsýslu veiðimála.

Hlutverk veiðimálastofnunar er að stunda rannsóknir á lífríki í ám og vötnum.[16] Auk þess skal stofnunin veita ráðgjöf um veiðinýtingu og hvort auka megi veiði eða arðsemi hennar, t.d. með fiskirækt. Önnur hlutverk eru:

- Að vera ráðgefandi um lífríki og umhverfi áa og vatna, t.d. hvað varðar mannvirkjagerð.

[15] Sjá heimasíðuna www.veidimalastjori.is.
[16] Sjá heimasíðuna www.veidimal.is.

- Að stunda alhliða lífríkisrannsóknir í ám og vötnum og reka gagnagrunn um lífríki áa og vatna svo og um fiskstofna þeirra og veiðinytjar.

2.2 Veiðifélög

Hér að framan var nefnt að á Íslandi eru talin vera um 212 fiskihverfi með lax og silung. Sá fiskur sem gengur um ákveðið fiskihverfi hlýtur að vera sameign allra landeigenda á viðkomandi svæði. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að samstaða sé á milli landeigendanna um nýtingu fiskihverfanna þannig að hægt sé að koma í veg fyrir ofnýtingu og tryggja eðlilegt viðhald stofnsins. Þessari samvinnu hefur verið fundinn eðlilegur farvegur með stofnun veiðifélags um hvert fiskihverfi.

Fyrsti vísir að veiðifélögum varð til árið 1929 þegar samþykkt voru sérstök lög um svokölluð fiskiræktarfélög þar sem aðilum sem áttu veiðirétt í sama fiskihverfi var heimilað að gera með sér félagsskap um fiskirækt. Árið 1932 voru þessi ákvæði síðan felld inn í lög um lax- og silungsveiði en einnig var bætt inn í nýju lögin ákvæðum um veiðifélög. Samkvæmt lögunum frá 1932 var hlutaðeigandi aðilum leyft að stofna félagasamtök til að stjórna veiðum í sínu fiskihverfi, en til þess að geta stofnað slíkt félag þurftu 2/3 ábúenda jarða á því svæði að samþykkja félagsstofnunina.[17]

Í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er veiðiréttareigendum hins vegar gert skylt að stofna félag til að deila með sér útgjöldum og arði vegna nýtingar leyfa svo lengi sem tveir eða fleiri aðilar eiga veiðirétt. Áður höfðu ákvæði um fiskiræktarfélög verið felld út og veiðifélögum verið gert skylt að sjá um fiskirækt. Með því að hafa forgöngu um stofnun veiðifélaga má segja að löggjafinn og frumkvöðlar í tengslum við lax- og silungsveiði á Íslandi hafi sýnt mikla framsýni og hjálpað til við að tryggja hagkvæma nýtingu á auðlindinni.

Segja má að tilgangur veiðifélaga sé:

- Að koma skipulagi á veiði í einstökum fiskihverfum.
- Að tryggja eðlilegt viðhald og stækkun fiskstofnsins.
- Að tryggja að arði og kostnaði af veiðum og veiðihlut sé skipt á sanngjarnan hátt á milli eigenda veiðiréttar. Í því efni gildir arðskrá félagsins.

Við gildistöku laganna árið 1970 voru veiðifélögin 70, en síðan hefur tala þeirra ríflega tvöfaldast og samkvæmt veiðifélagaskrá árið 2003 voru þau þá orðin 182. Algengast er að félagssvæði veiðifélags taki yfir heilt fiskihverfi nema sérstaklega

[17] Einar Hannesson (1982).

standi á. Veiðifélög hafa lagt áherslu á arðsama nýtingu auðlindarinnar sem hefur leitt til fækkun netalagna og aukinnar kynningar á stangaveiði. Fyrir vikið hefur mjög dregið úr netaveiði á laxi og nú er svo komið að um 90% af þeim laxi er veiðist í ám landsins eru veidd á stöng.[18]

Í lögum um lax- og silungsveiði kemur fram að veiðifélögum sé skylt að stunda fiskrækt en fiskrækt er skilgreind sem hvers konar aðgerð sem ætlað er að skapa eða auka fiskmagn veiðivatns. Veiðifélög hafa því beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að auðvelda laxinum ferð sína upp árnar. Gerðir hafa verið laxastigar og vatnsmiðlunarstíflur, fyrirstöður hreinsaðar og nýir veiðistaðir búnir til, en einnig hafa veiðifélög staðið fyrir seiðasleppingum. Á síðustu árum hafa mörg vel útbúin veiðihús auk þess risið við ár og vötn og víða hafa vegir verið lagðir að veiðistöðvum eða endurbættir í þeim tilgangi að bæta aðstæður á og í kringum veiðisvæði.

Það er einnig hlutverk veiðifélags að tryggja að veiðihlut eða arði af veiðum og kostnaði við starfsemina sé skipt á milli félagsmanna. Arðskrá hvers félags er lögð til grundvallar við skiptinguna, en hún byggist á tilteknu einingakerfi. Hver landeigandi fær ákveðið margar einingar fyrir sinn hlut í fiskihverfinu og er úthlutunin í höndum sérskipaðra matsmanna. Við matið er tekið tillit til landlengdar að veiðivatni, aðstöðu við neta- og stangaveiði og uppeldis- og hrygningarskilyrða. Heildarfjöldi eininga er yfirleitt annaðhvort hafður 100 eða 1.000 einingar.

Ætla má að með stofnun veiðifélaga sé hagsmunum veiðiréttareigenda betur borgið en ella. Veiðifélagið kemur fram sem sterkur, samhentur aðili við samningsborðið og kemur í veg fyrir ofnýtingu einstakra aðila sem eiga land að veiðisvæðinu. Hluta af tekjum félaganna er yfirleitt varið í fiskirækt og rannsóknir í ánum í þeim tilgangi að hámarka virði auðlindarinnar.[19] Góð umgengni og hófleg nýting eykur síðan verðgildi veiðisvæðisins til lengri tíma litið.

Landssamband veiðifélaga var stofnað árið 1958 og er hlutverk þess að gæta hagsmuna veiðifélaga og veiðiréttareigenda á allan hátt og stuðla að auknum tengslum þeirra innbyrðis. Láta mun nærri að um 1.900 býli eigi veiðirétt, eða annað hvert býli á landinu.[20] Misjafnt er hversu verðmæt veiðiréttindin eru, en þar sem best lætur geta þau verið stór hluti af virði viðkomandi jarðar.

---

[18] Árni Ísaksson (2002a).
[19] Björn Snær Guðbrandsson (1990).
[20] Sama rit.

Verðmæti annarra hlunninda en lax- og silungsveiði var á árunum 1997–2000 um 750 milljónir kr. á ári (verðlag í maí 2004), eða 3–4% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða (sjá töflu 2.2). Dæmi um önnur hlunnindi er dúntekja, hreindýraveiði og eggjataka.

Tafla 2.2. Skipting heildarverðmætis landbúnaðarafurða eftir tegund, 1997–2000 [21]

	1997	1998	1999	2000
Nautgripaafurðir	43%	48%	49%	48%
Sauðfjárafurðir	24%	27%	29%	33%
Hrossaafurðir	2%	2%	2%	3%
Aðrar búfjárafurðir	15%	16%	18%	19%
Garðaafurðir	12%	13%	14%	16%
Hlunnindi	3%	4%	4%	4%

2.3 Stangaveiðifélög

Fjölmargir aðilar selja veiðileyfi, bæði veiðifélög og einstaka aðilar innan veiðifélaga, stangaveiðifélög, verslanir, þjónustufyrirtæki og einstaklingar. Algengt er að stangaveiðifélög eða einstaklingar leigi veiðiréttinn að hluta eða öllu leyti af veiðifélögum og selji áfram til félagsmanna sinna eða annarra. Fjölmörg stangaveiðifélög eru starfandi í landinu og er Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR) þeirra stærst. Það var stofnað árið 1939 og voru félagar þá nálega 50 en í ársbyrjun 2004 voru þeir um 2.500.[22]

Tafla 2.3. Helstu stangaveiðifélög á Íslandi

Stangaveiðifélag Akranes	Stangaveiðifélagið Ármenn
Stangaveiðifélag Austur-Húnvetninga	Stangaveiðifélagið Birtingur
Stangaveiðifélag Borgarness	Stangaveiðifélagið Flugan, Akureyri
Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar	Stangaveiðifélagið Flúðir, Akureyri
Stangaveiðifélag Hveragerðis	Stangaveiðifélagið Flúðir, Húsavík
Stangaveiðifélag Keflavíkur	Stangaveiðifélagið Höfn, Hornafirði
Stangaveiðifélag Patreksfjarðar	Stangaveiðifélagið Laxmenn
Stangaveiðifélag Rangæinga	Stangaveiðifélagið Stakkur, Vík
Stangaveiðifélag Reykjavíkur	Stangaveiðifélagið Straumar
Stangaveiðifélag Sauðárkróks	Stangaveiðifélagið Vopni, Neskaupsstað
Stangaveiðifélag Selfoss	Veiðifélag Íslands
Stangaveiðifélag Siglfirðinga	Veiðiklúbburinn Strengur

Tilgangur með stangaveiðifélögum er fyrst og fremst að:

- Gæta hagsmuna stangaveiðimanna og að vera milliliður milli veiðiréttareigenda og þess fjölda fólks sem hefur áhuga á stangaveiði.

[21] Hagþjónusta landbúnaðarins (2002).
[22] Sjá heimasíðuna www.svfr.is.

- Efla hróður stangaveiði með almennri fræðslu um íþróttina, með því að hvetja til hófsemi í veiði og stuðla að því að veiðimenn virði settar veiðireglur og umgangist náttúruna af virðingu og tillitssemi.
- Styrkja stöðu stangaveiði sem almennings- og fjölskylduíþróttar og efla áhuga barna og unglinga á stangaveiði, með kennslu í veiðileikni í ám og vötnum og hvers konar fræðslustarfi.
- Vinna að samstöðu stangaveiðimanna og standa vörð um rétt þeirra og hagsmuni. Stuðla að góðri samvinnu við veiðiréttareigendur og standa ásamt þeim fyrir umbótum á veiðisvæðum sem félagið hefur til umráða.

Á síðustu árum hafa stangaveiðifélögin einnig lagt sitt af mörkum til að auka framboð af veiðisvæðum, t.d. með lagningu vega að lítt nýttum veiðisvæðum, kynningu á nýjum veiðisvæðum, þátttöku í kostnaði við fiskeldi og með byggingu veiðihúsa. Landssamband stangaveiðifélaga var stofnað árið 1950. Það kemur fram fyrir hönd stangaveiðifélaga út á við, í umræðum við opinbera aðila.[23]

2.4 Netaveiði

Eins og fram hefur komið hér á undan hefur netalögnum í ám og vötnum fækkað á síðustu árum og í kjölfarið hefur netaveiddum löxum fækkað. Árið 1978 veiddust til að mynda um 26.000 laxar í net, en árið 2003 aðeins um 7.500 laxar. Þróunina frá 1974 má sjá á mynd 2.6.

Mynd 2.6. Heildarfjöldi stanga- og netaveiddra laxa 1974–2003[24]



[23] Björn Snær Guðbrandsson (1990).
[24] Guðni Guðbergsson (2004).

Langstærstur hluti laxins veiðist í net sem lögð eru í Hvítá, Ölfusá og Þjórsá á Suðurlandi og samsvaraði netaveiðin í þessum ám um 88% af heildarveiði ársins 2003. Taka skal fram að hluti af netaveiddum lax fyrir árið 1998 er úr sjó.

Tafla 2.4. Netaveiddir laxar árið 2003[25]

	Fjöldi
Þjórsá	3.573
Ölfusá	1.602
Hvítá í Árnessýslu	1.523
Gufuá	408
Hvítá í Borgarfirði	272
Skjálfandafljót	70
Skaftá	40
Kúðafljót	26
Lagarfljót	14
Sandá	11
Hölkná	11
Héraðsvötn	10
Miðfjarðará	9
Vestmannsvatn	7
Apavatn	3
Borgarfjörður	3
Samtals	7.582

Árið 2003 komu um 60.000 silungar í net og var það nokkur aukning frá árinu á undan þegar veiðin var um 40 þúsund fiskar. Netaveiði á silungi hefur þróast með nokkuð öðrum hætti en veiði á laxi síðustu árin, en erfitt er þó að draga skýrar ályktanir af veiði síðustu ára þar sem upplýsingar um silungsveiði á stöng og í net eru aðeins til fyrir sárafá ár.

Líkt og gildir um netaveiði á laxi er mest veitt af silungi í net á Suðurlandi og var veiðin þar árið 2003 um 70% af heildarnetaveiði. Gjöfulustu silungsveiðisvæðin voru Veiðivötn, Apavatn og Ölfusá. Töluvert af silungi er þó einnig veitt í Hvítá í Borgarfirði og í Vestmannavatni í Þingeyjarsýslu.

Helstu ástæðu þess að netaveiði á laxi hefur svo mjög dregist saman, einkum þó á laxi, má rekja til þeirra auknu vinsælda sem stangaveiði nýtur sem heilsusamleg og gefandi afþreying. Nú má tvímælalaust telja stangaveiði meðal þeirra íþrótta sem hvað flestir landsmenn stunda. Þessi aukni áhugi hefur brotist fram á sama tíma og verð á laxi til manneldis hefur lækkað vegna aukinnar samkeppni frá eldisfiski. Fyrir vikið hefur netaveiði dregist saman en stangaveiði aukist, enda hefur það almennt sýnt sig að arður af veiði eykst ef stangaveiði er aukin á kostnað netaveiði. Frá árinu 1991 hafa til dæmis eigendur stangaveiðiréttinda á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði keypt upp

[25] *Guðni Guðbergsson (2004).*

rétt veiðimanna til að leggja net. Þetta hefur minnkað sókn og veiði á vatnasvæðinu og í kjölfarið hefur stangaveiði í hliðarám aukist um 28–35%. Talið er að nú veiðist á stöng um 39–52% af þeim laxi sem var áður veiddur í net.[26]

Í silungsveiði hefur svipuð þróun átt sér stað og mun fleiri leggja nú fyrir sig silungsveiði á stöng en áður. Fastlega má gera ráð fyrir að vinsældir silungsveiðinnar haldi áfram að vaxa á næstu árum, en að sama skapi er trúlegt að netaveiði dragist eitthvað saman.

Árið 2002 var gerð rannsókn á efnahagslegu virði þess að stunda laxveiðar í net og á stöng á Íslandi. Rannsóknin leiddi í ljós að nettótekjur veiðiréttareigenda væru að meðaltali um 18.000 kr. á hvern lax veiddan á stöng, en aðeins um 1.200 kr. á hvern netaveiddan lax, sem er um 7% af verðmæti hvers stangaveidds lax.[27]

[26] Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2003).
[27] Árni Ísaksson og Sumarliði Óskarsson (2002).

3 Umfang lax- og silungsveiði á Íslandi

Í þessum kafla verður fjallað um efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiði á Íslandi. Reynt verður að varpa ljósi á umfang stangaveiði á Íslandi og fjölda þeirra sem leggja hana fyrir sig. Þá er fjallað um eldri úttektir á efnahagslegum áhrifum stangaveiða á Íslandi, en meginhluti kaflans er úttekt á tekjum veiðifélaga á Íslandi árið 2003 og umsvifum þeirra. Ennfremur er rætt um byggðaáhrif af lax- og silungsveiði. Í lokin er rætt um leigutaka.

3.1 Stangaveiðimenn

Stangaveiði er eitt vinsælasta tómstundagaman Norðurlandabúa og árlega spreyta um fimm milljónir manna sig á stangaveiði í einhverjum mæli. Samkvæmt niðurstöðum úr sameiginlegri norrænni póstkönnun, sem gerð var á tímabilinu október 1999 til janúar 2000, höfðu um 31,9% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára stundað stangaveiði að a.m.k hluta úr degi síðustu 12 mánuðum þar á undan, eða um 55.000 manns. Þar af voru um 75% karlar og 25% konur (sjá töflu 3.1). Hér er þó ekki tekið mið af dorgveiði. Svipaðar niðurstöður komu einnig fram í Gallup könnun í apríl 2000.[28] Mjög misjafnt er hversu stíft veiðimenn stunda veiðina og í könnuninni kom fram að um 47% stangaveiðimanna á Íslandi tilheyra þeim hópi sem tekur veiðina hóflega alvarlega og stundar veiðar öðru hverju en ekki að staðaldri.

Tafla 3.1. Stangaveiðimenn á Norðurlöndunum[29]

	Stangaveiðimenn	
	% einstaklinga á aldrinum 18-69	Fjöldi
Danmörk	12,5%	451.000
Finnland	40,0%	1.390.000
Ísland	31,5%	55.000
Noregur	50,0%	1.450.000
Svíþjóð	35,0%	5.360.000

Árið 2004 var gerð símakönnun meðal Íslendinga um svipað efni og voru niðurstöður hennar mjög í takt við norrænu póstkönnunina. Könnunin náði til 1.200 Íslendinga á aldrinum 18–75 ára og voru þeir spurðir að því hvaða afþreyingu þeir hefðu stundað á ferðum sínum um landið árið áður. Um 25% sögðust hafa rennt fyrir lax- eða silung og þar af höfðu rúmlega 20% stundað silungsveiði og farið að jafnaði í tæplega fjórar veiðiferðir, en 11% höfðu stundað laxveiði og farið að jafnaði í tæpar þrjár ferðir. Þeir

[28] Toivonen et.al (2000)
[29] Toivonen et.al. (2000).

sem veiða silung fara því oftar í veiði og nokkur hópur leggur bæði stund á lax- og silungsveiði.

Mynd 3.1. Hlutfall Íslendinga í lax- og silungsveiði árið 2003[30]



Um 192 þúsund Íslendingar eru á aldrinum 18–75 ára og miðað við ofangreindar niðurstöður má ætla að um 48 þúsund hafi farið eitthvað í lax- eða silungsveiði árið 2003. Af þeim má gera ráð fyrir að um 39 þúsund hafi egnt fyrir silung og að veiðiferðir þessa hóps hafi alls verið 152 þúsund. Á sama hátt má gera ráð fyrir að um 22 þúsund hafi glímt við lax og farið í laxveiði í um 64 þúsund skipti. Ef tekið er tillit til þess að á sumum veiðisvæðum er bæði hægt að veiða lax og silung má gera ráð fyrir að alls hafi verið farnar um 200 þúsund veiðiferðir árið 2003.[31] Auk þess má gera ráð fyrir því að umtalsverður hluti þeirra sem stunda silungsveiði séu börn og unglingar undir 18 ára aldri og fólk eldra en 75 ára. Ef gert er ráð fyrir því að um 10–12% landsmanna á þessum aldri stundi stangaveiði fjölgar í hópi veiðimanna um 10–12 þúsund til viðbótar. Lauslega áætlað má því gera ráð fyrir að um 60 þúsund manns hafi stundað einhverja lax- eða silungsveiði árið 2003 og að veiðiferðirnar hafi alls verið 230–250 þúsund. Þar af má ætla að um 50 þúsund einstaklingar hafi lagt fyrir sig silungsveiði og um 25 þúsund rennt fyrir lax. Þótt þessar tölur virðist háar, þar sem hér er um tæplega fimmtung þjóðarinnar að ræða, má gera ráð fyrir að mun fleiri stundi stangaveiði en hér hefur verið reiknað með, þar sem stuttar ferðir eru sjaldnast

[30] Rögnvaldur Guðmundsson (2004).
[31] Sama rit.

taldar með. Sem dæmi má nefna að þeir fjölmörgu höfuðborgarbúar sem stunda veiðar í vötnum á suðvesturhorni landsins telja slíka skreppitúra vart jafnast á við þriggja eða fjögurra daga ferðir á fínni veiðisvæði þar sem aðstaða öll er að jafnaði stórum betri. Niðurstöður könnunarinnar gáfu auk þess til kynna að helmingi fleiri karlar en konur stundi veiði og að karlarnir fari að jafnaði mun oftar í veiði en konurnar.

Í norrænu könnuninni, sem gerð var um áramótin 1999/2000, voru þeir sem sögðust hafa stundað stangaveiði að einhverju marki síðustu 12 mánuðina á undan einnig spurðir um hversu marga daga þeir hefðu verið við veiðar á sama tímabili. Út frá því var áætlað að Íslendingar hefðu að meðaltali setið 7,9 daga við veiðar, sem var töluvert undir því sem tíðkaðist á hinum Norðurlöndunum. Alls var talið að veiðimenn á Norðurlöndunum hefðu haldið til veiða í 436.000 daga síðustu 12 mánuðina áður en könnunin var gerð.

Mynd 3.2. Meðalfjöldi veiðidaga á hvern stangaveiðimann [32]



Miðað við leyfilegan stangarfjölda á laxveiðisvæðum á Íslandi hefur verið metið að heildarframboð stangardaga í laxveiði séu um 34.000 og má ætla að það sé

[32] Toivonen et.al. (2000).

hámarksnýting á auðlindinni.[33] Vísbendingar eru um að þeir dagar séu vel nýttir og lítið rúm sé til að auka laxveiðar á stöng. Aðra sögu má segja um silungsveiði en ljóst er að þar hafa möguleikar til veiða ekki verið fullnýttir.

3.1.1 Útgjöld stangaveiðimanna

Í norrænu könnuninni voru stangaveiðimenn einnig spurðir um hversu mikil útgjöld tengd stangaveiðum hefðu verið á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir könnunina. Spurt var um kostnað við notkun á bílum, bátum og öðrum farartækjum, hversu há útgjöldin hefðu verið vegna kaupa á gistingu, veiðileyfum, bókum og öðrum ritum, mat og drykk umfram venjulega neyslu, sem og vegna annars tilfallandi kostnaðar. Í ljós kom að kostnaður Íslendinga vegna veiðanna var mestur allra Norðurlandabúa eða um 42 þúsund kr. að meðaltali á ári miðað við verðlag í maí 2004. Kostnaður veiðimanna á hinum Norðurlöndunum var mun lægri eða á bilinu 14–15 þúsund kr. á ári. Heildarútgjöld íslenskra veiðimanna miðað við ofangreinda þætti voru því um 2,3 milljarðar kr. á ári.

Tafla 3.2. Útgjöld stangaveiðimanna á Norðurlöndunum (verðlag í maí 2004)[34]

Heildarútgjöld	Meðaltal á veiðimann	Heildarútgjöld á ári (milljónir kr.)
Danmörk	14.728	6.508
Finnland	13.684	17.951
Ísland	42.175	2.291
Noregur	15.316	21.144
Svíþjóð	15.085	28.015

Um 43% af útgjöldum stangaveiðimanna á Íslandi má rekja til kostnaðar við veiðileyfi og er það langstærsti kostnaðarliðurinn. Á hinum Norðurlöndunum er þessi liður aðeins 12–20% af heildarútgjöldum. Af þessu má ráða að hærra verð á veiðileyfum sé ein ástæðan fyrir því að meðalkostnaður stangaveiðimanna sé töluvert hærri á Íslandi. Á mynd 3.3 má sjá hlutfallslega skiptingu útgjalda eftir útgjaldaliðum á öllum Norðurlöndunum.

[33] Björn Snær Guðbrandsson (1990)
[34] Toivonen et.al. (2000).

Mynd 3.3. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir útgjaldaliðum[35]



Samkvæmt þessum niðurstöðum eyða Íslendingar árlega um 985 milljónum kr. í veiðileyfi, um 573 milljónum kr. í bifreiðakostnað tengdan veiðiferðum og um 340 milljónum kr. í mat og drykk umfram venjulega neyslu.

Tafla 3.3. Útgjöld íslenskra stangaveiðimanna (uppreiknað á verðlag í maí 2004)

	Milljónir kr.	% af heild
Bifreið	573	25%
Bátar	69	3%
Önnur farartæki	23	1%
Gisting	183	8%
Veiðileyfi	985	43%
Bækur og rit	46	2%
Matur og drykkir	344	15%
Annað	69	3%
Samtals	2.292	

Þessar niðurstöður gefa til kynna að stangaveiði sé mjög vinsælt tómstundagaman á Íslandi og að hana stundi árlega að einhverju marki 55.000–61.000 Íslendingar, eða því sem næst fimmti hver landsmaður. Gera má ráð fyrir að íslenskir stangaveiðimenn eyði árlega að meðaltali um 42.000 kr. í ýmis útgjöld tengd veiði og að veiðileyfin sjálf séu stærsti einstaki kostnaðarliðurinn. Að auki sækja margir útlendingar Ísland heim fyrst og fremst til að renna flugu fyrir lax og silung en fjallað verður nánar um áhrif þeirra á íslenskt efnahagslíf í 4. kafla.

[35] Sama rit.

3.2 Umfjöllun um eldri kannanir

Í þessum hluta verður litið á þrjár eldri úttektir, tvær sem fjalla um efnahagslegt umhverfi laxveiða á Íslandi og eina norræna úttekt þar sem lagt er mat á ábata samfélagsins af lax- og silungsveiðum. Elsta úttektin er frá árinu 1990 og var hún gerð af Birni Snæ Guðbrandssyni sem kandídatsritgerð við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Í henni var reynt að áætla hversu mikil árleg velta er í laxveiðum og því sem henni tilheyrir. Ekki var lagt mat á virði silungsveiða, en tekið fram að efnahagslegt virði þeirra væri töluvert minna en virði laxveiða. Önnur úttektin er frá árinu 2002 og var gerð af Árna Ísakssyni og Sumarliða Óskarsyni og gefin út af veiðimálastjóra. Í úttektinni var reynt að leggja mat á efnahagslegt virði laxveiði fyrir veiðiréttarhafa sem og hagkerfið í heild sinni árið 2001. Þriðja úttektin frá árinu 2000 er sameiginlegt norrænt verkefni þar sem lagt er mat á hagrænan ábata af lax- og silungsveiði á Íslandi, bæði fyrir stangaveiðimenn sem og aðra, og sker þessi könnun sig því töluvert frá hinum tveimur.[36]

3.2.1 Efnahagslegt umhverfi laxveiða á Íslandi

Þessi úttekt var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Sendir voru spurningalistar til 49 veiðifélaga á landinu, af þeim 106 sem þá voru starfandi, til að fá upplýsingar um tekjur af starfsemi þeirra og veltu árið 1988. Svörun var góð eða um 70%. Úttektin byggðist einnig á viðtölum við veiðimenn, leigutaka og starfsmenn veiðivöruverslana. Tekið skal fram að árið 1988 var gott laxveiðiár og veiddust þá 47.979 laxar á stöng sem er töluvert meira en meðalveiði síðustu ára.

Veiðifélögunum var skipt niður í þrjá flokka eftir meðalveiði áranna 1974–1988. Í A-flokk voru sett veiðifélög um vatnakerfi þar sem veiðst höfðu að meðaltali yfir 500 laxar á ári, í B-flokk ár þar sem árlega veiddust 100–500 laxar og í C-flokk ár þar sem veiddust innan við 100 laxar á ári að jafnaði. Tilgangurinn með skiptingunni var að fá nákvæmar niðurstöður um tekjur veiðifélaganna þar sem verð á veiðileyfi er yfirleitt háð því hversu mikið veiðist í viðkomandi ám.

Heildartekjur veiðifélaganna árið 1988 námu 729 milljónum kr. á verðlagi í maí árið 2004 (sjá töflu 3.4). Meðalverð á hvern veiddan lax var hæst í C-flokki, eða 25–28 þúsund kr. en lægst í B-flokki, 15.600 kr. Meðalverð í A-flokki var tæpar 20 þúsund kr.

---

[36] Toivonen et.al. (2000).

Tafla 3.4. Niðurstöður úr úttektinni (verðlag í maí 2004)

	A-flokkur	B-flokkur	C1-flokkur	C2-flokkur
Fjöldi veiðifélaga	19	45	15	27
Fjöldi býla	627	810	165	297
Fjöldi veiddra laxa	32.245	13.487	1.398	849
Hlutfall af heild	67%	28%	3%	2%
Meðaltalsverð	24.288	10.425	990	634
Framboð stangardaga	15.010	11.070	2.820	5.079
Hlutfall af heild	44%	33%	8%	15%
Notaðir stangardagar	14.649	10.215	2.115	3.807
Hlutfall af framboði	98%	92%	75%	75%
Verð á lax	14.886	12.037	17.907	21.232
Meðalverð á lax	19.763	15.572	25.288	28.430
Verð á stangardag	31.979	14.665	8.877	3.551
Verð á notaðan stangardag	32.768	15.894	11.836	4.734
Veiði á stangardag	2,2	1,3	0,7	0,2
Meðalveiði á stangardag	1,7	1,0	0,5	0,2
Hlutur veiðifélaga (milljónir kr.)	511	171	27	19
Vegna sölu / leigu (milljónir kr)	408	162	26	18
Tekjur á býli (þúsundir kr.)	645	161	132	53

3.2.2 Úttekt gefin út af veiðimálastjóra

Árið 2002 gaf veiðimálastjóri út greinina „Economic Value of Icelandic Salmon in Angling and Net Fisheries" en í henni var reynt að meta efnahagslegt virði laxveiði fyrir veiðiréttarhafa sem og fyrir hagkerfið í heild sinni út frá upplýsingum um stangaveiði síðustu fimm árin þar á undan. Byggt var á upplýsingum sem Landssamband veiðifélaga hafði aflað sér um tekjur og veiði úr 16 ám; átta þar sem veiddust að jafnaði 700–1900 laxar á ári (hópur 1) og átta þar sem meðalveiðin var 100–500 laxar á ári (hópur 2) (sjá töflu 3.5).

Tafla 3.5. Tekjur og veiði í 16 ám á árunum 1995–2000, á verðlagi í maí 2004

		1995	1996	1997	1998	1999	2000	Meðaltal
Hópur 1	Stangafjöldi	74	74	76	74	75	75	75
meðalveiði	Meðalveiði	9.957	10.048	9.250	9.545	9.995	9.547	9.724
700-1900 laxar	Tekjur (milljónir kr.)	2,4	2,4	2,6	2,6	2,8	3,1	2,7
8 ár	Tekjur á stöng	32.020	32.934	33.741	35.684	38.491	41.508	35.730
	Tekjur á lax	237	243	276	277	289	325	274
Hópur 2	Stangafjöldi	24	24	24	24	24	24	24
meðalveiði	Meðalveiði	2.266	2.237	2.046	1.941	1.941	1.851	2.047
100-500 laxar	Tekjur (þúsundir kr.)	397	392	385	406	408	418	402
8 ár	Tekjur á stöng	16.567	16.483	15.846	16.741	17.014	17.432	16.681
	Tekjur á lax	175	177	185	209	210	226	198

Ákveðið var að einbeita sér að því að meta virði 95 laxveiðiáa; 18 þar sem veiðst höfðu meira en 500 laxar árið 2001 og 77 þar sem veiði var minni það árið. Gert var ráð fyrir að 100 veiðidagar væru í hverri á og að þeir skiptust jafnt niður á þrjú

tímabil. Þá var miðað við að verð á stangardag væri hæst á miðtímabilinu. Byggt var á gögnum um dreifingu veiði síðustu árin á undan og gert ráð fyrir 85% nýtingu stanga. Þó má gera ráð fyrir því að hér sé um vanmat að ræða og raunveruleg nýting sé töluvert meiri. Loks var áætlað að heildartekjur veiðifélaganna af þessum 95 laxveiðiám væru um 640 milljónir kr. á ári.

Í ánum 18 í hópi 1 voru 153 stangir í boði á dag en í ánum veiðast árlega um 21.000 laxar sem er um 70% af heildarafla. Heildartekjur af seldum veiðileyfum, gistingu og veiðileiðsögn voru um 900 milljónir kr. á verðlagi ársins 2004. Það jafngildir um 6 milljónum kr. á hverja stöng eða um 43 þúsund kr. á hvern veiddan lax.

Í hinum hópnum voru seldar 196 stangir á dag en í þeim ám veiðast árlega um 9.000 laxar. Heildartekjur af seldum veiðileyfum og öðrum vörum í þessum ám voru um 530 milljónir kr. sem jafngildir um 2,6 milljónum kr. á hverja stöng eða um 56 þúsund kr. á hvern veiddan lax.

Metið var að heildartekjur af sölu veiðileyfa, gistingu og öðrum vörum væru um 1,4 milljarðar kr. og þar af væru tekjur veiðifélaganna um 640 milljónir kr. Samkvæmt þessu voru tekjur af hverri seldri stöng um fjórar milljónir kr. og hver lax hefur því kostað um 47 þúsund kr. Skiptinguna má sjá betur í töflu 3.6.

Tafla 3.6. Tekjur veiðifélaga

	Fyrsti hluti	Annar hluti	Þriðji hluti	Heild
Heildarlaxveiði árið 2001	7.500	15.000	7.500	30.000
Fjöldi stanga í notkun hvern dag	349	349	349	349
Heildarfjöldi stanga í notkun	11.517	11.517	11.517	34.551
Meðalverð stöng á dag	17.787	43.308	22.041	27.744
Húsnæði og fæði á dag	5.317	-	5.317	-
Heildartekjur (milljónir kr.)	296	790	330	1.416
Heildartekjur á stöng (þúsundir kr.)	848	2.263	946	4.058
Virði hvers lax	39.441	52.685	43.985	47.175

Í könnuninni kom í ljós að virði hvers lax fyrir hagkerfið er meira á þeim veiðisvæðum þar sem minna veiðist, en hið gagnstæða á við um þær tekjur sem falla eigendum veiðiréttarins í skaut. Því má ætla að hagnaður leigutaka, hvort heldur sem um er að ræða einstaklinga eða stangaveiðifélög, sé hlutfallslega minni í aflameiri ánum.

Í athuguninni var jafnframt áætlað að tekjur af sérhverjum laxi sem veiddur var í net hefðu verið um 1.300 kr. Það er einungis um 1/36 af meðalvirði hvers fisks sem veiddur var á stöng árið 2001. Netaveiði þess árs nam um 3 þúsund löxum og því má ætla að hægt hefði verið að fá um 137 milljónir kr. fyrir netafiskinn ef sá lax hefði allur verið veiddur á stöng.

Tekið er fram að ekki er lagt mat á tekjur af seldum veiðivörum, flugfargjöldum og öðrum þáttum sem tengjast stangaveiðum beint og óbeint. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þessir þættir geti aukið virði hvers veidds lax um 20% í um 58.000 kr. Heildartekjur af laxveiði yrðu þá um 1,7 milljarðar kr. á ári.

3.2.3 Norræn úttekt

Á árinu 2000 var gefin út skýrslan „The Economic Value of Recreational Fisheries: In the Nordic Countries". Í henni var gerð athugun á hagfræðilegum ábata af stangaveiðum á Norðurlöndunum þar sem bæði var tekið mið af ábata stangaveiðimanna sem og annarra. Könnunin byggðist á niðurstöðum úr fyrrnefndri póstkönnun sem gerð var á tímabilinu október 1999 til janúar 2000. Um 25 þúsund einstaklingar voru í úrtakinu og var svarhlutfallið um 45%. Í könnuninni var lögð áhersla á að meta hagfræðilegan ábata af stangaveiðum þar sem metið væri það notagildi sem stangaveiðimenn hefðu af veiðum og öðru tengdu náttúru og útivist. Fram til þessa hafði virði stangaveiða sem tómstundagamans aðallega verið áætlað út frá þeim tekjum sem veiðarnar skiluðu til hagkerfisins, en það er svokallað efnahagslegt (bókhaldslegt) virði veiðanna. Tekjurnar eða útgjöldin mæla hins vegar ekki þann hagfræðilega ábata sem einstaklingar hafa af veiðum, vegna þess að þessi mælikvarði tekur ekki tillit til þess verðs sem veiðimenn væru tilbúnir að greiða fyrir að fá að veiða. Greiðsluvilji veiðimanna getur hins vegar hæglega verið meiri en nemur því verði sem upp er sett og mismunurinn þar á milli er nettóábati stangaveiðimanna og kallast á máli hagfræðinnar neytendaábati. Þetta er nánar útskýrt á mynd 3.4. Neytendaábatinn er hér skilgreindur sem þríhyrningurinn sem afmarkast að ofan af eftirspurnarkúrfunni, að neðan af því verði sem gildir á markaðinum (V_1) og til vinstri af verð-ásnum (y-ásnum).

Mynd 3.4. Neytendaábati



Þær ár og þau vötn þar sem stangaveiði er stunduð flokkast sem náttúruauðlindir. Erfitt getur verið að meta virði náttúruauðlinda en virði þeirra er að jafnaði mun meira en sá beini ábati er hlýst af nýtingu þeirra. Innan hagfræðinnar hafa verið þróaðar ýmsar aðferðir til að meta heildarvirði náttúruauðlinda, bæði hið beina og það sem að öllu jöfnu kemur ekki fram í viðskiptum á almennum markaði. Virði þess að nýta náttúruauðlindina beint er hér skilgreint sem stærðin N, en greint er á milli þriggja viðbótargilda; tilverugildis (T), arfleiðslugildis (A) og valkostagildis (V). Með hugtakinu tilverugildi er átt við að náttúruauðlindir geti haft ákveðið tilverugildi fyrir einstakling jafnvel þó að viðkomandi ætli sér aldrei að njóta þeirra. Þannig getur einstaklingur í Reykjavík verið tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að halda vatnasvæði í t.d Skagafirði ósnortnu jafnvel þótt hann komi trúlega aldrei til með að njóta svæðisins. Þegar framtíðarvirði náttúruauðlinda er óvíst er rætt um að auðlindin feli í sér ákveðið valkostagildi. Með því hugtaki er vísað til þess að einstaklingar séu hugsanlega reiðubúnir að greiða fyrir þann möguleika að auðlindin geti orðið verðmætari í framtíðinni. Arfleiðslugildi felur aftur á móti í sér að einstaklingar séu fúsir til að greiða fyrir það að afkomendur þeirra geti átt þess kost að njóta viðkomandi auðlindar einhvern tíma í framtíðinni.

Af því sem hér hefur verið sagt má ráða að heildarvirði náttúruauðlinda sé samansett úr þessum fjórum gildum; nota-, tilveru-, arfleiðslu- og valkostagildi.

Heildarvirði= N + (T+A+V).

Í könnuninni voru stangaveiðimenn beðnir um að tilgreina hversu mikið þeir væru tilbúnir að greiða fyrir að stunda stangaveiði til viðbótar við það sem þeir greiddu þá þegar. Þá voru veiðimenn og aðrir spurðir að því hversu mikið þeir væru fúsir til að greiða fyrir það að vernda fiskstofninn og viðhalda núverandi gæðum stangaveiða (sjá töflu 3.7).

Tafla 3.7. Meðalgreiðslufúsleiki stangaveiðimanna og annarra (verðlag í maí 2004)

	Greiðslufúsleiki (veiðimenn, meðaltal)	Greiðslufúsleiki (ekki veiðimenn, meðaltal)	Heildargreiðslufúsleiki (meðaltal)
Danmörk	7.754	12.903	13.595
Finnland	6.562	4.046	4.811
Ísland	14.097	14.567	15.507
Noregur	9.041	6.915	7.989
Svíþjóð	5.624	5.316	6.301

Að jafnaði reyndust Íslendingar vera viljugir til að greiða mest og athygli vekur að greiðslufúsleiki þeirra sem ekki stunda stangaveiðar var allt að því jafnmikill og hinna sem veiða. Veiðimennirnir voru þannig reiðubúnir að greiða 14 þúsund kr. í viðbót fyrir að fá að stunda veiðar sínar áfram óbreyttar og hinir 14.500 kr. til að viðhalda stofnunum og öllum aðstæðum til veiða. Heildargreiðslufúsleiki var að meðaltali um 15.500 kr. en þá er tekið tillit til þess sem allir – jafnt þeir sem sveifla stöng og hinir – væru viljugir að greiða til að viðhalda stofnunum og núverandi aðstæðum. Athyglisvert er að íslenskir veiðimenn voru, samkvæmt þessari könnun, fúsir til að greiða töluvert meira fyrir veiðina en þeir greiddu nú þegar og það þótt útgjöld vegna stangaveiði væru hæst á Íslandi af Norðurlöndunum. Ástæðuna má að einhverju leiti rekja til þess almenningur er vel upplýstur um verð á veiðileyfum og miðar því verðmatið við það.

Hagfræðilegt virði stangaveiði á Íslandi var samkvæmt þessu um 2,2 milljarðar kr. fyrir landið í heild, en hæst var það í Finnlandi, um 31,6 milljarðar kr. (sjá töflu 3.8). Í sömu úttekt var metið að útgjöld stangaveiðimanna á Íslandi hefðu verið um 2,2 milljarðar kr. á þessu tímabili eins og kemur fram hér á undan. Samkvæmt þessu hafa stangaveiðimenn því notað allan neytendaábata af stangaveiði til að greiða annan kostnað en kaup á veiðileyfum.

Tafla 3.8. Hagfræðilegt virði stangaveiða á Norðurlöndunum (verðlag í maí 2004)

	Greiðslufúsleiki (milljónir kr.)			
	Greiðslufúsleiki	Greiðslufúsleiki	Heildarvirði	Heildarvirði
	Til viðbótar fyrir nýtingu (veiðimenn) (1)	Fyrir að viðhalda stofni og aðstæðum til veiða (ekki veiðimenn) (2)	(1)+ (2)	Greiðslufúsleiki veiðimanna og annarra fyrir að viðhalda stofni og aðstæðum við veiðar
Danmörk	3.122	20.771	23.892	27.065
Finnland	3.649	24.278	27.927	31.635
Ísland	694	1.398	2.092	2.291
Noregur	11.658	8.698	20.356	20.002
Svíþjóð	10.570	14.367	24.937	25.655

3.2.4 Samantekt á eldri könnunum

Í úttektinni frá árinu 1990 voru tekjur veiðifélaga af laxveiðisvæðum árið 1988 metnar á um 729 milljónir kr. á verðlagi í maí árið 2004. Í könnuninni frá árinu 2002 voru tekjur veiðifélaga árið 2001 áætlaðar um 640 milljónir kr. á verðlagi ársins 2004. Í norrænu könnuninni voru tekjur veiðifélaganna aftur á móti ekki metnar sérstaklega Eldri úttektir gefa því til kynna að tekjur veiðifélaga geti verið á bilinu 640–740 milljónir kr. á ári.

Í athuguninni frá árinu 2002 var ennfremur reynt að meta árlegar heildartekjur af sölu veiðileyfa, gistingu og fæði á laxveiðisvæðunum og þær áætlaðar um 1,4 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2004. Í norrænu könnuninni voru tekin saman útgjöld innlendra stangaveiðimanna og ef lagðir eru saman útgjaldaþættirnir veiðileyfi, gisting og fæði gerir það um 1,3 milljarða kr. Minnt skal á að í þessari úttekt var miðað við bæði lax- og silungsveiði. Þessar niðurstöður gefa þó til kynna að tekjur af sölu veiðileyfa, gistingar og fæðis á veiðisvæði séu á bilinu 1,3–1,4 milljarðar kr. á ári á verðlagi ársins 2004.

Í norrænu úttektinni var lagt mat á hversu miklu innlendir stangaveiðimenn vörðu í vörur og þjónustu í tengslum við veiðarnar og þau útgjöld metin til um 2,2 milljarða kr. Í úttektinni frá árinu 2002 var talið líklegt að útgjöld til þessara þátta í tengslum við laxveiði gætu verið í kringum 1,7 milljarðar kr. Því má ætla að tekjur af vörusölu og veittri þjónustu í kringum stangaveiði séu á bilinu 1,7–2,2 milljarðar kr. Í norrænu úttektinni var einnig áætlað að heildarvirði stangaveiða á Íslandi væri um 2 milljarðar kr. en þá var lagt mat á ábata stangaveiðimanna sem og annarra af stangaveiði. Í töflu 3.9 eru niðurstöður úr þessum þremur athugunum bornar saman.

Tafla 3.9. Samantekt úr niðurstöðum eldri úttekta (milljónir kr. verðlag í maí 2004)

Könnun	1990	2000	2002	Samantekt
Tekjur veiðifélaga	736	-	640	640-736
Tekjur af sölu veiðileyfa, gistingar og fæðis á svæðinu	-	1.289	1.400	1.300-1.400
Tekjur af seldri vöru og þjónustu tengdri laxveiði	-	2.200	1.700	1.700-2.200
Hagfræðilegt virði stangaveiða	-	2.000	-	2.000

3.3 Tekjur veiðifélaga á Íslandi

Í þessum hluta er skýrt frá niðurstöðum úr könnun sem Hagfræðistofnun gerði vorið 2004 á veltu veiðifélaga á Íslandi árið 2003. Gagnaöflun var þannig háttað að sendir voru spurningalistar til allra þeirra 180 veiðifélaga sem þá voru skráð og starfandi í landinu. Svörun var nokkuð góð og fengust svör frá 65 veiðifélögum sem er um 36% svörun. Þar af voru 13 félög með litla sem enga starfsemi og var því ekki tekið tillit til þeirra við úrvinnsluna. Sérstaklega var reynt að afla gagna frá þeim veiðifélögum sem eru um aflamestu veiðisvæðin og fengust svör frá 27 af þeim 38 sem fylla þann hóp sem gerir um 71% svörun. Á veiðisvæðum þeirra veiðifélaga sem tóku þátt í könnuninni veiddust 68% af þeim löxum sem komu á stöng árið 2003 og um 30% af silungsveiði á stöng.

Ákveðið var að skipta veiðifélögunum upp í fimm flokka; fjóra flokka laxveiðifélaga og einn flokk veiðifélaga sem stofnuð hafa verið um silungsveiði. Flokkaskipting laxveiðisvæðanna tók mið af eftirfarandi atriðum:

- Meðalveiði á árunum 1994–2003.
- Aðbúnaði á veiðisvæðinu.
- Þeirri þjónustu sem í boði er fyrir stangaveiðimenn, auk þess sem aðrir þættir eins og staðsetning voru teknir með í reikninginn.

Við þessa skiptingu var litið til þess að eftirspurn eftir veiðileyfum er alla jafna meiri á svæðum þar sem vel aflast, sem aftur þýðir að veiðifélög sem ráða yfir fengsælum veiðisvæðum fá betur greitt fyrir leiguna en félög á svæðum þar sem veiði er lakari. Aðrir þættir en veiðivon og meðalveiði geta vitaskuld einnig haft mikil áhrif á eftirspurn eftir veiðileyfum. Þar má til dæmis nefna aðbúnað við veiðisvæði, staðsetningu, aðgengi og fjölbreytileika veiðisvæðis og náttúru.

Á grundvelli ofangreindra forsendna var 99 fengsælustu laxveiðisvæðunum skipt niður í fjóra flokka og 20 aflamestu silungssvæðin sett í sérflokk. Með þeim hætti var

lagt mat á tekjur 117 veiðifélaga[37] en gera má ráð fyrir því að starfsemi annarra veiðifélaga sé mjög takmörkuð og tekjur litlar. Miðað var við að veiði væri leyfð í 90 daga á hverju svæði á ári og að samtals væru því árlega um 38 þúsund stangardagar í laxveiði Upplýsingar um fjölda stanga á hverju svæði eru teknar úr könnuninni eða fengust með öðrum hætti á heimsíðum stangaveiðifélaga. Verður hér litið á hvern þessara flokka fyrir sig.

3.3.1 Flokkur 1

Í flokki 1 eru 18 veiðifélög. Þetta eru aflahæstu ár landsins og við þær eru yfirleitt vel búin veiðihús þar sem boðið er upp á fullt fæði og ýmis þægindi. Þetta eru jafnframt þær ár sem erlendir veiðimenn hafa einkum vanið komur sínar í. Meðalveiði síðustu tíu ára í þessum ám er um 19.500 laxar eða um 58% af heildarmeðalveiði tímabilsins á stöng. Afli í hverri á var að jafnaði 550–1.700 á ári á þessum sama tíma. Svör fengust frá 14 af 18 veiðifélögum eða frá veiðisvæðum með um 79% af meðalveiði í þessum flokki.

Í flestum ánum (eða 12) er einnig hægt að veiða silung, oftast bæði staðbundinn og sjógenginn, en einungis tvær þessara 14 teljast hreinræktaðar laxveiðiár. Sums staðar er hluti veiðisvæðisins – yfirleitt neðsti hluti árinnar – skilgreindur sem sérstakt silungsveiðisvæði og veiðileyfi þar seld sérstaklega, en svo er þó yfirleitt ekki (sjá mynd 3.5).

[37] Í tveimur tilvikum er eitt veiðifélag um tvö veiðisvæði.

Mynd 3.5. Fjöldi fiska sem hægt er að veiða í ám í flokki 1



Flest veiðifélögin í flokki 1 leigja veiðiréttinn til stangaveiðifélaga eða einstaklinga og sjá því sjaldnast sjálf um sölu veiðileyfa. Þannig sjá aðeins tvö veiðifélög af þeim fjórtán sem svör bárust frá sjálft um að selja veiðileyfi á svæði sínu. Heildarleigu- eða sölutekjur veiðifélaganna fjórtán voru um 410 milljónir kr. á árinu 2003 eða um 1,6 milljarðar kr. síðustu fimm árin. Ef þessar tölur eru yfirfærðar yfir á þau veiðifélög í flokki 1 sem svör bárust ekki frá má ætla að heildartekjur allra veiðifélaga í þessum flokki hafi verið á bilinu 490–545 milljónir kr. á verðlagi í maí 2004. Það gerir 22–25 þúsund kr. á hvern veiddan lax að meðaltali eða 36–40 þúsund kr. á hvern stangardag. Kostnaðartölur bárust frá 13 veiðifélögum og var heildarkostnaður þeirra árið 2003 um 105 milljónir kr. Stærstu kostnaðarliðirnir voru laun, kostnaður við viðhald á veiðihúsi og kostnaður við seiðaeldi (sjá mynd 3.6). Með sama hætti og áður má þá gera ráð fyrir að heildarkostnaður allra veiðifélaganna í flokki 1 hafi verið 136–150 milljónir kr.

Mynd 3.6. Skipting kostnaðar veiðifélaga í flokki 1



Samkvæmt þessum útreikningum má gera ráð fyrir að tekjur umfram kostnað hafi verið 330–409 milljónir kr. á verðlagi í maí 2004. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 1 eru tekin saman í töflu 3.10.

Tafla 3.10. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 1 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	18
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	21.494
Meðalfjöldi veiddra laxa (1994-2003)	19.426
Heildarframboð stangardaga	13.680
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	490-545
Tekjur á veiddan lax	22-25.000
Tekjur á stangardag	36-40.000
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	136-150
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	330-409

3.3.2 Flokkur 2

Í flokki 2 eru 19 veiðifélög. Þann hóp skipa veiðifélög um svæði þar sem meðalveiði var heldur minni en í flokki 1, eða þar sem þjónusta og aðbúnaður var ekki jafn mikill. Meðalveiði í þessum ám var samtals um 7.200 laxar á árunum 1994–2003, eða um 23% af heildarveiði hvers árs á stöng. Svör fengust frá 12 veiðifélögum og komu um 64% meðalveiðinnar í þessum flokki á land á veiðisvæðum þeirra félaga. Í flestum ánum er einnig góð silungsveiði og raunar veiðist silungur í þeim öllum nema einni,

sbr. mynd 3.7. Leyfi til silungsveiði eru hins vegar yfirleitt ekki seld sérstaklega heldur er silungsveiði innifalin í laxveiðileyfunum.

Mynd 3.7. Fjöldi fiska sem hægt er að veiða í ám í flokki 2



Öll nema eitt af þeim tólf veiðifélögum sem svör bárust frá leigja veiðiréttinn af ánni til stangaveiðifélaga eða einstaklinga. Heildartekjur þeirra af leigu eða sölu veiðileyfa árið 2003 námu um 100 milljónum kr. og út frá því má ætla að heildartekjur allra veiðifélaga í flokki 2 hafi verið 155–171 milljónir kr. það ár. Það gerir 22–24 þúsund kr. á hvern veiddan lax.

Kostnaðartölur bárust frá fimm veiðifélögum í flokki 2, en veiðin á svæðum þeirra var að jafnaði um þriðjungur af heildarveiði hvers árs og var heildarkostnaður þeirra um 10 milljónir kr. árið 2003. Stærsti kostnaðarliðurinn var kostnaður við viðhald á veiðihúsi. Heildarkostnaður allra veiðifélaganna í hópi 2 gæti því hafa verið 31–34 milljónir kr.

Mynd 3.8. Skipting kostnaðar hjá veiðifélögum í flokki 2



Tekjur umfram kostnað hjá veiðifélögum í flokki 2 eru því áætlaðar 121-139 milljónir kr., svo sem sýnt er í töflu 3.11.

Tafla 3.11. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 2 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	19
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	7.043
Meðalfjöldi veiddra laxa (1993-2003)	7.245
Heildarframboð stangardaga	9.090
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	155-170
Tekjur á veiddan lax	22-24.000
Tekjur á stangardag	24-27.000
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	31-34
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	121-139

3.3.3 Flokkur 3

Í flokki 3 er 31 veiðifélag. Þetta eru félög um veiðisvæði þar sem afli var yfirleitt minni en að meðaltali hjá félögunum í flokki 1 og 2, eða 50–200 laxar. Flest þessara svæða bjóða hins vegar upp á gistingu í veiðihúsi og einhverja þjónustu fyrir stangaveiðimenn. Árið 2003 veiddust um 4.400 laxar á þessum veiðisvæðum en meðalveiði síðustu tíu ára er um 3.600 laxar eða um 12% af heildarveiði hvers árs á stöng. Svör bárust frá 11 veiðifélögum með um 39% af heildarveiði í þessum flokki. Á átta af þeim níu svæðum sem svör bárust frá var hægt að veiða aðrar tegundir en

lax. Líkt og gildir um flestar laxveiðiár eru leyfi fyrir veiði á silung ekki seld sérstaklega heldur innifalin í laxveiðileyfunum.

Öll veiðifélögin nema eitt framleigja veiðiréttinn til stangaveiðifélaga eða einstaklinga og voru leigu- eða sölutekjur þeirra árið 2003 um 26 milljónir kr. í heild. Miðað við það má ætla að heildartekjur veiðifélaga í flokki 3 hafi verið 64–70 milljónir kr. á verðlagi í maí 2004 sem gerir um 16–18 þúsund kr. á hvern veiddan lax.

Heildarkostnaður þessara níu veiðifélaga var um 5 milljónir kr. árið 2003 og hjá þeim vó kostnaður við gerð og viðhald laxastiga og viðhald á veiðihúsi hvað þyngst. Út frá þessum niðurstöðum er hægt að áætla að heildarkostnaður allra veiðifélaganna í flokki 3 hafi verið um 16–18 milljónir kr. árið 2003. Tekjur umfram kostnað það ár gætu því hafa verið á bilinu 46–54 milljónir kr.

Mynd 3.9. Skipting kostnaðar hjá veiðifélögum í flokki 3



Í töflu 3.12 má sjá samantekt á heildartekjum og kostnaði veiðifélaga í flokki 3.

Tafla 3.12. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 3 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	32
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	3.628
Meðalfjöldi veiddra laxa (1993-2003)	3.813
Heildarframboð stangardaga	8.100
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	64-70
Tekjur á veiddan lax	16-18.000
Tekjur á stangardag	8-8.600
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	16-18
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	46-54

3.3.4 Flokkur 4

Í flokki 4 eru 30 veiðifélög. Á veiðisvæðum þessara félaga hafa að jafnaði veiðst færri en 50 laxar á stöng síðastliðinn áratug. Í fæstum tilfellum er veiðihús á svæðinu og þessar ár virðast því vera ódýrustu veiðisvæðin þar sem boðið er upp á minnsta þjónustu. Heildarveiði þessara félaga var að jafnaði um 14% af veiði á svæðum í þessum flokki. Heimtur úr könnuninni voru sýnu lakastar hjá þessum veiðifélögum og svöruðu eingöngu fimm þeirra. Þar sem þetta er lítil svörun kann að vera varasamt að draga of miklar ályktanir af þeim svörum sem bárust. Hins vegar virðist sammerkt með þessum veiðifélögum að starfsemi er mjög lítil og veiðileyfi tiltölulega ódýr. Ófullnægjandi svörun þessara veiðifélaga þarf því ekki að hafa svo mikil áhrif á heildarmyndina.

Heildartekjur þessara fimm veiðifélaga árið 2003 voru um 4 milljónir kr. og á grundvelli þess má álykta að heildartekjur félaga í flokki 4 hafi verið 27–30 milljónir kr. á verðlagi í maí 2004. Það eru 40–44 þúsund kr. á hvern veiddan lax.

Þar sem umsvif þessara félaga eru ekki mikil má gera ráð fyrir því að kostnaður sé takmarkaður. Kostnaðartölur bárust frá fjórum félögum og var heildarkostnaður þeirra árið 2003 um 230 þúsund kr. Kostnaður allra félaganna 30 gæti samkvæmt þessu þá verið 1,8–2 milljónir kr. og tekjur umfram kostnað alls 25–28 milljónir kr. (sjá töflu 3.13).

Tafla 3.13. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 4 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	30
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	568
Meðalfjöldi veiddra laxa (1993-2003)	689
Heildarframboð stangardaga	7.290
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	27-30
Tekjur á veiddan lax	40-44.000
Tekjur á stangardag	3.7-4.100
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	1,8-2
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	25-28

3.3.5 Flokkur 5

Í flokk 5 er sett 21 veiðifélag en það er flokkur veiðisvæða þar sem silungsveiði er ríkjandi og laxveiði lítil sem engin. Árið 2003 veiddust á þessum svæðum um 34 þúsund silungar – bleikjur eða urriðar – en það var helftin af silungsveiði þess árs á stöng. Í þessum tölum er ekki sá silungur sem veiðist á laxveiðisvæðunum. Tekið skal fram að góð silungsveiði er einnig víða í mörgum laxveiðiám, en tekjur af þeirri veiði koma, eins og rætt var um hér að framan, fram sem tekjur af laxveiði og eru þær með í útreikningunum fyrir flokk 1–4.

Svör bárust frá fimm af þessum félögum en rúmlega helmingur af silungsveiðinni var skráður á veiðisvæðum félaganna fimm árið 2003. Tvö veiðifélaganna framleigja veiðirétt sinn en hin þrjú sjá sjálf um sölu leyfa. Heildartekjur af sölu og leigu árið 2003 hjá félögunum fimm voru um 70 milljónir kr. og af því má ráða að heildartekjur allra veiðifélaga í flokki 5 hafi verið 132–146 milljónir kr. það ár á verðlagi í maí 2004.

Kostnaðartölur bárust frá þremur veiðifélögum sem ráða yfir svæðum þar sem um 45% af silungsafla ársins 2003 veiddust. Heildarkostnaður þeirra félaga var um 58 milljónir kr. og af því má ályktа að kostnaður allra félaga í flokki 5 gæti hafa verið á bilinu 126–139 milljónir kr. Stærstu kostnaðarliðirnir voru laun og kostnaður við seiðaeldi.

Mynd 3.10. Skipting kostnaðar hjá veiðifélögum í flokki 5



Samkvæmt því sem hér hefur verið sagt er ekki víst að heildartekjur hafi verið umfram kostnað hjá silungsveiðifélögunum. Ágóðinn gæti hafa sveiflast frá því að vera 11 milljónir kr. í mínus, þ.e. tap, og upp í 15 milljóna kr. hagnað, sbr. töflu 3.14.

Tafla 3.14. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 5 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	21
Heildarfjöldi veiddra silunga (2003)	34.712
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	132-146
Tekjur á veiddan silung	3.8-4.200
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	126-139
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	(-)7-20

3.3.6 Samantekt

Við mat á heildartekjum veiðifélaga var ákveðið að skipta veiðifélögum upp í flokka eftir því hvort um var að ræða silungs- eða laxveiðisvæði og eftir meðalveiði og þjónustu á svæðinu. Tekið var mið af meðalveiði síðustu tíu ára á stöng og upplýsingum sem fengust um þjónustu og aðbúnað hjá veiði- og stangaveiðifélögum. Þeim veiðifélögum þar sem starfsemi var lítil sem engin var sleppt.

Til laxveiðisvæðanna töldust 99 ár eða vötn sem 97 veiðifélög höfðu umsjón með. Þeim var skipt í fjóra flokka. Heildarveiði árið 2003 á þessum svæðum var 32.733 laxar sem var um 96% af stangaveiði á landinu öllu það árið. Heildartekjur þessara veiðifélaga voru metnar 736–815 milljónir kr. árið 2003 og hver lax hefur því lagt sig

á 25–28 þúsund kr. og hver stangardagur á 19–21 þúsund kr. Heildarkostnaður félaganna var áætlaður 185–204 milljónir kr. og tekjur umfram kostnað því 532–630 milljónir kr.

Tafla 3.15. Tekjur og kostnaður veiðifélaga um laxveiðisvæði á Íslandi (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	97
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	28.739
Meðalfjöldi veiddra laxa	31.052
Heildarframboð stangardaga	38.160
Heildartekjur vegna sölu/leigu (milljónir kr)	736-815
Tekjur á veiddan lax	25-28.000
Tekjur á stangardag	19-21.000
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	185-204
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	532-630

Silungsveiðisvæðin voru sett saman í einn flokk með 21 veiðifélagi sem sjá um 21 veiðisvæði. Heildartekjur þessara veiðifélaga voru áætlaðar 132–146 milljónir kr. Kostnaður var aftur á móti talinn liggja á bilinu 126–139 milljónir kr. þannig að hugsanlegt er að tap hafi verið hjá sumum þessara félaga árið 2003. Tekjur á hvern silung voru áætlaðar um 4 þúsund kr.

Tafla 3.16. Tekjur og kostnaður veiðifélaga um silungsveiðisvæði á Íslandi (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	21
Heildarfjöldi veiddra silunga (2003)	34.712
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	132-146
Tekjur á veiddan silung	3.8-4.200
Heildarkostnaður (milljónir kr.)	126-139
Tekjur umfram kostnað (milljónir kr.)	(-)7-20

Samkvæmt því sem hér hefur verið sagt má gera ráð fyrir að heildartekjur veiðifélaga á Íslandi séu á bilinu 868–961 milljónir kr. á ári og hagnaður þeirra 500–600 milljónir kr. Hér er mjög líklega um vanáætlun að ræða þar sem hvorki er tekið tillit til þeirra veiðifélaga þar sem lítil starfsemi fer fram né heldur þess að margir landeigendur selja leyfi millilíðalaust í læki og vötn sem er að finna á landareign þeirra. Heildartekjur veiðiréttarhafa af stangaveiði á Íslandi gætu því nálgast milljarð kr. á ári.

3.3.7 Byggðaáhrif

Árið 2000 samsvaraði heildarverðmæti allra landbúnaðarafurða er framleiddar voru á Íslandi til 22 milljarða kr. á verðlagi í maí 2004. [38] Tekjur af stangaveiði það sama ár hafa líklega verið um milljarður kr., eða um það bil 5% af heildarverðmæti alls landbúnaðarins. Þetta er hátt hlutfall, en til samanburðar var verðmæti garð- og gróðurhúsaafurða um 13% af heildarverðmæti allra landbúnaðarafurða árið 2000. Tekjur af stangaveiði eru vitaskuld misháar eftir landshlutum og bæjum, en þær geta vísast skipt miklu máli fyrir afkomu margra býla í landinu. Tekjur af veiði á laxi og silungi eru einnig þau hlunnindi sem skila bændum hvað mestum tekjum. Þannig námu tekjur af öðrum hlunnindum um 751 milljón kr. árið 2000 á verðlagi í maí árið 2004.

Tekjur veiðifélaganna dreifast, eins og gefur að skilja, mismunandi milli byggða landsins og ræðst skiptingin af umfangi stangaveiða í hverjum landshluta. Til að mynda er mun meira um veiði á Vesturlandi en á Vestfjörðum og tekjur rétthafa í fyrrnefnda landshlutanum því mun meiri en í hinum síðarnefnda. Mest veiðist af laxi í ám á Vesturlandi og Norðurlandi vestra en minnst á Vestfjörðum. Til þess að leggja mat á það hvernig tekjur veiðifélaganna í flokki 1–4 skiptast milli landshluta var notast við hlutfallslega skiptingu laxveiði eftir landshlutum árið 2003. Athyglisvert er að skoða tekjur veiðifélaga eftir landshlutum sem hlutfall af atvinnutekjum í landbúnaði. Til að mynda eru tekjur veiðifélaga af laxveiði á Vesturlandi að frádregnum kostnaði 45-53% af atvinnutekjum í landbúnaði[39] en mun lægra hlutfall í öðrum landshlutum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að laxveiði á Vesturlandi skipti bændur og aðra landeigendur í landshlutanum miklu máli og geti haft töluverð áhrif á landbúnað á svæðinu. Hér er þó líklega um ofmat að ræða þar sem ekki er tekið tillit til hagnaðar bænda. Réttara hefði líklega verið að bera nettótekjur veiðifélaga saman við samtölu launa og hagnaðar í landbúnaði, en upplýsingar þar að lútandi liggja ekki fyrir.

[38] Hagþjónusta landbúnaðarins (2002).
[39] Atvinnutekjur eru beinar skattskyldar launagreiðslur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk staðgreiðsluskyldra dagpeninga og ökutækjastyrks.

Tafla 3.17. Tekjur veiðifélaga um laxveiðisvæði eftir landshlutum og sem hlutfall af atvinnutekjum í landbúnaði

	Hlutfall af heildar-veiði árið 2003, %	Hlutfall hagnaðar af *atvinnutekjum í* landbúnaði, %
Reykjanes	9	3,8-4,6
Vesturland	46	44,9-53,2
Vestfirðir	2	4,2-5,0
Norðurland vestra	11	10,3-12,1
Norðurland eystra	7	4,0-4,8
Austurland	11	12,2-14,5
Suðurland	14	4,6-5,5
Samtals	100	

Sama aðferð var notuð við að meta tekjur silungsveiðifélaga í flokki 5 eftir landshlutum, en silungsveiðin fer aðallega fram á Suður- og Norðurlandi. Hlutfall tekna veiðifélaga um silungsveiði er mun lægra hlutfall af atvinnutekjum í landbúnaði og nær hæst ríflega fjórðung úr prósenti..

Enda þótt silungsveiði skili landeigendum ekki jafnmiklum tekjum og laxveiði er þó ljóst að tekjur af silungsveiðileyfasölu geta verið veruleg búbót. Tekjur af silungsveiði eru þó án efa vanmetnar, bæði vegna þess að inn í þær tölur vantar þær tekjur sem laxveiðifélög hafa af silungsveiði og vegna þess að þær taka ekki tillit til þeirra tekna sem einstaka bændur sem selja beint í ár, læki eða vötn á sínu landi hafa af sölunni. Auk þess er vert að hafa í huga að en eru ónýttir möguleikar til staðar hvað varðar silungsveiði og líklegt að þær munu skila auknum tekjum í framtíðinni. Hins vegar má ætla að möguleikar til laxveiða sé að miklu leyti fullnýttir.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að tekjur af lax- og silungsveiði geti haft umtalsverð áhrif á þróun byggðar á þessum svæðum og geti jafnvel haft úrslitaáhrif um það hvort byggð haldist í sveitum næst gjöfulum lax- og silungsám og vötnum.

Á mynd 3.11 má sjá skiptingu heildartekna veiðifélaga af stangaveiði eftir landshlutum en heildartekjur munu vera nálægt einum milljarði kr. árið 2003. Hafa ber í huga að hér er aðeins tekið mið af beinum tekjum veiðifélaganna en ekki mögulegum margföldunaráhrifum.[40]

[40] Nánar er rætt um margföldunaráhrif í viðauka A.

Mynd 3.11. Skipting tekna af lax- og silungsveiði eftir landshlutum



3.4 Önnur umsvif veiðifélaga

Á síðustu árum hafa veiðifélög – oft í samstarfi við leigutaka – lagt aukna áherslu á að bæta veiðisvæðin með ýmsu móti. Þar má nefna að aðbúnaður veiðimanna hefur verið gerður mun betri, t.d. með því að byggja ný veiðihús og betrumbæta gömul, koma fyrir heitum potti og jafnvel gufubaði og auðvelda aðgengi að veiðisvæðum með vegabótum og lagningu nýrra vega. Jafnframt hafa seiðaeldi og sleppingar verið efldar og kapp lagt á að bæta aðgengi göngufiska upp eftir ám og lækjum og jafnvel að opna þeim leið framhjá fossum og flúðum með fiskistigum. Í þessum kafla verður fjallað um helstu framkvæmdir sem veiðifélögin hafa staðið fyrir á síðustu árum.

3.4.1 Veiðihús

Á síðustu árum hefur mikið kapp verið lagt á að endurbæta veiðihús og byggja ný. Vegleg hús eru nú við langflestar kunnustu laxveiðiár landsins og í mörgum þeirra er boðið upp á fullkomna gistingu og fæði, auk ýmiss konar þæginda. Tveggja manna herbergi með baði, heitir pottar og jafnvel gufubað þykja nú orðið nær sjálfsögð þægindi, auk þess sem góð aðstaða þarf að vera til að verka aflann og geyma, og fyrir veiðistangir, vöðlur og annan búnað. Að hluta til má segja að veiði- og stangaveiðifélögin séu með þessu að svara auknum kröfum veiðimanna, en þann aðbúnað sem áður var nær eingöngu að finna við dýrustu ár landsins er nú boðið upp á

á æ fleiri veiðisvæðum, og gildir það jafnt um laxveiðiár sem silungsár og vötn. Í öðru lagi hafa veiðifélög og leigutakar séð sér hag í því að bæta þjónustu sína til að auka vinsældir veiðisvæðanna og virði, auk þess sem vitað er að gott hús er mikilvægt í markaðsetningu á nýjum og lítt þekktum svæðum. Í þriðja lagi gera þeir aðilar sem selja mikið af leyfum til útlendinga sér ljóst að aðbúnaður á íslenskum veiðisvæðum verður að vera fyllilega samkeppnishæfur við laxveiðiár í öðrum löndum, svo sem Noregi, Rússlandi, Írlandi og Skotlandi.

Enginn vafi leikur á því að gott veiðihús er einn þeirra þátta sem veiðimenn horfa hvað mest til þegar þeir velja sér veiðisvæði. Mörg dæmi eru um ár og vötn sem aldrei náðu verulegum vinsældum fyrr en við þau hafði risið veiðihús og að sama skapi eru margar sögur til af veiðisvæðum sem án efa væru mun betur sótt ef veiðihús eða kofi væri til staðar. Óumdeilt er einnig að verð á veiðileyfum hefur tilhneigingu til að hækka á þeim veiðisvæðum þar sem byggð eru ný hús eða hin gömlu tekin í gegn.

Vel útbúin hús eru ekki einungis nauðsynleg veiðimanninum til hvíldar á milli vakta og til að veita honum skjól þegar stórvindar blása og regn lemur storð, heldur geta þau einnig aukið aðdráttarafl veiðiferða fyrir þá sem ekki stunda veiðar, t.d. maka og börn. Þannig er gott hús forsenda þess að hægt sé að gera veiðiferðina að reglulegri fjölskylduferð. Vel búið veiðihús getur því gefið veiðileyfasölum möguleika á að ná til stærri markhóps en ella.

Veiðihús voru á 77 af þeim 120 veiðisvæðum sem athugunin náði til eða á um 64% svæðanna. Svör bárust um fjölda gistirýma frá 26 veiðifélögum, sem hafa 27 veiðisvæði á sinni könnu, og voru samtals 468 gistirými í þeim húsum, eða 18 að meðaltali í hverju húsi. Ef gert er ráð fyrir að jafnmörg svefnpláss séu í hinum húsunum, sem svör bárust ekki frá, má ætla að alls séu um 1.300 gistirými í húsum á þeim svæðum sem könnunin náði til. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru um 17.700 gistirými í orlofshúsum, á farfuglaheimilum, í heimagistingu og á hótelum og gistiheimilum árið 2003.[41] Heildarfjöldi gistirýma í veiðihúsum samsvaraði því um 7,5% af heildarfjölda gistirýma á landinu árið 2003. Veiðihúsin eru skiljanlega mest notuð á sumrin, en á stöðum þar sem vor- og haustveiði er stunduð á sjóbirtingi má gera ráð fyrir að þau séu í útleigu frá apríl og fram í október. Sjaldgæft mun þó að húsin séu bókuð samfellt allan þann tíma. Laxveiðihúsin eru minna notuð enda veiðitíminn styttri. Töluvert er um það að húsin séu leigð utan

[41] Sjá www.hagstofa.is, gistiskýrslur.

veiðitíma og líklegt má telja að hægt væri að auka nýtingu þeirra enda eru húsin mörg skemmtilega staðsett.

Tafla 3.18. Gistirými á Íslandi

Orlofshús	1.091
Farfuglaheimili	856
Heimagisting	818
Hótel og gistiheimili	14.940
Samtals	17.705

Aðbúnaður er yfirleitt bestur á gjöfulustu laxveiðisvæðunum, þ.e. þeim í flokki 1 og þar er yfirleitt gott veiðihús og þjónusta almennt fyrsta flokks. Veiðihús eru á 15 veiðisvæðum af þeim 19 sem sett eru í flokk 2 og gefa sum þeirra þeim best útbúnu ekkert eftir, þótt þau séu að jafnaði ekki jafnvegleg. Það er til dæmis ekki algengt að í veiðihúsunum sé boðið upp á fullt fæði. Í flokki 3 eru 27 veiðisvæði af 31 með veiðihús, en þau eru þó sjaldnast jafnvel útbúin og húsin í efri fokkunum tveimur. Í flokki 4 er eingöngu veiðihús á níu svæðum af 30 og í flokki 5 eru átta veiðisvæði af 21 með húsum. Húsin á silungasvæðunum eru sum hver ný og glæsileg en flest standa þau þó laxveiðihúsunum nokkuð að baki.

Upplýsingar um veiðihúsin eru teknar saman í töflu 3.19. Á árinu 2003 má ætla að veiðifélögin sem tekið er mið af í úttektinni hafi fjárfest á bilinu 44–49 milljónum kr. í uppbyggingu og viðhald á veiðihúsum og 232–256 milljón kr. á síðustu fimm árum. Hér er þó vafalítið um vanmat að ræða því ekki fengust tölur um þennan kostnaðarlið hjá silungsveiðisvæðunum í flokki 5. Eins og sjá má í töflu 3.19 eru veiðihúsin í flokki 1 og 2 best útbúin enda vinsælustu og dýrustu stangaveiðisvæðin og því gerðar miklar kröfur um góðan útbúnað. Veiðifélögin í flokki 1 hafa fjárfest hvað mest í veiðihús á síðustu fimm árum.

Tafla 3.19. Upplýsingar um veiðihús eftir flokkum (verðlag í maí 2004)

	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 4	Flokkur 5	Samtals
Fjöldi veiðihúsa	18	17	27	9	8	79
Hlutfall af veiðisvæðum	100%	79%	87%	30%	38%	66%
Útbúnaður						
- Fullt fæði	92%	38%	0%	0%	33%	41%
- Hiti	92%	92%	75%	67%	33%	78%
- Rafmagn	93%	85%	63%	67%	33%	76%
- Heitur pottur	43%	31%	13%	33%	67%	32%
Útgjöld (milljónir kr.)						
- Síðasta ár	24,7	16,5	5,1	-	1,4	47,7
- Síðastliðin 5 ár	183,2	43,2	24,7	-	-	251,1

Na: Upplýsingar vantar

3.4.2 Fiskivegir

Fiskivegir eru aðferð manna til að breyta náttúrulegum sem manngerðum hindrunum göngufisks svo að hann geti komist framhjá þeim. Meginmarkmiðið með fiskivegagerð er að gera fiskinum kleift að nema land á nýjum svæðum og fjölga fiskum á illa nýttum búsvæðum. Á Íslandi hefur veiðimálastjóri rétt til að leyfa gerð fiskivega í vatni eða meðfram ám og er skylt að hafa umsjón með framkvæmd verksins.

Helstu hindranir laxa í íslenskum ám og vötnum eru fossar, en einnig hindrar straumþungi, flúðir í ám og tímabundið vatnsleysi eða flóð göngu fisks um ár. Á Íslandi eru rúmlega 70 fiskivegir og í flestum tilvikum hefur verið opnuð áður ófær leið fyrir laxinn. Fiskivegir eru flestir þar sem útbreiðsla laxins er sem mest, þ.e. á Vestur- og Norðurlandi. Árið 1998 var góð virkni í um 63% fiskivega.

Bygging fiskivega hefur haft umtalsverð áhrif á möguleika til lax- og silungsveiða á Íslandi. Með þeim hafa opnast ný búsvæði ofan og milli fiskivega í íslenskum straum- og stöðuvötnum og er samanlögð lengd þess svæðis sem þannig hefur opnast 896,9 km af ám og 38,4 km^2 af stöðuvötnum.

Tafla 3.20. Opnun búsvæða eftir hindrunum[42]

Gerð hindrunar	Fjöldi fiskvega	Ár km	Stöðuvötn km2
Manngerð	7	66	17.65
Náttúruleg			
- Tímabundin	16	361.7	7.63
- Algjör	49	469.2	13.12
Samtals	72	896.9	38.4

Mikilvægi þess að ráðast í gerð fiskivega sést enn betur ef borið er saman það svæði sem áður var fiskgengt og það svæði sem nú er hægt að stunda laxveiði á. Þannig hafa veiðisvæði á Austurlandi stækkað um 89% með gerð fiskivega og veiðisvæði á Norðurlandi um 73% (sjá töflu 3.21). Laxveiðisvæði á landinu öllu eru nú tvöfalt stærri en áður en fiskivegir voru gerðir.

[42] Hafdís Hauksdóttir (1999).

Tafla 3.21. Umfang laxabúsvæða í ám er opnast hafa með fiskivegum, sem hlutfall af þeim svæðum sem eru opin án hjálpar fiskivega[43]

Svæði	%
Vesturland	51.1
Vestfirðir	9.6
Norðurland	73.3
Austurland	89.4
Suðurland	23.7
Allt landið	50.2

Út frá niðurstöðum úr könnuninni má álykta að á árinu 2003 hafi veiðifélögin sem könnunin náði til varið á bilinu 4,5–5 milljón kr. í viðhald og uppbyggingu fiskivega og á bilinu 26–27 milljónum kr. á síðustu fimm árum. Kostnaður við fiskivegi er því aðeins lítið brot af tekjum veiðifélaga af stangaveiði. Til samanburðar er talið að stofnkostnaður allra fiskivega sem gerðir hafa verið sé um 460 milljónir kr.[44]

3.4.3 Seiðaeldi

Á árinu 2003 má ætla að veiðifélög á Íslandi hafi varið 135–150 milljónum kr. í seiðasleppingar. Kostnaður þeirra við seiðakaup síðustu fimm árin er áætlaður 356–286 milljónir kr.

Tafla 3.22. Útgjöld veiðifélaga til seiðaeldis árið 2003 og á árunum 1999–2003 (verðlag í maí 2004)

	2003		1999-2003	
	Neðra mat	Efra mat	Neðra mat	Efra mat
Flokkur 1	61,2	67,7	136,5	150,9
Flokkur 2	6,0	6,7	15,7	17,4
Flokkur 3	2,6	2,9	8,2	9,1
Flokkur 4	-	-	0,5	0,5
Flokkur 5	64,8	72,0	97,8	108,0
Samtals	134,6	149,3	258,7	285,9

Athyglisvert er að útgjöld eru há í silungsveiðiflokknum (flokki 5), en hafa ber í huga að aðeins bárust svör frá þremur félögum sem voru með um 45% af heildarveiði í flokknum. Gera má ráð fyrir að það séu stærstu félögin og því erfitt að leggja mat á starfsemi hinna út frá þeim upplýsingum og draga af of afgerandi niðurstöður.

3.4.4 Vegalagnir

Eins og nefnt hefur verið er ljóst að aðgengi að veiðisvæði getur skipt töluverðu máli fyrir vinsældir svæðanna. Eftir því sem aðgengi er betra ætti eftirspurn, að öðru óbreyttu, að aukast þar sem fleiri hafa tækifæri til þess að stunda veiði á svæðinu, en ekki eingöngu þeir sem ráða yfir stórum og aflmiklum bílum. Á síðustu árum hefur

[43] Sama rit.
[44] Sama rit.

verið töluvert um það að veiðifélög leggi vegi að og meðfram veiðisvæðum, eða lagfæri eldri vegi og slóða, þannig að sem flestir eigi þess kost að aka á milli veiðistaða. Í sumum tilvikum hafa svæði sem áður voru ekki fær nema jeppabifreiðum orðið greiðfær öllum fólksbílum.

Samkvæmt niðurstöðum úr könnuninni má ætla að veiðifélögin hafi fjárfest 30–33 milljónum kr. á síðustu fimm árum í vegalagnir í nánd við veiðisvæðin og 6–6,4 milljónum kr. á árinu 2003. Þetta gæti þó verið vanmat því ekki fengust upplýsingar um vegalagnir hjá félögum í flokki 4 og 5. Aftur á móti hefur trúlega verið minna um slíkar framkvæmdir hjá þeim veiðifélögum þar sem umsvif þeirra eru töluvert minni en annarra félaga.

Tafla 3.23. Útgjöld veiðifélaga til vegalagna árið 2003 og árin 1999–2003 (milljónir kr., verðlag í maí 2004)

	2003		1999-2003	
	Neðra mat	Efra mat	Neðra mat	Efra mat
Flokkur 1	4,2	4,6	17,2	19,0
Flokkur 2	0,9	1,0	8,6	9,5
Flokkur 3	0,7	0,8	3,6	4,0
Samtals	5,9	6,4	29,4	32,5

3.5 Tekjur leigutaka

Flest veiðifélög á landinu leigja veiðirétt sinn út til einstaklinga og stangaveiðifélaga. Þannig koma ríflega 80% af öllum stangaveiddum laxi á land á veiðisvæðum sem eru leigð út og tveir þriðju hlutar af öllum silungi. Þeir aðilar sem leigja veiðiréttinn sjá síðan almennt um sölu veiðileyfa á svæðinu, auk þess sem algengt er að leigutakar sjái um rekstur veiðihúsanna og ýmiss konar þjónustu, svo sem hvað snertir fæði og veiðileiðsögn. Eins og fram kom hér að framan standa stangaveiðifélögin oft að ýmsum meiriháttar framkvæmdum, annaðhvort ein sér eða í samvinnu við veiðifélögin.

Tekjur leigutaka eru aðallega tekjur af sölu veiðileyfa umfram greiðslur fyrir veiðiréttinn, auk þeirra tekna sem þeir hafa af þeirri þjónustu sem þeir bjóða upp á. Til þess að leggja mat á tekjur leigutakanna er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeirri álagningu sem er á veiðileyfum. Miðað er við að álagning leigutaka sé almennt á bilinu 25-30%.[45] Ef miðað er við að 80–82% af heildartekjum veiðifélaganna í flokkum 1–4 séu leigutekjur, og um 64–67% af heildartekjum veiðifélaga í flokki 5,

[45] Þess má geta að meðalálagning hjá Stangaveiðifélag Reykjavíkur, sem er án efa einn stærsti leigutakinn á markaðinum, á seldum veiðileyfum til félagsmanna er 20–25%. SVFR (2004b).

má gera ráð fyrir að leigutakar hafi greitt 690–760 milljónir kr. í leigugjöld árið 2003. Ef jafnframt er miðað við 25–30% álagningu má gera ráð fyrir að leigutakar hafi haft 173–228 milljónir kr. í nettótekjur af sölu veiðileyfa árið 2003.

Tafla 3.24. Viðbótartekjur leigutaka á Íslandi

	Álagning		Tekjur	
Leigugjöld	25%	30%	25%	30%
690	863	897	173	207
760	950	988	190	228

Þó ber að taka þessar tölur með fyrirvara þar sem hluti af tekjum söluaðila kemur af ýmiss konar þjónustu sem stundum er innifalin í veiðileyfinu, eins og fullt fæði og veiðileiðsögn.[46]

[46] Þetta á þó yfirleitt eingöngu við um leyfi sem seld eru útlendingum.

4 Ferðaþjónusta og stangaveiði

Auknar tekjur og bætt lífsgæði hafa á síðustu áratugum gert æ fleiri einstaklingum kleift að taka sér frí frá vinnu, annaðhvort hluta úr degi eða marga daga í senn, og njóta frístunda sinna. Sífellt fleiri nota frítíma sinn til að stunda íþróttir og æ fleiri kjósa að nota hann í ferðir og ferðalög. Fyrir vikið er ferðaþjónusta nú ein þeirra atvinnugreina sem hvað hraðast vex í heiminum.

Ýmiss konar ferðaþjónusta er ein mikilvægasta útflutningsvaran í heiminum í dag. Talið er að um 3% íbúa heimsins fáist við ferðaþjónustu, en ef bæði er tekið mið af óbeinum og beinum áhrifum ferðaþjónustu er talið að hún skapi um 8% allra starfa á jarðarkringlunni. Um 11% af vergri landsframleiðslu (VLF) í heiminum öllum má rekja til ferðaþjónustu.[47] Árið 2000 er áætlað að tekjur af ferðaþjónustu hafi numið nærri 35.000 milljörðum íslenskra króna og að nær helmingur þeirra tekna hafi orðið til í Evrópu (sjá töflu 4.1).

Tafla 4.1. Útgjöld ferðamanna árið 2000, miðað við áfangastað[48]

	Útgjöld ferðamanna (milljónir kr.)
Evrópa	15.499.506
Asía og Kyrrahafið	3.886.374
Ameríka	6.940.329
Afríka	123.297
Mið-Austurlönd	150.891
Heimurinn	34.731.356

Sterkt ferðaþjónusta er mikilvæg fyrir hagkerfi landa og uppbygging hennar getur falið í sér margs konar ávinning. Má þar meðal annars nefna:[49]

- Auknar gjaldeyristekjur og þau jákvæðu áhrif á viðskiptajöfnuðinn sem þeim fylgja
- Fleiri atvinnutækifæri
- Bættar aðstæður á landsbyggðinni
- Aukna þekkingu á landi og þjóð
- Vernd umhverfisins
- Sterkari grunngerð hagkerfisins
- Aukna alþjóðlega viðskiptavild

Á Íslandi hefur miklu fé verið varið til uppbyggingar ferðaþjónustu á síðustu árum, enda hefur erlendum ferðamönnum fjölgað gífurlega, eða um 7% að meðaltali á ári

[47] Sjá www. oceanatlas.org.
[48] World Tourism Organization (2004).
[49] Baum og Conlin (1995).

síðustu fimm ár. Gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram og því hefur verið spáð að ferðamenn verði orðnir um ein milljón eftir 10–15 ár.[50] Á mynd 4.1 má sjá fjölda erlendra gesta sem heimsóttu Ísland á árunum 1980–2003.

Mynd 4.1. Fjöldi erlendra gesta á Íslandi árin 1980–2003



Ísland er ekki eftirsóknarverður ferðamannastaður vegna veðurfars, en sem eyja býður landið upp á aðra kosti. Eyjur hafa oft mikið aðdráttarafl vegna einangrunar þeirra; þar tifar lífið áfram í hægagangi og þangað er hægt að flýja amstur hversdagsleikans en skilja áhyggjur og streitu brauðstritsins eftir heima. Þótt raunveruleikinn sé vitaskuld oft annar en væntingarnar virðist þessi mynd furðu lífseig í huga ferðamanna. Því til viðbótar má nefna að eyjar ná einnig yfirleitt yfir lítið svæði sem einstaklingar eiga auðvelt með að komast yfir.[51] Í úttekt sem gerð var á ferðaþjónustu á sex eyjum í Norður-Atlantshafinu – Álandseyjum, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Isle of Man, Prins Edward eyju, Nýfundnaland – og Labrador kom fram að vaxandi áhugi er á þeim hlutum sem þessar eyjar hafa upp á að bjóða, hvort sem þeir þættir tengjast menningu landanna eða felast eingöngu í þeirri kyrrð og ró sem finna má á einöngruðum eyjum.

Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum námu á árunum 2000–2003 4,5–5% af VLF á Íslandi (sjá töflu 4.2). Árið 2003 voru erlendir ferðamenn um 320 þúsund og tekjur af þeim 37,3 milljarðar kr.

[50] Vilhjálmur Bjarnason (2001).
[51] Baum et.al. (2000).

Tafla 4.2. Gjaldeyristekjur af ferðamönnum 2000–2003 (verðlag hvers árs)[52]

	Gjaldeyristekjur (milljónir kr.)	Hlutfall af VLF (%)
2000	30.459	4,6%
2001	37.720	5,1%
2002	37.137	4,8%
2003	37.285	4,6%

Ferðaþjónusta á Íslandi er orðin ein helsta útflutningsvara Íslendinga og eru gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna um 12% af heildarútflutningstekjum. Svo sem sjá má í töflu 4.3 eru tekjur af erlendum ferðamönnum svipað hlutfall af útflutningstekjum og stóriðja.

Tafla 4.3. Skipting útflutningstekna á Íslandi 2000–2002[53]

	2000	2001	2002
Sjávarafurðir	44,6%	40,1%	41,5%
Stóriðja	13,4%	14,6%	14,2%
Tekjur af erl. ferðamönnum	14,0%	12,4%	12,1%
Annað	28,0%	32,9%	32,2%

Af framangreindum gögnum má ráða að framganga ferðaþjónustu á Íslandi hafi veruleg áhrif á afkomu þjóðarbúsins. Mikilvægi ferðaþjónustunnar er þó afar misjafnt eftir landshlutum og svæðum. Sums staðar má heita að þjónusta við ferðamenn sé einn burðarása atvinnulífsins, en annars staðar skiptir ferðaþjónusta mun minna máli.

4.1 Efnahagsleg áhrif ferðamanna

Þeim áhrifum sem ferðamenn hafa á hagkerfi má skipta í bein og óbein áhrif og afleidd. Líta má á neyslu þeirra á vöru og þjónustu í þeim löndum sem þeir heimsækja hverju sinni sem innspýtingu í hagkerfið. Þessi beinu áhrif geta vitaskuld verið margþætt og mikil, en með þeim er ekki öll sagan sögð því útgjöldin skapa margföldunaráhrif í hagkerfinu. Til að átta sig á heildarumfangi ferðaþjónustunnar þarf því einnig að taka tillit til þeirra þátta. Þessi þríþættu áhrif má nánar skilgreina á eftirfarandi hátt:

- *Bein áhrif:* Bein efnahagsleg áhrif á þau fyrirtæki sem starfa við ferðaþjónustu. Beinu áhrifin eru yfirleitt minni en heildarútgjöld ferðamanna þar sem hagkerfið getur ekki sjálft boðið upp á allt það sem ferðamenn sækjast eftir og því þarf að flytja inn hluta af þeim vörum og þjónustu sem þeir neyta.
- *Óbein áhrif:* Neysla ferðamanna hefur ekki aðeins áhrif á þau fyrirtæki sem starfa í beinum tengslum við ferðaþjónustu heldur einnig á aðra starfsemi sem

[52] Sjá www.hagstofa.is .
[53] Sjá www.hagstofa.is.

tengist ferðaþjónustu óbeint. Dæmi um það eru fyrirtæki sem selja hótelum og gististöðum þjónustu sína.

- *Afleidd áhrif*: Hin beinu og óbeinu áhrif valda því að tekjur í hagkerfinu aukast sem aftur leiðir til þess að neysla eykst enn frekar. Þessi viðbótarneysla er skilgreind sem afleidd áhrif af útgjöldum ferðamanna. Dæmi um þetta er viðbótarneysla starfsmanna í ferðaþjónustu sem hefur jákvæð áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu í öðrum geirum.

Bein, óbein og afleidd áhrif eru til samans efnahagsleg áhrif af útgjöldum ferðamanna. Hin efnahagslegu áhrif ferðaþjónustu eru sett fram á myndrænan hátt hér að neðan.

Mynd 4.2. Efnahagsleg áhrif ferðamanna[54]



Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 2003 um flug- og ferðaþjónustu á Íslandi var áætlað að bein, óbein og afleidd áhrif erlendra ferðamanna á Íslandi hefðu numið 92,2 milljörðum kr. árið 2002. Það samsvarar um 5% af heildarframleiðslu og veltu árið 2002.

Tafla 4.4. Efnahagsáhrif útgjalda ferðamanna innanlands bein, óbein og afleidd áhrif[55]

	Framleiðsla milljarðar kr.
Bein áhrif	22,8
Óbein og afleidd áhrif	69,4
Samtals	92,2

Rammi 4.1. Efnahagsleg áhrif innlendra og erlendra stangaveiðimanna

[54] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003).
[55] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003).

Til að átta sig betur á beinum, óbeinum og afleiddum áhrifum innlendra og erlendra stangaveiðimanna er áhugavert að skoða hvernig þessi áhrif rekja sig í gegnum hagkerfið. Bein áhrif innlendra stangaveiðimanna eru bein útgjöld tengd lax- og silungsveiði. Stangaveiðimaður byrjar á því að kaupa veiðileyfi á veiðisvæði en það skapar tekjur fyrir veiðifélög eða leigutaka. Í mörgum tilfellum er gisting innifalin í leyfi en hins vegar þurfa aðilar yfirleitt að greiða aukalega fyrir fæði á staðnum sem aftur skapar tekjur fyrir fyrirtæki í veitingarekstri. Innlendir stangaveiðimenn greiða einnig ferðakostnað sem samanstendur m.a. af bensíni og öðrum kostnaði tengdum farartækjunum og það skapar m.a. tekjur fyrir bensínstöðvar og bílaumboð. Auk þess má gera ráð fyrir því að stangaveiðimenn endurnýi veiðivörur á nokkurra ára fresti og skapar það tekjur fyrir veiðivöruverslanir. Að lokum má gera ráð fyrir ýmiss konar minniháttar útgjöldum tengdum veiði sem skapa m.a. tekjur fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu.

Bein áhrif erlendra stangaveiðimanna eru heildarútgjöld þeirra á Íslandi. Í fyrsta lagi kaupa þeir yfirleitt heildarpakka sem samanstendur af veiðileyfi, gistingu, fæði og annarri þjónustu á veiðisvæði sem og akstri til og frá veiðisvæði. Þau viðskipti skapa tekjur fyrir veiðifélög og leigutaka. Í öðru lagi skapa erlendir stangaveiðimenn tekjur fyrir flugfélög á Íslandi því þeir verða yfirleitt að fljúga með vélum íslenskra félaga til landsins. Í þriðja lagi skapa útgjöld ferðamanna utan veiðisvæðis tekjur fyrir fyrirtæki í verslun og þjónustu og þá sér í lagi fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Óbeinu áhrifin eru auknar tekjur þeirra fyrirtækja sem þjóna þeim félögum og fyrirtækjum sem stangaveiðimenn skipta beint við. Hér má nefna fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við veiðifélög og leigutaka, fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki í veitingarekstri, fyrirtæki í verslun og þjónustu, fyrirtæki í ferðaþjónustu og heildsala með veiðivörur. Afleiddu áhrifin eru aukin eftirspurn eftir vörum og þjónustu í hagkerfinu vegna aukinna tekna þeirra fyrirtækja sem verða fyrir beinum og óbeinum áhrifum vegna innlendra og erlendra stangaveiðimanna. Hér fyrir neðan má sjá nánari lýsingu á efnahagslegum áhrifum innlendra og erlendra stangaveiðimanna.

Lýsing á efnahagslegum áhrifum innlendra og erlendra stangaveiðimanna

	Stangaveiðimenn	
	Innlendir	Erlendir
Bein áhrif		
	Kaup á veiðileyfi: - Veiðifélög - Leigutakar **Kaup á gistingu og fæði:** - Veiðifélög - Leigutakar - Fyrirtæki í ferðaþjónustu **Kaup á vörum til stangaveiða:** - Veiðivöruverslanir	**Kaup á heildarpakka:** - Veiðifélög - Leigutakar **Neysla utan veiðistaðar:** - Fyrirtæki í ferðaþjónustu - Fyrirtæki í verslun og þjónustu **Kaup á vörum til stangaveiði:** - Veiðivöruverslanir
Óbein áhrif		
	Kaup á veiðileyfi: - Fyrirtæki sem þjónusta veiðifélög og leigutaka **Kaup á gistingu og fæði:** - Fyrirtæki sem þjónusta veiðifélög og leigutaka - Fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki í ferðaþjónustunni, t.d. matvöruframleiðendur **Kaup á vöru til stangaveiða:** - Heildsalar með veiðivörur	**Kaup á heildarpakka:** - Fyrirtæki sem þjónusta veiðifélög og leigutaka **Neysla utan veiðistaðar:** - Fyrirtæki sem þjónusta fyrirtæki í ferðþjónustunni t.d heildsalar - Fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki í verslun og þjónustu **Kaup á vöru til stangaveiði:** - Heildsalar með veiðivörur
Afleidd áhrif		
	Auknar tekjur hjá: - Veiðifélögum - Stangaveiðifélögum - Fyrirtækjum í ferðaþjónustu - Veiðivöruverslunum - Fyrirtækjum sem þjónusta ofangreind fyrirtæki og félög **Leiðir til:** Aukinnar eftirspurnar eftir vörum og þjónustu í hagkerfinu	**Auknar tekjur hjá:** - Veiðifélögum - Stangaveiðifélögum - Fyrirtækjum í ferðaþjónustu - Veiðivöruverslunum - Fyrirtækjum sem þjónusta ofangreind fyrirtæki og félög **Leiðir til:** Aukinnar eftirspurnar eftir vörum og þjónustu í hagkerfinu

Til viðbótar þessum áhrifum má nefna að betri nýting framleiðsluþátta í hagkerfinu eykur framleiðni og tekjur og hefur margvíslegan annan ábata í för með sér. Meðal þessara viðbótaráhrifa – sem erfitt er að meta til fjár – má nefna eftirfarandi:

- *Bætt framleiðni vinnuafls*: Gera má ráð fyrir að þeir einstaklingar sem eru ráðnir til nýrra starfa í ferðaþjónustu komi úr verr launuðum störfum og að menntun þeirra og starfsreynsla nýtist betur í hinu nýja starfi en ella að gefinni menntun, búsetu og starfsþjálfun. Auk þess geta ný störf dregið úr staðbundnu atvinnuleysi og/eða aukið vinnuframlag þeirra sem áður voru á vinnumarkaði.
- *Bætt framleiðni einkafjármagns:* Ferðamenn auka nýtingu fastafjármuna með því að auka veltu fyrirtækja sem tengjast ferðaþjónustu beint eða óbeint. Einnig gætu áður vannýtt mannvirki verið nýtt til ferðaþjónustu.

- *Bætt framleiðni opinbers fjármagns og innviða:* Ferðamenn taka þátt í kostnaði vegna innviða íslenska samfélagsins, t.d. eins og samgöngumannvirkja, með því að greiða bein og óbein gjöld til ríkisins. Yfirleitt má gera ráð fyrir að umtalsverð hagræðing leiði af því að fleiri noti samgöngumannvirki þótt vitaskuld geti aukin notkun ætíð haft umferðaröngþveiti í för með sér.
- *Sterkari grundvöllur til sérhæfingar:* Sérhæfing og nýbreytni af einhverjum toga krefst ákveðins lágmarksfjölda viðskiptavina til þess að fastur kostnaður dreifist á sem flesta. Þar sem Íslendingar eru fremur fámenn þjóð getur verið erfitt að skapa fjölbreytileika. Um leið og ferðamönnum fjölgar skapast svigrúm til þess að hrinda í framkvæmd ákveðinni nýsköpun sem áður hefur e.t.v. ekki verið grundvöllur fyrir.[56]

Í eyjaúttektinni sem áður var nefnd kom fram að ferðaþjónusta skilar hvað mestu þegar hún byggist á því hagkerfi sem þegar er til staðar, t.d. með því að nýta landbúnað, sjávarútveg eða aðrar auðlindir. Þannig er arðvænlegt að byggja upp ferðaþjónustu út frá því umhverfi sem samfélagið þekkir fyrir. Á Íslandi væri til dæmis ráðlagt að efla ferðaþjónustu í tengslum við stangaveiði, golf eða bændagistingu.

4.2 Ferðaþjónusta og afþreying

Áður fyrr hafði aðeins efnað fólk ráð á að taka sér frí frá vinnu, en með bættum lífskjörum í heiminum hafa æ fleiri haft tækifæri til að njóta frístunda. Í kjölfarið hefur framboð af ýmiss konar afþreyingu aukist. Val einstaklinga á afþreyingu í frístundum er vitaskuld háð smekk fólks, tekjum, fjölskylduaðstæðum, þeim frítíma sem er til ráðstöfunar og fleiri þáttum. Sumir leita sér afþreyingar inni á heimili sínu og grípa í bók, hlusta á tónlist eða útvarp, horfa á sjónvarp eða njóta þeirra möguleika sem tölvur og netvæðing hafa upp á að bjóða. Aðrir – og þeim fer sífjölgandi – kjósa fremur að leita út fyrir heimilið og stunda útiveru af einhverju tagi. Þar má nefna golf, hjólreiðar, gönguferðir, hestaferðir, klifur og ýmiss konar veiðar.[57]

Svo sem nefnt var hér að framan eru ferðalög nú mun algengari en áður og fólk tvinnar í vaxandi mæli saman ferðir á framandi slóðir og áhugamál sitt. Í því samhengi má tala um ákveðin smitáhrif milli ferðaþjónustu og útivistar og annarrar

[56] Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003).
[57] Jenkins og Pigram (1999).

afþreyingar. Gott dæmi um slíkt eru golfferðir, en stangaveiðiferðir á ókunnug mið hafa einnig ætíð verið í tísku hjá ákveðnum hópi fólks. Með bættum efnahag og auðveldari samgöngum hefur sá hópur farið stækkandi. Hérlendis hefur lengi tíðkast að erlendir ferðamenn glími við lax í tærum ám, en miklir möguleikar eru á að víkka þann sjóndeildarhring og bjóða ferðamönnum einnig upp á veiði á silungi, bæði staðbundnum fiski og sjógengnum. Auk þess væri hægt að bjóða upp á silungsveiði við strendur landsins og fjölga þannig möguleikum. Slíkar ferðir mætti einnig hæglega tengja annars konar útivist, svo sem fuglaskoðun, hestamennsku og gönguferðum. Augljóst er að með þessu móti væri hægt að renna enn styrkari stoðum undir ferðaþjónustuna og gera hana fjölbreyttari en ella. Því getur verið áhugavert að skoða hversu mikil áhrif ýmiss konar afþreyingarmöguleikar hafa á ferðaþjónustu.

Við athuganir af þessu tagi er litið á það sem megintilgang ferðar hinna erlendu gesta að koma til landsins til að stunda áhugamál sitt. Þær tekjur sem þessir aðilar skila í þjóðarbúið eru þá raktar beint til áhugamálsins, hvort sem um er að ræða golfferðir, stangaveiði eða hvalaskoðun. Auk þess er tekið mið af óbeinum og afleiddum áhrifum af neyslu þessara ferðamanna.

4.3 Stangaveiði – afþreying fyrir ferðamenn

Stangaveiði er vinsæl tegund afþreyingar í heiminum og talið er að fleiri en 20 milljónir manna í Evrópu stundi stangaveiði að einhverju marki. Stangaveiði er vinsælust á Norðurlöndunum og giskað er á að rúmur fjórðungur veiðimanna í Evrópu búi þar, en íbúar á Norðurlöndunum eru eingöngu um 5% af heildarmannfjölda í Evrópu.[58] Stangaveiðimenn renna aðallega fyrir fisk í sínu heimalandi en leita þó í vaxandi mæli í fjarlægar ár og vötn og jafnvel höf. Þessi þróun skapar ýmsa sóknarmöguleika fyrir þau svæði þar sem aðstæður eru góðar til stangaveiði, þar sem fiskilíf er fjölbreytt og fiskurinn fjörugur og baráttuglaður. Erlendu stangaveiðimennirnir flytja þekkingu sína og færni á milli svæða og koma oft með nýjar og ferskar hugmyndir sem oft nýtast vel til að þróa stangaveiðina áfram. Að auki hefur neysla þeirra jákvæð áhrif á hagkerfið, ekki síst vegna þess að þessir einstaklingar eru oft tekjuháir og kaupgeta þeirra meiri en hins almenna ferðamanns.

Stangaveiði getur verið sérstaklega mikilvæg fyrir fámennari byggðir en góð veiðisvæði er oft að finna á strjálbýlum svæðum þar sem hefðbundinn landbúnaður hefur látið undan síga. Ferðamenn geta því haft umtalsverð áhrif á afkomu þessara

[58] Toivonen et.al. (2000).

svæða og haft áhrif á dreifingu tekna milli byggða. Í ramma 4.2 er sagt frá írskri rannsókn á efnahagslegum áhrifum innlendra og erlendra stangaveiðimanna á hagkerfið í heild.

Rammi 4.2. Írsk könnun á efnahagslegum áhrifum laxveiði á stöng, með tilliti til ferðaþjónustu

Í rannsókninni var þess freistað að meta efnahagsleg áhrif laxveiði á stöng með því að taka bæði tillit til virðis stangaveiði erlendra og innlendra veiðimanna fyrir hagkerfið í heild sinni. Talið er að um 72.000 erlendir stangaveiðimenn hafi komið til landsins á árunum 1998–2000 og að laxveiði hafi verið megintilgangur ferðarinnar hjá um 90% þeirra. Áætlað var að framlag erlendra stangaveiðimanna til írska hagkerfisins hafi verið um 1,5 milljarðar kr. á árunum 1998–2000, eða um 515 milljónir kr. á ári.

Metin bein útgjöld erlendra stangaveiðimanna á árunum 1998–2000

(verðlag maí 2004)

Fjöldi gesta	72.000
Meðalútgjöld	36.820
Heildarútgjöld	2.651 m.kr.
Þar af innfluttar vörur (40%)	1.060 m.kr.
Heildarframlag (fyrsta umferð)	1.591 m.kr.

Auk þess var talið að 51 starf myndaðist í landinu fyrir hverjar 100 milljónir kr. sem stangaveiðimennirnir eyddu þar. Árleg útgjöld þeirra voru því talin hafa getað skapað 235 störf á ári. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að flest þeirra starfa sem tengjast stangaveiði og ferðaþjónustu verða til á strjálbýlum svæðum þar sem önnur atvinnutækifæri eru tiltölulega fá. Byggðaáhrif þessarar tegundar ferðaþjónustu eru því veruleg.

Til þess að meta hin óbeinu áhrif stangaveiðinnar var beitt svokölluðum margfaldarafræðum, en í þeim er reynt að meta hversu oft hver króna sem eytt er í neyslu veltur í gegnum þjóðfélagið. Stærð margfaldarans er háð því hversu stóru hlutfalli tekna sinna einstaklingar verja í neyslu (kallað jaðarneysluhneigð og skammstafað MPC *(e. Marginal propensity to consume)*) og hversu þungt innfluttar vörur og þjónusta vega í neyslu þeirra (kallað jaðarinnflutningshneigð og skammstafað MPM *(e. Marginal propensity to import)*).

Jafnan fyrir margfaldaranum er:

$$k = \frac{1}{(1 - MPC) + MPM}$$

Í rannsókninni var áætlað að margfaldarinn tæki gildið 1,22 og út frá því var metið að framlag erlendra stangaveiðimanna til hagkerfisins hefði numið um 1,8 milljörðum kr. á árunum 1998–2000. Þar sem tæplega 10% hinna erlendu gesta sögðu að stangaveiði væri ekki meginástæðan fyrir komu þeirra til Írlands þarf að leiðrétta fyrir því. Að teknu tilliti til þess má ætla að tekjur af erlendum stangaveiðimönnum á Írlandi hafi verið um 1,7 milljarðar kr. á þessu tímabili eða um 560 milljónir kr. á ári.

Metið heildarframlag erlendra stangaveiðimanna til írska hagkerfisins á árunum 1998–2000 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi gesta	72.000
Meðalútgjöld	36.820
Heildarútgjöld (milljónir kr.)	2.651 m.kr.
Þar af innfluttar vörur	1.060 m.kr.
Heildarframlag (fyrsta umferð)	1.591 m.kr.
Margföldunaráhrif	350 m.kr.
Heildarframlag (alls)	1941 m.kr.
Leiðrétting	189 m.kr.
Heildarframlag (stangaveiðimanna)	1751 m.kr.

Í könnuninni var ekki tekið mið af útgjöldum ferðafélaga stangaveiðimannanna og því er vafalítið um vanmat að ræða.

Mikilvægi innlendra stangaveiðimanna fyrir hagkerfið var einnig áætlað. Árið 2001 var talið að írskir stangaveiðimenn væru um 23.300 og að þeir hefðu að meðaltali farið í 6,4 veiðiferðir þetta árið og að hver ferð hefði að jafnaði staðið í tvo og hálfan dag. Út frá þessum upplýsingum var áætlað að heildarútgjöld innlendra stangaveiðimanna hefðu jafngilt um 4,6 milljörðum kr. árið 2001 á verðlagi í maí 2004. Við mat á þessum áhrifum á írska hagkerfið var litið til þess að stór hluti af þessum útgjöldum myndi eftir sem áður fara í neyslu þótt stangaveiði væri ekki möguleg. Þannig var miðað við að eingöngu 15% af neyslu stangaveiðimanna væru hrein viðbót og jafnframt að innlendar vörur hefðu verið um 40% af neyslu þeirra á innfluttum vörum. Með þessu móti voru hrein efnahagsleg áhrif innlendra stangaveiðimanna á Írlandi árið 2001 lækkuð í um 414 milljónir kr. á verðlagi í maí 2004.[59]

4.4 Efnahagsleg áhrif erlendra stangaveiðimanna á Íslandi

Sumarið 2003 gerði fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar athugun á því hvað erlendir ferðamenn ætluðu að taka sér fyrir hendur meðan á Íslandsdvöl

[59] Indecon (2003).

þeirra stæði. Í ljós kom að um 1,4% þeirra ætluðu að egna fyrir lax og 2% að fara í silungsveiði. Hluti þeirra ætlaði svo bæði að renna fyrir silung og lax. Af þessu má ráða að um 3% þeirra ferðamanna er til landsins koma hafi í hyggju að stunda stangaveiði. Þetta sama sumar komu um 160 þúsund erlendir ferðamenn til landsins og því má áætla að 2–3 þúsund þeirra hafi ætlað að stunda laxveiði, 3–4 þúsund silungsveiði og nálægt 5 þúsund annaðhvort lax- eða silungsveiði. Fólk sem var á eigin vegum fór mun frekar í veiði en þeir sem voru hér á landi í hópferð.[60]

Mynd 4.3. Erlendir stangaveiðimenn á Íslandi[61]



Hægt er að gera ráð fyrir því að flestir þeir erlendu ferðamenn sem leggja stund á laxveiði á Íslandi komi til landsins sérstaklega í þeim tilgangi. Veiðileyfi í vinsælar laxveiðiár þarf iðulega að panta með góðum fyrirvara, en auðveldara er að komast fyrirvaralítið að í slakari laxveiðiám og í silungsveiði. Þessir ferðamenn myndu líklega fæstir koma til landsins ef laxveiðinnar nyti ekki við. Að sama skapi má ætla að margir þeirra sem stunda silungsveiði komi ekki til landsins sérstaklega í þeim tilgangi þar sem mun auðveldara er að komast yfir silungsveiðileyfi með stuttum fyrirvara og veiðileyfin eru mun ódýrari. Oft má einfaldlega kaupa sér leyfi á bæjum við veiðisvæðin og má nefna að um 42% þeirra staða sem bjóða upp á bændagistingu selja einnig veiðileyfi, flest á silungaslóðir. Leyfi á eftirsóttustu silungasvæðin eru hins vegar iðulega seld löngu fyrir tímann, m.a. til útlendinga.

[60] Rögnvaldur Guðmundsson (2004).
[61] Sama rit.

Erlendir stangaveiðimenn á Íslandi hafa iðulega ólíkt neyslumynstur en aðrir gestir er sækja landið heim. Þeir eyða stærstum hluta dvalar sinnar við veiði og hafa iðulega greitt fyrirfram fyrir veiðileyfi, gistingu, fæði og leiðsögn, jafnvel akstur frá flugvelli að veiðisvæði og aftur til Reykjavíkur. Torvelt getur verið að áætla hversu löngum tíma þeir verja á landinu við annað en stangaveiði, en gera má ráð fyrir að þeir kjósi að skoða sig aðeins um. Hér ber þó að hafa í huga að sumir þessara ferðamanna eru hálfgerðir farfuglar, hafa sótt sínar ár svo árum og jafnvel áratugum skiptir og halda rakleiðis heim aftur að veiði lokinni, enda búnir að sjá áður það sem vekur áhuga þeirra í landinu. Aðrir eru forvitnari. Þá er líklegt að stangaveiðimenn séu að jafnaði efnameiri en aðrir veiðimenn og eyði því meiru á dag utan veiðistaðar en aðrir ferðamenn gera.

Í þessari úttekt er gert ráð fyrir að hver laxveiðimaður eyði að meðaltali þremur dögum utan veiðisvæðisins og eyði almennt meira en meðalferðamaður á þeim tíma. Samkvæmt úttekt Ferðamálaráðs er meðalferðakostnaður til landsins að sumri til um 66.500 kr. hjá ferðamönnum sem eru á eigin vegum og meðalútgjöld ferðamanna fyrir utan farmiða á dag um 11.900 kr. að sumri til, á verðlagi í maí 2004.[62] Hér er áætlað að útgjöld stangaveiðimanna á dag séu aldrei minni en annarra ferðamanna og í besta falli tvöfalt hærri (23.800 kr.). Miðað er við að hver og einn stangaveiðimaður eyði einnig að meðaltali um 66.500 kr. í fargjald til og frá landinu. Gert er ráð fyrir því að um 2–3 þúsund laxveiðimenn hafi sótt landið heim árið 2003.

Miðað við þær forsendur má ætla að efnahagsleg áhrif erlendra stangaveiðimanna hér á landi séu 412–836 milljónir kr. ári. Það eru um 2 milljónir kr. á hvern stangaveiðimann. Þá er gert ráð fyrir því að um 50% af útgjöldum fari í neyslu á innfluttri vöru eða þjónustu en það hlutfall var fundið með því að skoða hlutfall innfluttrar vöru og þjónustu af einka- og samneyslu á Íslandi árið 2003. Til að meta óbein og afleidd áhrif af útgjöldum stangaveiðimanna var miðað við niðurstöður úr athugun Hagfræðistofnunar á margföldunaráhrifum af útgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi, en margfaldarinn var metinn 4,04.[63] Niðurstöðurnar má sjá í töflu 4.5.

Tafla 4.5. Framlag erlendra stangaveiðimanna til íslenska hagkerfisins
(verðlag í maí 2004)

[62] Ferðamálaráð (2003).
[63] Hagfræðistofnun (2003).

	Meðalútgjöld 11.900 kr. á dag		Meðalútgjöld 23.800 kr. á dag	
Fjöldi gesta	2.000	3.000	2.000	3.000
Meðalútgjöld	102.200	102.200	137.900	137.900
Útgjöld (milljónir kr.)				
Heildarútgjöld	204	306	276	414
- Þar af innflutt	- 102	- 153	- 138	- 207
Framlag	102	153	138	207
Margföldunaráhrif	310	465	420	629
Heildarframlag	412	618	558	836

Hafa ber í huga að hér er ekki tekið mið af þeim einstaklingum sem fylgja stangaveiðimönnunum til landsins en stunda ekki stangaveiði sjálfir. Þá er ekki gert ráð fyrir að þeir erlendu ferðamenn sem stunda silungsveiði komi hingað gagngert þeirra erinda. Þessar tölur eru því líklega heldur lágar.

4.5 Framlag innlendra stangaveiðimanna

Líkt og af erlendu stangaveiðimönnunum hefur þjóðarbúið einnig hag af útgjöldum innlendra veiðimanna. Þau áhrif má bæði meta sem verga og hreina stærð, eftir því hvort litið er á heildaráhrifin eða eingöngu viðbótaráhrifin. Vergu áhrifin eru útgjöld innlendra stangaveiðimanna til neyslu á innlendum vörum og þjónustu tengdri stangaveiði sem og margföldunaráhrifin af þeirri neyslu. Viðbótaráhrifin eru hins vegar aðeins sú viðbót sem ætla má að fylgi innlendri stangaveiði, en þá hefur verið leiðrétt fyrir því að sumt af neyslunni myndi hvort eð er eiga sér stað þótt stangaveiði væri ekki valkostur á Íslandi.

Við útreikningana er áætlað að 55–61 þúsund Íslendingar fari í lax- eða silungsveiði á hverju ári og að meðalútgjöld þeirra vegna veiðanna séu um 42.175 kr. á árinu. Heildarútgjöld eru þá á bilinu 2,3–2,5 milljarðar kr. Stór hluti þessara útgjalda eru kaup á veiðileyfum, eða nálega milljarður, en gert er ráð fyrir að um helmingur þess sem þá stendur eftir fari til kaupa á innfluttum vörum og þjónustu. Árleg útgjöld innlendra stangaveiðimanna til neyslu á innlendri vöru og þjónustu eru samkvæmt þessu 1,6–1,8 milljarðar kr. En stór hluti af þeim tekjum fer til veiðifélaga eða leigutaka. Ef miðað er við sama margfaldara og fyrr má ætla að heildarframlag innlendra stangaveiðimanna til íslenska hagkerfisins sé 6,5–7,2 milljarðar kr. Þetta má sjá nánar í töflu 4.6.

Tafla 4.6. Framlag innlendra stangaveiðimanna til íslenska hagkerfisins

	Neðri mörk	Efri mörk
Fjöldi	55.000	61.000
Skipti	434.500	600.000
Meðalútgjöld	42.175	42.175
Útgjöld (milljónir kr.)		
Útgjöld innlendra stangveiðimanna	2.320	2.572
Innflutt (30%)	-696	-772
Útgjöld til innlendra vara	1.624	1.800
Óbein og afleidd áhrif	4.872	5.401
Framlag til hagkerfisins	6.496	7.202

Ef gert er ráð fyrir því að um 85% af heildarútgjöldum innlendra stangaveiðimanna hefðu farið í neyslu á öðrum vörum eða þjónustu, ef ekki hefði verð hægt að veiða á stöng, má ályktа að hreint framlag innlendra stangaveiðimanna til hagkerfisins sé 975–1.080 milljónir kr. á ári.

5 Niðurstöður

Niðurstöður úttektarinnar gefa til kynna að stangaveiðin leggi mun meira til þjóðarbúsins en áður hefur verið ætlað. Bein, óbein og afleidd áhrif stangaveiði innlendra og erlendra veiðimanna eru áætluð 7,8-9,1 milljarðar kr. á ári. Þar af er gert ráð fyrir að sölu- og leigutekjur veiðifélaganna séu 868–961 milljónir kr. og að viðbótartekjur leigutaka séu 173–228 milljónir kr., eða samtals 1.041-1.189 milljónir kr. á ári. Aðrar tekjur tengdar lax- og silungsveiði eru þá annars vegar útgjöld innlendra stangaveiðimanna önnur en kaup á veiðileyfum, svo sem ferðakostnaður, og hins vegar neysla erlendra ferðamanna utan veiðisvæðis. Útgjöld innlendra veiðimanna til neyslu á innlendri vöru eða þjónustu tengd veiði önnur en útgjöld leigutaka eða veiðifélaga eru metin á bilinu 501–543 milljónir kr.[64] Útgjöld hinna erlendu eru hins vegar metinn á bilinu 201–403 milljónir kr. Samtals eru því beinu áhrifin talin geta verið á bilinu 1,7–2,1 milljarðar kr.

Óbein og afleidd áhrif eru talin vera 6,1–7 milljarðar kr. á ári. Af þessum niðurstöðum má ráða að tekjur veiðifélaga og leigutaka séu aðeins lítill hluti af þeim efnahagslegu umsvifum sem lax- og silungsveiði á stöng á Íslandi hafa í för með sér, eða um 13%.

[64] Hér er miðað við að helmingur útgjalda innlendra veiðimanna til gistingar og fæðis á veiðisvæði sé innifalinn í tekjum leigutaka eða veiðifélaga og helmingurinn séu tekjur annarra.

Tafla 5.1. Efnahagsleg áhrif innlendra og erlendra stangaveiðimanna á Íslandi.

	Neðra mat	Efra mat
Bein áhrif		
- Tekjur veiðifélaga	868	961
- Tekjur leigutaka	173	228
- Tekjur annarra sem tengjast veiðum beint:		
- Innlendir stangaveiðimenn	501	543
- Erlendir stangaveiðimenn	201	403
Bein áhrif (Samtals)	1.743	2.135
Óbein og afleidd áhrif	6.068	6.958
Efnahagslegt virði stangaveiða	7.811	9.093

Hér er mjög líklega um einhverja vanáætlun að ræða þar sem hvorki er tekið tillit til veiðifélaga með litla starfsemi né heldur þess að margir landeigendur selja leyfi millilíðalaust í læki og vötn sem er að finna í landareign þeirra. Auk þess er ekki tekið mið af tekjum af lax- og silungsveiði í net því sum veiðifélögin selja einnig leyfi til netaveiða og koma tekjur af þeirri sölu því óbeint fram í útreikningunum.

Tekjur af netaveiði eru þó vafalítið óverulegar miðað við tekjur af stangaveiði. Árið 2003 voru netaveiddir um 7.500 laxar eða um 22% af stangaveiddum löxum það árið, eldri úttektir hafa gefið til kynna að virði netaveidds lax fyrir veiðifélög sé aðeins um 7% af virði stangaveidds lax og því má álykta að efnahagslegt virði netaveiddra laxa sé lítið í samhengi við virði stangaveiddra laxa. Árið 2003 voru netaveiddir um 60.000 silungar en algengt er að veiðiréttarhafarnir veiði sjálfir silung í net. Gera má ráð fyrir því að virði netaveidds silungs sé almennt minna en stangaveidds og þar sem tekjur af silungsveiði á stöng eru aðeins lítill hluti af heildartekjum af stangaveiði á Íslandi þykir líklegt að tekjur af netaveiði á silungi myndu hafa lítil áhrif á niðurstöðurnar í þessari úttekt.

Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands var heildarvelta íslenskra fyrirtækja um 1.340 milljarðar kr. árið 2003. Velta í stangaveiði hefur því líklega samsvarað um hálfu prósentustigi af heildarveltu í landinu árið 2003. Gera má ráð fyrir að lax- og silungsveiði styðji við töluverðan fjölda starfa hér á landi. Árið 2003 voru starfandi um 155 þúsund manns á Íslandi og var hvert starf stutt með um 8,6 milljónum kr. í veltu. Niðurstöður úttektarinnar gefa því til kynna að starfsemi í kringum lax- og silungsveiði styðji við 890–1.016 störf á ári hverju. Til samanburðar má einnig líta til íslensks landbúnaðar. Heildarvelta í landbúnaði árið 2003 var 15.680 milljarðar kr. og þar störfuðu 4.230 manns. Að baki hverju starfi í landbúnaði var því 3,7 milljóna kr. velta það árið. Ef miðað er við að tekjur veiðifélaganna styðji aðallega við störf í

landbúnaði en aðrar tekjur við störf í öðrum geirum má ætla að lax- og silungsveiði styðji við um 1.000–1.200 störf á ári.

Tafla 5.2. Velta á bak við hvert starf í öllum atvinnugreinum á Íslandi og í landbúnaði

Heildarvelta allra atvinnugreina (samtals)	1.340.481
- Í landbúnaði	15.658
Starfandi í öllum atvinnugreinum (samtals)	155.680
- Í landbúnaði	4.230
Velta bak við hvert starf (samtals)	8,6
- Í landbúnaði	3,7

Niðurstöður skýrslunnar sýna glöggt að starfsemi í kringum lax- og silungsveiði er umtalsverð og skapar töluverðar tekjur fyrir þjóðfélagið í heild sinni ásamt því að styðja við fjölda starfa, bæði í landbúnaði og öðrum geirum. Enda þótt stangaveiði sé misjafnlega mikilvæg fyrir héruð landsins leikur vart nokkur vafi á að sums staðar er hún lífsnauðsynleg til að sveitir landsins megi áfram dafna. Færa má rök fyrir því að tekjur af lax- og silungsveiði geti jafnvel skipt sköpum um að byggð haldist í nágrenni við gjöful lax- og silungsveiðisvæði.

Ferðaþjónustan nýtur einnig góðs af lax- og silungsveiði og margir erlendir gestir koma gagngert til landsins til að veiða lax í tærum ám og í kyrrlátu umhverfi. Gera má ráð fyrir að ásókn erlendra veiðimanna – líkt og annarra ferðamanna – muni enn vaxa á næstu árum. Hins vegar er trúlegt að nokkuð sé um vannýtt sóknarfæri í stangaveiði hér á landi – sér í lagi í silungsveiði – og að betur megi tvinna saman almenna ferðaþjónustu og stangaveiði.

Á síðustu árum hafa veiðifélögin og leigutakar varið miklum fjármunum í fjárfestingar á veiðisvæðum. Sú viðleitni hefur enn aukið á áhuga fólks á stangaveiði og opnað augu margra fyrir áður óþekktum veiðisvæðum. Líklegt er að þessi þróun haldist áfram og að æ fleiri – Íslendingar sem erlendir gestir – eigi eftir að renna fyrir lax eða silung í framtíðinni. Til þess að dvöl þeirra við árbakkann verði sem ánægjulegust þarf góða samvinnu milli landeigenda, leigutaka og aðila innan ferðaþjónustunnar og fullan skilning stjórnvalda á mikilvægi atvinnugreinarinnar.

6 Heimildaskrá

Toivonen, A.L., H., Bengtsson, B., Geertz-Hansen, P., Guðbergsson, G., Kristofersson, D., Kyrkjebo, H., Navrud, S., Roth, E., Tuunaninen, P., Weissglas, G. (2000). *Economic value of recreational fisheries in the Nordic countries*. Copenhagen: TemaNord 2000:604.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands (2004). *Efnahagslegur ávinningur af aukinni fiskigengd á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár*. Selfoss: Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands.

Árni Ísaksson (2002a). *Freshwater fisheries in Iceland.* Reykjavík. Veiðimálastjóri.

Árni Ísaksson (2002b). *Freshwater Habitat in Iceland: Status, Protection and Restoration.* Reykjavík: Veiðimálastjóri.

Árni Ísaksson og Sumarliði Óskarsson (2002). *Economic value of Icelandic salmon in angling and net fisheries.* Reykjavík. Veiðimálastjóri.

Baum, T.G., Conlin, M.V., (1995). Island Tourism: an Introduction. Í Baum. T og Conlin, M.V. (Ritstj.), *Island Tourism: Management Principles and Practices*: John Wiley and Sons Ltd.

Baum, T.G., Hagen-Grangt, L., Jolliffe, L., Lambert, S. og Sigurjónsson, B. (2000). Tourism and Cold Water Islands in the North Atlantic. Í Baldacchino, G. og Milne, D. (Ritstj.), *Lessons from the Political Economy of Small Islands: The Resourcefulness of Jurisdicition* (bls. 214-229): Canada. Institute of Island Studies.

Björn Snær Guðbrandsson (1990). *Efnahagslegt umhverfi laxveiða á Íslandi.* Kandídatsritgerð: Háskóli Íslands: Viðskipta- og hagfræðideild.

Bændasamtök Íslands (2004). www.bondi.is.

Einar Hannesson (1982). *Veiðifélag - Samtök veiðiréttarhafa á laxi.* Reykjavík: Veiðimálastofnun.

Einar Hannesson (1988). *Íslenskar laxveiðiár.* Reykjavík: Landssamband veiðifélaga.

Ferðamálaráð Íslands (2003). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum.* Reykjavík: Ferðamálaráð Íslands.

Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2004). *Hlutfall merktra laxa sem sleppt er og veiddust oftar en einu sinni í íslenskum ám sumarið 2003.* .R/0410. Veiðimálastofnun.

Guðni Guðbergsson (2004). *Lax- og silungsveiði 2003.* Reykjavík: Veiðimálastofnun.

Hafdís Hauksdóttir (1999). *Fiskivegir á Íslandi: Fjöldi þeirra, virkni og opnun á búsvæðum laxa.* Aðalritgerð við Búvísindadeild: Bændaskólinn á Hvanneyri, Búvísindadeild.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2003). *Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli.* C03:08: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Hagstofa Íslands (2004). www.hagstofan.is.

Hagþjónusta landbúnaðarins (2002). *Hagur landbúnaðarins.* Hvanneyri: Hagþjónusta landbúnaðarins.

Indecon (200). *An Economic/Socio-Economic Evaluation of Wild Salmon in Ireland.* Dublin: Indecon.

Jenkins, J.M., og Pigram, J.J. (1999). *Outdoor Recreation Management.* London: Routledge.

Rögnvaldur Guðmundsson (2003). *Lax- og silungsveiði ferðamanna.* Reykjavík: Rannsóknir & Ráðgjöf: Ferðaþjónustunnar.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur (2004a). www.svfr.is.

Stangaveiðifélag Reykjavíkur (2004b). *Ársskýrsla Stangaveiðifélags Reykjavíkur 2002–2003.* Reykjavík: Stangaveiðifélag Reykjavíkur.

Veiðimálastjóri (2004). www.veidimalastjori.is.

Veiðimálastofnun (2004). www.veidimal.is.

Vilhjálmur Bjarnason (2001). Fyrirlestur á ársfundi SAF 2001: Tekið af vef SAF (www.saf.is).

World Tourism Organization (2004). World Tourism Barometer, 2,1. Madrid: World Tourism Organization.

Viðauki A: Margfaldarar

Margfaldarar tengja saman bein, óbein og afleidd áhrif efnahagsumsvifa. Látum X_b tákna bein áhrif, $X_ó$ óbein áhrif, X_a afleidd áhrif og M margfaldarann. Eftirfarandi samhengi gildir:

$$X_b + X_ó + X_a = M \cdot X_b$$

Margfaldarinn stendur fyrir breytingu í óbeinum og afleiddum áhrifum þegar bein áhrif breytast um eina krónu. Útreikningur á M byggist á fræðilegum þáttum en til þess að meta hann þarf að taka mið af svokölluðum aðfanga- og afurðatöflum. Þær byggjast á þjóðhagstölum fyrir ákveðið tímabil en forsenda þeirra snýst um að raða umsvifum í hagkerfinu á ákveðna geira þar sem kemur fram hvað hver framleiðslugeiri notar af eigin framleiðslu og framleiðslu annarra geira við starfsemi sína. Framleiðsla sérhvers geira er ekki einungis notuð við framleiðslu í öðrum geirum heldur er framleiðslu einnig ráðstafað til endanlegrar neyslu. Auk þess sem framleiðslugeirinn notar einnig fjármagn og vinnuafl við framleiðsluna og greiðir skatta til ríkisvaldsins.

Á grundvelli aðfanga–afurðataflna er hægt að meta svokallaða Leontief-tæknistuðla. Þannig er Leontief-tæknistuðullinn fyrir framleiðslugrein *j* vegna aðfanga *(z)* frá grein *i*-hlutfallið milli aðfanga í grein *i* til greinar *j* og heildarframleiðslu *(x)* greinar *j*.

$$a_{ij} = \frac{z_{ij}}{x_j}$$

Þannig gefur hlutfallið *(a)* til kynna hversu mikið af aðföngum frá grein *i* þurfi í grein *j*. Við mat á margföldurum er miðað við að þessir tæknistuðlar séu fastir yfir tíma og gert ráð fyrir því að hver geiri noti framleiðsluþætti í föstum hlutföllum. Með þessar upplýsingar til staðar má leiða út hversu mikið framleiðsla *(x)* í geira *i* eykst ef eftirspurn *(y)* eftir vöru í geira *j* eykst um eina einingu, en það má túlka sem margföldunarstuðul sem metur óbein áhrif.

$$\frac{\partial x_i}{\partial y_j} = \alpha_{ij}$$

Hér er hins vegar ekki tekið mið af áhrifum af því að þegar eftirspurn eykst eykur tilsvarandi framleiðsluaukning atvinnutekjur. Sú aukning atvinnutekna eykur síðan eftirspurn heimilanna eftir vöru og þjónustu en það eru kölluð afleidd áhrif. Hægt er að útvíkka líkanið með því að líta á heimilin sem sérstakan geira atvinnulífsins sem bæði selur afurðir sínar sem aðföng (vinnuafl) og kaupir til eigin framleiðslu

(einkaneysla). Þannig má reikna út margföldunarstuðulinn í útvíkkaða líkaninu á sama hátt og kemur fram hér að ofan.

Hagfræðistofnun (2004) hefur metið svokallaða framleiðslumargfaldara fyrir hverja atvinnugrein í samræmi við flokkun framleiðslugreina ISIC með hjálp aðfanga–afurðartöflu sem Hagstofa Íslands hefur unnið fyrir árið 1997. Framleiðslumargfaldari lýsir því hversu mikið heildarframleiðsla í hagkerfinu eykst ef eftirspurn eftir framleiðslu geirans eykst um eina krónu en bæði voru metin óbein og afleidd áhrif. Í töflu 0.1 má sjá niðurstöður líkans Hagfræðistofnunar en nánari útlistun á fræðunum á bak við líkanið má sjá í skýrslu nr. C03:08 „Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi: Umfjöllun í tilefni af beiðni Ryanair um lækkun gjalda á Keflavíkurflugvelli“ frá árinu 2003.

Tafla 0.1. Framleiðslumargfaldarar – óbein og afleidd áhrif

Atvinnugrein	Margfaldari
Landbúnaður og fiskveiðar	4,07
Iðnaður	3,33
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	3,06
Byggingastarfsemi	4,04
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	4,20
Samgöngur	4,26
Peningastofnanir, tryggingar og þjónusta vegna atvinnurekstar	2,92
Ýmis þjónustustarfsemi	4,86

Viðauki B: Spurningarlisti

Almennar upplýsingar

Nafn félags: _____

Stofnár: _____

Almennt um veiðisvæðið

Nafn: _____

Lengd/stærð: _____

Fjöldi merktra veiðistaða: _____

Fisktegundir á veiðisvæði:

			Veiðitími stangveiði
Bleikja	Já ☐	Nei ☐	_____
Urriði	Já ☐	Nei ☐	_____
Sjóbleikja	Já ☐	Nei ☐	_____
Sjóbirtingur	Já ☐	Nei ☐	_____
Lax	Já ☐	Nei ☐	_____

Leyfilegar veiðiaðferðir:

Fisktegundir	Stangveiði			Netaveiði		Veiðitími (net)
Bleikja	Fluga ☐	Spúnn ☐	Maðkur ☐	Já ☐	Nei ☐	_____
Urriði	Fluga ☐	Spúnn ☐	Maðkur ☐	Já ☐	Nei ☐	_____
Sjóbleikja	Fluga ☐	Spúnn ☐	Maðkur ☐	Já ☐	Nei ☐	_____
Sjóbirtingur	Fluga ☐	Spúnn ☐	Maðkur ☐	Já ☐	Nei ☐	_____
Lax	Fluga ☐	Spúnn ☐	Maðkur ☐	Já ☐	Nei ☐	_____

Umsvif

Framkvæmdir	Síðastliðið ár		Síðastliðin fimm ár	
Nýbygging	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Viðhald	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Lagfæringar á veiðisvæði	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Seiðaeldi	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Laxastigi	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Vegalagnir	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐
Annað (tilgreinið)	Já ☐	Nei ☐	Já ☐	Nei ☐

_____

Er veiðihús á svæðinu? Já ☐ Nei ☐

Ef já:

Hve stórt (fermetrar og svefnpláss) ? _____

Hvenær var það byggt? _____

Aðstaða:

Fullt fæði?	Já ☐	Nei ☐
Hiti?	Já ☐	Nei ☐
Rafmagn?	Já ☐	Nei ☐
Heitur pottur?	Já ☐	Nei ☐

Tekjur

Núgildandi leigusamningur:

Viðsemjandi:_____

_____

Lengd samnings: _____

Tekjur á samningstíma: _____

	Síðastliðið ár	**Síðastliðin fimm ár**
Heildartekjur:	_____	_____

Ef veiðifélag sér sjálft um sölu stangveiðileyfa:

Fjöldi seldra stangardaga:

	Síðastliðið ár	**Síðastliðin fimm ár**
Til útlendinga	_____	_____
Til Íslendinga	_____	_____
Alls	_____	_____

Tekjur af seldum stangardögum:

	Síðastliðið ár	**Síðastliðin fimm ár**
Frá útlendingum	_____	_____
Frá Íslendingum	_____	_____
Alls	_____	_____

Á hvaða tímabili voru leyfi seld til:

	Síðastliðið ár	**Síðastliðin fimm ár**
Útlendinga	_____	_____
Íslendinga	_____	_____
Alls	_____	_____

Kostnaður

Fjöldi starfsmanna:	**Síðastliðið ár**	**Síðastliðin fimm ár**
Á skrifstofu		
Við veiðieftirlit		
Við veiðileiðsögn		
Í veiðihúsi		
Annað, tilgreinið		

Kostnaður:	**Síðastliðið ár**	**Síðastliðin fimm ár**
Laun		
Vegna lagfæringa á veiðisvæði		
Við seiðeldi		
Við laxastiga		
Við vegagerð		
Við veiðihús		
Við viðhald á veiðihúsi		
Bifreiðakostnaður		
Annað (tilgreinið)		

HLUTI II

Veiðimálastofnun:

Líffræðileg staða lax- og silungsstofna á Íslandi.

Skýrsla til Landssambands veiðifélaga, september 2004.

Formáli

Samningur var gerður milli Veiðimálastofnunar og Landssambands Veiðifélaga um að stofnunin tæki að sér að gera skýrslu um líffræðilega stöðu lax- og silungsstofna. Skýrsluna vann Guðni Guðbergsson fiskifræðingur auk þess sem undirritaður kom að gerð hennar. Skýrslan byggir á ýmsum gögnum stofnunarinnar og annarra og er vísað til helstu heimilda.

Veiðimálastofnun í september 2004

Sigurður Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Ágrip

Náttúrufar í fersku vatni á Íslandi er fjölbreytt vegna mjög mismunandi jarðfræði, landslags og veðurfars. Fáar tegundir lífvera hafa aðlagast þessu fjölbreytta umhverfi. Því er náttúrufar um margt sérstakt hér á landi og í því fólgin mikil náttúruverðmæti. Hraða þarf kortlagningu á helstu vistgerðum ferskvatns á landinu svo vel megi skipuleggja nýtingu og verndun þessarar auðlindar.

Veiðinýting í fersku vatni er mikilvæg tekjulind og undirstaða atvinnu í mörgum byggðalögum um landið. Góður rammi hefur verið skapaður í kringum veiðimálin og almennt hefur tekist vel til með nýtingu sem skapað hafa miklar tekjur. Gæta þarf vel að því að veiðinýting sé áfram sjálfbær og ekki sé gengið á veiðistofnanna. Laxveiðiárnar eru nær fullnýttar. Enn má fá meiri arð í einstaka vatnasvæði þar sem lax er og auka má laxgengd annars staðar með fiskrækt. Brýnt er að fylgt sé öllum varúðarsjónarmiðum í fiskrækt svo að náttúrulegir stofnar skaðist ekki. Breytingar á umhverfi geta haft mikil áhrif á veiðistofnanna. Endurheimtur stórlaxa úr sjó hafa dregist saman og veldur minni laxgengd og minni hrygningu einkum í ám á Norðurlandi, þar sem hlutur stórlaxa í laxastofnum er stór. Þegar slíkar breytingar eru langvarandi getur þurft að grípa til aðgerða til að draga úr veiði og tryggja viðhald stofnanna. Betur þarf að fylgjast með stöðu laxa- og silungsstofna. Langtímavöktun einkennisvatna og áa í ákveðnum landshlutum er mikilvæg í því sambandi. Þá er brýnt að stórauka rannsóknir á laxi og afdrifum hans í sjó og eru slíkar rannsóknir hafnar á Veiðimálastofnun, en tryggja þarf fjármagn til þeirra.

Vannýttir möguleikar til veiða eru til staðar á silungsstofnum. Hrinda þarf af stað áætlun um aukna og bætta nýtingu silungsvatna og áa. Þar þarf að fara saman félagsleg uppbygging veiðifélaga, bætt aðstaða og aðgengi fyrir veiðimenn, rannsóknir á veiðiþoli stofnanna og fiskræktarmöguleikum. Áfram þarf svo að fylgjast með veiðistofnunum og skrá veiði.

Viðhalda þarf og bæta góða yfirsýn á auðlindum ferskvatns. Auka þarf grunnrannsóknir á gerð og eðli vatnsfalla svo og á lífverum þess og nytjastofnum. Þetta verður best gert með samstilltu átaki rannsóknastofnana sem stunda rannsóknir í fersku vatni.

Líklegt verður að telja að veiðinýting verði ennþá mikilvægari í framtíðinni en nú er og geti orðið ein styrkasta stoð búsetu í veiðilendum á landsbyggðinni og víðar en nú er.

Veiðinýting í ferskvatni er og verður mikilvæg tómsstundariðja tugþúsunda Íslendinga, auk þess sem veiðin laðar hingað til lands erlenda gesti. Stangveiðin er mikilvæg þar sem hún kallar á útiveru og hreyfingu og fær fólk til að njóta og meta landið. Mikilvægt forvarnargildi er fólgið í því að laða ungt fólk til að stunda stangveiði en oft fer öll fjölskyldan til veiða. Veiðar er hluti af menningu okkar og sögu. Mikilvægt er að hlúa að þeim þáttum svo að komandi kynslóðir fái notið sögunnar og menningarverðmæta sem í henni eru fólgin og hlutum og stöðum henni tengdri.

Ljóst er að aukið fjármagn þarf til rannsókna og uppbyggingar á veiðinýtingu, einkum í ljósi þeirra miklu verðmæta sem í húfi eru og þeirra möguleika sem til staðar eru til að auka enn þau verðmæti.

Inngangur

Veiðimálastofnun tók að sér, fyrir Landssamband veiðifélaga, að gera úttekt á stöðu fiskstofna í ám og vötnum hér á landi. Úttektin beinist einkum að laxi en einnig að silungi, bleikju og urriða. Leitast var við að koma inn á sem flesta þætti er lúta að vistfræði, nýtingu og búsvæðanotkun. Einnig að gefa heildarmynd af stöðu þekkingar og hvar helst vantar á varðandi þekkingu og rannsóknir.

Skipulag veiðimála á Íslandi

Veiði í ám og vötnum hefur ætíð verið mikils metin á Íslandi eins og Íslendingasögur bera vott um. Ákvæði um skiptingu veiðiréttar er að finna í lögum allt frá því fyrstu lög voru sett hér á landi. Fyrstu heildstæðu lagasetningar um lax- og silungsveiði voru sett í kjölfar deilna um kistuveiði í Elliðaánum. Árið 1932 voru síðan sett ný lög um lax- og silungsveiði. Þar eru laxveiðar í sjó við Ísland bannaðar, þó með undantekningum þar sem þau voru talinn til dýrleika í fasteignamati. Lögin voru endurskoðuð árið 1957 og þá var m.a. gert ráð fyrir því að festa form nýtingar þannig að ekki yrði aukning á sókn. Veiðiréttur var skilgreindur, veiðitími og gerð veiðarfæra. Þeim sem veiði nýttu var gefinn kostur á að sýna fram á hlunnindi sín m.a. hvað varðaði veiðitæki og veiðiaðferðir og miðað við að þau ykjust ekki frá 5 ára viðmiðunartíma fyrir setningu laganna. Átti þetta m.a. við um veiðirétt á silungi í sjó.

Núvarandi löggjöf um lax- og silungsveiði er að stofni til frá 1970 en með síðari breytingum og má nálgast lögin í heild á heimasíðu embættis veiðimálastjóra (www.veidimalastjóri.is).

Samkvæmt lögum skal stofna veiðifélag um hvert vatnahverfi og er nýting veiði ákveðin innan félagsins. Félagsmenn eru bundnir af ákvörðunum meirihluta félagsins. Arði, ásamt kostnaði er skipt í hlutfalli við eignaraðild. Við mat á eignaraðild er tekið tillit til landlengdar, dreifingu veiði og uppeldisskilyrðum fisks innan hverrar landareignar. Dómskipaðir matsmenn gera arðsskrá en úrskurði þeirra má skjóta til yfirmatsnefndar veiðimála. Fara má fram á endurskoðun arðskrár 5 árum eftir fyrstu gildistöku en á 8 ára frestir þar á eftir.

Algengast er að stangveiði sé boðin út á frjálsum markaði til og leigð hæstbjóðanda. Framleiga veiðiréttar er einungis heimil til stangveiði. Eftir að veiðifélag hefur verið stofnað er einstökum veiðiréttarhöfum óheimil veiði án samþykkis veiðifélags.

Embætti veiðimálastjóra var stofnað árið 1946 og hóf hann þegar að koma skipulagi á veiðimál m.a. með því að koma á reglulegri söfnun veiðitalna og lagði með því grunninn að því safni veiðitalna sem til er í dag.

Þær breytingar voru gerðar 1997 að skilið var milli embættis veiðimálastjóra og Veiðimálstofnunar. Með því móti var komið til móts við kröfur um aðskilnað á stjórnsýslu og rannsóknum. Veiðimálastofnun fer með þann þátt veiðimála sem snýr að rannsóknum og ráðgjöf. Embætti veiðimálastjóra fer með stjórnsýsluþátt laganna og framkvæmd þeirra. Ef ágreiningur rís um ákvarðanir veiðimálastjóra er hægt er að skjóta málum til æðra stjórnvalds, ráðuneytis eða ráðherra til úrskurðar.

Helstu hlutverk embættis veiðimálastjóra eru tilgreind á eftirfarandi hátt á heimasíðu embættisins: www.veidimalastjori.is/

- Fara með stjórnsýslu varðandi veiðar, fiskrækt og tengd umhverfismál og stuðla að sjálfbærri nýtingu á ám og vötnum.
- Vera landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um veiðimál og veita upplýsingar um löggjöf og reglugerðir varðandi lax- og silungsveiði.
- Halda gagnabanka um ár og vötn og stuðla að félagslegri uppbyggingu í veiðimálum og veita upplýsingar og leiðbeiningar um þau mál.
- Skipa veiðieftirlitsmenn og samræma eftirlit í veiðimálum.
- Heimila merkingar á laxfiskum og innkalla skýrslur um merkingar og veiði laxfiska, fiskrækt, hafbeitar- og eldisframleiðslu.
- Heimila byggingu fiskvega og samþykkja gerð mannvirkja eða efnistöku, sem haft getur áhrif á lífríki í ám og vötnum.
- Veita umsagnir varðandi umhverfismöt stórframkvæmda við ár og vötn og kalla eftir frekari rannsóknum.
- Veita leyfi til fiskeldis og hafbeitar og gefa út rekstrarleyfi.
- Fylgjast með og taka þátt í alþjóðastarfi varðandi veiðistjórnun, umhverfismál ferskvatnsfiska og aðra stjórnsýslu í veiðimálum.

Arið 1961 tók Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði til starfa og var undir stjórn veiðimálastjóra. Í Laxeldisstöð ríkisins voru gerðar tilraunir með klak og eldi seiða og síðar með hafbeit á laxaseiðum. Á árunum um 1990 hófust skipulegar tilraunir með kynbætur laxa í stöðinni.

Árið 1996 var starfsemi Laxeldisstöðvar ríkisins hætt og stöðin leigð Stofnfiski hf. Stofnfiskur fékk það hlutverk að sjá um kynbætur á laxi til eldis. Gerður var samningur við Stofnfisk um fjárstyrk frá ríkinu til 10 ára.

Stjórn veiðimála

Samkvæmt lögum ber hvert veiðifélag ábyrgð á nýtingu og verndun fiskstofna innan þeirra fiskihverfis. Nýtingin er innan ramma laga um lax- og silungsveiði og almennra náttúruverndarlaga. Veiðiréttur í laxveiði er almennt leigður út til stangveiði á opnum markaði þar sem hæsta tilboði er tekið í veiðina. Hér er oft um umtalsverðan rekstur að ræða og er rekstarafkoma veiðifélaganna höfð í öndvegi. Um veiðifélög gildir 8 kafli laga um lax- og silungsveiði.

Í grófum dráttum má lýsa stjórn veiðimála í landinu á eftirfarandi hátt: Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn veiðimála í landinu.

Ráðherra til fulltingis er veiðimálastjóri sem er stjórnvald og leyfisveitandi í veigamiklum atriðum ásamt því að fara með eftirlit með veiðifélögum, veiði, fiskeldi, hafbeit, merkingum ofl. Starfsmenn embættis veiðimálastjóra eru nú 2, auk eftirlitsmanna.

Veiðimálanefnd er ráðherra til ráðgjafar auk þess að vera umsagnaraðili um lagasetningar. Þá fer veiðimálanefnd með stjórn fiskræktarsjóðs.

Fiskeldisnefnd er ráðherra til ráðgjafar og samræmingar og stefnumótunar varðandi fiskeldi.

Veiðimálastofnun er rannsóknar og ráðgjafarstofnun í veiðimálum. Yfir stofnuninni er stjórn er skipuð er samkvæmt tilnefningum hagsmunaaðila, en landbúnaðarráðherra skipar formann stjórnar. Veiðimálastofnun er heimilt að reka útibú á landsbyggðinni og reka rannsóknastöð.

Hlutverk Veiðimálastofnunar ber lögum (nr. 76/1970 með síðari breytingum) samkvæmt að stunda alhliða rannsóknir á vistkerfum ferskvatns og nýtingu fiskistofna þeirra og þjóna stjórnvöldum, landbúnaði og almenningi.

Veiðimálastofnunin er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið og vinnur lögum samkvæmt að eftirtöldum verkefnum:

- Alhliða lífríkisrannsóknir í ám og vötnum og skrásetning á náttúrufari vistkerfa í ferskvatni. Rannsóknir fiskistofna í ám og vötnum og sjálfbærri veiðinýtingu þeirra.
- Söfnun upplýsinga um eðli og gerð straumvatna og stöðuvatna.
- Rannsóknir og ráðgjöf í fiskeldi svo það megi stunda á arðbæran hátt í sátt við íslenska náttúru.
- Rannsóknir á sambýli fiskeldis og villtra fiskistofna í landinu.
- Veita upplýsingum varðandi niðurstöður rannsókna og öðrum upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaðila og almennings. Í því skyni rekur stofnunin gagnagrunn um lífríki áa og vatna svo og um fiskistofna þeirra og veiðinytja.
- Ráðgjöf um veiðinýtingu og hvort auka megi veiði eða arðsemi hennar með fiskræktaraðgerðum.
- Ráðgjöf um lífríki og umhverfi áa og vatna er varðar framkvæmdir og mannvirkjagerð.

Veiðimálastofnun tekur víðtækan þátt í samstarfi innan lands og utan við háskóla, stofnanir, félög og fyrirtæki á öllum starfssviðum sínum.

Veiðimálastofnun sinnir fyrir hönd Íslands vísindavinnu á sínu sviði vegna alþjóðlegra samninga og skuldbindinga Íslands m.a. innan Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) alþjóðlegu laxverndarstofnunarinnar (NASCO) og vegna samstarfs Norðurlanda.

Veiðimálastofnun veitir stjórnvöldum ráðgjöf vegna stjórnsýsluákvarðana varðandi veiðimál og fiskeldi.

Nú eru reknar 3 deildir Veiðimálastofnunar utan Reykjavíkur og eru þær staðsettar í Borgarnesi, á Hólum í Hjaltadal, og á Selfossi. Við hverja þeirra starfa 2 menn. Allir hafa þeir menntun á sviði líffræði eða fiskeldisfræði. Starfsmönnum var fjölgað í landsbyggðardeildum stofnunarinnar úr 3 í 6 á árunum 2000 og 2001. Var það gert með það að markmiði að bæta starfskilyrði deildanna og auka möguleika þeirra til að bæta rannsóknir og þjónustu. Á sama tíma hafa verkefni verið flutt frá Reykjavík til deilda og þar verið fækkað starfsfólki.

Í Reykjavík eru 10 starfsmenn Veiðimálastofnunar þar af er framkvæmdastjóri og 2 starfsmenn sem sjá um á skrifstofu og reikningshald. Auk þess eru námsmenn með aðsetur við stofnunina.

Veiðiréttarhöfum er skylt að mynda veiðifélög þar sem hvert veiðifélag nær yfir eitt fiskihverfi (það svæði sem fiskur getur gengið um) en í sumum tilfellum eru veiðifélög deildarskipt þar sem deildir ná þá yfir hluta af vatnahverfum t.d. einstaka hliðarár. Veiðifélögum landsins er skylt að vera í heildarsamtökum, Landssambandi veiðifélaga er fer með sameiginleg hagsmunamál veiðifélaganna. Nú eru 182 aðildarfélög að Landssambandi veiðifélaga.

Fiskræktarsjóður er starfræktur á vegum ríkisins og eru tekjur hans markaðar úr ríkissjóði, af hreinum tekjum veiðifélaga og af sölu rafmagns frá vatnsorku í landinu. Úthlutanir á styrkjum og lánum úr sjóðnum eru háðar samþykki ráðherra.

Staða laxastofna

Útbreiðslusvæði laxins (*Salmo salar*) nær yfir Norður-Atlantshaf. Segja má að Ísland liggi í miðju útbreiðslusvæðis laxins.

Þróun á afla lax í og við Atlantshaf eins og hann hefur verið upp gefinn til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) er sýndur á 1. mynd. Veruleg minnkun hefur orðið á afla og er hann nú ekki nema um fjórðungur þess sem hann var á áttunda áratugnum. Hluti af minnkuninni er vegna þess að dregið hefur verið úr sókn og sumum veiðum hefur verið hætt og má þar nefna reknetaveiðar við Noreg auk þess sem verulega minni sjávarveiði er nú stunduð við Færeyjar og Vestur Grænland.



1. mynd. Afli laxa í Norður-Atlantshafi frá 1960-2003 (Anon 2004).

Afli hér á landi hefur einnig breyst og hefur verið undir meðallagi á síðustu árum þegar litið er á heildarafla í tonnum talið (2. mynd).



2. mynd. Afli á lax á Íslandi frá árinu 1960-2003.

Ef litið er þær ár sem hafa samfellda veiðiskráningu og henni skipt í smálax og stórlax kemur fram að einkum hefur verið samdráttur í veiði á stórlaxi og að honum hafi fækkað verulega á undanförnum árum. Sambærilegt mynstur kemur fram skráðri veiði í öllum landshlutum (3. mynd).

Stangveiði á laxi í öllum laxveiðiám hefur verð tölvuskráð síðan 1974. Á síðustu árum hefur hlutfall þeirra laxa sem sleppt er aftur farið vaxandi og er nú greint á milli veiði og afla. Hlutfall þeirra laxa sem sleppt var aftur sumarið 2002 var um 17% (5. mynd). Stangveiðin hefur sveiflast frá um 23 þúsund löxum 1984 og upp í rúmlega 52 þúsund laxa 1978. Veiðin á síðustu árum hefur verið tiltölulega stöðug (Guðni Guðbergsson 2004).

Fram til 1990 var fylgni á milli stangveiði og netaveiði og líkur til að veiðin hafi að mestu leyti stjórnast af stærð laxgöngunnar (6. mynd). Eftir árið 1990 hafa flest öll net úr Hvítá í Borgarfirði verið leigð af veiðiréttarhöfum í hliðarám Hvítár. Leiga á netaveiði í Hvítá skilaði 28-35% aukningu í veiði á laxi í hliðaránum og stangveiðin tekur nú um 39-52% af þeim afla sem áður veiddist í net (Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2003). Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á áhrifum uppkaupa á netaveiðirétti í sjó. Slíkt er nokkru erfiðara í framkvæmd þar sem á áttunda og níunda áratug 20. aldar veiddist talsvert af hafbeitarlaxi í net.

Uppkaup netaveiðiréttar í sjó og leiga á netum í Hvítá í Borgarfirði hefur leitt til þess að mjög hefur verið dregið úr veiði þar sem margir stofnar fara saman í göngu. Slíkar veiðar eru nú litlar nema í stóru ánum Ölfusá-Hvítá og í Þjórsá. Í nær öllum öðrum ám er veitt af einungis einum stofni, stofni viðkomandi ár. Slíkt er talið mikilvægt út frá fiskifræðilegu sjónarmiði því ef um blandaðar veiðar er að ræða getur lítill stofn verið undir miklu veiðiálagi þó heildarafli sé talinn innan þolmarka fyrir viðkomandi veiði.

Vert er að geta þess að farið hefur fram athugun á möguleikum þess að gera breytingar á fyrirkomulagi veiða í Ölfusá og Hvítá þar sem dregið yrði úr vægi netaveiða og auka vægi stangveiða. Ef slíkt næst með samkomulagi hlutaðeigandi aðila líkt og gert var í Hvítá í Borgarfirði er talið að arðsemi laxveiði í héraðinu aukist og þeirri aukningu skipt milli þeirra sem eiga neta- og stangveiðirétt á vatnasvæðinu (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2004, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 2003).

Í lax- og silungsveiðilögunum sem sett voru 1957 og í síðari lagasetningum hefur verið leitast við að festa þá nýtingu og nýtingarform sem voru við líði og miðað við að sókn yrði ekki aukin eða veiðiaðferðum breytt að neinu marki. Þá var miðað við veiðiástundun næstu fimm ára þar á undan og að viðkomandi aðilar yrðu að sýna fram á þá veiðihefð sem þeir þá stunduðu. Sett voru ákvæði um lengd veiðitíma bæði í netaveiði og stangveiði. Vikufriðun er í netaveiði og nú má ekki leggja net milli kl 22 á föstudögum til kl 10 á þriðjudagsmorgun. Þetta ákvæði er sett til að tryggja að fiskar eigi að geta haft greiða leið upp á efri hluta vatnakerfa.





3. mynd. Afli laxa úr þeim ám sem hafa samfellda skráningu veiði frá árinu 1970 skipt í smálax og stórlax. Tekið er tillit til aukningar á veiði vegna leigu á netum og aukningar vegna laxa úr hafbeit og fiskeldi.



4. mynd. Veiði laxa á Íslandi skipt eftir sjávaraldri og að teknu tilliti til aukningar vegna laxa vegna leigu á netum og vegna hafbeitar og fiskeldis.



5. mynd. Laxveiði á Íslandi frá árinu 1974 skipt í afla (fjöldi landaðra laxa) og laxa veitt og sleppt.



6. mynd. Afli í netaveiði á Íslandi fá árinu 1974. Tiltekið er tímabil þar sem dregið hefur verið úr sókn vegna leigu á netaveiðirétti í Hvítá í Borgarfirði og vegna uppkaupa á netum úr sjó.

Auk þess sem veiðitími var festur var leitast við að setja sóknarmark á stangveiði og miðað við þá þumalfingursreglu að stangarfjöldi væri ákvarðaður sem einn lax per stöng per dag að meðaltali. Á þessu hafa verið nokkur frávik t.d. þar sem veiði er nær ekki þeim mörkum en vatnakerfi eru stór. Ekki er vitað til að fyrir þessu

væru bein vísindaleg rök en fremur að reynt væri að koma í veg fyrir að gengið yrði of nærri stofnum með veiðum og tryggja nægilega hrygningu til endurnýjunar stofna og viðhalds. Hér var því í raun verið að beita varúðarreglu. Ef veiðiréttarhafar á veiðisvæði vildu taka upp stangveiði urðu viðkomandi að hætta netaveiði ef hún var áður stunduð á sama svæði.

Af veiðitölum einstakra landshluta sést að sveiflur í veiði eru mestar á Norður og Austurlandi en minnsta á Vesturlandi.

Almennt má segja að aflatölur endurspegli ástand laxastofna. Vitað er að hlutfallslega veiðist meira úr göngu þegar hún er lítil en þegar gangan er stór (Þórólfur Antonsson, Sigurður Guðjónsson og Haukur Pálmason 1998, Sigurður Guðjónsson ofl. 1996). Atburðir eins og lág vatnsstaða bergvatnsáa og grugg í jökulám getur í einstöku árum haft áhrif á fiskgengd og aðstæður til veiði. Á síðari árum hefur mikilvægi þess að hafa beinar talningar á heildargöngu orðið mikilvægari til að fá fram veiðiálag. Veiðiálag er þekkt í nokkrum ám og breytist fremur lítið milli ára (7. mynd).



7. mynd. Veiðiálag á laxastofn á Íslandi. Veiðiálag er hlutfall þess sem veitt er af heildargöngunni (Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2004).

Tölur um veiðiálag benda til þess að það sé frekar stöðugt og jafnframt að almennt sé meira veitt af stórlaxi en smálaxi. Hluti þeirrar skýringar er að stórlaxinn gengur fyrr en smálax og er því lengur inn í veiði hvert veiðitímabil.

Framleiðsla á gönguseiðum er afrakstur hverrar ár. Lífsferlar og vaxtartími getur verið mislangur milli ára og milli áa. Fylgst hefur verið með fjölda gönguseiða í þremur ám á Íslandi sem kallaðar hafa verið lykilár (index ár) og gefa mynd af ástandi lax á ákveðnum svæðum. Mat á fjölda seiða er framkvæmt með þeim hætti að veidd eru seiði á niðurgöngu, þau merkt og heildarfjöldi metinn út frá hlutfalli merktra og ómerktra fiska í veiði árið á eftir. Fjöldi seiða fer að nokkru eftir stærð áa, gæðum búsvæða og frjósemi þeirra. Allmikill breytileiki er í fjölda gönguseiða á milli ára (8. mynd).



8. mynd. Mat á heildarfjölda gönguseiða úr þremur íslenskum ám (Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2004).

Stærð og líffræðilegt ástand laxastofna á Íslandi

Laxastofnar landsins eru misstórir. Flestir þeirra eru þó litlir og fáar ár þar sem veiði getur farið yfir 2000 laxa á ári (Tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi laxveiðiáa skipt í flokka eftir meðalveiði.

Meðalveiði	fjöldi áa
1000 - 2000	12
300 - 1000	19
100 - 300	32
minni en 100	47
Samtals	110

Útbreiðsla fisktegund hér landi fer að nokkru leyti eftir legu landsins, uppruna og frjósemi vatns og hæð yfir sjó (9. mynd). Tegundir laxfiska gera mismundandi kröfur til lífsgæða og gerir laxinn mestar kröfur til frjósemi og straumhraða vatns. Bleikja er harðgerust tegunda laxfiska og getur m.a. hrygnt í vötnum með eða án úrrennslis. Urriðinn kemur á milli hinna tegundanna í kröfum. Af urriða og bleikju geta verið sjógengnir stofnar, sjóbirtingur og sjóbleikja þar sem gönguleið til sjávar er greið (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996).

A



B

9. mynd. Loftmynd af Íslandi (A) ásamt grófu yfirlit yfir megin útbreiðslu tegunda á landinu (B). (Loftmyndin er frá Landmælingum Íslands og útbreiðslumyndin frá Guðna Guðbergssyni og Þórólfi Antonssyni 1996)

Lífsferill laxa telst nokkuð flókinn og viðkvæmur. Laxinn elst upp í fersku vatni fyrstu árin en nær sjóþroska við 10-15 cm stærð og gengur til sjávar. Laxinn gengur langt í hafinu og hafa merki af íslenskum löxum fundist í veiðum við Færeyjar og Vestur Grænland. Hvar nákvæmlega laxinn heldur sig er ekki þekkt og heldur ekki hvað veldur afföllum hans í hafi. Þar vantar tilfinnanlega frekari rannsóknir.

Sýnt hefur verið fram á að sjávarhiti að vori, selta og magn átu skýra að hluta til breytileika í endurheimtu laxa á Norðurlandi sem og stærð (þyngd) laxa sem kom í árnar. Veikari tengsl þessara þátta eru á Vesturlandi þar sem umhverfisþættir sjávar og laxveiði er stöðugri (Scarnecchia 1984a, 1984b, Scarnecchia ofl. 1989). Samhengi er á milli fjölda smálaxa og stórlaxa ári síðar (Scarnecchia 1984a, Sigurður Guðjónsson et al. 1995). Ekki hafa fundist bein tengsl á milli laxgengdar í íslenskar ár og afla laxa í sjávarveiðum við Færeyjar og Vestur-Grænland (Scarnecchia et al. 1991a og 1991b). Sýnt hefur verið fram á tengsl laxgengdar í ár við Barentshaf og laxveiði á Norður og Austurlandi 3 árum seinna og leiddar líkur að því að hafstraumar og sjávargerð séu þar að verkum (Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996).

Nokkrar vísbendingar eru til um ferðir laxa frá Íslandi í úthafinu og er það byggt á endurheimtum merktra fiska (10. mynd).



10. mynd. Endurheimtur merktra laxa frá Íslandi á árunum 1967- 1995. (Myndin er frá Árna Ísakssyni, Sumarliða Óskarssyni og Þór Guðjónssyni 2002).

Af útbreiðslu endurheimtra merkja má ráða að laxar af Norður og Austurlandi endurheimtast í meira mæli austan við land í veiðum Færeyinga en laxar af Suður og Vesturlandi fremur fyrir vestan Grænland. Á þessu eru þó undantekningar sem gefur sterkar vísbendingar að laxinn gangi langt til að finna beitarsvæði í sjó.

Alþjóðalaxaverndunarsjóðurinn (NASF) hefur beitt sér fyrir verndun laxastofna meðal annars með uppkaupum á laxakvóta Færeyinga og Grænlendinga. Áætlað hefur verið að þær aðgerðir hafi bjargað þúsundum laxa frá veiðum í sjó. Sú aukning sem af þessu hlaust varð ekki vart í aflatölum aðildarlanda ICES en ekki er ólíkleg að þær hefðu orðið lægri ef ekki hefði til þess komið (Anon 2002).

Þegar sókn í fiskstofna er stöðug gefa veiðitölur ákveðnar vísbendingar um stofnstærð og breytingar sem á henni verða. Stofnar laxa hafa farið minnkandi í ám einkum á Norðurlandi á undanförnum árum (11.mynd). Þetta á ekki síst við um ár þar sem hlutfall stórlaxa er hvað hæst og eru Miðfjarðará, Víðidalsá, Vatnsdalsá og Laxá í Aðaldal teknar hér sem dæmi. Af þessu sést að sveiflur í stofnum eru líkar innan landshluta. Svipaða sögu er að segja fyrir aðra landshluta þótt sveiflur í veiði á ám á Suðvestur og Vesturlandi séu minni á milli ára. Á því sumri sem nú er að líða kom fram vaxandi gengd smálaxa einkum í ám á Norðvesturlandi.



11.mynd. Veiði í nokkrum ám á þ.e. Norðurlandi, Miðfjarðará, Víðidalsá, Vatnsdalsá og Laxá í Aðaldal.

Í ánum eru grunnþarfir laxins hrygningarstaðir, skjól og fæða. Hver á og hvert vatnakerfi hefur ákveðna stærð og gæði búsvæða sem að meðaltali geta framleitt ákveðinn fjölda gönguseiða. Þróuð hefur verið aðferð á Veiðimálastofnun til að meta og kortleggja búsvæði fiska í ám (Þórólfur Antonsson 2000). Til að öll búsvæði séu setin í ánum þarf að meðaltali ákveðin fjölda hrogna. Það sem er af fiski umfram þann fjölda sem þarf til hrygningar er sá fjöldi sem talið er að megi veiða án þess að það komi niður á nýliðun og stofnstærð seinna meir. Ef stofnstærð er undir þessum mörkum hafa stofnar ekkert veiðiþol. Ef veitt er umfram þessi mörk er gengið á auðlindina og er þá um ofveiði að ræða. Heildarstofnstærð og veiðiálag er einungis þekkt í fáum ám hér á landi. Slíkar mælingar eru einn af grunnþáttum varðandi nýtingu fiskstofna og veiðistjórnun. Tilraun hefur verið gerð til þess að meta fjölda hrogna í Laxá í Aðaldal og miðað við þær forsendur að veiðiálag sé 50% á smálaxi og 60% á stórlaxi og hún sett fram hér sem dæmi. Gert er ráð fyrir að skipting í smálax og stórlax svo og kynjaskipting hrygningarstofn sé sá sami og í veiðinni. Jafnframt er hlutdeild smálaxa í hrognafjölda mun lægri en stórlaxa þar sem stórlaxa hrygnur hafa mun fleiri hrogn en smálaxahrygnur. Fjöldi hrogna er síðan tengdur við stærð hrygna. Út frá þessum forsendum sést að fjöldi hrogna í Laxá í Aðaldal hefur farið lækkandi á undanförnum árum og er nú sá lægsti frá 1974 (12. mynd). Í Laxá munar mest um fækkun stórlaxa en þar hafa þeir flestir verið hrygnur. Ef mat er til á heildarfjölda laxa í göngu, t.d. í ám þar sem talningar fara fram með teljurum fæst mun nákvæmari greining á stærð hrygningar og nýliðun.



12. mynd. Áætlaður fjöldi hrogna í Laxá í Aðaldal ásamt hlutdeild smálaxa og stórlaxa í hrygningunni.

Ef sú þróun sem átt hefur sér stað í Laxá heldur áfram stefnir óðum í að Laxá veiti ekki af öllum sínum hrognum og veiðiþol laxins þrjóti. Hluti af skýringu þess liggur í því að stærsti hluti laxgengdar í Laxá samanstendur af smálaxahængum og stórlaxa hrygnum (13. mynd). Fjöldi smálaxahænga hefur nokkuð haldist, á meðan tveggja ára hrygnum hefur fækkað. Ef um varanlega breytingu væri að ræða á samsetningu stofnsins t.d. vegna vals gegn stórlaxi, væri við því að búast að hrygnuhlutfall smálaxa myndi hækka. Slík hefur raunin ekki orðið (14. mynd). Því er fremur að búast við því að gönguseiðin haldi svipuðu lífsmynstri og að það sé að miklu leyti ákvarðað við útgöngu hvort þau ætli að dvelja eitt eða tvö ár í sjó. Smálaxahængarnir skila sér aftur en færri tveggja ára hrygnur. Hér er því um að ræða hækkun á dánartölu laxa á öðru ári í sjó. Hver ástæða þess er, er ekki þekkt en svipaðar niðurstöður hafa komið fram úr öðrum ám (Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 2003).



13. mynd. Kynjaskipting og skipting smálaxa og stórlaxa í Laxá í Aðaldal.



14.mynd. Hlutfall hrygna af smálaxi og stórlaxi í Laxá í Aðaldal.

Á síðari árum hefur hlutfall þess sem sleppt er farið vaxandi og því vegur það nokkuð gegn þessum þáttum. Sleppingar laxa í stangveiði, einkum hrygnum vegur upp á móti þessari þróun.

Reglulega er fylgst með seiðaþéttleika og árgangaskipan laxaseiða í mörgum ám hér á landi. Er það gert til þess að fylgjast með framvindu í seiðaframleiðslu og hugsanlega að grípa inní með fiskræktaraðgerðum ef þurfa þykir. Slíkar mælingar eru eins konar öryggisventlar er gagnast bæði veiðiréttareigendum og leigutökum veiðiánna.

Hafbeit og laxeldi

Fljótlega eftir að Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði tók til starfa var farið að gera tilraunir með hafbeit á laxi. Fyrirmyndin var hafbeit kyrrahafslaxa á vesturströnd Norður-Ameríku. Hafbeit þótti vera raunhæf hér þar sem ekki var um neinar veiðar á laxi í sjó að ræða. Framan af var hafbeit lítil en jókst með tilkomu stórra hafbeitarstöðva og fór fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa hæst í rúmlega 160 þúsund laxa á fyrri hluta níunda áratugar 20. aldar (15. mynd). Hafbeit lagðist af hér á landi og voru ástæður þess einkum lækkandi verð á afurðum og lágar endurheimtur laxaseiða úr sjó.



15. mynd. Endurheimtur á laxi úr hafbeit á Íslandi 1974-2003.

Heildarframleiðsla í laxeldi við Norður Atlantshaf er rúm 700 þúsund tonn (Anon 2004) og er Noregur mesta laxaframleiðslulandið. Laxeldi hér á landi hefur mest farið í um 3500 tonn á árinu 2003 (16. mynd). Á undanförnum áratugum var bróðurparturinn af laxeldi hér á landi í landeldisstöðvum eftir að tilraunir með laxeldi í sjókvíum á áttunda áratug 20. aldar báru lítinn árangur. Á allra síðustu árum hefur aftur hafist laxeldi í kvíum hér við land og er það einkum staðsett við Austurland.



16. mynd. Framleiðsala í fiskeldi á Íslandi.

Samfara aukningu á eldi á laxi í sjókvíum komu upp áhyggjur manna af hugsanlegum áhrifum eldislaxa á íslenska laxastofna en þekkt er að eldislaxar geta sloppið úr kvíum. Til að draga úr hugsanlegum áhrifum laxeldis á náttúrulega laxastofna lokuðu stjórnvöld á eldi á laxfiskum á ákveðnum svæðum við strendur landsins (17. mynd) en innan þeirra svæða er um 73 af veiði á villtum laxastofnum. Auk þess sem ákveðnum svæðum hefur verið lokað hafa verið sett sem þau skilyrði að 10% af þeim fiskum sem settir eru í kvíar séu merktir. Merkingarnar eru til þess að hægt sé að rekja uppruna fiska ef þeir sleppa úr kvíum og koma fram annars staðar.



17. mynd. Svæði sem hefur verið lokað fyrir eldi á laxfiskum og hlutdeild laxveiði innan hvers svæðis af meðalveiðiveiði á landinu öllu.

Mikið hefur verið rætt um hugsanleg áhrif laxaeldis á náttúrulega laxastofna þar sem talið er að ákveðin hætta sé fyrir hendi og því til mikils að vinna að beita öllum ráðum til að minnka hugsanleg neikvæð áhrif (Valdimar Gunnarsson 2002). Þrátt fyrir þessar aðgerðir hafa margir veiðiréttarhafar haft áhyggjur af áhrifum

vaxandi fiskeldis á náttúrlega laxastofna, sem bæði tengjast hugsanlegri erfðablöndun og ímynd. Ákveðnar vísbendingar hafa komið fram í erlendum rannsóknum um neikvæð áhrif eldislaxa á villta stofna (McGinnity et al. 2003) en slík áhrif geta verið tengd skyldleika stofna, magni innblöndunar og tíðni þess sem það gerist.

Kortlagning á erfðum laxa í íslenskum ám gefur til kynna að laxastofnar innan landsvæða eru skyldari innbyrðis en á milli landsvæða (18þ mynd). Þá eru þeir laxastofnar sem notaðir eru hér í eldi fjarskyldir íslenskum stofnum (Anna Kristín Daníelsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Friðþjófur Árnason og Sigurður Guðjónsson 1997). Nú er hafinn undirbúningur að endurtekningu á slíkri kortlagningu þar sem byggt verður á greiningu erfðaefnis.



18. mynd. Erfðafræðilegur skyldleiki íslenskra laxastofna innbyrðis og skyldleiki við eldislax af norskum uppruna (Daníelsdóttir ofl. 1997)

Fiskrækt

Í lögum um lax- og silungsveiði er fiskrækt skilgreind sem "hverskonar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns". Lengi vel voru helstu fiskræktaraðgerðir fólgnar í seiðasleppingum en jafnframt að opna gönguhindranir með byggingu fiskstiga en búsvæði laxfiska hafa verið aukin um 50% með byggingu fiskstiga hér á landi (Hafdís Hauksdóttir 1999). Þessar framkvæmdir hafa víða verið

afar þýðingarmiklar og víðast hvar tekist vel þótt finna megi dæmi um annað. Í þeim tilfellum er helst um að kenna að lífsskilyrði ofan fiskstiga eru rýr og framleiðsla takmörkuð. Í sumum tilfellum hefði mátt koma í veg fyrir kostnaðarsamar aðgerðir við byggingu laxastiga með úttekt á möguleikum til fiskframleiðslu ofan þeirra.

Fiskrækt með seiðasleppingum hefur haldist nokkuð í hendur við framfarir í eldistækni. Þannig var í fyrstu eingöngu sleppt kviðpokaseiðum en síðar smáseiðum og gönguseiðum. Árið 1996 var sett í lög að einungis má sleppa seiðum af stofni viðkomandi veiðiár og að alla fiskrækt verður að framkvæma samkvæmt fiskræktaráætlun samþykktri af embætti veiðimálastjóra

Eitt gleggsta dæmið um fiskrækt með seiðasleppingum er uppbygging á laxveiði í Rangánum. Einungis lítil lax- og sjóbirtingsveiði var í Rangánum enda áin sendin og botngerð óhagstæð til seiðaframleiðslu. Nú er veiði þar tilbúinn með framleiðslu gönguseiða í eldisstöðvum og byggð hefur verið upp veiði sem skilar þúsundum laxa í veiði árlega (19. mynd) og mikilvægri atvinnu og tekjum fyrir nágrannasveitir.



19. mynd. Laxveiði í Rangánum. Aukning í veiði kom í kjölfar sleppinga gönguseiða í árnar.

Sleppingar gönguseiða í litlu magni eru framkvæmdar í allmörgum ám einkum til að auka veiði og koma á móts við óskir veiðimanna um fiskgengd og aflabrögð. Árangur og endurheimtur geta haldist í hendur við gæði seiða en endurheimtur gönguseiða líkt og náttúrulegra seiða eru jafnan hærri sunnanlands og vestan en á

Norður og Austurlandi (Guðni Guðbergsson 2004, Þórólfur Antonsson 1998). Endurheimtur laxa úr slíkum sleppingum hefur að mestu haldist í hendur við endurheimtur náttúrulegra seiða.

Hafa má í huga að gagnrýni á seiðasleppingar hefur vaxið á undanförnum árum og að fara beri með gát við slík inngrip (Van Zyll de Jong et al. 2004). Ekki er vitað til að komið hafi fram staðfest dæmi um skaðsemi fiskræktar með seiðasleppingum en brýnt er að auka þekkingu á þessu sviði með rannsóknum. Þegar klakfiskur er tekinn til undaneldis þarf hafa hugast að taka nægilegan fjölda undaneldisfiska til að koma í veg fyrir val á ákveðnum eiginleikum og ekki að nota fiska ættaða úr sleppingum til undaneldis. Áhrif af sleppingum minnka eftir því sem náttúruval hefur lengri tíma til að velja úr hæfustu einstaklingana.

Silungsstofnar

Silungsár og silungsvötn er að finna í öllum landshlutum þótt í mismiklum mæli sé. Stórir silungastofnar geta verið í stórum laxveiðiám þar sem silungur finnur sér búsvæði á straumminni hlutum ánna, oft á neðri hluta þeirra, einnig efst ofan útbeiðslusvæðis laxins eða í stöðuvötnum á vatnakerfum. Dæmi um þetta er Víðidalsá og Vatnsdalsá í Húnaþingi, Laxá í Aðaldal og Vesturdalsá í Vopnafirði svo einhverjar séu nefndar. Stöðuvötn eru víða og af ólíkum gerðum og eru stór vatnasvæði t.d. í Veiðivötnum, Arnarvatnsheiði, á Skaga og á Melrakkaslettu. Veiðinýting er misþróuð á þessum svæðum en einna helst á svæðum þar sem hið félagslega kerfi nýtingarinnar er mótað um laxveiði. Silungsveiðin hefur þar komið til aukningar við nýtingu á laxastofnum svæðanna.

Á undanförnum árum hefur farið fram allmikil vinna í að bæta skráningu á silungsveiði. Urriðaveiði hefur verið tæplega 40 þúsund fiskar á undanförnum árum en hlutfall þess sem er veitt og sleppt hefur farið vaxandi á undanförnum árum (20. mynd). Minni veiði á fyrri hluta tímabilsins skýrist væntanlega af vanskráningu veiði á þeim tíma.



20. mynd. Skráð stangveiði urriða á Íslandi 1987-2003.



21. mynd. Skráð stangveiði á bleikju á Íslandi.

Skráð meðalveiði á bleikju í stangveiði á undafömum árum hefur verið nærri 30 þúsund fiskum (21. mynd). Ekki er gerður greinarmunur á veiði á sjógengnum og staðbundnum stofnum.

Vitað er að mikið af silungsveiði er vanskráð sem stafar að hluta til af minni hefð fyrir slíku auk þess sem umgjörð um silungsveiði er ekki jafn þróuð og gerist í laxveiði. Hér má verulega úr bæta og miklir möguleikar til silungsveiði eru ónýttir hér á landi. Það sem úr þarf að bæta er félagslegt umhverfi með stofnun og betri virkni veiðifélaga auk þess sem bæta þarf aðgengi að ám og vötnum og bæta aðstöðu fyrir veiðimenn. Með því móti er hægt að koma veiðisvæðum á framfæri en jafnan auglýsa veiðisvæði með góðri veiði sig sjálf.

Segja má að laxveiði auðlindin sé nær fullnýtt, þ.e. nær allar þær stangir sem leyfðar eru og eru í boði eru nýttar en um 34 þúsund stangardaga er að ræða (Björn Snær Guðbrandsson 1990). Í laxveiði er algengast að þeir sem hana stunda geri sér ferðir þar sem veiðin er aðalmarkmið ferðar. Varðandi silungsveiði eru mun algengara að veiði sé hluti af afþreyingu fjölskyldna á ferðalögum. Hér er um vannýtta auðlind að ræða. Líklegt verður að telja að miklir möguleikar séu í að koma á betri veiðinýtingu í silungsám og vötnum. Mikilvægt er einnig að kynna veiði fyrir börnum og unglingum og viðhalda nýliðun í fjölda veiðimanna.

Íslensk stöðuvötn hafa mörg hver verið skoðuð og má nefna svokallað vatnaverkefni þar sem gerð hefur verið kerfisbundin úttekt á um 70 stöðuvötnum á landinu. Verkefnið er unnið í samvinnu Veiðimálastofnunar, Náttúrustofu Kópavogs, Hólaskóla og Háskóla Íslands. Gagnagrunnur verkefnisins er vistaður hjá Veiðimálastofnun.

Silungsveiði hefur víða verið stunduð í vötnum og við strendur með netum. Netaveiði í vötnum hefur farið minnkandi á undanförnum árum og allvíða verið tekin upp stangveiði í staðinn. Ástæða þess er oft breyttir búskaparhættir og verðmæti þar sem stangveiði skilar meiri arði en netaveiði. Það hefur sýnt sig að netaveiði og stangveiði á sömu stöðum fara illa saman í augum veiðimanna jafnvel þótt veiðarnar séu vel innan þolmarka viðkomandi stofna.

Oft hefur verið talað um ofsetningu vatna þ.e. að silungur verði kynþroska smár og sé því í litlum gæðum til veiða. Því hefur verið haldi fram að grisjun slíkra vatna geti breytt samsetningu stofnanna. Líklegt er fiskstofnar þar sem einstaklingar eru í samkeppni um fæðu leitist við að koma afkvæmum sínum til næstu kynslóðar á sem hagkvæmastan hátt. Þannig leiti fiskstofnar einskonar jafnvægis við þau skilyrði sem í vatninu er (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996).

Grunnreglan er sú að vistgerð viðkomandi vatns skapi og móti stofngerð fiska. Í sumum vötnum er því fiskur smár á meðan hann er stórvaxnari í öðrum vötnum. Grisjun er í eðli sínu ofveiði þar sem leitast er við að ganga á og minnka hrygningarstofn og fækka þar með munnum í samkeppni. Ef slíkar aðgerðir eiga að geta heppnast þarf að viðhalda þeim því annars er hætt við að stofnarnir leiti fljótt aftur í sama farið. Ekki hefur verið sýnt framá að grisjun vatna svari kostnaði þótt silungur í vötnum sem veitt sé úr geti batnað að holdgæðum. Spyrja má hvort það sé slæmt að veiða marga fiska þótt smáir séu, þó stórfiskar séu eftirsóttir af veiðimönnum.

Silungsveiði hefur verið stunduð í sjó frá nokkrum jörðum við landið. Einungis örfáir aðilar skila skýrslum yfir veiði silungs í sjó en samkvæmt lögum eiga þeir einir veiðirétt sem sýnt geta fram á veiði til 5 ára fyrir 1957. Skil á veiðitölum er jafnframt lagaleg skylda veiðiréttarhafa. Mikilvægt er að koma á skrásetningu þeirra aðila sem sannanlega eiga slíkan veiðirétt til að koma í veg fyrir tortryggni sem oft tengist þessum veiðum. Hafa má einnig í huga að sá silungur sem veiddur er í sjó er uppruninn í fersku vatni, ám og vötnum. Gæta þarf að veiðiþoli stofna og að ekki sé á stofnana gengið. Huga þarf að því að veiði byggist á hverjum stofni og að sanngjörn skipti séu á arði. Sömu líffræðilegu grundvallaratriði liggja til grundvallar fyrir nýtingu silunga- og laxastofna.

Áll

Veiðar á ál hér á landi hafa ekki verið stundaðar reglulega. Þó hefur af og til verið gerðar tilraunir með veiðar á ál og verkun hans. Þá er állinn veiddur sem guláll í vötnum eða sjávarlónum eða sem bjartáll á leið sinni niður ár til sjávar á haustin. Mest er af ál sunnanlands og vestan, þar sem hafstraumar bera álalirfurnar sunnan úr höfum. Ál er þó að finna um allt land. Nokkrar rannsóknir hafa verið gerða á ál, einkum hin síðari ár. Vera kann að einhverjar veiðar á ál megi stunda hér á landi en erfitt er í ljósi núverandi þekkingar að segja hversu mikið.

Rannsóknir og rannsóknaumhverfi

Eins og áður er sagt var embætti veiðimálastjóra sett á laggirnar 1946. Á fyrstu árunum voru starfsmenn fáir og lítill tími til rannsókna og en mikil áhersla lögð á söfnum veiðitalna, skipulagi veiða og félagslegt umhverfi. Þar að auki var unnið ötullega að opnun ófiskgengra svæða með byggingum laxastiga. Á árunum upp úr 1970 fjölgaði starfsmönnum og rannsóknir jukust ekki síst fyrir tilverknað rannsóknar- og þróunarstyrks sem fékkst frá Sameinuðuþjóðunum. Við fjölgun starfsmanna má segja að Veiðimálastofnun hafi orðið til sem eiginleg rannsóknarstofnun. Fyrstu áratugirnir fóru í að kanna útbreiðslu laxfiska og gera sér grein fyrir því hvaða þættir voru mestu áhrifavaldar fyrir lífsferla þeirra. Tilkoma rafveiðitækja til seiðaveiða og tæki til fiskmerkinga á fyrri hluta áttunda áratugarins voru mikilvægir liðir í því. Frá árinu 1984 var Veiðimálastofnun gert að taka gjald

fyrir veitta þjónustu. Við það breyttist rekstrar- og rannsóknarumhverfi Veiðimálastofnunar.

Með rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem oft leiðir til lausnar ákveðinna vandamála. Með skipulögðum rannsóknum sem standa um lengri tíma er einnig skráð náttúrufar landsins. Vel skipulagðar langtímarannsóknir og vöktun er afar þýðingarmikil við að greina áhrifaþætti á stærð fiskistofna og umhverfis auk samspili þessara þátta.

Lykilár

Ein af meginstoðum rannsókna á íslenskum laxastofnum eru rannsóknir í svokölluðum lykilám. Í þeim fara fram rannsóknir á sem flestum þáttum í lífsferli og umhverfi laxastofna. Lykilár voru valdar með það í huga að ástand fiskstofna í þeim væri lýsandi fyrir ákveðið landsvæði. Vegna þess að tæknilega getur verið bæði erfitt og kostnaðarsamt að beisla stórar ár eiga lykilárnar það sameiginlega að vera fremur smáar. Sambærilegar lykilárrannsóknir eru stundaðar í flestum öðrum löndum þar sem lax er að finna og eru niðurstöður lykilárrannsókna ein af megin gagnagreiningu hjá vinnunefnd Aljóðahafrannsóknarráðsins sem fjallar um lax í Norður-Atlantshafi. Hér á landi eru lykilárnar 3, Elliðaárnar, Miðfjarðará í Húnaþingi og Vesturdalsá í Vopnafirði. Í lykilánum er talning á laxgengd í árnar með teljurum, skráning veiði og samsetning hennar ásamt aldursdreifingu lesinni úr hreistri. Gönguseiði eru veidd, talin og merkt á vorin, afföll og endurheimta þeirra úr sjó metin. Árgangastyrkur, seiðavísitala og útbreiðsla er metin með rafveiðum. Rannsóknir á laxi í lykilám hafa skilað mikilsverðri þekkingu á laxastofnum, áhrifum umhverfis á þá, mun milli landshluta og áhrifum umhverfisþátta á lífslíkur og afkomu stofnanna (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2002). Sú þekking og sá lærdómur sem fengist hefur úr rannsóknum á lykilánum er mikilvægur til að yfirfæra og túlka gögn úr öðrum ám þótt gagnasöfnun sé mun minni og á afmarkaðri þáttum.

Veiðiskýrslur

Árlega er safnað veiðiskýrslum úr flestum vatnakerfum landsins. Byggt er á þeirri hefð sem skapast hefur allt frá árinu 1946. Veiðiskýrslum er safnað saman að afloknum veiðitíma og úr þeim eru skráðar upplýsingar um veiðidag, tegund, kyn, þyngd, lengd, agn, hvort viðkomandi fiski hafi verið landað eða honum sleppt aftur og

hvort hann hafi verið merktur (22. mynd). Í gagnagrunni Veiðimálastofnunar eru tölvuskráðar upplýsingar um veiði allt frá árinu 1974 og handunnar upplýsingar ná víða enn lengra aftur í tímann. Fyrir veiðitíma ár hvert eru veiðibækur endursendar til veiðifélaga og skráningaraðila ásamt samantekt yfir veiðina og nýjar bækur sendar til

VEIÐIBÓK

1999



22. mynd. Ytra útlit og opna úr veiðibók.



skráningar komandi veiðitímabil. Skráning laxveiði er með því besta sem gerist hjá laxveiðiþjóðum en enn má bæta varðandi skráningu á silungsveiði þótt mikið hafi áunnist á því sviði á síðustu árum. Hér þarf að koma til samstillt átak Veiðimálastofnunar, veiðifélaga og veiðimanna. Veiðiskýrslur eru lagðar til grundvallar við verðmætamat veiði og verðlagningu veiðileyfa ásamt skiptingu arðshluta og mati á fiskræktaraðgerðum.

Þjónusturannsóknir

Þjónusturannsóknir hafa verið fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi Veiðimálastofnunar á undanförnum árum. Er þá í flestum tilfellum um að ræða mælingar á seiðabúskap og árgangastyrkleika, greiningu á veiðitölum og mat á fiskræktaraðgerðum. Þjónusturannsóknir eru nokkuð kostnaðarsamar og hafa mörg smærri veiðifélög takmarkaða getu til að standa straum af þeim kostnaði. Það eru einmitt oft þau veiðifélög sem einna helst þurfa á rannsóknum og ráðleggingum að halda. Segja má að vel skipulagðar þjónusturannsóknir sem standa um lengri tíma með mælingum á grunnþáttum í lífsferli fiska sé einnig skráning á náttúrufari sem nýtist greininni í heild. Ekki er hægt að ætlast til þess að einstök veiðifélög eigi eða hafi bolmagn til að standa straum af grunnrannsóknum er lúta að auðlindinni í heild. Dæmi um það eru rannsóknir á afdrifum laxa í sjó en þar þarf að koma til fé frá stjórnvöldum og sjóðum. Veiðimálstofnun stundar árlega þjónusturannsóknir á tugum vatnakerfa fyrir veiðifélög en einnig hafa verið unnin þjónustuverkefni fyrir orkufyrirtæki og sveitarfélög en slíkar rannsóknir eru yfirleitt liður í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í því sambandi má benda sérstaklega á að mjög margar athafnir mannsins koma fyrr eða síðar beint eða óbeint fram í vatnsgæðum með áhrifum á þær lífverur sem þar lifa. Má þar tiltaka mengun hvers konar sem oftast endar í vatnakerfum. Stíflur og rennslisstýring vegna vatnsaflsvirkjana hefur einnig oftlega áhrif á ferskvatn og þær lífverur sem þar búa. Fiskar, einkum laxfiskar eru efst í fæðukeðju vatnsins og koma breytingar oft fram í þeim. Hinn flókni lífsferill, sem göngufiskar hafa, gerir fiskstofna, einkum göngufiska sérstaklega viðkvæma fyrir breytingum. Til skamms tíma var Veiðimálastofnun ein um þessar rannsóknir en á síðustu árum hafa náttúrustofur og einstaklingar tekið að sér þjónusturannsóknir í vaxandi mæli. Líklegt má telja að sú þróun komi til með að halda áfram.

Grunnrannsóknir

Grunnrannsóknir og skráning á náttúrufari eru mikilvægar og þurfa að vera gerðar á þeim forsendum að um þekkingaröflun sé fyrst og fremst að ræða. Það er svo þeirra sem fjármagni stjórna að meta og forgangsraða verkefnum og mikilvægt er að þeir séu í góðum tengslum við viðkomandi atvinnugreinar. Allmargar grunnrannsóknir hafa verið gerðar á íslenskum laxastofnum sem hafa haft alþjóðlegt vægi. Sá mikli breytileiki sem er á umhverfi landsins, í ánum og í sjó er líklegur til að vera eftirsóttur af fræðimönnum í öðrum löndum. Það að sjávarveiðar á laxi eru heldur ekki stundaðar hér auðveldar greiningu á gögnum og minnkar óvissu sem vísindamenn í mörgum öðrum löndum búa við. Rannsóknarumhverfi í ám og vötnum ætti því að geta gefið sóknarfæri til samstarfs við erlenda vísindamenn og rannsóknarstofnanir.

Veiði er stunduð í flestum ám og vötnum landsins. Veiðin skapar tekjur og veiðifélögin því í raun fyrirtæki þar sem fiskstofnarnir og náttúran er auðlindin. Rannsóknum eru því settar þær skorður að inngrip í fiskstofna verður að halda í lágmarki, annars geta þær haft áhrif á rekstur áa til sölu veiðileyfa. Hér getur verið um að ræða áhrif á ímynd ekki síður en líffræði og má sem dæmi nefna að ekki kæra allir sig um að vita um fjölda fiska í göngum þótt það sé einn af grunnþáttum við stjórnun veiða. Uppsetning teljara hefur mætt andstöðu af hálfu sumra veiðifélaga og veiðimanna. Rannsóknir á fiskstofnum í ám eru ætíð háðar velvilja eigenda og góðu samstarfi milli þeirra sem rannsaka, þeirra sem eiga auðlindina og þeirra sem nýta hana. Ekki þarf mikið útaf að bregða til að hafa áhrif á forsendur rannsókna. Erlendis er veiðiréttur oft í opinberri eigu og því aðgengi til rannsókna háður leyfum stjórnvalda. Þessu er öðruvísi farið þar sem veiðiréttur er í einkaeign eins og er hér á landi. Benda má á að í mörgum nágrannalanda okkar hefur verið komið fyrir rannsóknastöðvum stofnana við árnar þar sem vísindamenn og rannsóknarfólk hefur aðstöðu.

Sjálfbær nýting

Með sjálfbærri nýtingu er átt við að ekki sé gengið á viðkomandi fiskstofna hvorki í stofnstærðum né að valið sé gegn ákveðnum erfðafræðilegum þáttum. Auk nýtingar þarf að gæta að umhverfi og vatnsgæðum.

Afrakstursgeta fiskstofna og tengsl hrygningarstofns og nýliðunar

Í ám þurfa fiskar hrygningarskilyrði, skjól og fæðu til vaxtar. Almennt er talið að svokölluð Ricker kúrfa lýsi best tengslum hrygningarstofns og nýliðunar fiskstofna (Ricker 1975, Prévost og Chaput 2001). Samkvæmt líkani Rickers er gert ráð fyrir samhengi á milli magns hrygningar og nýliðunar en síðan dregur úr nýliðun við mikla hrygningu vegna mikillar samkeppni um fæði og búsvæði (23. mynd). Annað líkan kennt við Beverton og Holt gerir ráð fyrir að nýliðun nái hámarki við ákveðna hrygningu en hvorki aukist né minnki eftir það. Almennt er talið að líkan Rickers sé betur fallið til að lýsa sambandi hrygningarstofns og nýliðunar hjá laxfiskum. Sá staður á kúrfunni sem lýsir sambandi hrygningar og nýliðunar og sem gefur mesta nýliðun miðað við fjölda foreldra gefur hámarksafrakstur (maximum sustainable yield MSY). Ef hrygning er undir þessum mörkum gæti áin borið meiri hrygningu og fleiri seiði og þar með aukna nýliðun. Afar mikilvægt er að stofnar séu ofan þessara marka. Til að vera innan marka hefur Alþjóða hafrannsóknarráðið skilgreint viðmiðunarmörk (conservation limit) laxastofna sem stefna beri að við stjórnun veiða.



23. mynd. Tengsl hrygningarstofns og nýliðunar, líkön Rickers og Beverton og Holt.

Hér á landi geta verið mikil áraskipti í árferði. Því má hugsa sér að ólík sambönd hrygningar og nýliðunar gildi við mismunandi árferði (Þórólfur Antonsson Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002). Tillögur á slíku eru settar fram í 24. mynd. Vegna breytileika í frjósemi vatns og botngerðar má búast við sérstakt samband hrygningar og nýliðunar gildi fyrir hverja á fyrir sig.



24. mynd. Ólík sambönd hrygningar og nýliðunar eftir mismunandi árferði (Byggt Warren og Liss 1980).

Eitt af því sem menn hafa velt fyrir sér er hvað kemur til með að gerast ef veitt er úr stofnum umfram viðmiðunarmörk. Ef líkani Rickers er fylgt um slíkan stofn sést að afrakstur þeirra fellur mjög hratt og innan tíðar verður nærri línulegt samband milli hrygningar og nýliðunnar (25. mynd). Sama gerist ef einhverjir þeir atburðir verða sem minnka stofna að þá tekur áratugi að byggja þá upp aftur (Anon 2003). Mikið er í húfi er að slíkt gerist ekki og jafnfram mikilvægt að skilgreina viðmiðunarmörk laxastofna í íslenskum ám þannig að miða megi nýtinguna við þau.

Líkleg framvinda á sambandi hrygningarstofns og nýliðunar í ám þar sem stöðugt er veitt umfram viðmiðunarmörk hrygningarstofns (ICES 2003).



25. mynd. Líkleg þróun í stærð göngu í laxastofnum sem nýttir eru umfram viðmiðunarmörk (Anon 2003).

Á vinnufundum laxanefndar Alþjóða hafrannsóknaráðsins hefur verið reynt að meta stöðu íslenskra laxastofna í heild þar sem veiði er lögð saman fyrir allt landið og reiknaður fjöldi fiska frá hrogni til hrogns miðað við kynjaskiptingu í veiði og aldurssamsetningu seiða (26. mynd). Hafa verður í huga að allir laxastofnar eru hér lagðir saman og viðmiðunarmörk fundin með aðferðum sem enn eru umdeildar en hafa verið að öðlast meiri viðurkenningar á síðustu árum. Engu að síður er ástæða til fyrir okkur að gefa þessu frekari gaum og vinna að söfnun gagna sem nýst geta til frekari rannsókna á þessu sviði. Það er til mikils að vinna til þess að viðhalda hámarks framleiðslugetu laxastofna ekki síst þar sem verðmæti eru gjarnan metin eftir veiðinni hverju sinni. Jafnframt eru vísbendingar til þess að ef stofnar minnka langt niður fyrir viðmiðunarmörk getur verið vandkvæðum bundið að koma þeim aftur upp fyrir viðmiðunarmörk.



26. mynd. Mat á laxgengd, hrygningu og viðmiðunarmörkum þar sem allir íslenski laxastofnar eru lagðir saman (Anon 2004).

Mikill breytileiki hefur komið fram í stofnstærðum hjá laxi. Rannsóknir hafa sýnt að breytileiki á endurheimtum úr sjó eru mun meiri en breytileiki á framleiðslu seiða í ánum (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2002). Aukin þekking á afdrifum laxa í sjó er mjög mikilvæg þótt ekki sé líklegt að hægt sé að hafa áhrif þar á.

Fjárframlög til Veiðimálastofnunar

Eins og fyrr hefur komið fram þá er Veiðimálastofnun er sú stofnun sem fer með rannsóknir á lífríki ferskvatns og veiðistofnum. Sé litið til hlutverks stofnunarinnar er ljóst að hún fær afar lítið fjármagn, ekki síst ef litið er til mikilvægi þeirrar auðlindar sem hún á að rannsaka og fylgjast með. Þá eru til staðar möguleikar til enn meiri verðmætasköpunar með uppbyggingu á nýtingu silungs, sem stuðla myndi að búsetu og atvinnusköpum í byggðum sem undir högg eiga að sækja. Fjárveitingar til stofnunarinnar síðustu ár hefur verið 33 - 44 % af veltu en afgangur er sjálfaflafé sem fengist hefur með sölu á vinnu og styrkfé til rannsókna.

Tafla 2. Fjárveitingar og velta Veiðimálastofnunar (milljónir króna)

Ár	Fjárveiting	Velta (gjöld)	Hlutfall fjárveitingar % af veltu
1998	30,2	70,6	42,7
1999	31,2	76,8	40,6
2000	35,9	97,5	36,8
2001	41,6	115,5	36,0
2002	42,2	127,2	33,2
2003	54,9	123,6	44,4
2004 (áætlað)	55,5	137,0	40,5

Vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES)

Alþjóða hafrannsóknaráðið (ICES) starfrækir vinnunefnd um lax í Norður-Atlantshafi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá öllum löndum við Norður Atlantshaf þar sem lax er að finna. Vinnunefndin kemur saman árlega og fer yfir stöðu laxastofna og ástand. Nefndin svarar spurningum NASCO og ICES auk þess að gefa ráðleggingar varðandi veiðar á laxi í sjó auk þess að taka fyrir þau mál sem upp kunna að koma hverju sinni. Á fundi nefndarinnar eru kynntar rannsóknir og vitneskja sem koma kann að gagni við vinnu nefndarinnar og ráðgjöf varðandi laxastofna í heild sinni. Skýrslur nefndarinnar eru yfirgripsmiklar og eru þær aðgengilegar á heimasíðu ICES: www.ices.dk. Í mörgum löndum einkum á Bretlandseyjum og Kanada er litið til vinnunefndarinnar varðandi upplýsingar og stjórnum auðlindarinnar. Vinna ICES fær minni athygli á Norðurlöndum og hér á landi er efnið einungis nýtt af fáum aðilum en þó hefur farið fram kynning á því starfi á aðalfundum Landssambands veiðifélaga.

Ísland hefur átt sæti í vinnunefnd ICES og tekið þátt í þeirri vinnu sem þar fer fram og hefur Veiðimálastofnun tekið þátt fyrir Íslands hönd. Telja má að skýrslur vinnunefndar ICES þurfi meiri kynningar við hér á landi.

Alþjóða laxaverndunarsamtökin NASCO

Ísland hefur verið aðili að Alþjóða laxaverndunarsamningnum NASCO frá stofnun hans. NASCO er stjórnunaraðili á laxveiði í úthafinu. Á fundum NASCO eru ákveðnir kvótar á laxi á hafsvæðum með hefðbundna laxveiði í hafinu þ.e. við Færeyjar og Grænland.

Á seinni árum hefur NASCO verið að láta til sín taka á fleiri sviðum og það helsta er að samþykkja að taka upp varúðarreglu við nýtingu laxastofna.

CNL(98)46

Samkomulag um að innleiða varúðarreglu
(*Agreement on Adoption of a Precautionary Approach*)

1. Aðilar að NASCO samþykkja að innleiða og nota varúðarreglu til verndar, stjórnunar og nýtingar á laxi til þess að vernda og varðveita þá auðlind og umhverfi sem hann lifir í. Samkvæmt því eiga NASCO og aðilar að því að vera gætnari þegar þekking er óviss, óábyggileg eða ónóg. Skort á vísindalegri þekkingu skal ekki nota til frestunar eða að kom í veg fyrir verndunar- eða stjórnunaraðgerðir.

2. Varúðarreglan krefst meðal annars að:
   a) meta þarfir komandi kynslóða og að forðast breytingar sem ekki eru afturkræfar;
   b) fyrirfram séu metnar óæskilegar niðurstöður og taka til aðgerða til að koma í veg fyrir þær eða leiðrétta;
   c) innleiða mótvægisaðgerðir án tafar, og að þær ná þegar tilgangi sínum;
   d) forgangur sé gefin til verndunar á framleiðslugetu auðlindarinnar þegar áhrif nýtingar á auðlindinni er óviss;
   e) viðurkennd sé sönnunarbyrði við að framfylgja ofangreindum þörfum.

3. Notkun varúðarreglunnar á að taka til allra þeirra sem fást við verndun laxa, stjórnun og nýtingu.

4. Varúðarreglan verður notuð af NASCO og aðilum að fyrir hverskonar aðgerðir til verndunar og nýtingar laxa. Í upphafi nær hún til eftirfarandi þriggja atriða

   - Stjórnun veiða á Atlantshafslaxi
   - Framsetningu ráðgjafar við nýtingu og vísindalegrar ráðgjafar sem tengjast henni.
   - Innflutning og flutning og taki einnig til áhrif frá fiskeldi og hugsanlegrar notkunar á erfðabreyttum laxi.

5. Bæði NASCO og aðilar að því skulu í næsta skrefi fjalla um að innleiða varúðarreglu við málefni er tengjast búsvæði í fersku vatni og meðafla á laxi í öðrum veiðum.

Veiðistjórnun á Atlantshafslaxi

6. Markmið í stjórnun á laxveiði fyrir NASCO og aðila að honum er að stuðla að fjölbreytileika og útbreiðslu laxastofna. Til þessa, skulu stjórnunaraðgerðir að teknu tilliti til óvissu, miða að því að viðhalda öllum laxastofnum, á því svæði sem NASCO sáttmálinn tekur til, ofan viðmiðunarmarka (þau eru skilgreind

af NASCO sem þann hrygningarstofn sem leiðir til hámarks afraksturs), og taka tillit til bestu fáanlegar upplýsingar um þjóðfélagslega þætti þar með talið hagsmuni samfélaga sem eru sérstaklega háð laxveiðum og öðrum þáttum sem tilgreindir eru í grein 9 í sáttmálanum. Til að ná þessum markmiðum, skal viðahafa varúðarreglu bæði við stjórnun bæði á veiðum á NASCO svæðum og á veiðum á heimaslóðum.

7. Beiting varúðarreglu við stjórnun laxveiða er samþætting á atriðum sem a.m.k. þurfa að innifela eftirfarandi:

    a. stofnum sé viðhaldið ofan verndarmarka með því að skilgreina viðmiðunarmörk fyrir hrygningu;
    b. viðhaldsmark og viðmiðunarmörk skulu sett fyrir allar ár og sett saman eins og eðlilegt má teljast til stjórnunar á stofnum einum eða fleirum sem skilgreindir eru;
    c. fyrirfram skal skilgreina óæskilega útkomu m.a. þá ef viðhaldsmörkum er ekki náð (líffræðilegir þættir) og óstöðugleika í veiðum (þjóðfélagslegir þættir);
    d. tekið sé tillit til hvers stigs þess ef markmið fiskveiðistjórnunar nást ekki með því taka til greina ávissu á núverandi stöðu stofna, í viðmiðunarmörkum og möguleikum fiskveiðistjórnunar;
    e. móta fyrirfram samþykktar stjórnunaraðgerðir í ljósi aðgerða sem mögulegt er að nota við ólíkra aðstæðna sem upp kunna að koma.
    f. meta áhrif aðgerða á stjórnunaraðgerðum í öllum laxveiðum;
    g. skipulagning á endurreisn stofna (innifelur eftir því sem við á að bæta búsvæði, fiskrækt og veiðistjórnun) fyrir stofna sem eru neðan viðhaldsmarka.

8. Stjórnun á öllum laxveiðum á að innihalda eftirfarandi:

    a) skilgreina mörk hrygningarstofns i viðeigandi ám;
    b) skilgreiningu á stofnstærðum fyrir veiðar á einstökum laxa stofnum eða stofna hópum í viðkomandi veiðum;
    c) nýting miðist eingöngu við það sem er umfram það sem getið er í lið a og b.
    d) Þjóðfélagslega þætti.

9. Ef teknar eru upp laxveiðar eða þar sem lax getur veiðst sem meðafli skal viðhafa sérstaka gát til verndunar og við stjórnun veiðanna. Í samræmi við kafla 2, paragraf 3 í sáttmála NASCO skulu aðilar sáttmálans vekja athygli þeirra sem utan hans standa ef um meðafla á laxi er að ræða í veiðum sem stundaðar eru af þeirra hálfu.

10. Aðgerðir til að lágmarka veiði sem ekki er upp gefin og að auka nákvæmni veiðitalna er í anda varúðarreglunnar. NASCO og aðilar að því samþykkja að meta og tilkynna framgang á þessu sviði.

Framsetning ráðgjafar um stjórnun og vísindarannsóknir sem tengjast henni

11. ICES eða aðrir vísindaráðgjafar verði beðnir um að fjalla meðal annars um:

a) að setja fram verndarmörk og viðmiðunarmörk veiðistjórnunar fyrir laxastofna í öllum ám;
b) veita ráðgjöf varðandi þá hættu sem er samfara því ef takmörkum NASCO og aðilum þess nást ekki, gera athugun á stöðu stofna með tilliti til þeirra lykilþátta stofna sem notaðir eru sem við mið við markmið stjórnunar og á getu við fiskveiðistjórnun;
c) setja fram aflamark eða aðra ráðgjöf til stjórnunar ásamt mati á óvissu fyrir veiðar sem eru takmarkaðar af NASCO og veiðar allra stofna viðkomandi landa;
d) veita ráðgjöf, með hliðsjón af ástandi í ferskvatni og sjó, á áætlanir um endurreisn stofna sem innifela, eftir því sem við á, að bæta búsvæði, fiskrækt, sjúkdómavarnir, aðgerðir til fiskveiðistjórnunar;
e) skilgreina vöktun og gagnasöfnun sem þörf er á til að ná markmiðum NASCO og aðilum að því;
f) veita ráðgjöf á áhrifum veiða, væði núverandi og nýrra veiða á laxastofna, og meðafla annarra tegunda í laxveiðum.

Málefni tengd innflutningi og flutningum fiska þ.m.t. til fiskeldis og hugsanleg notkun á genabreyttum laxi

12. Aðferðir sem eru kynntar í eftirfarandi samþykktum eru nauðsynlegar varðandi notkun varúðarreglunnar:

- North American Commission Protocols on Introduction and Transfers, NAC(92)24
- Amendments to the North American Commission Protocols on Introduction and Transfers, NAC(94)14
- Resolution by the Parties to the Convention for the conservation of Salmon in the North Atlantic Ocean to Minimise Impacts from Salmon Aquaculture on the Wild Salmon Stock, CNL(94)53
- NASCO Guidelines for Action on Transgenic Salmon, CNL(97)48
- Resolution by the North-East Atlantic Commission of the North Atlantic Salmon Conservation Organization to Protect Wild Salmon from Introductions and Transfers, NEA(97)12.

Aðilar eru samþykkja að gefa ráðinu (NASCO) eða viðkomandi svæði innan NASCO skýrslu um þau skref sem tekin eru í þá átt að uppfylla þau atriði sem samþykkt hafa verið og talin eru hér að framan. Aðilar skulu tryggja fullnustu þessara samþykkta og meta hvenær þær þarf að endurmeta eða fylgja eftir með viðbótar þáttum.

Eins og fram kemur í samþykkt varúðarreglu um verndun og stjórnun laxveiða er mörkuð stefna er skuldbindur aðildarlöndin.

Hér á landi hafa staðið nokkrar deilur varðandi NASCO. Þær hafa verið um forræði en til skamms tíma hefur utanríkisráðuneytið farið með forræði í NASCO. Nú hefur forræði NASCO verið flutt til landbúnaðarráðuneytisins og ætti því að verða hægara um vik fyrir ráðuneytið að hafa áhrif á vinnu NASCO og auk þess að notfæra

sér þá vinnu til stjórnunar og verndunar á laxveiðiauðlindinni. Leggja þarf fram meiri vinnu er lítur að rannsóknum og aðstæðum hér á landi innan NASCO.

Ljóst er að fyrrnefndar samþykktir NASCO kalla á mikla vinnu til að afla meiri og betri gagna um stöðu laxastofna hér á landi og úrvinnslu þeirra. Þetta er afar mikilvægt ef okkur á að takast að viðhalda góðri stöðu laxastofna sem standa undir miklum tekjum veiðifélaga og byggð við veiðiárnar.

Staða og framtíðarsýn

Ferskvatn á Íslandi er mikilvæg auðlind. Náttúrufar landsins er um margt sérstakt ekki síst vegna myndunarsögu þess og staðsetningu. Í gegnum landið gengur virkt eldgosasvæði en eldri jarðlög er að finna beggja vegna. Landslag mótast mjög af jarðfræði landsins og myndunarsögu. Þá er veðurfar ólíkt í mismunandi landshlutum sem og sjávarskilyrði í kringum landið. Mikla fjölbreytni má finna í umhverfisskilyrðum í fersku vatni vegna þessa. Vegna legu landsins í miðju Norður Atlantshafi eru hér fár tegundir lífvera. Hér hafa því skapast þróunarskilyrði í ferskvatni þar sem fáar tegundir lífvera eru til staðar í afar fjölbreytilegu umhverfi. Kortlagning og skrásetning á slíku og oft á tíðum einstöku náttúrufari er mjög mikilvæg. Mikið vantar á að slíkt hafi verið gert. Slík þekking er hins vegar forsenda þess að skynsamlega sé staðið að nýtingu á þessari auðlind hvort sem er um að ræða virkjun vatnsafls, vatnstöku eða aðra nýtingu. Hafa þarf í huga að öll umsvif manna á vatnasvæði geta haft áhrif á vatnið. Enginn rannsóknarstofnun hefur haft nægt fjármagn né fengið óskorðað hlutverk til að sinna þessu. Á Veiðimálastofnun er til staðar sú þekking sem til þarf, en fjárhagur ekki leyft mikla vinnu á þessu sviði. Þarna þarf að bæta verulega við svo að vel megi fara.

Veiðinýting á náttúrulegum fiskistofnum þarf að vera sjálfbær, þannig að ekki sé gengið á stofnana og þeir geti gefið af sér veiði um ókomna framtíð. Almennt má segja að vel hafi tekist til í þessu efni. Veiðistofnar í ám og vötnum standa í dag undir miklum tekjum og skapar miklar tekjur og atvinnu víða um land. Vel þarf hins vegar að fylgjast með nýtingunni og stöðu stofnanna og hafa verður hugfast að umhverfisskilyrði geta breyst sem kalla á endurskoðun á núverandi nýtingu. Slíka breytingu má nú sjá á endurheimtu laxa sem dvelja 2 ár í sjó. Draga þarf úr veiðisókn í ákveðnum ám vegna þessa og auka á rannsóknir til að skilja orsakir og eðli þessa.

Þá er vert að hafa í huga að veðurfar og umhverfisskilyrði í sjó eru breytileg. Þessir þættir geta haft mikil áhrif á nýtingarmöguleika. Spár um gerbreytt veðurfar geta einnig breytt núverandi veiðinýtingarmöguleikum og kalla á rannsóknir til geta sagt fyrir um það.

Ljóst er að enn eru margir veiðistofnar silungs vannýttir. Kortleggja þarf slíka möguleika. Að hluta til liggja síkar upplýsingar fyrir um mörg vötn. Enn á þó eftir að rannsaka mörg vötn, þó yfirfæra megi í sumum tilvikum þekkingu frá rannsökuðum vötnum af sömu vistgerð sem liggja nærri. Þar sem möguleikar eru til staðar þarf að byggja upp félagskerfi eiganda veiðiréttar við veiðivötnin, með stofnun veiðifélaga og koma á öflugu uppbyggingarstarfi innan þeirra. Þá þarf að huga að bættri aðstöðu veiðimanna við vötnin með byggingu veiðihúsa og bættu aðgengi. Þá er afar mikilvægt að meta veiðiþol og fylgjast með viðkomandi veiðistofnum svo og að huga að fiskræktarmöguleikum. Þá þarf að koma til átak í markaðssetningu lítt þekktra veiðivatna. Möguleikar í bættri silungsveiði eru oft til staðar þar sem ekki eru til staðar laxveiðihlunnindi. Betur hefur hins vegar gengið að byggja upp silungsnýtingu í laxveiðihéruðum, vegna þess að þar er fyrir hendi þekking og reynsla heimamanna. Ekki væri úr vegi að hrinda af stað áætlun um bætta nýtingu silungsvatna þar sem um er ræða mikla tekjumöguleika til framtíðar oft í héruðum sem standa illa er varða atvinnutækifæri og með tilliti til byggðaþróunar. Til þessa þarf samstillt átak nokkurra aðila sem kostar ákveðið fjármagn sem skila myndi sér fljótt aftur til samfélagsins.

Í heild má telja að ástand veiðimála á Íslandi sé almennt gott og í mörgum tilfellum betra en gerist í flestum nágrannalöndum okkar. Ástæður þess má rekja til framsýni frumkvöðla og Alþingis við setningu laga og reglna um veiðar, bann við veiðum á laxi í sjó og þeirri félagslegu uppbyggingu sem verið hefur.

Veiðiréttur í ám og vötnum hér á landi er í einkaeigu og fylgir sá réttur eign á landi. Víðast hvar erlendis er veiðiréttur í almannaeigu. Umgengni og meðferð veiðinýtingar er því á margan hátt ólík vegna þessa. Þar sem veiðiréttur er í einkaeigu nokkurra aðila þarf sterkt og réttlátt félagskerfi til að halda utan um hagsmuni heildarinnar í hverju fiskihverfi. Þetta virðist hafa tekist í núverandi löggjöf um lax- og silungsveiði. Þar sem ríkið á veiðirétt og ráðstafar honum er ef til vill hættara við að of langt sé gengið í nýtingu þar sem stundarhagsmunir þeirra sem vilja veiða verða sterkari en þeir hagsmunir að vernda auðlindina til framtíðar. Hér á landi hafa bændur, sem stunda hefðbundin búskap, fram undir þennan tíma einnig átt og farið með

veiðiréttinn. Það hefur hins vegar færst í vöxt að jarðir séu ekki nýttar til búskapar og eigendur þeirra búi annars staðar. Þá getur eignaraðild að jörðum orðið mjög dreifð og jörðum jafnvel skipt í ótal hluti. Þetta getur valdið erfiðleikum innan veiðifélaga þar sem hagmunir, áherslur og viðhorf verða ólík og fyrir hluta jarða innan veiðifélagsins vantar jafnvel málsvara. Slík þróun getur veikt veiðifélögin sem grunneiningu þess kerfis sem byggt hefur verið upp í kringum veiðinýtingu hér á landi.

Til skamms tíma fór mestur hluti rannsókna Veiðimálastofnunar til söfnunar veiðitalna, í könnun á útbreiðslu og breytileika auk mats á árangri af fiskræktaraðgerðum. Of lítill tími og tækifæri hafa verið til þess að vinna að grundvallarspurningum varðandi líffræðilega þætti. Takmarkanir á fjármagni til slíks auk þess sem rekstur veiðiánna hefur sett grunnrannsóknum þröngar skorður. Þó að efnameiri veiðifélög geti greitt fyrir rannsóknir á sínu svæði og lagt þar í fiskræktaraðgerðir þá geta einstök veiðifélög ekki staðið straum af kostnaði við grunnrannsóknir sem snerta auðlindina í heild. Þar verður eins og í öðrum greinum að koma til fjármagn frá sameiginlegum sjóðum.

Einn af mikilvægustu þáttum varðandi skrásetningu á náttúrufari er söfnun upplýsinga til langs tíma, svokallaðri vöktun. Við slíka söfnun skiptir stöðlun miklu máli auk þess sem að upplýsingum sé haldið til haga og varðveittar með tryggum og aðgengilegum hætti. Þegar greina á áhrif umhverfis á breytileika í t.d. fiskstofnum skipta langtímaraðir miklu máli og kjósa menn gjarnan að hafa skráningu til sem flestra ára og oft litið til þess að tímaröð undir 50 árum sé stutt. Miklu skiptir því að hafa rannsóknastofnanir sem halda úti reglulegum mælingum og varðveita gögn auk þess sem þau eru greind og lærdómur af þeim dregin til að leita svara við grundvallarspurningum. Æskilegt er því að fylgjast með ákveðnum fjölda áa og vatna sem eru einkennandi fyrir stærri landsvæði og tegundir nytjastofna.

Bættan skilning vantar á lífsferli og afföllum laxa í sjó. Aukin þekking getur gefið betri skilning á því sem er takmarkarkandi fyrir stofnstærð laxa. Slíkar rannsóknir vantar einnig á heildstæðan hátt fyrir stofna göngusilungs því þá þarf einnig að nýta á grundvelli hvers stofns fyrir sig.

Langtímaáhrif fiskræktar þarf að kanna nánar einkum áhrif seiðasleppinga og hvort og þá hvaða takmarkanir þurfi að setja á slíkt. Varúðarregla á hér við eins og á öðrum þeim sviðum sem láta að inngripum mannsins. Rannsóknarstöð með

tilraunaaðstöðu getur gegnt mikilvægum þætti í þess konar rannsóknum sem og þróun fiskræktar. Athugandi væri að taka rannsóknarstöðina í Kollafirði á ný til slíkra hluta.

Mikilvægt er að öflugar rannsóknir fari fram á náttúrufari í ferskvatni. Einn lykilþátta varðandi afkomu lífríkis í vatni eru gerð og eðli þess. Framkvæmdir manna geta haft áhrif á vatnsgæði og rennsli í ám og vötnum t.d. með miðlunum og virkjunum. Þá geta breytingar í umhverfi t.d. veðurfari haft mikil áhrif. Mikilvægt er kraftar þeirra og það fjármagn sem veitt er til rannsókna á vatni og á þeim lífverum sem þar eru nýtist sem best. Í dag eru þetta fáar rannsóknastofnanir sem þarf að efla og samhæfa störf þeirra. Þekking á auðlindum vatnsins er forsenda allrar nýtingar.

Ef litið er til þjóðhaglegs vægis veiðinýtingar og mikilvægi einstakrar náttúru ferskvatns á Íslandi eru þeir fjármunir sem renna til rannsókna og skráningar mjög litlir. Þá verður einnig að líta til gildi þess að tugþúsundir Íslendinga stunda stangveiði í tómstundum sér til andlegrar og líkamlegrar uppbyggingar. Þá er veiði snar þáttur í menningu okkar og sögu. Þeirri sögu og þeirri menningu þarf að hlúa betur að t.d. með því að koma upp lifandi söfnum í þeim héruðum sem ríkust eru á þeim vettvangi. Líkt og gert er með rannsóknir á fiskstofnum og lífríki sjávar umhverfis landið og náttúru lands þá þarf að koma fjármagn til rannsókna á náttúrfari í fersku vatni svo og til grunnrannsókna á nytjastofnum ferskvatns og það í mun ríkara mæli en hingað til.

Heimildaskrá

Anna Kristín Daníelsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Friðþjófur Árnason og Sigurður Guðjónsson 1997. Genetic structure of wild and reared Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) populations in Iceland. ICES Journal of Marine Science 54:986-997.

Anon 2004. Report of the Working Group on North Atlantic Salmon. ICES CM 2004/ACFM:20 Ref I. 29 March – 8 April 2004 Halifax, Canada.

Anon 2003. Report of the Working Group on North Atlantic Salmon. ICES CM 2003/ACFM:19 Ref D,F.C. 31 March – 10 April. ICES Headquarters.

Anon 2002. Report of the Working Group on North Atlantic Salmon. ICES CM 2002/ACFM:14. ICES Headquarters 3-13 April.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands 2003. Efnahagslegur ávinningur af aukinni fiskgengd á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Greinargerð 58 bls.

Árni Ísaksson, Sumarliði Óskarsson og Þór Guðjónsson 2002. Occurance of tagged Icelandic salmon in the salmon fsiheries at West Greenland and within the Faroese fishing zone 1967 through 1995 and its inference regarding the ocean migration of salmon from different areas of Iceland. International Council for the Exploration of the Sea. North Atlantic Salmon Working Group. Working paper 22.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996. Fiskar í ám og vötnum. Landvernd, Reykjavík. 191 bls.

Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2004. National report for Iceland. The 2003 salmon season. International Council for the Exploration of the Sea. North Atlantic Salmon Working Group. Working paper 14.

Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 2003. Marine natural Mortality of Atlantic Salmon (*Salmo salar* L.) in Iceland. Bls 110-117. Í (E.C.E. Potter, N.Ó Maoilédigh og G. Chaput) Marine mortality of Atlantic salmon, *Salmo salar* L: methods and measures. Canadian Science Advisory Seceriat. Fisheries and Oceans Candada.

Guðni Guðbergsson 2004. Lax- og silungsveiðin 2003. Veiðimálastofnun VMST-R/0411. 26 bls.

Guðni Guðbergsson 2004. Laxá í Aðaldal. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 2003. Veiðimálastofnun VMST-R/0416. 34 bls.

Hafdís Hauksdóttir 1999. Fiskvegir á Íslandi. Fjöldi þeirra, virkni og opnun á búsvæðum laxa. B.Sc. ritgerð við Bændaskólann á Hvanneyri Búvísindadeild. 33 bls auk viðauka.

McGinnety, P., Prodöhl, P., Ferguson, A., Hynes, R., Ó Maoiléidigh, N., Baker, N., Cotter, D., O'Hea, B., Cooke, D., Rogan, G.,Taggart, J., and Cross, T. 2003. Fitness reduction and potential exticntion of wild populations of Atlantic salmon, *Salmo*

salar, as a result of interactions with escaped farm salmon. Proc. R. Soc. Lond. FirstCite e-publishing.

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 2004. Fiskstofnar vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár, seiðabúskapur, veiði, veiðinýting og fiskræktarmöguleikar. Veiðimálastofnun. VMST-S/04001. 58 bls.

Prévost, É., and Chaput, G. Stock, recruitment and refernce points. Assessment and management of Atlantic salmon. INRA. Paris. 233 bls.

Ricker W.E. 1954. Stock and recruitment. J. Fish. Aquat. Sci. 11:559-623.

Scarnecchia, D.L. 1984a. Forecasting Yields of Two-Sea-Winter Atlantic Salmon (*Salmo salar*) from Icelandic Rivers. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 41:1234-1240.

Scarnecchia, D.L. 1984b. Climatic and Oceanic Variations Affectinc Yield of Icelandic Stocks of Atlantic Salmon (*Salmo salar*) Can. J. Fish. Aquat. Sci. 41:917-935.

Scarnecchia, D.L., Ísaksson, Á. and White, S.E. 1989. Oceanic and Riverine Influences on Variations in Uield among Icelandic Stocks of Atlantic Salmon. Transactions of the American Fisheries Society. 118:482-494.

Scarnecchia, D.L., Ísaksson, Á and White, S.E. 1991a. Effects of the Faroese long-line fishery, other oceanic fisheries and oceanic variations on age ta maturity of Icelandic north-coast stocks of Atlantic salmon (*salmo salar*). Fisheries Recearch 10: 207-228.

Scarnecchia, D.L., Ísaksson, Á. and White, S.E. 1991b. Effects of oceanic variations and the West Greenland fishery on age at maturity of Icelandic west coast stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*). Can. J. Fish. Aquat. Sci. 46. 16-27.

Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2003. The effects of the net fishery closure on angling catch in the River Hvítá, Iceland. Fisheries Management and Ecology 10: 73-78.

Sigurður Guðjónsson, Thorolfur Antonsson and Tumi Tómasson 1996. Exploitation Ratio of Salmon in Relation to Salmon Run in Three Icelandic Rivers. ICES CM 1996/M:8. 16 bls.

Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995. Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (Salmo salar) in Iceland. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 52: 1385-1398.

Valdimar Ingi Gunnarsson 2002. Hugsanleg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna. Embætti veiðimálastjóra. EV-2002-003. 68 bls.

Van Zyll De Jong, M.C., Gibson, R.J., and Cowx, I.G. 2004. Impacts of stocking and introductions on freshwater fisheries of Newfoundland and Labrador, Canada. Fisheries Management and Ecology 11: 183-193.

Warren, C. E. og W. J. Liss 1980. Adaptation to aquatic environments. Bls. 15-40. Í. R. T. Lackey and L. A. Nielson (ritst.) Fisheries management. John Wiley and sons. New York.

Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Enviornmental Continuity in Fluctuation of Fish Stocks in the North Atlantic Ocean, with Particular Reference to Atlantic salmon. North American Journal of Fisheries Management 16:540-547.

Þórólfur Antonsson 1998. Breytileiki í framleiðslu laxaseiða í tveimur íslenskum ám og endurheimtur þeirra úr hafi. M.S. ritgerð. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. 147 bls.

Þórólfur Antonsson, Sigurður Guðjónsson og Haukur Pálmason 1998. Laxinn í Elliðaánum. Afli, ganga og aðrar tölulegar upplýsingar. Veiðimálastofnun VMST-R/98014. 25 bls.

Þórólfur Antonsson 2000. Verklýsing fyrir mat á búsvæðum seiða laxfiska í ám. Veiðimálastofnun VMST-R/0014. 10 bls.

Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002. Veiðiálag, stærð hrygningarstofna og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun VMST-R/0204. 32 bls.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjonsson 2002. Variability in Timing and Characteristics of Atlantic Salmon Smolt in Icelandic Rivers. Transactions of the American Fisheries Society 131:643-655.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt og frumvarpi til laga um eldi vatnafiska, en saman er lagafrumvörpum þessum ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Við endurskoðun laganna var farin sú leið að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagafrumvörp og liggur því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga. Þessu tiltekna frumvarpi er ætlað að verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt eðli sínu séu sjálfstæð. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að meginmarkmið frumvarpsins sé hið sama og gildandi laga, þ.e. að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og þær takmarkanir sem sá réttur sætir. Uppbyggingu laganna er hins vegar breytt í þeim tilgangi að gera þau einfaldari og skýrari og öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina er einfölduð og munu færri kom þar að málum en nú er.

Fjórar efnisbreytingar frumvarpsins frá ákvæðum gildandi laga sýnast helst geta snert kostnað ríkissjóðs. Í fyrsta lagi ákvæði 43. gr. um heimild félagsmanna til að kæra ákvarðanir veiðifélags eða félagsstjórnar til Landbúnaðarstofnunar. Í ákvæðinu felst að Landbúnaðarstofnun hefur lögmætiseftirlit með ákvörðunum veiðifélaga á grundvelli kæru. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Í öðru lagi ákvæði 44. gr. um að laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist af fjárlögum. Á móti kemur að við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal við það miðað að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi nefndarinnar. Samkvæmt því eiga aðilar máls að bera allan kostnað sem af matsgerðinni hlýst. Er það í samræmi við gildandi lög. Í þriðja lagi ákvæði 1. mgr. 49. gr. frumvarpsins um bótarétt veiðieiganda úr ríkissjóði í þeim tilvikum að lagaákvæði leiði til þess að veiði hans skerðist verulega. Í 102. gr. gildandi laga er svipað ákvæði en þar er bótarétturinn hins vegar bundinn við að skerðingin leiði einungis af þeim lögum og skal ríkissjóður þá greiða helming bótanna á móti hlutaðeigandi sveitarsjóðum. Í fjórða lagi bráðabirgðaákvæði I um að skipa skuli 10 manna samráðsnefnd um framkvæmd laganna. Í frumvarpinu er ekkert vikið að kostnaði af nefndarstarfinu eða hver skuli greiða hann og er í umsögn þessari við það miðað að nefndin verði ólaunuð, enda er um að ræða samráðsnefnd hagsmunaaðila og þeirra opinberu stofnana sem helst koma að framkvæmd laganna.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, leiði beint til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð. Kostnaður við afgreiðslu hugsanlegra kærumála skv. 43. gr. er óljós og að öllum líkindum ekki verulegur og er hér gert ráð fyrir að hann rúmist innan núverandi fjárhagsramma landbúnaðarráðuneytis. Sama gildir um kostnað samráðsnefndar, verði hann einhver. Samandregið má því ætla að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs séu óveruleg. Ekki eru forsendur til að meta hugsanleg útgjöld ríkissjóðs vegna skaðabóta á grundvelli 1. mgr. 49. gr. frumvarpsins umfram útgjöld samkvæmt gildandi lögum.

892. Fyrirspurn [608. mál]

til fjármálaráðherra um alþjóðleg útboð.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

1. Hvernig eru tilboð metin í verk sem ríkið býður út á alþjóðlegum markaði?
2. Telur ráðherra koma til greina að taka tillit til innlendra tekna sem verkefni skapa, séu þau unnin hérlendis, við samanburð á tilboðum?

Skriflegt svar óskast.

893. Tillaga til þingsályktunar [609. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Gert er ráð fyrir að hinn nýi Norðurlandasamningur um almannaskráningu öðlist gildi 1. október 2006, enda hafi öll norrænu ríkin staðfest samninginn fyrir 1. júlí 2006. Samningurinn mun leysa af hólmi núgildandi samning sem gerður var 8. maí 1989 og öðlaðist gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1990.

Megininntak núgildandi samnings er að flutningur manna milli norrænu ríkjanna verður ekki skráður nema á grundvelli samnorræns flutningsvottorðs. Með nýja samningnum verður samnorræna flutningsvottorðið lagt niður en í stað þess verða við flutninga fólks tekin upp rafræn samskipti og tilkynningar milli höfuðstöðva skráningaryfirvalda í hverju norrænu ríkjanna. Norrænu ríkin munu áfram skiptast á sömu grunnupplýsingum og verið hefur og áfram verður sá skilningur hafður í heiðri að Norðurlöndin séu, hvað almannaskráningu varðar, eitt skráningarsvæði. Þannig verður áfram tryggt að enginn geti átt lögheimili samtímis í tveimur norrænu ríkjanna. Áfram mun hvert ríkjanna um sig taka ákvörðun um skráningu lögheimilis hjá sér á grundvelli eigin löggjafar.

Meginmarkmið nýja samningsins er að einfalda allt ferli við flutninga fólks milli landanna svo að menn fái fyrr notið réttinda og borið skyldur í nýja búsetulandinu. Eitt helsta vandamálið í almannaskráningu milli landanna hingað til hefur verið seinagangur við útgáfu kennitölu og er nýja samningnum ætlað að bæta þar úr. Við komu til nýs búsetulands, samkvæmt

nýja samningnum, mun skráningaryfirvald gera kröfu um framvísun skilríkja er staðreyna hver viðkomandi sé (vegabréf eða annað opinbert skjal) svo að ákvæðum samningsins verði beitt við flutning lögheimilis milli landanna. Norrænu ríkin vinna nú saman að lausn tæknilegra mála svo að rafræn samskipti um almannaskráningu geti hafist milli þeirra við gildistöku samningsins.

Sú nýbreytni í samningnum að taka við flutninga fólks milli norrænu ríkjanna upp rafrænar flutningstilkynningar í stað samnorræna flutningsvottorða kallar á breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum. Kveðið er á um þessa breytingu í 1. gr. frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins sem forsætisráðherra leggur fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Fylgiskjal.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa, til þess að auðvelda almannaskráningu í aðildarríkjunum, komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi tekur til einstaklinga sem skráðir eru sem búsettir í einu aðildarríki og hafa í hyggju að flytja, eða hafa þegar flutt, til einhvers hinna ríkjanna. Skemmri dvöl en 6 mánaða telst, að öðru jöfnu, ekki jafngilda flutningi.

2. Samningurinn tekur ekki til flutnings nema brottflutningsríkinu hafi, eigi síðar en þremur mánuðum eftir tilkynntan flutning, borist tilkynning samkvæmt 3. mgr. 2. tl. 2. gr.

2. gr.

1. Sá sem flytur frá einu aðildarríkjanna til annars skal, fyrir lok þess frests sem gildir um tilkynningu um flutning í það ríki, tilkynna hlutaðeigandi skráningaryfirvöldum um flutninginn. Jafnframt ber viðkomandi einstaklingi að veita þær upplýsingar sem innflutningsríkið fer fram á og framvísa persónuskilríkjum, þar með talið skilríkjum um ríkisfang (vegabréf eða sambærilegt), sem og veita upplýsingar um kennitölu og um heimilisfang og sveitarfélag viðkomandi í brottflutningsríkinu þar til flutningurinn átti sér stað.

2. Hlutaðeigandi skráningaryfirvöld í innflutningsríkinu ákveða hvort einstaklingur skuli skráður sem búsettur í því ríki.

Ef hlutaðeigandi skráningaryfirvöld telja að einstaklingur skuli skráður sem búsettur í innflutningsríkinu ber að skrá viðkomandi sem búsettan og úthluta honum kennitölu svo fljótt sem unnt er samkvæmt þeim reglum sem gilda um einstaklinga sem flytjast inn frá ríkjum utan Norðurlandanna.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um hvort skráning skuli fara fram í innflutningsríkinu ber skráningaryfirvöldum í innflutningsríkinu að tilkynna það viðkomandi einstaklingi sem og þjóðskráryfirvöldum eða hlutaðeigandi skráningaryfirvöldum í brottflutningsríkinu.

Í tilkynningu til yfirvalda í brottflutningsríkinu skulu koma fram upplýsingar um kennitölu einstaklingsins í brottflutningsríkinu, nafn, fæðingardag, kyn og, ef skráning hefur átt

sér stað, skráningardag, kennitölu, sveitarfélag og heimilisfang í innflutningsríkinu. Senda skal samsvarandi tilkynningu ef skráningaryfirvöld í innflutningsríkinu falla síðar frá fyrri ákvörðun um skráningu flutnings.

Telji hlutaðeigandi skráningaryfirvöld að ástæða sé til að ætla að sá sem tilkynnt hefur um flutning skuli með réttu teljast búsettur í öðru umdæmi innflutningsríkisins skal vísa honum til skráningaryfirvalda þess umdæmis.

3. Skráningaryfirvöld í brottflutningsríki skulu ekki taka brottfluttan einstakling af skrá fyrr en þeim hefur borist staðfesting á skráningu hans í innflutningsríkinu. Dagsetning brottflutnings skal ráðast af dagsetningu skráningar í innflutningsríkinu.

3. gr.

Ákvörðun um það hvort einstaklingur skuli samkvæmt þessum samningi talinn búsettur í innflutningsríkinu skal tekin á grundvelli laga þess ríkis um innflutning.

Fallist hlutaðeigandi skráningaryfirvöld í brottflutningsríkinu ekki á málsatvik sem lögð eru til grundvallar skráningu geta þau tekið málið upp gagnvart hlutaðeigandi skráningaryfirvöldum í innflutningsríkinu. Verði ekki samkomulag milli þeirra geta hin fyrrnefndu skotið málinu til eigin þjóðskráryfirvalda, en þau geta tekið málið upp gagnvart þjóðskráryfirvöldum innflutningsríkisins.

Innflutningsríki telst það ríki sem viðkomandi einstaklingur hefur tekið sér búsetu í eftir flutning frá öðru ríki. Þetta gildir svo lengi sem ekki verður breyting á raunverulegri búsetu hlutaðeigandi frá því sem var þegar hann flutti.

4. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig gagnkvæmt, ef farið er fram á það, til að láta í té upplýsingar um þann sem flytur, þ.e. nafn, fæðingardag, kennitölu, fæðingarstað, kyn, heimilisfang, hlutaðeigandi skráningaryfirvöld, ríkisfang, hjúskaparstöðu og dagsetningu ef við á, nafn og fæðingardag maka eða sambýlisaðila, nöfn og fæðingardaga foreldra (barna undir 18 ára aldri), nöfn og fæðingardaga barna (undir 18 ára aldri) og dagsetningu brottflutnings þegar við á, ásamt öðrum þeim upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka afstöðu til búsetumála, svo og til að tilkynna um þær ákvarðanir sem teknar eru í þeim málum.

Tilkynning samkvæmt 2. gr. og svör við fyrirspurnum samkvæmt þessari grein geta farið fram með beinum rafrænum samskiptum milli þjóðskráryfirvalda í aðildarríkjunum sem hafa orðið sammála um þetta.

5. gr.

Þjóðskráryfirvöld í aðildarríkjunum skuldbinda sig til að uppfæra og birta yfirlit yfir hlutaðeigandi skráningaryfirvöld í viðkomandi ríkjum.

6. gr.

Samningurinn öðlast gildi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október næstkomandi, þremur mánuðum eftir þann dag er öll aðildarríkin hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að þau hafi staðfest hann.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland öðlast samningurinn þó fyrst gildi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október næstkomandi, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu um að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku framangreindra tilkynninga og hvenær samningurinn öðlast gildi.

7. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi norrænn samningur frá 8. maí 1989 um almannaskráningu.

8. gr.

Hvert aðildarríki getur gagnvart hverju öðru aðildarríki sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara þannig að hann falli úr gildi 1. janúar eða 1. júlí. Skal honum sagt upp með skriflegri tilkynningu til viðkomandi ríkis og norska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir öðrum aðildarríkjum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

9. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum aðildarríkjum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 1. nóvember 2004 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

894. Tillaga til þingsályktunar [610. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 16. janúar 2006.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík 16. janúar 2006. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi, sem kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2006, er að mestu samhljóða samningi aðila frá árinu 2005. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2006 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2007. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Sem fyrr er gert ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu. Færeyingar hafa á undan-

förnum árum leitað mjög eftir því að fallið yrði frá þessum takmörkunum á möguleikum þeirra til manneldisvinnslu á loðnu um borð í veiðiskipum og í Færeyjum. Var fallist á það af hálfu Íslands að sjávarútvegsráðherra tæki til athugunar og ákvörðunar fyrir upphaf næstu loðnuvertíðar hvort þessum takmörkunum skuli aflétt og er kveðið á um það nýmæli í samningnum.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2006/2007 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2006.

Þá er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2006.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 16. janúar 2006 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2006. Er þar um óbreyttar veiðiheimildir frá árinu 2005 að ræða.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

a. Bréf lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Þórshöfn, 16. januar 2006

Uttanríkisráðharri
Geir H. Haarde
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Ísland

Harri Uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2006.

Eg havi skilt, at semja er vorðin um fylgjandi:

„Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2006.

1. gr.

Partarnir fara fyri 20. juni 2006 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2006 til apríl 2007. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.

Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað. Íslendski fiskimálaráðharrin skal fyri 20. juni 2006 taka støðu til og avgerð um, hvørt hesar forðingar verða tiknar av.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2006/2007 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslendskum búskaparøki í 2006. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2006. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2006 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av

veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.

7. gr.

Hvør partur fyri sig skal geva tveimur skipum, sum eru skrásett í landinum hjá hinum partinum, loyvi til royndarveiðu eftir tunfiski á landleiðini hjá sær í 2006."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er i samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Jóannes Eidesgaard
løgmaður

b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavík, 16. janúar 2006

Hr. lögmaður
Jóannes Eidesgaard
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. í dag, sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2006 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2006 til apríl 2007. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu. Sjávarútvegsráðherra Íslands tekur fyrir 20. júní 2006 til athugunar og ákvörðunar hvort þessum takmörkunum skuli aflétt.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2006/2007 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2006. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2006. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2006 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Hvor aðili um sig skal veita tveimur skipum, skráðum í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2006.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar til

kynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Geir H. Haarde
utanríkisráðherra

895. Fyrirspurn [611. mál]

til sjávarútvegsráðherra um leiguverð fiskveiðiheimilda.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Telur ráðherra að samráð eigi sér stað um verðlagningu fiskveiðiheimilda á markaði, en þar virðist leiguverð víðast það sama?
2. Hefur ráðherra staðið fyrir skoðun á því hvernig verðmyndun á leiguverði fiskveiðiheimilda á sér stað? Ef svo er ekki, hyggst ráðherra standa að slíkri skoðun?

896. Breytingartillaga [389. mál]

við frv. til l. um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Valdimar L. Friðrikssyni, Ögmundi Jónassyni og Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

19. gr. orðist svo:

Lög þessi skulu öðlast gildi 1. júlí 2006. Ákvæði laganna eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur þó átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur foreldri sem á barn með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun sem greinst hefur fyrir 1. janúar 2006 átt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum. Skilyrðin eru þau að foreldrið hafi sannanlega ekki komist út á vinnumarkað sökum verulegrar umönnunar vegna veikinda barnsins og skal foreldri sanna tekjuleysi sitt með skattframtali.

897. Frumvarp til laga [612. mál]

um Veiðimálastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Stjórnsýsluleg staða.

Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Veiðimálastofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.

2. gr.
Forstjóri.

Ráðherra skipar forstjóra Veiðimálastofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á fræðasviði stofnunarinnar.

Forstjóri hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess.

3. gr.
Ráðgjafarnefnd.

Forstjóri hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu menntastofnana landbúnaðarins. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd.

Formaður ráðgjafarnefndar kveður nefndina saman til fundar þegar þurfa þykir.

4. gr.
Hlutverk Veiðimálastofnunar.

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

1. að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þeirra og miðla upplýsingum þar um,
2. að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa,
3. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatna,
4. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum,
5. að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna,
6. að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð,
7. að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera,
8. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns,
9. að veita lögboðnar umsagnir,
10. að annast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi,

11. að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns,
12. að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.

5. gr.
Stjórnskipulag Veiðimálastofnunar.

Forstjóri ákveður skipurit Veiðimálastofnunar.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

Veiðimálastofnun er heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýta rannsókna- og þróunarverkefni sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

6. gr.
Gjaldtaka o.fl.

Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

Þann hluta starfsemi Veiðimálastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, þar sem stofnunin aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf og annarri þjónustu, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins.

7. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar og framkvæmd þessara laga.

8. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Um leið falla úr gildi 2. og 3. mgr. 90. gr., 91. og 92. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja tíu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II.

Núverandi starfsfólk Veiðimálastofnunar gegnir áfram störfum sínum hjá stofnuninni eftir gildistöku laga þessara. Núverandi framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar skal gegna starfi forstjóra út núverandi skipunartíma sinn. Núverandi stjórn Veiðimálastofnunar skal láta af

störfum við gildistöku laga þessara en jafnframt skal þá skipa ráðgjafarnefnd í samræmi við 3. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. júlí 2001 fól landbúnaðarráðherra þeim dr. jur. Gauki Jörundssyni, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, dr. jur. Páli Hreinssyni, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, að semja nýtt frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Við fráfall dr. jur. Gauks Jörundssonar voru í hans stað skipaðir til starfans þeir Karl Axelsson hrl., lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og Þorgeir Örlygsson, dómari við EFTA-dómstólinn. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Þá hefur dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, verið ráðgjafi við samningu frumvarpsins. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndarinnar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er afar umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Stofn gildandi löggjafar er að hluta til frá árinu 1932, þótt ný stofnlög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Við þá lagaendurskoðun sem nú hefur farið fram hefur sú leið verið farin að einfalda löggjöfina og gera framsetninguna markvissari. Er að því stefnt með þrennum hætti. *Í fyrsta lagi* hafa verið samin frumvörp um fjóra þætti eða málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði og þannig gert ráð fyrir að sérlög gildi á þeim sviðum. Þetta eru ákvæði frumvarps þessa um Veiðimálastofnun, ákvæði um fiskeldi, ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum og loks ákvæði um fiskrækt. *Í öðru lagi* er gert ráð fyrir að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. *Í þriðja lagi* hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra, sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau, samkvæmt efni sínu, séu sjálfstæð.

Lög um lax- og silungsveiði eru að stofni til frá árinu 1932 en talsverðar breytingar urðu á þeim árið 1970. Síðar hafa verið gerðar breytingar á einstökum köflum og greinum laganna. Í þeim breytingum var m.a. aðskilin stjórnsýsla í veiðimálum sem embætti veiðimálastjóra fer með annars vegar og hins vegar rannsóknir í veiðimálum sem Veiðimálastofnun fer með. Þær breytingar voru gerðar á árunum 1994 og 1997 og komu að fullu til framkvæmda árið 1997. Síðan hefur Veiðimálastofnun einvörðungu starfað sem rannsóknastofnun.

Í frumvarpi þessu er hlutverk Veiðimálastofnunar betur skilgreint en er í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði og fært nær því sem það í raun hefur verið síðustu ár. Í frumvarpinu er einnig gerð sú breyting að stjórn stofnunarinnar er lögð af en margsinnis hefur verið á það

bent, m.a. af Ríkisendurskoðun, að stjórnsýslulega fari illa saman að hafa stjórn í ríkisstofnunum sem heyra undir beint boðvald ráðherra. Erfiðleikar skapast þegar slík stjórn og ráðherra vilja fara ólíkar leiðir. Í staðinn er lagt til að ráðgjafarnefnd verði stofnuð til að góð tengsl haldist við hagsmunaaðila þá sem stofnunin starfar með.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er stjórnsýsluleg staða stofnunarinnar skýrð og á hvaða sviði hún starfar. Að stjórnsýslurétti telst stofnunin lægra sett stjórnvald gagnvart landbúnaðarráðherra og heyrir undir yfirstjórn hans. Í greininni er einnig kveðið á um samstarf stofnunarinnar við menntastofnanir landbúnaðarins, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla. Með þessu er ætlunin að koma á formlegu samstarfi stofnananna í rannsóknum sem vonir standa til að styrkja muni bæði skólana og hina nýju stofnun. Það ræðst síðan af eðli þeirra verkefna sem stofnunin sinnir á hverjum tíma hvernig þessu samstarfi verður háttað.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hver skipi forstjóra og hvaða almennu hæfisskilyrði hann þarf að uppfylla. Í 3. mgr. er síðan mælt fyrir um meginstarfsskyldur forstjóra, þ.e. að hann stjórni stofnuninni, ráði starfsfólk og ákveði starfssvið þess.

Um 3. gr.

Í stað þess að stjórn sé yfir stofnuninni er lagt til að sett verði á fót ráðgjafarnefnd sem sé forstjóra til ráðuneytis og með því haldið góðum tengslum við hagsmunaaðila þá sem stofnunin starfar með. Þarna eru einnig mynduð sterkari tengsl við menntastofnanir landbúnaðarins.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hlutverk Veiðimálastofnunar. Í ákvæðum greinarinnar er betur skýrt en áður hvaða hlutverki stofnunin gegnir. Afmörkun verkefna fer nærri því sem stofnunin hefur fengist við á síðustu árum. Nánar eru afmarkaðar skyldur stofnunarinnar við rannsóknir og miðlun rannsóknaniðurstaðna. Hvað varðar það hlutverk stofnunarinnar er lýtur að rannsóknum á eldi vatnalífvera, sem mælt er fyrir um í 7. tölul., er einkum átt við eldi laxfiska af villtum uppruna enda tengist slíkt eldi öðrum þáttum í hlutverki stofnunarinnar. Auk þessa er heimild til handa ráðherra til þess að kveða nánar á um hlutverk stofnunarinnar í reglugerð.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skipulag stofnunarinnar og heimildir til að eiga og reka rannsóknastöð og eiga í sprotafyrirtækjum sem verða til vegna rannsókna og þróunarvinnu stofnunarinnar líkt og flestar aðrar rannsóknastofnanir ríkisins hafa heimild til. Það getur verið talsvert hagsmunamál fyrir hið opinbera að gera verðmæti úr rannsókna- og þróunarvinnu stofnana sinna.

Um 6. gr.

Lagt er til í greininni að stofnunin geti selt þjónustu sína á markaði eins og hún hefur gert til þessa en þess jafnframt gætt að virt séu ákvæði samkeppnislaga. Þessi háttur er hafður á nú svo að ekki er um breytingar að ræða. Rétt er að hnykkja á þessu í lagatextanum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um gildistöku laganna, verði frumvarpið samþykkt, sem og brottfall samsvarandi ákvæða í gildandi lax- og silungsveiðilögum.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum með frumvarpi þessu hefur sú leið verið farin við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka. Liggur því tilgrundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga en skilja að öðru leyti á milli. Birtist þetta í því að samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram fjögur önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um eldi vatnafiska og frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, og munu þau öll, ef að lögum verða, mynda þá lagaumgjörð sem nú er að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Til viðbótar þessum frumvörpum munu nýsamþykkt lög um Landbúnaðarstofnun víða koma við sögu við framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafar. Þá er og rétt að hafa í huga að samhliða þessari fyrirkomulagsbreytingu er öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð og munu færri aðilar koma þar að málum en nú er.

Þegar svo miklar breytingar eru gerðar á lagaumhverfinu er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er í bráðabirgðaákvæði I með frumvarpinu gert ráð fyrir því, að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Hún á að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Er henni ætlað að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því að nefndin verði skipuð til fimm ára, enda ætti þá að vera komin góð reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar er jákvæð er með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Með ákvæði þessu eru tekin af tvímæli um að jafnvel þótt sett séu heildarlög um Veiðimálastofnun, og ákvæði um stofnunina þannig færð úr lax- og silungsveiðilögum, muni núverandi starfsfólk Veiðimálastofnunar gegna áfram störfum sínum hjá stofnuninni verði frumvarp þetta að lögum. Þá mun núverandi framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar gegna starfi forstjóra stofnunarinnar út núverandi skipunartíma sinn. Hins vegar skal stjórn Veiðimálastofnunar láta af störfum verði frumvarp þetta að lögum en jafnframt skal þá skipa ráðgjafarnefnd í samræmi við 3. gr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Meginbreytingar frumvarpsins frá þeim ákvæðum gildandi laga, sem ráð er fyrir gert að falli brott við lögfestingu þess, felast í því að skilgreint hlutverk Veiðimálastofnunar er fært nær því sem það hefur verið í raun síðustu ár og stjórn stofnunarinnar lögð af en í staðinn sett á fót ráðgjafarnefnd.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

898. Frumvarp til laga [613. mál]

um fiskrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allrar fiskræktar, þ.m.t. hafbeitar, sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og veiði kynþroska fiska til þess að fanga þá til endurveiða eða slátrunar er þeir ganga úr sjó í ferskt vatn.
12. *Hafbeitarstofn:* Hópur vatnafiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.
13. *Hafbeitarstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.
14. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
15. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
16. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
18. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
19. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
20. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
21. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
22. *Vatnadýr.* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
23. *Vatnafiskur:* Lax (Salmo salar), silungur (urriði (Salmo trutta), bleikja (Salvelinus alpinus) og regnbogasilungur (Oncorhynchus mykiss)), áll (Anguilla anguilla) eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
24. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
25. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
26. *Villtur fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á sama stað og sama tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum slíkum hópum.
27. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar sem starfar samkvæmt lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.

II. KAFLI
Fiskræktaráætlun.

5. gr.
Fiskræktaráætlun.

Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.

6. gr.
Samþykkt fiskræktaráætlunar.

Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að Landbúnaðarstofnun hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Landbúnaðarstofnun leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem Landbúnaðarstofnun telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.

III. KAFLI
Almenn ákvæði um fiskrækt.

7. gr.
Hrognataka.

Veiðifélagi er heimil lax- og silungsveiði til hrognatöku í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara og 26. gr. laga um lax- og silungsveiði. Ef meiri hluti veiðiréttarhafa við veiðivatn, þar sem ekki er veiðifélag, vill láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni skal afla leyfis Landbúnaðarstofnunar. Leyfi veiðiréttarhafa til hrognatöku skal vera tímabundið og skulu í því felast þau skilyrði sem nauðsynleg eru að mati Landbúnaðarstofnunar til verndar fiskstofnum veiðivatnsins.

8. gr.
Fiskrækt í ám og vötnum.

Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

9. gr.

Bann við flutningi laxfisks milli veiðivatna.

Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiði er óheimill.

10. gr.

Undanþága.

Landbúnaðarstofnun getur veitt undanþágu frá banni skv. 8. og 9. gr. Til þess að fá slíka undanþágu þarf veiðifélag eða veiðiréttarhafar veiðivatns, þar sem ekki er veiðifélag, að sækja um það til Landbúnaðarstofnunar. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn um undanþágu skal fylgja greinargerð umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd og umsagnir fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þ.m.t. hættu á erfðamengun. Sá er undanþágu beiðist ber kostnað af gerð umsagna.

Landbúnaðarstofnun getur afgreitt undanþágur frá ákvæðum 8. gr. að fengnum sérfræðilegum umsögnum, en um umsókn um undanþágu frá ákvæðum 9. gr. gilda ákvæði 11. gr.

11. gr.

Málsmeðferð undanþágubeiðni.

Innan tveggja vikna frá móttöku undanþágubeiðni skv. 10. gr. birtir Landbúnaðarstofnun umsóknina með opinberri auglýsingu og kallar eftir umsögnum veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá Landbúnaðarstofnun að öllum gögnum málsins. Athugasemdum við umsókn skal skilað til Landbúnaðarstofnunar innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

12. gr.

Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar

Innan átta vikna frá því að Landbúnaðarstofnun birtir umsókn um undanþágu, sbr. ákvæði 10. og 11. gr., skal hún taka rökstudda ákvörðun um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Landbúnaðarstofnun er heimilt að binda undanþágu nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að markmið laganna náist. Þegar ákvörðun Landbúnaðarstofnunar liggur fyrir skal hún kynnt umsækjanda og þeim sem athugasemdir hafa gert. Jafnframt skal birta hana opinberlega. Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar samkvæmt grein þessari er endanleg á stjórnsýslustigi.

13. gr.

Setning reglugerðar.

Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um málsmeðferð samkvæmt kafla þessum. Reglugerð skal m.a. hafa að geyma ákvæði um form undanþágubeiðni, málsmeðferð fyrir Landbúnaðarstofnun og form ákvörðunar. Einnig er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimt skuli gjald af þeim er undanþágu óskar vegna kostnaðar stjórnvalda af málsmeðferð. Einnig getur ráðherra í reglugerð sett nánari fyrirmæli um hvernig að hrognatöku skv. 7. gr. skuli staðið.

IV. KAFLI
Hafbeit.
14. gr.
Um hafbeit.

Um hafbeit gilda ákvæði laga þessara og 1. gr., 5.–12. gr., 14.–17. gr. og 19.–22. gr. laga um eldi vatnafiska eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.
15. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006. Um leið fellur úr gildi 23. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

16. gr.
Nafnbreyting.

Við gildistöku laga þessara breytist heiti laga nr. 76/1970 og verður: **Eldri lög um lax- og silungsveiði.**

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja tíu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 2001 ákvað landbúnaðarráðherra að endurskoða skyldi ákvæði gildandi lax- og silungsveiðilaga í því skyni að færa ákvæði þeirra til nútímahorfs að efni og formi. Unnið hefur verið jafnt og þétt að verkinu frá áramótum 2004/05 með það að markmiði að unnt yrði að leggja fram frumvarp til nýrra lax- og silungsveiðilaga og annarra tengdra laga við upphaf haustþings 2005. Nefnd sú sem vann að endurskoðun löggjafarinnar var skipuð þeim Þorgeiri Örlygssyni, dómara við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimari Jóhannssyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Karli Axelssyni, hæstaréttarlögmanni og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, og dr. Páli Hreinssyni, prófessor við sömu deild. Með nefndinni störfuðu Arnar Þór Stefánsson, héraðsdómslögmaður á Lex-Nestor lögmannsstofu, og Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Dr. Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður Veiðimálastofnunar, var faglegur ráðgjafi nefndarinnar í stöfum hennar. Í september 2005 var afrakstur af vinnu nefndarinnar kynntur á vef landbúnaðarráðuneytisins og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á því að gera athugasemdir við drög að frumvörpunum. Bárust nefndinni athugasemdir frá 34 aðilum og samtökum. Fór nefndin yfir þær athugasemdir og tók tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til.

Endurskoðun löggjafar á þessu sviði er afar umfangsmikið verkefni þar sem gæta þarf fjölþættra hagsmuna og lagaskila. Stofn gildandi löggjafar er að hluta til frá árinu 1932, þótt ný lög hafi verið sett 1941, 1957 og 1970. Með einstökum lögum hafa síðan verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi stofnlögum á hverjum tíma. Tilraunir til heildarendurskoðunar laganna á síðustu áratugum hafa hins vegar ekki borið árangur.

Við þá lagaendurskoðun sem nú hefur farið fram hefur sú leið verið farin að einfalda löggjöfina og gera framsetninguna markvissari. Er að því stefnt með þrennum hætti. *Í fyrsta lagi* hafa verið samin frumvörp um fjóra þætti eða málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði og þannig gert ráð fyrir að sérlög gildi á þeim sviðum. Þetta eru ákvæði um Veiðimálastofnun, ákvæði um fiskeldi, ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum og síðast en ekki síst ákvæði um fiskrækt sem frumvarp þetta hefur að geyma. *Í öðru lagi* er gert ráð fyrir að nánari útfærsla einstakra atriða verði í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra og reglum settum af Landbúnaðarstofnun. *Í þriðja lagi* hefur uppbyggingu laganna verið breytt, bæði í því skyni að einfalda og skýra, sem og að samræma fyrirkomulag og uppbyggingu laganna viðteknum viðhorfum við lagasmíð í upphafi 21. aldar.

Til þess að benda sem skýrast á nauðsynlegt samhengi umræddrar löggjafar eru frumvörp sem lúta að þessum fjórum málaflokkum lögð fram samhliða frumvarpi til lax- og silungsveiðilaga og ráðgert að þau öll og málaflokkurinn í heild fái þannig samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu. Í því samhengi er rétt að benda á að lög um lax- og silungsveiði verða eins konar þungamiðja þessarar lagasetningar, en hin frumvörpin fjögur koma þar til fyllingar og stuðnings, þótt þau samkvæmt efni sínu séu sjálfstæð. Er því ástæða til þess að vísa til fyllingar athugasemdum þessum til ítarlegra almennra athugasemda með nýju frumvarpi til lax- og silungsveiðilaga sem að breyttu breytanda þykja jafnframt taka til þess sviðs sem frumvarp þetta fjallar um.

Ákvæði um fiskrækt eru nú að meginstefnu til á tveimur stöðum í gildandi lögum. Í fyrsta lagi eru ítarleg ákvæði um fiskræktaráætlun í 23. gr. lax- og silungsveiðilaga og í öðru lagi eru ákvæði um Fiskræktarsjóð í XIV. kafla laganna. Fyrrnefndu reglunum er komið fyrir í II. og III. kafla frumvarpsins, en ákvæði um Fiskræktarsjóð verða um sinn látin standa óbreytt í núgildandi lögum um lax- og silungsveiði en þau lög fá heitið „eldri lög um lax- og silungsveiði“, verði frumvarp þetta að lögum, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Ákvæði, sem ætlað hefur verið að stuðla að fiskrækt, eiga sér langa sögu í íslenskri löggjöf. Árið 1929 voru sett sérstök lög um fiskiræktarfélög, nr. 6 frá því ári, en segja má að fiskiræktarfélögin hafi verið eiginlegur forveri veiðifélaganna. Í 2. mgr. 1. gr. laganna var fiskirækt skilgreind með svofelldum hætti:

„Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.“

Í fyrstu heildstæðu lax- og silungsveiðilögin, nr. 61/1932, voru auk ákvæðanna um fiskræktarfélög tekin upp sérstök ákvæði um styrkveitingar til fiskræktar. Sambærileg ákvæði voru í lax- og silungsveiðilögum, nr. 112/1941, sem og lögum nr. 53/1957. Í síðarnefndu lögunum var hins vegar tekinn upp sérstakur kafli um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi sem að nokkru tóku til viðfangsefnisins. Í lögunum frá 1970 voru sérstök ákvæði um fiskræktarfélög felld brott, en á hinn bóginn var Fiskræktarsjóður stofnaður, sbr. nánar hér síðar. Með lögum nr. 63/1994 um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði var síðan í fyrsta skipti mælt fyrir um skyldu til gerðar fiskræktaráætlunar í hverju því veiðivatni þar sem ætlunin væri að stunda fiskrækt.

Með vísan til framangreindrar skilgreiningar í lögunum frá 1929 má segja að í tímans rás hafi engin grundvallarbreyting orðið á þeim tilgangi sem að er stefnt með fiskrækt. Menn eru

þó miklum mun meðvitaðri um að fiskrækt má aldrei snúast upp í andhverfu sína, sbr. það grundvallarmarkmið að við fiskrækt skuli ávallt gætt að því að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Að ósk stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva voru ákvæði um hafbeit tekin út úr frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og er reglum um hafbeit nú skipað í frumvarp þetta. Þess skal getið að nánast engar hafbeitarstöðvar eru nú starfandi og ekki fyrirsjáanlegt að til starfrækslu fleiri stöðva verði stofnað á komandi árum. Allt að einu verða í lögum að vera ákvæði um slíka starfsemi og þykir best fara á því að þeim sé skipað í lög um fiskrækt.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins. Er hér um hefðbundna efnisskipan að ræða. Í mörgum atriðum er ekki um að ræða neinar verulegar efnisbreytingar frá reglum 23. gr. gildandi laga. Einstakar athugasemdir eru þó að sínu leyti nokkuð ítarlegar, enda óhjákvæmilegt að rekja þar uppruna einstakra greina og samsvörun þeirra í gildandi lögum.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla eru ákvæði um markmið og gildissvið laganna, sbr. 1. og 2. gr. Þá eru í 3. gr. ítarlegar orðskýringar, en í 4. gr. er mælt fyrir um fyrirkomulag stjórnsýslu samkvæmt lögunum.

Um 1. gr.

Markmiðsyfirlýsing 1. gr. endurspeglar þau áform að stuðla að fiskrækt, þó án þess að hún spilli villtum ferskvatnsfiskstofnum. Fiskrækt er í samræmi við skilgreiningu þá sem fram kemur í 3. gr. hver sú aðgerð sem eykur fiskmagn eða veiði og arð af henni. Í fiskrækt getur m.a. falist friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum hans, flutningur fisks í veiðivatn, slepping seiða, umbætur á gönguleiðum fisks til þess að gera þær greiðari, eftirlit með veiði og hvaðeina annað er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans. Markmið laganna er að fiskrækt spilli ekki lífríki vatna né villtum fiskstofnum eða sjálfbærri nýtingu þeirra. Er það í samræmi við markmið frumvarps til laga um lax- og silungsveiði þar sem tryggja á sjálfbæra nýtingu og líffræðilegan fjölbreytileika.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um að lögin taki til allrar fiskræktar sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði og þarfnast það ekki frekari skýringa. Þá er jafnframt kveðið á um það í 2. gr. að við framkvæmd laga um fiskrækt skuli gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um varnir gegn fisksjúkdómum og laga um eldi vatnafiska. Er með þessu lögð áhersla á það sérstaka samhengi og samræmi sem vera þarf við beitingu þeirrar löggjafar sem ætlað er að leysa gildandi lög um lax- og silungsveiði af hólmi. Sambærileg ákvæði eiga að vera í öðrum þeim lögum sem tilgreind eru í frumvarpsgreininni. Í þessu felst áréttting þess að þrátt fyrir þá uppskiptingu núgildandi lax- og silungsveiðilöggjafar í fleiri lagabálka, sem birtist í frumvarpi þessu og fylgifrumvörpum þess, er þeim öllum saman ætlað að mynda heildarumgjörð um málaflokkinn, svo sem gildandi lög hafa gert.

Um 3. gr.

Í greininni hafa verið teknar saman skilgreiningar allra helstu hugtaka sem fyrir koma og hugtaka sem lýsa ýmsum þeim afbrigðum sem fyrir koma við fiskrækt. Hefur sú leið verið valin að skýra fremur fleiri en færri hugtök og styðst sú aðferð við þau rök að þótt tiltekin

hugtök komi ekki fyrir í lögunum sjálfum þá kunna þau að verða notuð í reglugerðum og reglum settum á grundvelli laganna. Vakin er athygli á því að hugtakið fiskur hefur víðtækari merkingu í frumvarpi þessu en frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Þá er bent á að hugtakið hafbeit er samkvæmt greininni tvíþættrar merkingar. Í fyrsta lagi er um að ræða föngun fisks á sleppistað (hafbeitarstöð) til slátrunar og í öðru lagi föngun fisks til flutnings og endurveiða í öðrum vötnum. Í þessu samhengi er vert að geta þess að slepping gönguseiða í veiðivötn telst ekki til hafbeitar, heldur fiskræktar. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. fer landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála er varða fiskrækt. Að öðru leyti er framkvæmd stjórnsýslunnar í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Um reglugerðarheimild 2. mgr. er það að segja að eitt helsta markmiðið með heildarendurskoðun löggjafar um lax- og silungsveiði og skyld málefni er að einfalda lögin og gera þau aðgengilegri en áður, svo sem nánar er um fjallað í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Liður í þeirri viðleitni er að flytja úr lögum ýmsar reglur tæknilegs eðlis sem betur fer á að séu í reglugerð. Til þess að tryggja að við setningu reglugerðar samkvæmt lögum þessum sé ætíð byggt á vísindalegum forsendum og gögnum er tekið fram í 2. mgr. að ávallt skuli leita umsagnar Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar áður en slíkar reglugerðir eru settar. Í þessu felst þó ekki að ráðherra eða önnur stjórnvöld samkvæmt lögum þessum séu bundin af umsögn umsagnaraðila nema það sé sérstaklega tekið fram.

Um II. kafla.

Reglur II. kafla eru í meginatriðum samhljóða reglum gildandi laga. Fjallar kaflinn um fiskræktaráætlun sem öllum þeim sem ætla sér að stunda fiskrækt er skylt að gera.

Um 5. gr.

Í 5. gr. kemur fram að í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, sé veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Ætlunin er sú að skylda til gerðar fiskræktaráætlunar nái fyrst og fremst til fiskræktar í þrengri skilningi, þ.e. þeirra tilvika sem nefnd eru í lagagreininni, mannvirkjagerðar og inngrips í lífríki vatnsins. Á hinn bóginn þarf ekki að gera sérstaka fiskræktaráætlun ef aðgerðir lúta að viðhaldi vega, bættum aðbúnaði fyrir veiðimenn og skyldum atriðum. Er þetta óbreytt regla 1. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar. Það nýmæli er hins vegar að finna í frumvarpsgreininni að tilgangurinn með gerð fiskræktaráætlunar er skýrður, en hann er samkvæmt greininni sá að gera fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af framkvæmdum eins og þar um ræðir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Í 6. gr. kemur fram að framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun sé háð því að Landbúnaðarstofnun hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Landbúnaðarstofnun afla umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki Landbúnaðarstofnunar skulu samkvæmt frumvarpsgreininni koma fram þeir skilmálar sem stofnunin telur nauðsynlega, m.a. til

verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur. Er þetta að mestu óbreytt regla 2. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar.

Um III. kafla.

Í kaflanum eru ýmsar almennar reglur er lúta að fiskrækt. Í 7. gr. er mælt fyrir um skilyrði hrognatöku, í 8. og 9. gr. eru meginreglur um bann við því að notaðir séu framandi stofnar til fiskræktar í veiðivötnum og að laxfiskur sé fluttur í veiðivatn til endurveiða. Í 10. gr. er síðan að finna undanþágu frá framangreindum meginreglum. Í 11. gr. er fjallað um málsmeðferð undanþágubeiðni, í 12. gr. um ákvörðun Landbúnaðarstofnunar um undanþágubeiðni og í 13. gr. er fjallað um setningu reglugerðar til fyllingar ákvæðum kaflans. Rétt er að vekja á því athygli að ekki er tekin upp í frumvarpið undanþáguheimild sú sem nú er í 4. mgr. 23. gr. gildandi laga, enda er fullnægjandi undanþáguheimild í 10. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í 7. gr. kemur fram regla sama efnis og regla 26. gr. frumvarps til laga um lax- og silungsveiði. Er nú gert ráð fyrir að veiðifélög geti staðið að veiðum lax og silungs til hrognatöku, enda sé slíkt í samræmi við fiskræktaráætlun skv. II. kafla frumvarpsins. Vilji meiri hluti veiðiréttarhafa við veiðivatn, þar sem ekki er starfandi veiðifélag, láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni skal hins vegar afla leyfis Landbúnaðarstofnunar. Skal slíkt leyfi vera tímabundið og fela í sér skilyrði sem nauðsynleg eru að mati Landbúnaðarstofnunar til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Slíkar veiðar þurfa með sama hætti og gildir um veiðifélög að vera í samræmi við fyrirmæli og markmið II. kafla frumvarpsins um fiskræktaráætlun. Hér er um nokkuð breyttar reglur að ræða miðað við gildandi fyrirkomulag, sbr. 3. mgr. 23. gr. gildandi laga, sbr. einnig breytta tilhögun í 1. mgr. 26. gr. frumvarps til laga um lax- og silungsveiði. Er hér bæði tekið tillit til breyttrar stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála og jafnframt gert ráð fyrir aukinni aðkomu og ábyrgð veiðifélaga í þessu sambandi.

Um 8. gr.

Samkvæmt 8. gr. er við fiskrækt í ám og vötnum einungis heimilt að nota stofn úr viðkomandi veiðivatni. Er þetta óbreytt regla 5. mgr. 23. gr. gildandi laga og styðst við þau rök að viðhalda beri náttúrulegum fiskstofnum í hverju veiðivatni, enda getur kyn- og erfðablöndun ólíkra stofna leitt til ófyrirsjáanlegra afleiðinga fyrir lífríki vatns.

Um 9. gr.

Í 9. gr. kemur fram að hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiði sé óheimill. Er þetta sama regla og nú kemur fram í 6. mgr. 23. gr. gildandi laga. Styðst regla frumvarpsins við sambærileg rök og regla 8. gr. og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt greininni getur Landbúnaðarstofnun veitt undanþágu frá banni skv. 8. og 9. gr. Til þess að fá slíka undanþágu þarf veiðifélag eða veiðiréttarhafar veiðivatns, sé veiðifélag ekki til, að sækja um það til Landbúnaðarstofnunar, og má undanþágu að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn um undanþágu skal fylgja greinargerð umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd og umsagnir fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þ.m.t. hættu á erfðamengun. Sá er undanþágu

beiðist ber kostnað af gerð umsagna. Eru þetta að mestu óbreyttar reglur 6.–8. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði, að teknu tilliti til breyttrar stjórnsýslu á sviði landbúnaðarmála.

Um 11. gr.

Í 11. gr. eru reglur er varða málsmeðferð undanþágubeiðni, en sambærileg ákvæði eru í 1.–3. málsl. 9. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiði. Í 11. gr. kemur fram að innan tveggja vikna frá móttöku undanþágubeiðni skv. 10. gr. skuli Landbúnaðarstofnun birta umsóknina með opinberri auglýsingu og kalla eftir umsögnum veiðifélaga eða veiðiréttarhafa um framkvæmdina, hafi veiðifélag ekki verið stofnað á viðkomandi vatnasviði. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá Landbúnaðarstofnun að öllum gögnum málsins. Athugasemdum við umsókn skal skilað til Landbúnaðarstofnunar innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Hefur frumvarpsgreinin þann tilgang að skapa réttaröryggi með því að tryggja samræmda og faglega meðferð undanþágubeiðna og tryggja jafnframt öllum hagsmunaaðilum rétt til að koma að athugasemdum og andmælum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er ákvæði um hvernig Landbúnaðarstofnun skal standa að ákvarðanatöku um undanþágubeiðni. Regla sama efnis er nú í 4.–5. málsl. 9. mgr. 23. gr. og í 10. mgr. 23. gr. gildandi lax- og silungsveiðilaga. Í frumvarpsgreininni kemur fram að innan átta vikna frá því að Landbúnaðarstofnun birti umsókn um undanþágu, sbr. ákvæði 10. og 11. gr., skuli hún taka rökstudda ákvörðun um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Landbúnaðarstofnun er samkvæmt frumvarpsgreininni heimilt að binda undanþágu nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að markmið laganna náist. Þegar ákvörðun Landbúnaðarstofnunar liggur fyrir skal hún kynnt umsækjanda og þeim sem athugasemdir hafa gert. Jafnframt skal birta hana opinberlega. Vakin er athygli á þeirri breytingu að nú er ekki lengur gert ráð fyrir málskotsrétti til landbúnaðarráðherra, sbr. 12. mgr. 23. gr. gildandi laga. Í þessu felst að ákvörðun Landbúnaðarstofnunar er endanleg á stjórnsýslustigi, en verður að sjálfsögðu borin undir úrskurð dómstóla samkvæmt almennum reglum þar að lútandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um setningu reglugerða til fyllingar ákvæðum II. kafla. Grein þessi á sér að hluta til stoð í 11. mgr. 23. gr. gildandi laga, en tekur þó til fleiri atriða en þar eru tilgreind. Frumvarpsgreinin sjálf er ítarleg og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um IV. kafla, 14. gr.

Eins og áður segir voru ákvæði um hafbeit tekin út úr frumvarpi til laga um eldi vatnafiska að ósk stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva og er þeim nú skipað í IV. kafla frumvarps þessa.

Um V. kafla.

Í V. kafla eru ákvæði um gildistöku og nafnbreytingu eldri lax- og silungsveiðilaga.

Um 15. gr.

Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um gildistöku laganna, verði frumvarpið samþykkt, þann 1. júní 2006, sem og brottfall ákvæðis 23. gr. í gildandi lax- og silungsveiðilögum sem fjallar um fiskrækt.

Um 16. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um nafnbreytingu á núgildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og munu þau fá heitið „eldri lög um lax- og silungsveiði“, verði frumvarp þetta að lögum. Ástæða þessa fyrirkomulags er sú að ekki hefur náðst samstaða um að breyta ákvæðum eldri lax- og silungsveiðilaga um Fiskræktarsjóð og því var ákveðið að hafa ákvæðin óbreytt í eldri lögum enn um sinn. Að sama skapi mun óbreytt standa í eldri lögum ákvæði 94. gr. laganna sem fjallar um veiðimálanefnd, enda fer sú nefnd með stjórn Fiskræktarsjóðs. Verður það eina verkefni nefndarinnar nái frumvarp þetta fram að ganga. Verði samþykkt öll þau fimm frumvörp sem lögð eru nú fyrir Alþingi, og varða lax- og silungsveiði og tengd atriði, verða ákvæði um Fiskræktarsjóð og veiðimálanefnd einu ákvæðin sem eftir standa í eldri lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem víða hefur verið vikið að í athugasemdum með frumvarpi þessu hefur sú leið verið farin við endurskoðun gildandi lax- og silungsveiðilaga að kljúfa efni þeirra upp og greina í fimm lagabálka. Liggur því til grundvallar það sjónarmið að skipa saman í lagabálka þeim atriðum sem efnislega samstöðu eiga, en skilja að öðru leyti á milli. Birtist þetta í því að samhliða frumvarpi þessu eru lögð fram fjögur önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarp til laga um eldi vatnafiska og frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, og munu þau öll, ef að lögum verða, mynda þá lagaumgjörð sem nú er að finna í lax- og silungsveiðilögunum einum. Til viðbótar þessum frumvörpum munu nýsamþykkt lög um Landbúnaðarstofnun víða koma við sögu við framkvæmd lax- og silungsveiðilöggjafar. Þá er og rétt að hafa í huga að samhliða þessari fyrirkomulagsbreytingu er öll stjórnsýsla við lagaframkvæmdina einfölduð í frumvörpunum og munu færri aðilar koma þar að málum en nú er.

Þegar svo miklar breytingar eru gerðar á lagaumhverfinu er nauðsynlegt að tryggja að lagaframkvæmdin geti gengið sem best fyrir sig, agnúar verði sniðnir af og samþætting tryggð. Því er í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu gert ráð fyrir því að á næstu fimm árum frá gildistöku laganna starfi samráðsnefnd um framkvæmd þeirra og annarra þeirra laga er mynda þá lagaumgjörð sem hér er lögð til. Er nefndinni ætlað að vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin varðar helst. Hún á að fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.

Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir því að nefndin verði skipuð til fimm ára, enda ætti þá að vera komin góð reynsla á lagaframkvæmdina. Ef reynslan af starfi nefndarinnar er jákvæð er með lagabreytingu unnt að festa hana varanlega í sessi.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fiskrækt.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi

lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Þessu tiltekna frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi XIV. kafla laganna auk 23. og 94. gr.

Meginbreytingar frumvarpsins frá þeim ákvæðum gildandi laga, sem ráð er fyrir gert að falli brott við lögfestingu þess, felast í því að stjórn Fiskræktarsjóðs verður falin þriggja manna stjórn í stað veiðimálanefndar áður og skattstjórum verður falið að leggja gjald á fyrirtæki sem stunda raforkuvinnslu með vatnsorku í stað veiðimálanefndar áður.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

899. Frumvarp til laga [614. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til starfandi hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og stækka veitusvæði sitt með yfirtöku á hitaveitum sem ekki hafa slíkt einkaleyfi og standa frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða styrki á grundvelli 3. tölul. 11. gr. skal miðað við 20.000 kWst ársnotkun á hverja íbúð sem tengd er veitunni. Við ákvörðun styrkfjárhæðar skal miðað við fjárhæð niðurgreiðslu í dreifbýli á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Styrkir til hitaveitu á grundvelli 3. tölul. 11. gr. skulu renna óskertir til hitaveitunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum III. kafla laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, um stofnun nýrra hitaveitna.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka notkun jarðvarma til húshitunar. Árið 1998 var komið á laggirnar sérstöku átaki til jarðhitaleitar á svokölluðum köldum svæðum, þar sem rafmagn er notað til húshitunar. Hefur þessu átaksverkefni verið fram haldið frá 1998. Aðilar að því hafa verið iðnaðarráðuneytið, Byggðastofnun og Orkusjóður. Jarðhitaleitarátakinu er ætlað að vera hvati og upphaf að frekari aðgerðum til nýtingar jarðvarma til húshitunar. Það beinist einkum að frumstigum leitar, en

sveitarfélögum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við verkefnunum, finnist jarðhiti sem hagkvæmt er að nýta. Vinna á vegum jarðhitaleitarátaksins hefur einkum beinst að þéttbýlisstöðum og þau svæði verið látin ganga fyrir þar sem dreifing raforku til húshitunar kann að vera ótrygg. Í 16. gr. laga nr. 78/2002, svo sem þeim var breytt með 5. gr. laga nr. 58/2004, er ráðherra veitt heimild til að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna. Ef leit leiðir til jákvæðrar niðurstöðu taka sveitarfélög og orkufyrirtæki við framkvæmdum og standa undir frekari kostnaði.

Í þeim tilgangi að auðvelda stofnun hitaveitna samþykkti ríkisstjórnin haustið 1999 tillögur iðnaðarráðherra að reglum um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar. Reglurnar byggðust á þeirri stefnu sem mörkuð var með samþykkt þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001. Í byggðaáætlun var mörkuð sú stefna að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsnæðis til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla með þeim hætti að aukinni notkun jarðvarma til húshitunar. Í byggðaáætluninni var miðað við að styrkir til einstakra hitaveitna gætu numið sömu fjárhæð og sem nam fimm ára niðurgreiðslum til rafhitunar á dreifiveitusvæði nýrra veitna. Hitaveitustyrkjum var ætlað að vera hvati til að stuðla að frekari nýtingu á heitu vatni til hitunar á íbúðarhúsnæði. Rétt var talið að gera þetta í ljósi þess að aðgangur að hitaveitu skapaði bætt lífskjör og að með því að leggja fé til nýrra hitaveitna væri verið að skapa þeim betri rekstrarskilyrði með lækkun stofnkostnaðar. Talið var æskilegt að tengja þetta niðurgreiðslum til húshitunar og niðurfellingu þeirra þar sem með því væri ríkissjóður að losna undan niðurgreiðslum vegna húshitunar til framtíðar litið.

Með III. kafla laga nr. 78/2002 var m.a. lögfest sú framkvæmd sem verið hafði á úthlutun styrkja vegna nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna með þeirri breytingu að allar hitaveitur gætu átt rétt á styrk en ekki eingöngu þær sem hefðu einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni. Með 4. gr. laga nr. 58/2004, um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, var kveðið á um að styrkur skyldi miðast við fjárhæð sem næmi átta ára niðurgreiðslum.

II. Réttur til niðurgreiðslna á orku til húshitunar.

Stofnstyrkir til nýrra hitaveitna tengist mjög niðurgreiðslum til húshitunar en fjárhæð styrkja er reiknuð út frá niðurgreiðslum þeirra sem tengjast hitaveitunni. Því er rétt að gera grein fyrir helstu ákvæðum II. kafla laga nr. 78/2002 varðandi niðurgreiðslu á orku til hitunar áður en fjallað er um styrki til nýrra hitaveitna. Skv. 4. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, skal, ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til niðurgreiðslna á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis, verja þeim fjármunum til niðurgreiðslna í eftirfarandi tilfellum: Í fyrsta lagi ef íbúð sem hituð er með raforku er ekki á veitusvæði hitaveitu. Í öðru lagi til íbúða sem eru á veitusvæði hitaveitu en kostnaður við tengingu og áætluð orkukaup er hærri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu. Í þriðja lagi skal þeim varið til íbúða sem hitaðar eru með olíu og hvorki eru á veitusvæði hitaveitu né tengjast raforkukerfi. Í fjórða lagi skal fjármunum varið til íbúða sem hitaðar eru með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflu veitunnar.

Í 3. gr. laganna er veitusvæði hitaveitu skilgreint sem það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni. Þetta felur í sér að þeir sem tengdir eru hitaveitu sem ekki hefur einkaleyfi geta tekið upp rafhitun og jafnframt átt rétt á niðurgreiðslum. Þessar hitaveitur keppa því í raun við niðurgreitt rafmagn til hitunar.

III. Stofnstyrkir til nýrra hitaveitna.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 eiga hitaveitur sem hófu rekstur árið 1998 eða síðar eða hitaveitur sem hafa aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar rétt á stofnstyrk. Styrkur til hitaveitu getur numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan. Styrkurinn, sem er í formi eingreiðslu, greiðist til hitaveitu þegar hún hefur rekstur með dreifingu á heitu vatni til húshitunar á orkuveitusvæðinu. Þetta hefur síðan í för með sér að niðurgreiðslur á kostnaði til hitunar íbúðarhúsnæðis á hinu nýja starfssvæði hitaveitunnar eru felldar niður, svo sem nánar er kveðið á um í 15. gr. laganna.

IV. Einkahitaveitur

Í lögum er ekki að finna skilgreiningu á einkahitaveitum. Í orkulögum, nr. 58/1967, er fjallað um skilyrði fyrir veitingu einkaleyfis til reksturs hitaveitu til almenningsþarfa. Í lögum nr. 78/2002 er veitusvæði hitaveitu skilgreint sem það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni. Þessar veitur hafa gjarnan verið nefndar opinberar veitur eða reglugerðarveitur til aðgreiningar frá einkahitaveitum. Einkahitaveitur eru því þær hitaveitur sem ekki hafa einkaleyfi til rekstrar og um starfsemi þeirra gilda hvorki sérstök reglugerð né gjaldskrá staðfest af ráðherra.

Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga hjá Orkustofnun um fjölda einkahitaveitna á landinu. Samkvæmt upplýsingum Orkustofnunar eru u.þ.b. 200 einkahitaveitur skráðar hjá stofnuninni. Talið er að viðskiptavinir sem tengdir eru einkahitaveitum séu á bilinu 700 til 800 og að nálægt 2.200 manns búi á starfssvæðum slíkra einkahitaveitna. Af þessum u.þ.b. 200 einkahitaveitum eru 22 veitur með um 1.630 íbúa. Þær veitur sem eftir standa þjónusta hver um sig fáa notendur.

Meðalhitaorkuþörf íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu í dag er í kringum 30.000 kWst/ári. Í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við 20.000 kWst við útreikning styrks þar sem allur styrkurinn er hugsaður til að greiða niður kostnað við endurnýjun dreifikerfis hitaveitunnar. Meðalniðurgreiðsla í dreifbýli á veitusvæði RARIK er 3,2 kr./kWst. Útgjöldum vegna slíkra styrkja verður mætt með breyttri forgangsröðun innan ramma fjárlaga.

V. Efni frumvarpsins og helstu ástæður breytinga.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að veita styrki til einkaleyfishitaveitna sem yfirtaka starfsemi einkahitaveitna með svipuðum hætti og nú gildir um hitaveitur sem stofnaðar eru árið 1998 eða síðar. Rétt þykir að setja það skilyrði fyrir styrkveitingu að viðkomandi einkahitaveita standi frammi fyrir miklum fjárútlátum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Meðalhitaorkuþörf íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu í dag er í kringum 30.000 kWst/ári. Í frumvarpinu er lagt til að viðmiðanir við útreikning styrkfjárhæðar verði fastákveðnar í lögum og að miðað verði við 20.000 kWst við útreikning styrks þar sem allur styrkurinn er hugsaður til að greiða niður kostnað við endurnýjun dreifikerfis hitaveitunnar og ekki er um að ræða kostnað notenda af tengingu við hitaveituna. Meðalniðurgreiðsla í dreifbýli á veitusvæði RARIK er í 3,2 kr./kWst og er gert ráð fyrir að útgjöldum vegna þessara styrkja verði mætt með breyttri forgangsröðun innan ramma fjárlaga.

Í frumvarpinu er lagt til að viðmiðanir við útreikning styrkfjárhæðar verði fastákveðnar í lögum við 20.000 kWst. Þá er og lagt til að miðað verði við þá fjárhæð niðurgreiðslna sem gildir fyrir dreifbýli á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Rökin fyrir því að gera þá breytingu á lögum nr. 78/2002 sem frumvarpið felur í sér eru nokkur. Í fyrsta lagi er nokkuð hallað á þær hitaveitur sem stofnaðar voru fyrir 1998 og ekki

eiga kost á styrk vegna stofnunar samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Á þetta sérstaklega við um einkahitaveitur sem starfa í raun við þau skilyrði að þurfa að keppa við niðurgreidda raforku til húshitunar. Í öðru lagi er óskynsamlegt að láta þá fjárfestingu sem lagt hefur verið í vegna lagningar hitaveitu fara alfarið forgörðum vegna þess að notendur hennar sjá sér ekki fært að taka þátt í fjármögnun endurnýjunar dreifikerfis og velja frekar niðurgreitt rafmagn til húshitunar. Með þessu kaupir ríkissjóður sig frá mögulegum framtíðarkröfum um niðurgreiðslur vegna rafhitunar. Í þriðja lagi er með þessu ýtt undir frekari sameiningu hitaveitna í stærri einingar sem hafa meiri fjárhags- og tæknilega burði til starfseminnar. Á undanförnum árum hafa stærri orkufyrirtæki yfirtekið smærri hitaveitur án þess að slíkir styrkir hafi staðið til boða. Í fjórða lagi er þessum einkaveitum komið undir það gjaldskráreftirlit sem kveðið er á um í orkulögum, nr. 58/1967. Þannig er tryggt að gjaldskrárstefna fyrirtækjanna taki auk annarra þátta mið af endurnýjunarþörf veitunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður sem feli í sér að heimilt verði að veita styrki til hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og stækka veitusvæði sitt með yfirtöku á hitaveitum sem ekki hafa slíkt einkaleyfi.

Ákvæðið felur í sér tvö skilyrði. Annars vegar er þess krafist að um sé að ræða samruna eða yfirtöku hitaveitu með einkaleyfi á dreifikerfi einkahitaveitu. Hins vegar er gerð krafa um að einkahitaveitan standi frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Hér má hafa að leiðarljósi hversu mikill kostnaður fellur á íbúa vegna endurnýjunarinnar, hvernig fjárhagslegri þátttöku þeirra var háttað í upphafi og hvernig uppbyggingu gjaldskrár hitaveitunnar hefur verið háttað. Þessi skilyrði þyrfti að útfæra nánar í reglugerð

Um. 2. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar sem gera þarf á ákvæði 12. gr. um fjárhæð styrkja. Þegar um yfirtöku einkaleyfishitaveitu á einkahitaveitu er að ræða er ekki unnt að miða við raforkunotkun og niðurgreiðslur til einstakra notenda þar sem ekki er um beinar niðurgreiðslur að ræða. Í þessum tilfellum er því nauðsynlegt að ákvarða sérstaklega forsendur útreiknings niðurgreiðslna svo unnt sé að reikna fjárhæð styrkja.

Í greininni er lagt að miðað verði við 20.000 kWst ársnotkun á hverja íbúð sem tengd er veitunni. Meðalhitaorkuþörf íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu er um 30.000 kWst. Þar sem einvörðungu er um að ræða styrki til hitaveitu vegna endurnýjunar dreifikerfis en ekki styrki til nýrra notenda vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi íbúðarhúsa er lagt til að miðað verði við 20.000 kWst. Þetta samsvarar u.þ.b. 65% af meðalhitaorkuþörf sem er það hlutfall sem koma á hitaveitu í hlut til að greiða niður stofnkostnað, sbr. 2. mgr. 14. gr. Þá er kveðið á um að miða skuli fjárhæð niðurgreiðslna við það sem gerist í dreifbýli á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

Um 3. gr.

Í 14. gr. laganna er kveðið á um úthlutun og ráðstöfun styrkja. Þar segir m.a. að hitaveita skuli nýta styrkinn að hluta til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og að hluta til að styrkja eigendur íbúðarhúsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Þegar um er að ræða yfirtöku einkaleyfisveitu á einkaveitu er ekki um að ræða kostnað við tengingu hjá eigendum íbúðarhúsa og því rétt að styrkurinn renni alfarið til viðkomandi hitaveitu.

Í lokamálslið 1. mgr. 12. gr. er kveðið á um að frá styrkfjárhæðinni skuli dreginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar. Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna nær það almennt ekki til styrkja eða fjárhagsstuðnings sem einkahitaveitna hefur hlotið vegna þess dreifikerfis sem er til staðar og þarfnast endurnýjunar þar sem styrkur vegna yfirtöku hitaveitu á starfandi einkahitaveitu rennur til einkaleyfisveitunnar. Skilyrðið um að einkahitaveita standi frammi fyrir kostnaðarsamri endurnýjun dreifikerfis kemur í veg fyrir að styrkur verði fyrst veittur á grundvelli 1. eða 2. tölul. 11. gr. og síðar á grundvelli samruna við einkaleyfishitaveitu þar sem endingartími dreifikerfis ætti að vera nokkrir áratugir.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu verður heimilt að veita niðurgreiðslur vegna starfandi hitaveitna sem sækja um einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni eða hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni. Núgildandi lög ná eingöngu til opinberra hitaveitna en með breytingunni ná þau einnig til einkaveitna. Gerð eru þau skilyrði um niðurgreiðslur til einkaveitna að um sé að ræða samruna eða yfirtöku hitaveitu með einkaleyfi á dreifikerfi einkahitaveitu. Auk þess er gerð krafa um að einkahitaveitan standi frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Þessi skilyrði þarf að útfæra í reglugerð. Samkvæmt mati Orkustofnunar munu um 10% af einkahitaveitum geta tengst einkaleyfisveitum vegna fjarlægðar. Áætlað er að niðurgreiðslur einkaveitna gætu orðið um 20 m.kr á ári. Með breyttri forgangsröðun munu niðurgreiðslurnar rúmast innan fjárlagaramma iðnaðarráðuneytisins. Samkvæmt fjárlögum 2006 er í heild ráðgert að veita 1.036 m.kr. til niðurgreiðslna til húshitunar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það muni hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

900. Frumvarp til laga [615. mál]

um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Útlendingastofnun gefur út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002:

a. Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sýslumenn, lögregla og önnur stjórnvöld taka við umsóknum um vegabréf eftir því sem ráðherra ákveður.

Þjóðskrá getur falið öðrum að annast einstök verkefni við framleiðslu og skráningu upplýsinga í vegabréfabók.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Tekin skal stafræn mynd af umsækjanda sem varðveitt skal í vegabréfinu. Heimilt er að nota mynd sem umsækjandi leggur fram sjálfur á rafrænu formi, enda uppfylli hún kröfur sem gerðar eru til stafrænna mynda í vegabréfum. Umsækjandi skal jafnframt leggja fram önnur nauðsynleg gögn.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að fingraför umsækjanda skuli skönnuð og varðveitt í vegabréfinu.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að gefa út vegabréf samkvæmt umsókn annars forsjárforeldris þegar hitt forsjárforeldri er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna að undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögmætum hætti.

5. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Gildistími almenns vegabréfs skal vera fimm ár frá útgáfudegi en heimilt er að lengja þann tíma eftir því sem ákveðið skal í reglugerð. Gildistími annarra vegabréfa skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

7. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, orðast svo:

Þjóðskrá heldur skrá, skilríkjaskrá, um öll útgefin vegabréf og önnur skilríki sem Þjóðskrá er falið að annast útgáfu eða framleiðslu á. Í skilríkjaskrá eru skráðar og varðveittar þær upplýsingar sem safnað er til útgáfu á skilríkjum, þ.m.t. upplýsingar um lífkenni skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. Í skilríkjaskrá eru einnig skráðar upplýsingar um útgefin, glötuð og stolin skilríki og heimilt er að skrá þar einfaldar tilvísanir til annarra gagna vegna þeirra aðstæðna sem fjallað er um í 7. gr.

Opinberum stofnunum er heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þjóðskrá og lögreglu er heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.

Stjórnvöldum er heimilt að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni sem varða glötuð og stolin skilríki.

8. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 9. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 15 14. apríl 2000:

a. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: kröfur sem gerðar eru til varðveislu, aldurs og forms stafrænna mynda af umsækjanda vegabréfs og skannaðra fingrafara hans, þar á meðal þau skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.
b. E-liður, er verður g-liður, fellur brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Útgáfa vegabréfa með lífkennum.

Frumvarp þetta, sem felur í sér nýjungar er lúta að gerð vegabréfa, er samið í dómsmálaráðuneytinu. Eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, vegna alþjóðlegra krafna um rafræn lífkenni í vegabréfum svo sem nánar greinir hér á eftir. Í dómsmálaráðuneytinu hefur þegar verið hafinn undirbúningur að útgáfu íslenskra vegabréfa með rafrænum lífkennum.

Orðið lífkenni er hér notað yfir það sem á ensku nefnist „biometrics“ og á norrænum málum er rætt um „biometri“. Orðið lífkenni þykir falla vel að málinu og yrði notað með sama hætti og orðin einkenni, sérkenni og auðkenni. Lífkenni geta til dæmis verið andlitsmynd, augnmynd, fingraför, undirskrift en einnig upptaka af rödd viðkomandi eða önnur þau líkamlegu einkenni sem unnt er að mæla með ákveðinni tækni þannig að þau greini einstaklinga hvern frá öðrum. Lífkenni eru oftast myndir sem unnt er að nota til auðkenningar einstaklings. Til dæmis er andlitsmynd í vegabréfi lífkenni. Rafræn lífkenni, svo sem rafrænar andlitsmyndir, má greina með tölvubúnaði og þannig má vélrænt aðgreina einstaklinga.

Þegar tölvur eru notaðar til að greina lífkenni er byrjað á því að beita algrími til að draga fram helstu þætti viðkomandi auðkennis þannig að til verði mælanleg eða samanburðarhæf

gögn (e. template). Við auðkenningu eru samanburðarhæfu gögnin borin saman og einkunn gefin fyrir hversu lík þau eru. Ef einkunnin er yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum er talið að um lífkenni frá sama einstaklingi sé að ræða. Stundum eru samanburðarhæfu gögnin einnig kölluð lífkenni. Er þá gerður greinarmunur á heildarlífkenni eða hrálífkenni, t.d. andlitsmynd eða fingrafari, og samanburðarlífkenni (e. template).

Notkun rafrænna lífkenna í ferðaskilríkjum er einkum ætlað að auka nákvæmni auðkenningar með því að beita tölvum til þess, en þær hafa reynst mun betri til þess verks en mannfólk. Þar til gerður búnaður ber þá saman þau lífkenni sem skráð eru á örflögu í vegabréfinu og þau lífkenni sem tekin eru á staðnum. Auk þess sem tölvur eru nákvæmari við auðkenningu eru þær einnig fljótvirkari, en það flýtir fyrir landamæraeftirliti.

Mynd af vegabréfshafa hefur verið í vegabréfum frá upphafi notkunar þeirra en skráning fingrafara í vegabréf er nýmæli. Upplýsingar um fingraför verða varin fyrir aflestri óviðkomandi með sérstakri tækni og gert er ráð fyrir að við einfalt, héfðbundið landamæraeftirlit verði eingöngu andlitsmynd í örflögu og andlitsmynd tekin á staðnum af handhafa borin saman í tölvu, með svipuðum hætti og innlímdar ljósmyndir og handhafar hafa verið borin saman af landamæravörðum.

Öll vegabréf sem gefin eru út á Íslandi nú eru tölvulesanleg, en bera ekki stöðluð rafræn lífkenni sem henta fyrir vélrænan samanburð, þótt reyndar sé rafræn smækkuð andlitsmynd falin í punktakóða á bakhlið persónusíðu vegabréfsins. Með lögum nr. 136/1998 var stigið stórt skref í því að auka öryggi íslenskra vegabréfa. Þær breytingar sem þá voru gerðar á vegabréfabókinni, öryggisþáttum hennar svo og öruggara umsóknarferli hafa reynst mjög vel. Þær breytingar voru nauðsynlegar til að tryggja ásættanlegt ferðafrelsi íslenskra ríkisborgara vegna krafna alþjóðasamfélagsins um véllesanleg vegabréf og ýmis öryggisatriði í vegabréfum. Enn öruggari vegabréf hafa verið þróuð og kröfur um aukið öryggi og skilvirkni við landamæravörslu hafa komið fram beggja vegna Atlantshafs.

Upphaf þess að setja rafræn lífkenni í vegabréf og önnur ferðaskilríki má rekja til hryðjuverkanna sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september 2001. Í kjölfar þeirra voru allar kröfur um öryggi endurskoðaðar, þ.m.t. kröfur um öryggi ferðaskilríkja. Þó svo að þeir sem starfa við vegabréfaútgáfu hafi lengi fylgst með þróun lífkennatækninnar, þá kom krafa þessi fyrst fyrir sjónir almennings eftir þá atburði. Bandaríkjamenn tilkynntu að allir erlendir gestir sem kæmu til Bandaríkjanna skyldu bera lífkennavegabréf. Nú eru kröfur Bandaríkjastjórnar þær að ríki sem vilja halda stöðu sinni í Visa Waiver Program (VWP), þ.e. að borgarar þeirra geti ferðast til Bandaríkjanna án áritunar, þurfa að gefa út vegabréf með örflögu með stöðluðum rafrænum lífkennum eftir 26. október 2006.

Innan Evrópusambandsins hefur lengi verið unnið að því að setja örflögu í vegabréf sem bera lífkennaupplýsingar og er samkomulag um samræmdar kröfur Schengen-ríkjanna til nýrra vegabréfa með örflögu sem ber lífkennaupplýsingar. Skulu ríkin hefja útgáfu nýrra vegabréfa samkvæmt þessum kröfum eigi síðar en 28. ágúst 2006. Í örflögunni skulu þá vera lífkenni í formi andlitsmyndar og 36 mánuðum eftir að tækniskilgreiningar eru tilbúnar skulu einnig vera þar lífkenni í formi fingrafara. Almennt er reiknað með því að þetta komi til framkvæmda um mitt ár 2009, sbr. reglugerð (EB) nr. 2252/2004, frá 13. desember 2004, sem birt er í Stjórnartíðindum EB 29. desember 2004 (hér eftir kölluð reglugerð nr. 2252/2004), en reglugerð þessi er bindandi fyrir Ísland og Noreg vegna Schengen-samstarfsins.

Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO), sem er helsti samráðsvettvangur ríkja heims um ferðaskilríki, hefur lengst af leitt vinnu sem varðar samræmingu ferðaskilríkja, en þar hefur verið unnið að þróun vegabréfa með lífkennum um árabil. Í staðlinum ICAO 9303, sem er

grunnskjal um samræmingu öryggisskilgreininga í ferðaskilríkjum í veröldinni, var miðað við að andlitsmynd yrði megingrundvöllur auðkenningar en önnur lífkenni, svo sem fingraför og augnhimnumynd, notuð til fyllingar og enn frekara öryggis. Í fyrrnefndri reglugerð nr. 2252/2004 er gert ráð fyrir að andlitsmynd og fingraför verði skráð í örflögu í vegabréfum, og sama gildir um ákvæði frumvarps þessa.

II. Nýr útgefandi vegabréfa.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að ábyrgð á útgáfu almennra vegabréfa færist frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár. Útgáfa íslenskra vegabréfa fellur í raun ekki vel að annarri starfsemi Útlendingastofnunar. Þetta verkefni er hins vegar í samræmi við lykilhlutverk Þjóðskrár við alla auðkenningu Íslendinga. Vegabréfaútgáfan byggist nær alfarið á gögnum sem varðveitt eru hjá Þjóðskrá og felst umsóknar- og útgáfukerfi vegabréfa í því að borin eru saman og staðreynd með rafrænum hætti umsóknargögn og gögn sem til eru um viðkomandi einstakling í þjóðskrá. Þá er Þjóðskrá útgefandi núverandi nafnskírteina, sbr. lög nr. 25/1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Þjóðskráin haldi og varðveiti skilríkjaskrá og í þá skrá verði færðar upplýsingar um öll vegabréf, nafnskírteini og önnur þau skilríki sem Þjóðskrá og lögregla gefa út. Útgáfa þjónustu- og diplómatískra vegabréfa verður áfram á forræði utanríkisráðuneytisins og útgáfa vegabréfa fyrir útlendinga og ferðaskilríkja fyrir flóttamenn verður áfram á vegum Útlendingastofnunar. Á hinn bóginn er það ætlun stjórnvalda að skráning upplýsinga í vegabréfabókina flytjist til Reykjanesbæjar og sýslumaðurinn þar muni sjá um framleiðsluþáttinn samkvæmt samningi við Þjóðskrá.

Gert er ráð fyrir að nánar verði mælt fyrir um umsóknarferli um vegabréf í reglugerð, en að það verði að langmestu leyti óbreytt. Áfram verði til dæmis sótt um vegabréf hjá sýslumönnum. Stærsta breytingin verði þó að í Reykjavík verði sótt um vegabréf hjá lögreglustjóra í stað Útlendingastofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Útlendingastofnun gefi út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn, eins og stofnunin gerir nú. Utanríkisráðuneytið gefur út diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf samkvæmt reglum sem utanríkisráðherra setur, eins og verið hefur. Öll útgáfa annarra vegabréfa, sem Útlendingastofnun annast samkvæmt núgildandi lögum, verður hins vegar falin Þjóðskrá, sbr. 2. gr. frumvarps þessa, og fjallað er um í II. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Er þar um að ræða útgáfu almennra vegabréfa til þeirra sem hafa íslenskt ríkisfang.

Um 2. gr.

Lagt er til að almenn vegabréf skuli gefin út af Þjóðskrá. Sjá nánar almennar athugasemdir við frumvarp þetta og athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um stafrænar myndir í vegabréfum. Gert er ráð fyrir að nánar verði mælt fyrir um skilyrði þau sem gera á til myndar í reglugerð, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Gengið er út frá því að mynd sú sem tekin er af umsækjanda, eða hann leggur fram, og notuð er í vegabréf skuli vera í samræmi við staðla þá sem ICAO hefur lagt til, sbr. skjalið ICAO 9303, og í samræmi við tækniskilgreiningar sem fram koma í reglugerð nr. 2252/2004. Samkvæmt reglugerðinni skal einnig færa mynd af fingrafari á örflögu 36 mánuðum eftir að viðkomandi

tækniskilgreiningar eru fullgerðar. Er gert ráð fyrir því að allur búnaður, bæði hugbúnaður og vélbúnaður, styðji frá upphafi við vörslu fingraskanna. Þá er áfram gert ráð fyrir því að umsækjandi leggi fram önnur nauðsynleg gögn, sbr. núgildandi ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna. Með því er til dæmis átt við undirskrift umsækjanda og gögn sem leggja þarf fram vegna umsóknar um vegabréf ólögráða einstaklinga.

Í 2. mgr. greinarinnar er lögð til heimild til að fara fram á að fingraför umsækjanda verði skönnuð, sbr. umfjöllun hér að framan. Gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir um nánari skilyrði í reglugerð, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Lagt er til að heimild til útgáfu vegabréfs til barns á grundvelli umsóknar frá öðru forsjárforeldra verði þrengd frá því sem nú er. Sú breyting sem hér er lögð til snertir hvorki upptöku lífkenna í vegabréf né breyttan útgefanda bréfanna en styðst við 8. mgr. 28. gr. barnalaga, nr. 76/2003, þar sem segir að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Lagt er til að sú opna undanþáguheimild sem nú er að finna í lokamálslið 1. mgr. 4. gr. verði útfærð þannig að ljóst sé að vegabréf verði aðeins gefið út til barns á grundvelli umsóknar annars forsjárforeldris að vandlega athuguðu máli. Reynslan hefur sýnt að talsvert er um að fólk krefjist tafarlausrar útgáfu vegabréfa til barna á grundvelli undanþágunnar og beri því við að ekki sé unnt að ná sambandi við hitt forsjárforeldrið. Fjöldi þeirra barna sem lýtur forsjá beggja foreldra eftir skilnað eða sambúðarslit hefur vaxið mjög hratt og um leið hefur foreldrum sem hafa sterk tengsl við önnur lönd en Ísland fjölgað mikið. Ekki er talið fært að fara þá leið að opna almennt fyrir afgreiðslur af þessu tagi þegar forsjárforeldrar eru skráðir í sambúð eða hjúskap, enda eru þeir sem deila um forsjá barna oftast skráðir með sama lögheimili í upphafi forsjárágreinings. Hér verður einnig að hafa í huga ákvæði 35. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem fram kemur m.a. að aðildarríkin skulu gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir brottnám barna, í hvaða tilgangi sem er og hvernig sem slíkt á sér stað.

Gert er ráð fyrir að athugun Þjóðskrár lúti almennum reglum stjórnsýslulaga og beinist að því að fá staðfest eftir því sem unnt er að enginn ágreiningur sé á milli foreldranna um útgáfu vegabréfs til barnsins, að raunveruleg vandkvæði séu á því að afla umsóknar beggja foreldra og að sá sem sækir um hafi ekki slík tengsl við annað ríki að hætta sé á að hann hverfi þangað með barnið.

Um 5. gr.

Lagt er til að gildistími almennra vegabréfa þeirra sem eru 18 ára og eldri styttist úr 10 árum eins og nú er og verði 5 ár.

Engin ákvæði um gildistíma eru í skjalinu ICAO 9303. Þó svo að ekki séu alþjóðlegir staðlar um gildistíma hafa sennilega nærri 90% almennra vegabréfa í heiminum í dag verið með 10 ára gildistíma. Nú þegar verið er að skipta yfir í vegabréf með örflögu stefna margir útgefendur vegabréfa á að stytta gildistíma almennra vegabréfa í 5 ár. Þetta helgast af því að framleiðendur örflagna treysta sér illa til þess að tryggja það að örflögur í vegabréfum endist í 10 ár vegna þess að stór hluti af þessari tækni er of nýr til að reynsla sé komin á langvarandi notkun vegabréfa af þessu tagi. Rétt þykir þó að leggja til að unnt verði að framlengja gildistíma þessara vegabréfa ef reynslan sýnir að ending þeirra réttlæti það.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að núverandi vegabréfaskrá sem haldin er af Útlendingastofnun verði skilríkjaskrá sem haldin verði af Þjóðskrá. Í skrána verði skráðar og varðveittar allar upplýsingar sem umsækjandi lætur af hendi til útgáfu vegabréfa og annarra skilríkja sem Þjóðskrá og lögregla gefur út. Þjóðskrá, sem m.a. gefur nú út nafnskírteini og mun hugsanlega gefa út fleiri tegundir skilríkja, þarf að halda skrár yfir þau skilríki sem út hafa verið gefin, glötuð, stolin skilríki og fleira sem þau varðar. Eðlilegt þykir að ein heildstæð skrá um útgefin skilríki verði haldin í stað sérstakra skráa yfir hverja tegund skilríkja. Í skilríkjaskrá verði eingöngu skráðar þær grunnupplýsingar sem varða umsókn og skráðar eru í viðkomandi skilríki. Í skilríkjaskrá skulu þó einnig skráðar upplýsingar um útgefin, glötuð og stolin skilríki og heimilt er að skrá þar einfaldar tilvísanir til annarra gagna vegna þeirra aðstæðna sem fjallað er um í 7. gr. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því að neinar upplýsingar um þau atvik sem þar er fjallað um verði færðar í skilríkjaskrá. Í skránni verða því ekki geymdar neinar viðkvæmar upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga.

Gert er ráð fyrir því að opinberum stofnunum sé heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þá verði Þjóðskrá og lögreglu heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.

Eðli máls samkvæmt þarf lögregla að hafa aðgang að upplýsingum um gögn sem liggja að baki útgáfu vegabréfs vegna starfa sinna við landamæraeftirlit. Unnt þarf að vera að staðreyna að vegabréfi hafi ekki verið breytt og að það sé í höndum þess einstaklings sem fékk það útgefið. Einnig getur lögregla þurft að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera og til þess getur aðgangur að skilríkjaskrá verið nauðsynlegur.

Þá er lagt til að áréttuð verði heimild til að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni er varða glötuð og stolin skilríki. Í baráttunni gegn hryðjuverkum og alþjóðlegri afbrotastarfsemi hefur verið lögð aukin áhersla á að ríki skiptist gagnkvæmt á upplýsingum um glötuð og stolin vegabréf. Íslensk stjórnvöld taka nú þegar þátt í slíkum upplýsingaskiptum á grundvelli Schengen-samstarfsins og á vettvangi Interpol.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að mælt verði fyrir í reglugerð um kröfur þær sem gerðar eru til varðveislu, aldurs og forms stafrænna mynda af umsækjanda og skannaðra fingrafara hans. Uppfylla þurfi meðal annars alþjóðlega staðla, sbr. nánari umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að heimild til útgáfu hópvegabréfa verði afnumin enda hafa slík vegabréf ekki verið gefin út af íslenskum stjórnvöldum um árabil. Telja verður slíka útgáfu ósamrýmanlega þeim kröfum sem nú eru gerðar til öryggis ferðaskilríkja.

Um 10. gr.

Miðað er við að framleiðsla nýrra vegabréfa hefjist við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 136/1998, um vegabréf.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ný gerð vegabréfa sem innihaldi rafræn lífkenni. Í nýlegu frumvarpi til laga er lagt til að Þjóðskrá verði flutt frá Hagstofu Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að Þjóðskránni verði falið að vera útgefandi nýrra vegabréfa þar sem það er talið falla vel að almennu hlutverki hennar við skráningu og auðkenningu Íslendinga. Með hliðsjón af þessu er fyrirhugað að fjárveitingar vegna þessa verkefnis verði færðar á nýjan fjárlagalið Þjóðskrár í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007. Þá er ætlunin að sýslumannsembættið í Keflavík annist framleiðslu nýju vegabréfanna samkvæmt samningi við Þjóðskrána þannig að embættið fái tekjur sem nemi framleiðslukostnaðinum.

Heildarrekstrarkostnaður vegna umsókna, framleiðslu og útgáfu vegabréfa með rafrænum lífkennum er talinn verða í kringum 77 m.kr. á ári. Þar af eru um 43 m.kr. áætlaðar miðað við að kaupa þurfi40.000 vegabréfabækur á ári en einna mest óvissa í rekstraráætluninni er um árlegan fjölda þeirra. Innkaupsverð vegabréfabókanna mun hækka verulega þar sem hver bók mun nú innihalda örgjörva. Í þessari áætlun er miðað við að um þrjú ný störf þurfi til að annast um nýja vegabréfakerfið, eitt starf sérfræðings hjá Þjóðskrá til að hafa yfirumsjón með ferlinu og um tvö ný störf við framleiðsluna hjá sýslumanninum í Keflavík, þar af annað við verkstjórn. Kostnaður við þessi nýju störf gæti numið um 15–17 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að þrjú störf við framleiðslu bréfanna flytjist ásamt fjárveitingu til embættisins frá Útlendingastofnun, sem hefur haft vegabréfaútgáfu með höndum, og að um tvö störf við afgreiðslu vegabréfanna á höfuðborgarsvæðinu færist frá stofnuninni til lögreglustjórans í Reykjavík. Annar rekstrarkostnaður felst í rekstri umsóknar- og framleiðslukerfis, öryggisþjónustu, húsnæði og aðstöðu o.fl.

Í fjárveitingum fjárlaga til Útlendingastofnunar er þegar gert ráð fyrir útgjöldum vegna vegabréfaútgáfu sem nema um 60 m.kr. á verðlagi 2006 en þau framlög munu þá færast til Þjóðskrár. Er því gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður við útgáfu vegabréfa með lífkennum aukist alls um 17 m.kr. frá því sem verið hefur. Í þessum tölum hefur þó ekki verið tekið tillit til þess að unnt væri að flytja Útlendingastofnun í minna og ódýrara húsnæði þar sem starfsmönnum fækkar um fimm og ekki verður lengur þörf fyrir rými fyrir vegabréfaframleiðslu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum taka framangreindar breytingar gildi 1. maí 2006. Að teknu tilliti til þess að meginþungi framleiðslunnar er yfir sumarmánuðina er reiknað með að rekstrarkostnaðurinn verði um 60 m.kr. á þessu ári. Gert er ráð fyrir að viðeigandi fjárheimildir verði fluttar frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár í fjáraukalögum 2006 fyrir þennan hluta ársins og er áætlað að þær geti numið um 46 m.kr. Er því áætlað að rekstrarútgjöld á þessu ári verði um 14 m.kr. umfram millifærðar fjárveitingar. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið mæti því með fjárheimildum innan síns útgjaldaramma í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um fjárlög ársins 2006.

Í fjárlögum ársins 2006 var gert ráð fyrir 164 m.kr. fjárveitingu til Útlendingastofnunar vegna stofnkostnaðar við útgáfu vegabréfa með lífkennum og 50 m.kr. vegna vegabréfaáritana og dvalarleyfa með lífkennum eða alls 214 m.kr. Nú eru horfur á að stofnkostnaður vegna fyrrnefnda verkefnisins verði verulega mikið lægri en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir,

eða í kringum 95 m.kr., enda þótt ýmsir kostnaðarliðir hafi bæst við. Skýrist það einkum af tvennu. Í fyrsta lagi hefur tekist að hanna lausn á útgáfu rafrænna vottorða í bréfunum sem ekki var fyrirséð og er ódýr miðað við að kaupa sérstök rafræn vottorð vegna bréfanna. Í öðru lagi var gengið að tilboðum sem bárust í útboði um umsóknarkerfið og framleiðslukerfið sem voru lægri en vænst hafði verið. Stofnkostnaðurinn skiptist í stórum dráttum þannig að 26 m.kr. eru vegna ráðgjafar, verkefnisstjórnunar og ferðalaga, 17 m.kr. vegna umsóknarkerfis, 18 m.kr. vegna framleiðslukerfis og afgangurinn, um 35 m.kr., er vegna uppsetningar á kerfum, öryggismála, aðstöðu o.fl. Undirbúningur að vegabréfaáritunum og dvalarleyfum með lífkennum er skemmra á veg kominn en þó eru horfur á að sá stofnkostnaður verði einnig lægri eða alls um 10 m.kr. Er því gert ráð fyrir að í fjáraukalögum 2006 verði gerðar tillögur um að fella niður um 110 m.kr. af stofnkostnaðarframlögum vegna þessara verkefna hjá Útlendingastofnun. Sú fjárhæð kemur til nánari skoðunar við undirbúning frumvarps til fjáraukalaga þegar útgjöldin liggja betur fyrir.

Að samanlögðu er þannig gert ráð fyrir að miðað við forsendur núgildandi fjárlaga leiði lögfesting frumvarpsins til þess að rekstrarkostnaður vegna útgáfu vegabréfa aukist um 14 m.kr. á þessu ári og um 17 m.kr. á næsta ári og eftirleiðis en að stofnkostnaður lækki um 110 m.kr. í ár.

Þess skal getið að ofangreindar áætlanir miðast við að umsóknarstaðir fyrir vegabréf verði hjá öllum sýslumönnum í landinu, í nokkrum lögreglustöðvum og í 5–8 íslenskum sendiráðum. Einnig skal tekið fram að ekki er fyrirhugað að hækka gjald fyrir ný vegabréf frá því sem nú er þrátt fyrir aukinn kostnað við útgáfuna.

901. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi ná ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þessi breyting kemur til vegna ákvæða samnings um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Hér er sérstaklega verið að vísa til reglna EES-samningsins um staðfesturétt og frjálsa fjármagnsflutninga. Í 31. gr. EES-samningsins er kveðið á um svokallaðan staðfesturétt en hann felur í sér rétt fyrir einstaklinga og lögaðila í einu aðildarríki EES til að stunda atvinnustarfsemi í öðru aðildarríki með sömu skilyrðum og einstaklingar og fyrirtæki í því ríki. Í 40. gr. EES-samningsins er kveðið á um frjálsa fjármagnsflutninga en þar segir m.a. að engin höft skuli vera á milli samnings-

aðila á flutningi fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum eða nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða á því hvar féð er notað til fjárfestingar. Af þessum sökum er talið að skilyrði a-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/2005 eigi ekki að ná til borgara frá Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er einnig talið að skilyrði a-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/2005 eigi ekki við um borgara frá Sviss og Færeyjum vegna ákvæða nýs stofnsamnings EFTA sem undirritaður var í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og samnings Íslands við Færeyjar um fríverslun sem undirritaður var 31. ágúst 2005.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkað á sjávarafla.

Með frumvarpinu er lagt til að skilyrði um það hverjir megi reka uppboðsmarkað með sjávarafla hér á landi verði víkkuð út þannig að þau samrýmist alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að.

Að mati fjármálaráðuneytisins hefur frumvarpið hvorki áhrif á gjöld né tekjur ríkissjóðs.

902. Fyrirspurn [617. mál]

til félagsmálaráðherra um þýðingar kjarasamninga á erlend tungumál.

Frá Valdimar Leó Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra standa fyrir því að íslenskir kjarasamningar verði þýddir á erlend tungumál til hagsbóta fyrir fyrirtæki og fjölda erlendra starfsmanna hérlendis?

903. Fyrirspurn [618. mál]

til iðnaðarráðherra um lækkun raforkuverðs.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hvernig hefur ríkisstjórninni tekist að fylgja eftir þeirri stefnumörkun að raforkuverð skuli lækka um 3% á ári frá 2000–2010 eins og lagt var upp með þegar samþykkt var að byggja álver Norðuráls í Hvalfirði?

904. Svar [540. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um íbúaþróun á Austurlandi.

Aflað var upplýsinga frá Hagstofu Íslands, Vinnumálastofnun, Byggðastofnun og Nýsi hf.

1. *Hve margir fluttu til Austurlands árin 2000–2005 og frá hvaða landshlutum eða löndum, og hve margir fluttu brott á sama tímabili og til hvaða landshluta eða landa? Svarið óskast sundurliðað eftir kyni og aldri.*

Samanlagður fjöldi aðfluttra til Austurlands á árunum 2000–2005 er 6.309. Upplýsingar um fjölda aðfluttra eru sundurliðaðar eftir aldri, kyni og landshluta sem flutt var frá í töflu 1.

Samanlagður fjöldi brottfluttra frá Austurlandi á árunum 2000–2005 er 4.991. Upplýsingar um fjölda brottfluttra eru sundurliðaðar eftir aldri, kyni og landshluta sem flutt var til í töflu 2.

Tafla 1. Búferlaflutningar til Austurlands eftir kyni og aldri árin 2000–2005.

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
Á fyrsta ári	32	41	2	2	1	1	1	0	2	2	10	5	2	5	6	11
1 árs	25	26	1	2	1	2	4	0	3	0	6	8	4	2	4	15
2 ára	27	18	2	0	2	0	4	1	0	3	6	8	6	5	7	13
3 ára	16	26	0	3	2	1	1	1	5	1	6	3	1	3	5	4
4 ára	20	22	7	1	1	1	2	1	0	1	4	4	2	4	7	8
5 ára	17	19	3	2	1	0	0	1	1	2	6	6	4	6	7	14
6 ára	15	17	3	1	0	1	2	1	0	1	4	3	3	0	6	2
7 ára	18	9	1	0	1	1	0	1	0	0	7	9	0	2	8	5
8 ára	8	21	0	0	0	0	0	2	1	2	3	1	3	2	5	5
9 ára	15	9	2	2	2	2	1	0	0	1	4	4	4	1	7	4
10 ára	8	10	1	0	1	1	1	1	1	2	4	2	4	1	5	5
11 ára	12	8	2	2	4	1	0	0	0	1	3	2	0	3	7	6
12 ára	14	7	1	3	0	0	1	0	0	1	4	1	3	1	3	6
13 ára	8	7	2	0	3	0	0	1	0	1	6	1	4	1	5	8
14 ára	9	11	2	3	3	0	0	0	0	0	1	2	0	0	6	5
15 ára	11	6	1	0	0	0	0	0	3	1	1	4	1	3	3	11
16 ára	6	10	1	1	1	1	1	0	0	0	2	3	1	4	4	14
17 ára	14	15	0	1	1	1	0	1	2	2	4	2	2	1	10	11
18 ára	15	22	4	4	1	0	0	2	0	2	6	6	1	8	7	12
19 ára	12	28	2	4	0	1	0	1	1	0	3	8	2	2	14	28
20 ára	26	32	0	1	0	2	1	2	1	2	16	7	1	4	14	27
21 árs	26	26	2	2	2	1	0	1	2	2	12	8	3	5	26	17
22 ára	17	35	2	3	3	2	1	1	1	1	10	11	3	1	37	12
23 ára	26	41	4	2	2	4	0	1	1	2	5	6	4	2	40	28
24 ára	29	35	3	2	2	1	0	2	1	2	5	11	4	3	52	22
25 ára	33	27	2	4	0	2	1	2	0	0	8	7	8	3	44	34
26 ára	23	45	2	2	2	0	2	2	1	2	6	6	2	2	63	18
27 ára	28	35	5	1	1	2	3	2	2	2	11	9	2	5	63	10

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
28 ára	36	28	0	1	1	1	2	0	0	0	1	4	3	3	75	15
29 ára	24	21	0	2	2	0	1	0	0	2	8	5	1	4	73	16
30 ára	20	20	6	0	1	2	2	3	2	2	7	4	3	2	82	9
31 árs	21	21	2	0	0	0	4	2	2	3	6	7	1	3	100	15
32 ára	21	21	3	2	0	0	1	0	2	0	3	4	0	0	82	18
33 ára	27	14	1	1	2	1	0	0	3	4	3	3	3	3	91	9
34 ára	17	17	1	2	1	0	1	0	1	0	2	4	2	3	82	6
35 ára	20	15	1	1	0	1	0	0	1	0	7	4	2	3	80	12
36 ára	16	11	3	0	1	1	1	0	0	1	4	5	2	1	72	10
37 ára	13	8	1	1	0	4	1	0	0	0	5	3	4	3	99	8
38 ára	10	16	1	1	1	0	0	0	0	0	6	2	5	0	87	11
39 ára	9	9	1	2	1	1	0	0	0	0	6	5	2	2	83	8
40 ára	10	7	0	1	0	1	0	0	1	1	2	1	2	1	72	7
41 árs	13	5	2	0	2	0	0	0	0	1	1	0	1	0	82	6
42 ára	8	11	1	0	1	1	0	1	1	1	2	2	1	4	80	8
43 ára	12	7	0	1	1	1	2	0	0	0	3	2	0	1	72	4
44 ára	8	7	1	0	1	0	0	1	0	0	7	2	3	2	79	5
45 ára	10	7	1	0	0	0	1	0	1	0	0	2	1	1	79	7
46 ára	3	8	1	0	0	1	0	1	0	3	1	2	1	1	96	4
47 ára	5	2	2	1	0	0	1	0	0	1	2	1	0	0	80	11
48 ára	13	6	0	2	1	1	0	0	1	0	2	3	3	0	84	3
49 ára	5	2	0	0	0	1	0	0	0	0	1	0	0	1	75	11
50 ára	9	3	0	0	1	1	0	0	0	0	2	1	0	2	75	8
51 árs	6	3	1	0	0	0	1	1	0	1	3	3	1	0	56	4
52 ára	6	8	1	1	0	0	0	1	1	1	1	1	0	1	44	2
53 ára	3	4	1	0	0	1	1	0	2	0	1	2	1	0	39	0
54 ára	0	5	1	2	0	0	0	1	0	0	2	1	0	0	53	2
55 ára	1	6	2	1	1	0	2	0	0	0	4	0	1	0	29	4
56 ára	3	5	1	0	0	0	1	0	1	0	1	1	1	0	37	2
57 ára	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	22	1

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
58 ára	5	1	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	1	0	20	0
59 ára	0	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	13	0
60 ára	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	7	0
61 árs	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	12	0
62 ára	3	0	0	0	0	1	0	1	0	0	1	0	0	0	6	0
63 ára	1	1	0	0	0	1	0	0	0	0	1	1	0	0	3	0
64 ára	2	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0	0	2	1
65 ára	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
66 ára	0	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	0
67 ára	3	2	0	0	0	1	0	0	0	0	1	1	0	0	2	0
68 ára	1	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
69 ára	3	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	2	1
70 ára	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0
71 árs	2	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0
72 ára	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	0	1	0	0	1
73 ára	3	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
74 ára	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
75 ára	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
76 ára	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0
77 ára	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
78 ára	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
79 ára	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
80 ára og eldri	0	9	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	1	0	0
Samtals	**891**	**931**	**95**	**70**	**60**	**51**	**50**	**39**	**48**	**58**	**263**	**226**	**123**	**123**	**2.696**	**585**

Tafla 2. Búferlaflutningar frá Austurlandi eftir kyni og aldri árin 2000–2005.

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
Á fyrsta ári	21	29	4	0	1	2	2	1	3	1	5	5	8	4	6	1
1 árs	22	24	1	2	2	1	0	0	0	2	8	10	5	1	3	8
2 ára	13	22	4	2	2	1	1	1	2	2	10	9	2	4	1	6
3 ára	23	18	1	2	4	2	3	1	1	0	7	7	2	3	5	7
4 ára	18	24	6	4	1	2	0	1	1	0	8	3	1	3	5	5
5 ára	21	19	2	2	2	0	1	0	1	1	5	2	4	3	3	8
6 ára	8	16	3	0	1	1	2	1	0	1	3	8	2	1	2	4
7 ára	14	17	1	2	2	0	2	2	1	1	8	3	1	3	2	2
8 ára	16	14	2	0	1	2	0	2	1	1	5	4	1	2	6	5
9 ára	12	20	5	3	1	0	0	0	0	1	4	8	6	2	2	6
10 ára	15	17	3	2	3	0	0	0	1	1	3	5	4	4	3	4
11 ára	13	10	1	2	0	0	1	0	0	4	8	3	1	1	2	3
12 ára	17	9	3	0	1	1	0	0	0	2	5	8	2	2	3	3
13 ára	11	10	0	0	1	1	0	1	0	0	8	3	1	1	2	3
14 ára	10	13	2	4	1	2	0	0	2	1	3	3	2	1	6	2
15 ára	12	15	1	0	0	0	0	1	2	1	5	5	1	2	3	5
16 ára	11	12	1	1	1	0	0	0	0	1	8	1	1	2	6	8
17 ára	15	20	2	2	2	0	2	0	0	0	2	5	1	9	5	8
18 ára	19	34	1	5	1	2	0	2	2	1	6	10	4	4	8	8
19 ára	17	42	3	3	1	2	1	2	2	2	6	11	5	5	9	16
20 ára	27	60	0	2	2	4	0	1	1	0	8	12	2	6	14	29
21 árs	45	67	2	1	0	2	0	0	1	3	9	13	2	7	18	18
22 ára	32	63	4	5	1	0	1	0	0	0	7	11	6	4	27	17
23 ára	37	61	3	6	1	4	0	3	1	1	12	13	3	2	19	17
24 ára	53	63	4	5	1	1	0	2	1	2	8	9	5	5	22	17
25 ára	57	44	2	2	3	2	0	1	0	2	9	10	7	2	17	14
26 ára	58	57	7	0	3	1	0	0	1	0	10	10	3	2	30	8
27 ára	46	41	2	1	3	3	0	0	2	0	8	5	5	6	26	8

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
28 ára	27	32	2	0	1	0	1	2	1	1	11	8	2	3	21	6
29 ára	38	27	1	1	1	0	2	2	0	1	11	3	4	4	18	8
30 ára	30	24	1	3	2	2	1	0	2	2	5	7	2	1	16	8
31 árs	37	12	2	0	2	2	2	1	0	1	10	2	0	5	30	3
32 ára	30	17	3	1	1	1	0	1	0	0	3	4	1	1	21	6
33 ára	14	18	1	0	2	3	2	0	1	2	7	7	3	2	29	7
34 ára	26	11	1	2	0	2	1	1	1	2	3	3	3	4	24	10
35 ára	16	14	0	1	0	0	1	0	0	1	4	6	2	3	29	9
36 ára	13	11	1	2	1	2	0	0	1	1	1	1	3	3	20	5
37 ára	19	24	0	3	1	2	0	0	0	1	3	5	1	0	27	4
38 ára	17	16	0	3	2	1	1	0	0	0	7	6	3	1	23	6
39 ára	12	17	1	2	2	1	0	0	1	0	4	2	0	1	22	3
40 ára	15	9	1	1	1	0	0	0	1	1	4	4	4	2	18	2
41 árs	17	11	0	1	0	0	0	0	0	0	6	4	2	1	12	4
42 ára	14	12	0	0	0	0	0	0	0	1	4	4	3	1	15	3
43 ára	10	14	0	1	0	1	0	1	0	0	9	9	3	1	22	1
44 ára	10	12	0	1	2	0	2	1	1	0	4	3	0	1	26	5
45 ára	14	21	2	1	1	1	0	0	1	0	3	2	2	2	11	1
46 ára	5	6	1	0	0	0	0	0	1	0	1	2	2	1	10	0
47 ára	11	7	0	0	0	1	0	0	1	0	1	3	1	4	13	1
48 ára	6	9	1	2	3	1	0	0	0	0	3	1	2	3	15	2
49 ára	6	6	0	2	1	2	0	0	1	0	2	2	1	1	17	0
50 ára	11	6	0	1	0	1	0	0	0	0	1	0	4	2	14	2
51 árs	6	9	1	0	0	0	0	1	1	2	2	1	2	1	12	2
52 ára	11	9	1	0	0	0	1	0	0	0	0	2	3	1	10	2
53 ára	11	10	1	0	0	0	0	0	3	0	0	1	0	1	12	1
54 ára	8	7	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	1	1	9	1
55 ára	4	4	0	1	1	0	2	1	1	1	0	2	3	0	13	1
56 ára	2	5	0	0	1	0	0	0	0	0	2	0	0	0	5	0
57 ára	1	4	0	0	0	1	0	1	0	1	0	0	1	1	6	0

	Höfuðborgar-svæði		Suðurnes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Suðurland		Útlönd	
	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.	Kk.	Kvk.
58 ára	5	6	0	0	0	0	1	0	1	0	0	2	1	1	5	0
59 ára	7	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	0
60 ára	4	6	1	1	0	0	0	0	1	0	0	1	0	1	5	0
61 árs	2	2	0	0	0	1	0	0	0	0	1	2	0	0	1	0
62 ára	7	1	0	1	0	0	0	0	1	0	1	0	1	0	3	0
63 ára	0	4	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1	0	0	1	1
64 ára	5	5	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	2	0
65 ára	4	1	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	0	0
66 ára	4	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0
67 ára	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
68 ára	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	1	0
69 ára	3	3	1	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0	0
70 ára	1	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
71 árs	1	2	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
72 ára	2	0	0	0	1	0	0	0	0	0	2	0	1	0	0	0
73 ára	2	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
74 ára	6	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0
75 ára	2	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0
76 ára	1	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
77 ára	2	3	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
78 ára	0	1	0	1	0	1	0	0	1	0	0	1	0	1	0	0
79 ára	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
80 ára og eldri	4	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0	0
Samtals	**1.168**	**1.287**	**96**	**90**	**68**	**62**	**34**	**34**	**49**	**50**	**309**	**299**	**153**	**150**	**798**	**344**

2. Hve margir íbúar á Austurlandi höfðu tímabundið atvinnuleyfi á tímabilinu?

Fjöldi útgefinna atvinnuleyfa til útlendinga sem búsettir eru á Austurlandi á hverju ári á tímabilinu 2000–2005 var eins og sést í eftirfarandi töflu.

Tafla 3. Atvinnuleyfi 2000–2005.

	Ný atvinnuleyfi	Framlengd atvinnuleyfi	Alls
2000	54	70	124
2001	41	59	100
2002	42	65	107
2003	142	47	189
2004	513	174	687
2005	1.626	723	2.349 *

* Bráðabirgðatölur

3. Hvernig hefur spá um íbúaþróun, sem unnin var í tengslum við ákvörðun um stóriðju á Reyðarfirði, gengið eftir?

Í skýrslu sem Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta gaf út í nóvember 2002, *Mat á samfélagslegum áhrifum álvers Alcoa í Reyðarfirði*, er gerð spá um íbúaþróun á Miðausturlandi í tengslum við stóriðju í Reyðarfirði. Miðausturland er í skýrslunni skilgreint sem sveitarfélögin Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Austurbyggð og Breiðdalshreppur, ásamt sveitarfélögunum Norður-Héraði, Austur-Héraði og Fellahreppi sem nú hafa sameinast í sveitarfélagið Fljótsdalshérað. Á Miðausturlandi bjuggu 1. desember 2001 samtals 8.058 íbúar. Í skýrslunni var áætlað að íbúaþróun yrði með eftirfarandi hætti:

2003	8.152
2004	8.371
2005	8.634
2006	9.294
2007	9.817
2008	9.696
2009	9.604

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var fjöldi íbúa á Miðausturlandi 1. desember ár hvert eftirfarandi:

2003	8.219
2004	8.821
2005	10.213

Íbúar á Miðausturlandi er því heldur fleiri en áætlað var í skýrslu Nýsis hf.

4. Hverju er nú spáð um íbúaþróun á Austurlandi árin 2006–2010?

Samkvæmt upplýsingum frá Nýsi hf. hefur spá um íbúaþróun verið breytt þar sem álverið sem nú er í byggingu er með meiri framleiðslugetu en álverið sem áformað var árið 2002 og Alcoa – Fjarðaál hefur ákveðið að kaupa mun meiri þjónustu en áður var reiknað með. Staðbundin margfeldisáhrif verða því meiri en í fyrri áætlun og er nú reiknað með að íbúar á Miðausturlandi verði tæplega 10.000 árið 2009.

Í samræmi við tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 11. mars 2003 hefur Byggðarannsóknarstofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarfélag Austurlands, fylgst með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers-

og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Í skýrslu sem framangreindir aðilar gáfu út í nóvember 2005, *Íbúafjöldi og þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi árið 2008*, er beitt tveimur aðferðum til að spá fyrir um íbúafjölgun á Miðusturlandi. Miðausturland er í skýrslunni skilgreint sem sveitarfélögin Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Austurbyggð og Fljótsdalshérað. Samanlagður íbúafjöldi í þessum sveitarfélögum var 7.618 þann 1. desember 2002. Spárnar gera ráð fyrir að íbúum á Miðausturlandi fjölgi um 1.764 til 2.329 manns við það að álver í Reyðarfirði tekur til starfa.

905. Frumvarp til laga [619. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við II. kafla A laganna bætist ný grein, 19. gr. d, svohljóðandi:

Ef skilyrðum ákvæða þessa kafla er fullnægt er heimilt að láta lögaðila sæta refsiábyrgð fyrir brot á lögum þessum.

2. gr.

1. málsl. 4. mgr. 210. gr. laganna, með áorðnum breytingum, orðast svo: Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 257. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 30/1998, orðast svo: Sömu refsingu varðar að senda, breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.

II. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

4. gr.

Við b-lið 2. mgr. 87. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til aðgerða skv. b-lið 86. gr. er þó nægilegt að brot geti að lögum varðað tveggja ára fangelsi.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 87. gr. a, svohljóðandi:

1. Í þágu rannsóknar máls þar sem rafræn gögn geta haft sönnunargildi er lögreglu heimilt að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti.

2. Fyrirmæli lögreglu skv. 1. mgr. geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Þar skal koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi. Fyrirmælin skulu ekki ná til annarra gagna en nauðsynleg eru fyrir rannsóknina, auk þess sem varðveisluskyldu skal markaður svo skammur tími sem unnt er og ekki lengri en 90 dagar.

III. KAFLI

Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003.

6. gr.

Við 47. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild.

Starfsmenn fjarskiptafyrirtækis bera þagnarskyldu um allar aðgerðir sem gripið er til skv. 6. mgr.

7. gr.

Í stað orðanna „fangelsi allt að sex mánuðum“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: fangelsi allt að tveimur árum.

IV. KAFLI

Gildistaka.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd og réttarfarsnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Dómsmálaráðuneytið hafði samráð við samgönguráðuneytið vegna breytinga á lögum um fjarskipti.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um nauðsynlegar lagabreytingar til að íslenska ríkið geti uppfyllt skuldbindingar sínar á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot (eftirleiðis nefndur „samningurinn“) sem Ísland undirritaði hinn 23. nóvember 2001 (e. Convention on Cybercrime). Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt er borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda framangreindan alþjóðasamning.

Með bréfi, dags. 1. mars 2004, óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því að refsiréttarnefnd veitti álit sitt á því hvaða lagabreytinga á sviði refsiréttar væri til þörf til að fullgilda mætti samninginn. Af því tilefni skilaði nefndin álitsgerð til dómsmálaráðherra, dags. 20. janúar 2005, en þar hafði nefndin m.a. hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á danskri refsilöggjöf af sama tilefni. Í framhaldi af því óskaði dómsmálaráðherra eftir því að refsiréttarnefnd útfærði tillögur sínar í frumvarpsform. Þá óskaði dómsmálaráðuneytið eftir því með bréfi, dags. 4. mars 2005, að réttarfarsnefnd legði mat á hvort þörf væri á lagabreytingum á sviði réttarfars í tilefni af fullgildingu samningsins. Lagði réttarfarsnefnd fram tillögur sínar af því tilefni með bréfi til ráðuneytisins, dags. 26. október 2005, en þær tillögur eru einnig nánar útfærðar í þessu frumvarpi, eins og nánar verður rakið í 4. kafla hér síðar.

Í 2. kafla er að finna yfirlit yfir efni samningsins og helstu markmið hans. Þá verður í 3. kafla lýst með almennum hætti þeim lagabreytingum sem mælt er fyrir um í 1.–3. gr. frumvarpsins og niðurstöðum athugunar á því hvernig íslensk refsilöggjöf fullnægir að öðru leyti efnisákvæðum samningsins á sviði refsiréttar. Í 4. kafla er síðan fjallað um sama efni að því er varðar réttarfarsákvæði samningsins og lýst þeim sjónarmiðum sem búa að baki 4.–7. gr. frumvarpsins.

2. Yfirlit yfir efni samningsins.

2.1 Inngangur.

Sú bylting sem hefur átt sér stað á sviði upplýsingatækni hefur haft gríðarleg áhrif á samfélög manna og mun sú þróun halda áfram um ófyrirsjáanlega framtíð. Þessi bylting á sviði upplýsingatækni hefur einkum haft áhrif á þróun fjarskiptatækni. Þau form og þær tegundir upplýsinga sem hægt er að senda manna á milli í gegnum fjarskiptakerfi hafa aukist verulega með tilkomu texta-, mynd- og hljóðsendinga í gegnum tölvur. Samskipti manna fara nú t.d. í verulega auknum mæli fram með tölvupóstsendingum og í gegnum netið. Þessi auðveldi aðgangur og leit að upplýsingum í tölvukerfum, auk fjölda möguleika til að senda upplýsingar og dreifa þeim án þess að fjarlægðir hafi áhrif, hefur leitt til gríðarlegrar aukningar á magni fáanlegra upplýsinga og aukinnar þekkingar sem slíkar upplýsingar leiða af sér. Samfara jákvæðum áhrifum þessarar þróunar á efnahagslíf og samfélög manna hefur hún einnig leitt til nýrra tegunda afbrota auk hefðbundinna afbrota þar sem ný tækni er notuð við framningu brots. Afleiðingar refsiverðrar háttsemi á þessu sviði geta verið geigvænlegar vegna mikilvægis tölvukerfa í daglegu lífi manna og sökum þess að háttsemi af þessu tagi verður ekki takmörkuð landfræðilega. Hér má nefna nýleg dæmi um dreifingu tölvuvírusa í gegnum tölvukerfi sem hafa leitt til tjóns í tölvukerfum um allan heim.

Innleiðing tæknilegra ráðstafana til varnar tölvukerfum verður að eiga sér stað samfara breytingum í löggjöf sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir og hafa varnaðaráhrif gagnvart háttsemi sem hefur þann tilgang að hafa neikvæð áhrif á rekstur tölvukerfa eða valda tjóni. Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot er dæmi um viðleitni ríkja í þessu efni hvað varðar samræmingu refsilöggjafar á þessu sviði.

Í formála samningsins er rakið að aðildarríkin telji það forgangsmál að leitast sé við að móta sameiginlega stefnu við mótun refsilöggjafar sem hafi það að markmiði að veita borgurunum refsivernd gegn ólögmætri háttsemi sem drýgð er með notkun upplýsingatækni, þ.e. alnetsins, með því að setja viðeigandi löggjöf og auka alþjóðlega samvinnu á þessu sviði. Markmið samningsins eru þannig í fyrsta lagi að samræma almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á sviði tölvubrota, í öðru lagi að innleiða nauðsynlegar réttarfarsreglur svo hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti og í þriðja lagi að setja á laggirnar skilvirkt og fljótvirk kerfi alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði.

2.2 Efnisákvæði samningsins.

Evrópuráðssamningurinn um tölvubrot er 48 greinar og skiptist hann í fjóra kafla, sjá fylgiskjal I. Fyrsti kafli fjallar um skilgreiningar hugtaka. Annar kafli fjallar um þær ráðstafanir sem samningurinn gerir ráð fyrir að verði gerðar í landsrétti aðildarríkja. Fyrsti þáttur annars kafla fjallar um efnisreglur refsiréttar. Fyrsti hluti fyrsta þáttar annars kafla beinist að afbrotum er tengjast leynd sem hvílir yfir tölvugögnum og -kerfum, heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim. Ákvæði 2. gr. fjallar um ólöglegan aðgang að tölvukerfi, ákvæði 3. gr.

um ólöglega hlerun, ákvæði 4. gr. um gagnaröskun, ákvæði 5. gr. um kerfisröskun og 6. gr. fjallar um misnotkun búnaðar.

Annar hluti fyrsta þáttar annars kafla fjallar um afbrot tengd tölvum. Ákvæði 7. gr. beinist að fölsun tengd tölvum og 8. gr. fjallar um svik tengd tölvum. Þriðji hluti fyrsta þáttar annars kafla fjallar um afbrot er varða innihald, einkum barnaklám, sbr. ákvæði 9. gr. Fjórði hluti fyrsta þáttar annars kafla fjallar um afbrot tengd höfundarétti og skyldum réttindum, sbr. ákvæði 10. gr. samningsins. Fimmti hluti fyrsta þáttar annars kafla fjallar um aðrar tegundir refsiábyrgðar og viðurlög. Ákvæði 11. gr. beinist að tilraun og hlutdeild, ákvæði 12. gr. fjallar um refsiábyrgð lögaðila og 13. gr. um viðurlög og aðrar ráðstafanir.

Annar þáttur annars kafla fjallar um réttarfarsreglur, sbr. ákvæði 14.–21. gr. samningsins. Þriðji þáttur annars kafla fjallar um refsilögsögureglur, sbr. ákvæði 22. gr. samningsins. Þriðji kafli fjallar um alþjóðlega samvinnu. Fyrsti hluti fyrsta þáttar þriðja kafla hefur að geyma almennar reglur um alþjóðlega samvinnu, sbr. 23. gr. Annar hluti fyrsta þáttar þriðja kafla fjallar um meginreglur um framsal, sbr. 24. gr. Þriðji hluti fyrsta þáttar þriðja kafla fjallar um almennar reglur um gagnkvæma aðstoð, sbr. 25. gr. Ákvæði 26. gr. fjallar síðan um upplýsingagjöf að eigin frumkvæði. Fjórði hluti fyrsta þáttar þriðja kafla fjallar um málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð, sbr. 27.–28. gr. samningsins. Annar þáttur þriðja kafla hefur að geyma ýmis sérákvæði, sbr. 29.–35. gr. samningsins.

Fjórði kafli hefur að geyma lokaákvæði, sbr. 36.–48. gr.

3. Ákvæði 2.–13. gr. samningsins.

3.1 Inngangur.

Í köflum 3.2–3.13 verður lýst niðurstöðum athugunar á því hvaða breytingar á íslenskum lögum eru nauðsynlegar í tilefni af þeim skuldbindingum sem leiðir af 2.–13. gr. samningsins. Þá verður í köflum 3.14–3.16 vikið sérstaklega að ákvæðum þriðja þáttar annars kafla um refsilögsögu, ákvæði fyrsta hluta þriðja kafla um alþjóðlega samvinnu og ákvæði annars hluta fyrsta þáttar þriðja kafla um framsal.

Í meðfylgjandi köflum eru viðeigandi ákvæði Evrópuráðssamningsins um tölvubrot ekki tekin orðrétt upp heldur vísast um það efni til fylgiskjals I með frumvarpinu þar sem er að finna samninginn í íslenska þýðingu sem lögð hefur verið til grundvallar við samningu frumvarpsins.

3.2 Ákvæði 2. gr. um ólöglegan aðgang.

Ákvæði 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1998, er svohljóðandi í heild sinni: „Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.“ Með vísan til síðari málsliðar 1. mgr. 228. gr. verður að telja að ekki sé þörf á sérstökum lagabreytingum í tilefni af þeim skuldbindingum sem leiðir af 2. gr. samningsins.

3.3 Ákvæði 3. gr. um ólöglega hlerun.

Telja verður að í ljósi síðari málsliðar 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1998, sé ekki þörf sérstakra lagabreytinga í tilefni af þeim skuldbindingum sem leiðir af 3. gr. samningsins.

3.4 Ákvæði 4. gr. um gagnaröskun.

Ákvæði 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 30/1998, er svohljóðandi í heild sinni: „Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að breyta, bæta við, þurrka út eða eyðileggja með öðrum hætti án heimildar gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu.“ Í ljósi tilvitnaðs síðari málsliðar 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga er ekki þörf á sérstökum lagabreytingum í tilefni af þeim skuldbindingum sem leiðir af 4. gr. samningsins. Áréttað er að síðari málsliður 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga er sérákvæði sniðið að spjöllum á tölvutækum gögnum.

3.5 Ákvæði 5. gr. um kerfisröskun.

Í ljósi síðari málsliðar 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 30/1998, verður að telja að ekki sé þörf á sérstökum lagabreytingum í tilefni af þeim skuldbindingum sem leiðir af 5. gr. samningsins, a.m.k. hvað varðar síðari hluta verknaðarlýsingar síðarnefnda ákvæðisins, þ.e. að skaða, eyða, spilla, breyta eða stöðva tölvugögn og hindra þannig að tölvukerfið virki. Gera þarf hins vegar þær breytingar á ofangreindu hegningarlagaákvæði sem greinir í 3. gr. frumvarpsins vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af fyrri hluta 5. gr. samningsins, sjá nánar sérstakar athugasemdir við þá frumvarpsgrein.

3.6 Ákvæði 6. gr. um misnotkun búnaðar.

Með vísan til ákvæða 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild er ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af 1. mgr. 6. gr. samningsins.

3.7 Ákvæði 7. gr. um fölsun tengd tölvum.

Ákvæði 2. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 30/1998, er svohljóðandi: „Sömu refsingu varðar að nota fölsuð gögn, sem geymd eru á tölvutæku formi, til að blekkja með þeim í lögskiptum.“ Með vísan til þessa ákvæðis er ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af 7. gr. samningsins.

3.8 Ákvæði 8. gr. um svik tengd tölvum.

Ákvæði 249. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 30/1998, er svohljóðandi: „Ef maður á ólögmætan hátt breytir, bætir við eða eyðileggur tölvuvélbúnað, eða gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi, eða hefur með öðrum hætti gert ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, varðar það fangelsi allt að 6 árum.“ Með vísan til þessa ákvæðis er ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af 8. gr. samningsins.

3.9 Ákvæði 9. gr. um afbrot er varða barnaklám.

Í ljósi ákvæðis 2. og 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga er ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af a-, b-, c- og e-liðum 1. mgr. 9. gr. samningsins. Tekið skal fram að í 4. mgr. 210. gr. er talað um ljósmyndir, kvikmyndir eða „sambærilega hluti“. Skilja verður hið tilvitnaða orðalag á þá leið að innan verknaðarlýsingar ákvæðisins falli myndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sem fluttar eru inn í gegnum tölvukerfi eða eru í vörslum geranda með því að vera t.d. vistaðar á hörðum diskum tölvu eða á geisladiskum, sbr. til hliðsjónar *Hrd. 22. janúar 2004 í máli nr. 273/2003.*

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 9. gr. samningsins skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir í löggjöf til að gera það refsinæmt *að afla sér eða öðrum* (e. procure) barnaklám í gegnum tölvukerfi. Af þessu tilefni er með 2. gr. frumvarpsins lagt til að bætt sé við orðunum „að afla sér eða öðrum“ við 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga til að taka af allan vafa um að framangreind lýsing d-liðar 1. mgr. 9. gr. samningsins verði talin refsinæm hér á landi við fullgildingu samningsins.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 9. gr. samningsins skal hugtakið barnaklám taka til klámfengins efnis sem sýnir ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum. Skv. 3. mgr. 9. gr. skal hugtakið ólögráða barn taka til allra einstaklinga undir 18 ára aldri. Þó getur samningsaðili ákveðið að miða við lægra aldursmark, þó ekki lægra en 16 ár.

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi er varð að lögum nr. 126/1996, sem lögfesti núgildandi 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. síðari breytingar, er rakið að í frumvarpstextanum sé talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Er hins vegar vísað til þess að samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sé með börnum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs og er loks tekið fram að í frumvarpinu sé „miðað við sömu aldursmörk“. Samkvæmt þessu verður að telja að það hafi verið lagt til grundvallar við samþykkt frumvarps er varð að lögum nr. 126/1996 að skýra hafi hátt hugtakið barn í 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga til samræmis við þágildandi ákvæði barnaverndarlaga, nr. 58/1992, um hugtakið barn. Bent er á að samkvæmt upphafsmálslið 1. mgr. 3. gr. núgildandi barnaverndarlaga hefur verið gerð sú breyting að hugtakið barn tekur nú til einstaklinga yngri en 18 ára. Er það í samræmi við þá löggjafarstefnu sem fram kemur í 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, en samkvæmt því ákvæði verða menn lögráða 18 ára. Í ljósi þessa verður að skýra 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga til samræmis við framangreind ákvæði gildandi barnaverndarlaga og lögræðislaga á þá leið að hugtakið barn í merkingu hegningarlagaákvæðisins teljist þeir einstaklingar sem eru undir 18 ára. Í ljósi þessa fullnægir 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga þeim kröfum sem fram koma í a-lið 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr. samningsins.

Í b-lið 2. mgr. 9. gr. samningsins er gert ráð fyrir að barnaklám taki til þess þegar klámfengið efni sýnir einstakling, sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn, í kynferðislegum athöfnum (e. a person appearing to be a minor engaged in sexually explicit conduct). Í c-lið sömu málsgreinar er síðan gert ráð fyrir að barnaklám taki til þess þegar klámfengið efni sýnir raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum (e. realistic images representing a minor engaged in sexually explicit conduct). Skv. 4. mgr. 9. gr. geta samningsaðilar áskilið sér rétt til þess að beita ekki, að hluta eða í heild, m.a. b- og c-liðum 2. mgr. 9. gr.

Af þessu tilefni er bent á að í frumvarpi því er varð að lögum nr. 126/1996, sem lögfesti barnaklámsákvæði 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, var rakið að markmið þess að gera vörslu efnis með barnaklámi refsiverða væri að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Þá væri bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni talið geta dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efnis. Þá er rakið í frumvarpinu að þegar efni með barnaklámi er framleitt eru jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi væri mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það gæti stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna. Loks var tekið fram að ef ríki heims gerðu vörslu á efni með barnaklámi refsiverða væri það til þess fallið að takmarka eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess.

Ljóst er að sú efnisafmörkun á hugtakinu barnaklámi sem fram kemur í b- og c-liðum 2.

mgr. 9. gr. samningsins gerir ekki ráð fyrir því að börn séu beinlínis þátttakendur í þeim kynferðislegu athöfnum sem fram fara. Raunar gerir c-liður 2. mgr. 9. gr. ráð fyrir því að þær myndir sem þar er lýst geti verið að öllu leyti tilbúnar, t.d. í tölvu eða með öðrum hætti. Í ljósi þeirrar löggjafarstefnu sem var mótuð með lögum nr. 126/1996 um að refsinæmi barnakláms lúti beinlínis að refsivernd barna sem eiginlegra brotaþola standa ekki fullnægjandi lagarök til þess að rýmka hugtakið barnaklám með þeim hætti sem b- og c-liður 2. mgr. 9. gr. samningsins gerir ráð fyrir. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að íslenska ríkið nýti sér heimild 4. mgr. 9. gr. samningsins og áskilji sér rétt til þess að beita ekki b- og c-liðum 2. mgr. 9. gr. í heild.

3.10 Ákvæði 10. gr. um afbrot tengd höfundarétti og skyldum réttindum.

Samkvæmt 10. gr. samningsins ber samningsaðilum að lögfesta í refsilöggjöf sinni ákvæði sem lýsi háttsemi sem felur í sér brot á höfundarétti og grannréttindum refsiverða, að því gefnu að slík brot séu framin af ásetningi, í viðskiptalegu umfangi og með því að nota tölvukerfi. Sæmdarréttur, sem er hluti af höfundarétti, fellur þó ekki undir 10. gr. Sama gildir um einkaleyfi og vörumerkjaréttindi. Fram kemur í 10. gr. og skýringum með henni að miða skuli við lagalega skilgreiningu hvers ríkis á höfundarétti og grannréttindum sem þó skal byggjast á tilteknum alþjóðasamningum sem viðkomandi ríki kann að hafa gerst aðili að. Hafi tiltekið ríki ekki gengist undir skuldbindingar eins eða fleiri þessara samninga þarf skilgreiningin ekki að taka mið af viðkomandi samningum. Um er að ræða eftirfarandi samninga:

1. Bernarsáttmálinn (Paris Act of 24 July 1971 of the Bern Convention for the Protection of Literary and Artistic Works).
2. TRIPS-samningurinn (Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights).
3. Rómarsáttmálinn (International Convention for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations – Rome Convention).
4. WCT-samningurinn (World Intellectual Property Organisation (WIPO) Copyright Treaty).
5. WPPT-samningurinn. (World Intellectual Property Organisation (WIPO) Performances and Phonograms Treaty).

Ísland hefur gengist undir skuldbindingar þriggja fyrstu samninganna (Bernarsáttmálans, TRIPS-samningsins og Rómarsáttmálans) og telja íslensk stjórnvöld að gerðar hafi verið nauðsynlegar breytingar á lögum til að uppfylla þær skuldbindingar. Nær þetta m.a. til skilgreiningar á höfundarétti og grannréttindum. Ísland hefur hins vegar ekki gengist undir skuldbindingar WCT- og WPPT-samninganna. Þar er kveðið á um nýjar skilgreiningar á einkarétti höfunda, flytjenda og framleiðenda til að miðla efni sínu til almennings, þ.m.t. að gera verk sín aðgengileg á þeim stað og tíma er fólk sjálft kýs. Innleiðing ákvæða þessara samninga er samræmd innan EES með tilskipun 2001/29/EB um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu. Sameiginlega EES-nefndin tók tilskipunina upp í EES-samninginn í júlí 2004 og var EES/EFTA-ríkjunum veittur sex mánaða frestur til innleiðingar tilskipunarinnar í landslög. Hinn 10. desember 2004 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þskj. 644, 438. mál. Hinn 20. október 2005 mælti menntamálaráðherra síðan fyrir frumvarpi til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum, en megintilefni þess er setning áðurnefndrar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu, sjá þskj. 222, 222. mál.

Samkvæmt 54. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, varða tiltekin brot á lögunum sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sé brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis má dæma fésekt á hendur því. Talið er að refsiákvæði höfundalaga taki til brota á höfundarétti og grannréttindum, eins og þessi réttindi eru skilgreind í Bernarsáttmálanum, TRIPS-samningnum og Rómarsáttmálanum. Refsiákvæðin ná hins vegar ekki til viðbótarskilgreininga á þessum réttindum í WCT- og WPPT-samningunum. Ákvæði 54. gr. höfundalaga nær m.a. til háttsemi sem framin eru í viðskiptalegu umfangi (e. commercial scale) og með því að nota tölvukerfi (e. by means of a computer system).

Það verður ekki talið fela í sér brot á 10. gr. Evrópuráðssamningsins að Ísland hefur ekki gengist undir skuldbindingar WCT- og WPPT-samninganna. Þegar það hefur verið gert, þ.e. þegar þær skuldbindingar hafa vaknað, felur 10. gr. hins vegar í sér skyldu til að lögfesta refsiákvæði sem nær til skilgreininga á réttindum samkvæmt þessum samningum. Í ljósi framangreinds verður að telja að með vísan til 54. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum, sé ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af 10. gr. samningsins.

3.11 Ákvæði 11. gr. um tilraunar- og hlutdeildarábyrgð.

Með vísan til ákvæða 20. og 22. gr. almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild er ekki þörf sérstakra lagabreytinga vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af 11. gr. samningsins.

3.12 Ákvæði 12. gr. um refsiábyrgð lögaðila.

Ákvæði 12. gr. samningsins leggur þá skyldu á herðar aðildarríkja að gera það kleift að gera lögaðila refsiábyrga fyrir þau brot sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði samningsins. Í II. kafla A almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 140/1998, er ekki að finna almenna refsiheimild sem kveður á um að heimilt sé að gera lögaðila refsiábyrga fyrir brot á ákvæðum laganna. Ákvæði II. kafla A hafa raunar ekki að geyma neinar sjálfstæðar refsiheimildir heldur kveða þau á um skilyrði fyrir refsiábyrgð lögaðila, hverjir geti sætt henni og hvaða viðurlög komi þar til greina. Brot á almennum hegningarlögum getur þannig ekki sjálfkrafa leitt til þess að heimilt sé að gera lögaðila refsiábyrga sé skilyrðum II. kafla A að öðru leyti fullnægt, sbr. þó lög nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, með síðari breytingum. Þar sem ákvæði 2.–9. gr. samningsins beinast öll að athöfnum sem eru þegar eða verða gerðar refsinæmar á grundvelli hegningarlaga er í frumvarpinu lagt til í 1. gr. að lögfest verði nýtt ákvæði í almenn hegningarlög sem veiti almenna heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila fyrir brot á ákvæðum þeirra laga. Hér vísast að öðru leyti til sérstakra athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

3.13 Ákvæði 13. gr. um viðurlög og ráðstafanir.

Þar sem verknaðir þeir sem lýst er í 2.–9. gr. samningsins eru eða verða gerðir refsinæmir á grundvelli almennra hegningarlaga er ljóst að almenn ákvæði laganna um refsingar, sbr. 31. gr. almennra hegningarlaga, og refsikennd viðurlög, sbr. VII. kafla sömu laga, munu taka til þeirra. Fullnægir það ótvírætt þeim áskilnaði er fram kemur í 13. gr. samningsins.

3.14 Ákvæði þriðja þáttar annars kafla um refsilögsögu.

Skuldbindingar sem leiðir af 22. gr. samningsins er fullnægt með ákvæðum 4. og 5. gr. almennra hegningarlaga. Í 2. mgr. 22. gr. samningsins er gert ráð fyrir því að aðildarríki geti áskilið sér rétt til þess að beita ekki almennt eða í sérstökum tilvikum þeim refsilögsöguregl-

um sem fram koma í b–d-liðum í 1. mgr. sömu greinar. Ekki er talin ástæða til að gera það hér á landi.

3.15 Ákvæði fyrsta hluta fyrsta þáttar þriðja kafla um alþjóðlega samvinnu.

Ákvæði þessa kafla (23. gr.) kveða ekki í sjálfu sér á um neinar skyldur sem kalla á lagabreytingar að landsrétti.

3.16 Ákvæði annars hluta fyrsta þáttar þriðja kafla um framsal.

Ákvæði 24. gr. samningsins fjalla um skyldur aðildarríkja með tilliti til framsals þegar um verknað er að ræða sem telst refsinæmur samkvæmt ákvæðum 2.–11. gr. samningsins. Skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. gildir greinin aðeins um þau tilvik þar sem refsing fyrir viðkomandi verknað, bæði í framsals- og móttökuríki, er fangelsi með hámarkslengd a.m.k. eitt ár eða harðari refsing, sjá þó undantekningu í b-lið 1. mgr. 24. gr. Skv. 5. mgr. 24. gr. skal framsal vera háð þeim skilyrðum sem fram koma í löggjöf framsalsríkis eða viðeigandi alþjóðasamningum um framsal, þar á meðal um þau skilyrði sem kunna að leiða til höfnunar framsals af hálfu framsalsríkis. Ákvæði 6. mgr. 24. gr. fjallar síðan um þau tilvik þar sem framsalsbeiðni er hafnað alfarið á grundvelli þjóðernis þess manns sem beiðnin beinist að og kveður á um tiltekna athafnaskyldu framsalsríkis í slíkum tilvikum að kröfu þess ríkis sem óskar framsals, en um það er fjallað hér síðar.

Um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum gilda lög nr. 13/1984 með síðari breytingum. Þá gilda sérlög nr. 7/1962 um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Samkvæmt fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984 er framsal á manni aðeins heimilt þegar verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Þá er heimilt að semja við önnur ríki um framsal vegna verknaðar sem samkvæmt íslenskum lögum getur varðað fangelsi í styttri tíma, sbr. síðari málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984, sbr. 172. gr. laga nr. 82/1998. Af orðalagi a-liðar 1. mgr. 24. gr. samningsins og skýringum við greinina verður ekki dregin önnur ályktun en að fyrirkomulag 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1984 fullnægi þeim kröfum sem ákvæði samningsins gera að þessu leyti. Samningurinn áskilur þannig ekki að öll brot að landsrétti sem samningurinn fjallar um geti orðið grundvöllur að framsali heldur aðeins þau brot sem varða a.m.k. eins árs fangelsi eða harðari refsingu. Ljóst er að þegar brot þau samkvæmt almennum hegningarlögum, sem talin eru nægur grundvöllur í ljósi þeirra skuldbindinga sem leiðir af efnisákvæðum samningsins, varða refsingu sem er meiri en 1 árs fangelsi þá er heimilt, sbr. fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1987, að framselja viðkomandi sakborning til aðildarríkis að beiðni þess.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1984 má ekki framselja íslenska ríkisborgara. Það athugast hins vegar að heimilt er að íslenskum lögum að framselja íslenskan ríkisborgara til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 2. gr. laga nr. 7/1962. Í 6. mgr. 24. gr. samningsins er ekki áskilið að framsal ríkisborgara framsalsríkis fari fram, að því gefnu að ríki það sem óskar eftir framsali geti krafist að framsalsríki geri ráðstafanir til þess að sakborningur sæti rannsókn og saksókn innan framsalsríkisins og veiti í framhaldinu upplýsingar um lyktir málsins. Ber framsalsríkinu þá að annast rannsókn og saksókn málsins með sama hætti og í öðrum sambærilegum tilvikum. Bann 2. gr. laga nr. 13/1984 við framsali íslenskra ríkisborgara samrýmist þannig ákvæðum samningsins enda verður að gera ráð fyrir að innlend réttarfarslög fullnægi að öðru leyti þeim áskilnaði sem fram kemur í 6. mgr. 24. gr. samningsins.

4. Réttarfarsákvæði í öðrum þætti samningsins, greinar 14.–21.

Í öðrum þætti samningsins, nánar tiltekið í 14.–21. gr., er að finna ákvæði um réttarfar. Til að samningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, sem mælt er fyrir um í 4.–7. gr. frumvarpsins, til að tryggja samræmi milli laga og þessa þáttar samningsins. Þau ákvæði samningsins sem hér reynir einkum á eru 16. og 17. gr. um svokallaða flýtivarðveislu tölvugagna og gagna um tölvusamskipti. Að öðru leyti verður talið að lög á sviði réttarfars fullnægi ákvæðum samningsins.

Hér á eftir verður lýst nánar þeim breytingum sem lagðar eru til í því skyni að tryggja samræmi milli laga og samningsins. Varðandi hugtök vísast til 1. gr. samningsins, en þar er m.a. að finna skilgreiningar á hugtökunum *tölvugögn* og *samskiptagögn*.

Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot gerir ráð fyrir nýju úrræði við rannsókn sakamála vegna brota sem framin eru með atbeina upplýsingatækni. Tekur þetta úrræði mið af hættu á því að spillt verði eða breytt tölvugögnum sem hafa að geyma sönnun fyrir broti. Í samræmi við þetta er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að bætt verði nýju ákvæði við lög um meðferð opinberra mála, sem verði 87. gr. a, með heimild fyrir lögreglu, í þágu rannsóknar opinbers máls, að leggja fyrir þann sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þetta nær aðeins til fyrirmæla um að varðveita gögnin og er miðað við að lögregla geti gefið slík fyrirmæli án undanfarandi dómsúrskurðar. Á grundvelli þessarar heimildar verða gögn því ekki afhent en til þess þarf úrskurð dómara eftir almennum reglum, sbr. 86. og 87. gr. laganna. Hvernig gögn verða varðveitt ræðst af atvikum hverju sinni en það má gera með því að búa svo um hnútana að ekki sé unnt að hrófla við gögnum eða með því að afrita þau.

Þá er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að tekið verði fram í 2. mgr. 87. gr. a laga um meðferð opinberra mála að fyrirmæli lögreglu um varðveislu tölvugagna og gagna um tölvusamskipti geti eingöngu náð til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Þetta ákvæði tekur mið af 2. mgr. 16. gr. samningsins en þar er gert ráð fyrir því að fyrirmæli um varðveislu nái til gagna sem þegar eru í umráðum viðkomandi. Þannig væri ekki hægt að gefa fyrirmæli um varðveislu gagna sem ekki eru enn fyrir hendi, eins og seinni tíma tölvupóst. Einnig ber í fyrirmælum lögreglu að tilgreina hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi. Skulu fyrirmælin ekki ná til annarra gagna en nauðsynleg eru fyrir rannsóknina, auk þess sem varðveisluskyldu skal markaður svo skammur tími sem unnt er og ekki lengri en 90 dagar. Þetta ákvæði tekur jafnframt mið af umræddri grein samningsins sem gerir ráð fyrir að skylda til varðveislu geti ekki varað í lengri tíma. Innan þessa frests verður því lögregla að afla heimildar með dómsúrskurði til að fá gögn afhent.

Samkvæmt b-lið 86. gr. laga um meðferð opinberra mála er heimilt í þágu rannsóknar sakamáls að fá upplýsingar hjá yfirvöldum um fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki. Þetta er þó bundið því að aflað sé dómsúrskurðar skv. 87. gr. laganna. Skv. b-lið 2. mgr. þeirrar greinar verður almennt ekki gripið til slíkrar aðgerðar nema rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum 8 ára fangelsi. Í 17. gr. samningsins er gert ráð fyrir greiðri heimild til afhendingar samskiptagagna. Til að tryggja þetta er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að refsimörk til afhendingar gagna skv. b-lið 86. gr. verði tveggja ára fangelsi og að málslið þess efnis verði bætt við b-lið 2. mgr. 87. gr. laganna.

Til að tryggja að fyrirmælum lögreglu verði fylgt eru sem fyrr greinir lagðar til viðeigandi breytingar á lögum um fjarskipti. Þær breytingar felast í því að með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að tveimur nýjum málsgreinum verði bætt við 47. gr. laganna og komi í IX. kafla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, þar sem beinlínis verði kveðið á um skyldu

þess sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet til að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Rétt þykir að binda þetta ekki við skyldu til varðveislu gagna heldur verði þetta almennt og taki því einnig til annarra rannsóknarúrræða, þar á meðal hlerunar. Þá er lagt til að starfsmenn fjarskiptafyrirtækis beri þagnarskyldu um þær aðgerðir sem gripið er til við rannsókn máls. Er rétt að kveða beinlínis á um þetta í lögum eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 16. gr. samningsins.

Til samræmis við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að refsimörk til afhendingar gagna skv. b-lið 86. gr. laga um meðferð opinberra mála verði tveggja ára fangelsi og að málslið þess efnis verði bætt við b-lið 2. mgr. 87. gr. þeirra laga, er loks lagt til í 7. gr. frumvarpsins að refsingar vegna brota almennt á fjarskiptalögum geti varðað fangelsi allt að tveimur árum í stað sex mánaða eins og gert er ráð fyrir í núgildandi 74. gr. fjarskiptalaga. Verður sá refsirammi talinn heppilegur með hliðsjón af þeim hagsmunum sem eru í húfi þegar ákvæði fjarskiptalaga eru brotin og með tilliti til þess að í lögum er algengt að refsingar fyrir brot á þeim séu bundnar við sektir eða allt að tveggja ára fangelsi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 12. gr. samningsins leggur þá skyldu á herðar aðildarríkja að gera það kleift að gera lögaðila refsiábyrga fyrir þau brot sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði samningsins. Þar sem ákvæði 2.–9. gr. samningsins beinast öll að athöfnum sem eru þegar eða verða gerðar refsinæmar á grundvelli almennra hegningarlaga er í þessari grein lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í II. kafla A almennra hegningarlaga, 19. gr. d, sem veiti heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga. Lagt er til að refsiheimild 19. gr. d muni almennt eiga við þegar um er að ræða brot í starfsemi lögaðila sem falla að efni til undir almenn hegningarlög, sbr. þó lög nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka, með síðari breytingum. Ljóst er að meta verður hverju sinni hvort brot, sem lýst er í lögunum, sé af því tagi að refsiábyrgð lögaðila komi til greina. Áhersla er lögð á það að ávallt er áskilið að efnisskilyrði hinna almennu ákvæða II. kafla A um refsiábyrgð lögaðila séu uppfyllt til þess að hægt verði að beita hinni nýju refsiheimild sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins, sjá til hliðsjónar 3. gr. laga nr. 144/1998.

Um 2. gr.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. 9. gr. samningsins skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir í löggjöf til að gera það refsinæmt *að afla sér eða öðrum* (e. procure) barnaklám í gegnum tölvukerfi. Af þessu tilefni er með 2. gr. frumvarpsins lagt til að orðunum „að afla sér eða öðrum“ sé bætt við 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga til að taka af allan vafa um að framangreind lýsing d-liðar 1. mgr. 9. gr. samningsins verði talin refsinæm hér á landi við fullgildingu samningsins. Hér vísast að öðru leyti til kafla 3.9 í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 3. gr.

Um fyrri hluta 5. gr. samningsins verður að hafa í huga að sérákvæði síðari málslið 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 30/1998, gerir það refsinæmt að „bæta við“ eða að eyðileggja með „öðrum hætti“ gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi og ætluð eru til tölvuvinnslu. Orðalagið „bæta við“ getur náð til þess verknaðar sem greinir í 5. gr. samningsins um „inputting ... computer data“. Meiri vafi leikur hins vegar á

því hvort verknaðurinn „að senda“ (e. transmitting) geti fallið undir verknaðarlýsingu hegningarlagaákvæðisins. Ræðst það af því hvort slíkur verknaður verði talinn falla undir aðrar tegundir eyðileggingar, sbr. orðalagið „með öðrum hætti“. Til að taka af allan vafa í þessu efni er nauðsynlegt að bæta við síðari málslið 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 30/1998, orðunum „að senda“ þannig að ákvæðið taki til þess verknaðarþáttar 5. gr. samningsins sem endurspeglast í orðunum „transmitting“.

Um 4.–7. gr.

Hér vísast til umfjöllunar í 4. kafla í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR
um tölvubrot.

Búdapest 23. 11. 2001.

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

sem viðurkenna gildi þess að stuðla að samvinnu við hin ríkin sem eiga aðild að samningi þessum,

sem álíta það forgangsatriði að fylgja sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar er miði að því að vernda þjóðfélagið gegn tölvubrotum, meðal annars með því að setja viðeigandi lög og stuðla að samvinnu þjóða í milli,

sem gera sér grein fyrir þeim grundvallarbreytingum sem orðið hafa af völdum tölvuvæðingar, samleitni og samfelldrar útbreiðslu tölvuneta um heim allan,

sem eru uggandi yfir því að hætta er á að tölvunet og rafrænar upplýsingar séu einnig notuð til þess að fremja refsilagabrot og að unnt sé að geyma og flytja sönnunargögn, sem tengjast slíkum brotum, í og um fyrrnefnd net,

sem átta sig á nauðsyn þess að ríki og atvinnugreinar innan einkageirans vinni saman að því að koma í veg fyrir tölvubrot og á nauðsyn þess að vernda lögmæta hagsmuni sem tengjast notkun og þróun upplýsingatækni,

sem eru þeirrar trúar að aukin, hraðvirk og árangursrík samvinna þjóða í milli á sviði sakamála sé forsenda þess að baráttan gegn tölvubrotum skili tilætluðum árangri,

sem álíta að samningur þessi sé nauðsynlegur til þess að koma í veg fyrir aðgerðir, sem miða að því að rjúfa leynd sem hvílir yfir tölvukerfum, tölvunetum og tölvugögnum og er jafnframt beint gegn heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim, og að koma í veg fyrir misnotkun slíkra kerfa, neta og gagna með því að kveða á um að slík háttsemi varði við lög með þeim hætti sem er lýst í samningi þessum og með því að samþykkja nægar heimildir til þess að hefja árangursríka baráttu gegn slíkum refsilagabrotum með því að greiða fyrir því að unnt sé að koma upp um þau, rannsaka þau og sækja menn til sakar fyrir þau, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, og með því að búa í haginn fyrir fljótvirka og trausta samvinnu þjóða í milli,

sem eru minnug þess að nauðsynlegt er að tryggja að eðlilegt jafnvægi ríki milli þeirra samfélagslegu hagsmuna að lögum sé framfylgt og þess að grundvallarmannréttindi, eins og þau eru bundin í mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, Alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og öðrum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem í gildi eru og árétta rétt allra manna til þess að hafa skoðanir sínar í friði, séu virt og réttur til tjáningarfrelsis, t.d. frelsis til þess að leita eftir, taka við og láta í té hvers kyns upplýsingar og hugmyndir án tillits til landamæra, og enn fremur réttur til þess að friðhelgi einkalífs manna sé virt,

sem eru og minnug verndar persónuupplýsinga eins og hún er veitt, til dæmis með samningi Evrópuráðsins frá 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga,

sem hafa í huga samning Sameinuðu þjóðanna frá 1989 um réttindi barnsins og samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1999 um barnavinnu í sinni verstu mynd,

sem hafa hliðsjón af gildandi samningum Evrópuráðsins um samvinnu á sviði sakamála og sambærilegum alþjóðasamningum, sem eru í gildi milli aðildarríkja Evrópuráðsins og annarra ríkja, og sem leggja áherslu á að samningur þessi er hugsaður sem viðbót við þá samninga með það að markmiði að gera rannsókn og málarekstur vegna refsilagabrota, sem tengjast tölvukerfum og -gögnum, skilvirkari og að gera kleift að safna sönnunargögnum í rafrænni mynd sem tengjast refsilagabrotum,

sem fagna nýjungum, sem auka enn frekar skilning þjóða í milli á því og samvinnu um það að berjast gegn tölvubrotum, meðal annars aðgerðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Evrópusambandsins og átta helstu iðnríkja heims,

sem minnast tilmæla nr. R (85) 10 um beitingu Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum með tilliti til réttarbeiðna um heimild til þess að hlera fjarskipti, tilmæla nr. R (88) 2 um stuld á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda, tilmæla nr. R (87) 15 um að koma skipulagi á notkun persónuupplýsinga hjá lögregluembættum, tilmæla nr. R (95) 4 um vernd persónuupplýsinga innan fjarskiptaþjónustugeirans, einkum með tilliti til símaþjónustu, ásamt tilmælum nr. R (89) 9 um brot sem tengjast tölvum, þar sem settar eru fram viðmið-

unarreglur fyrir innlenda löggjafa um skilgreiningu tiltekinna tölvubrota, og tilmæla nr. R (95) 13 um viðfangsefni á sviði refsiréttarreglna í sakamálum sem tengjast upplýsingatækni,

sem hafa hliðsjón af ályktun nr. 1, sem evrópskir dómsmálaráðherrar samþykktu á 21. fundi sínum (í Prag í júní 1997), þar sem þeim tilmælum var beint til ráðherranefndarinnar að styrkja starfsemi Evrópunefndarinnar um afbrotamálefni (CDPC) á sviði tölvubrota, í því skyni að samræma betur ákvæði hegningarlaga hinna ýmsu ríkja og gera kleift að beita skilvirkum rannsóknaraðferðum, þegar um slík brot er að ræða, og af ályktun nr. 3, sem var samþykkt á 23. fundi evrópskra dómsmálaráðherra (í London í júní 2000), þar sem aðilar að samningaviðræðum voru hvattir til þess að leggja sig fram um að finna viðeigandi lausnir til þess að sem flestum ríkjum verði gert kleift að gerast aðilar að samningnum og viðurkennd var nauðsyn þess að koma á hrað- og skilvirku fyrirkomulagi alþjóðlegrar samvinnu þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til sérþarfa vegna baráttunnar gegn tölvubrotum,

sem hafa einnig hliðsjón af aðgerðaáætluninni sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkja Evrópuráðsins samþykktu í tilefni af öðrum fundi sínum (í Strassborg 10. til 11. október 1997) og ætlað var að finna sameiginleg andsvör við þróun hinnar nýju upplýsingatækni er byggi á viðmiðunarreglum og gildum Evrópuráðsins,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli – Notkun hugtaka.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „tölvukerfi“ merkir tæki eða samsafn innbyrðis tengdra eða skyldra tækja þar sem eitt þeirra eða fleiri framkvæma sjálfvirka gagnavinnslu eftir forriti;
b) „tölvugögn“ merkir framsetningu staðreynda, upplýsinga eða hugtaka í þeirri mynd að henti vinnslu í tölvukerfi; um ræðir meðal annars forrit sem gerir að verkum að tölvukerfi getur framkvæmt aðgerð;
c) „þjónustuveitandi“ merkir:
   i) opinberan aðila eða einkaaðila sem gerir þeim, er notfæra sér þjónustu hans, kleift að eiga samskipti með því að nýta til þess tölvukerfi; og
   ii) annan þann aðila sem vinnur eða geymir tölvugögn fyrir hönd slíkrar samskiptaþjónustu eða notenda slíkrar þjónustu;
d) „samskiptagögn“ merkir tölvugögn sem tengjast boðum um tölvukerfi og eru afurð tölvukerfis, sem myndaði hlekk í keðju boða, og sem gefa til kynna hvar boðin eru upprunnin, hver ákvörðunarstaður þeirra er, leið þeirra, hvenær þau eru send og hvaða dag, umtak og tímalengd þeirra eða hvers kyns þjónusta liggur þeim til grundvallar.

II. kafli – Ráðstafanir sem ber að gera innanlands.

1. þáttur – Efnisreglur refsiréttar.

1. hluti – Brot er tengjast leynd sem hvílir yfir tölvugögnum og -kerfum, heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim.

2. gr.

Ólöglegur aðgangur.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn

krefur, til þess að geta gert þá háttsemi, að fara inn í tölvukerfi, sem heild eða hluta þess, án aðgangsréttar, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða. Aðili getur tilskilið að brotið sé framið með því að ganga í berhögg við öryggisráðstafanir, í því skyni að komast yfir tölvugögn eða í öðrum óheiðarlegum tilgangi eða í tengslum við tölvukerfi sem er tengt öðru tölvukerfi.

3. gr.

Ólögleg hlerun.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert hlerun óopinberra sendinga tölvugagna, án réttar og með tæknilegum aðferðum, til, frá eða innan tölvukerfis, meðal annars rafsegulgeislunar frá tölvukerfi sem flytur slík tölvugögn, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða. Aðili getur tilskilið að brotið sé framið í óheiðarlegum tilgangi eða í tengslum við tölvukerfi sem er tengt öðru tölvukerfi.

4. gr.

Gagnaröskun.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert þá háttsemi að eyðileggja tölvugögn, eyða þeim eða spilla eða breyta eða stöðva þau án réttar refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða.

2. Aðili getur áskilið sér rétt til þess að tilskilja að sú háttsemi, sem lýst er í 1. mgr., leiði til alvarlegs tjóns.

5. gr.

Kerfisröskun.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert þá háttsemi að hindra að ráði að tölvukerfi virki, með því að skjóta inn tölvugögnum, senda þau eða skaða, eyða þeim, spilla eða breyta eða stöðva þau án réttar, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða.

6. gr.

Misnotkun búnaðar.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að framleiða, selja, afla til notkunar, flytja inn, dreifa eða gera aðgengilegan:
   i) búnað, þar með talið tölvuforrit, sem er fyrst og fremst hannaður eða breytt til þeirra nota að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2. til 5. gr.;
   ii) lykilorð, aðgangskóða eða lík gögn sem hægt er að nota til þess að fara inn í tölvukerfi sem heild eða hluta þess;

   til nota í því skyni að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í 2. til 5. gr.;

b) að hafa í fórum sínum eitthvað það, er um getur í i- eða ii-lið a-liðar hér að framan, til nota í því skyni að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í 2. til 5. gr. Aðili getur tilskilið í lögum að viðkomandi þurfi að hafa nokkur slík atriði í fórum sínum til þess að viðkomandi geti sætt refsiábyrgð.

2. Eigi ber að túlka ákvæði greinar þessarar þannig að refsiábyrgð sé lýst á hendur viðkomandi fyrir að framleiða, selja, afla til notkunar, flytja inn, dreifa eða gera með öðrum hætti aðgengilegt eða hafa í fórum sínum eitthvað það, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, í öðrum tilgangi en þeim að fremja brot, sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði 2. til 5. gr. samnings þessa, til dæmis til lögmætrar prófunar á tölvukerfi eða í því skyni að vernda það.

3. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum 1. mgr. greinar þessarar að því tilskildu að slíkur fyrirvari taki ekki til þess að selja, dreifa eða gera með öðrum hætti aðgengilegt eitthvað það sem um getur í ii-lið a-liðar 1. mgr.

2. hluti – Afbrot tengd tölvum.

7. gr.

Fölsun tengd tölvum.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar, að skjóta inn tölvugögnum, breyta þeim eða eyða eða stöðva þau með þeim afleiðingum að um svikin gögn verði að ræða og til þess sé ætlast að þau séu talin þjóna löglegum tilgangi eða séu nýtt í slíkum tilgangi, eins og um gild gögn sé að ræða, án tilliti til þess hvort gögnin séu beinlínis læsileg eða skiljanleg. Aðili getur tilskilið að til þess að viðkomandi geti sætt refsiábyrgð þurfi áform að vera uppi um svik eða önnur álíka óheiðarleg áform.

8. gr.

Svik tengd tölvum

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að skjóta inn tölvugögnum, breyta þeim eða eyða eða stöðva þau;
b) að trufla virkni tölvukerfis;

í þeim sviksamlega eða óheiðarlega tilgangi að verða sér eða öðrum úti um efnahagslegan ávinning án réttar.

3. hluti – Brot er varða innihald.

9. gr.

Brot er varða barnaklám.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta gert eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að framleiða barnaklám í því skyni að dreifa því um tölvukerfi;
b) að bjóða fram barnaklám eða gera það aðgengilegt um tölvukerfi;
c) að dreifa barnaklámi eða senda það um tölvukerfi;
d) að útvega sér eða öðrum barnaklám um tölvukerfi;
e) að hafa í fórum sínum barnaklám í tölvukerfi eða vörslumiðli tölvugagna.

2. Í „barnaklámi“ felst, að því er varðar 1. mgr. hér að framan, klámefni sem sýnir:

a) ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;
b) manneskju sem virðist vera ólögráða barn og hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

c) raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

3. Hugtakið „ólögráða barn“, tekur, að því er varðar 2. mgr. hér að framan, til allra manna undir 18 ára aldri. Aðili getur engu að síður tilskilið lægra aldursmark, þó ekki lægra en 16 ár.

4. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum d- og e-liðar 1. mgr. og b- og c-liðar 2. mgr. í heild eða að hluta.

4. hluti – Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.

10. gr.

Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum að brjóta á rétti höfundar, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist til samræmis við Parísargerninginn frá 24. júlí 1971, sem á rót sína að rekja til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og samning Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt, að undanskildum siðferðilegum réttindum, sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum að sniðganga skyld réttindi, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist samkvæmt Alþjóðasamningnum um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, sem var gerður í Róm (Rómarsamningnum), samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit, að undanskildum siðferðilegum réttindum sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.

3. Aðili getur áskilið sér rétt til þess að láta menn ekki sæta refsiábyrgð skv. 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar tilefnið er smávægilegt, að því tilskildu að önnur áhrifarík úrræði séu tiltæk og að slíkur fyrirvari víki ekki frá alþjóðlegum skuldbindingum aðilans sem eru settar fram í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í 1. og 2. mgr. greinar þessarar.

5. hluti – Aðrar tegundir refsiábyrgðar og viðurlög.

11. gr.

Að gera tilraun til brots og að aðstoða við það eða hvetja til þess.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að aðstoða við eða hvetja til þess að eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsinæm skv. 2. til 10. gr. samnings þessa, séu framin og tilgangurinn sé að það verði gert.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsinæm skv. 3. til 5. gr., 7. og 8. gr. og a- og c-lið 1. mgr. 9. gr. samnings þessa.

3. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í heild eða að hluta.

12. gr.

Refsiábyrgð lögaðila.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila fyrir refsilagabrot sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði samnings þessa og er framið honum til hagsbóta af einstaklingi sem annaðhvort aðhefst einn eða sem hluti af einingu innan lögaðilans og gegnir forustuhlutverki innan lögaðilans sem er grundvallað á:

a) heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans;
b) valdi til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans;
c) valdi til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Auk þeirra tilvika, sem þegar er kveðið á um í 1. mgr., skal hver aðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að lýsa refsiábyrgð á hendur lögaðila hafi skortur á eftirliti eða stjórnun af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., gert einstaklingi, sem aðhefst í umboði fyrrnefnds lögaðila, kleift að fremja refsilagabrot, sem gert er refsinæmt í samræmi við samning þennan, lögaðilanum til hagsbóta.

3. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um ákvæði meginreglna landslaga aðilans, lotið að refsi- eða einkamálarétti eða verið stjórnsýslulegs eðlis.

4. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið.

13. gr.

Viðurlög og ráðstafanir.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að viðurlög við þeim refsilagabrotum, sem gerð eru refsinæm í samræmi við 2. til 11. gr., séu áhrifarík, letjandi og samsvari þeim og geti meðal annars leitt til frelsissviptingar.

2. Hver aðili skal sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði 12. gr., þoli áhrifaríka, hæfilega og letjandi refsingu samkvæmt hegningarlögum eða sæti annars konar viðurlögum eða ráðstöfunum, þar með talið sektum.

2. þáttur – Réttarfarsreglur.

1. hluti – Almenn ákvæði.

14. gr.

Gildissvið málsmeðferðarákvæða.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að innleiða þær heimildir og þá málsmeðferð sem kveðið er á um í þætti þessum í tengslum við tiltekna rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrots.

2. Hver aðili skal beita þeim heimildum og málsmeðferð, sem um getur í 1. mgr., nema kveðið sé sérstaklega á um annað í 21. gr.:

a) gagnvart refsilagabrotum sem gerð eru refsinæm skv. 2. til 11. gr. samnings þessa;
b) gagnvart öðrum refsilagabrotum sem eru framin með því að nota tölvukerfi; og
c) við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd sem tengjast refsilagabroti.

3. a) Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. gr., aðeins gagnvart brotum eða brotaflokkum, sem eru tilgreindir í fyrirvaranum, að því tilskildu að víðtæki slíkra brota eða brotaflokka sé ekki takmarkaðra en víðtæki þeirra brota sem það beitir þeim ráðstöfunum gagnvart sem um getur í 21. gr. Hver aðili skal kanna þann kost að takmarka slíkan fyrirvara til þess að unnt sé að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. gr., á sem víðtækastan hátt.

b) Geti aðili, sakir takmarkana í gildandi löggjöf sinni þegar samningur þessi er sam þykktur, ekki beitt þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. og 21. gr., gagnvart boðum sem eru send innan tölvukerfis þjónustuveitanda:
   i) sem er starfrækt í þágu lokaðs notendahóps; og
   ii) sem nýtir ekki almenn boðskiptanet og er ekki tengt öðru tölvukerfi í eigu almennings eða í einkaeign;

   getur hann áskilið sér rétt til þess að beita þessum ráðstöfunum ekki gagnvart slíkum boðum. Hver aðili skal kanna þann kost að takmarka slíkan fyrirvara til þess að unnt sé að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. og 21. gr., á sem víðtækastan hátt.

15. gr.

Skilyrði og vernd.

1. Hver aðili skal tryggja að innleiðing, framkvæmd og beiting þeirra heimilda og málsmeðferðar, sem kveðið er á um í þessum þætti, séu háð skilyrðum og vernd sem landslög hans kveða á um sem jafnframt skulu kveða á um fullnægjandi verndun mannréttinda og mannfrelsis, meðal annars réttinda sem leiðir af skuldbindingum sem hann hefur undirgengist samkvæmt sáttmála Evrópuráðsins frá 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og öðrum gildum alþjóðagerningum á sviði mannréttinda, og hafa að geyma meðalhófsregluna.

2. Í fyrrnefndum skilyrðum og vernd skulu felast meðal annars, eftir því sem við á og að teknu tilliti til eðlis þeirra heimilda og málsmeðferðar er um ræðir, eftirlit af hálfu réttarkerfisins eða annars konar óháð eftirlit, ástæður er réttlæta beitingu þeirra og takmarkanir á gildissviði og gildistíma umræddrar heimildar eða málsmeðferðar.

3. Aðili skal kanna áhrif heimilda og málsmeðferðar, er um getur í þessum þætti, á réttindi, ábyrgð og lögmæta hagsmuni þriðju aðila að því leyti sem það samræmist almannahagsmunum, einkum öruggri réttarvörslu.

2. hluti – Flýtivarðveisla geymdra tölvugagna.

16. gr.

Flýtivarðveislu geymdra tölvugagna.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera lögbærum yfirvöldum sínum kleift að gefa fyrirmæli um eða koma því með svipuðum hætti í kring að sérstök tölvugögn, þar með talin samskiptagögn, sem hafa verið geymd í tölvukerfi, verði varðveitt umsvifalaust, einkum ef ástæða er til að ætla að sérstök hætta sé á að tölvugögnin týnist eða að þeim verði breytt.

2. Aðili skal, í þeim tilvikum þegar hann hrindir ákvæðum 1. mgr. í framkvæmd með því að gefa persónu fyrirmæli um að varðveita tiltekin geymd tölvugögn sem hann hefur í fórum sínum eða umráð yfir, setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að skylda umrædda persónu til þess að varðveita og viðhalda heilleika fyrrnefndra tölvugagna eins lengi og nauðsyn krefur, eða í allt að 90 daga hið lengsta, í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum kleift að leita eftir því að fá þau afhent. Aðili getur tilskilið að slík fyrirmæli verði endurnýjuð síðar.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að skylda gæsluaðila tölvugagnanna eða aðra persónu, sem er ætlað það hlutverk að varðveita þau, til þess að halda framkvæmd slíkrar meðferðar leyndri eins lengi og landslög aðilans mæla fyrir um það.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

17. gr.

Varðveislu samskiptagagna og afhendingu þeirra að hluta flýtt.

1. Hver aðili skal, vegna samskiptagagna sem varðveita á skv. 16. gr., setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja:

a) að slík flýtivarðveisla samskiptagagna fari fram án tillits til þess hvort einn eða fleiri þjónustuveitendur komu að sendingu umræddra boða; og

b) að samskiptagögn í nægilega miklum mæli séu afhent lögbæru yfirvaldi aðilans eða persónu, sem það tilnefnir, í flýti til þess að gera aðilanum kleift að bera kennsl á viðkomandi þjónustuveitendur og átta sig á þeirri leið sem boðin voru send eftir.

2. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

3. hluti – Fyrirmæli um framlagningu.

18. gr.

Fyrirmæli um framlagningu.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að fyrirskipa:

a) persónu á landsvæði sínu að leggja fram tilgreind tölvugögn sem hún hefur í fórum sínum eða umráð yfir og eru geymd í tölvukerfi eða vörslumiðli tölvugagna; og

b) þjónustuveitanda, sem býður fram þjónustu sína á landsvæði aðilans að leggja fram gögn sem veita upplýsingar um áskrifendur og varða slíka þjónustu og fyrrnefndur þjónustuveitandi hefur í fórum sínum eða umráð yfir.

2. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

3. Að því er grein þessa varðar merkir „upplýsingar um fasta kaupendur“ hverjar þær upplýsingar sem er haldið til haga í formi tölvugagna eða einhverri annarri mynd og þjónustuveitandi hefur í fórum sínum og varða fasta kaupendur þjónustu hans, aðrar en gögn um samskipti eða innihald, og unnt er að nota til þess að fá vitneskju um:

a) gerð þeirrar boðskiptaþjónustu sem er notuð, hvaða tækniráðstafanir eru gerðar vegna hennar og á hvaða tímabili þjónustan er veitt;

b) hver fastur kaupandi er, hvert póstfang hans er eða heimilisfang, símanúmer og önnur númer, sem gera kleift að komast í samband við hann, og um reikningagerð og greiðslur, vitneskju sem er byggð á þjónustusamningi eða -fyrirkomulagi;

c) allt annað er lýtur að því hvar búnaður til boðskipta er upp settur, það er vitneskju sem er byggð á þjónustusamningi eða -fyrirkomulagi.

4. hluti – Leit í geymdum tölvugögnum og haldlagning þeirra.

19. gr.

Leit í geymdum tölvugögnum og haldlagning þeirra.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að gera leit í eða fara með álíka hætti inn í:

a) tölvukerfi eða hluta þess og ganga að tölvugögnum sem þar eru geymd; og

b) vörslumiðil tölvugagna sem tölvugögn geta verið geymd í;
á landsvæði sínu.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja, geri yfirvöld þeirra leit í eða fari með líkum hætti inn í tiltekið tölvukerfi eða hluta þess samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. mgr. og hafi ástæðu til að ætla að þau gögn, sem leitað er eftir, séu geymd í öðru tölvukerfi eða hluta þess á landsvæði hans og að slík gögn sé unnt að nálgast á löglegan hátt í upphaflega kerfinu eða að þau séu tæk fyrir það, að slík yfirvöld séu í stakk búin til þess að færa í flýti út leit til hins kerfisins eða fara með svipuðum hætti inn í það.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til að leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir tölvugögn sem gengið er að samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. Í þessum ráðstöfunum skulu felast heimildir til að:

a) leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir tölvukerfi eða hluta þess eða vörslumiðil tölvugagna;
b) afrita fyrrnefnd tölvugögn og varðveita slíkt afrit;
c) viðhalda heilleika viðkomandi tölvugagna sem eru geymd: og
d) gera tölvugögnin í því tölvukerfi, sem farið hefur verið inn í, óaðgengileg eða fjarlægja þau.

4. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til að fyrirskipa hverri þeirri persónu, sem býr yfir þekkingu á því hvernig tölvukerfið virkar eða ráðstöfunum sem er beitt til þess að vernda tölvugögnin sem þar eru, að láta í té, eftir því sem eðlilegt má teljast, nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. og 2. mgr.

5. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

5. hluti – Söfnun tölvugagna miðað við rauntíma.

20. gr.

Söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að:

a) safna eða skrá á landsvæði sínu og með tæknilegum aðferðum; og
b) knýja þjónustuveitanda, eins og tæknigeta hans leyfir á hverjum sinni, til þess að:
i) safna eða skrá á landsvæði fyrrnefnds aðila og með tæknilegum aðferðum; eða
ii) vinna með og aðstoða viðkomandi lögbær yfirvöld við að safna eða skrá;
samskiptagögn, miðað við rauntíma, sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði hans sem eru send um tölvukerfi.

2. Geti aðili ekki samþykkt þær ráðstafanir, er um getur í a-lið 1. mgr., vegna viðtekinna meginreglna innlends réttarkerfis síns getur hann þess í stað sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að fram fari söfnun eða skráning samskiptagagna, sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði hans, miðað við rauntíma, með því að beita tæknilegum aðferðum á því landsvæði.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að skylda þjónustuveitanda til þess að halda því leyndu þegar heimild, sem kveðið er á um í grein þessari, er nýtt og upplýsingum þar að lútandi.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

21. gr.

Hlerun gagna um innihald.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur og í tengslum við víðtæki alvarlegra brota sem skilgreint verður samkvæmt landslögum, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að:

a) safna eða skrá á landsvæði sínu og með tæknilegum aðferðum; og
b) knýja þjónustuveitanda, eins og tæknigeta hans leyfir á hverjum tíma, til þess að:
   i) safna eða skrá á landsvæði fyrrnefnds aðila og með tæknilegum aðferðum; eða
   ii) vinna með og aðstoða viðkomandi lögbær yfirvöld við að safna eða skrá;
   gögn um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð á landsvæði sínu sem send eru um tölvukerfi.

2. Geti aðili ekki samþykkt þær ráðstafanir, er um getur í a-lið 1. mgr., vegna viðtekinna meginreglna innlends réttarkerfis síns getur hann þess í stað sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að fram fari söfnun eða skráning gagna um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð á landsvæði hans þar sem tæknilegum aðferðum er beitt á því landsvæði.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að skylda þjónustuveitanda til þess að halda því leyndu þegar heimild, sem kveðið er á um í grein þessari, er nýtt og upplýsingum þar að lútandi.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

3. þáttur – Refsilögsögureglur.

22. gr.

Refsilögsögureglur.

1. Hver aðili skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hann geti aflað sér lögsögu í málum er varða háttsemi, sem gerð er refsinæm í samræmi við ákvæði 2. til 11. gr. samnings þessa, þegar brotið er framið:

a) á landsvæði hans; eða
b) um borð í skipi sem siglir undir fána fyrrnefnds aðila; eða
c) um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum fyrrnefnds aðila; eða
d) af einum ríkisborgara hans sé brotið refsinæmt samkvæmt hegningarlögum þar sem það var framið eða sé það framið utan landsvæðis sem lögsaga einhvers ríkis nær til.

2. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki þeim reglum um lögsögu, sem mælt er fyrir um í b- til d-lið 1. mgr. greinar þessarar, eða hluta þeirra, eða gera það aðeins í sérstöku tilvikum eða við sérstök skilyrði.

3. Hver aðili skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hann geti aflað sér lögsögu vegna þeirra brota, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. samnings þessa, þegar meintur brotamaður er staddur á landsvæði viðkomandi aðila og sá framselur hann ekki öðrum aðila, á grundvelli þjóðernis hans einvörðungu, að framkominni framsalsbeiðni.

4. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

5. Geri fleiri en einn aðili kröfu um að meint brot, sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði samnings þessa, beri undir lögsögu sína skulu hlutaðeigandi aðilar ráðgast sín á milli, þar sem það á við, í því skyni að ákveða í lögsögu hvers sé heppilegast að mál sé höfðað.

III. kafli – Alþjóðleg samvinna.
1. þáttur – Meginreglur almenns eðlis.
1. hluti – Meginreglur almenns eðlis um alþjóðlega samvinnu.
23. gr.
Meginreglur almenns eðlis um alþjóðlega samvinnu.

Aðilarnir skulu vinna saman, í samræmi við ákvæði þessa kafla og með því að beita viðeigandi alþjóðlegum gerningum um alþjóðlega samvinnu í afbrotamálum, tilhögun sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar og innlendum lögum, og eftir því sem við verður komið, að rannsókn eða málarekstri vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða vinna saman að söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti.

2. hluti – Meginreglur um framsal.
24. gr.
Framsal.

1. a) Ákvæði greinar þessarar gilda um framsal milli aðila vegna brota, sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2. til 11. gr. þessa samnings, að því tilskildu að þau séu refsinæm samkvæmt lögum beggja hlutaðeigandi aðila og við þeim liggi frelsissvipting í að minnsta kosti eitt ár hið mesta eða þyngri refsing.
   b) Standi til að leggja á öðruvísi lágmarksrefsingu samkvæmt tilhögun, sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar eða á grundvelli framsalssamnings, til dæmis Evrópusamnings um framsal sakamanna (ETS nr. 24), sem í gildi er milli tveggja aðila eða fleiri, skal sú lágmarksrefsing, sem mælt er fyrir um í slíkri tilhögun eða samningi, gilda.

2. Líta ber þannig á að brot, sem er lýst í 1. mgr. greinar þessarar, séu brot sem geta leitt til framsals í skilningi framsalssamninga sem eru í gildi milli aðila eða þeirra á meðal. Aðilar skuldbinda sig til þess að telja fyrrnefnd brot meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem kann að verða gerður milli þeirra.

3. Taki aðili, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðrum aðila, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur hann litið á samning þennan sem lagalegan grundvöll að framsali með tilliti til brots sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar.

4. Aðilar, sem gera það ekki að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, skulu samþykkja, með gagnkvæmum hætti, að brot, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, séu framsalsbrot.

5. Framsal skal háð þeim skilyrðum, sem landslög þess aðila, sem framsalsbeiðni er beint til, kveða á um eða gildandi framsalssamningar, meðal annars ástæðum þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, geti synjað um framsal.

6. Sé synjað um framsal vegna refsilagabrots, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, einungis á grundvelli ríkisfangs þess manns sem óskast framseldur eða vegna þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, telur sig hafa lögsögu í málinu skal aðilinn, sem beiðni er beint til, leggja málið fyrir lögbær yfirvöld sín til saksóknar að beiðni þess aðila sem framsals beiðist og tilkynna honum um endanlega niðurstöðu þess þegar þar að kemur. Skulu þau yfirvöld taka ákvörðun sína og haga rannsókn sinni og málarekstri með sama hætti og þegar um ræðir önnur sambærileg brot samkvæmt landslögum þess aðila.

7. a) Hver aðili skal, samtímis því að hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá nafni og aðsetri hvers þess yfirvalds sem sér um að senda framsalsbeiðni eða beiðni um handtöku og gæslu, ef samningur er ekki fyrir hendi, eða taka við slíkum beiðnum.
   b) Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal stofna og uppfæra reglulega skrá um yfirvöld sem aðilarnir tilnefna í þeim tilgangi er fyrr greinir. Hver aðili skal sjá til þess að þær upplýsingar, sem skráin geymir, séu ávallt réttar.

3. hluti – Meginreglur almenns eðlis um gagnkvæma aðstoð.

25. gr.

Meginreglur almenns eðlis um gagnkvæma aðstoð.

1. Aðilar skulu veita hver öðrum alla þá aðstoð, sem við verður komið, við rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti.

2. Hver aðili skal og setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta framkvæmt þær skuldbindingar sem eru settar fram í 27. til 35. gr.

3. Hver aðili getur, ef brýnar ástæður eru til, sent beiðni um gagnkvæma aðstoð eða orðsendingu þar að lútandi eftir hraðvirkum boðleiðum, meðal annars í formi símbréfs eða tölvupósts, eftir því sem slíkar boðleiðir eru nægilega öruggar og unnt er að færa sönnur á uppruna slíkra beiðna eða orðsendinga með viðunandi hætti (meðal annars má nota dulkóðun sé slíkt nauðsynlegt) og að formleg staðfesting sé send síðar geri aðilinn, sem beiðni er beint til, kröfu þar um. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal fallast á beiðni, sem er send eftir slíkum hraðvirkum boðleiðum, og bregðast við henni.

4. Gagnkvæm aðstoð skal, nema ákvæði greina þessa kafla mæli sérstaklega fyrir um annað, háð þeim skilyrðum sem landslög þess aðila, sem beiðni er beint til, kveða á um eða gildandi samningar um gagnkvæma aðstoð, meðal annars ástæðum þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, geti hafnað því að eiga samvinnu við viðkomandi. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal ekki nýta sér þann rétt að synja um gagnkvæma aðstoð vegna þeirra brota, sem um getur í 2. til 11. gr., á þeirri forsendu einni að beiðnin varði brot sem sé talið til skattalagabrota.

5. Í þeim tilvikum þegar aðila, sem beiðni er beint til, er heimilt, í samræmi við ákvæði þessa kafla, að gera það að skilyrði fyrir gagnkvæmri aðstoð að um tvöfalt refsinæmi sé að ræða hjá báðum aðilum skal líta svo á að því skilyrði sé fullnægt, óháð því hvort landslög hans mæla svo fyrir að brotið skuli falla undir sama brotaflokk og hjá aðilanum, sem leggur fram beiðni, eða lýsa því með sama orðalagi og hann gerir, ef sú háttsemi, sem liggur broti því til grundvallar, sem aðstoðar er leitað vegna, er hegningarlagabrot samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans.

26. gr.

Upplýsingagjöf að eigin frumkvæði.

1. Aðili getur, eftir því sem landslög hans heimila og óumbeðið, sent öðrum aðila upplýsingar, sem hefur verið aflað með eigin rannsóknum, álíti hann að afhending slíkra upplýsinga geti gagnast þeim aðila, sem við þeim tekur, til að hefja eða framkvæma rannsókn eða reka mál vegna refsilagabrota, sem gerð eru refsinæm samkvæmt samningi þessum, eða geti leitt til þess að sá aðili leggi fram beiðni um samstarf samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Aðilinn, sem lætur slíkar upplýsingar í té, getur, áður en til þess kemur, óskað þess að þeim verði haldið leyndum eða þær notaðar samkvæmt settum skilyrðum. Geti aðilinn, er við upplýsingunum tekur, ekki orðið við slíkri beiðni skal hann tilkynna það þeim aðila, er lætur þær í té, sem ákveður hvort afhenda skuli upplýsingarnar þrátt fyrir það. Þiggi móttökuaðilinn upplýsingarnar með settum skilyrðum skal hann uppfylla þau.

4. hluti – Málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð þegar gildandi alþjóðasamningar þar um eru ekki fyrir hendi.

27. gr.

Málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð þegar gildandi alþjóðasamningar þar um eru ekki fyrir hendi.

1. Sé enginn samningur um eða ekkert fyrirkomulag á gagnkvæmri aðstoðar á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar, sem gildir milli þess aðila sem leggur fram beiðni og þess er beiðni er beint til, fyrir hendi gilda ákvæði 2. til 9. mgr. greinar þessarar. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki sé slíkur samningur, fyrirkomulag eða löggjöf fyrir hendi nema hlutaðeigandi aðilar sammælist um að beita einhverjum eða öllum þeim ákvæðum greinar þessarar sem eftir standa í stað slíkra samninga, fyrirkomulags eða löggjafar.

2. a) Hver aðili skal tilnefna umsjónarstjórnvald, eitt eða fleiri, sem skal bera ábyrgð á því að senda beiðnir um gagnkvæma aðstoð og svara þeim, að framfylgja slíkum beiðnum eða framsenda þær yfirvöldum sem eru til þess bær að framfylgja þeim.
   b) Umsjónarstjórnvöld skulu eiga bein samskipti sín á milli.
   c) Hver aðili skal, samtímis því að hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá nafni og aðsetri þeirra stjórnvalda sem eru tilnefnd í samræmi við málsgrein þessa.
   d) Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal stofna og uppfæra reglulega skrá um umsjónarstjórnvöld sem aðilarnir tilnefna í þeim tilgangi er fyrr greinir. Hver aðili skal sjá til þess að þær upplýsingar, sem skráin geymir, séu ávallt réttar.

3. Framfylgja ber beiðnum um gagnkvæma aðstoð, sem eru lagðar fram samkvæmt grein þessari, í samræmi við þá málsmeðferð sem aðilinn, sem leggur fram beiðni, tilgreinir nema slík málsmeðferð samræmist ekki lögum aðilans sem beiðni er beint til.

4. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur, auk þeirra ástæðna fyrir synjun sem tiltækar eru skv. 4. mgr. 25. gr., synjað um aðstoð:

a) varði beiðnin brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telur af pólitískum toga eða brot sem tengist broti af pólitískum toga; eða
b) álíti hann að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans.

5. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur frestað aðgerðum til framkvæmdar beiðni ef slíkar aðgerðir myndu skaða rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrots sem yfirvöld hans stjórna.

6. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal, áður en hann synjar um eða frestar aðstoð og þar sem það á við og eftir að hafa ráðfært sig við aðilann sem leggur fram beiðni, kanna þann kost hvort unnt sé að verða við beiðninni að hluta eða samkvæmt þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

7. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal tilkynna aðilanum, sem leggur fram beiðni, um árangur af framkvæmd aðstoðarbeiðninnar án tafar. Sé beiðni synjað eða henni frestað skal tilgreina ástæður slíkrar synjunar eða frestunar. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal og upp-

lýsa aðilann, sem leggur fram beiðni, um ástæður þess að ekki er unnt að framfylgja beiðninni eða ástæður þess að líklegt sé að framkvæmd hennar dragist verulega á langinn.

8. Aðilinn, sem leggur fram beiðni, getur krafist þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, haldi beiðni, sem lögð er fram samkvæmt þessum kafla, leyndri og efni hennar að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að framfylgja henni. Geti aðilinn, sem beiðni er beint til, ekki orðið við beiðni um þagnarskyldu skal hann tilkynna það aðilanum, sem leggur fram beiðni, sem ákveður þá hvort framfylgja skuli beiðninni þrátt fyrir það.

9. a) Í bráðatilvikum geta dómsmálayfirvöld þess aðila, sem leggur fram beiðni, sent beiðnir um gagnkvæma aðstoð eða orðsendingar þar að lútandi milliliðalaust til sambærilegra yfirvalda aðilans sem beiðni er beint til. Í slíkum tilvikum skal jafnframt senda umsjónarstjórnvaldi aðilans, sem beiðni er beint til, afrit fyrir milligöngu umsjónarstjórnvalds aðilans er leggur fram beiðni.
   b) Heimilt er að senda beiðnir eða orðsendingar samkvæmt málsgrein þessari fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu (Interpol).
   c) Sé beiðni lögð fram skv. a-lið og sé viðkomandi yfirvald ekki til þess bært að fjalla um hana skal það vísa beiðninni til lögbærs innlends yfirvalds og tilkynna það aðilanum, sem lagði beiðnina fram, milliliðalaust.
   d) Lögbær yfirvöld aðilans, sem leggur fram beiðni, geta sent aðilanum, sem beiðni er beint til, beiðnir eða orðsendingar samkvæmt málsgrein þessari milliliðalaust hafi slíkar beiðnir eða orðsendingar ekki í för með sér þvingunaraðgerðir.
   e) Hverjum aðila er heimilt, við undirritun eða þegar hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að upplýsa aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að í þágu skilvirkni beri að beina beiðnum samkvæmt málsgrein þessari til umsjónarstjórnvalds síns.

28. gr.

Þagnarskylda og takmörkun á notkun.

1. Séu engir samningar um eða fyrirkomulag á gagnkvæmri aðstoðar á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar, sem gildir milli þess aðila sem leggur fram beiðni og þess er beiðni er beint til, fyrir hendi gilda ákvæði greinar þessarar. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki, sé slíkur samningur, fyrirkomulag eða löggjöf fyrir hendi, nema hlutaðeigandi aðilar sammælist um að beita einhverjum eða öllum þeim ákvæðum greinar þessarar sem eftir standa í stað slíkra samninga, fyrirkomulags eða löggjafar.

2. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur gert það að hann láti í té upplýsingar eða efni sem svar við beiðni háð því skilyrði að slíkum upplýsingum eða efni:
   a) sé haldið leyndu í þeim tilvikum þar sem ekki yrði unnt að verða við beiðni um gagnkvæma aðstoð nema að uppfylltu slíku skilyrði; eða
   b) að slíkar upplýsingar eða efni sé ekki notað í tengslum við aðra rannsókn eða annan málarekstur en um getur í beiðninni.

3. Geti aðilinn, sem leggur fram beiðni, ekki uppfyllt skilyrði, sem um getur í 2. mgr., skal hann tilkynna það gagnaðila sem ákveður þá hvort láta skuli upplýsingarnar í té þrátt fyrir það. Samþykki aðilinn, sem leggur fram beiðni, skilyrðið skal hann bundinn af því.

4. Hver aðili, sem lætur í té upplýsingar eða efni háð skilyrði sem um getur í 2. mgr., getur krafið gagnaðilann um skýringar, með tilliti til fyrrnefnds skilyrðis, á notkun slíkra upplýsinga eða efnis.

2. þáttur – Sérákvæði.
1. hluti – Gagnkvæm aðstoð er lýtur að bráðabirgðaráðstöfunum.
29. gr.
Flýtivarðveisla geymdra tölvugagna.

1. Aðili getur beðið annan aðila að gefa fyrirmæli um, eða fá með öðrum hætti framgengt, flýtivarðveislu gagna sem eru geymd með því að nota til þess tölvukerfi og staðsett eru á landsvæði þess síðarnefnda og aðilinn, sem leggur fram beiðni, hyggst senda beiðni vegna um gagnkvæma aðstoð er tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna.

2. Tilgreina ber eftirfarandi í beiðni um varðveislu sem lögð er fram skv. 1. mgr.:

a) hvert það yfirvald er sem varðveislu óskar;
b) brotið sem rannsókn eða meðferð sakamáls beinist að jafnframt því að leggja fram stutta samantekt um staðreyndir því viðkomandi;
c) þau geymdu tölvugögn sem varðveita á og með hvaða hætti þau tengjast brotinu;
d) allar tiltækar upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á gæsluaðila hinna geymdu gagna eða hvar tölvukerfið er að finna;
e) hvers vegna nauðsynlegt er að varðveisla fari fram; og
f) að viðkomandi aðili hyggist senda beiðni um gagnkvæma aðstoð er tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna.

3. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal, eftir viðtöku beiðni frá öðrum aðila, gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að varðveita í flýti hin tilgreindu gögn í samræmi við landslög sín. Eigi skal, að því er það varðar að bregðast við beiðni, gera það að skilyrði fyrir slíkri varðveislu að um tvöfalt refsinæmi sé að ræða.

4. Aðili, sem gerir tvöfalt refsinæmi að skilyrði fyrir því að hann bregðist við beiðni um gagnkvæma aðstoð er tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna, getur, er um ræðir önnur brot en þau sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2. til 11. gr. samnings þessa, áskilið sér rétt til þess að hafna beiðni um varðveislu samkvæmt grein þessari í þeim tilvikum er hann hefur ástæðu til þess að ætla að eigi verði hægt að uppfylla skilyrðið um tvöfalt refsinæmi þegar til afhendingar kemur.

5. Ennfremur er því aðeins heimilt að hafna beiðni um varðveislu:

a) að beiðnin varði brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telji af pólitískum toga eða brot sem tengist broti af pólitískum toga; eða
b) að aðilinn, sem beiðni er beint til, álíti að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans.

6. Telji aðilinn, sem beiðni er beint til, að varðveisla muni ekki leiða til þess að gögnin verði tiltæk síðar meir eða muni tefla í hættu þeirri leynd sem hvílir yfir rannsókn aðilans, sem leggur fram beiðni, eða spilla rannsókn hans með öðrum hætti skal hann tilkynna aðilanum, sem leggur fram beiðni, um það án tafar sem aftur skal ákveða hvort framfylgja skuli beiðninni engu að síður.

7. Varðveisla, sem kemur til framkvæmda í framhaldi af þess konar beiðni, er um getur í 1. mgr., skal vara eigi skemur en 60 daga til þess að gera aðilanum, sem leggur fram beiðni, kleift að senda beiðni um leit eða álíka aðgang, haldlagningu eða álíka öflun eða afhendingu fyrrnefndra gagna Gögn skal varðveita áfram eftir að slíkri beiðni er veitt viðtaka uns ákvörðun liggur fyrir henni viðvíkjandi.

30. gr.

Flýtiafhending varðveittra samskiptagagna.

1. Komist aðilinn, sem beiðni er beint til, að því við framkvæmd beiðni, sem lögð er fram skv. 29. gr. og varðar varðveislu samskiptagagna viðvíkjandi tilteknum boðum, að þjónustuveitandi í öðru ríki hafi átt aðild að boðsendingu skal fyrrnefndur aðili afhenda aðilanum, sem leggur fram beiðni, í flýti samskiptagögn í nægilega miklum mæli til þess að unnt sé að bera kennsl á þjónustuveitandann og átta sig á þeirri leið sem boðin voru send eftir.

2. Því aðeins er heimilt er að synja um afhendingu samskiptagagna skv. 1. mgr:

a) varði beiðnin brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telur af pólitískum toga eða brot sem tengist broti af pólitískum toga; eða

b) álíti aðilinn, sem beiðni er beint til, að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans;

2. hluti – Gagnkvæm aðstoð er lýtur að rannsóknarheimild.

31. gr.

Gagnkvæm aðstoð er lýtur að aðgangi að geymdum tölvugögnum.

1. Aðili getur beðið annan aðila um að gera leit í eða ganga með svipuðum hætti að, leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir og afhenda gögn sem eru geymd með því að nota til þess tölvukerfi sem er staðsett á landsvæði aðilans, sem beiðni er beint til, þar með talin gögn sem hafa verið varðveitt skv. 29. gr.

2. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal bregðast við beiðninni með því að beita alþjóðlegum gerningum, tilhögun og lögum, sem um getur í 23. gr., og í samræmi við önnur viðeigandi ákvæði þessa kafla.

3. Beiðnin skal hljóta flýtimeðferð:

a) sé ástæða til að ætla að sérstök hætta sé á að viðkomandi gögn týnist eða að þeim verði breytt; eða

b) sé með öðrum hætti kveðið á um það í þeim gerningum, tilhögun og lögum, sem um getur í 2. mgr., að samstarfi skuli flýtt.

32. gr.

Aðgangur yfir landamæri að geymdum tölvugögnum með samþykki eða þegar þau eru öllum aðgengileg.

Aðila er heimilt, án þess að fá til þess leyfi annars aðila:

a) að ganga að geymdum tölvugögnum, sem eru öllum aðgengileg (opinberum heimildum), án tillits til þess hvar gögnin eru landfræðilega staðsett; eða

b) að ganga að eða taka við, um tölvukerfi á landsvæði sínu, geymdum tölvugögnum, sem staðsett eru hjá öðrum aðila, fái aðilinn löglegt og frjálst samþykki fyrir því frá þeirri persónu sem hefur umboð lögum samkvæmt til þess að afhenda aðilanum gögnin um tölvukerfið.

33. gr.

Gagnkvæm aðstoð viðvíkjandi söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma.

1. Aðilarnir skulu veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð með tilliti til söfnunar samskiptagagna miðað við rauntíma, það er gagna sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði þeirra sem eru send um tölvukerfi. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. fer aðstoð fram í samræmi við þau skilyrði og verklagsreglur sem landslög kveða á um

2. Hver aðili skal láta fyrrnefnda aðstoð í té, að minnsta kosti er um ræðir refsilagabrot þar sem söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma yrði auðfengin í svipuðu máli innanlands.

34. gr.

Gagnkvæm aðstoð er lýtur að hlerun gagna um innihald.

Aðilarnir skulu veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð með tilliti til söfnunar eða skráningar gagna um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð, sem send eru um tölvukerfi, að því marki sem gildandi samningar þeirra og landslög heimila.

3. hluti – Netkerfi opið allan sólarhringinn sjö daga vikunnar.

35. gr.

Netkerfi opið allan sólarhringinn sjö daga vikunnar.

1. Hver aðili skal tilnefna tengilið sem er til taks allan sólarhringinn sjö daga vikunnar til að tryggt sé að veita megi tafarlausa aðstoð í tengslum við rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti. Slík aðstoð skal meðal annars fólgin í því að greiða fyrir því eða, heimili landslög og innlendar lögvenjur slíkt, koma því í verk með beinum hætti:

a) að veitt sé tæknileg ráðgjöf;
b) að gögn séu varðveitt skv. 29. og 30. gr.; og
c) að sönnunargögnum sé safnað, upplýsingar lagalegs eðlis séu veittar og að upplýst sé hvar grunaðir haldi sig.

2. a) Tengiliður aðila skal vera fær um að eiga samskipti við tengilið annars aðila með hraðvirkum hætti.

b) Sé tengiliður, sem aðili tilnefnir, ekki deild yfirvalds eða yfirvalda fyrrnefnds aðila, sem annast alþjóðlega og gagnkvæma aðstoð eða framsal, skal tengiliðurinn tryggja að hann geti tengst slíku yfirvaldi eða yfirvöldum skipulega með hraðvirkum hætti.

3. Hver aðili skal sjá til þess að þjálfað og vel búið starfslið sé til taks í því skyni að auðvelda rekstur netkerfisins.

IV. kafli – Lokaákvæði.

36. gr.

Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og ríki sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð hans.

2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm ríki, þar með talin að minnsta kosti þrjú aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er það lýsir sig samþykkt því að vera bundið af samningnum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

37. gr.

Aðild að samningnum.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsríkin og að fengnu samhljóða samþykki þeirra, boðið hverju því ríki, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu og ekki hefur tekið þátt í gerð hans, að gerast aðili að samningi þessum. Ákvörðunin skal tekin með þeim meirihluta sem er tilskilinn í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni.

2. Samningur þessi öðlast gildi, gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að honum skv. 1. mgr. hér að framan, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er skjal þess um aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

38. gr.

Landsvæði þar sem samningurinn gildir.

1. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem samningur þessi skal gilda.

2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar útvíkkað, með yfirlýsingu sem er send aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná til hvers annars landsvæðis sem er tilgreint í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu, sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

39. gr.

Áhrif samningsins.

1. Markmiðið með samningi þessum er að hann komi sem viðbót við gildandi fjöl- eða tvíhliða samninga eða tilhögun milli aðilanna, þar með talin ákvæði:

- Evrópusamnings um framsal sakamanna sem var lagður fram til undirritunar í París 13. desember 1957 (ETS nr. 24);
- Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum sem var lagður fram til undirritunar í Strassborg 20. apríl 1959 (ETS nr. 30);
- viðbótarbókunar við Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum sem var lögð fram til undirritunar í Strassborg 17. mars 1978 (ETS nr. 99).

2. Hafi tveir eða fleiri aðilar þegar gert með sér samkomulag eða samning um málefni, sem fjallað er um í samningi þessum, eða hafi þeir skipað samskiptum sínum viðvíkjandi slíkum málefnum með öðrum hætti, eða geri þeir það á komandi tímum, ber þeim og réttur til að framkvæma samkomulagið eða samninginn, eða koma skipulagi á fyrrnefnd samskipti samkvæmt því. Skipi aðilar samskiptum sínum viðvíkjandi málefnum, sem samningur þessi fjallar um, hins vegar með öðrum hætti en þar er tilskilið skulu þeir gera það með þeim hætti að samræmist markmiðum og meginreglum samningsins.

3. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á önnur réttindi, hömlur, skuldbindingar og ábyrgð aðila.

40. gr.

Yfirlýsingar.

Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það nýti sér þann kost að gera kröfu um viðbótaratriði samanber ákvæði 2. og 3. gr., b-liðar 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 3. mgr. 9. gr. og e-liðar 9. mgr. 27. gr.

41. gr.

Ákvæði um sambandsríki.

1. Sambandsríki er heimilt að áskilja sér rétt til þess að undirgangast skuldbindingar skv. II. kafla samnings þessa í samræmi við grundvallarreglur sínar um tengsl milli ríkisstjórnar sambandsríkisins og ríkja sem mynda það eða annarra svipaðra eininga, er lúta lögsögu þess, að því tilskildu að því sé eigi að síður kleift að eiga aðild að samvinnu skv. III. kafla.

2. Sambandsríki er óheimilt, er það gerir fyrirvara skv. 1. mgr., að beita skilmálum slíks fyrirvara í því skyni að standa ekki við þær skuldbindingar sínar, að öllu eða verulegu leyti, að kveða á um ráðstafanir sem settar eru fram í II. kafla. Almennt skal það mæla fyrir um umfangsmikla og raunverulega getu til þess að framfylgja lögum með tilliti til fyrrnefndra ráðstafana.

3. Að því er varðar þau ákvæði samnings þessa, sem hvað beitingu varðar heyra undir lögsögu ríkja sem mynda sambandsríki eða annarra svipaðra eininga er lúta lögsögu sambandsríkis en eru ekki skuldbundin samkvæmt stjórnskipun sambandsríkisins til þess að gera ráðstafanir á sviði löggjafar, skal ríkisstjórn sambandsríkisins vekja athygli lögbærra yfirvalda slíkra ríkja á fyrrnefndum ákvæðum og lýsa jákvæðum sjónarmiðum sínum gagnvart þeim, jafnframt því að hvetja þau til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

42. gr.

Fyrirvarar.

Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það nýti sér þann kost að gera fyrirvara, einn eða fleiri, samanber ákvæði 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 22. gr., 4. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 41. gr. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara.

43. gr.

Staða og afturköllun fyrirvara.

1. Aðili, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 42. gr., getur hvenær sem er afturkallað hann, að hluta eða öllu leyti, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Fyrirvarinn tekur gildi þann dag er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin í hendur. Komi fram í tilkynningunni að afturköllun fyrirvarans skuli taka gildi á ákveðnum degi, sem þar er tilgreindur, og renni sá dagur upp eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku skal afturköllunin taka gildi seinni daginn.

2. Aðili, sem gert hefur fyrirvara eins og um getur í 42. gr., skal afturkalla fyrirvarann, að hluta eða öllu leyti, eins fljótt og aðstæður leyfa.

3. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins getur grennslast reglulega fyrir um líkur þess, hjá aðilum sem gert hafa einn fyrirvara eða fleiri eins og um getur í 42. gr., að fyrirvarinn eða fyrirvararnir verði afturkallaðir.

44. gr.
Breytingar.

1. Hver aðili getur lagt fram tillögur til breytingar á samningi þessum og skal aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda þær aðildarríkjum Evrópuráðsins, ríkjum, sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju því ríki sem hefur gerst aðili að samningi þessum eða verið boðin aðild að honum samkvæmt ákvæðum 37. gr.

2. Hverja breytingartillögu aðila skal senda Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) og skal hún leggja álit sitt á þeirri breytingu, sem tillaga er gerð um, fyrir ráðherranefndina.

3. Ráðherranefndin skal fjalla um breytingartillöguna og álit það sem Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) hefur lagt fram og getur ráðherranefndin samþykkt breytinguna að höfðu samráði við þau aðildarríki samnings þessa sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

4. Texti hverrar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur aðilum til staðfestingar.

5. Hver sú breyting, sem samþykkt er skv. 3. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa skýrt aðalframkvæmdastjóranum frá því að þeir staðfesti hana.

45. gr.
Lausn deilumála.

1. Skýra ber Evrópunefndinni um afbrotamálefni (CDPC) reglulega frá því með hvaða hætti samningur þessi er túlkaður og kemur til framkvæmda.

2. Komi upp deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hana með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, til dæmis með því að leggja deiluna fyrir Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC), leggja hana í gerð, en ákvörðun gerðardóms skal vera bindandi fyrir aðila, eða fyrir Alþjóðadómstólinn, eftir því sem hlutaðeigandi aðilar verða ásáttir um.

46. gr.
Samráð aðila.

1. Aðilarnir skulu, eftir því sem við á, hafa reglulega samráð sín á milli í því skyni að greiða fyrir:

a) því að samningur þessi sé notaður og honum beitt með skilvirkum hætti, meðal annars að unnt sé að átta sig á vandkvæðum í þeim efnum, og greiða fyrir áhrifum hverrar yfirlýsingar, sem gefin er út, eða fyrirvara, sem gerður er, samkvæmt samningi þessum
b) gagnkvæmri miðlun upplýsinga um mikilsvarðandi þróun á sviði laga, stefnumála eða tækni er varðar tölvubrot og söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd;
c) umfjöllun um hugsanlega viðbót við eða breytingu á samningi þessum.

2. Skýra ber Evrópunefndinni um afbrotamálefni (CDPC) reglulega frá niðurstöðum samráðs sem um getur í 1. mgr.

3. Evrópunefndin um afbrotamálefni (CDPC) skal, eftir því sem við á, greiða fyrir því samráði, sem um getur í 1. mgr., og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðstoða aðilana í þeirri viðleitni þeirra að samþykkja viðbætur við samninginn eða gera á honum breytingar. Evrópunefndin um afbrotamálefni (CDPC) skal, eigi síðar en þremur árum eftir að samningur

þessi öðlast gildi og í samvinnu við aðilana, stjórna endurskoðun á öllum ákvæðum samningsins og gera tillögur um viðeigandi breytingar ef nauðsyn krefur.

4. Aðilarnir skulu bera kostnað, sem stofnað er til í tengslum við beitingu ákvæða 1. mgr., með þeim hætti sem þau munu ákveða, nema Evrópuráðið beri þann kostnað.

5. Skrifstofa Evrópuráðsins skal aðstoða aðilana við að skila hlutverkum sínum samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

47. gr.

Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

48. gr.

Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, ríkjum, sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju því ríki, sem hefur gerst aðili að samningi þessum eða verið boðin aðild að honum, um:

a) hverja undirritun;
b) afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 36. og 37. gr.;
d) hverja yfirlýsingu skv. 40. gr. eða hvern fyrirvara sem er gerður í samræmi við ákvæði 42. gr.;
e) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Búdapest 23. nóvember 2001 í einu eintaki á ensku og einu eintaki á frönsku, sem verða afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, þeim ríkjum, sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að honum, staðfest endurrit.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og lögum nr. 81/2003, um fjarskipti (samingur Evrópuráðsins um tölvubrot).

Í frumvarpi þessu er kveðið á um lagabreytingar til að íslenska ríkið geti staðið við skuldbindingar sínar á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001. Frumvarpið miðar að því að samræma almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á svið tölvubrota. Jafnframt eru í frumvarpinu innleiddar réttarfarsreglur svo

hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

906. Frumvarp til laga [620. mál]

um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að hér á landi sé notað mælifræðikerfi sem nýtur trausts jafnt innan lands sem utan.

Lögin skulu stuðla að því að mælingar og mælifræðilegar niðurstöður séu réttar og nákvæmar og tryggi réttmæta og örugga viðskiptahætti, verndi hagsmuni neytenda, líf og heilsu borgaranna og stuðli auk þess að réttarvernd og umhverfisvernd.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um mælingar, mælitæki og mæligrunna, eftir því sem segir í lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim. Þá taka lögin til löggiltra vigtarmanna.

Lögin gilda ekki um mælingar og niðurstöður mælinga til einkanota.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér greinir:

Alþjóðlega SI-einingakerfið: Samræmt einingakerfi sem Almenna þingið fyrir vog og mál (CGPM) hefur samþykkt og lagt til að verði notað. SI stendur fyrir „Système International“ og er alþjóðleg skammstöfun fyrir einingakerfið.

Faggilding: Formleg staðfesting faggildingarsviðs á því að aðili hafi sýnt fram á hæfni til að vinna tiltekin samræmismatsverkefni.

Faggilt kvörðunarþjónusta: Þjónusta einstaklings eða lögaðila sem tekur að sér kvörðun eftir faggiltri aðferð.

Faggilt mælifræðistofa: Faggilt rannsóknastofa á sviði mælifræði sem hefur fengið viðurkenningu á gæðum, tæknilegri hæfni og sjálfstæði.

Gerðarviðurkenning: Ákvörðun, byggð á matsskýrslu, um það að gerð mælitækis uppfylli viðeigandi kröfur laga og reglugerða og sé hæft til notkunar á lögmæltu sviði þannig að vænta megi að það veiti áreiðanlegar mæliniðurstöður um tiltekið tímabil.

Kvörðun: Röð aðgerða sem ákvarða, við tiltekin skilyrði, sambandið milli gilda stærða sem mælitæki eða mælikerfi sýna eða gilda sem efnismát eða viðmiðunarefni standa fyrir, og samsvarandi gilda sem mæligrunnar hafa.

Kvörðunarvottorð: Skjal þar sem niðurstöður kvörðunar eru skráðar í samræmi við nánari reglur sem gilda um útgáfu þeirra.

Löggilding mælitækis: Aðgerð til að tryggja og staðfesta formlega að mælitæki fullnægi öllum kröfum laga og reglugerða. Löggilding fer fram með athugun, merkingu og/eða útgáfu vottorðs og er venjulega lokið með innsiglun á aðgengi stillinga.

Löggilding vigtarmanns: Formleg staðfesting á að einstaklingur uppfylli skilyrði laga og reglna settra samkvæmt þeim um menntun og önnur skilyrði til að starfa sem vigtarmaður.

Mælieining: Ákveðin stærð, skilgreind og viðtekin með samkomulagi, sem aðrar stærðir sömu gerðar eru bornar saman við til að tákna magn þeirra í samanburði við þá stærð.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit með framleiðslu, innflutningi, uppsetningu, notkun, viðhaldi og viðgerð á mælitækjum, framkvæmt til að athuga hvort tækin séu notuð rétt eins og lög og reglugerðir um mælifræði segja, þ.m.t. hvort forpakkningar innihaldi leyfilega þyngd og hvort hún sé rétt mæld.

Mæligrunnur: Efnismát, mælitæki, viðmiðunarefni eða mælikerfi sem ætlað er til að skilgreina, raungera, varðveita, birta eða endurgera mælieiningu eða eina eða fleiri stærðir sem hafa skal til viðmiðunar.

Mæling: Aðgerð eða röð aðgerða sem framkvæmdar eru til að ákveða gildi stærðar sem er táknuð sem margfeldi tölu og mælieiningar.

Mælitæki: Tæki sem ætlað er, eitt sér eða ásamt tilheyrandi og viðurkenndum viðbótartækjum, til að framkvæma mælingu.

Rekjanleiki: Eiginleiki í niðurstöðu mælinga eða gildis á mæligrunni sem gerir unnt að tengja þau við tilteknar viðmiðanir, venjulega lands- eða alþjóðamæligrunna, með óslitinni röð samanburða sem hver fyrir sig hefur skilgreinda óvissu.

Samræmismat: Staðfesting á því að tilgreindar kröfur sem eiga við um vörur, ferli, kerfi, einstakling eða aðila séu uppfylltar.

Skoðun: Athugun á hönnun vöru, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Undireining: Vélbúnaður sem er tilgreindur sem slíkur í tilskipunum, lögum eða reglum settum samkvæmt þeim, virkar sjálfstætt og myndar mælitæki ásamt öðrum undireiningum sem hann er samhæfður, eða mælitæki sem hann er samhæfður.

Úrtaksskoðun: Skoðun einsleits safns mælitækja sem byggð er á niðurstöðum mats á tölfræðilega hæfilegum fjölda sýna völdum af handahófi úr tilgreindri lotu.

Yfireftirlit: Eftirlit stjórnvalds með því að ákvæðum í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim á sviði mælifræði sé fylgt í framkvæmd, yfirumsjón með eftirliti sem einkaaðilar framkvæma í umboði eftirlitsstjórnvalds, svo og taka stjórnvaldsákvarðana á grundvelli laga sem gilda um mælifræðilegt eftirlit.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en Neytendastofa fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er:

a. að annast töku stjórnvaldsákvarðana og kveða upp stjórnvaldsúrskurði á grundvelli ákvæða þessara laga eða sérlaga sem henni hefur verið falið eftirlit með;
b. að veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um mælifræðileg málefni, veita umsagnir um mæligrunna og reglur stjórnvalda á sviði mælinga og lögmælifræði og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á sviði mælifræði;

c. að vera stjórnvald á sviði mælifræði og annast rekstur þeirra mæligrunna sem stjórnvöld fela henni umsjón með skv. 7. gr., sbr. 6. gr., og veita kvörðunarþjónustu í samræmi við ákvæði VIII. kafla;
d. að hafa yfireftirlit með framkvæmd mælifræðilegs eftirlits samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, m.a. annast samræmingu eftirlits og annast yfireftirlit með þeim eftirlitsverkefnum sem einkaaðilar framkvæma í umboði Neytendastofu;
e. að annast löggildingu vigtarmanna o.fl., sbr. ákvæði VII. kafla;
f. að vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni;
g. að hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði.

II. KAFLI
Mælieiningar og mæligrunnar.

5. gr.

Á Íslandi skal nota alþjóðlega SI-einingakerfið.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað að notaðar séu mælieiningar utan alþjóðlega SI-einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega SI-einingakerfinu.

6. gr.

Mælitæki sem notuð eru til lögboðinna mælinga og eftirlits og ákvörðunar stjórnvalda eða dómstóla á viðurlögum eða sá búnaður sem notaður er til löggildingar þessara mælitækja skal kvarðaður með rekjanlegum kvörðunum af faggiltum aðilum.

Neytendastofa annast öflun og viðhald rekjanlegra mæligrunna vegna mælitækja og eftirlits skv. 1. mgr. eða hefur milligöngu um aðgang að slíkum mæligrunnum, hafi öðrum aðilum ekki verið falið það í sérlögum.

Neytendastofa annast einnig öflun og viðhald rekjanlegra mæligrunna sem mikilvægir eru til þess að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir faggilta kvörðunarþjónustu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

7. gr.

Neytendastofa ákveður með hliðsjón af gildandi lögum á hverjum tíma, að fenginni umsögn fagráðs, og í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti fyrir hvaða mælifræðisvið halda skal rekjanlega mæligrunna og birtir upplýsingar um hvar þeir eru vistaðir.

III. KAFLI
Sala og markaðssetning mælitækja.

8. gr.

Kröfur um sölu og markaðssetningu mælitækja.

Mælitæki sem eru seld og markaðssett á Íslandi, og undireiningar þeirra, skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Framleiðendur, seljendur og dreifingaraðilar bera ábyrgð á að mælitæki sem þeir markaðssetja eða selja uppfylli ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

9. gr.

Merkingar mælitækja.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur í samræmi við ákvæði laga eða alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að um merkingar mælitækja sem heimilt er að selja, markaðssetja og taka í fyrstu notkun hér á landi.

10. gr.

Samræmismat.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið á um mat á samræmi við grunnkröfur til að sannreyna hvort mælitæki sem sett eru á markað uppfylli kröfur.

Samræmismatinu skal lokið og það sannanlega skrásett áður en mælitæki er boðið til sölu eða tekið í notkun í fyrsta sinn.

Neytendastofu er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá samræmismati, svo sem ef nota á vöruna á vörusýningum eða á vörukynningum.

11. gr.

Samræmismat getur fallið úr gildi áður en gildistími þess rennur út þegar ljóst er að kröfur sem gerðar voru til tækisins og samræmismatið er byggt á eru ekki uppfylltar.

Þegar samræmismat hefur verið fellt úr gildi skv. 1. mgr. er óheimilt að bjóða viðkomandi mælitæki til sölu eða selja það hér á landi að liðnum hæfilegum fresti.

IV. KAFLI

Notkun mælitækja.

12. gr.

Mælitæki í notkun.

Eigandi mælitækis eða ábyrgðaraðili, ef það á við, ber ábyrgð á að mælitæki í notkun uppfylli ávallt reglur sem kveðið er á um í lögum og reglum settum samkvæmt þeim og er ábyrgur fyrir greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði IX. kafla um eftirlitsgjald.

13. gr.

Sérkröfur um mælitæki til ákveðinna nota.

Ráðherra getur kveðið á um það í reglugerð að mælitæki til ákveðinna nota skuli uppfylla ítarlegri kröfur en almennt eru gerðar til mælitækja og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað. Neytendastofa setur reglur sem gilda skulu um slík mælitæki. Þá getur Neytendastofa sett reglur um nákvæmnisflokka mælitækja ef nauðsyn krefur.

Mælitæki önnur en þau sem getið er um í 1. mgr. skulu eigi að síður uppfylla þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til mælitækis sem er á sama stað, ef unnt er að nota þau í sama tilgangi.

Neytendastofa skal birta á aðgengilegan hátt og uppfæra reglulega nánari upplýsingar um hvaða mælitæki eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum og reglum sem gilda hér á landi.

14. gr.

Staðfesting á að mælitæki í notkun uppfylli skilyrði laga og reglna.

Staðfesta skal með löggildingu að mælitæki í notkun uppfylli kröfur eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerðum. Birta skal lista um þessa flokka mælitækja á aðgengilegan hátt.

Eigandi mælitækja getur þó óskað samþykkis Neytendastofu fyrir því að gæðakerfi eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar.

Ráðherra getur sett reglur um notkun úrtaks við eftirlit með safni mælitækja. Skal þar byggt á stöðlum um úrtaksskoðanir og alþjóðlega viðurkenndum reglum um hvernig stöðlunum skuli beitt.

Eftirlit með magni í forpakkaðri vöru fer fram á markaði með sýnatöku, hvort sem innlendir eða erlendir aðilar hafa pakkað vörunni í samræmi við ákvæði reglugerða um forpakkaðar vörur.

Pökkunaraðilar sem pakka í samræmi við 2. mgr. 16. gr. skulu sæta reglubundnu eftirliti. Þeir skulu nota löggilt mælitæki við pökkunina eða við gæðatryggingu hennar.

Í reglugerðum sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd allra aðferða samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI
Niðurstöður mælinga.

15. gr.
Tilgreining á niðurstöðum mælinga.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram að viðskiptavinum viðstöddum og notuð eru mælitæki sem lög þessi gilda um skal þannig um búið að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust, sjá þó 16. gr.

Þegar sjálfvirk mæling viðskipta sem lög þessi ná til fer fram skulu viðskipta- og eftirlitsaðilar hafa aðgang að mælingagögnum.

16. gr.
Magn forpakkaðrar vöru.

Í reglugerð sem ráðherra setur skulu vera reglur um mesta leyfilega frávik þegar vara er seld eftir magni í samræmi við ákvæði tilskipana um forpakkaðar vörur.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um rétt og skyldur þeirra sem merkja forpakkaðar vörur með e-merki í samræmi við ákvæði tilskipana Evrópusambandsins, þ.m.t. reglur um viðurkenningu á kerfum sem framleiðandi notar við magnmælingar. Ráðherra getur í reglugerð einnig kveðið á um að vörur megi einungis selja í ákveðnum magnstærðum og magn skuli tilgreint á framleiðsluvöru.

VI. KAFLI
Framkvæmd eftirlits með mælitækjum.

17. gr.
Umboð til eftirlits.

Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Stofnuninni er þó heimilt að fela öðrum að framkvæma eftirlitið með samningi. Skulu þeir aðilar vera óháðir eftirlitsskyldum aðilum og hafa sérþekkingu og hæfni á viðkomandi sviði.

Ákvæði kaflans eiga jafnframt við um þá aðila sem Neytendastofa veitir umboð til eftirlits, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í umboði til viðkomandi aðila.

18. gr.
Gjaldskrá eftirlitsaðila.

Gjaldskrá þeirra aðila sem Neytendastofa felur framkvæmd mælifræðilegs eftirlits skal vera opinber. Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá ef einungis einn aðili veitir þjónustu til löggildingar á viðkomandi mælitæki.

19. gr.
Óhindrað aðgengi.

Neytendastofa skal hafa óhindraðan aðgang að öllum starfsstöðvum og innréttingum við framkvæmd eftirlits með ákvæðum þessara laga og reglna settum samkvæmt þeim.

20. gr.

Réttur til upplýsinga.

Neytendastofa getur krafið þá aðila sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögum þessum um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við framkvæmd eftirlits.

Neytendastofa getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

21. gr.

Aðstoð við framkvæmd eftirlits.

Framleiðendur, seljendur, dreifingaraðilar, eigendur og umsjónarmenn mælitækja sem lög þessi taka til og aðrir eftirlitsskyldir aðilar skulu auðvelda framkvæmd eftirlits samkvæmt þessum lögum og veita nauðsynlega aðstoð eftir því sem við getur átt.

Eftirlitsskyldur aðili getur ekki krafið Neytendastofu um greiðslu vegna þess kostnaðar sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum.

22. gr.

Þagnarskylda.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara og þeim sem Neytendastofa hefur veitt umboð til að framkvæma eftirlit á grundvelli laganna er óheimilt að skýra frá atriðum sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI
Um löggilta vigtarmenn o.fl.

23. gr.

Skilyrði til löggildingar vigtarmanns o.fl.

Löggiltir vigtarmenn geta þeir orðið sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. eru búsettir hér á landi,
b. eru fullra tuttugu ára,
c. eru sjálfráða og fjárráða,
d. hafa sótt námskeið til löggildingar vigtarmanna og staðist próf.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Neytendastofu sem gefur út skírteini þeim til handa um að þeir megi taka að sér störf sem löggiltum vigtarmönnum eru einum falin samkvæmt ákvæðum í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding vigtarmanns gildir í tíu ár. Neytendastofa heldur skrá yfir löggilta vigtarmenn.

Neytendastofu er heimilt að veita einstaklingi bráðabirgðalöggildingu til starfa að löggiltri vigtun að fenginni umsögn hlutaðeigandi stjórnvalda. Skilyrði fyrir undanþágu og bráðabirgðalöggildingu er að óframkvæmanlegt sé að fá löggiltan vigtarmann til starfans og brýna nauðsyn beri til að vigtun fari fram lögum samkvæmt. Það skilyrði skal sett að leyfishafi samkvæmt ákvæði þessu sæki fyrsta námskeið eftir að undanþága er veitt. Standist leyfishafi ekki próf fellur bráðabirgðalöggilding hans niður.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal setja nánari reglur um námskeið, próf, endurnýjun réttinda, endurmenntunarnámskeið og starfshætti vigtarmanna.

24. gr.

Prófnefnd, námskeið og próf.

Prófnefnd vigtarmanna hefur umsjón með prófi til löggildingar vigtarmanna. Ráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til fimm ára í senn og skal Neytendastofa tilnefna einn fulltrúa, Fiskistofa einn en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófsins. Í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum frá prófnefnd skal kveðið á um prófkröfur skv. d-lið 1. mgr. 23. gr. og önnur skilyrði eftir því sem við getur átt.

Í reglum sem prófnefnd setur skal kveða nánar á um framkvæmd námskeiða, svo sem lágmarksárangur til að standast próf, lágmarksþátttakendafjölda á námskeiði og önnur atriði er varða framkvæmd eftir því sem við getur átt. Heimilt er að skipta réttindum til löggildingar vigtarmanna eftir eðli réttinda í samræmi við reglur prófnefndar um námskeið og próf samkvæmt ákvæði þessarar greinar. Þá getur prófnefnd skipað prófdómara til að endurskoða prófúrlausn próftaka óski hann eftir því.

25. gr.

Fullgild vottorð.

Vottorð löggiltra vigtarmanna teljast vera fullgild ef í þeim koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a. nafn verkbeiðanda, staður og dagsetning;
b. gildi töru;
c. þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið;
d. tilvísun til þeirrar vogar sem vigtað var á;
e. númer ökutækis, þegar það á við;
f. nafn löggilts vigtarmanns og undirritun hans, svo og nafn lögaðila sem hann starfar hjá, þegar það á við;
g. aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum sérlaga og reglna settra samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Um starfsskyldur vigtarmanns.

Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem hann vottar og í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni. Í því felst að löggiltur vigtarmaður skal sjálfur vera viðstaddur vigtun, hann tryggir alla framkvæmd hennar og staðfestir hana með undirritun sinni á vigtarvottorð sem hann ber ábyrgð á í samræmi við lög og reglur settar samkvæmt þeim.

Um starfshætti vigtarmanna gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga og sérlaga eftir því sem við getur átt, og reglur settar samkvæmt þeim. Í erindisbréfi sem ráðherra setur skal að öðru leyti kveðið á um starfsskyldur vigtarmanna.

27. gr.

Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns.

Fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns er sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Í stjórnvaldsfyrirmælum er unnt að tilgreina að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

Neytendastofa setur nánari reglur að fenginni umsögn fagráðs, sbr. 35. gr., um almennt

og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, þ.m.t. hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna o.fl.

28. gr.

Svipting löggildingar o.fl.

Brot á reglum um starfsskyldur vigtarmanns eru grundvöllur tafarlausrar sviptingar réttinda löggilts vigtarmanns. Hið sama á við um ásetningsbrot um fölsun vigtunarvottorða. Um málsmeðferð og úrskurð um sviptingu samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nú er einstaklingur sviptur réttindum löggilts vigtarmanns vegna brota er varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga og getur hann þá eigi setið námskeið að nýju og tekið próf fyrr en að tveimur árum liðnum frá dagsetningu úrskurðar um sviptingu réttindanna nema mál hans sé látið niður falla af hálfu saksóknara eða máli hans lokið með sátt eða dómi. Leyfissviptingu má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. lög nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda. Kærufrestur er 30 dagar og verður mál ekki borið undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

VIII. KAFLI
Um faggilta kvörðunarþjónustu.

29. gr.

Neytendastofa skal starfrækja faggilta mælifræðistofu svo að hægt sé að sinna lögbundnu eftirliti eða tryggja að öðrum kosti með samningi aðgang að rekjanlegum kvörðunum.

Neytendastofu er einnig heimilt að starfrækja faggilta kvörðunarþjónustu fyrir atvinnulífið.

30. gr.

Neytendastofa skal taka gjald fyrir þjónustu sem hún veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Að fenginni tillögu Neytendastofu samþykkir og birtir ráðherra gjaldskrá fyrir kvörðunarþjónustu sem hún veitir í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal byggð á eftirfarandi kostnaðarliðum:

a. vinnutímagjaldi faggiltu mælifræðistofunnar;
b. efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði, þegar það á við;
c. gjaldi vegna viðhalds faggildingar;
d. hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, aðgangs, viðhalds og endurnýjunar mæligrunna og kvörðunarbúnaðar.

IX. KAFLI
Eftirlitsgjald.

31. gr.

Almennt um gjaldtöku.

Vegna yfireftirlits Neytendastofu á sviði mælifræði skal leggja á eftirlitsgjald eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Fjárhæð eftirlitsgjalds skal standa undir rekstri og viðhaldi á mæligrunnum í eigu Neytendastofu, stjórnsýslukostnaði við yfireftirlit stofnunarinnar á sviði mælifræði, markaðseftirliti með mælitækjum og öðrum stjórnsýsluverkefnum sem henni eru falin samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Fyrir 1. mars ár hvert skal Neytendastofa gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit og annan stjórnsýslukostnað eftirlitsskyldra þátta samkvæmt lögum þessum. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta fjárhæð eftirlitsgjalds skal ráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi að fenginni umsögn fagráðs, sbr. 35. gr.

32. gr.

Álagningargrunnur fyrir eftirlitsgjald.

Eftirlitsgjald skal lagt á eftirtalin eftirlitsskyld mælitæki:

1. Vatnsmæla.
2. Gasmæla.
3. Raforkumæla fyrir raunorku.
4. Varmaorkumæla.
5. Mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.
6. Vogir.
7. Gjaldmæla leigubifreiða.
8. Mæliáhöld fyrir lengd og rúmmál.
9. Víddamælitæki.
10. Greiningartæki fyrir útblástursloft.

Fjárhæð eftirlitsgjalds á eftirlitsskyld mælitæki samkvæmt þessari grein er 250 kr. á ári. Gjaldskyldu bera eigendur mælitækja, sbr. 12. gr.

33. gr.

Framkvæmd álagningar og innheimta.

Árgjald fyrir eftirlitsskyld mælitæki skv. 2. og 5.–10. tölul. 1. mgr. 32. gr., svo og gjaldfallin og ógreidd árgjöld frá síðustu eftirlitsskoðun, skal aðili sem annast framkvæmd eftirlits með mælitækjum í notkun, sbr. 17. gr., innheimta þegar eftirlit fer fram með löggildingu mælitækis. Árgjald skal greiða fyrir hvert byrjað ár en hafi eigandi eða ábyrgðaraðili óskað eftir því að mælitæki skuli innsiglað fellur árgjald niður frá og með upphafi næsta árs á hlutaðeigandi löggildingartímabili mælitækisins. Um uppgjörstímabil og gjalddaga á eftirlitsgjöldum til Neytendastofu samkvæmt þessari málsgrein fer nánar eftir ákvæði 1. mgr. 34. gr.

Árgjald fyrir eftirlitsskyld mælitæki skv. 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 32. gr. skulu eigendur greiða til Neytendastofu.

34. gr.

Um skýrslu, gjalddaga, álag og dráttarvexti.

Aðili sem annast framkvæmd eftirlits með mælitækjum í notkun og löggildingu þeirra í umboði Neytendastofu innheimtir gjaldfallin og ógreidd árgjöld skv. 1. mgr. 33. gr. þegar eftirlit fer fram. Innheimt árgjöld greiðast til Neytendastofu ársþriðjungslega þannig að gjalddagi á fyrsta ársþriðjungi er 1. maí, gjalddagi á öðrum ársþriðjungi er 1. september og gjalddagi þriðja ársþriðjungs er 1. febrúar.

Gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 1., 3. og 4. tölul. 32. gr. er 1. febrúar ár hvert.

Sé eftirlitsgjald skv. 32. gr. ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða í ríkissjóð dráttarvexti í samræmi við vaxtalög, svo og innheimtukostnað.

Gjaldskyldir aðilar skv. 32. gr. skulu við uppgjör á eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum þess-

um og eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila ótilkvaddir skýrslu í því formi sem Neytendastofa ákveður vegna mælitækja sem bera gjald á uppgjörstímabilinu.

Áætla skal gjöld ef aðili skilar ekki skýrslu innan tilskilins tíma, sendir enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Tilkynna skal gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið, svo og gjalddaga. Sé gjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldskyldur aðili, sbr. 32. gr., sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á auk innheimtukostnaðar. Sama gildir ef skýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og gjald því áætlað nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga gjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Heimilt er gjaldskyldum aðilum að bera ákvarðanir um áætlun gjalda og greiðslu álags undir áfrýjunarnefnd neytendamála og er kærufrestur 30 dagar. Kæra skal vera skrifleg.

X. KAFLI
Fagráð atvinnulífsins og Neytendastofu.

35. gr.

Ráðherra skipar sex fulltrúa í fagráð sem sinna skal ráðgjöf fyrir atvinnulífið og Neytendastofu á sviði mælifræði. Hlutverk þess er að veita stjórnvöldum og atvinnulífi ráðgjöf um þróun og aðgerðir til að tryggja að hagnýtt sé alþjóðlegt og innlent samstarf sem miðar að því að greiða fyrir trausti og gagnkvæmum viðurkenningum í milliríkjaviðskiptum á sviði mælinga og mælifræði. Fagráð veitir umsagnir um drög að stjórnvaldsfyrirmælum þegar það á við, þ.m.t. um gjaldskrár Neytendastofu.

Ráðherra skipar formann án tilnefningar en aðrir fulltrúar í fagráði skulu tilnefndir af Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samorku, Neytendasamtökunum og einn fulltrúi sameiginlega af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva. Forstjóri og sérfræðingar Neytendastofu á sviði mælifræði sitja fundi ráðsins eftir því sem við á með málfrelsi og tillögurétt. Aðilar sem tilnefna í fagráð bera kostnað af þátttöku fulltrúa síns í fagráði og tryggja þekkingu og færni þeirra á sviði mælifræði.

XI. KAFLI
Réttarúrræði, viðurlög o.fl.

36. gr.

Krafa um nauðsynlegar úrbætur og bann við notkun.

Við brot á ákvæðum laga þessara eða reglna settum samkvæmt þeim getur Neytendastofa krafist þess að eftirlitsskyldur aðili geri nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Við veruleg brot er heimilt að leggja bann við frekari notkun eða starfsemi.

Eftirlitsskyldur aðili ber allan kostnað sem hlýst af stöðvun starfsemi samkvæmt þessum lögum.

37. gr.

Bann við sölu og afturköllun.

Þegar framleiðsluvörur og mælitæki uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim getur Neytendastofa bannað sölu þeirra.

Neytendastofa getur einnig krafist þess að framleiðsluvörur og mælitæki sem dreift hefur verið til söluaðila skuli afturkallaðar. Afturköllun og sölubann er heimilt að leggja á einstakar tegundir framleiðsluvöru og mælitækja eða á framleiðslulotur, eftir því sem við getur átt.

Um réttarúrræði Neytendastofu vegna brota á sviði lögmælifræði fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við getur átt.

38. gr.

Um afturköllun á löggildingu og annarri viðurkenningu.

Neytendastofa skal afturkalla löggildingu og aðra viðurkenningu sem hún veitir samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim þegar sá sem hlotið hefur löggildingu eða viðurkenningu, eða aðili sem starfar á hans vegum, brýtur ákvæði þessara laga eða reglna settra samkvæmt þeim.

39. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum og reglum settum samkvæmt þeim getur Neytendastofa ákveðið að sá sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Dagsektir geta numið frá 10–500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

40. gr.

Stjórnvaldssektir.

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og fyrirtæki fyrir brot sem framin eru af ásetningi eða gáleysi gegn:

a. ákvæðum III. kafla, um sölu og markaðssetningu mælitækja, og reglum settum samkvæmt þeim;
b. ákvæðum IV. kafla, um notkun mælitækja, og reglum settum samkvæmt þeim, ef um ítrekuð brot er að ræða,
c. ákvæðum V. kafla, um niðurstöður mælinga, og reglum settum samkvæmt lögum sem gilda um það efni.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 10 millj. kr.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir, sbr. 39. gr., og fjárhæð þeirra, eru kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála. Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför. Við aðför samkvæmt ákvörðunum Neytendastofu skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fer skv. 13. kafla aðfararlaga.

Frestur til að greiða stjórnvaldssektir er fjórar vikur nema annað sé sérstaklega ákveðið í hlutaðeigandi lagaákvæðum eða reglum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um fjárhæð og framkvæmd stjórnvaldssekta. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um vexti og kostnað ef stjórnvaldssekt er ekki greidd á eindaga svo og hver annar en sá sem stjórnvaldssekt er lögð á geti borið ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

41. gr.

Refsingar.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur ákvæðum III. kafla, 12. og 13. gr. IV. kafla, V. kafla, 20. og 22. gr. VI. kafla, 25.–27. gr. VII. kafla og 32. og 33. gr. IX. kafla laga þessara, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim skal sæta fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

42. gr.

Nú varðar meint lögbrot bæði stjórnvaldssektum skv. 40. gr. og refsingum skv. 41. gr. og metur Neytendastofa þá með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort mál skuli kært til lögreglu eða lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá Neytendastofu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Ákvæði IV. og VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Neytendastofu að kæra mál til lögreglu.

XII. KAFLI
Gildistaka.

43. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki, og með hliðsjón af tilskipun nr. 90/384/EBE um ósjálfvirkar vogir ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun nr. 71/316/EBE um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ásamt síðari breytingum og þeim tilskipunum sem af henni eru leiddar. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um mælitæki og innleiðingu á viðaukum framantalinna tilskipana að fenginni umsögn Neytendastofu.

44. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal innleiða nánari reglur um mælitækjaflokka sem taldir eru upp í tilskipun 2004/22/ESB, um mælitæki, sbr. 32. gr. laga þessara. Taki ráðherra ákvörðun við setningu reglugerðar skv. 1. málsl. um að setja ekki reglur um alla mælitækjaflokka sem taldir eru upp í tilskipuninni skal ákvörðunin rökstudd og send til Eftirlitsstofnunar EFTA. Hið sama gildir um mælitæki sem falla undir gildissvið tilskipunar 71/316/EBE.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 2006. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að setja á markað og taka í fyrstu notkun hér á landi mælitæki sem uppfylla kröfur fyrir 30. október 2006 á meðan gerðarviðurkenning þess heldur gildi sínu, þó eigi lengur en til 30. október 2016.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um mælingar eru nú í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992. Fyrsta lagasetning um mál og vog hér á landi var í Jónsbók frá 1281, en árið 1907 var metramál löggilt hér á landi með lögum nr. 33/1907. Árið 1915 voru sett lög um löggilta vigtarmenn. Árið 1917 voru svo sett lög nr. 78/1917, um mælitæki og vogaráhöld, sem tóku gildi 1. janúar 1919. Í 2. gr. þeirra laga var ákvæði um að skylt væri að setja á stofn löggildingarstofu undir umsjón stjórnarráðsins sem skyldi m.a. sjá um „stimplun og löggilding mælitækja og vogaráhalda, einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækjum og vogaráhöldum, verklegt eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum“. Löggildingarstofa, nú Neytendastofa, tók því til starfa í samræmi við ákvæði framangreindra laga 1. janúar 1919 og er ein af fyrstu stjórnsýslustofnunum sem stofnsettar voru eftir fullveldisstofnunina 1. desember 1918. Árið 1919 var svo birt fyrsta tilskipun Danakonungs um löggilt mælitæki og vogaráhöld. Árið 1925 var sett ný tilskipun konungs um mælitæki og vogaráhöld með vísan til laga nr. 13/1924, um mælitæki og vogaráhöld, og byggðist mælifræðilegt eftirlit hér á landi á henni og framangreindum lögum allt fram til gildistöku laga nr. 100/1992. Jafnframt voru á fyrstu áratugum síðustu aldar sett nokkur lög um sölu á eggjum, korni, kolum og síld eftir þyngd auk laga um að selja salt eftir vigt og um þyngd bakarabrauða. Árið 1949 voru sett lög um sölu á steinolíu, hráolíu, benzíni og smurningsolíu og var samkvæmt þeim skylt að selja slíkar vörur eftir löggiltri vigt eða mæli. Árið 1956 var t.d. sett reglugerð um löggildingu og eftirlit með olíu- og benzíndælum og árið 1980 var sett reglugerð um mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði en um nánari fróðleik varðandi sögu lögmælifræði hér á landi verður þó að vísa að öðru leyti til íslenskrar réttarsögu.

Metrakerfinu var komið á í París 1799 með því að setja í geymslu tvo platínumæligrunna fyrir metrann og kílógrammið. Metrakerfið var undanfari alþjóðlega einingakerfisins – SI-kerfisins, en það stendur fyrir frönsku orðin Système International. Frá því að viðskipti tóku að þróast hefur mælifræði því gegnt lykilhlutverki í því að skapa traust í viðskiptum jafnt í innanlands- og milliríkjaviðskiptum. Viðskipti milli landa hafa stöðugt farið vaxandi, m.a. vegna ýmiss konar fjölþjóðlegra viðskiptasamninga, svo sem EES-samningsins, samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og GATT og GATS-samninganna o.fl. Í Evrópu nútímans er mælt og vegið fyrir verðmæti meira en 1% af landsframleiðslu (e. GDP) með efnahagslegum ávinningi 2–7% af landsframleiðslu. Mælifræði er því löngu orðin eðlilegur og nauðsynlegur hluti daglegs lífs.

Í kjölfar þeirrar alþjóðavæðingar viðskipta, sem að framan er lýst, hefur þörf fyrir samstarf á sviði mælifræði og gagnkvæmar viðurkenningar farið vaxandi. Forsenda þess er að hér á landi séu virt grundvallaratriði alþjóðasamþykkta á sviði mælifræði, svo sem um mælitæki, mælingar o.fl. sem ætlað er að skapa traust í viðskiptum milli landa. Frumvarpi þessu er ætlað að mæta þessum þörfum.

Frumvarpið er með nokkuð öðru sniði en gildandi lög um vog, mál og faggildingu. Helsta

ástæða þess er að á vettvangi Evrópusambandsins hefur nýlega verið samþykkt tilskipun nr. 2004/22/EB, um mælitæki, og ber að innleiða ákvæði hennar í íslensk lög eigi síðar en 30. apríl 2006. Eitt meginmarkmið þeirrar tilskipunar er að afnema allar tæknilegar viðskiptahindranir á milli aðildarríkja á EES-svæðinu varðandi viðskipti með mælitæki. Það er gert með því að í reglum ESB eru skilgreindar þær grunnkröfur sem slík mælitæki þurfa að uppfylla. Það er svo á ábyrgð framleiðenda mælitækjanna að tryggja að þau mælitæki sem framleidd eru séu í samræmi við grunnkröfurnar. Til að tryggja samræmingu í eftirliti og samræmismati hefur ESB einnig sett ákvæði sem eiga að tryggja samræmdar kröfur að þessu leyti, sbr. ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. CE-merkið og hið sérgreinda græna M-merki sem krafist er fyrir mælitæki sérstaklega eru því yfirlýsing framleiðanda um að mælitækið uppfylli grunnkröfur. Þær breytingar sem felast í framangreindri tilskipun ESB um framleiðslu og markaðssetningu mælitækja gera einnig kröfu til þess að aðildarríkjum á EES-svæðinu er gert skylt að taka upp *markaðseftirlit* með mælitækjum. Í því felst að eftirlitsstjórnvaldi á sviði mælifræði í hverju aðildarríki fyrir sig – en því hlutverki gegnir Neytendastofa á Íslandi – ber að hafa eftirlit hér landi með því að eingöngu séu markaðssett og seld mælitæki sem uppfylla þær grunnkröfur sem tilskipanir ESB kveða á um og jafnframt hafa verið innleiddar í íslenskan rétt í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Við samningu þessa frumvarps var höfð hliðsjón af ákvæðum tilskipunar 2004/22/EB. Í frumvarpinu er þar af leiðandi í fyrsta sinn fjallað um sölu og markaðssetningu mælitækja í III. kafla, sbr. ákvæði tilskipunarinnar, en ákvæði um þetta efni voru ekki í lögum nr. 100/1992.

Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið, hlutverk og stjórnsýslu Neytendastofu og eru þau nákvæmari en sambærileg ákvæði í núgildandi lögum. Þá eru ýmsar skilgreiningar sem nú er að finna í frumvarpinu nýjar og nauðsynlegar m.a. vegna ákvæða Evrópuréttarins og væntanlegra reglugerða sem þarf að setja vegna ákvæða tilskipunarinnar á grundvelli þessa frumvarps.

II. kafli fjallar um mælieiningar og mæligrunna og er hann að mörgu leyti sambærilegur gildandi ákvæðum í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, en ákvæði kaflans eru þó gerð fyllri en gert var við setningu núgildandi laga um sama efni.

Í III. kafla eru sem fyrr segir ákvæði um sölu og markaðssetningu mælitækja sem byggjast á ákvæðum tilskipunarinnar og þeirri meginreglu hennar að ekki megi hindra viðskipti með mælitæki enda uppfylli þau grunnkröfur sem tilskipunin kveður á um.

Í IV. kafla er fjallað um notkun mælitækja og auk þess staðfest sú meginregla sem nú er að finna í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að það er á ábyrgð eiganda mælitækis að þau mælitæki sem hann er að nota og eru eftirlitsskyld skuli færð til skoðunar eða reglubundinnar löggildingar. Auk þess er í frumvarpinu að finna nýmæli þar sem fjallað er um samræmismat með greinarbetri hætti en áður hefur verið gert í íslenskum lagareglum á sviði mælifræði. Það er m.a. nauðsynlegt vegna þess að í sífellt meira mæli er kveðið á um slíkar aðferðir í tilskipunum ESB og íslenskri löggjöf þar sem ákvæði Evrópuréttarins eru innleidd hér á landi.

Í V. kafla er fjallað um niðurstöður mælinga og mikilvægi þess að viðskiptavinir sjái og geti lesið niðurstöður mælinga ef þeir eru viðstaddir vigtun. Í þessum kafla eru einnig ákvæði um merkingar sem skylt er að fara eftir ef framleiðendur forpakkaðrar vöru kjósa að notfæra sér þær aðferðir sem þar er kveðið á um. Þessar reglur gilda þegar neytendur eru ekki viðstaddir mælingu vörunnar.

Í VI. kafla er fjallað um framkvæmd eftirlits. Ákvæði frumvarpsins eru ítarlegri en ákvæði gildandi laga sem m.a. er nauðsynlegt vegna þess að meiri reynsla hefur fengist af því að fela einkaaðilum á markaði framkvæmd eftirlits. Áfram er á því byggt að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlits í eins miklum mæli og unnt er.

VII. kafli geymir ákvæði um löggilta vigtarmenn. Ákvæði hans hafa verið skýrð og gerð fyllri með tilliti til reynslu af framkvæmd laga nr. 100/1992.

Í VIII. kafla eru ákvæði um faggilta kvörðunarþjónustu. Í núgildandi lögum, nr. 100/1992, er ekki að finna ákvæði um þetta efni en um langt árabil hefur Neytendastofa veitt þjónustu á þessu sviði.

Ósennilegt er að einkafyrirtæki hasli sér völl á þessu sviði og veiti slíka þjónustu vegna smæðar markaðarins. Miðað við núverandi aðstæður á hinum íslenska markaði er eðlilegt að Neytendastofa hagnýti mæligrunna sína í þágu atvinnulífsins og veiti innlendum aðilum aðgang að mæligrunnum og kvörðunarþjónustu hér á landi. Hér er að sjálfsögðu miðað við að slíkur rekstur sé innan skynsamlegra hagkvæmnismarka og er æskilegt að Neytendastofa hafi ríkt samráð við aðila í atvinnulífi varðandi uppbyggingu á slíkri þjónustu hér á landi. Tilgangurinn er fyrst og fremst að mæta ákveðnum grunnþörfum atvinnulífsins. Eðlilegt er einnig að þeir sem notfæra sér kvörðunarþjónustu Neytendastofu og fá þar mælitæki sín kvörðuð greiði fyrir þá þjónustu sem veitt er. Neytendastofa skal því taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Jafnframt er í frumvarpinu afmarkað með skýrum hætti hvaða kostnaðarliðir skulu vera grundvöllur fyrir gjaldskrá Neytendastofu vegna kvörðunarþjónustunnar.

IX. kafli fjallar um eftirlitsgjald sem ætlað er að standa undir þeim stjórnsýslukostnaði sem fylgir framkvæmd ákvæða þessa frumvarps. Við ákvörðun á fjárhæð gjaldsins hefur verið byggt á kostnaðargreiningu á því eftirliti sem nauðsynlegt er að starfrækja.

X. kafli fjallar um fagráð atvinnulífsins og Neytendastofu en það er nýmæli. Það er staðreynd að málefni mælifræðinnar hafa verið lítt þekkt eða kynnt hér á landi. Alþjóðavæðing íslensks viðskiptalífs er þó orðin staðreynd og kröfur aukast sífellt varðandi gæði og eftirlit með framleiðslu fyrirtækja. Mikilvægt er því að tryggja samstarf milli Neytendastofu og ýmissa aðila í atvinnulífinu sem hafa verulega hagsmuni af því að þekkja og hagnýta sér mælifræði í starfsemi sinni og einnig er mikilvægt að hafa samstarf við fulltrúa neytenda. Fagráðið getur veitt mikilvæga leiðsögn og aðstoð varðandi nauðsynlega uppbyggingu á kvörðunarþjónustu sem það telur hagkvæmt að byggja upp hér á landi á hverjum tíma.

XI. kafli frumvarpsins um viðurlög er nákvæmari en sambærileg ákvæði í núgildandi lögum, nr. 100/1992. Mælt er fyrir um víðtækar en jafnframt nauðsynlegar heimildir Neytendastofu til að gera kröfur um úrbætur, banna sölu framleiðsluvara og mælitækja og innkalla þau, afturkalla leyfi og viðurkenningar, leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir, þegar það á við. Sambærileg ákvæði eru einnig í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Loks skal þess getið að í frumvarpi þessu eru ekki ákvæði um faggildingu eins og nú er að finna í 11.–13. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Um faggildingarstarfsemi vísast til frumvarps um faggildingu o.fl. sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið þessa frumvarps er eins og segir í 1. mgr. að tryggt sé að hér á landi hafi mælifræðin þá umgjörð að hún njóti fullnægjandi trausts bæði á Íslandi og einnig alþjóðlega. Mælifræðikerfið er samsett úr fjölmörgum þáttum, svo sem réttri notkun á alþjóðlegum

mælieiningum, það tryggir aðgengi að nauðsynlegum landsmæligrunnum fyrir þær mælieiningar sem íslenskt athafnalíf krefst á hverjum tíma þar sem rekjanleiki er tryggður á alþjóðlegan og viðurkenndan hátt. Lög og reglur sem á hverjum tíma gilda um mælingar og mælitæki eru einnig mikilvægur þáttur í mælifræðikerfinu.

Í 2. mgr. segir að með frumvarpinu skuli stuðla að réttum og nákvæmum mælingum. Þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um hvort kröfur skuli gerðar til mælinga og mælitækja þarf að meta þjóðhagslega þýðingu þess að gerðar séu kröfur að þessu leyti. Í sumum tilvikum er þó ekki hægt að beita hagfræðilegum mælikvörðum þegar lög eða reglur gera kröfur varðandi mælingar og nákvæmni þeirra. Þetta á einkum við þegar reglur eru settar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna, t.d. gagnvart mælingum sem geta verið grundvöllur refsinga, svo sem sekta eða jafnvel fangelsisdóma, eða þegar slíkar reglur eru settar til þess að vernda líf, heilsu og aðra sambærilega verndarhagsmuni sem erfitt er að leggja verðmat á.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna.

Mælifræði er almennt greind í þrjú meginsvið, þ.e. *vísindalega* mælifræði, *hagnýta* mælifræði (einnig nefnd mælifræði *iðnaðarins*) og *lögmælifræði*. Gildissvið laga þessara tekur til ýmissa atriða á sviði mælifræði er varða tvö síðastnefndu svið hennar, þ.e. mælifræði iðnaðarins og lögmælifræði (e. industrial metrology og legal metrology).

Hér á eftir er að finna nokkur atriði sem skýra nánar inntak og viðfangsefni mælifræði iðnaðarins annars vegar og lögmælifræðinnar hins vegar.

Í *iðnaði* hefur *hagnýt* mælifræði mikil áhrif á vinnu og gæði framleiðslu. Fyrirtæki sem starfa við margs konar framleiðslu hafa brýna hagsmuni af því að geta sýnt fram á *rekjanleika* og nákvæmni þeirra mælinga sem notaðar eru í framleiðsluferli þeirra. Aukin áhersla á gæðastjórnun og sífellt vaxandi kröfur frá viðskiptaaðilum hafa á síðustu árum ýtt verulega undir þessa þróun. Þörf til þess að geta sýnt fram á rekjanleika mælinga er ekki einungis fyrir hendi hjá fyrirtækjunum heldur er sambærilega þörf einnig að finna hjá ýmsum opinberum aðilum sem reka rannsóknastofur eða sinna opinberu eftirliti.

Annar meginþáttur í gildissviði frumvarpsins snýr að *lögmælifræði*. Lögmælifræði hefur að meginmarkmiði að framfylgja lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Tilgangur laga og reglna sem eru mælifræðilegs eðlis er að tryggja *réttmæta viðskiptahætti* og vernda hinn almenna borgara gegn fölsun eða röngum mælingum í viðskiptum og setja almennar kröfur um *öryggi* neytenda, þ.m.t. *réttaröryggi* þeirra, svo og til verndar *heilsu* og *umhverfi*.

Löggjafinn ákveður hvaða mælitæki skuli falla undir lagaskyldur um mælifræðilegt eftirlit. Þegar krafa er gerð að lögum um notkun slíkra mælitækja eru almenningi tryggðar mælingar sem eru ávallt réttar, óháð kunnáttu þess sem framkvæmir mælinguna hverju sinni á mælitækinu. Einnig á að vera unnt að treysta því að frávik fari aldrei út fyrir lögákveðin mörk á því tímabili sem löggilding tækisins er í gildi.

Algengasta yfirlýsing framleiðenda um að mælitæki uppfylli allar kröfur er CE-merkið. Eftirlitsstjórnvöldum á sviði lögmælifræði, þ.e. Neytendastofu á Íslandi, er svo falið að hafa með höndum *markaðseftirlit* og grípa til aðgerða ef inn á markaðinn berast mælitæki sem ekki uppfylla kröfur laga og staðla um gerð og samræmi mælitækisins við grunnkröfur sem þar koma fram. Þessi aðferð kemur í veg fyrir að einstök ríki geti beitt tæknilegum viðskiptahindrunum og frjálst flæði á slíkum mælitækjum á EES-markaðinum er því tryggt með þessum hætti.

Á grundvelli EES-samningsins hefur Ísland nú undirgengist skuldbindingar til þess að gera kröfur um CE-merkingar, samræmismat o.s.frv. á grundvelli ákvæða í tilskipunum ESB.

Þetta nýja kerfi hefur því leyst af hólmi marga þá eftirlitsþætti sem Löggildingarstofa, nú Neytendastofa, hafði áður umsjón með. Samtímis hefur eftirlit þó ekki verið fellt niður heldur hefur það nú tekið ýmsum grundvallarbreytingum. Þessar breytingar sem hér hefur verið drepið á endurspeglast m.a. í ákvæðum þessa frumvarps.

Eftirlit stjórnvalda tekur ekki aðeins til eftirlits með nýjum mælitækjum sem koma á markaðinn heldur er þeim einnig falið að hafa eftirlit með því að mælitæki sem eru *í notkun* haldi áfram að mæla rétt og réttar mælingar tækjanna séu staðfestar með svonefndri löggildingu. Almennt er það á ábyrgð eigenda mælitækja að tryggja að endurlöggilding fari fram og ekki séu notuð tæki þar sem löggilding er útrunnin. Á Íslandi hefur framkvæmd eftirlitsins verið falin einkareknum skoðunarstofum sem annast löggildingu mælitækja í umboði Neytendastofu.

Af ákvæði 2. gr. er ljóst að gildissvið þessa frumvarps er rúmt og tekur það til allra aðstæðna sem hafa þýðingu fyrir mælingar og niðurstöður mælinga sem gerðar eru eða notaðar í íslenskri efnahagslögsögu. Jafnframt tekur frumvarp þetta til löggildingar vigtarmanna. Mælingar sem gerðar eru til „persónulegra nota“ falla þó utan gildissviðs frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í mælifræði og faggildingu eru notuð margvísleg sérfræðileg hugtök. Nauðsynlegt er að í frumvarpi þessu séu öll helstu hugtök á þessu sviði skilgreind. Skilgreiningarnar eru samhljóða skilgreiningum í skjölum alþjóðamælifræðistofnana þar sem þær eru til. Aðrar skilgreiningar eru í samræmi við viðurkennda notkun hliðstæðra hugtaka.

Eftirfarandi athugasemdir eru til frekari skýringa á lagatextanum:

Faggilding: Skilgreiningin styðst við ÍST EN ISO/IEC 17000: 2004.

Faggilt kvörðunarþjónusta: Skilgreiningin er að mestu byggð á alþjóðlegri skilgreiningu en að nokkru leyti aðlöguð að notkun hugtaksins í þessu frumvarpi.

Gerðarviðurkenning (e. type approval) er ákvörðun sem er réttarheimild og jafnframt vottun byggð á prófunarskýrslu.

Löggilding mælitækis: Skilgreiningin er að nokkru leyti aðlöguð notkun þessa hugtaks í frumvarpinu.

Löggilding vigtarmanns: Skilgreiningin er í samræmi við langa lagahefð um löggildingu vigtarmanna hér á landi.

Samræmismat (e. conformity assessment): Skilgreining þessi er samhljóða sambærilegri skilgreiningu í frumvarpi til laga um faggildingu og styðst við ÍST EN ISO/IEC 17000: 2004.

Skoðun (e. inspection): Skilgreiningin styðst við ÍST EN ISO/IEC 17000: 2004.

Undireining (e. sub-assembly) er hér skilgreint með sama hætti og samsvarandi hugtak er þýtt í tilskipun 2004/22/EB, um mælitæki.

Yfireftirlit: Hugtakið kemur einnig fram í öðrum lögum, t.d. lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Á undanförnum árum hefur faggiltum aðilum sem starfa í einkageiranum í sífellt meira mæli verið falin skoðun og nauðsynlegt eftirlit á ýmsum sviðum. Hins vegar er það í verkahring eftirlitsstjórnvaldsins að hafa yfireftirlit með þeim eftirlitsverkum sem unnin eru í umboði þess.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Neytendastofa heyrir undir viðskiptaráðherra sem jafnframt fer með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu. Neytendastofa annast dagleg störf og stjórnsýslu samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps í umboði ráðherra.

Hlutverk Neytendastofu er einkum á sviði stjórnsýslu en í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar. Í a-lið segir að Neytendastofa annist töku stjórnvaldsákvarðana og kveði upp stjórnvaldsúrskurði á grundvelli ákvæða þessa frumvarps sem og sérlaga þar sem henni kann að vera falin framkvæmd og eftirlit. Skv. b-lið ákvæðisins skal Neytendastofa veita stjórnvöldum, og öðrum eftir því sem við getur átt, ráðgjöf um mælifræðileg málefni, veita umsagnir um mæligrunna og reglur stjórnvalda á sviði mælinga og lögmælifræði og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á sviði mælifræði.

Í c-lið kemur fram að eitt af meginhlutverkum Neytendastofu samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps er að vera stjórnvald á sviði mælifræði og gegna hlutverki sem mælifræðistofnun landsins og þar með að annast umsjón þeirra mæligrunna sem ákveðið er að hún skuli hafa umsjón með og nauðsynlegt er að séu tiltækir hér á landi vegna ákvæða laga eða þarfa atvinnulífsins og veita kvörðunarþjónustu, sbr. VIII. kafla. Af framangreindu leiðir að hjá stofnuninni er að finna sérhæft starfslið sem hefur sérþekkingu á mælifræðilegum málefnum sem mikilvægt er að önnur stjórnvöld, neytendur og atvinnulífið hafi greiðan aðgang að.

Samkvæmt d-lið skal Neytendastofa einnig hafa yfireftirlit með framkvæmd mælifræðilegs eftirlits samkvæmt frumvarpinu og þeim reglum sem kunna að verða settar á grundvelli þess. Í því felst m.a. að annast samræmingu eftirlits og annast yfireftirlit með þeim eftirlitsverkefnum sem einkaaðilar framkvæma í umboði Neytendastofu. Á undanförnum árum hefur stefna stjórnvalda verið að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlitsverkefna í eins ríkum mæli og unnt er. Yfirleitt er þetta gert með því að krafist er faggildingar til þeirra eftirlitsstarfa sem þannig eru falin einkaaðilum en með faggildingu er tryggð hæfni þeirra einstaklinga eða fyrirtækja til þess að stunda þau eftirlitsstörf sem þeim eru falin hverju sinni. Neytendastofa hefur þannig frá árinu 1997 falið einkaaðila að annast löggildingar m.a. á vogum og bensíndælum í umboði hennar. Þrátt fyrir að einkaaðilum sé falin framkvæmdin þá hvílir ávallt á eftirlitsstjórnvaldinu sú skylda að annast yfireftirlit á því sviði sem þannig hefur verið framselt til einkaaðila, taka stjórnsýsluákvarðanir o.s.frv.

Samkvæmt e-lið er það hlutverk Neytendastofu að annast löggildingu vigtarmanna eins og verið hefur, sbr. nánar um það í VII. kafla. Löggiltir vigtarmenn hafa um langt skeið gegnt þýðingarmiklu hlutverki ekki síst varðandi vigtun sjávarafla. Í þessu frumvarpi eru lagðar til miklar breytingar á þeim reglum sem gilda um löggildingu vigtarmanna, bæði til að gera störf þeirra sjálfstæðari og jafnframt er að finna ákvæði um fullgilt vottorð (25. gr.).

Í f-lið er kveðið á um að Neytendastofa skuli vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni. Mikilvægt hlutverk Neytendastofu er að tryggja að fullt traust sé til mælinga og mælitækja. Það verður ekki gert nema með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, t.d. í norrænu samstarfi, á vettvangi OIML (Alþjóða lögmælifræðistofnunin) og á vettvangi Evrópusambandsins.

Loks ber Neytendastofu skv. g-lið að tryggja gott samstarf við alla þá aðila sem hér á landi fást við verkefni á sviði mælifræði. Mælifræðileg málefni eru um margt flókin en jafnframt mikilvæg fyrir samkeppnishæfni og réttaröryggi og því eðlilegt að kveðið sé á um það að stofnunin tryggi samstarf við þá sem þurfa á sérþekkingu hennar að halda þegar eftir því er leitað en einnig ekki síður t.d. með upplýsingaveitu um heimasíðu, fræðsluerindum, samstarfi við háskóla, o.s.frv.

Af framansögðu er ljóst að hlutverk Neytendastofu á sviði mælifræði er margþætt. Frumvarp þetta skýrir betur en áður var gert það hlutverk.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að á Íslandi skuli notað alþjóðlega SI-einingakerfið eins og það er skilgreint af Almenna þinginu fyrir vog og mál (CGPM).

Í 2. mgr. er tekið fram að viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða að notaðar séu mælieiningar sem eru utan alþjóðlega einingakerfisins. Til dæmis gæti það komið upp að á tilteknu sviði þyrfti að velja aðra mælieiningu en almennar reglur gera ráð fyrir. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að veita samþykki fyrir slíkri notkun á mælieiningum sem falla utan hins alþjóðlega kerfis.

Um 6. gr.

Hér segir að Neytendastofa skuli halda mæligrunna. Hún er því í reynd mælifræðistofnun Íslands og m.a. ætlað að veita stjórnvöldum svo og öðrum sem til hennar leita ráðgjöf um mælifræðileg málefni.

Í 1. mgr. er tekið fram að öll mælitæki sem notuð eru til lögboðinna mælinga og eftirlits og ákvörðunar stjórnvalda eða dómstóla á viðurlögum eða sá búnaður sem notaður er til löggildingar þessara mælitækja skuli kvarða með *rekjanlegum* kvörðunum af faggiltum aðilum.

Í 2. mgr. segir að Neytendastofa skuli annast öflun og viðhald rekjanlegra mæligrunna vegna mælitækja skv. 1. mgr. en það geta verið mælingar sem varða réttaröryggi borgaranna og eru grundvöllur fyrir stjórnvaldssektum eða öðrum refsiviðurlögum sem dómstólar beita. Eigi hún ekki til slíka mæligrunna ber henni samkvæmt ákvæðinu að hafa milligöngu um að afla aðgangs að slíkum mæligrunnum hafi öðrum aðilum ekki verið falið það í sérlögum. Það getur hún t.d. gert með samningi við aðrar mælifræðistofnanir.

Þessi málsgrein felur einnig í sér opnari heimild en áður var í lögum nr. 100/1992 um það hvert rekjanleikinn er sóttur en þar sagði í 4. gr.: „Landsmæligrunnarnir skulu vera grundvöllur allra annarra mæligrunna hér á landi og kvörðunarvottorða.“ Þessi heimild er eðlileg í dag þegar eitt viðurkennt mælifræðikerfi nær um allan heim. Þrátt fyrir það þarf eitt mælifræðistjórnvald að vera samræmingaraðili og fylgjast með að krafan um réttar og rekjanlegar mælingar sé uppfyllt við lögboðnar mælingar og eftirlit og gæta þannig hagsmuna borgaranna.

Vegna lögboðins mælifræðilegs eftirlits eru til mæligrunnar fyrir eftirtalin fagsvið mælifræðinnar:

a. massa og tengdar stærðir;
b. rafmagn;
c. lengd;
d. tíma og tíðni;
e. rennsli og rúmmál.

Auk þess er til mæligrunnur fyrir hitamælingar. Lögboðið eftirlit er einnig til með jónandi geislum, sbr. sérlög um Geislavarnir ríkisins en varðveisla og umsjón þess mæligrunnar er hjá því sérstjórnvaldi enda getur verið eðlilegt og hagkvæmt að fela öðrum sérstjórnvöldum umsjón og viðhald mæligrunna á slíkum sérsviðum. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir slíku.

Stjórnvaldið verður ávallt að huga sérstaklega að því þegar ákvörðun er tekin um öflun og viðhald mæligrunna hvort nauðsynlegt og framkvæmanlegt er fyrir lítið ríki sem Ísland að hafa þá aðgengilega hér á landi.

Neytendastofa sem gegnir hlutverki mælifræðistofnunar, sbr. 4. gr. frumvarpsins, mun því í reynd halda áfram að eiga og varðveita flesta þá mæligrunna sem hér er vísað til og stofnunin hefur eignast á undanförnum árum. Miklar kröfur eru gerðar til húsnæðis fyrir mælifræði

og því er hagkvæmt að vista sem flesta grunna á einum stað en þannig fæst einnig ákveðin hagræðing við notkun þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. er Neytendastofu jafnframt heimilt að eiga og viðhalda öðrum rekjanlegum mæligrunnum en þeim sem beinlínis eru nauðsynlegir vegna lögboðins eftirlits, sbr. 1. og 2. mgr., enda sé um að ræða mæligrunna sem teljast mikilvægir til þess að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir faggilta kvörðunarþjónustu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

Vakin skal athygli á að atvinnulífinu er frjálst að eiga slík viðskipti þar sem það er hagkvæmast.

Um 7. gr.

Í þessari grein segir að Neytendastofa ákveði með hliðsjón af gildandi lögum á hverjum tíma, að fenginni umsögn fagráðs, sbr. 35. gr., og í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti fyrir hvaða mælifræðisvið stofnunin telur rétt að halda rekjanlega mæligrunna hér á landi. Í þessu sambandi mun Neytendastofa að sjálfsögðu taka mið af þeim lögum sem gilda hér á landi hverju sinni og gera kröfu til þess að mælitæki séu löggilt eða á annan hátt tryggt að hafi vottorð um rekjanleika til viðhlítandi mæligrunna lögum samkvæmt. Jafnframt getur Neytendastofa mælt með því að gerðir verði samningar við erlend ríki sem geti tryggt rekjanleika.

Neytendastofa birtir upplýsingar um hvar rekjanlegir mæligrunnar eru vistaðir en mögulegt er að það verði víðar en hjá Neytendastofu. Þannig geta þeir sem óska kvörðunarþjónustu séð á aðgengilegan hátt hvort hana er að finna hér á landi.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar er almennt ákvæði um kröfur um sölu og markaðssetningu mælitækja. Tekur ákvæðið til allra mælitækja sem seld eru og markaðssett hér á landi óháð því hvort nánari kröfur eru gerðar til þeirra. Ákvæðið tekur bæði til sölu nýrra og notaðra mælitækja og á við þegar tæki eru tekin til fyrstu notkunar hér á landi.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði um viðskipti kaupanda og seljanda mælitækis sem fer í öllum meginatriðum eftir ákvæðum kauparéttarins, sbr. lög nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Þegar um er að ræða mælitæki nægir hins vegar ekki alltaf að sala og markaðssetning á mælitæki uppfylli eingöngu reglur kauparéttarins um hvaða eiginleika kaupandi má ætla að mælitækið hafi. Hér verður einnig að hafa í huga að eiginleikar mælitækisins skipta máli ef það á að skapa fullnægjandi traust til mælinga og mælitækja almennt eins og að er stefnt með ákvæðum þessa frumvarps, sbr. 1. gr., og reglna settra samkvæmt þeim. Á sviði Evrópuréttarins er einnig að finna ítarlegar reglur sem varða sölu og markaðssetningu mælitækja sem jafnframt verður að horfa til eftir því sem við getur átt, sbr. ákvæði í tilskipun 2004/22/EB svo og reglna, laga eða reglugerða sem settar eru með stoð í ákvæðum þeirrar tilskipunar, sbr. einnig tilskipun nr. 384/1990/EBE, um ósjálfvirkar vogir, og loks hina eldri mælitækjatilskipun, nr. 71/316/EBE, og sértilskipanir um mælitæki og forpakkaða vöru sem af henni eru leiddar.

Reynist mælitæki ekki uppfylla þær kröfur sem kaupandi með réttu mátti ætla að notkun þess taki til og þann mælifræðilega tilgang sem það er keypt til telst tækið gallað í skilningi þessarar greinar svo og í almennum skilningi kauparéttarins og ákvæða laga um lausafjárkaup.

Meginreglan er sú að ekki er talið að mælitæki þurfi að uppfylla ítarlegri kröfur nema að slíkar kröfur komi fram og liggi fyrir í reglugerðum og öðrum reglum stjórnvalda. Það er því á verk- og valdsviði stjórnvalda hverju sinni að ákveða hvort og hvenær rétt er að gera nánari og ítarlegri kröfur til mælitækja og er ákveðið með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Algengast er þó að slíkar reglur séu settar vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland er aðili

að. Í reynd fer þetta mat því yfirleitt fram í samstarfi þjóða á alþjóðavettvangi, t.d. á vettvangi ESB eða OIML. Tilskipunin um mælitæki nr. 2004/22/EB er valfrjáls í þeim skilningi að hún er heildarsamræmd en þó er hverju aðildarríki heimilt að ákveða hvort setja eigi reglur um einhver þeirra tækja sem falla undir þá tilskipun. Vilji ráðherra setja reglur um viðkomandi mælitækjaflokk skal innleiða reglurnar sem eru í viðkomandi viðauka um slík mælitæki en sé ekki mælt fyrir um slíkar reglur skal tilkynna ESA ástæður þess.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til þess þegar mælitæki er tekið til fyrstu notkunar hér landi án þess að það hafi átt sér stað eiginleg markaðssetning á tækinu, t.d. þegar tækið er keypt beint frá framleiðanda og sett upp á notkunarstað. Það er í samræmi við ákvæði í 6. gr. tilskipunar 2004/22/EB.

Við nánari afmörkun og ákvörðun hverju sinni um hvort setja skuli nánari kröfur í reglugerð á grundvelli þessarar greinar verður einnig að líta til gildissviðs þessa frumvarps eins og það er nánar afmarkað í 2. gr.

Nauðsynlegt er að árétta að nú þegar eru í gildi ýmiss konar reglur um gerð og markaðssetningu mælitækja. Rétt þykir því að gefa hér stutt yfirlit um gildandi reglur á þessu sviði.

Þær reglugerðir er nú gilda hér á landi á grundvelli laga nr. 100/1992 eru eftirfarandi:

Reglugerð nr. 139/1994, um rennslismæla fyrir kalt vatn.

Reglugerð nr. 615/2000, um heitavatnsmæla.

Reglugerð nr. 138/1994, um raforkumæla.

Reglugerð nr. 612/2000, um breyting á reglugerð nr. 138 frá 28. febrúar 1994 um raforkumæla.

Reglugerð nr. 140/1994, um rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.

Reglugerð nr. 141/1994, um viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn.

Reglugerð nr. 142/1994, um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn, sbr. reglugerð nr. 198/2003 um breytingu á reglugerð nr. 142/1994 um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.

Reglugerð nr. 781/2002, um sjálfvirkar vogir.

Reglugerð nr. 135/1994, um lengdarmælingar.

Reglugerð nr. 129/1994, um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit.

Reglugerð nr. 130/1994, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki.

Reglugerð nr. 136/1994 um lóð frá 1 mg–50 kg í hærri nákvæmnisflokkum.

Reglugerð nr. 137/1994 um 5–50 kg rétthyrningslaga lóð og 1–10 kg sívöl lóð í millinákvæmnisflokki.

Reglugerð nr. 616/2000 um ósjálfvirkar vogir.

Þegar kemur að nánari innleiðingu á hinni nýju tilskipun ESB nr. 2004/22/EB, um mælitæki, 1. nóvember 2006 er þess að vænta að nær allar framangreindar reglugerðir verði numdar úr gildi. Það á þó ekki við um reglugerð nr. 129/1994, um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, og reglugerð nr. 130/1994, um gildistöku tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og viðauka við hana verður þó áfram gerðar kröfur til mælitækja sem þar eru talin upp en um er að ræða að mestu leyti þau sömu mælitæki sem kveðið er á um í framangreindum reglugerðum. Til viðbótar er þó þar einnig að finna ákvæði er varða grunnkröfur og eftirlit til mælitækja í leigubifreiðum og munu þau tæki því væntanlega bætast við þegar innlend reglugerð verður sett sem miðar að því að setja í íslenskan rétt ákvæði framangreindrar tilskipunar ESB.

Í 2. mgr. er tekið fram að ábyrgðin á því að mælitæki sem hér á landi eru markaðssett uppfylli ákvæði laga hvílir á framleiðendum, seljendum og dreifingaraðilum. Skilgreining á framangreindum hugtökum er að finna í tilskipunum ESB svo og ýmsum lögum sem innleiða

slíkar tilskipanir hér á landi. Í reynd tekur framleiðandi á sig ábyrgð á því að vörur sem hann framleiðir uppfylli grunnkröfur laga og reglna settra samkvæmt þeim. CE-merking hans er jafnframt staðfesting og yfirlýsing um að mælitækið uppfylli allar grunnkröfur tilskipana og reglna settra samkvæmt þeim. Kaupendur geta þó ávallt beint kröfum sínum til seljanda eða dreifingaraðila sem verður þá að gæta hagsmuna sinna gagnvart framleiðanda í samræmi við almennar reglur einkamálaréttarins.

Um 9. gr.

Í gildandi lög, nr. 100/1992, skortir ákvæði sem kveða beinlínis á um heimildir stjórnvaldsins til að gera kröfu um merkingar mælitækja. Samkvæmt eldri löggjöf var ávallt við það miðað að þau tæki sem máli skiptu og féllu undir eftirlitssvið stjórnvalda skyldu hvert og eitt vera löggilt eða samþykkt fyrir fram af stjórnvaldinu til fyrstu notkunar.

Eitt af lykilatriðum í myndun sameiginlegs innri markaðar í Evrópu var að afnema allar tæknilegar hindranir í viðskiptum á milli ríkja sem aðild eiga að þessum markaði. Í framkvæmd þýðir það að í stórauknum mæli taka framleiðendur vöru, þ.m.t. mælitækja, að sér að framleiða tæki sem uppfylla allar grunnkröfur tilskipana um mælitæki. Því til staðfestingar setja þeir á vöruna CE-merki og sérstakt grænt M-merki ef um mælitæki er að ræða. Með hliðsjón af framangreindri þróun er nú nauðsynlegt að skýr ákvæði séu í löggjöf um eftirlit með mælitækjum um merkingar. Í þessari grein er því veitt almenn heimild til að setja nánari reglur um merkingu mælitækja. Slíkt ákvæði er m.a. nauðsynlegt til þess að unnt sé að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt ákvæðum í EES-samningnum.

Merkingar geta einnig haft áhrif á að skapa fullnægjandi traust til mælitækja. Til dæmis gæti verið raunhæft að gera kröfu um að mælitæki sem ekki má nota til ákveðinna mælinga eigi að merkja sérstaklega. Auk þess verður að huga að því hvort ástæða þykir til þess að setja reglur er sýni á skýran hátt að mælitæki sem ekki hafa enn fengið fyrstu löggildingu séu merkt á viðhlítandi hátt þannig að ljóst sé að þau uppfylli allar kröfur sem gerðar eru að þessu leyti samkvæmt kröfum tilskipana, laga og reglna settra samkvæmt þeim. Það er því mikilvægt að ákvæði um merkingar feli í sér almenna heimild til að setja reglur um merkingar mælitækja eins og hér er lagt til.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglur um samræmismat (e. conformity assessment), sbr. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins. Skal ráðherra samkvæmt ákvæðinu setja nánari reglur um samræmismat mælitækja og prófanir til að sýna fram á að kröfur skv. 1. mgr. 8. gr. séu uppfylltar. Það getur farið eftir gerð mælitækis hvaða aðferðum er unnt að beita við samræmismatið hverju sinni. Mismunandi aðferðir geta því gilt um mismunandi tegundir tækja. Í ýmsum tilvikum er yfirlýsing framleiðanda mælitækis fullnægjandi. Í öðrum tilvikum getur verið að reglur geri það að skyldu að þetta mat sé framkvæmt af óháðum þriðja aðila, t.d. með tæknilegu eftirliti eða gerðarviðurkenningu um að mælitækið uppfylli allar grunnkröfur þeirrar tilskipunar sem það fellur undir svo og laga og reglna sem innleiða slík ákvæði í rétt aðildarríkja á EES-svæðinu og megi því taka tækið til fyrstu notkunar og setja á hinn sameiginlega innri markað í Evrópu. Nánari ákvæði um samræmismat og hvernig það skuli fara fram er að finna í tilskipunum ESB. Samkvæmt slíkum ákvæðum er ætlast til þess að beitt sé einni eða fleiri af þeim aðferðareiningum sem er lýst í ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins, og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. Neytendastofa, og önnur stjórnvöld ef það á við, mun því hafa að öllu leyti hliðsjón af ákvæðum

í tilskipunum að þessu leyti þegar nánari reglur verða settar á grundvelli þessa ákvæðis.

Í 2. mgr. er kveðið á um að samræmismati skuli lokið og það sannanlega skrásett áður en mælitæki er boðið til sölu, eða það tekið í fyrstu notkun.

Í 3. mgr. er að finna undanþáguákvæði sem nauðsynlegt er að setja vegna undanþáguákvæðis um sama efni í 8. gr. (5) í tilskipun ESB nr. 2004/22/EB, um mælitæki. Neytendastofa getur þá sett skilyrði fyrir undanþágunni, svo sem að auðkenna beri tækið sérstaklega til þess að ekki sé hætta á að það fari í notkun án samræmismats, enda ber það þá hvorki CE-merkið né M-táknið sem mælitæki eiga að hafa þegar þau fara í notkun.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um gildistíma og niðurfellingu samræmismats fyrir mælitæki. Í tilskipunum ESB er ekki alltaf mælt fyrir með almennum hætti hversu lengi samræmismat skuli gilda. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að Neytendastofa eins og önnur sambærileg stjórnvöld á EES-svæðinu hafi heimild til að takmarka gildistíma vottorða þegar aðstæður krefjast þess. Vottorð um samræmismat eru gefin út af framleiðanda og tilkynntum aðila þegar aðferðareiningar (e. modules) fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins mæla svo fyrir um, sbr. ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE. Þegar framleiðandi gefur út slíkt vottorð nefnist það *samræmisyfirlýsing* en annars eru þessi vottorð nefnd *EB-gerðarprófunarvottorð*. Framangreind vottorð eru gefin út og byggjast á ákvæðum í ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE, svo og á ákvæðum í tilskipun 2004/22/EB, um mælitæki, og viðaukum hennar svo og sértilskipunum sem gilda um ýmsar gerðir mælitækja, þegar það á við. Í framangreindum EB- gerðum er kveðið á um birtingarhátt eða öllu heldur gagnkvæma upplýsingagjöf um útgáfu vottorða um gerðarviðurkenningu. Vottorð um samræmismat fylgja hins vegar sérhverju mælitæki og er það á ábyrgð söluaðila og eiganda að geta sýnt eftirlitsstjórnvaldi vottorð um samræmismat fyrir hlutaðeigandi tæki.

Í 1. mgr. er kveðið á um að samræmismat geti fallið úr gildi áður en gildistími þess rennur út. Samræmismat getur þannig fallið úr gildi þegar ljóst er að þær kröfur sem gerðar voru til tækisins og samræmismatið er byggt á eru ekki uppfylltar eða þeim er áfátt. Neytendastofa getur einnig birt viðvaranir og tilkynningar um þessi efni á heimasíðu sinni. Jafnvel gæti verið nóg að senda ákveðnum markhópi slíka tilkynningu ef það er mat stjórnvaldsins að það sé fullnægjandi, t.d til framleiðanda eða dreifingaraðila, o.s.frv.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að þegar samræmismat hefur verið fellt úr gildi skv. 1. mgr. sé óheimilt að bjóða viðkomandi mælitæki til sölu eða selja það hér á landi að liðnum hæfilegum fresti. Í þeim tilvikum þar sem áframhaldandi sala á viðkomandi mælitækjum er talin geta haft víðtæk samfélagsleg áhrif getur viðskiptaráðuneytið að fenginni tillögu Neytendastofu ákveðið að samræmismatið skuli þegar falla úr gildi.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um mælitæki í notkun og segir þar að eigandi mælitækis, eða ábyrgðaraðili ef það á við, beri ábyrgð á að mælitæki í notkun uppfylli ávallt þær reglur sem kveðið er á um í lögum og reglum settum samkvæmt þeim og sé einnig ábyrgur fyrir greiðslu eftirlitsgjalds skv. ákvæði IX. kafla um eftirlitsgjald.

Meginregla samkvæmt framansögðu er að ábyrgð er hjá eiganda mælitækis en ýmis atvik eða aðstæður geta leitt til þess að í einstökum tilvikum hafi annar aðili í reynd tekið á sig framangreinda ábyrgð á mælitækinu. Þannig getur t.d. verslunarstjóri borið ábyrgð samkvæmt gæðareglum stórverslunar á því að hafa umsjón með endurlöggildingum á mælitækj-

um hennar. Auk þess getur mælitækið hafa verið keypt á rekstrarleigu eða með fjármögnunarsamningi. Í þeim tilvikum er það í reynd ekki fjármögnunarfyrirtækið sem kann að vera formlegur eigandi tækisins sem ber ábyrgð á því að endurlöggilding fari fram heldur leigutakinn sem jafnframt er rekstraraðili mælitækisins. Ákvæði greinarinnar miðar þannig að því að gera alveg skýrt hvaða aðilar bera ábyrgð á því að mælitæki í notkun uppfylli ávallt þær reglur sem lög og reglugerðir gera kröfu um á hverjum tíma.

Um 13. gr.

Í III. kafla er að finna ákvæði um gerð mælitækja sem sett eru á markað . Til viðbótar við slík ákvæði getur verið nauðsynlegt að setja ýmiss konar nánari og ítarlegri kröfur um notkun mælitækja með sama hætti og gert er samkvæmt gildandi lögum til mælitækja og mælinga, einkum af tilliti til þeirra sem hafa hagsmuni af mælingum hverju sinni.

Samkvæmt 1. mgr. getur ráðherra kveðið á um það í reglugerð að ákveðin mælitæki skuli við notkun uppfylla ítarlegri kröfur en almennt eru gerðar til mælitækja. Þá er Neytendastofu falið að setja reglur um þær kröfur sem gilda skulu fyrir slík mælitæki. Meginkrafa lögmælifræðinnar til mælitækja í notkun varðar jafnan mestu leyfilegu frávik frá réttu gildi og í tilskipunum um mælitæki eru þessar kröfur settar fram. Neytendastofa getur einnig sett reglur um notkunarsvið mælitækja, auk þess sem stofnunin getur kveðið á um hvaða kröfur skuli gerðar til notkunar, uppsetningar, viðhalds og umhverfis mælitækja og annars sem getur haft áhrif á niðurstöður mælinga.

Í 5. gr. laga nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, er að finna lagaheimild varðandi hvaða mælitæki skuli vera eftirlitsskyld hér á landi. Á grundvelli greinarinnar hafa verið gefnar út eftirtaldar reglugerðir um löggildingar mælitækja:

1. Reglugerð nr. 604/2000, um löggildingu heitavatnsmæla.
2. Reglugerð nr. 329/2004, um löggildingu raforkumæla.
3. Reglugerð nr. 355/1997, um löggildingu rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn.
4. Reglugerð nr. 794/2002, um löggildingu sjálfvirkra voga.
5. Reglugerð nr. 793/2002, um löggildingu ósjálfvirkra voga.
6. Reglugerð nr. 608/2000, um vínmál og löggildingu þeirra.

Framangreind lagaheimild er allvíðtæk og í reynd hefur ákvæðið aðeins gilt um þau mælitæki þar sem nánari reglur hafa verið ákveðnar í reglugerð, sbr. framangreinda upptalningu.

Á grundvelli þessarar greinar frumvarpsins er stjórnvaldinu ætlað að setja nánari reglur um mælitæki í notkun eins og hingað til hefur tíðkast. Til að tryggja nauðsynlegt traust til niðurstöðu mælinga getur Neytendastofa sett nánari almennari reglur eða sérstök fyrirmæli um kröfur til eiginleika mælitækja í notkun.

Það getur stundum verið rétt að gerðar séu kröfur t.d. um uppsetningu og viðhald, notkun, aðstæður og framsetningu á niðurstöðu mælingar.

Í 3. málsl. 1. mgr. er að finna heimild til að setja reglur um nákvæmnisflokka mælitækja en þá er haft í huga að mælingar eru miskrefjandi fyrir mælitæki, svo sem vigtun á gulli. Þessi heimild er ekki samræmd innan ESB samkvæmt nýrri tilskipun um mælitæki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að eftirlitsskyld mælitæki önnur en þau sem getið er um í 1. mgr. skuli eigi að síður uppfylla þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til mælitækis sem er á sama stað, ef unnt er að nota mælitækin í sama tilgangi. Á þetta ákvæði getur reynt ef í sama húsrými eru tvö tæki sem nota á í mismunandi tilgangi. Til dæmis getur verið gerð krafa um að nota CE-merkta vog í nákvæmnisflokki III til að vigta fólk í heilsugæslu. Í sama húsrými er svo önnur vog sem ekki er ætluð til að nota við vigtun fólks heldur t.d. aðföng. Þá verður síðarnefnda vogin að uppfylla a.m.k. almennar kröfur til voga samkvæmt hlutaðeigandi

reglugerð. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að farið sé á svig við gildandi reglur og reynt sé að villa um fyrir lögbundnu eftirliti með tækjunum eða á annan hátt að skapa vantraust til mælinga sem gerðar eru hjá hlutaðeigandi aðila og umráðamanni mælitækisins.

Loks er kveðið á um það í 3. mgr. að Neytendastofa skuli birta á aðgengilegan hátt og uppfæra reglulega nánari upplýsingar um hvaða mælitæki eru eftirlitsskyld samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda hér á landi. Það er í raun eðlileg krafa um upplýsingaskyldu stjórnvaldsins enda ekki gert ráð fyrir því eins og segir framar í athugasemdum við þessa grein að slíka upptalningu sé að finna í þessu ákvæði frumvarpsins.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um staðfestingu á að mælitæki uppfylli skilyrði laga og reglna og eru til þess þrjár aðferðir fyrir mælitæki og sérstakt ákvæði fyrir forpakkaða vöru. Meginreglan varðandi eftirlit með mælitækjum í notkun er að eigandi mælitækis sér um að það vinni rétt og uppfylli reglur og hann kaupir þjónustu frá viðhalds- og þjónustuaðilum sem og þeim sem hafa rétt til þess að staðfesta slíkt fyrir hönd stjórnvalda. Stjórnvaldið getur síðan komið hvenær sem er til þess að ganga úr skugga um að farið hafi verið að reglunum.

Löggilding er upphaflega stjórnvaldsviðurkenning á mælitækinu. Þessi viðurkenning hefur yfirleitt haft takmarkaðan gildistíma og reglur yfirleitt mælt fyrir um að endurnýjun á viðurkenningunni skuli fara fram með reglubundnum hætti. Þessi aðgerð hefur verið nefnd endurlöggilding mælitækis. Þegar gert er við tæki er einnig skylt samkvæmt gildandi reglum að láta endurskoða mælitækið þar sem að löggildingin gildir ekki lengur þó að tímabil hennar sé ekki útrunnið. Á undanförnum árum hefur löggilding verið að víkja fyrir öðrum og nýrri aðferðum sem eiga að tryggja að allar kröfur tilskipana séu uppfylltar þannig að heimilt sé að bjóða mælitækið til sölu, markaðssetja það eða taka til fyrstu notkunar án þess að stjórnvöld þurfi að veita viðurkenningu eða löggildingu á sérhverju mælitæki. Þrátt fyrir þetta eru yfirleitt gerðar kröfur um að slík mælitæki haldi áfram að mæla rétt. Þess vegna er að finna í löggjöf flestra ríkja reglur sem mæla fyrir um að slíkt eftirlit sé haft með mælitækjum í notkun þar sem stjórnvöld telja ástæðu til að láta sérstakar kröfur gilda um mælitæki.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá aðferð við staðfestingu sem nær einvörðungu hefur verið notuð fram að þessu. Þetta er hin hefðbundna löggilding á hverju einstöku mælitæki. Til þess að eigendur geti vitað hvort mælitæki er löggildingarskylt er kveðið á um að listi yfir slíka flokka mælitækja verði birtur á aðgengilegan hátt a.m.k. á heimasíðu Neytendastofu.

Í 2. mgr. er það nýmæli að gæðakerfi eða önnur tilhögun innra eftirlits verði tekið gilt í stað löggildingar. Til þess þarf þó samþykki Neytendastofu enda má telja eðlilegt að umsækjandi leggi fram gögn um með hvaða hætti innra eftirlit fari fram, hvernig tækin verði merkt, hve oft verði fylgst með þeim o.fl. Þetta er gert til þess að koma til móts við aðila sem lagt hafa metnað og vinnu í að setja upp gæðakerfi sem oftar en ekki nær einnig til mælitækjanna og það væri því vantraust og sóun á verðmætum að krefjast löggildingar að auki.

Í 3. mgr. er heimild til þess að setja reglugerð um notkun úrtaks við eftirlit með safni mælitækja. Þetta er einkum notað við veitumæla sem eru rennslismælar fyrir heitt og kalt vatn og raforkumælar. Væntanlega bætast varmaorkumælar í þennan hóp. Neytendastofa hefur þegar gert reglur um löggildingu og framlengingu á útivist mæla á grundvelli úrtaksprófana í samráði við Samorku og sparar það fyrirkomulag mikið fé. Þessar reglur skulu byggjast á stöðlum um úrtaksskoðanir og alþjóðlega viðurkenndum reglum um hvernig stöðlunum skuli beitt. Ekki hafa enn verið settar samhæfðar reglur um slíkar úrtaksskoðanir innan ESB en finna má góðar fyrirmyndir hjá nokkrum aðildarríkjanna og vinnuhópar samtaka um lögmælifræði eins og OIML eru að vinna að slíkum reglum.

Í 4. mgr. er ákvæði um eftirlit með magni í forpakkningum á markaði. Það fer fram með sýnatöku, mælingum og tölfræðilegri úrvinnslu og er það í samræmi við tilskipanir ESB um sama efni sem þegar hafa verið innleiddar hér á landi með reglugerðum nr. 131/1994 og 133/1994.

Í 5. mgr. er ákvæði um eftirlit með pökkunaraðilum sem einnig er í samræmi við tilskipanir ESB um sama efni en þar er þess einnig krafist að löggilt mælitæki séu notuð við pökkun eða gæðatryggingu hennar en sú gæðatrygging lýtur tölfræðilegum lögmálum.

Í 6. mgr. er heimild fyrir ráðherra til þess að setja reglugerðir um framkvæmd þessara ólíku aðferða við eftirlit með mælitækjum og forpakkaðri vöru. Slíkar reglugerðir eru ekki byggðar á tilskipunum og eru ekki samhæfðar innan EES því að tilskipanir ná yfirleitt aðeins fram til þess tíma þegar vara er markaðssett en ná ekki til notkunar mælitækja.

Um V. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um tilgreiningu á niðurstöðum mælinga og magn forpakkaðrar vöru. Áður en vikið er að sérstökum athugasemdum um efni 15. og 16. gr. þykir rétt að gefa örstutt yfirlit yfir hvaða reglur gilda um þetta efni og helstu ástæður þess að löggjafinn hefur sett reglur m.a. um tilgreiningu á niðurstöðum mælinga.

Gildandi réttur.

Í tengslum við EES-samninginn hafa verið felldar inn í íslenskan rétt þrjár ESB-tilskipanir um forpakkaðar vörur. Þær hafa verið innleiddar í íslenska rétt á grundvelli þeirra lagaheimilda sem nú er að finna í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sbr. reglugerð nr. 131/1994, um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva, reglugerð nr. 132/1994, um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur, og reglugerð nr. 133/1994, um tilgreinda vigt eða rúmmál forpakkaðrar vöru, en síðastnefnda reglugerðin kveður meðal annarra atriða á um svonefndar e-merkingar á forpökkuðum vörum.

Í reglugerð nr. 133/1994 er að finna ákvæði um hversu mikið frávik megi vera frá þeirri þyngd sem tilgreind er á pakkningunni og þeirri raunverulegu þyngd sem mælist að innihald hennar hafi svo að leyfilegt sé að merkja pakkninguna með litla bókstafnum e en þetta merki er eins konar stimpill (viðurkenning) stjórnvalda sem á að sanna og sýna hvert sé þyngdarinnihaldið í pakkningunni. Framleiðandi eða sá sem pakkar vörum ákveður sjálfur hvort hann vilji notfæra sér þessa aðferð og setja e-merki á pakkningarnar.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem er sambærilegt við ákvæði í 7. gr. gildandi laga, nr. 100/1992. Það er almenn og réttlát krafa að viðskiptamenn sem eru viðstaddir mælingu, t.d. við búðarkassa o.s.frv., geti greinilega séð þegar mæling fer fram og jafnframt lesið á auðveldan hátt mæliniðurstöðuna.

Í 2. mgr. er kveðið á um aðgang að gögnum vegna sjálfvirkra mælinga. Þessar aðstæður eru fyrir hendi í síauknum mæli vegna tækni- og tölvuvæðingar nútímasamfélags. Sjálfvirkar mælingar eru þá notaðar til þess að auka öryggi og spara launakostnað. Hér getur verið um að ræða vog fyrir ökutæki, fjarálestur af raforkumælum í heimahúsi, mæling skrefatalningar á símanotkun eða mæling á niðurhali gagna af netinu sem greitt er fyrir eftir magni svo að dæmi séu tekin. Í þessum tilvikum er neytandinn ekki vitni að mælingunni og þarf að geta fengið aðgang að gögnum um mælinguna og hið sama á við um eftirlitsaðilann.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um leyfilegt frávik, rétt og skyldur pökkunaraðila, magnstærðir og tilgreiningu á magni forpakkaðrar vöru sem leyfilegt er að selja.

Æskilegt er að Neytendastofa kynni vel fyrir aðilum í atvinnulífinu, ekki síst íslenskum iðnfyrirtækjum sem forpakka vörum, hversu mikið hagræði kann að vera í því fólgið að fyrirtæki notfæri sér heimild til forpakkningar á vörum með tilheyrandi e-merkingu. Það getur stuðlað að betri nýtingu á framleiðsluvörunum og aukið framlegð hjá fyrirtækjum sem ekki notfæra sér slíka tækni og eru e.t.v. að yfirpakka í forpakkningar sínar til þess að tryggja sig gagnvart hugsanlegum skaðabótakröfum frá viðskiptavinum sínum.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að setja reglur um mesta leyfilega frávik þegar vara er seld eftir magni. Þetta er heimild fyrir innleiðingu tilskipana um forpakkaðar vörur en þær leyfa e-merkingu á pakkningum sem halda sig innan við tilgreind vikmörk frá meðalgildi sem er jafnt því magni sem á vöruna er prentað.

Í 2. mgr. er heimild til að setja reglur um rétt og skyldur þeirra sem pakka slíkri vöru. Þessir pökkunaraðilar munu þurfa að sækja um viðurkenningu á pökkunarkerfi sínu til Neytendastofu og einnig vera háðir reglubundnu eftirliti, sbr. 5. mgr. 14. gr. Pökkunaraðilar sem ætla að e-merkja forpakkaðar vörur í samræmi við gildandi reglugerðir skulu sækja um leyfi til Neytendastofu. Neytendastofa annast árlegt eftirlit með pökkunaraðferðum og kannar jafnframt forpakkaða vöru á markaði. Loks er í málsgreininni heimilt að leyfa aðeins sérstakar magnstærðir en mikilvægi slíks ákvæðis hefur minnkað eftir að í öðrum lögum hefur verið gert skylt að merkja vörur með einingaverði.

Um 17. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að fela framkvæmd þessa eftirlits öðrum aðilum, t.d. einkaaðilum sem teljast hæfir til að annast slíkt eftirlit.

Löggildingareftirlit hefur á seinni árum í auknum mæli snúist um að hafa eftirlit með því að eigendur og vörslumenn eftirlitsskyldra mælitækja sinni þeirri lagaskyldu sinni að láta endurlöggilda mælitækin með reglubundnu millibili í samræmi við reglur sem gilda um mælitæki hvert á sínu sviði.

Eftirlit samkvæmt ákvæðum í hinu nýja frumvarpi hefur víðari merkingu en „löggilding“ eins og það hugtak var notað í eldri löggjöf og áður hefur verið rakið. Eftirlit samkvæmt þessum kafla nær bæði til löggildingar og annarra aðferða sem heimildir eru fyrir í 14. gr. sem staðfesta að mælitæki uppfylli kröfur eða að magn í forpakkningum sé rétt sem og til almenns eftirlits á að þetta hafi verið gert og að aðrar kröfur laga og reglna á sviði mælitækja og mælinga séu í raun uppfylltar. Auk þessa nær eftirlitið einnig til markaðseftirlits með nýjum mælitækjum, sbr. III. kafla þessa frumvarps.

Þeir sem vilja starfa í umboði stjórnvalda verða að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur. Í fyrsta lagi verða þeir að hafa fullnægjandi sérþekkingu og hæfni til að geta framkvæmt eftirlitsverkefni sem þeim eru falin. Í framkvæmd er bæði rétt og eðlilegt að gerð sé krafa um að slíkir aðilar hafi hlotið faggildingu til sinna starfa að eftirliti. Ekki má heldur vera hætta á því að vegna hagsmunaárekstra séu störf þeirra dregin í efa. Þess vegna er það gert að skilyrði að þessir aðilar hafi sérþekkingu og séu óháðir í sínum störfum gagnvart þeim aðilum sem þeir hafa eftirlit með. Rétt er að undirstrika að það er aðeins framkvæmdin sjálf á eftirlitinu sem stjórnvöld geta falið öðrum. Ábyrgðin á því að eftirlit sé haft með lögum og reglum settum samkvæmt þeim mun alltaf vera hjá stjórnvaldinu. Í frumvarpinu og þessu ákvæði er hins vegar ekki að finna nákvæmar reglur eða lýsingu á því hvernig þetta eftirlit skuli framkvæmt.

Hér verður það að vera háð mati stjórnvaldsins hvernig best og hagkvæmast er að framkvæma eftirlit.

Eftirlit þýðir meðal annars að athugun er framkvæmd á aðstæðum sem fyrir fram er ljóst að falli undir gildissvið þessa frumvarps, t.d. á starfsstöð þar sem vitað er að mælingar eru framkvæmdar. Hlutverk eftirlitsins er þó einnig að kanna hvort í raun sé stunduð starfsemi þar sem framkvæmdir eru hlutir sem eiga að vera undir eftirliti samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Í 2. málsl. 1. mgr. er skýrt kveðið á um að stjórnvaldinu sé heimilt að fela öðrum aðila að framkvæma eftirlitið en þessi stefna hefur verið notuð á undanförnum árum, þ.e. að einkaaðilum sé falin framkvæmd eftirlits þegar það er unnt. Á grundvelli reglugerðar nr. 648/2000, um starfshætti þeirra sem annast löggildingar í umboði Löggildingarstofu, hefur Neytendastofa beitt þessari aðferð.

Unnt er að fela bæði opinberum sem og einkaaðilum eftirlitsverkefni. Þegar slík verkefni eru falin öðrum aðilum verður að gera þá almennu kröfu að hlutaðeigandi hafi yfir að ráða nægilegri sérþekkingu og hæfni á viðkomandi sviði. Auk þess er gerð sú krafa að slíkir aðilar séu óháðir í sínum störfum. Ekki eru settar nánari reglur um þetta en til hliðsjónar má t.d. hafa þá staðla sem gilda fyrir skoðunarstofur. Á grundvelli þessa ákvæðis getur Neytendastofa sett nánari reglur og skilyrði fyrir því að öðrum aðilum sé falið að framkvæma eftirlit í umboði hennar en slíkt skilyrði getur verið faggilding eftirlitsaðila. Reynsla undangenginna ára hefur þó sýnt að ekki er alltaf hægt að gera slíka kröfu því að stofnkostnaður vegna faggildingar er oft mikill. Þetta hefur verið að breytast og mikilvægt er að áfram sé unnið að því markmiði að allir aðilar sem taka að sér slík störf hafi hlotið faggildingu til sinna starfa. Það tryggir einnig öryggi og áreiðanleika í framkvæmd eftirlits sem þannig er falin aðilum á einkamarkaði.

Í 2. mgr. er tekið fram að ákvæði þessa kafla um framkvæmd eftirlits og yfireftirlit Neytendastofu eigi jafnframt við þá sem fengið hafa umboð hennar til að starfa að eftirliti. Það þýðir m.a. að slíkir aðilar eiga rétt á óhindruðu aðgengi að öllum starfsstöðvum, rétt til upplýsinga og annarrar aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins frá eftirlitsskyldum aðila. Í ákvæðinu er þó jafnframt tekið fram að Neytendastofa getur takmarkað slíkan rétt þeirra sem starfa í hennar umboði, t.d. gæti það átt við ef umboðsaðilinn er að framkvæma sérhæft verkefni þar sem ljóst er að hann þarf ekki öll þau réttindi sem kveðið er á um í þessum kafla.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um að gjaldskrá þeirra aðila sem Neytendastofa felur framkvæmd mælifræðilegs eftirlits skuli vera opinber. Eigendur mælitækja sem eru löggildingarskyld geta ekki valið hvort þeir njóti þjónustu þeirra aðila sem framkvæma mælifræðilegt eftirlit samkvæmt þessari grein heldur ber þeim lagaskylda til að löggilda mælitæki þegar lög og reglur stjórnvalda mæla fyrir um það. Eðlilegt er því að þeir einkaaðilar sem taka að sér framkvæmd löggildingar og veita þessa þjónustu birti opinberlega gjaldskrá sína þar sem verð á löggildingu mælitækja kemur skýrt fram. Í ákvæðinu er tekið fram að ef einungis einn aðili er á hlutaðeigandi markaði sé ráðherra heimilt að setja gjaldskrá varðandi þá þjónustu sem hér um ræðir. Þetta ákvæði getur veitt nauðsynlegt aðhald við verðlagningu á þeirri þjónustu sem hér um ræðir ef engin samkeppni er varðandi löggildingu mælitækjanna. Þegar ekki ríkir samkeppni á tilteknum markaði á sviði þjónustu sem stjórnvöld gera kröfu til að sé sinnt í þágu almennings og viðskiptalífsins, eins og t.d. á við um ákvæði þessa frumvarps, þá er þetta ákvæði aðhald fyrir slíka aðila um að hafa sanngjarna og eðlilega gjaldskrá enda er hagsmunaaðilum sem verða fyrir eftirliti frjálst að leggja inn ábendingar og kvartanir til

stjórnvaldsins ef þeir telja ástæðu til. Mikilvægt er einnig að gegnsæi ríki varðandi greiðslur sem slík fyrirtæki krefjast þegar þau eru að framkvæma þjónustu í þágu opinbers eftirlits hér á landi.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um að Neytendastofa skuli hafa óhindraðan aðgang að öllum starfsstöðvum og innréttingum vegna framkvæmdar á eftirliti með ákvæðum frumvarpsins og reglum sem settar verða á grundvelli þess, verði það að lögum. Þessi aðgangur er ekki takmarkaður við staði sem fyrir fram er vitað að skuli sæta eftirliti og getur aðili því ekki neitað um aðgang á þeim forsendum að þar séu engin eftirlitsskyld tæki ef eftirlitsaðilinn telur líkur á að þar fari hugsanlega fram starfsemi sem líta þurfi nánar á. Þetta gætu m.a. verið skrifstofur, starfsemi sem snertir mælingar eða geymslurými þar sem vera kynnu hlutar mælitækja. Ekki er heldur takmarkaður sá tími sem velja má til eftirlits, en almennt skal þó gætt meðalhófs eins og stjórnsýslulög mæla fyrir um.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um rétt eftirlitsstjórnvalda til upplýsinga. Skv. 1. mgr. getur Neytendastofa krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við framkvæmd eftirlits. Þetta nær bæði til skriflegra og munnlegra upplýsinga, að skoða skjöl og fá menn í viðtal. Stjórnvaldið metur hve ítarlegar upplýsingarnar þurfa að vera. Meta skal þörfina og beitingu þessarar heimildar með hliðsjón af meðalhófs- og jafnræðisreglum stjórnsýslulaga. Upplýsingar skulu gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Það eru að sjálfsögðu takmörk fyrir því hvað eðlilegt er að krefjast mikillar fyrirhafnar af aðilum sem eiga ekki beina aðild að tilteknu máli og skal hér gætt meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Neytendastofa geti í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu framleiðenda, seljenda, dreifingaraðila, eigenda og umsjónarmanna mælitækja til að aðstoða við framkvæmd eftirlits. Í ýmsum tilvikum getur þurft að flytja til eða veita aðra aðstoð til að komast að mælitækjum sem eru til athugunar vegna eftirlits samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps eða reglna settra samkvæmt þeim. Þrátt fyrir að eftirlitsskyldir aðilar kunni að hafa kostnað af slíkum aðgerðum geta þeir ekki krafið Neytendastofu eða þann aðila sem annast eftirlit í umboði hennar um greiðslu kostnaðar sem hann kann að verða fyrir vegna framkvæmdar eftirlitsins. Til að komast hjá óþarfa kostnaði og umstangi er því mikilvægt að eftirlitsskyldir aðilar tryggi ávallt sem best aðgengi að þeim mælitækjum sem eru undir eftirliti samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.

Um 22. gr.

Á eftirlitsstjórnvöldum hvílir almennt þagnarskylda og svo gildir einnig samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Jafnframt tekur hún til þeirra aðila sem annast framkvæmd eftirlits í umboði þeirra, svo sem Neytendastofu.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Um 23. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði þess að einstaklingar geti hlotið löggildingu sem vigtarmenn. Ákvæði 1. mgr. eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum um þetta efni, sbr. lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Í 2. mgr. segir að vigtarmenn skuli hafa löggildingu Neytendastofu sem gefur út skírteini þeim til handa þegar þeir hafa lokið námskeiði og staðist prófkröfur í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Í gildandi rétti eru ákvæði sem gera kröfu um að vigtun skuli framkvæmd einungis af löggiltum vigtarmönnum varðandi vigtun sjávarafla og innvigtun sláturafurða. Ekkert er því til fyrirstöðu að stuðst verði við sambærilegt fyrirkomulag á öðrum sviðum stjórnsýslunnar ef stjórnvöld telja þörf á því að byggja upp traust á vigtun á öðrum sviðum atvinnulífsins en hingað til hefur verið gert. Synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Í 3. mgr. segir að löggilding vigtarmanns gildi í tíu ár en samkvæmt gildandi lögum er tímabil þetta 5 ár. Að þeim tíma liðnum þurfa vigtarmenn að sækja námskeið til endurnýjunar réttinda sinna. Við gerð frumvarpsins komu fram óskir hagsmunaaðila í atvinnulífinu um lengingu gildistímans.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli í lögum sem hefur þó verið tíðkað í framkvæmd um langt skeið. Á ýmsum smærri stöðum getur reynst erfitt að fá til starfa menn sem þegar hafa aflað sér löggildingar til að starfa að vigtun. Námskeið eru auk þess aðeins haldin tvisvar til þrisvar á ári eftir þörfum og að lágmarksfjöldi þátttakenda sé tryggður. Brýna nauðsyn getur borið til að einhver aðili á staðnum fái útgefna sér til handa bráðabirgðalöggildingu vegna vigtunar t.d. á sjávarafla sem skylt er að fela löggiltum vigtarmanni. Óhjákvæmilegt er því að í frumvarpinu sé að finna heimild til þess að bregðast við slíkum aðstæðum. Í þessari málsgrein er því að finna slíka undanþáguheimild svo og skilyrði sem setja skal þegar undanþága er veitt. Jafnframt er þess krafist að slíkar undanþágur séu aðeins veittar að fenginni umsögn þess sérstjórnvalds sem vigtun heyrir undir, t.d. mun því Fiskistofa veita umsögn um slíka umsókn ef um er að ræða vigtun sjávarafla, o.s.frv.

Loks er í 5. mgr. kveðið á um að ráðherra skuli setja nánari reglur um endurnýjun réttinda og starfshætti vigtarmanna.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að prófnefnd vigtarmanna skuli hafa umsjón með prófi til löggildingar vigtarmanna. Lagt er til að í prófnefnd eigi þrír menn sæti og skal ráðherra skipa hana til 5 ára í senn. Einn skal tilnefndur af Neytendastofu og annar af Fiskistofu, sem er það sérstjórnvald sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi menntun og löggildingu vigtarmanna eins og nú er. Formaður er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Samkvæmt gildandi lögum hefur öll framkvæmd þessara mála verið á hendi Neytendastofu. Það samræmist vart nútímakröfum til stjórnsýsluréttar að sami aðili skuli ákveða kröfur, annast námskeið, halda próf og veita löggildingu til starfa. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir öðru en að sú sérhæfða þekking til kennslu á námskeiðum verði áfram sótt til sérfræðinga á þessu sviði hjá Neytendastofu svo og til Fiskistofu eftir því sem við getur átt. Það mun verða hlutverk prófnefndar að skilgreina kröfur og skipuleggja framkvæmd námskeiðanna. Hún ákveður því og gerir tillögu um allar nánari reglur um prófkröfur, framkvæmd prófa og önnur skilyrði sem geta verið nauðsynleg vegna námskeiðs og prófa til löggildingar vigtarmanna. Prófnefnd ber einnig að taka tillit til þess að gætt sé ýtrustu hagkvæmnissjónarmiða varðandi framkvæmd og skipulagningu námskeiða. Gert er ráð fyrir því að ráðherra heimili að tekið sé gjald fyrir slík námskeið og próf. Gjald þetta skal miðast við þann kostnað sem af námskeiðum og fram-

kvæmd prófraunar hlýst, svo sem greiðslu kennslulauna, kostnað vegna námsgagna, húsnæðis- og stjórnunarkostnað, sem og annan útlagðan kostnað vegna námskeiðanna.

Í 2. mgr. segir að á grundvelli þess ramma sem ákveðinn er í reglugerð, sbr. 1. mgr., skuli einnig setja nánari reglur um útfærslu og framkvæmd námskeiða, t.d. hvort ákveðinn lágmarksfjölda þurfi til þess að unnt sé að halda námskeið, reglur um hvaða lágmarksárangri þátttakendur verða að ná í prófum til löggildingar og önnur atriði sem varða fyrirkomulag og framkvæmd námskeiða og prófa. Í ákvæðinu er prófnefnd einnig veitt heimild til þess að skipta upp námskeiði og eftirfarandi prófi til löggildingar vigtarmanna í tvo hluta, þ.e. A- og B-hluta. Á undanförnum árum hefur slík skipting tíðkast í framkvæmd án þess þó að í gildandi lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sé gert ráð fyrir slíkri tvískiptingu. Ástæða þess er sú að algengast er að þeir sem afla sér löggildingar til réttinda vigtarmanns starfi að vigtun sjávarafla. Í þeim tilvikum verða nemendur á námskeiðum að kynna sér ítarlega allar þær reglur og reglugerðir sem gilda um vigtun sjávarafla hér á landi. Nokkur eftirspurn, þó ekki mikil, hefur verið eftir því að aðrir sem fást við vigtun á vörum til neytenda, t.d. vigtarmenn hjá sandsölufyrirtækjum o.fl., hafi aflað sér réttinda sem löggiltir vigtarmenn. Þessir einstaklingar hafa hvorki þurft að fara yfir það námsefni né að taka próf í þeim þáttum námskeiðsins sem snýr að reglum og lögum sem gilda um vigtun sjávarfangs. Rétt þykir að frumvarp þetta geri áfram ráð fyrir því að unnt sé að skipuleggja námskeið og próf með þessum hætti en jafnframt er nauðsynlegt að slíkt fyrirkomulag eigi sér stoð í lögum sem um þetta réttindanám gilda. Hér er því lagt til að það sé á valdi og verksviði prófnefndar að útfæra þetta nánar í námskeiðslýsingum þar sem gert er ráð fyrir að réttindum verði skipt í A-hluta réttindi sem veiti full réttindi og þ.m.t. rétt til að vigta sjávarafla og hins vegar B-hluta réttindi sem þá munu ekki veita viðkomandi rétt til vigtunar sjávarafla nema hann bæti við sig þekkingu sem felst í þátttöku og prófi í A-hluta námskeiða sem prófnefnd skipuleggur og hefur umsjón með. Af framangreindu leiðir að Neytendastofa heldur svo skrá yfir alla þá sem fá löggildingu samkvæmt þeim reglum sem settar eru á grundvelli þessa ákvæðis, sbr. 23. gr.

Í 2. mgr. er loks kveðið á um heimild að skipa prófdómara til að endurskoða úrlausnir próftaka óski hann eftir því. Þetta ákvæði er sett til að tryggja nemendum möguleika á fá óháða endurskoðun á prófúrlausn sinni ef ástæða þykir.

Um 25. gr.

Í gildandi lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, og einnig í frumvarpi þessu, sbr. 27. gr., er kveðið á um sönnunargildi vottorða sem löggiltir vigtarmenn gefa út og staðfesta. Í gildandi rétti eru þó engin ákvæði sem kveða á um hvaða upplýsingar framangreind vottorð skuli innihalda að lágmarki. Í þessari grein er að finna nýmæli sem bætir úr því. Ljóst er af gildandi lögum að rétt útgefin vottorð eiga að vera sönnun um „þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið“. Undantekningarlaust innihalda vottorð sem gefin eru út hér á landi slíkar upplýsingar. Nauðsynlegt er þó að tryggja betur en nú er gert í lögum sönnunargildi þessara vottorða og tryggja að ákveðið samræmi sé í öllum útgefnum vottorðum á því hvaða lágmarksupplýsingar eigi að koma þar fram. Af þeirri ástæðu er nú lagt til að í kafla frumvarpsins um löggilta vigtarmenn komi ákvæði um þetta efni. Í þessu ákvæði er því gerð krafa um að í vottorðum komi fram nafn verkbeiðanda, dagsetning, staður, gildi töru, tilvísun til vogar sem notuð er, númer ökutækis þegar það á við svo og nafn löggilts vigtarmanns og undirritun hans svo og nafn þess lögaðila sem hann starfar hjá þegar það á við. Í því sambandi gildir einu hvort viðkomandi vigtarmaður er starfsmaður lögaðila eða tekur að sér vigtun sem verktaki enda eru mikilvægir hagsmunir því tengdir að þeir sem aðild eiga að við-

skiptunum geti kynnt sér hvort viðkomandi vigtarmaður starfar alfarið sjálfstætt að vigtun sem hann vottar. Loks er tekið fram að einnig skuli koma fram aðrar upplýsingar í vottorði löggilts vigtarmanns ef þess er krafist samkvæmt ákvæðum sérlaga eða reglna settra samkvæmt þeim. Dæmi um slíkar reglur er að finna í reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, og ber þá við vigtun á slíkum vörutegundum að taka tillit til þeirra sérkrafna sem hlutaðeigandi stjórnvöld gera hverju sinni.

Varðandi vigtun löggiltra vigtarmanna í umboði vinnuveitanda síns og sjónarmiða í því sambandi vísast að öðru leyti til ákvæða í 2. mgr. 27. gr. og umsagnar um þá grein frumvarpsins. Við undirbúning frumvarpsins óskaði Fiskistofa jafnframt eftir því að gerð yrði sú krafa að í vigtarvottorði kæmi fram gildi töru þegar það á við. Orðið tara hefur velþekkta merkingu og í reynd hefur þetta ákvæði þau áhrif að ef vigtun fer fram á farmi sem er á flutningstæki þá ber að skrá þyngd flutningstækisins. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 26. gr.

Í þessari grein er kveðið á um starfsskyldur löggiltra vigtarmanna. Starf þetta er mikilvægt trúnaðarstarf gagnvart kaupendum og seljendum þeirrar vöru sem þeir vigta hverju sinni og ekki síður gagnvart stjórnvöldum þegar um er að ræða vigtun sem þýðingu hefur einnig að lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Í 1. mgr. kemur fram að löggiltur vigtarmaður skuli bera ábyrgð á vigtun sem hann vottar „í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni“. Hér er því gerð sú krafa að starfshættir vigtarmanns fylgi svonefndum „bonus pater familias“ mælikvarða, þ.e. þeim mælikvarða sem almennt er notaður í skaðabótarétti þegar verið er að meta hvort einstaklingur hefur innt af hendi starfsskyldur sínar. Við mat á því hvort uppfyllt eru skilyrði þau sem hér er að finna bæri því að kanna hvort við vigtun hafi að öllu leyti verið framfylgt þeim reglum og starfsaðferðum sem „góður og gegn vigtarmaður“ mundi gera miðað við aðstæður hverju sinni. Komi í ljós að hann hafi brotið gegn framangreindum viðurkenndum starfsaðferðum, t.d. með því að vera fjarstaddur vigtun þar sem hann átti að vera viðstaddur, þá er það skýlaust brot á starfsskyldum. Í þeim tilvikum þegar vigtun fer fram með sjálfvirkum hætti eru skyldur hans m.a. að tryggja að búnaðurinn starfi allur rétt, stillingar og gagnasöfnun fari rétt fram o.s.frv. Það er því augljóst að framangreindur mælikvarði – eins og í skaðabótarétti – tekur mið af kringumstæðum hverju sinni og vigtarmenn fá fræðslu um á námskeiðum til löggildingar og öflunar starfsréttinda sinna. Ákvæði þetta er því vísiregla þar sem vísað er til þess að löggiltur vigtarmaður skal framkvæma störf sín í samræmi við viðurkennda og góða starfshætti. Auk þess verður að taka tillit til þess hvort sérreglur gilda um vigtun eða ekki, sbr. til að mynda ítarlegar reglur sem hér á landi gilda varðandi vigtun sjávarafla. Vigtarmaður skal því vera viðstaddur vigtun þegar það á við en í því felst að í samræmi við góða starfshætti hefur hann umsjón með þeim mælingum sem fram fara á hans ábyrgð og honum ber að votta með undirritun sinni á vigtarvottorð. Öll framangreind atriði verður einmitt í samræmi við framangreinda meginreglu um góðar starfsvenjur vigtarmanna að taka til athugunar og mats þegar meta skal hvort vigtarmaður teljist hafa brotið reglur um góða starfshætti samkvæmt ákvæðinu. Það er því á verksviði Neytendastofu og eftir atvikum í samráði við sérstjórnvöld, t.d. Fiskistofu, að meta hvort slík brot hafi verið framin og taka ákvörðun um hvort brot sé það alvarlegt að það varði sviptingu starfsréttinda og löggildingarinnar, sbr. 28. gr. Þess má geta að við undirbúning þessa frumvarps hefur talsverð umræða farið fram um hvort ekki sé hægt vegna t.d. nýrrar tækni o.fl. að falla frá kröfu um að vigtarmenn skuli vera viðstaddir þá vigtun sem þeir votta. Eftir ítarlega skoðun er það sameiginleg niðurstaða Neytendastofu

og Fiskistofu, sem er það sérstjórnvald sem gætir mikilvægra hagsmuna vegna vigtunar sjávarafla, að ekki sé unnt að falla frá slíkum kröfum. Framangreind krafa getur þó til dæmis leyft að vigtarmaður gæti talist vera viðstaddur ef hann fylgist með vigtun sem fram fer í gegnum sjónvarps- eða tölvuskjá. Hins vegar, ef slík tækni verður til að unnt sé að tryggja vigtun með sama hætti og gert er með því að áskilja að vigtarmaður sé viðstaddur vigtun, þá munu atvinnulífið og stjórnvöld taka upp slíkt kerfi sem þá mundi jafnframt gera vottun vigtarmanns óþarfa. Eins og málum er nú háttað er þó ekki þekkt neitt slíkt kerfi og auk þess er það ákvörðun sérstjórnvalda hverju sinni hvort þau vilja styðjast við það fyrirkomulag sem felst í því að fela löggiltum vigtarmönnum að tryggja sönnun fyrir því sem vegið er hverju sinni. Telji þau að þeim markmiðum verði náð með öðrum hætti er þeim að fullu frjálst að taka upp hvert það kerfi sem þau telja að sé fullnægjandi að þessu leyti. Þegar og ef það gerist mun það að sjálfsögðu leysa af hólmi mannshöndina og þar með gera störf löggiltra vigtarmanna óþörf. Þar til slíku tæknistigi verður náð er þó talið nauðsynlegt að tryggja áfram það eftirlit sem löggiltum vigtarmönnum er falið með vigtun sem jafnframt krefst almennt að þeir séu viðstaddir til þess að geta með fullnægjandi hætti vottað það sem krafist er af þeim hverju sinni.

Í 2. mgr. er vísað til sérlaga og einnig er þar kveðið á um erindisbréf er ráðherra setur um starfsskyldur löggiltra vigtarmanna. Í sérlögum og reglugerðum er oft að finna ítarlegar reglur um starfsskyldur vigtarmanna sem þeim ber að fara eftir við framkvæmd starfa sinna. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki frekari skýringa.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns sé sönnun um þyngd þess sem vegið er og hvað var vegið. Þetta ákvæði er breytt frá gildandi lögum, nr. 100/1992, en nú er kveðið á um að vottorð skuli vera fullgilt, sbr. 25. gr., um innihald þess og dregið er úr staðhæfingunni um að vottorðið sé full sönnun enda er það jafnan á valdi dómara að kveða upp úr um slíkt.

Í 1. mgr. er einnig að finna heimild til að stjórnsýslufyrirmæli tilgreini hvaða störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum. Hér er ekki vísað til ráðherra sérstaklega enda geta hin ýmsu ráðuneyti ákveðið að nýta sér það traust sem bera má til löggiltra vigtarmanna og fullgildra vottorða sem þeir gefa út. Í stjórnsýslunni í dag er að finna ákvæði um slíkar reglur sem settar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, sbr. reglugerð um vigtun sjávarafla. Sambærilegar reglur eru einnig um vigtun sláturfénaðar.

Í 2. mgr. er tekið fram að Neytendastofa skuli að fenginni umsögn fagráðs setja nánari reglur um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna. Þótt löggiltir vigtarmenn séu sýslunarmenn hafa þeir ekki á hendi lögbundna stjórnsýslu á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Þegar af þeirri ástæðu gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ekki um störf þeirra, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Þá telst útgáfa vottorðs um hlutlæga mælingu ekki stjórnvaldsákvörðun sem tekin er í skjóli framkvæmdarvalds. Eðli starfa löggiltra vigtarmanna er á hinn bóginn um sumt líkt lögbókandagerð þar sem um er að ræða staðfestingu sýslunarmanns á niðurstöðu hlutlægrar mælingar á þyngd þess sem vegið var og tilgreiningu á því sem vegið var. Öllum má þó vera ljóst að mikilvægt er að löggiltir vigtarmenn séu sjálfstæðir og óháðir í sínum störfum svo sem gildir til dæmis um vigtarmenn á hafnarvogum og fiskmörkuðum. Nauðsynlegt er að slíkt fyrirkomulag styrkist þannig að í framtíðinni verði löggiltir vigtarmenn ekki starfsmenn þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af niðurstöðu vigtunar. Auk þess er æskilegt að til verði sjálfstæð fyrirtæki sem sjá um vigtunina og eru óháð bæði seljanda og kaupanda varðandi niðurstöður vigtunarinnar sem fram fer hverju sinni. Varðandi hæfi vigtarmanna

hefur Fiskistofa lagt mikla áherslu á að hafnarvigtarmenn séu ávallt hlutlausir aðilar og hafi engin tengsl við aðila í sjávarútvegi sem eru til þess fallin að draga megi hlutleysi þeirra í efa. Þannig hefur Fiskistofa túlkað það svo að hafnarvigtarmenn geti ekki jafnframt starfað hjá fiskvinnslu, útgerð eða fiskmarkaði. Þá er tilefni til að benda á að fiskmarkaðir á Íslandi eru ekki í öllum tilvikum jafnhlutlausir og ætla má í fyrstu þar sem í einhverjum tilvikum eru það sömu aðilar sem stýra fiskmarkaði (stjórnarmenn/framkvæmdastjóri) og fiskvinnslu eða útgerð. Af þessum sökum er talið rétt að fela Neytendastofu að setja reglur um almennt og sérstakt hæfi vigtarmanna þar sem m.a. verði tiltekið hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna.

Um 28. gr.

Í þessu ákvæði er að finna reglur um sviptingu löggildingar löggilts vigtarmanns. Með hliðsjón af því um hversu mikilvægt trúnaðarstarf er að ræða er nauðsynlegt að hafa í lögum skýr ákvæði um hvernig með skuli farið ef einstaklingar sem hafa réttindi sem löggiltir vigtarmenn hafa brotið reglur sem um þessa starfsemi gilda.

Enda þótt hér sé veitt heimild til tafarlausrar sviptingar er hún ekki fortakslaus, enda skal gætt meðalhófs og annarra meginreglna stjórnsýslulaga, sbr. 1. mgr. Ef um er að ræða alvarleg ásetningsbrot sem varða við ákvæði XVII. kafla almennra hegningarlaga um skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn ber Neytendastofu að vísa slíkum málum áfram til lögreglu til frekari rannsóknar og meðferðar. Rétt þykir því að taka fram í þessu ákvæði að það þykir ekki við hæfi að einstaklingur sem er í þeirri stöðu að mál hans eru í rannsókn hjá lögreglu eða til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara geti samtímis setið námskeið til að afla sér réttinda að nýju. Hér er því kveðið á um að ef svo háttar til þá geti viðkomandi einstaklingur ekki skráð sig á námskeið og tekið próf að nýju fyrr en að tveimur árum liðnum frá dagsetningu úrskurðar um sviptingu réttinda hans sem löggilts vigtarmanns nema því aðeins að mál hans sé látið niður falla innan þess frests eða sakamáli á hendur honum ljúki með dómi eða dómsátt. Með hliðsjón af þeim refsiramma sem almennt er í XVII. kafla almennra hegningarlaga þykir hæfilegt að miða við að einstaklingur geti ekki sótt slíkt námskeið í tvö ár. Ef dómur gengi í slíku máli og viðkomandi yrði jafnframt beittur refsingu skv. 68. gr. almennra hegningarlaga gæti slíkur einstaklingur í sjálfu sér sótt námskeið og tekið próf að nýju en skv. 2. mgr. 23. gr. bæri að synja um löggildingu hans til starfsréttinda. Ákvörðun um leyfissviptingu er stjórnvaldsákvörðun sem jafnframt er rétt að unnt sé að kæra til æðra stjórnvalds. Í lögum um Neytendastofu, nr. 62/2005, er kveðið á um að unnt sé að skjóta þeim málum er lög ákveða til áfrýjunarnefndar neytendamála. Slíkar heimildir er nú þegar að finna m.a. í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Það er því í samræmi við framangreind lög að hafa kæruleið í málum er varða sviptingu starfsréttinda samkvæmt þessari grein til áfrýjunarnefndar neytendamála en ekki beint til viðskiptaráðuneytisins.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringa.

Um 29. gr.

Neytendastofa er mælifræðistofnun Íslands og af þeirri ástæðu eru í eigu hennar ýmsir mæligrunnar eins og rakið hefur verið m.a. í athugasemdum við 4. og 6. gr. Þessir mæligrunnar eru mikilvægir fyrir stjórnvöld sem setja reglur um ýmis mælifræðileg efni og eftirlit sem unnið er samkvæmt þessum reglum. Hins vegar er ljóst að ýmis hagnýt not má einnig hafa af þessum mæligrunnum fyrir ýmsa aðra aðila sem þurfa á því að halda að fá mælitæki

sín kvörðuð. Þetta gildir um aðila í viðskiptalífinu, rannsóknastofnanir o.fl. Á Íslandi er markaðurinn enn sem komið er afar lítill fyrir slík þjónustufyrirtæki og kostnaður talsverður fyrir þau að koma sér upp slíkum mæligrunnum. Það er því eðlilegt og hagkvæmt að framangreindir aðilar geti keypt aðgang að mæligrunnum Neytendastofu þegar þeir þurfa á því að halda í stað þess að senda mælitæki sín til útlanda til kvörðunar. Í mörgum tilvikum er einnig ekki unnt að senda mælitæki til útlanda til kvörðunar en það á t.d. við um viðkvæmar vogir o.fl. Hér er því kveðið á um að Neytendastofu sé heimilt að veita slíka kvörðunarþjónustu. Komi einkaaðilar á þennan markað sem hér er um rætt gilda almennar reglur samkeppnisréttarins, m.a. um fjárhagslegan aðskilnað.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni er Neytendastofu veitt heimild til að taka gjald fyrir faggilta kvörðunarþjónustu sem hún veitir, sbr. ákvæði þessa frumvarps. Slíkt þjónustugjald skal aðeins standa undir þeim kostnaði sem fellur til vegna þeirrar kvörðunarþjónustu sem veitt er viðskiptamanni hverju sinni. Gjaldskrá fyrir kvörðunarþjónustu skal byggð þannig upp samkvæmt ákvæði þessarar greinar að hún sé samsett úr þeim kostnaðarliðum sem taldir eru upp í ákvæðinu. Af framansögðu er því ljóst að gjald fyrir þjónustu sem veitt er vegna kvörðunar á einstökum mælitækjum fyrir viðskiptamenn kvörðunarþjónustunnar skal við það miðað að það standi undir kostnaði við þjónustuna, sbr. upptalninguna í ákvæðinu, en ekki er að því stefnt að hagnaður sé af veittri þjónustu umfram þær heimildir sem hér er að finna. Það er einnig eðlilegt enda ekki að því stefnt að þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar verði rekinn með hagnaði heldur er hér fyrst og fremst um að ræða þjónustu við atvinnulífið í landinu og þá sem þurfa að hafa aðgang að kvörðunarþjónustu hér á landi og munu sækja hana til Neytendastofu. Viðskiptaráðherra staðfestir og birtir gjaldskrá samkvæmt þessu ákvæði.

Um 31. gr.

Neytendastofa varðveitir og hefur umsjón með ýmsum mæligrunnum sem íslensk stjórnvöld og athafnalíf gera kröfu til á hverjum tíma. Jafnframt hefur hún mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Nær öll starfsemi Neytendastofu eru því margvísleg stjórnsýsluverkefni sem ríkissjóður verður að standa straum af kostnaði við annaðhvort með beinum framlögum úr ríkissjóði eða með því að Alþingi ákveði að marka sérstakar tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem hlýst af eftirlitsstarfsemi hennar.

Á undanförnum árum hefur verið mótuð sú stefna af hálfu ríkisstjórnar og löggjafans að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa undir þeim stjórnsýslu- og eftirlitskostnaði sem hlýst af eftirliti með hlutaðeigandi atvinnugrein. Jafnframt er nú gerð krafa um að slík gjaldtaka skuli ákveðin í lögum en áður var algengt að hún væri ákveðin í reglugerðum sem ráðherrar hver á sínu málefnasviði skyldu gefa út til að standa straum af kostnaði sem hlýst af eftirlitinu. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá árinu 1995 er bent á að framangreind aðferð fullnægi ekki ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins og í henni felist of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi frá Alþingi til framkvæmdarvaldsins. Ákvæðum í þessari grein svo og í þessum kafla í heild er ætlað að koma til móts við framangreind sjónarmið og jafnframt að tryggja tekjuöflun til að standa undir þeim stjórnsýslukostnaði sem hlýst af lögum sem Alþingi samþykkir um eftirlit með mælitækjum og þeim stjórnsýslukostnaði sem af lögum leiðir.

Til að standa straum af kostnaði sem hlýst af eftirliti á sviði mælifræði er hér lagt til að eftirlitsgjald skuli lagt á þá aðila sem falla undir mælifræðilegt eftirlit hér á landi með sama hætti og gildir um aðrar atvinnugreinar. Áríðandi er að jafnræði ríki milli atvinnugreina að

þessu leyti og það er einnig fallið til þess að gegnsæi aukist varðandi þann kostnað sem er af eftirliti með hlutaðeigandi atvinnugrein eða þáttum atvinnulífsins.

Neytendastofa stefnir að því að framkvæmd markaðseftirlits verði falin faggiltum skoðunarstofum með svipuðum hætti og nú þegar er gert vegna markaðseftirlits með rafföngum og öðrum almennum vörum sem stofnunin ber ábyrgð á samkvæmt lögum nr. 146/1996 og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Framkvæmd eftirlits með mælitækjum í notkun hefur einnig verið falin faggiltum skoðunarstofum um alllangt skeið, sbr. t.d. að Frumherji hf. annast allar endurlöggildingar t.d. á vogum og dælum í umboði Neytendastofu, o.s.frv. Áfram verður því byggt á þessum grunni enda almenn reynsla góð og þessi aðferð stuðlar jafnframt að aukinni hagkvæmni við eftirlitsstarfsemi ríkisins og málsmeðferð verður traustari við það að sami aðili annast ekki rannsókn á vettvangi og tekur nauðsynlegar stjórnvaldsákvarðanir á grundvelli rannsóknarinnar sem gerð hefur verið. Í þessari grein er tekið fram að eftirlitsgjald það sem hér er kveðið á um skal standa undir stjórnsýslukostnaði sem hlýst af eftirlitsstarfsemi Neytendastofu á sviði mælifræði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og reglna settra samkvæmt þeim. Í því felst nánar að gjald þetta skal m.a. standa undir venjulegum stjórnsýslukostnaði við rekstur eftirlitsins, svo sem launum, húsnæði og öðrum breytilegum kostnaði sem af því leiðir. Jafnframt stendur gjald þetta undir rekstri og viðhaldi á þeim mæligrunnum sem stofnuninni ber í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma að tryggja aðgang að, m.a. vegna nauðsynlegs lögmælifræðilegs eftirlits hér á landi. Nú þegar eru í eigu stofnunarinnar mæligrunnar sem nauðsynlegir eru t.d. vegna lögmælifræðilegs eftirlits með vogum, bensíndælum o.s.frv. og tekur ákvæði þetta því m.a. til reksturs og viðhalds á slíkum mæligrunnum. Í samræmi við ákvæði þeirrar nýju tilskipunar sem með ákvæðum þessa lagafrumvarps verður innleidd hér á landi, svo og öðrum reglum sem Ísland er skuldbundið að framfylgja í samræmi við ákvæði EES-samningsins, ber öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að tryggja framkvæmd markaðseftirlits innan lögsögu ríkisins. Í því felst nánar að Neytendastofu ber að gera áætlanir og tryggja að hér á landi sé skoðað með kerfisbundnum hætti hvort öll mælitæki uppfylli á hverjum tíma allar kröfur sem gerðar eru til slíkra tækja samkvæmt ákvæðum Evrópuréttarins. Í því felst að skoða þarf hvort formlegar merkingar á mælitækjum eru í lagi og að þau beri CE-merki eða hið græna M-merki eins og skylt er samkvæmt reglum Evrópuréttarins. Framangreind skylda tekur einnig til þess að eftirlitsstjórnvöld skulu taka þátt í samstarfi annarra eftirlitsaðila á sviði mælifræði og ef upplýsingar berast um að ólögleg mælitæki hafi fundist í öðru EES-ríki ber Neytendastofu að kanna hvort slík tæki séu á boðstólum hér á landi og ef svo er að afturkalla, setja á sölubann eða beita öðrum þeim stjórnsýsluúrræðum sem nauðsynleg eru hverju sinni. Þess má geta að við framkvæmd markaðseftirlits er fyrirhugað að nota þá aðferð sem á undanförnum árum hefur verið notuð hjá Neytendastofu, þ.e. að fela faggiltum skoðunarstofum framkvæmd eftirlitsins í eins miklum mæli og unnt er. Það hefur verið gert með góðum árangri vegna lögbundins markaðseftirlits með rafföngum, leikföngum og fleiri vörutegundum sem falla undir eftirlitssvið Neytendastofu. Í því sambandi er því nauðsynlegt að á hverjum tíma hafi stofnunin fjármuni til ráðstöfunar í slíka verksamninga um framkvæmd eftirlits á markaði en um leið má geta þess að samtímis næst aukið hagræði í rekstri á eftirlitinu með því að ekki þarf að ráða sérstaka starfsmenn til þess að annast eftirlitið.

Loks er í þessari grein tekið fram að fyrir 1. mars ár hvert skal Neytendastofa gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs en undirbúningur fjárlaga hefst í janúar ár hvert og ber stofnunum að skila ráðuneytinu fyrstu tillögum vegna gerðar fjárlaga eigi síðar en í mars ár hvert. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við gerð skýrslunnar skal jafn-

framt líta til þróunar starfseminnar miðað við þrjú undangengin ár og þannig skal metið eins heildstætt og unnt er með hvaða hætti þróun á nauðsynlegu eftirliti samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hefur gengið, svo og kostnaður sem því fylgir. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til þess að breyta fjárhæð eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Jafnframt er tekið fram að viðskiptaráðherra skuli leita umsagnar hjá fagráði, sbr. 35. gr., áður en slíkt frumvarp er lagt fram. Það tryggir að eftirlitsskyldir aðilar eða fulltrúar þeirra geta fengið upplýsingar og komið að ákvörðunum um fjárhæð eftirlitsgjalds samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Kostnaðargreining á eftirliti með framangreindum hætti veitir mikilvægt aðhald varðandi þróun eftirlitsgjaldsins og er jafnframt mikilvægur þáttur árangursstjórnunarsamninga í ríkisrekstrinum.

Um 32. gr.

Í þessari grein er að finna upptalningu á þeim mælitækjum sem eru eftirlitsskyld samkvæmt gildandi lögum, nr. 100/1992, svo og þeim mælitækjum sem munu falla undir eftirlit samkvæmt ákvæðum tilskipunar ESB um mælitæki. Gjald samkvæmt þessari grein mun skila alls um 55 millj. kr. Sú gjaldheimta sem hér er lögð til mun samkvæmt kostnaðargreiningu ráðuneytisins og Neytendastofu standa undir núverandi starfsemi á sviði yfireftirlits með lögmælifræði, markaðseftirliti með mælitækjum, rekstri mæligrunna og þeim verkefnum sem þessari deild Neytendastofu er ætlað að sinna samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, sem og ákvæðum þessa frumvarps.

Í 1.–10. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau mælitæki sem falla undir gildissvið tilskipunar nr. 2004/22/EB, um mælitæki, og eru álagningargrunnur að eftirlitsgjaldi samkvæmt frumvarpinu. Þess má geta að áætlaður heildarfjöldi eftirlitsskyldra mælitækja hér á landi samkvæmt þessari grein er um 215 þúsund tæki. Á undanförnum árum hafa eingöngu verið greidd sambærileg gjöld af löggildingu voga, rennslismæla fyrir olíur og bensín og hefur sá aðili sem annast löggildingar í umboði Neytendastofu innheimt framangreind gjöld á vogum og bensíndælum. Þrátt fyrir að nokkur ár séu liðin frá því að önnur mælitæki sem eru talin upp í þessari grein hafi orðið eftirlitsskyld hafa eigendur þessara mælitækja ekki enn þurft að greiða eftirlitsgjald með sama hætti og þeir sem hafa átt vogir og bensíndælur. Í ljósi almennrar jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins er eðlilegt að öll eftirlitsskyld mælitæki beri slíkt gjald. Það er einnig mikilsvert út frá almennum samkeppnisreglum að allar atvinnugreinar sem eiga að bera slíkan kostnað geri það lögum samkvæmt. Samtímis því að nú bera öll eftirlitsskyld mælitæki slíkt gjald og gjaldstofninn breikkar þá er unnt að lækka verulega þetta gjald á hvert hlutaðeigandi mælitæki. Hér nægir því að gjald þetta sé 250 kr. á ári. Í samræmi við ákvæði 31. gr. skal metið ár hvert á grundvelli þeirrar skýrslu sem Neytendastofa skal skila viðskiptaráðherra hvort ástæða sé til að ráðherra leggi fram frumvarp í því skyni að breyta framangreindri fjárhæð eftirlitsgjaldsins. Það er á ábyrgð eigenda mælitækja að sjá til þess að þau mælitæki sem lög og reglur gera eftirlitsskyld og hér eru talin upp séu færð til eftirlits og löggilding þeirra fari fram í samræmi við reglur sem gilda um hlutaðeigandi mælitæki. Það eftirlit framkvæma faggiltar prófunarstofur á kostnað eigenda tækjanna þegar um er að ræða mælitæki sem talin eru upp 2. og 5.–10. tölul. 1. mgr. Gjald það sem hér er lagt til leggst svo á þjónustugjald þessara faggiltu aðila með sama hætti og hingað til hefur verið gert þegar löggilding voga og bensíndæla hefur verið gerð nema að gjald þetta verður mun lægra en hingað til hefur tíðkast enda fleiri sem bera gjaldið. Hér eftir sem hingað til verður það því á ábyrgð þeirra aðila sem annast löggildingu þeirra mælitækja sem hér eru nefnd að innheimta það árgjald sem hér er kveðið á um þegar þeir veita þjónustu sína og endurlöggilda mælitækin.

Skilagreinar um innheimtu gjaldsins skulu sendar Neytendastofu í samræmi við þær reglur sem hér eru lagðar til, sbr. og 34. gr. Það stuðlar að því að eftirlitsstjórnvaldinu berist upplýsingar um ástandið á markaðnum og hvort eigendur mælitækja sinni því að færa mælitæki sín til eftirlits eins og lög og reglugerðir gera kröfur til.

Um 33. gr.

Innheimta eftirlitsgjalds fer fram með tvennum hætti.

Í 1. mgr. er ákvæði um árgjald sem eftirlitsaðili innheimtir þegar eftirlit fer fram, oftast með löggildingu, sbr. þó aðrar aðferðir skv. 14. gr. Þetta á við mælitækin skv. 2. og 5.–10. tölul. 32. gr. Árgjald skal greiða fyrir hvert byrjað ár þannig að oft kann að verða innheimt fyrir fleiri en eitt ár í einu fyrir einstök mælitæki.

Í 2. mgr. er ákvæði um árgjald sem eigendur veitumæla skv. 1., 3. og 4. tölul. 32. gr. greiða til Neytendastofu en þetta eru fáir stórir aðilar eins og Frumherji og einstakar veitustofnanir.

Um 34. gr.

Af ákvæði 1. mgr. 33. gr. leiðir að það eru löggildingaraðilar sem innheimta árgjald þegar þeir annast löggildingu mælitækis að beiðni eiganda þess eða ábyrgðaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. skulu löggildingaraðilar sem starfa samkvæmt framansögðu að löggildingu mælitækja í umboði stjórnvalda gera skil á eftirlitsgjaldinu til stjórnvaldsins. Hér er lagt til að skil verði gerð ársþriðjungslega, sbr. nánar ákvæði þessarar greinar um gjalddaga.

Í 2. mgr. er kveðið á um að gjalddagi á gjaldi skv. 2. mgr. 33. gr. skuli vera 1. febrúar ár hvert.

Greinin kveður auk þess á um útfyllingu skýrslna sem eftirlitsskyldum aðilum er gert að fylla út og senda til stjórnvaldsins í því skyni að tryggja trausta framkvæmd á innheimtum í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Jafnframt er nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um uppgjörstímabil og gjalddaga á eftirlitsgjaldi sem greitt er samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Hin faggilta skoðunarstofa mun innheimta gjald það sem hér er lagt til að verði innheimt af eigendum mælitækja þegar endurlöggilding tækis á sér stað. Faggiltum skoðunar- og prófunarstofum ber að gera upp slíka innheimtu með reglulegu millibili, sbr. nánar ákvæði í þessari grein. Gjald sem fellur á eigendur mælitækja skv. 2. mgr. 33. gr. ber þessum aðilum hins vegar að greiða og gera upp einu sinni á ári, þ.e. 1. febrúar ár hvert. Í þessari grein eru einnig nánari ákvæði um að heimilt sé að leggja á álag ef vanskil verða á gjaldi eða nauðsynlegum skýrslum. Heimilt er þó að kæra slíkar ákvarðanir Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um að ráðherra skipi sex fulltrúa í fagráð sem starfa skal að faglegri ráðgjöf á sviði mælifræði. Hlutverk fagráðsins er veita Neytendastofu, stjórnvöldum og atvinnulífi ráðgjöf sem miðar að því að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífs og tryggja að hagnýtt sé alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að greiða fyrir trausti og gagnkvæmum viðurkenningum í milliríkjaviðskiptum á sviði mælinga og mælifræði.

Mikilvægt er við skipun fagráðs að þess sé gætt að þar sé fyrir hendi breið þekking á hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt þannig að unnt sé að tryggja vöxt og góð starfsskilyrði í atvinnulífinu sem taki mið af tæknilegri þróun og öðrum kröfum sem alþjóðlegt viðskiptaumhverfi gerir kröfur til. Þetta er gert með því að efla samskipti milli helstu hagsmunaaðila og stjórnvalda með þeim hætti sem hér er lagt til.

Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Aðrir aðilar sem tilnefna einn fulltrúa hver eru Samtök iðnaðarins, Samorka, Samtök verslunar og þjónustu, Neytendasamtökin, en Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva tilnefna einn fulltrúa sameiginlega. Sérfræðingar Neytendastofu á sviði mælifræði ásamt forstjóra þegar það á við sitja fundi fagráðsins með fullt málfrelsi og tillögurétt. Formaður fagráðsins skipuleggur og boðar til funda með hliðsjón af þeim starfsreglum sem fagráðið setur sér. Þeir aðilar sem tilnefna fulltrúa í fagráð bera kostnað hver af sínum fulltrúa.

Um 36. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. kemur fram að Neytendastofu er heimilt að krefjast úrbóta af eftirlitsskyldum aðila þegar ljóst er að ákvæðum þessa frumvarps er ekki framfylgt. Úrbætur geta t.d. falist í því að koma aftur á lögmætu ástandi, t.d. með því að gera við mælitæki, gera viðeigandi ráðstafanir vegna merkinga, eða hvernig mæliniðurstöður séu tilgreindar. Í ákvæðinu er ætlast til að settur sé ákveðinn frestur til þess að verða við þeim tilmælum sem ákvæði þetta tekur til. Hversu langur frestur er veittur verður mælifræðilega stjórnvaldið að meta með hliðsjón af atvikum hverju sinni. Ef ekki er orðið við tilmælum innan þess frests sem stjórnvaldið ákveður er unnt að beita ákvæðum um dagsektir, sbr. nánar ákvæði 39. gr.

Ef brotið telst verulegt er yfirleitt ekki unnt að fara fram á að gerðar séu úrbætur, sbr. 1. málsl., og ber því að leggja þegar bann við frekari notkun eða starfsemi.

Í 2. mgr. er kveðið á um að allur kostnaður sem kann að hljótast af stöðvun starfsemi vegna tilmæla stjórnvaldsins samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps fellur að öllu leyti á hinn eftirlitsskylda aðila.

Um 37. gr.

Hér er kveðið á um úrræði Neytendastofu til að leggja bann við sölu og afturkalla vöru af markaði. Á Neytendastofu hvílir samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps sú skylda að annast markaðseftirlit í samræmi við ákvæði frumvarpsins og í samræmi við reglur sem gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum, er að finna almenna heimild í 4. mgr. 1. gr. til eftirlitsstjórnvalda sem annast markaðseftirlit samkvæmt sérlögum að beita ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995 ef þess gerist þörf. Ákvæði þeirra laga koma því til viðbótar og jafnframt til fyllingar á ákvæðum þessa frumvarps um réttarúrræði Neytendastofu.

Um 38. gr.

Hér er kveðið á um afturköllun á löggildingu og öðrum viðurkenningum. Eins og áður hefur komið fram er að finna heimild í frumvarpi þessu til Neytendastofu að veita viðurkenningu á kerfum sem eiga að tryggja að ákvæðum frumvarpsins eða reglum settum samkvæmt þeim sé fullnægt. Í því sambandi má nefna að í 16. gr. er að finna ákvæði sem eru grundvöllur fyrir innleiðingu á tilskipunum ESB um forpakkaðar vörur og svonefndar e-merkingar ef kerfi framleiðandans uppfyllir þær kröfur sem slíkar reglur setja að þessu leyti. Í 2. mgr. 16. gr. kemur fram að setja skuli nánari reglur um hvernig fullnægjandi samræmi verði tryggt þegar framleiðandi vill notfæra sér slíkar reglur. Brjóti aðili slíkar reglur er Neytendastofu heimilt að afturkalla slíka viðurkenningu.

Um 39. gr.

Með dagsektum er átt við févíti sem er sekt til að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Dagsektir eru ekki refsing heldur óbein þvingunaraðferð.

Ákvörðun um dagsektir ber að tilkynna á sannanlegan hátt, t.d. með ábyrgðarbréfi eða staðfestu símskeyti.

Unnt er að skjóta ákvörðun Neytendastofu um dagsektir til áfrýjunarnefndar neytendamála. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndarinnar falla ekki dagsektir á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Loks verður ákvörðun Neytendastofu um dagsektir ekki borin undir dómstóla fyrr en kæruleið samkvæmt lögunum er tæmd og úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

Um 40. gr.

Í ákvæðinu felst að Neytendastofu verður veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef eftirlitsskyldur aðili brýtur gegn lögunum, reglum settum samkvæmt þeim eða öðrum sérstökum fyrirmælum Neytendastofu sem hún kann að setja og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Meginreglan á að verða sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á ef umrædd brot eiga sér stað. Brot sem geta varðað stjórnvaldssektum verður að tilgreina með skýrum hætti í reglugerðum sem settar verða á grundvelli ákvæða í III. –V. kafla frumvarpsins. Stuðlar þetta að því að markmið laganna nái fram að ganga því að stjórnvaldssektum samkvæmt lögunum er ætlað með almennum og sérstökum varnaðaráhrifum að vinna gegn því að eftirlitsskyldir aðilar brjóti lögin. Hafa verður þó í huga 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um meðalhóf og ekki beita hærri sektum en nauðsynlegt þykir í hverju tilviki. Meginsjónarmiðið mun því verða að Neytendastofa beiti ekki stjórnvaldssektum nema brot sé verulegt, sbr. að öðru leyti almennar reglur stjórnsýsluréttarins svo og þau ákvæði sem gilda munu samkvæmt reglugerðum sem ráðherra setur um framkvæmd frumvarpsins.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 10 millj. kr., sem er sama fjárhæð og tilgreind er í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ákvörðunum Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir og fjárhæð þeirra eru kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála. Málskot til nefndarinnar frestar aðför samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í 4.–5. mgr. er að finna ákvæði um greiðslufrest á stjórnvaldssektum og jafnframt heimild til ráðherra að setja nánari reglur um vexti og kostnað af slíkri sekt ef hún er ekki greidd á eindaga.

Um 41. gr.

Í greininni er mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn þeim ákvæðum frumvarpsins sem talin eru upp í greininni svo og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Skv. 1. mgr. er meginreglan að brot varði fésektum. Brot geta þó varðað allt að sex mánaða fangelsi ef sakir eru miklar. Þá er jafnframt heimilt að dæma sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Ekki er hér vikið frá þeirri meginreglu að refsa eigi fyrir brot sem unnið er af ásetningi eða gáleysi, nema annars sé sérstaklega getið. Hér er verið að undirstrika að refsað sé fyrir bæði saknæmisformin. Það er gert *ex tuto* eða til öryggis þannig að ljóst sé að gáleysi sé einnig refsivert. Nauðsynlegt þótti að mæla fyrir um þetta í lagatextanum sjálfum en láta ekki nægja gagnályktunina um sérrefsilög í 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sökum þess að margir ólöglærðir munu þurfa að fara eftir hinum nýju lögum. Þetta er sú lagatækni-

lega aðferð sem notuð hefur verið við þetta og löggjafinn hefur tekið afstöðu til þess hvaða saknæmisform á að vera um að ræða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að refsivert sé að gefa aðilum sem annast framkvæmd laganna ranga skýrslu en sambærilegt ákvæði er t.d. í 25. gr. laga nr. 57/2005 sem Neytendastofu hefur verið falin framkvæmd á.

Í 3. mgr. er heimilað að sektir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins séu gerðar bæði lögaðilum og einstaklingum. Má ákvarða lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök sé sönnuð á starfsmann lögaðilans. Einnig er heimilt að gera lögaðila sekt og sviptingu starfsréttinda ef starfsmaður hans hefur framið brot, ef brotið er drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Þá er mælt fyrir um að lögaðili beri ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota gegn lögunum sem tengd eru starfi hans hjá lögaðilanum. Tilgangur refsiábyrgðar lögaðila er að skapa aðhald í rekstri og auka líkur á að gerðar séu viðhlítandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón. Málsgreinin er samhljóða sambærilegu ákvæði í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Loks er kveðið á um það í 4. mgr. að dæma megi sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli sem rís vegna brota á lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Um 42. gr.

Ákvæði greinarinnar eru byggð á því viðhorfi að ekki verði bæði lögð á stjórnvaldssekt og dæmd refsing fyrir sama lögbrotið heldur verði önnur hvor leiðin valin. Þannig á ekki að koma til þess að mál verði rannsakað á sama tíma bæði hjá Neytendastofu og lögreglu. Samkvæmt ákvæðinu fellur það í hlut Neytendastofu að meta hvort ljúka beri máli með stjórnvaldssektum eða kæra það til lögreglu. Slíkt mat ræðst þá m.a. af alvarleika brots, hvort um ítrekað brot er að ræða o.fl. Við slíka framkvæmd verða stjórnvöld eins og ávallt að gæta samræmis og jafnréttis í lagaframkvæmd, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæði 2. mgr. hafa þá þýðingu að ekki er litið á ákvörðun Neytendastofu um að kæra mál til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun. Af þeim sökum þarf ekki að gera hinum grunaða sérstaklega viðvart um þann möguleika að mál verði kært til lögreglu og veita honum aðgang að gögnum og færi á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin. Að öðrum kosti er hætta á að rannsókn lögreglu verði spillt. Þá er einnig tekið fram í ákvæðinu að ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga gildi ekki um ákvörðun Neytendastofu að kæra mál til lögreglu. Af þeim sökum er ekki hægt að kæra slíka ákvörðun Neytendastofu til viðskiptaráðherra til endurskoðunar.

Um 43. gr.

Ákvæði þessa frumvarps skapar lagagrundvöll fyrir innleiðingu á ákvæðum tilskipunar 2004/22/ESB, um mælitæki, sem og annarra gildandi tilskipana um mælitæki. Á grundvelli frumvarpsins þarf að setja reglugerðir þar sem nánar verða útfærðar ýmsar reglur tilskipananna varðandi mælitæki. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 44. gr.

Í þessari grein er að finna almenna og hefðbundna heimild til ráðherra að setja nauðsynlegar reglugerðir vegna framkvæmdar laganna. Varðandi 2. mgr. er einn meigintilgangur frumvarpsins að tryggja fullnægjandi lagagrundvöll fyrir innleiðingu ákvæði tilskipunar

2004/22/EB, um mælitæki, í íslenskan rétt. Í 1. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um gildissvið hennar og hvaða mælitækjaflokka hún tekur til, sbr. jafnframt upptalningu á þeim í 32. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríkin skuli ákveða sjálf hvort þau setji nánari reglur um notkun þessara tækja. Í 2. mgr. sömu greinar er hins vegar gerð sú krafa að ef aðildarríkin af einhverjum ástæðum sjá ekki ástæðu til þess setja nánari reglur um einhver þau mælitæki sem falla undir gildissvið hennar beri þeim að rökstyðja þá ákvörðun og senda upplýsingar um það til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Ákvæði þessarar greinar er því innleiðing á framangreindri skyldu, þ.e. að ráðherra skuli rökstyðja og tilkynna um slíkar ákvarðanir til Eftirlitsstofnunar EFTA. Tilskipun nr. 2004/22/EB fellir í reynd úr gildi ýmis ákvæði í tilskipun 71/316/EBE en þó ekki öll ákvæði hennar. Af þeirri ástæðu verður hér einnig að vísa til þeirrar tilskipunar og þar með þeirra mælitækja sem falla undir gildissvið hennar.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringar.

Um 45. gr.

Frumvarp þetta leysir af hólmi eldri löggjöf á sviði mælifræði sem hefur verið grundvöllur m.a. að innleiðingu eldri ESB-tilskipana. Það frumvarp sem hér liggur nú fyrir er jafnframt innleiðing á ákvæðum tilskipunar 2004/22/EB, um mælitæki. Samkvæmt ákvæði 24. gr. tilskipunarinnar ber aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu að hafa innleitt ákvæði hennar í landsrétt eigi síðar en 30. apríl 2006. Hér er því lagt til að gildistaka sé miðuð við framangreinda dagsetningu. Þegar eftir gildistöku laganna þarf að hefja undirbúning að gerð nauðsynlegra reglugerða sem eiga samkvæmt framangreindu ákvæði tilskipunarinnar að taka gildi eigi síðar en 30. október 2006. Með lögfestingu þess falla því úr gildi lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna bráðabirgðaákvæðis í 23. gr. tilskipunar nr. 2004/22/EB, um mælitæki, þarf að hafa í íslenskum lögum bráðabirgðaákvæði um gildistíma gerðarviðurkenninga.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja að á Íslandi hafi mælifræðin þá umgjörð að hún njóti trausts jafnt hér á landi sem á alþjóðlegum vettvangi. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af ákvæðum tilskipunar 2004/22/ESB. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um sölu og markaðssetningu mælitækja, gildissvið og hlutverk stjórnsýslu, mælieiningar, mæligrunna, niðurstöður mælinga og framkvæmd eftirlits. Með frumvarpinu verður breyting á fjármögnun Neytendastofu þannig að greiðsla úr ríkissjóði lækkar en innheimtar ríkistekjur aukast. Tekjur ríkissjóðs munu aukast um 71,6 m.kr. með gjaldskrá eftirlitsaðila.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

907. Fyrirspurn [621. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd lokapróf í grunnskóla.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Kemur til greina að leggja niður samræmd lokapróf í grunnskóla?
2. Telur ráðherra að prófin sýni með fullnægjandi hætti fram á færni nemenda?
3. Telur ráðherra að leggja eigi meiri áherslu á að prófa færni í verklegum greinum í samræmdum lokaprófum í grunnskóla?

908. Svar [528. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um rekstur Herjólfs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var árlegur kostnaður ríkisins af rekstri Herjólfs sl. þrjú ár?*
2. *Hverjar hafa verið árlegar tekjur rekstraraðila af far- og farmgjöldum á sama tíma, og hvernig skiptast þær í*
   a. *almenn fargjöld,*
   b. *gjöld fyrir klefa,*
   c. *gjöld fyrir bíla, og*
   d. *farmgjöld?*
3. *Hefur verið skoðað að fella niður almenn fargjöld á milli lands og Eyja, þannig að Eyjamenn verði jafnsettir öðrum landsmönnum?*

Umbeðnar upplýsingar um árlegan kostnað ríkisins af rekstri Herjólfs koma fram í töflunni.

Árlegur kostnaður ríkisins af rekstri Herjólfs.

	2003	2004	2005
Rekstrarstyrkur	167.341	185.153	216.988
Annar kostnaður	13.683	38.066	5.985
Afborganir og vextir af lánum	290.000	327.000	340.000
Samtals	**471.024**	**550.219**	**562.973**

Samgönguráðuneytið/Vegagerðin rekur ekki Herjólf og hefur því ekki upplýsingar um tekjur af far- og/eða farmgjöldum. Samskip hf. hefur rekið Herjólf undanfarin fimm ár en frá og með áramótum 2006 tók Eimskipafélag Íslands ehf. við rekstrinum. Meðalhækkun á fargjöldum 1997–2005 er 20%. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag í landinu um rúmlega 34%, miðað við vísitölu neysluverðs.

Ekki hefur verið skoðað að fella niður almenn gjöld með Herjólfi. Rétt er að benda á að kostnaður fylgir því að ferðast á milli staða, óháð farkosti. Almenningur greiðir fyrir að komast á milli staða hvort sem farið er með flugi, ferju, langferðabíl eða einkabíl. Misjafnt er hversu mikilla styrkja þessir ólíku ferðamátar njóta en ekki verður séð að það sé sanngjarnt né að það geri íbúa Vestmannaeyja jafnsetta öðrum landsmönnum að fella niður fargjöld á milli lands og Eyja.

909. Svar [529. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um hafnaraðstöðu í Bakkafjöru.

1. *Hvenær munu niðurstöður af athugunum á gerð hafnar í Bakkafjöru liggja fyrir?*

Skýrsla Siglingastofnunar Íslands, þar sem niðurstöður af athugunum á gerð hafnar í Bakkafjöru, liggur fyrir. Skýrslan: Ferjuhöfn við Bakkafjöru – Áfangaskýrsla um rannsóknir og tillögur, var afhent ráðherra 14. febrúar 2006. Meginniðurstaðan er sú að ekki séu sýnilegir neinir tæknilegir meinbugir á því að gera ferjulægi á Bakkafjöru og halda úti ferju á siglingaleiðinni milli Vestmannaeyjahafnar og Bakkafjöru með fullu öryggi og frátöfum innan viðmiðunarmarka. Gert er ráð fyrir að um eitt ár þurfi til að ljúka nauðsynlegum frumrannsóknum áður en fullnaðarhönnun mannvirkja getur hafist.

Vakin skal athygli á því að nú er starfandi, á vegum ráðuneytisins, nefnd undir formennsku Páls Sigurjónssonar verkfræðings, sem leggur mat á hvernig best sé að haga samgöngum við Vestmannaeyjar í framtíðinni. Niðurstaðna nefndarinnar er að vænta bráðlega.

2. *Hefur verið skoðaður sá möguleiki að önnur skip en ferjan, svo sem skemmtiferða- og flutningaskip, geti nýtt sér hafnaraðstöðuna?*

Tillögur Siglingastofnunar Íslands miða fyrst og fremst að því að skapa aðstæður fyrir áætlunarferju milli lands og Eyja sem er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að annast fólks- og vöruflutninga milli lands og Eyja.

910. Svar [459. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um störf hjá ríkinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið fjöldi starfa hjá ríkinu, þ.e. þar sem Fjársýsla ríkisins er launagreiðandi, ár hvert frá 1995 í hverju skattumdæmi fyrir sig, sundurliðað í

a. störf innan menntakerfis,
b. löggæslu,
c. heilbrigðiskerfis,
d. stjórnsýslu, og
e. önnur störf?

Yfirlit yfir fjölda starfa hjá ríkinu 1995–2005 kemur fram í eftirfarandi töflu. Í fyrirspurninni er óskað eftir að störf séu sundurliðuð í störf innan menntakerfis, löggæslu, heilbrigðiskerfis, stjórnsýslu og önnur störf. Störfin voru sundurliðuð handvirkt þar sem þessi flokkun fyrirfinnst ekki í gagnagrunni. Hér á eftir er gróft yfirlit yfir flokkunina:

a. menntakerfi, t.d. störf innan skóla, menningarstofnana og rannsóknastofnana,
b. löggæsla, t.d. lögreglan, sýslumenn, dómstólar og fangelsi,
c. heilbrigðiskerfi, t.d. störf innan sjúkrahúsa og heilsugæslu,
d. stjórnsýsla, t.d. Alþingi, Stjórnarráðið, eftirlitsstofnanir, o.fl.
e. önnur störf, t.d. hjá ÁTVR, RARIK, Skógrækt ríkisins, Þjóðkirkju Íslands, Vegagerðinni, o.fl.

Á árunum 1995–2005 urðu ýmsar kerfisbreytingar sem að einhverju leyti skekkja samanburð á milli ára. Má hér til að mynda nefna flutning grunnskólans til sveitarfélaganna sem þýddi að stöðugildum hjá ríkinu innan menntakerfisins fækkaði um 3.000 árið 1997, þar af um 2.000 á landsbyggðinni. Hér má einnig nefna hlutafélagavæðingu Pósts og síma, árið 1996 voru þar um 1.700 stöðugildi en eftir hlutafélagavæðinguna flokkuðust þessi störf ekki undir störf hjá ríkinu. Sameining Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur hafði einnig í för með sér að stöðugildum hjá ríkinu innan heilbrigðiskerfisins fjölgaði um 1.300.

Þess ber að geta að Fjársýsla ríkisins annast ekki launaafgreiðslu fjölmargra sjúkrahúsa og heilsugæslna á landsbyggðinni, til að mynda á Suðurlandi, í Vestmannaeyjum, á Austfjörðum, Akureyri, Ísafirði, o.s.frv. Þeim heilsugæslum á landsbyggðinni sem Fjársýsla ríkisins annast ekki launaafgreiðslu hjá fjölgaði jafnframt þónokkuð á tímabilinu 1995–2005.

Störf hjá ríkinu 1995–2005.

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Febrúar 1995		
Austurland	Annað	230,84
	Heilbrigðiskerfi	28,26
	Löggæsla	49,46
	Menntakerfi	225,42
	Stjórnsýsla	11,50
	Alls	*545,48*
Norðurland eystra	Annað	384,37
	Heilbrigðiskerfi	69,30
	Löggæsla	99,47
	Menntakerfi	518,27
	Stjórnsýsla	24,90
	Alls	*1.096,31*
Norðurland vestra	Annað	136,59
	Löggæsla	41,53
	Menntakerfi	216,87
	Stjórnsýsla	7,00
	Alls	*401,99*
Reykjanes	Annað	574,31
	Heilbrigðiskerfi	422,28
	Löggæsla	279,94
	Menntakerfi	882,41
	Stjórnsýsla	44,86
	Alls	*2.203,80*
Reykjavík	Annað	2.655,72
	Heilbrigðiskerfi	2.464,60

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Löggæsla	534,51
	Menntakerfi	3.121,42
	Stjórnsýsla	1.697,14
	Alls	*10.473,39*
Suðurland	Annað	200,33
	Heilbrigðiskerfi	40,56
	Löggæsla	105,24
	Menntakerfi	312,28
	Stjórnsýsla	11,25
	Alls	*669,66*
Vestfirðir	Annað	148,39
	Löggæsla	53,42
	Menntakerfi	157,17
	Stjórnsýsla	9,25
	Alls	*368,23*
Vestmannaeyjar	Annað	39,99
	Löggæsla	24,10
	Menntakerfi	68,45
	Stjórnsýsla	4,50
	Alls	*137,04*
Vesturland	Annað	165,77
	Heilbrigðiskerfi	27,91
	Löggæsla	69,07
	Menntakerfi	304,27
	Stjórnsýsla	12,69
	Alls	*579,71*
Samtals		**16.475,61**
Febrúar 1996		
Austurland	Annað	269,43
	Heilbrigðiskerfi	19,66
	Löggæsla	48,85
	Menntakerfi	243,20
	Stjórnsýsla	11,00
	Alls	*592,14*
Norðurland eystra	Annað	422,84
	Heilbrigðiskerfi	68,72
	Löggæsla	99,26
	Menntakerfi	551,78
	Stjórnsýsla	24,13
	Alls	*1.166,73*
Norðurland vestra	Annað	174,71
	Löggæsla	39,70
	Menntakerfi	220,81
	Stjórnsýsla	8,17
	Alls	*443,39*
Reykjanes	Annað	601,09
	Heilbrigðiskerfi	375,28
	Löggæsla	343,40

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Menntakerfi	911,44
	Stjórnsýsla	42,40
	Alls	*2.273,61*
Reykjavík	Annað	2.700,37
	Heilbrigðiskerfi	2.394,48
	Löggæsla	492,53
	Menntakerfi	3.235,17
	Stjórnsýsla	1.740,18
	Alls	*10.562,73*
Suðurland	Annað	222,27
	Heilbrigðiskerfi	40,31
	Löggæsla	108,04
	Menntakerfi	320,87
	Stjórnsýsla	11,75
	Alls	*703,24*
Vestfirðir	Annað	158,20
	Löggæsla	51,35
	Menntakerfi	161,60
	Stjórnsýsla	9,50
	Alls	*380,65*
Vestmannaeyjar	Annað	36,77
	Löggæsla	24,21
	Menntakerfi	69,63
	Stjórnsýsla	4,50
	Alls	*135,11*
Vesturland	Annað	187,10
	Heilbrigðiskerfi	26,99
	Löggæsla	68,21
	Menntakerfi	318,83
	Stjórnsýsla	13,50
	Alls	*614,63*
Samtals		**16.872,23**
Febrúar 1997		
Austurland	Annað	164,24
	Heilbrigðiskerfi	16,38
	Löggæsla	50,49
	Menntakerfi	57,73
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*298,84*
Norðurland eystra	Annað	148,65
	Heilbrigðiskerfi	68,70
	Löggæsla	96,70
	Menntakerfi	227,82

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Stjórnsýsla	21,20
	Alls	*563,07*
Norðurland vestra	Annað	131,96
	Löggæsla	39,95
	Menntakerfi	67,53
	Stjórnsýsla	8,67
	Alls	*248,11*
Reykjanes	Annað	445,36
	Heilbrigðiskerfi	361,71
	Löggæsla	340,10
	Menntakerfi	232,09
	Stjórnsýsla	114,97
	Alls	*1.494,23*
Reykjavík	Annað	1.602,47
	Heilbrigðiskerfi	2.413,21
	Löggæsla	486,75
	Menntakerfi	2.216,83
	Stjórnsýsla	1.723,48
	Alls	*8.442,74*
Suðurland	Annað	171,29
	Heilbrigðiskerfi	43,91
	Löggæsla	127,95
	Menntakerfi	98,96
	Stjórnsýsla	12,38
	Alls	*454,49*
Vestfirðir	Annað	87,45
	Löggæsla	51,67
	Menntakerfi	23,72
	Stjórnsýsla	8,50
	Alls	*171,34*
Vestmannaeyjar	Annað	10,50
	Löggæsla	23,89
	Menntakerfi	22,17
	Stjórnsýsla	4,50
	Alls	*61,06*
Vesturland	Annað	128,10
	Heilbrigðiskerfi	25,90
	Löggæsla	68,08
	Menntakerfi	101,02
	Stjórnsýsla	11,00
	Alls	*334,10*
Samtals		**12.067,98**

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Febrúar 1998		
Austurland	Annað	184,44
	Heilbrigðiskerfi	18,02
	Löggæsla	48,55
	Menntakerfi	61,24
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*322,25*
Norðurland eystra	Annað	164,68
	Heilbrigðiskerfi	16,82
	Löggæsla	93,86
	Menntakerfi	239,81
	Stjórnsýsla	20,90
	Alls	*536,07*
Norðurland vestra	Annað	135,77
	Löggæsla	40,19
	Menntakerfi	64,87
	Stjórnsýsla	8,17
	Alls	*249,00*
Reykjanes	Annað	410,82
	Heilbrigðiskerfi	356,43
	Löggæsla	294,74
	Menntakerfi	289,63
	Stjórnsýsla	118,19
	Alls	*1.469,81*
Reykjavík	Annað	1.658,73
	Heilbrigðiskerfi	2.429,82
	Löggæsla	552,92
	Menntakerfi	2.310,42
	Stjórnsýsla	1.794,83
	Alls	*8.746,72*
Suðurland	Annað	170,04
	Heilbrigðiskerfi	43,06
	Löggæsla	122,06
	Menntakerfi	95,60
	Stjórnsýsla	12,00
	Alls	*442,76*
Vestfirðir	Annað	89,69
	Löggæsla	51,70
	Menntakerfi	22,75
	Stjórnsýsla	8,75
	Alls	*172,89*
Vestmannaeyjar	Annað	10,02
	Löggæsla	24,69

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Menntakerfi	21,67
	Stjórnsýsla	4,00
	Alls	*60,38*
Vesturland	Annað	138,12
	Heilbrigðiskerfi	26,84
	Löggæsla	70,42
	Menntakerfi	51,68
	Stjórnsýsla	12,00
	Alls	*299,06*
Samtals		**12.298,94**
Febrúar 1999		
Austurland	Annað	177,08
	Heilbrigðiskerfi	18,20
	Löggæsla	45,68
	Menntakerfi	53,91
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*304,87*
Norðurland eystra	Annað	147,79
	Heilbrigðiskerfi	15,98
	Löggæsla	89,16
	Menntakerfi	253,05
	Stjórnsýsla	22,49
	Alls	*528,47*
Norðurland vestra	Annað	121,39
	Löggæsla	40,00
	Menntakerfi	69,72
	Stjórnsýsla	7,50
	Alls	*238,61*
Reykjanes	Annað	452,49
	Heilbrigðiskerfi	343,53
	Löggæsla	286,69
	Menntakerfi	251,60
	Stjórnsýsla	147,88
	Alls	*1.482,19*
Reykjavík	Annað	1.623,73
	Heilbrigðiskerfi	2.459,21
	Löggæsla	583,40
	Menntakerfi	2.375,96
	Stjórnsýsla	1.910,83
	Alls	*8.953,13*
Suðurland	Annað	173,52
	Heilbrigðiskerfi	45,34
	Löggæsla	118,68

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Menntakerfi	88,65
	Stjórnsýsla	12,75
	Alls	*438,94*
Vestfirðir	Annað	89,78
	Heilbrigðiskerfi	0,20
	Löggæsla	45,96
	Menntakerfi	22,80
	Stjórnsýsla	7,07
	Alls	*165,81*
Vestmannaeyjar	Annað	10,23
	Löggæsla	23,41
	Menntakerfi	23,32
	Stjórnsýsla	5,00
	Alls	*61,96*
Vesturland	Annað	132,94
	Heilbrigðiskerfi	27,14
	Löggæsla	68,39
	Menntakerfi	90,56
	Stjórnsýsla	11,00
	Alls	*330,03*
Samtals		**12.504,01**
Febrúar 2000		
Austurland	Annað	178,59
	Löggæsla	45,90
	Menntakerfi	58,81
	Stjórnsýsla	9,50
	Alls	*292,80*
Norðurland eystra	Annað	161,13
	Heilbrigðiskerfi	8,65
	Löggæsla	89,00
	Menntakerfi	260,41
	Stjórnsýsla	20,00
	Alls	*539,19*
Norðurland vestra	Annað	71,26
	Löggæsla	38,98
	Menntakerfi	69,73
	Stjórnsýsla	16,80
	Alls	*196,77*
Reykjanes	Annað	463,39
	Heilbrigðiskerfi	289,45
	Löggæsla	299,41
	Menntakerfi	259,95
	Stjórnsýsla	154,16

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Alls	*1.466,36*
Reykjavík	Annað	1.616,89
	Heilbrigðiskerfi	2.591,51
	Löggæsla	587,29
	Menntakerfi	2.354,08
	Stjórnsýsla	2.046,87
	Alls	*9.196,64*
Suðurland	Annað	175,41
	Heilbrigðiskerfi	47,35
	Löggæsla	130,46
	Menntakerfi	93,01
	Stjórnsýsla	11,75
	Alls	*457,98*
Vestfirðir	Annað	95,18
	Heilbrigðiskerfi	0,20
	Löggæsla	49,74
	Menntakerfi	23,55
	Stjórnsýsla	7,49
	Alls	*176,16*
Vestmannaeyjar	Annað	11,23
	Löggæsla	23,84
	Menntakerfi	20,41
	Stjórnsýsla	5,00
	Alls	*60,48*
Vesturland	Annað	158,61
	Heilbrigðiskerfi	27,70
	Löggæsla	69,19
	Menntakerfi	97,98
	Stjórnsýsla	12,50
	Alls	365,98
Samtals		**12.752,36**
Febrúar 2001		
Austurland	Annað	186,94
	Löggæsla	46,88
	Menntakerfi	57,58
	Stjórnsýsla	10,43
	Alls	*301,83*
Norðurland eystra	Annað	127,97
	Heilbrigðiskerfi	9,42
	Löggæsla	91,49
	Menntakerfi	272,20
	Stjórnsýsla	20,17
	Alls	*521,25*

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Norðurland vestra	Annað	66,09
	Löggæsla	39,80
	Menntakerfi	75,87
	Stjórnsýsla	7,30
	Alls	*189,06*
Reykjanes	Annað	393,60
	Heilbrigðiskerfi	284,00
	Löggæsla	300,58
	Menntakerfi	263,10
	Stjórnsýsla	155,17
	Alls	*1.396,45*
Reykjavík	Annað	1.699,38
	Heilbrigðiskerfi	3.916,08
	Löggæsla	589,23
	Menntakerfi	2.344,72
	Stjórnsýsla	2.098,59
	Alls	*10.648,00*
Suðurland	Annað	174,36
	Heilbrigðiskerfi	47,86
	Löggæsla	119,31
	Menntakerfi	86,15
	Stjórnsýsla	13,00
	Alls	*440,68*
Vestfirðir	Annað	95,41
	Heilbrigðiskerfi	0,20
	Löggæsla	49,36
	Menntakerfi	23,94
	Stjórnsýsla	7,75
	Alls	*176,66*
Vestmannaeyjar	Annað	10,69
	Löggæsla	22,91
	Menntakerfi	19,19
	Stjórnsýsla	5,00
	Alls	*57,79*
Vesturland	Annað	164,36
	Heilbrigðiskerfi	28,74
	Löggæsla	67,59
	Menntakerfi	95,50
	Stjórnsýsla	12,50
	Alls	*368,69*
Samtals		**14.100,41**

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Febrúar 2002		
Austurland	Annað	187,20
	Löggæsla	47,82
	Menntakerfi	59,37
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*304,39*
Norðurland eystra	Annað	141,44
	Heilbrigðiskerfi	11,37
	Löggæsla	93,93
	Menntakerfi	300,38
	Stjórnsýsla	22,30
	Alls	*569,42*
Norðurland vestra	Annað	70,42
	Löggæsla	40,50
	Menntakerfi	72,57
	Stjórnsýsla	7,60
	Alls	*191,09*
Reykjanes	Annað	455,80
	Heilbrigðiskerfi	178,98
	Löggæsla	319,50
	Menntakerfi	287,64
	Stjórnsýsla	166,65
	Alls	*1.408,57*
Reykjavík	Annað	1.634,36
	Heilbrigðiskerfi	3.937,88
	Löggæsla	593,76
	Menntakerfi	2.450,36
	Stjórnsýsla	2.146,03
	Alls	*10.762,39*
Suðurland	Annað	183,20
	Heilbrigðiskerfi	38,34
	Löggæsla	121,49
	Menntakerfi	100,09
	Stjórnsýsla	11,75
	Alls	*454,87*
Vestfirðir	Annað	100,03
	Heilbrigðiskerfi	0,20
	Löggæsla	50,32
	Menntakerfi	28,82
	Stjórnsýsla	7,88
	Alls	*187,25*
Vestmannaeyjar	Annað	9,80
	Löggæsla	22,12

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Menntakerfi	21,81
	Stjórnsýsla	5,00
	Alls	*58,73*
Vesturland	Annað	165,76
	Heilbrigðiskerfi	28,78
	Löggæsla	65,28
	Menntakerfi	98,81
	Stjórnsýsla	13,50
	Alls	*372,13*
Samtals		**14.308,84**
Febrúar 2003		
Austurland	Annað	184,68
	Löggæsla	47,07
	Menntakerfi	61,75
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*303,50*
Norðurland eystra	Annað	130,66
	Heilbrigðiskerfi	8,90
	Löggæsla	89,72
	Menntakerfi	320,57
	Stjórnsýsla	22,10
	Alls	*571,95*
Norðurland vestra	Annað	72,62
	Löggæsla	42,10
	Menntakerfi	71,43
	Stjórnsýsla	19,25
	Alls	*205,40*
Reykjanes	Annað	426,97
	Heilbrigðiskerfi	178,24
	Löggæsla	317,34
	Menntakerfi	297,32
	Stjórnsýsla	165,41
	Alls	*1.385,28*
Reykjavík	Annað	1.609,59
	Heilbrigðiskerfi	3.933,81
	Löggæsla	599,04
	Menntakerfi	2.516,24
	Stjórnsýsla	2.305,47
	Alls	*10.964,15*
Suðurland	Annað	176,24
	Heilbrigðiskerfi	37,42
	Löggæsla	119,72
	Menntakerfi	113,80

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
	Stjórnsýsla	11,85
	Alls	*459,03*
Vestfirðir	Annað	92,49
	Löggæsla	50,55
	Menntakerfi	28,45
	Stjórnsýsla	9,00
	Alls	*180,49*
Vestmannaeyjar	Annað	9,80
	Löggæsla	23,52
	Menntakerfi	23,37
	Stjórnsýsla	5,00
	Alls	*61,69*
Vesturland	Annað	176,97
	Heilbrigðiskerfi	28,64
	Löggæsla	70,54
	Menntakerfi	92,25
	Stjórnsýsla	13,13
	Alls	*381,53*
Samtals		**14.513,02**
Febrúar 2004		
Austurland	Annað	135,86
	Löggæsla	51,34
	Menntakerfi	60,88
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*258,08*
Norðurland eystra	Annað	102,00
	Heilbrigðiskerfi	9,71
	Löggæsla	92,59
	Menntakerfi	334,50
	Stjórnsýsla	20,64
	Alls	*559,44*
Norðurland vestra	Annað	40,73
	Löggæsla	42,50
	Menntakerfi	80,21
	Stjórnsýsla	22,00
	Alls	*185,44*
Reykjanes	Annað	434,54
	Heilbrigðiskerfi	171,64
	Löggæsla	345,84
	Menntakerfi	304,87
	Stjórnsýsla	167,36
	Alls	*1.424,25*

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Reykjavík	Annað	1.776,28
	Heilbrigðiskerfi	4.091,62
	Löggæsla	584,46
	Menntakerfi	2.474,09
	Stjórnsýsla	2.376,21
	Alls	*11.302,66*
Suðurland	Annað	161,96
	Heilbrigðiskerfi	34,32
	Löggæsla	125,55
	Menntakerfi	105,42
	Stjórnsýsla	11,25
	Alls	*438,50*
Vestfirðir	Annað	91,95
	Löggæsla	50,95
	Menntakerfi	32,97
	Stjórnsýsla	9,31
	Alls	*185,18*
Vestmannaeyjar	Annað	9,80
	Löggæsla	23,32
	Menntakerfi	25,61
	Stjórnsýsla	4,50
	Alls	*63,23*
Vesturland	Annað	145,84
	Heilbrigðiskerfi	29,10
	Löggæsla	72,24
	Menntakerfi	96,38
	Stjórnsýsla	10,19
	Alls	*353,75*
Samtals		**14.770,53**
Febrúar 2005		
Austurland	Annað	131,54
	Löggæsla	51,64
	Menntakerfi	51,62
	Stjórnsýsla	10,00
	Alls	*244,80*
Norðurland eystra	Annað	122,02
	Heilbrigðiskerfi	9,81
	Löggæsla	91,97
	Menntakerfi	357,70
	Stjórnsýsla	24,35
	Alls	*605,85*

Skattumdæmi	Flokkun	Stöðugildi
Norðurland vestra	Annað	48,91
	Löggæsla	41,23
	Menntakerfi	79,10
	Stjórnsýsla	23,93
	Alls	*193,17*
Reykjanes	Annað	421,70
	Heilbrigðiskerfi	170,60
	Löggæsla	356,04
	Menntakerfi	322,50
	Stjórnsýsla	132,32
	Alls	*1.403,16*
Reykjavík	Annað	1.820,37
	Heilbrigðiskerfi	4.043,91
	Löggæsla	602,72
	Menntakerfi	2.490,79
	Stjórnsýsla	2.440,86
	Alls	*11.398,65*
Suðurland	Annað	169,98
	Löggæsla	120,75
	Menntakerfi	95,81
	Stjórnsýsla	11,25
	Alls	*397,79*
Vestfirðir	Annað	94,38
	Löggæsla	50,09
	Menntakerfi	35,52
	Stjórnsýsla	9,50
	Alls	*189,49*
Vestmannaeyjar	Annað	10,80
	Löggæsla	23,31
	Menntakerfi	26,35
	Stjórnsýsla	5,40
	Alls	*65,86*
Vesturland	Annað	143,94
	Heilbrigðiskerfi	23,05
	Löggæsla	70,90
	Menntakerfi	178,41
	Stjórnsýsla	13,66
	Alls	*429,96*
Samtals		**14.928,73**

* Gögn fyrir Háskóla Íslands miðast við meðaltal stöðugilda fyrir allt árið 2005.

* Gögn fyrir Vegagerðina miðast við fjölda starfsmanna í janúar 2005.

911. Svar [478. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir.

1. *Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?*

Undirstrika ber að meginefni skýrslu Kristjáns Más Magnússonar, sem vísað er til í fyrirspurn þessari, varðar þjónustu stofnana heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við börn með geðraskanir. Mál þessara barna geta þó komið til umfjöllunar hjá stofnunum félagsmálaráðuneytisins af ýmsu tilefni. Ráðuneytið og stofnanir þess hafa kynnt sér ítarlega tillögur skýrslunnar og þá þætti hennar sem varða sérstaklega málaflokka ráðuneytisins. Þar er einkum um að ræða þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og meðferðarvistanir á vegum Barnavernarstofu í þeim tilvikum þegar um er að ræða langvinna og óvenju alvarlega geðröskun. Samkvæmt erlendum rannsóknum verður vart aukinnar tíðni ýmissa geðraskana meðal barna með þroskahamlanir og aðrar fatlanir en í þeim tilvikum reynist greining og meðferð oft flókin. Ekki er fjallað sérstaklega um þennan hóp í skýrslunni en full þörf er á að rannsaka nánar samspil geðraskana og fötlunar.

2. *Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?*

Skýrsla Kristjáns Más Magnússonar var unnin að frumkvæði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hefur hann stýrt frekari vinnslu málsins. Þar sem fyrirspurninni er jafnframt beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er talið rétt að vísa til svars hans varðandi þennan lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hvað líður vinnu við samþættingu á þjónustu og meðferðarúrræðum fyrir börn með geðraskanir?*

Skýrsla Kristjáns Más Magnússonar var eins og fyrr segir unnin að frumkvæði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hefur hann stýrt frekari vinnslu málsins. Félagsmálaráðuneytið fer með málefni fatlaðra og fötluð börn með geðraskanir njóta þjónustu stofnana þess, auk þeirrar aðstoðar sem kann að vera leitað eftir innan heilbrigðisþjónustunnar. Ráðuneytið vinnur markvisst að því að þróa þjónustuna m.a. með það að markmiði að hún sé sem skilvirkust og þjóni sem flestum. Stigskipting innan þjónustu við fatlaða hefur verið mjög vel skilgreind með það að markmiði að styðjast fyrst við almenn úrræði áður en leitað er sérhæfðari þjónustu. Mörg börn með geðraskanir, fötluð og ófötluð, njóta stuðnings félagslega kerfisins, svo sem á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga um land allt. Þjónustan er m.a. í formi liðveislu og þjónustu stuðningsfjölskyldna auk sérstaks stuðnings í leik- og grunnskólum.

Á vegum svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra um land allt og félagsþjónustu þeirra sveitarfélaga, sem hafa tekið að sér þjónustu við fatlaðra, er veitt frekari ráðgjöf vegna fötlunar og ýmis vistunar- og stuðningsúrræði. Þar koma m.a. til álita vistunarúrræði vegna mjög erfiðrar hegðunar hjá börnum með mikla þroskahömlun eða einhverfu og á vegum svæðisskrifstofa eru rekin nokkur vistheimili til að mæta þeirri þörf. Á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sem þjónar öllu landinu, er nú unnið að því að efla þekkingu á geð-

röskunum hjá fötluðum börnum að því er varðar greiningu, ráðgjöf og meðferð, en sem fyrr segir benda erlendar rannsóknir til aukinnar tíðni geðraskana hjá fötluðum börnum. Fræðslunámskeið um erfiða hegðun og meðferð hennar og geðraskanir stendur foreldrum og fagfólki til boða. Aukin áhersla er lögð á að athugun á hugsanlegum geðrænum vanda barns sé hluti af greiningu fötlunarinnar, þannig að hægt sé að beita forvarnarstarfi til framtíðar. Ráðuneytið hefur markað þá stefnu að efla þennan þátt í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, ekki síst í ljósi forvarnagildis hans. Mikilvægur þáttur í aðstoð við fjölskyldur barna með alvarlegar geðraskanir er að gera þeim kleift að fóta sig við breyttar aðstæður við nýgreiningu alvarlegrar geðröskunar, sem krefst jafnan langvinnrar nærveru foreldris og hindrar tímabundið þátttöku þess á vinnumarkaði. Frumvarpi ráðherra um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, þskj. 471, 381. mál, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er ætlað að mæta foreldrum og börnum þeirra, m.a. við slíkar aðstæður. Mörg börn í þessum hópi njóta einnig þjónustu barnaverndarnefnda sem hafa ýmis úrræði til að styðja foreldrana í uppeldishlutverki sínu, m.a. með ráðgjöf og samvinnu við aðrar stofnanir sem að málum þeirra koma, svo sem leiksskóla, skóla og Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ef þessi börn geta af einhverjum ástæðum ekki lengur dvalið á heimilum sínum njóta þau þjónustu meðferðarstofnana sem rekin eru af Barnaverndarstofu. Styrkt fóstur er úrræði sem virðist nýtast þessum hópi vel þar sem oft reynist þörf á mjög einstaklingsbundinni meðferð þeim til handa. Á vettvangi Barnaverndarstofu er nú verið að meta möguleika á því að koma á fót nýju meðferðarúrræði sem nefnt hefur verið „fjölþáttameðferð MST“ sem beinist að öllum þáttum sem áhrif kunna að hafa á líðan barns í nærsamfélagi þess. Sú aðferð er talin henta vel börnum og ungmennum með hegðunar- og geðraskanir.

912. Nefndarálit [392. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneytinu, Tryggva Þór Haraldsson, Steinar Friðgeirsson, Pétur Þórðarson, Steingrím Jónsson, Þröst Magnússon og Guðmund Karlsson frá Rafmagnsveitum ríkisins, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Eirík Bogason frá Samorku, Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Ingunni S. Þorsteinsdóttur frá ASÍ, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þóreyju Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Fasteignamati ríkisins, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Samtökum atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, talsmanni neytenda, Rafmagnsveitum ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Norðurorku, Byggðastofnun, Orkuveitu Húsavíkur, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Hitaveitu Suðurnesja, Orkustofnun, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Með frumvarpinu er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Félagið verður að fullu í eigu ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækis renni til hins nýja hlutafélags, Rarik hf. Skv. 9. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu. Einnig mun Rarik hf. taka við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna.

Rökstuðningurinn fyrir þessum breytingum er m.a. að hlutafélagaform henti betur í því umhverfi sem starfsemin býr við og að reksturinn verði sveigjanlegri. Þá er talið að fjárfestingar og nýjungar í rekstri verði auðveldari í framkvæmd. Einnig takmarkast ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helgi Hjörvar, Jóhann Ársælsson og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hlynur Hallsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Helgi Hjörvar, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Gunnar Örlygsson.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.		Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.

913. Breytingartillögur [392. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. mgr. 1. gr. bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo: Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.
2. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

3. Við 3. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.
4. Í stað dagsetningarinnar „15. desember 2005“ í 9. gr. komi: 15. júlí 2006.
5. 10. gr. falli brott.
6. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2006“ í 11. gr. komi: 1. ágúst 2006.

914. Breytingartillaga [392. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Helga Hjörvar og Katrínu Júlíusdóttur.

Í stað orðsins „Iðnaðarráðherra“ í síðari málslið 3. gr. komi: Fjármálaráðherra.

915. Frumvarp til laga [622. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

I. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Heiti, hlutverk, stjórn, aðild, iðgjöld og innheimta,** orðast svo:

a. (1. gr.)

Heiti og hlutverk.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérákvæðum í lögum þessum og samþykktum fyrir sjóðinn.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

b. (2. gr.)

Stjórn.

Fjármálaráðherra skipar stjórn lífeyrissjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um

skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

c. (3. gr.)

Sjóðsaðild.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Bóndi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri.

Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega. Iðgjald bónda skv. 2. mgr. 4. gr. skal þá skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum sem stunda búrekstur utan lögbýla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða iðgjald, sem launþegi, af öðrum atvinnutekjum en búrekstri ef þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

d. (4. gr.)

Iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi.

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 6% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 3. og 5. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 10% af heildarlaunum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjald skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal hvert almanaksár umreiknað til lífeyrisréttinda með jafnri og/eða aldurstengdri réttindaávinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

e. (5. gr.)

Innheimta.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. 4. gr. skal fara fram mánaðarlega. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. málsl. 3. mgr. þessarar greinar. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. 4. gr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiða bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um innheimtu iðgjalda og framlaga fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

f. (6. gr.)

Sérákvæði.

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í samþykktum til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt.

g. (7. gr.)

Samþykktir.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

2. gr.

II. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda,** orðast svo:

a. (8. gr.)

Réttindatími.

Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 9. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. með áframhaldandi réttindaávinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 9. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Óvígð sambúð eða staðfest samvist veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954 reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

b. (9. gr.)

Lífeyrir.

Fjárhæð elli- og makalífeyris sem veittur er skv. 8. gr. miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 8. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 10. gr. og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341% að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt fyrir hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 8. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt samþykktum fyrir Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri samkvæmt samþykktum en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir sem hann ella hefði átt rétt á dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur ¼ af grundvallarlaunum eða meira á almanaksári, og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en ¾ skal hann felldur niður með öllu.

c. (10. gr.)

Grundvallarlaun og greiðslutilhögun.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9. gr. eru 51.113 kr. í janúar 1998. Fjárhæðin breytist mánaðarlega eða að lágmarki 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 8. og 9. gr. skulu borin af ríkissjóði.

d. (11. gr.)

Umsókn og tilkynningarskylda.

Þeir bændur, eða eftirlifandi makar, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 9. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn lífeyrissjóðsins úrskurðar um lífeyri skv. 9. gr.

Þeim er nýtur lífeyris skv. 9. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

3. gr.

III. kafli laganna, **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda,** 15.–18. gr., fellur brott.

4. gr.

19.–22. gr. laganna falla brott og 23. gr. laganna verður 12. gr.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Fela þær það í sér að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðsins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 4.–7. gr. og 9.–14. gr. laganna verði felld á brott. Að nokkru leyti, líkt og fram kemur í frumvarpinu, hafa umrædd ákvæði verið tekin upp í 1. gr. frumvarpsins, en að mestu leyti hafa þau þó verið felld á brott. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 15.–18. gr. laganna, sem fjalla um eftirlaun til aldraðra bænda, verði lögfest og munu því þau ákvæði verða flutt úr III. kafla laganna yfir í II. kafla þeirra. Engar efnislegar breytingar eru gerðar á þeim ákvæðum, að því undanskildu að ákvæðum um fjárhæð og greiðslutilhögun lífeyris er bætt við, en með þeim breytingum er II. kafli gerður að sjálfstæðum hluta innan laga um Lífeyrissjóð bænda.

Að undanförnu hafa ýmsar breytingar orðið í umhverfi lífeyrissjóða, til að mynda upptaka aldurstengdra réttinda. Núgildandi lagaumhverfi fyrir Lífeyrissjóð bænda kemur hins vegar í veg fyrir að lífeyrissjóðurinn geti tekið upp sambærilegar breytingar á lífeyrisréttindaákvæðum og aðrir sjóðir eru að taka upp samhliða aldurstengingu réttinda, enda lífeyrisréttindin bundin í lögum.

Í árslok 2004 var 22% halli á framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Halli á framtíðarskuldbindingum er vegna óhagstæðrar aldursskiptingar sjóðfélaganna og þá munu breyttar forsendur um örorkulíkur auka hallann þrátt fyrir góða ávöxtun. Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2005 liggur ekki enn fyrir. Ljóst er þó, vegna framlags í sjóðinn samkvæmt fjáraukalögum 2005, að sjóðurinn mun eiga fyrir heildarskuldbindingum í árslok 2005.

Eins og rakið er að framan er megintilgangur þessa frumvarps að lög um Lífeyrissjóð bænda verði einfölduð með þeim hætti að í þeim verði eingöngu þau atriði er varða sérstöðu sjóðsins.

Rétt þykir að í lögunum sé einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu þeirra en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi, verði í samþykktum sjóðsins.

Ekki er um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verða felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum. Vegna töluverðrar uppstokkunar á greinum eru allnokkrar breytingar á tilvísunum í greinar og málsgreinar sem ekki verða tíundaðar hér að aftan enda leiða þær af breytingunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (1. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um heiti og hlutverk sjóðsins auk annarra atriða og er það að mestu leyti samhljóða 1. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um b-lið (2. gr.).

Í 1. mgr. er fjallað um skipan stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og er ákvæðið efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um ábyrgð stjórnar sjóðsins og er þar vísað í ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um c-lið (3. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um aðild að Lífeyrissjóði bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, auk viðbóta úr 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er fjallað um skylduaðild bænda að sjóðnum.

Í 2. mgr. er fjallað um þá maka bænda sem ekki eru sjóðfélagar skv. 1. mgr. og er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi laga.

4. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 2. gr. gildandi laga að viðbættri tilvísun í 2. mgr. þessarar greinar.

5. mgr. er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Um d-lið (4. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi sjóðfélaga.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Um e-lið (5. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um innheimtu iðgjalds. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr., 4. mgr. og 6. mgr. 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að 5. mgr. 3. gr. gildandi laga falli á brott enda talin óþörf.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 3. gr. gildandi laga, að því undanskildu að lagt er til að síðari hluti 1. málsl. 3. mgr. 3. gr., sem fjallar um gjalddaga og eindaga á greiðslu iðgjalds og mótframlags, og 3. málsl. 3. mgr. 3. gr., sem fjallar um hvað gera skal ef ekki liggja fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs, falli brott. Ástæða þess að lagt er til að síðari hluti 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. verði felldur brott er sú að ákvæði um gjalddaga umræddra greiðslna er að finna í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá er ástæða þess að lagt er til að 3. málsl. 3. mgr. 3. gr. verði felldur brott sú að umræddu ákvæði hefur ekki verið beitt í starfsemi sjóðsins, að undanskildu fyrsta árinu sem það var í gildi, en þá var því einungis beitt vegna byrjunarörðugleika.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 3. gr. gildandi laga, en gert er ráð fyrir að tilvísun í þann málslið sem lagt er til að verði felldur á brott í 1. mgr. falli niður.

3. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er lagt til að um innheimtu iðgjalds og framlags fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

5. mgr. er efnislega samhljóða 7. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um f-lið (6. gr.).

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 11. gr. gildandi laga. Nauðsynlegt er talið að halda inni í lögunum ákvæði um réttindi eftirlifandi maka bænda, sem ekki fengu helming af réttindum þeirra í árslok 1983.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um g-lið (7. gr.).

Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að samþykktir sjóðsins nái til allra atriða er snerta skipulag og starfsemi sjóðsins.

Um 2. gr.

Um a-lið (8. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um réttindatíma aldraðra bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um b-lið (9. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um lífeyri aldraðra bænda. Ákvæðið er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Í 2. málsl. 1. mgr. er breytt tilvísun sem í núgildandi lögum vísar í 13. gr. en þar sem sú grein verður felld niður verður nú vísað í nýja 1. mgr. í 10. gr.

Í 3. mgr. er vísað í samþykktir fyrir Lífeyrissjóð bænda í stað 9. og 11. gr. gildandi laga, en þær greinar verða felldar brott.

Um c-lið (10. gr.).

Í ákvæðinu er fjallað um grundvallarlaun og greiðslutilhögun aldraðra bænda. Rétt þykir að gera II. kafla frumvarpsins, sem fjallar um eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda, að sjálfstæðum kafla í lögum um Lífeyrissjóð bænda. Til þess að svo geti orðið er ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar bætt við umræddan kafla.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. gildandi laga en bætt við þeim möguleika að fjárhæðin breytist mánaðarlega.

2. mgr. er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga.

3. mgr. er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga.

Um d-lið (11. gr.).

Ákvæðin eru efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fella á brott III. kafla laganna. Ákvæði III. kafla laganna hafa verið tekin efnislega upp í II. kafla frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fella á brott ákvæði 19.–22. gr. laganna. Ákvæðin hafa verið tekin efnislega upp í öðrum ákvæðum frumvarps þessa, eða eru í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og gildandi samþykktum fyrir sjóðinn.

Um 5. og 6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda sem miða að því að lagaumhverfi sjóðsins verði einfaldað og starfsumhverfi hans verði sambærilegt við það sem gildir um aðra lífeyrissjóði.

Breytingarnar leiða til þess að í lögum um Lífeyrissjóð bænda verður einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu iðgjaldsins en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir því að önnur ákvæði sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla, og lífeyrisréttindi verði í samþykktum sjóðsins. Ekki er um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verða felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum. Frumvarpið felur ekki í sér neina skerðingu á réttindum sjóðfélaga. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

916. Frumvarp til laga [623. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum, svo og samlagshlutafélögum, enda sé þess óskað við skráningu að samlagshlutafélagið sé sjálfstæður skattaðili. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað samlagshlutafélag er sé sjálfstæður skattaðili.
2. Á eftir „5.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: og 6.
3. Á eftir orðinu „samlagsfélags“ í 3. mgr. kemur: samlagshlutafélags.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

6. Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Annars vegar er lagt til að samlagshlutafélag teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og hins vegar að kveðið verði skýrar á um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, er samlagshlutafélag sjálfstæður skattaðili með sama hætti og hlutafélag og einkahlutafélag, þó svo að hluti félagsaðila í samlagshlutafélagi beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Í löggjöf nágrannaríkjanna er víða að finna ákvæði þess efnis að samlagshlutafélög séu ekki sjálfstæðir skattaðilar, nema annars sé óskað, og beri því að skattleggja tekjur samlagshlutafélaga hjá eigendum þeirra. Þannig er því t.d. háttað í dönskum rétti, þó svo að önnur ákvæði dönsku hlutafélagalaganna, eins og um skráningu í hlutafélagaskrá, gildi um samlagshlutafélög eftir því sem við á. Sams konar ákvæði er að finna í 159. gr. íslensku hlutafélagalaganna.

Á það hefur verið bent að ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem kveðið er á um sjálfstæða skattskyldu samlagshlutafélaga, hafi leitt til þess að þetta tiltekna félagaform hafi ekki verið notað í neinum mæli hér á landi þrátt fyrir ýmsa kosti sem því fylgi. *Íslensk löggjöf á sviði tekjuskatta sem og hlutafélaga hefur tekið mið af danskri löggjöf* og er með frumvarpi þessu lagt til að sambærilegar reglur gildi í íslenskum lögum um skattskyldu samlagshlutafélaga og eru í danskri löggjöf. Er áfram gert ráð fyrir að reglur hlutafélagalaga gildi almennt um samlagshlutafélög, þ.m.t. reglur um skráningu.

Í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu. Þar á meðal eru lífeyrissjóðir, sbr. 5. tölul. 4. gr., svo fremi sem þeir reki ekki atvinnustarfsemi. Í vissum tilvikum hefur leikið vafi á því hvort lífeyrissjóður teljist stunda atvinnustarfsemi, m.a. í tilviki samlagsfélaga, þrátt fyrir takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum samlagsins. Tillaga frumvarpsins er sú að tekin verði af öll tvímæli um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir skattskyldu af hvers konar tekjum af starfsemi sem þeim er á annað borð heimil samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenskir lífeyrissjóðir eru þegar meðal stærstu og virkustu fjárfesta á innlendum fjármálamarkaði, en með þessari breytingu er þeim gert kleift að fjárfesta í formi samlaga eða samlagshlutafélaga, t.d. sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum, án þess að skattskylda myndist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. í gildandi lögum er samlagshlutafélag skattlagt með sama hætti og hlutafélag og einkahlutafélag, þ.e. sem sjálfstæður skattaðili, þó svo að einstakir eigendur þess beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, andstætt því sem gildir um hlutafélag eða einkahlutafélag. Hér er hins vegar lagt til að samlagshlutafélögum verði gert kleift að starfa án þess að vera sjálfstæðir skattaðilar með sambærilegum hætti og gildir um sameignarfélög og samlagsfélög. Þetta þýðir að sé þess óskað við skráningu að samlagshlutafélag beri ekki sjálfstæða skattaðild eru tekjur félagsins skattlagðar hjá eigendum.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting á 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. í þá veru að við skráningu samlagshlutafélags í hlutafélagaskrá verði kveðið óafturkræft á um skattalega stöðu félagsins, þ.e. hvort það sé sjálfstæður skattaðili eður ei. Samræmis vegna er í 2. málsl. lagt til að hjónum, einum sér eða með ófjárráða börnum sínum, sé óheimilt að mynda samlagshlutafélag sem ekki sé sjálfstæður skattaðili, til samræmis við það sem gildir um sameignarfélag og samlagsfélag. Þess ber að geta að reglur hlutafélagalaga um skráningu og þau gögn

sem liggja þurfa fyrir við skráningu gilda um samlagshlutafélög, sbr. 159. gr. hlutafélagalaga.

Í b-lið er að finna breytingu til samræmis við þá tillögu sem er í 2. gr. frumvarpsins, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Í c-lið er lögð til breyting á 3. mgr. 2. gr. til samræmis við það sem að framan greinir, en 3. mgr. fjallar um skiptingu tekna og eigna milli félagsaðila þegar félagið sjálft er ósjálfstæður skattaðili.

Um 2. gr.

Í 4. gr. gildandi laga kemur fram hvaða aðilar séu undanþegnir skattskyldu. Þar á meðal eru lífeyrissjóðir, sbr. 5. tölul. greinarinnar, svo fremi sem þeir reki ekki atvinnustarfsemi. Ríkt hefur ákveðin óvissa um það í hvaða tilvikum lífeyrissjóður geti talist reka atvinnustarfsemi, enda er í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, kveðið á um að lífeyrissjóður megi ekki stunda atvinnustarfsemi. Hér eru tekin af öll tvímæli um skattundanþágu lífeyrissjóða með tillögu um nýjan tölulið, þ.e. 6. tölul. 4. gr., sem taki eingöngu til lífeyrissjóða skv. III. kafla í lögum nr. 129/1997, en það eru þeir sjóðir sem heimild hafa til að taka á móti skyldubundnum iðgjöldum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til annars vegar að ekki verði farið með samlagshlutafélög sem sjálfstæða skattaðila nema eftir því sé óskað við skráningu og hins vegar að kveðið verði skýrar á um það en nú er gert að lífeyrissjóðir séu undanþegnir greiðslu tekjuskatts. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi teljandi áhrif á tekjur eða gjöld ríkissjóðs.

917. Frumvarp til laga [624. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Orðin „efnis- og“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „220.000“ í 3. tölul. 4. gr. laganna kemur: 500.000.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

1. 3. mgr. orðast svo:

   Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskylda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð skv. 2. mgr. 3. gr.

2. 4. mgr. orðast svo:

   Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur í reglugerð um mat til verðs samkvæmt þessari grein eða falið það ríkisskattstjóra.

4. gr.

Í stað orðsins „tíu“ í 5. málsl. 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: tuttugu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu á ársgrundvelli verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laganna eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 220.000 kr. á ári undanþegnir skattskyldu. Það er frumforsenda fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá að starfsemi sé í atvinnuskyni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laganna. Í greinargerð með frumvarpi til laga um virðisaukaskatt segir um 3. tölul. 4. gr. að tilgangur ákvæðisins sé að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki eða starfsemi sem eingöngu er rekin í hjáverkum eða stöku sinnum og að þetta helgist fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum.

Einn meginþátturinn sem horft er til við mat á því hvort um atvinnustarfsemi er að ræða er umfang starfsemi. Umfangslítil starfsemi bendir til þess að ekki sé um atvinnustarfsemi að ræða. Segja má að veltumarkið feli í sér vísbendingu um það hvað umfangið þurfi að vera mikið til að um atvinnustarfsemi sé að ræða. Út frá því sjónarmiði má segja að ákvörðun veltumarks sé öðrum þræði skattatæknileg, þ.e. markar hugtakið atvinnustarfsemi í skattalegu tilliti.

Núgildandi lágmarksveltuákvæði hefur staðið óbreytt í lögunum frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Ef núgildandi veltumark er fært upp á verðlag dagsins í dag, miðað við vísitölu neysluverðs frá 1. júlí 1997, er það 300.622 kr.

Samsvarandi skilyrði um lágmarksveltu eru sem hér segir á Norðurlöndunum (í íslenskum krónum): Danmörk 494.588 kr., Finnland 624.655 kr. og Noregur 439.103 kr. Engin slík lágmarksskilyrði eru í Svíþjóð. Er því íslenska veltumarkið töluvert lægra en í nágrannalöndum okkar, að Svíþjóð undanskilinni.

Með hliðsjón af hagkvæmnisástæðum, atvinnuskynsreglu 5. mgr. 5. gr. laganna og fyrirkomulagi í nágrannalöndum er því með frumvarpi þessu lagt til að lágmarksveltuákvæði laganna verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr.

Í öðru lagi er lagt til með frumvarpi þessu að leiðréttingartímabil innskatts varðandi fasteignir verði lengt úr tíu árum í tuttugu ár. Reynslan af þessu ákvæði hefur sýnt að tíu ára leiðréttingarskylda innskatts varðandi fasteignir er of stutt tímabil. Auk þess er áformað að gera breytingu á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, þar sem lengdur verði sá tími sem aðilar sem stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi geti

verið með svokallaða fyrir fram skráningu á virðisaukaskattsskrá. Er gert ráð fyrir að sá tími verði lengdur úr sex árum í tólf ár. Gangi áform þróunar- eða undirbúningsstarfs ekki eftir, þannig að ekki komi til eiginlegrar virðisaukaskattsskyldrar starfsemi, ber hinum fyrir fram skráða m.a. að leiðrétta fenginn innskatt vegna framkvæmda við fasteignir. Skylda til leiðréttingar varir í 10 ár frá því að framkvæmdir áttu sér stað og skal leiðrétting vera hlutfallsleg miðað við leiðréttingartímann. Með tvöföldun tímalengdar fyrirframskráningar getur komið til þess, verði ekkert að gert, að leiðréttingartími verði liðinn þegar á leiðréttingarskyldu reynir. Er það andstætt þeim sjónarmiðum sem búa að baki reglum um fyrirframskráningu og leiðréttingu innskatts. Er því nauðsynlegt samhliða þessari breytingu að lengja tímabil leiðréttingarskyldu á innskatti varðandi fasteignir, þar sem eðlilegt þykir að það tímabil sé talsvert lengra en tímabil mögulegrar fyrirframskráningar.

Í þriðja lagi er lagt til að gerðar verði smávægilegar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna er varða byggingarstarfsemi. Unnið hefur verið að einföldun reglna um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi um nokkurt skeið. Í þessari vinnu hefur sérstök áhersla verið lögð á það að reglur um skattverð, útskatt og innskatt í virðisaukaskattsskyldri byggingarstarfsemi verði settar fram með skýrari og einfaldari hætti en nú er. Til þess að ná fram þeirri einföldun og samræmingu sem að er stefnt er nauðsynlegt að gera nokkrar smávægilegar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að aðilar sem stunda byggingastarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt (útskatt) af efnisnotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota. Við útreikning virðisaukaskatts í byggingarstarfsemi sem skattskyld er skal miða skattverð við almennt gangverð í viðskiptum. Afar erfitt er að henda reiður á hvert almennt gangverð er á byggingarefni í viðskiptum í dag. Hefur þessi regla því reynst erfið í framkvæmd. Er með greininni því lagt til að ekki þurfi að greiða útskatt af efnisnotkun. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að eigi verði heimilt að innskatta byggingarefni.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu á ársgrundvelli verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr. Ákvæðið hefur staðið óbreytt frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Eins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum er þessi hækkun lögð til með hliðsjón af hagkvæmnisástæðum, atvinnuskynsreglu 5. mgr. 5. gr. laganna og fyrirkomulagi í nágrannalöndum.

Um 3. gr.

Breyting sú sem lögð er til í a-lið greinarinnar leiðir af 1. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 8. gr. laganna er talað um „skattskyldar vörur“. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að aðilar sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt (útskatt) af efnisnotkun en það byggingarefni mun falla undir þær skattskyldu vörur sem talað er um í 3. mgr. 8. gr. laganna. Þarf því að breyta greininni þessu til samræmis.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að fjármálaráðherra geti sett nánari reglu um mat til verðs skv. 8. gr. laganna eða falið það ríkisskattstjóra. Í dag er þetta í höndum ríkisskattstjóra og tvær auglýsingar um setningu reglna á grundvelli þess ákvæðis verið gefnar út, auglýsing nr.

8/1994 frá ríkisskattstjóra, um reglur um stofn til virðisaukaskatts (skattverð) í byggingar starfsemi, og auglýsing nr. 17/1996, um reglur um skattverð aðila sem hafa með höndum starfsemi samkvæmt reglugerðum nr. 562/1989, 564/1989 og 248/1990. Er gert ráð fyrir að með nýrri reglugerð um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi, sem sett yrði ef breytingar samkvæmt þessari grein yrðu samþykktar, verði auglýsing nr. 8/1994 óþörf þar sem hin nýja reglugerð muni einnig taka yfir gildissvið auglýsingarinnar. Er hér því lagt til að fjármálaráðherra geti kveðið á um nánari reglur um mat til verðs í reglugerð.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að leiðréttingartímabil innskatts varðandi fasteignir verði lengt úr tíu árum í tuttugu ár. Eins og greinir frá í almennum athugasemdum hefur reynslan sýnt að tíu ára leiðréttingarskylda innskatts varðandi fasteignir er of stutt tímabil. Auk þess er áformað að gera breytingu á reglugerð nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, þar sem lengdur verði sá tími sem aðilar sem stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi geti verið með svokallaða fyrirframskráningu á virðisaukaskattsskrá. Samhliða þessari breytingu er nauðsynlegt að lengja tímabil leiðréttingarskyldu á innskatti varðandi fasteignir, þar sem eðlilegt þykir að það tímabil sé talsvert lengra en tímabil mögulegrar fyrirframskráningar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Verði frumvarpið að lögum hefur það óveruleg áhrif á bæði tekjur og útgjöld ríkisssjóðs.

918. Fyrirspurn [625. mál]

til menntamálaráðherra um efni frá svæðisdeildum á vef Ríkisútvarpsins.

Frá Kristjáni L. Möller.

Stendur til að hægt verði að hlusta á svæðisfréttir og fleira efni svæðisdeilda Ríkisútvarpsins á vef þess eins og annað innlent efni Ríkisútvarpsins?

919. Fyrirspurn [626. mál]

til iðnaðarráðherra um skoðanakannanir um álver og stórvirkjanir á Norðurlandi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað þurfti iðnaðarráðuneytið að greiða fyrir nýlegar skoðanakannanir meðal Norðlendinga um viðhorf þeirra til álvera og stórvirkjana í fjórðungnum?
2. Hvers vegna bauð ráðuneytið ekki upp á annan kost í atvinnumálum en álver í spurningalistanum?
3. Telur ráðherra viðeigandi að ráðuneytið spyrji um stjórnmálaskoðanir fólks, sbr. það að lokaspurningin í álverskönnun ráðuneytisins var um það hvaða stjórnmálaflokk viðmælandi mundi kjósa ef gengið yrði til alþingiskosninga daginn eftir? Hvers vegna voru niðurstöður svara við þeirri spurningu ekki birtar?

920. Fyrirspurn [627. mál]

til viðskiptaráðherra um meðferð mála hjá Samkeppniseftirlitinu.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hvað eru mörg óafgreidd mál í meðferð hjá Samkeppniseftirlitinu, hver er meðalafgreiðslutími þeirra og hvað eru elstu mál gömul?
2. Hversu mörg mál voru óafgreidd hjá Samkeppnisstofnun þegar ný samkeppnislög tóku gildi og hvað höfðu þau beðið lengi afgreiðslu að meðaltali?

921. Fyrirspurn [628. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað líður umfjöllun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um ósk Mosfellsbæjar um heimild til byggingar 40 rýma hjúkrunarheimilis?

922. Tillaga til þingsályktunar [629. mál]

um upplýsingar í ökuskírteini um vilja til líffæragjafar.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að tryggja með reglugerð um ökuskírteini að á þeim séu upplýsingar um vilja til líffæragjafar.

Greinargerð.

Á Íslandi eru líffæragjafir fátíðari en annars staðar á Norðurlöndunum. Árin 1993–2003 gáfu að meðaltali 12–18 íbúar af hverjum milljón líffæri úr sér annars staðar á Norðurlöndunum en einungis ellefu á Íslandi. Samkvæmt grein landlæknis í Morgunblaðinu 30. október 2004 eru helmingi fleiri einstaklingar árlega á biðlista hér á landi eftir líffærum en þeir sem fá líffæri. Landlæknir segir þetta væntanlega endurspegla skort á líffærum til ígræðslu. Á Vesturlöndum deyja nú fleiri sjúklingar sem bíða líffæragjafar en þeir sem fá líffæri og eru því biðlistar eftir líffærum að lengjast í nálægum löndum. Flutningsmenn telja mjög mikilvægt að fjölga íslenskum líffæragjöfum. Með því að gefa líffæri eða vefi getur fólk aukið lífsgæði annarra einstaklinga með afgerandi hætti og jafnvel bjargað lífi einhvers. Hver líffæragjöf getur bjargað allt að sex mannslífum.

Það er sömuleiðis nauðsynlegt að upplýsingar um vilja til líffæragjafa verði sem aðgengilegastar. Forsenda ígræðslu líffæra er að líffæri fáist úr nýlátnum einstaklingi. Vandfundin er heppilegri leið en að notast við upplýsingar á ökuskírteini viðkomandi til að gera upplýsingar um þann vilja aðgengilegan. Í Bandaríkjunum er merki á ökuskírteinum þeirra sem vilja gefa líffæri og í sumum löndum er þessar upplýsingar að finna á sjúkratryggingaskírteini.

Það er jafnframt mikilvægt að allir séu hvattir til að íhuga hvort þeir vilji gefa líffæri. Með því að áskilja slíka skráningu á ökuskírteini þarf fólk að gera upp við sig hvort það kærir sig um að gefa líffæri. Það má leiða líkur að því að allt of fáir velti þessu fyrir sér.

Landlæknisembættið og fleiri aðilar hafa lengi hvatt fólk til að taka afstöðu til líffæragjafa. Landlæknir hefur m.a. gefið út sérstakt kort sem hægt er að hafa á sér þar sem fram kemur ákvörðun viðkomandi um líffæragjafir. Samkvæmt landlækni er ekki vitað hversu margir Íslendingar bera slíkt kort, en allt bendir til að þeir séu fremur fáir.

Helmingi fleiri á biðlista eftir líffærum en þeir sem fá líffæri.

Ekki er unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla. Margs konar framfarir hafa hins vegar orðið í líffæragjöfum undanfarin ár og er nú m.a. hægt að flytja mun fleiri líffæri en áður. Sömuleiðis fylgja ónæmisbælandi meðferð minni aukaverkanir en áður og er hún orðin auðveldari. Hægt er að notast við líffæri úr allt að sjötugum einstaklingum.

Í líffæragjöf felst að líffæri eru fjarlægð úr látnum einstaklingi og grædd í sjúklinga sem þarfnast þeirra. Fram til ársins 1991 gátu Íslendingar einungis þegið líffæri frá öðrum þjóðum en ekki lagt þau til sjálfir. Árið 1991 tóku gildi lög um brottnám líffæra, nr. 16/1991, og lög um ákvörðun dauða, nr. 15/1991, og gerðu þau Íslendingum kleift að gefa líffæri.

Frá árinu 1992 hefur verið samvinna við önnur ríki á Norðurlöndunum um líffæragjafir í tengslum við samtökin Scandiatransplant. Gerður var samningur um líffæraígræðslur og líffæragjafir við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg, en frá 1996 hefur þessi samvinna verið

við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Líffæri íslenskra einstaklinga fara því í sameiginlegan norrænan líffærasjóð.

Ættingjar hafna líffæragjöf í 40% tilvika.

Í 2. gr. laga um brottnám líffæra, nr. 16/1991, kemur fram að liggi fyrir samþykki einstaklings megi, að honum látnum, nema brott líffæri eða lífræn efni úr líkama hans til nota við læknismeðferð annars einstaklings. Enn fremur segir m.a. að liggi slíkt samþykki ekki fyrir sé heimilt að fjarlægja líffæri eða lífræn efni úr líkama látins einstaklings ef fyrir liggur samþykki nánasta vandamanns hans og slíkt er ekki talið brjóta í bága við vilja hins látna. Með nánasta vandamanni er átt við maka (sambýlismann eða sambýliskonu), börn, ef hinn látni átti ekki maka, foreldra, ef hinn látni var barnlaus, eða systkini ef foreldrar hins látna eru einnig látnir.

Á skurðlæknaþingi 2004 voru kynntar niðurstöður athugunar á líffæragjöfum á Íslandi í 10 ár, frá 1992–2002. Þar kom m.a. fram að þegar leitað var samþykkis ættingja fyrir líffæragjöf var erindinu neitað í um 40% tilvika. Sambærilegar upplýsingar liggja ekki fyrir annars staðar af Norðurlöndunum en á Spáni er 23% beiðna af þessu tagi hafnað, eða hlutfallslega helmingi færri en hér á landi.

Landlæknir hefur sagt að dregið hafi úr því að fólk leyfi að líffæri séu tekin úr ættingjum og finnst honum það alvarlegt mál. Það hlýtur að vera hentugra að fleiri ákveði sjálfir hvort þeir vilji gefa líffæri enda sé það í samræmi við sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Sömuleiðis getur verið afar erfitt fyrir ættingja þess látna að ákveða á þessari sorgastundu hvort líffæri viðkomandi verða gefin, m.a. vegna þess að málin hafa ekkert verið rædd á meðan hinn látni var á lífi.

Gagnabanki um líffæragjafir.

Landlæknir hefur gefið út reglur yfir svokallaðar lífsskrár. Lífsskrá er skjal sem greinir frá óskum fólks um meðferð við lífslok, geti það ekki sjálft tekið þátt í ákvörðunum um þá meðferð vegna andlegs eða líkamlegs ástands. Lífsskrá er gerð þegar fólk er til þess hæft og getur metið kosti sem til greina koma, verði viðkomandi svo andlega eða líkamlega skaðaður að litlar eða nær engar líkur eru taldar á bata eða á því að unnt sé að lifa innihaldsríku lífi á ný. Lífsskráin tekur hins vegar ekki gildi fyrr en viðkomandi er ekki lengur hæfur til að tilgreina vilja sinn. Í lífsskránni er m.a. gefinn kostur á því að taka afstöðu til þess hvort fólk vill gefa líffæri eða vefi og gefinn kostur á að gefa nánari skýringu. Ekki er hins vegar þörf á að taka afstöðu til líffæragjafa þótt gengið sé frá öðrum hlutum lífsskrárinnar. Lífsskrár eru m.a. vistaðar hjá gagnabanka landlæknisembættisins þar sem heilbrigðisstofnanir hafa aðgang að þeim þannig að unnt sé að fá upplýsingar strax um hvort skrifað hafi verið undir lífsskrá.

Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu er gert ráð fyrir að upplýsingar um þá sem vilja gefa líffæri og skilyrði þeirra gjafa verði einnig færðar í sérstakan gagnabanka við landlæknisembættið. Flutningsmenn telja mikilvægt að þessi gagnabanki verði efldur og að aðgangur þeirra sem þurfa á þessum upplýsingum að halda verði tryggður.

Ekki afturvirk breyting

Í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur m.a. fram að samgönguráðherra setji reglur um efni og form ökuskírteina. Í 47. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997, með áorðnum breytingum, segir að ökuskírteini skuli vera af EES-gerð í samræmi við ákvæði I. viðauka.

Í reglugerðinni og viðaukum hennar kemur fram að viðbótarupplýsingar geti verið í ökuskírteini, t.d. innlendar tákntölur sem eingöngu gildi innan viðkomandi lands.

Flutningsmenn telja að æskilegt sé að vilji Alþingis komi fram í þessu mikilvæga máli og álykti því með beinum hætti að þessar nauðsynlegu upplýsingar eigi að koma fram á ökuskírteinum. Flutningsmenn telja einnig að skráning þessara upplýsinga á ökuskírteinum sé einnig heppileg þar sem það eru oft látnir ökumenn sem koma til greina sem líffæragjafar.

Flutningsmenn telja að áskilnaður um afstöðu til líffæragjafar í ökuskírteini eigi ekki að virka aftur í tímann um útgefin ökuskírteini heldur eigi einungis við þau ökuskírteini sem gefin yrðu út eftir að breytingar á áðurnefndri reglugerð hefðu verið gerðar. Verði tillaga þessi samþykkt og reglugerð um ökuskírteini breytt í samræmi við hana verður þó hvenær sem er unnt að breyta skráningu um líffæragjöf á ökuskírteini.

923. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 6. gr. laganna:

a. 1. málsl. fellur brott.
b. Orðin „að öðru leyti“ í 2. málsl. falla brott.

2. gr.

5. málsl. 8. gr. laganna verður svohljóðandi: Stefnt skal að því að nefndin ljúki verkinu á árinu 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, var ríkinu falið eignarhald á landi og hvers konar landsréttindum og hlunnindum á svæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, þ.e. hinum svonefndu þjóðlendum. Með sömu lögum var sérstakri nefnd, óbyggðanefnd, falið að eiga frumkvæði að því að fara með skipulögðum hætti yfir hvaða svæði þetta væru og skera úr um mörk þeirra og eignarlanda og önnur réttindi innan þjóðlendna. Gert var ráð fyrir að nefndin starfaði innan ákveðins tímaramma og lyki störfum fyrir árið 2007. Lögum þessum hefur tvívegis verið breytt, sbr. lög nr. 65/2000 og nr. 7/2005. Fyrri breytingin varðaði einkum málsmeðferð og kostnað af hagsmunagæslu og sú síðari var gerð í tengslum við endurskoðun ákvæða einkamálalaga um gjafsókn.

Óbyggðanefnd hefur nú kveðið upp úrskurði í 21 máli, á svæði sem spannar stærstan hluta Suðurlands og Suðausturlands, og meðferð mála á Suðvesturlandi og Norðausturlandi stendur yfir, hin fyrrnefndu á lokastigi. Í október 2004 gengu fyrstu dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum, nánar tiltekið í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Bæði málin vörðuðu úrskurð

óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, „Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi.“ Þar staðfesti Hæstiréttur í öllum meginatriðum niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Þannig var dæmt eignarland innan landamerkja tiltekinna jarða en þjóðlenda og afréttur á bæði Framafrétti og Afrétti norðan vatna. Dómarnir eru tvímælalaust fordæmisgefandi og meðal annars skýr staðfesting á því að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs sérstaklega, þar á meðal með hliðsjón af eldri heimildum.

Óhjákvæmilegt þykir nú að gera tvær breytingar á gildandi lögum. Í fyrsta lagi þykir ástæða til að afnema ákvæði laganna um að formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri hennar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Í öðru lagi er nú ljóst að verkefni óbyggðanefndar er mun umfangsmeira og tímafrekara en í upphafi leit út fyrir. Því er nauðsynlegt að miða lok þess við árið 2011 í stað 2007, svo sem upphaflega var ráðgert. Um nánari ástæður þessa vísast til þeirra athugasemda sem hér fara á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að afnumin verði þau fyrirmæli í 1. málsl. 5. mgr. 6. gr. gildandi laga að formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Fer sú breyting saman við starfslok núverandi framkvæmdastjóra. Engin nauðsyn þykir knýja á um það að sami aðili gegni stöðu framkvæmdastjóra og formanns. Hentugra er að nefndin ráði sjálf allt starfsfólk og skipti með því verkum, að höfðu samráði við forsætisráðuneytið. Um laun og önnur starfskjör starfsfólks, þ.m.t. framkvæmdastjóra, fer eftir því sem gildir um aðra starfsmenn ríkisins.

Um 2. gr.

Svo sem rakið er hér að framan er útséð um að verkefnum óbyggðarnefndar verði lokið fyrir árið 2007. Að mati nefndarmanna er hins vegar raunhæft að ætla að það geti orðið á árinu 2011. Gríðarlegt umfang verkefnisins, ekki síst við öflun og rannsókn gagna um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu, ásamt samningu ítarlegs rökstuðnings úrskurða, kallar á þessa breytingu. Hin upphaflega viðmiðun hlaut eðli máls samkvæmt að vera óvissu háð, enda ekki byggð á sérstakri áætlun eða greiningu verkefnisins. Slík áætlun liggur hins vegar fyrir nú, í ljósi fenginnar reynslu, sjá fylgiskjal I.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Næstu svæði hjá óbyggðanefnd.
Áætlun.

Til grundvallar liggur að halda bestu mögulegri tengingu á milli svæða, með því að halda áfram í vestur frá svæði 5 (Norðausturlandi), og leggja áherslu á að ljúka umfjöllun um miðhálendið. Það ætti að takast fyrir árslok 2009. Hentugt er að nota hin gömlu sýslumörk til afmörkunar þar sem sýslurnar eru hæfilega stórar landfræðilegar einingar og ýmis eldri gögn flokkuð út frá þeim, t.d. hjá Þjóðskjalasafni.

Sjá einnig meðfylgjandi kort.

Svæði 6: Þingeyjarsýslur
Sá hluti Norður-Þingeyjarsýslu sem ekki tilheyrir svæði 5 og öll Suður-Þingeyjarsýsla. Vettvangsferð sumar 2007. Uppkvaðning í árslok 2007.

Svæði 7: Eyjafjarðarsýsla, Skagafjarðarsýsla og hluti Austur-Húnavatnssýslu
Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu. Einnig allur Hofsjökull. Vettvangsferð sumar 2008. Uppkvaðning í árslok 2008.

Svæði 8: Norðvesturland
Austur-Húnavatnssýsla vestan Blöndu, Vestur-Húnavatnssýsla, Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla. Einnig allur Langjökull. Vettvangsferð sumar 2009. Uppkvaðning í árslok 2009.

Svæði 9: Vesturland
Snæfellsnessýsla, Dalasýsla og hluti Strandasýslu (þ.e Bæjarhreppur og Broddaneshreppur). Vettvangsferð sumar 2010. Uppkvaðning í árslok 2010.

Svæði 10: Vestfirðir
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla og hluti Strandasýslu (þ.e. Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur og Kirkjubólshreppur). Vettvangsferð sumar 2010. Uppkvaðning fyrri hluta árs 2011.

Svæði 11: Austfirðir o.fl.
Austfirðir og annað sem eftir er. Vettvangsferð sumar 2011. Uppkvaðning í árslok 2011.



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Tvær breytingar eru lagðar til í frumvarpinu. Annars vegar að afnema það ákvæði að formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Hins vegar er miðað við að nefndin skuli hafa lokið störfum á árinu 2011 en samkvæmt gildandi lögum skal stefnt að því að nefndin hafi lokið störfum fyrir árið 2007.

Verkefni óbyggðanefndar hefur reynst mun tímafrekara og kostnaðarsamara en reiknað var með í upphafi og útséð er um að nefndin nái að ljúka störfum í ár. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er einungis verið að færa lög um nefndina nær nýjum veruleika og breyttum aðstæðum. Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð umfram það sem nú er, en nefndin hefur 81,6 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2006.

924. Breytingartillaga [268. mál]

við frv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (BJJ, KÓ, EOK, SKK, GÖrl).

Við 42. gr.

1. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.
2. Við 4. mgr. (aðlögunartími vatnafélaga): Í stað orðanna „1. janúar 2006“ komi: 1. janúar 2008.

925. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur meiri hluti nefndarinnar lagt til veigamiklar breytingar á frumvarpinu. Verulegar efnislegar breytingar eru lagðar til á 2. gr. frumvarpsins og einnig eru tekin upp í nefndarálit og breytingartillögur meiri hlutans atriði sem ekki voru í því frumvarpi sem sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi þann 23. janúar sl. Þau atriði sem þar um ræðir voru því ekki til umfjöllunar við 1. umræðu málsins og ekki heldur send

umsagnaraðilum til umsagnar. Minni hlutinn telur að þrátt fyrir að um sé að ræða innsetningu bráðabirgðaákvæða í ótímabundinn texta laganna sé nauðsynlegt að gefa hagsmunaaðilum og öðrum sem gefa vildu umsögn um breytingarnar rétt til þess að setja fram sín sjónarmið og átelur þau vinnubrögð meiri hlutans að hafna því að þær breytingar sem um ræðir kæmu fram í sérstöku frumvarpi sem fengi síðan hefðbundna þinglega meðferð sem að sjálfsögðu felur í sér þrjár umræður og umsagnarferil.

1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brott falli ákvæði sem í gildi eru varðandi sóknardagakerfi fyrir krókabáta, þar sem í gildandi lögum er gert ráð fyrir að ákvæðin sem um ræðir falli niður í lok þessa árs, en einungis tveir bátar eru nú í sóknardagakerfi. Hér er endanlega verið að leggja niður sóknardagakerfi krókabáta og festa í sessi eitt kerfi fyrir alla smábáta. Fulltrúar minni hlutans í nefndinni mótmæltu kröftuglega þegar sjávarútvegsráðherra lagði fyrir Alþingi tillögur þess efnis að leggja niður sóknardagakerfið og setja alla smábáta í aflamark. Þau mótmæli voru að engu höfð og því er nú komið að því að leggja endanlega af einu eftirstöðvar sóknarstýringar við stjórn fiskveiða á Íslandi.

2. gr. fjallar um nauðsyn þess að setja sérstakar takmarkanir á krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila umfram þær almennu takmarkanir sem nú gilda um aflahlutdeild í lögunum um stjórn fiskveiða. Að óbreyttum lögum gætu í raun tvær útgerðir smábáta haft yfir að ráða öllum aflaheimildum í krókaaflamarkskerfinu og þær þannig safnast á afar fáar hendur og mun færri en raunin er í hinu hefðbundna aflamarkskerfi. Helst mætti halda að í flýtinum við að koma öllum smábátum úr sóknardagakerfi yfir í aflamarkskerfi hafi sjávarútvegsráðherra yfirsést þetta atriði og því sé nú nauðsynlegt að koma hámarki á aflahlutdeild í krókaaflamarkinu. Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur um verulegar breytingar á þeim hlutföllum sem heimilt verður að hafa á einni hendi frá því sem um ræddi í frumvarpinu. Frumvarpið gerði ráð fyrir að hámark krókaaflahlutdeildar í þorski yrði 6%, 9% í ýsu og aldrei meira en 6% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Umsagnir um þetta hlutfall voru mismunandi og komu fram sterk rök bæði fyrir hærri hlutfallstölum en einnig lægri. Af upplýsingum sem lagðar voru fyrir nefndina liggur ljóst fyrir að ein útgerð að minnsta kosti var komin nálægt þeim hlutföllum sem lagt var til að yrðu hámark og við 1. umræðu í þinginu lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir að ekki væru nein vísindaleg rök á bak við tillögur um þau hlutföll sem fram komu í frumvarpi ráðherrans. Reynt hefði verið að taka mið af stöðu einstakra útgerða á þeim tíma sem frumvarpið var samið. Tillaga meiri hlutans um breytta hámarkshlutdeild eða 4% í þorski, 5% í ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar er mikil breyting frá upprunalegu tillögunum í frumvarpinu og verða fleiri en ein útgerð fyrir áhrifum af þessum nýju tillögum. Þær útgerðir verða fyrir afturvirkum áhrifum af lagasetningunni og nýjar takmarkanir leggja þeim á herðar þá skyldu að bregðast við hinum breyttu lögum og minnka hlutdeild sína frá því sem nú er. Meiri hlutinn leggur til að þær útgerðir sem þegar eru yfir þeim hlutföllum sem koma fram í breytingartillögum meiri hlutans fái aðlögunartíma til að flytja krókaaflahlutdeild af skipum sínum fram til 1. september 2009 þannig að aflahlutdeildir rúmist innan ramma laganna. Lagasetning sem tekur réttindi af einstökum tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, sem þeir höfðu innan gildandi laga, orkar alltaf tvímælis og er það skoðun minni hlutans að því hefði verið rétt að leita leiða til þess að heimila þeim aðilum sem við framlagningu frumvarpsins væru yfir hinum nýju takmörkunum að halda stöðu sinni. Hægt hefði verið að búa þannig um hnútana í lagasetningunni að umræddir aðilar gætu ekki aukið við núverandi hlutdeild sína og í þeim tilfellum sem þeir flyttu frá sér aflahlutdeild gætu þeir ekki flutt aflahlutdeild til sín að nýju meðan þeir væru yfir þeim hámörkum sem giltu að lögunum settum. Það er álit minni hlutans að hefði sú leið verið farin væri hægt að fallast á þær hlutfallstölur sem

meiri hlutinn leggur nú til að gildi sem hámarkshlutdeildir. Þar sem ekki reyndist hljómgrunnur innan nefndarinnar fyrir þeim sjónarmiðum er það á ábyrgð meiri hlutans að leggja til afturvirkar íþyngjandi ráðstafanir sem bitna á einstökum útgerðaraðilum en hafa aftur á móti lítil sem engin áhrif á stöðu annarra.

Í 3. gr. frumvarpsins er heimild til Fiskistofu til að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og kveðið á um að gjald fyrir hvern þjónustusamning skuli nema 12.000 kr. Víðtækar heimildir eru síðan í greininni til handa sjávarútvegsráðherra til setningar reglna um skilyrði fyrir gerð samninga og honum heimilt að víkja frá ákvæðum sem nú gilda um framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalda þess vegna. Það er álit minni hlutans að gjald fyrir samninga vegna þessa ákvæðis ætti í meira mæli að fara eftir umfangi og fjölda færslna í gegnum hið rafræna skráningarkerfi, þannig að meira samband en ráð er fyrir gert verði milli nota og greiðslu fyrir afnot af hinu nýja kerfi. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að öll skilyrði sem nú eru í gildi varðandi flutning séu áfram fyrir hendi þannig að magn, verð og aðrar upplýsingar vegna flutningsins liggi fyrir og að aðkoma Verðlagsstofu skiptaverðs verði með óbreyttum hætti. Mjög mikilvægt er að flutningur aflamarks milli skipa sé rétt skráður og að með einföldum og gegnsæjum hætti sé hægt að nálgast allar upplýsingar um slíka flutninga.

Ákvæði til bráðabirgða er tilkomið vegna sérstaks vanda rækjuútgerðar og virðist markmiðið vera að bregðast á tímabundinn hátt við aðstæðum sem uppi eru í greininni. Minni hlutinn telur mikilvægt að stjórnvöld komi til móts við rækjuiðnaðinn í þeim erfiðu innri og ytri skilyrðum sem nú eru fyrir hendi og ein leiðin til þess er í gegnum þau úrræði sem stjórnvöld hafa í lögum um stjórn fiskveiða. Í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða segir: „Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið sem hann getur ráðstafað þannig:

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:
   a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.
   b. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í byggðarlögunum.“

Það er álit minni hlutans að hægt sé að mæta vanda rækjuiðnaðarins með ráðstöfunum skv. 9. gr., en bráðabirgðaákvæðið sem fram kemur í frumvarpi sjávarútvegsráðherra gerir ekki ráð fyrir að hefðbundnum aðferðum sé beitt til að takast á við vanda greinarinnar heldur er með ákvæðinu reynt að fara nýja og um margt umdeilda leið til lausnar vandans. Minni hlutinn varar við aðferðum sem ganga gegn almennum skilyrðum um veiðiskyldu og telur vænlegra til árangurs að mæta vandanum með sömu aðferðum og gert hefur verið áður þegar um er að ræða ófyrirsjáanlegan vanda einstakra greina eða svæða. Minni hlutinn telur rétt að við aðstæður eins og nú eru uppi í rækjuveiðum og vinnslu sé gjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju einungis greitt af lönduðum afla.

Minni hlutinn telur að atriði sem minnst var á í upphafi nefndarálitsins og ekki hafa komið fram í frumvarpstexta eða verið send umsagnaraðilum til umsagnar eigi ekki heima í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Endurútgáfa laganna er ein og sér ekki nægjanleg ástæða til þess að hnýta óskyldum atriðum við áður framkomið lagafrumvarp og réttara hefði verið að áliti minni hlutans að lagatæknilegar breytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast til endurútgáfu komi fram í sérstöku frumvarpi sem fái venjubundna þinglega meðferð.

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eru tíðar og sífellt verið að breyta einstökum atriðum laganna. Það er álit minni hlutans að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar lögin í heild sinni í stað þess að sífellt séu gerðar tilraunir til að bæta úr ágöllum sem á lögunum eru og mun minni hlutinn því ekki standa að samþykkt þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Alþingi, 3. mars 2006.

Jón Gunnarsson, frsm.

Kristján L. Möller.

926. Svar [508. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um fjárveitingar til vegagerðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa verið samþykktar aukafjárveitingar til vegagerðar sl. 10 ár? Ef svo er, hvernig skiptast þær eftir árum og landshlutum?*
2. *Hefur fé til vegagerðar verið skorið niður á sama tímabili, miðað við gildandi samgönguáætlun hverju sinni? Ef svo er, hvernig skiptist niðurskurðurinn eftir árum og landshlutum?*
3. *Hefur verið farið í nýframkvæmdir við vegagerð sl. 10 ár sem ekki voru inni á gildandi samgönguáætlun? Ef svo er, hverjar eru þær og hvaða ár voru framkvæmdir hafnar?*

1.–2. Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflum hér á eftir.

3. Vegáætlun er samþykkt til fjögurra ára í senn, og skal hún endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ekki er vitað til þess að farið hafi verið út í nýframkvæmdir á þessu tímabili sem ekki voru á gildandi fjögurra ára áætlun. Það kemur hins vegar fyrir að vikið er frá tímaramma innan fjögurra ára áætlunarinnar. Verk geta tafist af ófyrirsjáanlegum ástæðum, einkum umhverfis- og skipulagslegum. Þá er oft gripið til þess flýta öðrum verkum sem fjárveitingar eru til síðar á vegáætlunartímabilinu.

Yfirlit yfir viðbótarfé (framlög umfram markaðar tekjur) og frestanir 1997–2006.

	Alls millj. kr.	Skipt í VÁ	Ekki staðsett	Sl.	Rn.	Höf.	Vl.	Vf.	Nv.	Ne.	Al.
2006											
Fjáraukalög hafa ekki verið ákveðin – ekki er fyrirsjáanlegt á þessari stundu hvort Vegagerðin fær einhverjar aukafjárveitingar.											
Viðbótarríkisframlag (á vegáætlun, VÁ)	1.526	1.526	1.526								
Framlag til jarðganga (á vegáætlun)	725	725	725								
2005											
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)	513										
Óshlíð								300			
Vetrarþjónusta			100								
Afskriftir markaðra tekna og verðbætur ferjulána (reiknuð tala)			83								
Styrkir til ferja – Herjólfur fjölgun ferða				30							
Viðbótarríkisframlag (á vegáætlun)	1.263	1.263	1.263								
Framlag til jarðganga (á vegáætlun)	1.200	1.200	1.200								
2004											
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)	375										
Jarðgangagerð undir Almannaskarð											375
Viðbótarríkisframlag (á vegáætlun)	1.544	1.544	1.544								
Framlag til jarðganga (á vegáætlun)	1.530	1.530	1.530								
Frestun framkvæmda (lækkun á vegáætlun)	-1.822		-421	-38 0	0	-421	-60	-160	-80	-130	-170
2003											
Fjáraukalög (100 millj. kr. viðbót við vegáætlun)	400										
Ráðstöfun söluandvirðis Stórhöfða 34–40		300	300								
Styrkir til ferja (50 millj. kr.) og sérleyfishafa (50 millj. kr.)			100								
Fjáraukalög vegna aðgerða í atvinnu- og byggðamálum (á vegáætlun)	3.000	3.000		500		700		650	150	420	580
Viðbótarríkisframlag (á vegáætlun)	1.413	1.413	1.413								
Framlag til jarðganga (á vegáætlun)	1.200	1.200	1.200								
2002											
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)	70										
Hluti andvirðis Steinullar-verksmiðjunnar)									70		
Viðbótarfé (á vegáætlun)	500	500	500								
Sérstök fjáröflun (á vegáætlun)	2.300	2.300 -1.61	2.300								
Frestun framkvæmda (á vegáætlun)	-1.616	6	-1.616								
2001											
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)	166										
Styrkir til innanlandsflugs			66								

	Alls millj. kr.	Skipt í VÁ	Ekki staðsett	Sl.	Rn.	Höf.	Vl.	Vf.	Nv.	Ne.	Al.
Vegna verðlagsbreytinga á samningum í nýframkvæmdum						100					
Viðbótarfé (á vegáætlun)	500	500		64			81	104	35	104	112
Sérstök fjáröflun (á vegáætlun)	750	750	750								
Frestun framkvæmda (lækkun á vegáætlun)	-800			-20 0		-330					-270
2000											
Fjáraukalög (100 millj. kr. viðbót við vegáætlun)	375										
Samræming við vegáætlun		275	275								
Til greiðslu bóta til verktaka vegna olíuhækkana			100								
Viðbótarfé (á vegáætlun)	500	500		51	13		82	105	35	103	111
Sérstök fjáröflun (á vegáætlun)	324	324	324								
1999											
Fjárlög (viðbót við vegáætlun)	34										
Styrkir til sérleyfishafa		34	34								
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)	570										
Til að flýta nýframkvæmdum á landsbyggð (lán)				60			85	104	35	104	112
Viðhald vegna vatnaskemmda			70								
1998											
Fjáraukalög (viðbót við vegáætlun)											
Nýframkvæmdir vegna endurmats á mörkuðum tekjum	119		119								
Viðbótarframlag úr ríkissjóði (á vegáætlun)	350	350		24	25	202	19	13	14	35	18
1997											
Fjáraukalög (á vegáætlun)	331										
Samræming við vegáætlun		331	331								
Viðbótarframlag úr ríkissjóði (vegáætlun)	350	350		26	20	202	20	15	14	33	20
Samtals	**17.690**		**13.816**	**175**	**58**	**453**	**227**	**1.131**	**273**	**669**	**888**

Skýringar:

Hér er upptalið allt viðbótarfé sem runnið hefur til vegagerðar á árunum 1997–2006, þ.e. fjárveitingar sem komið hafa á fjáraukalögum auk þess viðbótarfjár sem hefur verið bætt við á vegáætlun (VÁ) umfram það sem markaðir tekjustofnar gefa. Einnig er hér tilgreindur niðurskurður sem gerður hefur verið á vegáætlun.

Algengast er að viðbótarfé sé bætt við heildarkökuna áður en henni er skipt og er því ekki hægt að skipta því sérstaklega niður á landshluta og lendir það þá í dálkinum „Ekki staðsett“. Sama á við um frestun framkvæmda árið 2002.

Hér er ávallt gengið út frá vegáætlun, sem til hefur verið frá 1964. Samgönguáætlun er öllu nýrri, eða frá 2003, en vegáætlun er nú hluti hennar.

Skilgreiningar og yfirlit.

Aukafjárveitingar geta verið:

a. fjárveitingar til Vegagerðarinnar samkvæmt fjáraukalögum,

b. fjárveitingar til Vegagerðarinnar samkvæmt fjáraukalögum og viðbótarfjárveitingar á vegáætlun (VÁ) umfram markaðar tekjur.

Frestun getur verið:

c. frestun, sem tekið hefur verið tillit til í vegáætlun,

d. frestun, sem ekki hefur verið tekið tillit til í vegáætlun.

	Ár	Samþ. VÁ	Ath.	Þar af viðbótar-ríkisframlag	Þar af viðbót v/ jarðganga	Þar af viðbótarfé	Þar af sérstök fjáröflun	Þar af frestun (í VÁ)	Frestun (utan VÁ)	Fjárlög	Fjár-aukalög,	Sérstök fjár-aukalög	Fjárlög og fjáraukalög alls	Mismunur, fjárlög - VÁ
			e.	b.	b.	b.	b.	c.	d.		a. og b.			
	2006	12.913	68,2	1.526	725					12.981,2			12.981,2	0,0
Ný	2005	12.930		1.263	1.200					12.930,4	513,0		13.443,4	513,4
	2004	15.136	54,0	1.544	1.530				-1.822	13.361,9	375,0		13.736,9	-1.453,1
Ný	2003	16.068	53,0	1.413	1.200					12.821,8	400,0	3.000	16.221,8	100,8
Sér	2002	11.359	52,0			500	2.300	-1.616		11.411,4	70,0		11.481,4	70,4
	2001	12.000	51,0			500	750		-800	10.997,0	166,0		11.163,0	-888,0
Ný	2000	9.802	-178,3			500	324			9.349,0	375,0		9.724,0	100,3
	1999	8.513								8.547,0	570,0		9.117,0	604,0
Ný	1998	7.695		350						7.695,0	119,0		7.814,0	119,0
	1997	7.420		350						7.089,0	331,0		7.420,0	0,0

Ath. Mismunur á vegáætlun og fjárlögum.

e. Eðlilegur mismunur er vegna mismunandi uppsetningar:

2006: 68,2 millj. kr. Afskriftir á mörkuðum tekjum og verðbætur á ferjulánum teknar með í fjárlögum en ekki vegáætlun.

2001–2004: Umsýslugjald dregið frá í vegáætlun, en meðtalið í fjárlögum.

2000: Afborgun á lánum til ríkissjóðs tekin með í vegáætlun, en ákveðið að taka út úr fjárlögum í fjáraukalögum.

927. Svar [419. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var umferð um Reykjavíkurflugvöll á árabilinu 1995–2005? Óskað er eftir að í svarinu komi fram annars vegar fjöldi flugvéla (komur/brottfarir) og hins vegar fjöldi farþega (komufarþegar/brottfararfarþegar), skipt eftir umferð af ólíku tagi, þ.e.

a. farþegaflugi,
b. sjúkraflugi,
c. ferjuflugi, og
d. millilandaflugi.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir fjölda farþega og hreyfingar flugvéla sem farið hafa um Reykjavíkurflugvöll á árunum 1994–2005. Flugtak og lending telst hvort um sig sem ein hreyfing.

Fjöldi hreyfinga:

a. *Áætlunar- og leiguflug (farþegaflug innan lands).* Á yfirlitinu má sjá skráðar hreyfingar í áætlunar- og leiguflugi innan lands. Hreyfingar voru flestar árið 1999, alls 21.292, en töluvert færri árið 2005, eða 14.026.
b. *Sjúkraflug.* Á yfirlitinu má sjá fjölda hreyfinga í sjúkraflugi 1998–2005.
c. *Ferjuflug.* Ferjuflug er ekki skilgreint sérstaklega. Á yfirlitinu er sérstakur flokkur yfir aðrar hreyfingar og fellur ferjuflug í þann flokk.
d. *Áætlunar- og leiguflug (farþegaflug milli landa).* Hreyfingar í áætlunar- og leiguflugi milli landa voru flestar árið 2000, eða 1.536, en þeim fækkaði næstu ár. Hreyfingar voru 1.098 árið 2005.

Fjöldi farþega:

a. *Áætlunar- og leiguflug (farþegaflug innan lands).* Fjöldi innanlandsfarþega um Reykjavíkurflugvöll var mestur árið 1999, eða 432.172 farþegar. Farþegar voru árið 2005 alls 356.017. Á yfirlitinu má sjá skiptingu farþega í komu- og brottfararfarþega.
b. *Sjúkraflug.* Upplýsingar um fjölda farþega í sjúkraflugi sem koma til Reykjavíkurflugvallar má finna í yfirlitinu. Nokkrar sveiflur eru í fjölda farþega í sjúkraflugi en þeir voru flestir árið 2005, eða 1.126.
c. *Ferjuflug.* Sjá fyrra svar við spurningu um ferjuflug.
d. *Áætlunar- og leiguflug (farþegaflug milli landa).* Fjöldi millilandafarþega óx frá árinu 1994 til 2001 þegar samdráttur varð í flugi. Farþegar í millilandaflugi árið 2005 voru 25.999.

Yfirlit um flutninga á Reykjavíkurflugvelli 1994–2005.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Heildarfjöldi farþega												
Reykjavík	343.220	354.725	371.559	415.353	444.013	454.469	440.903	352.330	328.007	346.796	379.372	382.016
Breyting milli ára		3,4%	4,7%	11,8%	6,9%	2,4%	-3,0%	-20,1%	-6,9%	5,7%	9,4%	0,7%
Innanlandsfarþegar	333.586	346.927	350.745	393.541	421.842	432.172	415.888	327.123	304.606	321.507	359.985	356.017
Millilandafarþegar	9.634	7.798	20.814	21.812	22.171	22.297	25.015	25.207	23.401	25.289	19.387	25.999
	343.220	*354.725*	*371.559*	*415.353*	*444.013*	*454.469*	*440.903*	*352.330*	*328.007*	*346.796*	*379.372*	*382.016*
Skipting farþega												
Áætlun, komufarþegar	158.219	163.682	173.664	193.372	213.339	220.489	217.171	174.723	162.256	173.041	189.377	188.374
Áætlun, brottfararfarþegar	158.775	167.700	175.625	200.717	221.165	226.240	219.439	174.868	162.951	173.537	188.942	188.818
Samtals áætlunarflug	*316.994*	*331.382*	*349.289*	*394.089*	*434.504*	*446.729*	*436.610*	*349.591*	*325.207*	*346.578*	*378.319*	*377.192*
Leiguflug, komufarþegar	12.911	11.364	10.541	10.246	4.210	4.043	2.585	1.355	975	58	172	1.754
Leiguflug, brottfararfarþegar	12.804	11.289	11.303	10.593	4.888	3.568	1.371	481	1.332	58	202	1.944
Samtals leiguflug	*25.715*	*22.653*	*21.844*	*20.839*	*9.098*	*7.611*	*3.956*	*1.836*	*2.307*	*116*	*374*	*3.698*
Sjúkraflug koma	272	438	336	323	266	88	269	634	481	675	583	846
Sjúkraflug fara	83	240	81	112	143	36	68	269	12	139	146	280
Samtals sjúkraflug	*355*	*678*	*417*	*435*	*409*	*124*	*337*	*903*	*493*	*814*	*729*	*1.126*
Fjöldi hreyfinga												
Reykjavík	44.010	43.316	48.885	56.454	62.918	59.743	53.073	44.572	37.776	36.477	37.370	48.661
Breyting milli ára		-1,6%	12,9%	15,5%	11,5%	-5,0%	-11,2%	-16,0%	-15,2%	-3,4%	2,4%	30,2%
Innanlandshreyfingar*	40.594	39.548	45.309	52.632	59.228	56.229	49.275	41.234	34.652	58.587	62.242	89.973
Millilandahreyfingar	3.416	3.768	3.576	3.822	3.690	3.514	3.798	3.338	3.124	3.226	3.732	4.300
	44.010	*43.316*	*48.885*	*56.454*	*62.918*	*59.743*	*53.073*	*44.572*	*37.776*	*61.813*	*65.974*	*94.273*
Skipting hreyfinga												
Áætlunar- og leiguflug	21.868	21.770	18.812	21.330	21.782	22.450	19.850	16.058	14.502	14.338	14.618	15.124
Áætlunar- og leiguflug innan lands	20.824	20.488	17.498	19.888	20.684	21.292	18.314	14.784	13.420	13.242	13.596	14.026
Áætlunar- og leiguflug milli landa	1.044	1.282	1.314	1.442	1.098	1.158	1.536	1.274	1.082	1.096	1.022	1.098
Aðrar hreyfingar	22.142	21.546	30.073	35.124	40.820	36.966	32.864	28.197	23.022	21.833	22.453	33.238
Aðrar hreyfingar innan lands	19.770	19.060	27.811	32.744	38.228	34.610	30.602	26.133	20.980	19.703	19.743	30.036
Aðrar hreyfingar milli landa	2.372	2.486	2.262	2.380	2.592	2.356	2.262	2.064	2.042	2.130	2.710	3.202
Þar af sjúkraflug	-	-	-	-	316	327	359	317	252	306	299	299

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Vörur og póstur												
Reykjavík	2.060.767	2.043.171	2.326.152	2.258.407	1.473.255	1.767.955	1.530.672	1.300.291	1.518.721	1.447.739	1.329.374	1.256.219
Breyting milli ára		-0,9%	13,9%	-2,9%	-34,8%	20,0%	-13,4%	-15,1%	16,8%	-4,7%	-8,2%	-5,5%
Þar af innan lands	2.047,6	2.007,2	1.567,3	1.218,4	1.342,5	1.768,0	1.359,2	1.106,5	1.312,5	1.240,1	1.197,0	1.198,0
Þar af milli landa	13,1	277,4	758,8	1.040,0	130,8	122,3	171,5	193,8	206,2	207,6	132,0	133,0
	2.060,7	*2.284,6*	*2.326,1*	*2.258,4*	*1.473,3*	*1.890,3*	*1.530,7*	*1.300,3*	*1.518,7*	*1.447,7*	*1.329,0*	*1.331,0*
Skipting flutninga												
Vörur												
Vörur koma	690.219	321.673	500.781	694.554	219.750	338.153	359.425	323.789	393.521	344.094	273.091	172.014
Vörur fara	759.637	1.232.848	1.494.077	1.338.415	1.091.961	1.252.309	1.109.730	944.874	1.005.125	1.060.569	1.035.647	944.872
Samtals vörur	*1.449.856*	*1.554.521*	*1.994.858*	*2.032.969*	*1.311.711*	*1.590.462*	*1.469.155*	*1.268.663*	*1.398.646*	*1.404.663*	*1.308.738*	*1.116.886*
Vörur innan lands	1.443,3	1.528,4	1.242,2	1.074,6	1.197,5	1.590,5	1.304,1	1.089,5	1.213,5	1.221,7	1.193,1	**
Vörur milli landa	6,5	267,6	752,6	958,4	114,2	112,1	165,1	179,2	185,1	183,0	114,9	**
Póstur												
Póstur kemur	295.281	123.272	95.269	120.074	41.601	54.282	16.243	17.532	48.994	22.698	13.929	50.635
Póstur fer	315.630	365.378	236.025	105.364	119.943	123.211	45.274	14.096	71.081	20.378	6.707	88.698
Samtals póstur	*610.911*	*488.650*	*331.294*	*225.438*	*161.544*	*177.493*	*61.517*	*31.628*	*120.075*	*43.076*	*20.636*	*139.333*
Póstur innan lands	604,3	478,8	325,1	143,8	145,0	177,5	55,1	17,0	99,0	18,4	3,5	**
Póstur milli landa	6,6	9,8	6,2	81,6	16,6	10,2	6,4	14,6	21,1	24,7	17,1	**

* Snertilendingar eru ekki meðtaldar.

** Skipting ekki komin.

928. Svar [581. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um skuldbindingar sveitarfélaga.

Hverjar voru skuldbindingar átta stærstu sveitarfélaganna vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum, og hvernig hefur þróun slíkra skuldbindinga verið sl. fjögur ár?

Samkvæmt reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, með síðari breytingum, ber sveitarfélögum að senda ársreikninga sína til félagsmálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands strax að lokinni samþykkt þeirra, en þó eigi síðar en 15. júní ár hvert. Ásreikningar 2005 hafa ekki enn borist ráðuneytinu og því var ekki unnt að taka saman upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda um síðustu áramót. Upplýsingar í töflu hér á eftir eru því úr ársreikningum 2002–2004 og eru á verðlagi hvers árs.

Samtals námu skuldbindingar átta fjölmennustu sveitarfélaganna vegna einkaframkvæmda 5.185 millj. kr. árið 2002, 8.539 millj. kr. árið 2003 og 8.546 millj. kr. árið 2004.

Í töflunni koma fram upplýsingar um þróun skuldbindinga átta fjölmennustu sveitarfélaganna vegna einkaframkvæmda á árunum 2002–2004, sundurliðaðar eftir sveitarfélögum.

Skuldbindingar vegna eigna- eða rekstrarleigusamninga, þús. kr. á verðlagi hvers árs.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. des. 2005	2002	2003	2004
Reykjavíkurborg	114.800	1.174.034	1.155.736	1.395.191
Kópavogsbær	26.468	82.000	50.700	48.900
Hafnarfjarðarbær	22.451	3.269.391	3.332.767	3.353.645
Akureyrarkaupstaður	16.736	0	0	0
Reykjanesbær	11.346	659.400	4.000.204	3.748.353
Garðabær	9.423	0	0[1]	0[2]
Mosfellsbær	7.157	0[3]	0[4]	0[5]
Sveitarfélagið Árborg	6.961	0	0	0
Samtals		**5.184.825**	**8.539.407**	**8.546.089**

[1] Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir leikskóla, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi en árið 2003 voru greiddar um 16,8 millj. kr. samkvæmt samningnum.

[2] Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir Sjálandsskóla, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi en fram kemur að árleg leigufjárhæð nemi um 65 millj. kr.

[3] Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir tónlistarskóla, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi en árið 2002 voru greiddar um 7,3 millj. kr. samkvæmt samningnum.

[4] Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir tónlistarskóla, núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi en árið 2003 voru greiddar um 7,9 millj. kr. samkvæmt samningnum.

[5] Sveitarfélagið hefur gert samning um leigu á húsnæði fyrir tónlistarskóla o.fl., núvirði samningsgreiðslna kemur ekki fram í ársreikningi en árið 2004 voru greiddar um 9,7 millj. kr. samkvæmt samningnum.

929. Fyrirspurn [631. mál]

til iðnaðarráðherra um ívilnanir til álvera á landsbyggðinni.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Í hverju eru þau sérkjör og „ívilnandi samningar við stjórnvöld“ fólgin sem álver og önnur fyrirtæki á landsbyggðinni geta fengið umfram fyrirtæki á suðvesturhorni landsins og heimil eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA?
2. Hver er ferill umsóknar fyrirtækja um sérkjör á þessum grunni?
3. Hvaða fyrirtæki í landinu njóta nú þegar sérkjara á nefndum forsendum, hverjar eru þær ívilnanir og hve mikla fjármuni er um að ræða í hverju tilviki?

930. Fyrirspurn [632. mál]

til menntamálaráðherra um gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvernig er gamla héraðsskólahúsið á Laugarvatni nýtt og hvaða hugmyndir eru uppi um notkun þess í framtíðinni?
2. Er fyrirhugað að leggja fé í endurnýjun og viðhald hússins? Ef svo er, hve mikið?

931. Fyrirspurn [633. mál]

til umhverfisráðherra um merkingu matvæla.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvaða reglur gilda um merkingu matvæla á Íslandi?
2. Telur ráðherra eðlilegt að innflytjendur matvæla merki þau á þann hátt að ekki sé skýrt hvaðan varan er?
3. Hyggst ráðherra herða reglur um merkingu matvæla þannig að ekki fari milli mála hvaða vörur eru innlendar og hvaða vörur eru af erlendum uppruna?

932. Frumvarp til vatnalaga. [268. mál]

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni, farvegi þess, lífríki þess, vistkerfum eða landslagi umfram það sem nauðsynlegt er.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Almenningur:* Sá hluti vatns sem liggur fyrir utan netlög fasteignar.
2. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
3. *Búsþarfir:* Búsþarfir til kvikfjárræktar.
4. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
5. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
6. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
7. *Grunnvatn:* Allt vatn neðan jarðar í samfelldu vatnslagi í gegnmettuðum jarðlögum, kyrrstætt eða rennandi, sem er í beinni snertingu við jarðlögin.
8. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
9. *Heimilisþarfir:* Þarfir til venjulegs heimilishalds.
10. *Jarðhiti:* Jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn sem flytur jarðvarmaorku.
11. *Lágflæði:* Minnsta rennsli eða lækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og auðri jörð.
12. *Mannvirki:* Hvers konar manngerðar tilfæringar, t.d. hús, brú eða virkjun.
13. *Merkivatn:* Vatn það sem ræður landamerkjum.
14. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns eða vatnsfalls sem fasteign liggur að.
15. *Orkunýting:* Hvers konar hagnýting orkulinda sem byggist á breytingu einnar tegundar orku í aðra.

16. *Orkuver:* Land eða lóð, hús og önnur mannvirki til orkuvinnslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.
17. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
18. *Stöðuvatn:* Vatn sem sýnist slétt í logni og straumlaust að sjá enda þótt flætt geti gegnum það.
19. *Vatnsból:* Mannvirki, t.d. brunnar, borholur eða virkjaðar lindir, eða náttúruleg vatnsleg þar sem vatn er tekið eða nytjað á staðnum.
20. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
21. *Vatnsflæði:* Rennsli vatns sem vatnsmagn á tímaeiningu, í l/sek. eða m^3/sek.
22. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
23. *Vatnsmiðlun:* Geymsla á vatni til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til stýringar á rennsli vatns.
24. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
25. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
26. *Vatnsvirki:* Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.
27. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI
Eignarhald á vatni.

4. gr.
Eignarréttur að vatni.

Fasteign hverri, þar með talið þjóðlendu, fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur.

5. gr.
Sameign á vatni.

Fasteignareigendur sem hafa aðgang að sama vatni eiga sama rétt til þess í hlutfalli við þá nýtingu sem er gerleg á eða fyrir landi þeirra. Ef ekki verður samkomulag um nýtingu skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu vatns sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki fasteigna tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting vatns verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast sé að nýta vatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

6. gr.
Ef merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir er hvorri rétt að nota vatnið að jöfnu eftir þörfum sínum. Dreifist vatn í farvegi skal hvorri fasteign fylgja jafn réttur til vatnsins þó að ekki skiptist til helminga um miðlínu. Ef vatn er svo lítið að ekki nægi báðum eða öllum skal ákveða skipti og notkun þess með mati dómkvaddra matsmanna.

7. gr.

Leyfi til að skilja vatnsréttindi frá fasteign.

Ekki má skilja við fasteign vatnsréttindi til heimilis- og búsþarfa nema með leyfi ráðherra.

8. gr.

Aðskilnaður vatns frá fasteign og skipting vatnsréttinda.

Nú eru vatnsréttindi framseld án þess að eignarréttur að fasteign sé jafnframt framseldur og fer þá um réttarvernd þeirra samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga er varða fasteignir.

Nú er framseldur hluti fasteignar sem liggur að vatni eða á og eru vatnsréttindi innifalin í kaupunum nema öðruvísi sé kveðið á um. Þó skal sá hluti fasteignar sem eftir stendur hafa næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Ef sameignarlandi er skipt skulu hverjum eignarhluta fylgja, svo sem frekast er kostur, næg vatnsréttindi til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

9. gr.

Skylda til þátttöku í vatnsveitu, áveitu, vatnsmiðlun eða vörnum gegn vatnságangi.

Nú eiga menn fasteign í félagi og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignar ákveðið að ráðast í framkvæmdir enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði öllum af þeim ef talið verður að fasteigninni muni verða meira hagræði af framkvæmdunum en kostnaðinum nemur.

Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna.

III. KAFLI

Landamerki í vötnum.

10. gr.

Landamerki í vatnsföllum.

Nú skilur vatnsfall fasteignir og á þá hvort land í miðjan farveg nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð.

Ekki breytast merki þótt farvegur breytist.

11. gr.

Landamerki í stöðuvötnum.

Nú liggur fasteign að stöðuvatni og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka sem hann verður talinn framhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd skal miðlína þess ráða merkjum nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.

Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns og er sundið mjórra en 230 metrar og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

Ef breyting verður á vatnsbotni skulu netlög vera þar sem þau voru áður.

12. gr.
Landamerki milli fasteigna sem liggja að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin.

Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin og fylgja þá netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni.

IV. KAFLI
Farvegur.

13. gr.
Forn farvegur.

Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

Óheimilt er fasteignareiganda eða öðrum nema lög heimili:

1. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsflæði, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð,
2. að gerstífla vatnsfall eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,
3. að veita vatni af fasteign sinni á aðra fasteign ef af því stafar tjón eða hætta.

14. gr.
Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.

Nú breytist farvegur af náttúrulegum ástæðum og er þá fasteignareiganda hverjum sem bagi verður að breytingunni rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil samkvæmt leyfi ráðherra, en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem slíkt bakar honum. Ef ágreiningur verður skal skorið úr með eignarnámsmati.

Nú hefur sama ástand haldist í 20 ár eða lengur og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

V. KAFLI
Aðgangsröð að vatni.

15. gr.
Forgangur að vatni.

Vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gengur fyrir annarri vatnsnýtingu. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf.

Heimilt er fasteignareiganda að sækja sér vatn til heimilis- og búsþarfa á aðra fasteign ef eiganda þeirrar fasteignar verður ekki óhæfilegur bagi að enda sé slík vatnstaka á eigin fasteign ómöguleg eða til muna erfiðari. Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum. Náist ekki samkomulag með aðilum um bætur skulu þær ákveðnar með eignarnámsmati.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til töku vatns til vatnsveitu á eftir heimilis- og búsþörfum fasteignareigenda. Um vatnsveitur sveitarfélaga fer samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nái sveitarfélag ekki samkomulagi við fasteignareiganda um töku vatns í landi hans til vatnsveitu, eða um önnur atriði sem nauðsynleg má telja í því sambandi, getur iðnaðarráðherra heimilað að nauðsynlegt land, mannvirki og aðstaða til nýtingar og töku vatnsins og lagningar vatnsveitu, sem og önnur réttindi fasteignareiganda, verði tekin eignarnámi.

16. gr.

Ef vatn er of lítið til að fullnægja þörfum skv. 15. gr.

Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim sem í 15. gr. segir og á þá hver sú fasteign sem tilkall hefur til þess vatns sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum.

Ef menn greinir á um það hversu hver þurfi mikils vatns skal skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

17. gr.

Vatnsból.

Nú gerir fasteignareigandi vatnsból á fasteign sinni og skal hann þá gæta þess að ekki sé minnkuð eða heft aðsókn vatns að vatnsbólum annarra fasteignareigenda. Komi upp ágreiningur um nýtingu vatns fer um hann skv. 2. mgr. 5. gr.

VI. KAFLI
Nýting vatnsorku.

18. gr.

Takmarkanir á orkunýtingarrétti.

Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum skv. 15. gr. né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun né vatni sem nota þarf með þeim hætti spillt fyrir neinum svo að til verulegra óþæginda horfi.

19. gr.

Er merkivötn skilja fasteignir.

Þar sem merkivötn skilja fasteignir hafa eigendur beggja jafnan rétt til að nota vatn úr þeim til orkuvinnslu.

Eigandi hvorrar fasteignar fyrir sig á rétt til svo mikils af vatnsorkunni sem svarar hálfu vatnsflæði merkivatnsins og fallhæð þeirri sem er fyrir landi hans enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

VII. KAFLI
Mannvirki.

20. gr.

Mannvirki varðar tvær fasteignir.

Nú vill eigandi annars vatnsbakka merkivatns gera mannvirki í vatni til vatnsnýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera mannvirki með sér og nota vatnið að réttri tiltölu. Nú verða þeir sammála um framangreint, en greinir á um framkvæmd verksins, skiptingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

21. gr.

Heimild til framkvæmda.

Ef fasteignareigandi gerir stíflu í vatnsfarvegi og veitir vatni úr náttúrulegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsnota, skal þess gætt að ekki séu gerðar skemmdir á fasteignum annarra manna um nauðsyn fram. Ekki má

veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg ef unnt er og svo fljótt sem kostur er.

Ef nauðsyn krefur getur ráðherra veitt eiganda fasteignar skv. 1. mgr. heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

22. gr.

Breyting á vatnsfarvegi.

Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru í því skyni að verja land eða landsnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.

Nú þarf sá sem ætlar að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. afnot af fasteignum annarra manna og getur þá ráðherra veitt heimild til eignarnáms. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati ef ekki semst með aðilum.

Ráðherra er rétt að ráðast í framkvæmdir skv. 1. mgr. enda sé það gert til að verja fasteignir eða önnur mannvirki sem varða almannaheill. Heimilt er ráðherra að taka fasteignir eignarnámi í þessu skyni. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

23. gr.

Heimild til vatnsmiðlunar.

Leita skal leyfis Orkustofnunar til að framkvæma vatnsmiðlun eða breyta henni ef flatarmál miðlunarlóns að því loknu er 1.000 fermetrar eða stærra við hæstu vatnsstöðu. Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

24. gr.

Heimild eiganda til að veita vatni af fasteign sinni.

Ef nauðsyn krefur má fasteignareigandi veita vatni af fasteign sinni á aðrar fasteignir enda sé ekki unnt að losna við það með öðrum hætti. Með sama hætti má hann veita vatni í skurði á aðrar fasteignir eða grafa þar skurði í því skyni, en skurðum skal þá svo langt fram haldið að eigendum annarra fasteigna verði ekki óþarfur bagi að. Ráðherra getur heimilað eignarnám til afnota af fasteign manns í þessu skyni. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

25. gr.

Niðurlagning mannvirkis.

Niðurlagning mannvirkis samkvæmt þessum kafla, þar með talið stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt.

26. gr.

Aðgæsluskylda.

Mannvirki og framkvæmdir allar samkvæmt þessum kafla skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

VIII. KAFLI
Vatnafélög.

27. gr.
Stofnun vatnafélaga.

Heimilt er fasteignareigendum að stofna félag um:
1. Vatnsveitu.
2. Áveitu.
3. Varnir við ágangi vatns.
4. Vatnsmiðlun.
5. Annað sem lögmætan tilgang hefur samkvæmt lögum þessum.

Fara skal um félög skv. 1. mgr. svo sem í þessum kafla segir.

28. gr.
Stofnfundarboð.

Þeir fasteignareigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 27. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu. Komi til löglegrar stofnunar félagsins telst kostnaður allur af fundarboði, fundarhaldi, uppdráttum af fyrirhuguðum framkvæmdum og mannvirkjum o.s.frv. til stofnkostnaðar.

29. gr.
Efni samþykktar.

Þegar ákveðið hefur verið að stofna félag skal samþykkt þess sett svo fljótt sem unnt er.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um:
1. nafn félags, heimilisfang þess og varnarþing,
2. verkefni félags,
3. skipun félagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda,
4. eigendur hvaða fasteigna taki þátt í félaginu, svo að ekki verði um það villst, og um atkvæðisrétt á félagsfundum,
5. reikninga og bókhald félagsins og endurskoðun,
6. hvernig boða skuli til félagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti,
7. hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess sem félagsskapurinn hefur í för með sér,
8. hvaða kvaðir eða eignarhöft leggjast á fasteignir þær sem þátt taka í félagsskapnum,
9. árstillög félagsmanna,
10. hvaða reglum skuli eftir farið ef breyta á samþykktum félagsins,
11. inntöku nýrra félaga, sbr. 30. gr.,
12. heimild til úrsagnar úr félagi, sbr. 31. gr.,
13. hvernig fara skuli um félagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

Í samþykktum skal kveðið svo á að afl atkvæða ráði úrslitum. Ef sérstök ástæða þykir til má ákveða í samþykkt að aukinn meiri hluta þurfi til ákvörðunar um einstök félagsmálefni, önnur en þau sem sérstaklega er um mælt í lögum þessum.

Gildi samþykkta vatnafélags er háð staðfestingu iðnaðarráðherra.

30. gr.
Nýir félagar.

Rétt er að taka nýja menn í félag ef lögmætur félagsfundur samþykkir.

Hverjum þeim sem ekki hefur í upphafi tekið þátt í vatnsveitufélagi í þeim tilgangi sem tilgreindur er skv. 27. gr. er heimilt að gera það síðar enda liggi fasteign hans með þeim hætti að þátttaka hans valdi ekki verulegu óhagræði. Náist ekki samkomulag um heimild til aðildar og/eða um greiðslu endurgjalds, sbr. 4. mgr., skal skorið úr með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef veruleg breyting verður á skyldum félaga vegna töku nýrra félagsmanna eða verkefni félaga breytist verulega fyrir þá sök skal fara með málið sem breytingar á samþykktum félagsins.

Nú bætist nýr maður í félag og skal hann þá greiða að sínum hluta og frá þeim tíma hlutdeild í stofnkostnaði, þau gjöld sem á félögum hvíla og með sama hætti sem aðrir félagar nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að geta notað mannvirki félagsins.

31. gr.
Úrsögn.

Segja má maður sig úr félagi, en skal hann þá fá greiddan stofnkostnað sinn að því leyti sem verðmæti hlutar hans er meira en nemur kostnaði og tjóni af brottför hans. Úr ágreiningi skal skorið með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef maður segir sig úr félagi ábyrgist hann þau gjöld sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum félagsins til þess tíma er hann fer úr félaginu.

32. gr.
Ábyrgð á skuldum.

Eignir félags standa fyrir skuldum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð umfram löglega ákveðna hlutdeild sína í félaginu.

33. gr.
Slit félags.

Félagi skal slíta:

1. ef félagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþykktar sinnar,
2. ef félagar eru aðeins tveir og annar krefst þess,
3. ef það kemur síðar í ljós að ekki er unnt að ná því takmarki sem félagið setti sér, eða það er svo miklum örðugleikum bundið að erfitt þykir að halda félagsskapnum áfram; ágreiningi um það hvort skilyrði félagsslita samkvæmt þessum tölulið séu fyrir hendi skal til lykta ráðið með mati dómkvaddra matsmanna.

Ef helmingur félaga eða meira krefst þess er skylt að kjósa skilanefnd til að standa fyrir skiptum félagsins og fer um vald hennar sem skilanefndar við slit hlutafélags.

Ef eignir félagsins hrökkva ekki fyrir skuldum skal því sem á vantar skipta á félaga að réttri tiltölu við félagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu félagsákvæði. Hver félagi ábyrgist einungis sinn hluta.

Um skiptin fer annars samkvæmt ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl.

IX. KAFLI
Stjórnsýsla.

34. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til iðnaðarráðherra. Um meðferð máls fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

35. gr.
Tilkynningarskylda.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í eða við vötn vegna vatnsnýtingar, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Ekki er þó skylt að senda tilkynningu skv. 1. mgr. þegar Landbúnaðarstofnun er send skrifleg umsókn um framkvæmd í eða við veiðivatn skv. VII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Landbúnaðarstofnun skal þegar henni berst umsókn um leyfi fyrir framkvæmdum þegar í stað senda Orkustofnun afrit af öllum slíkum umsóknum.

Orkustofnun er heimilt að setja skilyrði fyrir framkvæmdum og starfsemi sem taldar eru nauðsynlegar af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að framkvæmdir eða starfsemi geti spillt þeirri nýtingu sem fram fer í vatni eða möguleikum á að nýta vatn síðar. Heimild Orkustofnunar til þess að setja slík skilyrði nær þó ekki til framkvæmda og starfsemi á friðlýstum svæðum sem háðar eru leyfi Umhverfisstofnunar.

Orkustofnun skal gera tilkynningarskyldum aðila grein fyrir því innan fjögurra vikna frá því að tilkynning barst stofnuninni hvort hún hyggst banna tilkynntar framkvæmdir, setja skilyrði fyrir þeim skv. 3. mgr. eða gera aðrar athugasemdir við framkvæmdir þær sem tilkynntar hafa verið. Berist athugasemdir Orkustofnunar ekki tilkynningarskyldum aðila innan frestsins skal líta svo á að engar athugasemdir séu gerðar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ákveði Orkustofnun að setja tilkynningarskyldum aðila skilyrði skv. 3. mgr. skal ákvörðun liggja fyrir innan fjögurra vikna frá lokum fjögurra vikna frests samkvæmt þessari málsgrein.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tilkynningarskyldu, útfærslu skilyrða sem setja má fyrir framkvæmdum og önnur atriði samkvæmt þessari grein.

36. gr.
Eftirlit og úrræði.

Orkustofnun hefur stjórnsýslu og eftirlit með vatnsnýtingu og framkvæmdum samkvæmt lögum þessum. Telji Orkustofnun að framkvæmdir eða starfsemi í vötnum samræmist ekki lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Orkustofnun skal upplýsa ráðherra um brot leyfishafa sem varðað geta dagsektum. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Ef brot eru ítrekuð eða stórfelld getur Orkustofnun fellt niður leyfi samkvæmt lögum þessum og bannað framkvæmdir eða starfsemi sem heimil er á grundvelli 35. gr.

Áður en gripið er til úrræða skv. 1. og 2. mgr. skal Orkustofnun ávallt veita skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

X. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

37. gr.
Eignarnám.

Ráðherra getur heimilað að vatnsréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

38. gr.
Endurgjald.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um vatnsréttindin og kostnað af notkun. Einnig skal við ákvörðun eignarnámsbóta koma til frádráttar sérhagur viðkomandi fasteignar af framkvæmdum. Að öðru leyti fer um endurgjald fyrir eignarnumin réttindi eftir almennum reglum.

39. gr.
Dómkvaddir matsmenn.

Nú segir í lögum þessum að skorið skuli úr ágreiningi með mati dómkvaddra matsmanna og fer þá um dómkvaðningu, þar með talið kostnað af mati, samkvæmt lögum um meðferð einkamála.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

40. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um starfrækslu vatnafélaga.

41. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

42. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2007.

Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma vatnalög, nr. 15/1923.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt vatnalögum, nr. 15/1923, og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Um vatnafélög sem starfrækt eru við gildistöku laga þessara skulu gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara og samþykktir félagsins eftir því sem við getur átt. Þau félög skulu þó laga starfsemi sína að lögum þessum fyrir 1. janúar 2008.

43. gr.

Breytingar á ýmsum lögum á sviði vatnamála.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.
   a. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

      Sveitarfélögum er heimilt að leggja fráveitur, þ.e. leiðslukerfi og búnað til meðhöndlunar á skolpi. Eigendum fasteigna er skylt á sinn kostnað að annast lagningu leiðslna fyrir skolp að lóðarmörkum. Sveitarfélögum er heimilt að leggja gjald á fasteignir til þess að standa straum af kostnaði við að leggja og reka fráveitur. Gjald, sem kveðið skal á um í gjaldskrá, sbr. 5. mgr. 25. gr., getur tekið mið af flatarmáli húss eða lóðar eða fasteignamati og hvoru tveggja. Í gjaldskrá er einnig hægt að kveða á um sérstakt gjald fyrir tengingu við fráveitu.

      Sérstaka ívilnun má veita ef lóð er svo háttað að erfiðara er að koma skolpi eða afrennsli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt og sérstakt aukagjald má á leggja ef skolp frá einhverri lóð er svo á sig komið að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skolpi.

      Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður holræsagjald sem tekjulitlum ellieða örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.
   b. 25. gr. laganna orðast svo:

      Sveitarfélög setja sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

      1. bann og takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
      2. meðferð úrgangs,
      3. lagningu fráveitna og greiðslu stofn- og rekstrarkostnaðar vegna þeirra,
      4. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
      5. ábyrgðartryggingar.

      Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en hann staðfestir samþykktina.

      Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

      Samþykktir samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

      Sveitarfélög setja sér gjaldskrár um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við lagningu fráveitu og við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar stofnkostnaður við fráveitu, leyfi, leiga eða þjónusta eru tengd notkun fasteignar. Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

2. 18. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, orðast svo:
Almenningi er heimil för um vötn með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum og eftir atvikum öðrum lögum.

933. Frumvarp til laga [634. mál]

um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almennt ákvæði.

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni.

Til friðargæsluverkefna heyra m.a. eftirfarandi aðgerðir:

a. Aðgerðir til að koma á friði með viðveru og starfi friðargæsluliða og skapa friðvænleg skilyrði til framtíðar á átakasvæðum.
b. Aðgerðir til að halda hættuástandi á átakasvæðum í skefjum.
c. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika og starfa með heimamönnum á átakasvæðum í því skyni að koma í veg fyrir að átök brjótist út.
d. Verkefni borgaralegra sérfræðinga sem stuðla að uppbyggingu stjórnmála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði.
e. Mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

II. KAFLI
Störf og réttarstaða friðargæsluliða.

2. gr.

Í utanríkisráðuneytinu er skrifstofa íslensku friðargæslunnar sem skipuleggur og hefur umsjón með friðargæsluverkefnum á vegum ráðuneytisins. Utanríkisráðherra ákveður friðargæsluverkefni hverju sinni. Friðargæsluliðar sem sendir eru til starfa við slík verkefni heyra í daglegum störfum sínum undir stjórn þeirrar alþjóðlegu stofnunar sem verkefnið annast nema annað sé ákveðið.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu klæðast einkennisbúningum og bera tignargráður ef skipulag viðkomandi alþjóðastofnunar krefst þess.

3. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að bera vopn við störf sín sér til sjálfsvarnar krefjist aðstæður þess, enda hafi þeir fengið viðeigandi þjálfun til vopnaburðarins.

4. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum er heimilt að hafa nauðsynleg lyf og lækningatæki meðferðis við störf erlendis í samræmi við eðli og umfang verkefnisins hverju sinni.

5. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar heyra á erlendri grundu undir íslenska refsilögsögu. Ríkissaksóknari fer með rannsókn og ákæruvald vegna ætlaðrar refsverðrar háttsemi íslenskra friðargæsluliða. Slík sakamál skulu rekin fyrir íslenskum dómstólum í samræmi við almennar reglur opinbers réttarfars.

Íslenska ríkið fer með lögsögu að því er varðar agaviðurlög vegna brota íslenskra friðargæsluliða.

6. gr.

Þegar metið er hvort íslenskur friðargæsluliði hafi í starfi sínu á röstursömu svæði eða átakasvæði erlendis farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skal, honum til málsbóta, sérstaklega litið til þess hvort aðstæður hafi verið hættulegar eða til þess fallnar að vekja með honum óöryggi eða ugg og aðstæðna að öðru leyti.

Að öðru leyti fer um refsiábyrgð íslenskra friðargæsluliða eftir almennum hegningarlögum.

7. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem Ísland er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Þeir skulu gæta þagmælsku um hvaðeina sem þeir verða áskynja um í störfum sínum. Þagnarskyldan helst eftir að þeir láta af störfum.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu gangast undir siðareglur um störf sín sem utanríkisráðuneytið semur.

8. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á því svæði sem þeir starfa á erlendis.

III. KAFLI
Um ráðningu friðargæsluliða, kjör o.fl.

9. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að halda skrá yfir fólk sem er reiðubúið að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Heimilt er að binda skráningu almennum lágmarksskilyrðum, þar á meðal um menntun, þekkingu, reynslu, heilsufar, tungumálakunnáttu og aðra eiginleika eftir því sem ráðuneytið telur nauðsynlegt. Utanríkisráðuneytið metur að öðru leyti sérstaklega hvaða þekking, kunnátta eða reynsla kemur að mestum notum þegar ráðið er til einstakra verkefna og er þá ekki bundið af framangreindri skrá.

Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um auglýsingu starfa gilda ekki um störf að friðargæslu.

10. gr.

Friðargæsluliðar skulu ráðnir tímabundið að hámarki til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma skal vera einn mánaður. Ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 taka ekki til friðargæsluliða.

11. gr.

Ríkisstarfsmenn skulu eiga rétt á launalausu leyfi þann tíma sem þeir gegna friðargæslustarfi. Slíkt leyfi hefur ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra, þar á meðal til aðildar að stéttarfélagi og til greiðslu í lífeyrissjóð. Starfstími þeirra við friðargæslu skal reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.

12. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu njóta sömu kjara í skattamálum og starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis.

13. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar skulu vera tryggðir vegna slysa sem þeir kunna að verða fyrir í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Nánar skal kveðið á um skilmála slíkrar tryggingar í reglugerð sem utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðherra og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda ekki um störf íslenskra friðargæsluliða á erlendri grundu.

Ákvæði laga og kjarasamninga um vinnutíma, hvíldartíma og frídaga gilda ekki um friðargæsluliða. Friðargæsluliðum er ekki greitt aukalega vegna yfirvinnu og álags sem vinnu þeirra kann að fylgja.

15. gr.

Íslenskir friðargæsluliðar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

IV. KAFLI
Gildistaka o.fl.

16. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum misserum stefnt að aukinni þátttöku í friðargæslustörfum á erlendri grundu. Í nóvember 2000 skilaði starfshópur sem ríkisstjórnin skipaði tillögum um aukna þátttöku Íslands í friðargæslu á vegum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að. Í starfshópnum voru fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu, forsætisráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og er tillögur hópsins að finna í riti utanríkisráðuneytisins nr. 4/2000 sem ber heitið „Þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu“. Aukin þátttaka Íslands í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum er í samræmi við þá stefnu íslenskra stjórnvalda að Íslendingar taki í meira mæli á sig ábyrgð gagnvart umheiminum og alþjóðasamfélaginu. Í febrúar 2006 störfuðu um 25 Íslendingar á vegum utanríkisráðuneytisins að friðargæslustörfum í Afganistan, Írak, Srí Lanka, Bosníu og Hersegóvínu og Kósóvó-héraði.

Opinber þátttaka Íslendinga í friðargæslustörfum á alþjóðavettvangi hófst fyrir rúmum 50

árum þegar tveir íslenskir lögreglumenn fóru til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna í Palestínu á árunum 1950 og 1951. Frá þeim tíma hafa íslenskir sérfræðingar starfað að friðargæslu og sinnt uppbyggingarstarfi á átakasvæðum á vegum íslenskra stjórnvalda víða um heim, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna, en undanfarin ár einnig á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO), Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópusambandsins, auk norræna eftirlitsverkefnisins Sri Lanka Monitoring Mission. Frá árinu 1994 hafa á annað hundrað Íslendingar starfað að friðargæslu erlendis. Íslenskir friðargæsluliðar starfa sem borgaralegir sérfræðingar og hafa einkum komið úr röðum lögreglumanna, lækna og hjúkrunarfræðinga. Einnig hafa farið til starfa verkfræðingar, fjölmiðlafólk, lögfræðingar, sagnfræðingar, flugumferðarstjórar og slökkviliðsmenn. Umsjón með íslensku friðargæslunni hefur verið í höndum sérstakrar skrifstofu í utanríkisráðuneytinu.

Markmiðið með lagafrumvarpi þessu er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra. Við samningu frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af löggjöf um friðargæslu í öðrum norrænum ríkjum. Um margt eiga þó sérsjónarmið við um íslenska friðargæsluliða enda tekur löggjöf um friðargæslu annars staðar á Norðurlöndum mið af því að þar er starfræktur her, sem Ísland gerir ekki.

Grunnhugmynd friðargæslu er að bregðast við ófriði eða ófriðarblikum með margþættum aðgerðum, bæði áður en átök brjótast út og eftir að stillt hefur verið til friðar. Friðargæsla tekur þannig til ýmiss konar fjölþjóðlegra aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir átök, koma á friði og skapa skilyrði til að varanlegur friður ríki. Framangreindar aðstæður á starfsvettvangi friðargæslu móta inntak ákvæða þeirra sem í frumvarpi þessu er að finna, en vikið verður að þeim atriðum í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins eftir því sem við á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er að finna almennt ákvæði um friðargæslu og verkefni sem henni tilheyra.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um heimild utanríkisráðuneytisins til að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda fólk til starfa við friðargæsluverkefni í því skyni. Þá eru í greininni taldar upp þær aðgerðir og þau verkefni sem helst teljast til friðargæsluverkefna.

Um II. kafla.

Í kaflanum er að finna ýmis ákvæði um störf og réttarstöðu friðargæsluliða.

Um 2. gr.

Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um að í utanríkisráðuneytinu starfi skrifstofa íslensku friðargæslunnar sem skipuleggi og hafi umsjón með friðargæsluverkefnum á vegum ráðuneytisins líkt og verið hefur. Þá er tekið fram að utanríkisráðherra ákveði friðargæsluverkefni þau sem íslenskir friðargæsluliðar eru sendir til starfa við hverju sinni. Íslenskir friðargæsluliðar, sem sendir eru í slík verkefni, starfa ætíð sem hluti af starfshópum alþjóðastofnana sem annast viðkomandi verkefni, t.d. Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins. Í 3. málsl. 1. mgr. þessarar frumvarpsgreinar eru tekin af tvímæli um að í slíkum tilvikum starfi íslenskir friðargæsluliðar undir stjórn þeirrar stofnunar sem annast viðkomandi verkefni nema annað sé ákveðið. Verða

þá íslenskir friðargæsluliðar að hlýða fyrirmælum yfirboðara sinna hjá hinni alþjóðlegu stofnun, ella er hætt við því að þeir raski starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi svæði. Utanríkisráðuneytið hefur í slíkum tilvikum ekki vald til að ákveða hvernig starfinu skuli hagað en ráðuneytið hefur sjálfsvald um til hvaða verkefna og undir stjórn hvaða alþjóðastofnunar íslenskir friðargæsluliðar verða sendir, eins og áður segir. Þá getur ráðuneytið ávallt hætt þátttöku í einstökum verkefnum ef því sýnist svo.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ef skipulag þeirrar alþjóðastofnunar sem verkefni annast krefst þess skuli íslenskir friðargæsluliðar klæðast einkennisbúningum og bera tignargráður. Fer þetta eftir því hvaða alþjóðastofnun á í hlut og aðstæðum að öðru leyti. Þannig kunna íslenskir friðargæsluliðar að taka þátt í verkefnum undir stjórn alþjóðastofnunar sem hefur hernaðarlegt yfirbragð og uppbyggingu, svo sem Atlantshafsbandalagsins, sem krefst þess að þeir sem undir þeirri stofnun starfa klæðist einkennisbúningum og beri tignargráður.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um að íslenskum friðargæsluliðum sé heimilt að bera vopn við störf sín sér til sjálfsvarnar krefjist aðstæður þess. Aðstæður á starfsvettvangi friðargæsluliða geta verið viðsjárverðar og hættulegar vegna nýafstaðinna eða yfirvofandi átaka. Því er nauðsynlegt að íslenskir friðargæsluliðar geti gætt öryggis síns í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru af alþjóðastofnun þeirri sem fer með stjórn verkefnis. Þá er í greininni áskilið að íslenskir friðargæsluliðar sem bera muni vopn við störf sín hafi fengið viðeigandi þjálfun til vopnaburðarins áður en hann hefst. Utanríkisráðuneytið ákveður tilhögun þeirrar þjálfunar. Verði frumvarpið að lögum telst ákvæði þetta sérlagaákvæði gagnvart vopnalögum og gengur framar þeim lögum í samræmi við almennar lögskýringarreglur.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það að íslenskum friðargæsluliðum sé heimilt að hafa meðferðis við störf erlendis þau lyf og lækningatæki sem nauðsynleg eru ef óhöpp eða slys verða. Störf friðargæsluliða fara oft fram við hættulegar aðstæður og langt frá byggð og því getur reynst erfitt að nálgast rétt lyf og tæki á viðkomandi stað. Sambærileg ákvæði eru til í lögum um lyfjakistur um borð í íslenskum skipum en aðstæðum um borð í skipi úti á rúmsjó má að nokkru leyti jafna til starfsemi friðargæsluliða í afskekktum byggðum og héruðum.

Um 5. gr.

Í greininni er hnykkt á því að íslenskir friðargæsluliðar heyri undir íslenska refsilögsögu og nær það bæði til starfa og frítíma erlendis. Hins vegar er rétt að hafa í huga að ekki er útilokað að íslenskir friðargæsluliðar kunni einnig að heyra undir refsilögsögu annarra ríkja í einstökum tilvikum, t.d. þess ríkis sem refsiverður verknaður hefur verið framinn í. Tilgangur þessarar frumvarpsgreinar er sá að taka af tvímæli um að íslenskir friðargæsluliðar heyri í öllum tilvikum undir íslenska refsilögsögu, hvað sem líður því að þeir kunna samhliða að heyra undir aðra refsilögsögu.

Niðurstaða um það atriði hvort íslenskir friðargæsluliðar heyri undir aðra refsilögsögu samhliða hinni íslensku kann í einstökum tilvikum að ráðast m.a. af túlkun á samningum sem sú alþjóðastofnun sem verkefni annast hefur gert við stjórnvöld í viðkomandi ríki. Flestir slíkir samningar kveða á um að starfslið alþjóðastofnunarinnar sé alltaf og undir öllum kringumstæðum eingöngu selt undir lögsögu síns heimaríkis að því er varðar refsiverða háttsemi og agabrot sem framin kunna að verða í ríkinu sem starfsemin fer fram í. Samningar þeir sem Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar gera við móttökuríki innihalda al-

mennt slík ákvæði. Þess skal getið að íslenskir friðargæsluliðar heyra í störfum sínum erlendis einnig undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins vegna þeirra brota sem kveðið er á um í Rómarsamþykkt um dómstólinn, en hún var fullgilt af Íslands hálfu 25. maí 2000 og öðlaðist gildi 1. júlí 2002. Rétt er að taka fram að ekki er útilokað að íslenskir friðargæsluliðar í verkefnum undir stjórn Sameinuðu þjóðanna njóti að einhverju leyti friðhelgi í störfum sínum á grundvelli 105. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ákvæða samningsins um sérréttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að ríkissaksóknari fari með rannsókn og ákæruvald vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi íslenskra friðargæsluliða og í 3. málsl. er kveðið á um að gefi hann út ákæru skuli slík sakamál rekin fyrir íslenskum dómstólum í samræmi við almennar reglur opinbers réttarfars. Ríkissaksóknari getur við rannsókn slíks máls, eftir atvikum, notið aðstoðar þeirrar alþjóðastofnunar sem friðargæsluverkefnið annast eða stjórnvalda þess ríkis sem verkefnið fer fram í.

Í 2. mgr. er kveðið á um að íslenska ríkið fari með lögsögu að því er varðar agaviðurlög vegna brota íslenskra friðargæsluliða.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem kveður á um að þegar metið sé hvort íslenskur friðargæsluliði hafi í starfi sínu á röstursömu svæði eða átakasvæði farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, sbr. 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, skuli sérstaklega, honum til málsbóta, litið til þess hvort aðstæður hafi verið hættulegar eða til þess fallnar að vekja með honum óöryggi eða ugg og aðstæðna að öðru leyti.

Í 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er að finna hið almenna neyðarvarnarákvæði. Samkvæmt því eru mönnum refsilaus þau verk sem þeir vinna í neyðarvörn að því leyti sem þau hafa verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás sem byrjuð er eða vofir yfir enda hafi þeir ekki beitt vörnum sem hafi verið augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna skal enn fremur sýkna mann af refsikröfu ef hann hefur farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar og ástæðan til þess er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín. Mat það sem dómstólar framkvæma á grundvelli þessa ákvæðis er einstaklingsbundið og fer eftir atvikum hverju sinni. Með 6. gr. frumvarps þessa er á því hnykkt að við þetta einstaklingsbundna mat skuli, auk þeirra atriða sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, litið til annarra atriða, t.d. hvort um röstursamt svæði eða átakasvæði var að ræða og hvort aðstæður voru hættulegar eða til þess fallnar að vekja með þeim sem verknað framdi óöryggi eða ugg. Með orðalaginu „aðstæðna að öðru leyti“ er vísað til þess að við matið verði m.a. einnig að líta til þess að friðargæsluliðar starfa samkvæmt fyrirmælum frá yfirmönnum sínum og þeim verklagsreglum (e. *rules of engagement*) sem í gildi eru og gefnar hafa verið út af viðkomandi alþjóðastofnun sem verkefnið annast. Rökin sem liggja að baki hinu refsiréttarlega hagræði sem friðargæsluliðum er búið með þessu ákvæði eru einkum þau að ósanngjarnt hljóti að vera, í ljósi þeirra hættulegu og uggvænlegu aðstæðna sem friðargæsluliðar starfa stundum við, að háttsemi þeirra verði metin á sama mælikvarða og annarra sem framið hafa sambærilegan verknað við hefðbundnari aðstæður.

Um verk friðargæsluliða, eins og annarra, fer einnig eftir 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga en þar er kveðið á um að refsingu þá sem í lögum sé lögð við broti megi færa niður úr lágmarki því sem þar sé ákveðið þegar svo standi á að maður hafi farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðarréttar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um refsiábyrgð íslenskra friðargæsluliða fari að öðru leyti eftir almennum hegningarlögum. Ákvæði þetta tekur af tvímæli um að friðargæsluliðar njóti í störfum sínum ekki annars refsiréttarlegs hagræðis umfram aðra en fram kemur í 1. mgr. ákvæðisins.

Um 7. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er hnykkt á því að íslenskir friðargæsluliðar skuli í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu reglur sem íslenska ríkið er skuldbundið af og réttaráhrif hafa gagnvart einstaklingum. Hér er m.a. átt við alþjóðlega samninga um mannréttindi og mannúð og þá samninga sem marka réttarstöðu friðargæsluliða á þeim svæðum sem þeir starfa á.

Í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. er kveðið á um þagnarskyldu friðargæsluliða en hún nær til hvers þess sem þeir verða áskynja í störfum sínum. Þagnarskylda friðargæsluliða er afdráttarlausari en sú sem hvílir almennt á opinberum starfsmönnum á grundvelli 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skýrist það af eðli þeirra upplýsinga sem friðargæsluliðar kunna að komast yfir og leynt verða að fara, m.a. um öryggi á þeim stað sem þeir starfa á. Í þagnarskyldunni felst m.a. að íslenskum friðargæsluliðum ber að fara eftir öryggisreglum þeirrar alþjóðastofnunar sem viðkomandi verkefni annast um varðveislu og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið semji siðareglur fyrir íslensku friðargæsluna sem friðargæsluliðum ber að gangast undir og fara eftir.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að friðargæsluliðar megi ekki taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á því svæði sem þeir starfa á erlendis. Takmörkun þessi á tjáningarfrelsi friðargæsluliða sækir stoð í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944 og lög nr. 97/1995, en þar segir að setja megi tjáningarfrelsi skorður með lögum, m.a. í þágu allsherjarreglu, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Vegna aðstæðna á starfsvettvangi friðargæsluliða, þar sem átök eru oft annaðhvort nýafstaðin eða uggvænt þykir um átök, er ótækt að friðargæsluliðar, sem hafa m.a. það hlutverk að lægja öldur, kyndi hugsanlega undir ófriði með því að taka þátt í stjórnmálastarfi eða mótmælum á viðkomandi svæði.

Um III. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er varða m.a. ráðningu, starfskjör og starfsaðstæður friðargæsluliða. Í sumum ákvæðunum er, vegna eðlis friðargæslustarfsins og aðstæðna á vinnustað, vikið frá ákvæðum annarra laga sem ella mundu gilda um starfið. Friðargæsluliðar teljast til opinberra starfsmanna í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og því gilda efnisákvæði þeirra laga um störf þeirra, þó með þeim frávikum sem getið er um í lagafrumvarpi þessu, sbr. 3. gr. laga nr. 70/1996.

Um 9. gr.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið haldi skrá yfir fólk sem reiðubúið er að takast á hendur friðargæsluverkefni erlendis. Ráðuneytinu er heimilt að binda skráningu tilteknum almennum lágmarksskilyrðum sem getið er um í ákvæðinu. Áréttað er að ráðuneytið er ekki bundið af framangreindri skrá þegar ráðið er til einstakra verkefna. Frá haustinu 2002 hefur utanríkisráðuneytið starfrækt svonefndan „viðbragðlista“ sem samsvarar

skrá þeirri sem frumvarpsgrein þessi fjallar um. Varð sá listi til í kjölfar auglýsingar frá ráðuneytinu haustið 2002 eftir fólki sem reiðubúið væri til starfa að friðargæslu. Á listanum eru nú um 250 manns. Þar er að finna fólk með fjölþætta menntun og reynslu að baki sem reiðubúið er að fara til friðargæslustarfa með skömmum fyrirvara.

Þörf á friðargæsluliðum til einstakra verkefna kemur oft upp með skömmum fyrirvara þannig að bregðast þarf skjótt við. Af þeirri ástæðu þykir rétt að kveða á um það í lögunum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, að ekki sé skylt að auglýsa slík laus störf opinberlega sem ella bæri að gera á grundvelli 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Regla þessi kemur þó ekki í veg fyrir að ráðuneytið geti ákveðið í einstökum tilvikum, þegar aðstæður henta og þörf þykir á, að auglýsa eftir friðargæsluliðum almennt eða til einstakra ákveðinna starfa, t.d. í þeim tilvikum þegar fólk með þekkingu eða kunnáttu sem er krafist er ekki að finna á skrá ráðuneytisins.

Um 10. gr.

Frumvarpsgreinin er í samræmi við reglur 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um tímabundna ráðningu ríkisstarfsmanna. Tekið skal þó fram að í 3. málsl. frumvarpsgreinarinnar er að finna frávik frá þeirri reglu 1. mgr. 44. gr. laga nr. 70/1996 sem kveður á um skyldu stjórnvalds til að áminna starfsmann og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem greinir í 21. gr. laganna, þ.e. starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu. Rökin fyrir fráviki því sem hér er lagt til að gert verði eru einkum þau að friðargæsluliði starfar undir stjórn alþjóðastofnunar á svæðum sem sum hver eru hættuleg. Þannig er hver friðargæsluliði mikilvægur hlekkur í keðju þar sem lítið má út af bregða. Af þessum sökum er mikilvægt, berist ráðuneytinu boð um að íslenskur friðargæsluliði hafi farið á svig við reglur, að ekki þurfi við það að sitja að honum sé veitt áminning og færi á að bæta ráð sitt. Ráðuneytinu er því hér veitt heimild til að segja slíkum starfsmanni upp störfum án undangenginnar áminningar og færis á að bæta ráð sitt, en gæta verður ráðuneytið þó, líkt og endranær, að reglum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og meginreglum stjórnsýsluréttar við slíka uppsögn.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um rétt ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru til starfa við friðargæslu, til launalauss leyfis meðan þeir gegna friðargæslustarfi. Þá er kveðið á um að slíkt leyfi hafi ekki áhrif á önnur starfsréttindi þeirra. Þannig er þeim heimilt að vera áfram í sama stéttarfélagi og í starfi því er þeir eru í leyfi frá og að greiða í lífeyrissjóði í samræmi við það. Þeim sem ráðnir eru til friðargæslustarfa og starfa hjá einkaaðilum er ekki fenginn neinn réttur með þessu ákvæði. Um möguleika þeirra til launalauss leyfis fer eftir kjarasamningum og eftir atvikum samkomulagi þeirra við vinnuveitendur sína. Í frumvarpsgreininni kemur loks fram að starfstími friðargæsluliða við friðargæslu skuli reiknaður sem hluti af starfstíma þeirra í hinu fasta starfi hjá ríkinu.

Um 12. gr.

Íslenskum friðargæsluliðum eru með þessu ákvæði frumvarpsins fengin sömu réttindi til kjara í skattamálum og aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis njóta á grundvelli 2.

tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Grunnlaun þeirra eru því skattskyld en staðaruppbót, sem ákveðin er af utanríkisráðuneytinu skv. 13. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, er framtalsskyld en skattfrjáls.

Um 13. gr.

Mikilvægt er að íslenskir friðargæsluliðar njóti viðunandi tryggingaverndar vegna slysa sem þeir kunna að verða fyrir í starfi og utan starfs á erlendri grundu meðan ráðningarsamningur við þá er í gildi. Nú er tryggingavernd íslenskra friðargæsluliða byggð á reglum nr. 30/1990 og 31/1990, um skilmála slysatrygginga ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa sem starfsmenn verða fyrir í starfi og utan starfs. Til viðbótar þessum reglum hefur fjármálaráðuneytið gefið út sérstaka tryggingayfirlýsingu fyrir friðargæsluliða sem veitir þeim meiri rétt en þeir ella nytu á grundvelli framangreindra reglna. Samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins skal nánar kveðið á um skilmála tryggingar vegna slysa friðargæsluliða í starfi og utan starfs í reglugerð sem utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við fjármálaráðherra og tryggingamálaráðherra. Er ætlunin að sú reglugerð leysi af hólmi yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins um aukna tryggingavernd.

Um 14. gr.

Starfsumhverfi friðargæsluliða er oft gerólíkt því sem almennt er á vinnustöðum hérlendis og eru friðargæsluliðar meðvitaðir um það þegar þeir ráða sig til starfa. Þannig geta aðstæður verið hættulegar, álagsvinna mikil, vinnudagar langir og unnið á frídögum. Vegna þessara aðstæðna væri utanríkisráðuneytinu og þeirri alþjóðastofnun sem friðargæsluliðar starfa undir nær ómögulegt að fara í hvívetna að ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og ákvæðum annarra laga og kjarasamninga um vinnutíma, hvíldartíma og frídaga. Af þessum sökum er í 14. gr. frumvarpsins kveðið á um að þessi laga- og kjarasamningsákvæði gildi ekki um friðargæsluliða við störf þeirra á erlendri grundu. Þá skal þeim ekki greitt aukalega vegna yfirvinnu og álags sem vinnu þeirra kann að fylgja. Hér verður að hafa í huga að launakjör íslenskra friðargæsluliða eru almennt góð auk þess sem þeir njóta skattfríðinda, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Vegna eðlis starfans er lagt til í þessari grein frumvarpsins að íslenskir friðargæsluliðar megi hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Sambærileg ákvæði gilda um lögreglu, sbr. 31. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna almenna reglugerðarheimild og gildistökuákvæði.

Um 16. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er utanríkisráðherra veitt heimild til að kveða á um nánari framkvæmd laganna í reglugerð, t.d. um agamál, einkennisbúninga, vopnaburð og réttindi, skyldur og starfskjör friðargæsluliða.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Markmiðið með frumvarpinu er að skjóta styrkari lagastoðum undir þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu og kveða skýrt á í lögum um ýmis atriði sem til þeirrar starfsemi heyra. Meðal annars er kveðið á um störf og réttarstöðu friðargæsluliða ásamt ráðningu og kjörum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

934. Fyrirspurn [635. mál]

til heilbrigðisráðherra um stækkun hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Frá Ástu Möller.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við rekstraraðila hjúkrunarheimilisins Sóltúns um viðbyggingu fyrir þjónustu við aldraða sem þarfnast vistunar á hjúkrunarheimili?

935. Fyrirspurn [636. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu á öldrunarstofnunum.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða þjónustu, utan skilgreindrar heilbrigðisþjónustu, er öldrunarstofnunum skylt að veita vistmönnum?
2. Eiga öldrunarstofnanir að sjá um þvott vistmanna þeim að kostnaðarlausu? Ef svo er, hvernig er því fylgt eftir að þjónustan sé veitt?
3. Hvaða öldrunarstofnanir sjá ekki um þvott vistmanna?
4. Hver er talinn árlegur kostnaður öldrunarstofnana við þvott vistmanna?

936. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um upplýsingarétt um umhverfismál.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Hreinsson prófessor í lögum við Háskóla Íslands og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti. Með frumvarpinu er innleidd tilskipun 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EB sem var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003.

Tilskipun 2003/4/EB hefur það að markmiði að innleiða fyrstu stoð Árósasamningsins í löggjöf Evrópubandalagsins en sá hluti samningsins lýtur að almennum aðgangi að upplýsingum um umhverfismál. Tilskipunin var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003. Markmið frumvarpsins er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er tekið fram um hverja frumvarpið gildir og til hvaða upplýsinga það nær.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru talin upp dæmi um ýmis sérákvæði um þagnarskyldu. Nefndin telur tímabært að þagnarskylduákvæði verði samræmd og inntak þeirra skýrt.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Gerð er tillaga um að í stað orðanna „mengun matvæla“ í 4. tölul. 3. gr. komi „mengun í fæðukeðjunni“ í samræmi við orðalag tilskipunarinnar en þar segir í f-lið 2. gr. „contamination of the food chain“.
2. Lagt er til að frestur skv. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. verði sjö virkir dagar og að frestur skv. 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. verði 15 virkir dagar.
3. Lagt er til að í upptalningu í a-lið 1. tölul. 18. gr. um breytingu á upplýsingalögum verði bætt við orðunum steindir, steingervingar og bergmyndanir.
4. Lögð er til breyting á 3. mgr. 4. tölul. 18. gr. um breytingu á höfundalögum þannig að orðalag samræmist betur ákvæðum þeirra laga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannsdóttir, Jón Kr. Óskarsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara þess efnis að innleiða ætti allar stoðir Árósasamningsins í íslenskan rétt og áskilja þau sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Mörður Árnason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Sigurrós Þorgrímsdóttir.		Jón Kr. Óskarsson, með fyrirvara.

937. Breytingartillögur [221. mál]

við frv. til l. um upplýsingarétt um umhverfismál.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „mengun matvæla“ í 4. tölul. komi: mengun í fæðukeðjunni.
2. Við 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. Í stað orðanna „sjö daga frest“ komi: frest í sjö virka daga.
3. Við 2. málsl. 1. mgr. 12. gr. Í stað orðanna „15 daga“ komi: 15 virkra daga.
4. Við 18. gr.
   a. Við a-lið 1. tölul. bætist: steinda, steingervinga og bergmyndana.
   b. 3. efnismgr. 4. tölul. orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita upplýsingar í samræmi við 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

938. Vatnalög. [268. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars.)

Samhljóða þskj. 932.

939. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Umferðarstofu, Vegagerðinni og Bílgreinasambandinu.

Með frumvarpinu er lagt til að færa málefni bílaleigna og veitingu leyfa til að reka bílaleigur frá samgönguráðuneyti til Vegagerðarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem vilji reka bílaleigur hafi starfsleyfi frá Vegagerðinni en ekki samgönguráðuneytinu. Það samræmist meginreglum góðrar stjórnsýslu um rétt borgaranna til að skjóta stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds. Auk þess fer Vegagerðin nú þegar með leyfisveitingar í skyldum málaflokkum, svo sem varðandi fólks- og farmflutninga á landi og leigubifreiðar.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru m.a. að kveðið er á um að bílaleiga skuli rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma. Þá er áréttað að bílaleigu er bannað að leigja út ökutæki sem ekki er sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Kristján L. Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, frsm.	Pétur H. Blöndal.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	

940. Breytingartillögur [379. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „Opnunartími“ í e-lið komi: Afgreiðslutími.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

941. Tillaga til þingsályktunar [637. mál]

um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Valdimar L. Friðriksson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum vera lokið 20. nóvember 2006.

Greinargerð.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Ísland undirritaði sáttmálann í New York 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu. Ísland fullgilti síðan samninginn 27. nóvember 1992.

Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann en flest ríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að honum. Til fróðleiks má nefna að það var ríkisstjórn Póllands sem átti frumkvæði að gerð samningsins árið 1978 þótt rekja megi tilurð hans allt til ársins 1924 þegar Þjóðabandalagið gaf Genfaryfirlýsinguna út.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samningnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Flutningsmenn telja hins vegar rétt að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi barnasáttmálans yrði þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn.

Noregur lögfesti barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1. október árið 2003, en sá dagur er alþjóðlegur barnadagur.

Á 121. löggjafarþingi lagði Rannveig Guðmundsdóttir fram þingsályktunartillögu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú tillaga gekk m.a. út á að skipuð yrði nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi nefnd átti einnig að meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni. Þessi framsýna tillaga var hins vegar ekki samþykkt á Alþingi. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði skrefinu lengra og ályktað um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir 20. nóvember nk. en þá verða 27 ár liðin síðan sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Stutt yfirlit yfir efni barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Með samningnum skuldbinda aðildarríki hans sig til að tryggja börnum ákveðin lágmarksréttindi.

Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt lögum viðkomandi lands (1. gr.). Aðildarríkjum ber að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar (2. gr.). Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu (3. gr.).

Aðildarríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem samningurinn kveður á um verði virk (4. gr.). Varðandi fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að aðildarríki skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Aðildarríki eru hvött til alþjóðlegrar samvinnu til að tryggja þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Aðildarríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til þess að leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um (5. gr.). Kveðið er á um rétt barna til þess að lifa og ná þroska (6. gr.), til þess að fá nafn og ríkisfang, vera skráð strax eftir fæðingu (7. gr.) og til að halda persónulegum auðkennum sínum (8. gr.).

Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri sínu eða foreldrum gegn vilja þeirra (9. gr.). Aðildarríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi

og það (10. gr.). Þau skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis (11. gr.).

Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum sem varða þau sjálf (12. gr.). Í samningnum eru almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna (13. gr.), trúfrelsi (14. gr.), félagafrelsi og friðhelgi einkalífs (15.–16. gr.). Kveðið er á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla í því sambandi (17. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og aðstoða foreldra við að gegna foreldrahlutverki sínu (18. gr.). Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn hvers konar illri meðferð (19. gr.).

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Aðildarríkjum ber að virða rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi (31. gr.). Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg (32. gr.).

Aðildarríkjum ber að vernda börn gegn ólögmætri notkun ávana-, fíkni- og skynvilluefna (33. gr.) og gegn kynferðislegri notkun og misnotkun (34. gr.). Þeim ber að grípa til ráðstafana til að hindra brottnám barna og verslun með þau (35. gr.). Síðan er almennt ákvæði (36. gr.) um að aðildarríkjum beri að vernda börn gegn hvers kyns annarri notkun sem gæti verið þeim skaðleg.

Fjallað er um réttindi barna sem hafa verið svipt frelsi (37. gr.) og sérstakt ákvæði er um börn sem lenda í vopnuðum átökum (38. gr.). Kveðið er á um skyldur aðildarríkja til þess að sjá börnum, sem sætt hafa illri meðferð eða eru fórnarlömb vopnaðra átaka, fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun (39. gr.). Fjallað er um réttarvernd barna sem eru ákærð eða dæmd fyrir refsiverða verknaði (40. gr.). Ekkert í samningnum á að koma í veg fyrir að barni verði veittur meiri réttur með innlendum eða alþjóðlegum lögum (41. gr.).

Sérstök nefnd, svokölluð barnaréttarnefnd (Committee on the Rights of the Child), var sett á stofn til að fylgjast með hvort og hvernig aðildarríkin fullnægðu skuldbindinum sínum samkvæmt samningnum (II. hluti).

Hugsanlegar lagabreytingar vegna lögfestingar barnasáttmálans.

Fljótlega eftir undirritun barnasáttmálans af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum hans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Barnasáttmálinn er hins vegar mjög víðfemur og stundum matskenndur. Það getur því stundum verið álitamál hvort viðkomandi ákvæði sáttmálans sé nú þegar að finna í lögum eða ekki. Sömuleiðis getur verið munur á lögunum sjálfum og framkvæmd þeirra.

Í skýrslu barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um Ísland frá árinu 2003 eru m.a. margs konar vangaveltur um stöðu barnasáttmálans og barna almennt á Íslandi. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur frá 10. maí 2005 (þskj. 1284, 747. mál) er fjallað um athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans. Sömuleiðis koma fram margs konar upplýsingar um hugsanlegar brotalamir í íslenskum lögum í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 sem var m.a. skilað til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Með þingsályktunartillögu þessari leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin skoði hvort og þá hverju beri að breyta í gildandi löggjöf við lögfestingu sáttmálans. Hér geta margir lagabálkar komið við sögu, svo sem barnalög, barnaverndarlög, almenn hegningarlög, lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla, almannatryggingalög, lög um heilbrigðisþjónustu, lög um málefni fatlaðra, ættleiðingarlög, lög um umboðsmann barna o.s.frv. Þá telja flutningsmenn að við lögfestingu barnasáttmálans sé nauðsynlegt að laga texta barnasáttmálans að hefðbundnu lagaformi.

Hér á eftir má finna nokkur ákvæði barnasáttmálans sem þyrfti að hafa í huga þegar kemur að öðrum lagabreytingum. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur þó einhverja hugmynd um hugsanlegar lagabreytingar.

1.

Í fyrsta lagi ber að líta á 1. gr. barnasáttmálans sem segir að barn sé einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Í íslenskri löggjöf er nokkurt misræmi um aldursmörk barna þótt lögræðisaldur sé 18 ár hér á landi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 er m.a. mælst til þess að íslensk löggjöf verði endurskoðuð í því skyni að tryggja að samræmi sé í aldursmörkum í ýmsum lögum.

Sem dæmi má nefna að barnabætur eru einungis greiddar foreldrum þar til barn er orðið 16 ára þótt forsjá barnsins sé til 18 ára aldurs þess. Börn eru síðan sjálfstæðir skattaðilar frá 16 ára aldri. Þá er í sumum lögum miðað við fæðingarár en í öðrum fæðingardag barns.

Umboðsmaður barna hefur bent á að ítrekað fái hann ábendingar um gjaldtöku, svo sem á almannaþjónustu, þar sem fullorðinsgjald miðast við 12 ára aldur. Umboðsmaður telur að þetta geti skapað ójafnræði meðal barna vegna mismunandi fjárhagsstöðu foreldra og sé því í ósamræmi við 2. gr. barnasáttmálans sem segir m.a. að aðildarríki skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, svo sem sökum félagslegrar stöðu og eigna eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.

2.

Í öðru lagi ber að hafa í huga 3. gr. barnasáttmálans sem tryggir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi sem ber að virða.

Í ársskýrslu sinni frá árinu 2002 benti umboðsmaður barna á að víða í íslensku samfélagi væru hagsmunir hinna fullorðnu teknir fram yfir hagsmuni ungu kynslóðarinnar og þótt margt hafi áunnist á liðnum árum sé enn langt í land með að tryggja sérhverju barni þann rétt sem því ber. Á það ekki síst við um framkvæmd ýmissa laga, segir umboðsmaður barna.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis gagnrýnt að í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, er ekki kveðið á um þennan sjálfstæða rétt barnsins. Þá hefur m.a. verið bent á að réttindi skv. 3. gr. barnasáttmálans séu ekki nægilega tryggð innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga.

Í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að gera þurfi fullnægjandi ráðstafanir svo að lög, stjórnvaldsfyrirmæli og aðgerðaráætlun varðandi börn komi til framkvæmda, svo sem með fjárframlögum sem eiga að fylgja eftir efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum barna.

3.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að líta á 4. gr. barnasáttmálans sem fjallar um að gera skuli allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.

Af þessari grein leiðir að aðildarríki eru ekki einungis ábyrg fyrir því að löggjöf þeirra sé í samræmi við samninginn heldur einnig lagaframkvæmd. Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er fjallað um 4. gr. barnasáttmálans og þar er talið að auka þurfi almennar upplýsingar í stjórnsýslunni um börn, heilsu barna, brottfall barna úr skólum o.s.frv.

4.

1. mgr. 7. gr. sáttmálans lýtur að réttinum til nafns, ríkisfangs og eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Hér þarf að hafa í huga rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og hvort þetta eigi við sæðisgjafa og kynforeldra ættleiddra barna. Á þetta hefur umboðsmaður barna nýlega bent.

5.

Í 12. sáttmálans segir að tryggja skuli barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Í 13. gr. sáttmálans segir síðan m.a. að barn eigi rétt til að láta í ljós skoðanir sínar og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.

Umboðsmaður barna hefur bent á að íslensk barnalög séu ekki hvað þetta varðar að fullu leyti í samræmi við barnasáttmálann. Réttur barnsins skv. 12. gr. sáttmálans er ekki einungis bundinn við persónuleg málefni heldur nær hann einnig til málefna samfélagsins. Umboðsmaður nefnir dæmi um ákvarðanir sem varða skólastarf, tómstundir, forvarnastarf og skipulag íbúðahverfa.

Hinn 16. apríl 2000 sagði umboðsmaður barna í viðtali við Morgunblaðið: „Hvernig getum við vitað hvað börnunum er fyrir bestu ef þau eru ekki spurð álits á þeim málum sem þau varða? Af hverju ekki að fá sjónarmið þeirra þegar verið er að skipuleggja íþrótta- eða útivistarsvæði sem ætluð eru þeirra aldurshópum eða þegar fjallað er um forvarnir í þágu þeirra, svo dæmi séu tekin?“

Tryggja þarf í lögum formlegan vettvang fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Umboðsmaður barna telur að það eigi að vera skylt að stofna lýðræðislega kjörið nemendaráð í hverjum skóla en það sé ekki nægilegt að það sé heimilt, sbr. lög um grunnskóla 66/1985. Í ársskýrslu umboðsmanns barna frá 2004 koma fram hugmyndir að breytingum á lögum um grunnskóla.

Umboðsmaður barna hefur nokkrum sinnum haldið svokallað netþing – unglingaþing umboðsmanns barna á netinu, þar sem fulltrúum ungu kynslóðarinnar eru m.a. gefin færi á ræða sín á milli og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem valdið hafa í þjóðfélaginu. Í athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna fór nefndin lofsamlegum orðum um

netþingin og mæltist til þess að ríkisstjórnin styddi verkefnið. Af því hefur þó ekki orðið.

Hjá umboðsmanni barna var nýlega unnin skýrsla um umgengnisrétt og hvernig sjónarmið barna komast að þegar úrskurðað er í slíkum málum skv. 4. mgr. 7. gr., sbr. 43. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Helstu niðurstöður þessarar skýrslu voru m.a. að ræða þyrfti við börn í mun fleiri tilvikum en nú væri gert hjá sýslumannsembættum. Það ætti að ræða við yngri börn en nú væri gert og leyfa börnum að tjá sig í öllum málum sem snerta viðkomandi barn. Afstaða foreldra réði því í of mörgum tilvikum hvort rætt væri við barn eða ekki. Meta ætti þroska barns sjálfstætt í hverju einstöku tilviki.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 er því velt upp hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem forráðamenn taka ákvörðun um hvort upplýsingar um einstaklinga undir 18 ára aldri fari í gagnagrunninn eða ekki. Séu upplýsingar um viðkomandi einstakling komnar í gagnagrunninn er ekki hægt að taka þær úr honum, segir í skýrslu Barnaheilla.

Umboðsmaður barna hefur sömuleiðis bent á að það vanti talsvert upp á að þessi grein barnasáttmálans sé í heiðri höfð við meðferð mála sem varða börn innan stjórnsýslu ýmissa sveitarfélaga. Umboðsmaður mælti með í skýrslu sinni frá árinu 2004 að sett yrði í sveitarstjórnarlögin nýtt ákvæði sem mælir fyrir um formlegan samráðsvettvang milli barna og sveitarstjórna.

Í barnaverndarlögum er hins vegar tryggt að barn sem orðið er 15 ára geti orðið aðili barnaverndarmáls og í 2. mgr. 46. gr. laganna segir að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Það er álitamál hvort rétt sé að hafa sérstök aldursviðmið í sjálfum lögunum.

Í ættleiðingarlögum er tryggt að barn sem orðið er 12 ára megi ekki ættleiða án samþykkis þess nema andlegum högum þess sé svo farið að það geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna þess að leita eftir því. Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska. Ættleiðingarlögin virðast því vera í samræmi við barnasáttmálann hvað þetta varðar.

6.

14. gr. barnasáttmálans fjallar um rétt barnsins til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar. Sömuleiðis skal virða rétt og skyldur foreldra og lögráðamanna, eftir því sem við á, til að veita barni leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmist vaxandi þroska þess. Þá segir enn fremur að frelsi til að láta í ljós trú eða skoðun skuli einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar til að gæta öryggis almennings, allsherjarreglu, heilsu almennings eða siðgæðis, eða grundvallarréttinda og frelsis annarra.

29. gr. sáttmálans er um að hverju menntun barns skuli beinast. Þar segir m.a. að móta eigi með barninu virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. Sömuleiðis að undirbúa beri barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa og fólks af frumbyggjaættum.

Þessi tvö ákvæði barnasáttmálans kalla hugsanlega á breytingar á grunnskólalögum og námskrá t.d. hvað varðar kennslu um aðrar þjóðir, menningarheima og trú. Barnaréttarnefnd

Sameinuðu þjóðanna gerði að umtalsefni árið 2003 stöðu nýbúabarna hér á landi og vildi sjá frekari ráðstafanir til að bregðast við þeim möguleika að vandamál rísi vegna kynþáttafordóma í kjölfarið á fjölgun útlendinga í landinu. Barnaréttarnefndin vildi sömuleiðis sjá að mannréttindafræðsla yrði felld inn í námskrá allra grunnskóla og framhaldsskóla, einkum hvað varðar virðingu fyrir jafnrétti kynjanna og minnihlutahópum. Styrkja bæri ráðstafanir til að bregðast við tíðu brotthvarfi nýbúabarna frá námi.

Lög um trúfélög, nr. 18/1975, gera ráð fyrir að foreldrar geti tekið ákvörðun um inngöngu eða úrsögn barns þeirra yngra en 16 ára úr trúfélagi en hafi það náð 12 ára aldri skuli leita álits þess um slíka ákvörðun. Það er álitamál hvort aldursmarkið 16 ára sé ekki of hátt og hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna bent á það í skýrslu sinni frá árinu 2003.

7.

Í 16. gr. barnasáttmálans er einkalíf barns m.a. varið. Þetta ákvæði getur kallað á lagabreytingar í þá áttina að friðhelgi einkalífs barns sé virt í hvívetna. Ragnhildur Thorlacius lögfræðingur vann skýrslu fyrir umboðsmann barna árið 2003 um friðhelgi einkalífs þar sem komu fram fjölmargar tillögur að lagabreytingum til að tryggja friðhelgi einkalífs barns og sjálfsákvörðunarrétt.

Má þar nefna helst setningu almenns ákvæðis um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs og ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt í barnalög, nr. 76/2003 og ákvæði um samráðsrétt og tjáningarrétt í grunnskólalög, nr. 66/1995. Setja bæri einnig ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt barna í lög nr. 47/1997, um réttindi sjúklinga, í lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í lög nr. 100/2000, um lífsýnasöfn, í lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975.

Þá var nefnt að setja bæri í barnaverndarlög, nr. 80/2002, almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs á heimilum og stofnunum á ábyrgð ríkisins. Almennt ákvæði um rétt barns til að njóta friðhelgi einkalífs meðan það dvelst á heimili eða stofnun á vegum ríkisins verði sett í upphaf þess kafla laganna sem fjallar um takmarkanir réttinda og beitingu þvingunarráðstafana á heimilum og stofnunum fyrir börn á ábyrgð ríkisins.

Eins og áður hefur komið fram eru í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 vangaveltur um hvort nauðsyn sé að endurskoða lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði með hliðsjón af upplýsingum um einstaklinga undir 18 ára aldri. Þau lög þarf því að skoða með hliðsjón af 16. gr. barnasáttmálans.

8.

17. gr. sáttmálans er um viðurkenningu á mikilvægi fjölmiðla, og að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og öðrum, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðislegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki sáttmálans skulu í þessu skyni m.a. hvetja fjölmiðla til að dreifa upplýsingum og efni sem börn njóta góðs af félagslega og menningarlega. Þau skulu einnig stuðla að alþjóðlegri samvinnu við undirbúning, skipti og dreifingu á slíkum upplýsingum og efni af fjölbreyttum uppruna, menningarlegum, þjóðlegum og alþjóðlegum ásamt því að stuðla að því að barnabækur séu samdar og þeim dreift. Þá skal hvetja fjölmiðla til að taka sérstakt tillit til tungumálaþarfa barns sem tilheyrir minnihlutahópi eða er af frumbyggjaættum. Loks skal stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess.

Þetta ákvæði barnasáttmálans þarf að hafa í huga þegar kemur að nýrri löggjöf um fjölmiðla sem hefur verið boðuð af hálfu ríkisstjórnarinnar.

9.

18. gr. sáttmálans lýtur að því að virða þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Þetta ákvæði getur kallað á ýmsar breytingar á lögum á sviði sifjaréttar. Nú þegar liggur fyrir þingi stjórnarfrumvarp sem tryggir sameiginlega forsjá sem meginreglu. Umboðsmaður barna hefur hvatt til að sett verði skylda á hjón eða sambúðarfólk með börn undir 18 ára aldri til að leita ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita kemur. Umboðsmaður telur það umdeilt hvort börn geti leitað ráðgjafar í svona tilvikum án samþykkis foreldra og það sé því í andstöðu við barnasáttmálann að réttur barna til tjáningar í svona málum sé látinn ráðast af vilja foreldra.

10.

Í 19. gr. barnasáttmálans er m.a. talað um að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni. Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð, svo og, ef við á, til að tryggja afskipti dómara.

Þetta ákvæði sáttmálans getur kallað á heildarendurskoðun á þeim köflum almennra hegningarlaga sem fjalla um ofbeldi. Má þar nefna þá staðreynd að í íslenskri löggjöf er ekki að finna neitt lagaákvæði sem tekur á heimilisofbeldi með fullnægjandi og heildstæðum hætti. Sömuleiðis má benda á að samkvæmt íslenskum hegningarlögum er kynferðislegur lögaldur 14 ára og þyrfti hann að mati flutningsmanna að hækka. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna mælist til að börnum eldri en 14 ára verði í löggjöf tryggð full vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

Þetta ákvæði sáttmálans kallar að mati flutningsmanna sömuleiðis á að starfsemi Barnahúss verði tryggð. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna telur æskilegt að þær hugmyndir sem Barnahús byggist á verði styrktar. Þar er einnig hvatt til að embætti umboðsmanns barna verði tryggð nægileg aðstaða, mannafli og fjármagn til að það geti sinnt hlutverki sínu á árangursríkan hátt. Þar er sömuleiðis hvatning til sveitarfélaga að móta opinbera fjölskyldustefnu.

Umboðsmaður barna benti í skýrslu sinni frá árinu 2004 á nauðsynina á afdráttarlausu ákvæði í barnalögum sem banni foreldrum að beita barn sitt líkamlegu ofbeldi og hvers konar annarri vanvirðandi framkomu. Slíkt bann þarf að vera í barnalögum svo að þjóðréttarlegar skuldbindingar séu uppfylltar að mati umboðsmanns barna.

11.

Sérstök ákvæði eru um börn sem talin eru þurfa á sérstakri vernd að halda, svo sem börn sem ekki eru í umsjá fjölskyldna sinna (20. gr.), börn sem eru ættleidd, einkum milli landa (21. gr.), börn sem eru flóttamenn (22. gr.) og fötluð börn (23. gr.). Kveðið er á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu (24. gr.) og rétt barna sem vistuð eru á stofnunum (25. gr.). Fjallað er

um rétt barna til almannatrygginga (26. gr.), rétt þeirra til fullnægjandi lífsskilyrða (27. gr.) og menntunar (28.–29. gr.). Sérstakt ákvæði er um réttindi barna sem tilheyra minnihlutahópum (30. gr.).

Þetta eru ákvæði sem geta verið matskennd í eðli sínu. Það er hins vegar ljóst að með lögfestingu þeirra munu dómstólar gera ríkari kröfur til þess að þau réttindi barna sem þarna koma fram séu virt. Hér getur komið sérstaklega til skoðunar staða langveikra barna, fatlaðra barna, geðsjúkra barna og fátækra barna og barna nýbúa í íslenskum lögum. Þessi ákvæði barnasáttmálans geta sömuleiðis kallað á ýmsar aðrar lagabreytingar.

Þótt Íslendingar séu ein yngsta þjóð Evrópu og sú yngsta allra Norðurlandaþjóða verja þeir talsvert minna fé í félagsmál barna en aðrar Evrópuþjóðir. Samtökin Barnaheill hafa kallað eftir heildarskoðun á stöðu fátækra barna í íslensku samfélagi. Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 kemur m.a. fram að auka þurfi aðstoð við einstæða foreldra og við fjölskyldur fatlaðra barna.

12.

Í 31. gr. sáttmálans er fjallað um rétt barna til hvíldar og tómstunda og rétt þeirra til að taka þátt í menningar- og listalífi. Í 32. gr. er rétturinn til verndar gegn arðráni og vinnu sem getur verið þeim skaðleg.

Þessar kröfur geta sömuleiðis verið matskenndar og þyrfti að skoða vel hvort þær kalli á einhverjar lagabreytingar. Í því sambandi ber aðildarríkjum m.a. að setja reglur um lágmarksaldur við ráðningu í störf og reglur um vinnutíma og starfskjör.

13.

34. gr. sáttmálans fjallar um vernd barna fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi.

Í þessu sambandi má velta því fyrir sér hvort fyrningarfrestur kynferðisbrota gegn börnum sé ekki í bága við þetta ákvæði barnasáttmálans. Það er alveg ljóst að börn sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun leita sér iðulega hjálp seint á lífsleiðinni en þá geta samkvæmt núgildandi lögum þau brot verið fyrnd. Þar með geta núverandi fyrningarfrestir dregið úr vernd barna og möguleikum þeirra á að sækja rétt sinn. Umboðsmaður barna hefur ítrekað lagt til að kynferðisafbrot gegn börnum fyrnist ekki.

Hann hefur sömuleiðis lagt til sérstakt refsihækkunarákvæði og um lágmarksrefsingu vegna grófra kynferðisbrota gegn börnum. Þá hefur verið bent á, m.a. í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002, að kynferðislegur lögaldur þurfi að hækka, en hann er nú 14 ár.

14.

Í 37. gr. barnasáttmálans segir m.a. að fara eigi mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.

Þetta ákvæði krefst endurskoðunar á lögum um fangelsi en í núgildandi kerfi er hægt að vista börn með fullorðnum í fangelsum landsins. Þegar Ísland fullgilti barnasáttmálann 1992 gaf Ísland út sérstaka yfirlýsingu hvað varðar aðskilnað ungra fanga frá eldri.

Hinn 15. apríl 1998 kom eftirfarandi fram í Morgunblaðinu: „Umboðsmaður barna telur að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé brotinn með því að ungir fangar sem afplána refsi-

vist eru um þessar mundir ekki aðskildir frá eldri föngum heldur vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa og njóta þar engrar sérstöðu.“

Flutningsmenn telja því að skoða eigi sérstök úrræði fyrir fanga undir 18 ára aldri og reyndar mætti nýta þau úrræði fyrir fanga sem eru allt að 24 ára.

Í tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 koma m.a. fram tilmæli um að hér á landi verði tekið upp sérstakt réttarfarskerfi í sakamálum ungmenna með alþjóðlegar viðmiðunarkröfur að leiðarljósi.

Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, kemur m.a. fram að óheimilt er að beita barn innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Enn fremur segir að óheimilt sé hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Vegna þessa ákvæðis barnaverndarlaga hefur umboðsmaður barna sagt að hann telji að nauðsynlegt sé að kveða í lögum nákvæmlega á um réttarstöðu barna við þessar aðstæður þar sem hann telur öldungis ófullnægjandi og bjóða hættunni heim að kveða á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög í reglugerð sem sett sé af framkvæmdarvaldinu. Umboðsmaður segir einnig í ársskýrslu sinni frá árinu 2003 að hann telji að þetta sé hugsanlega brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir m.a. að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

15.

Í 39. gr. er fjallað um viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn, sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný. Leita skal bata og aðlögunar í umhverfi sem hlynnir að heilsu, sjálfsvirðingu og göfgi barnsins.

Þetta ákvæði gerir kröfu um fullnægjandi stuðning og meðferð af hálfu opinberra aðila. Það getur verið umdeilt hvort þessu ákvæði sé fullnægt með núgildandi úrræðum.

16.

Í 40. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir m.a. að viðurkenna þurfi rétt hvers þess barns sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um brot á refsilögum til meðferðar sem styrkir vitund þess um eigin göfgi og manngildi, sem treystir virðingu þess fyrir mannréttindum og mannfrelsi annarra, og tekur tillit til aldurs barnsins og þess að æskilegt sé að stuðla að aðlögun þess og því að það gegni jákvæðu hlutverki í samfélaginu. Í þessu ákvæði eru sömuleiðis talin upp þau réttindi sem barn í þessari stöðu hefur, svo sem með tillit til óhlutdrægar málsmeðferðar og forvarnastarfs.

Í skýrslu Barnaheilla frá árinu 2002 til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna kom m.a. fram að styrkja þyrfti meðferðarúrræði fyrir unga kynferðisafbrotamenn. Sömuleiðis þyrfti að styrkja þær stofnanir sem sjá sérstaklega um unga afbrotamenn og unga þolendur.

17.

Að lokum má nefna að í niðurstöðum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna vegna skýrslu Íslands um framkvæmd barnasáttmálans frá 2003 eru íslensk yfirvöld hvött til að auka upplýsingagjöf um barnasáttmálann og framkvæmd hans og standa að varanlegri og kerfisbundinni fræðslu um mannréttindi fyrir alla sem starfa fyrir börn og með börnum. Þar

kemur einnig fram hvatning til stjórnvalda til að safna tölfræðilegum upplýsingum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til.

Með tillögunni var fylgiskjal, Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

942. Svar [553. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Söndru Franks um fjármagnstekjuskatt líknarfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg félög, sem falla undir skilgreiningu Hagstofunnar á líknarfélögum, greiddu fjármagnstekjuskatt á síðasta ári?*
2. *Hversu mikinn fjármagnstekjuskatt greiddu þau:*
   a. *af vaxtatekjum,*
   b. *af arði,*
   c. *af söluhagnaði fasteigna,*
   d. *af hlutabréfum,*
   e. *samtals?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru 135 félög skráð í starfsemi sem fellur undir atvinnugrein 85.32.8, líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka, samkvæmt atvinnugreinaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands, Ísat-95. Fjármagnstekjuskattur var ekki lagður á neitt þessara félaga árið 2005 vegna rekstrar ársins 2004. Þess ber hins vegar að geta að hafi félag/stofnun ekki aðrar fjármagnstekjur en arð eða staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur og hafi staðgreiðsla verið réttilega ákvörðuð og haldið eftir af þeim tekjum, af hinum skilaskylda aðila, teljast það fullnaðarskil. Fjármagnstekjur eru hvorki taldar fram við framtalsskil né er fjármagnstekjuskattur lagður á viðkomandi lögaðila við álagningu þó svo að félögin hafi greitt fjármagnstekjuskatt í staðgreiðslu, en engar upplýsingar liggja fyrir um það.

943. Fyrirspurn [638. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjálfstætt starfandi heimilislækna.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur og Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvers vegna eru takmarkanir á fjölda sjálfstætt starfandi heimilislækna?
2. Hefur sjálfstætt starfandi heimilislæknum fækkað á undanförnum árum og ef svo er, hver er skýringin?
3. Telur ráðherra ekki eðlilegt að sjúklingar eigi að hafa val um að sækja þjónustu til sjálfstætt starfandi heimilislækna jafnt sem heimilislækna á heilsugæslustöðvum?
4. Telur ráðherra ekki eðlilegt að heimilislæknar hafi jafnframt val um að mæta óskum

sjúklinga um þjónustu hvort heldur sem læknar eru sjálfstætt starfandi eða starfi á heilsugæslustöð?

944. Fyrirspurn [639. mál]

til fjármálaráðherra um sumarbústaði.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Hvað eru margir sumarbústaðir í landinu og hversu mikið hefur þeim fjölgað sl. tíu ár, sundurgreint eftir árum og sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

945. Fyrirspurn [640. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu lífeyrisgreiðslna og skattleysismörk 70 ára og eldri.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Hver yrðu áhrif þess á tekjur ríkissjóðs annars vegar og tekjur sveitarfélaga hins vegar ef lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins yrðu annars vegar skattfrjálsar og hins vegar skattlagðar sem fjármagnstekjur? Svar óskast sundurliðað eftir tegundum lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins.
2. Hver yrðu áhrif þess á tekjur ríkissjóðs annars vegar og tekjur sveitarfélaga hins vegar ef lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum yrðu almennt skattlagðar sem fjármagnstekjur?
3. Hver yrðu áhrif þess á tekjur hins opinbera ef skattleysismörk 70 ára og eldri væru:
   a. 100.000 kr.,
   b. 120.000 kr.,
   c. 150.000 kr.,
   d. 180.000 kr.?

Skriflegt svar óskast.

946. Fyrirspurn [641. mál]

til dómsmálaráðherra um kostnað við rannsókn „Baugsmálsins“.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hver hefur kostnaður orðið við rannsókn „Baugsmálsins“ sem hófst með húsrannsókn 28. ágúst 2002?

Skriflegt svar óskast.

947. Fyrirspurn [642. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við svonefnt Baugsmál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptist heildarkostnaður ríkisins af rannsókn svonefnds Baugsmáls, sundurliðað eftir verkefnum eftirtalinna aðila:
   a. samkeppnisyfirvalda,
   b. lögregluyfirvalda,
   c. héraðsdóms,
   d. annarra?
2. Hver má áætla að kostnaðurinn verði ef málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar?

Skriflegt svar óskast.

948. Fyrirspurn [643. mál]

til heilbrigðisráðherra um mismunun sjúklinga með gjaldtöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Finnst ráðherra eðlilegt að mismuna sjúklingum, svo sem krabbameinssjúklingum, með gjaldtöku eins og gert er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, eftir því hvort þeir fá meðferð á göngu- eða legudeild?
2. Hefur ráherra áform um að koma til móts við sjúklinga sem bera mikinn kostnað af meðferð á göngudeildum sjúkrahúsa?

949. Fyrirspurn [644. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu styrkja úr sjúkra- og styrktarsjóðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu miklar skatttekjur hafði ríkissjóður af framlögum og styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna á árunum 2004 og 2005?
2. Telur ráðherra að skattlagning sjúkrastyrkja hafi lagastoð?
3. Hvaða stefnubreyting varð á árinu 2002 þegar farið var að leggja skatt á sjúkrastyrki án þess að til lagabreytinga hafi komið?
4. Telur ráðherra skattlagninguna eðlilega og ef svo er, með hvaða rökum?
5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þessari skattlagningu?

950. Fyrirspurn [645. mál]

til forsætisráðherra um ráðningarkjör upplýsingafulltrúa forsætisráðuneytisins.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hver eru laun og önnur ráðningarkjör upplýsingafulltrúa forsætisráðuneytisins?
2. Hverjir hafa gegnt þessari stöðu undanfarin 10 ár, og hve lengi hver um sig?

Skriflegt svar óskast.

951. Fyrirspurn [646. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvernig hefur 1 milljarði kr. sem ríkisstjórnin lagði til Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verið ráðstafað og hver hefur annast vörslu sjóðsins?
2. Í hvaða fyrirtækjum hefur sjóðurinn fjárfest og hvert er starfssvið þeirra, skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum?
3. Er hægt að sjá merkjanlegan árangur af fjárframlögum eða lánum sjóðsins, þ.e. ef litið er til heildarveltu fyrirtækjanna og starfsmannafjölda þeirra?
4. Telur ráðherra að markmið sjóðsins um fjárfestingar á landsbyggðinni hafi náðst?

5. Hver hefur verið árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins frá því að hann hóf störf, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir launum, húsnæðiskostnaði, sérfræðiaðstoð og öðrum kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

952. Svar [549. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

1. *Hvernig er tryggt að einstakir þættir framkvæmda við gerð Kárahnjúkavirkjunar uppfylli þau skilyrði sem sett eru í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar frá 20. desember 2001?*

Norður-Hérað, nú Fljótsdalshérað, gaf út framkvæmdaleyfi vegna Kárahnjúkavirkjunar árið 2003. Í framkvæmdaleyfinu eru rakin skilyrði sem uppfylla þarf og byggjast m.a. á niðurstöðu í úrskurði umhverfisráðherra frá 20. desember 2001, sbr. 16. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem fram kemur að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og skal leyfisveitandi taka tillit til hans. Skv. 17. gr. þeirra laga, sbr. nú 18. gr. laga nr. 74/2005, um breyting á áðurnefndum lögum, skal leyfisveitandi hafa eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Eftirlit með framkvæmdum er því í höndum sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Fyrir hönd sveitarstjórnar hafa byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs og héraðsfulltrúi Fljótsdalshéraðs það verkefni með höndum að sinna almennu eftirliti vegna framkvæmdarinnar auk þess sem gott samstarf er við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Brunavarnir á Héraði.

Starfshópur skipaður fulltrúum iðnaðarráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins og sveitarstjórna Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps sem sérstaklega var settur á laggirnar til þess að fylgjast með framkvæmd skilyrða í mati á umhverfisáhrifum og í virkjunarleyfi iðnaðarráðherra heldur reglulega fundi með framkvæmdaraðila þar sem farið er yfir stöðu mála auk þess sem framkvæmdaraðili gerir grein fyrir framkvæmdinni í árlegri skýrslu.

2. *Hvernig samræmast framkvæmdir norðan stíflu í Desjarárdal 3. skilyrðinu í úrskurði ráðherra?*

Framkvæmdir norðan Desjarárstíflu við austurenda eru annars vegar flóðvarsskurður og hins vegar aðkomuskurður á nýjum aðgöngum að aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Flóðvarið í Desjarárstíflu var vegna jarðtæknilegra aðstæðna flutt frá vesturenda stíflunnar að austurenda hennar en flóðvarið er öryggistæki sem einungis nýtist við hamfaraflóð. Frá flóðvarinu var grafinn skurður 650 m langur og 60 m breiður sem leiða á vatn í hamfaraflóðum niður í dalinn þannig að það skemmi ekki Desjarárstíflu. Efni sem grafið var upp úr skurðinum sem verður ekki nýtt til stíflubyggingar verður ýtt aftur niður í skurðinn. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila er um að ræða þriðjung þess efnis sem grafið er upp úr skurðinum og mun það skolast úr skurðinum við hamfaraflóð. Vegna þess að skurðurinn

er að hluta fylltur aftur verða bakkar hans með hrunhalla og skurðurinn grynnist. Sveitarstjórn Norður-Héraðs var með bréfi 26.7.2004 tilkynnt færsla flóðvarsins og gerði hún ekki athugasemdir við hana.

Inntak aðganga 4 er við hlið flóðvarsskurðar um 100 m neðan stíflufótar Desjarárstíflu. Að inntakinu er grafinn aðkomuskurður 40 m langur og er botnbreidd hans 10 m. Framkvæmdaraðili óskaði eftir því með bréfi 21. desember 2005 að Skipulagsstofnun leiðbeindi um málsmeðferð með tilliti til skipulags vegna áforma um gerð nýrra aðganga að aðrennslisgöngum frá Hálslóni. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að með tilliti til staðsetningar framkvæmdarinnar á milli Desjarárstíflu og flóðvarsskurðar og þess að til greina kom að fylla yfir inntakið í göngin og ganga þannig frá landi að ummerki mundu ekki sjást á yfirborði þyrfti ekki að gera breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun vegna breytingar á framkvæmdinni. Stofnunin telur þessa afgreiðslu í fullu samræmi við 3. skilyrði í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Að verki loknu verður frágangur þess verkhluta hluti frágangs vinnusvæðis neðan Desjarárstíflu og verður hann unninn eins og annar frágangur vinnusvæða á virkjunarsvæðinu í fullu samráði við Umhverfisstofnun.

3. *Hvað líður vinnu við áætlun þá sem ætlað er að sýna útfærslu aðgerða til að minnka jarðvegsrof og áfok úr Hálslóni, sbr. 4. skilyrði úrskurðarins?*

Framkvæmdaraðili hefur brugðist við þeim fjórum atriðum sem sérstaklega ber að útfæra með eftirfarandi hætti:

a. Stjórnun vatnsborðsbreytinga í Hálslóni.

Gerðir hafa verið nýir útreikningar sem byggjast m.a. á núverandi raforkulögum. Gert er ráð fyrir að vatnsmiðlun Landsvirkjunar sé í Hálslóni. Það leiðir til þess að mesta sveifla vatnsborðs minnkar þannig að hún verður mest 65 m en var áður talin verða mest 75 m.

b. Uppsetning og virkni verkfræðilegra rof- og áfoksvarna.

Vegna áfoksvarna á austurbakka Hálslóns voru vegur og gerð sandgryfja boðin út vorið 2005. Framkvæmdum mun ljúka í október 2006. Verkfræðistofan Vatnaskil hefur reiknað botnfall jökulaurs í Hálslóni og er niðurstöður þeirra reikninga að finna í skýrslu Landsvirkjunar 2005/038. Verkfræðistofan Vatnaskil hefur metið rof á bökkum Hálslóns miðað við hönnunarstorm með 50–100 ára endurkomutíma, sbr. skýrslu Landsvirkjunar 2005/074. Frekari útreikningar eru nauðsynlegir og verður þeim lokið vorið 2006. Útreikningar benda til þess að stærð sandgryfja uppfylli vel skilyrði í úrskurði umhverfisráðherra um áfoksvarnir. Verkfræðistofan Vatnaskil reiknaði árið 2004 dreifingu ryks á bökkum Hálslóns, sbr. skýrslu Landsvirkjunar 2004/084. Sem stendur er unnið að frekari reikningum og tengingu þeirra við mælingar á fallryki víðs vegar á Héraði en þær hófust sumar 2005. Aðrar mótvægisaðgerðir til að hefta áfok úr Hálslóni eru eftirfarandi:

Afmörkuð hafa verið þau svæði þar sem fyrirhugað er að dæla jarðvegi af strönd Hálslóns niður í lónið. Áveitufræðingur frá FAO, Oliver Barney, kom til landsins til að meta möguleika á því að koma í veg fyrir rof með áveitutækni. Skilaði hann skýrslu um athuganir sínar þar sem hann bendir á mögulegan tækjabúnað og er sem stendur unnið frekar úr tillögum hans. Vinnuhópur undir stjórn Landgræðslunnar kannar nú möguleika á notkun rykbindiefna og verða gerðar tilraunir með rykbindiefni á komandi sumri. Landgræðslan hefur gert tilraunir með nokkrar gerðir fokgirðinga með það fyrir augum að benda á hentuga fokgirðingu til nota við Hálslón.

c. Stjórnun og aðgerðir vegna stöðvunar áfoksgeira, gróðurverndar og uppgræðslu á svæðum sem verða fyrir áhrifum.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur ásamt Landgræðslunni staðið fyrir víðtækum gróðurtilraunum á Hálsi síðan 2002. Hluti þeirra tilrauna er gróðursetning víðistiklinga. Hefur framkvæmdaraðili varið um 30 millj. kr. í þessar tilraunir.

d. Sívirkt eftirlit og mat á virkni mótvægisaðgerðanna.

Fallryksmæling er hafin til ákvörðunar á grunnástandi áður en starfsemi virkjunarinnar hefst og er mælt á 13 stöðum við Hálslón og niður í byggð á Fljótsdalshéraði.

4. Hvað líður vinnu við uppgræðslu- og landbótaaðgerðir samkvæmt 5. skilyrðinu?

Í samráði við sveitarstjórnir á svæðunum var ákveðið að sveitarfélögin tækju að sér umræddar uppgræðslu- og landbótaaðgerðir. Landsvirkjun hefur þegar greitt í landbótasjóð Fljótsdalshéraðs (áður Norður-Héraðs) 156 millj. kr. og mun á árunum 2006 til og með 2017 greiða að auki 44 millj. kr. Landbótavinna hófst árið 2003 og hefur verið unnið að landbótum hvert sumar síðan og hefur landbótasjóðurinn gefið út skýrslur um landbótastarfið fyrir árin 2003 til og með 2005. Landgræðslan hefur skráð uppgræðslusvæðin í gagnagrunn stofnunarinnar og metið og skráð árangur uppgræðslustarfsins. Að mati sérfræðinga Landgræðslunnar er árangur góður.

Landsvirkjun hefur greitt í landbótasjóð Fljótsdalshrepps 45 millj. kr. og er gert ráð fyrir því að fyrst verði veitt úr honum árið 2007 til skipulegra uppgræðslu- og landbótaaðgerða.

5. Hvað líður vinnu við áætlun um námur, haugsvæði, vega- og slóðagerð samkvæmt 7. skilyrði?

Framkvæmdaraðili hefur gefið út skýrslur um vegi, aðstöðu verktaka, námur og haugsvæði í samráði við Umhverfisstofnun, sbr. skýrslur Landsvirkjunar LV-2002/054 Kárahnjúkavirkjun – Fyrri áfangi, LV-2004/029 Ufsarveita og Hraunavegur og LV-2005/059 Jöfnunarstrokkur á Hólsufs og LV-2005/079 Hraunveita. Skýrslugerð er lokið en í framhaldinu verður unnin áætlun í samræmi við skilyrði 7 í úrskurði umhverfisráðherra.

6. Hver er staða þeirra rannsókna sem getið er um í 11., 12., 13. og 19. skilyrði? Hverjar af þeim rannsóknarniðurstöðum sem þegar liggja fyrir hafa vakið sérstaka athygli eða komið sérstaklega á óvart?

Skilyrði 11 – Rannsókn á setlögum í Hálslóni.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði verklýsingu á nauðsynlegum rannsóknum á seti og öskulögum í Hálslóni. Á grundvelli þeirrar verklýsingar var samið við ÍSOR og Raunvísindastofnun Háskólans undir forustu Almennu verkfræðistofunnar um rannsóknir á árunum 2005 og 2006. Þessar rannsóknir standa nú yfir.

Skilyrði 12 – Jarðhitasvæði og hrúðurbreiður við Sauðárfossa.

Rannsóknir fóru fram sumurin 2004 og 2005 og voru framkvæmdar af ÍSOR. Skýrslu um niðurstöðu rannsókna er að vænta í apríl nk.

Skilyrði 13 – Rannsóknir á flikrubergi í gljúfri Jökulsár í Hálslóni.

Rannsóknum og skýrslugerð er lokið og ekki reyndist þar flikruberg að finna heldur rauðbrennt móberg.

Skilyrði 19 – Regluleg vöktun fornminja í hættu.

Rannsóknir vegna fornminja fóru fram á því svæði sem lendir undir Hálslóni sumarið 2004. Niðurstöður rannsókna hafa komið út í tveimur skýrslum. Rannsóknir vegna rústa sem fundust á Hálsi gegnt Sauðá voru boðnar út í janúar 2005. Rannsóknum er lokið og skýrslu um niðurstöður að vænta haustið 2006.

Rannsókn á Sjónarhólskofa verður framkvæmd sumarið 2006.

Í úrskurði umhverfisráðherra kemur fram að framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar muni hafa áhrif á þekktar fornminjar á framkvæmdasvæði virkjunarinnar frá Hálslóni til strandar. Að mati framkvæmdaraðila er hér miðað við fyrri virkjunartilhögun og því nauðsynlegt að skoða málið í ljósi útreikninga á vatnsstöðu sem nú liggja fyrir. Vatnsborð milli Lagarfljótsvirkjunar og brúar við Egilsstaði lækkar og í Leginum hækkar vatnsstaða í þrjá mánuði af tólf um 25–30 cm. Samkvæmt þessu ættu áhrif vatnsborðsbreytinga á fornminjar að vera minni en áður var talið.

Framkvæmdaraðili mun halda fund með Fornleifavernd ríkisins og Minjavörslu Austurlands á komandi sumri þar sem farið verður yfir áhrif vatnaflutninga á minjar við Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót neðan Lagarfossvirkjunar.

Samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra átti að fara fram björgunarrannsókn á tóft (NM-174:30) í landi Brekku í Fljótsdalshreppi. Fornleifavernd hefur staðfest að þessari tóft stafar ekki hætta af framkvæmdum sem tengjast Kárahnjúkavirkjun.

Niðurstöður rannsókna á fornleifum hafa ekki leitt neitt sérstakt í ljós sem ekki var vitað áður nema fundur rústa á Hálsi.

7. *Á hvern hátt hafa stofnanir ráðuneytisins fylgst með borun jarðganga á svæðinu, sbr. 14. skilyrði í úrskurðinum? Hvað hafa rannsóknir á jarðvatni því sem framkvæmdaraðilar hafa glímt við leitt í ljós?*

Eins og gefur að skilja er stór og nauðsynlegur verkþáttur við jarðgangagerð þéttun bergs til að draga úr innrennsli vatns inn í göngin á byggingartíma enda sá þáttur í byggingu þeirra sem jarðgangagerðarmönnum stafar mest hætta af. Framkvæmdaraðili hefur lagt mikla áherslu á þennan öryggisþátt og jafnframt á að vatn geti runnið út úr göngunum eftir að starfræksla hefst, bæði með því að bæta og styrkja þéttingu bergs þar sem vatn rann í göngin á byggingartíma.

Framkvæmdaraðili hefur borað fjölda hola með gangaleiðinni til að fylgjast með breytingu á stöðu grunnvatns. Liggur fyrir skýrsla og kort sem sýnir hvar þessar holur hafa verið boraðar en að svo stöddu er ekki tímabært að meta breytingar á stöðu grunnvatns. Engar breytingar hafa komið fram á yfirborði. Vatnið sem rennur úr jarðgöngunum er hreinsað úr setskiljum áður en því er veitt í nálæg vatnsföll. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa ekki komið beint að þessu verkefni enda ekki hlutverk þeirra en Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur fylgst með verkinu og haft eftirlit af hálfu sveitarstjórna með hreinsun vatnsins.

953. Svar [460. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Katrínar Júlíusdóttur um nefndarskipan og kynjahlutföll.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir og starfshópar á vegum ráðuneytanna og undirstofnana þeirra hafa verið settar á laggirnar frá því í nóvember 2004, sundurliðað eftir ráðuneytum?*
2. *Hver eru kynjahlutföll í fyrrgreindum nefndum? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og nefndum eða starfshópum.*

Í eftirfarandi töflu er að finna svör ráðuneytanna um nefndir, starfshópa, stjórnir og ráð sem skipuð hafa verið með formlegum hætti frá og með nóvember 2004, ásamt kynjahlutföllum í hverri nefnd. Samkvæmt svari utanríkisráðuneytis hafa engar nefndir verið formlega skipaðar í ráðuneytinu á umræddu tímabili.

Nefndir, stjórnir og ráð skipuð frá nóvember 2004.

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Forsætisráðuneyti								
Nefnd til að endurskoða lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992		30.1.2006	4	3	7	57%	43%	
Nefnd til að skoða hátt matvælaverð á Íslandi		16.1.2006	7	3	10	70%	30%	
Nefnd um alþjóðlega fjármálastarfsemi		24.11.2005	9	3	12	75%	25%	
Nefnd um eftirfylgni styrkja úr Kristnihátíðarsjóði		14.12.2005	3	2	5	60%	40%	
Nefnd um endurskoðun örorkumats og endurhæfingu		13.2.2006	10	0	10	100%	0%	
Nefnd um hollara mataræði		31.10.2005	5	4	9	56%	44%	
Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi		4.7.2005	7	2	9	78%	22%	
Nefnd um málefni aldraða		16.1.2006	7	4	11	64%	36%	
Nefnd um stöðu íslensku fjölskyldunnar		1.2.2005	6	6	12	50%	50%	
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur 2005–2008		8.12.2005	4	1	5	80%	20%	
Sérfræðinganefnd um stjórnarskrána		6.1.2005	3	1	4	75%	25%	
Starfshópur til að endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu		23.2.2005	2	3	5	40%	60%	
Starfshópur um efnahagsleg áhrif heimsfaraldurs inflúensu		11.1.2006	3	2	5	60%	40%	
Starfshópur um Einfaldara Ísland		12.12.2005	6	3	9	67%	33%	
Starfshópur um endurskoðun verklagsreglna um einkavæðingu		9.12.2005	3	1	4	75%	25%	
Starfshópur um sameiningu matvælarannsókna á Íslandi		6.6.2005	6	0	6	100%	0%	
Stjórn Grænlandssjóðs 2005–2007		1.1.2005	2	3	5	40%	60%	
Stjórn Stafkirkjunnar á Heimaey 2005–2009		10.6.2006	2	1	3	67%	33%	
Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs 2005–2009		27.1.2006	3	2	5	60%	40%	
Stjórnarskrárnefnd		4.1.2005	7	2	9	78%	22%	
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2005–2008		1.1.2005	1	2	3	33%	67%	
Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 2006–2007		1.1.2005	2	1	3	67%	33%	
Samtals:			**102**	**49**	**151**	**68%**	**32%**	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti								
Nefnd til að kanna innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins 2004/48/EB um fullnustu réttarbrota gegn hugverkaréttindum			2	1	3	67%	33%	
Starfshópur sem kynni sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu			2	4	6	33%	67%	
Nefnd sem endurskoða á starfsemi og reglugerðir um útfararþjónustu			3	0	3	100%	0%	
Starfshópur um málskostnað og gjafsóknarkostnað			3	2	5	60%	40%	
Nefnd sem kanna á hvaða áhrif núverandi samsetning fangavarða með tilliti til menntunar og aldurssamsetningar hefur á framtíðaskipan fangelsismála			3	2	5	60%	40%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Nefnd til að gera tillögur um úrbætur vegna fyrirkomulags og framkvæmdar símhlerana í þágu rannsóknar opinbers máls			2	1	3	67%	33%	
Starfshópur sem vera skal almannavarnadeild ríkislögreglustjóra til aðstoðar við gerð landfræðilegs kortagrunns með upplýsingum um búsetu og mannvirki á því svæði sem kann að vera í hættu vegna væntanlegs eldgoss í Mýrdalsjökli			3	1	4	75%	25%	
Starfshópur vegna flutnings útgáfu atvinnuleyfa frá félagsmálaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins			0	2	2	0%	100%	
Framkvæmdanefnd um nýskipan lögreglumála			3	0	3	100%	0%	
Undirbúningsnefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa og skipuleggja uppsetningu innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi			3	4	7	43%	57%	
Starfshópur um endurskoðun á lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt			1	4	5	20%	80%	
Samtals:			**25**	**21**	**46**	**54%**	**46%**	
Félagsmálaráðuneyti								
Félagsdómur	lög	1.11.2004	3	2	5	60%	40%	kk.
Fjölskylduráð	verk	1.12.2004	1	4	5	20%	80%	kvk.
Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	verk	15.3.2005	3	2	5	60%	40%	kk.
Innflytjendaráð	verk	3.11.2005	2	4	6	33%	67%	kk.
Kærunefnd húsnæðismála	lög	1.2.2005	2	1	3	67%	33%	kvk.
Nefnd til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingasjóðs kvenna	verk	6.12.2005	1	7	8	13%	88%	kvk.
Nefnd um endurskoðun III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga	verk	9.9.2005	4	3	7	57%	43%	kvk.
Nefnd um flóttafólk og hælisleitendur	verk	5.12.2005	4	0	4	100%	0%	kk.
Samráðshópur til að undirbúa vottun jafnra launa	verk	25.11.2005	2	4	6	33%	67%	kk.
Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði	lög	1.2.2005	2	2	4	50%	50%	kk.
Samstarfsnefnd um atvinnuleyfi útlendinga	lög	1.7.2005	2	3	5	40%	60%	kvk.
Starfshópur til að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 varðandi búsetu í frístundabyggð á þjónustuhlutverk sveitarfélaga	verk	28.6.2005	5	1	6	83%	17%	kk.
Starfshópur um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna	verk	4.3.2005	3	5	8	38%	63%	kk.
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs	lög	21.8.2005	4	5	9	44%	56%	kk.
Stjórn Vinnumálastofnunar	lög	1.7.2005	5	2	7	71%	29%	kk.
Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta	lög	1.7.2005	1	2	3	33%	67%	kvk.
Verkefnisstjórn um framkvæmdaáætlun yfir þjónustu við geðfatlað fólk	verk	21.11.2005	2	3	5	40%	60%	kvk.
Verkefnisstjórn um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði	verk	18.4.2005	2	5	7	29%	71%	kvk.
Vinnuhópur vegna notenda/aðstandenda fatlaðra barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára	verk	16.11.2004	1	3	4	25%	75%	kvk.
Vinnuhópur vegna notenda/aðstandenda fatlaðra á aldrinum 18 ára og eldri	verk	16.11.2004	2	2	4	50%	50%	kvk.

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Vinnuhópur vegna fulltrúa þeirra sem koma að framkvæmd þjónustunnar og málefnum starfsmanna	verk	16.11.2004	1	3	4	25%	75%	kvk.
								10 kk.
Samtals:			**52**	**63**	**115**	**45%**	**55%**	**11 kvk.**
Fjármálaráðuneyti								
Samninganefnd ríkisins 2004–2008		11.11.2004	7	2	9	78%	22%	
Kjaranefnd 2004–2008		23.12.2004	1	2	3	33%	67%	
Kjaradómur 2004–2008		1.1.2005	4	1	5	80%	20%	
Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2005–2008		1.1.2005	12	2	14	86%	14%	
Endurskoðendaráð 2005–2009		1.2.2005	3	0	3	100%	0%	
Kærunefnd útboðsmála 2005–2009		1.9.2005	3	0	3	100%	0%	
Starfshópur um endurskipulagningu afskriftarferlis útistandandi krafna		2.5.2005	3	4	7	43%	57%	
Bílanefnd 2006–2008		1.1.2006	2	0	2	100%	0%	
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins LSR 2006–2008		1.1.2006	5	3	8	63%	38%	
Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga 2006–2008		1.1.2006	1	3	4	25%	75%	
Nefnd til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd		30.1.2006	4	3	7	57%	43%	
Samtals:			**45**	**20**	**65**	**69%**	**31%**	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti								
Innanhússnefnd ráðuneytisins til að meta umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi í öldrunarþjónustu		2.11.2004	3	1	4	75%	25%	kona
Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 305/1997 um veitingu læknaleyfa og sérfræðileyfa		10.3.2005	4	3	7	57%	43%	kona
Starfshópur um endurskoðun reglugerðar nr. 638/1987, um menntun, réttindi og skyldur tann-fræðinga. Verkefni starfshópsins er m.a. að skilgreina verksvið tannfræðinga samkvæmt þeirri menntun er þeir hafa hlotið		11.4.2005	0	6	6	0%	100%	kona
Starfshópur sem ætlað er að meta þörf fyrir þjónustu við aldraða á norðanverðum Vestfjörðum, nánar tiltekið í Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi		22.4.2005	5	2	7	71%	29%	kona
Nefnd um sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun. Vegna breytinga á lögum nr. 19/1997 og reglugerð nr. 129/1999 sem gerðar voru 2004 er nauðsynlegt að endurskoða gildissvið nefndarinnar		26.4.2005	7	0	7	100%	0%	karl
Nefnd um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins samkvæmt bókun 6 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra, með aðild heilbrigðisráðuneytisins frá 21. nóvember 2001		28.4.2005	4	1	5	80%	20%	kona
Nefnd til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir		5.10.2005	8	2	10	80%	20%	karl
Nefnd sem ætlað er að koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði í samvinnu við bæjaryfirvöld		31.10.2005	4	2	6	67%	33%	kona
Framkvæmdanefnd vegna byggingar nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss		18.11.2005	4	3	7	57%	43%	karl
Faghópur til að koma með ábendingar um hvernig bæta má geðheilbrigðisþjónustu við aldraða hér á landi. Hópnum er ætlað að skila ráðherra stuttri greinagerð í síðasta lagi 31. mars 2006		8.12.2005	6	10	16	38%	63%	kona

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Starfshópur til að fara yfir eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með endurreikningi á tekjutengdum bótum		5.1.2006	4	3	7	57%	43%	karl
Starfshópur til að huga að frekari uppbyggingu réttargeðdeildarinnar að Sogni		9.1.2006	4	0	4	100%	0%	karl
Nefnd sem ætlað er að koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu á Suðurlandi		12.1.2006	5	3	8	63%	38%	kona
Nefndir, stjórnir eða ráð sem hafa verið endurskipaðar á tímabilinu								
Ljósmæðraráð, skv. 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984		14.12.2005	0	3	3	0%	100%	kona
Lyfjanefnd ríkisins, skv. 4. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum		1.11.2004	11	3	14	79%	21%	karl
Samstarfsnefnd um málefni aldraða skv. 1. gr. laga nr. 38/2004, um breytingu á lögum um málefni aldraða		1.12.2005	4	2	6	67%	33%	karl
Sérfræðinefnd tannlækna sem starfar skv. 5. gr. laga um tannlækningar, nr. 38/1985		28.4.2005	2	1	3	67%	33%	karl
Stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, skv. 3. og 4. gr. laga nr. 91/2004, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993		1.11.2004	3	2	5	60%	40%	karl
Stöðunefnd, skv. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingu		1.2.2005	2	1	3	67%	33%	karl
Úrskurðarnefnd samkvæmt 28. grein laga nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir		19.12.2005	1	2	3	33%	67%	karl
Úrskurðarnefnd skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun		14.4.2005	0	3	3	0%	100%	kona
Nefndir sem voru skipaðar á tímabilinu og hafa lokið störfum								
Vinnuhópur til að fara yfir skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fjölgun öryrkja		7.6.2005	2	1	3	67%	33%	kona
Dómnefnd vegna skipulagssamkeppni til undirbúnings deiliskipulagi á lóð sem ætluð er fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut		13.4.2005	4	3	7	57%	43%	kona
Samráðshópur samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar að efna til formlegs samráðs við Landssamband eldri borgara um stöðu samkomulags um aðbúnað og skipulag öldrunarþjónustu og hækkun á greiðslum almannatrygginga frá 19. nóvember 2002		31.5.2005	3	4	7	43%	57%	kona
								11 kk.
Samtals:			**90**	**61**	**151**	**60%**	**40%**	**13 kvk.**
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti								
Prófnefnd vátryggingamiðlara 2006–2010		3.1.2006	2	1	3	67%	33%	
Prófnefnd verðbréfaviðskipta 2004–2008		10.11.2004	3	2	5	60%	40%	
Áfrýjunarnefnd neytendamála 2005–2009		1.7.2005	2	1	3	67%	33%	
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála 2005–2009		20.6.2005	1	2	3	33%	67%	
Jafnréttisnefnd IVR		30.1.2006	2	2	4	50%	50%	
Nefnd um Geimstofnun Evrópu, European Space Agency		3.11.2004	4	1	5	80%	20%	
Nefnd vegna sameiningar ITÍ og Rb		1.2.2005	6	0	6	100%	0%	
Neyslustaðlar um framfærslukostnað heimila, starfshópur 2004		7.12.2004	3	1	4	75%	25%	
Starfshópur um bættar svæðisbundnar tölfræðiupplýsingar		25.2.2005	3	0	3	100%	0%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Starfshópur vegna endurskoðunar raforkulaga		6.10.2005	5	0	5	100%	0%	
Undirbúningsnefnd vegna stofnunar Samkeppniseftirlitsins		15.3.2005	1	3	4	25%	75%	
Verkefnisstjórn um stefnumörkun í byggðamálum á Austurlandi		19.8.2005	9	3	12	75%	25%	
Verkefnisstjórn um stefnumörkun í byggðamálum á Suðurlandi, með sérstöku tilliti til Vestmannaeyja		10.3.2005	8	2	10	80%	20%	
Vettvangur um vistvænt eldsneyti		16.1.2005	6	0	6	100%	0%	
Nefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti		21.3.2005	4	3	7	57%	43%	
Nefnd um verðtryggingar lánssamninga		27.9.2005	5	0	5	100%	0%	
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila 2005–2007, starfar í tengslum við Fjármálaeftirlitið		18.5.2005	7	0	7	100%	0%	
Samtals:			**71**	**21**	**92**	**77%**	**23%**	
Landbúnaðarráðuneyti								
Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins	Lögbundin stjórn	12.1.2005	4	1	5	80%	20%	
Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum	Úrskurðar og/eða kærunefnd	31.5.2005	2	1	3	67%	33%	
Starfshópur um hrossarækt á árunum 2006–2009	Verkefnanefnd	9.11.2005	5	0	5	100%	0%	
Nefnd um uppruna og ræktun íslenska hestsins	Verkefnanefnd, sbr. rg. nr. 948/2002	3.10.2005	3	0	3	100%	0%	
Samtals:			**14**	**2**	**16**	**88%**	**13%**	
Menntamálaráðuneyti								
Nefndir og stjórnir sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða þingsályktunum								
Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema			2	5	7	29%	71%	
Fornleifanefnd			5	5	10	50%	50%	
Háskólaráð Háskóla Íslands			3	1	4	75%	25%	
Háskólaráð Háskólans á Akureyri			2		2	100%	0%	
Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands			1	3	4	25%	75%	
Húsafriðunarnefnd			7	3	10	70%	30%	
Höfundaréttarnefnd			4	4	8	50%	50%	
Íslenska Unesco-nefndin			5	1	6	83%	17%	
Kvikmyndaskoðun			3	9	12	25%	75%	
Leiklistarráð			4	2	6	67%	33%	
Markáætlun um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni			2	1	3	67%	33%	
Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna			4	2	6	67%	33%	
Námsstyrkjanefnd			2	3	5	40%	60%	
Nemaleyfisnefnd í bókbandi			3		3	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í grafískri miðlun			3		3	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn			1	4	5	20%	80%	
Nemaleyfisnefnd í húsasmíði			6		6	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í húsgagnasmíð			4		4	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í ljósmyndun			3		3	100%	0%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Nemaleyfisnefnd í málaraiðn			4		4	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í múraraiðn			4		4	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í pípulögnum			6		6	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í prentun			3		3	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í stálsmíði			3		3	100%	0%	
Nemaleyfisnefnd í veggfóðrun			6		6	100%	0%	
Ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla			2	8	10	20%	80%	
Safnaráð			4	6	10	40%	60%	
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi			12	7	19	63%	37%	
Skólanefnd Borgarholtsskóla			6	4	10	60%	40%	
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi			6	4	10	60%	40%	
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja			8	1	9	89%	11%	
Skólanefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla			4	7	11	36%	64%	
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Breiðholti			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Flensborgarskóla í Hafnarfirði			3	7	10	30%	70%	
Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu			3	6	9	33%	67%	
Skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum			6	4	10	60%	40%	
Skólanefnd Iðnskólans í Hafnarfirði			8	2	10	80%	20%	
Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík			8	1	9	89%	11%	
Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík			4	6	10	40%	60%	
Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum			4	6	10	40%	60%	
Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni			6	4	10	60%	40%	
Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð			6	5	11	55%	45%	
Skólanefnd Menntaskólans við Sund			5	5	10	50%	50%	
Skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands			6	4	10	60%	40%	
Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri			5	5	10	50%	50%	
Skólastjórn Skákskóla Íslands			2	1	3	67%	33%	
Stjórn Gunnarsstofnunar			7	2	9	78%	22%	
Stjórn Íslenska dansflokksins			1	3	4	25%	75%	
Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda			4	2	6	67%	33%	
Stjórn launasjóðs stórmeistara í skák			1	2	3	33%	67%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna			6	10	16	38%	63%	
Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna			3	5	8	38%	63%	
Stjórn Þýðingarsjóðs			3	3	6	50%	50%	
Tónlist fyrir alla			7	7	14	50%	50%	
Tónlistarráð			2	4	6	33%	67%	
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði myndlistarmanna			3	3	6	50%	50%	
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði rithöfunda.			3	3	6	50%	50%	
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Tónskáldasjóði			6		6	100%	0%	
Úthlutunarnefnd styrkja Snorra Sturlusonar			3	3	6	50%	50%	
Þjóðbúningaráð			1	9	10	10%	90%	
Æskulýðsráð ríkisins			6	4	10	60%	40%	
Öryggisnefnd menntamálaráðuneytisins			1	3	4	25%	75%	
Samtals:			**285**	**229**	**514**	**55%**	**45%**	
Nefndir skipaðar samkvæmt ákvörðun ráðherra								
Dómnefnd um Evrópumerkið 2005			3	4	7	43%	57%	
Fagráð til að fjalla um umsóknir í markáætlun á sviði erfðafræða í þágu heilbrigðis og örtækni			3	2	5	60%	40%	
Framkvæmdastjórn vegna vinnu við breytingar á námskrám og skilum leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar, sbr. skýrslu ráðuneytisins *Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi*			5	3	8	63%	38%	
Heimsminjanefnd Íslands			2	2	4	50%	50%	
Íslenska vatnafræðinefndin			5	4	9	56%	44%	
Jafnréttisnefnd			2	3	5	40%	60%	
Námsefnisnefnd			2	4	6	33%	67%	
Nefnd er vinni að þarfagreiningu og frumathugun á sérhæfðri nýbyggingu fyrir starfsemi Tilrauna-stöðvar Háskóla Íslands í meinafræði			3		3	100%	0%	
Nefnd sem falið er að fjalla um vinnuumhverfi kennara í framhaldsskólum			2	3	5	40%	60%	
Nefnd sem hefur það hlutverk að vinna að stöðlun og þróun blindraleturs			1	6	7	14%	86%	
Nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti verði minnst 200 ára fæðingarafmælis þjóðskáldsins Jónasar Hallgrimssonar			3	2	5	60%	40%	
Nefnd til að endurskoða lög um Þjóðskjalasafn, nr. 66/1985, og lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994			3	2	5	60%	40%	
Nefnd til að semja frumvarp til laga um fjölmiðla			3		3	100%	0%	
Nefnd um heildarendurskoðun á lögum nr. 136/1997, um háskóla			3	3	6	50%	50%	
Nefnd um starfsnám			6	2	8	75%	25%	
Nefnd um stefnu stjórnvalda í byggingarlist			4	1	5	80%	20%	
Nefnd um undirbúning að þátttöku Íslands í úttekt á háskólamenntun ýmissa aðildaríkja OECD			6	3	9	67%	33%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Nefnd um þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta			3	5	8	38%	63%	
Nefnd um öryggismál íþróttasvæða			3	3	6	50%	50%	
Ráðgjafahópur vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs, námskrárbreytingar og breytingar á skilum leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar			8	12	20	40%	60%	
Ráðgjafarnefnd um styrkveitingu til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu			0	3	3	0%	100%	
Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands			7	3	10	70%	30%	
Sarfshópur til að vinna að undirbúningi stækkunar Fjölbrautaskólans í Garðabæ			6		6	100%	0%	
Starfshópur fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í gamla skólahúsinu í Reykholti			2	1	3	67%	33%	
Starfshópur sem falið er að endurskoða lög nr. 23/1990, um Námsgagnastofnun			4	2	6	67%	33%	
Starfshópur til að kanna fýsileika þess að sameina Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands			6	1	7	86%	14%	
Starfshópur til að vinna að tillögum um aukið samstarf Námsgagnastofnunar og Blindrabókasafns			1	4	5	20%	80%	
Starfshópur til þess að endurskoða þjóðminjalög í nánu samhengi við safnalög, lög um húsafriðun og lög um flutninga meningarverðmæta úr landi			1	2	3	33%	67%	
Starfshópur til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu			5	3	8	63%	38%	
Starfshópur til þess að gera tillögur um framtíðarskipan Stofnunar Gunnars Gunnarssonar			4	1	5	80%	20%	
Starfshópur um aðgerðir til fjölgunar nemenda í raunvísindum og raungreinum			6	3	9	67%	33%	
Starfshópur um gerð skýrslu til Alþingis um stofnun sædýrasafns			3	2	5	60%	40%	
Starfshópur um námsmat á framhaldsskólastigi			4	3	7	57%	43%	
Starfshópur um stöðu íslenska táknmálsins, eflingu þess og varðveislu			3	8	11	27%	73%	
Stýrihópur til undirbúnings að stofnun Framhaldsskóla Borgarbyggðar			4	2	6	67%	33%	
Stýrihópur til þess að gera þarfagreiningu á Sarpi, gagnagrunni minjavörslunnar			3		3	100%	0%	
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs leikskóla			5	1	6	83%	17%	
Verkefnisstjórn um símenntun			2	5	7	29%	71%	
Vinnuhópur sem falið er að setja fram tillögur um skil leikskóla og grunnskóla			1		1	100%	0%	
Vinnuhópur sem ætlað er að setja fram tillögur um aðgerðir til að tengja betur skólastarf, nám og kennslu á leik- og grunnskólastigi og draga fram fagleg áhersluatriði sem máli skipta fyrir farsælt starf á skilum þessara skólastiga				9	9	0%	100%	
Vinnuhópur um námskrárgerð fyrir danskjörsvið á listnámsbraut framhaldsskóla			1	3	4	25%	75%	
Samtals:			**138**	**120**	**258**	**53%**	**47%**	
Alls:			**423**	**349**	**772**	**55%**	**45%**	
Samgönguráðuneyti								
Nefnd um áhrif breytinga á vöruflutningum			4		4	100%	0%	
Nefnd um eflingu ferðaþjónustu í Vestmanneyjum			2	3	5	40%	60%	
Siglingaráð			11		11	100%	0%	

	Teg-und	Skipunar-dagur	Kk.	Kvk.	Aðal-menn	Kk.	Kvk.	For-maður
Umferðarráð			17	7	24	71%	29%	
Vinnuhópur um framtíðarskipan eignarhalds og reksturs vita			5		5	100%	0%	
Starfshópur um rekstraraðstæður þeirra sem reka hópferðabifreiðar			3		3	100%	0%	
	Samtals:		**42**	**10**	**52**	**81%**	**19%**	
Sjávarútvegsráðuneyti								
Nefnd um tillögur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2004/2005			3	0	3	100%	0%	
Nefnd um forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða			4	1	5	80%	20%	
Nefnd um starfsumhverfi sjávarútvegsins			4	1	5	80%	20%	
Nefnd um sjávarútveg og hágengi			3	0	3	100%	0%	
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sjávarútvegi			13	0	13	100%	0%	
Nefnd um störf kvenna í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum			1	5	6	17%	83%	
Verkefnisstjórn um öryggi útflutningstekna			3	2	5	60%	40%	
Starfshópur um stöðu og horfur í rækjuiðnaði á Íslandi			3	0	3	100%	0%	
Nefnd um viðurlög í lögum sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið			3	0	3	100%	0%	
	Samtals:		**37**	**9**	**46**	**80%**	**20%**	
Umhverfisráðuneyti								
2005								
Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála			5	0	5	100%	0%	
Prófnefnd mannvirkjahönnuða			3	0	3	100%	0%	
Skólaráð Brunamálaskólans			2	1	3	67%	33%	
Ráðgjafarnefnd fyrir Skaftafellsþjóðgarð			2	3	5	40%	60%	
Nefnd um innleiðingu tilskipunar um raf- og rafeindaúrgang			2	3	5	40%	60%	
Samráðshópur um undirbúning Umhverfisþings			4	2	6	67%	33%	
Nefnd um takmarkanir á losungróðurhúsalofttegunda			2	2	4	50%	50%	
Nefnd um framkvæmd móttöku á pappa og plastumbúðum			4	4	8	50%	50%	
Nefnd um umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins			2	1	3	67%	33%	
Starfshópur um málflutning Íslands og kynningar á CSD 14 og 15			3	1	4	75%	25%	
Nefnd um ákvæði Árósasamningsins			2	5	7	29%	71%	
Samráðsnefnd um neysluvatn			4	1	5	80%	20%	
Starfshópur um gerð reglugerða um hávaða			5	4	9	56%	44%	
Nefnd um verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga			3	2	5	60%	40%	
Ráðgjafarnefnd um undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs			5	3	8	63%	38%	
2006								
Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls			2	2	4	50%	50%	
	Samtals:		**50**	**34**	**84**	**60%**	**40%**	

954. Frumvarp til laga [647. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

IV. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Reglur um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll,** orðast svo:

a. (17. gr.)

Kauphallaraðilar sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar fyrir hönd útgefenda nema stjórn hennar samþykki annað. Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Áður en stjórn kauphallar samþykkir fyrir sitt leyti reglur um opinbera skráningu verðbréfa skal hún leita umsagnar um þær hjá Fjármálaeftirlitinu. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra. Reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu fela í sér skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar, svo sem:

1. að lögð sé fram skráningarlýsing útgefanda,
2. um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa,
3. að birtar séu við skráningu og eftirleiðis upplýsingar um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur.

Umsækjanda skal tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin tryggir að nauðsynlegar upplýsingar um opinberlega skráð verðbréf séu aðgengilegar almenningi.

b. (18. gr.)

Niðurfelling skráningar og tímabundin stöðvun viðskipta.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni eða skilyrði skráningu verðbréfanna. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi opinberlega skráðra verðbréfa eða kauphallaraðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá kauphallarinnar. Skal stjórn kauphallarinnar verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk. Stjórnin getur ákveðið að bréfin verði ekki tekin af skrá fyrr en allt að eitt ár er liðið frá því að fullbúin greinargerð barst kauphöllinni. Hún getur einnig ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

Heimilt er að stöðva tímabundið viðskipti í kauphöll þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Tilkynna skal um slíka tímabundna stöðvun til Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar og endurskipulagningar laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, voru 17. og 18 gr. laganna felldar úr gildi við gildistöku laga nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003. Nú er hins vegar ljóst að endurskoðun og endurskipulagningu laganna lýkur síðar en áætlað var og því er lagt til að umræddar greinar um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sem fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/34, verði felldar aftur inn í lögin. Athugasemdir við greinarnar eru byggðar á upphaflegum athugasemdum.

Um a-lið (17. gr.).

Í 1. mgr. kemur fram að kauphallaraðilar skulu sækja um opinbera skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi kauphallarinnar nema stjórn hennar samþykki annað. Það er ekki talin ástæða til þess að setja það sem skilyrði að umsókn um skráningu verðbréfa í kauphöll skuli ávallt gerð með milligöngu kauphallaraðila. Þó er ljóst að gerð slíkrar umsóknar krefst talsverðrar sérþekkingar enda þarf að taka tillit til ýmissa lagaákvæða, svo og reglna sem gilda um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. Ef umsókn er unnin af aðilum sem hafa sérþekkingu á þessu sviði er líklegra en ella að úrvinnsla umsóknarinnar krefjist minni vinnu af hálfu kauphallarinnar. Það þekkist að í erlendum kauphöllum sé tekinn saman listi yfir þá sem hún viðurkennir til þess að leggja fram umsókn um skráningu og er það þá ekki alltaf bundið við kauphallaraðila. Hér er því valin sú leið að takmarka ekki með lögum rétt til þess að annast umsókn og undirbúning skráningar í kauphöll en heimilt er stjórn kauphallarinnar að setja nánari reglur um þetta efni. Við umræður um þetta mál hefur komið fram að æskilegast sé að hér á landi þróist þessi mál með svipuðum hætti og víða erlendis, þ.e. að verðbréfafyrirtækin annist þessa þjónustu að meginstefnu til. Auk þess væri æskilegt að allir sem taka að sér undirbúning umsóknar fyrir félög sem sækja vilja um skráningu í kauphöll tryggi umsækjanda víðtæka þjónustu og ráðgjöf í sambandi við skráninguna, til dæmis viðvarandi rekstrar- og lögfræðiráðgjöf og/eða að gerast viðskiptavaki með hin opinberlega skráðu bréf. Ýmislegt kann þó að mæla gegn því að kauphöll vilji leyfa útgefendum sjálfum að annast umsókn um opinberlega skráningu í kauphöllinni og getur hún því ákveðið að takmarka það ef hún telur það vera rétt. Rétt er að geta þess að gegn því sjónarmiði mæla ýmis rök með því að heimildin sé ekki bundin við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og jafnframt verður að líta til þess að samkeppni sé ekki of takmörkuð. Hér verður reynslan að skera úr um með hvaða hætti þessi mál þróast hér á landi. Þess skal einnig getið að ákvæði þetta takmarkar ekki rétt hennar til þess að setja nánari skilyrði varðandi gerð umsókna, t.d. að gera sérstakar kröfur til kauphallaraðila um gerð umsókna, svo sem ákveðnar hæfniskröfur. Það er mikilvægt að stjórn kauphallar geti gert ráðstafanir og sett reglur til þess að útiloka kauphallaraðila frá því að annast umsókn um skráningu bréfa í kauphöll sem reynist vera með öllu óhæfur til þess að eiga slík samskipti við hana, svo sem vegna óvandaðra umsókna o.s.frv.

Skráning er háð samþykki stjórnar kauphallar sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til opinberrar skráningar. Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla þær reglur sem leiðir af alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Hér er m.a. átt við að samkvæmt ákvæðum EES-samningsins hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til þess að setja í lög ýmsar lágmarksreglur um skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi. Kauphöll, sem hlýtur starfsleyfi hér, ber skylda til þess að tryggja að slíkum reglum sé fylgt hér á landi, sbr. t.d. 4. og 11. gr. laganna. Loks má nefna og árétta hér að það er

hlutverk stjórnar almennt að setja ýmsar aðrar reglur um starfsemi þessa og viðskipti sem þar fara fram auk siðareglna sem þar skulu gilda, sbr. ákvæði 11. gr. laganna.

Í 1. mgr. eru einnig talin upp ýmis atriði sem reglur um opinbera skráningu verðbréfa skulu taka til en sú upptalning er ekki tæmandi og hér aðeins nefnd ýmis meginatriði þeirra. Gert er ráð fyrir að í slíkum reglum komi fram öll helstu skilyrði fyrir upptöku viðskipta og skráningar í kauphöllinni. Í 1. tölul. er tekið fram að skylt er að leggja fram skráningarlýsingu útgefanda. Í 2. tölul. er þess getið að ákvæði skuli vera þar að finna um stærð og dreifingu hvers flokks, svo og önnur atriði sem stjórn telur að geti skipt máli fyrir markaðshæfi verðbréfa. Við athugun á þessu skilyrði ber m.a. að líta til þess að venjulega verður að liggja til grundvallar skráningu að augljósir og almennir hagsmunir eru af því að viðskipti og skráning eigi sér stað í kauphöllinni. Í 3. tölul. kemur fram að skylt er að kveða á um í reglum um skráningu bréfa í kauphöll að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna. Stjórn kauphallar setur nánari reglur um þetta atriði, svo og önnur skilyrði sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka verðbréf til opinberrar skráningar í kauphöllinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að að jafnaði skuli umsækjanda um opinbera skráningu bréfa tilkynnt um ákvörðun stjórnar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst stjórn kauphallar. Jafnframt er sett það skilyrði að ákvörðun skuli ávallt liggja fyrir innan sex mánaða. Ljóst er að þrátt fyrir að kveðið sé á um hámarksfresti á afgreiðslu umsókna ber við meðferð þeirra að gæta að meginreglum um málshraða en í því felst m.a. að aldrei má verða ónauðsynlegur dráttur á afgreiðslu máls. Í reynd þýðir það að ákvarðanir um slíkar umsóknir verða almennt teknar mun hraðar en lögákveðnir hámarksfrestir segja til um.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um b-lið (18. gr.).

Í 1. mgr. þessarar greinar er ákvæði um skyldu stjórnar kauphallar til þess að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru í lögum um slíka skráningu eða öðrum reglum sem hún hefur sett um skráningu bréfanna. Rík skylda hvílir á stjórn kauphallar að fylgjast með því að reglur sem um skráningu gilda séu ekki brotnar. Telji stjórnin að áframhaldandi skráning bréfanna þjóni ekki hagsmunum fjárfesta eða verðbréfamarkaðarins almennt ber henni að hlutast til um að skráningu slíkra verðbréfa eða einstakra flokka verði hætt. Væntanlega er langalgengast að á slíka heimild reyni vegna tæknilegra atriða, t.d. að bú viðkomandi útgefanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta og því beri að taka bréfin af skrá í kauphöllinni. Hins vegar er ljóst að heimildinni verður einnig beitt í því skyni að refsa útgefanda vegna grófra eða ítrekaðra brota á þeim reglum sem gilda um skráningu í kauphöllinni. Slík ákvörðun mundi hafa mikil áhrif gagnvart öllum eigendum bréfa, t.d. í hlutafélagi, og leiða til þess að þeir mundu krefjast úrbóta, t.d. á aðal- eða aukafundi hlutafélagsins. Hér er einnig lagt til að stjórn kauphallar sé auk þess sem hér á undan hefur verið sagt heimilt að skilyrða skráninguna. Með því opnast leið til að setja verðbréf á sérstakan lista (observation list) eins og tíðkast víða erlendis og er viðvörun til fjárfesta um að kynna sér sérstaklega málavexti og málefni þeirra fyrirtækja sem þar er að finna.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem varðar þau tilvik þegar útgefandi verðbréfa óskar eftir því að taka þau af skrá kauphallarinnar. Í fyrsta lagi er lagt til að krafist verði greinargerðar frá útgefanda sem óskar eftir því að verðbréf verði tekin af skrá og er stjórn kauphallar jafnframt veitt heimild til þess að birta slíka greinargerð. Í öðru lagi er lagt til að unnt sé að draga það í allt að eitt ár að taka bréfin af skrá og þannig komið í veg fyrir að útgefandi geti fyrirvaralaust losað sig undan þeirri upplýsingakvöð sem skráningunni fylgir. Auk þess að rökstyðja ósk um niðurfellingu mundi útgefandi þurfa að birta a.m.k. eitt uppgjör, ársreikning

eða árshlutauppgjör áður en niðurfellingin tæki gildi og fara að öðru leyti eftir þeim reglum sem um skráð verðbréf gilda. Stjórn kauphallar getur hins vegar ákveðið að niðurfellingin eigi sér stað fyrr enda sé það hennar mat að það skaði ekki markaðinn. Hún getur enn fremur ákveðið að loka fyrir viðskipti með bréfin í viðskiptakerfi sínu um lengri eða skemmri tíma eftir að framangreind ósk hefur borist þótt bréfin séu enn á skrá og útgefandi því áfram skuldbundinn til að sinna upplýsingaskyldunni sem á honum hvílir. Framangreindar viðbætur fela með öðrum orðum í sér að vissa tryggingu fyrir eigendur verðbréfanna og verðbréfamarkaðinn í heild. Kaupendur og eigendur skráðra bréfa leggja sífellt meira upp úr því að hafa aðgang að upplýsingum sem máli skipta fyrir þau enda geta þær varðað hagsmuni þeirra. Kaupandi skráðra bréfa gæti talið sig fá í hendur bréf sem auðveldara er að selja aftur en ef um er að ræða óskráð bréf. Þessi forsenda brestur ef unnt er að taka bréfin fyrirvaralaust af skrá. Líklegt er að traust almennings á verðbréfaviðskiptum mundi rýrna ef einhver útgefandi skráðra bréfa nýtir möguleikann sem felst í gildandi lögum til að hætta skyndilega að veita umbeðnar upplýsingar. Slíkur atburður gæti einnig skaðað aðra útgefendur ef hann yrði til þess að draga úr þátttöku almennings í fjármögnun fyrirtækja.

Í 3. mgr. er veitt heimild til að stöðva öll viðskipti í kauphöll við sérstakar aðstæður. Komi t.d. skyndilega upp tæknileg vandamál sem hafa víðtæk truflandi áhrif getur verið nauðsynlegt að loka fyrir viðskipti á meðan unnið er að lausn. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjóra kauphallar sé heimilt að grípa til þessa úrræðis telji hann að aðstæður krefjist þess. Í kauphöll er gert ráð fyrir að viðskiptakerfið sé rafrænt. Víða erlendis er beinlínis gert ráð fyrir að ef tiltekinn lágmarksfjöldi kauphallaraðila getur ekki af tæknilegum ástæðum komist í samband við kerfi kauphallarinnar sé unnt að stöðva viðskiptin þar til mætingin, ef svo má að orði komast, er orðin nægilega mikil til þess að unnt sé að hafa opið í kauphöllinni. Með því móti er stuðlað að eðlilegri verðmyndun og jafnvægi á markaðnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að fella aftur inn tvær greinar sem frestað var að tæki gildi í gildandi lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

955. Fyrirspurn [648. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um flutning verkefna í heilbrigðisþjónustu út á land.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Hvaða verkefni og hve mörg störf á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og undirstofnana þess hafa verið flutt frá höfuðborgarsvæðinu út á land sl. 10 ár?
2. Er á döfinni að flytja fleiri verkefni á vegum ráðuneytisins frá höfuðborgarsvæðinu?

956. Fyrirspurn [649. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við hjúkrun aldraðra.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Hve margir aldraðir hafa lokið meðferð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru á biðlista eftir úrræðum utan sjúkrahússins? Á hvaða sviðum sjúkrahússins liggja þeir og hver er meðalkostnaður á dag vegna umönnunar þeirra skipt eftir sviðum?
2. Hver er meðalkostnaður við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar í Norðvesturkjördæmi?

Skriflegt svar óskast.

957. Fyrirspurn [650. mál]

til iðnaðarráðherra um vatnsafl og álframleiðslu.

Frá Merði Árnasyni.

1. Er bæklingunum *Lowest energy prices* (Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Rv. 1995) og *Doing business in Iceland*, 3. útg. (iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2004) enn dreift til lysthafa erlendis?
2. Við hvaða virkjanir er miðað í þessum bæklingum og m.a. í ritinu *Orku á Íslandi* (Orkustofnun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2003) þegar sagt er frá því að um 30 teravött megi fá úr vatnsaflsvirkjunum hérlendis með hagkvæmum hætti og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða?
3. Hefur stefna ráðherra um að látið skuli gott heita þegar framleidd verða milljón tonn áls árlega breyst frá því að ráðherra hélt ræðu sína á iðnþingi hinn 18. mars 2005?

958. Frumvarp til laga [651. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til bærra yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögmæta starfsemi.

2. gr.
Gildissvið.

Undir lög þessi falla eftirtaldir aðilar:

a. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
b. Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.
c. Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
d. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
e. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.
f. Lögmenn og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
   i. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
   ii. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekkum aðilum.
g. Endurskoðendur.
h. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.
i. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.
j. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
k. Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
l. Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að aðilar sem falla undir a–d-lið 1. mgr. og taka þátt í fjármálastarfsemi aðeins stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og starfsemin felur í sér litla hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka séu undanþegnir ákvæðum laga þessara.

Skylt er þeim sem falla undir ákvæði þessara laga að veita alla nauðsynlega aðstoð til að ákvæðum laganna verði framfylgt.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Peningaþvætti:* Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða meiri háttar skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma, dylja eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
2. Fjármögnun hryðjuverka: Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a almennra hegningarlaga.
3. *Ávinningur:* Hvers kyns hagnaður og eignir hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.
4. *Raunverulegur eigandi:* Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:
   a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
   b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.
5. *Tilkynningarskyldir aðilar*: Aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr.
6. *Þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili sem veitir eftirfarandi þjónustu gegn gjaldi:
   a. stofnun fyrirtækja eða annarra lögaðila,
   b. gegnir eða útvegar annan aðila til að gegna stöðu forstjóra eða framkvæmdastjóra fyrirtækis, stöðu meðeiganda í félagi eða sambærilegri stöðu hjá annarri tegund lögaðila,
   c. útvegar lögheimili eða annað skráð heimilisfang sem á svipaðan hátt er notað til að hafa samband við fyrirtækið, eða aðra tengda þjónustu,
   d. starfar sem eða útvegar annan einstakling til að starfa sem fjárvörsluaðili sjóðs eða annars löglegs fyrirkomulags,
   e. starfar sem eða fær annan einstakling til að starfa sem tilnefndur hluthafi fyrir annan aðila en fyrirtæki sem skráð er á skipulegum markaði.

II. KAFLI
Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

4. gr.

Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna í samræmi við ákvæði þessa kafla í eftirfarandi tilvikum:

a. Við upphaf samningssambands.
b. Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
c. Þegar grunur leikur á um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi.
d. Þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

5. gr.

Upplýsingaöflun tilkynningarskyldra aðila.

Áður en samningssambandi er komið á skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með eftirfarandi hætti:

a. Einstaklingar: með framvísun persónuskilríkja sem gefin eru út af opinberum aðila.
b. Lögaðilar: með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Tilkynningarskyldur aðili skal jafnframt gera kröfu um að fullnægjandi upplýsingar séu veittar um raunverulegan eiganda, sbr. 3. gr. Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og greinir í a-lið.

Afla skal upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum hjá verðandi viðskiptamanni.

Hafi einstaklingur eða starfsmaður tilkynningarskylds aðila vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu varðveita ljósrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum lýkur.

6. gr.

Reglubundið eftirlit tilkynningarskyldra aðila.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu hafa reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn sína til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um þá, t.d. með athugun á viðskiptum sem eiga sér stað á meðan á samningssambandinu stendur. Upplýsingar um viðskiptamenn skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað í samræmi við lög þessi eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Áhættumat.

Tilkynningarskyldum aðilum er heimilt að beita ákvæðum 5. og 6. gr. á grundvelli áhættumats þar sem umfang upplýsingaöflunar og annarra ráðstafana samkvæmt lögum þessum gagnvart hverjum viðskiptamanni byggist á mati á hættu á peningaþvætti og fjár-

mögnun hryðjuverka. Nýti þeir sér slíka heimild er þeim skylt að setja sér reglur um framkvæmd þess og ber aðilum sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. að fá reglurnar samþykktar af Fjármálaeftirlitinu og aðilum sem tilgreindir eru í e–l-lið 1. mgr. 2. gr. að fá reglurnar samþykktar af lögreglu.

8. gr.

Tímabundin frestun upplýsingaöflunar.

Nýr viðskiptamaður skal sanna á sér deili í samræmi við 5. gr. áður en samningssambandi er komið á. Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má þó fresta því þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hætta er talin á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Viðskiptamaður skal í slíkum tilvikum sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við.

Heimilt er að opna bankareikning fyrir viðskiptamann þrátt fyrir að skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að færslur á hann verði ekki framkvæmdar fyrr en hann hefur sannað á sér deili skv. 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt þegar um viðskipti með líftryggingar er að ræða að rétthafi samkvæmt líftryggingarsamningnum sanni á sér deili þegar samningssambandi við viðskiptamann hefur verið komið á. Í slíkum tilvikum skal rétthafi sanna deili á sér eigi síðar en þegar líftrygging er greidd út eða áður en rétthafi hyggst nýta sér rétt þann sem felst í tryggingunni.

9. gr.

Skilyrðum könnunar á áreiðanleika upplýsinga ekki uppfyllt.

Hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. er óheimilt að stofna til samningssambands við viðkomandi. Skal jafnframt metið hvort ástæða sé til að senda lögreglu tilkynningu skv. 16. gr.

1. mgr. gildir ekki um störf lögmanna við athugun þeirra á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir hönd þeirra í dómsmáli eða í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli.

III. KAFLI

Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann.

10. gr.

Fjarsala.

Við upphaf viðskipta með fjarsölu, stofnun samninga með notkun fjarskiptaaðferða eða á annan sambærilegan hátt þar sem viðskiptamaðurinn er ekki á staðnum til að sanna á sér deili ber að afla viðbótargagna um viðskiptamann ef nauðsyn krefur svo og krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki.

Í reglum sem tilkynningarskyldum aðilum er skylt að setja um innra eftirlit fyrir starfsemina, sbr. 1. mgr. 22. gr., skal þegar það á við kveða nánar á um viðskipti með notkun fjarskiptaaðferða og varðveislu gagna um slík viðskipti.

11. gr.

Millibankaviðskipti.

Í millibankaviðskiptum yfir landamæri, við aðila frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu fjármálafyrirtæki sem lög þessi gilda um uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. afla upplýsinga um starfsemi gagnaðilans og meta út frá opinberum gögnum orðstír viðkomandi og gæði eftirlits hjá honum,
b. leggja mat á eftirlit gagnaðilans með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
c. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en millibankaviðskiptum er komið á,
d. skrásetja skyldur hvors aðila fyrir sig samkvæmt lögum þessum, og
e. fá staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðilinn viti deili á viðskiptamanni og meti reglulega upplýsingar um viðskiptamenn sem hafa beinan aðgang að reikningum hjá fjármálafyrirtæki sem lög þessi gilda um, og geti veitt viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sé þess óskað.

12. gr.

Einstaklingar í áhættuhópi.

Ef samningssamband eða viðskipti eru við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna og eru búsettir í öðru landi skulu tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum fullnægja eftirtöldum skilyrðum, auk skilyrða II. kafla:

a. meta hvort viðskiptamaður telst vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna, en til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu og nánasta fjölskylda þeirra eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra,
b. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við þá,
c. grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum,
d. hafa reglubundið aukið eftirlit með samningssambandinu.

13. gr.

Millibankaviðskipti við lánastofnun án raunverulegrar starfsemi.

Lánastofnunum sem lög þessi gilda um er óheimilt að stofna til eða halda áfram millibankaviðskiptum við lánastofnun eða annan aðila með sambærilega starfsemi sem stofnaður er innan lögsögu þar sem hann hefur enga raunverulega starfsemi eða stjórn og er ótengdur eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu. Þeim er jafnframt óheimilt að eiga í millibankaviðskiptum við banka sem heimilar slíkri lánastofnun að nota reikninga sína.

14. gr.

Nafnleynd í viðskiptum.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar og skulu ef þörf krefur gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík viðskipti séu notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

IV. KAFLI

Undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

15. gr.

Aðilar sem undanþegnir eru ákvæðum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

5. og 6. gr. laga þessara um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna gilda ekki um eftirtalda aðila:

a. Lögaðila sem taldir eru upp í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og samsvarandi lögaðila sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyldar lána-

eða fjármálastofnanir frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum.

b. Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

c. Íslensk stjórnvöld.

Áður en undanþága skv. 1. mgr. er veitt skal afla fullnægjandi upplýsinga um viðskiptamann til að ganga úr skugga um að hann falli undir a-, b- eða c-lið 1. mgr.

V. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur aðila.

16. gr.
Almenn tilkynningarskylda.

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.

Samkvæmt beiðni lögreglu, sem rannsakar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu tilkynningarskyldir aðilar láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningarinnar.

1. mgr. gildir ekki um upplýsingar sem lögmenn öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings, eða upplýsingar sem þeir öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við dómsmálið. Sama gildir um upplýsingar sem aðilar skv. g–i-lið 1. mgr. 2. gr. öðlast þegar þeir veita lögmanni sérfræðiráðgjöf fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls.

17. gr.
Skylda til að forðast viðskipti.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Skal tilkynna um þau til lögreglu og taka fram í tilkynningunni innan hvaða frests tilkynningarskyldum aðilum er skylt að framkvæma viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

18. gr.
Meðferð tilkynninga o.fl.

Lögreglu ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar skv. 16. og 17. gr. Lögreglu er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um skv. 16. og 17. gr. verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Lögregla skal tafarlaust gera tilkynnanda viðvart telji hún ekki þörf á hindrun viðskipta.

Nánar skal mælt fyrir um móttöku tilkynninga, greiningu og miðlun upplýsinga um hugsanlegt peningaþvætti í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

19. gr.

Bann við upplýsingagjöf.

Tilkynningarskyldum aðilum og stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu þeirra er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar skv. 16. og 17. gr., um að rannsókn sé hafin vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða að slíkri rannsókn kunni að verða hrundið af stað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er miðlun framangreindra upplýsinga heimil til eftirtalinna aðila:

a. til Fjármálaeftirlitsins,
b. innan samstæðu eins og hún er skilgreind í lögum um ársreikninga,
c. milli aðila sem nefndir eru í f- og g-lið 1. mgr. 2. gr. og sinna starfi sínu hjá sama lögaðila eða sama neti fyrirtækja,
d. milli aðila sem nefndir eru í a–g-lið 1. mgr. 2. gr. að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
    1. að báðir aðilar tilheyri sömu starfsgrein,
    2. að málið varði einstakling eða lögaðila sem er viðskiptavinur hjá báðum aðilum,
    3. að upplýsingarnar varði viðskipti sem snerta báða aðila,
    4. að báðir aðilar hafi sambærilegar skyldur hvað varðar þagnarskyldu og vernd persónuupplýsinga, og
    5. að upplýsingarnar séu eingöngu notaðar í þeim tilgangi að hindra peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Eingöngu er heimilt að miðla upplýsingum skv. 2. mgr. til einstaklings eða lögaðila með heimili í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef einstaklingurinn eða lögaðilinn er bundinn af sambærilegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um.

Aðilar nefndir í f- og g-lið 1. mgr. 2. gr. sem ráða viðskiptavinum sínum frá því að taka þátt í ólöglegu athæfi teljast ekki hafa brotið 1. mgr. um bann við upplýsingagjöf.

20. gr.

Undantekning frá þagnarskyldu.

Þegar tilkynningarskyldur aðili veitir lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum telst það ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn lögum samkvæmt eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum þeirra.

21. gr.

Tilnefning ábyrgðarmanns.

Tilkynningarskyldir aðilar bera ábyrgð á því að ákvæðum laga þessara og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna. Lögreglu skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

22. gr.

Innra eftirlit o.fl.

Tilkynningarskyldum aðilum ber skylda til þess að setja sér skriflegar innri reglur og hafa innra eftirlit sem miðar að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Skulu þeir m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í þeim tilgangi.

Tilkynningarskyldum aðilum ber skylda til þess að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra. Um varðveislu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Lögaðilar sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. skulu búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum. Um varðveislu slíkra gagna, þ.m.t. upplýsinga um einstök viðskipti viðskiptamanna, fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Lögaðilum sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. ber við ráðningu starfsfólks að setja sérstakar reglur um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

23. gr.

Útibú og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins kanni áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína með sambærilegum hætti og mælt er fyrir um í lögum þessum eða eins sambærilegum hætti og lög viðkomandi ríkis heimila.

Ef löggjöf ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett heimilar ekki sambærilega könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og mælt er fyrir um í lögum þessum skal viðkomandi aðili senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um það. Jafnframt skal viðkomandi aðili tryggja að hlutaðeigandi útibú eða dótturfélag bregðist við hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eftir öðrum leiðum.

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu sjá til þess að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér skriflegar innri reglur sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 22. gr. eða eins sambærilegar reglur og lög viðkomandi ríkis heimila.

VI. KAFLI
Eftirlit o.fl.

24. gr.

Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að aðilar sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. fari að ákvæðum laga þessara og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og þeim sérlögum sem um starfsemi eftirlitsskyldra aðila gilda.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita eftirlitsúrræðum sem kveðið er á um í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi við eftirlit samkvæmt lögum þessum.

25. gr.

Tilkynningar eftirlitsaðila.

Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld eða aðrir fagaðilar sem hafa eftirlit með starfsemi tilkynningarskyldra aðila í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal það tilkynnt til lögreglu.

Fjármálaeftirlitið gefur út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Tilkynningarskyldum aðilum ber jafnframt að gefa sérstakan gaum að ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti.

VII. KAFLI
Viðurlög.

26. gr.

Viðurlög.

Vanræki tilkynningarskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína skv. II. kafla, tilkynningarskyldu eða aðrar skyldur skv. V. kafla eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem kveðið er á um í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum.

Þegar brot á lögum þessum er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðila sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal:

1. frekari ákvæði um undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika skv. 15. gr.,
2. nánari ákvæði um framkvæmd tilkynningarskyldu skv. 16. gr.,
3. sérstakar reglur um heimild tilkynningarskyldra aðila til að reiða sig á könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann sem framkvæmd er af þriðja aðila,
4. nánari ákvæði um hvaða upplýsingar um sendanda skuli fylgja millifærslum,
5. sérstakar reglur um tilkynningar á millifærslum til eða í þágu einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki er með viðunandi reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
6. sérstakar reglur um bann eða takmarkanir á heimildum tilkynningarskyldra aðila til að stofna til samningssambands eða framkvæma millifærslur til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki er með viðunandi reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

28. gr.
Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka.

29. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum viðskiptaráðuneytisins og er því ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB. Vegna þess hve umfangsmiklar breytingar hafa orðið á alþjóðlegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti var farin sú leið að semja frumvarp til nýrra heildarlaga.

Alþjóðlegt samstarf.

Með vaxandi heimsvæðingu viðskipta og frelsi í fjármagnsflæði milli ríkja hefur peningaþvætti orðið alþjóðlegt vandamál en talið er að það sé ein af undirstöðum alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaverslunar og hryðjuverka. Á alþjóðavettvangi hafa ýmsar aðgerðir beinst að því að efla baráttu gegn þessari þróun. Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem samþykktur var í Vín 19. desember 1988 gerir m.a. kröfu um að þvætti peninga, sem fengnir eru fyrir ólöglega meðferð ávana- og fíkniefna, sé gert refsivert og Alþjóðasamningur til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka sem samþykktur var í New York árið 1999 gerir m.a. kröfu um að hægt sé að kyrrsetja og leggja hald á fjármuni sem notaðir eru eða verja skal til fjármögnunar hryðjuverka. Ísland er aðili að báðum samningunum. Á vettvangi Evrópuráðsins var í Strassborg árið 1989 samþykktur samningur um þvætti á illa fengnu fé og um hald, leit og upptöku ávinnings af afbrotum en samkvæmt honum er alþjóðlegt samstarf ekki bundið við peningaþvætti vegna fíkniefnabrota heldur allra refsiverðra brota. Evrópuráðssamningurinn öðlaðist gildi á Íslandi árið 1998.

FATF.

Á fundi leiðtoga sjö helstu iðnríkja heims í París í júlí 1989 var ákveðið að setja á stofn alþjóðlegan vinnuhóp, *Financial Action Task Force on Money Laundering* (FATF), til að vinna að aðgerðum til að koma í veg fyrir að fjármálakerfið sé misnotað í þeim tilgangi að koma illa fengnu fé í umferð. Árið 2001 var baráttunni gegn fjármögnun hryðjuverka bætt við hlutverk FATF. Þau ríki sem tekið hafa þátt í FATF-samstarfinu hafa verið í fararbroddi aðgerða gegn peningaþvætti. Ísland gekk til samstarfs við FATF í september 1991 og með inngöngu skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögunum.

Hlutverk og starfssvið FATF hefur verið greint í þrennt. Í fyrsta lagi að semja staðla fyrir aðgerðir í hverju ríki gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í öðru lagi að leggja mat á aðgerðir ríkja til að innleiða þessa staðla, og í þriðja lagi rannsaka og læra að þekkja aðferðir þeirra sem stunda peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Samin hafa verið tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir gegn peningaþvætti. Árið 1990 voru 40 slík tilmæli

gefin út og hafa þau verið endurskoðuð tvisvar, árið 1996 og 2003, til að tryggja að þau fylgi þróun á þessu sviði og hafa 9 sérstök tilmæli bæst við.

Af hálfu FATF eru framkvæmdar úttektir á lögum, reglum og starfsaðferðum og gerðar skýrslur um aðgerðir hvers aðildarríkis um sig. Ríkin hafa einnig sammælst um að beita önnur ríki þrýstingi eftir því sem við á með því að setja þau á sérstakan lista yfir „ósamvinnuþýð" ríki eða ríkjasvæði standist þau ekki kröfur FATF um aðgerðir gegn peningaþvætti. Felst þrýstingurinn meðal annars í því að gera strangari kröfur til ríkjanna eða aðila þar búsettra um hvers konar fjármálalega gerninga, stofnun útibúa, dótturfélaga og umboðsskrifstofa og jafnvel útgáfu aðvarana um að viðskipti við aðila á slíkum svæðum geti falið í sér hættu á peningaþvætti. Í apríl á þessu ári verður framkvæmd úttekt hér á landi á stöðu þessara mála. Lögð er áhersla á að Ísland komi vel út svo trúverðugleiki og traust íslensks viðskiptalífs bíði ekki hnekki. Nefnd sem skipuð var af viðskiptaráðherra hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd aðgerða gegn peningaþvætti hér á landi, samræma verklagsreglur og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni tengd peningaþvætti. Hefur hún unnið að undirbúningi fyrir úttekt FATF á Íslandi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar viðskiptaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Seðlabankans, ríkislögreglustjóra, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Fjármálaeftirlitsins.

EES-samningurinn og tilskipanir ESB.

Evrópusambandið hefur lagt áherslu á að koma í veg fyrir og berjast gegn peningaþvætti og í þeim tilgangi samþykkt þrjár tilskipanir. Efni þeirra hefur verið í takt við tilmæli FATF-hópsins og hefur verið litið á vinnu hans sem leiðandi á heimsvísu á þessu sviði. Fyrsta tilskipunin er tilskipun ráðsins 91/308/EBE og var tilgangurinn með henni að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að reyna að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir verði notaðar til að þvætta ábata af brotastarfsemi og að hindra að aukið frelsi í fjármagnsflutningum og rétti til að veita fjármálaþjónustu, sem hið óskipta fjármálasvæði felur í sér, verði notað til peningaþvættis. Var hún felld inn í EES-samninginn og innleidd með gildandi lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Tilskipunin lagði þær skyldur á herðar ríkjanna að banna þvætti á fíkniefnagróða, skylda fjármálafyrirtæki til að bera kennsl á viðskiptavini sína, varðveita skjöl og koma á innri reglum og tilkynna um allt sem bendi til peningaþvættis til lögbærra yfirvalda. Brátt kom í ljós að of þröngt þótti að takmarka gildissvið tilskipunarinnar við fíkniefnagróða. Einnig sýndi það sig að aukið eftirlit í fjármálageiranum varð til þess að þeir sem stunduðu peningaþvætti leituðu annarra leiða til þvættis. Í framhaldinu var samþykkt tilskipun 2001/97/EB og víkkaði hún gildissvið fyrri tilskipunarinnar þar sem hún felldi fleiri starfsgreinar undir ákvæðin. Tilskipunin fjölgaði einnig tegundum refsiverðra brota og felldi undir hana þvætti á ávinningi af alvarlegum afbrotum. Ákvæði tilskipunarinnar voru innleidd með lögum nr. 42/2003.

Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa valið þá leið að innleiða nýjustu ákvæði FATF-samstarfsins á vettvangi ESB. Var samin ný tilskipun frá grunni en leitast við að byggja eins og mögulegt væri á gildandi efnisreglum. Við samþykkt nýrrar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka, féllu tilskipanirnar tvær frá 1991 og 2001 úr gildi.

Tilskipun 2005/60/EB hefur enn sem komið er ekki verið felld inn í EES-samninginn en ákveðið var að fara þá leið að innleiða hana nú þegar og innleiða um leið hin nýju ákvæði FATF-samstarfsins og leitast við að ljúka innleiðingunni áður en úttekt FATF hér á landi hefst.

Helstu nýjungar.

Hvað varðar gildissvið laganna er í stað þess að miða við þá starfsemi sem aðilar stunda verði gildissviðið miðað við aðilana sem starfsemina stunda og að vísað verði til þeirra sem tilkynningarskyldra aðila. Aðilum sem falla undir lögin er fjölgað í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB.

Lagt er til að gerðar verði auknar kröfur til tilkynningarskyldra aðila um að þeim sé ljóst hver viðskiptamaður þeirra er og hver standi í raun að baki viðskiptunum, þ.e. hver teljist raunverulegur eigandi.

Lögð eru til ítarleg ákvæði um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn tilkynningarskyldra aðila en jafnframt heimilað að slíkt mat verði framkvæmt á grundvelli áhættumats þar sem tilkynningarskyldum aðila er heimilað að nokkru leyti að meta hversu mikilla upplýsinga um viðskiptamann er þörf í hverju tilviki.

Þá er lagt til að ríkari kröfur verði gerðar til upplýsingaöflunar við ákveðnar aðstæður þar sem almennt er talið að hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé meiri.

Lagt er til að lögmönnum verði veitt undanþága frá almennri tilkynningarskyldu vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka þegar lagaleg staða skjólstæðings er könnuð og í tengslum við rekstur dómsmáls.

Lagðar eru til víðtækari undanþágur frá banni við upplýsingagjöf þannig að auk eftirlitsaðila verði m.a. heimilt að miðla upplýsingum um tilkynningu, rannsókn eða mögulega rannsókn innan samstæðu og milli lögmanna og endurskoðenda hjá sama lögaðila eða neti fyrirtækja.

Mælt er fyrir um að tilkynningarskyldir aðilar skuli setja sér skriflegar innri reglur sem miða að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Mælt er fyrir um skyldu lögaðila sem frumvarpið tekur til að búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast með skjótum hætti við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi virkt eftirlit með því að aðilar sem tilgreindir eru í a–e-lið frumvarpsins fari að ákvæðum þess. Felst eftirlitið í heimildum til að kalla eftir hvers konar gögnum og heimild til sérstakra athugana á starfsstöð. Láti aðili hjá líða að uppfylla skyldur sínar um afhendingu gagna getur Fjármálaeftirlitið lagt dagsektir á viðkomandi í samræmi við ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að markmið laganna verði skilgreint í sérstakri grein. Skyldum þeim sem lagðar eru á herðar aðilunum sem frumvarpið tekur til um að þekkja viðskiptavini sína og framkvæma áreiðanleikakannanir er fyrst og fremst ætlað að vera fyrirbyggjandi og koma í veg fyrir að starfsemi þeirra verði notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Verði þeir hins vegar varir við slíkt í starfsemi sinni er lögð áhersla á að það verði strax tilkynnt til eftirlitsaðila.

Um 2. gr.

Í 1. gr. gildandi laga um aðgerðir gegn peningaþvætti er farin sú leið að lýsa þeirri starfsemi einstaklinga og lögaðila sem falla undir ákvæði laganna. Ákvæðinu var breytt á þann veg með lögum nr. 38/1999 sem breyttu lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993. Fyrir þann tíma var farin sú leið að telja upp þá aðila sem lögin tóku til. Frumvarpið

leggur til að aftur verði farin sú leið að telja upp þá aðila sem lögin taka til. Með þeim hætti er alveg skýrt til hverra lögin taka og þeim aðilum sem taldir eru upp er skylt að gæta þeirra varúðarráðstafana sem frumvarpið mælir fyrir um. Aðilum sem lögunum er ætlað að taka til er fjölgað, en við bætast vátryggingamiðlarar og þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu og er það í samræmi við kröfur tilskipunar 2005/60/EB.

Fjármálafyrirtæki eins og þau eru skilgreind í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafa með höndum flesta þá starfsemi sem lýst er í 1.–13. tölul. 1. mgr. 1. gr. gildandi laga og þarf starfsleyfi til að hafa með höndum megnið af þeirri starfsemi. Er því lagt til að fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki falli undir lögin. Verði breyting á þeim lögum og nýrri starfsemi bætt við þau lög mun sú starfsemi einnig falla undir frumvarpið. Í gildandi lögum um fjármálafyrirtæki er leyfisskyld starfsemi talin upp í 1. mgr. 3. gr. Starfsemi sem þar er lýst og fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi samkvæmt lögunum munu því falla undir lögin en skv. 4. gr. laganna geta fjármálafyrirtæki fengið starfsleyfi sem viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlun og rekstrarfélag verðbréfasjóða. Þá eru verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir reknir af rekstrarfélagi sem fellur undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og er frumvarpinu ætlað að taka til þeirra.

Lagt er til að líftryggingafélög og lífeyrissjóðir falli áfram undir lögin, sbr. b-lið, en samkvæmt gildandi lögum er vísað til líftryggingastarfsemi og starfsemi lífeyrissjóða. Fyrirtæki sem hafa með höndum slíka starfsemi munu því áfram falla undir ákvæði laganna.

Með c-lið er lagt til að vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga falli undir lögin þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, en gildandi lög ná ekki til slíkrar starfsemi. Er með tillögunni verið að innleiða e-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Með d-lið er mælt fyrir um að þegar erlent fyrirtæki er með útibú á Íslandi og útibúið fellur undir a–c-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins nái gildissvið laganna til útibúsins. Ástæðan er sú að þótt meginreglan á Evrópska efnahagssvæðinu sé að eftirlitsaðili heimaríkis annist eftirlit með útibúum í öðrum löndum þykir eðlilegra að eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé á þeim stað þar sem útibúið er. Ákvæðið nær til útibúa erlendra fyrirtækja hvort sem fyrirtækið er innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákvæðið innleiðir að hluta 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/60/EB, sbr. 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Með e-lið er lagt til að frumvarpið gildi um einstaklinga eða lögaðila sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta. Þannig falla t.d. gjaldeyrisskiptastöðvar (e. bureau de change) undir ákvæði frumvarpsins. Gjaldeyrisskiptastöðvar eru aðilar sem fengið hafa leyfi frá Seðlabanka Íslands til að reka gjaldeyrisskiptastöð samkvæmt lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.

Ákveðnir þættir í starfsemi lögmanna falla undir ákvæði gildandi laga en í frumvarpinu er lagt til með f-lið 1. mgr. að kveðið verði á um það með skýrari hætti hvaða þættir í störfum lögmanna fyrir skjólstæðinga sína ákvæði frumvarpsins gilda um. Ákvæðið er samræmi við ákvæði tilskipunar 2005/60/EB.

Samkvæmt g-lið er lagt til að frumvarpið gildi um endurskoðendur og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB.

Með h-lið er lagt til að frumvarpið taki einnig til annarra en lögmanna þegar þeir inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið. Hvers kyns ráðgjafar- eða sérfræðistörf geta fallið þar undir þegar þeir veita þessa þjónustu sem þátt í starfi sínu.

Þá er lagt til í i-lið að frumvarpið taki til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala en gildandi lög taka til starfsemi þeirra.

Einnig er lagt til í j-lið að ákvæði frumvarpsins gildi um einstaklinga og lögaðila sem versla með vörur, þegar þeir selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé að fjárhæð 15.000 evrur eða meira. Skiptir ekki máli hvort greiðslunni er skipt niður ef heildarfjárhæð hlutarins fer yfir viðmiðunarfjárhæðina. Ákvæðið gildir um verslunareigendur og aðra aðila, t.d. uppboðshaldara, þegar þeir selja einstaka vörur sem ná þessari fjárhæð eða hærri. Ákvæðinu er einkum ætlað að gilda um söluaðila dýrrar vöru, t.d. eðalsteina, málma eða listmuna. Ákvæðið er í samræmi við tilskipun ESB.

Í k-lið er lagt til að þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu falli undir gildissvið laganna. Um það hverjir teljast slíkir þjónustuaðilar vísast til umfjöllunar um 3. gr.

L-liður samsvarar 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Lagt er til með 2. mgr. að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að aðilar sem falla undir a–d-lið 1. mgr. og taka þátt í fjármálastarfsemi aðeins stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og starfsemin felur í sér litla hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka séu undanþegnir ákvæðum laganna. Gild rök verða að vera fyrir því að slík undanþága sé heimiluð. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ESB.

3. mgr. samsvarar 3. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til hugtaksskilgreiningar sem nauðsynlegar þykja.

Skilgreiningar á peningaþvætti og ávinningi eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Með frumvarpinu er lagt til að það fjalli um aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka auk aðgerða gegn peningaþvætti. Er því lögð til skilgreining á fjármögnun hryðjuverka sem er öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a almennra hegningarlaga. Með því er átt við útvegun eða söfnun fjármuna, með öllum leiðum beint eða óbeint, með það að markmiði að nota þá til að fremja hryðjuverk. Skv. 100. gr. b almennra hegningarlaga er fjármögnun hryðjuverka gerð refsiverð en þar segir að hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti gera fjármagn aðgengilegt skuli sæta fangelsi allt að 10 árum.

Raunverulegur eigandi er ný skilgreining sem lögð er til og er henni ætlað að innleiða 6. tölul. 3. gr. tilskipunar ESB. Tilskipunin gerir ríkar kröfur um að þeir aðilar sem ákvæði laganna taka til þekki viðskiptamenn sína. Í frumvarpinu er lagt til að við upphaf viðskipta verði skylt að borin séu kennsl á viðskiptamann og áreiðanleiki upplýsinga um hann kannaður. Jafnframt er mælt fyrir um að ef ekki liggur ljóst fyrir hver er raunverulegur eigandi (e. beneficial owner) verði skylt að veita upplýsingar um hann. Með raunverulegum eiganda er átt við einstakling, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim aðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Meta verður hvenær einstaklingur teljist stýra lögaðila eða stjórni einstaklingi þannig að hann teljist vera raunverulegur eigandi og eru þau tilvik ekki tæmandi talin í skilgreiningunni. Slíkt mat gæti byggst á eignarhlut í lögaðila en einnig kæmu til skoðunar samþykktir, stofnsamningur eða aðrir samningar, t.d. hluthafasamkomulag ef um hlutafélag er að ræða. Þá getur það haft þýðingu ef hlutum í hlutafélagi er skipt í flokka. Einnig þyrfti að skoða tilvik þar sem aðili á veð í lögaðila og fer með atkvæðisrétt í viðkomandi lögaðila á grundvelli veðsins. Lagt er til að miðað sé við að aðili teljist m.a. vera raunverulegur eigandi ef hann, einn eða með fleirum, í raun á eða stjórnar lögaðila í gegnum

beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum eða ráði yfir meira en 25% atkvæðisréttar. Einnig mundi sá sem beinlínis ræður yfir eða stýrir stjórn lögaðila teljast raunverulegur eigandi hans. Ákvæðið tiltekur einnig fjárvörslusjóði (e. trust) en hér er um að ræða form sem ekki er þekkt í íslenskum rétti en fjallað er um það í tilskipun ESB. Fjárvörslusjóðir eru einkum notaðir í löndum með fordæmisrétt (e. common law). Rétt þykir hins vegar að innleiða ákvæðið að fullu í íslenskan rétt þó að um sé að ræða félagaform sem ekki er notað hér á landi, einkum þar sem um er að ræða aðila sem gæti orðið viðskiptamaður tilkynningarskyldra aðila erlendis frá. Einkenni á fjárvörslusjóðum er að um er að ræða lögformlegan aðila sem byggir á samningi þar sem aðili (stofnandi) felur einum aðila eða fleirum umsjón eigna til hagsbóta fyrir ákveðinn/ákveðna aðila (e. beneficial owner) eða í ákveðnum tilgangi. Í slíkum tilvikum telst raunverulegur eigandi vera einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum slíks sjóðs eða hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum, þar sem raunverulegur eigandi hefur hins vegar í raun ekki verið skilgreindur, er ekki unnt að tilgreina einstakling sem raunverulegan eiganda og þá nægir að tilgreina þann hóp einstaklinga sem áformað er að verði rétthafar fjárvörslusjóðs. Ekki verður gerð krafa um að einstaklingar innan þess hóps sanni á sér deili.

Lagt er til að tilkynningarskyldur aðili verði skilgreindur. Tilkynningarskyldir eru þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. og frumvarpinu er ætlað að taka til þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að ýmsar skyldur verði lagðar á herðar þessum aðilum, sem er ætlað að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra verði misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnun hryðjuverka.

Lagt er til að þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu verði skilgreindur en slíkur aðili er tilkynningarskyldur skv. 2. gr. frumvarpsins. Með skilgreiningunni er 7. tölul. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB innleiddur. Er átt við einstakling eða lögaðila sem veitir tiltekna þjónustu, sem talin er upp í a–e-lið, gegn gjaldi. Skv. a-lið er um að ræða þjónustu sem felur í sér stofnun fyrirtækja eða annarra lögaðila. Í b-lið er fjallað um þau tilvik þegar aðili gegn gjaldi gegnir eða útvegar annan aðila til að gegna stöðu forstjóra eða framkvæmdastjóra fyrirtækis eða gerir annað sambærilegt. Líkt og kemur fram í inngangsorðum tilskipunar ESB felur það að sinna starfi framkvæmdastjóra fyrirtækis eða gegna sambærilegri stöðu ekki í sjálfu sér í sér að viðkomandi verði þjónustuveitandi á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu. Af þeirri ástæðu tekur skilgreiningin aðeins til þeirra einstaklinga sem gegna starfi framkvæmdastjóra eða svipaðri stöðu fyrir þriðja aðila og þá í viðskiptaskyni. Lagt er til að undir c-lið falli þjónusta sem felst í því að aðili útvegar lögheimili eða annað skráð heimilisfang sem á svipaðan máta er notað til að hafa samband við fyrirtækið, eða aðra tengda þjónustu. Skv. d-lið getur einnig verið um að ræða aðila sem starfar sem eða útvegar annan einstakling til að starfa sem fjárvörsluaðili sjóðs eða annars löglegs fyrirkomulags. Að lokum getur skv. e-lið verið um að ræða aðila sem starfar eða fær annan einstakling til að starfa sem hluthafi að nafninu til fyrir annan aðila en aðeins þegar um er að ræða fyrirtæki sem ekki er skráð á skipulegum markaði.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að tilkynningarskyldir aðilar framkvæmi könnun á áreiðanleika upplýsinga viðskiptamanna sinna undir ákveðnum kringumstæðum. Ákvæðið leggur til, ásamt öðrum ákvæðum í kaflanum, að gerðar verði ítarlegri ráðstafanir til þess að tilkynningarskyldir aðilar þekki viðskiptamenn sína og sé kunnugt um eðli viðskipta þeirra.

Könnun á áreiðanleika upplýsinga viðskiptamanna felur það í sér að tilkynningarskyldur aðili staðfestir að upplýsingarnar sem viðskiptamaðurinn veitir honum séu réttar. Sambæri-

legar efnisreglur eru í gildandi lögum en grein þessari er ætlað að innleiða 7. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Lagt er til að könnun á áreiðanleika upplýsinga fari alltaf fram í þeim tilvikum sem talin eru upp í greininni. Svipaðar reglur er að finna í gildandi lögum en tilskipunin og endurskoðuð FATF-tilmæli gera nú ítarlegri kröfur. Í fyrsta lagi er lagt til í a-lið að könnun á áreiðanleika fari ætíð fram í upphafi viðskipta. Í 5. gr. eru lögð til nánari fyrirmæli um framkvæmd a-liðar. Í öðru lagi er lagt til í b-lið að áreiðanleikakönnun fari fram vegna einstakra eða tilfallandi viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri. Lagt er til að evra verði áfram viðmiðið eins og er í gildandi lögum, fjárhæðin er þá í samræmi við tilskipunina þó að breytingar verði á gengi íslensku krónunnar. Ákvæðið er sambærilegt við 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Með c-lið er lagt til að skylt sé að könnun á áreiðanleika upplýsinga fari í öllum tilvikum fram þegar grunur leikur á að um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða. Skiptir þá engu máli hvort einhverjar undanþágur frá könnun á áreiðanleika upplýsinga eða aðrar takmarkanir séu heimilaðar frá slíkri könnun, t.d. ef fjárhæð sem keypt er fyrir er lægri en 15.000 evrur í einstökum viðskiptum eða þegar ella væri heimil einföld könnun á áreiðanleika upplýsinga skv. 15. gr. Sömuleiðis er lagt til í d-lið að áreiðanleikakönnun fari alltaf fram þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar. Í slíkum tilvikum er t.d. hægt að krefjast þess að hann sanni á sér deili á ný skv. 5. gr.

Um 5. gr.

Með greininni er lögð til nánari útfærsla á því hvernig upplýsingaöflun í upphafi viðskipta skuli fara fram. Er lagt til að tilkynningarskyldur aðili skuli krefja viðskiptamann um að hann sanni á sér deili áður en samningssambandi er komið á. Í tilviki einstaklinga skal gerð krafa um að þeir framvísi skilríkjum með mynd og nafni og öðrum upplýsingum sem staðfesta hver viðkomandi er. Mismunandi er eftir skilríkjum hvaða upplýsingar koma fram á þeim en nota skal skilríki sem gefin eru út af yfirvöldum, t.d. vegabréf, ökuskírteini eða önnur sambærileg skilríki. Tilkynningarskyldur aðili sem hyggst stofna til samningssambands við viðkomandi verður að vera sannfærður um að viðskiptamaðurinn tilvonandi sé sá sem hann segist vera. Í sumum tilvikum getur þurft að gera ríkari kröfur til áreiðanleikakönnunar, sjá síðar.

Þegar um lögaðila er að ræða er lagt til að krafist verði framlagningar vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða úr sambærilegri skrá frá sambærilegri stofnun ef um t.d. erlenda aðila er að ræða. Í tilmælum FATF er gert ráð fyrir að til að ganga úr skugga um lagalega tilvist og form lögaðila verði upplýsingar látnar í té um heiti, lagalegt form, heimili, stjórnarmenn og reglur um hver geti skuldbundið lögaðila. Að auki þegar í hlut á íslenskur lögaðili bæri að gefa upp kennitölu. Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og einstaklingar sanna á sér deili og sýna fram á að þeir hafi heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila.

Í samræmi við kröfur tilskipunar ESB er lagt til það nýmæli að gerð er krafa um að upplýst sé hver raunverulegur eigandi er. Í umfjöllun um 3. gr. er fjallað um raunverulegan eiganda (e. beneficial owner). Áður en viðskiptasambandi er komið á skal veita upplýsingar um eigendur og stjórnendur lögaðila. Í inngangsorðum tilskipunar ESB er gefið það viðmið að tilkynningarskyldum aðilum sé í sjálfsvald sett hvort þeir noti opinber gögn raunverulegra eigenda, biðji viðskiptamenn sína um að afhenda viðkomandi upplýsingar eða afli þeirra með öðrum hætti með hliðsjón af því að umfang könnunar á áreiðanleika upplýsinga um hvern

viðskiptamann sé mismunandi eftir samningssambandinu við hann, vörunni, viðskiptunum og því hvaða viðskiptamenn eiga í hlut en það er ræðst líka af hættunni á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Lagt er til í 2. mgr. að aflað skuli upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum hjá verðandi viðskiptamanni. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB. Skal skoða ákvæðið í samræmi við ákvæði 6. gr. frumvarpsins um reglubundið eftirlit með samningssambandinu.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 5. gr. gildandi laga og 4. mgr. er samhljóða 6. gr. þeirra.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að tilkynningarskyldum aðilum sé gert að hafa reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn sína til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um viðkomandi viðskiptamann. Jafnframt er lagt til að gætt sé að því að upplýsingarnar séu uppfærðar eftir þörfum. Er þetta ákvæði í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB og auknar kröfur sem gerðar eru í henni til þess að tilkynningarskyldir aðilar þekki til viðskiptamanna sinna og að farið sé reglulega yfir upplýsingarnar um þá. Eftirlit samkvæmt þessari grein nær bæði til nýrra viðskiptamanna og þeirra sem hafa verið lengur í viðskiptum.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að tilkynningarskyldum aðilum verði heimilt að ákveða umfang könnunar á áreiðanleika upplýsinga viðskiptamanna út frá mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Umfang slíks áhættumats skal grundvallað á tegund viðskiptamanns, viðskiptatengslum, afurð og viðskiptunum. Dæmi um viðskipti þar sem lítil hætta er talin vera á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eru lánasamningar þar sem bankareikningur er eingöngu notaður til þess að gera lánið upp og endurgreiðslur á láninu koma frá reikningi sem stofnaður var í nafni viðskiptamanns hjá viðurkenndri lánastofnun. Ákveði tilkynningarskyldur aðili að nýta sér heimild ákvæðisins skal hann setja sér reglur um framkvæmd áhættumatsins og fá þær samþykktar af Fjármálaeftirlitinu eða lögreglu eftir því sem við á. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 8. gr.

Með 1. mgr. er mælt fyrir um þá meginreglu að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili áður en samningssambandi er komið á. Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta er þó veitt svigrúm til að fresta áreiðanleikakönnun í þeim tilvikum sem lítil hætta er talin á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Þó er gerð krafa um að viðskiptamaður sanni á sér deili eins og fljótt og því verði við komið, helst strax eftir fyrstu samskipti. Hér er um undanþágu að ræða sem túlka skal þröngt. Er ákvæðinu ætlað að koma t.d. til móts við þau tilvik þar sem viðskiptamaðurinn er ekki á staðnum til að sanna á sér deili. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 1. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Með 2. mgr. er lögð til heimild til að opna bankareikning fyrir viðskiptamann þó að hann hafi ekki sannað á sér deili að því tilskildu að tryggt sé að færslur séu ekki framkvæmdar á reikninginn fyrr en því er lokið.

3. mgr. fjallar um viðskipti með líftryggingar og heimilar undanþágu frá meginreglu frumvarpsins um að viðskiptamaður skuli sanna á sér deili áður en til samningssambands er stofnað. Hér er það rétthafi samkvæmt líftryggingarsamningnum sem skal sanna á sér deili skv. 5. gr. frumvarpsins og er heimilt að bíða með það þar til eftir að til samningssambands

hefur stofnast. Rétthafi skal þó sanna á sér deili eigi síðar en áður en líftrygging er greidd út eða áður en rétthafi hyggst nýta sér rétt þann sem felst í tryggingunni.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að óheimilt verði að stofna samningssamband ef ekki reynist unnt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Engu skiptir hvort ástæðan er að gagnaðilinn neitar að veita umbeðnar upplýsingar eða aðrar orsakir eru fyrir því. Með hliðsjón af því að viðskiptamaður skal sanna á sér deili í samræmi við 1. mgr. 5. gr. áður en samningssambandi er komið á getur í fæstum tilfellum stofnast til samningssambands í slíkum tilvikum, sbr. þó 8. gr. Þegar það liggur fyrir að skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. verði ekki fullnægt skal tilkynningarskyldur aðili gæta þess að samningssamband komist ekki á. Skal jafnframt metið hvort ástæða sé til að tilkynna lögreglu um tilvikið. Tilkynningarskyldur aðili metur það í hverju tilviki með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni hvort ástæða sé til að ætla að hætta hafi verið á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Með 2. mgr. er lagt til að störf lögmanna við athugun þeirra á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir hönd þeirra í dómsmáli eða í tengslum við dómsmál verði undanþegin ákvæði 1. mgr. Þykir ekki við hæfi að þeim sé skylt að tilkynna grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka undir slíkum kringumstæðum. Þagnarskylda lögmanna gildir því um slík störf fyrir umbjóðendur þeirra nema lögmaðurinn sé sjálfur þátttakandi í peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, lögfræðiráðgjöfin sé veitt í því skyni að stunda slíka starfsemi eða lögmaðurinn viti að umbjóðandi hans sé að leita eftir lögfræðiráðgjöf í því skyni að stunda peningaþvætti eða fjármagna hryðjuverk.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um tiltekin skilyrði sem fjármálafyrirtæki ber að uppfylla í millibankaviðskiptum (e. correspondent banking) við aðila frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í a- og b-lið eru gerðar kröfur um að lagt sé mat á viðkomandi aðila. Við framkvæmd matsins skv. a-lið skal farið eftir opinberum gögnum og þar skiptir m.a. máli hvort heimaríki viðkomandi aðila fylgir alþjóðlegum viðmiðum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Með c-lið er lagt til að afla verði samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við slíka aðila. Það skilyrði er nægilega uppfyllt með því að samþykkis sé aflað frá næsta stjórnunarstigi fyrir ofan þann starfsmann sem annast stofnun millibankaviðskipta. Ekki er þörf á að leita samþykkis stjórnar.

Með d-lið er lagt til að skrásettar verði skyldur hvors aðila. Í tilvikum þar sem skýrt liggur fyrir hvor aðilinn ber ábyrgð á framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er skrifleg framkvæmd ekki nauðsynleg.

E-liður á eingöngu við í þeim tilvikum er fjármálafyrirtæki hefur veitt viðskiptavinum millibanka beinan aðgang að reikningum hjá sér.

Ákvæðinu er ætlað að innleiða 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að ítarlegri kröfur um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn gildi um einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra

tengsla sinna (e. politically exposed persons) og eru búsettir utan Íslands. Þeir sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna skv. a-lið eru einstaklingar sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, s.s. forsetar, ráðherrar, þingmenn, dómarar, háttsettir saksóknarar, háttsettir sendiherrar, háttsettir liðsforingjar, háttsettir lögreglustjórar og einstaklingar í stjórnum ríkisstofnana sem fara með eftirlit eða stjórna öðrum opinberum stofnunum, s.s. seðlabönkum og sambærilegum stofnunum. Til nánustu fjölskyldu einstaklings í áhættuhópi teljast m.a. maki, sambúðarmaki, börn, tengdabörn og foreldrar. Með nánum samstarfsmönnum er átt við einstaklinga sem samkvæmt opinberum gögnum hafa verið í nánu viðskiptasambandi við einstakling í áhættuhópi, s.s. meðeigendur hans í hvers konar félagi eða lögaðila.

Með b-lið er lagt til að afla verði samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við slíka aðila. Það skilyrði er nægilega uppfyllt með því að samþykkis sé aflað frá næsta stjórnunarstigi fyrir ofan þann starfsmann sem annast stofnun viðskipta við einstakling í áhættuhópi. Ekki er þörf á að leita samþykkis stjórnar.

Með c-lið er lagt til að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum. Með því er átt við að aflað skuli upplýsinga um eignir og tekjur viðkomandi til að geta metið hvort viðskiptin séu í eðlilegum tengslum við fjárhagslega stöðu hans.

Með d-lið er lagt til að fram fari reglubundið aukið eftirlit með samningssambandinu, þannig að breytingar á fjölda og fjárhæð færslna uppgötvist og verði kannaðar nánar.

Ákvæðinu er ætlað að innleiða 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 13. gr.

Ákvæðið bannar lánastofnunum að stofna til eða halda áfram millibankaviðskiptum við lánastofnun eða aðila með sambærilega starfsemi sem er stofnaður innan lögsögu þar sem hann hefur enga raunverulega starfsemi eða stjórnun og er ótengdur eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu (e. shellbank). Staðbundinn fulltrúi eða almennur starfsmaður lánastofnunar innan lögsögu nægir ekki til þess að litið sé svo á að raunveruleg starfsemi eða stjórnun sé til staðar. Bannið nær einnig til millibankaviðskipta við banka sem heimila lánastofnunum án raunverulegrar starfsemi að nota reikninga sína. Með lánastofnun er átt við fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Ákvæðinu er ætlað að innleiða 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 14. gr.

Með greininni er lagt til að aðilum sem frumvarpið tekur til sé gert að sýna sérstaka varúð vegna hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka þegar um er að ræða viðskipti eða vöru, t.d. nýja tegund vöru, þar sem hvatt er til nafnleyndar eða þar sem viðskiptin eru nafnlaus.

Um 15. gr.

Í inngangsorðum tilskipunar 2005/60/EB kemur fram að litið er svo á að hættan á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé ekki sú sama í öllum tilvikum. Er heimilað að á grundvelli áhættumats megi í ákveðnum tilvikum veita undanþágur frá almennum reglum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Í samræmi við þetta er lagt til að þeir aðilar sem taldir eru upp í a–c-lið 1. mgr. verði undanþegnir því að þurfa að uppfylla skilyrði 5. og 6. gr. frumvarpsins um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Er hér um að ræða svokallaða

einfaldaða könnun á áreiðanleika viðskiptamanna (e. simplified customer due diligence) í samræmi við 11. gr. tilskipunar ESB. Heimilt er að beita henni um aðila sem teljast vera í litlum áhættuhópi, en lítil hætta er talin stafa af þeim af þeirri ástæðu að fullnægjandi eftirlit með þeim fer fram á öðrum vettvangi. Á grundvelli þess er lagt til með a-lið 1. mgr. að heimilt verði að veita fjármálastofnunum skv. a-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og líftryggingafélögum og lífeyrissjóðum skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. undanþágu frá almennum reglum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna þar sem lögbundið eftirlit með þeim er þegar til staðar auk þess sem þau eru leyfisskyld lögum samkvæmt. Einnig er lagt til með b-lið að undanþágan gildi um skráð félög með þeim rökum m.a. að lögbundið eftirlit er með skipulegum verðbréfamörkuðum sem falla undir skilgreiningu gildandi laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998. Með c-lið er lagt til að undanþágan gildi um íslensk stjórnvöld. Ekki er unnt að telja tæmandi upp hverjir falla þar undir en átt er við þá aðila eða stofnanir sem hafa opinbert hlutverk eða verkefni, t.d. ríkisstjórn og ráðuneyti, undirstofnanir ráðuneyta og sveitarstjórnir.

Með 2. mgr. er lagt til að tilkynningarskyldur aðili verði að ganga svo fullnægjandi sé úr skugga um að viðkomandi viðskiptamaður falli undir a–c-lið 1. mgr. Jafnframt verður að hafa í huga við beitingu ákvæðisins að í skv. 4. gr. frumvarpsins er óheimilt að beita undanþágunni ef grunur leikur á að um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða. Í slíkum tilvikum bæri alltaf að beita reglum 5. og 6. gr. frumvarpsins. Að auki er með 16. gr. frumvarpsins lagt til að lögð verði skylda á herðar tilkynningarskyldum aðilum að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Um 16. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. samsvarar fyrsta málslið 1. mgr. 7. gr. gildandi laga. Í síðari málslið 1. mgr. er til nánari skýringar tekið fram að skyldan eigi einkum við um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins. Óvenjuleg viðskipti geta t.d. verið færslur sem fara upp fyrir tiltekin fjárhæðarmörk, ör velta á reikningi sem er í ósamræmi við innstæðu hans og færslur sem falla utan venjubundins viðskiptamynsturs viðskiptavinar. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 20. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 11. tilmæli FATF, sbr. einnig athugasemdir við 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar lokamálslið 1. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er lögmönnum veitt undanþága frá almennri tilkynningarskyldu undir vissum kringumstæðum, þ.e. annars vegar þegar lagaleg staða skjólstæðings er athuguð og hins vegar í tengslum við dómsmál. Undanþágan felur í sér að lögmaður er ekki skyldugur til að tilkynna til lögreglu upplýsingar um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka undir þessum kringumstæðum. Undanþágan á þó ekki við ef lögmaðurinn tekur þátt í peningaþvættinu eða fjármögnun hryðjuverkanna, ef hin lögfræðilega ráðgjöf er veitt í þeim tilgangi að þvætta peninga eða fjármagna hryðjuverk, eða ef lögmaðurinn veit að skjólstæðingur hans leitar eftir lögfræðilegri ráðgjöf í þeim tilgangi að þvætta peninga eða fjármagna hryðjuverk. Sama undanþága frá tilkynningarskyldu gildir um endurskoðanda sem veitir lögmanni sérfræðiráðgjöf í tengslum við dómsmál.

Orðin „athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings“ ber að túlka með þeim hætti að undanþágan eigi aðeins við um upplýsingar sem lögmaður veitir skjólstæðingi um lagalega stöðu hans samkvæmt gildandi lögum og afleiddum rétti. Til dæmis með því að heimfæra ákveðið tilvik undir ákvæði laga.

Ákvæði 3. mgr. er ætlað að innleiða 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 16. tilmæli FATF.

Um 17. gr.

Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er dómsmálaráðherra veitt heimild til að mæla nánar fyrir um móttöku tilkynninga og greiningu og miðlun upplýsinga um hugsanlegt peningaþvætti í reglugerð. Í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB er mælt fyrir um að stofnsett skuli miðlæg innlend eining (e. Financial Intelegence Unit (FIU)) sem bera skuli ábyrgð á móttöku upplýsinga og greiningu og miðlun upplýsinga varðandi hugsanlegt peningaþvætti eða hugsanlega fjármögnun hryðjuverka. Í 27. gr. tilskipunarinnar er mælt fyrir um að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana til að vernda þá sem tilkynna hugsanleg brot. Í því sambandi skiptir miklu máli að trúnaður ríki milli lögreglu og tilkynnanda og að skýrar verklagsreglur mæli fyrir um samskipti þessara aðila. Jafnframt mælir 33. gr. tilskipunar 2005/60/EB fyrir um söfnun og birtingu tölfræðiupplýsinga varðandi fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti, hvernig tilkynningum er fylgt eftir, fjölda tilvika sem rannsakaður er, fjölda einstaklinga sem eru saksóttir eða dæmdir fyrir peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka o.fl. Loks mælir 2. mgr. 35. gr. tilskipunarinnar fyrir um að tilkynningarskyldir aðilar hafi aðgang að nýjustu upplýsingum um starfsemi peningaþvættа og um fjármögnun hryðjuverka. Á Íslandi verður umrædd miðlæg eining innan efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og jafnframt mun efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra halda utan um söfnun tölfræðiupplýsinga og almenna fræðslu. Rétt er að geta þess að gagnvart aðilum sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins mun Fjármálaeftirlitið þó að jafnaði sinna fræðsluhlutverkinu. Með reglugerð dómsmálaráðherra er ætlunin að innleiða 21., 27., 33. og 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 26. og 32. tilmæli FATF.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 9. gr. gildandi laga. Við málsgreinina bætist þó skylda til að sjá til þess að utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að rannsókn kunni að verða hrundið af stað.

Með 2. mgr. er lagt til að veittar verði undanþágur frá þagnarskyldunni og veitt heimild til að miðla upplýsingum um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar skv. 16. og 17. gr. frumvarpsins um upphaf rannsóknar eða að slíkri rannsókn kunni að verða hrundið af stað í nánar tilgreindum tilvikum. Framkvæmd miðlunar upplýsinga samkvæmt þessu ákvæði skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga.

Samkvæmt a-lið er lagt til að heimilt verði að miðla upplýsingum til Fjármálaeftirlitsins en skv. 24. gr. frumvarpsins er lagt til að því verði falið að hafa eftirlit með aðilum skv. a–d-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 2. mgr. 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Samkvæmt b-lið er heimilt að miðla upplýsingum innan samstæðu eins og hún er skilgreind í lögum um ársreikninga, en þar segir að samstæða sé móðurfélag og dótturfélög þess. Undir samstæðu falla jafnframt félög sem móðurfélagið eða dótturfélagið á hlutdeild í, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um ársreikninga en þar er að finna skilgreiningu á móðurfélagi. Sömuleiðis falla innan samstæðu félög sem tengjast hvert öðru með tengslum sem skylda þau

til að skila samstæðureikningum og samstæðuársskýrslu, sbr. 53. gr. laga um ársreikninga. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB en þar er vísað til skilgreiningar 12. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB á samstæðu sem framangreind ákvæði laga um ársreikninga innleiddu í íslenskan rétt.

Með c-lið er lagt til að lögmönnum og endurskoðendum verði heimilt að miðla upplýsingum sinni þeir starfi sínu hjá sama lögaðila eða sama neti fyrirtækja. Með neti fyrirtækja er átt við einingu fyrirtækja sem viðkomandi lögmaður eða endurskoðandi tilheyrir og að einingin lúti sameiginlegu eignarhaldi, stjórn eða eftirliti (e. compliance control). Ákvæðið á við þótt viðkomandi lögmaður eða endurskoðandi sé ekki starfsmaður fyrirtækisins, þ.e. ráðningarsamband þarf ekki að vera til staðar. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 4. mgr. 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Samkvæmt d-lið er þeim aðilum sem nefndir eru í ákvæðinu heimilt að miðla upplýsingum sín á milli ef öllum skilyrðum ákvæðisins er fullnægt: Báðir aðilar skulu tilheyra sömu starfsgrein, málið þarf að varða viðskiptavin beggja aðila, upplýsingarnar skulu varða viðskipti sem snerta báða aðila, báðir aðilar skulu hafa sambærilegar trúnaðarskyldur og loks má eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi að hindra peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 5. mgr. 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Í 3. mgr. er lagt til að miðlun upplýsinga skv. 2. mgr. sé eingöngu heimil til einstaklinga og lögaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi er bundinn af sambærilegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og mælt er fyrir um í frumvarpinu. Sambærilegar reglur eru reglur sem samræmast tilskipun 2005/60/EB og tilmælum FATF.

Af 4. mgr. leiðir að bann 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að lögmönnum og endurskoðendum sé heimilt að ráða viðskiptavinum sínum frá því að taka þátt í ólöglegu athæfi. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 6. mgr. 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 20. gr.

Ákvæðið samsvarar 12. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 8. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að lagt er til að tiltekið verði sérstaklega að ábyrgðarmaður skuli vera úr hópi stjórnenda, en með því er ætlunin að innleiða 15. tilmæli FATF. Með orðunum „úr hópi stjórnenda“ er gagnvart smærri fyrirtækjum átt við að viðkomandi gegni stöðu framkvæmdastjóra en gagnvart stærri fyrirtækjum að viðkomandi sé t.d. aðstoðarforstjóri eða forstöðumaður lögfræðideildar.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 1. mgr. 10. gr. gildandi laga en lagt er til að við ákvæðið bætist skylda til að setja skriflegar innri reglur. Kröfum ákvæðisins um skriflegar innri reglur er fullnægt ef reglurnar eru til staðar á tölvutæku formi. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 2. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Með 3. mgr. er lagt til að lögð verði sú skylda á lögaðila að búa yfir kerfi til að bregðast við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum. Gögnin skulu vera nægilega ítarleg til að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota sem sönnunargögn í refsimáli. Kerfið verður því að geta rakið einstakar færslur. Þau gögn sem er eðlilegt að lögaðili varðveiti eru m.a. upplýsingar um nafn viðskiptavinar (og raunverulegs eiganda) auk heimilisfangs,

kennitölu eða annarra persónugreinanlegra upplýsinga, tegund viðskipta, tímamark viðskipta, gjaldmiðil viðskipta og fjárhæð auk tegundar og númers á öllum reikningum sem viðskiptunum tengdust. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 30. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 10. og 11. tilmæli FATF, sbr. einnig athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 3. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að þeir aðilar sem nefndir eru í ákvæðinu skuli tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins kanni áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini sína með sambærilegum hætti og mælt er fyrir um í lögum þessum. Undir þessa skyldu fellur m.a. skyldan til að varðveita ljósrit af persónuskilríkjum. Ákvæðið á einkum við þegar útibú eða dótturfélag er í ríki sem ekki fylgir tilmælum FATF með fullnægjandi hætti.

Ef löggjöf ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett heimilar ekki sambærilega könnun á áreiðanleika og mælt er fyrir um í lögum þessum skal viðkomandi tilkynningarskyldur aðili tilkynna Fjármálaeftirlitinu að ekki sé unnt að beita reglunum. Jafnframt skal viðkomandi tilkynningarskyldur aðili tryggja að hlutaðeigandi útibú eða dótturfélag bregðist við áhættunni af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eftir öðrum leiðum.

Með 3. mgr. er lagt til að þeir aðilar sem nefndir eru í ákvæðinu skuli sjá til þess að útibú og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér sambærilegar skriflegar innri reglur og mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins eða eins sambærilegar og lög viðkomandi ríkis heimila. Kröfum ákvæðisins um skriflegar innri reglur er fullnægt ef reglurnar eru til á tölvutæku formi.

Ákvæði 23. gr. er ætlað að innleiða 1. og 3. mgr. 31. gr. tilskipunar 2005/60/EB og 22. tilmæli FATF.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með því að ákvæðum frumvarpsins, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé framfylgt af hálfu þeirra aðila sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Um framkvæmd eftirlitsins er vísað til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en í því felst m.a. að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera vettvangskannanir og krefja aðila um allar upplýsingar og gögn sem eftirlitið telur nauðsynleg. Skyldan til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og aðgang að gögnum gengur hér framar ákvæðum laga um þagnarskyldu, þar á meðal ákvæðum um bankaleynd. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 1. og 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Samkvæmt 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið beitt þeim eftirlitsúrræðum, þar á meðal dagsektum og févítum, sem kveðið er á um í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 2. og 3. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 11. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. samsvarar 2. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Um 27.–29. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frumvarpi þessu er ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

Í frumvarpinu er að finna mun ítarlegri reglur en í gildandi lögum um hvernig haga skal eftirliti auk þess sem eftirlitið sjálft er aukið. Fjármálaeftirlitið mun þurfa að auka verulega þennan þátt í eftirliti sínu með eftirlitsskyldum aðilum og búast má við að stofnunin muni þurfa að ráða sérstakan starfsmann af þessum sökum. Þá gera reglur tilskipunarinnar ráð fyrir auknu eftirliti lögreglu á þessum vettvangi, m.a. verður henni falin rannsókn mála, söfnun tölfræðiupplýsinga, fræðsla og þátttaka í alþjóðastarfi á þessum vettvangi. Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um með hvaða hætti þessum atriðum skuli sinnt hjá lögreglu heldur er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kveði á um þá tilhögun í reglugerð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að kostnaður Fjármálaeftirlitsins aukist um sem nemur einu stöðugildi. Rekstur Fjármálaeftirlitsins er fjármagnaður með ríkistekjum af eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti er áætlað að þau viðbótarverkefni sem leggjast á lögreglu muni leiða til að fjölga þurfi starfsmönnum um sem nemur einu og hálfu stöðugildi lögreglumanns og lögfræðings og að kostnaður vegna slíkrar fjölgunar muni nema um 9 m.kr. á ársgrundvelli.

959. Frumvarp til laga [652. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jón Kr. Óskarsson, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er þeim sem hafa leyfi til sölu tóbaks skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir heimilt að selja nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er þeim sem selja tóbak veitt heimild til sölu nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Hvað sölu nikótínlyfja varðar gilda aðrar reglur laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, eftir sem áður um seljanda. Flutningsmenn vilja þar einkum nefna 1. mgr. 8. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að hvorki megi selja né afhenda tóbak einstaklingi yngri en 18 ára.

Markmið frumvarpsins er að fjölga sölustöðum nikótínlyfja þannig að þau verði valkostur í stað tóbaks þar sem það er selt. Nikótínlyf sem seld eru í lausasölu eru í formi tyggigúmmís, plásturs, innsogs- og nefúðalyfs. Hins vegar eru til nikótíntöflur sem einungis fást gegn framvísun lyfseðils og verður ekki gerð breyting á því með þessu frumvarpi. Frumvarpið felur í sér að unnt verður að kaupa nikótínlyf m.a. á bensínstöðvum, veitingastöðum, í stórmörkuðum og í söluturnum. Verði frumvarpið að lögum má búast við að samkeppni aukist og að verð slíkra lyfja lækki.

Í Svíþjóð hafa verið uppi tillögur um sama efni. Þar hefur verið lagt til að nikótínlyf megi selja þar sem tóbak er selt. Í skýrslu danska lyfjaeftirlitsins sem kom út í september 2005 er fjallað um reynsluna af frjálsari verslun með lyf. Í skýrslunni er fjallað um það að nikótínlyf geti hjálpað reykingamönnum að hætta að reykja og því megi færa rök fyrir því að slík lyf skuli vera jafnaðgengileg og tóbak. Þó er bent á það í skýrslunni að nikótín sé það efni í tóbakinu sem sé ávanabindandi. Fram kemur í skýrslunni að rannsóknir hafi sýnt fram á að um 10% fyrrverandi reykingamanna sem hafi notað nikótínlyf til að hætta noti slík lyf ekki lengur en í eitt ár. Þó að Danir hafi heimilað frjálsa verslun með fleiri lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld er það ekki ætlun flutningsmanna að stíga slík skref.

Flutningsmenn telja að með því að auðvelda aðgengi reykingamanna að nikótínlyfjum sjái fleiri þau sem valkost í stað tóbaks. Því telja flutningsmenn að með samþykkt þessa frumvarps verði stigið mikilvægt skref í tóbaksvörnum.

960. Fyrirspurn [653. mál]

til menntamálaráðherra um Menntaskólann í Kópavogi og ógreiddar verðbætur.

Frá Jóni Kr. Óskarssyni.

Hafa verið teknar ákvarðanir af hálfu ráðuneytisins um að greiða Kópavogsbæ uppsafnaðar ógreiddar verðbætur að fjárhæð 48.100.000 kr. vegna Menntaskólans í Kópavogi sem rekja má til fjögurra samninga um byggingu verknámshúss við skólann?

Skriflegt svar óskast.

961. Fyrirspurn [654. mál]

til landbúnaðarráðherra um sauðfjárveikivarnir.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

Hefur verið skoðað hvort þörf sé á að flokka landbúnaðartæki og önnur tæki sem farið er með þvert á sauðfjárveikivarnalínur með tilliti til smithættu sem gæti borist á milli varnarhólfa með tækjunum, nú þegar bændur og aðrir vinnuvélaeigendur eru í ríkari mæli farnir að sækja vinnu út af búum sínum?

Skriflegt svar óskast.

962. Frumvarp til laga [655. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 7. tölul. verður svohljóðandi: *Fagfjárfestar:*
   a. Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, önnur fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á og hrávörumiðlanir.
   b. Lögaðilar sem hvorki hafa starfsleyfi né sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, en þar sem tilgangur fyrirtækjanna er einungis að fjárfesta í verðbréfum.
   c. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar, alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
   d. Aðrir lögaðilar sem uppfylla ekki tvö af þeim þremur skilyrðum sem sett eru fram í f-lið.
   e. Einstaklingar búsettir á Íslandi, óski þeir skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkenndir sem fagfjárfestar og uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
      i. fjárfestir hefur átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
      ii. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis nemur meira en 41,8 millj. kr.,
      iii. fjárfestir gegnir eða hefur gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
   f. Lítil og meðalstór fyrirtæki með skráða skrifstofu á Íslandi, óski þau skriflega eftir því

við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkennd sem fagfjárfestar. Með litlum og meðalstórum fyrirtækjum er átt við fyrirtæki sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:

i. meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu var innan við 250,
ii. niðurstöðutala efnahagsreiknings fór ekki yfir 3,6 milljarða króna,
iii. hrein ársvelta fór ekki yfir 4,2 milljarða króna.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir þá einstaklinga og þau litlu og meðalstóru fyrirtæki sem það hefur viðurkennt sem fagfjárfesta. Skráin skal vera aðgengileg útgefendum verðbréfa.

Einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem skráð eru sem fagfjárfestar hjá Fjármálaeftirlitinu er hvenær sem er heimilt að láta taka sig af skránni.

Einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru á skrá sem fagfjárfestar hjá lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu teljast einnig fagfjárfestar á Íslandi.

2. gr.

Í stað „24. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 28. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi: Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa og skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.
b. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórnum“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðaryfirvöldum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
c. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórna“ í 4. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðaryfirvalda ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
d. Á eftir orðinu „endurgreiðslu“ í c-lið 6. tölul. 2. mgr. kemur: innborgunar.
e. 7. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: verðbréf boðin í útboði þar sem heildarfjárhæð útboðsins er lægri en 210 millj. kr., sbr. þó 73. gr. laga þessara; heildarfjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil.
f. Í stað „2., 4., 6. eða 7. tölul. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2., 4., 7. eða 8. tölul. 2. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sett eru á markað“ í lokamálslið 1. tölul. kemur: eru markaðsett og/eða seld.
b. 3. tölul. verður svohljóðandi: *Grunnlýsing:* Lýsing sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða sem ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað, og að vali útgefanda, endanlega skilmála útboðs.
c. Í stað orðsins „umsjónaraðila“ í 6. tölul. kemur: ábyrgðaraðilum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar um er að ræða lýsingu vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd og sem eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. að nafnverði er ekki skylda að útbúa samantekt.

b. B-liður 6. mgr. verður svohljóðandi: þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknum hætti af lánastofnunum,
   i. þar sem andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,
   ii. þar sem andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef lánastofnun verður ógjaldfær, sbr. þó XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

6. gr.

Í stað „1. mgr. 26. gr.“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: 1. mgr. 24. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. B-liður 1. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf eru boðin færri en 100 aðilum, öðrum en fagfjárfestum, í hverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
b. Við d-lið 1. tölul. bætist: hver eining.
c. Við e-lið 1. tölul. bætist: og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil.
d. Á undan orðinu „seld“ í 2. málsl. 1. tölul. kemur: markaðssett og/eða.
e. Í stað orðsins „Útboð“ í 2. tölul. kemur: Almenn útboð.
f. E-liður 2. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna; að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra verðbréfa ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
g. Í stað orðanna „skráður á skipulegum verðbréfamarkaði“ í a-lið 3. tölul. kemur: skráður á sama skipulega verðbréfamarkaði.
h. Orðið „fastráðnum“ í f-lið 3. tölul. fellur brott.
i. Í stað orðanna „eðli hlutanna“ í f-lið 3. tölul. kemur: eðli verðbréfanna.
j. Á undan orðunum „skipulegum verðbréfamarkaði“ í i. lið h-liðar 3. tölul. kemur: viðkomandi,
k. ii. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eftir gildistöku þessara laga skulu verðbréfin hafa verið skráð á viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað á grundvelli staðfestrar lýsingar sem birt hefur verið í samræmi við sambærilegar reglur og eru í lögum þessum og reglugerð, sbr. 73. gr.,
l. iv. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: viðvarandi skyldum fyrir viðskiptum með bréfin á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt.

8. gr.

Í stað „29. gr.“ í 2. og 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: 33. gr.

9. gr.

Í stað „28. gr.“ tvívegis í 34. gr., í 1. mgr. 35. gr. og í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 32. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 76. gr. laganna:

a. Í stað „2. mgr. 21. gr.“ í 1. tölul. kemur: 1. mgr. 22. gr.
b. 2. tölul. verður svohljóðandi: upplýsingar í lýsingu skv. 23. gr. og.
c. Í stað „26. gr.“ í 3. tölul. kemur: 30. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum, hér eftir nefndar lýsingar þegar átt er við hvort tveggja. Frumvarpið er hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan verðbréfamarkað (e. Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council of 4 November 2003 on the prospectus to be published when securities are offered to the public or admitted to trading), hér eftir nefnd tilskipun Evrópusambandsins um lýsingar.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út eina reglugerð á grunni fyrrgreindrar tilskipunar um lýsingar en það er reglugerð nr. 2004/809 frá 29. apríl 2004 (e. Commission Regulation (EC) No 809/2004 of 29 April 2004 implementing Directive 2003/71/EC of the European Parliament and of the Council as regards information contained in prospectuses as well as the format, incorporation by reference and publication of such prospectuses and dissemination of advertisements). Í reglugerðinni er m.a. skilgreint hvert innihald og birtingarform lýsinga skuli vera ásamt því að hún hefur að geyma reglur um birtingu auglýsinga um almenn útboð verðbréfa og skráningu þeirra á skipulegan verðbréfamarkað.

Hinn 29. janúar 2004 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að vinna að innleiðingu framangreindrar tilskipunar og reglugerðar. Í nefndina voru skipuð Þórir Skarphéðinsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, formaður, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Kauphöll Íslands, Kristjana Grímsdóttir, Fjármálaeftirlitinu, Sigurður V. Guðjónsson, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, og Sólveig Ágústsdóttir, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja. Sigurður V. Guðjónsson lét af störfum í nefndinni í maí 2004 og tók Ragnar Jónasson sæti hans, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir lét af störfum í mars 2005 og tók Guðríður Ásgeirsdóttir sæti hennar, Þórir Skarphéðinsson lét af störfum í ágúst 2005 og tók Hreinn Hrafnkelsson sæti hans sem formaður, og Sólveig Ágústsdóttir lét af störfum í september 2005 og tók Helga Gunnarsdóttir sæti hennar.

Nefndin lagði fram drög að frumvarpi til laga í lok desember 2004. Viðskiptaráðuneytið yfirfór drögin og gerði lítils háttar breytingar á þeim, en lagði síðan á grunni þeirra frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi, 2004–2005. Alþingi samþykkti lög nr. 31/2005 um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti í maí 2005 og tók sá hluti þeirra er snýr að lýsingum gildi 1. janúar 2006.

Nefndin hefur að undanförnu unnið að gerð reglugerða um nánari framkvæmd laganna, í samræmi við ákvæði 73. gr. þeirra. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera nokkrar minni háttar breytingar á nokkrum greinum laganna og eru tillögur að þeim breytingum lagðar fram í þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um breytingar á orðskýringum í 2. gr. laganna. Þar er um að ræða orðskýringar sem upphaflega átti að útfæra í reglugerð, en horfið hefur verið frá því og lagt er til í staðinn að viðkomandi orðskýringar verði í lögunum.

Um 2. gr.

Leiðrétt er tilvísun í samræmi við breytingar sem urðu á lögunum þegar nýr IV. kafli tók gildi 1. janúar sl.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna breytingar á 20. gr. laganna. Í a-lið er gildissvið kaflans skýrt frekar, í b–e-lið eru breytingar sem fela í sér skýrara orðalag og í f-lið er leiðrétt tilvísun í töluliði í 3. mgr. 20. gr.

Um 4. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar eru breytingar sem fela í sér skýrara orðalag og í c-lið er leiðrétting.

Um 5. gr.

Í greininni eru breytingar sem fela í sér skýrara orðalag.

Um 6. gr.

Í greininni eru leiðrétt röng tilvísun sem var tilkomin vegna villu í tilskipun 2003/71/EB.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna breytingar á orðalagi nokkurra töluliða 28. gr. laganna og fela þær breytingar í sér skýrara orðalag. Þá er í f-lið greinarinnar að finna breytingu á e-lið 2. tölul. 28. gr., en með þeirri breytingu er brugðist við ábendingu framkvæmdastjórnarinnar um ónákvæmt orðalag í tilskipun 2003/71/EB.

Um 8.–10. gr.

Í greinunum er leiðrétting á tilvísunum í samræmi við breytingar sem urðu á lögunum þegar nýr IV. kafli tók gildi 1. janúar sl. Í b-lið 10. gr. er auk þess gerð breyting til samræmis við breytta orðanotkun í lögunum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti er lúta að útboð og skráningarlýsingum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

963. Fyrirspurn [656. mál]

til viðskiptaráðherra um lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða þau ákvæði hlutafélagalaga og laga um fjármálafyrirtæki er varða lánveitingar til stjórnenda fyrirtækja? Ef svo er, verður flutt frumvarp á þessu þingi þar að lútandi?
2. Hver er skoðun ráðherra á því að stjórnendur fyrirtækja geti fengið lán fyrir hlutabréfum í eigin hlutafélögum með veðsetningu í bréfunum sjálfum? Telur ráðherra rétt að breyta lögum til að koma í veg fyrir slíkt?

964. Fyrirspurn [657. mál]

til dómsmálaráðherra um flutning verkefna Þjóðskrár.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

Telur ráðherra að verkefni Þjóðskrár sem samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54/1962 á að flytja til dómsmálaráðuneytisins geti, að einhverju eða öllu leyti, flust til sýslumannsembættanna í Ólafsfirði og Siglufirði?

965. Fyrirspurn [658. mál]

til umhverfisráðherra um malarnámu í Esjubergi.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvernig verður málum háttað varðandi malarnámu í Esjubergi við Kollafjörð, nú þegar tæki og tól hafa verið fjarlægð?
2. Er þess að vænta að námunni verði lokað og svæðið grætt upp?

966. Svar [420. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um launa- og starfskjör skráðra félaga í Kauphöllinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða skráð félög í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið eftir reglum sem Kauphöllin setti um mitt ár 2003 um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda? Hvaða skráð félög hafa ekki gert slíkt? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir upplýsingum hvers félags um sig um launakjör einstakra stjórnarmanna og æðstu stjórnenda, þ.m.t. kaupréttarsamninga eða sambærilega samninga, ráðningar- eða starfslokasamninga og hlutafjáreign þeirra, sömuleiðis upplýsingum um óvenjuleg viðskipti eða samninga og lífeyrisréttindi umfram það sem venjulegt er.*
2. *Hvaða félög skráð í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið að leiðbeinandi reglum um skipan óháðra aðila í stjórnir fyrirtækjanna og skipan starfskjaranefndar og hvaða fyrirtæki hafa ekki gert það?*
3. *Hve oft hefur Kauphöllin gert athugasemdir við að ekki hafi verið farið að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti í fyrirtækjum og hver eru þau tilvik?*

Eins og fyrirspurnin ber með sér er ekki óskað eftir upplýsingum sem tiltækar eru í ráðuneytinu heldur upplýsingum sem fyrirspyrjandi telur að Kauphöll Íslands búi yfir. Var Kauphöllinni send fyrirspurnin ásamt ósk um að hún tæki saman svör við því sem spurt er um. Svar ráðherra er því alfarið byggt á svari Kauphallar Íslands.

Samkvæmt svari Kauphallar Íslands er reglur hennar er varða upplýsingaskyldu skráðra félaga um launakjör stjórnenda og stjórnarhætti félagsins að finna í kafla 2.5 í reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands hf. Samkvæmt þeim er gerð krafa um að upplýsingar komi fram í ársreikningi um laun, greiðslur og hlunnindi til æðstu stjórnenda (sbr. gr. 2.5.2 og 2.5.3), samninga um kauprétti (sbr. gr. 2.5.5), óvenjuleg viðskipti (sbr. gr. 2.5.6), aðra óvenjulega samninga (sbr. gr. 2.5.7), hlutafjáreign stjórnenda (sbr. 2.5.8) og yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækja – „Fylgið eða skýrið“ (sbr. 2.5.9).

Samkvæmt upplýsingum úr svari Kauphallarinnar er sá háttur hafður á þegar skráð félög birta ársreikninga sína að starfsmenn Kauphallarinnar fara yfir upplýsingar sem þar koma fram með reglur Kauphallarinnar til hliðsjónar. Séu reglurnar ekki uppfylltar er kallað eftir þeim upplýsingum sem á vantar og þær birtar í fréttakerfi Kauphallarinnar um leið og þær berast. Í svarinu bendir Kauphöllin á að hún beiti útgefendur ekki opinberum viðurlögum

nema um alvarleg brot á reglum um upplýsingagjöf sé að ræða en hafi, samkvæmt samningi, rétt til að áminna útgefendur óopinberlega eða opinberlega í fréttakerfi sínu og beita févíti. Kauphöllin sé því bundin trúnaði um einstök eftirlitsmál. Til að auka gagnsæi og upplýsingar á markaði hefur Kauphöllin sl. þrjú ár birt árlega „Yfirlit eftirlitsmála“ og er yfirlitið að finna á heimasíðu Kauphallarinnar. Samkvæmt upplýsingum Kauphallarinnar má á fréttavef hennar nálgast ársreikninga, ársskýrslur og fréttatilkynningar skráðra fyrirtækja. Vefurinn sé mjög aðgengilegur og megi nálgast upplýsingar eftir dagsetningu fréttar eða fréttaflokkum, svo sem eftir einstökum félögum eða eðli tilkynninga.

967. Fyrirspurn [659. mál]

til umhverfisráðherra um loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík.

Frá Fannýju Gunnarsdóttur.

1. Hver er stefna ráðuneytisins hvað varðar loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík?
2. Með hvaða úrræðum mæla sérfræðingar ráðuneytisins?
3. Hvort eru aðgerðir á ábyrgð umhverfisráðuneytis eða borgaryfirvalda?

Skriflegt svar óskast.

968. Fyrirspurn [660. mál]

til menntamálaráðherra um nemendur í grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku.

Frá Fannýju Gunnarsdóttur.

1. Hefur verið kannað hvernig nemendum í grunnskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar í samræmdum prófum í 10. bekk? Hvaða samræmd próf taka þessir nemendur?
2. Hversu margir af þessum nemendum fara í frekara nám þegar grunnskóla lýkur og hversu margir út á vinnumarkaðinn? Í hvers konar nám hafa nemendurnir farið?
3. Er nemendum með annað móðurmál en íslensku tryggður sérstakur stuðningur í framhaldsskólum landsins?
4. Hefur verið kannað hvort marktækur munur er eftir kyni á skólasókn og árangri umræddra nemenda í grunn- og framhaldsskólum?
5. Hefur staða þessa hóps verið skoðuð sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða styttingu náms til stúdentsprófs?

Skriflegt svar óskast.

969. Fyrirspurn [661. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraliða.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hefur ráðuneytið gert til þess að stuðla að fjölgun í stétt sjúkraliða í ljósi vaxandi eftirspurnar eftir sjúkraliðum á heilbrigðisstofnunum og viðvarandi undirmönnunar?
2. Hefur komið til álita að breyta verksviði sjúkraliða til samræmis við sambærilegar stéttir annars staðar á Norðurlöndum?

970. Tillaga til þingsályktunar [662. mál]

um staðfestingu samnings milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var í Brussel 17. desember 2004.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað eftir heimild Alþingis til staðfestingar á samningi Íslands og Noregs við Sviss um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var 17. desember 2004. Framangreindur samningur er þáttur í aðild Sviss að Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum.

Segja má að meginefni þessa samnings sé tvíþætt. Annars vegar mælir samningurinn fyrir um samskipti Íslands og Noregs við Sviss vegna þátttöku síðastnefnda ríkisins í Schengen-samstarfinu um afnám persónueftirlits innan Schengen-svæðisins svonefnda. Hins vegar mælir samningurinn fyrir um samskipti Íslands og Noregs við Sviss vegna þátttöku síðastnefnda ríkisins í Dyflinnar-samstarfinu um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki Evrópusambandsins, Íslandi eða Noregi.

Samkvæmt 1. gr. samningsins skulu samskipti Íslands og Noregs við Sviss innan vébanda Schengen-samstarfsins fara samkvæmt því sem hér segir: Ísland og Noregur skulu hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af ákvæðum samnings þessara ríkja við ráð Evrópusambandsins um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna frá 18. maí 1999, sem og þeirra Schengen-gerða sem þessi ríki samþykkja á grundvelli þess samn-

ings. Um réttindi Sviss í samskiptum þess við Ísland og Noreg fer hins vegar eftir samningi Sviss við Evrópusambandið frá 2004 um þátttöku þess í Schengen-samstarfinu sem og þeim Schengen-gerðum sem Sviss samþykkir á grundvelli þess samnings. Samningur Sviss við Evrópusambandið um þátttöku þess í Schengen-samstarfinu er í öllum meginatriðum sama efnis og framangreindur samningur Íslands og Noregs við Evrópusambandið frá 1999.

Samkvæmt 2. gr. samningsins gilda sömu meginsjónarmið um samskipti Íslands og Noregs við Sviss í Dyflinnar-samstarfinu og gilda um Dyflinnar-samstarfið. Um réttindi og skyldur Íslands og Noregs í samskiptum þessara ríkja við Sviss fer því samkvæmt ákvæði samnings þessara ríkja við Evrópubandalagið frá 19. janúar 2001 um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi og þeim gerðum sem ríkin tvö hafa samþykkt á grundvelli þess samnings. Réttindi Sviss í samskiptum þess við Ísland og Noreg fer hins eftir samningi þess við Evrópubandalagið um sama efni frá 2004.

Samkvæmt framangreindu hefur því samningurinn að öðru leyti ekki í för með sér neina breytingu á stöðu Íslands í Schengen-samstarfinu né í Dyflinnar-samstarfinu. Stefnt er að því að Sviss verði orðið hluti Schengen-svæðisins árið 2008.

Gera þarf breytingar á 1. mgr. 46. gr. útlendingalaga vegna staðfestingar framangreinds samnings. Dóms- og kirkjumálaráðherra mun síðar leggja til nauðsynlegar lagabreytingar af þeim sökum.

Fylgiskjal.

Samningur milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi

RÍKJASAMBANDIÐ SVISS

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

og

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilar“,

hafa hugfast að samskipti milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs hafa verið framúrskarandi á fjölmörgum sviðum,

hafa hug á að styrkja og þróa þessi samskipti enn frekar, einkum á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs, stefnu í vegabréfsáritunarmálum og varðandi hælisveitingar,

hafa í huga, annars vegar, samningana milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram á Íslandi eða í Noregi og, hins vegar, samningana milli Ríkjasambandsins Sviss og Evrópusambandsins um sömu málefni,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í samskiptum lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Ríkjasambandsins Sviss skulu lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þeirra á efni ákvæða Schengen-gerðanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 18. maí 1999, sem ráð Evrópusambandsins og þessi tvö ríki gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, og Ríkjasambandið Sviss hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þess á efni ákvæða Schengen-gerðanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 2004 milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku þess síðastnefnda í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, að svo miklu leyti sem þessi ríki hafa sömu réttindi og skyldur í samskiptum sínum við Evrópusambandið og Evrópubandalagið.

2. gr.

Í samskiptum lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Ríkjasambandsins Sviss skulu lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þeirra á efni ákvæða Dyflinnargerðanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 19. janúar 2001, sem Evrópubandalagið og þessi tvö ríki gerðu með sér um þátttöku þeirra að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, og Ríkjasambandið Sviss hafa þau réttindi og skyldur sem leiðir af samþykkt þess á efni ákvæða Dyflinnargerðanna og þróun þeirra á grundvelli samningsins frá 2004 milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku þess síðastnefnda að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða Sviss, að svo miklu leyti sem þessi ríki hafa sömu réttindi og skyldur í samskiptum sínum við Evrópubandalagið.

3. gr.

1. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sama dag og samsvarandi samningur milli Ríkjasambandsins Sviss, annars vegar, og Evrópusambandsins og Evrópubandalagsins, hins vegar, fellur úr gildi.

   Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sama dag og samsvarandi samningur milli ráðs Evrópusambandsins, annars vegar, og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs, hins vegar, fellur úr gildi. Ef síðastnefndi samningurinn fellur einungis úr gildi gagnvart öðru þessara tveggja ríkja skal þessi samningur einungis falla úr gildi gagnvart því ríki.

2. Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Evrópubandalagsins fellur úr gildi.

   Samningur þessi fellur úr gildi, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi samningur milli Evrópubandalagsins, annars vegar, og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs, hins vegar, fellur úr gildi. Ef síðastnefndi samningurinn fellur einungis úr gildi gagnvart öðru þessara tveggja ríkja skal þessi samningur einungis falla úr gildi gagnvart því ríki.

4. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hverjir öðrum um það skriflega þegar lagaskilyrðum þeirra fyrir gildistöku þessa samnings hefur verið fullnægt. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir dagsetningu síðustu tilkynningarinnar.

2. Samningur þessi skal koma til framkvæmda, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sama dag og samsvarandi samningur milli Ríkjasambandsins Sviss, annars vegar, og Evrópusambandsins og Evrópubandalagsins, hins vegar, kemur til framkvæmda. Það getur í fyrsta lagi orðið á gildistökudaginn sem um getur í 1. mgr.

3. Samningur þessi kemur til framkvæmda, að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sama dag og samsvarandi samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Evrópubandalagsins kemur til framkvæmda. Það getur í fyrsta lagi orðið á gildistökudaginn sem um getur í 1. mgr.

Gjört í Brussel 17. desember 2004, í þremur fullgiltum eintökum á ensku.

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

971. Svar [554. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattbyrði.

1. *Hvernig hefur skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri þróast frá 1995 til 2006 að teknu tilliti til þróunar launavísitölu, miðað við eftirfarandi mánaðarlaun árið 1995:*
   a. *100 þús. kr.,*
   b. *150 þús. kr.,*
   c. *175 þús. kr.,*
   d. *208 þús. kr.,*
   e. *290 þús. kr.,*
   f. *1 millj. kr.?*

Í meðfylgjandi töflu er reiknað hversu mikla beina skatta (tekjuskatt til ríkis og útsvar til sveitarfélags með meðalútsvar) hjón með tvö börn greiða sem hlutfall af launum miðað við gefnar forsendur. Fyrir yfirstandandi ár (álagning 2007) hafa mánaðarlaun verið hækkuð sem svarar áætlaðri breytingu á launavístölu frá meðaltali ársins 1995 til yfirstandandi árs. Því er ekki um samanburð jafn verðmætra tekna að ræða. Mínustala þýðir að framteljandi fær greiddar barnabætur úr ríkissjóði.

Mánaðarlaun 1995, þús. kr.	Skattbyrði við álagningu 1996, m.v. jöfn laun beggja hjóna.	Skattbyrði við álagningu 1996, m.v. annað hjóna á vinnumarkaði.	Skattbyrði við álagningu 2007, mánaðarlaun hækkuð með launavísitölu.
100	–15,1%	–15,1%	–8,2%
150	3,8%	7,1%	8,5%
175	9,3%	12,1%	13,3%
208	14,4%	16,8%	17,8%
290	22,2%	24,9%	24,1%
1.000	40,2%	40,5%	32,0%

Í þessum útreikningum er ekki reiknað með skerðingu barnabóta vegna eigna og ekki heldur með gjaldi í framkvæmdasjóð aldraðra. Fyrir fyrra árið eru gefin tvö dæmi um samsetningu tekna vegna þess að á því ári var ónýttur persónuafsláttur millifæranlegur að 80 hundraðshlutum, en er það að fullu í ár og því skipti samsetning tekjuöflunar máli. Fyrir yfirstandandi ár er einungis reiknað með lögbundinni skyldugreiðslu í lífeyrissjóð (4%).

2. *Hve hátt hlutfall framteljenda, hjón annars vegar og einstaklingar hins vegar, ber meiri skattbyrði nú en árið 1995 að teknu tilliti til þróunar launa miðað við launavísitölu á tímabilinu?*

Breyting á skattbyrði framteljenda milli ára fer eftir mörgum þáttum: tekjuþróun, aldri og fjölda barna, vaxtagjöldum og eignum, skatthlutfalls og persónuafsláttar, ásamt upphæðum og skerðingarmörkum bóta. Því er ekki hægt að segja til um það fyrr en eftir á hversu hátt hlutfall framteljenda greiðir hærra hlutfall af tekjum sínum nú en fyrir einhverjum árum og jafnvel þá er ekki heimilt að tengja saman upplýsingar þannig að hægt sé að gera grein fyrir því hverjir greiða hærri eða lægri skatta. Því er ekki hægt að svara þessum lið fyrirspurnarinnar.

972. Fyrirspurn [663. mál]

til fjármálaráðherra um upplýsingar í ársreikningum um lán til stjórnenda fyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að samræma þurfi lög um hlutafélög, skattalög og lög um ársreikninga í ljósi niðurstöðu héraðsdóms í Baugsmálinu og að skrá eigi öll lán fyrirtækja í ársreikninga eins og sérfræðingar hafa haldið fram opinberlega?
2. Er ráðherra sammála þeim sem hafa haldið því fram að mistök hafi orðið við innleiðingu félagatilskipunar Evrópusambandsins um framsetningu ársreikninga?
3. Telur ráðherra að breyta þurfi ársreikningalögum til að skýrt liggi fyrir hvað eru lán í skilningi laganna?

973. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti og Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd.

Umsagnir bárust frá dómstólaráði, Sýslumannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóranum, Landssambandi lögreglumanna, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, umboðsmanni barna, Alþýðusambandi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sálfræðingafélagi Íslands, UNIFEM á Íslandi, ríkissaksóknara, Heimili og skóla, landssamtökum foreldra, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, neyðarmóttöku vegna nauðgana, Lögmannafélagi Íslands samtökunum Stígamótum, Samtökum um kvennaathvarf, Barnaverndarstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Jafnréttisstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði refisþyngingarástæða þegar náin tengsl geranda og brotaþola þykja hafa aukið á grófleika verknaðar. Þá er lagt til að efnisþáttur þess ákvæðis sem fjallar um stórfelldar ærumeiðingar í samskiptum innan fjölskyldu verði útfærður í nýju ákvæði sem lögfest verði í XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

Nefndin ræddi á fundum sínum þá leið að lögfesta sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi. Komu fram þau rök að varhugavert væri að leggja til fastmótaða skilgreiningu á heimilisofbeldi þegar litið er til ákvæða stjórnarskrár um skýrleika refsiheimilda skv. 1. mgr. 69. gr., þar sem ákveðin hætta væri á að ákvæðið yrði verulega matskennt. Þá kom fram að það er grundvallarhugtaksatriði háttseminnar að hún á sér stað milli einstaklinga sem teljast nákomnir á verknaðarstundu enda eru þeir eða hafa verið tengdir nánum samfélagslegum böndum. Þessi nánu tengsl brotaþola og geranda og trúnaðarbrotið milli þeirra er þannig talið geta aukið á grófleika verknaðar og gera brotin sérstaklega ámælisverð.

Þá kom fram hjá nefndinni áhugi á að kanna hvort það væri eitthvað í lögum eða framkvæmd sem þyrfti breytinga við til þess að horft væri til þess við ákvörðun refsinga á brotum milli nákominna hvort andlegu ofbeldi hefði verið beitt.

Nefndin er þeirrar skoðunar að að í réttarframkvæmd sjáist þess ekki merki að það skorti á að refsilöggjöfin lýsi með fullnægjandi hætti óæskilegum athöfnum sem eiga sér stað milli nákominna um lengri eða skemmri tíma, en í túlkun Hæstaréttar hefur t.d. verið fallist á að tjón á andlegu heilbrigði eigi undir 217. og 218. gr. Um mögulegar ástæður þess að þess sjáist ekki oftar merki í dómaframkvæmd kom fram það sjónarmið að fremur hefði skort á skýrleika í verknaðarlýsingu ákæru varðandi það þegar t.d. andlegt ofbeldi hefur átt sér stað en dómarar eru bundnir af verknaðarlýsingu ákæru og mega ekki fara út fyrir sakarefnið við ákvörðun refsingar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Hins vegar hafi nefndin fengið þær upplýsingar að í auknum mæli sé horft til þessara afleiðinga við verknaðarlýsingu ákæru.

Með þeirri leið sem farin er í frumvarpinu, þ.e. að leggja til að ný málsgrein verði tekin upp í VIII. kafla, sem fjallar um atriði er áhrif hafa á refsihæðina, þarf dómari ætíð að leggja mat á það og rökstyðja í forsendum sínum hvort náin tengsl geranda og brotaþola hafi haft áhrif við ákvörðun refsingar.

Þá var því sjónarmiði hreyft hvort sú aukna réttarvernd sem frumvarpinu er ætlað að tryggja komi nægilega afdráttarlaust fram með því að leggja það í mat dómara hvort tengsl geranda og þolanda eigi að hafa áhrif við ákvörðun refsingar. Nefndin leggur áherslu á að það er ekki sjálfkrafa refsihækkunarástæða að brot hafi átt sér stað milli nákominna heldur verði dómari að leggja á það mat í hverju einstöku tilviki hvort tengsl geranda og þolanda þykja hafa aukið á grófleika verknaðar eða gert hann ámælisverðari og hvort inntak brotsins, eðli þess, ástæður, hvatir að baki og aðstæður að öðru leyti eru þannig að réttlætanlegt sé að beita þessu ákvæði.

Telur nefndin að ákvæðið muni styrkja lagalegan grundvöll sakamálarannsóknar þar sem grunur leikur á að heimilisofbeldi hafi átt sér stað og fagnar því sérstaklega að teknar hafi verið upp verklagsreglur lögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu sem tóku nýlega gildi.

Þá ræddi nefndin þau sjónarmið sem koma fram í nokkrum umsögnum um málið að heimilisofbeldi væri algengast gegn konum og því í eðli sínu kynbundið ofbeldi sem væri ekki afmarkað sérstaklega í frumvarpinu. Með frumvarpinu er lagt til að gerandi og verknaðarþoli verði ekki skilgreindir sérstaklega heldur verði ákvæðið opið þar sem það á jafnt við um karla, konur og börn. Telur nefndin að þegar litið er til framanritaðs sé útfærsla ákvæðisins til þess fallin að tryggja réttaröryggi allra þeirra er geta orðið fyrir heimilisofbeldi en það getur beinst að hverjum sem er innan heimilisins: börnum og fullorðnum, konum og körlum. Þá leggur nefndin enn fremur áherslu á að það er í samræmi við almennt löggjafarviðhorf við mótun og setningu refsiákvæða hér á landi að lýsing gerenda- og þolendahóps skuli ekki kynbundin nema það leiði af eðli máls.

Þá ræddi nefndin þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins um að fella brott 191. gr., um sifskaparbrot úr XXI. kafla almennra hegningarlaga og að sá efnisþáttur greinarinnar sem varðar stórfelldar ærumeiðingar innan fjölskyldu verði lögfestur í XXV. kafla um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Kom fram á fundum að rökin með því væru m.a. að í framkvæmd hefði í reynd verið horft fram hjá 191. gr. laganna og enn fremur að brotin í ákvæðinu væru ekki í eðli sínu sifskaparbrot heldur ærumeiðingarbrot. Ákærur í ærumeiðingarbrotum hafa yfirleitt ekki verið opinberar heldur fallið undir einkamálalöggjöfina. Hins vegar hafa brot gegn 191. gr. sætt opinberri ákæru og er ekki ætlunin að breyta því fyrir-

komulagi með því að færa þau undir ærumeiðingarkaflann og því lagt til í 4. gr. frumvarpsins að verknaðurinn sæti opinberri ákæru. Þá kom einnig fram að með þessari tilfærslu væri unnt að nýta verknaðarlýsingu 234. gr. laganna. Telur nefndin að með því sé sérstaða brotanna viðurkennd og nauðsyn þess að leggja áherslu á rannsókn þessara brota.

Þá komu fram í umsögnum ýmsar ábendingar varðandi réttarfarsleg og félagsleg úrræði en í frumvarpinu er einungis tekið á refsiréttarlegum álitaefnum og telur nefndin því ekki unnt að taka afstöðu til þeirra álitaefna í máli þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Jónína Bjartmarz og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. mars 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.	Birgir Ármannsson.
Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	

974. Frumvarp til laga [664. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

25. gr. b laganna orðast svo:

Höfundur á rétt til þóknunar við endursölu upprunalegs eintaks listaverks, þar með talið olíu-, akrýl-, tempera-, vatnslita-, gvass- og pastelmálverka, myndverka og teikninga sem gerðar eru með annarri tækni, grafískra listaverka, svo sem steinprents, koparstungu, ætingar, og tréþrykks, höggmynda, textílverka, gler- og mósaíkmynda, keramik-, postulíns-, silfur- og gullverka sem teljast til listiðnaðar og ljósmyndaverka (fylgiréttargjald). Gjaldið fellur á eintök listaverka sem gerð eru í einu eða fleiri eintökum af höfundi sjálfum eða með heimild hans. Gjaldið nær ekki til mannvirkja.

Standa ber skil á fylgiréttargjaldi við endursölu þegar um er að ræða seljanda, kaupanda eða miðlara sem starfa á listaverkamarkaði, þar með talið uppboðshús, listaverkagallerí og listaverkasala. Seljanda eða miðlara ber að standa skil á gjaldinu. Þegar aðeins kaupandi listaverks starfar á listaverkamarkaði ber þó honum einum að skila gjaldinu. Gjaldið skal aldrei nema hærri fjárhæð í íslenskum krónum en sem samsvarar 12.500 evrum.

Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast miðað við sölugengi evru á söludegi þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum,
2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur,
3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur,
4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur,
5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur,
6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.

Rétturinn til endurgjalds skv. 1. mgr. er kræfur uns höfundaréttur rennur út, sbr. 43. gr. Réttur þessi er bundinn við höfundinn og er óframseljanlegur. Að höfundi látnum erfist rétturinn þó til skylduerfingja. Ef réttur höfundar til endurgjalds erfist ekki til skylduerfingja eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til samtaka rétthafa skv. 5. mgr.

Fylgiréttargjald verður aðeins innheimt af samtökum rétthafa sem hafa hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins. Samtökin annast innheimtu gjalda skv. 1. mgr. og skil á þeim til höfunda, að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar. Krafa rétthafa á hendur samtökunum er gjaldkræf innan þriggja ára frá lokum þess árs er endursala fór fram. Fyrning kröfu rofnar við skriflega greiðsluáskorun frá rétthafa.

Seljendur, miðlarar og kaupendur skv. 2. mgr. skulu:

1. senda sex mánaða uppgjör ásamt skilagrein til samtaka þeirra sem getið er í 5. mgr., miðað við 1. janúar og 1. júlí ár hvert vegna endursölu listaverka, sem falla undir 1. mgr., á næstliðnum sex mánuðum, staðfest af löggiltum endurskoðanda, og
2. eftir kröfu frá samtökunum senda innan fjögurra vikna allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu gjaldsins þegar slík krafa kemur fram innan þriggja ára frá endursölu listaverks.

Berist uppgjör eða upplýsingar um endursölu listaverka skv. 6. mgr. ekki til samtaka þeirra sem getið er í 5. mgr. innan 30 daga frá því að sérstakri áskorun þar um er beint til

gjaldskylds aðila, skal samtökunum heimilt að áætla innheimt fylgiréttargjald hjá viðkomandi aðila vegna endursölu listaverka. Slík áætlun er aðfararhæf.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til listaverka sem seld eru á listmunauppboðum, en um gjaldtöku í þeim tilvikum gilda sérákvæði laga um verslunaratvinnu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

2. gr.

2. tölul. 2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Aðili skv. 2. mgr. 25. gr. b lætur hjá líða að senda samtökum þeim sem getið er um í 5. mgr. 25. gr. b upplýsingar skv. 6. mgr. 25. gr. b.

3. gr.

Lög þessi innleiða endursöluákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í menntamálaráðuneytinu vegna innleiðingar ákvæða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt). Tilskipunin er birt í fylgiskjali II með frumvarpinu.

Málið var kynnt á 128. löggjafarþingi 2002–2003 en þá lagði utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (þingskjal 1081, 665. mál). Fylgiskjal I með tillögunni var ákvörðun nefndarinnar frá 6. desember 2002 og fylgiskjal II var framangreind tilskipun. Tekið var fram í þingsályktunartillögunni að breyta þyrfti lögum hér á landi, þ.e. nánar tilteknum ákvæðum í 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Var þar greint frá því að fyrrgreinda lagaákvæðið mælti sérstaklega fyrir um að við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skyldi leggja 10% gjald á söluverð verkanna sem rynni til höfundar listaverks. Síðargreinda ákvæðið tæki sérstaklega til sölu á listmunauppboðum en þar segði að á málverk, myndir og listmuni, sem seldir væru á listmunauppboðum, skyldi leggja 10% gjald er rynni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Jafnframt var þar tekið fram að ákvæði tilskipunarinnar gerðu ekki greinarmun á sölu listaverka á listmunauppboðum og hjá listaverkasölum að öðru leyti, en giltu ekki um sölu manna á milli frekar en gildandi íslensk lög gerðu.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingum á höfundalögum. Til fullnægjandi innleiðingar viðkomandi gerðar þarf einnig að breyta lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum, og hefur viðskiptaráðherra þegar lagt fram frumvarp þess efnis á yfirstandandi þingi sem samþykkt var sem lög nr. 117/2005 (345. mál).

Meginþýðing tilskipunarinnar hér á landi er sú að fylgiréttargjald (endursölugjald) mun lækka. EES-ríkjum er heimilt, en ekki skylt, að undanþiggja gjaldinu verk sem ekki ná tiltekinni sölufjárhæð í íslenskum krónum sem þó má ekki samsvara hærri fjárhæð en 3000 evrum (225.690 kr. miðað við sölugengi 27. janúar 2006, 1 evra er 75,23 kr.). Rétt þykir að nýta ekki þessa heimild heldur halda því 10% gjaldi sem lagt er á verk undir þessum mörkum nú.

Síðan skal gjaldið ákveðið í fimm þrepum: 5% upp í 50.000 evrur (mætti vera 4%), 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur, 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur, 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur og loks 0,25 af þeim hluta söluverðsins sem er umfram 500.000 evrur. Endursölugjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12.500 evrum. Með breytingum samkvæmt frumvarpinu lækkar fylgiréttargjald hér á landi því aðeins eins og nauðsynlegt er samkvæmt framangreindri tilskipun.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að innleiða endursöluákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt) en skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar bar að innleiða hana í landslög fyrir 1. janúar sl.

Inngangur.

Ákvæði um fylgiréttargjald voru fyrst leidd í lög með lögum um listmunauppboð, nr. 36/1987, og síðar með 10. gr. laga nr. 57/1992, sem innleiddi 25. gr. b í höfundalög. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 57/1992 var lögfesting svonefnds fylgiréttar (f. droit de suite) rökstudd með upptöku slíks réttar í öðrum Evrópulöndum, þar á meðal í Danmerku og V-Þýskalandi og tekið fram að í 14. gr. b Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum væri gert ráð fyrir að aðildarríkin geti tekið upp slík ákvæði til verndar myndhöfundum að fullnægðum skilyrðum um gagnkvæmni. Inntak þessara réttinda fælist í því að við endursölu myndverka í atvinnuskyni rynni tiltekinn hundraðshluti endursöluverðs til rétthafa. Slík ákvæði væru þegar í gildi í þágu höfunda í lögum um listmunauppboð, nr. 36/1987, og legði höfundaréttarnefnd til að þau ákvæði héldust óbreytt þannig að nýmæli það sem fælist í frumvarpinu ætti aðeins við um endursölu í atvinnuskyni utan slíkra uppboða. Í rökstuðningi fyrir gjaldinu var til þess vísað að oft og tíðum væru verk mikilhæfra listamanna lítils metin í upphafi listferils þeirra, en stigu í verði þegar listgildi verkanna yrði mönnum ljóst. Í slíkum tilvikum rynni allur ágóði af verðhækkun listaverka í vasa þeirra sem hefði keypt listaverkin, oft og tíðum fyrir lítið fé í upphafi, og höfundar hefðu því orðið afskiptir. Með ákvæði um fylgirétt væri ætlað að bæta nokkuð úr þessu misrétti. Í frumvarpinu var lagt til að fylgiréttargjald næmi 10% söluverðs listaverks, sem væri til samræmis við 3. gr. laga um listmunauppboð, nr. 36/1987. Hlutfallið mun m.a. hafa verið ákveðið með hliðsjón af takmörkuðum markaði með listaverk hér á landi. Með reglugerð nr. 97/1988 var Starfslaunasjóði myndlistarmanna (höfundaréttarsjóði myndlistarmanna) falið að innheimta og úthluta fylgiréttargjaldi því sem lagt var á með lögunum um listmunauppboð. Arftaka þess sjóðs, Myndlistarsjóði Íslands, var falið að annast innheimtu og úthlutun fylgiréttargjalds samkvæmt höfundalögum með reglugerð um fylgiréttargjald og Myndlistarsjóð Íslands, nr. 244/1993. Með 17. gr. laga nr. 60/2000 urðu þær breytingar á innheimtu fylgiréttargjalds að Myndlistarsjóður Íslands var lagður niður og Myndhöfundasjóði Ísland – Myndstefi var falin innheimta og skil fylgiréttargjalds, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um fylgiréttargjald, nr. 486/2001.

Gildandi réttur.

Í 1. mgr. 25. gr. b gildandi höfundalaga segir að við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni skuli leggja 10% gjald á söluverð verkanna er renni til höfundar listaverks. Gjaldið tekur ekki til mannvirkja sem lúta reglum um byggingarlist né heldur til verka er teljast til nytjalistar og geta vegna framleiðslu fyrir almennan markað ekki talist frumverk. Réttur höfundar til gjaldsins er óframseljanlegur og helst meðan höfundaréttur hans er í gildi, sbr. 43. gr.

Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef annast innheimtu gjalda samkvæmt framansögðu, svo og skil á þeim til höfunda að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar. Að höfundi látnum fellur rétturinn til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til sjóðsins. Krafa rétthafa á hendur samtökunum er gjaldkræf innan þriggja ára frá lokum þess árs er endursala fór fram. Fyrning kröfu rofnar við skriflega greiðsluáskorun frá rétthafa. Rétturinn til fylgiréttargjalds stendur til loka verndartíma höfundaréttar listamanns, þ.e. ævi höfundar, auk 70 ára. Réttur höfundar til fylgiréttargjalds skv. 1. mgr. 25. gr. b verður aðeins virkur þegar um endursölu í atvinnuskyni er að ræða, þ.e. við sérhver viðskipti þar sem seljandi eða miðlari kemur fram í atvinnu sinni, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 486/2001. Bein sala einstaklings til kaupanda sem hefur atvinnu af listverkamiðlun eða -sölu fellur þannig ekki undir ákvæðið. Gjaldið leggst ekki á við fyrstu sölu listaverks þar sem listamaðurinn er yfirleitt í hlutverki seljanda. Skv. 3. mgr. 25. gr. b, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 486/2001, getur aðeins Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef gert kröfu um greiðslu fylgiréttargjalds og skilað því til rétthafa eða erfingja hans. Krafa rétthafa á hendur Myndstefi er gjaldkræf innan þriggja ára frá lokum þess árs er endursala listaverks fór fram, sbr. 3. mgr. 25. gr. b. Í 4. mgr. 25. gr. b er kveðið á um að aðili sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni skuli senda innheimutaðila fylgiréttargjalds skilagrein ársfjórðungslega um sölu listaverka á næstliðnum ársfjórðungi. Þar segir jafnframt að skylt sé að senda skilagreinar fyrir þau tímabil er engin sala fer fram hjá seljanda. Í ákvæðinu segir að menntamálaráðherra skuli að fengnum tillögum samtaka rétthafa setja nánari reglur um form skilagreina og innheimtu gjaldsins. Í 6. mgr. segir að nánari ákvæði um framkvæmd 25. gr. b skuli sett í reglugerð. Um þetta atriði er nú í gildi reglugerð nr. 486/2001 sem áður hefur verið vísað til. Eftirtalin listaverk falla undir gjaldskyldu seljanda skv. 1. mgr. 25. gr. b, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 486/2001:

a) Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.
b) Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merkta afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.
c) Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kolateikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem lithografíur, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.
d) Myndvefnaður, textilverk, gler- og mósaikmyndir svo og leir, keramik, postulíns-, silfur- og gullverk sem teljast til listiðnaðar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að greiða skuli fylgiréttargjald af sölu allra framangreindra listaverka, enda sé höfundur þess íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari eins af aðildarríkjum alþjóðlegra sáttmála um höfundarétt sem Ísland er jafnframt aðili að og veitir íslenskum höfundum sams konar réttindi í því ríki. Er hér vísað til skilgreiningar EES-ríkisborgara samkvæmt EES-samningnum, auk réttar sem ríkisborgarar þeirra aðildarríkja Bernarsáttmálans um vernd bókmennta og lista, sem hafa lögfest réttindi sem getið er um í 14. gr. b, kunna að eiga á grundvelli gagnkvæmnisreglu sáttmálans.

Forsaga tilskipunar um fylgirétt.

Markmiðið með tilskipuninni er að innleiða og samræma fylgirétt á Evrópska efnahagssvæðinu. Í flestum EES-ríkjum eru þegar reglur um fylgirétt en efni þeirra er mismunandi. Nokkur ríki hafa ekki fylgiréttarfyrirkomulag. Frumvarp að tilskipuninni var lagt fram 1996

og samþykkt 19. júlí 2001 með fresti til innleiðingar í landslög til 1. janúar 2006. Innleiðingarfresturinn var ákveðinn lengri en tíðkanlegt er, m.a. af tilliti til hagsmuna Stóra-Bretlands. Tilskipunin er birt sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu.

Meginatriði tilskipunarinnar.

Tilskipunin tekur til sérhverrar endursölu þar sem atvinnumaður á í hlut, þ.e. aðili sem starfar á listaverkamarkaði eða aðili sem hefur sérþekkingu á listaverkum, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Í þessu felst breyting með tilliti til gildandi ákvæðis höfundalaga, 25. gr. b, sem tekur eingöngu til endursölu í atvinnuskyni. Tilskipunin felur þannig í sér takmörkun miðað við 25. gr. b að því leyti að sala listaverka á milli atvinnurekenda, sem eru ekki þátttakendur í listaverkamarkaði, og bein sala listaverka frá slíkum atvinnurekanda til einstaklinga fellur utan við gildissviðið. Á hinn bóginn felur tilskipunin í sér útvíkkun miðað við gildandi rétt þar sem endursala frá einstaklingi til listaverkasala eða annars atvinnumanns á listaverkamarkaði fellur undir tilskipunina.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar fellur fylgiréttargjald á endursölu frumeintaka listaverka, sem skilgreind verða sem verk sem listamaðurinn gerir sjálfur í takmörkuðu upplagi, eða gerð eru með samþykki hans. Andlag fylgiréttarins, listaverk, eru hér skilgreind með nákvæmari hætti en er í 1. mgr. 25. gr. b höfundalaga, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 486/2001, þannig að gjaldskyldan er bundin við verk sem gerð eru í takmörkuðu upplagi. Í þessu felst takmörkun miðað við gildandi reglur þar sem t.d. ljósmyndaverk hafa fallið undir fylgiréttargjald, án tillits til þess hvað listamaður gerir eða heimilar gerð margra eintaka af tiltekinni ljósmynd. Á hinn bóginn felst í tilskipuninni útvíkkun að því er tekur til nytjalistar sem gerð er í mörgum samsvarandi eintökum. Listi tilskipunarinnar yfir tegundir verka sem bera fylgiréttargjald er sambærilegur við upptalningu 2. gr. reglugerðar nr. 486/2001 en rétt þykir að upptalningin sé nú í sjálfu lagaákvæðinu, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Með hliðsjón af stærð og umfangi íslensks listaverkamarkaðar þykir ekki ástæða til að setja lágmarksupphæð í höfundalög varðandi þau verk sem bera fylgiréttargjald. Hámarksfylgiréttargjald í hverju tilviki getur aldrei orðið hærri fjárhæð í íslenskum krónum en sem nemur 12.000 evrum (u.þ.b. 908.000 kr.). Sambærileg takmörkun er ekki í 25. gr. b höfundalaga.

Gjaldskyldir aðilar.

Lagt er til grundvallar að fylgiréttargjald greiðist af seljanda en aðildarríkin geta mælt svo fyrir að kaupandi eða miðlari falli jafnframt undir gjaldskylduna, sbr. 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Að gildandi rétti hvílir gjaldskylda á þeim sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni. Menntamálaráðuneytið telur mikilvægt að dreifa gjaldskyldunni á fleiri aðila þannig að kaupanda verði gert að skila gjaldinu í þeim tilvikum sem hann er sá eini af þremur framangreindum aðilum sem starfar á listaverkamarkaði. Breytingin er lögð til sökum þess að sala einkaaðila til atvinnumanna á listaverkamarkaði fellur nú undir gildissvið tilskipunarinnar. Í þeim tilvikum ber atvinnumaðurinn ábyrgð á að skila gjaldinu.

Upplýsingaskylda.

Aðili sem fæst við innheimtu fylgiréttargjalds á skv. 9. gr. tilskipunarinnar lögvarinn rétt á upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja greiðslu gjaldsins úr hendi gjaldskyldra aðila innan þriggja ára frá því að endursala átti sér stað. Í frumvarpinu er gengið út frá því að samtökum rétthafa (Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi) verði fenginn réttur til að fylgja eftir framangreindri upplýsingaskyldu gagnvart seljendum, miðlurum og kaupendum

sem starfa á listaverkamarkaði. Upplýsingaskyldan stofnast þegar innheimuaðili hefur óskað eftir upplýsingum. Í frumvarpinu er mælt fyrir um fjögurra vikna frest til að skila þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja greiðslu gjaldsins. Berist upplýsingar ekki innan frestsins er innheimtuaðila heimilt að veita gjaldskyldum aðila 30 daga viðbótarfrest að því viðlögðu að ella komi til áætlunar fylgiréttargjalds sem standa ber skil á. Slík áætlun er aðfararhæf. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að það varði refsingu ef gjaldskyldur aðili lætur hjá líða að senda innheimtuaðila umbeðnar upplýsingar samkvæmt framansögðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr.

Ákvæðið felur í sér breytingu á 1. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum. Breytingunni er ætlað að leiða í lög 2. gr. tilskipunarinnar. Upptalning þeirra tegunda listaverka sem fylgiréttur tekur til í 1. málsl. er ekki tæmandi og markar ekki nein áform um breytingu með tilliti til gildandi réttar. Sambærileg upptalning tegunda verka er nú í 2. gr. reglugerðar nr. 486/2001 en rétt þykir að hún komi fremur fram í lagaákvæðinu sjálfu. Greiða ber fylgiréttargjald af vernduðum listaverkum sem listamaðurinn gerir sjálfur í einu eintaki, eða undirbýr sjálfur eða framleidd eru í takmörkuðu upplagi með heimild hans. Síðargreindu listaverkin eru að jafnaði tölusett, undirrituð eða aukennd listamanninum á annan hátt, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, t.d. þegar um lithografíur er að ræða en aftur á móti ekki plaggöt. Ákvæðið gerir ekki greinarmun á nytjalist og myndlist. Nytjalist getur þannig fallið undir ákvæðið þótt ekki teljist vera um frumverk að ræða. Sama á við um ljósmyndaverk. Í því felst breyting frá 2. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum, sbr. umfjöllun um tilskipunina í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Áfram gildir sú regla að fylgiréttargjald tekur ekki til mannvirkja, sbr. 2. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum.

2. mgr.

Með ákvæðinu er ætlunin að lögfesta 1. og 3. gr. tilskipunarinnar. Hér er mælt fyrir um það að standa beri skil á fylgiréttargjaldi við endursölu í öllum tilvikum þar sem seljandi, miðlari eða kaupandi starfa á listaverkamarkaði. Hugtakið „starfa á listaverkamarkaði“ í 1. málsl. 2. mgr. tekur m.a. til uppboðshúsa, listaverkagallería og listaverkasala, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Í enskri útgáfu tilskipunarinnar er notað hugtakið „Art Market Professionals“ í 2. mgr. 1. gr. um hina gjaldskyldu aðila. Í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar er framangreint hugtak þýtt sem „aðilar, sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni“. Hér hefur þýðingin misst marks þar sem íslenska hugtakið er mun þrengra en í frummálinu. Þetta kemur berlega í ljós við samanburð á efni 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar við 18. skýringargrein (e. Recital). Af lestri skýringargreinarinnar verður þannig ljóst að ætlunin er t.d. að listaverkasöfn falli undir hugtakið atvinnumenn á listaverkamarkaði. Þó skal ekki greiða fylgiréttargjald þegar einstaklingar selja listaverk til listasafna sem ekki eru rekin í viðskiptalegum tilgangi, þ.e. eru opin almenningi, þ.m.t. ríkislistasöfn. Fyrirtæki, sem teljast ekki taka þátt í listaverkamarkaði, geta selt og keypt listaverk hvert af öðru án þess að greiða beri fylgiréttargjald. Viðskipti slíkra fyrirtækja og einstaklinga, svo og viðskipti einstaklinga á milli falla enn fremur utan gildissviðs ákvæðisins.

Fylgiréttargjald er gjaldkræft við hvers konar endursölu eintaka af listaverkum, hvort sem um er að tefla sölu í verslunum, á listaverkasýningum og listaverkagalleríum. Um listmunauppboð og fylgiréttargjald gilda 7. mgr. 23. gr. og 23. gr. a laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998. Listmunauppboð á netinu sem eru haldin fyrir milligöngu uppboðsfyrirtækis eða

uppboðsvefjar falla hins vegar utan gildissviðs laga um verslunaratvinnu og lúta því almennum reglum frumvarps þessa. Frumsala listaverks, þ.e. sala listamanns á eigin verki til fyrsta eiganda, ber ekki fylgiréttargjald. Með sama hætti fer um eignaryfirfærslu að listaverki frá listamanni til fyrsta eiganda fyrir arf, nauðungarsölu og sambærilega gerninga. Þegar um er að ræða óseld eintök listaverka sem listamaður leggur inn til gallerís til að standa straum að sýningarþóknun og gallerí hefur milligöngu um að selja verkið áfram til fyrsta eiganda, ber að líta á þau viðskipti sem frumsölu þar sem eignarrétturinn hefur aldrei yfirfærst til gallerísins heldur gengur beint frá listamanni til viðskiptavinar gallerísins. Sama á við þegar gallerí lánar eintak af verki til annars gallerís sem listamaður hefur lagt inn upp í sýningarþóknun og síðara galleríið selur eintakið. Ber þá að líta á slík viðskipti sem frumsölu. Þegar gallerí kaupir eintak listaverks af listamanni til endursölu skal aðeins greiða fylgiréttargjald af endursölu gallerísins til kaupanda. Ef galleríið kaupir aftur á móti verkið af öðrum en listamanninum sjálfum, áður en hann selur kaupanda, er um tvenn gjaldskyld viðskipti að ræða.

Að meginreglu hvílir skylda til greiðslu fylgiréttargjalds á seljanda eða miðlara, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Kröfu um skil á gjaldinu má beina að hvorum þeirra sem er, enda bera þeir hvor um sig óskipta ábyrgð (solidariska ábyrgð) á greiðslu gjaldsins. Samkvæmt sama ákvæði er lagt til að gjaldskylda geti einnig náð til kaupanda en aðeins í þeim tilvikum þar sem kaupandi er eini aðili viðskiptanna sem kemur að viðskiptunum sem atvinnumaður. Að því er stefnt með ákvæðinu að unnt sé að beina gjaldskyldunni að atvinnumanninum, í öllum tilvikum. Einstaklingur, sem ekki starfar á listaverkamarkaði, verður þó ekki ábyrgur fyrir greiðslu gjaldsins.

Eins og gjaldskrá fyrir álagningu fylgiréttargjalds er hér fram sett er ekki gert ráð fyrir að viðskipti undir tiltekinni lágmarksfjárhæð verði undanþæg fylgiréttargjaldi en heimilt er samkvæmt tilskipuninni að undanþiggja viðskipti undir fjárhæð sem samsvarar 300 evrum frá álagningu gjaldsins (22.500 kr.). Í engu tilviki getur fylgiréttargjad af viðskiptum með einstakt listaverk orðið hærri fjárhæð en sem nemur 12.500 evrum (u.þ.b. 938.000 kr.).

3. mgr.

Hér er mælt fyrir um nýja skipan á álagningu fylgiréttargjalds í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar. Sú breyting sem verður á gjaldinu miðað við gildandi fyrirkomulag skv. 1. mgr. 25. gr. b leiðir til þess að gjaldið lækkar mest á þeim verkum sem eru dýrust, þ.e. gjaldið lækkar mest úr 10% í 0,25%, sbr. þó hámarksverðið sem samsvarar 12.500 evrum. Reikna ber fylgiréttargjald af söluverði listaverks að meðtalinni þóknun listaverkamiðlara og verðmæti fylgihluta. Fylgihlutir í þessu sambandi teljast vera rammar og innrömmun, festingar, sökklar, tæknilegur búnaður og þess háttar, sem fylgir með í viðskiptunum, óháð því hvort fylgihlutirnir eru fastir við eintak listaverks. Óheimilt er að draga hráefnisverð verðmætra íhluta frá söluverði listaverks, svo sem eðalmálma og eðalsteina. Það er því heildarsöluverð sem ber að leggja til grundvallar útreikningi á fylgiréttargjaldi.

4. mgr.

Sambærilega reglu er að finna í 3. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum. Réttur til fylgiréttargjalds fylgir almennum reglum höfundalaga um verndartíma verka, þ.e. rétturinn gildir í 70 ár frá lokum andlátsárs höfundar. Fylgiréttur er persónulegur og óframseljanlegur. Í því felst að hann verður ekki framseldur til annarra, hvorki við búskipti né heldur verður hann gefinn eftir gagnvart kaupanda, seljanda eða miðlara sem starfa á listaverkamarkaði. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að fylgiréttur erfist til skylduerfingja. Listamaður getur því ekki ráðstafað

fylgirétti með bréfarfi. Í þeim tilvikum þar sem skylduerfingjum er ekki til að dreifa eða fénu verður ekki ráðstafað, rennur það til samtaka rétthafa skv. 5. mgr., þ.e. Myndhöfundasjóðs Íslands – Myndstefs. Fylgiréttur er sérstakur réttur til endurgjalds sem fellur ekki undir 3., sbr. 2. gr. höfundalaga. Vanefndir á greiðslu fylgiréttargjalds fela því ekki í sér brot gegn 3. gr. höfundalaga.

5. mgr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. eru sambærileg við 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum. Sama á við um 3. og 4. málsl., sem eru samærilegir við 4. og 5. málsl. 3. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum. Hér er tekið fram að fylgiréttargjald verði aðeins innheimt af samtökum rétthafa sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytisins en forsenda slíkrar viðurkenningar er að viðkomandi samtök hafi að baki félagsmenn og aðildarsamtök sem telja má til meiri hluta höfunda í viðkomandi listgrein. Að fenginni viðurkenningu ráðuneytisins öðlast framangreind samtök fyrirsvar vegna innheimtu fylgiréttargjalds, ekki aðeins fyrir sína félagsmenn og félagsmenn aðildarfélaga heldur einnig fyrir utanfélagsmenn og óþekkta höfunda. Samtökin eru einnig réttbær viðtakandi fylgiréttargjalds fyrir látna listamenn sem ekki hafa skilið eftir sig lögerfingja. Krafa listamanns eða erfingja á hendur samtökunum fyrir mótteknar greiðslur vegna fylgiréttar fyrnist á þremur árum. Að þeim tíma liðnum geta samtökin ráðstafað fénu í almennum tilgangi félagsins, þar á meðal til að kosta rekstur samtakanna. Til grundvallar viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á samþykktum samtaka samkvæmt framansögðu er að samþykktir samtakanna feli í sér að samtökin ábyrgist öllum rétthöfum, þ.m.t. erlendum rétthöfum, úthlutun þóknunar í samræmi við innheimt fylgiréttargjald. Í samþykktunum má kveða svo á að tilteknum greiðslum verði ekki úthlutað á einstaklingsgrundvelli, að því tilskyldu að samtökin ábyrgist rétt minni hluta félagsmanna. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef gegnt hlutverki innheimtuaðila fylgiréttargjalds frá árinu 2000, sbr. reglugerð um fylgiréttargjald, nr. 486/2001.

6. mgr.

Ákvæðið kemur í stað 1. og 2. málsl. 4. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum. 1. tölul. felur í sér þá breytingu að gjaldskyldir aðilar skv. 2. mgr. skulu senda skilagrein um endursölu listaverka á sex mánaða fresti til innheimtusamtaka rétthafa en samkvæmt gildandi reglum ber að afhenda slíkar skilagreinar ársfjórðungslega. Gjaldatímabilin eru samkvæmt ákvæðinu 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Nýmæli er að kaupendur sem teljast vera atvinnumenn á listaverkamarkaði skulu nú senda skilagreinar til Myndhöfundasjóðs Íslands – Myndstefs. Ákvæði 2. tölul. felur í sér lögfestingu á 9. gr. tilskipunarinnar og er þar mælt fyrir um að Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef eigi kröfu til þess að fá sendar, innan fjögurra vikna, upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja greiðslu fylgiréttargjalds. Slíkri kröfu um upplýsingar er unnt að beina að aðilum sem starfa sem atvinnumenn á listaverkamarkaði, sbr. 2. mgr. Seljandi, miðlari og kaupandi fá þá fjögurrra vikna frest til að láta umbeðnar upplýsingar í té. Upplýsingaskyldunni lýkur hins vegar að liðnum þremur árum frá endursölu viðkomandi listaverks og er það til samræmis við fyrningarákvæði 5. mgr.

7. mgr.

Ákvæðið er nýmæli og er því ætlað að tryggja það að gjaldskyldir aðilar skv. 2. mgr. bregðist við kröfu skv. 2. tölul. 6. mgr. Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef getur því að liðnum fjögurra vikna fresti skv. 2. tölul. 6. mgr. skorað á gjaldskyldan aðila að láta upplýs-

ingar í té að því viðlögðu að samtökin áætli gjaldskylda sölu hjá viðkomandi aðila og innheimti ætlað fylgiréttargjald samkvæmt því. Áður en til slíkrar áætlunar kemur skal gjaldskyldum aðila veittur 30 daga viðbótarfrestur til að láta umbeðnar upplýsingar skv. 2. tölul. 6. mgr. í té. Áætlun skv. 7. mgr. er aðfararhæf.

8. mgr.

Ákvæðið er sambærilegt við 5. og 6. mgr. 25. gr. b í gildandi lögum og felur ekki í sér efnislegar breytingar.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða breytingu sem leiðir af breytingum á 25. gr. b. Refsinæmi þess að láta undir höfuð leggjast að senda skilagreinar til innheimtuaðila fylgiréttargjalds tekur nú einnig til vanrækslu á að sinna upplýsingaskyldu skv. 2. tölul. 6. mgr. 25. gr. b (2. tölul. 6. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins). Af því leiðir að breyta þarf 2. tölul. 2. mgr. 54. gr. (refsiákvæði höfundalaga).

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram á grundvelli hvaða EES-gerðar höfundalögum er breytt.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir gildistöku laganna þegar við birtingu, enda bar íslenskum stjórnvöldum að lögfesta framangreinda EES-gerð eigi síðar en 1. janúar sl.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 171/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2000 frá 25. febrúar 2000 ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. ..., 12.4.2001, bls. ...

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9c. **32001 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt) (Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

„EFTA-ríkjunum er boðið að senda fulltrúa á fundi samskiptanefndarinnar.““

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar 2001/84/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes *M. Brinkmann*

([2]) Stjtíð. EB L 272, 13.10.2001, bls. 32.
(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/84/EB

frá 27. september 2001

um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 6. júní 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á sviði höfundarréttar er fylgiréttur óframseljanlegur og óafsalanlegur réttur höfundar frumgerðar myndverks (tví- eða þrívíðs verks) til að njóta fjárhagslegs ávinnings af endurtekinni sölu viðkomandi listaverks.

2) Fylgirétturinn er ábatasamur og gerir höfundinum eða listamanninum kleift að njóta endurgjalds við endurtekin eigendaskipti á verkinu. Efnið, sem fylgirétturinn tekur til, er hin efnislega birtingarmynd verksins, þ.e.a.s. miðillinn sem verkið, sem nýtur verndar, er unnið í.

3) Fylgiréttinum er ætlað að tryggja höfundum myndverka hlut í þeirri fjárhagslegu velgengni sem frumgerðir verka þeirra njóta. Slíkur réttur stuðlar að því að unnt sé að jafna, í fjárhagslegu tilliti, hlut höfunda myndverka og annarra höfunda sem njóta þóknunar fyrir endurtekna nýtingu verka sinna.

4) Fylgirétturinn er óaðskiljanlegur hluti höfundarréttar og grundvallarforréttindi höfunda. *Með því að koma slíkum rétti á í öllum aðildarríkjunum er þeirri þörf fullnægt að veita höfundum fullnægjandi og viðtekna vernd.*

5) Samkvæmt 4. mgr. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið, í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans, taka tillit til menningarlegra þátta.

6) Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum kveður á um að fylgiréttur sé því aðeins fyrir hendi að löggjöf heimalands höfundar leyfi slíkt. Rétturinn er því valkvæður og háður reglunni um gagnkvæmni. Af dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna varðandi beitingu meginreglunnar um bann við mismunun, sem mælt er fyrir um í 12. gr. sáttmálans, leiðir það sem sýnt er fram á í dómsúrskurði frá 20. október 1993 í sameinuðum málum C-92/92 og C-326/92, Phil Collins ofl. ([4]), að ekki er unnt að styðjast við innlend ákvæði, sem fela í sér gagnkvæmniskilmála, í því skyni að neita ríkisborgurum annarra aðildarríkja um réttindi sem veitt eru innlendum höfundum. Beiting slíkra skilmála í bandalaginu stríðir gegn meginreglunni um jafna meðferð sem leiðir af banni við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs.

7) Alþjóðavæðing markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, sem færist nú mjög í aukana fyrir áhrif hins nýja hagkerfis, og sú lagalega staða að fá ríki utan Evrópusambandsins viðurkenna fylgirétt gerir það að verkum að nauðsynlegt er fyrir Evrópubandalagið að hefja samningaviðræður út á við með það fyrir augum að gera ákvæði 14. gr. b í Bernarsáttmálanum skyldubundin.

8) Sjálf tilvist þessa alþjóðlega markaðar, ásamt því að fylgiréttur er ekki fyrir hendi í sumum aðildarríkjum og að misræmi ríkir, eins og sakir standa, milli innlendra kerfa þar sem rétturinn er þó viðurkenndur, gerir það að verkum að

([1]) Stjtíð. EB C 178, 21.6.1996, bls. 16 og Stjtíð. EB C 125, 23.4.1998, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB C 75, 10.3.1997, bls. 17.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stjtíð. EB C 132, 28.4.1997, bls. 88), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. júní 2000 (Stjtíð. EB C 300, 20.10.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (Stjtíð. EB C 232, 17.8.2001, bls. 173). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. júlí 2001 og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2001.
([4]) Dómasafn EB (ECR) 1993, I-5145.

nauðsynlegt er að mæla fyrir um bráðabirgðaákvæði að því er varðar hvorttveggja, gildistöku réttarins og setningu efnislegra reglna um hann, sem viðhalda munu samkeppnishæfni evrópska markaðarins.

9) Eins og sakir standa er kveðið á um fylgiréttinn í löggjöf meirihluta aðildarríkjanna. Nokkur munur er á slíkum lögum þar sem þau eru til á annað borð, einkum að því er varðar þau verk sem lögin taka til, rétthafa fylgiréttargjalds, gjaldskrá, fyrir hvaða viðskipti ber að greiða og á hvaða grundvelli slíkar greiðslur eru reiknaðar. Það hefur veruleg áhrif á samkeppniskilyrði á hinum innri markaði hvort slíkur réttur er fyrir hendi eða ekki þar eð hver sá sem vill selja listaverk verður að taka tillit til þess hvort skylt sé að greiða þóknun á grundvelli fylgiréttar. Þessi réttur stuðlar því fyrir sitt leyti að röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins.

10) Slíkt misræmi, eftir því hvort fylgirétturinn er fyrir hendi eða ekki og eftir því hvernig aðildarríkin framfylgja honum þar sem hann er til, hefur bein og óæskileg áhrif á starfsemi innri markaðarins að því er tekur til listaverka eins og kveðið er á um í 14. gr. sáttmálans. Við slíkar aðstæður er 95. gr. sáttmálans viðeigandi lagagrunnur.

11) Meðal markmiða bandalagsins, eins og þau eru sett fram í sáttmálanum, er að leggja grunn að nánari einingu meðal þjóða Evrópu, að stuðla að nánari tengslum milli aðildarríkja bandalagsins og að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálmum sem aðskilja lönd Evrópu. Í því skyni kveður sáttmálinn á um stofnun innri markaðar, þar sem gengið er út frá afnámi hindrana á frjálsum vöruflutningum, frelsi til að veita þjónustu og staðfesturétti, og um innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á hinum sameiginlega markaði raskist ekki. Samræming laga aðildarríkjanna um fylgirétt stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

12) Með sjöttu tilskipun ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt — sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur ([1]) er inn-

([1]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/85/EB (Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 34).

leitt í áföngum skattakerfi sem á m.a. við um listaverk. Ráðstafanir, sem eingöngu taka til skattamála, nægja ekki til að tryggja snurðulausa starfsemi listmarkaðarins. Þessu markmiði verður ekki náð án samræmingar á sviði fylgiréttarins.

13) Binda ber enda á núverandi ósamræmi milli laga sem veldur röskun á starfsemi innri markaðarins og koma skal í veg fyrir að slíkt ósamræmi geri vart við sig á ný. Ekki er þörf á að útrýma eða koma í veg fyrir að til verði ósamræmi sem ástæðulaust er að ætla að valdi röskun á starfsemi innri markaðarins.

14) Það er forsenda fyrir snurðulausri starfsemi innri markaðarins að samkeppnisskilyrðum sé ekki raskað. Mismunandi innlend ákvæði um fylgirétt hafa í för með sér röskun á samkeppni auk tilfærslu á sölustarfsemi innan bandalagsins og leiða til þess að listamenn njóta mismunandi kjara eftir því hvar verk þeirra eru seld. Í þessu málefni koma því við sögu fjölþjóðlegir þættir sem ekki verður stjórnað á fullnægjandi hátt með aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna. Aðgerðaleysi bandalagsins myndi stríða gegn kröfum sáttmálans um að leiðrétta skuli samkeppnisraskanir og ójafna meðferð.

15) Því er nauðsynlegt, með tilliti til þess hversu ólík ákvæði landslaga eru, að samþykkja samræmingarráðstafanir til að bregðast við því misræmi sem er milli laga aðildarríkjanna á sviðum þar sem ætla má að slíkt misræmi geti af sér eða viðhaldi röskunum á samkeppnisskilyrðum. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að samræma sérhvert ákvæði í lögum aðildarríkjanna um fylgirétt og nægir, til að gefa aðildarríkjum eins mikið svigrúm til ákvarðana og unnt er, að einskorða samræminguna við þau innlendu ákvæði sem hafa hvað beinust áhrif á starfsemi innri markaðarins.

16) Þessi tilskipun er því í heild sinni í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans.

17) Samkvæmt tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á hugtakinu um verndun höfundarréttar og tiltekinna skyldra réttinda ([2]) er verndartími höfundarréttar 70 ár frá dauða höfundar. Mæla ber fyrir um jafnlangt tímabil að því er varðar fylgirétt. Af þessum sökum geta einungis frumgerðir nú-

([2]) Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9.

tíma- og samtímalistaverka fallið innan gildissviðs fylgiréttarins. Til að aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum í þágu listamanna við samþykkt þessarar tilskipunar, sé kleift að taka slíkan rétt upp hvert í sínu réttarkerfi og enn fremur til að rekstraraðilum í þessum aðildarríkjum sé gert kleift að laga sig smám saman að áðurnefndum rétti en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri, ber þó að gefa hlutaðeigandi aðildarríkjum kost á því í takmarkaðan aðlögunartíma að beita ekki fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans.

18) Rýmka ber gildissvið fylgiréttarins þannig að hann taki til hvers konar endursölu, að undanskilinni þeirri sem á sér stað milli einstaklinga í eigin nafni, án milligöngu aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni. Þessi réttur skal ekki ná til endursölu sem einstaklingar takast á hendur í eigin nafni til safna sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og eru opin almenningi. Að því er varðar sérstöðu listhúsa sem eignast hafa verk milliliðalaust frá höfundi skal aðildarríkjum gefinn kostur á að undanþiggja verkið fylgiréttargjaldi við endursölu sem á sér stað innan þriggja ára eftir að listasafnið eignast umrætt verk. Enn fremur ber að taka tillit til hagsmuna listamannsins með því að einskorða slíkar undanþágur við endursölu þar sem endursöluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

19) Það skal tekið fram að samræming sú, sem af þessari tilskipun leiðir, gildir ekki um frumhandrit rithöfunda og tónskálda.

20) Mæla ber fyrir um skilvirkar reglur á grundvelli reynslu sem fengist hefur af fylgiréttinum á landsvísu. Rétt er að reikna fylgiréttargjaldið sem hundraðshluta söluverðs en ekki verðmætisaukningar verka sem hafa aukist að verðgildi.

21) Samræma ber flokka listaverka sem fylgiréttur-inn gildir um.

22) Undanþágur frá innheimtu fylgiréttargjalds af söluupphæðum, sem ekki ná tilteknu lágmarki, kunna að draga úr líkum á óeðlilega háum innheimtu- og stjórnsýslukostnaði, samanborið við hagnað listamannsins. Í samræmi við dreifræðisregluna skal aðildarríkjunum hins vegar heimilt að setja innlend mörk, sem eru lægri en lágmarksviðmiðun bandalagsins, í því skyni að efla hag nýliða í listum. Þegar þess er gætt hversu litlar fjárhæðir er um að ræða er ekki líklegt að þessi undanþága hafi veruleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

23) Eins og sakir standa er gjaldskráin, sem aðildarríkin ákveða fyrir álagningu fylgiréttargjalds, verulega mismunandi. Skilvirk starfsemi innri markaðarins fyrir nútíma- og samtímalistaverk krefst þess að gjaldskrárákvörðun sé samræmd eins og framast er unnt.

24) Í því skyni að sætta hagsmuni hinna ýmsu aðila markaðarins þar sem stunduð eru viðskipti með frumgerðir listaverka, er æskilegt að komið verði á gjaldskrárkerfi þar sem álagningarhlutfall fer stiglækkandi eftir gjaldþrepum. Mikils er um vert að draga úr hættu á tilflutningi sölustarfseminnar og að reglur bandalagsins um fylgirétt séu sniðgengnar.

25) Það á jafnan að koma í hlut seljanda að greiða fylgiréttargjaldið. Gefa ber aðildarríkjunum kost á því að kveða á um undanþágur frá þessari meginreglu að því er varðar ábyrgð á greiðslum. Fari sala fram í umboði einstaklings eða fyrirtækis telst sá einstaklingur eða fyrirtæki vera seljandinn.

26) Gera ber ráð fyrir því að unnt sé að leiðrétta lágmarksviðmiðunina og gjaldskrána reglulega. Í þessu skyni er við hæfi að fela bandalaginu það verkefni að semja með reglulegu millibili skýrslur um það hvernig fylgiréttinum er framfylgt í reynd í aðildarríkjunum og um áhrif hans á listmarkaðinn í bandalaginu og, þar sem við á, að gera tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

27) Skylt er að tilgreina rétthafa fylgiréttargjalda og taka jafnframt tilhlýðilegt tillit til dreifræðisreglunnar. Ekki er viðeigandi að grípa til aðgerða með tilliti til erfðaréttar aðildarríkjanna í krafti þessarar tilskipunar. Hins vegar skulu rétthafar höfundar njóta að fullu fylgiréttarins að honum látnum, a.m.k. eftir að framangreindu aðlögunartímabili lýkur.

28) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að setja reglur um framkvæmd fylgiréttarins, einkum að því er varðar það hvernig honum er stjórnað. Í þessu tilliti kemur til greina að fela innheimtusamtökum umsjón með þessu. Aðildarríkin skulu tryggja að starfshættir innheimtusamtaka séu gagnsæir og skilvirkir. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að fjárhæðir, sem ætlaðar eru höfundum sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja, séu í reynd innheimtar og þeim úthlutað. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrir-

komulag innheimtu og úthlutunar í aðildarríkjunum.

29) Fylgiréttarins skulu þeir einir njóta sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum bandalagsins auk erlendra höfunda frá löndum sem veita höfundum, sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum, slíka vernd. Aðildarríki skal eiga þess kost að veita erlendum höfundum, sem hafa fasta búsetu í því aðildarríki, þennan rétt.

30) Til að unnt sé að tryggja með raunhæfum hætti að aðildarríkin beiti fylgiréttinum í reynd skal koma á viðeigandi málsmeðferð við eftirlit með viðskiptum. Í þessu felst einnig að höfundur eða viðurkenndur fulltrúi hans á rétt á að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá þeim einstaklingi eða lögaðila sem er ábyrgur fyrir greiðslu fylgiréttargjalda. Aðildarríki, sem kveða á um sameiginlega umsýslu fylgiréttarins, geta enn fremur kveðið á um að þeir aðilar, sem ábyrgð bera á þeirri sameiginlegu umsýslu, skuli einir eiga rétt á upplýsingum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Inntak fylgiréttarins

1. Aðildarríki skulu, í þágu höfundar frumgerðar listaverks, kveða á um fylgirétt sem skilgreina skal á þann veg að hann sé óafsalanlegur réttur, sem ekki verður fallið frá, jafnvel ekki fyrir fram, til fylgiréttargjalda sem eru ákvörðuð út frá söluverðinu sem fæst við hverja endursölu verksins eftir að höfundur lætur það af hendi við nýjan eiganda í fyrsta sinn.

2. Réttur sá, sem um getur í 1. mgr., skal gilda um hverja endursölu þar sem í hlut eiga seljendur, kaupendur eða milliliðir, þeir aðilar, sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni svo sem uppboðshaldarar, listhús og yfirleitt hvers kyns listaverkasalar.

3. Aðildarríki geta kveðið á um það að rétturinn, sem um getur í 1. mgr., gildi ekki við endursölu þegar seljandi hefur fengið verkið beint frá höfundi þess innan við þremur árum fyrr og þar sem söluverðið er ekki hærra en 10 000 evrur.

4. Seljanda ber að greiða fylgiréttargjaldið. Aðildarríki geta kveðið á um það að einhver þeirra einstaklinga eða lögaðila, sem um getur í 2. mgr., annar en seljandi, skuli annaðhvort bera ábyrgð á greiðslu fylgiréttargjalda einn eða deila þeirri ábyrgð með seljanda.

2. gr.

Listaverk sem fylgirétturinn nær yfir

1. Í þessari tilskipun merkir „frumgerð listaverks" myndverk, svo sem myndir, samklippur, málverk, teikningar, stungur, þrykk, litógrafíur (steinprent), höggmyndir, listvefnað, keramík (steinleir), glermuni og ljósmyndir, svo fremi að um sé að ræða verk gerð af listamanninum sjálfum eða eintök sem teljast vera frumgerðir listaverka.

2. Eintök listaverka, sem þessi tilskipun tekur til og eru gerð í takmörkuðu upplagi af listamanninum sjálfum eða með hans leyfi, skulu teljast frumgerðir listaverka í skilningi þessarar tilskipunar. Þess er jafnan vænst að slík eintök hafi verið tölusett, merkt eða á annan viðeigandi hátt viðurkennd af listamanninum.

II. KAFLI

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

3. gr.

Lágmarksfjárhæð

1. Það kemur í hlut aðildarríkjanna að ákveða það lágmarkssöluverð sem þarf til að sala sem um getur í 1. gr. falli undir ákvæði um fylgirétt.

2. Þetta lágmarkssöluverð má ekki í neinum tilvikum fara yfir 3 000 evrur.

4. gr.

Gjaldskrá

1. Fylgiréttargjaldið, sem kveðið er á um í 1. gr., skal ákveðið í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

a) 4% af söluverðinu upp að 50 000 evrum;

b) 3% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 50 000,01 evrum upp í 200 000 evrur;

c) 1% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 200 000,01 evrum upp í 350 000 evrur;

d) 0,5% af þeim hluta söluverðsins sem er frá 350 000,01 evrum upp í 500 000 evrur;

e) 0,25% af þeim hluta söluverðsins sem fer yfir 500 000 evrur.

Fylgiréttargjaldið má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 12 500 evrum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leggja á gjald sem nemur 5% af þeim hluta söluverðsins sem um getur í a-lið 1. mgr.

3. Ef lágmarkssöluverðið er lægra en 3 000 evrur skal aðildarríkið einnig ákveða þá álagningu sem á við þann hluta söluverðsins sem er 3 000 evrur eða lægri; þetta gjald má ekki vera lægra en 4%.

5. gr.

Grundvöllur útreikninga

Söluverðið, sem um getur í 3. og 4. gr., er söluverðið án skatts.

6. gr.

Rétthafar fylgiréttargjalda

1. Greiða ber höfundi verksins fylgiréttargjaldið sem kveðið er á um í 1. gr. en rétthöfum hans að honum látnum, sbr. þó 2. mgr. 8. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um, skyldubundna eða valkvæða, sameiginlega umsýslu fylgiréttarins sem kveðið er á um í 1. gr.

7. gr.

Ríkisborgarar þriðju landa sem eru rétthafar fylgiréttargjalda

1. Aðildarríki skulu kveða á um að höfundar, sem eru ríkisborgarar þriðju landa og, með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr., síðari handhafar réttinda þeirra, skuli njóta fylgiréttarins í samræmi við þessa tilskipun og í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis en því aðeins að landið, þar sem höfundurinn eða síðari handhafi réttinda hans er með ríkisfang, heimili að veita höfundum frá aðildarríkjunum og síðari handhöfum réttinda þeirra vernd fylgiréttar í því landi.

2. Á grundvelli upplýsinga, sem aðildarríkin veita, skal framkvæmdastjórnin, eins fljótt og auðið er, gefa út leiðbeinandi skrá yfir þau þriðju lönd sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. Þessi skrá skal uppfærð í samræmi við nýjustu upplýsingar.

3. Sérhverju aðildarríki er heimilt, að því er varðar vernd fylgiréttar, að veita höfundum sem ekki eru ríkisborgarar í því aðildarríki, en hafa þar fasta búsetu, sömu kjör og innlendum höfundum.

8. gr.

Verndartími fylgiréttarins

1. Verndartími fylgiréttarins skal svara til þess tíma sem mælt er fyrir um í 1. gr. tilskipunar 93/98/EBE.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjum, sem ekki beita fylgiréttinum [við gildistökuna sem um getur í 13. gr.], ekki skylt, á tímabili sem rennur út eigi síðar en 1. janúar 2010, að beita fylgiréttinum í þágu rétthafa listamannsins að honum látnum.

3. Til að rekstraraðilum gefist færi á að laga sig smám saman að fyrirkomulagi fylgiréttarins en halda jafnframt áfram lífvænlegum rekstri getur aðildarríki, sem 2. mgr. gildir um, fengið aðlögunartíma ef nauðsyn krefur, allt að tveimur árum í viðbót, áður en þess verður krafist að það beiti fylgiréttinum í þágu þeirra sem eru rétthafar listamannsins eftir lát hans. Eigi síðar en 12 mánuðum fyrir lok þess tímabils, sem um getur í 2. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um framangreind atriði ásamt rökstuðningi þannig að framkvæmdastjórnin geti skilað áliti, að undangengnu viðeigandi samráði, innan þriggja mánaða eftir að henni berast þessar upplýsingar. Ef aðildarríki ákveður að fara ekki eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar skal það gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því og rökstyðja ákvörðun sína innan eins mánaðar. Tilkynning aðildarríkisins og rökstuðningurinn með henni, svo og álit framkvæmdastjórnarinnar, skulu birtast í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og send Evrópuþinginu.

4. Séu alþjóðlegar samningaviðræður, sem miða að því að víkka út fylgiréttinn á alþjóðavettvangi, farsællega til lykta leiddar innan þeirra tímamarka sem um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur.

9. gr.

Réttur til upplýsinga

Aðildarríkin skulu setja ákvæði þess efnis að rétthafar skv. 6. gr. geti í þrjú ár eftir að endursalan fer fram krafið þá aðila sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni og um getur í 2. mgr. 1. gr. um hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að reynast til að tryggja greiðslu fylgiréttargjalds að því er varðar endursöluna.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Tímamörk

Þessi tilskipun gildir að því er varðar allar frumgerðir listaverka samkvæmt skilgreiningu 2. gr. sem njóta enn verndar 1. janúar 2006 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar eða sem fullnægja viðmiðunum fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar á þeim degi.

11. gr.

Endurskoðunarákvæði

1. Eigi síðar en 1. janúar 2009 og á fjögurra ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar með sérstöku tilliti til samkeppnishæfni markaðar bandalagsins á sviði nútíma- og samtímalistar, einkum með tilliti til stöðu bandalagsins samanborið við hliðstæða markaði, þar sem fylgiréttinum er ekki beitt, og eflingar listrænnar sköpunar og stjórnunaraðferða í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin skal einkum rannsaka áhrif tilskipunarinnar á innri markaðinn og afleiðingar tilkomu fylgiréttarins í þeim aðildarríkjum þar sem hann var ekki í gildi samkvæmt landslögum fyrir gildistöku þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um að laga lágmarksfjárhæðina og fylgiréttargjaldið að breytingum á þessu sviði, tillögur varðandi hámarksfjárhæðina, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr., og hverjar þær tillögur sem hún kann að telja nauðsynlegar til að efla skilvirkni þessarar tilskipunar.

2. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

3. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

— að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

— að greiða fyrir skiptum á upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um þá framvindu sem máli skiptir á vettvangi listmarkaðarins í bandalaginu.

12. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á birtingardegi hennar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	C. PICQUÉ
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB sem fjallar um rétt höfundar til þóknunar í þeim tilvikum þegar frumgerð listaverks sem hann er höfundur að er seld.

Samkvæmt 25. gr. b núgildandi höfundalaga skal fylgja þeirri meginreglu þegar listaverk er selt á listaverkamarkaði að listaverkasali haldi eftir 10% af andvirði sölunnar sem fylgi-

réttargjaldi sem Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna, eða annar sjóður með sambærilegt hlutverk, innheimtir af honum og skilar til höfundar að frádreginni innheimtuþóknun. Um listaverk sem selt er á uppboði gilda sérákvæði laga um verslunaratvinnu.

Í fumvarpinu er lagt til í fyrsta lagi að taldar séu upp ýmsar tegundir listaverka sem meginreglan nái til án þess að upptalning sé tæmandi. Í öðru lagi eru lögð til ákveðin fjárhæðarmörk á fylgiréttargjald og að hlutfallið lækki í þrepum úr 10% í 0,25% með hækkandi söluverði. Í þriðja lagi eru lagðar til ýmsar tæknilegar breytingar á fyrirkomulagi innheimtu sem verður áfram á hendi samtaka rétthafa.

Litið hefur verið svo á að tekjur af fylgiréttargjaldi skv. 25. gr. b höfundalaga væru ríkistekjur og eru þær sýndar í fjárlögum og ríkisreikningi á lið 02-977-1.13. Fylgiréttargjald í Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef. Í fjárlögum 2006 eru áætlaðar fyrir 2,6 m.kr. tekjur af gjaldinu en þær voru 1,2 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 2004 og 0,4 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 2003. Fjármálaráðuneytið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á tekjunum verði frumvarpið að lögum.

975. Fyrirspurn [665. mál]

til heilbrigðisráðherra um barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Frá Fannýju Gunnarsdóttur.

1. Hvernig standa byggingarmál barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, sér fyrir endann á framkvæmdum?
2. Fjölgar stöðugildum við deildina eftir stækkun hennar?
3. Er ætlunin að vinna fljótt upp biðlista, auka og efla þjónustuna, t.d. með því að fjölga innlögnum, auka göngudeildarþjónustu, efla aðstoð við foreldra og systkini og auka eftirfylgd, t.d. út í skólana?
4. Má eiga von á því að alltaf verði um einhverja biðlista að ræða?

Skriflegt svar óskast.

976. Frumvarp til laga [666. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru, er haldin hjá sýslumanninum á Ísafirði.

2. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: brúttótonn.

3. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þinglýsing skjala, er varða skip 5 brúttótonn eða stærra, skal fara fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Sýslumanninum á Ísafirði er heimilt, þegar ytri aðstæður hamla eðlilegum flutningi skjala til Ísafjarðar, að taka til dagbókarfærslu skjöl varðandi skip, er borist hafa honum á rafrænan hátt frá öðru sýslumannsembætti. Það sýslumannsembætti sér um að senda frumrit skjalsins til sýslumannsins á Ísafirði. Skjalinu verður ekki þinglýst fyrr en frumrit berst.

Ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 34/1985 halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skip, 5 brúttótonn og stærri.**

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 brúttótonn, skal þinglýst við embætti sýslumannsins á Ísafirði. Sýslumanninum á Ísafirði er þó heimilt að taka til dagbókarfærslu skjöl er varða skip, er borist hafa honum á rafrænan hátt frá öðru sýslumannsembætti.

b. Í stað orðsins „rúmlestir“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: brúttótonn.

7. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 44. gr. laganna kemur: brúttótonn.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 brúttótonna flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingarstjóri senda óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutnings skips milli umdæma.

b. 3. mgr. fellur brott.

9. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 brúttótonn.**

10. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í d-lið 49. gr. laganna kemur: brúttótonn.

II. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingarstjórum hér á landi“ í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: sýslumanninum á Ísafirði.

12. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra hér á landi“ í 3. mgr. 1. gr. a laganna kemur: sýslumanninum á Ísafirði.

13. gr.

Orðið „hlutaðeigandi“ í 5. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í því þinglýsingaumdæmi þar sem skip á eða átti heimilisfang“ í 2. mgr. kemur: við sýslumannsembættið á Ísafirði.
b. 3. mgr. fellur brott.

15. gr.

Orðið „hlutaðeigandi“ í 1. málsl. 16. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI

Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 3. gr. laganna kemur: brúttótonn.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

17. gr.

Í stað orðsins „rúmlestir“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: brúttótonn.

18. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Beiðni um nauðungarsölu á skipi, sem er skrásett hér á landi, skal beint til sýslumannsins á Ísafirði. Sýslumaðurinn á Ísafirði getur ákveðið að nauðungarsala fari fram hjá öðrum sýslumanni, sé sá samþykkur að taka við sölumeðferð og unnt sé að sýna fram á hagsmuni af því að salan fari þar fram. Ef framkvæmd nauðungarsölu flyst milli umdæma þarf ekki að endurtaka þær athafnir sem hafa þegar farið fram.

V. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

19. gr.

Í stað orðsins „brúttósmálestum“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: brúttótonnum.

VI. KAFLI
Gildistaka.
20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. júlí 2006 skulu sýslumenn færa inn í miðlægan þinglýsingargagnagrunn skipa allar gildandi þinglýsingarupplýsingar um skip og senda sýslumanninum á Ísafirði öll skjöl sem varða þinglýsingar skipa í þeirra umdæmi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af starfshóp sem samgönguráðherra og dómsmálaráðherra tilnefndu í lok desember 2005, en í hópnum sátu fulltrúar frá samgönguráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, sýslumanninum á Ísafirði og Siglingastofnun Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er einkum:

1. Að taka upp samræmdan þinglýsingargagnagrunn fyrir skip í gegnum Landskrá fasteigna, sem er gagna- og upplýsingakerfi á tölvutæku formi, en Fasteignamat ríkisins annast rekstur þess. Samkvæmt gildandi lögum skal Landskrá fasteigna skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar, þinglýsinga og mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands og þjóðskrár. Í dag er þinglýsingarbók fyrir skip aðeins tölvufærð hjá fjórum sýslumannsembættum en hjá öðrum embættum er þinglýsingarbókin lausblaðabók. Með þessu móti er stefnt að því að upplýsingar um skip verði ekki skráðar hjá mörgum opinberum aðilum.
2. Að einfalda framkvæmd þinglýsingar vegna skipa með því að leggja til að færsla þinglýsingarbóka skipa og báta verði hjá einu sýslumannsembætti, sýslumanninum á Ísafirði, í stað 27 sýslumannsembætta eins og nú er. Með því móti er framkvæmd þinglýsinga einfölduð og sköpuð skilyrði til samræmingar og sérþekkingar á þinglýsingum vegna skipa og ekki verður lengur nauðsynlegt að senda frumrit skipsskjala á milli sýslumannsembætta þegar skip eru seld á milli skráningarumdæma. Eftir sem áður er miðað við að hvert og eitt sýslumannsembætti geti gefið út veðbókarvottorð vegna skipa og báta. Lagt er til grundvallar að þinglýsing skipa fari fram hjá sýslumanninum á Ísafirði, óháð því hvort um er að ræða skip undir eða yfir 5 brúttótonnum, en einungis þegar um skráningarskyld skip er að ræða, sbr. 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa.
3. Gert er ráð fyrir að sýslumaðurinn á Ísafirði geti móttekið skjöl með rafrænum hætti frá öðrum sýslumannsembættum og fært skjöl í dagbók á grundvelli rafrænna gagna. Tilgangur þessa er að gera þjónustuþega jafnsetta án tillits til búsetu, en eigendur skipa eru um land allt.
4. Að tryggja samræmi milli aðalskipaskrár og þinglýstra heimilda um skip. Miðað er við að þinglýsingargagnagrunnurinn verði samtengdur aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands og að skrifstofa Siglingastofnunar á Ísafirði verði í húsnæði sýslumannsins á Ísafirði og annist skráningar í aðalskipaskrá og verður því aðalskipaskrá og þinglýsingarbók skipa og báta haldin á einum og sama stað. Með því móti er framkvæmd þinglýsinga einfölduð og verður ekki lengur nauðsynlegt að senda tilkynningar um breytta skráningu frá Siglingastofnun til annarra sýslumannsembætta og tilkynningar um þinglýsingar frá sýslumannsembættum til Siglingastofnunar. Eftir sem áður er miðað við að útskrift úr aðalskipaskrá og afgreiðsla útstrikunarvottorða geti auk þess farið fram á skrifstofu Siglingastofnunar í Kópavogi.

5. Að einfalda framkvæmd nauðungarsölu á skráðum skipum með því að þær verði alfarið hjá sýslumanninum á Ísafirði. Nauðungarsala skipa er nátengd þinglýstum kvöðum og eignarheimildum þeirra og þykir eðlilegt að uppboðin fari fram þar sem upplýsingar og gögn um þinglýsingar á skipum er að finna.

Siglingastofnun Íslands heldur aðalskipaskrá yfir öll skip sem skráð eru samkvæmt lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa. Sýslumenn þinglýsa eignarheimildum og kvöðum á skip, hver í sínu umdæmi. Þegar skip er frumskráð hjá Siglingastofnun ber stofnunni að senda „hlutaðeigandi þinglýsingastjóra" tilkynningu um skráninguna og á sama hátt ber stofnuninni að tilkynna síðari breytingar á skráningarumdæmi skips. Á sýslumönnum hvílir einnig tilkynningarskylda til Siglingastofnunar í hvert sinn er breytingar verða á eigendaskráningu skipa. Framkvæmd þessara tilkynninga verður einfaldari nái frumvarpið fram að ganga, eins og áður er komið fram.

Sýslumannsumdæmin eru 27 og heldur hver sýslumaður skipabók yfir þau skip sem skráð eru í umdæminu. Ef skip er selt á milli umdæma þarf að senda „öll skjöl sem í gildi eru" varðandi skipið frá sýslumanni í eldra umdæmi til sýslumanns í hinu nýja umdæmi. Oft ber aðalskipaskrá Siglingastofnunar og skipabókum sýslumanna ekki saman um eignarheimild svo vikum og mánuðum skiptir. Öll skjöl verða kyrr á sama stað verði frumvarp þetta að lögum. Lagt er til með frumvarpi þessu að eignarheimilda- og veðbandaskráning skipa verði hluti af Landskrá fasteigna sem Fasteignamat ríkisins hefur komið á fót. Sú skráning leysir þó ekki þann vanda að frumrit skipsskjala eru send milli sýslumannsembætta þegar skip eru seld milli umdæma til þess að skrá sama skipið inn hjá ýmsum sýslumönnum, auk þess sem misbrestur er á að eigendaskipti séu tilkynnt tímanlega til Siglingastofnunar og þar með sýslumanna.

Siglingastofnun og sýslumaðurinn á Ísafirði telja að unnt verði að leysa vandamál í tengslum við skráningu og þinglýsingu skipa með því að einfalda umsýsluna á þann veg að skrifstofa Siglingastofnunar á Ísafirði sjái um færslu aðalskipaskrár og embætti sýslumannsins á Ísafirði sjái um allar þinglýsingar á réttindum tengdum skráðum skipum. Ísafjörður og Reykjavík eru einu staðirnir á landinu þar sem þessi starfsemi fer saman. Nú þegar eru haffæriskírteini fyrir allt landið gefin út á Ísafirði. Sýslumaðurinn á Ísafirði getur lagt til sérfræðiþekkingu með löglærðum fulltrúum sínum, auk þess sem rými er til frekari verkefna innan embættisins.

Við fyrstu sýn mætti ætla að óhagræði gæti orðið samfara breyttum lögum fyrir þá sem þinglýsa þurfa breytingum á eignarhaldi skipa. Því mun þó ekki þannig varið því að staðreyndin er sú að samningar um kaup og sölu skipa eru flestir gerðir hjá báta- og skipasölum í Reykjavík og Hafnarfirði. Því þarf að senda skjöl þaðan til viðkomandi sýslumanna úti á landi og þá jafnvel til tveggja, ef kaupandi og seljandi eru búsettir hvor í sínu umdæminu. Ekki ætti því að verða mikil breyting á, þegar aðeins þarf að senda skjölin á einn stað. Jafnframt er gert ráð fyrir því að unnt verði að senda skjöl með rafrænum hætti frá sýslumannsembættum víðsvegar um landið til sýslumannsins á Ísafirði til þess að stytta afgreiðslutíma og jafna aðstöðu viðskiptamanna um land allt.

Samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafna, skráningarskylt. Mismunandi reglur gilda um stofnun og rétt eignarhafta á skrásettum skipum eftir því hvort skipin eru 5 rúmlestir eða stærri eða minni en 5 rúmlestir. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta viðmiðuninni í 5 brúttótonn, en ekki er gert ráð fyrir neinni efnisbreytingu á fyrrnefndum reglum og munu þær taka til svipaðs fjölda skipa og verið hefur. Um nánari ástæður þess að breyta úr rúmlestum í brúttótonn vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til að taka af tvímæli er lagt til að bætt verði við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna: „er haldin hjá sýslumanninum á Ísafirði".

Um 2. gr.

Mælieiningin rúmlestir er á undanhaldi. Reglur nr. 244/1987, um mælingar skipa, kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli mæla skip samkvæmt alþjóðasamþykkt um mælingu skipa (International Convention on Tonnage Measurement of Ships) sem undirrituð var í Lundúnum 23. júní 1969 og tók gildi 18. júlí 1982. Í þessum reglum felst að taka þarf upp brúttótonn í stað brúttórúmlesta í mælingum skipa. Vegna mismunandi mælireglna á rýmum í skipum er reiknistuðull fyrir umreikning úr rúmlestum í brúttótonn ekki einhlítur. Hér er lagt til að í stað 5 rúmlesta viðmiðunar komi 5 brúttótonna viðmiðun. Samkvæmt aðalskipaskrá eru um 722 skráð skip minna en 5 rúmlestir. Sé miðað við 5 brúttótonn eru 885 skip innan þeirra marka. Skráðum skipum í þessum neðsta flokki fjölgar því nokkuð, en þar sem þetta hefur fyrst og fremst þýðingu varðandi þinglýsingar og ekki þarf að greiða stimpilgjald af skráningu kaupsamninga og afsala er þessi breyting ekki íþyngjandi fyrir þau skip er færast í neðri flokkinn.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 5 brúttótonn komi í stað 5 rúmlesta, sbr. athugasemdir við 2. gr. Þá er lagt til að þinglýsing skjala er varða skráningarskyld skip 5 brúttótonn eða stærri skuli fara fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Í 6. gr. er hið sama lagt til varðandi skráningarskyld skip undir 5 brúttótonn að stærð. Þetta þýðir í raun að þinglýsingu skjala varðandi öll skráningarskyld skip (þ.e. 6 metrar og lengri) er ætlað að fara fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Þinglýsingar vegna skipa sem ekki eru skráningarskyld og skipa sem ekki hafa verið skrásett munu áfram verða í umsjá viðkomandi sýslumanna, sbr. VII. kafla laganna. Ekki er talið unnt að færa þessar þinglýsingar til Ísafjarðar því óskráð skip er eins og hvert annað lausafé og skortir allar merkingar, tilgreiningar og auðkenni sem gerð er krafa um við skráningu skipa. Vilji eigandi skrá skip sem ekki er skráningarskylt þá er honum það heimilt samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985.

Lagt er til að heimilt sé fyrir sýslumannsembættið á Ísafirði að dagbókarfæra skjal þrátt fyrir að ekki sé um frumrit að ræða. Heimildin er bundin því að ekki sé fært að koma frumriti skjals með eðlilegum hætti, t.d. vegna ófærðar, til sýslumannsins á Ísafirði. Þinglýsingarbeiðandi geti þá snúið sér til annars sýslumannsembættis sem sér um að skanna skjalið inn og senda frumritið með pósti til sýslumannsins á Ísafirði. Skjalið telst fyrst afhent þegar sýslumaðurinn á Ísafirði móttekur skannaða skjalið og önnur skilyrði móttöku eru uppfyllt, svo sem greiðsla gjalda skv. 14. gr. og ekki ber að vísa því frá skv. 6. gr. Það sýslumannsembætti sem skannar skjalið og sendir tekur ekki afstöðu til þess hvort skjalið sé tækt til þinglýsingar né móttekur gjöld skv. 14. gr. Þinglýsingarstjóri getur ekki þinglýst skjalinu fyrr en frumritið berst.

Í 2. efnismálsgr. er lagt til að vísað verði til 4. og 5. gr. gildandi siglingalaga, nr. 34/1985, í stað 5. og 6. gr. eldri siglingalaga, nr. 66/1963.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður þinglýsingarstjóri aðeins einn og er því lagt til að 3. málsl. 1. mgr. 42. gr. falli brott.

Nái frumvarpið fram að ganga þarf ekki að senda skjöl á milli þinglýsingarstjóra og er því lagt til að 2. mgr. 42. gr. falli brott.

Um 5. gr.

Sjá athugasemdir við 2. gr.

Um 6. gr.

Hér er í a-lið lagt til að skjölum er varða skrásett skráningarskyld skip minna en 5 brúttótonn skuli þinglýst við embætti sýslumannsins á Ísafirði. Þetta er í samræmi við breytingar á 41. gr þinglýsingarlaganna, sbr. athugasemdir við 3. gr.

Í b-lið er lagt til að orðið brúttótonn komi í stað rúmlestir. Vísað til þess sem áður er sagt í athugasemdum við 2. gr.

Um 7. gr.

Sjá athugasemdir við 2. gr.

Um 8. gr.

Í a-lið er lagt til að í 1. málsl. 1. mgr. 45. gr. komi brúttótonn í stað rúmlesta. Jafnframt er 2. málsl. umorðaður með tilliti til þess að þinglýsingarstjóri verður aðeins einn, í stað margra áður.

Í b-lið er lagt til að 3. mgr. 45. gr. falli brott því ekki verður um neinn „fyrri" þinglýsingarstjóra að ræða.

Um 9. og 10. gr.

Sjá athugasemdir við 2. gr.

Um 11.–15. gr

Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar á lögum um skráningu skipa sem leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til á þinglýsingalögum í I. kafla frumvarpsins um að þinglýsingarstjóri verði aðeins einn, þ.e. sýslumannsembættið á Ísafirði.

Um 16. og 17. gr.

Hér er lagt til að í stað „rúmlesta" komi „brúttótonn" í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í I. kafla þessa frumvarps um breytingar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og vísast til athugasemda við 2. gr.

Um 18. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum flytjast allar þinglýsingar skráðra skipa til sýslumannsins á Ísafirði. Allar upplýsingar um þinglýsingar skráðra skipa verða því hjá sýslumanninum á Ísafirði sem mun halda þinglýsingarbók skipa gegnum gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna sem verður samtengd aðalskipaskrá Siglingastofnunar. Aðrir sýslumenn hætta að halda þinglýsingarbók skipa í núverandi mynd og er því lagt til að sýslumaðurinn á Ísafirði annist alla uppboðsmeðferð á skráðum skipum. Uppboð á skipum fer að öllu jöfnu fram á skrifstofu sýslumanns, burtséð frá því hvar skip er statt hverju sinni. Í 3. mgr. 18. gr. nauðungarsölulaganna segir að beiðni um nauðungarsölu á loftfari, sem skrásett er hér á landi, skuli beina til sýslumannsins í Reykjavík, en hjá því embætti fara fram allar þinglýsingar varðandi skráð loftför. Hér er lagt til að sami háttur verði hafður hvað skip varðar, þ.e. að öll-

um beiðnum um nauðungarsölu skuli beint til sýslumannsins á Ísafirði. Þó er gert ráð fyrir að sýslumaðurinn á Ísafirði geti heimilað í undantekningartilvikum að lokasala skipa geti farið fram hjá öðrum sýslumanni, sé sá samþykkur að taka við sölumeðferðinni.

Hér er lagt til að 2. og 3. málsl. 2. mgr. 18. gr. falli brott. Þar sem gert er ráð fyrir því að nauðungarsölumeðferð fari að meginstefnu til fram hjá sýslumanninum á Ísafirði skiptir ekki máli lengur í hvaða umdæmi skip er skráð og ákvæði vegna flutnings skipa á milli umdæma eru því ekki lengur nauðsynleg.

Um 19. gr.

Lagt er til að í stað „brúttósmálestum“ í 1. mgr. 16. gr. komi „brúttótonnum“. Vísað er til athugasemda við 2. gr.

Um 20. gr.

Lagt er til, verði frumvarpið að lögum, að það taki gildi 1. júní 2006. Eftir þann tíma fer færsla aðalskipaskrár fram hjá Siglingastofnun á Ísafirði. Þinglýsingar vegna skipa verða gerðar hjá sýslumanninum á Ísafirði í miðlægan gagnagrunn Landskrár fasteigna og sýslumannsembættið á Ísafirði mun jafnframt annast uppboðsmeðferð á skipum í flestum tilvikum. Útskrift úr þinglýsingarbókum og afgreiðsla veðbókarvottorða verður áfram hjá hverju og einu sýslumannsembættanna og jafnframt er miðað við að einstaklingar og fyrirtæki geti keypt aðgang að þinglýsingargrunninum í samræmi við reglur sem um það verða settar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.

Markmiðið með frumvarpinu er m.a. að taka upp samræmdan þinglýsingagagnagrunn fyrir skip í gegnum Landskrá fasteigna og einfalda framkvæmd þinglýsingar skipa. Lagt er til grundvallar að þinglýsing skipa fari fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Breytingarnar eiga við um lög nr. 39/1978, nr. 115/1985, nr. 34/1985, nr. 90/1991 og nr. 36/1978. Með breytingu á mælieiningu skipa fjölgar þeim skipum sem eru undanþegin stimpilgjöldum og munu því tekjur ríkissjóðs af þeim minnka óverulega. Áætlað er að kostnaður Sýslumannsins á Ísafirði aukist um 2,8 m.kr. þar sem starfsemin fari fram þar í stað 27 sýslumannsembætta eins og nú er. Ætti kostnaður annarra embætta því að lækka og kostnaðaáhrif verða óveruleg.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér óverulag áhrif á útgjöld fyrir ríkissjóð.

977. Frumvarp til laga [667. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er beiðni um aðstoð lögð fram á grundvelli samnings Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókunar við hann frá 16. október 2001 og skal þá fylgja þeirri málsmeðferð sem það ríki sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við íslensk lög. Verða skal við beiðnum um skýrslutöku vitna eða sérfræðinga í síma eða á myndfundi eftir því sem unnt er. Yfirheyrsla í síma skal einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum, vegna frekari þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 (hér eftir nefndur samningurinn) og bókun við þann samning frá 16. október 2001. Samningurinn og bókunin eru birt sem fylgiskjal með frumvarpinu. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við samgönguráðuneytið vegna álitaefna er lúta að hlerun fjarskipta. Þess ber að geta að ekki eru lagðar til breytingar á lögum um fjarskipti að svo stöddu.

Samningurinn var samþykktur af ráðherraráði Evrópusambandsins og undirritaður af aðildarríkjum þess hinn 29. maí 2000 (Stjórnartíðindi EB C 197, 12. júlí 2000, bls. 1). Í 2. gr. samningsins eru rakin þau ákvæði samningsins sem breyta eða byggjast á þeim Schengen-gerðum sem um getur í viðauka A við samninginn milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðarnefndu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (Brussel-samningnum). Skv. 3. mgr. 2. gr. Brussel-samningsins skulu Ísland og Noregur samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum við samninginn.

Sama dag og samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins var samþykktur og undirritaður af aðildarríkjum Evrópusambandsins samþykktu Ísland og Noregur samninginn að því leyti sem hann tekur til landanna vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu og lýstu því jafnframt yfir að gripið yrði til nauðsynlegra ráðstafana til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningnum. Með lögum nr. 45 19. maí 2001 voru gerðar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum vegna þeirra ákvæða samningsins sem tóku til Íslands. Þegar hafa því verið gerðar nauðsynlegar lagabreytingar vegna ákvæða samningsins sem breyta eða byggjast á Schengen- gerðum samningsins. Ákvæðin eru 3. gr., sem felur í sér að gagnkvæma réttaraðstoð skuli einnig

veita í refsimálum til úrlausnar hjá stjórnvöldum og í málum vegna refsiábyrgðar lögaðila, 5. gr. um sendingu og afhendingu málsskjala, 6. gr. um sendingu beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð, 7. gr. um miðlun upplýsinga án formlegrar beiðni, 12. gr. um afhendingu undir eftirliti, og 23. gr. um vernd persónuupplýsinga. Að því er varðar afhendingu undir eftirliti skv. 12. gr. gilda einnig ákvæði 15. gr. samningsins um refsiábyrgð opinberra starfsmanna og 16. gr. um skaðabótaábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

Hinn 16. október 2001 var samþykkt af ráðherraráði Evrópusambandsins og undirrituð af aðildarríkjum þess bókun við samninginn (Stjórnartíðindi EB C 326, 21. nóvember 2001, bls. 1). Skv. 15. gr. bókunar felast í 8. gr. bókunar (skattabrot) ráðstafanir sem breyta eða byggjast á þeim Schengen-gerðum sem um getur í viðauka A við Brussel-samninginn. Hinn 15. febrúar 2002 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykkt Íslands á gerð ráðsins frá 16. október 2001 um bókun við samninginn og þann 25. janúar 2002 var birt auglýsing um gerðina.

Á árinu 2003 hófust viðræður milli framangreindra aðila um frekari aðild Íslands og Noregs að samningnum og bókun við hann. Þann 19. desember 2003 var undirritaður samningur milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar um beitingu þeirra ákvæða samningsins og bókunar hans sem fyrrnefnd ríki höfðu ekki þegar innleitt í gegnum Schengen-samstarfið. Samningurinn frá 19. desember 2003 tók til beitingar ákvæða 4., 8.–11., 13.–22., og 25.–26. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000, svo og ákvæða 1. og 24. gr. að því marki sem þær greinar varða hinar greinarnar og síðan til ákvæða 1.–5. mgr. 1. gr., 2.–7. gr., 9. og 11.–12. gr. bókunar við samninginn.

II. Markmið og efni samnings Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum og bókunar.

Markmið samningsins er að bæta og auka réttaraðstoð milli ríkjanna í sakamálum á þeim grundvelli sem þegar er fyrir hendi. Gagnkvæm réttaraðstoð í sakamálum hvílir einkum á Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, ásamt viðbótarbókun frá 17. mars 1978 og samningi frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 15. júní 1985 (Schengen-samningnum). Samningurinn byggist á framangreindum samningum, en með tilliti til nýrra aðstæðna gerir hann ráð fyrir fleiri aðstæðum þar sem réttaraðstoðar getur verið óskað og með nýjum úrræðum er réttaraðstoð gerð fljótari, sveigjanlegri og árangursríkari en verið hefur. Ákvæðum 3.–9. gr. samningsins er ætlað að ná þessu markmiði. Ákvæði 3., 5., 6. og 7. gr. hafa þegar verið innleidd hér á landi en þau fela í sér breytingu á Schengen-reglum sem gilda á þessu sviði, sbr. athugasemdir í I. kafla.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skal þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt það aðildarríki sem beiðni er beint til uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega.

Samkvæmt 8. gr. samningsins um skil getur aðildarríki orðið við beiðni um að afhenda öðru aðildarríki hluti til umráða sem fengnir voru með ólögmætum hætti með það í huga að þeim verði skilað til réttmætra eigenda, með fyrirvara um réttindi þriðja aðila í góðri trú. Þá geta aðildarríki gert með sér samning um tímabundinn flutning manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar, sbr. 9. gr. samningsins. Samningnum er ætlað að taka mið af þeim miklu tæknibreytingum sem orðið hafa á síðustu árum. Samningsaðilum er gert kleift að nýta sér þá þróun. Þannig getur réttaraðstoðar verið óskað og hún veitt með yfirheyrslu á myndfundi, sbr. 10. gr. samningsins. Þá getur yfirheyrsla vitna og sérfræðinga farið fram á símafundi, sbr. 11. gr. Samningnum er einnig ætlað að taka mið af nýjum aðstæðum sem skapast hafa við afnám eftirlits á sameiginlegum landamærum í kjölfar Schengen-samningsins. Frjáls för

íbúa samningsaðila hefur leitt til breyttrar afbrotastarfsemi og sú þróun kallar á nýjar reglur sem gera yfirvöldum kleift að takast á við breyttar aðstæður. Þegar hefur verið innleidd 12. gr. samningsins um afhendingu undir eftirliti við rannsókn sakamála vegna brota sem leitt geta til framsals, sbr. athugasemdir í I. kafla. Þá heimilar samningurinn aðildarríkjum, með gagnkvæmu samkomulagi, að koma á fót sérstökum sameiginlegum rannsóknarhópum, sbr. 13. gr. Aðildarríki geta einnig komið sér saman um að aðstoða hvort annað við rannsókn sakamáls með því að nota lögreglumenn sem starfa leynilega eða undir fölsku flaggi (rannsókn með aðstoð flugumanna), sbr. 14. gr. samningsins. Um réttarstöðu slíkra rannsóknarmanna er fjallað í 15. og 16. gr. samningsins, en þær greinar hafa þegar verið innleiddar hér á landi, sbr. 23. gr. b laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 45 19. maí 2001.

III. bálkur samningsins (17.–22. gr.) hefur að geyma ítarleg ákvæði um hlerun fjarskipta sem taka tillit til þeirra miklu tæknibreytinga sem orðið hafa á sviði farsíma og réttaraðstoð er gerð skilvirkari og um leið árangursríkari hvað varðar hleranir. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 1959 hefur hingað til legið til grundvallar réttaraðstoð milli ríkja en þær skuldbindingar voru ekki taldar fullnægjandi í mörgum tilvikum. Sérstaklega var talin þörf á frekari skuldbindingu ríkja hvað varðar hleranir á sviði farsímakerfa. Á sviði farsíma hafa orðið hvað mestar tæknibreytingar á síðustu árum og að sama skapi eru farsímafjarskipti mikið notuð við framkvæmd refsiverðs athæfis.

Samkvæmt 17. gr. samningsins skal, að því er tekur til beitingar 18., 19. og 20. gr., þar til bært yfirvald merkja dómsmálayfirvald eða, þegar dómsmálayfirvöld hafa ekki lögsögu á því sviði sem ákvæðin ná yfir, sambærilegt þar til bært yfirvald sem tilgreint hefur verið af ríki og vinnur að rannsókn sakamáls. Hér á landi væri þar til bært yfirvald dómsmálaráðuneytið, nema annað sé ákveðið með samningi við annað ríki. 18. gr. samningsins fjallar um beiðnir um hlerun fjarskipta í þágu rannsóknar sakamáls í öðru ríki. 19. gr. fjallar um hlerun fjarskipta á eigin yfirráðasvæði með aðstoð þjónustuveitenda og 20. gr. fjallar um tilkynningar um hlerun fjarskipta án tæknilegrar aðstoðar annars aðildarríkis. Skv. 21. gr. skal það aðildarríki sem leggur fram beiðni bera kostnað sem fjarskiptafyrirtæki eða þjónustuveitendur stofna til þegar orðið er við beiðnum skv. 18. gr. Í 22. gr. samningsins er tiltekið að framangreind ákvæði komi ekki í veg fyrir tvíhliða eða fjölþjóðlega samninga milli aðildarríkjanna til þess að auðvelda að tæknilegir möguleikar séu nýttir í nútíð og framtíð að því er varðar löglega hlerun fjarskipta.

Við gerð reglna um hlerun fjarskipta var sérstaklega hugað að tvenns konar aðstæðum:

1. Tilvik þar sem aðildarríki býr ekki yfir tækni til að hlera með beinum hætti fjarskipti sem eru frá eða móttekin á yfirráðasvæði þess. Hlerun á fjarskiptum sem fram fara í gegnum gervihnött krefst aðeins einnar aðgerðar með uppsetningu tæknibúnaðar, svokallaðrar gáttar (e. gateway), og skiptir þá ekki máli hvar sá sem hlera skal hjá kann að vera staðsettur. Gáttin gerir það mögulegt að koma á jarðstöð (e. satellite link) og geta fjarskipti farið fram á mjög stóru svæði. Ríki, sem fellur undir það svæði sem gervihnötturinn nær til en hefur ekki gátt, væri ekki tæknilega unnt að hlera beint fjarskipti sem eru frá eða móttekin í gegnum gervihnattasíma (e. satellite telephone) á yfirráðasvæði þess. Samningurinn gerir hlerun slíkra fjarskipta mögulega með tvennum hætti: (i) aðildarríki getur í hverju tilviki fyrir sig beðið um aðstoð þess ríkis þar sem gáttin er; (ii) fjarskiptafyrirtæki setur upp aðgang að gáttinni, nokkurs konar fjarstýringu. Þessi búnaður gerir ríki kleift að gefa fyrirmæli um hlerun í gegnum gátt sem staðsett er utan yfirráðasvæðis þess. Fyrirmælin geta verið gefin til þess fyrirtækis eða fyrirtækja (þjónustuveitenda samkvæmt samningnum) sem veita gervihnattafjarskiptaþjónustu á hverju

landsvæði, með því skilyrði að þau framfylgi fyrirmælum um hlerun sem eru sett fram með lögmætum hætti af þar til bærum yfirvöldum. Notkun slíkrar fjarstýringar skal takmörkuð við fjarskipti send eða móttekin á yfirráðasvæði þess ríkis sem notar fjarstýringuna. Þannig getur það ríki sem hefur fjarstýringuna einungis hlerað fjarskipti sem eru frá eða móttekin á yfirráðasvæði þess. Samkvæmt samningnum skulu aðildarríki sjá til þess að fjarskiptakerfi, sem eru starfrækt um gátt á yfirráðasvæði þeirra og veita ekki beinan aðgang til að hlera löglega fjarskipti manns, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti veitt því aðildarríki beinan aðgang til að hlera löglega með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess. Þar til bær yfirvöld aðildarríkis skulu hafa, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við gildandi landslög og að því tilskildu að sá sem hlerað er hjá sé staddur í því aðildarríki, heimild til hlerunar með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess án afskipta aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er, sbr. 19. gr. samningsins. Samkvæmt samningnum er uppsetning slíkrar fjarstýringar valfrjáls, en það kemur í hlut aðildarríkjanna að meta þörfina á að koma á og nota þennan möguleika til hlerunar hjá þeim sem eru staddir á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki, í eigin þágu eða fyrir annað ríki, getur tæknilega séð hlerað fjarskipti sem eru frá eða móttekin á öðru yfirráðasvæði en sínu eigin, án þess að þurfa aðstoð þess síðarnefnda. Slíkar aðstæður geta komið upp á mismunandi vegu. Þannig getur maður verið staddur á yfirráðasvæði annars ríkis, en fjarskiptin fara fram á yfirráðasvæði ríkis sem annast hlerun. Hefðbundin farsímanet, eins og GSM-farsímakerfi, gera hlerun erlendis mögulega, t.d. á landamærasvæðum, þar sem það svæði sem þau ná til samsvara ekki nákvæmlega landamærum. 20. gr. samningsins kveður á um tilkynningarskyldu þess ríkis sem annast hlerun í slíkum tilvikum.

Bókun við samninginn er viðbótarráðstöfun á sviði gagnkvæmrar réttaraðstoðar í sakamálum til að berjast gegn afbrotum. Bókuninni er sérstaklega ætlað að taka til skipulagðrar brotastarfsemi, peningaþvættis og efnahagsbrota. 1. gr. bókunar fjallar um beiðni um upplýsingar um bankareikninga og skyldu aðildarríkja til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta veitt aðildarríki slíkar upplýsingar, að vissum skilyrðum uppfylltum. Þá fjallar 2. gr. bókunar um beiðni um upplýsingar um bankaviðskipti og 3. gr. um beiðni um eftirlit með bankaviðskiptum. 4. gr. bókunar fjallar um trúnaðarkvöð, 5. gr. um upplýsingaskyldu og 6. gr. um viðbótarbeiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð. Skv. 7. gr. skal aðildarríki ekki skírskota til bankaleyndar sem ástæðu til að synja um samvinnu þegar beiðni berst um gagnkvæma réttaraðstoð frá öðru aðildarríki. Þá er aðildarríki ekki heimilt að synja um samvinnu á grundvelli þeirrar ástæðu að um sé að ræða rannsókn á skattabroti, sbr. 8. gr., eða að um sé að ræða stjórnmálaafbrot, sbr. 9. gr.

III. Lagabreytingar vegna þátttöku í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.

Lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum, geyma heimildir til að veita öðrum ríkjum aðstoð vegna reksturs sakamála. Ákvæði laganna endurspegla skuldbindingar Íslands samkvæmt Evrópusamningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og viðbótarbókunar hans frá 17. mars 1978, en Ísland fullgilti samninginn og viðbótarbókun 20. júní 1984. Með lögum nr. 15 14. apríl 2000 voru gerðar breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum vegna Brussel-samningsins, en tiltekin ákvæði Schengen-gerðanna varða réttaraðstoð í sakamálum, sbr. 48.–53. gr. Með lögum nr. 45 19. maí 2001 voru gerðar nauðsynlegar

breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, vegna þeirra ákvæða samnings Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum sem töldust breyta eða byggjast á þeim Schengen-gerðum sem um getur í viðauka A við Brussel-samninginn, eins og fram kemur í I. kafla athugasemda.

Á grundvelli framangreindra laga er í flestu tilliti unnt að fullnægja þeim skuldbindingum sem hvíla á Íslandi vegna fullgildingar samningsins og bókunar hans. Skv. 1. mgr. 22. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er heimilt að ákveða samkvæmt beiðni að ákvæðum laga um meðferð opinberra mála skuli beitt til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki á samsvarandi hátt og í sambærilegum málum hér á landi. Hliðstætt ákvæði er einnig í f-lið 2. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar segir að fara skuli eftir lögunum með erindi frá erlendum dómstólum og yfirvöldum um aðgerðir hér á landi í tengslum við opinber mál. Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum fela í sér nægjanlega heimild til að veita öðrum ríkjum aðstoð vegna reksturs sakamála á grundvelli samningsins og eðli þeirra réttarúrræða sem tiltekin eru í samningnum er í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Ekki er því talin þörf á lagabreytingu vegna eftirfarandi ákvæða samningsins: 8. gr. um skil, 9. gr. um tímabundinn flutning manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar, 13. gr. um sameiginlega rannsóknarhópa og 14. gr. um rannsókn með aðstoð flugumanna. Hins vegar felur 4. gr. samningsins um formleg skilyrði og málsmeðferð við framkvæmd beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð í sér breytingu á núverandi framkvæmd og kallar á breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Jafnframt kalla 10. gr. um yfirheyrslu á myndfundi og 11. gr. um yfirheyrslu vitna og sérfræðinga á símafundi á lagabreytingu.

Í 18. gr. samningsins er gerður greinarmunur á tveimur tilvikum þar sem þar til bært yfirvald í aðildarríki getur lagt fram beiðni til annars aðildarríkis um hlerun. Í fyrsta lagi er beiðni um að fjarskipti séu hleruð og upplýsingar sendar tafarlaust til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni og í öðru lagi að fjarskipti séu hleruð, tekin upp og síðan sé upptakan send aðildarríkinu sem leggur fram beiðni. Fyrra tilvikinu er ætlað að vera meginreglan hér eftir en seinna tilvikið, sem er núgildandi meginregla, verður undantekning hér eftir. Heimild til að leggja fram beiðni fer eftir því hvar sá sem hlera skal hjá er staddur og í ákvæðinu er kveðið á um hvað skuli koma fram í beiðni. Meðal annars þarf að liggja fyrir staðfesting á að lögleg skipun eða heimild til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls.

Með lögum nr. 78 24. maí 2005, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81 26. mars 2003, var fjarskiptafyrirtækjum gert skylt að útvega nauðsynlegan tæknibúnað til hlerunar, sbr. 5. og 6. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga. Orðalag ákvæðisins er almennt. Þar er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að ráða yfir búnaði sem gerir lögreglu kleift að hlera símtöl og afla annarra gagna í fjarskiptanetum síum. Með fjarskiptaneti er átt við sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beina og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðgerðum, sbr. orðskýringu í 3. gr. laganna. Er þannig gerð krafa um að unnt sé að hlera símtal óháð þeirri tækni sem notuð er við flutning þess. Að öðru leyti er ekki vikið að tæknilegum eiginleikum slíks búnaðar, t.d. að mögulegt sé að veita lögreglu beinan aðgang (e. on line) að fjarskiptasendingum eða miðla þeim millilíðalaust til lögregluyfirvalda í öðru ríki. Samkvæmt áliti Póst- og fjarskiptastofnunar er sá búnaður sem fjarskiptafyrirtæki hér á landi ráða yfir þessum eiginleikum gæddur.

19. gr. samningsins fjallar um gagnkvæmar skyldur aðildarríkja samningsins í tengslum við hlerun fjarskipta sem fara um gervihnattasambönd. Það eru svokallaðar gáttir (e. gate-

ways) sem senda og taka á móti fjarskiptamerkjum sem fara um gervihnött. Slíkar gáttir þjóna mjög stórum landsvæðum og er því mögulegt að mörg ríki noti einu og sömu gáttina. Markmið 19. gr. samningsins er að bregðast við þeim aðstæðum þegar aðildarríki hyggst hlera símtal einstaklings sem staddur er á yfirráðasvæði þess en sjálft samtalið fer um gátt sem staðsett er í öðru ríki. Engin gátt er hér á landi og ekki eru líkur til þess að svo verði í náinni framtíð, fyrst og fremst vegna legu landsins. Ekki er því þörf sérstakra lagabreytinga vegna 19. gr. samningsins, a.m.k. að svo stöddu. Stefnt er að því að kanna nánar hvort ástæða sé til að setja í fjarskiptalögin ákvæði um tæknilega eiginleika hlerunarbúnaðar en slíkar breytingar þykja ekki tímabærar.

Í II. kafla athugasemda var fjallað um efni 20. gr. samningsins og tilkynningarskyldu ríkis sem annast hlerun í ákveðnum tilvikum. Þar sem ákvæðið kveður einungis á um tilkynningarskyldu ríkis sem annast hlerun við ákveðnar aðstæður og ekki verður gagnályktað frá ákvæðinu að hlerun sé heimil í öðrum tilvikum en þar greinir er lagabreytinga ekki þörf vegna þátttöku Íslands í samningnum.

Um upplýsingar um bankareikninga, bankaviðskipti og eftirlit með bankaviðskiptum og heimild dómara til að úrskurða að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu í þágu opinberrar rannsóknar gilda ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87 16. júní 1998, 1. mgr. 35. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36 22. maí 2001, 1. mgr. 40. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34 21. apríl 1998, og 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991. Ekki er því þörf á lagabreytingum vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt bókun við samninginn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ný 2. mgr. bætist við 22. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt á grundvelli samnings um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli ríkja Evrópusambandsins skal uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega, að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjóti ekki í bága við íslensk lög. Er þetta í samræmi við 1. mgr. 4. gr. samningsins. Sú regla að við framkvæmd réttaraðstoðar skuli eins og mögulegt er fara eftir óskum þess aðila sem leggur fram beiðni er fráhvarf frá eldri reglu um réttaraðstoð milli ríkja. Skv. 3. gr. Evrópusamnings um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 skal aðilinn sem beiðni er beint til láta framkvæma réttarbeiðni á þann hátt sem lög hans gera ráð fyrir. Tilgangur nýrrar framkvæmdar er að gera það mögulegt að þær upplýsingar sem fást með réttaraðstoð séu tæk sem sönnunargögn í málsmeðferð í því aðildarríki sem biður um aðstoð. Samkvæmt athugasemdum við 4. gr. samningsins skulu hugtökin formleg skilyrði og málsmeðferð túlkuð rúmt. Tekið er sem dæmi þegar ríki óskar eftir því að fulltrúi dómsmálayfirvalda þess ríkis sem leggur fram beiðni verði viðstaddur vitnayfirheyrslu eða fulltrúi verjanda máls. Hins vegar, vegna þeirrar skyldu sem þetta hefur í för með sér fyrir það ríki sem fær beiðni, skal aðildarríki sem leggur fram beiðni einungis óska þeirra skilyrða og málsmeðferðar sem eru nauðsynleg fyrir rannsókn málsins. Aðildarríki sem fær beiðni getur þó alltaf neitað að verða við framangreindum óskum ef formlegu skilyrðin og málsmeðferðin myndi brjóta í bága við grundvallarreglur í aðildarríkinu, svo og ef samningurinn tilgreinir sérstaklega að fylgja eigi reglum aðildarríkis sem beiðni er beint til.

Þá er í ákvæðinu gert ráð fyrir að verða skuli við beiðnum um yfirheyrslu vitna eða sérfræðinga í gegnum síma eða með myndfundi eftir því sem unnt er. Yfirheyrsla í gegnum síma skuli þó einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir. Þetta nýmæli um yfirheyrslur í gegnum síma eða myndfundi er í samræmi við 10. og 11. gr. samningsins.

Markmiðið með 10. gr. samningsins er að vinna bug á erfiðleikum sem upp kunna að koma í sakamálum þegar viðkomandi er í einu aðildarríki og mæting í öðru aðildarríki er óæskileg eða ómöguleg. Beiðni um yfirheyrslu með myndfundi verður gerð við þær kringumstæður þegar dómsmálayfirvöld í því ríki sem leggur fram beiðni þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing og það telst óæskilegt eða ómögulegt fyrir viðkomandi að ferðast til þess ríkis til yfirheyrslu. Þau tilvik sem yfirheyrsla í því ríki sem leggur fram beiðni telst óæskileg geta t.d. átt við þegar vitnið er mjög ungt, mjög aldrað, eða við slæma heilsu. Ómöguleiki getur átt við tilvik þegar vitnið væri sett í hættu með því að mæta í ríkið sem leggur fram beiðni. Verða skal við beiðni um yfirheyrslu vitnis eða sérfræðings með myndfundi eftir því sem unnt er, en skv. 10. gr. samningsins skal ríkið sem beiðni er beint til samþykkja slíka yfirheyrslu að því tilskildu að myndfundir séu ekki í andstöðu við grundvallarreglur landslaga og ef nauðsynlegur tæknibúnaður er til staðar. Skírskotun til grundvallarreglna landslaga leiðir til þess að beiðni verður ekki synjað af þeirri ástæðu einni að ekki sé gert ráð fyrir yfirheyrslu vitna og sérfræðinga með myndfundi í því ríki sem beiðni er beint til, eða ef einu eða fleiri skilyrðum slíkrar yfirheyrslu verður ekki fullnægt samkvæmt lögum þar. Ekki þarf að liggja fyrir samþykki vitnis eða sérfræðings fyrir yfirheyrslu með myndfundi.

Yfirheyrslur í gegnum síma, sbr. 11. gr. samningsins, geta verið sérstaklega gagnlegar við ákveðnar aðstæður, t.d. þegar einfaldra og staðlaðra yfirlýsinga er þörf frá vitninu. Þar að auki er hægt að koma slíkum yfirheyrslum á og framkvæma á nokkuð auðveldan og hagkvæman hátt. 11. gr. samningsins er ekki ætlað að grafa undan þeirri framkvæmd sem tíðkast í sumum aðildarríkjum samningsins, að yfirheyra vitni í gegnum síma erlendis, t.d. á ræðisskrifstofum, án aðstoðar þess ríkis sem vitnið er staðsett í. Verða skal við beiðni um yfirheyrslu vitnis eða sérfræðings í gegnum síma að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við grundvallarreglur landslaga. Samþykki vitnis eða sérfræðings er nauðsynlegt svo yfirheyrsla geti farið fram í gegnum síma, öfugt við það þegar yfirheyrsla fer fram á myndfundi.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

GERÐ RÁÐSINS
um
að koma á, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,
samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum
milli aðildarríkja Evrópusambandsins.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-lið 31. gr. og d-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði aðildarríkjanna,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,[1]

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Til þess að ná markmiðum Evrópusambandsins ætti að endurbæta reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og í þeim tilgangi koma á samningi þeim sem fram kemur í viðaukanum.
2. Nokkur ákvæða samningsins falla undir gildissvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[2]
3. Þetta á við 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, 1. gr.
4. Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,[3] hefur verið virt með tilliti til þessara ákvæða.
5. Þegar Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr. framangreinds samnings verða þessi tvö ríki sérstaklega upplýst um inntak 29. gr. um gildistöku að því er Ísland og Noreg varðar og verður boðið að leggja fram viðeigandi yfirlýsingar skv. 24. gr. samningsins um leið og þau tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

HEFUR ÁKVEÐIÐ að samningnum er hér með komið á en texti hans fylgir með í viðaukanum og hafa fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins undirritað hann í dag,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM TIL aðildarríkjanna að samþykkja hann í samræmi við viðeigandi stjórnskipuleg skilyrði sín,

HVETUR aðildarríkin til þess að hefja viðeigandi málsmeðferð í því skyni fyrir 1. janúar 2001.

Gjört í Brussel hinn 29. maí 2000.

Fyrir hönd ráðsins,
A. COSTA, forseti.

---

[1] Áliti var skilað 17. febrúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).
[2] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[3] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

VIÐAUKI

SAMNINGUR,
SEM RÁÐIÐ KEMUR Á,
Í SAMRÆMI VIÐ 34. GR.
SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ,
UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ Í SAKAMÁLUM
MILLI AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS.

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR samnings þessa, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðsins um að koma á samningi um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

HAFA HUG Á að bæta dómsmálasamstarf í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, sbr. þó ákvæði um verndun einstaklingsfrelsis,

BENDA Á þá sameiginlegu hagsmuni aðildarríkjanna að tryggja að gagnkvæm réttaraðstoð milli aðildarríkjanna sé veitt fljótt og með skilvirkum hætti sem samrýmist grundvallarreglum landslaga þeirra og í samræmi við rétt einstaklinga og meginreglur Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950,

LÁTA Í LJÓS trú sína á skipulagi og starfsemi réttarkerfa sinna og möguleika allra aðildarríkjanna til að tryggja sanngjörn réttarhöld,

EINSETJA SÉR að bæta við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og aðra gildandi samninga á þessu sviði með samningi Evrópusambandsins,

VIÐURKENNA að ákvæði þessara samninga gilda áfram á öllum þeim sviðum sem ekki er fjallað um í samningi þessum,

HAFA Í HUGA að aðildarríkin leggja áherslu á að efla dómsmálasamstarf jafnframt því að virða meðalhófsregluna,

HAFA HUGFAST að með samningi þessum eru settar reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum þar sem byggt er á meginreglum samningsins frá 20. apríl 1959,

HAFA Í HUGA að 20. gr. samnings þessa nær að vísu yfir tiltekin sérstök tilvik um hlerun fjarskipta án þess að hún hafi nein áhrif á önnur slík tilvik sem falla utan gildissviðs samningsins,

HAFA Í HUGA að almennar meginreglur þjóðaréttar eiga við tilvik sem samningur þessi nær ekki yfir,

VIÐURKENNA að samningur þessi hefur ekki áhrif á hvernig aðildarríkin sinna þeirri skyldu sinni að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi og við hvaða aðstæður

hvert aðildarríki ákveður, í samræmi við 33. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að halda uppi lögum og reglu og tryggja innra öryggi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI:

I. BÁLKUR
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Tengsl við aðra samninga um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Markmið þessa samnings er að vera viðbót við eftirfarandi ákvæði og auðvelda beitingu þeirra innan aðildarríkja Evrópusambandsins:

a. Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959, hér á eftir nefndur „Evrópusamningurinn um gagnkvæma aðstoð“;
b. viðbótarbókun frá 17. mars 1978 við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð;
c. ákvæði um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum í samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (hér á eftir nefndur „Schengen-framkvæmdarsamningurinn“) sem eru ekki felld úr gildi skv. 2. mgr. 2. gr.;
d. ákvæði 2. kafla sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum milli Konungsríkisins Belgíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974 (hér á eftir nefndur „Benelúx-sáttmálinn“), að því er varðar samskipti aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins.

2. Þessi samningur hefur hvorki áhrif á beitingu hagstæðari ákvæða tvíhliða eða fjölþjóðlegra samninga milli aðildarríkja né, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 26. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð, samkomulag um gagnkvæma aðstoð í sakamálum á grundvelli samræmdrar löggjafar eða sérstaks kerfis þar sem gert er ráð fyrir gagnkvæmum ráðstöfunum vegna gagnkvæmrar réttaraðstoðar á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

2. gr.

Ákvæði sem tengjast Schengen-gerðunum.

1. Í ákvæðum 3., 5., 6., 7., 12. og 23. gr. og, að því marki sem við kemur 12. gr., í ákvæðum 15. og 16. gr. og, að því marki sem við kemur greinunum sem um getur, í ákvæðum 1. gr. er að finna ráðstafanir sem breyta eða eru byggðar á ákvæðunum sem um getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[1]

2. Ákvæði a-liðar 49. gr. og 52., 53. og 73. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins eru hér með felld úr gildi.

3. gr.

Málsmeðferð þar sem gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt.

1. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt við málsmeðferð stjórnvalda vegna verknaða sem eru refsiverðir samkvæmt lögum þess aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, eða þess sem

---

[1] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

beiðni er beint til eða beggja og teljast brot á lögum sem stjórnvöld geta tekið ákvörðun um og slíkar ákvarðanir geta leitt til málsmeðferðar fyrir þar til bærum dómstóli í sakamálum.

2. Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt í tengslum við meðferð sakamáls og málsmeðferð sem um getur í 1. mgr. að því er varðar verknaði eða brot sem draga má lögaðila til ábyrgðar fyrir í því aðildarríki sem leggur fram beiðni.

4. gr.

Formleg skilyrði og málsmeðferð við framkvæmd beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir sérstaklega, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi og að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjóti ekki í bága við grundvallarlagareglur í aðildarríkinu sem beiðni er beint til.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal verða við beiðni um réttaraðstoð eins fljótt og unnt er og skal taka, eftir því sem unnt er, að fullu til greina málsmeðferðarfresti og aðra fresti sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal tilgreina ástæður fyrir því að frestur er settur.

3. Ef ekki er unnt að verða við beiðninni, eða ekki er unnt að verða við henni að öllu leyti, í samræmi við þær kröfur sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, setur fram skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, það strax og tilgreina að hvaða skilyrðum fullnægðum unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar og skal framkvæmd aðgerðanna vera háð því að framangreind skilyrði séu uppfyllt ef þörf krefur.

4. Ef fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að verða við beiðni innan þess frests sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur tilgreint til að verða við beiðni þess og ef það kemur greinilega í ljós af þeim ástæðum sem um getur í 2. málsl. 2. mgr. að töf muni verulega skaða málsmeðferðina sem fylgt er í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skulu yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tilgreina strax þann tíma sem áætlað er að þurfi til að unnt sé að verða við beiðninni. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skulu strax tilgreina hvort beiðnin verði engu að síður lögð fram. Yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og þess sem beiðni er beint til geta síðar komið sér saman um til hvaða aðgerða skuli gripið í kjölfar beiðninnar.

5. gr.

Sending og afhending málsskjala.

1. Hvert aðildarríki um sig skal senda beint í pósti málsskjöl sem eiga að fara til einstaklinga sem dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

2. Hægt er að senda málsskjöl fyrir milligöngu þar til bærra yfirvalda aðildarríkisins sem beiðni er beint til þegar:

a. heimilisfang einstaklingsins, sem skjalið á að fara til, er óþekkt eða óvisst; eða
b. samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, er krafist annarrar staðfestingar á því að skjalið hafi verið afhent viðtakanda en þeirrar sem unnt er að fá með póstsendingum; eða
c. ekki hefur verið unnt að afhenda skjalið í pósti; eða

d. aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur réttmætar ástæður til að ætla að afgreiðsla í pósti beri ekki árangur eða sé óviðeigandi.

3. Þegar ástæða er til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjalið er samið á skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á tungumál eða eitt af tungumálum þess aðildarríkis sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem viðtakandi dvelur. Ef yfirvaldinu, sem gefur út málsskjalið, er kunnugt um að viðtakandi skilur eingöngu eitthvert annað tungumál skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á það tungumál.

4. Öllum málsskjölum skal fylgja tilkynning þar sem því er lýst yfir að viðtakandi geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur varðandi skjalið frá yfirvaldinu sem gaf skjalið út eða frá öðrum yfirvöldum þess aðildarríkis. Ákvæði 3. mgr. eiga einnig við um þessa tilkynningu.

5. Þessi grein hefur hvorki áhrif á beitingu 8., 9. og 12. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð né heldur beitingu 32., 34. og 35. gr. Benelúx-sáttmálans.

6. gr.

Sending beiðna um gagnkvæma réttaraðstoð.

1. Beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð og upplýsingaskipti án beiðni, sem um getur í 7. gr., skulu vera skrifleg eða miðlað þannig að unnt sé við tilteknar aðstæður að fá skriflega útgáfu sem gerir aðildarríkinu, sem fær beiðni, kleift að ganga úr skugga um að hún sé áreiðanleg. Þessar beiðnir skulu fara beint á milli dómsmálayfirvalda sem eru bær til þess á því svæði að hefja meðferð þeirra og verða við þeim og skulu þær sendar sömu leið til baka nema annað sé tekið fram í þessari grein.

Allar upplýsingar, sem aðildarríki leggur fram með það í huga að meðferð máls fari fram fyrir dómstóli í öðru aðildarríki í skilningi 21. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 42. gr. Benelúx-sáttmálans, geta farið beint á milli þar til bærra dómsmálayfirvalda.

2. Ákvæði 1. mgr. útiloka ekki þann möguleika að beiðnir séu sendar eða sendar til baka í sérstökum tilvikum:

a. milli miðlægs yfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis; eða
b. milli dómsmálayfirvalds eins aðildarríkis og miðlægs yfirvalds annars aðildarríkis.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta Breska konungsríkið og Írland, hvort fyrir sig, lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að beiðnir og orðsendingar til ríkjanna, eins og tilgreint er í yfirlýsingunni, verði að senda um miðlægt yfirvald þeirra. Þessi aðildarríki geta með annarri yfirlýsingu, hvenær sem er, takmarkað gildissvið slíkrar yfirlýsingar í þeim tilgangi að auka áhrif 1. mgr. Þau skulu haga málsmeðferð á þennan hátt þegar ákvæði Schengen-framkvæmdarsamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð koma til framkvæmda gagnvart þeim.

Hvert aðildarríki getur beitt meginreglunni um gagnkvæmni í tengslum við yfirlýsingarnar sem um getur hér að framan.

4. Allar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð má, í neyðartilvikum, senda gegnum Alþjóðasamband sakamálalögreglu (Interpol) eða aðra þar til bæra stofnun samkvæmt ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið.

5. Ef, að því er varðar beiðnir skv. 12., 13. eða 14. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í öðru aðildarríkinu en lögreglu- eða tollyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda. Ákvæði 4. mgr. eiga við um þessa tengiliði.

6. Ef, að því er varðar beiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð í tengslum við málsmeðferðina sem lýst er í 1. mgr. 3. gr., þar til bært yfirvald er dómsmálayfirvald eða miðlægt yfirvald í

öðru aðildarríkinu en stjórnsýsluyfirvald í hinu aðildarríkinu má senda beiðnir og svör við þeim beint á milli þessara yfirvalda.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar það leggur fram tilkynninguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af 1. málsl. 5. mgr. eða 6. mgr. þessarar greinar eða báðum þessum ákvæðum eða að það muni einungis beita þessum ákvæðum við sérstakar aðstæður sem það mun tilgreina. Slíka yfirlýsingu má draga til baka eða breyta hvenær sem er.

8. Eftirfarandi beiðnir eða orðsendingar skulu sendar gegnum miðlæg yfirvöld aðildarríkjanna:

a. beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumferð einstaklinga í varðhaldi eins og um getur í 9. gr. þessa samnings, 11. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 33. gr. Benelúx-sáttmálans;
b. upplýsingar úr sakaskrám eins og um getur í 22. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma réttaraðstoð og 43. gr. Benelúx-sáttmálans. Beiðnir um afrit af refsidómum og ráðstöfunum, sem um getur í 4. gr. viðbótarbókunar við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð, má senda beint gegnum þar til bær yfirvöld.

7. gr.

Upplýsingaskipti án beiðni.

1. Innan ramma landslaga geta þar til bær yfirvöld aðildarríkjanna skipst á upplýsingum, án þess að beiðni þar að lútandi hafi borist, um refsiverða verknaði og brot á lögum sem um getur í 1. mgr. 3. gr. ef refsing eða meðferð slíkra brota fellur undir lögsögu viðtökuyfirvaldsins á þeim tíma sem upplýsingarnar eru veittar.

2. Yfirvaldið, sem sendir upplýsingarnar, getur samkvæmt landslögum sett skilyrði um hvernig viðtökuyfirvaldið notar þessar upplýsingar.

3. Viðtökuyfirvaldið er bundið af þessum skilyrðum.

II. BÁLKUR
BEIÐNIR UM SÉRSTÖK TILTEKIN EYÐUBLÖÐ UM GAGNKVÆMA RÉTTARAÐSTOÐ

8. gr.

Skil.

1. Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og með fyrirvara um réttindi þriðja aðila í góðri trú, getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, afhent aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, hluti til umráða sem fengnir voru með ólögmætum hætti með það í huga að þeim verði skilað til réttmætra eigenda.

2. Við beitingu 3. og 6. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 2. mgr. 24. gr. og 29. gr. Benelúx-sáttmálans getur aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fallið frá því að hlutum verði skilað annaðhvort áður eða eftir að það hefur afhent þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni ef það er til þess fallið að auðvelda skil þessara hluta til réttmæts eiganda. Þetta hefur ekki áhrif á réttindi þriðja aðila í góðri trú.

3. Í því tilviki að aðildarríkið, sem beiðni er beint til, fellur frá því að hlutum verði skilað áður en það afhendir þá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni skal fyrrnefnda aðildarríkið ekki beita tryggingarétti eða öðrum rétti um endurkröfu vegna þessara hluta samkvæmt skatta- eða tollalöggjöf.

Þegar fallið er frá því að hlutum verði skilað eins og um getur í 2. mgr. skal það gert með fyrirvara um rétt aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að innheimta skatta eða gjöld af réttmætum eiganda.

9. gr.

Tímabundinn flutningur manna sem eru í varðhaldi vegna rannsóknar.

1. Svo framarlega sem samningur er í gildi milli þar til bærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja getur aðildarríki, sem hefur beðið um rannsókn, flutt tímabundið, í þágu rannsóknarinnar, mann, sem það hefur í varðhaldi á sínu yfirráðasvæði, á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem rannsóknin fer fram.

2. Í samningnum skal fjallað um fyrirkomulag við tímabundinn flutning mannsins og hvaða dag verður að flytja hann til baka á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

3. Þegar krafist er samþykkis viðkomandi manns fyrir flutningnum skal tafarlaust senda yfirlýsingu um samþykki eða afrit af henni til ríkisins sem beiðni er beint til.

4. Tíma í varðhaldi á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal draga frá þeim varðhaldstíma sem viðkomandi maður sætir eða verður gert skylt að sæta á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. og 12. og 20. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð eiga við um þessa grein að breyttu breytanda.

6. Hvert aðildarríki um sig getur lýst því yfir, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., að það muni, áður en samkomulagi er náð skv. 1. mgr. þessarar greinar, krefjast samþykkis sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða krefjast þess við tilteknar aðstæður sem tilgreindar eru í yfirlýsingunni.

10. gr.

Yfirheyrsla á myndfundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef óæskilegt eða ómögulegt er að maðurinn, sem á að yfirheyra, komi í eigin persónu á yfirráðasvæði þess, farið þess á leit að yfirheyrslan fari fram á myndfundi eins kveðið er á um í 2. til 8. mgr.

2. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja að yfirheyrslan fari fram á myndfundi að því tilskildu að myndfundir séu ekki í andstöðu við grundvallarreglur landslaga og með því skilyrði að það ráði yfir tæknibúnaði fyrir yfirheyrslu af því tagi. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, hefur ekki aðgang að tæknibúnaði fyrir myndfundi getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, lagt því til þann búnað samkvæmt samkomulagi.

3. Í beiðnum um yfirheyrslu á myndfundi skal koma fram, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, ástæða þess að talið er óæskilegt eða ómögulegt að vitnið eða sérfræðingurinn komi til yfirheyrslu í eigin persónu, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá munu um yfirheyrsluna.

4. Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal kveðja viðkomandi mann til yfirheyrslu í samræmi við þau formsatriði sem mælt er fyrir um í lögum þess.

5. Eftirfarandi reglur gilda um yfirheyrslu á myndfundi:

a. Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal vera viðstatt yfirheyrsluna og, ef nauðsyn krefur, njóta aðstoðar túlks auk þess sem það skal tryggja að staðfest sé að maðurinn, sem á að yfirheyra, sé sá sem hann segist vera og að virtar séu grund-

vallarreglur laga í því aðildarríki sem beiðni er beint til. Ef dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, er þeirrar skoðunar að grundvallarreglur laga þess hafi verið brotnar við yfirheyrsluna skal það þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirheyrslan haldi áfram í samræmi við umræddar meginreglur.

b. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skulu , ef þörf krefur, koma sér saman um ráðstafanir til að vernda þann mann sem á að yfirheyra.

c. Dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, skal annast yfirheyrsluna beint eða stýra henni í samræmi við eigin lög.

d. Að beiðni aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, eða þess manns, sem á að yfirheyra, skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, tryggja, ef nauðsyn krefur, að sá maður, sem á að yfirheyra, fái notið aðstoðar túlks.

e. Maðurinn, sem á að yfirheyra, getur nýtt sér rétt sinn til að neita að bera vitni samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, eða aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

6. Með fyrirvara um þær ráðstafanir, sem samþykktar hafa verið um verndun manna, skal dómsmálayfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, bóka við lok yfirheyrslunnar þar sem kemur fram hvenær og hvar yfirheyrslan fór fram, hver var yfirheyrður, hvaða aðrir menn í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, hafi tekið þátt í yfirheyrslunni og hvert hlutverk þeirra var, hvort einhverjir hafi verið eiðsvarnir og hvaða tækni var viðhöfð við yfirheyrsluna. Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, skal senda skjalið til þar til bærs yfirvalds aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

7. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal endurgreiða aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, kostnað við að koma á myndsambandi, rekstrarkostnað vegna myndsambandsins í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, laun túlka sem það ríki útvegaði og greiðslur til vitna og sérfræðinga og ferðakostnað þeirra í aðildarríkinu sem beiðni er beint til, nema síðarnefnda aðildarríkið falli frá kröfu um endurgreiðslu allra þessara útgjalda eða hluta þeirra.

8. Hvert aðildarríki um sig skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að, þegar vitni eða sérfræðingar eru yfirheyrðir á yfirráðasvæði þess í samræmi við þessa grein og neita að bera vitni þegar þeim er það skylt eða greina ekki rétt frá, þá gildi lög þess aðildarríkis á sama hátt og ef yfirheyrslan færi fram við innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkin geta, ef þau svo kjósa, einnig beitt ákvæðum þessarar greinar við yfirheyrslu sakbornings á myndfundi ef það á við og með samþykki þar til bærra dómsmálayfirvalda sinna. Í því tilviki skulu viðkomandi aðildarríki koma sér saman um þá ákvörðun að halda myndfundinn og hvernig hann skuli fara fram, í samræmi við lög þeirra og viðeigandi alþjóðlega gerninga, þ.á m. Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950.

Aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það muni ekki beita fyrstu undirgrein. Slíka yfirlýsingu má draga til baka hvenær sem er.

Yfirheyrslur skulu aðeins fara fram með samþykki sakbornings. Til að vernda réttindi sakborninga, skal ráðið, ef þurfa þykir, samþykkja nauðsynlegar reglur í bindandi gerningi að lögum.

11. gr.

Yfirheyrsla vitna og sérfræðinga á símafundi.

1. Ef dómsmálayfirvöld eins aðildarríkis þurfa að yfirheyra vitni eða sérfræðing, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, getur fyrrnefnda aðildarríkið, ef heimilt er sam-

kvæmt innlendum lögum, farið þess á leit að síðarnefnda aðildarríkið geri það kleift að yfirheyra viðkomandi á símafundi eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr.

2. Yfirheyrsla á símafundi getur því aðeins farið fram að vitnið eða sérfræðingurinn samþykki að hún fari fram með þeim hætti.

3. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal samþykkja yfirheyrslu á símafundi að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við grundvallarreglur landslaga.

4. Beiðnum um yfirheyrslu á símafundi skal fylgja, auk þeirra upplýsinga sem um getur í 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og í 37. gr. Benelúx-sáttmálans, heiti dómsmálayfirvaldsins og nöfn þeirra manna sem sjá um yfirheyrsluna og upplýsingar um að vitni eða sérfræðingur sé fús til þess að taka þátt í yfirheyrslu á símafundi.

5. Viðkomandi aðildarríki skulu koma sér saman um fyrirkomulag yfirheyrslu í reynd. Þegar slíku samkomulagi hefur verið náð skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, taka að sér að:

a. tilkynna viðkomandi vitni eða sérfræðingi um hvenær og hvar yfirheyrslan fari fram;
b. tryggja að staðfest sé að vitni eða sérfræðingur sé sá sem hann segist vera;
c. sannreyna að vitni eða sérfræðingur samþykki yfirheyrslu á símafundi.

Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur ákveðið að samkomulagið sé háð, að einhverju eða öllu leyti, viðeigandi ákvæðum 5. og 8. mgr. 10. gr. Ákvæði 7. mgr. 10. gr. eiga við að breyttu breytanda nema samkomulag hafi orðið um annað.

12. gr.

Afhending undir eftirliti.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá um að tryggja, að heimilt verði að fallast á beiðni annars aðildarríkis um afhendingu undir eftirliti á yfirráðasvæði þess við rannsókn sakamála vegna brota sem leitt geta til framsals.

2. Ákvörðun um hvort afhending undir eftirliti fari fram skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, taka í hverju tilviki fyrir sig að teknu tilliti til laga þess aðildarríkis.

3. Afhending undir eftirliti skal fara fram í samræmi við málsmeðferð hjá aðildarríkinu sem beiðni er beint til. Þar til bær yfirvöld þess aðildarríkis skulu hafa heimild til að grípa inn í, stjórna og hafa eftirlit með aðgerðum.

13. gr.

Sameiginlegir rannsóknarhópar.

1. Þar til bær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta með gagnkvæmu samkomulagi, í sérstökum tilgangi og í takmarkaðan tíma, sem unnt er að framlengja með gagnkvæmu samþykki, komið á fót sameiginlegum rannsóknarhópi til að vinna að rannsókn sakamála í einu eða fleiri þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót. Í samkomulaginu skal tilgreint hvernig hópurinn skuli vera samsettur.

Sameiginlegum rannsóknarhópi skal einkum komið á fót þegar:

a. rannsókn aðildarríkis á sakamáli er krefjandi og erfið og varðar önnur aðildarríki;
b. nokkur aðildarríki fara með rannsókn sakamáls þar sem nauðsynlegt er vegna aðstæðna málsins að grípa til samræmdra, samstilltra aðgerða í viðkomandi aðildarríkjum.

Hvert og eitt hlutaðeigandi aðildarríkja getur lagt fram beiðni um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi. Hópnum skal komið á fót í því aðildarríki þar sem búist er við að rannsókn fari fram.

2. Auk upplýsinganna, sem um getur í viðeigandi ákvæðum 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans, skulu tillögur um samsetningu hópsins fylgja beiðnum um að komið verði á fót sameiginlegum rannsóknarhópi.

3. Sameiginlegur rannsóknarhópur skal starfa á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem komu honum á fót, að uppfylltum eftirfarandi almennum skilyrðum:

- Stjórnandi hópsins skal vera fulltrúi þar til bærs yfirvalds, sem tekur þátt í rannsókn sakamála, frá því aðildarríki þar sem hópurinn starfar. Stjórnandi hópsins skal starfa innan marka þeirra heimilda sem hann hefur samkvæmt landslögum.
- Hópurinn skal sinna verkefnum sínum í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hann starfar. Þátttakendur í hópnum skulu sinna verkefnum sínum undir stjórn þess manns sem um getur í a-lið, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem þeirra eigin yfirvöld hafa sett í samkomulaginu um að koma hópnum á fót.
- Aðildarríkið, þar sem hópurinn starfar, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir innan stjórnkerfisins til þess að hann geti starfað.

4. Í skilningi þessarar greinar er litið svo á að þátttakendur í sameiginlega rannsóknarhópnum frá aðildarríkjum, öðrum en því aðildarríki þar sem hópurinn starfar, séu „sendir til starfa“ í hópnum.

5. Þátttakendur, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, eiga rétt á því að vera viðstaddir þegar ráðstafanir eru gerðar vegna rannsóknarinnar í aðildarríkinu þar sem aðgerðir fara fram. Þó getur stjórnandi hópsins, af sérstökum ástæðum, ákveðið annað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar.

6. Þátttakendum, sem hafa verið sendir til starfa í sameiginlega rannsóknarhópnum, er heimilt, í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem hópurinn starfar, að grípa til tiltekinna ráðstafana vegna rannsóknarinnar sem stjórnandi hópsins felur þeim og þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem hópurinn starfar, og aðildarríkisins, sem sendi mennina til starfa, samþykkja.

7. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarf að grípa til ráðstafana vegna rannsóknarinnar í einu þeirra aðildarríkja sem komu hópnum á fót, geta þátttakendur, sem sendir hafa verið til starfa í hópnum frá því aðildarríki, farið fram á að þar til bær yfirvöld í eigin ríki geri þær ráðstafanir. Í því aðildarríki skal meta þessar ráðstafanir samkvæmt þeim skilyrðum sem ættu við ef farið væri fram á ráðstafanir í innlendri rannsókn.

8. Þegar sameiginlegi rannsóknarhópurinn þarfnast aðstoðar aðildarríkis, sem var ekki meðal þeirra ríkja sem kom hópnum á fót, eða þriðja ríkis geta þar til bær yfirvöld ríkisins, þar sem hópurinn starfar, lagt fram beiðni um aðstoð sem beint er til þar til bærra yfirvalda viðkomandi ríkis í samræmi við viðeigandi gerninga eða samkomulag.

9. Þátttakandi í sameiginlega rannsóknarhópnum getur, í samræmi við landslög og innan heimilda sinna, veitt hópnum upplýsingar, sem fengnar eru í aðildarríkinu sem sendi hann til starfa, í þágu rannsóknar sakamáls sem hópurinn stjórnar.

10. Upplýsingar, sem þátttakandi eða þátttakandi sem hefur verið sendur til starfa í hópnum fær á löglegan hátt á meðan hann starfar með hópnum og þar til bær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja geta ekki fengið á annan hátt, má nota á eftirfarandi hátt:

a. til að þjóna þeim tilgangi sem var ástæða þess að hópnum var komið á fót;
b. til að ljóstra upp um, rannsaka og ákæra fyrir aðra refsiverða verknaði, að fengnu fyrirframsamþykki aðildarríkisins þar sem upplýsingarnar fengust. Aðeins má neita að veita slíkt samþykki þegar slík notkun myndi stofna í hættu rannsókn sakamáls í viðkomandi aðildarríki eða í þeim tilvikum þar sem það aðildarríki myndi neita að veita gagnkvæma réttaraðstoð;

c. til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi ef hafin er rannsókn sakamáls í beinu framhaldi, sbr. þó b-lið;
d. í öðrum tilgangi svo framarlega sem aðildarríkin, sem komu hópnum á fót, samþykkja það.

11. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á önnur gildandi ákvæði eða samkomulag um að koma á fót eða starfrækja sameiginlega rannsóknarhópa.

12. Svo framarlega sem lög viðkomandi aðildarríkja eða ákvæði lagagerninga, sem gilda milli þeirra, heimila má komast að samkomulagi um að menn, aðrir en fulltrúar þar til bærra yfirvalda aðildarríkjanna sem komu sameiginlega rannsóknarhópnum á fót, taki þátt í störfum hópsins. Þessir menn geta t.d. verið embættismenn við stofnanir sem komið hefur verið á fót samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið. Réttindi, sem þeir sem eru í hópnum eða þeir sem hafa verið sendir til starfa í honum, hafa öðlast samkvæmt þessari grein eiga ekki við umrædda menn, nema í samkomulaginu sé skýrt kveðið á um annað.

14. gr.

Rannsókn með aðstoð flugumanna.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkið, sem beiðni er beint til, geta komið sér saman um að aðstoða hvort annað við rannsókn sakamáls með því að nota lögreglumenn sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni (rannsókn með aðstoð flugumanna).

2. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun um beiðni í hverju einstöku tilviki að teknu tilliti til laga þess og innlendrar málsmeðferðar. Aðildarríkin skulu koma sér saman um, að teknu tilliti til laga þeirra og innlendrar málsmeðferðar, hve lengi rannsókn með aðstoð flugumanna skuli standa, hvernig henni skuli háttað í smáatriðum og hver sé lagaleg staða viðkomandi lögreglumanna á meðan þeir starfa sem flugumenn.

3. Rannsókn með aðstoð flugumanna skal fara fram í samræmi við lög og málsmeðferð þess aðildarríkis sem ræður því yfirráðasvæði þar sem rannsóknin fer fram. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu vinna sameiginlega að því að tryggja undirbúning rannsóknar með aðstoð flugumanna og eftirlit með rannsókninni og gera ráðstafanir til að stuðla að öryggi lögreglumannanna sem starfa leynilega eða undir fölsku nafni.

4. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé óbundið af þessari grein. Slíka yfirlýsingu er unnt að draga til baka hvenær sem er.

15. gr.

Refsiábyrgð opinberra starfsmanna.

Á meðan á aðgerðum, sem um getur í 12., 13. og 14. gr., stendur hafa opinberir starfsmenn frá öðru aðildarríki en ríkinu, þar sem aðgerðirnar fara fram, sömu stöðu og opinberir starfsmenn frá síðarnefnda ríkinu með tilliti til refsiverðra verknaða sem þeir verða fyrir eða fremja sjálfir.

16. gr.

Einkaréttarábyrgð vegna opinberra starfsmanna.

1. Þegar embættismenn aðildarríkis starfa í öðru aðildarríki, í samræmi við 12., 13. og 14. gr., skal fyrrnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á því tjóni sem þeir valda meðan á aðgerðunum stendur í samræmi við lög aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði sem þeir starfa á.

2. Aðildarríkið, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem unnið var tjón sem um getur í 1. mgr., skal bæta tjónið samkvæmt skilyrðum sem gilda þegar þeirra eigin embættismenn valda tjóni.

3. Aðildarríkið, sem hefur embættismenn í sinni þjónustu sem hafa valdið öðrum tjóni á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal endurgreiða síðarnefnda aðildarríkinu að fullu þá fjárhæð sem það hefur þurft að greiða til tjónþola eða annarra fyrir þeirra hönd.

4. Hvert aðildarríki um sig skal afsala sér, í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr., réttinum til að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem annað aðildarríki hefur valdið því með fyrirvara um rétt sinn gagnvart þriðja aðila og að undanskildum ákvæðum 3. mgr.

III. BÁLKUR
HLERUN FJARSKIPTA

17. gr.

Yfirvöld sem eru bær til þess að fyrirskipa hlerun fjarskipta.

Að því er tekur til beitingar 18., 19. og 20. gr. skal „þar til bært yfirvald“ merkja dómsmálayfirvald eða, þegar dómsmálayfirvöld hafa ekki lögsögu á því sviði sem þessi ákvæði ná yfir, sambærilegt þar til bært yfirvald sem er tilgreint skv. e-lið 1. mgr. 24. gr. og vinnur að rannsókn sakamáls.

18. gr.

Beiðnir um hlerun fjarskipta.

1. Þar til bært yfirvald í aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, getur, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við landslög, beint beiðni til þar til bærs yfirvalds í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, um að:

a. fjarskipti séu hleruð og upplýsingar sendar tafarlaust til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni; eða
b. fjarskipti séu hleruð, tekin upp og síðan sé upptakan send aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

2. Beiðnir skv. 1. mgr. má leggja fram í tengslum við fjarskiptanotkun þess manns sem hlerað er hjá ef hann er staddur í:

a. aðildarríkinu sem leggur fram beiðni og það aðildarríki þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti viðkomandi;
b. aðildarríkinu sem beiðni er beint til og unnt er að hlera fjarskipti viðkomandi í því aðildarríki;
c. þriðja aðildarríki sem hefur fengið upplýsingar skv. a-lið 2. mgr. 20. gr. og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þarfnast tæknilegrar aðstoðar aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, til að hlera fjarskipti mannsins.

3. Með fyrirvara um 14. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð og 37. gr. Benelúx-sáttmálans skal eftirfarandi koma fram í beiðnum samkvæmt þessari grein:

a. hvaða yfirvald leggur fram beiðnina;
b. staðfesting á að lögleg skipun eða heimild til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c. upplýsingar sem gera kleift að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d. hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar;
e. á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun; og,
f. ef unnt er, nægar tæknilegar upplýsingar, einkum tölvupóstfang, til að tryggja að unnt sé að verða við beiðninni.

4. Þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. skal einnig vera í beiðninni yfirlit yfir staðreyndir málsins. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur krafist allra frekari upplýs-

inga til að það geti ákveðið hvort gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands.

5. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal skuldbinda sig til að verða við beiðnum skv. a-lið 1. mgr.:

a. þegar um er að ræða beiðni skv. a- og c-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur heimilað að hlerun haldi áfram án frekari formsatriða;
b. þegar um er að ræða beiðni skv. b-lið 2. mgr. og ríkið hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr. og gripið yrði til ráðstöfunarinnar, sem beðið er um, í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

6. Þegar tafarlaus sending er ekki möguleg skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til og hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr., verða við beiðni skv. b-lið 1. mgr. ef gripið yrði til umbeðinnar ráðstöfunar í sambærilegu tilviki innanlands. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., lýst því yfir að það sé aðeins bundið af 6. mgr. þegar það geti ekki annast tafarlausa sendingu. Í því tilviki getur hitt aðildarríkið beitt meginreglunni um gagnkvæmni.

8. Þegar beiðni skv. b-lið 1. mgr. er lögð fram getur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, þegar það hefur sérstakar ástæður til þess, einnig beðið um skriflegt eftirrit af upptökunni. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal taka slíka beiðni til athugunar í samræmi við landslög og innlenda málsmeðferð.

9. Aðildarríkið, sem fær upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. skal fara með þær sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

19. gr.

Hlerun fjarskipta á eigin yfirráðasvæði með aðstoð þjónustuveitenda.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjarskiptakerfi, sem eru starfrækt um stöð á yfirráðasvæði þeirra og veita ekki beinan aðgang til að hlera löglega fjarskipti manns, sem dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti veitt því aðildarríki beinan aðgang til að hlera löglega með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess.

2. Í því tilviki, sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkis hafa, í þágu rannsóknar sakamáls og í samræmi við gildandi landslög og að því tilskildu að sá sem hlerað er hjá sé staddur í því aðildarríki, heimild til hlerunar með aðstoð milliliðar sem skal vera tilnefndur þjónustuveitandi á yfirráðasvæði þess án afskipta aðildarríkisins sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig þegar hlerað er samkvæmt beiðni sem lögð er fram skv. b-lið 2. mgr. 18. gr.

4. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að aðildarríki sendi beiðni til aðildarríkisins, sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stöðin er, um löglega hlerun fjarskipta í samræmi við 18. gr., einkum þegar ekki er milliliður í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

20. gr.

Hlerun fjarskipta án tæknilegrar aðstoðar annars aðildarríkis.

1. Með fyrirvara um almennar meginreglur þjóðaréttar, svo og ákvæði c-liðar 2. mgr. 18. gr., eiga skuldbindingar samkvæmt þessari grein við um fyrirskipanir um hlerun sem þar til

bært yfirvald aðildarríkis gefur eða heimilar þegar á rannsókn sakamáls stendur sem einkennist af því að lúta nánar að tilgreindu broti, þ.m.t. tilraunum til að fremja slíkt brot svo framarlega sem þær eru taldar refsiverðar samkvæmt landslögum, í þeim tilgangi að staðfesta hverjir beri ábyrgð, handtaka þá, hefja lögsókn og kveða upp dóm yfir þeim.

2. Þegar þar til bært yfirvald eins aðildarríkis („aðildarríkisins sem annast hlerun“) heimilar, í þágu rannsóknar sakamáls, hlerun fjarskipta og fjarskiptafang mannsins, sem tilgreindur er í fyrirskipun um hlerun, er í notkun á yfirráðasvæði annars aðildarríkis („aðildarríkisins sem fær tilkynningu“) en ekki er þörf á tæknilegri aðstoð þess til hlerunar skal aðildarríkið, sem annast hlerun, upplýsa aðildarríkið, sem fær tilkynningu, um hlerunina:

a. áður en hlerun fer fram í tilvikum þar sem vitað er áður en aðildarríkið fyrirskipar hlerun að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu;
b. í öðrum tilvikum um leið og ljóst er að maðurinn, sem hlera á hjá, er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem fær tilkynningu.

3. Í tilkynningu aðildarríkisins, sem annast hlerun, skal eftirfarandi koma fram:

a. hvaða yfirvald fyrirskipar hlerunina;
b. staðfesting á að lögleg skipun til hlerunar hafi verið gefin út í tengslum við rannsókn sakamáls;
c. upplýsingar til að staðfesta hver sá er sem hlera á hjá;
d. hvaða refsiverða hegðun er til rannsóknar; og
e. á hvaða tímabili óskað er eftir hlerun.

4. Eftirfarandi gildir þegar aðildarríki fær tilkynningu skv. 2. og 3. mgr.:

a. Þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem fær tilkynningu, skal, þegar því berast upplýsingar skv. 3. mgr., án tafar og í síðasta lagi innan 96 klukkustunda svara aðildarríkinu, sem annast hlerun, með tilliti til þess:
   i. hvort leyfi er veitt til að hlerun fari fram eða sé haldið áfram. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, getur veitt samþykki sitt með sömu skilyrðum og þyrfti að uppfylla í sambærilegu tilviki innanlands;
   ii. hvort þess er krafist að hlerun fari ekki fram eða sé hætt þar sem hlerun er ekki heimil samkvæmt lögum aðildarríkisins sem fær tilkynningu eða af ástæðum sem tilgreindar eru í 2. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð. Þegar aðildarríkið, sem fær tilkynningu, gerir slíka kröfu skal það tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun;
   iii. hvort, í tilvikum sem um getur í ii-lið, þess er krafist að ekki megi nota efni sem fengist hefur með hlerun á meðan sá sem hlerað var hjá var staddur á yfirráðasvæði þess eða hvort nota megi það með skilyrðum sem téð ríki tiltekur. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, um rökin fyrir því að þessi skilyrði eru sett.
   iv. hvort þess er krafist að aðildarríkið, sem annast hlerun, samþykki stuttan frest, að hámarki 8 daga, til viðbótar við hinn upprunalega 96 klukkustunda frest til þess að fram fari innlendri málsmeðferð samkvæmt landslögum. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýsa aðildarríkið, sem annast hlerun, skriflega um hvaða skilyrði, samkvæmt landslögum, réttlæti að beðið er um framlengingu frests.
b. Þar til aðildarríkið, sem fær tilkynningu, hefur tekið ákvörðun skv. i- eða ii-lið a-liðar má aðildarríkið, sem annast hlerun:
   i. halda hleruninni áfram; en
   ii. ekki nota efnið sem safnað hefur verið með hlerun, nema:

- viðkomandi aðildarríki hafi samþykkt annað; eða
- vegna brýnna ráðstafana til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal upplýst um alla notkun af þessu tagi og ástæður sem réttlæta hana.

c. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, getur beðið um yfirlit yfir staðreyndir málsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um hvort hlerun væri heimiluð í sambærilegu tilviki innanlands. Slík beiðni hefur ekki áhrif á beitingu b-liðar, nema aðildarríkið, sem fær tilkynningu, og aðildarríkið, sem annast hlerun, komi sér saman um annað.

d. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að svar berist innan 96 klukkustunda. Í því skyni skulu þau tilnefna tengiliði sem eru á vakt allan sólarhringinn og tilgreina þá í yfirlýsingum sínum skv. e-lið 1. mgr. 24. gr.

5. Aðildarríkið, sem fær tilkynningu, skal fara með upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., sem trúnaðarmál í samræmi við landslög.

6. Þegar aðildarríkið, sem annast hlerun, er þeirrar skoðunar að upplýsingarnar, sem veittar eru skv. 3. mgr., séu sérstaklega viðkvæmar má senda þær til þar til bærs yfirvalds fyrir milligöngu sérstaks yfirvalds þegar viðkomandi aðildarríki hafa komið sér saman um það á tvíhliða grundvelli.

7. Hvert aðildarríki getur, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það sé ekki nauðsynlegt að veita því upplýsingar um hlerun eins og lýst er í þessari grein.

21. gr.

Ábyrgð á kostnaði sem fjarskiptafyrirtæki stofna til.

Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal bera kostnað sem fjarskiptafyrirtæki eða þjónustuveitendur stofna til þegar orðið er við beiðnum skv. 18. gr.

22. gr.

Tvíhliða samningar.

Ekkert í þessum bálki kemur í veg fyrir tvíhliða eða fjölþjóðlega samninga milli aðildarríkjanna til þess að auðvelda að tæknilegir möguleikar séu nýttir í nútíð og framtíð að því er varðar löglega hlerun fjarskipta.

IV. BÁLKUR

23. gr.

Vernd persónuupplýsinga.

1. Persónuupplýsingar, sem sendar eru samkvæmt þessum samningi, má aðildarríki, sem hefur fengið þær, nota:

a. vegna málsmeðferðar sem þessi samningur gildir um;

b. vegna meðferðar annarra dóms- eða stjórnsýslumála sem tengist beint málsmeðferð sem um getur í a-lið;

c. til að koma í veg fyrir bráða og alvarlega ógnun við almannaöryggi;

d. í einhverjum öðrum tilgangi því aðeins að aðildarríkið, sem veitir upplýsingarnar, samþykki það fyrir fram, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um.

2. Þessi grein gildir einnig um persónuupplýsingar sem voru ekki sendar heldur fengnar á annan hátt samkvæmt þessum samningi.

3. Við sérstakar aðstæður í einstöku máli getur aðildarríkið, sem veitir upplýsingar, krafist þess að aðildarríkið, sem fékk persónuupplýsingarnar, veiti upplýsingar um notkun þeirra.

4. Ef sett hafa verið skilyrði fyrir notkun persónuupplýsinganna skv. 2. mgr. 7. gr., b-lið 5. mgr. 18. gr., 6. mgr. 18. gr. eða 4. mgr. 20. gr. ganga þau skilyrði framar. Ef engin slík skilyrði hafa verið sett gildir þessi grein.

5. Ákvæði 10. mgr. 13. gr. ganga framar þessari grein að því er varðar upplýsingar sem fengnar eru skv. 13. gr.

6. Þessi grein gildir ekki um persónuupplýsingar sem aðildarríki fær samkvæmt þessum samningi og eru upprunnar í því aðildarríki.

7. Lúxemborg getur, við undirritun samningsins, lýst því yfir að eftirfarandi gildi um persónuupplýsingar sem Lúxemborg veitir öðru aðildarríki samkvæmt þessum samningi:

Lúxemborg getur, með fyrirvara um c-lið 1. mgr., með tilliti til aðstæðna í einstöku máli krafist þess, nema viðkomandi aðildarríki hafi fengið samþykki þess sem upplýsingarnar fjalla um, að persónuupplýsingarnar megi einungis nota í þeim tilgangi sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. að fengnu samþykki Lúxemborgar fyrir fram að því er varðar málsmeðferð sem Lúxemborg gæti hafa neitað eða takmarkað sendingu eða notkun persónuupplýsinganna við í samræmi við ákvæði þessa samnings eða gerninganna sem um getur í 1. gr.

Ef, í einstöku tilviki, Lúxemborg neitar að samþykkja beiðni frá aðildarríki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. verður Lúxemborg að tilgreina skriflega ástæður fyrir þeirri ákvörðun.

V. BÁLKUR
LOKAÁKVÆÐI

24. gr.
Yfirlýsingar.

1. Hvert aðildarríki skal, þegar send er tilkynning skv. 2. mgr. 27. gr., gefa út yfirlýsingu þar sem þau yfirvöld eru tilgreind, auk þeirra sem þegar hafa verið tilgreind í Evrópusamningnum um gagnkvæma aðstoð og Benelúx-sáttmálanum, sem eru bær til þess að beita þessum samningi og að beita ákvæðum þeirra gerninga, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkjanna, þar sem einkum skal tilgreina:

a. þar til bær stjórnsýsluyfirvöld í skilningi 1. mgr. 3. gr., ef við á;
b. eitt eða fleiri miðlæg yfirvöld vegna beitingar 6. gr. svo og þar til bær yfirvöld til að fjalla um beiðnir sem um getur í 8. mgr. 6. gr.;
c. þar til bær lögreglu- eða tollyfirvöld vegna 5. mgr. 6. gr., ef við á;
d. þar til bær stjórnsýsluyfirvöld vegna 6. mgr. 6. gr., ef við á; og
e. þar til bært yfirvald eða þar til bær yfirvöld vegna beitingar 18. og 19. gr. og 1. til 5. mgr. 20. gr.

2. Yfirlýsingum, sem eru gefnar út í samræmi við 1. mgr., má, hvenær sem er, breyta með sömu málsmeðferð að einhverju eða öllu leyti.

25. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við samning þennan en þá sem skýrt er kveðið á um í honum.

26. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi mun taka til Gíbraltar þegar gildissvið Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð verður rýmkað þannig að hann taki einnig til Gíbraltar.

Breska konungsríkið skal tilkynna forseta ráðsins skriflega þegar það æskir þess að samningurinn taki til Ermarsundseyja og eyjarinnar Manar eftir að gildissvið Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð hefur verið rýmkað þannig að hann taki einnig til þeirra svæða. Ráðið skal taka ákvörðun um slíka beiðni með samhljóða samþykki.

27. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins um að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir samþykkt samnings þessa.

3. Að því er varðar þau átta aðildarríki sem hlut eiga að máli öðlast samningur þessi gildi 90 dögum eftir að tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., berst frá ríki sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á og er hið áttunda í röðinni til að uppfylla þessa formkröfu.

4. Sérhver tilkynning frá aðildarríki sem berst eftir að áttunda tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., hefur borist, hefur í för með sér að samningur þessi öðlast gildi, 90 dögum eftir síðari tilkynninguna, milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem samningurinn hefur þegar öðlast gildi.

5. Áður en samningurinn öðlast gildi skv. 3. mgr. getur hvert aðildarríki, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það muni beita samningi þessum í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

6. Samningur þessi gildir um gagnkvæma réttaraðstoð sem hafin er eftir gildistökudag hans eða er beitt skv. 5. mgr. milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

28. gr.

Aðild nýrra aðildarríkja.

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu, er heimilt að gerast aðili að samningi þessum.

2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta samnings þessa á tungumáli ríkisins sem fær aðild að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

4. Samningur þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem fær aðild að honum, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem samningur þessi öðlast gildi ef hann hefur ekki þegar öðlast gildi þegar 90 daga tímabilinu lýkur.

5. Ef samningur þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem fá aðild að samningnum, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 5. mgr. 27. gr. um þau ríki.

29. gr.

Gildistaka að því er Ísland og Noreg varðar.

1. Með fyrirvara um 8. gr. samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beit-

ingu og þróun Schengen-gerðanna („samstarfssamningurinn“) öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, 90 dögum eftir að ráðið og framkvæmdastjórnin taka á móti upplýsingum skv. 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins um að Ísland og Noregur hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í gagnkvæmum samskiptum við öll aðildarríki þar sem samningur þessi hefur þegar öðlast gildi skv. 3. eða 4. mgr. 27. gr.

2. Gildistaka samnings þessa, að því er varðar eitthvert aðildarríki, eftir þann dag sem ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar, hefur í för með sér að ákvæði þessi öðlast einnig gildi að því er varðar gagnkvæm samskipti þess aðildarríkis og Íslands og Noregs.

3. Ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., verða í engu tilviki bindandi á Íslandi og í Noregi fyrir þann dag sem verður ákveðinn skv. 4. mgr. 15. gr. samstarfssamningsins.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. hér að framan öðlast ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, eigi síðar en þann dag sem samningur þessi öðlast gildi að því er varðar fimmtánda ríkið sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma samningi þessum á.

30. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samnings þessa.

2. Vörsluaðilinn skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um framgang samþykkta og aðildar, yfirlýsingar og fyrirvara og allar aðrar tilkynningar sem varða samning þennan.

Gjört í Brussel tuttugasta og níunda dag maímánaðar árið tvö þúsund í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

YFIRLÝSINGAR

Yfirlýsing ráðsins um 9. mgr. 10. gr.

„Þegar ráðið hyggst samþykkja gerning, eins og um getur í 9. mgr. 10. gr., ber því að virða skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda.“

Yfirlýsing Breska konungsríkisins um 20. gr.

Þessi yfirlýsing er samþykktur, óaðskiljanlegur hluti samningsins:

„Í Breska konungsríkinu gildir 20. gr. að því er varðar hlerunarheimildir sem innanríkisráðherrann gefur út til lögreglu eða toll- og skattayfirvalda þegar yfirlýstur tilgangur með heimildinni er, í samræmi við landslög um hlerun fjarskipta, að ljóstra upp um alvarlega refsiverða verknaði. Hún gildir einnig um slíkar heimildir sem gefnar eru út til öryggisdeilda, í samræmi við landslög, þegar verkefni þeirra er að aðstoða við rannsókn sem er sama eðlis og lýst er í 1. mgr. 20. gr.“

Fylgiskjal II.

GERÐ RÁÐSINS
frá 16. október 2001
um gerð bókunar við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins, í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið
(2001/C 326/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum a-lið 31. gr. og d-lið 2. mgr. 34. gr.,

með hliðsjón af frumkvæði Lýðveldisins Frakklands,[1]

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,[2]

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Til þess að ná markmiðum Evrópusambandsins er rétt að endurbæta reglur um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins og, í þeim tilgangi, gera bókun þá sem fram kemur í viðaukanum.
2. Ákvæði 8. gr. bókunarinnar falla undir gildissvið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.[3]
3. Málsmeðferðin, sem lýst er í samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,[4] hefur verið virt með tilliti til þessa ákvæðis.
4. Þegar Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur fá tilkynningu um samþykkt þessarar gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 8. gr. framangreinds samnings verða þessi tvö ríki sérstaklega upplýst um inntak 16. gr. um gildistöku að því er Ísland og Noreg varðar.

HEFUR ÁKVEÐIÐ að bókunin er hér með gerð en texti hennar fylgir með í viðaukanum og hafa fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins undirritað hana í dag,

BEINIR ÞEIM TILMÆLUM TIL aðildarríkjanna að samþykkja hana í samræmi við viðeigandi stjórnskipuleg skilyrði sín,

---

[1] Stjtíð. EB C 243, 24.8.2000, bls. 11.
[2] Áliti var skilað 4. október 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
[3] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
[4] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

HVETUR aðildarríkin til þess að hefja viðeigandi málsmeðferð í því skyni fyrir 1. júlí 2002.

Gjört í Lúxemborg 16. október 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
D. REYNDERS, forseti.

VIÐAUKI

BÓKUN
sem ráðið gerir við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins í samræmi við 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR að bókun þessari, aðildarríki Evrópusambandsins,

VÍSA TIL gerðar ráðsins frá 16. október 2001 um gerð bókunar við samninginn um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins,

TAKA TIL GREINA niðurstöður fundar leiðtogaráðsins, sem haldinn var í Tampere 15. og 16. október 1999, og þörfina á að koma þeim til framkvæmda tafarlaust í því skyni að skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis,

HAFA Í HUGA tilmæli sérfræðinga þegar þeir lögðu fram gagnkvæmar matsskýrslur, byggðar á sameiginlegum aðgerðum ráðsins 97/827/JHA frá 5. desember 1997, þar sem ákveðin var aðferð til að meta beitingu og framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga innanlands í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi,[1]

ERU SANNFÆRÐIR UM að þörf sé á viðbótarráðstöfunum á sviði gagnkvæmrar réttaraðstoðar í sakamálum til að berjast gegn afbrotum, þ.m.t. einkum skipulagðri brotastarfsemi, peningaþvætti og efnahagsbrotum,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI ÁKVÆÐI, sem skulu fylgja með í viðauka og vera órjúfanlegur hluti af samningnum um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum milli aðildarríkja Evrópusambandsins frá 29. maí 2000,[2] sem nefnist hér á eftir „samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000“:

---

[1] Stjtíð. EB L 344, 15.12.1997, bls. 7.
[2] Stjtíð. EB C 197, 12.7.2000, bls. 3.

1. gr.

Beiðni um upplýsingar um bankareikninga

1. Sérhvert aðildarríki skal, samkvæmt skilyrðum þessarar greinar og til að svara beiðni annars aðildarríkis, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kanna hvort einstaklingur eða lögaðili, sem sætir rannsókn vegna sakamáls, á eða ræður yfir einum eða fleiri reikningum, af hvaða tagi sem er, í banka sem staðsettur er á yfirráðasvæði þess og, ef svo er, veita allar upplýsingar um tilgreinda reikninga.

Upplýsingarnar skulu einnig, ef beðið er um þær og að því marki sem þær er hægt að láta í té innan sanngjarns tíma, taka til reikninga sem aðilinn, sem málsmeðferðin lýtur að, hefur umboð fyrir.

2. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir einungis ef bankinn, sem reikningurinn er í, ræður yfir upplýsingunum.

3. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir aðeins ef rannsóknin varðar:

- afbrot sem varðar refsingu sem felst í frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. fjögur ár í ríkinu, sem leggur fram beiðnina, og í a.m.k. tvö ár í ríkinu sem beiðni er beint til, eða

- afbrot sem um getur í 2. gr. samningsins um stofnun Evrópulögreglunnar frá 1995 (Europol-samningurinn), eða í viðauka við þann samning, með áorðnum breytingum, eða

- að því marki að það heyri ekki undir Europol-samninginn, afbrot sem um getur í samningnum um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna frá 1995, bókun við hann frá 1996 eða annarri bókun við hann frá 1997.

4. Yfirvaldið, sem leggur fram beiðnina, skal í henni:

- tilgreina af hverju það telur líklegt að upplýsingarnar, sem beðið er um, hafi efnislegt gildi fyrir markmið rannsóknar afbrotsins,

- tilgreina á hvaða forsendum það gerir ráð fyrir að reikningurinn sé í bönkum í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, og, að því marki sem hægt er, hvaða bankar kunna að tengjast málinu,

- láta allar tiltækar upplýsingar fylgja sem kunna að auðvelda framkvæmd beiðninnar.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að setja sömu skilyrði fyrir framkvæmd beiðni samkvæmt þessari grein og þau beita að því er varðar beiðnir um leit og haldlagningu.

6. Ráðið getur ákveðið, í samræmi við c-lið 2. mgr. 34. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að víkka út gildissvið 3. mgr.

2. gr.

Beiðni um upplýsingar um bankaviðskipti

1. Að beiðni ríkisins, sem leggur fram beiðni, skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita upplýsingar um tiltekna bankareikninga og bankaviðskipti sem átt hafa sér stað á tilteknu tímabili um einn eða fleiri reikninga sem tilteknir eru í beiðninni, að meðtöldum upplýsingum um reikninga sem fé er sent á eða móttekið frá.

2. Sú kvöð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, gildir einungis ef bankinn, sem reikningurinn er í, ræður yfir upplýsingunum.

3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tilgreina í henni af hverju það telur að upplýsingarnar, sem beðið er um, skipti máli fyrir rannsókn afbrotsins.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að setja sömu skilyrði fyrir framkvæmd beiðni samkvæmt þessari grein og þau beita að því er varðar beiðnir um leit og haldlagningu.

3. gr.

Beiðni um eftirlit með bankaviðskiptum

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja, að beiðni annars aðildarríkis, að það sé fært um að hafa, um tiltekinn tíma, eftirlit með bankaviðskiptum sem eiga sér stað á tilteknu tímabili um einn eða fleiri reikninga, sem tilteknir eru í beiðninni, og senda niðurstöðurnar til aðildarríkisins sem leggur fram beiðni.

2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tilgreina í henni af hverju það telur að upplýsingarnar, sem beðið er um, skipti máli fyrir markmið rannsóknar afbrotsins.

3. Ákvörðun um eftirlit skulu þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, taka í hverju einstöku tilviki, að teknu viðeigandi tilliti til landslaga í því aðildarríki.

4. Þar til bær yfirvöld aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkis, sem beiðni er beint til, skulu koma sér saman um tilhögun eftirlitsins.

4. gr.

Trúnaðarkvöð

Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að bankar upplýsi ekki hlutaðeigandi viðskiptamann bankans eða aðra þriðju aðila um að upplýsingar hafi verið sendar ríkinu, sem leggur fram beiðni, í samræmi við 1., 2. eða 3. gr. eða um að rannsókn standi yfir.

5. gr.

Upplýsingaskylda

Telji þar til bært yfirvald aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, meðan á framkvæmd beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð stendur, að rétt sé að hefja rannsókn, sem ekki var séð fyrir í upphafi eða sem ekki var unnt að tilgreina þegar beiðnin var lögð fram, skal það tafarlaust tilkynna yfirvaldinu, sem leggur fram beiðni, um það til að gera því kleift að grípa til frekari aðgerða.

6. gr.

Viðbótarbeiðnir um gagnkvæma réttaraðstoð

1. Þegar þar til bært yfirvald aðildarríkis, sem leggur fram beiðni, leggur fram beiðni til viðbótar fyrri beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð skal það ekki krafið aftur um upplýsingar sem fram komu í upphaflegu beiðninni. Í viðbótarbeiðninni skulu koma fram upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að vísa til upphaflegu beiðninnar.

2. Þegar þar til bæra yfirvaldið, sem lagt hefur fram beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð, tekur þátt í framkvæmd beiðninnar í aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, í samræmi við gildandi lagaákvæði, getur það, með fyrirvara um 3. mgr. 6. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, lagt fram viðbótarbeiðni beint til þar til bærs yfirvalds aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, á meðan á dvöl í því ríki stendur.

7. gr.

Bankaleynd

Aðildarríki skal ekki skírskota til bankaleyndar sem ástæðu til að synja um samvinnu þegar um er að ræða beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð frá öðru aðildarríki.

8. gr.

Skattabrot

1. Ekki má neita um gagnkvæma réttaraðstoð af þeirri ástæðu einni að beiðnin varði afbrot sem aðildarríkið, sem beiðni er beint til, telur vera skattabrot.

2. Ef aðildarríki hefur sett það skilyrði fyrir framkvæmd beiðni um leit og haldlagningu að afbrotið, sem leiðir til beiðninnar, sé einnig refsivert samkvæmt lögum þess skal skilyrðið uppfyllt að því er varðar afbrot, sem um getur í 1. mgr., ef afbrotið svarar til afbrots sama eðlis samkvæmt lögum þess.

Óheimilt er að synja beiðni á þeim grundvelli að lög aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, leggi ekki á sams konar skatta eða gjöld eða að í þeim séu ekki sams konar reglur í sambandi við skatta, gjöld, tolla og gjaldeyrisviðskipti og í lögum aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

3. Ákvæði 50. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins falla hér með úr gildi.

9. gr.

Stjórnmálaafbrot

1. Að því er varðar gagnkvæma réttaraðstoð milli aðildarríkja, má aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ekki líta á neitt afbrot sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot sem sprottið er af stjórnmálaástæðum.

2. Sérhverju aðildarríki er frjálst, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 13. gr., að lýsa því yfir að það muni aðeins beita 1. mgr. í tengslum við:

a) afbrotin sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977, og

b) afbrot sem felast í samsæri eða samanteknum ráðum, sem svara til lýsingarinnar á hegðun sem um getur í 4. mgr. 3. gr. samningsins frá 27. september 1996 um framsal milli aðildarríkja Evrópusambandsins, um að fremja eitt eða fleiri af afbrotunum sem um getur í 1. og 2. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum.

3. Fyrirvarar, sem gerðir eru skv. 13. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum, skulu ekki gilda um gagnkvæma réttaraðstoð milli aðildarríkja.

10. gr.

Sending synjana til ráðsins og íhlutun Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust)

1. Sé beiðni synjað á grundvelli:

– b-liðar 2. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 eða b-liðar 2. mgr. 22. gr. Benelúx-sáttmálans, eða

– 51. gr. Schengen-framkvæmdarsamningsins eða 5. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð, eða

– 5. mgr. 1. gr. eða 4. mgr. 2. gr. þessarar bókunar,

og aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, heldur fast við hana og ekki finnst lausn á málinu skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, senda rökstudda ákvörðun um að synja beiðninni til ráðsins til upplýsingar og mögulegs mats á tilhögun réttaraðstoðar milli aðildarríkjanna.

2. Þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni, geta tilkynnt Evrópsku réttaraðstoðinni, þegar hún hefur verið stofnuð, um hvers konar vandamál, sem upp koma varðandi framkvæmd beiðni í tengslum við ákvæðin sem um getur í 1. mgr., til að ná fram hagkvæmum lausnum í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í gerningnum um stofnun Evrópsku réttaraðstoðarinnar.

11. gr.

Fyrirvarar

Ekki er unnt að gera aðra fyrirvara við bókun þessa en þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Svæðisbundið gildissvið

Beiting þessarar bókunar, að því er varðar Gíbraltar, mun taka gildi þegar samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur tekið gildi þar í samræmi við 26. gr. þess samnings.

13. gr.

Gildistaka

1. Bókun þessi er háð samþykki aðildarríkjanna í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði þeirra hvers um sig.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins um að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir samþykkt bókunar þessarar.

3. Níutíu dögum eftir að tilkynningin, sem um getur í 2. mgr., berst frá því ríki sem er hið áttunda í röðinni til að uppfylla þá formkröfu, og er jafnframt aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráðið samþykkir gerðina um þessa bókun, öðlast bókun þessi gildi í aðildarríkjunum átta sem hlut eiga að máli. Hafi samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hins vegar ekki tekið gildi á þeim degi skal bókun þessi öðlast gildi á gildistökudegi þess samnings.

4. Sérhver tilkynning frá aðildarríki, sem berst eftir gildistöku þessarar bókunar skv. 3. mgr., hefur í för með sér að bókun þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir slíka tilkynningu milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem bókun þessi hefur þegar öðlast gildi.

5. Áður en bókun þessi öðlast gildi skv. 3. mgr. getur aðildarríki, þegar það sendir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það muni beita bókun þessari í samskiptum við aðildarríki sem hafa gefið sams konar yfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar skulu koma til framkvæmda 90 dögum eftir að þær eru afhentar til vörslu.

6. Þrátt fyrir 3. og 5. mgr. skal gildistaka eða beiting þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda milli neinna tveggja aðildarríkja fyrr en samningurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur öðlast gildi eða honum verið beitt milli þessara aðildarríkja.

7. Bókun þessi gildir um gagnkvæma réttaraðstoð sem hafin er eftir gildistökudag hennar eða eftir að henni hefur verið beitt skv. 5. mgr. milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

14. gr.

Ríki sem gerast aðilar

1. Hverju ríki, sem gerist aðili að Evrópusambandinu og að samningnum um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, er heimilt að gerast aðili að bókun þessari.

2. Ráð Evrópusambandsins gerir texta bókunar þessarar á tungumáli ríkisins sem gerist aðili að samningnum og er hann jafngildur öðrum textum.

3. Aðildarskjölin skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

4. Bókun þessi öðlast gildi, að því er varðar hvert ríki sem gerist aðili að henni, 90 dögum eftir að það hefur afhent aðildarskjöl sín til vörslu eða þann dag sem bókun þessi öðlast gildi ef hún hefur ekki þegar öðlast gildi þegar 90 daga tímabilinu lýkur.

5. Ef bókun þessi hefur ekki enn öðlast gildi þegar þau aðildarríki, sem gerast aðilar, afhenda aðildarskjöl sín til vörslu gildir 5. mgr. 13. gr. um þau ríki.

6. Þrátt fyrir 4. og 5. mgr. skal gildistaka eða beiting þessarar bókunar ekki koma til framkvæmda, að því er varðar ríkið sem gerist aðili, fyrr en samn-

ingurinn um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000 hefur öðlast gildi eða honum verið beitt gagnvart því ríki.

15. gr.

Staða Íslands og Noregs

Í 8. gr. felast ráðstafanir sem breyta eða byggjast á ákvæðunum sem um getur í viðauka A við samninginn sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[1] (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn").

16. gr.

Gildistaka að því er Ísland og Noreg varðar

1. Með fyrirvara um 8. gr. samstarfssamningsins öðlast ákvæðið, sem um getur í 15. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, 90 dögum eftir að ráðið og framkvæmdastjórnin fá upplýsingar skv. 2. mgr. 8. gr. samstarfssamningsins um að Ísland og Noregur hafi uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði í gagnkvæmum samskiptum við öll aðildarríki þar sem bókun þessi hefur þegar öðlast gildi skv. 3. eða 4. mgr. 13. gr.

2. Gildistaka bókunar þessarar, að því er varðar aðildarríki, eftir þann dag sem ákvæðið, sem um getur í 15. gr., öðlast gildi að því er Ísland og Noreg varðar, hefur í för með sér að ákvæði þetta öðlast einnig gildi að því er varðar gagnkvæm samskipti þess aðildarríkis og Íslands og Noregs.

3. Ákvæðin, sem um getur í 15. gr., verða í engu tilviki bindandi á Íslandi og í Noregi fyrir þann dag sem ákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð frá 2000, öðlast gildi að því er varðar þessi tvö ríki.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. hér að framan öðlast ákvæðið, sem um getur í 15. gr., gildi, að því er Ísland og Noreg varðar, eigi síðar en þann dag sem bókun þessi öðlast gildi að því er varðar fimmtánda ríkið sem er aðildarríki Evrópusambandsins þegar ráð þess samþykkir gerðina um að koma bókun þessari á.

17. gr.

Vörsluaðili

Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili bókunar þessarar.

Vörsluaðilinn skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* upplýsingar um framgang samþykkta og aðildar, yfirlýsingar og allar aðrar tilkynningar sem varða bókun þessa.

---

[1] Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Lúxemborg 16. október 2001 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins. Aðalframkvæmdastjórinn lætur hverju aðildarríki um sig í té staðfest endurrit.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1984, um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til lagabreytingar vegna þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000. Um er að ræða ákvæði um þær málsmeðferðarreglur sem gilda skuli þegar beiðni er sett fram um gagnkvæma réttar-

aðstoð í sakamálum á grundvelli samningsins. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

978. Frumvarp til laga [668. mál]

um landmælingar og grunnkortagerð.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

Grunnkort: Staðfræðileg kortagögn sem notuð eru sem undirlag fyrir þau þemagögn sem unnið er með hverju sinni, svo sem upplýsingar um gróður, skipulag eða jarðfræði. Grunnkort eru í flestum tilfellum stafræn gögn sem hægt er að nota í landfræðilegum upplýsingakerfum. Grunnkort má einnig nota til að vinna afleidd kort til útgáfu, t.d. ferðakort og göngukort.

Hæðarkerfi: Net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta, t.d. málmbolta, á yfirborði jarðar.

Landfræðileg gagnasöfn: Söfn landupplýsinga sem yfirleitt eru geymd flokkuð á tölvutæku formi og hægt er að setja fram með margs konar hætti á korti. Gögn eða upplýsingar í landfræðilegum gagnasöfnum eru flokkaðar eftir gerð í mismunandi þekjur.

Landshnitakerfi: Hnitakerfi með viðmiðun sem nær til alls landsins og samanstendur af mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum.

Landupplýsingar: Hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Viðmiðun: Kennistærðir sem lýsa legu, stefnu og kvarða landshnitakerfisins á jörðinni.

Þekja: Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild í landfræðilegu gagnasafni, t.d. vegaþekja eða vatnafarsþekja.

3. gr.
Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Aðsetur Landmælinga Íslands er á Akranesi. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum sem tilgreind eru í 4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands.

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

1. Að vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum sem stofnunin starfar á samkvæmt lögum þessum og varðandi stefnumótun á sviði landmælinga og opinberrar grunnkortagerðar.
2. Uppbygging og viðhald viðmiðana og aðgengilegs landshnitakerfis og hæðarkerfis fyrir allt Ísland.
3. Að hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga.
4. Gerð, viðhald og miðlun á eftirtöldum stafrænum þekjum í mælikvarðanum 1:50.000 og miðlun þeirra í minni mælikvarða:
   a. Vatnafar.
   b. Yfirborð.
   c. Vegir og samgöngur.
   d. Örnefni, í samráði við Örnefnastofnun Íslands.
   e. Stjórnsýslumörk.
   f. Mannvirki.
   g. Hæðarlínur og hæðarpunktar.
5. Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum, sbr. 6. gr.
6. Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
7. Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

5. gr.

Höfundaréttur.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

6. gr.

Miðlun upplýsinga og afnotaréttur.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 2., 4. og 6. tölul. 4. gr., enda brjóti afhending þeirra ekki gegn lögvernduðum rétti þriðja aðila. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem getið er í 1. mgr. og eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og að áreiðanleiki upplýsinga sé tryggður.

7. gr.

Fjármögnun.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Landmælingar Íslands afla sér enn fremur tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 5. og 6. gr.

2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 4. tölul. 4. gr.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna, svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun og dreifingu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

8. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

9. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 2007 skal bjóða út lager prentaðra korta og geisladiska Landmælinga Íslands og réttindi honum tengd. Þó skal ekki bjóða út réttindi til korta og tengds hugbúnaðar sem upprunnin eru hjá öðrum aðilum en Landmælingum Íslands nema með leyfi rétthafa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 11. október 2004 af umhverfisráðherra og var falið það hlutverk að endurskoða lög nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, með síðari breytingum, og einkanlega í því sambandi að skilgreina hvert ætti að vera hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð. Í nefndinni áttu sæti: Hugi Ólafsson, umhverfisráðuneyti, formaður, Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins, Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur, umhverfisráðuneyti, Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, og Reimar Pétursson lögfræðingur, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráði. Nefndin lauk störfum 9. mars 2005 og skilaði þá skýrslu til ráðherra.

Þótt lög um landmælingar og kortagerð séu ekki gömul, þá hefur mikil þróun verið í tækni á sviði landupplýsinga á undanförnum árum. Einnig hefur starfsemi einkaaðila á því sviði vaxið mikið og hafa á stundum verið árekstrar á milli einkafyrirtækja og Landmælinga Íslands (LMÍ), sem hafa leitt til málareksturs fyrir samkeppnisyfirvöldum. Þá hefur starfsemi LMÍ byggst upp að segja má upp á nýtt eftir flutning upp á Akranes. Allt þetta kallaði á endurskoðun á því lagaumhverfi sem stofnunin starfar í og á betri skilgreiningu á því hvert hlutverk hins opinbera á sviði landmælinga og kortagerðar eigi að vera.

Nefndin kallaði í byrjun starfs síns á marga aðila sem starfa á sviði landupplýsinga og kortagerðar, eða eru mikilvægir kaupendur eða notendur landupplýsinga. Um var að ræða ríkisstofnanir, sveitarfélög, einkaaðila og háskóla. Skiptar skoðanir voru um ýmis atriði, m.a. um það hver þáttur ríkisins ætti að vera í þessum málum, en þó má segja að ákveðin atriði hafi komið fram hjá flestum viðmælendum varðandi þróun mála síðustu ár og nauðsyn þess að bregðast við þeim.

Tækni á sviði landupplýsinga hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum og arðsemismöguleikar hafa skapast á sumum sviðum landupplýsinga og kortagerðar, sem hefur leitt til aukinnar sóknar einkafyrirtækja inn á þennan markað. Á sama tíma hefur ríkisvaldið verið að draga sig úr margs konar framleiðslu og þjónustustarfsemi. Fyrir skömmu hefði stór hluti starfsemi Landmælinga Íslands verið talinn óarðbær og utan markaðs. Þetta hefur breyst. Einkafyrirtæki hafa aukna burði til að vinna verk sem Landmælingar Íslands sátu einar að áður og til að framleiða nýjar lausnir og vörur á sviði landupplýsinga. Þessi þróun kallar á betri skilgreiningu á verkefnum hins opinbera og að skýr lína sé dregin á milli starfsemi ríkisins og einkaaðila.

Nauðsynlegt er að kort og önnur íslensk landupplýsingagögn lúti viðurkenndum stöðlum til að tryggja möguleika á samnýtingu upplýsinga og tengingu gagnagrunna. Nær allir viðmælendur nefndarinnar virtust sammála um að opinber stofnun ætti að halda utan um grunnstöðvanet (hnitakerfi) og staðla á sviði landupplýsinga. Sumir vildu láta þar við sitja, m.a. einkaaðilar sem eru komnir vel á veg með að kortleggja stærstan hluta landsins með verulegri nákvæmni. Margir, einkum notendur landupplýsinga, töldu að opinber stofnun ætti að tryggja að til sé opinber stafrænn kortagrunnur sem geymi grunnupplýsingar um landið, svo sem hnit og hæðarlínur, vatnafar, vegakerfi, örnefni o.fl., sem nýtist ríkisstofnunum og sveitarfélögum við lögbundin verkefni. Skiptar skoðanir voru hins vegar meðal þessara aðila um hversu nákvæmt slíkt grunnlíkan þyrfti að vera. Krafa á hendur LMÍ um umtalsverðar sértekjur gerir það erfitt fyrir stofnunina að draga sig út úr umdeildum samkeppnisrekstri. Það er ljóst af viðtölum nefndarinnar og af umkvörtunum einkafyrirtækja til samkeppnisyfirvalda að fyrirtæki telja að LMÍ sé í óþarfri samkeppni á markaði og njóti þar óeðlilegs forskots og stöðu. Ekki er heldur víst að LMÍ kjósi að standa í umdeildri samkeppni.

Með þessu frumvarpi er reynt að bregðast við fyrrgreindri þróun og sjónarmiðum. Verkefni Landmælinga Íslands eru skýrð og einfölduð, en stofnunin fer með lykilhlutverk af hálfu hins opinbera á sviði landmælinga og grunnkortagerðar, sem nefndinni var ætlað að skilgreina. Verkefni LMÍ eru skilgreind í 4. gr., en samkvæmt henni mun stofnunin draga sig úr þeim rekstri sem nú telst vera samkeppnisrekstur. Með þessu ætti að draga úr núningi við einkafyrirtæki og álitamálum sem gætu komið til kasta samkeppnisyfirvalda. LMÍ mun hins vegar tryggja að veigamiklum grunnverkefnum sé sinnt, sem ekki er víst að markaðurinn muni sjá sér hag í að sinna. Hins vegar geta einkafyrirtæki og aðrir aðilar komið að vinnu við slík grunnverkefni eða einstaka þætti þeirra.

Athygli er vakin á því að heiti frumvarpsins er annað en núgildandi laga, það fjallar um landmælingar og grunnkortagerð, en ekki landmælingar og kortagerð. Nefndin taldi að kortagerð næði yfir mjög vítt svið, þar sem fjölmargar ríkisstofnanir fást við kortagerð af ýmsu tagi. Frumvarpinu er hins vegar ekki ætlað að fjalla um alla þá starfsemi, heldur þá grunnvinnu við landmælingar og kortagerð sem lagt er til að Landmælingar Íslands sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni segir að markmið laganna sé að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland. Með því að reka stofnunina Landmælingar Íslands og koma á samræmdu kerfi við öflun og vinnslu landupplýsinga er leitast við að ná þessu markmiði. Ljóst er að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar vinna að söfnun og úrvinnslu landfræðilegra upplýsinga en Landmælingum Íslands er samkvæmt þessum lögum ætlað að tryggja að til séu ákveðnar grunnupplýsingar og jafnframt að tryggja eins vel og hægt er að gögn sem safnað hefur verið nú þegar séu aðgengileg.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök á sviði landfræði. Mikilvægt þykir að hugtök frumvarpsins séu skýr þar sem tilgangur þess er m.a. að skilgreina nánar hvað felist í hlutverki Landmælinga Íslands.

Meðal hugtaka sem hér eru skilgreind er hugtakið hæðarkerfi. Er hugtakið skilgreint sem net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta, t.d. málmbolta, á yfirborði jarðar. Venjulega eru þessir málmboltar úr kopar sem steyptir eru í klappir eða stöplar með koparboltum. Hæðarkerfi gerir notendum kleift að tengja niðurstöður úr hæðarmælingum við sameiginlega hæðarviðmiðun (vertical datum) alls landsins. Hæðarviðmiðun er viðmiðunarflötur með hæðargildið núll metrar og þar sem lóðstefna þyngdarkraftsins stendur hornrétt á flötinn í öllum punktum flatarins. Með hæðarkerfi er ekki átt við svokallað hæðarlíkan, en hæðarlíkan er þrívíddarmynd (t.d. tölvugerð) sem verður til úr hæðarlínum af ákveðinni nákvæmni.

Landshnitakerfi er í ákvæðinu skilgreint sem hnitakerfi sem nær til alls landsins með landfræðilegri viðmiðun og samanstendur af mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum. Landshnitakerfi gerir notendum þess kleift að tengja niðurstöður úr mælingum við sameiginlega viðmiðun landsins.

Um 3. gr.

Ákvæðið er í meginatriðum sama efnis og 2. og 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Ákvæðinu er ætlað að skilgreina grunnverkefni Landmælinga Íslands. Samkvæmt 1. tölul. skal stofnunin vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á þeim fagsviðum sem stofnuninni er ætlað að starfa á og fram koma í öðrum töluliðum ákvæðisins og varðandi stefnumótun á sviði landmælinga og grunnkortagerðar. Meginfagsvið Landmælinga Íslands eru landmælingar, fjarkönnun, kortagerð og landupplýsingakerfi auk þess sem stofnunin þarf að koma að gerð staðla og vinnuleiðbeininga á framangreindum fagsviðum. Mikilvægt er að stofnunin hafi yfir að ráða faglegri þekkingu til að geta sinnt þessu hlutverki sínu. Hér skal þó áréttað að stofnuninni er ekki ætlað að stunda sölu á ráðgjöf í samkeppni við einkafyrirtæki svo sem verkfræðistofur.

Í 2. tölul. er fjallað um það mikilvæga hlutverk Landmælinga Íslands að reka sameiginlegt landshnitakerfi og hæðarkerfi fyrir allt Ísland. Þessi kerfi nýtast m.a. sem grunnur fyrir vöktunarkerfi (svo sem á jarðskorpuhreyfingum), verklegar framkvæmdir, skipulagsvinnu hins opinbera og sveitarfélaga og vegna margs konar leiðsögukerfa. Í gildi er reglugerð nr. 919/1999, um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð, þar sem þetta hlutverk er nákvæmlega skilgreint.

Í 3. tölul. er fjallað um hlutverk Landmælinga Íslands á sviði staðlamála. Þar sem landupplýsingaiðnaðurinn er ung grein er þörf á vinnu við að móta og aðlaga erlenda staðla að íslensku umhverfi. Tilgangurinn er m.a. að tryggja gæði og samræmingu á þessu sviði hér á landi. Mikilvægt er að Landmælingar Íslands vinni þetta verkefni í góðu samstarfi við hagsmunaaðila, LÍSU – samtök um upplýsingatækni og Staðlaráð Íslands.

Í 4. tölul. kemur fram það verkefni við grunnkortagerð sem Landmælingum Íslands er ætlað að sjá um. Leitast er við að skýra nákvæmlega hvar mörk þessa verkefnis liggja til að forðast núning við hinn frjálsa markað. Stafrænn kortagrunnur í viðmiðunarmælikvarða 1:50.000 (IS 50V) hefur verið í vinnslu hjá Landmælingum Íslands síðan árið 1999 en fyrsta útgáfa af grunninum sem þekur allt Ísland var kynnt í árslok 2003. Hafin er endurskoðun gagnanna og í sumum tilfellum er þörf á að endurnýja gögn og fá ný. Grunnurinn telst vera

hluti af grunnkortagerð Íslands og auk þess að nýta gögnin í mælikvarða 1:50.000 er hægt að einfalda hluta gagnanna og birta í minni mælikvörðum, t.d. 1:100.000, 1:250.000 eða 1:500.000. Gögnin nýtast hins vegar að öllu jöfnu ekki fyrir stærri mælikvarða, t.d. 1:10.000. Stofnunin getur við framkvæmd þessa verkefnis aflað gagna frá einkaaðilum, svo sem loftmynda og gervitunglagagna, og falið einkaaðilum að vinna einstaka verkþætti.

Upptalning ákvæðisins í liðum a–g byggist á þeim sjö meginlögum, þekjum, sem kortagrunnurinn IS 50V inniheldur. Með vatnafari er í a-lið ákvæðisins átt við staðfræðilegar upplýsingar um allt í umhverfinu er tengist vatni eða sjó, svo sem upplýsingar um ár, læki, hveri, stöðuvötn, jökla, strendur, ásamt fyrirbærum sem tengjast vatni með hlutverki sínu, þ.m.t. skurðir. Yfirborð, sbr. b-lið, tekur yfir gróin og ógróin svæði af hluta landsins. Svæðum er í IS 50V skipt upp í eftirfarandi 9 flokka yfirborðs: 1) mosaþemba, 2) mólendi, 3) skóg- og kjarrlendi, 4) votlendi, 5) ræktað land (og graslendi), 6) annar gróður (hálfgróið og lítt gróið land), 7) vatnafar, 8) óþekkt. Vegir og samgöngur í IS 50V gagnasafninu eru GPS mældir akvegir frá Vegagerðinni og Landmælingum Íslands. Alls eru um 23.000 km mældra akvega í gagnasafninu eins og það var kynnt árið 2003. Vegagögnin innihalda upplýsingar um gerð vega, yfirborð vega, vegnúmer, kaflanúmer og vegflokk. Mannvirki, sbr. f-lið, tekur yfir allt það sem gert hefur verið af manna höndum í eða á landi, þá sérstaklega meiri háttar jarðfastar byggingar. Í mannvirkjalagi IS 50V er að finna upplýsingar um þéttbýlisstaði, stærstu flugvelli og mannvirki utan þéttbýlis; kirkjur, skóla, orkumannvirki, raflínur, vita, sumarhús og sveitabæi. Vegna þess að í mælikvarða 1:50.000 er þörf á einföldun þá eru flest mannvirki táknuð með punktum eða línum en að öllu jöfnu eru ekki teiknaðar raunverulegar útlínur mannvirkja. Til að gera slíkt er þörf á stærri mælikvarða, t.d. 1:10.000, sem lagt er til að falli utan verksviðs Landmælinga Íslands að vinna. Hæðarlínur, sbr. g-lið, gefa upplýsingar um hæð lands í formi lína sem liggja í sömu hæð yfir sjávarmáli. IS 50V inniheldur hæðarlínur með 20–100 metra hæðarmun.

Samkvæmt 5. tölul. fellur það innan verksviðs Landmælinga Íslands að veita aðgang að þeim gögnum sem stofnunin varðveitir við gildistöku lagafrumvarps þessa. Um er að ræða bæði nýleg og gömul gögn svo sem loftmyndir, niðurstöður mælinga, stafræn gagnasöfn og kort.

Í 6. tölul. er fjallað um það hlutverk sem Landmælingum Íslands er falið við að skrásetja og miðla upplýsingum um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi. Mikil aukning er í framleiðslu stafrænna korta og önnur vinnsla landfræðilegra upplýsinga fer vaxandi. Sífellt verður erfiðara að fá yfirsýn yfir hvað til er af slíkum gögnum hverju sinni. Mikilvægt er að einn aðili hafi það hlutverk að kortleggja hvar gagnasöfn er að finna þó að gagnasöfnin séu geymd vítt og breitt um samfélagið.

Samkvæmt 7. tölul. er það eitt af verkefnum Landmælinga Íslands að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar. Stofnunin gegnir nú þegar hlutverki sem tengiliður við fagstofnanir og fyrirtæki bæði hér á landi sem erlendis. Sem dæmi má nefna að stofnunin tekur virkan þátt í samtökum kortastofnana í Evrópu sem nefnast EuroGeographics. Stofnunin hefur einnig mikilvægt hlutverk í samskiptum með landfræðileg gögn í samstarfi NATO-ríkja.

Um 5. gr.

Ákvæðið er samhljóða 8. gr. gildandi laga. Landmælingar Íslands búa yfir miklu safni gagna svo sem prentuðum kortum, loftmyndum, filmum og stafrænum gögnum og gagnagrunnum. Grein þessi tekur á því að þessi gögn eru almennt bundin höfundarétti sem Landmælingum Íslands er ætlað að gæta og um þau réttindi gilda höfundalög. Landmælingar

Íslands munu sem fyrr geta veitt afnotarétt eða heimilað birtingu þessara gagna gegn gjaldi, sbr. 6. og 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 9. gr. núgildandi laga. Það fjallar um það með hvaða hætti Landmælingar Íslands skulu miðla og veita aðgang að gögnum sem eru í vörslu stofnunarinnar. Sérstök skil eru á milli þeirra gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laganna og annarra gagna sem stofnunin mun viðhalda eftir gildistöku þeirra. Helgast það af því að hlutverk stofnunarinnar er þrengt nokkuð með setningu laganna eins og fjallað er um í 4. gr. frumvarpsins. Markmiðið er að það liggi ljóst fyrir hvaða gögnum stofnunin á að miðla og veita aðgang að eftir gildistöku laganna.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fjármögnun Landmælinga Íslands og heimildir stofnunarinnar til gjaldtöku fyrir þau verkefni sem henni er ætlað að inna af hendi. Gert er ráð fyrir þeirri áherslubreytingu að stofnunin verði að stærstum hluta rekin á grundvelli opinberra fjárframlaga og sértekjur minnki. Kemur þetta til af því að stofnunin mun ekki lengur annast þau verkefni, t.d. útgáfu korta, sem verið hafa í samkeppni við einkaaðila á hinum almenna markaði. Stofnunin mun einungis sinna þeim afmörkuðu verkefnum sem skilgreind eru í 4. gr. frumvarpsins, sem þýðir að tekjur hennar munu minnka. Ákvæði 1.–3. tölul. 1. mgr. 7. gr. eru að mestu í samræmi við 10. gr. gildandi laga en eins og áður segir leiða færri verkefni til minni sértekna. Áfram verður stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir sölu á afnotarétti af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 1. tölul. Einnig er gert gert ráð fyrir að stofnunin afli sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 4. tölul. 4. gr. Að lokum er stofnuninni heimilt að taka þjónustugjöld fyrir afgreiðslu gagna. Þar sem um þjónustugjald er að ræða má ekki taka hærra gjald en nemur öllum föstum og breytilegum kostnaði af veittri þjónustu eða afgreiðslu gagna. Hér má því t.d. taka gjald til að mæta öllum kostnaði af framreiðslu, fjölföldun og dreifingu gagna auk sanngjarnrar hlutdeildar í afskriftum á fjárfestingu í vélum og tækjum sem þörf er á við ljósritun eða afritun gagna. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu skulu Landmælingar Íslands bjóða fyrir 1. janúar 2007 út lager prentaðra korta og geisladiska Landmælinga Íslands og réttindi honum tengd. Eftir þann tíma er þannig ekki gert ráð fyrir að stofnunin miðli annarri framleiðsluvöru en stafrænum þekjum í mælikvarðanum 1:50.000, sbr. 4. tölul. 4. gr., en það mun stofnunin gera samkvæmt þjónustugjöldum.

Um 8. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. gildandi laga og sams konar grein er einnig í lögum um skipulags- og byggingarmál. Greininni er ætlað að tryggja að opinberir aðilar geti stundað landmælingar á einkalöndum án sérstakra heimilda landeigenda enda valdi slík starfsemi hvorki tjóni né ónæði.

Um 9. gr.

Ákvæðið er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að Landmælingar Íslands skuli fyrir 1. janúar 2007 bjóða út lager prentaðra korta og geisladiska og réttindi honum tengd. Er þetta liður í því að draga stofnunina út úr samkeppni við einkamarkaðinn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð.

Með frumvarpinu er hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð endurskilgreint og það þrengt frá gildandi lögum. Verkefni Landmælinga Íslands eru skýrð og einfölduð og stofnunin hverfur af samkeppnismarkaði. Gert er ráð fyrir að Landmælingar Íslands gæti áfram hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Gert er ráð fyrir að stofnunin geti aflað sér tekna á sama hátt og verið hefur með sölu á afnotum af þessu efni ásamt sölu á sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu tiltekinna gagna auk þjónustugjalda fyrir afgreiðslu gagna svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun og dreifingu.

Áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs koma fram með þeim hætti að Landmælingar Íslands hverfa af samkeppnismarkaði. Áætlað er að við það verði stofnunin af 20 m.kr. sértekjum á ári en á móti fellur niður beinn kostnaður við samkeppnisreksturinn og er fjárhagslegt tap stofnunarinnar vegna þessarar breytingar metið 6 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að því verði mætt innan útgjaldamarkmiða langtímaáætlunar.

979. Frumvarp til laga [669. mál]

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er lagt til að reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, verði tekin upp í innlendan rétt. Frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 8. júní 2004 þar sem ákveðið var að breyta II. viðauka við EES-samninginn og fella umrædda reglugerð inn í samninginn. Með ákvörðuninni var ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna frá 7. desember 1998 um frjálsa vöruflutninga jafnframt felld inn í samninginn. Stjórnvöldum ber að taka tillit til ályktunarinnar við framkvæmd reglugerðarinnar en hana ber ekki að leiða í innlendan rétt.

Aðdragandi, markmið og efni reglugerðarinnar.

Reglugerðin á rætur að rekja til umræðna innan Evrópubandalagsins um skort á úrræðum vegna alvarlegra truflana á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna og dóms Evrópudómstólsins frá 9. desember 1997 í máli nr. 265/95 sem laut að hindrun á frjálsum vöruflutningum. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að Frakkland hefði brotið gegn reglum Rómarsáttmálans um frjálsa vöruflutninga og meginreglunni um trúnað þar sem lögregla hefði ekki gripið til fullnægjandi aðgerða til að koma í veg fyrir hindranir franskra bænda á innflutningi jarðarberja frá öðrum aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Í reglugerðinni er annars vegar mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að fjarlægja slíkar hindranir og hins vegar komið á fót kerfi upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eða eftir atvikum Eftirlitsstofnunar EFTA ef slíkra hindrana verður vart.

Reglugerðin nær aðeins til hindrana sem hafa í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum, valda einstaklingum sem þær bitna á alvarlegu tjóni og krefjast tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið sem um ræðir verði viðvarandi, breiðist út eða magnist, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru tekin af öll tvímæli um að reglugerðin hafi ekki áhrif á grundvallarréttindi, svo sem verkfallsrétt. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun í skilningi 1. gr. reglugerðarinnar skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni eða Eftirlitsstofnun EFTA þær upplýsingar sem skipta máli og miðlar stofnunin þeim upplýsingum til annarra aðildarríkja, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi aðildarríki er jafnframt skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu og tilkynna stofnuninni um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eða ætlunin er að grípa til, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Telji framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að hindrun sé fyrir hendi skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu og óska eftir því að aðildarríkið geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema hindrunina innan tiltekins frests. Stofnuninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar opinberlega og skal aðildarríkið tilkynna henni um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eða ætlunin er að grípa til innan tiltekins frests eða leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við ákvæði Rómarsáttmálans eða EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Á árinu 2001 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar þar sem sjónum er beint að veikleikum hennar og gerðar tillögur að þremur leiðum til úrbóta. Ráðið tók m.a. undir tillögur framkvæmdastjórnarinnar um að gefnar yrðu út leiðbeiningar

til aðildarríkjanna um nánari málsmeðferð ef hindrun á frjálsum vöruflutningum er fyrir hendi eða hætta er á slíkri hindrun. Gert er ráð fyrir að umræddar leiðbeiningarreglur verði gefnar út á fyrri hluta þessa árs.

Íslensk löggjöf og reglugerðin.

Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins er íslenska ríkið skuldbundið til að taka reglugerðir Evrópubandalagsins sem slíkar upp í landsrétt.

Upphaflega var farin sú leið að innleiða reglugerðina með fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins til ríkislögreglustjóra. Það var gert á þeim grundvelli að rétt væri að ríkislögreglustjóri annaðist þær skyldur sem lagðar væru á íslensk stjórnvöld samkvæmt reglugerðinni, enda teldust þau tilvik sem reglugerðin fjallar um almennt til ólögmætra aðgerða. Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemd við þessa innleiðingu og vísaði meðal annars til þess að það hefði verið staðfest af Evrópudómstólnum að fyrirmæli innan stjórnsýslunnar, eins og þau sem um var að ræða, væru ekki fullnægjandi til innleiðingar á reglugerð. Í ljósi þessa var kannað hvort unnt væri að fella reglugerðina inn í gildandi löggjöf. Þar sem reglugerðin tekur ekki aðeins til aðgerða sem lögregla getur þurft að grípa til verður hún ekki felld inn í lögreglulög, nr. 90/1996. Þá verður ekki séð að efni reglugerðarinnar eigi heima í öðrum gildandi lögum. Til að fullnægja 7. gr. EES-samningsins er því lagt til að reglugerðin verði innleidd með sérstökum lögum. Þess má geta að sama leið var farin við innleiðingu reglugerðarinnar í Noregi, en þar var reglugerðinni veitt lagagildi með lögum um framkvæmd frjálsra vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem tóku gildi 4. mars 2005.

Samkvæmt lögreglulögum er hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að vernda hvers konar lögmæta starfsemi og stemma stigu við afbrotum, sbr. a. og b. liði 2. mgr. 1. gr. laganna. Hefur lögregla því heimildir til að grípa til aðgerða vegna ólögmætra hindrana á frjálsum vöruflutningum og er ekki þörf á breytingum á lögreglulögum vegna innleiðingar á reglugerðinni. Ef til staðar er hindrun í skilningi reglugerðarinnar eða hætta á slíkri hindrun er hugsanlegt að lögregla þurfi aðstoð stofnana á borð við Landhelgisgæsluna. Af 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands er ljóst að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa heimild til að aðstoða lögreglu ef þörf er á aðgerðum vegna hindrana í skilningi reglugerðarinnar.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98

frá 7. desember 1998

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.

2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.

3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.

4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.

5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.

6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.

7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.

8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundnum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.

9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.

10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:

a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun

a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og

b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.

2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og

b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.

4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða

— leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.36. gr. sáttmálans.

5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á EES-gerð sem tekur til reglugerðar Evrópuráðsins nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir alvar-

legar hindranir á frjálsum vöruflutningum, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Lögfesting frumvarpsins ætti ekki að leiða til útgjalda fyrir ríkissjóð.

980. Frumvarp til laga [670. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998, og lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um dómstóla, nr. 15 25. mars 1998.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Dómstólar í héraði eru átta. Heiti þeirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.
2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.
3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Hólmavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Húnaþing vestra, Áshreppur, Húnavatnshreppur, Blönduóssbær, Höfðahreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð, Akrahreppur og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarbær, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.
6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Austurbyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.
7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sveitarfélagið Árborg, Hraun-

gerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.

8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes og Kópavogsbær.

2. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra, sbr. þó 3. mgr.

Ekki skal gefa dóm Hæstaréttar út fyrr en liðinn er sólarhringur frá uppkvaðningu hans. Dómur, þar sem kærður er úrskurður sem kveðinn er upp skv. 87. gr., sbr. 86. gr., 90. gr., sbr. 89. gr., og 103. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, skal ekki gefinn út fyrr en mánuður er liðinn frá uppkvaðningu hans.

Um heimildir til mynd- og hljóðupptöku í húsakynnum Hæstaréttar gilda að breyttu breytanda ákvæði 2. mgr. 22. gr.

3. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Dómstólaráði er heimilt að fela löglærðum starfsmanni að sinna verkefnum sem hafa upplýsingagildi gagnvart almenningi, þar á meðal að taka þátt í opinberri umræðu um dómsmál.

4. gr.

16. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. mgr. orðast svo:

Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti héraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr. Láti dómstjóri tímabundið af starfi skal varadómstjóri gegna starfi hans enda verði forföll dómstjóra ekki lengri en 3 mánuðir. Verði forföll dómstjóra lengri skal dómsmálaráðherra setja dómstjóra í hans stað.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Dómari sem telur á sig hallað með ákvörðun dómstjóra samkvæmt þessari grein getur leitað álits nefndar um dómarastörf um ákvörðunina. Skal málsmeðferð fyrir nefndinni fara samkvæmt ákvæðum 27. gr.

Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en héraðsdómara og slítur ráðningu þeirra, sbr. þó 17. gr. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.–30. gr.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Til aðstoðar dómurum má ráða til héraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum

2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. og hafa í minnst tvö ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum. Dómstjóri annast slíka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera til sex ára og skal vera heimilt að endurráða starfsmanninn einu sinni við sama dómstól. Aðstoðarmanni verður þó ekki vikið úr starfi nema samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna.

Auk þess sem segir í 1. mgr. er dómstjóra heimilt að fela aðstoðarmanni eftirtalin störf:

1. Þingfestingu og meðferð almennra einkamála þar til greinargerð hefur verið skilað.
2. Ljúka máli skv. 113. gr. laga um meðferð einkamála.
3. Dómkvaðningu matsmanna.
4. Skýrslutöku skv. XI. kafla og 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála.
5. Meðferð aðfararbeiðna sem falla undir 1.–4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför.
6. Meðferð gjaldþrotamála samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.
7. Meðferð krafna um opinber skipti samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl.
8. Áritun sektarboða skv. 3. og 5. mgr. 115. gr. a laga um meðferð opinberra mála.
9. Kröfu um úrskurð skv. 87. gr., sbr. 86. gr., 90. gr., sbr. 89. gr., og 103. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um störf þau sem dómstjóri felur aðstoðarmanni skv. 2. mgr. fer eftir IV. kafla laga þessara að öðru leyti en því að laun aðstoðarmanns skulu ákveðin af kjaranefnd.

Þá skulu eftir því sem við á ákvæði 4. og 5. mgr. 18. gr. gilda um störf þau sem dómstjóri felur aðstoðarmanni skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Dómstólaráði er heimilt, með samþykki aðstoðarmanns og beggja dómstjóra, að flytja aðstoðarmann tímabundið milli héraðsdómstóla á meðan á ráðningartíma hans stendur.

6. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Öðrum en dómstólnum sjálfum eru óheimilar myndatökur og hvers kyns hljóð- og myndupptökur í dómhúsum. Frá þessu má víkja í einstök skipti með leyfi dómstjóra, enda sé þess gætt að myndatökum og upptökum verði ekki beint að aðilum dómsmáls, án þeirra samþykkis.

II. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 113. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Eins má dómari með áritun fallast á kröfu um staðfestingu lögveðréttar, sé hún að hans mati í samræmi við gögn málsins og útivist hafi orðið af hálfu stefnda eins og segir í 1. málsl.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um starfsgengisskilyrði skulu fyrst koma til framkvæmda næst þegar ráðnir eru starfsmenn samkvæmt lögunum. Sex ára tímabil skv. 17. gr. skal fyrst hefjast við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Sú meginbreyting, sem lögð er til í frumvarpinu, er að dómstjóra héraðsdómstóls verði veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu afmörkuðu leyti. Með því er reynt að endurheimta þá kosti dómarafulltrúakerfisins, sem féll úr lögum árið 1998, en jafnframt að nýta kosti aðstoðarmannakerfisins, sem þá tók við, með því að dómstjóri getur sem fyrr nýtt aðstoðarmennina sem aðstoðarmenn, og þá jafnvel eingöngu sem slíka, ef honum þykir hagsmunum dómsins þannig best borgið. Með frumvarpinu er dómstjóra því fengin heimild en ekki skylda til þess að nýta aðstoðarmenn með þessum hætti. Núverandi kerfi hefur hins vegar þann galla að aðstoðarmenn hafa ekki heimild til að vinna nein dómstörf í eigin nafni. Má þar nefna að meginfjöldi þeirra dómsmála sem héraðsdómstólunum berast á hverju ári eru svonefnd útivistarmál, þ.e. mál þar sem þing er ekki sótt af hálfu stefnda eða þingsókn hans fellur niður áður en greinargerð er skilað af hans hálfu og dómur er lagður á málið eftir þeim gögnum sem stefnandi hefur lagt fram. Eftir núverandi lögum hafa héraðsdómarar getað falið aðstoðarmönnum að fara yfir þau gögn og gera tillögu um afgreiðslu hvers máls um sig, ljúka því með áritun eins og algengast er eða þá semja í málinu dóm eða þá vísa því frá með úrskurði. En lokahönd á málið hefur dómari orðið að leggja sjálfur og getur ekki falið aðstoðarmanni eða öðrum það verk, enda kveða lög á um að það sé dómari sem ljúki málinu með áritun. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er dómstjóra heimilað að fela aðstoðarmanni að ljúka málinu endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Með því móti sparast tími héraðsdómarans, auk þess sem niðurstaða málsins er í nafni þess sem í raun vann að málinu. Sama má segja um aðra möguleika sem dómstjóri fær til að fela aðstoðarmanni einstök dómstörf; þeir eru til þess fallnir að létta verulega vinnuálagi af héraðsdómurum, sem þar með gefst aukinn tími til að sinna því hlutverki að leggja dóm á munnlega flutt mál, hvort sem þau eru einkamál eða opinber mál.

Ástæða er til að nefna sérstaklega að frumvarpið gerir ráð fyrir að dómstjóra verði heimilað að fela aðstoðarmanni að kveða upp svonefnda rannsóknarúrskurði, þar á meðal úrskurð um gæsluvarðhald. Hér er ástæða að minna á að einungis er um heimild til dómstjóra að ræða, og getur dómstjóri tekið þann kost að nýta hana aldrei, ef honum svo þykir henta. Á hitt er að líta að með frumvarpinu eru gerðar ákveðnar hæfniskröfur til aðstoðarmanna, en þeir munu allir hafa öðlast lögfræðilega starfsreynslu annars staðar áður en þeir eru ráðnir til starfa hjá dómstóli. Ætti því að vera eðlilegra en ella að fela þeim slík dómstörf sem uppkvaðning rannsóknarúrskurða er. Rétt er að hafa í huga að verulegt hagræði er af því að unnt sé að fela aðstoðarmanni uppkvaðningu slíkra úrskurða, en með því móti geta héraðsdómarar, ekki síst þeir sem starfa við dómstól þar sem einungis er einn héraðsdómari, losnað undan þeirri kvöð að þurfa ávallt að vera til taks. Af því yrði auk þess verulegur fjársparnaður, en launakostnaður aðstoðarmanns yrði talsvert lægri en héraðsdómara.

Þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fela megi aðstoðarmönnum dómara ákveðin dómstörf er í frumvarpinu lagt til að starfsöryggi þeirra verði tryggt og að kjör þeirra verði ákveðin af kjaranefnd. Ætla má að þau verði ákveðin sem hlutfall af launum héraðsdómara. Með þessu móti er komið til móts við þau rök sem helst þóttu mæla gegn fulltrúakerfinu.

Lagt er til að hlutverk dómstólaráðs til þess að koma fram í þágu héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart almenningi verði aukið og heimilt verði að ráða sérstakan fulltrúa sem sinni samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir sértækum upplýsingum sem varða málefni dómstólanna. Ástæða getur verið til þess að upplýsa almenning betur um starfsemi dómstólanna og eftir atvikum um einstök dómsmál enda eru rangfærslur og umræða á villigötum til þess fallin að draga úr tiltrú almennings á dómstólunum.

Meðal annarra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu má nefna breytingu á lögum um meðferð einkamála sem lýtur að því að dómurum, og þá eftir atvikum aðstoðarmönnum, verði heimilað að fallast með áritun á kröfu um staðfestingu lögveðréttar í útivistarmáli. Samkvæmt núgildandi reglum laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður að semja dóm í þeim málum þar sem fallist er á slíka kröfu en form þessara dóma hefur verið staðlað. Yrði af þessari breytingu töluverður vinnusparnaður fyrir héraðsdómstólana.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýmæli um birtingu dóma Hæstaréttar, um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum og einnig hefur frumvarpið að geyma ákvæði er auka sjálfstæði dómara gagnvart dómstjóra og koma í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. í sakamál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frá því að dómstólalögin voru sett, árið 1998, hafa orðið miklar breytingar vegna sameiningar sveitarfélaga og nafnabreytinga. Til samræmis við það eru lagðar til breytingar á þessari grein.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir nýmæli um birtingu dóma Hæstaréttar, en nauðsynlegt þykir að setja í lög nýjar reglur í ljósi þeirra venja sem skapast hafa í tæknivæðingu undanfarinna ára. Heimilt verði að birta dóm á netinu sólarhring eftir uppkvaðningu hans en ekki samdægurs eins og verið hefur. Er frestinum ætlað að tryggja að málsaðilar fái hæfilegt ráðrúm til að kynna sér efni dómsins áður en hann verður gerður opinber á netinu. Eðlilegt er að þessir hagsmunir málsaðila gangi framar hagsmunum almennings til þess að kynna sér efni dómsins. Sérregla gildi um úrskurði sem kveðnir eru upp í þágu rannsóknar lögreglu, en þeir hafa iðulega að geyma upplýsingar um málavexti sem ekki þykir rétt að verði gerðar opinberar strax að úrskurði gengnum.

Þá er einnig lagt til nýmæli í 4. mgr. og er því sambandi vísað til skýringa við 6. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að dómstólaráði verði heimilað að koma fram sem sameiginlegur málsvari dómstólanna gagnvart almenningi, en dómarar hafa hingað til verið tregir til að taka þátt í opinberri umræðu um þá dóma sem kveðnir hafa verið upp. Með vaxandi opinberri umræðu um einstaka dóma og fréttaflutningi af þeim kann að þykja æskilegt að dómstólar hafi sameiginlegan málsvara til að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum, og eftir atvikum leiðréttingum, sem mættu verða til þess að stuðla að því að borgararnir fái fremur rétta mynd en ranga af starfsemi dómstólanna. Því er lagt til að dómstólaráði sé heimilt að fela löglærðum starfsmanni að sinna þessu hlutverki, og er gert ráð fyrir að hlutverk hans verði þróað af ráðinu.

Um 4. gr.

Hér er í fyrsta lagi lagt til að kveðið skýrar á um það að í þeim tilvikum þegar dómstjóri lætur af störfum skal efnt til nýrrar kosningar dómstjóra. Varadómstjóri er staðgengill hans í skemmri leyfum en lagt er til að sá tími geti verið allt að þrír mánuðir.

Í öðru lagi verði sett ákvæði sem komi í veg fyrir að dómari verði gegn vilja sínum ávallt settur í sama málaflokkinn, t.d. í sakamál, og því er lögð til heimild fyrir hann í lokamáls-

greininni að kvarta við dómstólaráð yfir úthlutun dómstjóra. Með þessu móti verður sjálfstæði dómara aukið gagnvart dómstjóra.

Um 5. gr.

Eins og vikið er að í almennum athugasemdum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á aðstoðarmannakerfinu eins og það er í dag. Er breytingunum ætlað að gera aðstoðarmönnum kleift að létta vissum störfum af dómurum, ef dómstjóri svo kýs. Rétt er að leggja áherslu á að hér er um að ræða heimild til dómstjóra en ekki skyldu.

Þegar núgildandi dómstólalög voru sett kom sá möguleiki til greina að styrkja réttarstöðu dómarafulltrúanna enn frekar en verið hafði en að endingu var sú leið farin að fella niður stöðu dómarafulltrúanna í þeirri mynd sem hún þekktist. Rétt þykir að fara þá leið nú að sameina kosti þessara kerfa að ákveðnu takmörkuðu leyti. Lagt er til að dómstjórar geti nýtt sér þessa heimild telji þeir það þjóna hagsmunum dómstólsins. Það er því lagt í þeirra hendur að meta það hvort og þá hvernig þeir nýta krafta þeirra aðstoðarmanna sem við dómstólinn starfa eða þangað eru ráðnir. Gert er ráð fyrir að aðstoðarmenn uppfylli ákveðin hæfisskilyrði. Þurfa þeir því að eiga að baki nokkra starfsreynslu en það skilyrði er ekki sett samkvæmt núgildandi lögum.

Í 2. mgr. eru talin upp þau störf sem lagt er til að dómstjóra verði heimilt að fela aðstoðarmanni að sinna í eigin nafni og ábyrgð.

Í fyrsta lagi er um að ræða þingfestingu og meðferð almennra einkamála þar til greinargerð hefur verið skilað. Með því sparast dýrmætur tími dómara.

Í öðru lagi er um að ræða svokölluð útivistarmál, þ.e. þau mál þar sem stefndi eða eftir atvikum stefndu láta undir höfuð leggjast að mæta við þingfestingu máls, sbr. 96. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Heimilt er að ljúka slíku máli með áritun dómara að uppfylltum skilyrðum 113. gr. laganna. Rakið er í almennum athugasemdum að aðstoðarmenn hafa fram til þessa farið yfir þessi mál, gætt þess að skilyrði til áritunar séu uppfyllt og afhent þau dómara sem síðan áritar þau. Dómari hefur hins vegar setið á hinum reglulegu dómþingum en gert er ráð fyrir því að aðstoðarmenn geti gegnt þeim dómstörfum sem þar fara fram, þ.m.t. leiðbeint ólöglærðum og gert dómsáttir.

Í þriðja lagi er um að ræða dómkvaðningu matsmanna, sbr. IX. kafla laga nr. 91/1991. Í framkvæmd hafa aðstoðarmenn sinnt þessu og valið matsmenn. Dómari hefur síðan tekin beiðnina fyrir á dómþingi með formlegum hætti.

Í fjórða lagi er um að ræða skýrslutöku sem fer fram fyrir öðrum dómi, sbr. XI. kafla laga nr. 91/1991.

Í fimmta lagi er um að ræða meðferð aðfararbeiðna sem falla undir 1.–4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Í framkvæmd hafa aðstoðarmenn farið yfir aðfararbeiðnirnar og gætt þess að skilyrði til áritunar um að aðför megi fara fram samkvæmt henni séu uppfyllt, sbr. 12. gr. laganna, eða eftir atvikum hvort synja eigi um aðför. Dómari hefur að því búnu áritað beiðnirnar.

Í sjötta lagi er um að ræða meðferð gjaldþrotamála samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Eins og fram hefur komið er lagt til að verði aðstoðarmanni falið að sinna einhverjum af þeim störfum sem talin hafa verið upp hér að ofan geri hann það í sínu nafni og ábyrgð. Aðstoðarmaðurinn yrði því sjálfstæður í störfum sínum að þessu leyti og verða honum því ekki gefin fyrirmæli um úrlausn málanna.

Þá er lagt til að aðstoðarmanni verði ekki sagt upp störfum nema með dómi, sbr. IV. kafla laga nr. 91/1991, og gildir því það sama um hann og dómara sem eru skipaðir í embætti. Með

þessu móti er honum tryggt öryggi í starfi en auk þess eru laun hans ákveðin af kjaranefnd. Þá verður hann ekki gegn vilja sínum fluttur tímabundið á milli héraðsdómstóla á ráðningartímanum.

Nú kann svo að hátta til að fleiri en einn aðstoðarmaður starfi við dómstól og að dómstjóri telji henta að fela einum eða fleiri þeirra að fara með störf sem heimiluð eru í 2. mgr. en fela öðrum eingöngu eða nær eingöngu hefðbundin aðstoðarmannsstörf eins og nú tíðkast. Ekki er farin hér sú leið að setja dómstjóra sérstaka reglu um hvernig hann hagar slíku vali sínu, en vitaskuld verður að gera ráð fyrir því að þar muni dómstjóri fara eftir málefnalegum sjónarmiðum, svo sem starfsaldri aðstoðarmannsins. Þar sem gert er ráð fyrir að aðstoðarmaður verði sjálfstæður í þeim störfum sem honum kann að vera falin skv. 2. mgr. þá verður að telja varhugavert að úrlausnir hans hafi áhrif á ákvarðanir dómstjóra um nýtingu heimildar samkvæmt þessari grein. Þá þykir ekki rétt að binda dómstjóra við að aðstoðarmaður skuli hafa starfað um ákveðinn tíma þar til honum verði falin verkefni skv. 2. mgr., en slíkt skilyrði mundi draga mjög úr hagræði minni dómstóla af heimildinni.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Undanskildar eru þær upptökur sem fara fram á vegum dómstólsins sjálfs, og eru þar hafðar í huga þær upptökur sem eðlilegar eru við rekstur dómstólsins, svo sem hljóðritun á framburði vitna og hefðbundin notkun öryggismyndavéla. Þá er gert ráð fyrir því að dómstjóri geti heimilað myndatökur og aðrar upptökur í einstök skipti með nánar greindu skilyrði, og er þar átt við upptökur er ekki snerta aðila dómsmáls, sem eru í dómhúsinu vegna málsins. Má hér hugsa sér myndatöku vegna almennrar fréttar um dómstólinn eða viðtals við dómara og svo framvegis.

Mjög hefur færst í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum á þetta við um sakborninga í opinberum málum. Þá er alkunna að þetta er mjög fallið til þess að valda þeim, einkum hinum síðastnefndu, ama og óþægindum. Hafa sakborningar af þessum sökum mjög freistað þess að hylja andlit sín er þeir ganga í dómsal. Á síðustu árum hefur jafnvel verið tíðkað að beina myndavélum inn í dómsali þegar dyr eru opnaðar á meðan á þinghaldi stendur, svo sem þegar nýtt vitni gengur í salinn. Hefur reynslan sýnt að í þeim tilfellum hefur hinn ákærði iðulega freistað þess að hylja andlit sitt einnig við þau tækifæri. Leiðir það aftur til þess að hinn ákærði þarf jafnan að hafa vara á sér að þessu leyti á meðan á þinghaldinu stendur, í stað þess að einbeita sér að málsvörn sinni. Þykir þessi aðstaða vera til þess fallin að auka á ójafnvægi málsaðila.

Í dönsku réttarfarslögunum (retsplejeloven) er meginreglan sú að hljóðritun eða myndatökur eru bannaðar, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna. Enn fremur eru myndatökur í dómhúsum bannaðar, nema með sérstöku leyfi, og sama gildir um myndatökur af grunuðum mönnum, sakborningum eða vitnum sem eru á leið til eða frá þinghaldi.

Ákvæðunum í norsku dómstólalögunum (Domstolloven) svipar nokkuð til dönsku reglnanna. Myndatökur og hljóðritanir í þinghaldi eru bannaðar, og einnig er bannað að hljóðrita eða taka myndir af sakborningi til eða frá þinghaldi eða í dómhúsi því sem þinghald fer fram, sbr. 131. gr. a laganna. Heimilt er að víkja frá þessu ef veigamikil rök mæla með því.

Um 7. gr.

Hér er lagt til það nýmæli að árita megi mál þar sem staðfestur er veðréttur samkvæmt kröfu. Fjöldi mála er af þessu tagi og gera lög ráð fyrir því í dag að semja þurfi dóm í þeim tilvikum sem fallist er á kröfu um staðfestingu veðréttar jafnvel þó að um útivist af hálfu þess

eða þeirra sem stefnt er sé að ræða. Dómar þessir eru að formi til staðlaðir og væri af því mikið hagræði og vinnusparnaður ef árita mætti þessi mál á sama hátt og önnur útivistarmál.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með ákvæðinu er tekið fram að lagabreytingar haggi ekki ráðningu þeirra starfsmanna sem fyrir eru hjá héraðsdómstólunum, en fyrir því eru sanngirnisrök. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/1998, um dómstóla, og lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Helsta breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu snýr að því að dómstjóra héraðsdómstóls verði heimilt að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf á afmörkuðu sviði. Flest mál sem berast dómstólum eru svonefnd útivistarmál en þá er átt við mál þar sem ekki kemur til þess að munnlegur málflutningur fari fram heldur er dómur lagður á málið eftir gögnum sem lögð hafa verið fyrir dómstólinn. Í samræmi við núgildandi lög er aðstoðarmönnum héraðsdómara vanalega falið að fara yfir gögn í slíkum málum, gera tillögu um afgreiðslu hvers máls, s.s. að því verði lokið með áritun, að semja dóm eða vísa frá með úrskurði, en dómari hefur orðið að leggja lokahönd á málið sjálfur. Með breytingunni sem lögð er til í þessu frumvarpi verður unnt að fela aðstoðarmanni dómara að ljúka slíkum málum endanlega í sínu nafni og ábyrgð. Þannig mætti draga úr vinnuálagi á héraðsdómara og þeim væri gert kleift að verja meiri tíma í að dæma munnlega flutt mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvörðun um launakjör aðstoðarmanna héraðsdómara verði færð til kjaranefndar. Miðað við núverandi skipan mála er ekki ástæða til að ætla að það hefði í för með sér teljandi breytingar á launum þeirra. Hins vegar er í þessu sambandi vakin athygli á því að á vegum ríkisstjórnarinnar er starfandi nefnd sem ætlað er að skoða hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar. Enn fremur er nefndinni ætlað að huga að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem einstökum aðilum eru sett í lögum um launaákvarðanir sínar. Stefnt er að því að nefndin semji frumvarp um breytingar á fyrirkomulagi þessara mála sem lagt verði fyrir á þessu vorþingi. Má því vera að ákvæði í sérlögum um launaákvarðanir kjaranefndar muni ekki falla að breyttu fyrirkomulagi.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að dómstólaráði verði heimilt að ráða sérstakan fulltrúa sem sinni samskiptum við fjölmiðla og aðra sem leita eftir upplýsingum um málefni héraðsdómstóla. Miðað við fullt starf gæti kostnaður við það verið um 5–6 m.kr. á ári. Hér er þó um að ræða heimild og ræðst það af mati á þörf fyrir upplýsingagjöf og fjárhagslegu svigrúmi dómstólaráðs á hverjum tíma hvernig hún verður nýtt, t.d. fsmanni þetta hlutverk eða e.t.v. að því yrði sinnt sem hlutastarfi.

Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi umtalsverð áhrif á launakostnað eða önnur útgjöld héraðsdómstóla. Gert er ráð fyrir að öll slík útgjöld sem kynnu að falla til rúmist innan þeirra marka sem langtímaáætlun í ríkisfjármálum setur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

981. Tillaga til þingsályktunar [671. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Suður-Kóreu.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2005.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2005. Meginmál samningsins í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

EFTA-ríkin hafa nú komið á fríverslunarsamningum við fimmtán ríki og yfirráðasvæði, að samningnum við Kóreu meðtöldum, og bíður samningur EFTA og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja undirritunar.

Samningurinn við Kóreu kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Tollar falla niður á flestum mikilvægustu útflutningsvörum Íslands frá gildistöku samnings en samið var um stuttan aðlögunartíma fyrir niðurfellingu tolla á fáeinum mikilvægum vörutegundum. Í slíkum tilvikum falla tollar niður í áföngum á þremur til fimm árum. Sjávarafurðir eru um þessar mundir mikilvægasta útflutningsvara Íslands til Kóreu en Kóreumenn eru miklir fiskneytendur. Markaðshlutdeild íslenskra aðila hefur þó verið fremur lítil og tollar oft á bilinu 10–20%. Samningurinn skapar því forsendur fyrir aukin viðskipti með sjávarafurðir við Kóreu. Suður-Kórea kann einnig að vera áhugaverður markaður fyrir aðrar útflutningsvörur Íslendinga enda er mikill uppgangur í efnahagslífi landsins og margs konar viðskiptatækifæri þar fyrir hendi. Samningurinn er af svokallaðri annarri kynslóð fríverslunarsamninga og inniheldur, auk ákvæða um vöruviðskipti, ákvæði um þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál og opinber innkaup. Í tengslum við gerð samningsins var enn fremur samið um gagnkvæma vernd fjárfestinga og markaðsaðgang fyrir fjárfesta í samningi milli Íslands, Liechtenstein og Sviss annars vegar og Suður-Kóreu hins vegar.

Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti, samkeppnismál, opinber innkaup og úrlausn deilumála. Verslun með óunnar landbúnaðarvörur fellur undir tvíhliða samning Íslands við Suður-Kóreu. Í tengslum við gerð samningsins var enn fremur samið um gagnkvæma vernd fjárfestinga og markaðsaðgang fyrir fjárfesta í samningi milli Íslands, Liechtensteins og Sviss annars vegar og Suður-Kóreu hins vegar.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR MILLI EFTA-RÍKJANNA OG LÝÐVELDISINS SUÐUR-KÓREU

FREE TRADE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES AND THE REPUBLIC OF KOREA

FORMÁLSORÐ

PREAMBLE

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Ríkjasambandið Sviss (hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin “)

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as "the EFTA States"),

og

and

Lýðveldið Suður-Kórea (hér á eftir nefnt „Suður-Kórea“),

the Republic of Korea (hereinafter referred to as "Korea"),

sem nefnast hér á eftir „samningsaðilarnir“,

hereinafter collectively referred to as "the Parties",

SEM HAFA Í HUGA mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli Suður-Kóreu og EFTA-ríkjanna,

CONSIDERING the important links existing between Korea and the EFTA States;

SEM ÆSKJA ÞESS að styrkja þessi tengsl með því að koma á fót fríverslunarsvæði og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

WISHING to strengthen these links through the creation of a free trade area, thus establishing close and lasting relations;

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM að fríverslunarsvæði muni skapa aukinn og öruggan markað fyrir vörur og þjónustu á yfirráðasvæðum þeirra og skapa stöðugt og áreiðanlegt fjárfestingarumhverfi og auka þannig samkeppnishæfni fyrirtækja sinna á heimsmörkuðum,

CONVINCED that the free trade area will create an expanded and secure market for goods and services in their territories and create a stable and predictable environment for investment, thus enhancing the competitiveness of their firms in global markets;

SEM ÁRÉTTA stuðning sinn við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennu mannréttindayfirlýsinguna,

REAFFIRMING their commitment to the United Nations Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

SEM ERU STAÐRÁÐNIR Í að stuðla að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum og hvetja til víðtækari alþjóðasamvinnu, einkum milli Evrópu og Asíu, með því að fjarlægja viðskiptahindranir með því að koma á fót fríverslunarsvæði,

RESOLVED by way of the removal of obstacles to trade through the creation of a free trade area to contribute to the harmonious development and expansion of world trade and provide a catalyst to broader international co-operation, in particular between Europe and Asia;

SEM HAFA AÐ MARKMIÐI að skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja góðar og auknar rauntekjur á yfirráðasvæðum hvers um sig með auknum viðskiptum og fjárfestingum,

AIMING to create new employment opportunities, improve living standards and ensure a large and steadily growing real income in their respective territories through the expansion of trade and investment flows;

ERU SANNFÆRÐIR UM að þessi samningur muni skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir tengsl þeirra á sviði efnahagsmála, viðskipta og fjárfestinga,

SEM BYGGJA Á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og öðrum samningum á grundvelli hans (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn“) og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf sem báðir samningsaðilar eiga aðild að og

SEM VIÐURKENNA að aukið frelsi í viðskiptum skuli taka mið af hagkvæmustu nýtingu auðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið,

HAFA ÁKVEÐIÐ eftirfarandi, í samræmi við markmið þessi:

CONVINCED that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

BUILDING on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the WTO and the other agreements negotiated thereunder (hereinafter referred to as "the WTO Agreement") and other multilateral and bilateral instruments of co-operation to which they are both parties; and

RECOGNISING that trade liberalisation should allow for the optimal use of the world's resources in accordance with the objective of sustainable development, seeking both to protect and preserve the environment;

HAVE AGREED, in pursuit of the above, as follows:

1. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 1.1

Markmið

1. Suður-Kórea og EFTA-ríkin koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið þessa samnings, sem er byggður á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að auka frelsi og auðvelda vöruviðskipti í samræmi við XXIV. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“),

b) að auka frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (hér á eftir nefndur „GATS-samningurinn“),

c) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagstengsl milli samningsaðilanna,

d) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,

e) að tryggja næga og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðlega staðla og

f) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahindrana og með því að þróa umhverfi sem hvetur til aukinna fjárfestinga, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

CHAPTER 1 GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1.1

Objectives

1. Korea and the EFTA States hereby establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies, are:

(a) to achieve the liberalisation and facilitation of trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (hereinafter referred to as "the GATT 1994");

(b) to achieve the liberalisation of trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (hereinafter referred to as "the GATS");

(c) to promote competition in their economies, particularly as it relates to economic relations between the Parties;

(d) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;

(e) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, in accordance with international standards; and

(f) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade and by developing an environment conducive to increased investment flows, to the harmonious development and expansion of world trade.

GR.1.2

Landfræðilegt gildissvið

1. Þessi samningur gildir, með fyrirvara um I. viðauka, um:
   a) landsvæði, innhöf og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir landsvæðinu í samræmi við þjóðarétt, svo og
   b) svæði utan landhelgi með tilliti til ráðstafana sem samningsaðili gerir í krafti fullveldisréttinda eða lögsögu sinnar í samræmi við þjóðarétt.
2. Ákvæði II. viðauka eiga við um Noreg.

GR.1.3

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir þennan samning

1. Ákvæði þessa samnings eiga við um viðskipta- og efnahagstengsl milli Suður-Kóreu annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar en eiga ekki við um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

2. Af tollabandalaginu, sem stofnað var með samningi frá 29. mars 1923 milli Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins, leiðir að Ríkjasambandið Sviss er fulltrúi Furstadæmisins Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

GR. 1.4

Fjárfesting

Að því er varðar fjárfestingar er vísað til fjárfestingasamnings sem gerður var sérstaklega milli Suður-Kóreu annars vegar og Íslands, Liechtensteins og Sviss hins vegar. Þessi samningur myndar, að því er þessa samningsaðila varðar, hluta gerninganna um að koma fríverslunarsvæðinu á fót.

GR. 1.5

Tengsl við aðra samninga

Ákvæði þessa samnings eru með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt WTO-samningnum og öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

GR. 1.6

Svæðis- og staðbundin stjórnvöld

Hver samningsaðili skal sjá til þess að hlutaðeigandi svæðis- og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld og óopinberar stofnanir, sem starfa í umboði og eftir tilnefningu ríkisstjórna eða svæðis- og staðbundinna stjórnvalda og yfirvalda á yfirráðasvæði hans, uppfylli allar skyldur og skuldbindingar samkvæmt þessum samningi á yfirráðasvæði sínu.

ARTICLE 1.2

Geographical Scope

1. Without prejudice to Annex I, this Agreement shall apply:
   (a) to the land territory, internal waters, and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory in accordance with international law; as well as
   (b) beyond the territorial sea, with respect to measures taken by a Party in the exercise of its sovereign right or jurisdiction in accordance with international law.
2. Annex II applies with respect to Norway.

ARTICLE 1.3

Trade and Economic Relations Governed by this Agreement

1. The provisions of this Agreement apply to the trade and economic relations between, on the one side, Korea and, on the other side, the EFTA States, but not to the trade relations between individual EFTA States, unless otherwise provided for in this Agreement.
2. As a result of the customs union established by the Treaty of 29 March 1923 between the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein, the Swiss Confederation shall represent the Principality of Liechtenstein in matters covered thereby.

ARTICLE 1.4

Investment

Regarding investment, reference is made to the agreement on investment separately concluded between Korea, on the one hand, and Iceland, Liechtenstein and Switzerland, on the other. This agreement shall for these Parties form part of the instruments establishing the free trade area.

ARTICLE 1.5

Relationship to other Agreements

The provisions of this Agreement shall be without prejudice to the rights and obligations of the Parties under the WTO Agreement and any other international agreement to which they are party.

ARTICLE 1.6

Regional and Local Government

Each Party shall ensure within its territory the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of governmental powers delegated to them by central, regional and local governments or authorities.

GR. 1.7

Fríðindasamningar

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á viðskiptafyrirkomulagið sem kveðið er á um í þessum samningi.

ARTICLE 1.7

Preferential Agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do not adversely affect the trade regime provided for by this Agreement.

2. KAFLI VÖRUVIÐSKIPTI

GR. 2.1

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um framleiðsluvörur sem eru taldar upp hér á eftir sem verða að vera upprunnar í EFTA-ríki eða í Suður-Kóreu nema GATT-samningurinn frá 1994 eigi við um réttindi og skyldur samningsaðilanna:

a) framleiðsluvörur sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (hér á eftir nefnd „samræmda tollskráin“ (ST)), að frátöldum framleiðsluvörum í III. viðauka,
b) unnar landbúnaðarafurðir eins og kveðið er á um í IV. viðauka og
c) fisk og aðrar sjávarafurðir eins og kveðið er á um í V. viðauka.

2. Suður-Kórea og hvert EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þeir samningar eru hluti af gerningum um að koma á fót fríverslunarsvæði EFTA-ríkjanna og Suður-Kóreu.

CHAPTER 2 TRADE IN GOODS

ARTICLE 2.1

Scope

1. This Chapter shall apply to the products listed below, which must originate in an EFTA State or in Korea except when the rights and obligations of the Parties are governed by the GATT 1994:

(a) all products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (hereinafter referred to as "the HS"), excluding the products listed in Annex III;
(b) processed agricultural products as provided for in Annex IV; and
(c) fish and other marine products as provided for in Annex V.

2. Korea and each EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing the free trade area between the EFTA States and Korea.

GR. 2.2

Upprunareglur og tollmeðferð

Í I. viðauka er að finna ákvæði um upprunareglur og tollmeðferð.

ARTICLE 2.2

Rules of Origin and Customs Procedures

The provisions on rules of origin and customs procedures are set out in Annex I.

GR. 2.3

Tollar

1. EFTA-ríkin og Suður-Kórea skulu, við gildistöku þessa samnings, afnema alla tolla og hvers konar önnur gjöld á innflutning og útflutning framleiðsluvara sem eru upprunnar í EFTA-ríki eða Suður-Kóreu, nema kveðið sé á um annað VI. viðauka.

2. Ekki skal leggja á nýja tolla eða önnur gjöld á innflutning og útflutning framleiðsluvara sem eru upprunnar í Suður-Kóreu eða í EFTA-ríki.

3. Til „tolla og annarra gjalda“ teljast hvers konar tollar eða önnur gjöld sem eru lögð á í tengslum við innflutning eða útflutning framleiðsluvöru, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan innflutning eða útflutning, en til þeirra teljast

ARTICLE 2.3

Customs Duties

1. Upon the entry into force of this Agreement, the EFTA States and Korea shall abolish all customs duties and other duties or charges on imports and exports of products originating in an EFTA State or in Korea except as otherwise provided for in Annex VI.

2. No new customs duties and other duties or charges on imports and exports of products originating in Korea or in an EFTA State shall be introduced.

3. "Customs duties and other duties or charges on imports and exports" includes any duty or charge of any kind imposed in connection with the importation or exportation of a product, including any form of surtax or surcharge in connection with such importation or exportation, but does not include any

þó ekki gjöld sem eru lögð á í samræmi við III. og VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.

GR. 2.4
Grunntollar

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt IV., V. og VI. viðauka, skal samsvara bestukjaratollinum (hér á eftir nefndur „bestukjaratollur") sem í gildi var 1. janúar 2005.

2. Ef samningsaðili ákveður að lækka bestukjaratoll fyrir eina eða fleiri vörutegundir, sem falla undir þennan samning, gildir sá tolllur svo fremi og svo lengi sem hann er lægri en tollur sem er reiknaður út í samræmi við áætlanir um afnám tolla sem er að finna í IV., V. og VI. viðauka. Á meðan lækkaður bestukjaratollur er í gildi skulu samningsaðilarnir hafa með sér samráð, komi fram beiðni þar um, með það í huga að halda áfram með þá áætlun um afnám tolla sem byggir á lækkuðum bestukjaratolli.
3. Reikna skal lækkuðu tollana í samræmi við IV., V. og VI. viðauka með einum aukastaf.

GR. 2.5
Takmarkanir á innflutningi og útflutningi

1. Við gildistöku þessa samnings skal afnema hvers konar bönn eða takmarkanir á innflutningi eða útflutningi framleiðsluvara í viðskiptum milli samningsaðilanna, önnur en tolla og skatta, hvort sem um er að ræða kvóta, innflutnings- eða útflutningsleyfi eða aðrar ráðstafanir, nema að því leyti sem tilgreint er í V. viðauka.
2. Óheimilt er að gera nýjar ráðstafanir eins og um getur í 1. mgr.

GR. 2.6
Innlend meðferð

Samningsaðilar skulu beita innlendri meðferð í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994, þar á meðal athugasemdum um túlkun sem eru hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum.

GR. 2.7
Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

1. Ákvæði WTO-samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Samningsaðilar skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum „tengiliða" með sérþekkingu á hollustu-

charge imposed in conformity with Articles III and VIII of the GATT 1994.

ARTICLE 2.4
Base Rate of Customs Duties

1. For each product the base rate of customs duties, to which the successive reductions set out in Annexes IV, V and VI are to be applied, shall be the most-favoured nation (hereinafter referred to as "MFN") customs duty rate applied on 1 January 2005.
2. If at any moment a Party reduces its MFN customs duty rates for one or more goods covered by this Agreement, that duty rate shall apply if and for as long as it is lower than the customs duty rate calculated in accordance with the tariff elimination schedule set out in Annexes IV, V and VI. During the application of the reduced MFN rate, the Parties shall consult upon request with a view to continuing the elimination schedule based on the reduced MFN customs duty rate.
3. The reduced customs duty rates calculated in accordance with Annexes IV, V and VI shall be applied rounded to the first decimal place.

ARTICLE 2.5
Import and Export Restrictions

1. Upon the entry into force of this Agreement, all import or export prohibitions or restrictions on trade in goods between the Parties, other than customs duties and taxes, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be eliminated on all products of each Party, except as specified in Annex V.
2. No new measures as referred to in paragraph 1 shall be introduced.

ARTICLE 2.6
National Treatment

The Parties shall apply national treatment in accordance with Article III of the GATT 1994, including its interpretative notes, which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.

ARTICLE 2.7
Sanitary and Phytosanitary Measures

1. The rights and obligations of the Parties in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

2. The Parties shall exchange names and addresses of contact points with sanitary and phytosanitary

háttum og heilbrigði dýra og plantna í því skyni að auðvelda tæknilegt samráð og upplýsingaskipti.

GR. 2.8
Tæknilegar reglur

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna, að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat, í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir (hér á eftir nefndur „WTO-samningurinn um tæknilegar viðskiptahindranir"), sem er hér með felldur inn í þennan samning og er hluti af honum.
2. Samningsaðilar skulu auka samvinnu á sviði tæknilegra reglna, staðla og samræmismats með það fyrir augum að auka gagnkvæman skilning á kerfum hvers um sig og auðvelda aðgang að mörkuðum þeirra. Þeir skulu í þessu skyni einkum hafa með sér samvinnu um að:

a) styrkja hlutverk alþjóðlegra staðla sem grundvallar fyrir tæknilegar reglur, þar með taldar reglur um samræmismat,
b) stuðla að faggildingu aðila, sem annast samræmismat, á grundvelli viðeigandi staðla og leiðbeininga Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO)/Alþjóðaraftæknineftndarinnar (IEC) og
c) stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum samræmismats þeirra aðila sem um getur í b-lið 2. mgr. og hafa verið viðurkenndir samkvæmt viðeigandi marghliða samningi milli hlutaðeigandi faggildingarkerfa eða faggildingaraðila.

3. Samningsaðilarnir skulu, í tengslum við þessa grein og sem fyrst, auka upplýsingaskipti og taka skriflegar beiðnir um samráð til velviljaðrar athugunar.
4. Samningsaðilarnir viðurkenna að fyrir hendi sé margs konar fyrirkomulag til að auðvelda, á yfirráðasvæði samningsaðila, samþykki á niðurstöðum samræmismats sem fram fer á yfirráðasvæði annars samningsaðila, þ.m.t.:

a) samningar um gagnkvæmt samþykki á niðurstöðum samræmismats með hliðsjón af tilteknum reglum sem stofnanir á yfirráðasvæði hins samningsaðilans vinna eftir,
b) faggilding til viðurkenningar á samræmismati,
c) tilnefning hins opinbera á aðilum sem annast samræmismat,
d) viðurkenning eins samningsaðila á niðurstöðum samræmismats sem fram fer á yfirráðasvæði annars samningsaðila,

expertise in order to facilitate technical consultations and the exchange of information.

ARTICLE 2.8
Technical Regulations

1. The rights and obligations of the Parties in respect of technical regulations, standards and conformity assessment shall be governed by the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (hereinafter referred to as "the TBT Agreement"), which is hereby incorporated into and made part of this Agreement.
2. The Parties shall strengthen their cooperation in the field of technical regulations, standards and conformity assessment with a view to increasing the mutual understanding of their respective systems and facilitating access to their respective markets. To this end, they shall in particular cooperate in:

(a) reinforcing the role of international standards as a basis for technical regulations, including conformity assessment procedures;
(b) promoting the accreditation of conformity assessment bodies on the basis of relevant Standards and Guides of the International Standards Organisation (ISO)/International Electrotechnical Commission (IEC); and
(c) promoting the mutual acceptance of conformity assessment results of bodies referred to in paragraph 2(b) which have been recognised under an appropriate multilateral agreement between their respective accreditation systems or bodies.

3. The Parties shall, within the context of this Article, expeditiously broaden the exchange of information and give favourable consideration to any written request for consultation.
4. The Parties recognise that a broad range of mechanisms exists to facilitate the acceptance in a Party's territory of the results of conformity assessment procedures conducted in another Party's territory, including:

(a) agreements on mutual acceptance of the results of conformity assessment procedures with respect to specified regulations conducted by bodies located in the territory of the other Party;
(b) accreditation procedures for qualifying conformity assessment;
(c) government designation of conformity assessment bodies;
(d) recognition by one Party of the results of conformity assessments performed in another Party's territory;

e) frjálst fyrirkomulag milli aðila sem annast samræmismat á yfirráðasvæði hvors samningsaðila um sig og
f) samþykki samningsaðilans, sem flytur inn, á samræmisyfirlýsingu birgis.

Samningsaðilarnir skulu, eigi síðar en þremur árum eftir gildistökudag þessa samnings, meta, á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar sem um getur í gr. 8.1 (hér á eftir nefnd „sameiginlega nefndin"), framvindu með hliðsjón af gagnkvæmu samþykki þeirra á niðurstöðum samræmismatsins og samþykkja frekari ráðstafanir að því marki sem nauðsynlegt er.

5. Samningsaðilarnir samþykkja, með fyrirvara um 1. mgr., að skiptast á upplýsingum og hafa með sér samráð um hvert það mál sem upp kann að koma vegna beitingar tiltekinna tæknilegra reglna, staðla og málsmeðferðar við samræmismat er hafa, að áliti Suður-Kóreu eða eins eða fleiri EFTA-ríkja, skapað eða gætu skapað hindrun í viðskiptum milli samningsaðilanna, með það að markmiði að finna viðeigandi lausn í samræmi við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir. Sameiginlegu nefndinni skal tilkynnt um slíkt samráð.

GR. 2.9

Styrkir og jöfnunarráðstafanir

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við VI. og XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og WTO-samninginn um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í 2. mgr.

2. Áður en samningsaðili hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í EFTA-ríki eða Suður-Kóreu og áhrif þess, eins og kveðið er á um í 11. gr. WTO-samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir, skal samningsaðili, sem hyggst hefja rannsókn, senda skriflega tilkynningu um það til þess samningsaðila sem vörurnar tilheyra og rannsóknin tekur til, og veita þrjátíu daga frest til samráðs til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Efna skal til samráðs í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðila fer fram á það innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

GR. 2.10

Undirboð

1. Samningsaðilarnir áskilja sér réttindi og skyldur skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (hér á eftir nefndur „WTO-samningur um undirboð") með fyrirvara um eftirfarandi:

a) Samningsaðilarnir skulu reyna að komast hjá því að hefja, hvorir gagnvart öðrum, aðgerðir

(e) voluntary arrangements between conformity assessment bodies in each Party's territory; and
(f) the importing Party's acceptance of a supplier's declaration of conformity.

The Parties shall, at the latest three years after the date of entry into force of this Agreement, assess in the Joint Committee referred to in Article 8.1 (hereinafter referred to as the "Joint Committee") progress with regard to the acceptance of the results of conformity assessment between them and, to the extent necessary, agree on further steps.

5. Without prejudice to paragraph 1, the Parties agree to exchange information and to hold expert consultations to address any matter that may arise from the application of specific technical regulations, standards and conformity assessment procedures and which according to Korea or one or more of the EFTA States has created or is likely to create an obstacle to trade between the Parties, with a view to working out an appropriate solution in conformity with the TBT Agreement. The Joint Committee shall be informed of such consultations.

ARTICLE 2.9

Subsidies and Countervailing Measures

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Articles VI and XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as provided for in paragraph 2.

2. Before a Party initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in an EFTA State or in Korea, as provided for in Article 11 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 30 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within ten days from the receipt of the notification.

ARTICLE 2.10

Anti-Dumping

1. The Parties retain their rights and obligations under Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 (hereinafter referred to as the "WTO Agreement on Anti-Dumping"), subject to the following:

(a) The Parties shall endeavour to refrain from initiating anti-dumping procedures against

gegn undirboðum. Þegar samningsaðili fær nægilega vel rökstutt erindi skal hann í þessu skyni tilkynna þeim samningsaðila, sem talinn er bjóða vörur sínar á undirboðskjörum, um það skriflega, áður en rannsókn hefst samkvæmt ákvæðum WTO-samningsins um undirboð og gefa frest til samráðs til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum um niðurstöður samráðsins.

b) Ef samningsaðili ákveður að leggja á undirboðstoll skv. gr. 9.1 í WTO-samningnum um undirboð skal hann beita reglunni um „lægri toll" með því að leggja á toll sem er lægri en undirboðsvikmörkin ef þessi lægri tollur vegur upp á móti því tjóni sem innlendur iðnaður verður fyrir.

2. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar í sameiginlegu nefndinni endurskoða hvort nauðsynlegt sé að viðhalda þeim möguleika að grípa til ráðstafana gegn undirboðum þeirra. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að viðhalda þessum möguleika skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

each other. To this end, when a Party receives a properly documented application and before initiating an investigation under the WTO Agreement on Anti-Dumping, the Party shall notify in writing the other Party whose goods are allegedly being dumped and allow for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. The outcome of the consultations shall be communicated to the other Parties.

(b) If a Party takes a decision to impose an anti-dumping duty pursuant to Article 9.1 of the WTO Agreement on Anti-Dumping, the Party taking such a decision shall apply the "lesser duty" rule by imposing a duty which is less than the dumping margin where such lesser duty would be adequate to remove the injury to the domestic industry.

2. Five years after the entry into force of this Agreement, the Parties shall in the Joint Committee review whether there is need to maintain the possibility to take anti-dumping measures between them. If the Parties decide, after the first review, to maintain the possibility they shall thereafter conduct biennial reviews of this matter in the Joint Committee.

GR. 2.11

Tvíhliða verndarráðstafanir

1. Ef innflutningur framleiðsluvöru, sem er upprunnin hjá samningsaðila, inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila eykst svo mjög, annaðhvort sem hrein aukning eða sem hlutfall af innlendri framleiðslu, á grundvelli þess að tollar hafa verið lækkaðir eða afnumdir samkvæmt þessum samningi, og við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans, sem flytur inn, er honum heimilt að grípa til neyðarráðstafana, í eins litlum mæli og unnt er að komast af með, til að ráða bót á skaðanum eða koma í veg fyrir hann með fyrirvara um ákvæði eftirfarandi málsgreina þessarar greinar.

2. Því aðeins má gera neyðarráðstafanir að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið alvarlegum skaða eða að hætta sé á því samkvæmt rannsókn sem er gerð í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í WTO-samningnum um verndarráðstafanir.

3. Samningsaðili, sem hyggst grípa til neyðaraðgerða samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað, og eigi síðar en gripið er til aðgerðarinnar, tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Í tilkynningunni skulu koma fram allar viðeigandi upplýsingar, þar á meðal sönnunargögn um

ARTICLE 2.11

Bilateral Safeguard Measures

1. Where, as a result of the reduction or elimination of a customs duty under this Agreement, any product originating in a Party is being imported into the territory of another Party in such increased quantities, in absolute terms or relative to domestic production, and under such conditions as to constitute a substantial cause of serious injury or threat thereof to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, the importing Party may take emergency measures to the minimum extent necessary to remedy or prevent the injury, subject to the provisions of the following paragraphs of this Article.

2. Emergency measures shall only be taken upon clear evidence that increased imports have caused or are threatening to cause serious injury pursuant to an investigation in accordance with the procedures laid down in the WTO Agreement on Safeguards.

3. The Party intending to take an emergency action under this Article shall immediately, and in any case before taking a measure, make notification to the other Parties and the Joint Committee. The notification shall contain all pertinent information, which shall include evidence of serious injury or

alvarlegan skaða eða hættu á slíku af völdum aukins innflutnings, nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni sem um ræðir, upplýsingar um fyrirhugaða ráðstöfun og frá hvaða degi og hversu lengi ráðstöfunin gildir og á hve löngum tíma hún verður afnumin í áföngum. Bjóða skal samningsaðila, sem slíkar ráðstafanir gætu haft áhrif á, bætur í formi aukins, nokkurn veginn jafngilds viðskiptafrelsis í tengslum við innflutning frá honum.

4. Ef skilyrðunum í 1. mgr. er fullnægt er samningsaðilanum, sem flytur inn, heimilt að:

a) fresta frekari lækkun á hvaða tolli sem er af framleiðsluvörunni sem kveðið er á um í þessum samningi eða
b) hækka toll af framleiðsluvörunni og skal miða við þann toll sem lægri er:
   i) toll sem er lagður á í bestukjarameðferð og er í gildi á þeim degi sem aðgerðin á sér stað eða
   ii) toll sem er lagður á í bestukjarameðferð og er í gildi daginn fyrir gildistöku þessa samnings.

5. Neyðarráðstafanir skulu ekki vara lengur en í eitt ár. Við mjög óvenjulegar aðstæður og að lokinni athugun sameiginlegu nefndarinnar er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Óheimilt er að beita ráðstöfunum vegna innflutnings framleiðsluvöru sem ráðstöfun hefur áður verið beitt gegn a.m.k. næstu þrjú árin eftir að ráðstöfunin fellur úr gildi.

6. Sameiginlega nefndin skal, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, rannsaka þær upplýsingar sem eru veittar samkvæmt 3. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir lausn málsins með þeim hætti að báðir aðilar geti við unað. Ef engin lausn finnst er samningsaðilanum, sem flytur inn, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 4. mgr. til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem ráðstöfunin beinist gegn, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða ef ekki næst gagnkvæmt samkomulag um jöfnunargreiðslur. Tilkynna skal hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíka verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð. Val á verndarráðstöfun og jöfnunaraðgerð skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings. Jöfnunaraðgerð skal venjulega fela í sér niðurfellingu ívilnana sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti eða ívilnanir sem í megindráttum jafngilda þeim viðbótartolli sem búist er við að leiði af neyðarráðstöfuninni. Samningsaðilinn, sem grípur til slíkrar aðgerðar, skal gera það í eins stuttan tíma og mögulegt er til að ná í meginatriðum jafngildum áhrifum á viðskipti og einungis á meðan ráðstöfun skv. 4. gr. er beitt.

threat thereof caused by increased imports, precise description of the product involved, and the proposed measure, proposed date of introduction, expected duration and timetable for the progressive removal of the measure. A Party that may be affected by the measure shall be offered compensation in the form of substantially equivalent trade liberalization in relation to the imports from any such Party.

4. If the conditions in paragraph 1 are met, the importing Party may:

(a) suspend the further reduction of any rate of customs duty provided for under this Agreement for the product; or
(b) increase the rate of customs duty for the product to a level not to exceed the lesser of:
   (i) the MFN rate of duty applied at the time the action is taken; or
   (ii) the MFN rate of duty applied on the day immediately preceding the date of the entry into force of this Agreement.

5. Emergency measures shall be taken for a period not exceeding one year. In very exceptional circumstances, after review by the Joint Committee, measures may be taken up to a total maximum period of three years. No measures shall be applied to the import of a product, which has previously been subject to such a measure, for a period of, at least, three years since the expiry of the measure.

6. The Joint Committee shall, within 30 days from the date of notification, examine the information provided under paragraph 3 in order to facilitate a mutually acceptable resolution of the matter. In the absence of such resolution, the importing Party may adopt a measure pursuant to paragraph 4 to remedy the problem, and, in the absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The safeguard measure and the compensatory action shall be immediately notified to the other Parties and the Joint Committee. In the selection of the safeguard measure and the compensatory action, priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement. The compensatory action shall normally consist of suspension of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially equivalent to the value of the additional duties expected to result from the emergency action. The Party taking such action shall apply the action only for the minimum period necessary to achieve the substantially equivalent trade effects and in any event, only while the measure under paragraph 4 is being applied.

7. Þegar ráðstöfun lýkur skal beita þeim tolli sem hefði verið lagður á ef ráðstöfunin hefði ekki verið gerð.
8. Ef aðstæður eru tvísýnar og tafir myndu valda skaða, sem erfitt yrði að bæta, er samningsaðila heimilt að grípa til neyðarráðstafana til bráðabirgða ef ákvarðað hefur verið að óyggjandi sönnun sé fyrir því að aukinn innflutningur hafi valdið innlendum iðnaði alvarlegum skaða eða að hætta sé á því. Samningsaðili, sem hyggst grípa til slíkra ráðstafana, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Hefja skal viðeigandi málsmeðferð, sem getið er í 2.–6. mgr., sem er einnig vegna jöfnunaraðgerða, innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar. Allar jöfnunaraðgerðir skulu miðast við samanlagðan gildistíma neyðarráðstöfunar til bráðabirgða og neyðarráðstöfunar.

9. Hætta skal bráðabirgðaráðstöfunum eigi síðar en eftir 200 daga. Gildistími slíkrar bráðabirgðaráðstöfunar skal teljast vera hluti af því tímabili sem endanlega ráðstöfunin, sem getið er í 4. mgr., varir, ásamt hvers konar framlengingu hennar. Endurgreiða skal tollahækkanir þegar í stað ef rannsóknin, sem er lýst í 2. mgr., leiðir ekki í ljós að skilyrðum 1. mgr. hafi verið fullnægt.
10. Fimm árum eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar í sameiginlegu nefndinni endurskoða hvort þörf sé á því að viðhalda möguleika á að grípa til verndarráðstafana þeirra á milli. Ef samningsaðilarnir ákveða, að lokinni fyrstu endurskoðun, að halda þessum möguleika áfram skal endurskoðun fara fram í sameiginlegu nefndinni annað hvert ár eftir það.

GR. 2.12

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða yfirvofandi hætta er á því er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í GATT-samningnum frá 1994 og WTO-samkomulaginu um greiðslujöfnunarákvæði, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Viðeigandi ákvæði GATT-samningsins frá 1994 og í WTO-samkomulaginu um greiðslujöfnunarákvæði eru hér með felld inn í þennan samning og eru hluti af honum.
3. Samningsaðili, sem grípur til aðgerða samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það.

7. Upon the termination of the measure, the rate of customs duty shall be the rate which would have been in effect but for the measure.
8. In critical circumstances, where delay would cause damage which would be difficult to repair, a Party may take a provisional emergency measure pursuant to a preliminary determination that there is clear evidence that increased imports constitute a substantial cause of serious injury, or threat thereof, to the domestic industry. The Party intending to take such a measure shall immediately notify the other Parties and the Joint Committee thereof. Within 30 days of the date of the notification, the pertinent procedures set out in paragraphs 2 to 6, including for compensatory action, shall be initiated. Any compensation shall be based on the total period of application of the provisional emergency measure and of the emergency measure.
9. Any provisional measures shall be terminated within 200 days at the latest. The period of application of any such provisional measure shall be counted as part of the duration of the measure set out in paragraph 4 and any extension thereof. Any tariff increases shall be promptly refunded if the investigation described in paragraph 2 does not result in a finding that the conditions of paragraph 1 are met.
10. Five years after the date of entry into force of this Agreement, the Parties shall in the Joint Committee review whether there is need to maintain the possibility to take safeguard measures between them. If the Parties decide, after the first review to maintain the possibility, they shall thereafter conduct biennial review of this matter in the Joint Committee.

ARTICLE 2.12

Balance-of-Payments Difficulties

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance-of-payments purposes.
2. A Party in serious balance-of-payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the WTO Understanding on the Balance-of-Payments Provisions, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance-of-payments situation. The relevant provisions of the GATT 1994 and the WTO Understanding on the Balance-of-Payments Provisions are hereby incorporated into and made part of this Agreement.
3. The Party introducing a measure under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof.

GR. 2.13

Undantekningar og önnur réttindi og skyldur

Samsvarandi greinar GATT-samningsins frá 1994 gilda um eftirtalin réttindi og skyldur samningsaðilanna og eru þær hér með felldar inn í þennan samning og eru hluti af honum:

a) að því er varðar ríkisrekin viðskiptafyrirtæki, XVII. gr. og samkomulag um túlkun XVII. gr.,

b) að því er almennar undantekningar varðar, XX. gr. og

c) að því er varðar undantekningar af öryggisástæðum, XXI. gr.

ARTICLE 2.13

Exceptions and other Rights and Obligations

The following rights and obligations of the Parties shall be governed by the corresponding Articles of the GATT 1994, which are hereby incorporated into and made part of this Agreement:

(a) in respect of state trading enterprises, by Article XVII and the Understanding on the Interpretation of Article XVII;

(b) in respect of general exceptions, by Article XX; and

(c) in respect of security exceptions, by Article XXI.

3. KAFLI ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

GR. 3.1

Gildissvið og umfang

1. Þessi kafli á við um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld gera og einnig óopinberar stofnanir sem fara með vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda. Kaflinn gildir um alla þjónustugeira nema að því leyti sem kveðið er á um í gr. 4.1. Hann gildir ekki um ráðstafanir sem hafa áhrif á flugumferðarréttindi eða ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu sem tengist nýtingu flugumferðarréttinda, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 3. mgr. viðaukans um flutningaþjónustu í lofti í GATS-samningnum.

2. Ákvæði gr. 3.4, 3.5 og 3.6 gilda ekki um lög, reglur eða kröfur varðandi innkaup opinberra þjónustustofnana á þjónustu til handa ríkinu og ekki um endursölu í hagnaðarskyni eða um veitingu á þjónustu í hagnaðarskyni.

CHAPTER 3 TRADE IN SERVICES

ARTICLE 3.1

Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures affecting trade in services taken by central, regional or local governments and authorities as well as by non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by central, regional or local governments or authorities. It applies to measures in all services sectors except as provided for in Article 4.1. It does not apply to measures affecting air traffic rights or measures affecting services directly related to the exercise of air traffic rights, except as provided for in paragraph 3 of the GATS Annex on Air Transport Services.

2. Articles 3.4, 3.5 and 3.6 shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by government agencies of services purchased for governmental purposes and not for commercial resale or for use in the supply of services for commercial sale.

GR. 3.2

Innfelling ákvæða úr GATS-samningnum

Þegar kveðið er á um það í þessum kafla að ákvæði úr GATS-samningnum skuli fellt inn í þennan kafla og vera hluti af honum skal merking hugtaka í ákvæði GATS-samningsins vera sú sem hér segir:

a) „aðili“ merkir „samningsaðili“, nema „meðal aðila“ sem skal merkja „meðal aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“,

b) „skrár“ merkir skrárnar sem um getur í gr. 3.16 og er að finna í VII. viðauka og

c) „sérstakar skuldbindingar“ merkir sérstakar skuldbindingar í skránum sem um getur í gr. 3.16.

ARTICLE 3.2

Incorporation of Provisions from the GATS

Wherever a provision of this Chapter provides that a provision of the GATS is incorporated into and made part of this Chapter, the meaning of the terms used in the GATS provision shall be understood as follows:

(a) "Member" shall mean "Party", except that "among Members" shall mean "among Members of the WTO";

(b) "Schedules" shall mean the Schedules referred to in Article 3.16 and contained in Annex VII; and

(c) "Specific Commitment" shall mean a specific commitment in a Schedule referred to in Article 3.16.

GR. 3.3

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Eftirfarandi skilgreiningar í I. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti hans:
   a) „þjónustuviðskipti“,
   b) „þjónusta“ og
   c) „þjónusta“ sem opinber yfirvöld veita".

2. „Þjónustuveitandi“: hver sá aðili sem veitir eða óskar eftir að veita þjónustu.1

3. „Einstaklingur frá samningsaðila“: samkvæmt löggjöf þessa samningsaðila, ríkisborgari eða með fasta búsetu hjá þessum samningsaðila ef samningsaðilinn veitir honum, í aðalatriðum, sömu meðferð og ríkisborgarar hans sjálfs njóta að því er varðar ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti.

4. „Lögaðili samningsaðila“: lögaðili sem er annaðhvort:
   a) stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum þess samningsaðila og
      i) stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði samningsaðila eða
      ii) stundar umtalsverð viðskipti á yfirráðasvæði aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er í eigu eða undir stjórn lögaðila þess samningsaðila eða lögaðila sem uppfylla skilyrði i-liðar í a-lið 4. mgr.,

   eða
   b) ef um er að ræða þjónustu sem er veitt á grundvelli viðskiptanærveru, í eigu eða undir stjórn:
      i) einstaklinga frá þeim samningsaðila eða
      ii) lögaðila sem uppfylla skilyrði a-liðar 4. mgr.

5. Eftirfarandi skilgreiningar í XXVIII. gr. GATS-samningsins eru hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum:
   a) „ráðstöfun“,
   b) „veiting þjónustu“,
   c) „ráðstafanir aðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti“,
   d) „viðskiptanærvera“,
   e) „svið“ þjónustu,
   f) „þjónusta annars aðila“,
   g) „einstaklingur eða lögpersóna sem hefur fengið einokunaraðstöðu til að veita þjónustu“,
   h) „þjónustuneytandi“,
   i) „einstaklingur eða lögaðili“,
   j) „lögaðili“,
   k) „í eigu“, „undir stjórn“ og „tengd“ og
   l) „beinir skattar“.

ARTICLE 3.3

Definitions

For purposes of this Chapter:

1. The following definitions of Article I of the GATS are incorporated into and made part of this Chapter:
   (a) "trade in services";
   (b) "services"; and
   (c) "a service supplied in the exercise of governmental authority".

2. "Service supplier" means any person that supplies, or seeks to supply, a service.

3. "Natural person of a Party" is, under its legislation, a national of that Party, or a permanent resident of that Party if that Party accords substantially the same treatment to its permanent residents as to its nationals in respect of measures affecting trade in services.

4. "Juridical person of a Party" means a juridical person which is either:
   (a) constituted or otherwise organised under the law of that Party, and
      (i) is engaged in substantive business operations in the territory of any Party; or
      (ii) is engaged in substantive business operations in the territory of any Member of the WTO and is owned or controlled by natural persons of that Party or by juridical persons that meet the conditions of paragraph 4(a)(i);

   or
   (a) in the case of the supply of a service through commercial presence, owned or controlled by:
      (i) natural persons of that Party; or
      (ii) juridical persons that meet the conditions of paragraph 4(a).

5. The following definitions of Article XXVIII of the GATS are hereby incorporated into and made part of this Chapter:
   (a) "measure";
   (b) "supply of a service";
   (c) "measures by Members affecting trade in services";
   (d) "commercial presence";
   (e) "sector" of a service;
   (f) "service of another Member";
   (g) "monopoly supplier of a service";
   (h) "service consumer";
   (i) "person";
   (j) "juridical person";
   (k) "owned," "controlled" and "affiliated"; and
   (l) "direct taxes".

GR. 3.4

Bestukjarameðferð

1. Samningsaðili skal, með fyrirvara um ráðstafanir sem eru gerðar í samræmi við VII. gr. GATS-samningsins, og nema að því leyti sem kveðið er á um í skrá hans yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar sem er að finna í VIII. viðauka, þegar í stað og án skilyrða, að því er varðar allar ráðstafanir sem hafa áhrif á veitingu þjónustu, veita þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila eigi lakari meðferð en hann veitir vegna sambærilegrar þjónustu eða veitir þjónustuveitendum aðila sem á ekki hlut að samningnum.

2. Meðferð, sem er veitt samkvæmt öðrum samningum sem samningsaðili hefur gert og tilkynnt hefur verið um skv. V. gr. eða V. gr. a í GATS-samningnum, fellur ekki undir 1. mgr.

3. Ef samningsaðili gengur til samninga af þeirri gerð sem um getur í 2. mgr. skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita þeim samningsaðila nægilegt tækifæri til að semja um þann ávinning sem í þeim felst.

4. Ákvæði 3. mgr. II. gr. í GATS-samningnum eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar þá skilmála sem veittir eru aðliggjandi löndum og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum:

ARTICLE 3.4

Most Favoured Nation Treatment

1. Without prejudice to measures taken in accordance with Article VII of the GATS, and except as provided for in its List of MFN-exemptions contained in Annex VIII, a Party shall accord immediately and unconditionally, in respect of all measures affecting the supply of services, to services and service suppliers of another Party treatment no less favourable than the treatment it accords to like services and service suppliers of any non-Party.

2. Treatment granted under other agreements concluded by one of the Parties and notified under Article V or Article V bis of the GATS shall not be subject to paragraph 1.

3. If a Party enters into an agreement of the type referred to in paragraph 2, it shall upon request from another Party afford adequate opportunity to that Party to negotiate the benefits granted therein.

4. The rights and obligations of the Parties in respect of advantages accorded to adjacent countries shall be governed by paragraph 3 of Article II of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.5

Markaðsaðgangur

Skuldbindingar um markaðsaðgang falla undir XVI. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.5

Market Access

Commitments on market access shall be governed by Article XVI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.6

Innlend meðferð

Skuldbindingar um innlenda meðferð falla undir XVII. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.6

National Treatment

Commitments on national treatment shall be governed by Article XVII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.7

Viðbótarskuldbindingar

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins skulu gilda um viðbótarskuldbindingar og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.7

Additional Commitments

Additional commitments shall be governed by Article XVIII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.8

Innlendar reglur

Ákvæði VI. gr. GATS-samningsins skulu gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar innlendar reglur og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.8

Domestic Regulation

The rights and obligations of the Parties in respect of domestic regulation shall be governed by Article VI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.9

Viðurkenning

1. Ef samningsaðili viðurkennir, með samningi eða fyrirkomulagi, menntun eða reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð, sem eru veitt á yfirráðasvæði aðila sem á ekki hlut að samningnum, skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að semja um aðild að slíkum fyrirliggjandi eða síðari samningi eða fyrirkomulagi eða semja við hann um sambærilegra samninga eða fyrirkomulag. Ef samningsaðili viðurkennir einhliða skal hann veita öðrum samningsaðila næg tækifæri til að sýna fram á að viðurkenna beri einnig menntun eða fengna reynslu, uppfylltar kröfur eða leyfi eða vottorð sem eru veitt á yfirráðasvæði hins samningsaðilans.
2. Allir slíkir samningar eða fyrirkomulag eða eigin viðurkenning skulu vera í samræmi við viðeigandi ákvæði WTO-samningsins og þá einkum VII. gr. GATS-samningsins.
3. Ákvæði IX. viðauka eiga við um gagnkvæma viðurkenningu á t.d. menntun eða reynslu, hæfi, leyfum, vottorðum eða faggildingu þjónustuveitenda.

ARTICLE 3.9

Recognition

1. Where a Party recognises, by agreement or arrangement, the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of a non-Party, that Party shall accord another Party adequate opportunity to negotiate its accession to such an agreement or arrangement, whether existing or future, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it. Where a Party accords recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that the education or experience obtained, requirements met or licenses or certifications granted in the territory of that other Party should also be recognised.
2. Any such agreement or arrangement or autonomous recognition shall be in conformity with the relevant provisions of the WTO Agreement and, in particular, Article VII of the GATS.
3. Annex IX applies to mutual recognition of, inter alia, education or experience, qualifications, licenses, certification or accreditation of service suppliers.

GR. 3.10

För einstaklinga

Viðauki um för einstaklinga í GATS-samningnum gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar för einstaklinga og er hann hér með felldur in í þennan kafla og er hluti af honum.

ARTICLE 3.10

Movement of Natural Persons

The rights and obligations of the Parties in respect of the movement of natural persons of a Party supplying services shall be governed by the GATS Annex on Movement of Natural Persons Supplying Services, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.11

Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar einokun og þjónustuveitendur með einkarétt og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.11

Monopolies and Exclusive Service Suppliers

The rights and obligations of the Parties in respect of monopolies and exclusive service suppliers shall be governed by paragraphs 1, 2 and 5 of Article VIII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.12

Viðskiptahættir

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar viðskiptahætti og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.12

Business Practices

The rights and obligations of the Parties in respect of business practices shall be governed by Article IX of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.13

Greiðslur og yfirfærslur

1. Aðili skal ekki, með fyrirvara um skuldbindingar hans og að frátöldum þeim tilvikum sem tilgreind eru í gr. 3.14, setja takmarkanir á alþjóðlegar

ARTICLE 3.13

Payments and Transfers

1. Subject to its specific commitments and except under the circumstances envisaged in Article 3.14, a Party shall not apply restrictions on international

yfirfærslur og greiðslur í yfirstandandi viðskiptum er tengjast veitingu þjónustu hjá öðrum samningsaðila.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt efnisgreinum samningsins um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.m.t. ráðstafanir í gjaldeyrismálum sem eru í samræmi við efnisgreinar hans, að því tilskildu að samningsaðili setji engar takmarkanir á fjármagnsviðskipti sem ekki samrýmast sérstökum skuldbindingum hans, nema skv. gr. 3.14 eða að beiðni sjóðsins.

transfers and payments for current transactions relating to the supply of a service with another Party.
2. Nothing in this Chapter shall affect the rights and obligations of the Parties under the Articles of the Agreement of the International Monetary Fund (IMF), including the use of exchange actions which are in conformity with the Articles of the Agreement of the IMF, provided that a Party shall not impose restrictions on capital transactions inconsistently with its specific commitments, except under Article 3.14 or at the request of the IMF.

GR. 3.14
Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð

1. Samningsaðilar skulu reyna að komast hjá því að gera takmarkandi ráðstafanir til að tryggja greiðslujöfnuð.
2. Ákvæði 1. og 3. mgr. XII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar slíkar takmarkanir og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

3. Samningsaðili sem grípur til eða viðheldur takmörkunum skal þegar í stað tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

ARTICLE 3.14
Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictions to safeguard the balance of payments.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of such restrictions shall be governed by paragraphs 1 to 3 of Article XII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.
3. A Party adopting or maintaining such restrictions shall promptly notify the Joint Committee thereof.

GR. 3.15
Undantekningar

Ákvæði XIV. gr. og XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og undantekningar af öryggisástæðum og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.15
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general and security exceptions shall be governed by Articles XIV and XIV bis of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.16
Skrár um sérstakar skuldbindingar

1. Sérhver samningsaðili skal færa í skrá þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig samkvæmt gr. 3.5, 3.6 og 3.7. Í hverri skrá skal tilgreina þá þætti sem getið er í a- til d-lið 1. mgr. XX. gr. GATS-samningsins, með tilliti til þeirra sviða þar sem samningsaðili hefur tekið á sig sérstakar skuldbindingar.
2. Farið skal með ráðstafanir, sem eru ósamrýmanlegar bæði gr. 3.5 og 3.6, á þann hátt sem kveðið er á um í 2. mgr. XX. gr. GATS-samningsins.
3. Skrár um sérstakar skuldbindingar samningsaðilanna eru settar fram í VII. viðauka.
4. Í X. of XI. viðauka er fjallað um tiltekna þætti varðandi markaðsaðgang, innlenda meðferð og viðbótarskuldbindingar, sem eiga við um fjarskiptaþjónustu og samframleiðslu dagskrárefnis til útsendingar.

ARTICLE 3.16
Schedules of Specific Commitments

1. Each Party shall set out in a Schedule the specific commitments it undertakes under Articles 3.5, 3.6 and 3.7. With respect to sectors where such specific commitments are undertaken, each Schedule shall specify the elements set forth in paragraphs (a) to (d) of paragraph 1 of Article XX of the GATS.
2. Measures inconsistent with both Articles 3.5 and 3.6 shall be dealt with as provided for in paragraph 2 of Article XX of the GATS.
3. The Parties' Schedules of specific commitments are set out in Annex VII.
4. Particular aspects of market access, national treatment and additional commitments applicable to telecommunications services and to co-production of broadcasting programmes are dealt with in Annexes X and XI.

GR. 3.17

Breytingar á skrám

Samningsaðilarnir skulu, að fenginni skriflegri beiðni samningsaðila, hafa með sér samráð til að fjalla um breytingar eða afturköllun á tilteknum skuldbindingum í skrá hans um sérstakar skuldbindingar. Samráðið skal eiga sér stað innan þriggja mánaða frá því að samningsaðili leggur fram beiðni sína. Í slíku samráði skulu samningsaðilarnir leitast við að haga almennu stigi skuldbindinga á þann veg að þær séu hagstæðar hverjum og einum þeirra og ekki óhagstæðari fyrir viðskipti en þær sem þegar var kveðið á um í skránni um sérstakar skuldbindingar áður en samráðið hófst. Breytingar á skrám eru með fyrirvara um þá málsmeðferð sem fjallað er um í gr. 8.1.

ARTICLE 3.17

Modification of Schedules

The Parties shall, upon written request by a Party, hold consultations to consider any modification or withdrawal of a specific commitment in its Schedule of specific commitments. The consultations shall be held within three months after the requesting Party made its request. In the consultations, the Parties shall aim to ensure that a general level of mutually advantageous commitments not less favourable to trade than that provided for in the Schedule of specific commitments prior to such consultations is maintained. Modifications of Schedules are subject to the procedures set out in Article 8.1.

GR. 3.18

Gagnsæi

Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar gagnsæi og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 3.18

Transparency

The rights and obligations of the Parties in respect of transparency shall be governed by paragraphs 1 and 2 of Article III and by Article III bis of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 3.19

Endurskoðun

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að endurskoða skrárnar um sérstakar skuldbindingar og skrárnar yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar annað hvert ár með það að markmiði að auka frelsi í þjónustuviðskiptum sín á milli þeirra. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessa samnings.

ARTICLE 3.19

Review

With the objective of further liberalisation of trade in services between them, the Parties commit themselves to review every two years their Schedules of specific commitments and their Lists of MFN-exemptions. The first review shall take place not later than three years after the entry into force of this Agreement.

GR. 3.20

Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti þessa kafla:

- VII. viðauki (Skrár um sérstakar skuldbindingar),
- VIII. viðauki (Skrá yfir undanþágur vegna bestukjarameðferðar),
- IV. viðauki (Gagnkvæm viðurkenning),
- X. viðauki (Fjarskiptaþjónusta) og
- XI. viðauki (Samframleiðsla á dagskrárefni til útsendingar).

ARTICLE 3.20

Annexes

The following Annexes attached to this Agreement form an integral part of this Chapter:

- Annex VII (Schedules of Specific Commitments);
- Annex VIII (Lists of MFN-exemptions);
- Annex IX (Mutual Recognition);
- Annex X (Telecommunications Services); and
- Annex XI (Co-production of Broadcasting Programmes).

4. KAFLI FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA

GR. 4.1

Gildissvið og umfang

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir sem hafa áhrif á viðskipti á sviði fjármálaþjónustu sem ríkisstjórnir, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld eða yfirvöld gera og einnig óopinberar stofnanir er þau fara með

CHAPTER 4 FINANCIAL SERVICES

ARTICLE 4.1

Scope and Coverage

1. This Chapter applies to measures affecting trade in financial services taken by central, regional or local governments and authorities as well as by non-governmental bodies in the exercise of powers

vald í umboði ríkisstjórnar, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda.
2. Ákvæði gr. 4.4, 4.5 og 4.6 gilda ekki um lög, reglur eða kröfur varðandi innkaup opinberra þjónustustofnana á fjármálaþjónustu til handa ríkinu og ekki um endursölu í hagnaðarskyni eða um veitingu á þjónustu í hagnaðarskyni.

3. Ákvæði 3. kafla gilda um ráðstafanir sem lýst er í 1. mgr. ef kveðið er sérstaklega á um það í þessum kafla.

GR. 4.2
Innfelling ákvæða úr GATS-samningnum
Ákvæði gr. 3.2 gilda um þennan kafla.

GR. 4.3
Skilgreiningar
1. Ákvæði gr. 3.3 gilda um þennan kafla að undanskildum c-lið 1. mgr. hennar.
2. Eftirfarandi skilgreiningar í viðauka um fjármálaþjónustu í GATS-samningnum eru hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum:

a) „þjónusta sem opinber yfirvöld veita“ (b- og c-liður 1. mgr. viðaukans),

b) „fjármálaþjónusta“ (a-liður 5. mgr. viðaukans),

c) „fjármálaþjónustuveitandi“ (b-liður 5. mgr. viðaukans),

d) „opinberar stofnanir“ (c-liður 5. mgr. viðaukans).

GR. 4.4
Bestukjarameðferð
Ákvæði gr. 3.4 gilda um þennan kafla.

GR. 4.5
Markaðsaðgangur
Skuldbindingar um markaðsaðgang falla undir XVI. gr. GATS-samningsins og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GR. 4.6
Innlend meðferð
1. Ákvæði XVII. gr. GATS-samningsins gilda um skuldbindingar um innlenda meðferð og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

2. Samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem fylgja innlendri meðferð skal hver samningsaðili auk þess veita fjármálaþjónustuveitendum frá öðrum samningsaðila, sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði hans, aðgang að greiðslu- og greiðslujöfnunarkerfum sem opinberar stofnanir reka og að opinberum fjármögn-

delegated by central, regional or local governments or authorities.
2. Articles 4.4, 4.5 and 4.6 shall not apply to laws, regulations or requirements governing the procurement by government agencies of financial services purchased for governmental purposes and not for commercial resale or for use in the supply of services for commercial sale.
3. Chapter 3 applies to measures described in paragraph 1 where this is specifically provided for by this Chapter.

ARTICLE 4.2
Incorporation of Provisions from the GATS
Article 3.2 shall apply to this Chapter.

ARTICLE 4.3
Definitions
1. Except for its paragraph 1(c), Article 3.3 shall apply to this Chapter.
2. The following definitions of the GATS Annex on Financial Services are incorporated into and made part of this Chapter:

(a) "services supplied in the exercise of governmental authority" (paragraphs 1 (b) and (c) of the Annex);
(b) "a financial service" (paragraph 5 (a) of the Annex);
(c) "financial service supplier" (paragraph 5 (b) of the Annex); and
(d) "public entity" (paragraph 5 (c) of the Annex).

ARTICLE 4.4
Most Favoured Nation Treatment
Article 3.4 shall apply to this Chapter.

ARTICLE 4.5
Market Access
Commitments on market access shall be governed by Article XVI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 4.6
National Treatment
1. Commitments on national treatment shall be governed by Article XVII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.
2. In addition, under terms and conditions that accord national treatment, each Party shall grant to financial service suppliers of another Party establis hed in its territory access to payment and clearing systems operated by public entities and to official funding and refinancing facilities available in the

unar- og skuldbreytingarkostum sem eru fyrir hendi í almennum viðskiptum. Ekki er ætlunin að veita aðgang að þrautalánveitanda samningsaðila samkvæmt þessari málsgrein.

3. Krefjist samningsaðili aðildar að eða þátttöku í eða aðgangs að sjálfstæðum stofnunum, verðbréfaþingi eða verðbréfamarkaði eða framvirku þingi eða framvirkum markaði, uppgjörsstofnunum eða öðrum stofnunum eða félögum til að fjármálaþjónustuveitendur frá öðrum samningsaðila geti veitt fjármálaþjónustu á sama grundvelli og fjármálaþjónustuveitendur þess samningsaðila, eða veiti samningsaðilinn beint eða óbeint slíkum stofnunum, forréttindi eða fríðindi við veitingu fjármálaþjónustu, skal hann tryggja að þessar stofnanir veiti fjármálaþjónustuveitendum frá öðrum samningsaðila, sem hafa búsetu á yfirráðasvæði samningsaðilans, sömu innlenda meðferð.

GR. 4.7

Viðbótarskuldbindingar

Ákvæði XVIII. gr. GATS-samningsins gilda um viðbótarskuldbindingar og eru þær hér með felldar inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GR. 4.8

Innlendar reglur

1. Ákvæði VI. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar innlendar reglur og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

2. Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að koma megi í veg fyrir að samningsaðili geti samþykkt eða viðhaldið sanngjörnum varúðarráðstöfunum, svo sem til að:

a) vernda fjárfesta, sparifjáreigendur, tryggingartaka, kröfuhafa, einstaklinga sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra sem veita fjármálaþjónustu, eða svipaða þátttakendur á fjármálamarkaði eða
b) tryggja samkvæmni og stöðugleika fjármálakerfis samningsaðila.

Ef slíkar ráðstafanir eru ekki í samræmi við ákvæði þessa kafla skal ekki nota þær sem leið til að komast hjá því að uppfylla skuldbindingar samningsaðilans samkvæmt þeim ákvæðum. Slíkar ráðstafanir skulu ekki vera meira íþyngjandi en nauðsynlegt er til að ná markmiðunum með þeim.

3. Ekkert í þessum kafla ber að túlka þannig að þess sé krafist að samningsaðili láti í té upplýsingar sem varða málefni og reikninga einstakra viðskiptamanna eða upplýsingar um trúnaðarmál eða eignarhluti sem opinberar stofnanir hafa vitneskju um.

normal course of ordinary business. This paragraph is not intended to confer access to a Party's lender of last resort facilities.

3. Where membership or participation in, or access to, a self-regulatory body, securities or futures exchange or market, clearing agency, or any other organisation or association is required by a Party in order for financial service suppliers of any other Party to supply financial services on an equal basis with financial service suppliers of the Party, or where the Party provides directly or indirectly such entities with privileges or advantages in supplying financial services, the Party shall ensure that such entities accord national treatment to financial service suppliers of any other Party established in its territory.

ARTICLE 4.7

Additional Commitments

Additional commitments shall be governed by Article XVIII of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 4.8

Domestic Regulation

1. The rights and obligations of the Parties in respect of domestic regulation shall be governed by Article VI of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

2. Nothing in this Chapter shall be construed to prevent a Party from adopting or maintaining reasonable measures for prudential reasons, including for:

(a) the protection of investors, depositors, policyholders, policy-claimants, persons to whom a fiduciary duty is owed by a financial service supplier, or any similar financial market participants; or
(b) ensuring the integrity and stability of a Party's financial system.

Where such measures do not conform with the provisions of this Chapter, they shall not be used as a means of avoiding the Party's commitments or obligations under such provisions. Such measures shall not be more burdensome than necessary to achieve their aim.

3. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Party to disclose information relating to the affairs and accounts of individual consumers or any confidential or proprietary information in the possession of public entities.

GR. 4.9

Viðurkenning

1. Ákvæði gr. 3.9 gilda um þennan kafla.
2. Þegar samningsaðili viðurkennir varfærnisráðstafanir aðila, sem á ekki hlut að samningnum, til að ákvarða hvernig beita skuli ráðstöfunum samningsaðilans varðandi fjármálaþjónustu skal sá samningsaðili auk þess veita öðrum aðila nægilegt tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða til að gera sambærilega samninga eða fyrirkomulag við aðstæður þar sem gilda sambærilegar reglur, umsjón, framkvæmd slíkra reglna og, ef við á, reglur um upplýsingaskipti aðila að samningi eða fyrirkomulagi. Veiti samningsaðili viðurkenningu einhliða skal hann veita öðrum samningsaðilum nægileg tækifæri til að sýna fram á að slíkar aðstæður séu fyrir hendi.

ARTICLE 4.9

Recognition

1. Article 3.9 shall apply to this Chapter.
2. In addition, where a Party recognises prudential measures of a non-Party in determining how the Party's measures relating to financial services shall be applied, that Party shall afford adequate opportunity for another Party to negotiate its accession to such agreement or arrangement, or to negotiate a comparable agreement or arrangement with it, under circumstances in which there would be equivalent regulation, oversight, implementation of such regulation and, if appropriate, procedures concerning the sharing of information between the parties to the agreement or arrangement. Where a Party accords such recognition autonomously, it shall afford adequate opportunity for another Party to demonstrate that such circumstances exist.

GR. 4.10

För einstaklinga

Viðauki um för einstaklinga í GATS-samningnum gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar för einstaklinga og er hann hér með felldur inn í þennan kafla og er hluti af honum.

ARTICLE 4.10

Movement of Natural Persons

The rights and obligations of the Parties in respect of the movement of natural persons of a Party supplying services shall be governed by the GATS Annex on Movement of Natural Persons Supplying Services, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 4.11

Einokun og þjónustuveitendur með einkarétt

Ákvæði 1., 2. og 5. mgr. VIII. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar einokun og þjónustuveitendur með einkarétt og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 4.11

Monopolies and Exclusive Service Suppliers

The rights and obligations of the Parties in respect of monopolies and exclusive service suppliers shall be governed by paragraphs 1, 2 and 5 of Article VIII of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 4.12

Viðskiptahættir

Ákvæði IX. gr. GATS-samningsins gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar viðskiptahætti og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

ARTICLE 4.12

Business Practices

The rights and obligations of the Parties in respect of business practices shall be governed by Article IX of the GATS, which is hereby incorporated into and made part of this Chapter.

GR. 4.13

Greiðslur og yfirfærslur

Ákvæði gr. 3.13 gilda um þennan kafla.

ARTICLE 4.13

Payments and Transfers

Article 3.13 shall apply to this Chapter.

GR. 4.14

Takmarkanir til að tryggja greiðslujöfnuð

Ákvæði gr. 3.14 gilda um þennan kafla.

ARTICLE 4.14

Restrictions to Safeguard the Balance of Payments

Article 3.14 shall apply to this Chapter.

GR. 4.15
Undantekningar

Ákvæði XIV. gr. og XIV. gr. a í GATS-samningnum gilda um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar almennar undantekningar og undantekningar af öryggisástæðum og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

GR. 4.16
Skrár um sérstakar skuldbindingar

Sérhver samningsaðili skal setja í skrá sína, sem um getur í gr. 3.16, þær sérstöku skuldbindingar sem hann tekur á sig í tengslum við þjónustu sem er skilgreind í b-lið 2. mgr. í gr. 4.3 í samræmi við ákvæði 1.–3. mgr. í gr. 3.16.

GR. 4.17
Breytingar á skrám

Ákvæði gr. 3.17 gilda um þennan kafla.

GR. 4.18
Gagnsæi

1. Ákvæði 1. og 2. mgr. III. gr. og III. gr. a í GATS-samningnum eiga við um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar gagnsæi og eru þau hér með felld inn í þennan kafla og eru hluti af honum.

2. Sérhver samningsaðili skuldbindur sig auk þess til að stuðla að gagnsæi löggjafar um fjármálaþjónustu. Þannig skuldbinda samningsaðilarnir sig til að hafa samráð, eftir því sem við á, með það að markmiði að stuðla að hlutlægu og gagnsæju lagasetningarferli hjá hverjum og einum, þar sem tillit er tekið til:

a) þess starfs sem samningsaðilarnir skuldbinda sig til að vinna í GATS-samningnum og þess starfs sem þeir sinna á öðrum vettvangi í tengslum við viðskipti á sviði fjármálaþjónustu og
b) þess hversu mikilvægt er að greinanleg stefnumið komi skýrt fram í lagasetningunni og að lagasetningarferlið, sem kynnt er almenningi eða birt á annan hátt, sé skýrt og því beitt á samræmdan hátt.

GR. 4.19
Endurskoðun

Ákvæði gr. 3.19 gilda um þennan kafla.

GR. 4.20
Undirnefnd um fjármálaþjónustu

1. Komið skal á fót undirnefnd um fjármálaþjónustu (hér á eftir nefnd „undirnefndin“) undir sameiginlegu nefndinni. Aðalfulltrúi hvers samningsaðila skal

ARTICLE 4.15
Exceptions

The rights and obligations of the Parties in respect of general and security exceptions shall be governed by Articles XIV and XIV bis of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.

ARTICLE 4.16
Schedules of Specific Commitments

Each Party shall set out in its schedule referred to in Article 3.16 the specific commitments it undertakes for services defined under paragraph 2(b) of Article 4.3 in accordance with the provisions of paragraphs 1 to 3 of Article 3.16.

ARTICLE 4.17
Modification of Schedules

Article 3.17 shall apply to this Chapter.

ARTICLE 4.18
Transparency

1. The rights and obligations of the Parties in respect of transparency shall be governed by paragraphs 1 and 2 of Article III and by Article III bis of the GATS, which are hereby incorporated into and made part of this Chapter.
2. In addition, each Party commits to promote regulatory transparency in financial services. Accordingly, the Parties undertake to consult, as appropriate, with the goal of promoting objective and transparent regulatory processes in each Party, taking into account:

(a) the work undertaken by the Parties in the GATS and the Parties' work in other fora relating to trade in financial services; and

(b) the importance of regulatory transparency of identifiable policy objectives and clear and consistently applied regulatory processes that are communicated or otherwise made available to the public.

ARTICLE 4.19
Review

Article 3.19 shall apply to this Chapter.

ARTICLE 4.20
Sub-Committee on Financial Services

1. A Sub-Committee on Financial Services (hereinafter referred to as "the Sub-Committee") is to be set up under the Joint Committee. The principal representative of each Party shall be from an autho-

koma frá þar til bæru yfirvaldi að því er þennan samninga varðar eða frá fjármálayfirvaldi.
2. Umboð undirnefndarinnar skal ná til þess:
a) að stýra framkvæmd þessa kafla, meta hana og hafa umsjón með frekari þróun hennar og
b) taka til skoðunar málefni sem samingsaðili beinir til hennar og varða fjármálaþjónustu.
3. Undirnefndin skal koma saman í tengslum við fundi sameiginlegu nefndarinnar eða eftir því sem samningsaðilarnir koma sér saman um.
4. Suður-Kórea og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega í undirnefndinni. Hún vinnur samkvæmt almennu samkomulagi.

GR. 4.21
Lausn deilumála

1. Viðeigandi greinar í 9. kafla skulu gilda um lausn deilumála sem upp koma í tengslum við þennan kafla eins og honum er breytt með þessari grein.
2. Fulltrúar frá þar til bæru yfirvaldi, að því er þennan samning varðar, eða frá fjármálayfirvaldi, skulu taka þátt í samráði skv. 9. kafla vegna fjármálaþjónustu. Samningsaðilarnir skulu gefa undirnefndinni skýrslu um niðurstöður samráðsins.
3. Ákvæði gr. 9.4 gilda með eftirtöldum breytingum:
a) komi deiluaðilarnir sér saman um það skulu einungis sitja í gerðardómi einstaklingar sem fullnægja skilyrðum 4. mgr. um menntun og hæfi og
b) í öðrum tilvikum,
i) er hverjum deiluaðila heimilt að velja einstaklinga sem uppfylla skilyrði 7. mgr. í gr. 9.5 um menntun og hæfi og
ii) ef samningsaðilinn, sem kæra beinist gegn, ber fyrir sig gr. 4.8 skal formaður gerðardómsins uppfylla skilyrði 4. mgr. um menntun og hæfi nema deiluaðilar komi sér saman um annað.
4. Gerðadómsmenn sem fjalla um fjármálaþjónustu skulu, nema kveðið sé á um annað í þessum kafla:
a) uppfylla skilyrði í gr. 9.5 um menntun og hæfi og
b) vera sérfróðir eða hafa reynslu á sviði laga eða starfshátta í tengslum við fjármálaþjónustu sem getur falist í stjórnun fjármálastofnana.
5. Eftirfarandi skal gilda, með hliðsjón af 5. mgr. í gr. 9.10, ef því verður við komið. Þegar ráðstöfunin, sem deilt er um, hefur áhrif á:
a) einungis fjármálaþjónustugeirann skal kærandi fyrst einungis fara fram á að ávinningi í fjármálaþjónustugeiranum verði frestað,
b) fjármálaþjónustugeirann og aðra geira skal kærandi fyrst fara fram á að ávinningi í þessum

rity competent for this Agreement or from a financial authority.
2. The mandate of the Sub-Committee shall be:
(a) to supervise the implementation of this Chapter, assess its functioning, and oversee its further elaboration; and
(b) to consider issues regarding financial services that are referred to it by a Party.
3. The Sub-Committee shall meet in conjunction with Joint Committee meetings, or as otherwise agreed upon between the Parties.
4. The Sub-Committee shall be chaired jointly by Korea and one of the EFTA States. It shall act by consensus.

ARTICLE 4.21
Dispute Settlement

1. Relevant Articles in Chapter 9 shall apply to the settlement of disputes arising under this Chapter as modified by this Article.
2. Consultations regarding financial services held pursuant to Chapter 9 shall include officials from an authority competent for this Agreement or from a financial authority. The Parties shall report the results of their consultations to the Sub-Committee.
3. Article 9.4 shall apply, with the following modifications:
(a) where the Parties to the disputes so agree, the arbitration panel shall be composed entirely of individuals meeting the qualifications in paragraph 4; and
(b) in any other case,
(i) each Party to the dispute may select individuals meeting the qualifications set out in paragraph 7 of Article 9.5; and
(ii) if the Party complained against invokes Article 4.8, the chair of the panel shall meet the qualifications set out in paragraph 4, unless the Parties to the dispute agree otherwise.
4. Unless otherwise provided for in this Chapter, financial services panellists shall:
(a) meet the qualifications set out in Article 9.5; and
(b) have expertise or experience in financial services law or practice, which may include the regulation of financial institutions.
5. With regard to paragraph 5 of Article 9.10, the following shall apply wherever practical. Where the measure under dispute affects:
(a) only the financial services sector, the complaining Party shall first seek to suspend benefits only in the financial services sector;
(b) the financial services sector and any other sector, the complaining Party shall first seek

geirum, hverjum um sig, sé frestað með svipuðum áhrifum og ráðstöfunin, sem kæran beinist gegn, hefur leitt til í hverjum geira um sig eða

c) einungis annan geira en fjármálaþjónustugeirann, skal kærandi vinna að því að ávinningi í fjármálaþjónustugeiranum verði ekki frestað.

to suspend benefits in the respective sectors and with an effect equivalent to the effect of the measure complained against in each sector; or

(c) only a sector other than the financial services sector, the complaining Party shall seek to avoid suspending benefits in the financial services sector.

5. KAFLI SAMKEPPNI

GR. 5.1

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Samningsaðilar viðurkenna að samkeppnishamlandi viðskiptahættir kunni að hindra ávinning af þessum samningi. Slíkir viðskiptahættir samrýmast því ekki réttri framkvæmd þessa samnings að svo miklu leyti sem það getur haft áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Suður-Kóreu.

2. Í samningi þessum merkir „samkeppnishamlandi viðskiptahættir“:

a) alla samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja, svo og misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra, sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks og

b) sem vera má að séu viðhafðir í viðskiptum með vörur eða þjónustu. Opinberum fyrirtækjum eða einkafyrirtækjum, eða fyrirtækjum sem hafa sérstakan rétt eða einkarétt, er heimilt að viðhafa slíka viðskiptahætti nema það torveldi verkefni sem þeim eru falin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki túlkuð þannig að af þeim skapist beinlínis nýjar kvaðir á fyrirtæki.

4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að beita samkeppnislögum sínum með það að markmiði að uppræta samkeppnishamlandi viðskiptahætti. Í því skyni skulu þeir tilkynna hverjir öðrum um viðeigandi aðgerðir til að framfylgja samkeppnislögum og skiptast á upplýsingum. Enginn samningsaðili er skuldbundinn til að veita upplýsingar sem eru bundnar trúnaði samkvæmt lögum hans.

5. Samkeppnisyfirvöld og/eða önnur viðeigandi yfirvöld samningsaðilanna skulu, að fenginni beiðni þar um, hefja samráð í því skyni að greiða fyrir því að samkeppnishamlandi viðskiptahættir séu upprættir. Samningsaðilinn sem fær beiðnina skal taka hana til velviljaðrar athugunar.

6. Einnig skal hafa samráð í sameiginlegu nefndinni, komi fram beiðni þar um, ef samningsaðili lítur svo á að samkeppnishamlandi viðskiptahættir á yfir-

CHAPTER 5 COMPETITION

ARTICLE 5.1

Rules of Competition concerning Enterprises

1. The Parties recognise that anti-competitive business conduct may frustrate the benefits arising from this Agreement. Such conduct is therefore incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as it may affect trade between an EFTA State and Korea.

2. For the purposes of this Agreement, "anti-competitive business conduct":

(a) means all agreements between enterprises, decisions by associations of enterprises and concerted practices between enterprises, as well as abuse by one or more enterprises of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof, which have, as their object or effect, the prevention, restriction or distortion of competition; and

(b) may occur with regard to trade in goods or services. Such conduct may be effected by private or public enterprises, or by enterprises to which special or exclusive rights have been granted unless the particular tasks assigned to them are obstructed.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed to create any direct obligations for enterprises.

4. The Parties undertake to apply their respective competition laws with a view to removing anti-competitive business conduct. To that end, they shall notify each other of relevant enforcement activities and exchange information. No Party shall be required to disclose information that is confidential according to its laws.

5. Upon request, competition authorities and/or other relevant authorities of the Parties shall enter into consultations in order to facilitate the removal of anti-competitive business conduct. The Party addressed shall accord full and sympathetic consideration to that request.

6. Upon request, consultations shall also be held in the Joint Committee if a Party considers that an anti-competitive business conduct in the territory of

ráðasvæði annars samningsaðila hafi enn áhrif á viðskipti þeirra á milli. Samráð skal haft innan 30 daga frá því að beiðni berst. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu veita sameiginlegu nefndinni allan þann stuðning og upplýsingar sem hún þarfnast til að hún geti rannsakað málið og aðstoðað hlutaðeigandi samningsaðila við að uppræta þá viðskiptahætti sem andmælin beinast að og, þar sem við á, koma að nýju á jafnvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt þessum samningi.

6. KAFLI OPINBER INNKAUP

GR. 6.1

Gildissvið og umfang

1. WTO-samningurinn um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn um opinber innkaup") gildir um réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar opinber innkaup.
2. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman í sameiginlegu nefndinni að því að auka gagnkvæman skilning á kerfi hvers um sig vegna opinberra innkaupa og auka enn frekar frelsi á mörkuðum fyrir opinber innkaup og að því að opna þessa markaði gagnkvæmt.

GR. 6.2

Upplýsingaskipti

Til að auðvelda samskipti milli samningsaðilanna í málefnum er varða opinber innkaup er í XII. viðauka að finna skrá yfir tengiliði sem eiga að veita upplýsingar um reglur og reglugerðir á sviði opinberra innkaupa.

GR. 6.3

Frekari viðræður

1. Þegar viðræðum lýkur milli samningsaðilanna um aukið frelsi á mörkuðum þeirra fyrir opinber innkaup, innan ramma viðræðna sem miða að breytingum á samningnum um opinber innkaup, skal fjallað um slíkt aukið frelsi í þessum samningi, þ.m.t. ákvæði úr samningnum um breytingu á meginmáli samningsins um opinber innkaup að svo miklu leyti sem þau tengjast þessu aukna frelsi. Sameiginlega nefndin skal taka ákvörðun um þetta innan þriggja mánaða frá því að þessum tvíhliða samningaviðræðum lýkur. Þessi ákvörðun er með fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu samningsaðilanna.
2. Ef samningsaðili veitir, eftir gildistöku þessa samnings, aðila sem á ekki hlut að þessum samningi aukinn ávinning með tilliti til aðgangs að markaði opinberra innkaupa skal hann samþykkja að ganga til samningaviðræðna í því skyni að aðrir samningsaðilar geti einnig notið þessa ávinnings gagnkvæmt.

another Party continues to affect trade between them. Consultations shall be held within 30 days of receipt of the request. The Parties concerned shall give to the Joint Committee all the support and information in order for the Joint Committee to examine the case and to assist the Parties concerned in removing the conduct objected to and, where appropriate, in re-establishing the balance of rights and obligations under this Agreement.

CHAPTER 6 GOVERNMENT PROCUREMENT

ARTICLE 6.1

Scope and Coverage

1. The rights and obligations of the Parties in respect of government procurement shall be governed by the WTO Agreement on Government Procurement (hereinafter referred to as "the GPA").
2. The Parties agree to co-operate in the Joint Committee with the aim of increasing the mutual understanding of their respective government procurement systems, and achieving further liberalisation and mutual opening up of their government procurement markets.

ARTICLE 6.2

Exchange of Information

To facilitate communication between the Parties on any matter regarding government procurement, contact points, responsible for providing information on the rules and regulations in the field of government procurement, are listed in Annex XII.

ARTICLE 6.3

Further Negotiations

1. Upon conclusion of bilateral negotiations between the Parties on further liberalisation of their respective government procurement markets in the framework of the negotiations aimed at amending the GPA, such liberalisation, including provisions from the agreement amending the main part of the GPA in so far as they are relevant for these additional liberalisations, shall be included in this Agreement. The Joint Committee shall take a decision to this effect within three months after conclusion of these bilateral negotiations. This decision shall be subject to ratification or acceptance by the Parties.
2. If a Party grants to a non-Party, after the entry into force of this Agreement, additional benefits with regard to the access to its government procurement markets, this Party shall agree to enter into negotiations on the possible extension of these benefits to another Party on a reciprocal basis.

7. KAFLI HUGVERK

GR. 7.1

Hugverkavernd

1. Samningsaðilar skulu veita og tryggja fullnægjandi og áhrifaríka vernd hugverkaréttinda án mismununar og gera ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, þ.m.t. eftirlíking og ólögleg nýting, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, XIII. viðauka og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.

2. Samningsaðilar skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila óhagstæðari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. og 5. gr. WTO-samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (hér á eftir nefndur „samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum").

3. Samningsaðilarnir skulu, að því er varðar hugverkavernd, í samræmi við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum, einkum 4. og 5. gr., ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum þriðja ríkis.

4. Samningsaðilarnir samþykkja, að beiðni samningsaðila til sameiginlegu nefndarinnar og með fyrirvara um almennt samkomulag samningsaðila, að endurskoða ákvæðin um hugverk í þessum samningi, eftir því sem við á, með það í huga að forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af vernd hugverkaréttinda eins og hún er núna og veita brautargengi þeim hugverkum sem auðvelda tengsl milli samningsaðila á sviði viðskipta og fjárfestinga.

GR. 7.2

Hugverk

Til hugverka teljast einkum höfundarréttur, þ.m.t. tölvuforrit og söfn gagna og skyld réttindi, vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, landfræðilegar merkingar, þ.m.t. upprunaheiti, iðnhönnun, einkaleyfi, yrki, formhönnun/svæðislýsingar smárása svo og óbirtar upplýsingar.

GR. 7.3

Samstarf á sviði hugverka

1. Samningsaðilarnir, sem viðurkenna aukið mikilvægi hugverkaréttinda sem þáttar í félagslegri, efnahagslegri og menningarlegri þróun, skulu auka samstarf sín á milli á þessu sviði.

2. Samningsaðilarnir samþykkja, ef aðstæður leyfa, að hafa með sér samstarf um starfsemi sem tengist áðurnefndum eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og fullnustu hugverkaréttar-

CHAPTER 7 INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 7.1

Protection of Intellectual Property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of those rights against infringement, including counterfeiting and piracy, in accordance with this Article as well as Annex XIII and the international agreements referred to therein.

2. The Parties shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than the treatment they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Articles 3 and 5 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").

3. With regard to the protection of intellectual property, the Parties shall, in accordance with the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof, grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any third State.

4. The Parties agree, upon request of any Party made to the Joint Committee, and subject to consensus of the Parties, to review the provisions on intellectual property of this Agreement as appropriate, with a view to avoiding or remedying trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights, and to promoting intellectual property that facilitates trade and investment relations between the Parties.

ARTICLE 7.2

Scope of Intellectual Property

„Intellectual property" refers in particular to copyright, including computer programmes and compilations of data, as well as related rights, trademarks for goods and services, geographical indications, including appellations of origin, industrial designs, patents, plant varieties, layout-designs/topographies of integrated circuits, as well as undisclosed information.

ARTICLE 7.3

Co-operation in the Field of Intellectual Property

1. The Parties, recognising the growing importance of intellectual property rights as a factor of social, economic and cultural development, shall enhance their co-operation in this field.

2. The Parties agree, if circumstances permit, to co-operate on activities relating to the identified or to future international conventions on harmonisation, administration and enforcement of intellectual

inda og um starfsemi innan alþjóðastofnana, t.d. Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), og að skiptast á reynslu og upplýsingum um samskipti samningsaðilanna við þriðju lönd í málum er varða hugverk.

3. Samningsaðilum er heimilt, skv. 1. mgr., að hafa með sér samstarf um:

a) áætlanir um starfsmannaskipti milli samningsaðila, þ.m.t. fyrir rannsakendur,
b) upplýsingakerfi um hugverk,
c) að stuðla að gagnkvæmum skilningi á stefnu samningsaðila, starfsemi og reynslu á sviði hugverka og
d) að stuðla að fræðslu um hugverk og að efla vitund fólks um uppfinningar.

8. KAFLI STOFNANAÁKVÆÐI

GR. 8.1

Sameiginlega nefndin

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót sameiginlegri nefnd Suður-Kóreu og EFTA. Í henni eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna og skulu ráðherrar eða háttsettir embættismenn, sem þeir tilnefna í þessum tilgangi, gegna formennsku í henni.
2. Sameiginlega nefndin skal:

a) hafa umsjón með og endurskoða framkvæmd þessa samnings, m.a. með því að fara ítarlega yfir beitingu ákvæða hans, með tilhlýðilegu tilliti til sérstakra endurskoðana sem fjallað er um í þessum samningi,
b) endurskoða reglulega möguleikann á því að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum milli Suður-Kóreu og EFTA-ríkjanna,
c) hafa umsjón með frekari þróun þessa samnings,
d) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
e) leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings og
f) taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.

3. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á sér til aðstoðar við störfin. Undirnefndirnar og vinnuhóparnir skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar, nema kveðið sé sérstaklega á um annað í þessum samningi.

property rights and on activities in international organisations, such as the WTO and the Word Intellectual Property Organization (WIPO), as well as to share experiences and exchange information on relations of the Parties with third countries on matters concerning intellectual property.

3. The Parties, pursuant to paragraph 1, may cooperate in:

(a) programmes for personnel interchange, including for examiners, between the Parties;
(b) the field of information systems on intellectual property;
(c) the promotion of mutual understanding of each Party's policy, activities and experiences in the field of intellectual property; and
(d) the promotion of education on intellectual property and invention awareness.

CHAPTER 8 INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 8.1

The Joint Committee

1. The Parties hereby establish the Korea-EFTA Joint Committee. It shall be composed of representatives of the Parties, which shall be headed by Ministers or by senior officials delegated by them for this purpose.
2. The Joint Committee shall:

(a) supervise and review the implementation of this Agreement, inter alia by means of a comprehensive review of the application of the provisions of this Agreement, with due regard to any specific reviews contained in this Agreement;
(b) keep under review the possibility of further removal of barriers to trade and other restrictive measures concerning trade between Korea and the EFTA States;
(c) oversee the further development of this Agreement;
(d) supervise the work of all sub-committees and working groups established under this Agreement;
(e) endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Agreement; and
(f) consider any other matter that may affect the operation of this Agreement.

3. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working groups as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. Except where otherwise provided for in this Agreement, the sub-committees and working groups shall work under a mandate established by the Joint Committee.

4. Sameiginlega nefndin skal taka ákvarðanir eins og kveðið er á um í þessum samningi og getur lagt fram tilmæli sem eru samþykkt með almennu samkomulagi.
5. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku þessa samnings. Hún skal þaðan í frá koma saman samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi þegar nauðsyn krefur en að öllu jöfnu annað hvert ár. Suður-Kórea og eitt EFTA-ríkjanna skulu gegna formennsku sameiginlega á fundum hennar. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.
6. Samningsaðili getur, hvenær sem er, farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni berst, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.
7. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum og viðbætunum við þennan samning. Hún getur ákveðið gildistökudag slíkra breytinga, sbr. þó 8. mgr.
8. Ef fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni hefur samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að stjórnskipuleg skilyrði séu uppfyllt skal ákvörðunin öðlast gildi á þeim degi þegar síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlend skilyrði hans hafi verið uppfyllt, nema síðari dagsetning sé tilgreind í ákvörðuninni sjálfri. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin skuli öðlast gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Suður-Kórea sé einn þessara samningsaðila. Samningsaðila er heimilt að beita ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar til bráðabirgða þar til ákvörðunin öðlast gildi, með fyrirvara um stjórnskipuleg skilyrði hans.

4. The Joint Committee shall take decisions as provided for in this Agreement, and may make recommendations, by consensus.

5. The Joint Committee shall meet within one year of the entry into force of this Agreement. Thereafter, it shall meet whenever necessary upon mutual agreement but normally every two years. Its meetings shall be chaired jointly by Korea and one of the EFTA States. The Joint Committee shall establish its rules of procedure.
6. Each Party may request at any time, through a notice in writing to the other Parties, that a special meeting of the Joint Committee be held. Such a meeting shall take place within 30 days of receipt of the request, unless the Parties agree otherwise.

7. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Appendices to this Agreement. Subject to paragraph 8, it may set a date for the entry into force of such decisions.
8. If a representative of a Party in the Joint Committee has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force on the date that the last Party notifies that its internal requirements have been fulfilled, unless the decision itself specifies a later date. The Joint Committee may decide that the decision shall enter into force for those Parties that have fulfilled their internal requirements, provided that Korea is one of those Parties. A Party may apply a decision of the Joint Committee provisionally until it enters into force, subject to the constitutional requirements of this Party.

GR. 8.2
Skrifstofan

1. Samningsaðilarnir tilnefna hér með eftirtaldar þar til bærar stofnanir sem skrifstofur að því er varðar þennan samning:
a) fyrir Suður-Kóreu, ráðuneyti utanríkismála og viðskipta og
b) fyrir EFTA-ríkin, aðalskrifstofu EFTA.

2. Með fyrirvara um gr. 10.7, og nema samningsaðilar komi sér saman um annað eða annars sé getið í þessum samningi, skulu opinberar orðsendingar eða tilkynningar, til eða frá samningsaðila vegna þessa samnings, fara um skrifstofu viðkomandi aðila.

ARTICLE 8.2
Secretariat

1. The Parties hereby designate the following competent organs to serve as their respective secretariats for purposes of this Agreement:
(a) in the case of Korea, the Ministry of Foreign Affairs and Trade; and
(b) in the case of the EFTA States, the EFTA Secretariat.

2. Without prejudice to Article 10.7 and unless otherwise agreed by the Parties or stated in this Agreement, all official communications or notifications to or by a Party for purposes of this Agreement shall be made through its secretariat.

9. KAFLI LAUSN DEILUMÁLA

GR. 9.1

Gildissvið og umfang

1. Ákvæði þessa kafla miða að því að koma í veg fyrir eða leysa öll deilumál sem upp kunna að koma á grundvelli þessa samnings með hliðsjón af þeim aðferðum sem getið er í gr. 4.21 þessa samnings og 25. gr. I. viðauka.
2. Heimilt er að leysa deilur vegna máls, er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn, á vettvangi annars hvors þeirra að vali kæranda. Sá vettvangur, sem þannig er valinn, skal notaður eingöngu.

3. Að því er þessa grein varðar telst málsmeðferð við lausn deilumáls, samkvæmt WTO-samningnum eða þessum samningi, hafin þegar samningsaðili leggur fram beiðni um gerðardóm.
4. Áður en samningsaðili hefur málsmeðferð um lausn deilumáls samkvæmt WTO-samningnum gegn einum samningsaðila eða fleiri í máli er varðar bæði þennan samning og WTO-samninginn skal hann tilkynna öllum samningsaðilunum um fyrirætlan sína.
5. Gerðardómsreglurnar sem kveðið er á um í gr. 9.4 til 9.10 gilda ekki um gr. 2.7, 2.9, 2.10 og 5. kafla.

GR. 9.2

Sáttaumleitanir

1. Samningsaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja og þeim má ljúka hvenær sem er.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt samningsaðila við meðferð annarra mála.

GR. 9.3

Samráð

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við í hverju því máli sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.

2. Einu eða fleiri EFTA-ríkjum er heimilt að fara skriflega fram á samráð við Suður-Kóreu, og öfugt, ef samningsaðili telur að ráðstöfun, sem samningsaðili eða samningsaðilar sem beiðninni er beint til gera, sé í ósamræmi við þennan samning eða að ávinningur sem hann hefur, beint eða óbeint, af þessum samningi skerðist eða falli úr gildi vegna slíkrar ráðstöfunar. Samráð skal fara fram á vegum sameigin-

CHAPTER 9 DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 9.1

Scope and Coverage

1. The provisions of this Chapter shall apply with respect to the avoidance or the settlement of any dispute arising from this Agreement, taking into account the modalities set out in Article 4.21 of this Agreement and Article 25 of Annex I.
2. Disputes on the same matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement may be settled in either forum at the discretion of the complaining Party. The forum thus selected shall be used to the exclusion of the other.
3. For purposes of this Article, dispute settlement proceedings under the WTO Agreement or this Agreement are deemed to be initiated upon a request for a panel by a Party.
4. Before a Party initiates dispute settlement proceedings under the WTO Agreement against another Party or Parties as regards a matter arising under both this Agreement and the WTO Agreement, it shall notify all the Parties of its intention.
5. The arbitration rules provided for in Articles 9.4 to 9.10 do not apply to Articles 2.7, 2.9, 2.10 and Chapter 5.

ARTICLE 9.2

Good Offices, Conciliation or Mediation

1. Good offices, conciliation and mediation are procedures that are undertaken voluntarily if the Parties involved so agree. They may begin at any time and be terminated at any time.
2. Proceedings involving good offices, conciliation and mediation shall be confidential and without prejudice to the Parties' rights in any other proceedings.

ARTICLE 9.3

Consultations

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.
2. Any one or more of the EFTA States may request in writing consultations with Korea and vice-versa whenever a Party considers that a measure applied by the Party or Parties to which the request is made is inconsistent with this Agreement or that any benefit accruing to it directly or indirectly under this Agreement is impaired or nullified by such measure. Consultations shall take place in the

legu nefndarinnar, nema samningsaðili eða samningsaðilar, sem leggja fram beiðni eða beiðni um samráð er beint til, séu því ósamþykkir.
3. Samráð skal haft innan 30 daga frá því að beiðni berst um samráð. Samráð um brýn málefni, þ.m.t. um landbúnaðarafurðir sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum, skal hefjast innan 15 daga frá því að beiðni berst.

4. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að rannsaka hvernig ráðstöfun eða annað gæti haft áhrif á framkvæmd þessa samnings og fara með upplýsingar um trúnaðarmál eða einkamál stofnunar á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.

5. Samráð skal bundið trúnaði og vera með fyrirvara um rétt samningsaðilanna til frekari málsmeðferðar.
6. Samningsaðilar, sem taka þátt í samráði, skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

GR. 9.4
Stofnun gerðardóms

1. Finnist ekki lausn á málinu innan 60 daga, eða 30 daga ef málið er brýnt, eftir að beiðni um samráð berst er einum eða fleiri hlutaðeigandi samningsaðilum heimilt að vísa málinu til gerðardóms með skriflegri beiðni til þess eða þeirra samningsaðila sem kærunni er beint gegn. Afrit af beiðninni skal einnig sent til allra samningsaðila þannig að hver um sig geti ákveðið hvort hann vilji eiga hlut að deilumálinu.
2. Ef fleiri en einn samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms vegna sama máls skal einn gerðardómur stofnaður til að fjalla um kæruna þegar það er gerlegt 2.
3. Í beiðni um stofnun gerðardóms skal tilgreina ástæðu fyrir kærunni og ráðstöfunina sem um ræðir og benda á þann lagagrundvöll er kæran byggist á.

GR. 9.5
Gerðardómur

1. Gerðardómur, sem um getur í gr. 9.4, skal skipaður þremur mönnum.
2. Sérhver deiluaðili skal tilnefna einn mann í gerðardóminn innan 15 daga frá móttöku beiðni samkvæmt gr. 9.4.
3. Deiluaðilar skulu, innan 30 daga frá tilnefningu annars gerðardómsmannsins, samþykkja tilnefningu hins þriðja. Sá sem þannig er skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.

Joint Committee unless the Party or Parties making or receiving the request for consultations disagree.

3. Consultations shall be held within 30 days from the date of receipt of the request for consultations. Consultations on urgent matters, including those on perishable agricultural goods, shall commence within 15 days from the receipt of the request for consultations.
4. The Parties involved in the consultations shall provide sufficient information to enable a full examination of how the measure or other matter might affect the operation of this Agreement and treat any confidential or proprietary information exchanged in the course of consultations in the same manner as the Party providing the information.
5. The consultations shall be confidential and without prejudice to the rights of the Parties involved in any further proceedings.
6. The Parties involved in the consultations shall inform the other Parties of any mutually agreed resolution of the matter.

ARTICLE 9.4
Establishment of Arbitration Panel

1. If the matter has not been resolved within 60 days, or 30 days in relation to a matter of urgency, after the date of receipt of the request for consultations, it may be referred to arbitration by one or more of the Parties involved by means of a written request addressed to the Party or Parties complained against. A copy of this request shall also be communicated to all Parties so that each Party may determine whether to participate in the dispute.
2. Where more than one Party requests the establishment of an arbitration panel relating to the same matter, a single arbitration panel shall be established to examine these complaints whenever feasible.
3. A request for arbitration shall give the reason for the complaint including the identification of the measure at issue and an indication of the legal basis of the complaint.

ARTICLE 9.5
Arbitration Panel

1. The arbitration panel referred to in Article 9.4 shall consist of three members.
2. Each Party to the dispute shall appoint one member of the arbitration panel within 15 days of the receipt of the request under Article 9.4.
3. The Parties to the dispute shall agree on the appointment of the third member within 30 days of the appointment of the second member. The member thus appointed shall chair the arbitration panel.

4. Hafi ekki verið tilnefndir eða skipaðir þrír gerðardómsmenn innan 45 daga frá því að beiðnin berst, sem um getur í gr. 9.4, skal framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annast nauðsynlegar tilnefningar innan 30 daga til viðbótar að beiðni deiluaðila. Ef framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar tilnefnir ekki gerðardómsmenn innan tilskilins frests skal hvor deiluaðili um sig taka saman lista innan næstu tíu daga með nöfnum fjögurra manna, þó ekki ríkisborgara annars hvors deiluaðila, og senda hinum deiluaðilanum hann. Því næst skal, innan tíu daga frá því að deiluaðilar skiptust á listum, velja gerðardómsmenn með hlutkesti af listanum í viðurvist beggja deiluaðila. Ef deiluaðili leggur ekki fram lista með nöfnum fjögurra manna skal velja gerðardómsmenn með hlutkesti af þeim lista sem hinn deiluaðilinn hefur þegar lagt fram.

5. Formaður gerðardóms skal ekki vera ríkisborgari samningsaðila eða vera að jafnaði búsettur á landsvæði samningsaðila, vera eða hafa verið starfsmaður samningsaðila eða hafa komið að málinu með öðrum hætti.

6. Ef gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum skal velja staðgengil hans innan 15 daga í samræmi við þær aðferðir sem notaðar voru við val á honum. Þegar svo ber undir skal sá frestur, sem gildir við gerðardómsmeðferð, lengdur frá þeim degi að gerðardómsmaður andast, hættir störfum eða er gert að hætta störfum þar til eftirmaður hans hefur verið valinn.

7. Hver sá sem er skipaður til setu í gerðardómi skal vera sérfróður eða reyndur í lögum, alþjóðaviðskiptum, öðrum málefnum sem þessi samningur tekur til eða við úrlausn deilumála sem rísa vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga. Gerðardómsmaður skal einungis valinn á grundvelli hlutlægni, áreiðanleika, góðrar dómgreindar og óhæðis og skal hann starfa í anda þessara eiginleika á meðan gerðardómsmeðferð stendur yfir. Telji deiluaðili að gerðardómsmaður hafi brotið gegn framansögðu skulu deiluaðilar ganga til samráðs og ef þeir verða sammála um það skal ekki lengur óskað eftir störfum gerðardómsmannsins en nýr gerðardómsmaður skipaður í hans stað í samræmi við þessa grein og í samræmi við þá málsmeðferð sem greint er frá í 6. mgr.

8. Stofndagur gerðardómsins telst vera dagurinn þegar formaðurinn er skipaður.

4. If all three members have not been designated or appointed within 45 days from the date of receipt of the request referred to in Article 9.4, the necessary designations shall be made at the request of any Party to the dispute by the Director-General of the WTO within a further 30 days. Where the designation of the members of the arbitration panel by the Director-General of the WTO is not made within the specified period, the Parties to the dispute shall within the next ten days exchange lists comprising four nominees each who shall not be nationals of either Party. The panel members shall then be appointed in the presence of both Parties by lot from the lists within ten days from the date of exchange of their respective lists. If a Party fails to submit its list of four nominees, the panel members shall be appointed by lot from the list already submitted by the other Party.

5. The chair of the arbitration panel shall not be a national of any of the Parties, nor have his or her usual place of residence in the territory of any of the Parties, nor be employed or previously have been employed by any of the Parties, nor have dealt with the case in any capacity.

6. If a member dies, withdraws or is removed, a replacement shall be selected within 15 days in accordance with the selection procedure followed to select him or her. In such a case, any time period applicable to the arbitration panel proceedings shall be suspended for a period beginning on the date the member dies, withdraws or is removed and ending on the date the replacement is selected.

7. Any person appointed as a member of the arbitration panel shall have expertise or experience in law, international trade, other matters covered by this Agreement or in the resolution of disputes arising under international trade agreements. A member shall be chosen strictly on the basis of objectivity, reliability, sound judgement and independence and shall conduct himself or herself according to these characteristics throughout the course of the arbitration proceedings. If a Party believes that a member is in violation of the bases stated above, the Parties shall consult and if they agree, the member shall be removed and a new member shall be appointed in accordance with this Article, and following the procedure outlined in paragraph 6.

8. The date of establishment of the arbitration panel shall be the date on which the chair is appointed.

GR. 9.6

Störf gerðardómsins

1. Gerðardómsmeðferð skal fara fram í samræmi við staðlaðar starfsreglur sem sameiginlega nefndin skal samþykkja á fyrsta fundi sínum, nema deiluaðilar komi sér saman um annað. Þar til reglurnar hafa verið samþykktar skal gerðardómurinn setja sér starfsreglur nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu starfsreglur tryggja, að því er varðar alla gerðardómsmeðferð, að:

a) deiluaðilar eigi rétt á að gefa skýrslu fyrir gerðardómi að minnsta kosti einu sinni og fái jafnframt tækifæri til að leggja fram skrifleg gögn og gagnrök,

b) deiluaðilar séu boðaðir í hvert sinn sem skýrslugjöf fer fram á vegum gerðardóms,

c) deiluaðilar hafi aðgang að öllum gögnum og athugasemdum sem eru lögð fyrir gerðardóm með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu og

d) skýrslugjöf, umræður, frumskýrsla og öll skrifleg gögn sem eru lögð fyrir gerðardóm og samskipti við hann séu bundin trúnaði.

3. Hlutverk gerðardóms er sem hér segir, nema deiluaðilar komi sér saman um annað innan 20 daga frá dagsetningu beiðni um stofnun gerðardóms:

„Að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa samnings, það mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardóms samkvæmt 9,4. gr. og komast að rökstuddri niðurstöðu, á grundvelli laga eða staðreynda, og gefa út tilmæli, ef við á, um lausn deilunnar."

4. Gerðardómi er heimilt, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, að leita til sérfræðings um vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf eftir því sem þörf er á.

5. Gerðardómurinn skal úrskurða á grundvelli ákvæða þessa samnings sem eru túlkuð og þeim beitt í samræmi við viðeigandi reglur um túlkun þjóðaréttar.

6. Ákvarðanir gerðardóms skulu samþykktar með meiri hluta gerðardómsmanna. Gerðardómsmönnum er heimilt að gefa sérálit um málefni sem var ekki afgreitt með samhljóða samþykki. Gerðardómi er óheimilt að gefa það upp hverjir gerðardómsmanna eiga hlut að meirihluta- eða minnihlutaáliti gerðardóms.

7. Deiluaðilar skulu skipta jafnt með sér kostnaði af gerðardómi, þ.m.t. þóknanir til gerðardómsmanna.

ARTICLE 9.6

Procedures of the Arbitration Panel

1. Unless the Parties to the dispute agree otherwise, the arbitration panel proceedings shall be conducted in accordance with the Model Rules of Procedure that shall be adopted at the first meeting of the Joint Committee. Pending the adoption of those rules, the arbitration panel shall regulate its own procedures, unless the Parties to the dispute agree otherwise.

2. Notwithstanding paragraph 1, for all arbitration panel proceedings the procedures shall ensure that:

(a) the Parties to the dispute have the right to at least one hearing before the arbitration panel as well as the opportunity to provide initial and rebuttal written submissions;

(b) the Parties to the dispute be invited to all the hearings held by the arbitration panel;

(c) all submissions and comments made to the arbitration panel be available, to the Parties to the dispute, subject to any requirements of confidentiality; and

(d) hearings, deliberations, initial report and all written submissions to and communications with the arbitration panel be confidential.

3. Unless the Parties to the dispute otherwise agree within 20 days from the date of delivery of the request for the establishment of the arbitration panel, the terms of reference shall be:

"To examine, in the light of the relevant provisions of this Agreement, the matter referred to in the request for the establishment of an arbitration panel pursuant to Article 9.4 and to make findings of law and fact together with the reasons therefor as well as recommendations, if any, for the resolution of the dispute."

4. At the request of a Party to the dispute or on its own initiative, the arbitration panel may seek scientific information and technical advice from experts as it deems appropriate.

5. The arbitration panel shall make its ruling based on the provisions of this Agreement, applied and interpreted in accordance with the rules of interpretation of public international law.

6. Decisions of the arbitration panel shall be taken by a majority of its members. Any member may furnish separate opinions on matters not unanimously agreed. No arbitration panel may disclose which members are associated with majority or minority opinions.

7. The expenses of the arbitration panel, including the remuneration of its members, shall be borne by the Parties to the dispute in equal shares.

GR. 9.7
Afturköllun kæru

Kæranda er hvenær sem er heimilt að draga kæru sína til baka áður en frumskýrsla er gefin út. Slíkt hefur þó ekki áhrif á rétt hans til að leggja síðar fram nýja kæru vegna sama efnis.

GR. 9.8
Frumskýrsla

1. Gerðardómur skal afhenda deiluaðilum frumskýrslu innan 90 daga frá stofnun hans.

2. Gerðardómurinn skal leggja til grundvallar skýrslu sinni gögn og röksemdir deiluaðila og vísindalegar upplýsingar og tæknilega ráðgjöf samkvæmt 4. mgr. 9,6. gr.

3. Deiluaðila er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóm um frumskýrsluna innan 14 daga frá framlagningu hennar.
4. Gerðardóminum er heimilt, í því tilviki og eftir umfjöllun um skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði eða beiðni deiluaðila, að:

a) leita eftir áliti deiluaðilanna,

b) endurskoða skýrslu sína og/eða
c) láta fara fram frekari rannsókn, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

GR. 9.9
Lokaskýrsla

1. Gerðardómurinn skal afhenda deiluaðilum lokaskýrslu, þar sem fjallað er um þau málefni sem um getur í 2. mgr. gr. 9.8, þ.m.t. sérálit um málefni sem voru ekki afgreidd með samhljóða samþykki, innan 30 daga frá framlagningu frumskýrslunnar.

2. Lokaskýrslan skal birt 15 dögum eftir að hún er afhent deiluaðilum, nema þeir komi sér saman um annað.

GR. 9.10
Framkvæmd skýrslna gerðardómsins

1. Lokaskýrslan er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila. Sérhverjum deiluaðila er skylt að gera ráðstafanir til að fylgja lokaskýrslunni eftir.

2. Þegar deiluaðilar fá lokaskýrslu gerðardómsins í hendur skulu þeir koma sér saman um:

ARTICLE 9.7
Withdrawal of Complaint

A complaining Party may withdraw its complaint at any time before the initial report has been issued. Such withdrawal is without prejudice to its right to introduce a new complaint regarding the same issue at a later point in time.

ARTICLE 9.8
Initial Report

1. The arbitration panel shall present to the Parties to the dispute an initial report within 90 days from the date of the establishment of the arbitration panel.
2. The arbitration panel shall base its report on the submissions and arguments of the Parties to the dispute and on any scientific information and technical advice obtained pursuant to paragraph 4 of Article 9.6.
3. A Party to the dispute may submit written comments to the arbitration panel on the initial report within 14 days of presentation of the report.
4. In such an event, and after considering the written comments, the arbitration panel, on its own initiative or at the request of a Party to the dispute, may:
(a) request the views of any of the Parties to the dispute;
(b) reconsider its report; and/or
(c) make any further examination that it considers appropriate.

ARTICLE 9.9
Final Report

1. The arbitration panel shall present to the Parties to the dispute the final report, containing the matters referred to in paragraph 2 of Article 9.8, including any separate opinions on matters not unanimously agreed, within 30 days of presentation of the initial report.
2. Unless the Parties to the dispute decide otherwise, the final report shall be published 15 days after it is presented to them.

ARTICLE 9.10
Implementation of Arbitration Panel Reports

1. The final report shall be final and binding on the Parties to the dispute. Each Party to the dispute shall be bound to take the measures involved in carrying out the final report.
2. On receipt of the final report of an arbitration panel, the Parties to the dispute shall agree on:

a) leiðir til að leysa deiluna og skulu þær, að öðru jöfnu, vera í samræmi við útskurði eða tilmæli gerðardómsins, liggi þau fyrir, og

b) hæfilegan frest til kann að vera nauðsynlegur til að koma til framkvæma leiðum til lausnar á deilunni. Verði slíkt samkomulag ekki gert er deiluaðila heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn að hann ákvarði hæfilegan frest á grundvelli sérstakra aðstæðna. Úrskurður gerðardómsins skal liggja fyrir innan 15 daga frá því að beiðnin er lögð fram.

3. Ef gerðardómurinn úrskurðar, í lokaskýrslu sinni, að samningsaðili hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi eða að ráðstafanir samningsaðilans hafi gert ávinning að engu eða skert hann skal lausn deilunnar, þegar unnt er, miða að því að koma í veg fyrir slíkt ósamræmi eða að ávinningur sé gerður að engu eða skertur.

4. Ef deiluaðilar ná ekki samkomulagi um leiðir til að leysa deiluna skv. a-lið 2. mgr. innan 30 daga frá útgáfu lokaskýrslunnar eða hafa náð samkomulagi um leiðir til að leysa deiluna en sá samningsaðili sem kæran beinist gegn kemur því ekki til framkvæmda innan 30 daga frá því að hæfilegur frestur, sem er ákvarðaður í samræmi við b-lið 2. mgr., rennur út skal samningsaðilinn, sem kæran beinist gegn, ganga til samráðs ef kærandi fer fram á það með það fyrir augum að ná samkomulagi um bætur sem báðir aðilar geta sætt sig við. Náist samkomulag ekki innan 20 daga frá því að beiðnin var lögð fram er kæranda heimilt að fresta þeim ávinningi sem fæst með þessum samningi um jafngildi þess ávinnings sem leiðir af ráðstöfuninni sem talin er brjóta gegn þessum samningi.

5. Þegar skoðað er hvaða ávinningi rétt er að fresta skal kærandi fyrst leitast við að fresta ávinningi í sama geira eða geirum og ráðstöfunin, sem gerðardómurinn hefur ákvarðað að brjóti gegn þessum samningi, fellur undir. Kærandi, sem telur það hvorki gerlegt né vænlegt til árangurs að fresta ávinningi í sama geira, getur frestað ávinningi í öðrum geira.

6. Kærandi skal tilkynna hinum samningsaðilanum um þann ávinning sem fyrirhugað er að fresta eigi síðar en 60 dögum fyrir þann dag sem frestunin á að koma til framkvæmda. Deiluaðila er heimilt að fara fram á það við upphaflega gerðardóminn, innan 15 daga frá tilkynningunni, að hann felli úrskurð um það hvort ávinningur sem kæruaðili eða kæruaðilar hyggjast fresta sé jafngildur þeim ávinningi sem hlýst af ráðstöfun sem talin er brjóta gegn þessum

(a) the means to resolve the dispute, which normally shall conform with the determinations or recommendations, if any, of the arbitration panel; and

(b) the reasonable period of time which may be necessary in order to implement the means to resolve the dispute. If the Parties to the dispute fail to agree, a Party to the dispute may request the original arbitration panel to determine the length of the reasonable period of time, in the light of the particular circumstances of the case. The determination of the arbitration panel shall be presented within 15 days from that request.

3. If, in its final report, the arbitration panel determines that a Party has not conformed with its obligations under this Agreement or that a Party's measure has caused nullification or impairment, the means to resolve the dispute shall be, whenever possible, to eliminate the inconsistency or the nullification or impairment.

4. If the Parties to the dispute are unable to agree on the means to resolve the dispute pursuant to paragraph 2(a) within 30 days of issuance of the final report, or have agreed on the means to resolve the dispute but the Party complained against fails to implement the means within 30 days following the expiration of the reasonable period of time determined in accordance with paragraph 2(b), the Party complained against shall, if so requested by the complaining Party, enter into consultations with a view to agreeing on a mutually acceptable compensation. If no such agreement has been reached within 20 days from the request, the complaining Party shall be entitled to suspend the application of benefits granted under this Agreement that are equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement.

5. In considering the benefits to be suspended, the complaining Party shall first seek to suspend benefits in the same sector or sectors as that affected by the measure that the arbitration panel has found to violate this Agreement. The complaining Party that considers it is not practicable or effective to suspend benefits in the same sector or sectors may suspend benefits in other sectors.

6. The complaining Party shall notify the other Party of the benefits which it intends to suspend no later than 60 days before the date on which the suspension is due to take effect. Within 15 days from that notification, any of the Parties to the dispute may request the original arbitration panel to rule on whether the benefits which the complaining Party intends to suspend are equivalent to those affected by the measure found to violate this Agreement,

samningi og hvort fyrirhuguð frestun sé í samræmi við 4. og 5. mgr. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan 45 daga frá því að beiðnin er lögð fram. Ekki skal fresta ávinningi fyrr en gerðardómur hefur fellt úrskurð sinn.

7. Frestun ávinnings skal vera tímabundin ráðstöfun sem kærandi beitir einungis þar til ráðstöfunin, sem brýtur í bága við þennan samning, hefur verið dregin til baka eða henni breytt þannig að hún samrýmist þessum samningi eða deiluaðilar hafa komist að samkomulagi um lausn deilumálsins.

8. Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um það hvort framkvæmdarráðstafanir, sem eru samþykktar eftir að ávinningi er frestað, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé að aflétta eða breyta frestun ávinnings á grundvelli úrskurðarins. Gerðardómur skal fella úrskurð innan 30 daga frá dagsetningu beiðninnar.

9. Úrskurðir, sem kveðið er á um í 2. mgr. (b-lið), 6. og 8. mgr., eru bindandi.

GR. 9.11

Önnur ákvæði

Fresti, sem getið er í þessum kafla, er heimilt að breyta með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.

10. KAFLI LOKAÁKVÆÐI

GR. 10.1

Gagnsæi

1. Samningsaðilar skulu birta lög sín eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, almennum stjórnsýsluúrskurðum og dómsúrskurðum, svo og alþjóðasamningum sem haft gætu áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara ákveðnum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.

3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað svo að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti af hendi upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindrar framkvæmd laga eða er á annan hátt andstætt hagsmunum almennings eða lögmætum viðskiptahagsmunum atvinnurekanda.

4. Ef ósamræmi er milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða sem varða gagnsæi í öðrum köflum skal sá síðarnefndi gilda þar sem ósamræmis gætir.

and whether the proposed suspension is in accordance with paragraphs 4 and 5. The ruling of the arbitration panel shall be given within 45 days from that request. Benefits shall not be suspended until the arbitration panel has issued its ruling.

7. The suspension of benefits shall be temporary and only be applied by the complaining Party until the measure found to violate this Agreement has been withdrawn or amended so as to bring it into conformity with this Agreement, or the Parties to the dispute have reached agreement on a resolution of the dispute.

8. At the request of a Party to the dispute, the original arbitration panel shall rule on the conformity with the final report of any implementing measures adopted after the suspension of benefits and, in light of such ruling, whether the suspension of benefits should be terminated or modified. The ruling of the arbitration panel shall be given within 30 days from the date of that request.

9. The rulings provided for in paragraphs 2 (b), 6 and 8 shall be binding.

ARTICLE 9.11

Other Provisions

Any time period mentioned in this Chapter may be modified by mutual agreement of the Parties involved.

CHAPTER 10 FINAL PROVISIONS

ARTICLE 10.1

Transparency

1. The Parties shall publish their laws, or otherwise make publicly available their laws, regulations, and administrative rulings and judicial decisions of general application as well as their respective international agreements that may affect the operation of this Agreement.

2. The Parties shall promptly respond to specific questions, and provide upon request information to each other, on matters referred to in paragraph 1.

3. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, which would impede law enforcement, otherwise be contrary to the public interest or prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.

4. In the case of any inconsistency between the provisions of this Article and provisions relating to transparency in other Chapters, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

GR. 10.2
Viðaukar og viðbætar

Viðaukar og viðbætar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti af honum.

GR. 10.3
Breytingar

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi, aðrar en þær sem um getur í 7. mgr. í gr. 8.1, skulu þær lagðar fyrir samningsaðilana til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis í samræmi við stjórnskipuleg ákvæði hvers samningsaðila.
2. Breytingarnar öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

GR. 10.4
Aðild

1. Sérhvert ríki, sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, getur gerst aðili að samningi þessum, svo fremi sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem hlutaðeigandi samningsaðilar kunna að semja um við inngönguríkið og þá samningsaðila sem eru fyrir. Aðildarskjalið skal afhent vörsluaðila.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu eða núverandi samningsaðilar hafa samþykkt aðildarskilmála, hvort sem síðar verður.

GR. 10.5
Uppsögn og slit samningsins

1 Samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Dragi Suður-Kórea aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr.
3. Ef EFTA-ríki segir upp aðild að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skal það segja upp aðild að þessum samningi í samræmi við 1. mgr.

GR. 10.6
Gildistaka

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent vörsluaðila.

ARTICLE 10.2
Annexes and Appendices

The Annexes and Appendices to this Agreement form an integral part thereof.

ARTICLE 10.3
Amendments

1. Amendments to this Agreement other than those referred to in paragraph 7 of Article 8.1 shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval, in accordance with each Party's constitutional requirements.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the second month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 10.4
Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, on terms and conditions to be negotiated between the acceding State and the existing Parties. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the deposit of its instrument of accession or the approval of the terms of accession by the existing Parties, whichever is later.

ARTICLE 10.5
Withdrawal and Termination

1 Any Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Korea withdraws, this Agreement shall expire on the date specified in paragraph 1.

3. In case any EFTA State withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association, this EFTA State shall withdraw from this Agreement in accordance with paragraph 1.

ARTICLE 10.6
Entry into Force

1. This Agreement is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Depositary.

2. Þessi samningur öðlast gildi 1. júlí 2006 gagnvart þeim undirritunarríkjum, sem þá hafa fullgilt þennan samning, að því tilskildu að þeir hafi afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki að minnsta kosti einum mánuði fyrir gildistökuna og að því tilskildu að Suður-Kórea sé eitt þeirra ríkja sem hefur afhent skjöl sín til vörslu.

3. Ef samningur þessi öðlast ekki gildi 1. júlí 2006 öðlast hann gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að síðara ríkið, Suður-Kórea og a.m.k. eitt EFTA-ríki, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörsluaðila.

4. Þegar um er að ræða EFTA-ríki sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skal þessi samningur öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið hefur verið afhent til vörslu.

5. EFTA-ríki getur, ef stjórnskipuleg skilyrði þess leyfa það, beitt samningi þessum til bráðabirgða. Vörsluaðila skal tilkynnt um bráðabirgðabeitingu samnings þessa samkvæmt þessari grein.

GR. 10.7

Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Genf .... nóvember ... í einu frumriti á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn staðfest afrit.

Fyrir hönd Lýðveldisins Suður-Kóreu

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

Fyrir hönd Ríkjasambandsins Sviss

---

2. This Agreement shall enter into force on 1 July 2006 in relation to those Signatory States which by then have ratified this Agreement, provided they have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the Depositary at least one month before the entry into force, and provided that Korea is among the States that have deposited their instruments.

3. In case this Agreement does not enter into force on 1 July 2006, it shall enter into force on the first day of the second month following the latter date on which Korea and at least one EFTA State have deposited their instruments of ratification, acceptance, or approval with the Depositary.

4. In relation to an EFTA State depositing its instrument of ratification, acceptance or approval after this Agreement has entered into force, the Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the deposit of its instrument.

5. If its constitutional requirements permit, any EFTA State may apply this Agreement provisionally. Provisional application of this Agreement under this paragraph shall be notified to the Depositary.

ARTICLE 10.7

Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Done at Geneva, this [...] day of November, in a single original in the English language, which shall be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States.

For the Republic of Iceland

For the Republic of Iceland

For the Principality of Liechtenstein

For the Kingdom of Norway

For the Swiss Confederation

---

982. Nefndarálit [456. mál]

um frv. til l. um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti.

Umsagnir bárust frá óbyggðanefnd, Orkustofnun, Akureyrarbæ, lögfræðiskrifstofu stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að forsætisráðherra sé heimilt að afsala tilteknum réttindum til Landsvirkjunar sem ætlun ríkisins var að leggja til fyrirtækisins við stofnun þess árið 1965, en samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um eignarréttindi á Gnúpverjaafrétti og Landmannaafrétti var framsal þessara réttinda þá byggt á vanheimild. Var niðurstaða óbyggðanefndar sú að umrætt landsvæði væri þjóðlenda í skilningi laga og fer ríkið þar með eignarrétt.

Réttindin sem um ræðir eru annars vegar vatnsréttindi í Þjórsá að því marki sem þarf til að reka 210 MW virkjun og hins vegar með sama áskilnaði viðeigandi landskiki í Búrfells- og Skeljafellslandi sem teygir sig að óverulegu leyti inn á Landmannaafrétt.

Með frumvarpinu er verið að skjóta lagastoð undir samning ríkisins sem gerður var við stofnun Landsvirkjunar og leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Kjartan Ólafsson, með fyrirvara.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.		Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

983. Nefndarálit [630. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson frá forsætisráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar að afnema það ákvæði laganna að formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Hins vegar er lagt til að óbyggðanefnd ljúki störfum á árinu 2011 en ekki fyrir árið 2007 eins og ákvæðið er núna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og samþykk áliti þessu.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Kjartan Ólafsson.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	

984. Fyrirspurn [672. mál]

til umhverfisráðherra um ljósmengun.

Frá Merði Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að athuguð verði ljósmengun á Íslandi og ráðstafanir gerðar í því sambandi?

985. Fyrirspurn [673. mál]

til sjávarútvegsráðherra um loðnuleit og loðnumælingar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hve margar stofnstærðarmælingar voru gerðar á loðnu í janúar, febrúar og mars ef undanskilin er sú sem notuð var til grundvallar tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark og greint er frá í nýlegu svari ráðherra við fyrirspurn (þskj. 831)?
2. Hvenær voru þessar mælingar gerðar, með hvaða rannsóknaskipum og hverjir voru leiðangursstjórar?
3. Hvernig voru leiðarlínur rannsóknaskipa við þessar mælingar og hvernig leit þéttleikadreifing loðnunnar út, færð á kort eftir mæligildum?
4. Hver var áætluð stærð loðnuárganga í hverri þessara mælinga, í fjölda og tonnum?

5. Hversu mörgum úthaldsdögum hafrannsóknaskipa var varið til loðnuleitar og loðnumælinga nú eftir áramót?

Skriflegt svar óskast.

986. Fyrirspurn [674. mál]

til fjármálaráðherra um skerðingu á vaxtabótum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 vegna breytinga á fasteignamati á sl. ári og hvaða áhrif hefur skerðingin á greiðslu vaxtabóta í ágúst næstkomandi? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af breytingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar.
2. Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 við álagningu nú í ágúst vegna breytinga sem gerðar hafa verið á ákvæðum um vaxtabætur í tekjuskattslögum á árunum 2004 og 2005? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af skerðingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar. Þá er óskað eftir að útreikningar í 1. og 2. lið nái til sömu tekju- og eignahópa og að sýnd verði einnig samandregin niðurstaða á áhrifum skerðingar fyrir þessa hópa.
3. Hvað áhrif hefur skerðing vaxtabóta álagningarárin 2005 og 2006 á tekjur ríkissjóðs?
4. Eru fyrirhugaðar breytingar á vaxtabótakerfinu? Ef svo er, hvaða breytingar eru það og hvenær má vænta þeirra?

Skriflegt svar óskast.

987. Svar [395. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsens um styrki til háskólanáms.

1. *Hefur ráðherra látið framkvæma könnun á möguleikum þess að taka upp námsstyrki á háskólastigi sambærilega þeim sem verið hafa á framhaldsskólastigi? Ef svo er ekki, er ekki ástæða til að úttekt verði gerð á hugsanlegu fyrirkomulagi og kostnaði?*

Stjórnvöld hafa ekki skoðað það sérstaklega hvort veita eigi háskólanemum á landsbyggðinni styrki sambærilega þeim jöfnunarstyrkjum sem veittir eru á framhaldsskólastigi. Allt önnur umgerð er um námsaðstoð á háskólastigi og eiga nemendur á háskólastigi rétt á námslánum þar sem upphæðin miðast m.a. við félagslegar aðstæður og búsetuform. Meginhluverk námslánakerfisins er að tryggja nemendum tækifæri til náms án tillits til efnahags sbr. 1. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum. Greiðslubyrði

og vaxtakjör námslána eru hagstæð og við það miðuð að þau nægi námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði, að teknu tilliti til fjölskyldustærðar. Heimilt er að taka tillit til búsetu og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu nemenda skv. 3. gr. laganna. Grunnframfærsla námsmanns er miðuð við einhleypan námsmann í leiguhúsnæði og er 82.500 kr. á mánuði. Grunnframfærsla einstaklinga með barn, eða börn, á framfæri er hærri en misjöfn og fer eftir eftir því hvort um er að ræða einstætt foreldri eða foreldra í sambúð og hvað börnin eru mörg. Grunnframfærsla einstæðs foreldris með þrjú börn er til að mynda 2,35 sinnum hærri en barnlauss einstaklings, eða 194.000 kr. á mánuði. Að meðaltali eru um 50% námslána styrkur í formi niðurgreiddra vaxta og aðstoðin sem hverjum og einum stendur til boða er því í raun meiri en samsvarar fullum námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki, nr. 79/2003. Styrkir til námsmanna á haustönn 2005 voru 92.000 kr. dvalarstyrkur og 52.000 kr. akstursstyrkur.

Lög um námsstyrki eru grundvölluð á sama meginmarkmiði og lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þ.e. að jafna aðstöðu nemenda, en þó í þrengri skilningi og einungis nemenda á framhaldsskólastigi sem ekki eiga rétt á námsláni. Í 1. gr. laganna segir: „Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám.“ Í 2. gr. laganna er skilgreint hverjir eiga rétt á námsstyrkjum samkvæmt lögunum og í 3. gr. hvers eðlis námsstyrkirnir eru. Fjárhæð styrkja er svo ákveðin í fjárlögum ár hvert og svonefnd fimm manna námsstyrkjanefnd, sem menntamálaráðherra skipar, sér um úthlutun styrkjanna. Við setningu laganna árið 2003 var skilgreining á einstaklingum sem njóta námsstyrkja rýmkuð og látin ná til erlendra ríkisborgara. Hugtakið „fjölskylda“ var rýmkað í skilningi laganna. Einnig voru lögfestar reglur sem áður var að finna í reglugerðum sem settar voru á grundvelli laganna. Það ákvæði sem er veigamest er hin svokallaða „30 km regla“, þ.e. það skilyrði dvalarstyrks að nemandi verði að vista sig a.m.k. 30 km frá lögheimili og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Framlög ríkisins til jöfnunarstyrkja á framhaldsskólastigi hafa verið um 500 millj. kr. á ári. Nánari skilgreiningar á hæfi styrkþega er svo að finna í reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003, með síðari breytingum.

Þá ber að geta þess að aðstæður nemenda, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, hafa breyst gríðarlega frá því að lög um jöfnun námskostnaðar voru fyrst sett árið 1989. Sérstaklega hvað varðar aukið framboð á greinum sem kenndar eru í fjarkennslu. Nú stendur nemendum til boða að taka fjölmarga námsáfanga á háskólastigi og stóran hluta framhaldsskólanáms í fjarnámi. Eins og nánar verður fjallað um síðar eru starfræktar símenntunarmiðstöðvar í öllum landshlutum og gegna þær mjög mikilvægu hlutverki við að veita stoðþjónustu við nemendur í fjarnámi og aðstöðu fyrir kennslu. Þannig hefur skapast grundvöllur fyrir frekari þjónustu vegna háskólanáms. Höfuðáhersla hefur verið lögð á að minnka aðstöðumun með auknu framboði fjarnáms og hefur aðgengi einstaklinga sem búsettir eru á landsbyggðinni batnað að sama skapi.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir afslætti af endurgreiðslu námslána til einstaklinga sem setjast að á landsbyggðinni þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun?*

Afsláttur af endurgreiðslu námslána vegna búsetu hefur tvisvar verið tekinn til athugunar af hálfu stjórnvalda. Fyrst árið 1999 og aftur árið 2003. Í hvorugt skiptið var hugmyndin þó talin fýsileg.

Fjármálaráðuneytið skoðaði í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna upplýsingar um þær reglur sem gilda um afslátt frá endurgreiðslu á námlánum í Noregi þegar málið var í skoðað í seinna skiptið, árið 2003. Þar gilda reglurnar um háskólamenntað fólk sem býr í

nyrstu héruðum Noregs og sérstaka hópa, t.d. lækna á ákveðnum svæðum. Athugunin leiddi í ljós að afsláttarreglur í Noregi eru töluvert flóknar og verður að teljast líklegt að ef afsláttarreglur yrðu settar hér á landi yrðu þær jafnvel flóknari vegna ólíkra staðhátta. Þá er talið að eftirlit geti orðið kostnaðarsamt feli reglurnar í sér að gert verði upp á milli fólks, t.d. eftir því hvar það á lögheimili, hvar á landinu það stundar vinnu, hugsanlega á hvaða aldri það er, í hvaða skóla það hefur stundað nám og hvort það vinnur störf sem krefjast háskólamenntunar. Ekki hefur verið lagt mat á hugsanlegan ávinning eða kostnað af slíkum afsláttarreglum verði þær settar. Í skýrslu iðnaðarráðherra um framkvæmd byggðaáætlunar 2002–2005 kemur fram að fjámálaráðuneytið muni hafa málið áfram til skoðunar. Það er vissulega möguleiki með námslánakerfinu að hafa stýrandi áhrif á náms- og starfsval nemenda og með því að taka slíka ákvörðun eru höfð áhrif á val á búsetu að loknu háskólanámi eða val á námsleiðum. Slíkt hefur jafnframt ákveðna mismunun milli námsmanna í för með sér, aukið eftirlit og umsýsla yrði nauðsynleg sem hefði aftur aukinn kostnað í för með sér. Vega þarf og meta hver ávinningurinn af slíkum breytingum yrði í víðu samhengi en hingað til hefur það ekki verið talinn fýsilegur kostur og eru ekki uppi áform um að veita slíkan afslátt.

3. *Liggur fyrir úttekt á kostnaði sveitarfélaga við fjarkennsluþjónustu? Ef svo er ekki, hefur ráðherra hug á að framkvæma slíka úttekt?*

Ráðuneytið hefur ekki látið gera sérstaka úttekt á kostnaði sveitarfélaga við fjarkennsluþjónustu og slík úttekt er ekki fyrirhuguð á vegum ráðuneytisins. Fjarkennsla fer fram á vegum fjölda opinberra stofnana, framhalds- og háskóla sem og einkaaðila. Aðstæður þeirra er bjóða upp á fjarkennslu er mjög mismunandi eftir stærð sveitarfélaga, staðsetningu þeirra og staðháttum.

4. *Hyggst ráðherra koma til móts við sveitarfélög og mæta kostnaði þeirra af fjarkennslu?*

Stjórnvöld hafa stutt við bakið á símenntun og fjarkennslu á landsbyggðinni með beinum stuðningi við níu símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið og á þann hátt komið til móts við kostnað sveitarfélaganna vegna fjarkennslu. Ekki er fyrirhuguð breyting á þessum stuðningi vegna fjarkennsluþáttarins sérstaklega. Starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur vaxið ört á síðustu árum og fjöldi einstaklinga á landsvísu sem nýta sér þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Miðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir, settar á laggirnar árin 1998–2003 en á því tímabili var gert sérstakt átak til þess að auka símenntun markvisst í landinu. Stofnaðilar miðstöðvanna eru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. Við hverja þeirra eru 1,5–3 stöðugildi og sinna starfsmenn verkefnum samkvæmt skipulagsskrá, veita ráðgjöf og upplýsingar, auk þess að miðla menntun í samvinnu við félagasamtök, fræðsluaðila og atvinnulíf. Menntamálaráðuneytið gerir samninga við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni á grundvelli fjárveitinga frá Alþingi. Samningar ráðuneytisins við símenntunarmiðstöðvarnar taka mið af meginmarkmiðum stöðvanna og í þeim felst viðurkenning á starfsemi þeirra. Nemendum sem sækja sér þjónustu til símenntunarmiðstöðva má skipta í þrjá hópa. Fyrsti hópurinn sækir símenntunarnámskeið til miðstöðvanna. Annar hópurinn nýtir sér þjónustu símenntunarmiðstöðva til fjarnáms við framhaldsskóla og þriðji hópurinn nýtir sér þjónustu þeirra til háskólanáms.

Fjárhagsgrundvöllur símenntunarmiðstöðva hefur verið styrktur með framlögum ríkisins til þeirra símenntunarmiðstöðva sem eru á landsbyggðinni. Undanfarin ár hafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar níu fengið styrk frá ríkinu til að standa undir kostnaði við tilgreinda þætti. Á fjárlögum 2006 nemur framlag ríkisins til hverrar stöðvar 9,9 millj. kr. Á fjárlögum 2006 er auk þess um 1,3 millj. kr. framlag til stöðvanna til að standa undir kostn-

aði vegna reksturs háhraðanets og myndfundaþjónustu á FS-neti sem fyrst og fremst er notað til fjarkennslu. Framlög ríkisins til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni eru samkvæmt fjárlögum 2006 rúmlega 100 millj. kr.

988. Nefndarálit [361. mál]

um frv. til l. um faggildingu o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti og Sigurlinna Sigurlinnason frá Neytendastofu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Viðskiptaráði Íslands, Neytendastofu, Samtökum atvinnulífsins o.fl., Landssambandi smábátaeigenda og Siglingastofnun Íslands.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði sérstök lög um faggildingu, en með faggildingu er átt við formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að framkvæma ákveðin verkefni. Nú eru ákvæði um faggildingu í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, en við gildistöku þeirra laga 1. janúar 1993 komu ákvæði um faggildingu fyrst inn í íslenska löggjöf.

Við umfjöllun málsins í nefndinni voru gerðar athugasemdir um að texti frumvarpsins væri ekki nægilega skýr. Taldi nefndin því þörf á úrbótum og var unnið að því í samráði við fulltrúa ráðuneytis, Neytendastofu, Staðalráðs Íslands og Einkaleyfastofu að bæta orðalag frumvarpsins. Nefndin telur ástæðu til að taka sérstaklega fram að í frumvarpinu er notast bæði við hugtökin „faggildingarsvið“ og „faggildingarstofa“. Í raun er faggildingarsvið Einkaleyfastofu hin íslenska faggildingarstofa en bent var á að þetta gæti valdið ruglingi. Því leggur nefndin til að í stað hugtaksins „faggildingarstofa“ í frumvarpinu verði notað „stjórnvald sem annast faggildingu“ eða því um líkt, þó svo að í daglegu tali verði án vafa algengast að nota hugtakið „faggildingarstofa“ um erlend stjórnvöld á sviði faggildingar.

Fram komu athugasemdir um að ófullnægjandi væri að vísa til staðals, þ.e. ÍST ISO/IEC 17011, sbr. 5. gr. frumvarpsins, um grundvallaratriði, svo sem málsmeðferð umsókna og niðurfellingu faggildingar. Bent skal á að í fyrrnefndum staðli er auk nánari ákvæða um starfsreglur faggildingarstofa að finna ákvæði sem kveða m.a. á um málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um faggildingu, sbr. einkum ákvæði í 7. gr. staðalsins um málsmeðferð við veitingu faggildingar, eftirlit með þeim og niðurfellingu faggildingar ef umsækjendur fullnægja ekki lengur þeim skilyrðum sem eru grundvöllur fyrir faggildingu þeirra. Í ljósi þess að aðili í faggildingu nýtur mikilvægra atvinnuréttinda, sem eru þó háð ýmsum skilyrðum sem hlutaðeigandi er skylt að endurnýja og viðhalda í samræmi við þær alþjóðlegu reglur sem gilda um faggildingar, er nauðsynlegt að í íslenskri löggjöf sé að finna þær grunnreglur sem faggildingarsviði ber að hafa til hliðsjónar við veitingu slíkra réttinda, svo og við sviptingu þeirra, þegar það á við. Af þessari ástæðu leggur nefndin til að við frumvarp þetta verði bætt greinum sem kveða á um framangreind atriði og í stað beinnar tilvísunar til staðals er lagt til að um málsmeðferð fari að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setji með tilvísun til staðla sem gilda um starfsemi faggildingarsviðs. Það er í samræmi við ákvæði í 3. gr. laga nr. 36/2003, um staðla og Staðlaráð Íslands, að þegar íslensk stjórnvöld

ákveða að gera notkun tiltekins staðals skyldubundna þá skuli það gert með setningu reglugerðar og tilvísun þar til hlutaðeigandi staðals.

Nánar tiltekið leggur nefndin til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að hin tilteknu orð og orðasambönd í 2. gr. verði afmörkuð við lögin. Þá er uppsetning skilgreininganna lagfærð. Breytingar sem lagðar eru til á skilgreiningum eru óverulegar og lúta aðallega að því að gera textann einfaldari og skýrari.
2. Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins falli brott, enda greinin að mestu óþörf. Þeim efnisatriðum hennar sem nauðsynleg eru verði bætt við 4. gr., sjá nánar skýringar í 3. lið hér á eftir.
3. Lögð er til breyting á 4. gr. Rétt þykir að fram komi að faggildingarsvið Einkaleyfastofu annist faggildingu og aðra þá starfsemi sem um getur í 1. gr. fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Þá fer betur á því að efnisatriðum 3. gr. um sjálfstæði verði steypt saman við 4. gr. og að tekið verði fram að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn mála sem lögin taka til. Þá er lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði breytt.
4. Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að faggildingarsviði beri að starfa eftir nánar tilteknum staðli. Eins og fram kom hér að framan telur nefndin slíka tilvísun ekki nægilega. Auk þess er staðallinn eingöngu til á ensku og hefur ekki verið birtur á aðgengilegan hátt. Nefndin leggur því til að ráðherra setji reglugerð um starfsreglur sem faggildingarsviði beri að starfa eftir ásamt tilvísunum til þeirra staðla sem um starfsemina eiga að gilda, þ.m.t. ÍST ISO/IEC 17011. Slíkt fyrirkomulag er viðhaft samkvæmt núgildandi lögum um vog, mál og faggildingu. Því til viðbótar leggur nefndin til að lágmarksákvæði um málsmeðferð verði í lögunum sjálfum, sbr. 5. lið hér á eftir.

   Með Evrópusamtökum um faggildingu er átt við *European co-operation for Accreditation* (EA).
5. Lagt er til að við frumvarpið bætist nokkrar nýjar greinar er lúta að umsókn um faggildingu, breytingar á skilyrðum faggildingar, niðurfellingu faggildingar og eftirlit, auk greinar um málsmeðferð við mat á tilnefndum aðilum o.fl.

   Í 7. gr. staðalsins ÍST ISO/IEC 17011 um starfsemi faggildingar er að finna ítarleg ákvæði um meðferð umsókna o.s.frv. Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því að með reglugerð sem ráðherra setur verði framangreindur staðall gerður skyldubundinn hér á landi. Engu að síður er nauðsynlegt að hafa í íslenskum lögum helstu grunnreglur sem varða málsmeðferð við veitingu þeirra mikilvægu starfsréttinda sem felast í faggildingu, svo og niðurfellingu og sviptingu þessara réttinda, þegar og ef til þess kemur að fella eigi niður faggildingu. Það tryggir best samræmi við kröfur í stjórnarskrá lýðveldisins um atvinnuréttindi. Auk þess samræmist það best grunnreglum stjórnsýsluréttarins og þeim álitum sem m.a. umboðsmaður Alþingis hefur gefið út um sambærileg málefni á undanförnum árum að það sé ófullnægjandi að eingöngu sé kveðið á um slík atriði í reglugerðum sem settar eru á grundvelli almennrar lagaheimildar í lögum.

   Samkvæmt núgildandi lögum um vog, mál og faggildingu má skjóta synjun Neytendastofu á umsókn um faggildingu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um málskot en í breytingartillögum nefndarinnar er lagt til að málskot verði til ráðherra.

   Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins ná lögin til faggildingar auk mats á tilnefndum aðilum og mats á góðum starfsvenjum við rannsóknir. Nefndinni þykir frumvarpið skorta ákvæði um hina tvo síðarnefndu þætti og leggur því til að sett verði almennt ákvæði um málsmeðferð þar að lútandi.

6. Breytingar sem lagðar eru til á 6. gr. lúta eingöngu að því að taka út hugtakið „faggildingarstofa“, sbr. það sem fram hefur komið. Með Alþjóðasamtökum um faggildingarsamvinnu er átt við *International Laboratory Accrediation Cooperation* (ILAC).
7. Í 7. gr. er fjallað um merkingar og nafnmerki. Til einföldunar er lagt til að orðið „faggildingarmerki“ verði notað í stað umræddra orða enda nokkuð óljóst hvað átt er við með hugtakinu „nafnmerki“ og hvort það fellur þá undir hugtakið „merkingar“.

   Í 2. mgr. kemur fram að faggildingarsvið skuli viðurkenna reglur hins faggilta aðila um hvernig hann og þeir sem hann metur starfsemina hjá megi nota nafnmerki faggildingarstofu. Við umfjöllun málsins kom fram að ekki ætti að vera um viðurkenningu á reglum að ræða þar sem frumkvæðið kæmi frá faggildingarsviði. Þá kemur fram í 3. mgr. að ráðherra samþykkir merki faggildingarsviðs og nánari reglur sem um það skulu gilda og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Nefndinni þótti leika nokkur vafi á því hvort bæði faggildingarsvið og ráðherra ættu að setja reglur, eða eingöngu faggildingarsvið með því skilyrði að ráðherra samþykkti þær og birti. Með hliðsjón af þessu telur nefndin einfaldast að ráðherra setji reglugerð um þetta atriði. Kveðið yrði m.a. á um útlit merkisins, stöðu þess og notkun. Þykir nefndinni þá ekki þörf á að hafa sérstaka heimild til handa faggildingarsviði til að setja nánari reglur um faggildingarmerki.
8. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. mgr. 8. gr. sem lúta einkum að því að einfalda textann og gæta samræmis í orðalagi, bæði milli einstakra töluliða og við 2. gr. frumvarpsins.

   Varðandi umsóknar- og skráningargjald kom fram við umfjöllun málsins að ekki væri tekið gjald fyrir upplýsingar vegna umsóknar og að ekki hefði verið ætlunin að breyta því fyrirkomulagi með frumvarpi þessu. Því leggur nefndin til að sá hluti verði felldur undan því gjaldi. Í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins kemur fram að faggildingargjald sé gjald fyrir mat á tilnefndum aðilum o.s.frv. Við umfjöllun málsins var bent á, sbr. einnig umsögn Neytendastofu, að einnig væri um að ræða gjald fyrir mat á faggiltum aðila. Nefndin leggur því til umræddra viðbót. Að því er varðar gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir þá leggur nefndin til að orðalag verði samræmt við skilgreininguna í 2. gr. Aðrar breytingar á greininni telur nefndin að þarfnist ekki skýringa.
9. Lögð er til breyting á fyrirsögn II. kafla með hliðsjón af brottfalli 3. gr. frumvarpsins.
10. Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra á viðeigandi stjórnsýslusviði taki ákvörðun og tilkynni um aðila sem uppfylla þau skilyrði sem lög og reglugerðir setja um starfsemi þeirra. Nefndin leggur til að bætt verði við tilvísun í 6. tölul. 2. gr. þar sem fram koma þeir aðilar sem tilkynna ber til.

    Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að ef tilkynntur aðili brýtur af sér eða fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á geti ráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin leggur til að þetta verði sett inn í lagatextann.
11. Lagt er til að orðalag 12. gr. verði einfaldað. Um meðferð mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.
12. Lögð er til breyting á gildistökuákvæðinu í 13. gr. Einnig eru lagðar til frekari breytingar á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Telur nefndin að þær þarfnist ekki skýringa.

13. Að síðustu leggur nefndin til að bætt verði við frumvarpið bráðabirgðaákvæði þess efnis að starfsmanni Neytendastofu skuli boðið annað starf hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 21. mars 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

989. Breytingartillögur [361. mál]

við frv. til l. um faggildingu o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Faggilding:* Formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat.
2. *Góðar starfsvenjur við rannsóknir:* Gæðakerfi sem varðar skipulagsferli og skilyrði fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar rannsóknir á umhverfisöryggi og heilbrigðisrannsóknir sem ekki eru klínískar.
3. *Prófun:* Greining á einum eða fleiri eiginleikum sýnis sem metnir eru samkvæmt fyrir fram gefinni aðferð.
4. *Samræmismat:* Mat á því hvort vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.
5. *Skoðun:* Athugun á vöruhönnun, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.
6. *Tilkynntur aðili:* Aðili sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að fást við samræmismat samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.
7. *Tilnefndur aðili:* Aðili sem stjórnvald hefur veitt tilnefningu.
8. *Tilnefning:* Heimild sem stjórnvald veitir aðila til að stunda tiltekna starfsemi við samræmismat.
9. *Vottun:* Formleg staðfesting þriðja aðila á því að vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.

2. 3. gr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast faggildingu og aðra þá starfsemi sem um getur í 1. gr. fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Sviðið skal vera faglega og fjárhagslega sjálfstætt og óháð opinberum aðilum og einkaaðilum sem eiga eða kunna að eiga við það viðskipti. Starfsemi þess skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi Einkaleyfastofu. Faggildingarsvið stendur undir öllum kostnaði sem af starfseminni hlýst í samræmi við ákvæði 12. gr. um gjaldskrár og að teknu tilliti til framlags ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Faggildingarsvið.*
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Starfsreglur um faggildingu.

Ráðherra setur í reglugerð starfsreglur sem faggildingarsviði ber að starfa eftir og tilvísanir til þeirra staðla sem um starfsemina eiga að gilda. Þá gefur faggildingarsvið út verklags- og leiðbeiningarreglur í samræmi við viðkomandi staðla þegar það á við. Auk þess ber faggildingarsviði að hafa til hliðsjónar leiðbeiningarreglur sem gefnar hafa verið út af Evrópusamtökum um faggildingu (EA) eða öðrum alþjóðlega viðurkenndum samtökum sem miða að því að samræma kröfur sem gerðar eru til faggildingar.

Faggildingarsvið skal birta upplýsingar um aðila sem eru faggiltir og til hvaða svið faggilding þeirra tekur.

5. Á eftir 5. gr., er verði 4. gr., komi fimm nýjar greinar sem orðist svo, ásamt fyrirsögnum:
   a. (5. gr.)

Umsókn um faggildingu.

Í umsókn um faggildingu er umsækjanda skylt að veita faggildingarsviði allar nauðsynlegar upplýsingar sem það þarf til ákvörðunar um hvort faggilding skuli veitt.

Faggildingarsvið tekur ákvörðun um það hvort veita skuli faggildingu á grundvelli matsskýrslu og þeirra úrbóta sem umsækjandi hefur gert, þegar það á við.

Nú synjar faggildingarsvið umsókn um faggildingu og skal synjunin þá rökstudd skriflega. Synjun má skjóta til ráðherra.

   b. (6. gr.)

Breytingar á skilyrðum faggildingar.

Aðila sem hlotið hefur faggildingu ber, í samræmi við reglur og skilyrði sem gilda um faggildingar, skylda til að tilkynna faggildingarsviði um allar breytingar sem kunna að hafa áhrif á þau atriði sem faggildingin byggist á. Berist nýjar upplýsingar sem hafa áhrif á grundvöll faggildingar getur faggildingarsvið, í samræmi við reglur sem gilda um faggildingar, sett ný skilyrði fyrir áframhaldandi faggildingu eða breytt skilyrðum sem sett voru við veitingu faggildingar og ákveðið innan hvaða tímafrests skilyrðin skuli uppfyllt.

   c. (7. gr.)

Niðurfelling faggildingar.

Faggilding fellur niður ef faggiltur aðili óskar eftir niðurfellingu hennar. Þá getur faggildingarsvið fellt niður faggildingu ef skilyrði fyrir veitingu hennar eru ekki

lengur uppfyllt eða faggiltur aðili hefur stórfellt eða ítrekað brotið ákvæði laga, reglugerðar, staðla og reglna sem gilda um faggildingu eða skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir faggildingu hans. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber faggiltum aðila þá að skila leyfisbréfi sínu tafarlaust til faggildingarsviðs.

Faggildingarsviði ber að birta tilkynningu um það opinberlega þegar leyfi til faggildingar er fellt niður.

d. (8. gr.)

Eftirlit.

Faggildingarsvið hefur eftirlit með því að aðilar sem það hefur veitt faggildingu fari eftir ákvæðum þeim sem gilda um faggildinguna og skilyrðum sem sett eru fyrir henni í samræmi við ákvæði í lögum, reglugerð, stöðlum og reglum settum samkvæmt þeim. Að ósk faggildingarsviðs er aðilum sem hlotið hafa faggildingu skylt að taka á móti fulltrúum þess til eftirlitsheimsóknar. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um faggildingar og eftirlit með faggildingum og nánari reglum í stöðlum.

e. (9. gr.)

Málsmeðferð við mat á tilnefndum aðilum o.fl.

Um málsmeðferð við mat á tilnefndum aðilum og mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, svo og ákvæðum 5.–8. gr., eftir því sem við getur átt, nema sérreglur mæli fyrir um annað.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Faggilding, sem veitt er af þar til bæru stjórnvaldi sem er aðili að Evrópusamtökum um faggildingu (EA) eða Alþjóðasamtökum um faggildingarsamvinnu (ILAC), er viðurkennd hér á landi á þeim sviðum sem fram koma í marghliða samningum sem viðkomandi stjórnvöld hafa undirritað.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo, ásamt fyrirsögn:

Faggildingarmerki.

Þeim aðilum sem faggildingarsvið hefur faggilt ber að nota merki sviðsins í samræmi við reglur sem um það gilda. Öðrum er óheimilt að nota merki faggildingarsviðs eða merki sem skapað getur hættu á ruglingi.

Ráðherra samþykkir merki faggildingarsviðs og setur reglugerð sem um það skal gilda, m.a. um útlit merkisins, stöðu þess og notkun.

8. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Þjónusta faggildingarsviðs er gjaldskyld. Gjöld samkvæmt þessari grein skulu skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *Umsóknar- og skráningargjald:* Gjald fyrir móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar og fylgiskjala, auk álitsgerðar um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.
2. *Faggildingargjald:* Gjald fyrir mat á faggiltum eða tilnefndum aðila en það felur í sér val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða mat á tilnefndum aðila, og fyrir stjórn faggildingar eða mats á tilnefndum aðila.
3. *Eftirlitsgjald:* Gjald fyrir umsýslu við eftirlit með faggiltum eða tilnefndum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi hins faggilta eða tilnefnda aðila, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða mat á tilnefndum aðila, og fyrir stjórn eftirlitsins.

4. *Gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir:* Gjald fyrir mat á gæðakerfi sem varðar skipulagsferli og skilyrði fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar rannsóknir á umhverfisöryggi og heilbrigðisrannsóknir sem ekki eru klínískar.

9. Fyrirsögn II. kafla verði: **Framkvæmd faggildingar o.fl.**

10. Við 9. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:
    Ráðherra á viðeigandi stjórnsýslusviði tekur ákvörðun um að tilkynna aðila, sbr. 6. tölul. 2. gr., sem uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum sem um starfsemi þeirra gilda.
    b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Ef tilkynntur aðili brýtur af sér eða fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á getur viðkomandi ráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

11. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
    Aðili sem notar merki faggildingarsviðs án þess að hafa hlotið faggildingu eða gefur á annan hátt í skyn að hann sé faggiltur skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

12. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi.
    Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu:
    1. Orðið „faggildingu“ í 1. gr. fellur brott.
    2. 2. efnismgr. 2. gr. fellur brott.
    3. IV. kafli fellur brott.
    4. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr.:
        a. 4. tölul. fellur brott,
        b. orðin „faggildingu og“ í 5. tölul. falla brott,
        c. orðin „og á sviði faggildingar“ í 6. tölul. falla brott,
        d. orðin „og faggildingar“ í 7. tölul. falla brott.
    5. Heiti laganna verður: **Lög um vog og mál.**

13. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Við gildistöku laga þessara skal starfsmanni Neytendastofu boðið annað starf hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu. Við ráðstöfun starfsins þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

990. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [392. mál]

í málinu: Frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá Jóni Bjarnasyni, Bjarkeyju Gunnarsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað.

Hlutafélagavæðing Rarik er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu.

Með vísan til framanritaðs **vísar Alþingi máli þessu frá** og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

991. Frumvarp til laga [675. mál]

um breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 20. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að ákveða hvort verða skuli við tilmælum skv. 1. gr.

2. gr.

Við 26. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að bera fram tilmæli eftir ákvæði 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og er það liður í flutningi verkefna á vegum ráðuneytisins og stofnana þess til sýslumannsembætta utan höfuðborgarsvæðisins. Nánar tiltekið lýtur frumvarpið að breytingu á fyrirkomulagi hér á landi við framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar á milli Norðurlandanna, en hingað til hefur hún farið fram fyrir milligöngu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Eins og kunnugt er hefur verið ákveðið að flytja innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landinu í heild til embættis sýslumannsins á Blönduósi, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga um fullnustu

refsinga, nr. 49 17. maí 2005, þar sem segir að dómsmálaráðherra sé heimilt að ákveða að innheimta sekta og sakarkostnaðar verði á hendi eins lögreglustjóra eða annars aðila á landsvísu.

Þann 17. nóvember 2005 var skipuð undirbúningsnefnd sem hafði það hlutverk að undirbúa og skipuleggja uppsetningu innheimtumiðstöðvarinnar, og hefur nú verið ákveðið að innheimtumiðstöðin verði sett á fót í áföngum, þar sem gert er ráð fyrir yfirfærslu verkefna á tímabilinu frá apríl og fram í nóvember 2006.

Lagt er til að hið nýja fyrirkomulag á framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar taki líka til innheimtu slíkra krafna á milli Norðurlandanna, en eins og áður segir hefur sú vinnsla hingað til farið í gegnum ráðuneytið, sbr. lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl. Í 1. gr. laganna kemur fram að á Íslandi megi fullnægja sektarrefsingu og sakarkostnaðarákvörðunum sem aðila hefur verið gerð í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Þá segir í 2. gr. laganna að sömuleiðis megi fullnægja í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð ákvörðunum sem gerðar hafa verið hér á landi sem eru sams konar þeim sem fjallað er um í 1. gr. laganna. Í 20. gr. laganna segir síðan að fullnusta refsingar og ákvörðun um umsjón hér á landi skv. 1. gr. laganna komi aðeins til framkvæmdar að tilmæli komi um slíkt frá þar til bærum aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Dómsmálaráðherra ákveði hvort verða skuli við tilmælunum. Sömuleiðis segir í 26. gr. laganna að dómsmálaráðuneytið beri fram tilmæli til stjórnvalda í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar o.fl. og um framkvæmd umsjónar eftir ákvæðum 2. gr. laganna. Til þess að Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar sem staðsett verður á Blönduósi geti tekið yfir það hlutverk dómsmálaráðuneytisins sem mælt er fyrir um í 20. og 26. gr. laganna að því er varðar fullnustu sektarrefsinga og sakarkostnaðarákvarðana, sbr. 1. og 2. gr. laganna, þarf því að koma til breyting á lögunum, sbr. 1. og 2. gr. frumvarps þessa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 69/1963, um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl.

Frumvarpið miðar að breyttu fyrirkomulagi hér á landi við framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar á milli Norðurlandanna, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur annast hingað til. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að afgreiða slík mál og er áformað að verkefnið verði fært til sýslumannsembættisins á Blönduósi, sem einnig mun hafa með höndum innheimtumiðstöð fyrir allar sektir og sakarkostnað hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð.

992. Fyrirspurn [676. mál]

til viðskiptaráðherra um samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Áformar ráðherra að gera ráðstafanir sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart erlendri fiskvinnslu og vinnslu sem fer fram í fullvinnsluskipum?
2. Telur ráðherra að með því að ekki er gerð krafa um að gámafiskur sé veginn nettóvigt áður en hann er sendur á markaði erlendis sé jafnræðis gætt við útgerðarmenn sem selja sinn fisk innan lands?
3. Telur ráðherra það standast samkeppnisskilyrði að íslenskri fiskvinnslu sé meinað að bjóða í fisk sem sendur er óvigtaður á erlenda markaði?
4. Hvers vegna hefur ekki verið krafist innvigtunar inn á vinnslulínur í vinnsluskipum með löggiltum flæðivogum sem nota má á sjó?
5. Stenst það jafnræðiskröfur gagnvart keppinautum í greininni og samkeppnislög að gera ekki kröfur um löggilta vigtarmenn í fullvinnsluskipum? Er áformað að gera þá kröfu?

Skriflegt svar óskast.

993. Frumvarp til laga [677. mál]

um bótarétt heimildarmanna.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Starfsmaður ríkis eða sveitarfélags sem rýfur þagnarskyldu með því að greina frá upplýsingum sem varða ríka hagsmuni og telja verður að eigi erindi til almennings á rétt til bóta úr hendi vinnuveitanda fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda, enda þyki sýnt að aðgerðir vinnuveitanda séu viðbrögð við rofi á þagnarskyldu. Sama á við um starfsmenn annarra fyrirtækja, félaga eða stofnana, hvernig sem eignarhaldi þeirra er háttað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi af Bryndísi Hlöðversdóttur og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar samhliða frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum

lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga, sem og starfsmönnum fyrirtækja, félaga og stofnana óháð eignarhaldi, þ.e. hvort sem þau eru almenningshlutafélög, í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti eða annarra fyrirtækja, verði tryggðar bætur bíði þeir tjón af því að láta fjölmiðlum í té upplýsingar eða koma á framfæri með skrifum eða öðrum flutningi efni, upplýsingum, mynd eða verki sem varðar ríka hagsmuni og erindi á til almennings.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja bótagrundvöll jafnvel þótt sýnt hafi verið fram á að upplýsingagjöf feli í sér brot á þagnarskyldu.

Dómstólar meta hvort viðkomandi upplýsingar hafi varðað ríka hagsmuni og átt erindi til almennings svo að bótaréttur hafi myndast. Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur áhættu með því þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því bæði refsiábyrgur fyrir slíka uppljóstrun og án réttar á bótum vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda.

Um nánari skilyrði bótaréttar og mat á bótafjárhæðum fer samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

994. Frumvarp til laga [678. mál]

um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 53. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi eða vegna brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður um hver sé höfundur eða heimildarmaður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa mál vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Undanþága skv. 1. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur þess er.

Óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 1. mgr. að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli X. og XI. kafla laganna og hafa að geyma upplýsingar um höfund eða heimildarmann efnis.

II. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. A-liður 2. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „b- til d-lið 2. mgr.“ í fyrri málslið 3. mgr. kemur: 2. mgr.
c. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Starfsmönnum fjölmiðla er ekki skylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé heimildarmaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni, hvort sem það hefur birst eða ekki, hafi heimildarmaður eða höfundur óskað nafnleyndar.

Undanþága skv. 4. mgr. gildir einnig um þá sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur þess er.

Með sömu takmörkunum og í 4. mgr. er starfsmönnum fjölmiðla heimilt að neita að leggja fram sönnunargögn fyrir dómi sem hafa að geyma upplýsingar um hver er höfundur eða heimildarmaður efnis.

III. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

IV. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsmanni er heimilt að víkja frá þagnarskyldu skv. 1. mgr. ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

V. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

5. gr.

Við 136. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. verið gefnar í þágu almannaheilla og ríkir hagsmunir í húfi skal það refsilaust.

VI. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi af Bryndísi Hlöðversdóttur og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar en það er nú lagt fram að nýju nokkuð breytt þar sem tekið hefur verið tillit til umsagna er bárust um málið.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að lögfestar verði strangari reglur til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að opinberum starfsmönnum og sveitarstjórnarmönnum verði heimilað að víkja frá þagnarskyldu þegar málefni varðar mikilsverða almenna hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

Markmiðið með aukinni heimildavernd.

Markmið reglna um heimildavernd, þ.e. reglna sem tryggja nafnleynd höfunda og heimildarmanna fjölmiðlamanna, er að tryggja möguleika fjölmiðla til upplýsinga- og fréttaöflunar um hvert það efni sem varðar hagsmuni almennings. Frjálsir og óháðir fjölmiðlar mynda eina af meginstoðum hvers lýðræðisríkis og reglur um heimildavernd eru eitt veigamesta skilyrðið fyrir fullnægjandi starfrækslu þeirra.

Samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki eingöngu í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýnni umræðu heldur ekki síður í að tryggja almenningi upplýsingar um hvers konar mál er varða almannahagsmuni.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Goodwins gegn Bretlandi frá 27. mars 1996 kemur fram að sé ekki fyrir hendi vernd heimildarmanna blaðamanna kunni það að aftra heimildarmönnum frá því að aðstoða fjölmiðla við að veita almenningi upplýsingar um málefni sem varða almannahag.

Páll Þórhallsson lögfræðingur skrifar eftirfarandi í grein í Blaðamanninum, félagstíðindum Blaðamannafélags Íslands, 1. tbl. 2004: „Ríkinu ber skylda til að virða trúnaðarsamband milli blaðamanna og heimildarmanna. Að krefjast þess að trúnaður sé rofinn jafngildir því að eyðileggja þetta trúnaðarsamband.“

Til þess að fjölmiðlar geti rækt hið mikilvæga hlutverk sitt er nauðsynlegt að tryggja þeim nægilega vernd og starfsfrið til þeir geti stundað frjálsa blaðamennsku og notið trausts almennings. Annars er hætta á að þeir upplýsi einungis um það sem stjórnvöld vilja að þeir upplýsi. Reglur um heimildavernd eru meðal grundvallarskilyrða þess að fjölmiðlar geti lagt sitt af mörkum til lýðræðisþjóðfélags.

Evrópuráðið hefur sent frá sér tilmæli nr. 7/2000 hvað varðar heimildavernd. Þar kemur m.a. fram á að ekki eigi að skylda blaðamann til að greina frá heimildum sínum nema sýnt hafi verið fram á með óhyggjandi hætti að ekki séu fyrir hendi aðrar leiðir til að ná sama markmiði og að hagsmunir af því að upplýsa um heimildina séu augljóslega ríkari en almannahagsmunirnir af því að trúnaður verði haldinn.

Í hugtakinu heimildavernd eins og það er notað hér felst jafnframt að óheimilt er að nota sönnunargögn sem hafa að geyma upplýsingar um nafn heimildarmanns eða höfundar og aflað er með leit eða haldlagningu, hvort sem efnið hefur verið birt eða ekki. Á þetta reyndi m.a. í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Roemen og Schmit gegn Lúxemborg frá 25. febrúar 2003.

Ef fullnægjandi heimildavernd er ekki tryggð getur það orðið til þess að upplýsingar sem erindi eiga til almennings, svo sem um spillingu innan stjórnkerfis, verði ekki látnar í té vegna ótta heimildarmanna um að þeir geti átt yfir höfði sér hefndaraðgerðir atvinnurekenda, stjórnvalda eða annarra sem hagsmuni hafa af því að upplýsingunum sé haldið leyndum. Þá getur heimildarmaðurinn verið öðrum háður á einhvern hátt eða hann vill ekki blanda sér opinberlega í deilur en telur sér engu að síður siðferðilega skylt að koma á framfæri upplýsingum sem varða almannahagsmuni.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sunday Times frá árinu 1979 var tekið fram að tjáningarfrelsi sé ekki einungis frelsi til að veita upplýsingar sem eru óumdeildar heldur nái það einnig til upplýsinga sem eru móðgandi eða truflandi fyrir ríkisvaldið eða hvaða hluta samfélagsins sem er.

Ábyrgjast þarf skoðanir fyrir dómum.

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er enn fremur kveðið á um að menn eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þannig er ákveðið samhengi milli ábyrgðarreglu fjölmiðla samkvæmt útvarpslögum og prentlögum og verndar höfundar eða heimildarmanns, en ritstjórar blaða og útvarpsstjórar bera hlutlæga ábyrgð á því efni sem birt er í fjölmiðlum sem þeir fara fyrir. Ábyrgðarreglurnar veita fjölmiðlum og öðrum sem skrifa greinar og efni nauðsynlegt aðhald í umfjöllun um mál.

Innan fjölmiðlastéttarinnar gilda auk þess ákveðnar siðareglur sem ætlað er að vernda notendur gegn ónákvæmum, hlutdrægum eða ósönnum fréttum, tryggja nafnleynd heimildarmanna hafi trúnaði verið heitið og vernda þann mann eða lögaðila sem rannsókn eða umfjöllun fjölmiðlamanns beinist að hverju sinni, þannig að ekki sé gengið nær persónu hans, æru, einkalífi eða viðskiptavild en góðu hófi gegnir. Þá eiga fjölmiðlar allt undir því að ávinna sér traust almennings og gegna siðareglurnar mikilvægu hlutverki í því.

Trúnaðarsamband fjölmiðla og heimildarmanna fyrir dómstólum.

Á síðustu árum hafa komið upp mál þar sem reynt hefur á slíkt trúnaðarsamband fjölmiðla og heimildarmanna fyrir dómstólum. Á 120. löggjafarþingi fluttu fimm þingmenn tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaákvæðum um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra en tillagan náði ekki fram að ganga.

Tillagan var lögð fram í kjölfar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í dómsmáli sem höfðað var gegn Morgunblaðinu vegna greinaskrifa um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga og viðskipti þess við Landsbanka Íslands. Niðurstaða Héraðsdóms var á þann veg að blaðamanni blaðsins var talið skylt að bera vitni í málinu. Í Hæstarétti frá 10. janúar 1996 var blaðamanninum talið óskylt að svara því á hvaða heimildum hann hefði byggt skrif sín eða hverjir heimildarmenn hans hefðu verið.

En í þessum dómi var niðurstaða Hæstaréttar ekki byggð á skilyrðislausum rétti blaðamannsins til að vernda heimildarmenn sína heldur á mati dómstólsins á þeim hagsmunum sem stefnandi hafði af því að fá umræddar upplýsingar.

Aukin heimildavernd í opinberum málum.

Með frumvarpi þessu er lögð til lögfesting á strangari reglum um heimildavernd en nú eru í gildi í einkamálum og opinberum málum. Fyrirmyndin að ákvæðunum er að nokkru fengin úr dönsku réttarfarslögunum.

Samkvæmt gildandi ákvæðum um heimildavernd njóta heimildarmenn nú meiri verndar í einkamálum en í opinberum málum þó að ekki verði séð að hagsmunirnir þar séu minni.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, nær heimildaverndin einungis til mála þar sem ætla má að refsing fyrir meint afbrot verði fésektir eða minni en eitt ár í fangelsi. En í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er heimildaverndin mun víðtækari, samkvæmt þeim er vitni í einkamáli í raun óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður rits, greinar, frásagnar eða tilkynningar sem hefur birst án þess að hann sé nafngreindur, ef vitnið ber að lögum ábyrgð á efni prentaðs rits

eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni.

Í frumvarpinu er því lagt til að sama efnisreglan gildi um opinber mál og einkamál, þó með þeirri undantekningu að víkja megi heimildaverndinni til hliðar í opinberum málum þar sem vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að varði þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi. Mat á slíku verður í höndum dómstóla og er það sambærilegt við dönsk lög.

Breyting á þagnarskyldu opinberra starfsmanna.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er opinberum starfsmönnum skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls og helst þagnarskyldan þó látið sé af starfi.

Í sveitastjórnarlögum, nr. 45/1998, er sambærilegt ákvæði en þar segir að sveitarstjórnarmenn skuli gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Helst þagnarskyldan áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af störfum.

Ríkari skyldur opinberra starfsmanna nú.

Ríkari skyldur eru lagðar á opinbera starfsmenn og sveitarstjórnarmenn samkvæmt lögum en t.d. starfsmenn á hinum almenna markaði sem þó geta verið bundnir þagnarskyldu samkvæmt samningum við launagreiðendur sína. Þegar litið er til þess að opinberir starfsmenn geta búið yfir upplýsingum um spillingu í stjórnkerfinu verður að telja nauðsynlegt að gera þeim kleift samkvæmt lögum að víkja frá hinni lögbundnu þagnarskyldu ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings.

Réttur almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni á valdhafa, stofnanir og mál sem varða almannahagsmuni er enda mjög ríkur og gegna fjölmiðlar þar lykilhlutverki. Skemmst er að minnast uppljóstrunar um spillingu og misferli hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem leiddi til afsagnar allrar framkvæmdastjórnarinnar.

Sömuleiðis geta starfsmenn einkafyrirtækja áfram verið samningsbundnir af þagnarskyldu og þar með skapað sér bótaábyrgð vegna brota á henni. Í því sambandi er þó minnt á 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

Bótaréttur heimildarmanna.

Þá er nauðsynlegt að þeim sem aðstoða, t.d. fjölmiðla, við að upplýsa mál sem varða almannahagsmuni og jafnvel spillingu valdhafa verði tryggður bótaréttur verði þeir fyrir tjóni af þeim sökum, svo sem uppsögn eða missi réttinda.

Samhliða frumvarpi þessu er því lagt fram frumvarp til laga um bótarétt heimildarmanna og gildir þá einu hvort í hlut eiga opinberir starfsmenn, sveitarstjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða fyrirtækja.

Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur með því áhættu þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því refsi- og bótaábyrgur fyrir uppljóstrunina og án bótaréttar vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu vinnuveitanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að reglur um heimildavernd verði hertar verulega. Í 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, segir að þeim sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega sé óskylt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að höfundur sé nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að varði þyngri refsingu en fésektum eða fangelsi allt að einu ári, eða brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þessu ákvæði.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið nái til allra starfsmanna fjölmiðla, auk þeirra sem vegna tengsla við fjölmiðla, gerð eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur er. Í gildandi lögum er einungis átt við þann sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega.

Almennt er skylt að mæta fyrir dóm þó að gerðar séu nokkrar undanþágur á því varðandi afmarkaðan hóp manna. Ekki er ætlunin að undanþiggja starfsmenn fjölmiðla því að mæta fyrir dóm heldur einungis undanþiggja þá því að skýra frá því hver sé heimildamaður eða höfundur að riti, grein, frásögn, tilkynningu eða öðru efni. Heimildaverndin nær aðeins til hvers konar gagna og mynda sem hægt er að rekja beint til heimildarmanns en ekki til annarra upplýsinga, svo sem um magn fíkniefna í smyglmáli, svo að dæmi sé tekið, eða upplýsinga um hvar eftirlýst persóna dvelst.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að einungis verði heimilt að víkja frá heimildaverndinni ef vitnisburðar er krafist vegna alvarlegs afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi, í stað eins árs fangelsis samkvæmt gildandi lögum, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og hagsmunirnir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

Þá er áskilið hagsmunamat dómstóla á því hvort vegi þyngra, hagsmunir af því að upplýsa einstakt mál fyrir dómstólum annars vegar og hins vegar þeir hagsmunir af trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna sem leiðir af hagsmunum almennings af því að fá faglega umfjöllun og réttar upplýsingar um mikilvæg fjárhagsleg, viðskiptaleg og stjórnmálaleg málefni sem varða almannahagsmuni.

Eins og áður sagði er að nánari skilyrðum uppfylltum unnt að víkja heimildaverndinni til hliðar ef ætla má að afbrot varði þyngri refsingu en þriggja ára fangelsi. Sömuleiðis þarf afbrotið að vera alvarlegs eðlis og er það svipað og í dönsku réttarfarslögunum en þar er m.a. sagt að afbrotið þurfi að vera alvarlegs eðlis (af alvorlig karakter) til að hægt sé að aflétta heimildarverndinni. Í þessu felst að ekki er nægilegt að refsiramminn geti rúmað þriggja ára fangelsi heldur þarf brotið sjálft að vera það alvarlegt að líklegt megi telja að þriggja ára fangelsi yrði í reynd dæmt fyrir það. Þannig koma einungis alvarlegustu brot til greina, svo sem manndráp, meiri háttar líkamsmeiðingar, eiturlyfjadreifing í stórum stíl, meiri háttar auðgunarbrot, alvarleg kynferðisafbrot og almannahættubrot.

Þá er dómara heimilt að víkja heimildaverndinni til hliðar með sömu skilyrðum ef um er að ræða brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Sem dæmi má nefna ef viðkomandi heimildarmaður er opinber starfsmaður sem hefur misnotað aðstöðu sína gróflega og veitir upplýsingar um einstaklinga úr opinberum skrám eða upplýsir um mikilvæg rekstrarleyndarmál sem hann hefur haft aðgang að. Skoða verður þessa heimild í samhengi við þær breytingar

sem lagðar eru til á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum.

Í þriðja lagi verður heimildaverndin ekki bundin við að viðkomandi upplýsingar hafi verið birtar. Trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og höfunda og heimildarmanna er verndað með ákvæðinu þó að efnið hafi ekki verið birt en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu þarf heimildarmaður eða höfundur að hafa óskað nafnleyndar.

Í fjórða lagi er lagt til það nýmæli að heimildaverndin verði látin ná til sönnunargagna sem aflað er með leit og haldlagningu og hafa að geyma upplýsingar um það hver er höfundur efnis eða heimildarmaður. Í þessu felst að óheimilt er með sömu takmörkunum og greinir í 1. mgr. ákvæðisins að nota fyrir dómi sönnunargögn sem aflað hefur verið á grundvelli heimilda í X. og XI. kafla laganna um leit og haldlagningu hjá starfsmönnum fjölmiðla eða öðrum sem vegna tengsla við fjölmiðil eða framleiðslu efnis hafa undir höndum efni sem hefur að geyma upplýsingar um nöfn heimildarmanna eða höfunda hvort sem efnið hefur verið birt eða ekki.

Um 2. gr.

Í a-lið 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, segir að vitni sé óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um hver sé höfundur eða heimildarmaður að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að hann væri nafngreindur, ef vitnið ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birtist opinberlega eða það hefur öðlast vitneskju um höfund eða heimildarmann í starfi hjá ábyrgðarmanni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrjár nýjar málsgreinar komi í staðinn fyrir þennan lið en þær eru efnislega samhljóða þeim sem koma fram 1. gr. frumvarpsins og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3.–5. gr.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að lögfest verði heimild til handa starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga til að víkja frá þagnarskyldu þegar veigamiklir almannahagsmunir eru í húfi.

5. gr. á að tryggja að ef opinberir starfsmenn sem bundnir eru þagnarskyldu víkja frá henni af framangreindum ástæðum skuli það vera refsilaust.

Ljóst er að starfsmenn þurfa að fara mjög varlega þegar þeir meta hvort þær aðstæður séu uppi að réttlætanlegt sé að víkja frá þagnarskyldu, enda meta dómstólar það eftir á hvort mat þeirra hafi verið rétt og því refsilaust. Ætla má að dómstólar geri miklar kröfur í því efni.

Áskilnaður er gerður um að veigamiklir almannahagsmunir séu í húfi og er það dómstóla að meta hvort svo hafi verið. Sem dæmi um málefni sem eiga erindi til almennings eða varða ríka hagsmuni má nefna spillingu valdhafa, misbeitingu valds og hvers konar misnotkun á almannafé eða misbrest á því að staðinn sé vörður um almannahagsmuni.

Hins vegar er ljóst að heimildarmaður sem rýfur þagnarskyldu tekur með því áhættu þar sem mat hans á gildi upplýsinganna getur verið rangt og hann því refsiábyrgur.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, Siðareglur Blaðamannafélags Íslands, samþykktar með síðustu breytingum á aðalfundi BÍ 1991. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 41 (41. mál 130. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 610–611.

995. Fyrirspurn [679. mál]

til fjármálaráðherra um skattbyrði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóni Gunnarssyni.

1. Hvernig hefur skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri þróast árin 1995–2006, miðað við að tekjur hjóna séu tvöföld eftirfarandi mánaðarlaun einstaklinga árið 2006 og þá jafngildi þeirra launa árið 1995, að teknu tilliti til þróunar launavísitölu:
   a. 100.000 kr.,
   b. 130.000 kr.,
   c. 150.000 kr.,
   d. 170.000 kr.,
   e. 190.000 kr.,
   f. 210.000 kr.?

   Óskað er eftir að tímabundin frestun skatta á lífeyrissjóðsgreiðslur sé ekki tekin inn í samanburðinn, þar sem frestun skattgreiðslna er ekki sama og skattlausar tekjur.
2. Hvernig hefur skattbyrði einstaklings þróast á sama tíma, miðað við sömu launaforsendur og í 1. tölul?

Skriflegt svar óskast.

996. Fyrirspurn [680. mál]

til samgönguráðherra um umferðaröryggi á Kjalarnesi.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hvaða áform eru uppi af hálfu samgönguyfirvalda um vegabætur í þágu umferðaröryggis á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi?
2. Eru sérstaklega fyrirhugaðar breytingar á vegtengingu við þéttbýlið á Kjalarnesi?
3. Hvenær má vænta framkvæmda við breytingar af þessu tagi?

997. Fyrirspurn [681. mál]

til forsætisráðherra um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins vegna starfa á öðrum vettvangi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað líður setningu reglna um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum, sbr. þingsályktun um það mál sem samþykkt var 7. maí 1998?

2. Hefur verið kannað hvaða reglur eru í gildi á annars staðar á Norðurlöndunum um ólaunuð leyfi frá störfum?

998. Frumvarp til laga [682. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðunum „EES-ríki“ í 5. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

2. gr.

Í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. mgr. 2. gr. laganna kemur: Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

Breyting á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

5. gr.

4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að greiða ríkisborgara í EES-ríki, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingi, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Breyting á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, með síðari breytingum.

7. gr.

4. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

Breyting á lögum nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

9. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta fyrirtækis innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

10. gr.

A-liður 14. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, Færeyingar og aðrir útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

III. KAFLI
Fjármálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 8. tölul. 11. gr. laganna kemur: að Færeyjum undanskildum.

Breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

12. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 67. gr., 91. gr., 2. mgr. 98. gr., 1. og 3. mgr. 100. gr., 1. mgr. 107. gr. og 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna og í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

13. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

14. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

15. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. tölul. 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. og 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. a laganna:

a. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. kemur: eða Færeyja.

18. gr.

2. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í skilgreiningu hugtaksins *evrópskt tæknisamþykki* kemur: eða Færeyjar.

b. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í skilgreiningu hugtaksins *sameiginleg tækniforskrift* kemur: eða Færeyja.

20. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í c-lið 7. gr. laganna kemur: eða Færeyja.

21. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

22. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæði“ í 3. tölul. A-liðar 30. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

23. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. og 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 30. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. mgr. A-liðar 68. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. málsl. kemur: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 2. málsl. kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

25. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

26. gr.

4. málsl. 2. tölul. 2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

27. gr.

4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

IV. KAFLI

Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu í öðru aðildarríki stofnsamningsins“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyingar eða lögaðilar í Færeyjum.

29. gr.

4. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.

30. gr.

6. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyingar eða lögaðili í Færeyjum starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðanna „á EES-svæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

32. gr.

2. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum af einkaleyfishafa eða með samþykki hans.

33. gr.

Í stað orðanna „markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. mgr. 3. gr. a laganna kemur: markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

34. gr.

Í stað orðanna „umboðsmann búsettan á EES-svæðinu“ í 12. gr. laganna kemur: umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

35. gr.

4. málsl. 1. mgr. 65. gr. a laganna orðast svo: Ákvæðin taka einnig til ríkisborgara og lögaðila aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyinga og lögaðila í Færeyjum.

36. gr.

Í stað orðanna „umboðsmann búsettan á EES-svæðinu“ í 66. gr. laganna kemur: umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað orðanna „ríki sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. gr. laganna kemur: ríki sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyjum.

38. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar njóta sama réttar.

V. KAFLI
Menntamálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, með síðari breytingum.

39. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða Færeyja.

Breyting á lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

40. gr.

Á eftir orðunum „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins“ og á eftir orðunum „ríki innan svæðisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins“ og á eftir orðunum „ríki innan svæðisins“ í 1. mgr.: eða Færeyjum.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal menntamálaráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

VI. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

42. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

Breyting á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

43. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

44. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: sem og Færeyingum.

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

45. gr.

Á eftir orðunum „eru með sama hætti undanþegnir skilyrði um heimilisfesti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

46. gr.

Á eftir orðunum „sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða sem leiðir af efnahagssamningi Íslands og Færeyja.

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

47. gr.

Á eftir orðunum „stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sem og um Færeyinga.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

48. gr.

Á eftir orðunum „útgefin í Danmörku, Finnlandi“ í 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

49. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, með síðari breytingum.

50. gr.

Á eftir orðunum „undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: sem og stjórnarmaður sem er Færeyingur og búsettur í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, með síðari breytingum.

51. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Fólks- og farmflutningar innan Evrópska efnahagsvæðisins, milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og milli Íslands og Færeyja.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks- og farmflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum eða milli Íslands og Færeyja. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða utan efnahagssamnings Íslands og Færeyja.

Breyting á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum.

52. gr.

Á eftir orðunum „stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: og efnahagssamningi Íslands og Færeyja.

53. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna“ í 2. mgr. kemur: sem og Færeyingar.
b. Á eftir orðunum „og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. mgr. kemur: sem og Færeyingar.

54. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. kemur: og frá Færeyingum.
b. Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. mgr. kemur: eða utan Færeyja.

VII. KAFLI
Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.
b. Í stað orðanna „EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

56. gr.

5. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

57. gr.

Í stað orðanna „ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

58. gr.

Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

59. gr.

Í stað orðanna „félaga á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 118. gr. laganna kemur: félaga á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.
b. Í stað orðanna „EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

61. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

62. gr.

Í stað orðanna „í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

63. gr.

Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

64. gr.

2. málsl. 2. tölul. 144. gr. laganna orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðanna „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, með síðari breytingum.

66. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

67. gr.

2. málsl. 36. gr. d laganna orðast svo: Ef ákvæði samnings tengist landsvæði aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja með samsvarandi hætti skal neytandinn eigi njóta lakari verndar en samkvæmt löggjöf viðkomandi lands á svæðinu.

Breyting á lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, með síðari breytingum.

68. gr.

2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, njóta sama réttar og í ákvæðunum felast enda sé um gagnkvæmni að ræða.

Breyting á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög.

69. gr.

Í stað orðanna „í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: er stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

71. gr.

Í stað orðanna „til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

72. gr.

Í stað orðanna „til annars EES-ríkis“ í 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

73. gr.

Í stað orðanna „í sama EES-ríki“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: í sama EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

74. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Með aðildarríki í lögum þessum er átt við ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

75. gr.

1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna verður svohljóðandi: Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum eru undanþegnir búsetuskilyrðum 1. mgr.

76. gr.

3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna verður svohljóðandi: Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

77. gr.

4. málsl. 32. gr. laganna verður svohljóðandi: Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

78. gr.

1. mgr. 36. gr. laganna verður svohljóðandi:

Innlend fjármálafyrirtæki sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

79. gr.

1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna verður svohljóðandi: Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Nú veitir dómstóll hér á landi lánastofnun heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga og skal þá sú heimild ná sjálkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðru aðildarríki.

b. D-liður 2. mgr. verður svohljóðandi: Heimild til endurskipulagningar fjárhags hefur ekki áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem staðsett eru í öðru aðildarríki.

81. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfkrafa heimild til endurskipulagningar fjárhags hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur starfsleyfi og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi.

b. 1. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Nú er talin þörf á endurskipulagningu fjárhags íslensks útibús lánastofnunar með staðfestu í öðru aðildarríki og skal þá tilkynna slíkt til Fjármálaeftirlitsins.

82. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Nú tekur dómstóll hér á landi ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum aðildarríkjum.

b. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Ef lánastofnun starfrækir útibú í öðrum aðildarríkjum skal Fjármálaeftirlitið koma upplýsingum um beiðnina til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur er ráðherra setur.

c. 1. málsl. 4. mgr. verður svohljóðandi: Nú er þekktur kröfuhafi lánastofnunar búsettur í öðru aðildarríki og skal þá skiptastjóri án tafar tilkynna honum um upphaf skiptanna.

83. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfstæð heimild til slita hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur aðsetur og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi. Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru aðildarríki hefja og hafa eftirlit með og hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara aðila.

84. gr.

Við 108. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um svissneska og færeyska eftirlitsaðila eftir því sem við á,

enda liggi fyrir samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á skilgreiningu *skipulegs verðbréfamarkaðar* í 2. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og aðra verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja þar sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
b. 4. tölul. orðast svo: markaði skv. 3. tölul. sem eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.
b. 3. tölul. orðast svo: kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar hafa gert samstarfssamning við.
c. 4. tölul. orðast svo: öðrum sambærilegum skipulegum verðbréfamörkuðum utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja sem Fjármálaeftirlitið metur gilda.

Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

87. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

88. gr.

6. tölul. 1. mgr. 69. gr. laganna orðast svo: markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í Sviss eða Færeyjum (1. mgr. 43. gr.).

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

89. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkis-

borgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyinga sem búsettir eru í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

90. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Engin höft skulu vera á frelsi þjónustuveitanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum til að veita þjónustu hér á landi að því er varðar lagalegar kröfur um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

91. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu eiga við um þjónustuveitendur með staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum og um tilkynningar íslenskra stjórnvalda til þarlendra stjórnvalda eftir því sem við á.

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

92. gr.

2. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Hið sama gildir um útibú þessara aðila á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.

93. gr.

1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Nú rennur frestur skv. 1. og 2. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og getur stjórn sjóðsins þá tilkynnt útibúinu að hún hyggist útiloka það frá sjóðnum hafi það ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum.

94. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlenda aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

b. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum eru þó undanþegnir ákvæðum þessa töluliðar.

96. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

b. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar sem búsettir eru í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra laga.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

97. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 4. tölul., svohljóðandi: Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í Færeyjum sem hafa fengið starfsleyfi þar, sbr. 64. og 65. gr.

98. gr.

2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi: Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda sé fullnægt skilyrðum til stofnunar útibús eða til að veita þjónustu, sbr. VII. kafla.

99. gr.

Skilgreining á „aðildarríki“ í 7. gr. laganna verður svohljóðandi: aðildarríki, ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

100. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

101. gr.

2. málsl. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

102. gr.

2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna verður svohljóðandi: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

103. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Færeysk vátryggingafélög geta stofnsett útibú hér á landi með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra færeyskra yfirvalda.
b. 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

104. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Færeysk vátryggingafélög geta veitt þjónustu án starfsstöðvar hérlendis með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra færeyskra yfirvalda.
b. 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

105. gr.

1. málsl. 1. mgr. 77. gr. laganna verður svohljóðandi: Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn.

106. gr.

1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna verður svohljóðandi: Óski vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu.

Breyting á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

107. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „af Neytendastofu eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. málsl. kemur: af Neytendastofu eða hliðstæðum stofnunum í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.
b. Í stað orðanna „frá stofnunum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. málsl. kemur: frá stofnunum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

108. gr.

Í stað orðanna „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrrópu“ í 1. málsl. 12. gr. laganna kemur: í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

109. gr.

Í stað orðanna „annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

110. gr.

Í stað orðanna „staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

111. gr.

Í stað orðanna „í landslögum þess EES-ríkis“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: í landslögum þess EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

112. gr.

Í stað orðanna „í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. málsl. 4. mgr. 9. gr. a laganna kemur: í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

113. gr.

B-liður 1. mgr. 91. gr. laganna verður svohljóðandi: erlendu vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

114. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 94. gr. a laganna:

a. Á eftir orðunum „EFTA-ríki“ í b-lið 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „EFTA-ríki“ í c-lið 1. mgr. kemur: í Færeyjum.
c. Á eftir orðunum „EFTA-ríki“ a-lið 2. mgr. kemur: eða Færeyjum.
d. Á eftir orðunum „en því þar sem tjónþoli er búsettur“ í b-lið 2. mgr. kemur: hið sama gildir ef ökutæki er staðsett í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.
e. Á eftir orðunum „eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið“ í c-lið 2. mgr. kemur: hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.

115. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 94. gr. b laganna:

a. Á eftir orðunum „EFTA-ríki“ í a- og b-lið 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið“ í c-lið 1. mgr. kemur: hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.
c. Á eftir orðunum „EFTA-ríkjum“ í 2. mgr. kemur: eða Færeyjum.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

116. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005, hefur gengið í gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 31. ágúst 2005 var undirritaður í Hoyvík í Færeyjum samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Markmið samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Mælir samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs og staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru innan efnislegs gildissviðs hans.

Utanríkisráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórn til að fullgilda samninginn. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna er gerð nánari grein fyrir tilurð og aðdraganda að gerð Hoyvíkur-samningsins, sem og efnisákvæðum hans.

Í ljósi þess hversu víðtæk réttindi Hoyvíkur-samningnum er ætlað að tryggja Færeyingum hér á landi er ljóst að gera þarf margvíslegar breytingar á innlendri löggjöf vegna framkvæmdar samningsins hér á landi og er frumvarp þetta lagt fram í því skyni. Lýtur frumvarpið af þeim atriðum innlendrar löggjafar sem fjalla um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar fyrirtækja hér á landi (staðfesturétt). Ekki er talin ástæða til þess að skýra einstakar greinar þess heldur skal vísað til athugasemda við tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins um efni og gildissvið samningsins.

Jafnframt eru með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem rekja má til nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Vaduz-samningsins. Á 127. og 128. löggjafarþingi samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum af þeim sökum en við endurskoðun á lögum vegna fullgildingar Hoyvíkur-samningsins kom í ljós að

ástæða var til að gera einnig breytingar á tilteknum lagabálkum til að standa undir skuldbindingum Íslands samkvæmt Vaduz-samningnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Markmiðið með frumvarpinu er að innleiða ákvæði samnings um að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn, sem var undirritaður þann 31. ágúst 2005, tekur til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

999. Tillaga til þingsályktunar [683. mál]

um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

A. Inngangur.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað eftir heimild Alþingis til að fullgilda samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Frá 1. júlí 1993 hefur verið í gildi samningur milli Íslands og Færeyja um fríverslun, sem undirritaður var 6. ágúst 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1993. Með þeim samningi voru afnumdir allir tollar á innflutningi og útflutningi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Gildissvið samningsins náði til iðnaðarvara og fisks og annarra sjávarafurða. Í tengslum við landbúnað var í samningnum gert ráð fyrir sérstöku samkomulagi þar sem samningsaðilar lýstu sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum

leyfði, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur. Í samningnum voru einnig ákvæði um samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup og hugverkaréttindi.

Samningurinn frá árinu 1992 var því aðeins hefðbundinn fríverslunarsamningur og var vörusvið hans takmarkað við viðskipti með iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Í ljósi hinna nánu tengsla milli Íslands og Færeyja var áhugi meðal beggja aðila á því að þróa samstarf landanna tveggja nánar á viðskiptasviðinu. Árið 2002 var því ákveðið að hefja samningaviðræður við Færeyinga um gerð nýs samnings milli Íslands og Færeyja sem hefði það að markmiði að dýpka og breikka viðskiptasamstarf þjóðanna. Samningaviðræðurnar hófust vorið 2003 og lauk þeim 23. maí 2003 með áritun af hálfu aðalsamningsmanna íslenskra og færeyskra stjórnvalda í Reykjavík. Var samningurinn undirritaður 31. ágúst í Hoyvík í Færeyjum af Davíð Oddssyni, utanríkisráðherra Íslands, og Jóannesi Eidesgaard, lögmanni Færeyja.

2. Hoyvíkur-samningurinn.

Markmið Hoyvíkur-samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Tekur samningurinn til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar; samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Mælir samningurinn fyrir um bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru innan efnislegs gildissviðs hans. Þannig skulu Íslendingar og íslensk fyrirtæki njóta sömu réttinda í Færeyjum og Færeyingar – og gagnkvæmt. Má því færa rök fyrir því að samningur þessi sé víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert.

Samningurinn tekur einnig til fullrar fríverslunar með landbúnaðarvörur. Ísland hefur aldrei áður samið um fulla fríverslun með landbúnaðarvörur þannig að samningurinn markar nokkur tímamót í þeim efnum. Neysluvenjur í Færeyjum eru um margt líkar neysluvenjum hér á landi en landbúnaður í Færeyjum hefur ekki náð að sinna eftirspurn eftir neyslu landbúnaðarvara þar í landi. Af þeim sökum er talsverður markaður í Færeyjum fyrir íslenskar landbúnaðarvörur.

Eins og áður segir er markmið Hoyvíkur-samningsins að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði Íslands og Færeyja. Við gerð samningsins var um margt leitað í smiðju samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) og eiga mörg ákvæði samningsins því sér beina fyrirmynd í ákvæðum EES-samningsins. Hins vegar felur samningurinn ekki í sér samræmingu löggjafar samningsaðila á þeim sviðum sem samningurinn tekur til.

Framkvæmd samningsins skal vera í höndum sameiginlegrar nefndar samningsaðila sem stofnað er til með samningnum. Jafnframt mælir samningurinn fyrir ráði samningsaðila sem skipað skuli ráðherrum frá Íslandi og Færeyjum sem er ætlað að vera pólitískur hvati við framkvæmd þessa samnings og vera sameiginlegu nefndinni til leiðsagnar við störf hennar. Með samningnum er að öðru leyti ekki komið á fót sérstökum eftirlitsstofnunum með framkvæmd samningsins.

Færeyjar eru mikilvægur og vaxandi markaður fyrir ýmsar íslenskar vörur og íslensk fyrirtæki. Vonir standa til þess að Hoyvíkur-samningurinn muni stuðla að auknum viðskiptum milli landanna tveggja jafnframt því sem honum er ætlað að skapa ramma utan um aukna samvinnu milli landanna á ýmsum sviðum, m.a. í menningarmálum, orkumálum, umhverfismálum, heilbrigðismálum, fjarskiptum og ferðaþjónustu.

B. Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

Inngangsorð samningsins og um 1. gr. um markmið.

Í inngangsorðum samningsins er áréttað það markmið samningsins að afnema allar hindranir varðandi efnahagstengsl milli Íslands og Færeyja og sá vilji samningsaðila að auka efnahagstengsl milli Íslands og Færeyja með því að koma á fót sameiginlegum markaði sem nái til allra greina atvinnulífsins. Jafnframt ítreka samningsaðilar áhuga sinn á því að þróa og auka samvinnu sín á milli á öðrum sviðum.

Samkvæmt 1. gr. samningsins er markmið hans að mynda sameiginlegt efnahagssvæði Íslands og Færeyja. Á þessu sameiginlega efnahagssvæði er lagt bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru.

Um 2. gr. Gildissvæði og bókun 1.

Í 2. gr. er að finna skilgreiningu á landfræðilegu gildissviði samningsins. Tekur samningurinn til yfirráðasvæðis Íslands og Færeyja. Ná ákvæði samningsins því til viðskipta með vörur sem upprunnar eru á yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja og með þjónustu og fjármagn sem einstaklingar eða lögaðilar frá Íslandi eða Færeyjum láta í té.

Rétt er að geta þess að sökum þess að Færeyingar hafa danskt ríkisfang er ekki hægt að vísa með hefðbundnum hætti til ríkisfangs til að ákvarða hverjir skulu njóta réttinda samkvæmt samningnum. Af þeim sökum er nánari skilgreining á því hverjir teljast Færeyingar samkvæmt samningnum í bókun 1 við samninginn, en samkvæmt bókuninni skulu ákvæði samningsins taka til danskra ríkisborgara sem annaðhvort eru með lögheimili í Færeyjum eða hafa haft þar lögheimili.

Um 3. gr. Efnislegt gildissvið.

Í 3. gr. eru talin upp þau efnislegu svið sem samningurinn tekur til, þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, frjáls för fólks og búseturéttur, fjármagnsflutningar og fjárfestingar, staðfesturéttur, samkeppni, ríkiseinkasala, ríkisaðstoð og opinber innkaup. Einnig tekur samningurinn til samvinnu á öðrum sviðum samkvæmt nánari fyrirmælum í 7. gr. samningsins.

Um 4. gr. Bestukjarameðferð.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skuldbinda samningsaðilar sig til að veita einstaklingum og lögaðilum hins samningsaðilans eigi lakari meðferð en þeir veita til annarra landa. Sama gildir um vörur sem upprunnar eru innan gildissvæðis samningsins.

Um 5. gr. Innlend meðferð.

Í 5. gr. er að finna megininntak samningsins. Markmið greinarinnar er að tryggja að í viðskiptum á milli samningsaðila eigi einstaklingar og fyrirtæki annars samningsaðilans að geta notið sömu stöðu og einstaklingar og fyrirtæki hins samningsaðilans njóta á yfirráðasvæði þess síðarnefnda.

Ákvæði 5. gr. samningsins er í raun tvíþætt. Annars vegar er í 1. mgr. að finna hina almennu meginreglu um bann við mismunun milli samningsaðila. Gildir bannið jafnt um mismunun milli Íslendinga og Færeyinga (A-liður), mismunun milli lögaðila með lögheimili innan gildissvæðis samningsins (B-liður) og mismunun milli vöru sem upprunninn er innan gildissvæðis samningsins á grundvelli upprunastaðar (C-liður). Hins vegar er í 2. mgr. að finna ítarlegri ákvæði til nánari fyllingar þessari meginreglu á þeim sviðum sem samningurinn tekur til, þ.e. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, frjáls för fólks og búseturéttur, fjármagns-

flutningar og fjárfestingar, staðfesturéttur, samkeppni, ríkiseinkasala, ríkisaðstoð, opinber innkaup og viðskipti með landbúnaðarvörur.

Vöruviðskipti.

Samkvæmt A-lið 2. mgr. 5. gr. skal hvers konar mismunum við meðferð á vöru á grundvelli uppruna hennar bönnuð. Gildir þetta jafnt um mismunun að lögum og í reynd. Jafnframt er lagt bann við magntakmörkunum, sem og ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif (ii. liður). Rétt er að vekja athygli á því að orðalag þetta á sér fyrirmynd í 11. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er einnig lagt bann við tollum, hverju nafni sem þeir nefnast eða af hvaða ástæðu sem er, í viðskiptum milli samningsaðila (iii. liður). Enn fremur er mælt fyrir um í ákvæðinu að vara sem á annað borð hefur verið löglega markaðssett innan gildissvæðis samningsins skuli falla undir ákvæði greinarinnar (iv. liður). Í þessu felst að hafi vara verið löglega markaðssett í Færeyjum skuli talið heimilt að markaðssetja hana hér á landi. Á þessu er þó sá fyrirvari að varan stríði ekki gegn almennu siðgæði og öryggi.

Þá er í A-lið 2. mgr. 5. gr. vísað til tveggja bókana við samninginn, annars vegar bókunar 2 sem hefur að geyma upprunareglur (v. liður) og hins vegar bókunar 3 sem hefur að geyma reglur um samvinnu samningsaðilanna á sviði tollamála og einfaldaðrar tollmeðferðar (vi. liður).

Þjónustuviðskipti.

Samkvæmt B-lið 2. mgr. 5. gr. er lagt bann við hvers konar mismunun gagnvart þjónustuveitanda annars samningsaðila sem veitir þjónustu sína á yfirráðasvæði hins samningsaðilans. Gildir bannið jafnt um mismunun að lögum og í reynd. Þá segir í ii. lið ákvæðisins að einstaklingum eða lögaðilum samningsaðila, sem starfa á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, beri að uppfylla sömu skilyrði og einstaklingum eða lögaðilum þess samningsaðila ber að gera samkvæmt landslögum hans. Í þessu felst að þjónustuveitanda frá Færeyjum ber að uppfylla skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hér á landi um starfsemi hans veiti hann tímabundna þjónustu hér á landi. Ákvæði ii. liðar er þó með fyrirvara um ákvæði i. liðar, þ.e. bann við mismunun gagnvart þjónustuveitanda. Má því ekki setja skilyrði gagnvart innlendum þjónustuveitendum sem að lögum eða í reynd fela í sér mismunun gagnvart þjónustuveitendum frá hinum samningsaðilanum.

Frjáls för fólks og búseturéttur.

Ákvæði samningsins taka einnig til frjálsrar farar fólks og búseturéttar. Skv. C-lið 2. mgr. 5. gr. er lagt bann við hvers konar mismunun varðandi búseturétt eða frjálsa för fólks milli samningsaðila. Jafnframt er mælt fyrir um að veita skuli aðgang að skólum, háskólum og öðrum fræðslustofnunun án mismununar (ii. liður) og að viðurkenna skuli sambærileg prófskírteini og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem fengin er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans (iii. liður). Þá er mælt fyrir um að eftir þriggja ára búsetu Íslendinga í Færeyjum og Færeyinga á Íslandi skuli viðkomandi öðlast kjörgengi og kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.

Í C-lið 2. mgr. 5. er jafnframt vísað til bókunar 4 við samninginn þennan en þar er að finna tilvísun til þeirra samninga Norðurlandanna sem fjalla um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, almannatryggingar og félagslega aðstoð, og hafa að geyma grundvallarreglur þar að lútandi.

Fjármagnsflutningar og fjárfestingar.

Samkvæmt D-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins skal bönnuð hvers konar mismunum er varðar frelsi til fjármagnsflutninga eða fjárfestinga sem byggist á ákvörðunarstað fjármagnsins eða fjárfestingarstaðar. Gildir bannið jafnt um mismunun að lögum og í reynd.

Staðfesturéttur.

Í E-lið 2. mgr. 5. gr. er lagt bann við hvers konar mismunun varðandi staðfesturétt.

Samkeppni.

Samkvæmt F-lið 2. mgr. 5. gr. skal hvers konar mismunun í samkeppnisreglum samningsaðila eða við beitingu þeirra bönnuð. Jafnframt mælir ákvæðið fyrir um að samkeppnisyfirvöld samningsaðilanna skuli starfa saman til að tryggja frjáls viðskipti og sanngjörn samkeppnisskilyrði á yfirráðasvæði samningsaðila. Í iii. lið er að finna heimild til samningsaðila til að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna undirboðs á grundvelli ákvæðis VI. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti (GATT-samningsins) og annarra samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem varða aðgerðir gegn undirboðum.

Ríkiseinkasala.

Samkvæmt G-lið 2. mgr. 5. gr. ber ríkiseinkasölum samningsaðila að haga rekstri sínum þannig að ekki leiði til mismunandi meðferðar.

Ríkisaðstoð.

Reglur samningsins um ríkisaðstoð er að finna í H-lið 2. mgr. 5. gr. Segja má að reglur samningsins um þetta efni séu tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt bann við mismunun við veitingu ríkisaðstoðar til handa atvinnustarfsemi. Má samningsaðili sem veitir ríkisaðstoð því ekki setja skilyrði við veitingu slíkrar ríkisaðstoðar sem felur í sér beina mismunun að lögum eða reynd gagnvart einstaklingum eða lögaðilum frá hinum samningsaðilanum. Í öðru lagi mælir samningurinn fyrir um að telji samningsaðili að ríkisaðstoð hins samningsaðilans – eða aðstoð sem veitt er fyrir tilstilli þess samningsaðila – raski eða geti raskað samkeppni með því að hygla tilteknum fyrirtækjum eða geirum atvinnulífsins, skuli honum heimilt að taka málið upp í sameiginlegri nefnd þeirri sem komið er á fót með 8. gr. samningsins.

Opinber innkaup.

Samkvæmt I-lið 2. mgr. 5. gr. er hvers konar mismunun varðandi opinber innkaup bönnuð. Í þessu felst að samningsaðilum ber að haga opinberum innkaupum sínum á þá veru að ekki leiði til mismununar milli einstaklinga eða fyrirtækja samningsaðila né til mismununar milli vara sem upprunnar eru á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

Viðskipti með landbúnaðarvörur.

Í J-lið 2. mgr. 5. gr. er að finna eina ákvæði samningsins sem heimilar að gripið sé til verndaraðgerða. Gildir ákvæðið eingöngu um viðskipti með landbúnaðarvörur. Samkvæmt ákvæðinu er samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana ef innflutningur á tilteknum landbúnaðarafurðum frá hinum samningsaðilanum veldur verulegum skaða í framleiðslustarfsemi viðkomandi afurðar hjá fyrrnefnda samningsaðilanum. Áður en gripið er til slíkra verndaraðgerða skulu samningsaðilar hefja samráð til að leita lausnar á vandanum. Þó má samningsaðili, ef óvenjulegur aðstæður krefjast bráðra aðgerða, grípa til slíkra aðgerða í fyrsta lagi þremur dögum eftir að hinn samningsaðilinn var upplýstur um þær. Þá skal til-

kynna sameiginlegu nefndinni um allar slíkar ráðstafanir og skal hafa reglubundið samráð um framhald þeirra innan nefndarinnar með það að markmiði að afnema megi ráðstafanirnar eins og fljótt og aðstæður leyfa.

Um 6. gr. Undantekningar frá innlendri meðferð.

Í 6. gr. samningsins eru taldar upp undanþágur frá meginreglu 5. gr. samningsins um innlenda meðferð.

Samkvæmt 1. tölul. skulu allar vörur falla undir reglur um dýra- og plöntuheilbrigði þess samningsaðila sem flytur vörurnar inn. Hins vegar skulu slíkar reglur og beiting þeirra ekki fela í sér tæknilegar viðskiptahindranir og skulu samningsaðilar skuldbinda sig til þess að leitast við að greiða fyrir viðskiptum með þær framleiðsluvörur sem falla undir eftirlit með heilbrigði dýra og plantna, m.a. með því að koma á fót skoðunarstöðvum á landamærum og annarri nauðsynlegri aðstöðu sem greitt getur fyrir beinum viðskiptum með allar framleiðsluvörur sem samningur þessi tekur til.

Samkvæmt 2. tölul. er Íslandi heimilt að viðhalda gildandi takmörkunum á eignaraðild erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands og fyrirtækjum sem eiga eða reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi.

Þá mælir 3. tölul. fyrir um að Færeyjum skuli heimilt að viðhalda gildandi takmörkunum á eignaraðild erlendra fyrirtækja sem stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Færeyja.

Einnig mælir 4. tölul. fyrir um að Færeyjum sé heimilt beita ákvæðum laga sem takmarka umsvif erlendra aðila í olíuvinnslu þar í landi (lög um starfsemi tengda vetniskolefnum). Hins vegar skulu ákvæði þeirra laga túlkuð á þá vegu að íslenskir lögaðilar með staðfestu í Færeyjum og Íslendingar sem eru með lögheimili í Færeyjum skuli njóta sömu réttinda samkvæmt lögunum og færeyskir lögaðilar og Færeyingar.

Að lögum segir í 5. tölul. að ákvæði samningsins um fjárfestingar gilda ekki um fjárfestingar stjórnvalda eða opinberra stofnanna samningsaðilanna.

Um 7. gr. Samvinna á öðrum sviðum.

Í 7. gr. samningsins lýsa samningsaðilar vilja sínum til að auka og víkka út samstarf sitt á öllum þeim sviðum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Er þar sérstaklega getið samvinnu á sviði menningar, menntunar, þjálfunar, íþrótta- og æskulýðsmála, orkumála, umhverfismála, heilbrigðismála, þróunar mannauðs í opinbera geiranum, rannsókna og tækniþróunar, auðlindastjórnunar, fjarskipta, ferðaþjónustu og flutningastarfsemi.

Þá gerir 7. gr. samningsins ráð fyrir að samningsaðilar geti sett nánari ákvæði um samvinnu sín á milli með því að bæta síðar við sérstökum bókunum við samninginn um það efni.

Um 8. gr. Sameiginleg nefnd.

Með 8. gr. samningsins er komið á fót sameiginlegri nefnd sem skipuð er fulltrúum samningsaðila. Er hlutverk nefndarinnar að tryggja skilvirka framkvæmd og starfrækslu samningsins og skapa jafnframt vettvang til skoðana- og upplýsingaskipta. Enn fremur skal sameiginlegu nefndinni heimilt að breyta ákveðnum ákvæðum samningsins, sem og bókunum við hann, en einróma samþykki þarf til þess.

Um 9. gr. Ráð.

Í 9. gr. er komið á fót ráði ráðherra samningsaðila. Skal það vera pólitískur hvati við framkvæmd samningsins og vera sameiginlegu nefndinni til leiðsagnar við störf hennar eftir því sem við á. Skal ráðið eiga fund a.m.k. einu sinni á ári.

Um 10. gr. Bókanir.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr. Aðild

Samkvæmt 11. gr. skal heimilt að veita fleiri aðilum eða hlutum Konungsríkisins Danmerkur aðild að samningnum náist samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri útvíkkun samningsins.

Um 12. gr. Uppsögn

Samkvæmt 12. gr. er samningsaðilum heimilt að segja samningnum upp með árs fyrirvara. Hins vegar skulu réttindi fjárfesta og þjónustuveitenda sem leiðir af samningnum halda gildi sínu í a.m.k. fimm ár eftir uppsögn samningsins.

Um 13. gr. Gildistaka

Samningurinn mun öðlast gildi þegar Ísland annars vegar og heimastjórn Færeyja og ríkisstjórn Danmerkur hins vegar hafa lokið fullgildingu eða staðfestingu samningsins.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS ANNARS VEGAR OG RÍKISSTJÓRNAR DANMERKUR OG HEIMASTJÓRNAR FÆREYJA HINS VEGAR

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og ríkisstjórn Danmerkur og heimastjórn Færeyja hins vegar,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILARNIR,

VILJA auka efnahagstengsl milli Íslands og Færeyja og samræma þróun í efnahagsmálum,

LEGGJA ÁHERSLU á sanngjörn samkeppnisskilyrði á sameinuðum markaði án tollabandalags,

ERU STAÐRÁÐNAR Í að láta efnahagstengsl sín taka almennt til allra geira atvinnulífsins,

ERU STAÐRÁÐNAR Í að þróa og auka samvinnu sín á milli á öðrum sviðum,

HAFA ÁKVEÐIÐ að afnema allar hindranir varðandi efnahagstengsl milli Íslands og Færeyja innan efnislegs gildissviðs þessa samnings.

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með þessum samningi er að mynda eitt efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja þar sem mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru er bönnuð innan efnislegs gildissviðs þessa samnings.

2. gr.
Gildissvæði samningsins.

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða Íslands og Færeyja.

Hverjar þær ráðstafanir, sem samningsaðilar ákveða sjálfir að gera samkvæmt þessum samningi, skulu takmarkast við yfirráðasvæði annaðhvort Íslands eða Færeyja og einstaklinga þar, eins og skilgreint er í bókun 1, og lögaðila sem þar hafa lögheimili.

Ákvæði þessa samnings gilda um flutninga milli Íslands og Færeyja á vörum, sem eru upprunnar á yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja, og á þjónustu og fjármagni sem einstaklingar á Íslandi eða í Færeyjum, eins og skilgreint er í bókun 1, eða lögaðilar með lögheimili á Íslandi eða í Færeyjum, láta í té.

3. gr.
Efnislegt gildissvið.

Ef annað er ekki tekið fram í samningnum tekur hann til:

a) vöruviðskipta;
b) þjónustuviðskipta;
c) frjálsrar farar fólks og búseturéttar;
d) fjármagnsflutninga og fjárfestinga;
e) staðfesturéttar;
f) samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa;
g) samvinnu á öðrum sviðum, eins og kveðið er á um í 7. gr.

4. gr.
Bestukjarameðferð.

Hvor samningsaðili skal, innan gildissviðs þessa samnings, veita einstaklingum og lögaðilum hins samningsaðilans og þeim vörum, sem eru upprunnar innan gildissvæðis þessa samnings, eigi lakari meðferð en þeir veita einstaklingum og lögaðilum annarra landa og vörum sem eru upprunnar utan gildissvæðis þessa samnings.

5. gr.
Innlend meðferð.

1. Innan gildissviðs þessa samnings
   A. er hvers konar mismunun milli íslenskra og færeyskra einstaklinga á grundvelli ríkisfangs, eins og það er skilgreint í bókun 1, bönnuð,
   B. er hvers konar mismunun milli lögaðila, með lögheimili innan gildissvæðis þessa samnings, á grundvelli staðfestustaðar bönnuð,
   C. er hvers konar mismunun milli vöru, sem er upprunnin innan gildissvæðis þessa samnings, á grundvelli upprunastaðar bönnuð.

2. Við beitingu þeirrar meginreglu, sem er að finna í 1. mgr., skuldbinda samningsaðilarnir sig m.a. til eftirfarandi:
   A. Með hliðsjón af vöruviðskiptum:
      i. Hvers konar mismunun við meðferð á vöru, að lögum eða í reynd, á grundvelli uppruna hennar er bönnuð.
      ii. Magntakmarkanir, hverju nafni sem þær nefnast eða af hvaða ástæðu sem er, og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar.
      iii. Tollar, hverju nafni sem þeir nefnast eða af hvaða ástæðu sem er, eru bannaðir, svo og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

iv. Allar vörur sem hafa verið markaðssettar með lögmætum hætti einhvers staðar innan gildissvæðis þessa samnings skulu falla undir ákvæði þessarar greinar með fyrirvara um skilyrði er varða almennt siðgæði og öryggi.
v. Í bókun 2 við þennan samning er að finna viðeigandi upprunareglur.
vi. Í bókun 3 við þennan samning er að finna reglur um samvinnu samningsaðilanna á sviði tollamála og einfaldaðrar tollmeðferðar.

B. Með hliðsjón af þjónustuviðskiptum:
i. Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, gagnvart þjónustuveitanda annars samningsaðilans, sem starfar á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, er bönnuð.
ii. Með fyrirvara um ákvæði i. liðar hér að framan skulu einstaklingar eða lögaðilar samningsaðila, sem starfa á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, uppfylla sömu skilyrði og einstaklingum eða lögaðilum þess samningsaðila ber að uppfylla samkvæmt landslögum hans.

C. Með hliðsjón af frjálsri för fólks og búseturéttar:
i. Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, varðandi búseturétt eða frjálsa för fólks er bönnuð, eins og nánar er kveðið á um í bókun 4 við þennan samning.
ii. Veita skal aðgang að skólum, háskólum og öðrum fræðslustofnunum án mismununar.
iii. Samningsaðili skal viðurkenna sambærileg prófskírteini og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem fenginn er á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, eins þau hefðu verið gefin út á hans eigin yfirráðasvæði. Viðurkenning slíkra prófskírteina og vitnisburðar um formlega menntun og hæfi skal í engu vera lakari en sú viðurkenning, sem veitt er vegna sambærilegra prófskírteina og vitnisburðar um formlega menntun og hæfi, sem aðili utan þessa samnings gefur út.
iv. Eftir þriggja ára búsetu íslenskra einstaklinga í Færeyjum og færeyskra einstaklinga á Íslandi öðlast viðkomandi einstaklingur kjörgengi og kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.

D. Með hliðsjón af fjármagnsflutningum og fjárfestingum:
i. Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, varðandi frelsi til fjármagnsflutninga eða fjárfestinga, á grundvelli ákvörðunarstaðar fjármagnsins eða fjárfestingastaðar, hvar sem er innan gildissvæðis þessa samnings, er bönnuð.

E. Með hliðsjón af staðfesturétti:
i. Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, varðandi staðfesturétt er bönnuð.

F. Með hliðsjón af samkeppni:
i. Hvers konar mismunun í samkeppnisreglum eða við beitingu þeirra er bönnuð.
ii. Samkeppnisyfirvöld samningsaðilanna skulu, í því skyni að tryggja frjáls viðskipti og sanngjörn samkeppnisskilyrði á efnahagssvæðinu sem stofnað er með þessum samningi, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa með sér samráð um eftirlit, bæði almennt og, eftir því sem við á, vegna einstakra mála.
iii. Telji samningsaðili að um sé að ræða undirboð útflytjanda hjá hinum samningsaðilanum á tiltekinni framleiðsluvöru, eins og það er skilgreint í viðeigandi ákvæðum samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), er þeim samningsaðila, sem fyrir þessu verður, heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við VI. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994. Samnings-

aðilinn, sem fyrir þessu verður, skal senda hinum samningsaðilanum skriflega tilkynningu og veita 30 daga samráðsfrest til að finna lausn sem báðir aðilar geta unað við.

G. Með hliðsjón af ríkiseinkasölu:
   i. Ríkiseinkasölur samningsaðila skulu í rekstri sínum ekki veita mismunandi meðferð, að lögum eða í reynd.

H. Með hliðsjón af ríkisaðstoð:
   i. Ríkisaðstoð eða aðstoð fyrir tilstilli ríkis, í hvaða formi sem er, til handa atvinnustarfsemi, sem er, að öllu leyti eða að hluta, á yfirráðasvæði samningsaðila, skal veitt á því yfirráðasvæði án mismununar.
   ii. Komist samningsaðili að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð hins samningsaðilans eða aðstoð fyrir tilstilli hans raski eða gæti raskað samkeppni með því að hygla tilteknum fyrirtækjum eða geirum er honum heimilt að leggja málið fyrir sameiginlegu nefndina í samræmi við 8. gr.

I. Með hliðsjón af opinberum innkaupum:
   i. Hvers konar mismunun, að lögum eða í reynd, varðandi opinber innkaup er bönnuð.

J. Með hliðsjón af viðskiptum með landbúnaðarvörur:
   i. Ef innflutningur á tilteknum landbúnaðarafurðum í köflum 1, 2, 4, 5, 12, 15, 16 og 21 í samræmdu vörulýsinga- og vörunúmeraskránni af hálfu annars samningsaðilans veldur verulegum skaða í framleiðslustarfsemi þeirrar afurðar hjá hinum samningsaðilanum er þeim síðarnefnda heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir einhliða sem eru í réttu hlutfalli við ástandið. Áður en gripið er til slíkra ráðstafana skulu samningsaðilarnir gefa sér nægan tíma til samráðs til lausnar á vandanum.
   ii. Ef óvenjulegar aðstæður krefjast bráðra aðgerða er samningsaðila innflytjandans heimilt að gera ráðstafanir, sem teljast algerlega nauðsynlegar til að ráða bót á ástandinu, í fyrsta lagi þremur dögum eftir að samningsaðili útflytjandans var upplýstur um þær.
   iii. Allar ráðstafanir skulu þegar í stað tilkynntar sameiginlegu nefndinni og allar viðeigandi upplýsingar sendar henni í samræmi við 8. gr. og skal samráð haft um málið með reglubundnum hætti innan sameiginlegu nefndarinnar, einkum með það í huga að afnema ráðstafanirnar eins fljótt og aðstæður leyfa.

6. gr.
Undantekningar frá innlendri meðferð.

Eftirfarandi undantekningar á meginreglunni í 1. mgr. 5. gr. gilda:

1. Allar vörur, sem verslað er með, skulu falla undir reglur um dýra- og plöntuheilbrigði hjá samningsaðilanum sem flytur inn. Þessar reglur skulu ekki fela í sér hindranir, af tæknilegum toga eða við málsmeðferð, í beinum viðskiptum. Með fyrirvara um skuldbindingar sínar í alþjóðasamningum um málefni er varða dýra- eða plöntuheilbrigði skulu samningsaðilarnir sjá til þess að greitt sé fyrir beinum viðskiptum með framleiðsluvörur, sem falla undir eftirlit á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis, og skuldbinda sig til að koma á fót skoðunarstöðvum á landamærum og annarri nauðsynlegri aðstöðu til að greiða fyrir beinum viðskiptum með allar framleiðsluvörur sem þessi samningur tekur til.

2. Íslandi er heimilt að viðhalda takmörkunum, sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings, í geirum fiskveiða og fiskvinnslu að því er varðar erlent eignarhald og/eða eignarhald aðila sem hafa ekki fasta búsetu svo og staðfestu aðila sem eru ekki ríkisborgarar og staðfestu ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi.
3. Færeyjum er heimilt að viðhalda takmörkunum, sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings, í fiskveiðigeiranum að því er varðar erlent eignarhald og/eða eignarhald aðila sem hafa ekki fasta búsetu svo og staðfestu aðila sem eru ekki ríkisborgarar og staðfestu ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili í Færeyjum.
4. Færeyjum er heimilt að beita ákvæðum um leyfi í samræmi við 10., 11. og 18. gr. laga um starfsemi tengda vetniskolefnum (nr. 31, 16. mars 1998). Færeysku lögin um starfsemi tengda vetniskolefnum skulu að þessu leyti túlkuð þannig að íslenskir lögaðilar með staðfestu í Færeyjum og íslenskir einstaklingar með lögheimili þar skuli njóta réttinda samkvæmt þessum lögum án mismununar. Almenn ákvæði þessa samnings gilda að öllu öðru leyti um þetta svið.
5. Ákvæði þessa samnings um fjárfestingu gilda ekki um fjárfestingar stjórnvalda eða opinberra stofnana samningsaðilanna.

7. gr.
Samvinna á öðrum sviðum.

1. Samningsaðilarnir munu, innan gildissviðs þessa samnings, auka og víkka út samstarf sitt á öllum þeim sviðum þar sem sameiginlegra hagsmuna er að gæta, þar á meðal eftirtöldum sviðum:

- á sviði menningar, menntunar, þjálfunar, íþrótta og æskulýðsmála
- á sviði orkumála
- á sviði umhverfismála
- á sviði heilbrigðismála
- á sviði þróunar mannauðs í opinbera geiranum
- á sviði rannsókna og tækniþróunar
- á sviði auðlindastjórnunar
- á sviði fjarskipta
- á sviði ferðaþjónustu
- á sviði flutninga.

2. Sameiginlega nefndin mun setja ákvæði um samvinnu skv. 1. mgr. í bókunum við þennan samning sem verða settar fram síðar.

8. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Sameiginlegri nefnd samningsaðilanna er hér með komið á fót. Hennar hlutverk er að tryggja skilvirka framkvæmd og starfrækslu þessa samnings. Með þetta að markmiði skal hún vera vettvangur skoðana- og upplýsingaskipta.

2. Sameiginlega nefndin getur ákveðið, með einróma samþykki, að gera breytingar á 5., 6. og 7. gr. svo og bókununum við þennan samning, eða bæta bókunum við hann eins og kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., með það að markmiði að auka smám saman frelsi í viðskiptum og styrkja samvinnu samningsaðilanna.

3. Sameiginlega nefndin skal setja sér starfsreglur.

4. Sameiginlega nefndin skal koma saman í samræmi við starfsreglur sínar eigi sjaldnar en einu sinni á ári og að beiðni annars hvors samningsaðilans.

5. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að koma á fót undirstofnunum.

9. gr.
Ráð.

1. Ráðherrar skulu hittast a.m.k. einu sinni á ári.
2. Ráði er hér með komið á fót. Því er einkum ætlað að vera pólitískur hvati við framkvæmd þessa samnings og sameiginlegu nefndinni, sem komið er á fót með honum, til leiðsagnar við störf hennar eftir því sem við á.
3. Ráðið skal meta framkvæmd og þróun þessa samnings í heild. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að vísa hverju því máli, sem veldur erfiðleikum, til ráðsins.
4. Ráðið setur sér starfsreglur.

10. gr.
Bókanir.

Bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegir hlutar hans.

11. gr.
Aðild.

Heimilt er að veita fleiri aðilum eða hlutum af Konungsríkinu Danmörku aðild að samningnum, að því tilskildu að samkomulag náist um skilmála og skilyrði fyrir slíkri útvíkkun.

12. gr.
Uppsögn.

1. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að segja þessum samningi upp með orðsendingu til hins samningsaðilans eftir diplómatískum leiðum. Samningurinn fellur úr gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að tólf mánaða tímabili frá viðtöku tilkynningar um uppsögn lýkur.
2. Ávinningur, sem samningsaðili veitir fjárfestum eða þjónustuveitendum hins samningsaðilans samkvæmt skilyrðum þessa samnings, fyrir dagsetningu tilkynningar um uppsögn, skal gilda áfram í a.m.k. fimm ár eftir uppsögn samningsins.

13. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samningsaðilanna í samræmi við málsmeðferðarreglur hvors um sig.
2. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að síðara skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans hefur verið afhent vörsluaðilanum sem er utanríkisráðuneyti Íslands.
3. Samningurinn milli ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar um fríverslun milli Færeyja og Íslands, sem var undirritaður 6. ágúst 1992, fellur úr gildi við gildistöku þessa samnings, sbr. þó ákvæði bókunar 2 við þennan samning.

Gjört í Hoyvík 31. ágúst 2005 á íslensku, færeysku, dönsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir.

Komi misræmi í ljós skal enski textinn gilda.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

BÓKUN 1

Í samningi þessum merkir hugtakið „Íslendingur“ einstakling með íslenskt ríkisfang og „Færeyingur“ einstakling með danskt ríkisfang, sem á eða hefur átt lögheimili í Færeyjum.

1000. Nefndarálit [616. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Bjarna Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Nefndinni bárust umsagnir frá Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum fiskvinnslu án útgerðar.

Með frumvarpinu er lagt til að skilyrði um það hverjir megi reka uppboðsmarkað með sjávarafla hér á landi verði víkkuð út þannig að þau samrýmist alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að.

Nefndin bendir á að 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir undanþágu frá tvenns konar skilyrðum, annars vegar íslenskum ríkisborgararétti og hins vegar búsetu. Samkvæmt umræddri grein á undanþágan að ná m.a. til Færeyinga, án þess að tekið sé fram hvar þeir skuli vera búsettir. Nefndin telur það ófullnægjandi og leggur því til að bætt verði við að þeir skuli vera búsettir annaðhvort í Færeyjum eða hér á landi.

Í athugasemdum við frumvarpið er vitnað í samning Íslands við Færeyjar um fríverslun. Nánar tiltekið er um að ræða samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „Færeyinga“ í 1. gr. komi: Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.

Jóhann Ársælsson, Jón Gunnarsson og Magnús Þór Hafsteinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Jón Bjarnason áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jón Gunnarsson, með fyrirvara.	Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

1001. Frumvarp til laga [684. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa“ í 3. málsl. kemur: án framvísunar hlutabréfa.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Félög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, hafa heimild til að ákvarða að réttindi til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu og tilkynnt fyrir fram til viðkomandi markaðar.

2. gr.

Í stað 159. gr. laganna kemur nýr kafli, XX. kafli, **Samlagshlutafélög**, með fjórum nýjum greinum sem orðast svo:

a. (159. gr.)

Lög þessi taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í lögunum.

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar.

Samlagshlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf.

Í samþykktum skulu auk annarra viðeigandi atriða vera upplýsingar um:

1. nafn, kennitölu, stöðu og heimilisfang ábyrgðaraðila,
2. hvort ábyrgðaraðila sé skylt að leggja fram hlutafé og, ef svo er, hversu mikið,
3. reglur um áhrif ábyrgðaraðila í málefnum félagsins og þátt hans í skiptingu hagnaðar og taps og
4. hvort einhver félagsmanna njóti sérstakra réttinda eða skyldna í félaginu.

Gætt skal ákvæða laga þessara á grundvelli reglna Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. um stofnun og skráningu samlagshlutafélaga, svo og ákvæða annarra laga.

Í samþykktum samlagshlutafélags skulu m.a. vera reglur um innbyrðis réttarsamband félagsmanna, þ.e. ábyrgðaraðila og hluthafa.

b. (160. gr.)

Í samþykktum samlagshlutafélaga, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, má víkja frá ákvæðum laga þessara svo sem hér er kveðið á um.

Ábyrgðaraðili, einn eða fleiri sameiginlega, getur gegnt hlutverki stjórnar sé hún ekki kosin, svo og störfum framkvæmdastjóra eða falið öðrum það, og ritað firma félagsins. Sé ábyrgðaraðilinn lögaðili kemur tiltekinn einstaklingur fram fyrir hönd hans. Ábyrgðaraðili skal ávallt eiga sæti í stjórn sé hún kosin.

Framselja má vald hluthafafundar til ábyrgðaraðila. Breytingar á félagssamþykktum skulu þó bornar undir hluthafafund. Kveða má þar sérstaklega á um form atkvæðagreiðslu á hluthafafundi og hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslur og atkvæðahlutföll, m.a. gera áskilnað um einróma samþykki. Þá skal unnt að halda hluthafafundi ef talið er að samþykktir séu brotnar. Halda skal aðalfund og m.a. samþykkja ársreikning.

Í félagssamþykktum má einnig kveða sérstaklega á um framsal og veðsetningu hluta, innlausnarskyldu og arðgreiðslur, m.a. tíðni arðgreiðslna, svo og slit félaganna, t.d. um ákveðinn líftíma þeirra.

c. (161. gr.)

Hluthafafundur í hlutafélagi getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum, samþykkt að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag. Við breytinguna tekur samlagshlutafélagið við öllum eignum og skuldum hlutafélagsins og þarf ekki samþykki lánardrottna að koma til.

Tilkynningu um ákvörðun skv. 1. mgr. skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum, svo og ábyrgðaraðilum.

Breyting hlutafélags í samlagshlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að kröfum XX. kafla sé fullnægt enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréf, sem hlutafélag hefur gefið út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í samlagshlutafélaginu getur stjórn samlagshlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Ef fresturinn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

d. (162. gr.)

Hluthafafundur í samlagshlutafélagi getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum og samþykki ábyrgðaraðila, samþykkt að breyta samlagshlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 6.–8. gr. gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 88. gr. Við breytinguna tekur hlutafélagið við öllum eignum og skuldum samlagshlutafélagsins án þess að samþykki lánardrottna þurfi að koma til.

Tilkynningu um ákvörðun skv. 1. mgr. skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum, svo og ábyrgðaraðilum.

Breyting samlagshlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að það fullnægi kröfum laga þessara enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði. Ábyrgðaraðilar bera þó áfram ábyrgð á skuldbindingum frá því fyrir breytinguna á félaginu.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginefni frumvarps þessa, sem samið er í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, er að skýra reglur laga um hlutafélög viðvíkjandi samlagshlutafélögum og veita samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, frelsi til að víkja frá tilteknum ákvæðum laganna. Jafnframt er tækifærið notað í frumvarpinu til að gera breytingu á ákvæðum um arðgreiðslur.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af vinnu starfshóps sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði og var falið að fjalla um fjármögnun nýsköpunar og gera tillögur sem aukið gætu aðgengi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja að áhættufjármagni. Með skipun starfshópsins var brugðist við ábendingum frá vísinda- og tækniráði og iðnþingi um skort á fjármagni til slíkra fyrirtækja.

Í vinnu starfshópsins var m.a. tekið mið af framkomnu frumvarpi forsætisráðherra um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. en þar var lagt til að Nýsköpunarsjóður fengi 1.500 millj. kr. á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Frumvarpið varð síðan að lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Í niðurstöðu starfshópsins, frá desember 2005, er lagt til að gerðar verði breytingar á lagaákvæðum um samlagshlutafélög þannig að það félagsform nýtist betur en nú er til sameiginlegra fjárfestinga, m.a. í nýsköpun. Breytingarnar séu nauðsynlegar til að auðvelda ólíkum fjárfestum að standa saman að sameiginlegum fjárfestingum, m.a. í nýsköpun. Lagðar eru

til breytingar á skattskyldu félaganna, möguleikum lífeyrissjóða til þátttöku í þeim og að gerðar verði tilteknar breytingar á ákvæðum hlutafélagalaga.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram af hálfu fjármálaráðherra frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt þar sem lagt er til að samlagshlutafélag teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og að kveðið verði skýrar á um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir skattskyldu af hvers konar tekjum af starfsemi sem þeim er heimil. Tillögur þessar eru mikilvægar til að auðvelda aðkomu lífeyrissjóða og annarra fjárfesta, sem undanþegnir eru skatti, að samlagshlutafélagi í fjárfestingarstarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á 31. gr. laganna vegna ábendingar er borist hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Í a-lið er felld niður tilvísun til arðmiða enda munu þeir ekki lengur gerðir að skilyrði fyrir arðgreiðslu.

Í b-lið er félögum, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, veitt heimild til þess að ákvarða, að uppfylltum vissum skilyrðum, að réttindi til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs. Í umsögn taldi Kauphöll Íslands breytinguna til bóta fyrir þessi félög.

Um 2. gr.

Ákvæði í dönskum og þó einkum norskum hlutafélagalögum hafa að nokkru leyti verið höfð til hliðsjónar. Í stað 159. gr. laganna er gert ráð fyrir að komi nýr kafli, XX. kafli, sem beri heitið „Samlagshlutafélög". Meginbreytingin er að gert er ráð fyrir að samlagshlutafélög, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, hafi visst frelsi til að víkja í samþykktum sínum frá þeirri meginreglu um samlagshlutafélög almennt að þau þurfi að fara eftir ákvæðum laga um hlutafélög eftir því sem við á.

Um a-lið (159. gr.).

Í 1. mgr. kemur fram aðalregla laganna um hlutafélög að því er snertir samlagshlutafélög, þ.e. ákvæði laganna taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í lögunum. Frávikin koma síðan fram í b-lið greinarinnar, þ.e. fyrirhugaðri 160. gr. laganna.

Í 2. mgr. eru samlagshlutafélög skilgreind. Þar segir nánar tiltekið:

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar.

Samkvæmt framangreindri skilgreiningu er samlagshlutafélag eins konar sambland af sameignarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð og hlutafélagi með takmarkaðri ábyrgð.

Í frumvarpi til laga sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi 1994 og varð að lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, var greint frá samlagsfélögum og samlagshlutafélögum með eftirfarandi hætti:

„Samlagsfélag er félag þar sem sumir félagsmenn bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir einungis með því fé sem þeir láta af hendi rakna til félagsins samkvæmt félagssamningi. Þeir sem bera aðeins takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins taka venjulega engan þátt í stjórn þess nema svo sé sérstaklega fyrir mælt í félagssamningi.

Samlagshlutafélag er ein tegund samlagsfélaga þar sem framlög þeirra félagsmanna, sem bera takmarkaða ábyrgð, felst í hlutafjárframlögum þeirra og mynda þau hlutafé í félaginu. Er þá unnt að búa svo um hnútana í félagssamningi að samlagshlutafélag líkist hlutafélagi að öllu leyti nema því að einn eða fleiri bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á félagsskuldbindingum. Við þessar aðstæður þykir eðlilegt að gætt sé vissra meginreglna í fyrirhuguðum lögum um einkahlutafélög sem einkum koma fram í III.–VII. og XIII. kafla en að teknu tilliti til þeirra sérreglna sem gilda um samlagsfélagið.“

Í athugasemdum við 12. gr. laga nr. 39/2003, um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, var skýrt hvers vegna réttara væri að miða við ákvæði laga um hlutafélög fremur en ákvæði laga um einkahlutafélög, sbr. eftirfarandi orðalag:

„Í greininni er kveðið á um að lög um hlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Samhliða yrði felld niður 134. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem segir að lögin um einkahlutafélög taki til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Þykir eðlilegra að ákvæði laganna um hlutafélög gildi um þessi félög eftir því sem við á. Samlagshlutafélög hafa ekki verið skráð á Íslandi en að undanförnu hafa komið upp hugmyndir um að stofna öflug samlagshlutafélög á sviði verðbréfastarfsemi. Er þá nauðsynlegt að lögin um hlutafélög gildi fremur en lögin um einkahlutafélög um samlagshlutafélögin þannig að unnt sé að skrá hluti félaganna opinberri skráningu. Breytingar á skattalöggjöf eru væntanlega skilyrði fyrir stofnun slíkra félaga. Verði af slíkum breytingu yrði hlutafélagalöggjöfin ekki stofnun félaganna þrándur í götu. Af ákvæðum greinarinnar leiðir m.a. að sama lágmarkshlutafé þyrfti til að stofna samlagshlutafélag og venjulegt hlutafélag.“

Í 3. mgr. er kveðið á um það með svipuðum hætti og í 7. mgr. 1. gr. laganna um hlutafélög að samlagshlutafélögum einum sé rétt og skylt að hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf.

Ákvæði 4. mgr. áskilja að í samþykktum samlagshlutafélaga skuli vera upplýsingar umfram þær sem almennt eru áskildar í tengslum við hlutafélög. Snerta upplýsingarnar grundvallaratriði um ábyrgðaraðila, hvort hann þurfi að leggja fram hlutafé, og ef svo er, hversu mikið, áhrif hans í málefnum félagsins og þátt hans í skiptingu hagnaðar og taps og loks hvort einhver félagsmanna njóti sérstakra réttinda eða skyldna í félaginu.

Samkvæmt 5. mgr. skal gætt ákvæða laganna um hlutafélög á grundvelli reglna Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. um stofnun og skráningu samlagshlutafélaga, svo og ákvæða annarra laga. Í því sambandi má nefna að á grundvelli 1. félagaréttartilskipunar EB, sem innleidd hefur verið í íslenskan hlutafélagarétt, eru viss ófrávíkjanleg ákvæði varðandi skráningu upplýsinga. Af ákvæðum annarra laga, sem gæta skal, má nefna lög um ársreikninga.

Samsvarandi ákvæði varðandi reglur um innbyrðis réttarsamband og í 6. mgr. eru í 159. gr. gildandi laga um hlutafélög.

Um b-lið (160. gr.).

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að þeim samlagsfélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, sé veitt meira frelsi en öðrum samlagshlutafélögum, þ.e. þau geti með ákvæðum í samþykktum vikið frá ákvæðum laganna um hlutafélög eftir því sem nánar er kveðið á um í greininni. Rökin að baki ákvæði þessu eru þau að í tilteknum félögum, sem stunda ekki eiginlegan atvinnurekstur heldur einungis fjárfestingar í fjármálagerningum, vilja stofnaðilar haga málum með þeim hætti að samið sé í upphafi um fyrirkomulag fjárfestinga til ákveðins tíma. Stjórn fjárfestinga er þá í höndum ábyrgðaraðila og hafa aðrir félagsmenn ekki bein áhrif á starfsemi félagsins nema ábyrgðaraðilinn fari út fyrir samning aðila. Til að gera slíkt

fyrirkomulag mögulegt er nauðsynlegt að heimila tiltekin frávik frá ákvæðum hlutafélagalaga.

Í 2. mgr. kemur fram að ekki sé skylt í samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, að kjósa stjórn heldur geti ábyrgðaraðili, einn eða fleiri sameiginlega, gegnt hlutverki stjórnar. Þá er heldur ekki skylt eins og almennt er í lögum um hlutafélög að framkvæmdastjóri skuli vera í félögunum heldur getur ábyrgðaraðili gegnt störfum framkvæmdastjóra eða falið öðrum það. Þá er gert ráð fyrir að ábyrgðaraðilinn geti ritað firma félagsins. Sé ábyrgðaraðilinn lögaðili skal tiltekinn einstaklingur koma fram fyrir hönd hans eins og almennt er litið á. Ábyrgðaraðili skal ávallt eiga sæti í stjórn sé hún kosin. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga sér samsvörun í norskum lögum.

Samkvæmt 3. mgr. má framselja vald hluthafafundar í samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, til ábyrgðaraðila. Breytingar á félagssamþykktum skal bera undir hluthafafund. Í samþykktunum má kveða sérstaklega á um form atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, t.d. um meirihlutaatkvæðagreiðslu, og hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslur og atkvæðahlutföll, m.a. áskilnað um einróma samþykki. Í norskum lögum eru einnig ákvæði um að ábyrgðaraðili geti haft neitunarvald. Þá er gert ráð fyrir að unnt sé að halda hluthafafundi ef talið er að samþykktir séu brotnar. Eðlilegt þykir að aðalfundur sé haldinn í þessum félögum og m.a. samþykktur þar ársreikningur.

Í 4. mgr. segir að í samþykktum samlagshlutafélaga, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, megi einnig kveða sérstaklega á um framsal og veðsetningu hluta, innlausnarskyldu og arðgreiðslur, m.a. tíðni arðgreiðslna, svo og slit félaganna, t.d. um ákveðinn líftíma þeirra. Er hugsanlegt að vilji standi til þess að inna arðgreiðslur af hendi oftar en almennt gerist. Þá er það einnig vel hugsanlegt að þessi félög séu stofnuð til ákveðins tíma.

Um c-lið (161. gr.).

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir möguleika á að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag. Þarf að samþykkja slíka breytingu með sama fjölda atkvæða og krafist er til breytinga á félagssamþykktum. Í málsgreininni segir jafnframt að samlagshlutafélag taki við öllum eignum og skuldum hlutafélagsins við breytinguna en samþykki lánardrottna þurfi ekki að koma til og er hér byggt á dönskum lögum.

Ákvæði 2. mgr. gera ráð fyrir sendingu tilkynningar um ákvörðun varðandi breytingu skv. 1. mgr. til skráðra hluthafa, svo og ábyrgðaraðila.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvenær breyting hlutafélags í samlagshlutafélag teljist hafa átt sér stað.

Ákvæði 1.–3. mgr. byggjast á 132. gr. laganna um hlutafélög en einnig dönskum lögum nema 2. málsl. 1. mgr. eins og áður segir. Síðan koma til viðbótar ákvæði 4. og 5. mgr. sem byggð eru á 4. og 5. mgr. 132. gr. laganna um hlutafélög.

Í 4. mgr. er kveðið á um að hlutabréf, sem hlutafélag hefur gefið út, skuli ógilt eftir að breytingin úr hlutafélagi í samlagshlutafélag hefur átt sér stað.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að réttbærir aðilar skuli innan tiltekins tíma tilkynna sig til skráningar á hlutaskrá í samlagshlutafélaginu.

Um d-lið (162. gr.).

Í greininni er gert ráð fyrir að hluthafafundur í samlagshlutafélagi geti, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum og samþykki ábyrgðaraðila, samþykkt að breyta samlagshlutafélagi í hlutafélag. Nánar tiltekin ákvæði laganna gilda í þeim tilvikum eftir því sem við á. Við breytinguna tekur hlutafélagið við öllum eignum og skuld-

um samlagshlutafélagsins án þess að samþykki lánardrottna þurfi að koma til. Í 3. mgr. er kveðið á um að ábyrgðaraðilar beri áfram ábyrgð á skuldbindingum frá því fyrir breytinguna í félaginu þannig að ótakmarkaða ábyrgðin á þeim skuldbindingum verði ekki takmörkuð við breytinguna.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru byggð á 1. og 2. mgr. 107. gr. laga um einkahlutafélög, svo og dönskum lögum hér að lútandi.

Auk þess eru í greininni 4. og 5. mgr. sem byggjast 3. og 4. mgr. 107. gr. laga um einkahlutafélög.

Í 4. mgr. kemur fram að gefa skuli út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Hér kann að verða að taka tillit til sérákvæða í lögum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að réttbærir aðilar skuli hafa beðið um að fá bréf sín í hlutafélaginu afhent innan ákveðins tíma.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlast þegar gildi enda er gert ráð fyrir að aðilar kunni að notfæra sér kosti nýju lagaákvæðanna við fyrsta hentugt tækifæri.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

Markmiðið með frumvarpinu er að skýra reglur laga um hlutfélög er lúta að samlagshlutafélögum og veita samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, frelsi til að víkja frá tilteknum ákvæðum laganna. Einnig eru gerðar almennar breytingar á ákvæðum um arðgreiðslur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1002. Tillaga til þingsályktunar [685. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Eins og segir í inngangi athugasemdanna kallar ákvörðun þessi á lagabreytingar hér á landi. Núgildandi lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, veita ekki fullnægjandi lagaheimild til þess að setja í reglugerðir svo víðtækar og almennar reglur um aðferðafræði fyrir framleiðslu, markaðssetningu og áreiðanleika mælitækja, sem og prófanir, vottanir og eftirlit með mælitækjum, sem um er að ræða í þessari tilskipun.

Tilskipunin tekur til tíu flokka mælitækja með tæknilegum viðauka fyrir hvern flokk. Það er á valdi einstakra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu að taka ákvarðanir og setja í lög eða reglugerðir fyrirmæli er setja reglur um notkun mælitækja vegna almannahagsmuna, lýðheilsu, almenns öryggis, almannareglu og réttaröryggis, verndunar umhverfis, verndar neytenda, álagningar skatta og gjalda og vegna réttra viðskipta þar sem rök eru talin til þess.

Nauðsynlegt er að í nýjum lögum um mælitæki sé að finna ótvíræðar lagaheimildir til þess að mæla fyrir og setja reglur þegar íslensk stjórnvöld telja ástæðu vera til þess. Þegar örugg

lagaheimild verður fyrir hendi er lagt til að tilskipunin verði innleidd í reglugerð, eina eða fleiri, fyrir alla mælitækjaflokkana tíu. Viðeigandi stjórnvöld munu síðan taka afstöðu til þess fyrir hvaða notkun og vegna hvaða hagsmuna skuli lögleiða notkun mælitækja sem tilskipunin gildir fyrir og sem þá mundu falla undir nánar tilgreint eftirlit með markaðssetningu, notkun og ástandi þeirra.

Auk þess þarf af þessu tilefni að endurskoða innleiðingu á ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilegar reglur með notkun samræmdra staðla, sem og ákvörðun ráðsins nr. 93/465/EBE um aðferðareiningar til þess að meta samræmi við grunnkröfur tilskipana og um CE-merkið, enda liggja þessi regluskjöl til grundvallar mörgum öðrum tilskipunum sem innleiddar eru í íslenskan rétt.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 31/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki ([2]) skal felld inn í samninginn.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1.

3) Samkvæmt tilskipun 2004/22/EB falla úr gildi hinn 30. október 2006 tilskipanir ráðsins 71/318/EEC ([1]), 71/319/EEC ([2]), 71/348/EEC ([3]), 73/362/EEC ([4]), 75/410/EEC ([5]), 76/891/EEC ([6]), 77/95/EEC ([7]), 77/313/EEC ([8]), 78/1031/EEC ([9]) og 79/830/EEC ([10]), en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

IX. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 27a (tilskipun ráðsins 93/42/EBE):

„27b. **32004 L 0022:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki (Stjtíð. ESB L 135, 30.4.2004, bls. 1).“

2. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 71/318/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 71/319/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 71/348/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 73/362/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 75/410/EBE), 19. liðar (tilskipun ráðsins 76/891/EBE), 20. liðar (tilskipun ráðsins 77/95/EBE), 21. liðar (tilskipun ráðsins 77/313/EBE), 22. liðar (tilskipun ráðsins 78/1031/EBE) og 23. liðar (tilskipun ráðsins 79/830/EBE) falli brott hinn 30. október 2006.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/22/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

([1]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 32.
([3]) Stjtíð. EB L 239, 25.10.1971, bls. 9.
([4]) Stjtíð. EB L 335, 5.12.1973, bls. 56.
([5]) Stjtíð. EB L 183, 14.7.1975, bls. 25.
([6]) Stjtíð. EB L 336, 4.12.1976, bls. 30.
([7]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 59.
([8]) Stjtíð. EB L 105, 28.4.1977, bls. 18.
([9]) Stjtíð. EB L 364, 27.12.1978, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 259, 15.10.1979, bls. 1.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

R. Wright

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/22/EB

frá 31. mars 2004

um mælitæki

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sértilskipanir gilda um sum mælitæki sem samþykktar voru á grundvelli tilskipunar ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ([4]). Sértilskipanir sem eru tæknilega úreltar skulu felldar úr gildi og í þeirra stað koma sjálfstæð tilskipun sem endurspeglar anda ályktunar ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla ([5]).

2) Rétt og rekjanleg mælitæki er hægt að nota til ýmissa mælingaverkefna. Ef þau varða almannaheill, lýðheilsu, öryggi og reglu, umhverfis- og neytendavernd, skatt- og gjaldheimtu og góða viðskiptahætti og hafa bein eða óbein áhrif á daglegt líf borgara á marga vegu, getur verið nauðsynlegt að nota mælitæki sem lúta lögbundnu eftirliti.

([1]) Stjtíð. EB C 62 E, 27.2.2001, bls. 1 og Stjtíð. EB C 126 E, 28.5.2002, bls. 368.
([2]) Stjtíð. EB C 139, 11.5.2001, bls. 4.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 3. júlí 2001 (Stjtíð. EB C 65 E, 14.3.2002, bls. 34). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. júlí 2003 (Stjtíð. ESB C 252 E, 21.10.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 17. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2004.
([4]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) No 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).
([5]) Stjtíð. EB C 136, 4.6.1985, bls. 1.

3) Lögmælistjórnun skal þó ekki hafa í för með sér hindranir á frjálsum flutningi mælitækja. Ákvæðin sem um ræðir skulu vera eins í öllum aðildarríkjum og sönnun fyrir samræmi viðurkennd alls staðar í Bandalaginu.

4) Lögmælistjórnun krefst samræmis við tilgreindar kröfur um hæfni. Kröfurnar um hæfni sem mælitækin verða að uppfylla skulu tryggja víðtæka vernd. Samræmismatið skal vera mjög áreiðanlegt.

5) Aðildarríki skulu að jafnaði mæla fyrir um lögmælistjórnun. Þar sem mælt er fyrir um lögmælistjórnun skal eingöngu nota mælitæki sem uppfylla sameiginlegar kröfur um hæfni.

6) Meginreglan um valfrelsi, sem tekin er upp með þessari tilskipun og heimilar aðildarríkjum að neyta réttar síns við ákvörðun um hvort setja eigi reglur um einhver þeirra tækja sem falla undir þessa tilskipun eða ekki, skal aðeins gilda að svo miklu leyti sem það veldur ekki ójafnri samkeppni.

7) Sú ábyrgð sem framleiðandi ber á því að kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar skal tilgreind sérstaklega.

8) Hæfni mælitækja er sérstaklega viðkvæm fyrir umhverfinu, einkum rafsegulumhverfinu. Ónæmi mælitækja fyrir rafsegultruflunum er óaðskiljanlegur hluti af þessari tilskipun og kröfurnar um ónæmi í tilskipun ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulsviðssamhæfi ([1]) skulu því ekki gilda.

9) Í löggjöf Bandalagsins skal fastsetja grunnkröfur sem hindra ekki tækniframfarir, helst kröfur um hæfni. Ákvæði sem miða að því að afnema tæknilegar viðskiptahindranir skulu fylgja ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla.

10) Til að taka tillit til mismunandi loftlagsskilyrða eða mismunandi neytendaverndar, sem kann að gilda á innlendum vettvangi, geta grunnkröfur orðið til þess að umhverfis- og nákvæmnisflokkar eru ákvarðaðir.

11) Æskilegt er að til séu samhæfðir staðlar til að auðveldara sé að færa sönnur á að grunnkröfur séu uppfylltar og til að gera það kleift að meta samræmi. Samhæfðir staðlar eru samdir af aðilum á sviði einkamálaréttar, eru ekki bindandi og skulu áfram halda þeirri stöðu. Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) eru viðurkennd sem þeir aðilar sem eru til þess bærir að samþykkja samhæfða staðla í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um samstarf framkvæmdastjórnarinnar og evrópsku aðilanna sem voru undirritaðar 13. nóvember 1984.

12) Tæknilegar forskriftir og forskriftir varðandi hæfni í alþjóðlega samþykktum normskjölum geta einnig að hluta eða í heild uppfyllt grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum getur notkun þessara alþjóðlega samþykktu normskjala verið annar valkostur við notkun samhæfðra staðla og, við ákveðnar aðstæður, orðið til þess að gert sé ráð fyrir að samræmis við þá sé gætt.

13) Einnig er unnt að kveða á um samræmi við grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun í forskriftum sem eru ekki fengnar úr Evrópustaðli eða alþjóðlega samþykktu normskjali. Notkun evrópskra tæknistaðla eða alþjóðlega samþykktra normskjala skal því vera valfrjáls.

14) Samræmismat á undireiningum skal vera samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar. Ef verslað er með undireiningar hverja fyrir sig og óháð tæki skal framkvæmd samræmismats fara fram óháð tækinu sem um ræðir.

15) Nýjasta tækniþekking í mælitækni er háð stöðugri þróun sem getur leitt til breytinga á þörfinni fyrir samræmismat. Því skal, fyrir hvern flokk mælinga og eftir því sem við á fyrir undireiningar, vera viðeigandi aðferð eða val á milli ólíkra aðferða þar sem gerðar eru jafnstrangar kröfur. Aðferðirnar sem eru samþykktar eru eins og krafist er í ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep aðferða við samræmismatið og reglur um áfestingu og notkun CE-merkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu ([2]). Verið getur að gera þurfi undanþágur fyrir þessar aðferðareiningar til að endurspegla sérstaka þætti lögmælistjórnunar. Setja skal ákvæði um að CE-merkið skuli fest á meðan á framleiðslu stendur.

([1]) Stjtíð. EB L 139, 23.5.1989, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 23.

16) Áframhaldandi þróun í mælitækni og þær áhyggjur sem hagsmunaaðilar hafa látið í ljós um vottun sýna fram á nauðsyn þess að tryggja samræmdar aðferðir við samræmismat fyrir iðnaðarvörur eins og krafist er í ályktun ráðsins sem samþykkt var 10. nóvember 2003 ([1]).

17) Í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar skulu aðildarríki ekki hindra að mælitæki sem bera CE-merkið og viðbótarmælifræðimerki séu sett á markað og/eða að þau séu tekin í notkun.

18) Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi aðgerða til að hindra að mælitæki sem uppfylla ekki kröfur séu sett á markað eða tekin í notkun. Nægileg samvinna á milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum er því nauðsynleg til að tryggja að þetta markmið nái til alls Bandalagsins.

19) Framleiðendum skal tilkynnt á hvaða grundvelli neikvæðar ákvarðanir varðandi vörur þeirra voru teknar og hvaða lagalegu úrræðum þeir eiga kost á.

20) Framleiðendum skal boðið að neyta réttinda, sem áunnust fyrir gildistöku þessarar tilskipunar, innan hæfilegs aðlögunartíma.

21) Innlendar forskriftir um viðeigandi innlendar kröfur skulu ekki hafa áhrif á ákvæði þessarar tilskipunar um að „taka í notkun".

22) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

23) Starfsemi nefndarinnar um mælitæki skal m.a felast í viðeigandi samráði við fulltrúa hagsmunaaðila.

24) Tilskipanir 71/318/EBE, 71/319/EBE, 71/348/EBE, 73/362/EBE, 75/33/EBE að því er varðar mælana sem skilgreindir eru í viðauka MI-001 við þessa tilskipun, 75/410/EBE, 76/891/EBE, 77/95/EBE, 77/313/EBE, 78/1031/EBE og 79/830/EBE ber því að fella þær úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um búnað og kerfi með mælihlutverk sem skilgreind eru í viðaukum um sérstök tæki um vatnsmæla (MI-001), gasmæla og búnað til að umreikna rúmmál (MI-002), raforkumæla fyrir raunorku (MI-003), varmaorkumæla (MI-004), mælikerfi fyrir samfellda og sívirka mælingu á magni vökva annarra en vatns (MI-005), sjálfvirkar vogir (MI-006), gjaldmæla leigubifreiða (MI-007), mæliáhöld (MI-008), víddamælitæki (MI-009) og greiningartæki fyrir útblástursloft (MI-010).

2. gr.

1. Aðildarríki mega mæla fyrir um notkun mælitækja sem um getur í 1 gr. í mælingaverkefni ef þau varða almannaheill, lýðheilsu, almannaöryggi, allsherjarreglu, umhverfisvernd, neytendavernd, skatt- og gjaldheimtu og góða viðskiptahætti og þau telja það réttlætanlegt.

2. Ef aðildarríki mæla ekki fyrir um slíka notkun skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ástæður þess.

3. gr.

Markmið

Í þessari tilskipun eru fastsettar kröfur sem búnaðurinn og kerfin, sem um getur í 1. gr., verða að uppfylla ef ætlunin er að setja þau á markað og/eða taka í notkun fyrir verkefnin sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Þessi tilskipun er sértilskipun að því er varðar kröfur um rafsegulónæmi í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/336/EBE. Tilskipun 89/336/EBE gildir áfram með tilliti til losunarkrafna.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „mælitæki": sérhver búnaður eða kerfi sem gegnir mælihlutverki sem fellur undir 1. og 3. gr.,

b) „undireining": vélbúnaður, sem er tilgreindur sem slíkur í sérviðaukunum sem virkar sjálfstætt og myndar mælitæki ásamt

— öðrum undireiningum sem hann er samhæfður, eða

— mælitæki sem hann er samhæfður,

c) „lögmælistjórnun": eftirlit með mælingaverkefn-

([1]) Stjtíð. EB C 282, 25.11.2003, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

um á notkunarsviði mælitækis af ástæðum er varða almannaheill, lýðheilsu, almannaöryggi, allsherjarreglu, umhverfisvernd, skatt- og gjaldheimtu, neytendavernd og góða viðskiptahætti,

d) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili ábyrgur fyrir því að mælitæki, sem hann ætlar að setja á markað undir eigin nafni og/eða taka í notkun í eigin tilgangi, samræmist þessari tilskipun,

e) „að setja á markað“: að gera fáanlegt í fyrsta skipti í Bandalaginu tæki sem ætlað er notendum, hvort sem er gegn gjaldi eða ókeypis,

f) „taka í notkun“: þegar tæki er notað í fyrsta sinn sem ætlað er notanda í þeim tilgangi sem því er ætlað,

g) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Bandalaginu sem hefur skriflega heimild frá framleiðanda til að vinna ákveðin verkefni fyrir hans hönd í skilningi þessarar tilskipunar,

h) „samhæfður staðall“: tækniforskrift sem er samþykkt af CEN, CENELEC eða ETSI eða sameiginlega af tveimur eða af öllum þessum stofnunum að beiðni framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglur um þjónustu í upplýsinga samfélaginu ([1]) og er unnin í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar sem framkvæmdastjórnin og evrópsku staðlastofnanirnar hafa samþykkt,

i) „normskjal“: skjal sem inniheldur tæknilegar forskriftir samþykktar af alþjóðlegu lögmælifræðistofnuninni (Organisation Internationale de Métrologie Légale, OIML) með fyrirvara um aðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 16. gr.

5. gr.

Gildissvið varðandi undireiningar

Ef sérviðaukar eru til staðar þar sem mælt er fyrir um grunnkröfur fyrir undireiningar skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda að breyttu breytanda um slíkar undireiningar.

Undireiningar og mælitæki má meta sjálfstætt og hvert fyrir sig til að koma á samræmi.

6. gr.

Grunnkröfur og samræmismat

1. Mælitæki skal uppfylla grunnkröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka og í viðkomandi viðauka um sérstakt tæki. Aðildarríkin geta krafist þess að upplýsingarnar, sem um getur í I. viðauka eða viðkomandi viðaukum um sérstök tæki, séu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem tækið er sett á markað sé þess þörf fyrir rétta notkun tækisins.

2. Það skal metið í samræmi við 9. gr. hvort mælitæki uppfyllir grunnkröfurnar.

7. gr.

Samræmismerki

1. Samræmi mælitækis við öll ákvæði þessarar tilskipunar skal sýnt með áfestu CE-merki og viðbótarmælifræðimerkjum eins og tilgreint er í 17. gr.

2. CE-merkið og viðbótarmælifræðimerki skulu fest á af framleiðanda eða á ábyrgð hans. Festa má þessi merki á tækið í framleiðsluferlinu ef ástæða þykir til.

3. Bannað er að festa á mælitæki merki sem gætu villt um fyrir þriðja aðila að því er varðar merkingu og/eða snið CE-merkisins og viðbótarmælifræðimerkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á mælitæki að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið og viðbótarmælifræðimerkið sjáist vel og séu vel læsileg.

4. Ef mælitækið fellur undir ráðstafanir sem samþykktar voru samkvæmt öðrum tilskipunum sem ná til annarra þátta þar sem kveðið er á um að festa skuli CE merki á það skal merkið gefa til kynna að sé gert ráð fyrir því að tækið sem um ræðir sé einnig í samræmi við ákvæði þeirra tilskipana. Í því tilviki skal tilvísun varðandi birtingu téðra tilskipana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum og fyrirmælum sem krafist er samkvæmt tilskipununum og fylgja mælitækinu.

8. gr.

Að setja á markað og taka í notkun

1. Aðildarríki skulu ekki hindra að mælitæki sem bera CE-merkið og viðbótarmælifræðimerki séu sett á markað og/eða tekin í notkun í samræmi við 7.gr. af ástæðum sem fjallað er um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að mælitæki séu aðeins sett á markað og/eða tekin í notkun ef þau uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

3. Aðildarríki getur krafist þess að mælitæki uppfylli ákvæði sem ráða hvort það er tekið í notkun ef veðurfarsskilyrði á staðnum rökstyðja það. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið velja viðeigandi efri og neðri hitamörk úr töflu 1 í I. viðauka og getur að auki tilgreint rakastig (þar sem þétting verður eða ekki) og hvort fyrirhugaður notkunarstaður er úti eða inni.

4. Þegar mismunandi nákvæmnisflokkar eru skilgreindir fyrir mælitæki:

a) kunna viðaukarnir fyrir sérstök tæki undir fyrirsögninni „taka í notkun“ að segja til um hvaða nákvæmnisflokk eða -flokka skal nota fyrir sérstaka notkun.

b) í öllum öðrum tilvikum er aðildarríki heimilt að ákvarða hvaða nákvæmnisflokka skal nota fyrir sérstaka notkun innan flokkanna sem skilgreindir eru með fyrirvara um að notkun allra nákvæmnisflokka sé leyfð á yfirráðasvæði þess.

Hvort sem tilvikið fellur undir a- eða b-lið er heimilt að nota mælitæki úr nákvæmnisflokki með meiri nákvæmni ef eigandi kýs svo.

5. Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir sýningu tækja, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv. svo fremi að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að tækin séu ekki í samræmi við ákvæðin og ekki fáanleg til að setja á markað og/eða til að taka þau í notkun fyrr en þau hafa verið færð til samræmis.

9. gr.

Samræmismat

Samræmismat á mælitæki með viðkomandi grunnkröfur skal framkvæmt með beitingu einnar af aðferðunum við samræmismat sem tilgreindar eru í viðaukanum um sérstakt tæki og framleiðandi velur. Framleiðandi skal láta í té, eftir því sem við á, tækniskjöl fyrir sérstök tæki eða flokka tækja eins og sett er fram í 10. gr.

Aðferðaeiningunum við samræmismat sem mynda aðferðirnar er lýst í viðaukum A til H1.

Skýrslur og bréfaskipti sem varða samræmismat skulu unnin á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn sem framkvæmir samræmismatið hefur staðfestu eða á tungumáli sem sá aðili samþykkir.

10. gr.

Tækniskjöl

1. Tækniskjölin skulu gera hönnun, framleiðslu, og starfrækslu mælitækisins skiljanlega og gera það kleift að meta samræmi þess við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

2. Tækniskjöl skulu vera nægilega ítarleg til að tryggja:

— skilgreiningu á mælifræðilegum eiginleikum,

— samkvæmni mælifræðilegrar hæfni framleiddra tækja þegar þau eru rétt stillt með viðeigandi aðferðum sem gert er ráð fyrir, og

— áreiðanleika tækisins.

3. Tækniskjöl skulu innihalda eftirfarandi eftir því sem við á um mat og auðkenningu á gerð og/eða tæki:

a) almenna lýsingu á tækinu,

b) frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undirsamstæðum, straumrásum o.s.frv.,

c) aðferðir við framleiðslu sem tryggja samræmi í framleiðslu,

d) ef við á, lýsingu á rafeindabúnaði með teikningum, skýringarmyndum, flæðiritum af röklegum og almennum hugbúnaðarupplýsingum sem útskýra eiginleika hans og starfrækslu,

e) lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja b-, c- og d-lið, þ.m.t. að átta sig á starfrækslu tækisins,

f) skrá yfir staðlana og/eða normskjölin sem um getur í 13. gr. og er beitt að öllu leyti eða að hluta,

g) lýsingar á lausnum sem beitt hefur verið til að uppfylla grunnkröfur þegar stöðlunum og/eða normskjölunum sem um getur í 13. gr. hefur ekki verið beitt,

h) niðurstöður hönnunarútreikninga, skoðana, o.s.frv.,

i) viðeigandi niðurstöður prófana ef þörf krefur til að sýna fram á gerð og/eða tækin uppfylli:

— kröfur tilskipunarinnar við þau málnotkunarskilyrði sem gefin eru upp og við tilgreindar umhverfistruflanir,

— endingarforskriftir fyrir gas-, vatns-, varmaorkumæla og einnig fyrir aðra vökva en vatn.

j) EB-gerðarprófunarvottorð eða EB-hönnunarprófunarvottorð að því er varðar tæki með íhluti sem eru samskonar og þeir í hönnuninni.

4. Framleiðandi skal tilgreina hvar innsigli og merki hafa verið notuð.

5. Framleiðandi skal gefa til kynna við hvaða skilyrði samhæfi við tengiviðmót og undireiningar fæst, þar sem við á.

11. gr.

Tilkynning

1. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þá aðila sem þau hafa tilnefnt í lögsögu sinni til að framkvæma þau verkefni sem lúta að aðferðaeiningunum við samræmismat, sem um getur í 9. gr., ásamt þeim kenninúmerum sem framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim, í samræmi við 4. lið í þessari grein, um þá gerð eða gerðir af mælitækjum sem hver aðili á að sinna og að auki, þar sem við á, um nákvæmnisflokka tækjanna, mælisvið, mælitækni og aðra eiginleika tækjanna sem takmarka gildissvið tilkynningarinnar.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 12. gr. við tilnefningu slíkra aðila. Gert skal ráð fyrir að þeir aðilar sem standast viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í innlendum stöðlum til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum stöðlum en tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, uppfylli samsvarandi viðmiðanir. Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í þessa landsstaðla.

Ef aðildarríki hefur ekki sett innlend lög um verkefni sem tilgreind eru í 2. gr. skal það halda réttinum til að tilnefna og tilkynna um aðila vegna verkefna sem tengjast því tæki.

3. Aðildarríki sem tilkynnt hefur um aðila skal:

— tryggja að aðilinn haldi áfram að standast viðmiðanirnar sem settar eru fram í 12. gr.,

— draga þessa tilkynningu til baka ef það kemst að raun um að aðilinn standist ekki lengur viðmiðanirnar.

Það skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað um slíka afturköllun.

4. Framkvæmdastjórnin skal úthluta kenninúmeri sérhverjum aðila sem skal tilkynna. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilkynnta aðila, í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, ásamt upplýsingum að því er varðar gildissvið tilkynningarinnar, sem um getur í 1. lið, og tryggja að skráin sé uppfærð.

12. gr.

Viðmið sem tilnefndir aðilar verða að uppfylla

Aðildarríki skulu beita eftirfarandi viðmiðunum við tilnefningu aðila í samræmi við 1. mgr. 11. gr.

1. Aðilinn, forstöðumaður og þeir starfsmenn, sem sjá um verkefni tengd samræmismati, skulu hvorki vera hönnuðir mælitækjanna, framleiðendur þeirra, birgjar, þeir sem annast uppsetningu eða notendur mælitækjanna sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þeirra. Að auki mega þeir hvorki taka beinan þátt í hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða viðhaldi tækjanna né vera fulltrúar aðila sem stunda þessa starfsemi. Viðmiðunin hér að framan útilokar þó ekki möguleikann á því að framleiðandinn og aðilinn skiptist á tæknilegum upplýsingum vegna samræmismats.

2. Aðilinn, forstöðumaður og starfsmenn sem fást við verkefni tengd samræmismati skulu vera óháðir öllum þrýstingi og hvatningu, einkum fjárhagslegri hvatningu, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismats þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður matsins.

3. Samræmismatið skal framkvæmt með faglegri ráðvendni og tilskilinni færni á hæsta stigi á sviði mælifræði. Ef aðilinn felur undirverktaka tiltekin verkefni skal hann fyrst tryggja að undirverktakinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, einkum þessarar greinar. Aðilinn skal varðveita viðkomandi skjöl þar sem metin er menntun og hæfi undirverktakans og það starf sem hann leysir af hendi samkvæmt þessari tilskipun og hafa þau tiltæk fyrir þau yfirvöld sem ber að tilkynna til.

4. Aðili skal vera fær um að inna af hendi öll verkefni við samræmismat, sem hann hefur verið tilnefndur til, hvort sem verkefnin eru innt af hendi af aðilanum sjálfum eða fyrir hans hönd og á ábyrgð hans. Hann verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsliði og hafa aðgang að nauðsynlegri aðstöðu til að framkvæma á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnunarlegu verkefni sem felast í samræmismati.

5. Starfslið aðilans skal hafa:

— trausta tækni- og starfsþjálfun sem nær til allra samræmismatsverkefna sem aðilinn hefur verið tilnefndur til að inna af hendi,

— næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um verkefnin sem hann innir af hendi og næga starfsreynslu við slík verkefni,

— tilskilda getu til þess að semja þau vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að verkefni hafi verið innt af hendi.

6. Hlutleysi aðilans, forstöðumanns og starfsliðs skal vera tryggt. Laun aðilans skulu ekki vera háð niðurstöðum verkefnanna sem hann innir af hendi. Laun forstöðumanns og starfsliðs aðilans skulu hvorki vera háð fjölda verkefna sem innt eru af hendi né niðurstöðum þessara verkefna.

7. Aðilinn skal hafa tryggingu fyrir einkaréttarábyrgð ef aðildarríkið sem um ræðir tekur ekki á sig einkaréttarábyrgð hans samkvæmt landslögum.

8. Forstöðumanni og starfsliði aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessari tilskipun sem trúnaðarmál nema gagnvart yfirvöldum í því aðildarríki sem tilnefndi hann.

13. gr.

Samhæfðir staðlar og normskjöl

1. Aðildarríkin skulu gera ráð fyrir að mælitæki uppfylli grunnkröfurnar, sem um getur í I. viðauka og viðkomandi viðaukum um sérstök tæki að því er varðar mælitæki sem samræmist þeim þáttum landsstaðla sem eru til framkvæmdar viðeigandi samhæfðum Evrópustaðli fyrir mælitækið, sem svara til þeirra þátta í þessum samhæfða Evrópustaðli sem vísað hefur verið til í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.*

Þegar mælitæki uppfyllir aðeins að hluta til þá þætti landsstaðla, sem um getur í fyrsta undirlið, skulu aðildarríkin gera ráð fyrir að grunnkröfur, sem svara til þáttanna í landsstöðlum sem tækið samræmist, séu uppfylltar. Aðildarríkin skulu birta þær tilvísanir í landsstaðla sem um getur í fyrsta undirlið.

2. Aðildarríkin skulu gera ráð fyrir að samræmi sé við grunnkröfurnar sem um getur í I. viðauka og í viðkomandi viðaukum um sérstök tæki að því er varðar mælitæki sem uppfyllir ákvæði samsvarandi hluta normskjalanna og skránna sem um getur í a-lið 1. mgr. 16. gr. og vísað hefur verið til í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.*

Þegar mælitæki uppfyllir aðeins að hluta til ákvæði í normskjalinu, sem um getur í fyrsta undirlið, skulu aðildarríkin gera ráð fyrir að grunnkröfur séu uppfylltar sem svara til þeirra normþátta sem tækið uppfyllir.

Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í normskjalið sem um getur í fyrsta undirlið.

3. Framleiðandi getur kosið að nota sérhverja tæknilega lausn sem uppfyllir grunnkröfurnar sem um getur í I. viðauka og í viðkomandi viðaukum um sérstök tæki (MI-001 til MI-010). Til að njóta ávinnings af því að gengið sé út frá samræmi verður framleiðandi að auki að beita á réttan hátt lausnum sem tilgreindar eru í viðkomandi samhæfðum evrópskum staðli eða í samsvarandi hlutum normskjala og skráa sem um getur í 1. og 2. lið.

4. Aðildarríkin skulu ganga út frá samræmi við viðkomandi prófanir, sem tilgreindar eru í i-lið 10 gr., ef samsvarandi prófunaráætlun hefur verið framkvæmd í samræmi við viðkomandi skjöl, sem tilgreind eru í 1. til 3. lið, og ef niðurstöður prófunarinnar tryggja samræmi við grunnkröfurnar.

14. gr.

Fastanefnd

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfður evrópskur staðall, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., uppfylli ekki að öllu leyti grunnkröfurnar, sem um getur í I. viðauka og í viðkomandi viðaukum um sérstök tæki, skal aðildarríkið eða framkvæmdastjórnin leggja málið fyrir fastanefndina, sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 98/34/EB, og skýra frá ástæðum þess að svo er gert. Nefndin skal skila áliti án tafar.

Í ljósi nefndarálitsins skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella tilvísun í landsstaðla af skrá í þeim ritum sem um getur í þriðja undirlið 1. liðar 13. gr.

15. gr.

Nefnd um mælitæki

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um mælitæki.

2. Þegar vísað er til þessa liðar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessa liðar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að viðkomandi upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir, eins og um

getur í 16. gr., séu aðgengilegar hagsmunaaðilum í tæka tíð.

16. gr.

Starfssvið nefndar um mælitæki

1. Að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði er framkvæmdastjórninni heimilt í samræmi við aðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr., að grípa til viðeigandi ráðstafana til að:

a) tilgreina normskjöl sem samin eru af alþjóðlegu lögmælifræðistofnuninni og sýna í lista samræmi við hvaða hluta þeirra gefur tilefni til þess að gera skuli ráð fyrir samræmi við samsvarandi grunnkröfur í þessari tilskipun,

b) birta tilvísanir í normskjölin og skrána sem um getur í a-lið í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins.*

2. Að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., að grípa til viðeigandi ráðstafana til að breyta viðaukum um sérstök tæki (MI-001 til MI-010) að því er varðar:

— mestu leyfðu skekkjur (MPE) og nákvæmnisflokka,

— málnotkunarskilyrði,

— umtalsverð breytingagildi,

— truflanir.

3. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að normskjal, sem tilvísun hefur birt fyrir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* í samræmi við b-lið 1. liðar, uppfylli ekki að öllu leyti grunnkröfurnar, sem um getur í I. viðauka og viðkomandi viðaukum um sérstök tæki, skal aðildarríkið eða framkvæmdastjórnin leggja málið fyrir nefndina um mælitæki og skýra frá ástæðum þess að svo er gert.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við aðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr., tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella tilvísun normskjalsins sem um ræðir af skrá í Stjórnartíðindunum.

4. Aðildarríkjum er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að hafa samráð við hagsmunaaðila innanlands um störf alþjóðlegu lögmælifræðistofnunarinnar sem varða gildissvið þessarar tilskipunar.

17. gr.

Merkingar

1. CE-merkið, sem um getur í 7. gr., samanstendur af tákninu „CE“ í samræmi við hönnunina sem mælt er fyrir um í d-lið B-hluta I. viðauka við ákvörðun 93/465/EBE. CE-merkið skal vera a.m.k. 5 mm á hæð.

2. Viðbótarmælifræðimerki samanstendur af hástafnum „M“ og tveimur síðustu tölustöfunum í árinu sem merkinu var komið fyrir, með rétthyrningi utan um. Hæð rétthyrningsins skal vera jöfn hæð CE-merkisins. Viðbótarmælifræðimerkinu skal komið fyrir strax á eftir CE-merkinu.

3. Ef mælt er fyrir um það í aðferð við samræmismat skal kenninúmeri hlutaðeigandi tilkynnts aðila, sem um getur í 11. gr., komið fyrir á eftir CE-merkinu og viðbótarmælifræðimerkinu.

4. Þegar mælitæki samanstendur af nokkrum tækjum sem eru ekki undireiningar og eru starfrækt saman skal festa merkin á aðalbúnað tækisins.

Þegar mælitæki er of lítið eða of viðkvæmt til að bera CE-merki og viðbótarmælifræðimerki skulu merkin vera á umbúðunum, ef einhverjar eru, og í meðfylgjandi skjölum sem krafist er í þessari tilskipun.

5. CE-merki og viðbótarmælifræðimerki skulu vera óafáanleg. Kenninúmer hlutaðeigandi tilkynnts aðila skal vera óafmáanlegt eða eyðileggjast þegar það er fjarlægt. Öll merki skulu sjást greinilega og auðvelt vera að komast að þeim.

18. gr.

Markaðseftirlit og samvinna á sviði stjórnsýslu

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að mælitæki sem falla undir lögmælistjórnun en uppfylla ekki viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar séu hvorki sett á markað né tekin í notkun.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu aðstoða hvert annað við efndir á skuldbindingum sem varða markaðseftirlit.

Lögbær yfirvöld skulu einkum skiptast á:

— upplýsingum varðandi það að hve miklu leyti tæki sem þau taka til skoðunar uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar og niðurstöður slíkra skoðana,

— EB-gerðarprófunarvottorðum og EB-hönnunarprófunarvottorðum og viðaukum þeirra sem gefin

eru út af tilkynntum aðilum sem og viðbótum, breytingum og afturköllunum sem tengjast vottorðum sem þegar hafa verið gefin út,

— samþykki fyrir gæðakerfum sem gefin eru út af tilkynntum aðilum sem og upplýsingum um gæðakerfi sem hefur verið hafnað eða afturkölluð,

— matsskýrslum tilkynnts aðila þegar önnur yfirvöld krefjast þeirra.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar sem tengjast vottorðum og samþykki fyrir gæðakerfum séu aðgengilegar fyrir aðila sem þau hafa tilkynnt.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um hvaða lögbæru yfirvöld það hefur tilnefnt til slíkra upplýsingaskipta.

19. gr.

Verndarákvæði

1. Ef aðildarríki kemst að raun um að mælitæki af tiltekinni gerð sem bera CE-merki, öll eða hluta þeirra, og viðbótarmælifræðimerki uppfylla ekki grunnkröfur um mælifræðilega hæfni, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun þegar þau er rétt sett upp og notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans, skal það grípa til viðeigandi ráðstafana til að taka þessi tæki af markaði, banna eða takmarka frekari markaðssetningu þeirra eða banna eða takmarka frekari notkun þeirra.

Við ákvörðun ofangreindra ráðstafana skal aðildarríkið taka tillit til þess hvort skorturinn á að kröfur séu uppfylltar er kerfisbundinn eða tilfallandi. Þegar aðildarríki hefur komist að raun um að skorturinn á að kröfur séu uppfylltar er kerfisbundinn skal það tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni til hvaða ráðstafana hefur verið gripið og gefa upp ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og unnt er.

a) Komist framkvæmdastjórnin að því að ráðstafanirnar sem aðildarríkið grípur til séu réttlætanlegar skal hún þegar í stað tilkynna aðildarríkinu um það sem og hinum aðildarríkjunum.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart hverjum þeim einstaklingi sem fest hefur merkið á og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

Ef rekja má skortinn á að kröfur séu uppfylltar til galla í stöðlunum eða normskjölunum skal framkvæmdastjórnin að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila leggja málið eins fljótt og kostur er fyrir viðeigandi nefnd sem um getur í 14. eða 15. gr.

b) Komist framkvæmdastjórnin að því að ráðstafanirnar sem aðildarríkið grípur til séu ekki réttlætanlegar skal hún þegar í stað tilkynna aðildarríkinu um það sem og viðkomandi framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framvindu og niðurstöðu málsmeðferðarinnar.

20. gr.

Óréttmætar merkingar

1. Ef aðildarríki kemst að því að CE-merki og viðbótarmælifræðimerki hafi ranglega verið fest á ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans skylda til að:

— sjá til að þess að tækið samræmist þeim ákvæðum sem varða CE-merki og viðbótarmælifræðimerki sem ekki er fjallað um í 1. mgr. 19. gr. og

— binda enda á brotið samkvæmt þeim skilyrðum sem aðildarríkið setur.

2. Ef brotið, sem lýst er hér að framan, heldur áfram skal aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi tækis eða tryggja að það sé tekið af markaðinum eða banna eða takmarka frekari notkun þess í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 19. gr.

21. gr.

Ákvarðanir sem hafa í för með sér synjun eða takmörkun

Nákvæmar forsendur skulu fylgja öllum ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari tilskipun og hafa þau áhrif að mælitæki sé tekið af markaði eða að banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun tækis. Tilkynna ber hlutaðeigandi aðila án tafar um slíka ákvörðun og honum um leið kynnt þau lagalegu úrræði sem honum eru tiltæki samkvæmt lögum í viðkomandi aðildarríki um þau tímamörk sem eru sett varðandi slík úrræði.

22. gr.

Niðurfelling

Eftirfarandi tilskipanir falla úr gildi frá 30. október 2006 með fyrirvara um 23. gr.:

— tilskipun ráðsins 71/318/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gasmæla ([1]),

— tilskipun 71/319/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn ([2]),

— tilskipun 71/348/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi viðbótarbúnað með rennslismælum fyrir vökva aðra en vatn ([3]),

— tilskipun 73/362/EBE frá 19. nóvember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi lengdarmælingar ([4]),

— tilskipun 75/33/EBE frá 17. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rennslismæla fyrir kalt vatn að því er varðar mælana sem skilgreindir eru í viðauka MI-001 við þessa tilskipun ([5]),

— tilskipun 75/410/EBE frá 24. júní 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi samfelldan samlagningarvogarbúnað ([6]),

— tilskipun 76/891/EBE frá 4. nóvember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til rafmagnsmæla ([7]),

— tilskipun 77/95/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gjaldmæla leigubifreiða ([8]),

— tilskipun 77/313/EBE frá 5. apríl 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn ([9]),

— tilskipun 78/1031/EBE frá 5. desember 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjálfvirkar gátvigtunar- og þyngdarflokkunarvélar ([10]),

— tilskipun 79/830/EBE frá 11. september 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi heitavatnsmæla ([11]),

23. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir 2 mgr. 8. gr. skulu aðildarríkin heimila að mælitæki, sem uppfylla reglur sem voru í gildi fyrir 30. október 2006, séu sett á markað og tekin í notkun að því er varðar mælingaverkefni sem þau hafa mælt fyrir um vegna notkunar mælitækis, sem lýtur lögbundnu eftirliti, markaðssetningu og notkun mælitækja, þangað til gerðarviðurkenning þessara mælitækja fellur úr gildi eða ef um er að ræða gerðarviðurkenningu með ótakmarkaðan gildistíma í 10 ár að hámarki frá 30. október 2006.

24. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. apríl 2006. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun. Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá og með 30. október 2006.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Breytingaskilmálar

Evrópuþingið og ráðið hvetja framkvæmdastjórnina til að gefa skýrslu fyrir 30. apríl 2011 um framkvæmd þessarar tilskipunar m.a. á grundvelli

([1]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 21. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/623/EBE (Stjtíð. EB L 252, 27.8.1982, bls. 5).
([2]) Stjtíð. EB L 202, 6.9.1971, bls. 32.
([3]) Stjtíð. EB L 239, 25.10.1971, bls. 9. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum 1994.
([4]) Stjtíð. EB L 335, 5.12.1973, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/146/EBE (Stjtíð. EB L 54, 23.2.1985, bls. 29).
([5]) Stjtíð. EB L 14, 20.1.1975, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 183, 14.7.1975, bls. 25.
([7]) Stjtíð. EB L 336, 4.12.1976, bls. 30.
([8]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 59.
([9]) Stjtíð. EB L 105, 28.4.1977, bls. 18. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/625/EBE (Stjtíð. EB L 252, 27.8.1982, bls. 10).
([10]) Stjtíð. EB L 364, 27.12.1978, bls. 1.
([11]) Stjtíð. EB L 259, 15.10.1979, bls. 1.

skýrslna sem aðildarríkin leggja fram, og eftir því sem við á, leggja fram tillögu að breytingum.

Evrópuþingið og ráðið hvetja framkvæmdastjórnina til að meta hvort aðferð við samræmismat fyrir iðnaðarvörur sé rétt beitt, og eftir því sem við á, leggja til breytingar til að tryggja samhæfða vottun.

26. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

27. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR

Mælitæki skal tryggja viðtæka mælifræðilega vernd til þess að aðili sem hlut á að máli geti treyst niðurstöðum mælinga og skal hönnun og framleiðsla vera á háu gæðastigi að því er varðar mælitækni og öryggi mæligagna.

Kröfurnar, sem mælitækin skulu uppfylla, eru settar fram hér á eftir og eru auknar, eftir því sem við á, með kröfum fyrir sérstök tæki í viðaukum MI-001 til MI-010 sem gefa nákvæmari upplýsingar um tiltekna þætti grunnkrafnanna.

Í þeim lausnum sem notaðar eru til að uppfylla kröfur skal taka tillit til fyrirhugaðrar notkunar tækisins og fyrirsjáanlegrar rangnotkunar á því.

SKILGREININGAR

Mælistærð

Mælistærð er tiltekin stærð sem mæld er.

Áhrifsstærð

Áhrifsstærð er stærð sem er ekki mælistærð en hefur áhrif á niðurstöðu mælingar.

Málnotkunarskilyrði

Málnotkunarskilyrði eru gildin fyrir mælistærðir og áhrifsstærðir sem mynda eðlileg vinnuskilyrði tækis.

Truflun

Áhrifsstærð sem hefur gildi innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðeigandi kröfu en utan málnotkunarskilyrða mælitækisins. Áhrifsstærð er truflun ef málnotkunarskilyrði eru ekki tilgreind fyrir þá áhrifsstærð.

Umtalsvert breytingargildi

Umtalsvert breytingargildi er gildið þar sem breytingin á mæliniðurstöðum er talin óæskileg.

Mæliáhald

Mæliáhald er búnaður sem ætlað er að endurskapa eða framkalla á varanlegan hátt eitt eða fleiri þekkt gildi gefinnar stærðar.

Bein sala

Viðskipti eru bein sala ef:

— mæliniðurstöður eru grundvöllur verðsins sem greitt er, og

— a.m.k. einn aðili, sem hlut á að viðskiptum sem tengjast mælingu, er neytandi eða annar aðili sem þarfnast áþekkrar verndar, og

— allir aðilar að viðskiptunum fallast á mæliniðurstöður á þeirri stund og stað.

Umhverfishitastig

Umhverfishitastig eru þau skilyrði sem nota má mælitæki við. Til að fást við mismunandi loftslag í aðildarríkjunum hafa ýmis hitamörk verið skilgreind.

Veitustofnun

Veitustofnun er rafmagns-, gas- hita- eða vatnsveita.

KRÖFUR

1. **Leyfilegar skekkjur**, tækið er hannað fyrir rakastig þar sem þétting verður eða ekki, og einnig fyrirhugaða staðsetningu tækisins, þ.e. úti eða inni.

Tafla 1

	Hitamörk			
Efri hitamörk	30 °C	40 °C	55 °C	70 °C
Neðri hitamörk	5 °C	– 10 °C	– 25 °C	– 40 °C

1.3.2. a) Aflfræðileg umhverfi eru flokkuð í flokka frá M1 til M3 eins og lýst er hér á eftir.

M1 Þessi flokkur á við um tæki sem eru notuð á stöðum þar sem er lítils háttar titringur og högg, t.d. að því er varðar tæki sem eru fest á létt stuðningsvirki sem verða fyrir óverulegum titringi og höggum sem koma frá staðbundnum sprengingum eða þegar burðarstólpar eru reknir niður, þegar dyrum er skellt, o.s.frv.

M2 Þessi flokkur á við um tæki sem eru notuð á stöðum þar sem er töluverður eða mikill titringur og högg, t.d. frá vélum og ökutækjum sem fara hjá í grenndinni eða eru við hliðina á stórum vélum, færiböndum, o.s.frv.

M3 Þessi flokkur á við um tæki sem eru notuð á stöðum þar sem er mikill eða mjög mikill titringur og högg, t.d. tæki sem er komið fyrir beint á vélum, færiböndum, o.s.frv.

b) Tekið skal tillit til eftirfarandi áhrifsstærða í tengslum við aflfræðilegt umhverfi:

— titrings,

— kraftræns höggs.

1.3.3. a) Rafsegulumhverfi eru flokkuð í flokka E1, E2 eða E3, eins og lýst er hér á eftir, nema annað sé tekið fram í viðeigandi viðaukum um sérstök tæki.

E1 Þessi flokkur á við um tæki sem eru notuð á stöðum þar sem eru rafsegulssviðstruflanir sem eru hliðstæðar því sem líklegt er að sé á heimilum, í viðskipta- og smáiðnaðarhúsnæði.

E2 Þessi flokkur á við um tæki sem eru notuð á stöðum þar sem eru rafsegulssviðstruflanir sem eru hliðstæðar því sem líklegt er að sé í öðru iðnaðarhúsnæði.

E3 Þessi flokkur á við um tæki sem tengd eru við rafgeymi ökutækis. Þessi tæki skulu uppfylla kröfurnar í E2 og eftirfarandi viðbótarkröfur:

— spennuminnkun af völdum orkugjafar til straumrása í ræsihreyflum í brunahreyflum,

— straumsveip vegna álags sem fellur út sem á sér stað ef afhlaðinn rafgeymir er aftengdur meðan hreyfill er í gangi.

b) Tekið skal tillit til eftirfarandi áhrifsstærða í tengslum við rafsegulumhverfi:

— spennurofs,

— skammvinnrar lækkunar á spennu,

— skammvinnra spennutruflana á hleðsluleiðslum eða merkjaleiðslum,

— rafstöðuafhleðslna,

— rafsegulsviða á útvarpstíðni,

— leiddra rafsegulsviða á útvarpstíðni á hleðsluleiðslum eða merkjaleiðslum,

— straumhnykkja á hleðsluleiðslum og/eða merkjaleiðslum.

1.3.4. Aðrar áhrifsstærðir sem taka skal tillit til eftir því sem við á eru:

— breytileg spenna,

— breytileg tíðni hjá rafveitum,

— rafsegulsvið á raforkutíðni,

— aðrar stærðir sem líklegt er að hafi töluverð áhrif á nákvæmni tækisins.

1.4. Þegar prófanirnar, sem gert er ráð fyrir í þessari tilskipun, eru framkvæmdar gilda eftirfarandi liðir:

1.4.1. *Grunvallarreglur um prófun og ákvörðun skekkna*

Grunnkröfur, sem tilgreindar eru í lið 1.1 og 1.2, skulu sannprófaðar fyrir sérhverja viðkomandi áhrifsstærð. Þessar grunnkröfur gilda, nema annað sé tekið fram í viðeigandi viðauka um sérstakt tæki, þegar sérhverri áhrifsstærð er beitt og áhrif hennar metin aðskilið og öllum öðrum áhrifsstærðum haldið tiltölulega stöðugum við viðmiðunargildi.

Mælifræðilegar prófanir skulu framkvæmdar á meðan eða eftir að áhrifsstærð er beitt, allt eftir því hvorar aðstæðurnar samsvara eðlilegu starfræksluástandi tækisins þegar vænta má að sú áhrifsstærð komi fyrir.

1.4.2. *Umhverfisraki*

— Prófun með raka við stöðugan hita (þar sem þétting verður ekki) eða prófun með raka við breytilega hita (þar sem þétting verður) kann að vera viðeigandi eftir því loftslagsstarfræksluumhverfi sem tækið er ætlað til notkunar í.

— Prófunin með raka við breytilegan hita er viðeigandi þegar rakaþétting er mikilvæg eða þegar smygni gufu verður hraðari vegna áhrifa frá öndun. Við aðstæður þar sem raki sem þéttist ekki er þáttur er prófun með raka við stöðugan hita viðeigandi.

2. **Samkvæmni**

Beiting sömu mælistærðar á öðrum stað eða af öðrum notanda skal leiða til þess að mikið samræmi sé í niðurstöðum úr röð mælinga ef aðrar aðstæður eru að öllu leyti þær sömu. Mismunur á mæliniðurstöðum skal vera lítill í samanburði við mestu leyfðu skekkju.

3. **Endurtekningarnákvæmni**

Beiting sömu mælistærðar við sömu mælingarskilyrði skal leiða til þess að mikið samræmi sé á milli niðurstaðna úr röð mælinga. Mismunur á mæliniðurstöðum skal vera lítill í samanburði við mestu leyfðu skekkju.

4. **Aðgreining og næmi**

Mælitæki skal vera nógu næmt og aðgreiningarmörkin nægilega lág fyrir fyrirhugað mælingarverkefni.

5. **Ending**

Mælitæki skal hannað með þeim hætti að það viðhaldi mælifræðilegum eiginleikum nægilega stöðugum á tímabili sem framleiðandi metur að því tilskildu að það sé rétt sett upp, vel viðhaldið og notað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda þegar það er við þær umhverfisaðstæður sem því eru ætlaðar.

6. **Áreiðanleiki**

Mælitæki skal hannað með þeim hætti að dregið sé eins og unnt er úr áhrifum galla sem gæti leitt til ónákvæmni í mæliniðurstöðum nema að slíkur galli sé augljós.

7. **Hæfi**

7.1. Mælitæki skal ekki hafa neina eiginleika sem eru líklegir til að auðvelda sviksamlega notkun og skal möguleikinn á rangri notkun fyrir slysni vera sem minnstur.

7.2. Mælitæki skal henta fyrirhugaðri notkun að teknu tilliti til raunverulegra vinnuskilyrða og skal ekki gera óhóflegar kröfur til notandans til að fá rétta mæliniðurstöðu.

7.3. Skekkjur veitumælitækis sem mælir rennsli eða straum utan ætlaðs notkunarsviðs skulu ekki vera óhóflega einhliða.

7.4. Ef mælitæki er hannað til að mæla gildi mælistærðar sem eru stöðug á tímabilinu skal mælitækið vera ónæmt fyrir litlu fráviki í mælistærðinni eða gera viðeigandi ráðstafanir.

7.5. Mælitæki skal vera harðgert og smíðaefnin skulu hæfa þeim aðstæðum sem fyrirhugað er að nota það við.

7.6. Mælitæki skal vera hannað þannig að hægt sé að stjórna mælingaverkefnum eftir að tækið hefur verið sett á markað og tekið í notkun. Ef nauðsyn krefur skal sérstakur búnaður eða hugbúnaður til þessarar stjórnunar vera hluti af tækinu. Lýsa skal prófunaraðferðinni í handbókinni.

Ef hugbúnaður, sem hefur annað hlutverk en mælihlutverk, fylgir mælitæki skal vera unnt að auðkenna þann hugbúnað, sem er mikilvægur að því er varðar mælifræðilega eiginleika, og hann skal ekki verða fyrir neinum áhrifum á ótækan hátt frá tengda hugbúnaðinum.

8. **Vernd gegn bjögun**

8.1. Mælifræðilegir eiginleikar mælitækis skulu ekki verða fyrir neinum áhrifum á ótækan hátt vegna tengingar þess við annan búnað, eða neinum þætti tengda tækisins sjálfs eða frá fjarbúnaði sem er í sambandi við mælitækið.

8.2. Vélbúnaður, sem er mikilvægur fyrir mælifræðilega eiginleika, skal hannaður þannig að hægt sé að læsa honum. Fyrirhugaðar ráðstafanir til læsingar skulu vera þannig að hægt sé að færa sönnur á að íhlutun hafi átt sér stað.

8.3. Hugbúnaður sem er mikilvægur fyrir mælifræðilega eiginleika skal auðkenndur sem slíkur og vera læstur.

Auðvelt skal vera að nálgast auðkenningu hugbúnaðar í mælitækinu.

Sönnunargögn um afskipti skulu vera fáanleg í hæfilegan tíma.

8.4. Mæligögn, hugbúnaður sem er mikilvægur að því er varðar mælifræðilega eiginleika og kennistærðir, sem eru geymdar eða sendar, skal vernda nægilega vel gegn því að vera eyðilögð fyrir slysni eða af ásettu ráði.

8.5. Á mælitækjum sem mæla veituþjónustu skal ekki vera hægt að endurstilla skjámynd, sem sýnir heildarmagn sem veitt hefur verið, eða skjái, sem hægt er að lesa af heildarmagnið sem veitt hefur verið, og vísað er í að hluta eða í heild til grundvallar greiðslu, á meðan þau eru í notkun.

9. **Upplýsingar sem vera skulu á tækinu eða fylgja því**

9.1. Mælitæki skal bera eftirfarandi áletranir:

— vörumerki eða heiti framleiðanda,

— upplýsingar er varða nákvæmni þess,

og, þegar við á:

— upplýsingar er varða notkunarskilyrði,

— mæligetu,

— mælisvið,

— auðkennimerki,

— númer EB-gerðarprófunarvottorðs eða EB-hönnunarprófunarvottorðs,

— upplýsingar um það hvort viðbótarbúnaður, sem skilar mælifræðilegum niðurstöðum, uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar um lögmælistjórnun.

9.2. Ef tæki er of lítið að stærð eða of viðkvæmt að gerð til að hægt sé að setja á það viðkomandi upplýsingar skulu umbúðir þess, ef einhverjar eru, og fylgiskjöl sem krafist er í ákvæðum þessarar tilskipunar vera merkt á viðeigandi hátt.

9.3. Tækinu skulu fylgja upplýsingar um starfrækslu þess nema að mælitækið sé svo einfalt að þess þurfi ekki. Upplýsingar skulu vera auðskildar og innihalda, þar sem við á:

— málnotkunarskilyrði,

— flokkun á rafsegulumhverfi og aflfræðilegu umhverfi,

— efri og neðri hitamörk, hvort rakaþétting er möguleg eða ekki, staðsetning úti eða inni,

— leiðbeiningar um uppsetningu, viðhald, viðgerðir, leyfilegar stillingar,

— leiðbeiningar um rétta starfrækslu og sérstök notkunarskilyrði,

— skilyrði um samhæfi vegna tengiviðmóta, undireininga eða mælitækja.

9.4. Ekki er nauðsynlega krafist sérstakra notendahandbóka fyrir hópa sams konar mælitækja sem eru notuð á sama stað eða eru notuð til að mæla veituþjónustu.

9.5. Kvarðadeiling mælds gildis skal vera á forminu 1×10^n, 2×10^n eða 5×10^n þar sem n er sérhver heil tala eða núll nema að annað sé tekið fram í viðauka um sérstakt tæki. Mælieiningin eða tákn hennar skal birtast nálægt tölugildinu.

9.6. Mæliáhald skal merkt með nafngildi eða kvarða ásamt þeirri mælieiningu sem notuð er.

9.7. Mælieiningarnar sem notaðar eru og tákn þeirra skulu vera í samræmi við ákvæði í löggjöf Bandalagsins um mælieiningar og tákn þeirra.

9.8. Öll merki og áletranir sem krafist er samkvæmt hvaða kröfu sem er skulu vera skýrar, óafmáanlegar, ótvíræðar og ekki unnt að flytja þær annað.

10. **Framsetning niðurstaðna**

10.1. Niðurstöður skulu settar fram á skjámynd eða á pappír.

10.2. Framsetning niðurstaðna skal vera skýr og ótvíræð og skulu fylgja merki og áletranir sem nauðsynlegar eru til að upplýsa notanda um hvað niðurstaðan þýðir. Við eðlilegar notkunaraðstæður skal vera auðvelt að lesa niðurstöðurnar. Sýna má viðbótarupplýsingar svo fremi að ekki sé hægt að rugla þeim saman við upplýsingar sem settar eru fram og lúta mælifræðilegu eftirliti.

10.3. Ef um er að ræða pappírseintak skal prentunin eða færslan einnig vera auðlesin og óafmáanleg.

10.4. Mælitæki fyrir viðskipti sem teljast bein sala skal hannað þannig að það sýni báðum aðilum að viðskiptunum mæliniðurstöðuna þegar það er sett upp eins og til er ætlast. Þegar það hefur úrslitaáhrif á bein viðskipti skal miði sem neytandi fær úr fylgibúnaði, sem ekki uppfyllir viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar, bera viðeigandi takmarkandi upplýsingar.

10.5. Hvort sem hægt er að fjaraflesa af mælitæki sem ætlað er til mælinga á veituþjónustu eða ekki skal það útbúið með mælifræðilega stýrðum skjá sem er aðgengilegur neytandanum án þess að verkfærum sé beitt. Aflestur af þessum skjá sýnir mæliniðurstöðuna sem er grundvöllur verðsins sem greiða skal.

11. **Frekari vinnsla gagna til að ljúka viðskiptunum**

11.1. Mælitæki, sem er ætlað til annars en að mæla veituþjónustu, skal skrá á varanlegan hátt mæliniðurstöðuna ásamt upplýsingum sem auðkenna viðskiptin þegar:

— ekki er hægt að endurtaka mælinguna og,

— mælitækið er venjulega ætlað til notkunar í fjarveru annars viðskiptaaðilans.

11.2. Að auki skal varanleg sönnun fyrir mæliniðurstöðunni og upplýsingar sem auðkenna viðskiptin vera fáanlegar þegar mælingunni er lokið, sé óskað eftir því.

12. **Samræmismat**

Mælitæki skal hannað þannig að auðvelt sé að meta samræmi þess við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

VIÐAUKI A

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á innra framleiðslueftirliti“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu tækisins.

3. Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa þau tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.

Framleiðsla

4. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiddra tækja við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Skrifleg yfirlýsing um samræmi

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og viðbótarmælifræðimerki á sérhvert mælitæki sem uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

5.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í tíu ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða tæki hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Viðurkenndur fulltrúi

6. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3 og 5.2, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Ef framleiðandi hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins og hefur ekki viðurkenndan fulltrúa hvíla þær skyldur, sem tilgreindar eru í lið 3 og 5.2, á þeim aðila sem setur tækið á markað.

VIÐAUKI A1

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI AUK FRAMLEIÐSLUPRÓFUNAR TILKYNNTS AÐILA

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á innra framleiðsluefirliti auk framleiðsluprófunar tilkynnts aðila“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu.

3. Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.

Framleiðsla

4. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiddra tækja við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Framleiðsluathuganir

5. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi velur, skal framkvæma framleiðsluathuganir eða láta framkvæma þær með hæfilegu millibili sem hann ákvarðar til að sannprófa gæði innri athugana á vörunni m.a. að teknu tilliti til þess hversu tæknilega flókin tækin eru og umfangs framleiðslunnar. Fullnægjandi úrtak af fullunninni vöru, sem tilkynnti aðilinn tekur áður en hún er sett á markað, skal skoðað og viðeigandi prófanir gerðar, eins og lýst er í viðeigandi skjali eða skjölum sem um getur í 13. gr. til að athuga samræmi tækjanna við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun. Ef viðkomandi skjöl eru ekki fyrir hendi skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

Í þeim tilvikum sem ákveðinn fjöldi tækja í úrtakinu uppfyllir ekki ásættanlegt gæðastig skal tilkynnti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir.

Skrifleg yfirlýsing um samræmi

6.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í 5. lið, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

6.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í tíu ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Viðurkenndur fulltrúi

7. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem er að finna í lið 3 og 6.2, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Ef framleiðandi hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins og hefur ekki viðurkenndan fulltrúa hvíla þær skyldur, sem tilgreindar eru í lið 3 og 6.2, á þeim aðila sem setur tækið á markað.

VIÐAUKI B

GERÐARPRÓFUN

1. „Gerðarprófun“ er sá hluti aðferðar við samræmismat þar sem tilkynntur aðili skoðar tæknihönnun mælitækis og tryggir að tæknihönnunin uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

2. Gerðarprófun má fara fram á annan hvorn eftirfarandi hátt. Tilkynnti aðilinn ákveður hvor hátturinn á við og þau sýnishorn sem krafist er:

a) skoðun sýnishorns, sem er dæmigert fyrir fyrirhugaða framleiðslu, af tilbúnu mælitæki,

b) skoðun sýnishorna, sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu, af einum eða fleiri mikilvægum hlutum mælitækisins, og einnig skal metið hvort tæknihönnun annarra hluta mælitækisins sé fullnægjandi með því að skoða tækniskjöl og önnur gögn sem um getur í 3. lið,

c) mat á því hvort tæknihönnun mælitækisins sé fullnægjandi með því að skoða tækniskjöl og önnur gögn, sem um getur í 3. lið, án þess að skoða sýnishorn.

3. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um gerðarprófun hjá tilkynntum aðila að hans vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— heiti og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig heiti hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,

— tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu tækisins,

— sýnishorn, sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu, samkvæmt því sem tilkynnti aðilinn gerir kröfu um,

— sönnunargögn fyrir því að tæknihönnun þeirra hluta mælitækisins sem engra sýnishorna er krafist fyrir sé fullnægjandi. Í þessum sönnunargögnum skal greint frá öllum viðeigandi skjölum sem hafa verið notuð, einkum hvar þau skjöl sem eiga við og um getur í 13. gr. hafa ekki verið notuð að fullu, og skulu innihalda, þar sem nauðsyn krefur, niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið af viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða af annarri prófunarrannsóknarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnti aðilinn skal:

að því er varðar sýnishornin:

4.1. skoða tækniskjölin, sannprófa að sýnishornin hafi verið framleidd í samræmi við þau og ganga úr skugga um hvaða hlutar hafa verið hannaðir í samræmi við viðkomandi ákvæði þeirra skjala sem við eiga, og um getur í 13. gr., svo og hvaða hlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðkomandi ákvæðum þessara skjala,

4.2. framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir eða láta framkvæma þær til að hafa eftirlit með hvort að þeim lausnum í viðeigandi skjölum, sem um getur í 13. gr., hafi verið beitt rétt ef framleiðandi hefur valið að beita þeim,

4.3. framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir eða láta framkvæma þær til að hafa eftirlit með hvort að þær lausnir, sem framleiðandi hefur beitt standist samsvarandi grunnkröfur í þessari tilskipun, ef hann hefur valið að beita ekki lausnunum í viðeigandi skjölum sem um getur í 13. gr.,

4.4. semja við umsækjandann um hvar skoðanir og prófanir skuli fara fram.

Að því er varðar aðra hluta mælitækisins:

4.5. skoða tækniskjölin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun annarra hluta mælitækisins sé fullnægjandi.

að því er varðar framleiðsluferlið:

4.6. skoða tækniskjölin til að tryggja að framleiðandi sé í stakk búinn til að tryggja samræmi í framleiðslu.

5.1. Tilkynnti aðilinn skal semja matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við 4. lið og niðurstöðu hennar. Tilkynnti aðilinn skal, með fyrirvara um 8. mgr. 12. gr., aðeins gefa út efni skýrslunnar, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðanda.

5.2. Ef tæknihönnunin uppfyllir þær kröfur þessarar tilskipunar sem eiga við um mælitækið skal tilkynnti aðilinn gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðanda. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, og viðurkennds fulltrúa hans, ef við á, niðurstöður skoðunarinnar, skilyrði fyrir því að það sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á tækið. Vottorðinu mega fylgja einn eða fleiri viðaukar.

Vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar viðkomandi upplýsingar fyrir samræmismat og eftirlit með mælitækjum í notkun. Til að gera það kleift að meta samræmi framleiddra tækja við gerðina sem er til skoðunar að því er varðar samkvæmni vegna mælifræðilegrar hæfni þeirra þegar þau eru rétt stillt með viðeigandi aðferðum, skulu þau einkum innihalda:

— mælifræðilega eiginleika þeirrar gerðar tækisins,

— ráðstafanir sem krafist er til að tryggja áreiðanleika tækjanna (innsigli, auðkenni hugbúnaðar, o.s.frv.),

— upplýsingar um aðra hluta sem nauðsynlegir eru til að bera kennsl á tækin og til að athuga sjónrænt ytra gerðarsamræmi þeirra,

— sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannprófa eiginleika framleiddra tækja, ef við á,

— allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja samhæfi við aðrar undireiningar eða mælitæki í því tilviki þegar um undireiningu er að ræða.

Vottorðið skal gilda í tíu ár frá útgáfudegi og endurnýja má það til tíu ára í einu.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal semja matsskýrslu með tilliti til þess og sjá til þess að hún sé aðgengileg aðildarríkinu sem tilnefndi hann.

6. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á tæki sem geta haft áhrif á samræmi tækisins við grunnkröfurnar eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar er krafist viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um:

— útgefin EB-gerðarprófunarvottorð og viðauka við þau,

— viðbætur og breytingar sem tengjast vottorðum sem þegar hafa verið gefin út.

Sérhver tilkynntur aðili skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun EB-gerðarprófunarvottorðs.

Tilkynntur aðili skal geyma tæknimöppuna, að meðtöldum skjölunum sem framleiðandinn lagði fram, þar til að gildistíma vottorðsins lýkur.

8. Framleiðandi skal geyma eintak af EB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbætum þess ásamt tækniskjölunum í 10 ár eftir að síðasta mælitækið hefur verið framleitt.

9. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má leggja fram umsóknina, sem um getur í 3. lið, og framkvæma skyldurnar sem um getur í 6. og 8. lið. Ef framleiðandi hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins og hefur ekki viðurkenndan fulltrúa hvílir sú skylda, að hafa tækniskjölin tiltæk sé óskað eftir því, á þeim aðila sem framleiðandi tilnefndi.

VIÐAUKI C

GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI

1. „Gerðarsamræmisyfirlýsing byggð á innra framleiðslueftirliti“ er hluti aðferðar við samræmismat þar sem fram-

leiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd tæki samræmist gerðinni sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

3.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og viðbótarmælifræðimerki á sérhvert mælitæki sem samræmist gerðinni sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

3.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Viðurkenndur fulltrúi

4. Viðurkenndur fulltrúi framleiðenda má uppfylla skyldur hans sem er að finna í lið 3.2, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Ef framleiðandi hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins og hefur ekki viðurkenndan fulltrúa hvílir sú skylda, sem tilgreind er í lið 3.2, á þeim aðila sem setur tækið á markað.

VIÐAUKI C1

GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI AUK FRAMLEIÐSLUPRÓFUNAR TILKYNNTS AÐILA

1. „Gerðarsamræmisyfirlýsing byggð á innra framleiðslueftirliti auk framleiðsluprófunar tilkynnts aðila“ er hluti aðferðar við um samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og tryggir að mælitækin sem um ræðir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd tæki samræmist gerðinni sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun.

Framleiðsluathuganir

3. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi velur, skal framkvæma framleiðsluathuganir eða láta framkvæma þær með hæfilegu millibili sem hann ákvarðar til að sannprófa gæði innri athugana á vörunni m.a. með hliðsjón af því hversu tæknilega flókin tækin eru og gæðum framleiðslunnar. Fullnægjandi úrtak, sem tilkynnti aðilinn tekur áður en hún er sett á markað, skal skoðað og viðeigandi prófanir gerðar, eins og segir í viðeigandi skjölum sem getur í 13. gr., til að athuga samræmi tækjanna við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og hvort þau uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun. Ef viðkomandi skjöl vantar, skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

Í þeim tilvikum sem ákveðinn fjöldi tækja úr úrtakinu uppfyllir ekki ásættanlegt gæðastig skal tilkynnti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

4.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans, sem um getur í 3. lið, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem samræmist gerðinni sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

4.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún

eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Viðurkenndur fulltrúi

5. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 4.2, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Ef framleiðandi hefur ekki staðfestu innan Bandalagsins og hefur ekki viðurkenndan fulltrúa hvíla þær skyldur, sem tilgreindar eru í lið 4.2, á þeim aðila sem setur tækið á markað.

VIÐAUKI D

GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á GÆÐATRYGGINGU FRAMLEIÐSLUFERLISINS

1. „Gerðarsamræmisyfirlýsing byggð á gæðatryggingu framleiðsluferlisins“ er hluti aðferðar við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 3. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem um er að ræða,

— skjöl er varða gæðakerfið,

— tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin samræmist þeirri gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og í þessari tilskipun.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

— aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

— þeim skoðunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort að það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir að samræmi sé við þessar kröfur að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi forskriftir í þeim landsstaðli sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli um leið og vísanir til hans hafa verið birtar.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á því sviði mælifræði og tækjatækni sem við á og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Tilkynna skal framleiðandanum ákvörðunina. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.,

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem samræmist gerðinni sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

6. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.1,

— breytinguna, sem um getur í lið 3.5, í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu, sem tilnefndi hann, um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Viðurkenndur fulltrúi

8. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3.1, 3.5, 5.2 og 6, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI D1

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á GÆÐATRYGGINGU FRAMLEIÐSLUFERLISINS

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á gæðatryggingu framleiðsluferlisins“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun og starfrækslu tækisins.

3. Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa þau tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.

Framleiðsla

4. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 5. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 6. lið.

Gæðakerfi

5.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem um er að ræða,

— skjöl er varða gæðakerfið,

— tækniskjölin sem um getur í 2. lið.

5.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin samræmist viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

— aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

— þeim skoðunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 5.2. Hann skal gera ráð fyrir að þessar kröfur séu uppfylltar, að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi forskriftir í landsstaðlinum sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli, um leið og vísanir til hans hafa verið birtar.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á viðkomandi sviði mælifræði og tækjatækni og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

5.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

5.5. Framleiðandi skal reglulega upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar, sem um getur í lið 5.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

6.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

6.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— tækniskjölin sem um getur í 2. lið,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna, o.s.frv.,

6.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

6.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

7.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 5.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

7.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

8. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 5.1,

— breytinguna sem um getur í lið 5.5 í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 5.5, 6.3 og 6.4.

9. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Viðurkenndur fulltrúi

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3, 5.1, 5.5, 7.2 og 8, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI E

GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á GÆÐATRYGGINGU LOKAVÖRUEFTIRLITS OG PRÓFUNAR

1. „Gerðarsamræmisyfirlýsing byggð á gæðatryggingu lokavörueftirlits og prófunar“ er hluti aðferðar við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 3. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem um er að ræða,

— skjöl er varða gæðakerfið,

— tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin samræmist þeirri gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

— þeim skoðunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir að þessar kröfur séu uppfylltar, að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi forskriftir í landsstaðlinum sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli um leið og vísanir til hans hafa verið birtar.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á viðkomandi sviði mælifræði og tækjatækni og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem samræmist gerðinni sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin. Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

6. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.1,

— breytinguna, sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.5, í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðasta undirlið liðar 3.5, í lið 4.3 og lið 4.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Viðurkenndur fulltrúi

8. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3.1, 3.5, 5.2 og 6, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI E1

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á GÆÐATRYGGINGU LOKAVÖRUEFTIRLITS OG PRÓFUNAR

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á gæðatryggingu lokavörueftirlits og prófunar“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu tækisins.

3. Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa þau tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.

Framleiðsla

4. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 5. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 6. lið.

Gæðakerfi

5.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem um er að ræða,

— skjöl er varða gæðakerfið,

— tækniskjölin sem um getur í 2. lið.

5.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin standist viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

— þeim skoðunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að gæðakerfið sé skilvirkt.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort að það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 5.2. *Hann skal gera ráð fyrir að þessar kröfur séu uppfylltar, að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi* forskriftir í landsstaðlinum sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli, um leið og vísanir til hans hafa verið birtar.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á viðkomandi sviði mælifræði og tækjatækni og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

5.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

5.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar, sem um getur í lið 5.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

6.1. Tilgangurinn er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

6.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— tækniskjölin sem um getur í 2. lið,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.

6.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

6.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

7.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 5.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

7.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

8. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 5.1,

— breytinguna sem um getur í lið 5.5 í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 5.5, 6.3 og 6.4.

9. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Viðurkenndur fulltrúi

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3, 5.1, 5.5, 7.2 og 8, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI F

GERÐARSAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á SANNPRÓFUN VÖRU

1. „Gerðarsamræmisyfirlýsing byggð á sannprófun vöru“ er hluti aðferðar við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin, sem falla undir ákvæði 3. liðar, séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd tæki samræmist samþykktu gerðinni sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun.

Sannprófun

3. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir eða láta framkvæma þær til að kanna samræmi tækjanna við gerðina sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Skoðanirnar og prófanirnar til að kanna samræmi við mælifræðilegar kröfur eru gerðar annað hvort með skoðun og prófun á sérhverju tæki eins og tilgreint er í 4. lið eða með skoðun og prófun á tölfræðilegum grundvelli eins og tilgreint er í 5. lið, eftir því hvora aðferðina framleiðandi velur.

4. *Sannprófun á að mælifræðilegar kröfur séu uppfylltar með skoðun og prófun á sérhverju tæki.*

4.1. Öll tæki skulu skoðuð og prófuð hvert fyrir sig, eins og fram kemur í viðeigandi skjölum sem um getur í 13. gr., eða sambærileg próf framkvæmd til að sannprófa að þau uppfylli þær mælifræðilegu kröfur sem gilda um þau. Ef viðkomandi skjöl vantar skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

4.2. Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð að því er varðar skoðanir og prófanir sem framkvæmdar eru og skal hann setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt tæki eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandi skal varðveita samræmisvottorðin og hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið vottað.

5. *Tölfræðileg sannprófun á að mælifræðilegar kröfur séu uppfylltar.*

5.1. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggt sé í framleiðsluferlinu að allar framleiðslulotur verði einsleitar og skal leggja fram tæki sín til sannprófunar í einsleitum framleiðslulotum.

5.2. Slembiúrtak skal tekið úr hverri framleiðslulotu í samræmi við kröfurnar í lið 5.3. Öll tæki í úrtakinu skulu skoðuð og prófuð hvert fyrir sig, eins og fram kemur í viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr., eða sambærileg próf framkvæmd til að sannprófa að þau uppfylli mælifræðilegar kröfur sem gilda um þau til að ákvarða hvort framleiðslulotan sé samþykkt eða henni hafnað. Ef viðkomandi skjöl vantar skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

5.3. Tölfræðilega aðferðin skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Tölfræðilegt viðmið skal byggt á eigindum. Úrtakskerfið skal tryggja:

— gæðastig sem svarar til 95% líkinda fyrir samþykki þegar minna en 1% safnsins uppfyllir ekki kröfur,

— gæðamörk sem svara til 5% líkinda fyrir samþykki og að minna en 7% uppfylli ekki kröfur.

5.4. Ef framleiðslulota er samþykkt eru öll tæki í framleiðslulotunni samþykkt nema þau tæki í úrtakinu sem uppfylltu ekki prófanirnar.

Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar skoðanir og prófanir sem framkvæmdar eru, og setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt tæki eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandi skal varðveita samræmisvottorðin og hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið vottað.

5.5. Ef framleiðslulotu er hafnað skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú framleiðslulota verði sett á markað. Ef algengt er að framleiðslulotum sé hafnað getur tilkynntur aðili frestað tölfræðilegri sannprófun og gert viðeigandi ráðstafanir.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

6.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og viðbótarmælifræðimerki á sérhvert mælitæki sem samræmist samþykktri gerð og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

6.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Framleiðandi skal einnig setja kenninúmer tilkynnta aðilans á mælitækin sem tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á ef tilkynnti aðilinn sem um getur í 3. lið samþykkir það.

7. Framleiðandi getur fest kenninúmer tilkynnta aðilans á mælitækin meðan á framleiðslu stendur ef hann samþykkir það og á hans ábyrgð.

Viðurkenndur fulltrúi

8. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandi má uppfylla skyldur hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að frátöldum þeim skyldum sem er að finna í lið 2 og 5.1.

VIÐAUKI F1

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á SANNPRÓFUN VÖRU

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á sannprófun vöru“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem falla undir 5. lið samræmist viðeigandi kröfum í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu tækisins.

3. Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.

Framleiðsla

4. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi framleiddra tækja við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Sannprófun

5. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir eða láta framkvæma þær til að kanna samræmi tækjanna við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Skoðanirnar og prófanirnar til að kanna samræmi við mælifræðilegar kröfur eru gerðar annað hvort með skoðun og prófun á sérhverju tæki, eins og tilgreint er í 6. lið, eða með skoðun og prófun á tölfræðilegum grundvelli, eins og tilgreint er í 7. lið, eftir því hvora aðferðina framleiðandi velur.

6. *Sannprófun á samræmi við mælifræðilegar kröfur með skoðun og prófun á sérhverju tæki.*

6.1. Öll tæki skulu skoðuð og prófuð hvert fyrir sig, eins og fram kemur í viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr.,

eða sambærileg próf framkvæmd til að sannprófa samræmi þeirra við mælifræðilegar kröfur sem gilda um þau. Ef viðkomandi skjöl vantar skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

6.2. Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar skoðanir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal hann setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt tæki eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandi skal varðveita samræmisvottorðin og hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið vottað.

7. *Tölfræðileg sannprófun á að mælifræðilegar kröfur séu uppfylltar.*

7.1. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggt sé í framleiðsluferlinu að allar framleiðslulotur verði einsleitar og skal leggja fram tæki sín til sannprófunar í einsleitum framleiðslulotum.

7.2. Slembiúrtak skal tekið úr hverri framleiðslulotu í samræmi við kröfurnar í lið 7.3. Öll tæki í úrtakinu skulu skoðuð og prófuð hvert fyrir sig, eins og fram kemur í viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr., eða sambærileg próf framkvæmd til að sannprófa samræmi þeirra við mælifræðilegar kröfur sem gilda um þau til að ákvarða hvort framleiðslulotan sé samþykkt eða henni hafnað. Ef viðkomandi skjöl vantar skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

7.3. Tölfræðilega aðferðin skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

Tölfræðilegt viðmið skal byggt á eigindum. Úrtakskerfið skal tryggja:

— gæðastig sem svarar til 95% líkinda fyrir samþykki þegar minna en 1% safnsins uppfyllir ekki kröfur.

— gæðamörk sem svara til 5% líkinda fyrir samþykki og að minna en 7% uppfylli ekki kröfur.

7.4. Ef framleiðslulota er samþykkt eru öll tæki í framleiðslulotunni samþykkt nema þau tæki í úrtakinu sem uppfylltu ekki prófanirnar.

Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar skoðanir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal hann setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt tæki eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandi skal varðveita samræmisvottorðin og hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið vottað.

7.5. Ef framleiðslulotu er hafnað skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú framleiðslulota verði sett á markað. Ef algengt er að framleiðslulotum sé hafnað getur tilkynntur aðili frestað tölfræðilegri sannprófun og gert viðeigandi ráðstafanir.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

8.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og viðbótarmælifræðimerki á sérhvert mælitæki sem uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

8.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

Framleiðandi skal einnig setja kenninúmer tilkynnta aðilans á mælitækin sem tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á ef tilkynnti aðilinn sem um getur í 5. lið samþykkir það.

9. Framleiðandi getur fest kenninúmer tilkynnta aðilans á mælitækin meðan á framleiðslu stendur ef hann samþykkir það og á hans ábyrgð.

Viðurkenndur fulltrúi

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að frátöldum þeim skyldum sem er að finna í lið 4 og 7.1.

VIÐAUKI G

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á SANNPRÓFUN EININGAR

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á sannprófun einingar“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir

skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitæki sem fellur undir 4. lið samræmist viðeigandi kröfum í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Tækniskjöl

2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. og láta þau í té tilkynnta aðilanum sem um getur í 4. lið. Tækniskjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun, framleiðslu og starfrækslu tækisins.

Framleiðandi skal varðveita tækniskjölin og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár.

Framleiðsla

3. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmi framleidds tækis við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Sannprófun

4. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir eins og sett er fram í viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr., eða sambærilegar prófanir, til að kanna samræmi tækisins við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun eða láta framkvæma þær. Ef viðkomandi skjöl vantar skal tilkynnti aðilinn sem um ræðir ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar skoðanir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal setja kenninúmer sitt á samþykkt tæki eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandi skal varðveita samræmisvottorðin og hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið vottað.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki og, á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í 4. lið, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Samræmisyfirlýsing er samin og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða tæki hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja mælitækinu.

Viðurkenndur fulltrúi

6. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 2. og 4.2, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI H

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á FULLRI GÆÐATRYGGINGU

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á fullri gæðatryggingu“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 3. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem um er að ræða,

— skjöl er varða gæðakerfið.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin standist viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan

hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt. Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og vörugæða,

— tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. staðlar, sem verður beitt og, þegar viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr. er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að þær grunnkröfur í tilskipuninni sem gilda um tækin, verði uppfylltar,

— þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun tækjanna í þeim flokki tækja sem um ræðir,

— samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

— þeim skoðunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynntur aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir að þessar kröfur séu uppfylltar, að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi forskriftir í landsstaðlinum, sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli, um leið og vísanir til hans hafa verið birtar.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á viðkomandi sviði mælifræði og tækjatækni og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðana og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— skýrslur um gæði sem tengjast hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana, o.s.frv.,

— gæðaskýrslur frá þeim hluta gæðakerfisins sem snýr að framleiðslu, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins, o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera á eigin ábyrgð, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

6. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin um gæðakerfið sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.1,

— breytinguna sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Viðurkenndur fulltrúi

8. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3.1, 3.5, 5.2 og 6, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI H1

SAMRÆMISYFIRLÝSING BYGGÐ Á FULLRI GÆÐATRYGGINGU AUK HÖNNUNARPRÓFUNAR

1. „Samræmisyfirlýsing byggð á fullri gæðatryggingu auk hönnunarprófunar“ er aðferð við samræmismat þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og tryggir að mælitækin sem um ræðir uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.

Framleiðsla

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokavörueftirlit og prófun á mælitækinu sem um ræðir eins og tilgreint er í 3. lið og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið. Skoðun á því hvort tæknihönnun mælitækisins sé fullnægjandi skal hafa farið fram í samræmi við ákvæði 4. liðar.

Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfinu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Með umsókninni skulu fylgja:

— allar viðkomandi upplýsingar sem varða þann flokk tækja sem fyrirhugaður er,

— skjöl um gæðakerfið.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að tækin standist viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi skjöl um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt. Í skjölunum skal einkum vera fullnægjandi lýsing á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og vörugæða,

— tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. staðlar, sem verður beitt og, þegar viðkomandi skjölum sem um getur í 13. gr. er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að þær grunnkröfur í þessari tilskipun sem gilda um tækin, verði uppfylltar,

— þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun tækjanna í þeim flokki tækja sem um ræðir,

— samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

— þeim skoðunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,

— skýrslum um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynntur aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir að samræmi sé við þessar kröfur, að því er varðar gæðakerfi sem uppfyllir samsvarandi forskriftir í landsstaðlinum sem er til framkvæmdar viðkomandi samhæfðum staðli, um leið og vísanir til hans hafa verið birtar í Stjórnartíðindunum.

Til viðbótar við reynslu af gæðastjórnunarkerfum skal úttektarhópurinn hafa viðeigandi reynslu á viðkomandi sviði mælifræði og tækjatækni og þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af aðferð við matið skal vera heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn metur þær breytingar sem lagðar eru til og ákveður hvort breytt gæðakerfi uppfylli áfram kröfurnar sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.6. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té lista yfir samþykki gæðakerfa sem hafa verið gefin út eða hafnað og skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun á samþykki gæðakerfis.

Hönnunarprófun

4.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um hönnunarprófun hjá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 3.1.

4.2. Umsóknin skal gera hönnun, framleiðslu, og starfrækslu tækisins skiljanlega og gera það kleift að meta samræmi þess við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun. Í henni skal vera:

— nafn og heimilisfang framleiðanda,

— skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,

— tækniskjöl eins og lýst er í 10. gr. Skjölin skulu gera það kleift að meta samræmi tækisins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, fjalla um hönnun og starfrækslu tækisins,

— sönnunargögn fyrir því að tæknihönnun sé fullnægjandi. Í þessum sönnunargögnum skal greint frá öllum viðkomandi skjölum sem hafa verið notuð, einkum hvar viðkomandi skjöl sem um getur í 13. gr. hafa ekki verið notuð að fullu, og skulu innihalda þar sem nauðsyn krefur niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið af viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða af annarri prófunarrannsóknarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4.3. Tilkynntur aðili skal fara yfir umsóknina og gefa út EB-hönnunarprófunarvottorð til handa framleiðanda ef hönnunin uppfyllir ákvæði þessarar tilskipunar sem eiga við um mælitækið. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður skoðunarinnar, skilyrði fyrir því að það sé gilt og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna tækið sem hlotið hefur samþykki.

4.3.1. Allir viðkomandi hlutar tækniskjalanna skulu fylgja sem viðaukar við vottorðið.

4.3.2. Vottorðið eða viðaukar þess skulu hafa að geyma allar viðkomandi upplýsingar fyrir samræmismat og eftirlit með mælitækjum í notkun. Með því skal gert kleift að meta samræmi framleiddra tækja við hönnun, sem skoðun hefur farið fram á, að því er varðar samkvæmni mælifræðilegrar hæfni þegar þau eru rétt stillt eftir viðeigandi forskrift, þ.m.t.:

— mælifræðilegir eiginleikar hönnunar tækisins,

— ráðstafanir sem krafist er til að tryggja áreiðanleika tækjanna (innsigli, auðkenni hugbúnaðar ...),

— upplýsingar um aðra þætti sem nauðsynlegir eru til að bera kennsl á tækið og til að kanna sjónrænt ytra samræmi þess við hönnunina,

— sérstakar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannprófa eiginleika framleiddra tækja, ef við á.

— í því tilviki þegar um undireiningu er að ræða, allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja samhæfi við aðrar undireiningar eða mælitæki.

4.3.3. Tilkynnti aðilinn skal semja matsskýrslu með tilliti til þess og sjá til þess að hún sé aðgengileg aðildarríkinu sem tilnefndi hann. Með fyrirvara um 8. mgr. 12. gr. skal tilkynnti aðilinn aðeins gefa út efni skýrslunnar, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðanda.

Vottorðið skal gilda í tíu ár frá útgáfudegi og endurnýja má það til tíu ára í einu.

Ef framleiðanda er synjað um vottorð um hönnunarprófun skal tilkynnti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir synjuninni.

4.4. Framleiðanda ber að veita tilkynnta aðilanum, sem gaf út EB-hönnunarprófunarvottorð, upplýsingar um allar grundvallarbreytingar á viðurkenndu hönnuninni. Nauðsynlegt er að leita eftir viðbótarsamþykki tilkynnta aðilans, sem gaf út EB-hönnunarprófunarvottorð, á breytingum sem eru gerðar á samþykktu hönnuninni hafi þær áhrif á samræmi við grunnkröfur þessarar tilskipunar, skilyrði fyrir gildi vottorðsins eða notkunarskilyrði tækisins sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki er veitt í formi viðbótar við upphaflegt EB-hönnunarprófunarvottorð.

4.5. Sérhver tilkynntur aðili skal reglulega láta aðildarríkinu sem tilnefndi hann í té:

— útgefin EB-hönnunarprófunarvottorð og viðauka við þau,

— viðbætur og breytingar sem tengjast vottorðum sem hafa verið gefin út.

Sérhver tilkynntur aðili skal þegar í stað tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi hann um afturköllun EB-hönnunarprófunarvottorðs.

4.6. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma eintak af EB-hönnunarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbætum þess ásamt tækniskjölunum í 10 ár eftir að síðasta mælitækið hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í Bandalaginu hvílir sú skylda, að hafa tækniskjölin tiltæk sé óskað eftir því, á þeim aðila sem framleiðandi tilnefndi.

Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans

5.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

5.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang til eftirlits að eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— skjöl um gæðakerfið,

— skýrslur um gæði sem tengjast hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana, o.s.frv.,

— gæðaskýrslur frá þeim hluta gæðakerfisins sem snýr að framleiðslu, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins, o.s.frv.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðheldur gæðakerfinu og notar það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

5.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið í vitjun til framleiðandans fyrirvaralaust. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera, eða láta gera á eigin ábyrgð, prófanir til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

Skrifleg samræmisyfirlýsing

6.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, viðbótarmælifræðimerki, og á ábyrgð tilkynnta aðilans sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert mælitæki sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

6.2. Samræmisyfirlýsing er samin fyrir sérhverja gerð tækis og skal hún vera tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt. Í henni skal tekið fram fyrir hvaða gerð tækis hún var samin og númer hönnunarprófunarvottorðsins.

Eintak af yfirlýsingunni skal fylgja hverju mælitæki sem sett er á markað. Þó má túlka þessa kröfu þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en einstök tæki í þeim tilvikum þegar mörg tæki eru afhent einum notanda.

7. Framleiðandi skal varðveita eftirfarandi og hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld í 10 ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.1.,

— breytinguna, sem um getur í lið 3.5, í þeirri mynd sem hún hefur verið samþykkt,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lið 3.5, 5.3 og 5.4.

Viðurkenndur fulltrúi

8. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem er að finna í lið 3.1, 3.5, 6.2 og 7, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

VIÐAUKI MI-001

VATNSMÆLAR

Viðeigandi kröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um vatnsmæla sem ætlaðir eru til mælingar á rúmmáli kalds eða heits hreins vatns til notkunar á heimilum, í viðskiptum og smáiðnaði.

SKILGREININGAR

Vatnsmælir

Tæki hannað til að mæla, geyma og sýna rúmmál vatns við mælingarskilyrði sem fer í gegnum mælingarbreytinn.

Lágmarksrennsli (Q_1)

Minnsta rennsli þar sem vatnsmælir gefur vísanir sem uppfylla kröfur varðandi mestu leyfðu skekkjur (MPE).

Millistigsrennsli (Q_2)

Millistigsrennsli er rennsligildi á milli varanlegs rennslis og lágmarksrennslis þar sem rennslissviðið skiptist í tvö svæði, „efra svæði“ og „neðra svæði“. Á hvoru svæði er mesta leyfða skekkja sem er einkennandi fyrir það.

Varanlegt rennsli (Q_3)

Mesta rennsli þar sem vatnsmælir starfar á fullnægjandi hátt við eðlileg notkunarskilyrði, þ.e. við stöðug eða ósamfelld skilyrði.

Yfirálagsrennsli (Q_4)

Yfirálagsrennsli er mesta rennsli þar sem mælir starfar á fullnægjandi hátt í stuttan tíma án þess að skemmast.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

Málnotkunarskilyrði

Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir tækið, einkum:

1. Rennslissvið vatnsins.

Gildi rennslissviðsins skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

$Q_3/Q_1 \geq 10$

$Q_2/Q_1 = 1{,}6$

$Q_4/Q_3 = 1{,}25$

Í 5 ár frá gildistöku þessarar tilskipunar er heimilt að hlutfallið Q_2/Q_1 sé: 1,5, 2,5, 4 eða 6,3.

2. Hitastigssvið vatnsins.

Gildi hitastigssviðsins skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði: 0,1 °C til a.m.k 30 °C, eða 30 °C til a.m.k.90 °C.

Heimilt er að mælirinn sé hannaður þannig að hann starfi á báðum sviðum.

3. Svið afstæðs þrýstings vatnsins, á bilinu 0,3 bör að a.m.k. 10 börum við Q_3.

4. Fyrir aflgjafa: málgildi riðspennugjafans og/eða jafnspennumörkin.

Mesta leyfða skekkja

5. Mesta leyfða skekkja, jákvæð eða neikvæð, fyrir veitt rúmmál á bilinu milli millistigsrennslis (Q_2) (að því meðtöldu) og yfirálagsrennslis (Q_4) er:

2% fyrir vatn sem er ≤ 30 °C heitt,

3% fyrir vatn sem er > 30 °C heitt,

6. Mesta leyfða skekkja, jákvæð eða neikvæð, fyrir veitt rúmmál á bilinu milli lágmarksrennslis (Q_1) og millistigsrennslis (Q_2) (undanskilið) er 5% fyrir vatn sama hvert hitastig þess er.

Leyfileg áhrif truflana

7.1. *Rafsegulóncemi*

7.1.1. Áhrif rafsegultruflunar á vatnsmæli skulu vera þau að:

— breytingin á mæliniðurstöðunni sé ekki meiri en umtalsverða breytingargildið eins og það er skilgreint í lið 8.1.4., eða

— mæliniðurstaðan sé þannig sett fram að ekki sé unnt að túlka hana sem gilda niðurstöðu, s.s. tímabundin breyting sem ekki er unnt að túlka, geyma eða senda sem mæliniðurstöðu.

7.1.2. Eftir að vatnsmælir hefur orðið fyrir rafsegultruflun skal hann:

— réttast af og starfa innan mestu leyfðu skekkju, og

— vera með öll mælihlutverk óskert, og

— leyfa endurheimt allra mæligagna sem voru til staðar rétt fyrir truflunina.

7.1.3. Umtalsvert breytingargildi er hið lægra af tveimur eftirfarandi gildum:

— rúmmál sem svarar til helmings af stærð mestu leyfðu skekkju í efra svæði mælda rúmmálsins,

— rúmmál sem svarar til mestu leyfðu skekkju fyrir rúmmál sem svarar til einnar mínútu rennslis á sviði Q_3.

7.2. *Ending*

Að lokinni viðeigandi prófun, þar sem tekið er tillit til þess tíma sem framleiðandi áætlar, skulu eftirfarandi viðmiðanir uppfylltar:

7.2.1. Í samanburði við frummæliniðurstöðu skal frávik í mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en:

— 3% af mældu rúmmáli milli Q_1, að því meðtöldu, og Q_2 að því undanskildu,

— 1,5% af mældu rúmmáli milli Q_2, að því meðtöldu, og Q_4 að því meðtöldu.

7.2.2. Vísunarskekkja mælds rúmmáls eftir endingarprófun skal ekki vera meiri en:

— ± 6% af mældu rúmmáli milli Q_1, að því meðtöldu, og Q_2 að því undanskildu,

— ± 2,5% af mældu rúmmáli á milli Q_2, að því meðtöldu, og Q_4, að því meðtöldu, fyrir vatnsmæla sem ætlaðir eru til að mæla vatn við hitastig á bilinu 0,1 °C og 30 °C,

— ± 3,5% af mældu rúmmáli á milli Q_2, að því meðtöldu, og Q_4, að því meðtöldu, fyrir vatnsmæla sem ætlaðir eru til að mæla vatn við hitastig á bilinu 30 °C og 90 °C.

Hæfi

8.1. Mælinn skal hægt að setja upp þannig að hann sé starfhæfur í hvaða stöðu sem er nema annað sé tekið fram með skýrri merkingu.

8.2. Framleiðandi skal tilgreina hvort mælirinn er hannaður til að mæla bakrennsli. Í slíku tilfelli skal rúmmál bakrennslis annaðhvort dregið frá uppsöfnuðu rúmmáli eða skráð sérstaklega. Sama mesta leyfða skekkja skal gilda fyrir bæði áfram- og bakrennsli.

Vatnsmælar sem eru ekki hannaðir til að mæla bakrennsli skulu annaðhvort hindra bakrennsli eða þola bakrennsli sem verður af slysni án þess að mælifræðilegir eiginleikar spillist eða breytist.

Mælieiningar

9. Mælt rúmmál skal sýnt í rúmmetrum.

Notkun

10. Aðildarríki skal tryggja að kröfurnar skv. 1., 2. og 3. lið séu ákvarðaðar af dreifingaraðila eða einstaklingi sem tilnefndur hefur verið til að setja upp mælinn þannig að mælirinn henti til nákvæmrar mælingar á neyslu sem séð er fram á eða má vænta.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

VIÐAUKI MI-002

GASMÆLAR OG BÚNAÐUR TIL AÐ UMREIKNA RÚMMÁL

Viðkomandi kröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um gasmæla og búnað til að umreikna rúmmál sem skilgreindur er hér á eftir og ætlaður er til notkunar á heimilum, í viðskiptum og smáiðnaði.

SKILGREININGAR

Gasmælir

Tæki sem er hannað til að mæla, geyma og sýna magn brennslugass (rúmmál eða massa) sem fer í gegnum það.

Umreikningsbúnaður

Búnaður sem er festur á gasmæli sem umreiknar sjálfkrafa magn sem mælt er við mælingarskilyrði í magn við grunnskilyrði.

Lágmarksrennsli (Q_{min})

Minnsta rennsli þar sem gasmælir gefur vísanir sem uppfylla kröfur varðandi mestu leyfðu skekkju (MPE).

Hámarksrennsli (Q_{max})

Mesta rennsli þar sem gasmælir gefur vísanir sem uppfylla kröfur varðandi mestu leyfðu skekkju (MPE).

Millistigsrennsli (Q_t)

Millistigsrennsli er rennslið á milli hámarks- og lágmarksrennslis þar sem rennslissviðinu er skipt í tvö svæði, „efra svæði“ og „neðra svæði“. Á hvoru svæði er mesta leyfða skekkja sem er einkennandi fyrir það.

Yfirálagsrennsli (Q_r)

Yfirálagsrennsli er mesta rennsli þar sem mælir starfar í stuttan tíma án þess að skemmast.

Grunnskilyrði

Þau tilgreindu skilyrði sem umreikningur á mældu magni af vökva miðast við.

I. HLUTI — SÉRSTAKAR KRÖFUR — GASMÆLAR

1. **Málnotkunarskilyrði**

Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir gasmæli að teknu tilliti til:

1.1. rennslissviðs gassins sem skal a.m.k. uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Flokkur	Q_{max}/Q_{min}	Q_{max}/Q_t	Q_t/Q_{max}
1,5	≥ 150	≥ 10	1,2
1,0	≥ 20	≥ 5	1,2

1.2. hitastigssviðs gassins sem skal vera a.m.k. 40 °C.

1.3. *Skilyrði tengd eldsneyti/gasi*

Gasmælir skal hannaður fyrir þær gastegundir og þann veituþrýsting sem notaður er í viðtökulandi. Framleiðandi skal einkum sýna:

— gasfjölskyldu eða hóp,

— hámarksvinnuþrýsting.

1.4. lágmarkshitastigssvið skal vera 50 °C fyrir umhverfishitastig.

1.5. málgildi riðspennugjafans og/eða jafnspennumörkin.

2. **Mesta leyfða skekkja (MPE)**

2.1. Gasmælir sem sýnir rúmmál við mælingarskilyrði eða massa

Tafla 1

Flokkur	1,5	1,0
$Q_{min} \leq Q < Q_t$	3%	2%
$Q_t \leq Q \leq Q_{max}$	1,5%	1%

Þegar skekkjur á milli Q_t og Q_{max} eru allar með sama formerki skulu þær ekki vera meiri en 1% fyrir flokk 1,5 og 0,5% fyrir flokk 1,0.

2.2. Fyrir gasmæli með hitastigsumreikningi sem sýnir aðeins umreiknaða rúmmálið má mesta leyfða skekkja mælisins aukast um 0,5% á 30 °C bili sem er dreift jafnt í kringum það hitastig sem tilgreint er af framleiðanda og liggur á milli 15 °C og 25 °C. Utan þessa bils er leyfileg 0,5% hækkun til viðbótar á hverju 10 °C bili.

3. **Leyfileg áhrif truflana**

3.1. *Rafsegulónæmi*

3.1.1. Áhrif rafsegultruflunar á gasmæli eða búnað til að umreikna rúmmál skulu vera þau að:

— breytingin á mæliniðurstöðunni sé ekki meiri en umtalsverða breytingargildið eins og það er skilgreint í lið 3.1.2, eða

— mæliniðurstaðan sé þannig sett fram að ekki sé unnt að túlka hana sem gilda niðurstöðu, s.s. tímabundin breyting sem ekki er unnt að túlka, geyma eða senda sem mæliniðurstöðu.

3.1.2. Eftir að gasmælir hefur orðið fyrir truflun skal hann:

— réttast af og starfa innan mestu leyfðu skekkju, og

— vera með öll mælihlutverk óskert, og

— leyfa endurheimt allra mæligagna sem voru til staðar rétt fyrir truflunina.

3.1.3. Umtalsvert breytingargildi er lægra gildið af tveimur eftirfarandi gildum:

— magnið sem svarar til helmings af stærð mestu leyfðu skekkju í efra svæði mælda rúmmálsins,

— magnið sem svarar til mestu leyfðu skekkju fyrir magn sem svarar til einnar mínútu hámarksrennslis.

3.2. *Áhrif fram- eða bakrennslistruflana*

Við uppsetningarskilyrði sem framleiðandi tilgreinir skulu áhrif rennslistruflana ekki vera meiri en einn þriðji af mestu leyfðu skekkju.

4. **Ending**

Eftirfarandi viðmiðanir skulu uppfylltar að lokinni viðeigandi prófun að teknu tilliti til þess tíma sem framleiðandi áætlar:

4.1. *Mælar í flokki 1,5*

4.1.1. Í samanburði við frummæliniðurstöðu fyrir rennslishraða á bilinu Q_t til Q_{max} skal frávik á mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en 2% hærra en mæliniðurstaðan.

4.1.2. Vísunarskekkja eftir endingarprófun skal ekki vera meiri en tvöföld mesta leyfða skekkja í 2. lið.

4.2. *Mælar í flokki 1,0*

4.2.1. Í samanburði við frummæliniðurstöðu skal frávik á mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en einn þriðji af mestu leyfðu skekkju í 2. lið.

4.2.2. Vísunarskekkja eftir endingarprófun skal ekki vera meiri en mesta leyfða skekkja í 2. lið.

5. **Hæfi**

5.1. Gasmælir sem fær afl frá rafveitu (riðstraumur eða jafnstraumur) skal útbúinn búnaði til neyðaraflgjafar eða öðrum ráðstöfunum til að tryggja að öll mælihlutverk séu vernduð ef aðalaflgjafi bilar.

5.2. Sérhæfður aflgjafi skal endast í a.m.k. fimm ár. Eftir að 90% endingartímans er liðinn skal viðeigandi viðvörun birtast.

5.3. Vísibúnaður skal hafa nógu marga tölustafi til að tryggja að magnið sem fer í gegn á 8000 klukkustundum á Q_{max} færi tölustafina ekki aftur að upphafsgildum.

5.4. Gasmæli skal hægt að setja upp þannig að hann sé starfhæfur í hvaða stöðu sem framleiðandi mælir fyrir um í uppsetningarleiðbeiningum.

5.5. Gasmælir skal hafa prófunarþátt sem gerir það mögulegt að framkvæma prófanir á hæfilegum tíma.

5.6. Gasmælir skal vera innan mestu leyfðu skekkju í báðar rennslisáttir eða aðeins í aðra áttina ef hún er skýrt merkt.

6. **Einingar**

Mælt magn skal sýnt í rúmmetrum eða kílógrömmum.

II. HLUTI — SÉRSTAKAR KRÖFUR — BÚNAÐUR TIL AÐ UMREIKNA RÚMMÁL

Búnaður til að umreikna rúmmál er undireining samkvæmt öðrum undirlið skilgreiningar b í 4. gr.

Grunnkröfur fyrir gasmæli skulu gilda fyrir búnað til að umreikna rúmmál, ef við á. Að auki skulu eftirfarandi kröfur gilda:

7. **Grunnskilyrði fyrir magn sem hefur verið umreiknað**

Framleiðandi skal tilgreina grunnskilyrði fyrir magn sem hefur verið umreiknað.

8. **Mesta leyfða skekkja**

— 0,5% við 20 °C umhverfishita ± 3 °C, 60% umhverfisraka ± 15%, málgildi aflgjafa,

— 0,7% fyrir hitastigsumreikningsbúnað við málnotkunarskilyrði,

— 1% fyrir annan breytibúnað við málnotkunarskilyrði.

Ath.: ekki er tekið tillit til skekkju í gasmæli.

9. **Hæfi**

9.1. Rafeindaumreikningsbúnaður skal geta greint þegar hann starfar utan þess vinnusviðs eða vinnusviða sem framleiðandi gefur upp fyrir kennistærðir sem skipta máli fyrir nákvæmni í mælingu. Í slíku tilviki skal umreikningsbúnaðurinn hætta að leggja saman umreiknaða magnið og er heimilt að leggja saman breytta magnið sérstaklega þann tíma sem hann starfar utan vinnusviðs eða vinnusviða.

9.2. Rafeindaumreikningsbúnaður skal geta sýnt öll viðkomandi gögn mælingarinnar án viðbótarbúnaðar.

III. HLUTI — NOTKUN OG SAMRÆMISMAT

Notkun

10. a) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun á heimilum skal það heimila að slík mæling sé framkvæmd með öllum mælum í flokki 1,5 og mælum í flokki 1,0 sem hafa Q_{max}/Q_{min} hlutfall sem er jafnt og eða meira en 150.

b) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun í viðskiptum og/eða smáiðnaði skal það heimila að slík mæling sé framkvæmd með öllum mælum í flokki 1,5.

c) Að því er varðar kröfurnar skv. lið 1.2 og 1.3 skulu aðildarríki tryggja að eiginleikarnir séu ákvarðaðir af dreifingaraðila eða einstaklingi sem tilnefndur hefur verið til að setja upp mælinn þannig að mælirinn henti til nákvæmrar mælingar á neyslu sem séð er fram á eða má vænta.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

VIÐAUKI MI-003

RAFORKUMÆLAR FYRIR RAUNORKU

Viðkomandi kröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um raforkumæla fyrir raunorku sem ætlaðir eru til notkunar á heimilum, í viðskiptum og smáiðnaði.

Athugasemd: raforkumæla má nota með ytri mælispennum, allt eftir því hvaða mæliaðferð er beitt. Þessi viðauki tekur þó aðeins til raforkumæla en ekki mælispenna.

SKILGREININGAR

Raforkumælir fyrir raunorku er búnaður sem mælir raunorkunotkun í straumrás.

I = rafstraumur sem streymir í gegnum mælinn,

I_n = tilgreindur viðmiðunarstraumur sem mælir með mælispennum er hannaður fyrir,

I_{st} = lægsta uppgefna gildi I þar sem mælirinn nemur raunorku við aflstuðul einn (fjölfasa mælar með jafnlæga áraun),

I_{min} = minnsta gildið á I þar sem skekkjan er innan mestu leyfðu skekkju (MPE) (fjölfasa mælar með jafnlæga áraun),

I_{tr} = minnsta gildið á I þar sem skekkjan er innan minnstu mestu leyfðu skekkju sem ræðst af nákvæmnitákni mælisins,

I_{max} = hámarksgildi I þar sem skekkjan er innan mestu leyfðu skekkju,

U = spenna raforkunnar sem mælirinn fær,

U_n = tilgreind viðmiðunarspenna,

f = tíðni spennu raforkunnar sem mælirinn fær,

f_n = tilgreind viðmiðunartíðni,

PF = aflstuðull = cosφ= kósínus fasamunar φ á milli I og U.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

1. **Nákvæmni**

Framleiðandi skal tilgreina nákvæmnitákn mælisins. Nákvæmnitáknin eru skilgreind sem: flokkur A, B og C.

2. **Málnotkunarskilyrði**

Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir mælinn, einkum:

Gildi f_n, U_n, I_n, I_{st}, I_{min}, I_{tr} og I_{max} sem eiga við mælinn. Fyrir núverandi gildi sem tilgreind eru skal mælirinn uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í töflu 1:

Tafla 1

	A flokkur	B flokkur	C flokkur
Mælar sem tengdir eru beint			
I_{st}	$\leq 0{,}05 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}04 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}04 \cdot I_{tr}$
I_{min}	$\leq 0{,}5 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}5 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}3 \cdot I_{tr}$
I_{max}	$\geq 50 \cdot I_{tr}$	$\geq 50 \cdot I_{tr}$	$\geq 50 \cdot I_{tr}$
Mælar með mælispennum			
I_{st}	$\leq 0{,}06 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}04 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}02 \cdot I_{tr}$
I_{min}	$\leq 0{,}4 \cdot I_{tr}$	$\leq 0{,}2 \cdot I_{tr}$ (1)	$\leq 0{,}2 \cdot I_{tr}$
I_n	$= 20 \cdot I_{tr}$	$= 20 \cdot I_{tr}$	$= 20 \cdot I_{tr}$
I_{max}	$\geq 1{,}2 \cdot I_n$	$\geq 1{,}2 \cdot I_n$	$\geq 1{,}2 \cdot I_n$

(1) Fyrir rafvélræna mæla í flokki B skal $I_{min} \leq 0{,}4\ I_{tr}$ gilda.

Spennu- tíðni- og aflstuðulssvið sem mælirinn skal uppfylla kröfurnar um mestu leyfðu skekkju innan eru tilgreind í töflu 2. Þessi svið skulu taka tillit til dæmigerða eiginleika rafmagns sem veitt er í gegnum opinber dreifikerfi.

Spennu- og tíðnisvið skulu a.m.k. vera:

$0{,}9 \cdot U_n < U < 1{,}1 \cdot U_n$

$0{,}98 \cdot f_n < f < 1{,}02 \cdot f_n$

aflstuðulssviðið skal vera a.m.k. frá $\cos\varphi = 0{,}5$ spana aflstuðli að $\cos\varphi = 0{,}8$ rýmdar aflstuðli.

3. **Mestu leyfðu skekkjur**

Áhrif ýmissa mælistærða og áhrifsstærða (a, b, c, ...) eru metin sérstaklega, öllum öðrum mælistærðum og áhrifsstærðum er haldið tiltölulega stöðugum við viðmiðunargildi. Mæliskekkjan, sem skal ekki vera meiri en mesta leyfða skekkjan sem getið er um í töflu 2, er reiknuð sem:

Mæliskekkja $= \sqrt{a^2 + b^2 + c^2 \ldots}$

Þegar mælirinn starfar við breytilegan álagsstraum skulu skekkjurnar í hundraðshlutum ekki vera meiri en mörkin sem gefin eru upp í töflu 2.

Tafla 2

Mesta leyfða skekkja í hundraðshlutum við málnotkunarskilyrði og skilgreint álagsstraumsstig og vinnsluhita

	Vinnsluhiti			Vinnsluhiti			Vinnsluhiti			Vinnsluhiti		
	+ 5 °C ... + 30 °C			– 10 °C ... + 5 °C eða + 30 °C ... + 40 °C			– 25 °C ... – 10 °C eða + 40 °C ... + 55 °C			– 40 °C ... – 25 °C eða + 55 °C ... + 70 °C		
Flokkur mælis	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
Einfasa mælir, fjölfasa mælir ef hann starfar með jafnlægri áraun												
$I_{min} \leq I < I_{tr}$	3,5	2	1	5	2,5	1,3	7	3,5	1,7	9	4	2
$I_{tr} \leq I \leq I_{max}$	3,5	2	0,7	4,5	2,5	1	7	3,5	1,3	9	4	1,5
Fjölfasa mælir ef hann starfar með einfasa áraun												
$I_{tr} \leq I \leq I_{max}$, sjá undantekningu hér á eftir	4	2,5	1	5	3	1,3	7	4	1,7	9	4,5	2
Fyrir rafvélræna fjölfasa mæla er straumsvið einfasa áraunar takmarkað við $5I_{tr} \leq I \leq I_{max}$												

Þegar mælir er starfræktur í mismunandi hitastigssviðum skulu gildi viðkomandi mestu leyfðu skekkju notuð.

4. **Leyfileg áhrif truflana**

4.1. *Almennt*

Þar sem raforkumælar eru tengdir beint við orkuveituna og þar sem orkuveitustraumur er ein af mælistærðunum er notað sérstakt rafsegulumhverfi fyrir rafmagnsmæla.

Mælir skal uppfylla kröfur um rafsegulumhverfi E2 og viðbótarkröfurnar í lið 4.2. og 4.3.

Rafsegulumhverfið og leyfileg áhrif endurspegla þær aðstæður að til staðar séu langvarandi truflanir sem skulu ekki hafa áhrif á nákvæmni umfram umtalsverðu breytingargildin og svipular truflanir sem geta valdið tímabundinni rýrnun eða tapi á virkni eða hæfni sem mælirinn getur þó endurheimt og skulu ekki hafa áhrif á nákvæmni umfram umtalsverðu breytingargildin.

Þegar fyrirsjáanleg er mikil áhætta vegna eldingar eða þar sem loftlínudreifikerfi eru ríkjandi skulu mælifræðilegir eiginleikar mælisins verndaðir.

4.2. *Áhrif langvarandi truflana*

Tafla 3

Umtalsverð breytingargildi fyrir langvarandi truflanir

Truflun	Umtalsverð breytingargildi í hundraðshlutum fyrir flokka mæla		
	A	B	C
Umbreytt fasaröð	1,5	1,5	0,3
Spennumisvægi (á aðeins við um fjölfasa mæla)	4	2	1
Yfirsveifluhluti í straumrásum (1)	1	0,8	0,5
Jafnstraumur og yfirsveifluhluti í straumrás (1)	6	3	1,5
Hraðar sveiphrinur	6	4	2
Segulsvið, hátíðnirafsegulsvið (geisluð útvarpstíðni), truflanir í leiðslum vegna útvarpstíðnisviða, og ónæmi fyrir sveiflurásarbylgjum	3	2	1

(1) Ef um er að ræða rafvélræna rafmagnsmæla eru engin umtalsverð breytingargildi skilgreind fyrir yfirsveifluhluta í straumrásum og fyrir jafnstraum og yfirsveifluhluta í straumrás.

4.3. *Leyfileg áhrif svipulla rafsegulfyrirbæra*

4.3.1. Áhrif rafsegultruflunar á raforkumæli meðan á henni stendur og strax á eftir skulu vera þau að:

— úttak sem ætlað er til prófunar á nákvæmni mælisins framkallar ekki púlsa eða merki sem svara til orku sem er meiri en umtalsverða breytingargildið

og innan hæfilegs tíma frá truflueninni skal mælirinn

— réttast af og starfa innan marka fyrir mestu leyfðu skekkju, og

— vera með öll mælihlutverk óskert, og

— leyfa endurheimt allra mæligagna sem voru til staðar fyrir truflunina, og

— ekki sýna meiri breytingu á skráðri orku en sem nemur umtalsverða breytingargildinu.

Umtalsverða breytingargildið í kWh er $m \cdot U_n \cdot I_{max} \cdot 10^{-6}$

(þar sem m er fjöldi mæliþátta í mælinum, U_n í voltum og I_{max} í amperum).

4.3.2. Fyrir yfirstraum er umtalsverða breytingargildið 1,5%.

5. **Hæfi**

5.1. Fyrir neðan málvinnsluspennu skal jákvæð skekkja mælisins ekki vera meiri en 10%.

5.2. Heildarorka skal sýnd með nægilega mörgum tölustöfum til að tryggja að þegar mælirinn starfar í 4000 klukku-

stundir á fullu álagi ($I = I_{max}$, $U = U_n$ and PF = 1) fari sýnt gildi ekki aftur á upphafsgildi sitt og ekki skal hægt að endurstilla hann meðan hann er í notkun.

5.3. Ef rafmagn fer af straumrásinni skal vera hægt að lesa magn mældrar raforku í a.m.k. kosti 4 mánuði.

5.4. *Í gangi án álags*

Þegar spenna er á en enginn straumur streymir um straumrásina (straumrás skal vera opin rás) skal mælirinn ekki skrá orku fyrir neina spennu á milli 0,8 U_n og 1,1 U_n.

5.5. *Gangsetning*

Mælirinn skal fara í gang og halda áfram að mæla við U_n, PF = 1 (fjölfasa mælir með jafnlægri áraun) og straum sem er jafn og I_{st}.

6. **Einingar**

Mæld raforka skal sýnd í kílóvattstundum eða megavattstundum.

7. **Notkun**

a) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun á heimilum skal það heimila að slík mæling sé framkvæmd með öllum mælum í flokki A. Aðildarríki er heimilt að krefjast mælis úr flokki B í tilgreindum tilgangi.

b) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun í viðskiptum og/eða smáiðnaði skal það heimila að slík mæling sé framkvæmd með öllum mælum í flokki B. Aðildarríki er heimilt að krefjast mælis úr flokki C í tilgreindum tilgangi.

c) Aðildarríki skal tryggja að straumsviðið sé ákvarðað af dreifingaraðila eða einstaklingi sem tilnefndur hefur verið til að setja upp mælinn þannig að mælirinn henti til nákvæmrar mælingar á neyslu sem séð er fram á eða má vænta.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

VIÐAUKI MI-004

VARMAORKUMÆLAR

Viðkomandi kröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um varmaorkumæla sem ætlaðir eru til notkunar á heimilum, í viðskiptum og smáiðnaði.

SKILGREININGAR

Varmaorkumælir er tæki sem er hannað til að mæla varmaorku í varmaskiptarás sem vökvi sem kallast varmaflutningsvökvi gefur frá sér.

Varmaorkumælir er annaðhvort fullbúið tæki eða samsett tæki sem samanstendur af undireiningum, rennslisnema, hitaskynjarapari, og reiknivél eins og skilgreint er í b-lið 4. gr. eða samsetningu þeirra

θ = hitastig varmaflutningsvökvans,

θ_{in} = gildi θ við inntak varmaskiptarásarinnar,

θ_{out} = gildi θ við úttak varmaskiptarásarinnar,

$\Delta\theta$ = hitastigsmismunurinn á $\theta_{in} - \theta_{out}$ þar sem $\Delta_\theta \geq 0$,

θ_{max} = efri mörk θ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju,

θ_{min} = neðri mörk θ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju,

$\Delta\theta_{max}$ = efri mörk $\Delta\theta$ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju,

$\Delta\theta_{min}$ = neðri mörk $\Delta\theta$ til að varmaorkumælirinn virki rétt innan mestu leyfðu skekkju,

q = rennslishraði varmaflutningsvökvans,

q_s = hæsta gildi q sem er leyft í stuttan tíma í einu svo að varmaorkumælirinn virki rétt,

q_p = hæsta gildi q sem er leyft varanlega svo að varmaorkumælirinn virki rétt,

q_i = lægsta gildi q sem er leyft varanlega svo að varmaorkumælirinn virki rétt,

P = varmaorka varmaskiptanna,

P_s = efri mörk P sem eru leyfð svo að varmaorkumælirinn virki rétt.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

1. **Málnotkunarskilyrði**

Framleiðandi skal tilgreina gildi málnotkunarskilyrða sem hér segir:

1.1. fyrir hitastig vökvans: θ_{max}, θ_{min},

— fyrir hitamismuninn: $\Delta\theta_{max}$, $\Delta\theta_{min}$,

með eftirfarandi takmörkunum: $\Delta\theta_{max}/\Delta\theta_{min} \geq 10$; $\Delta\theta_{min} = 3$ K eða 5 K eða 10 K.

1.2. *fyrir þrýsting vökvans: mesti jákvæði innri þrýstingur sem varmaorkumælirinn þolir varanlega við efri mörk hitastigsins.*

1.3. fyrir rennslishraða vökvans: q_s, q_p, q_i þar sem gildi q_p og q_i eru háð eftirfarandi takmörkun: $q_p/q_i \geq 10$.

1.4. fyrir varmaorkuna: P_s

2. **Nákvæmnisflokkar**

Eftirfarandi nákvæmnisflokkar eru skilgreindir fyrir varmaorkumæla: 1, 2, 3.

3. **Mestu leyfðu skekkjur sem gilda um fullbúna varmaorkumæla**

Mesta leyfða hlutfallslega skekkja sem gildir um fullbúinn varmaorkumæli gefin upp sem hundraðshluti af sanngildi fyrir hvern nákvæmnisflokk er:

— fyrir 1. flokk: $E = E_f + E_t + E_c$ með E_f, E_t, E_c í samræmi við lið 7.1 til 7.3.

— fyrir 2. flokk: $E = E_f + E_t + E_c$ með E_f, E_t, E_c í samræmi við lið 7.1 til 7.3.

— fyrir 3. flokk: $E = E_f + E_t + E_c$ með E_f, E_t, E_c í samræmi við lið 7.1 til 7.3.

4. **Leyfileg áhrif rafsegultruflana**

4.1. Tækið skal ekki verða fyrir áhrifum frá stöðusegulsviðum og frá rafsegulsviðum á rafveitutíðni.

4.2. Áhrif rafsegultruflunar skulu vera þau að breytingin á mæliniðurstöðunni sé ekki meiri en umtalsverða breytingargildið sem mælt er fyrir um í lið 4.3 eða þau að vísun mæliniðurstöðunnar sé slík að ekki sé hægt að túlka hana sem gilda niðurstöðu.

4.3. Umtalsvert breytingargildi fyrir fullbúinn varmaorkumæli er jafnt og tölugildi mestu leyfðu skekkju sem gildir fyrir þann varmaorkumæli (sjá 3. lið).

5. **Ending**

Eftirfarandi viðmiðanir skulu uppfylltar að lokinni viðeigandi prófun að teknu tilliti til þess tíma sem framleiðandi áætlar:

5.1. Rennslisnemar: í samanburði við frummæliniðurstöðu skal frávik á mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en umtalsverða breytingargildið.

5.2. *Hitaskynjarar: í samanburði við frummæliniðurstöðu skal frávik á mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en 0,1 °C.*

6. **Áletranir á varmaorkumæli**

— Nákvæmnisflokkur

— *Takmarkanir á rennslishraða*

— Takmarkanir á hitastigi

— Takmarkanir á hitastigsmismun

— Staður þar sem rennslisnemi er settur upp: flæði eða bakflæði

— rennslisstefna tilgreind

7. **Undireiningar**

Ákvæði um undireiningar geta átt við um undireiningar sem framleiddar eru af sömu eða ólíkum framleiðendum. Þar sem varmaorkumælir samanstendur af undireiningum gilda grunnkröfurnar fyrir varmaorkumælinn um undireiningarnar eftir því sem við á. Að auki á eftirfarandi við:

7.1. Mesta leyfða hlutfallslega skekkja rennslisnema, gefin upp í % fyrir nákvæmnisflokka:

— 1. flokkur: $E_f = (1 + 0{,}01\ q_p/q)$, en ekki meira en 5%,

— 2. flokkur: $E_f = (2 + 0{,}02\ q_p/q)$, en ekki meira en 5%,

— 3. flokkur: $E_f = (3 + 0{,}05\ q_p/q)$, en ekki meira en 5%,

þar sem skekkjan E_f tengir gildið sem sýnt er við sanngildi sambandsins á milli frálagsmerkis rennslisnemans og massans eða rúmmálsins.

7.2. Mesta leyfða hlutfallslega skekkja hitaskynjaraparsins gefin upp í %:

— $E_t = (0{,}5 + 3 \cdot \Delta\theta_{min}/\Delta\theta)$,

þar sem skekkjan E_t tengir gildið sem sýnt er við sanngildi sambandsins á milli frálags hitaskynjaraparsins og hitastigsmismunarins.

7.3. Mesta leyfða hlutfallslega skekkja reiknivélarinnar gefin upp í %:

— $E_c = (0{,}5 + \Delta\theta_{min}/\Delta\theta)$,

þar sem skekkjan E_c tengir vísigildi varmans við sanngildi varmans.

7.4. Umtalsvert breytingargildi fyrir undireiningu varmaorkumælis er jafnt samsvarandi tölugildi mestu leyfðu skekkju sem gildir fyrir þá undireiningu (sjá lið 7.1., 7.2. eða 7.3).

7.5. *Áletranir á undireiningum*

Rennslisnemi:	Nákvæmnisflokkur
	Takmarkanir á rennslishraða
	Takmarkanir á hitastigi
	Nafnmæliþáttur (þ.e. lítrar/púls) eða samsvarandi frálagsmerki
	Rennslisstefna tilgreind
Hitaskynjarapar:	Gerðarauðkenni (t.d. Pt 100)
	Takmarkanir á hitastigi
	Takmarkanir á hitastigsmismun
Reiknivél:	Gerð hitastigsskynjara
	— Takmarkanir á hitastigi
	— Takmarkanir á hitastigsmismun
	— Nafnmæliþáttur sem krafist er (þ.e. lítrar/púls) eða samsvarandi inntaksmerki frá rennslisnema
	— Staður þar sem rennslisnemi er settur upp: flæði eða bakflæði

NOTKUN

8. a) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun á heimilum skal það heimila að slík mæling sé framkvæmd með öllum mælum í 3. flokki.

   b) Þar sem aðildarríki kveður á um mælingu á notkun í viðskiptum og/eða smáiðnaði er því heimilt að krefjast mælis úr 2. flokki.

   c) Að því er varðar kröfurnar skv. lið 1.1 til 1.4 skal aðildarríki tryggja að eiginleikarnir séu ákvarðaðir af dreifingaraðila eða einstaklingi sem tilnefndur hefur verið til að setja upp mælinn þannig að mælirinn henti til nákvæmrar mælingar á neyslu sem séð er fram á eða má vænta.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

VIÐAUKI MI-005

MÆLIKERFI FYRIR SAMFELLDA OG SÍVIRKA MÆLINGU Á MAGNI VÖKVA ANNARRA EN VATNS

Viðkomandi grunnkröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um mælikerfi sem ætluð eru til samfelldrar og sívirkrar mælingar á magni (rúmmáli eða massa) vökva annarra en vatns. Ef við á má lesa hugtökin „rúmmál og L“ í þessum viðauka sem „massa og kg“.

SKILGREININGAR

Mælir

Tæki hannað til að mæla samfellt, geyma og sýna magn vökva við mælingarskilyrði sem rennur í gegnum mælingarbreytinn í lokaðri, leiðslu með fullum þrýstingi.

Reiknivél

Hluti af mæli sem fær frálagsmerki frá mælingarbreyti eða mælingarbreytum og hugsanlega frá tengdum mælitækjum og sýnir mæliniðurstöðuna.

Tengt mælitæki

Tæki tengt við reiknivélina til mælingar á ákveðnu magni sem er einkennandi fyrir vökvann með það að markmiði að leiðrétta og/eða umreikna.

Umreikningsbúnaður

Hluti reiknivélar sem umreiknar sjálfkrafa eftirfarandi með því að taka tillit til eiginleika vökvans (hitastigs, þéttleika, o.s.frv.) sem mældir eru með tengdum mælitækjum eða geymdir í minni:

— rúmmáli vökvans sem mældur er við mælingarskilyrði í rúmmál við grunnskilyrði og/eða massa, eða

— massa vökvans sem mældur er við mælingarskilyrði í rúmmál við mælingarskilyrði og/eða rúmmál við grunnskilyrði.

Athugasemd: umreikningsbúnaður inniheldur viðkomandi tengd mælitæki.

Grunnskilyrði

Þau tilgreindu skilyrði sem umreikningur á mældu magni vökva við mælingarskilyrði miðast við.

Mælikerfi

Kerfi sem samanstendur af mælinum sjálfum og öllum búnaði sem krafist er til að tryggja rétta mælingu eða ætlaður er til að auðvelda mæliaðgerðir.

Eldsneytisskammtari

Mælikerfi ætlað til að fylla á vélknúin ökutæki, litla báta og lítil loftför.

Sjálfsafgreiðslufyrirkomulag

Fyrirkomulag sem leyfir viðskiptavini að nota mælikerfi til að ná í vökva til eigin nota.

Sjálfsafgreiðslubúnaður

Sérstakt tæki sem er hluti af sjálfsafgreiðslufyrirkomulagi og sem leyfir einu eða fleiri mælikerfum að starfa í þessu sjálfsafgreiðslufyrirkomulagi.

Minnsta mælda magn (MMQ)

Minnsta mælda magn vökva sem er mælifræðilega ásættanlegt fyrir mælikerfi.

Bein vísun

Vísunin, annað hvort rúmmál eða massi, sem samsvarar mælieiningunni og því hvað mælirinn er fær um að mæla.

Athugasemd: breyta má beinu vísuninni í annað magn með umreikningsbúnaði.

Rjúfanlegt/órjúfanlegt

Mælikerfi telst rjúfanlegt/órjúfanlegt þegar hægt er/ekki er hægt að stöðva vökvarennslið auðveldlega og fljótt.

Rennslissvið

Sviðið á milli lágmarksrennslis (Q_{min}) og hámarksrennslis (Q_{max}).

SÉRSTAKAR KRÖFUR

1. **Málnotkunarskilyrði**

Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir tækið, einkum:

1.1. rennslissvið

Rennslissviðið er háð eftirfarandi skilyrðum:

i) rennslissvið mælikerfis skal vera innan rennslissviðs sérhvers þáttar þess, einkum mælisins.

ii) mælir og mælikerfi:

Tafla 1

Sérstakt mælikerfi	Eiginleiki vökva	Lágmarkshlutfall $Q_{max} : Q_{min}$
Eldsneytisskammtarar	Ekki fljótandi gas	10 : 1
	Fljótandi gas	5 : 1
Mælikerfi	Lághitavökvar	5 : 1
Mælikerfi á leiðslum og kerfum til skipalestunar	Allir vökvar	Hæft til notkunar
Öll önnur mælikerfi	Allir vökvar	4 : 1

1.2. eiginleika vökvans sem tækið á að mæla með því að tilgreina nafn eða gerð vökvans eða mikilvæga eiginleika hans, t.d.:

— hitastigssvið,

— þrýstingssvið,

— þéttleikasvið,

— seigjusvið.

1.3. málgildi riðspennugjafans og/eða mörk jafnspennugjafans.

1.4. grunnskilyrði fyrir gildi sem hafa verið umreiknuð.

Athugasemd: liður 1.4 er með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna um að krefjast annaðhvort notkunar 15 °C í samræmi við 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/81/EBE frá 19. október 1992 um samræmingu

á flokkun vörugjalda á jarðolíur ([1]) eða annars hitastigs í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar fyrir svartolíu, fljótandi jarðolíugas og metan.

2. **Nákvæmnisflokkun og mestu leyfðu skekkjur (MPE)**

2.1. Fyrir magn sem er jafnt og eða meira en 2 lítrar er mesta leyfða skekkja vísana:

Tafla 2

	Nákvæmnisflokkur				
	0,3	0,5	1,0	1,5	2,5
Mælikerfi (A)	0,3%	0,5%	1,0%	1,5%	2,5%
Mælar (B)	0,2%	0,3%	0,6%	1,0%	1,5%

2.2. Fyrir magn sem er minna en 2 lítrar er mesta leyfða skekkja vísana:

Tafla 3

Mælt rúmmál V	Mesta leyfða skekkja
$V < 0,1$ L	4 x gildi í töflu 2, gildir um 0,1 L
$0,1 \text{ L} \leq V < 0,2$ L	4 x gildi í töflu 2
$0,2 \text{ L} \leq V < 0,4$ L	2 x gildi í töflu 2, gildir um 0,4 L
$0,4 \text{ L} \leq V < 1$ L	2 x gildi í töflu 2
$1 \text{ L} \leq V < 2$ L	Gildi í töflu 2, gildir um 2 L

2.3. Hvert sem mælda magnið er ræðst þó stærð mestu leyfðu skekkju af því gildi sem stærra er af tveimur eftirfarandi gildum:

— tölugildi mestu leyfðu skekkju sem gefið er upp í töflu 2 eða töflu 3,

— tölugildi mestu leyfðu skekkju fyrir minnsta mælda magn (E_{min}).

2.4.1. Um minnsta mælda magn sem er meira en eða jafnt og 2 lítrar gilda eftirfarandi skilyrði:

Skilyrði 1

E_{min} skal uppfylla skilyrði: $E_{min} > 2$ R, þar sem R er minnsta kvarðadeiling vísibúnaðar.

Skilyrði 2

E_{min} er reiknað með reiknireglunni: $E_{min} = (2MMQ) \times (A/100)$ þar sem:

— MMQ er minnsta mælda magnið,

— A er tölugildið sem tilgreint er í línu A í töflu 2.

2.4.2. Fyrir minnsta mælda magn sem er minna en tveir lítrar gildir skilyrði 1 hér að framan og E_{min} er tvisvar sinnum gildið sem tilgreint er í töflu 3 og tengt línu A í töflu 2.

2.5. *Umreiknuð vísun*

Ef um er að ræða umreiknaða vísun eru mestu leyfðu skekkjur eins og í línu A í töflu 2.

2.6. *Umreikningsbúnaður*

Mestu leyfðu skekkjur umreiknaðra vísana vegna umreikningsbúnaðar eru jafnt og $\pm (A - B)$ þar sem A og B eru gildin sem tilgreind eru í töflu 2.

Hlutar umreikningsbúnaðar sem hægt er að prófa sérstaklega

([1]) Stjtíð. EB L 316, 31.10.1992, bls. 12. Tilskipunin var felld úr gildi með tilskipun 2003/96/EB (Stjtíð. ESB L283 31.10.2003, bls. 51).

a) Reiknivél

Mestu leyfðu skekkjur fyrir vísanir magns vökva til útreikninga, jákvæðra eða neikvæðra, eru jafnt og einn tíundi af mestu leyfðu skekkjum sem skilgreindar eru í línu A í töflu 2.

b) Tengd mælitæki

Tengd mælitæki skulu vera a.m.k. jafn nákvæm og gildin í töflu 4:

Tafla 4

Mesta leyfða skekkja mælinga	Nákvæmnisflokkar mælikerfis				
	0,3	0,5	1,0	1,5	2,5
Hitastig	± 0,3 °C	± 0,5 °C			± 1,0 °C
Þrýstingur	Minni en 1 MPa: ± 50 kPa Frá 1 til 4 MPa: ± 5% Yfir 4 MPa: ± 200 kPa				
Þéttleiki	± 1 kg/m^3		± 2 kg/m^3		± 5 kg/m^3

Þessi gildi eiga við um vísun auðkennisstærða fyrir vökvann sem umreikningsbúnaðurinn sýnir.

c) Nákvæmni reiknihlutverks

Mesta leyfða skekkja við útreikning auðkennisstærða vökvans, jákvæð eða neikvæð, er jöfn tveimur fimmtu gildisins sem ákvarðað er í b-lið.

2.7. Krafan í a-lið í lið 2.6 gildir fyrir alla útreikninga, ekki aðeins umreikning.

3. **Leyfileg hámarksáhrif truflana**

3.1. Áhrif rafsegultruflunar á mælikerfi skulu vera eitt af eftirfarandi:

— breytingin á mæliniðurstöðunni verður ekki meiri en umtalsverða breytingargildið eins og það er skilgreint í lið 3.2, eða

— vísun mæliniðurstöðunnar sýnir tímabundna breytingu sem verður ekki túlkuð, geymd eða send sem mæliniðurstaða. Ef um rjúfanlegt kerfi er að ræða kann þetta enn fremur að tákna að ómögulegt sé að framkvæma mælingu, eða

— breytingin á mæliniðurstöðunni er meiri en umtalsverða breytingargildið, en í því tilviki skal mælikerfið leyfa að mæliniðurstaða, sem er fengin rétt áður en að umtalsverða breytingargildið átti sér stað og lokaði fyrir rennslið, sé sótt.

3.2. Umtalsverða breytingargildið er meira en mesta leyfða skekkja/5 fyrir tilgreint mælt magn eða E_{min}.

4. **Ending**

Eftirfarandi viðmiðanir skulu uppfylltar að lokinni viðeigandi prófun að teknu tilliti til þess tíma sem framleiðandi áætlar:

í samanburði við frummæliniðurstöðu skal frávik á mæliniðurstöðu eftir endingarprófun ekki vera meira en gildið fyrir mæla sem tilgreint er í línu B í töflu 2.

5. **Hæfi**

5.1. Fyrir mælt magn sem tengist sömu mælingu skulu vísanir sem ýmis búnaður gefur ekki víkja frá hver annarri um meira en eina kvarðadeilingu þegar búnaðurinn hefur sömu kvarðadeilingu. Ef búnaður hefur mismunandi kvarðadeilingar skal frávikið ekki vera meira en stærsta kvarðadeilingin.

Ef um er að ræða sjálfsafgreiðslufyrirkomulag skulu kvarðadeilingar aðalvísibúnaðar mælikerfisins og kvarðadeilingar sjálfsafgreiðslubúnaðarins vera hinar sömu og ekkert frávik skal vera í mæliniðurstöðum.

5.2. Ekki skal vera mögulegt að breyta stefnu mælda magnsins við eðlilegar notkunaraðstæður nema það sé augljóst.

5.3. Hundraðshluti lofts eða gass sem ekki er auðvelt að greina í vökvanum skal ekki leiða til skekkjufráviks sem er meira en:

— 0,5% fyrir vökva aðra en vökva til drykkjar og vökva sem hafa seigju sem er ekki meiri en 1 mPa.s, eða

— 1% fyrir vökva til drykkjar og vökva með seigju sem er meiri en 1 mPa.s.

Leyft frávik skal þó aldrei vera minna en 1% af minnsta mælda magni (MMQ). Þetta gildi á við þegar um er að ræða loft- eða gasgat.

5.4. *Tæki til beinnar sölu*

5.4.1. Mælikerfi til beinnar sölu skal útbúið með leið til að núllstilla skjáinn.

Ekki skal vera hægt að beina mælda magninu í aðra átt.

5.4.2. Magnið sem viðskiptin byggjast á skal sýnt varanlega þangað til allir aðilar að viðskiptunum hafa samþykkt mæliniðurstöðuna.

5.4.3. Hægt skal vera að rjúfa mælikerfi til beinnar sölu.

5.4.4. Hundraðshluti lofts eða gass í vökvanum skal ekki leiða til skekkjufráviks sem er meira en gildin sem tilgreind eru í lið 5.3.

5.5. *Eldsneytisskammtarar*

5.5.1. Ekki skal vera mögulegt að núllstilla skjái á eldsneytisskömmturum meðan á mælingu stendur.

5.5.2. Upphaf nýrrar mælingar skal hindrað þangað til skjárinn hefur verið núllstilltur.

5.5.3. Þar sem mælikerfi er útbúið með skjá sem sýnir verð skal munurinn á sýndu verði og verðinu sem reiknað er út frá einingaverði og sýndu magni ekki vera meiri en verðið samkvæmt E_{min}. Þess mismunur þarf ekki að vera minni en minnsta peningalega gildi.

6. **Bilun í aflgjafa**

Mælikerfi skal annað hvort útbúið með búnaði til neyðaraflgjafar sem verndar öll mælihlutverk ef búnaður til aðal-aflgjafar bilar eða útbúið þannig að það visti og sýni gögn sem eru til staðar svo að unnt sé að ljúka viðskiptum sem eru hafin og þannig að hægt sé að stöðva rennsli á því augnabliki sem aðalbúnaður til aflgjafar bilar.

7. **Notkun**

Tafla 5

Nákvæmnisflokkur	Gerð mælikerfis
0,3	Mælikerfi á leiðslu
0,5	Öll mælikerfi ef annað er ekki tekið fram annars staðar í þessari töflu, einkum: — eldsneytisskammtara (ekki fyrir gas í fljótandi formi) — mælikerfi í tankbifreiðum fyrir vökva með lága seigju (< 20 mPa.s) — mælikerfi fyrir fermingu og affermingu skipa og járnbrautartankvagna og tankbifreiða (1) — mælikerfi fyrir mjólk — mælikerfi fyrir áfyllingu loftfara
1,0	Mælikerfi fyrir gas í fljótandi formi við þrýsting sem er mældur við hitastig sem er jafnt og eða hærra en – 10 °C
	mælikerfi sem venjulega eru í flokki 0,3 eða 0,5 en eru notuð fyrir vökva — sem hafa hitastig sem er lægra en – 10 °C eða hærra en 50 °C — sem hafa skriðseigju sem er meiri en 1 000 mPa.s — sem hafa hámarksrúmmálsrennsli sem er ekki meira en 20 L/h
1,5	Mælikerfi fyrir koltvísýring í fljótandi formi
	Mælikerfi fyrir gas í fljótandi formi við þrýsting sem er mældur við hitastig sem er lægra en – 10 °C (aðra en lághitavökva)
2,5	Mælikerfi fyrir lághitavökva (hitastig lægra en – 153 °C)

(1) Aðildarríki geta þó að krafist mælikerfa í nákvæmnisflokki 0,3 eða 0,5 þegar þau eru notuð til gjaldinnheimtu af jarðefnaolíum við fermingu eða affermingu skipa og járnbrautartankvagna og tankbifreiða.
Athugasemd: framleiðanda er þó heimilt að tilgreina meiri nákvæmni fyrir tiltekna gerð mælikerfis.

8. **Mælieiningar**

Mælda magnið skal sýnt í millilítrum, rúmsentimetrum, lítrum, rúmmetrum, grömmum, kílógrömmum eða tonnum.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. sem framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1 eða G.

VIÐAUKI MI-006

SJÁLFVIRKAR VOGIR

Viðkomandi grunnkröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í I. kafla þessa viðauka eiga við um sjálfvirkar vogir sem skilgreindar eru hér á eftir, og ætlaðar eru til ákvörðunar á massa hlutar með að því að nota áhrif þyngdarafls á hlutinn.

SKILGREININGAR

Sjálfvirk vog

Tæki sem ákvarðar massa vöru án afskipta starfræknjanda og fylgir fyrirfram ákveðinni áætlun sem byggir á sjálfvirkum ferlum sem eru einkennandi fyrir tækið.

Sjálfvirk ósamfelld vog

Sjálfvirk vog sem ákvarðar massa forsamsettra, aðskilinna hleðslna (t.d. forpakkninga) eða einstakra hleðslna af lausu efni.

Sjálfvirk úrtaksvog

Sjálfvirk ósamfelld vog sem skiptir hlutum með mismunandi massa í tvo eða fleiri undirflokka í samræmi við gildi mismunar massa þeirra og málstillipunkts.

Sjálfvirk þyngdarmerkivog

Sjálfvirk ósamfelld vog sem merkir einstaka hluti með þyngdargildinu.

Sjálfvirk verðmerkivog

Sjálfvirk ósamfelld vog sem merkir einstaka hluti með þyngdargildi og verðupplýsingum.

Sjálfvirk sekkjunarvog

Sjálfvirk vog sem fyllir ílát með fyrirfram ákveðnum og svo til stöðugum massa af efni í búlka.

Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog

Sjálfvirk vog sem ákvarðar massa efnis í búlka með því að skipta því upp í aðskildar hleðslur. Massi hverrar aðskilinnar hleðslu er ákvarðaður í röð og lagður saman. Hver aðskilin hleðsla er svo aftur sett í búlka.

Sjálfvirk samfelld samlagningarvog

Sjálfvirk vog sem ákvarðar samfellt massa efnis í búlka á færibandi án kerfisbundinnar skiptingar efnisins og án þess að trufla hreyfingu færibandsins.

Járnbrautarvog

Sjálfvirk vog sem er með álagshluta með járnbrautarteinum til að flytja járnbrautarökutæki.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

I. kafli — kröfur sem eru sameiginlegar öllum gerðum sjálfvirkra voga

1. *Málnotkunarskilyrði*

Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir tækið sem hér segir:

1.1. að því er varðar mælistærðina:

mælisviðið með tilliti til hámarks- og lágmarksgetu.

1.2. að því er varðar áhrifsstærðir rafmagns:

þegar um riðspennugjafa er að ræða: málgildi riðspennugjafans, eða riðspennumörkin.

þegar um jafnspennugjafa er að ræða: málgildi og lágmark jafnspennugjafans, eða jafnspennumörkin.

1.3. að því er varðar aflfræðilegar og veðurfarslegar áhrifsstærðir:

lágmarkshitastigssvið er 30 °C nema annað sé tilgreint í þeim köflum þessa viðauka sem hér fara á eftir.

Aflfræðilegir umhverfisflokkar í samræmi við lið 1.3.2 í I. viðauka gilda ekki. Framleiðandi skal skilgreina aflfræðileg notkunarskilyrði fyrir tæki sem eru notuð við sérstakt aflfræðilegt álag, t.d. tæki sem sett eru í ökutæki.

1.4. Fyrir aðrar áhrifsstærðir (ef við á):

ganghraði eða ganghraðar.

eiginleikar vörunnar eða varanna sem á að vigta.

2. *Leyfileg áhrif truflana — rafsegulumhverfi*

Sú hæfni sem krafist er og umtalsverða breytingargildið eru gefin upp í viðkomandi kafla í þessum viðauka fyrir hverja gerð tækis.

3. *Hæfi*

3.1. Ráðstafanir skulu gerðar til að takmarka áhrif halla, hleðslu og ganghraða þannig að ekki sé farið yfir mestu leyfðu skekkjur við eðlilega starfrækslu.

3.2. Fullnægjandi aðstaða og búnaður til meðhöndlunar fyrir efni skal vera fyrir hendi til að tækið virki innan mestu leyfðu skekkna við eðlilega starfrækslu.

3.3. Notendaviðmót skal vera skýrt og skilvirkt.

3.4. Starfrækjandi skal geta sannprófað áreiðanleika skjásins (þar sem hann er til staðar).

3.5. Fullnægjandi möguleiki til núllstillingar skal vera til staðar til að tækið geti virkað innan mestu leyfðu skekkna við eðlilega starfrækslu.

3.6. Niðurstöður utan mælisviðs skulu auðkenndar sem slíkar þar sem útprentun er möguleg.

4. *Samræmismat*

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. sem framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

Fyrir vélræn kerfi:

B + D eða B + E eða B + F eða D1 eða F1 eða G eða H1.

Fyrir rafvélræn tæki:

B + D eða B + E eða B + F eða G eða H1.

Fyrir rafeindakerfi eða kerfi sem innihalda hugbúnað:

B + D eða B + F eða G eða H1.

II. KAFLI — Sjálfvirkar ósamfelldar vogir

1. *Nákvæmnisflokkar*

1.1. Tækjum er skipt í aðalflokka sem eru táknaðir með:

X eða Y

eftir því sem framleiðandi tilgreinir.

1.2. Þessum aðalflokkum er enn frekar skipt í fjóra nákvæmnisflokka:

XI, XII, XIII & XIV

og

Y(I), Y(II), Y(a) & Y(b)

sem framleiðandi skal tilgreina.

2. *Tæki í flokki X*

2.1. Flokkur X gildir um tæki sem eru notuð til að athuga forpakkningar sem gerðar eru í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 75/106/EBE frá 19. september 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva ([1]) og tilskipunar ráðsins 76/211/EBE frá 20 janúar 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda þyngd eða rúmmál tiltekinna forpakkaðra vara ([2]) sem gilda um forpakkningar.

2.2. Við nákvæmnisflokkana bætist stuðull (x) sem magnfestir mesta leyfða staðalfrávik eins og tilgreint er í lið 4.2.

Framleiðandi skal tilgreina stuðulinn (x) þar sem (x) er ≤ 2 og á forminu 1×10^k, 2×10^k or 5×10^k þar sem k er neikvæð heil tala eða núll.

3. *Tæki í flokki Y*

Flokkur Y gildir um allar aðrar sjálfvirkar ósamfelldar vogir.

4. *Mesta leyfða skekkja*

4.1. Meðaltalsskekkja í flokki X/ mesta leyfða skekkja tækja í flokki Y

Tafla 1

Nettó hleðsla (m) í skerðingu eða skerðingum (e)								Mesta leyfða meðaltals-skekkja	Mesta leyfða skekkja
XI	Y(I)	XII	Y(II)	XIII	Y(a)	XIV	Y(b)	X	Y
0 < m≤ 50 000		0 < m ≤ 5 000		0 < m ≤ 500		0 < m ≤ 50		± 0,5 e	± 1 e
50 000 < m ≤ 200 000		5 000 < m ≤ 20 000		500 < m ≤ 2 000		50 < m ≤ 200		± 1,0 e	± 1,5 e
200 000 < m		20 000 < m ≤ 100 000		2 000 < m ≤ 10 000		200 < m ≤ 1 000		± 1,5 e	± 2 e

4.2. Staðalfrávik

Mesta leyfða gildi staðalfráviks fyrir tæki í flokki X (x) er útkoman úr margföldun stuðulsins (x) og gildisins í töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2

Nettó hleðsla (m)	Mesta leyfða staðalfrávik fyrir flokk X(1)
m ≤ 50 g	0,48%
50 g < m ≤ 100 g	0,24 g
100 g < m ≤ 200 g	0,24%
200 g < m ≤ 300 g	0,48 g
300 g < m ≤ 500 g	0,16%
500 g < m ≤ 1 000 g	0,8 g

([1]) Stjtíð. EB L 42, 15.2.1975, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/676/EBE (Stjtíð. EB L 398, 30.12.1989, bls. 18).

([2]) Stjtíð. EB L 46, 21.2.1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með EES-samningnum.

Nettó hleðsla (m)	Mesta leyfða staðalfrávik fyrir flokk X(1)
1 000 g < m ≤ 10 000 g	0,08%
10 000 g < m ≤ 15 000 g	8 g
15 000 g < m	0,053%

Fyrir flokk XI og XII skal (x) vera minna en 1.

Fyrir flokk XIII skal (x) ekki vera meira en 1.

Fyrir flokk XIV skal (x) vera meira en 1.

4.3. Skerðing — tæki með óskiptu mælisviði

Tafla 3

Nákvæmnisflokkar		Skerðing	Fjöldi skerðinga n = Max/e	
			Lágmark	Hámark
XI	Y(I)	0,001 g ≤ e	50 000	–
XII	Y(II)	0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g	100	100 000
		0,1 g ≤ e	5 000	100 000
XIII	Y(a)	0,1 g ≤ e ≤ 2 g	100	10 000
		5 g ≤ e	500	10 000
XIV	Y(b)	5 g ≤ e	100	1 000

4.4. Skerðing — tæki með margskiptu mælisviði

Tafla 4

Nákvæmnisflokkar		Skerðing	Fjöldi skerðinga n = Max/e	
			Lágmarksgildi ([1]) $n = Max_i/e_{(i+1)}$	Hámarksgildi $n = Max_i/e_i$
XI	Y(I)	0,001 g ≤ e_i	50 000	–
XII	Y(II)	0,001 g ≤ e_i ≤ 0,05 g	5 000	100 000
		0,1 g ≤ e_i	5 000	100 000
XIII	Y(a)	0,1 g ≤ e_i	500	10 000
XIV	Y(b)	5 g ≤ e_i	50	1 000

Þar sem:
i = 1, 2, ... r
i = skipt vigtunarsvið
r = heildarfjöldi skiptra sviða
([1])Fyrir i = r gildir samsvarandi dálkur töflu 3 þar sem e_r kemur í stað e.

5. *Mælisvið*

Við tilgreiningu mælisviðs fyrir tæki í flokki Y skal framleiðandi taka tillit til þess að lágmarksgeta skal ekki vera minni en:

Flokkur Y(I):	100 e
Flokkur Y(II):	20 e fyrir 0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g, og 50 e fyrir 0,1 g ≤ e
Flokkur Y(a):	20 e

Flokkur Y(b): 10 e

Vogir sem notaðar eru til flokkunar, t.d. póstvogir og sorpvogir: 5 e

6. *Aflræn stilling*

6.1. Aflrænn leiðréttingarbúnaður skal starfa innan hleðslusviðs sem tilgreint er af framleiðanda.

6.2. Þegar aflrænn leiðréttingarbúnaður, sem bætir upp þau aflrænu áhrif sem hreyfing hleðslunnar hefur, er notaður skal koma í veg fyrir að hann starfi utan hleðslusviðsins og skal vera hægt að læsa honum.

7. *Hæfni að teknu tilliti til áhrifsþátta og rafsegultruflana*

7.1. Mestu leyfðu skekkjur vegna áhrifsþátta eru:

7.1.1. fyrir tæki í flokki X:

— fyrir sjálfvirka starfrækslu eins og tilgreint er í töflum 1 og 2,

— fyrir kyrrstöðuvigtun í ósjálfvirkri starfrækslu eins og tilgreint er í töflu 1.

7.1.2. fyrir tæki í flokki Y:

— fyrir sérhverja hleðslu í sjálfvirkri starfrækslu eins og tilgreint er í töflu 1,

— fyrir kyrrstöðuvigtun í ósjálfvirkri starfrækslu eins og tilgreint er fyrir flokk X í töflu 1.

7.2. Umtalsverða breytingargildið vegna truflunar er ein skerðing.

7.3. Hitastigssvið:

— fyrir flokka XI og Y(I) er lágmarkssvið 5 °C,

— fyrir flokka XII og Y(II) er lágmarkssvið 15 °C.

III. KAFLI — Sjálfvirkar sekkjunarvogir

1. *Nákvæmnisflokkar*

1.1. Framleiðandi skal tilgreina bæði viðmiðunarnákvæmnisflokk Ref(x) og starfrækslunákvæmnisflokk eða -flokka X(x).

1.2. Viðmiðunarnákvæmnisflokkur Ref(x) er tilgreindur fyrir gerð tækis sem svarar til mestu mögulegu nákvæmni tækja af þeirri gerð. Eftir uppsetningu er einn eða fleiri starfrækslunákvæmnisflokkur X(x) tilgreindur fyrir einstök tæki að teknu tilliti til þeirra tilgreindu vara sem á að vigta. Stuðull nákvæmnisflokksins (x) skal vera ≤ 2 og á forminu 1×10^k, 2×10^k or 5×10^k þar sem k er neikvæð heil tala eða núll.

1.3. Viðmiðunarnákvæmnisflokkurinn Ref(x) gildir fyrir kyrrstöðuhleðslu.

1.4. Fyrir starfrækslunákvæmnisflokkinn X(x) er X regla sem tengir nákvæmni við þyngd hleðslu og (x) er margfaldari fyrir skekkjumörkin sem tilgreind eru fyrir flokk X(1) í lið 2.2.

2. *Mesta leyfða skekkja*

2.1. Kyrrstöðuvigtunarskekkja

2.1.1. Fyrir kyrrstöðuhleðslu við málnotkunarskilyrði skal mesta leyfða skekkja fyrir viðmiðunarflokk Ref(x) vera 0,312 af mesta leyfða fráviki hverrar áfyllingar frá meðaltalinu, eins og tilgreint er í töflu 5, margfölduð með stuðli nákvæmnisflokksins (x).

2.1.2. Fyrir tæki þar sem áfyllingin samanstendur af fleiri en einni hleðslu (t.d. safnandi eða valvísar samvalsvogir) skal mesta leyfða skekkja fyrir kyrrstöðuhleðslu vera nákvæmnin sem krafist er fyrir áfyllinguna eins og tilgreint er í lið 2.2 (þ.e. ekki summa mesta leyfða fráviks einstakra hleðslna).

2.2. Frávik frá meðaltalsáfyllingu

Tafla 5

Massagildi m (g) áfyllinga	Mesta leyfða frávik hverrar áfyllingar frá meðaltalinu fyrir flokk X(1)
$m \leq 50$	7,2%
$50 < m \leq 100$	3,6 g
$100 < m \leq 200$	3,6%
$200 < m \leq 300$	7,2 g
$300 < m \leq 500$	2,4%
$500 < m \leq 1\,000$	12 g
$1\,000 < m \leq 10\,000$	1,2%
$10\,000 < m \leq 15\,000$	120 g
$15\,000 < m$	0,8%

Athugasemd: heimilt er að aðlaga reiknað frávik hverrar áfyllingar frá meðaltalinu til að taka tillit til áhrifa agnastærða efnis.

2.3. Skekkja miðað við forstillt gildi (stillingarskekkja)

Fyrir tæki þar sem hægt er að fyrirframstilla þyngd áfyllingar skal hámarksmismunur á milli forstillta gildisins og meðalmassa áfyllinganna ekki vera meiri en 0,312 af mesta leyfða fráviki hverrar áfyllingar frá meðaltalinu eins og tilgreint er í töflu 5.

3. *Hæfni að teknu tilliti til áhrifsþátta og rafsegultruflana*

3.1. Mesta leyfða skekkja vegna áhrifsþátta skal vera eins og tilgreint er í lið 2.1.

3.2. Umtalsverða breytingargildið vegna truflunar er breyting á vísun hleðslu í kyrrstöðu sem er jöfn mestu leyfðu skekkju, eins og hún er tilgreind í lið 2.1, reiknuð út fyrir lágmarksmáláfyllingu eða breyting sem hefur sambærileg áhrif á áfyllingu í því tilviki þegar um er að ræða tæki þar sem áfyllingin samanstendur af mörgum hleðslum. Reiknaða umtalsverða breytingargildið skal námundað að næstu kvarðadeilingu fyrir ofan (d).

3.3. Framleiðandi skal tilgreina gildi lágmarksmáláfyllingarinnar.

IV. KAFLI – Sjálfvirkar ósamfelldar samlagningarvogir

1. *Nákvæmnisflokkar*

Tækjum er skipt í fjóra nákvæmnisflokka sem hér segir: 0,2, 0,5, 1, 2.

2. *Mestu leyfðu skekkjur*

Tafla 6

Nákvæmnisflokkur	Mesta leyfða skekkja samlagðra hleðslna
0,2	± 0,10%
0,5	± 0,25%
1	± 0,50%
2	± 1,00%

3. *Kvarðadeiling eftir samlagningu*

Kvarðadeiling eftir samlagningu (dt) skal vera á bilinu:

$0{,}01\%\ \text{Max} \leq d_t \leq 0{,}2\%\ \text{Max}$

4. *Lágmark samanlagðrar hleðslu (Σ_{min})*

Lágmark samanlagðrar hleðslu (Σ_{min}) skal ekki vera minna en hleðslan þar sem mesta leyfða skekkja er jöfn kvarðadeilingu eftir samlagningu (d_t) og ekki minna en lágmarkshleðsla sem tilgreind er af framleiðanda.

5. *Núllstilling*

Tæki sem vega ekki töru eftir hverja losun skulu hafa núllstillingarbúnað. Sjálfvirk starfræksla skal hindruð ef núllvísun er breytileg um sem nemur:

— 1 d_t á tækjum með sjálfvirkan núllstillibúnað,

— 0,5 d_t á tækjum með hálfsjálfvirkan, eða ósjálfvirkan núllstillibúnað.

6. *Notendaviðmót*

Stillingar starfrækjanda og endurstilling skal hindruð á meðan sjálfvirkri starfrækslu stendur.

7. *Útprent*

Á tækjum sem útbúin eru með prentbúnaði skal endurstilling heildartölunnar hindruð þar til heildartalan hefur verið prentuð. Útprentun heildartölunnar skal eiga sér stað ef truflun verður á sjálfvirkri starfrækslu.

8. *Hæfni að teknu tilliti til áhrifsþátta og rafsegultruflana*

8.1. Mestu leyfðu skekkjur vegna áhrifsþátta skulu vera eins og tilgreint er í töflu 7.

Tafla 7

Hleðsla (m) í kvarðadeilingum eftir samlagningu (d_t)	Mesta leyfða skekkja
$0 < m \leq 500$	$\pm 0{,}5\ d_t$
$500 < m \leq 2\ 000$	$\pm 1{,}0\ d_t$
$2\ 000 < m \leq 10\ 000$	$\pm 1{,}5\ d_t$

8.2. Umtalsvert breytingargildi vegna truflunar er ein kvarðadeiling eftir samlagningu fyrir hverja þyngdarvísun og geymda heildartölu.

V. KAFLI – Sjálfvirk samfelld samlagningarvog

1. *Nákvæmnisflokkar*

Tækjum er skipt í þrjá nákvæmnisflokka sem hér segir: 0,5, 1, 2.

2. *Mælisvið*

2.1. Framleiðandi skal tilgreina mælisvið, hlutfallið á milli lágmarks nettó hleðslu á vogareininguna og hámarksgetu, og lágmark samanlagðrar hleðslu.

2.2. Lágmark samanlagðrar hleðslu Σ_{min} skal ekki vera minna en

800 d fyrir flokk 0,5,

400 d fyrir flokk 1,

200 d fyrir flokk 2.

Þar sem d er kvarðadeiling almenns samlagningarbúnaðar eftir samlagningu.

3. *Mesta leyfða skekkja*

Tafla 8

Nákvæmnisflokkur	Mesta leyfða skekkja samanlagðra hleðslna
0,5	± 0,25%
1	± 0,5%
2	± 1,0%

4. *Hraði færibands*

Framleiðandi skal tilgreina hraða færibandsins. Fyrir færibandavogir sem ganga á stöðugum hraða og færibandavogir sem ganga á breytilegum hraða og eru með handvirkri hraðastjórnun skal hraðinn ekki víkja frá nafngildinu um meira en 5%. Varan skal ekki vera á öðrum hraða en hraða færibandsins.

5. *Almennur samlagningarbúnaður*

Ekki skal vera mögulegt að núllstilla almennan samlagningarbúnað.

6. *Hæfni með tilliti til áhrifsþátta og rafsegultruflana*

6.1. Mesta leyfða skekkja vegna áhrifsþáttar fyrir hleðslu sem er ekki minni en Σ_{min} skal vera 0,7 sinnum viðeigandi gildi sem tilgreint er í töflu 8 og námunduð að næstu kvarðadeilingu eftir samlagningu (d).

6.2. Umtalsvert breytingargildi vegna truflunar skal vera 0,7 sinnum viðeigandi gildi sem tilgreint er í töflu 8 fyrir hleðslu sem er jöfn Σ_{min} fyrir tilgreindan flokk færibandavogarinnar, námundað að næstu kvarðadeilingu eftir samlagningu (d) fyrir ofan.

VI. KAFLI – Sjálfvirkar járnbrautarvogir

1. *Nákvæmnisflokkar*

Tækjum er skipt í fjóra nákvæmnisflokka sem hér segir: 0,2, 0,5, 1, 2.

2. *Mesta leyfða skekkja*

2.1. Mestu leyfðu skekkjur fyrir vigtun einstaks vagns eða lestar á hreyfingu eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9

Nákvæmnisflokkur	Mesta leyfða skekkja
0,2	± 0,1%
0,5	± 0,25%
1	± 0,5%
2	± 1,0%

2.2. Mestu leyfðu skekkjur fyrir vigtun tengdra eða ótengdra vagna á hreyfingu skal vera eitt af eftirfarandi gildum, eftir því hvert er stærst:

— gildið sem reiknað er í samræmi við töflu 9 námundað að næstu kvarðadeilingu,

— gildið sem reiknað er í samræmi við töflu 9 námundað að næstu kvarðadeilingu fyrir þyngd sem er jöfn 35% af hámarksþyngd vagns (eins og skráð er í áletrunum),

— ein kvarðadeiling (d).

2.3. Mestu leyfðu skekkjur fyrir þyngd lestar sem vigtuð er á hreyfingu skal vera eitt af eftirfarandi gildum, eða það gildið sem hæst er:

— gildið sem reiknað er í samræmi við töflu 9 námundað að næstu kvarðadeilingu,

— gildið sem reiknað er í samræmi við töflu 9 fyrir þyngd eins vagns sem er jöfn 35% af hámarksþyngd vagns (eins og skráð er í áletrunum), margfaldað með fjölda viðmiðunarvagna (ekki fleiri en 10) í lestinni og námundað að næstu kvarðadeilingu,

— ein kvarðadeiling (d) fyrir sérhvern vagn í lestinni en ekki fleiri en 10 d.

2.4. Við vigtun tengdra vagna mega allt að 10% af skekkjum vigtunarniðurstaðna, sem teknar eru úr einni eða fleiri ferð lestarinnar, vera meiri en viðeigandi mesta leyfða skekkja sem gefin er upp í lið 2.2 en skulu ekki vera meiri en tvöföld mesta leyfða skekkja.

3. *Kvarðadeiling (d)*

Tengslin á milli nákvæmnisflokksins og kvarðadeilingarinnar skulu vera eins og tilgreint er í töflu 10.

Tafla 10

Nákvæmnisflokkur	Kvarðadeiling (d)
0,2	$d \leq 50$ kg
0,5	$d \leq 100$ kg
1	$d \leq 200$ kg
2	$d \leq 500$ kg

4. *Mælisvið*

4.1. Lágmarksgeta skal ekki vera minni en 1 t og ekki meiri en gildið úr niðurstöðu þegar lágmarksþyngd vagns er deilt með fjölda skiptra vigtana.

4.2. Lágmarksþyngd vagns skal ekki vera minni en 50 d.

5. *Hæfni með tilliti til áhrifsþátta og rafsegultruflana*

5.1. Mesta leyfða skekkja vegna áhrifsþátta skal vera eins og tilgreint er í töflu 11.

Tafla 11

Hleðsla (m) í skerðingum (d)	Mesta leyfða skekkja
$0 < m \leq 500$	± 0,5 d
$500 < m \leq 2\,000$	± 1,0 d
$2\,000 < m \leq 10\,000$	± 1,5 d

5.2. Umtalsverða breytingargildið vegna truflunar er ein kvarðadeiling.

VIÐAUKI MI-007

GJALDMÆLAR LEIGUBIFREIÐA

Viðkomandi kröfur í 1. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um gjaldmæla leigubifreiða.

SKILGREININGAR

Gjaldmælir leigubifreiðar

Búnaður sem vinnur ásamt merkjavaka ([1]) sem mælitæki.

Þessi búnaður mælir tímalengd og reiknar vegalengd á grundvelli merkis sem kemur frá vegalengdarmerkjavakanum. Að auki reiknar hann og sýnir fargjaldið sem skal greiða fyrir ferð á grundvelli reiknaðrar vegalengdar og/eða mældrar tímalengdar ferðarinnar.

Fargjald

Heildarupphæð peninga sem greiða skal fyrir ferð sem byggð er á föstu startgjaldi og/eða fjarlægð og/eða tímalengd ferðarinnar. Fargjaldið tekur ekki til viðbótargjalds sem lagt er á fyrir aukaþjónustu.

([1]) Fjarlægðarmerkjavaki er utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

Hraðamörk

Hraðagildið sem fengið er með því að deila tímataxtagildi með vegalengdartaxtagildi.

Venjulegur reiknihamur S (beiting einfalds taxta)

Útreikningur fargjalds byggður á beitingu tímataxta fyrir neðan hraðamörk og beitingu vegalengdartaxta fyrir ofan hraðamörk.

Venjulegur reiknihamur D (beiting tvöfalds taxta)

Útreikningur fargjalds byggður á beitingu tímataxta og vegalengdartaxta samtímis alla ferðina.

Starfrækslustaða

Mismunandi hamir þar sem gjaldmælir leigubifreiðar uppfyllir mismunandi hlutverk sem hann er ætlaður til. Starfrækslustöðurnar eru aðgreindar með eftirfarandi vísunum:

„Laus“: starfrækslustaða þar sem útreikningur fargjalds er óvirkur

„Upptekinn“: starfrækslustaða þar sem útreikningur fargjalds fer fram á grundvelli mögulegs startgjalds og taxta fyrir vegalengdina sem farin er og/eða tíma ferðarinnar

„Lokið“: starfrækslustaða þar sem fargjaldið sem greiða skal fyrir ferðina er sýnt og a.m.k. fargjaldsútreikningurinn byggður á tíma er óvirkur.

HÖNNUNARKRÖFUR

1. Gjaldmælir leigubifreiðar skal vera hannaður þannig að hann reikni vegalengd og mæli tímalengd ferðar.

2. Gjaldmælir leigubifreiðar skal hannaður þannig að hann reikni og sýni stighækkandi fargjald í þrepum með þeirri upplausn sem aðildarríki ákveður í starfrækslustöðunni „upptekinn“. Gjaldmælir leigubifreiðar skal líka hannaður þannig að hann sýni endanlegt gildi fyrir ferðina í starfrækslustöðunni „lokið“.

3. Ökugjaldsmælir skal vera þannig gerður að hann geti beitt venjulegu reiknihömunum S og D. Hægt skal vera að velja á milli þessara reiknihama með læstri stillingu.

4. Gjaldmælir leigubifreiðar skal geta veitt eftirfarandi gögn í gegnum viðeigandi læst tengiviðmót:

   — starfrækslustaða: „laus“, „upptekinn“ eða „lokið“,

   — safnmæligögn í samræmi við lið 15.1,

   — almennar upplýsingar: fasti fjarlægðarmerkjavakans, dagsetning læsingar, auðkenni leigubifreiðar, rauntími, auðkenni taxta,

   — fargjaldsupplýsingar fyrir ferð: samtals innheimt, fargjald, útreikningur fargjaldsins, viðbótargjald, dagsetning, upphafstími, lokatími, ekin vegalengd,

   — upplýsingar um taxta: kennistærðir taxta.

   Samkvæmt innlendum lögum kann þess að vera krafist að tiltekinn búnaður sé tengdur við tengiviðmót gjaldmælis leigubifreiðar. Þar sem krafist er slíks búnaðar skal vera hægt með læstri stillingu að koma sjálfvirkt í veg fyrir að gjaldmælir leigubifreiðar starfi ef tilskilinn búnaður er ekki til staðar eða virkar ekki rétt.

5. Ef við á skal vera hægt að stilla gjaldmæli leigubifreiðar fyrir fasta fjarlægðarmerkjavakans sem á að tengja hann við og læsa stillingunni.

MÁLNOTKUNARSKILYRÐI

6.1. Aflfræðilegur umhverfisflokkur sem gildir er M3.

6.2. Framleiðandi skal tilgreina málnotkunarskilyrði fyrir tækið, einkum:

   — 80 °C lágmarkshitastigssvið fyrir umhverfishitastig,

   — mörk jafnspennugjafans sem tækið er hannað fyrir.

MESTU LEYFÐU SKEKKJUR (MPE)

7. Mesta leyfða skekkja, að undanskildum skekkjum vegna beitingar gjaldmælis í leigubifreið, er:

   — fyrir tímann sem liðinn er: ± 0,1%

lágmarksgildi mestu leyfðu skekkju: 0,2s,

— fyrir ekna vegalengd: ± 0,2%

lágmarksgildi mestu leyfðu skekkju: 4 m,

— fyrir útreikning fargjaldsins: ± 0,1%

lágmark, að meðtalinni námundun: svarar til síðasta marktæka tölustafs í vísun fargjaldsins.

LEYFILEG ÁHRIF TRUFLANA

8. Rafsegulónæmi

8.1. Gildandi rafsegulflokkur er E3.

8.2. Einnig skal virða mestu leyfðu skekkju sem mælt er fyrir um í 7. lið þegar rafsegultruflun á sér stað.

BILUN Í AFLGJAFA

9. Í því tilviki að lækkun verður á spennu frá spennugjafa að gildi sem er fyrir neðan lægri starfrækslumörk eins og þau eru tilgreind af framleiðanda skal gjaldmælir leigubifreiðar:

— halda áfram að vinna rétt eða byrja aftur að vinna rétt án þess að gögn sem fáanleg voru fyrir spennufallið tapist ef spennufallið er tímabundið, þ.e. vegna endurgangsetningar vélarinnar,

— stöðva mælingu sem fyrir er og fara aftur í stöðuna „laus“ ef spennufallið varir í lengri tíma.

AÐRAR KRÖFUR

10. Framleiðandi gjaldmælis leigubifreiðar skal tilgreina skilyrðin sem gilda um samhæfi milli gjaldsmælis leigubifreiðar og fjarlægðarmerkjavaka.

11. Ef um er að ræða viðbótargjald fyrir aukaþjónustu sem ökumaður slær inn handvirkt skal það undanskilið frá fargjaldinu sem sýnt er. Í því tilviki má gjaldmælir leigubifreiðar þó tímabundið sýna gildi fargjaldsins að meðtöldu viðbótargjaldinu.

12. Ef fargjaldið er reiknað í samræmi við venjulegan reikniham D er heimilt að gjaldmælir leigubifreiðar hafi annan birtingarham þar sem aðeins heildarvegalengd og tímalengd ferðarinnar eru sýndar í rauntíma.

13. Öll gildi sem sýnd eru farþeganum skulu auðkennd á viðeigandi hátt. Auðvelt skal vera að lesa þessi gildi og auðkenni þeirra að degi sem nóttu.

14.1. Ef hægt er að hafa áhrif á fargjaldið sem greiða skal eða ráðstafanir gegn sviksamlegri notkun með vali á virkni útfrá fyrirframákveðinni stillingu eða frjálsri stillingu gagna skal vera hægt að læsa stillingum tækisins og gögnunum sem slegin hafa verið inn.

14.2. Möguleikarnir til læsingar sem fáanlegir eru í gjaldmæli leigubifreiðar skulu vera þannig að aðskilin læsing stillinga sé möguleg.

14.3. Ákvæði liðar 8.3 í I. viðauka gilda einnig um taxtana.

15.1. Gjaldmælir leigubifreiðar skal útbúinn safnteljurum, sem ekki er hægt að endurstilla, fyrir öll eftirfarandi gildi:

— ekna heildarvegalengd leigubifreiðarinnar,

— ekna heildarvegalengd meðan leigubifreiðin er upptekin,

— heildarfjölda skipta sem tekið er á leigu,

— heildarfjárhæð innheimta sem viðbótargjald,

— heildarfjárhæð innheimt sem fargjald.

Safnmæligildin skulu innihalda gildin sem geymd eru í samræmi við 9. lið við þær aðstæður þegar straumur rofnar.

15.2. Ef tenging við straum rofnar skal gjaldmælir leigubifreiðar vera þannig gerður að hann geymi safnmæligildin í eitt ár til þess að flytja gildin úr gjaldmæli leigubifreiðarinnar í annan miðil.

15.3. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að hindra að safngildin séu sýnd farþegum í blekkingarskyni.

16. Sjálfvirk breyting taxta er leyfð vegna:

— vegalengdar ferðarinnar,

— tímalengdar ferðarinnar,

— tíma dagsins,

— dagsetningar,

— vikudags.

17. Ef eiginleikar leigubifreiðarinnar skipta máli varðandi réttleika gjaldmælis leigubifreiðar skal gjaldmælirinn þannig útbúinn að hann læsi tengingu gjaldmælis leigubifreiðarinnar við bifreiðina sem hann er settur upp í.

18. Svo gera megi prófun eftir ísetningu skal gjaldmælir leigubifreiðar þannig búinn að hann geti prófað í sitt hvoru lagi nákvæmni tíma- og vegalengdarmælingar og nákvæmni útreikninganna.

19. Gjaldmælir leigubifreiðar og ísetningarleiðbeiningar sem framleiðandi tilgreinir skulu vera þannig að ef ísetning er í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda er á fullnægjandi hátt komið í veg fyrir sviksamlegar breytingar á mælingarmerkinu sem táknar ekna vegalengd.

20. Almenna grunnkrafan sem fjallar um sviksamlega notkun skal uppfyllt þannig að hagsmunir viðskiptavinar, ökumanns, vinnuveitanda ökumanns og skattayfirvalda séu verndaðir.

21. Gjaldmælir leigubifreiðar skal hannaður þannig að hann haldi sig innan við mestu leyfðu skekkjur án stillingar í eitt ár við eðlilega notkun.

22. Gjaldmælir leigubifreiðar skal útbúinn með rauntímaklukku sem sýnir tíma dags og dagsetningu, annað eða bæði er hægt að nota til sjálfvirkra breytinga á taxta. Kröfurnar fyrir rauntímaklukkuna eru:

— Nákvæmni í tímamælingu skal vera 0,02%,

— ekki skal vera mögulegt að leiðrétta klukkuna um meira en 2 mínútur á viku. Leiðrétting fyrir sumar- og vetrartíma skal vera sjálfvirk,

— Komið skal í veg fyrir sjálfvirka eða handvirka leiðréttingu meðan á ferð stendur.

23. Gildin fyrir ekna vegalengd og liðinn tíma þegar þau eru sýnd eða prentuð í samræmi við þessa tilskipun skulu nota eftirfarandi einingar:

Ekin vegalengd:

— Í Breska konungsríkinu og Írlandi: fram að þeim degi sem verður ákveðinn af þessum aðildarríkjum í samræmi við b-lið 1. gr. í tilskipun 80/181/EBE: kílómetrar eða mílur,

— í öllum öðrum aðildarríkjum: kílómetrar.

Liðinn tími:

— sekúndur, mínútur eða klukkustundir eftir því sem viðeigandi er, með það í huga að hafa þá upplausn sem nauðsynleg er og þörfina á að koma í veg fyrir misskilning.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

VIÐAUKI MI-008

MÆLIÁHÖLD

I. KAFLI — lengdarmælingar

Viðkomandi grunnkröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum kafla eiga við um lengdarmælingar sem skilgreindar eru hér á eftir. Þó má túlka kröfuna um að útvega skuli afrit af samræmisyfirlýsingum þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en sérhvert einstakt tæki.

SKILGREININGAR

Lengdarmælingar

Áhald sem hefur kvarðastrik og fjarlægð á milli strikanna er sýnd í lögmælieiningum fyrir lengd.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

Viðmiðunarskilyrði

1.1. Málbönd sem að lengd jafngilda eða eru lengri en fimm metrar skulu standast mestu leyfðu skekkjur (MPE) þegar togkrafti sem er fimmtíu njúton eða öðrum kraftgildum sem tilgreind eru af framleiðanda og merkt eru á málbandið í samræmi við það, eða í því tilviki að mæliáhaldið er stíft eða hálfstíft og togkrafts er ekki þörf, er beitt.

1.2. Viðmiðunarhitastig er 20 °C nema annað sé tekið fram af framleiðanda og merkt á áhaldið í samræmi við það.

Mestu leyfðu skekkjur

2. Mesta leyfða skekkja, jákvæð eða neikvæð í mm, á milli tveggja kvarðastrika sem eru ekki samliggjandi er (a + bL) þar sem:

— L er gildi lengdarinnar námundað að næsta heila metra, og

— a og b eru gefin upp í töflu 1 hér á eftir.

Þegar síðasta bil endar á brún skal mesta leyfða skekkja fyrir fjarlægð sem hefst á þessum stað aukin um sem nemur gildinu c sem gefið er í töflu 1.

Tafla 1

Nákvæmnisflokkur	a (mm)	b	c (mm)
I	0,1	0,1	0,1
II	0,3	0,2	0,2
III	0,6	0,4	0,3
D – sérstakur flokkur fyrir dýptarmálbönd (1) Til og með 30°m (2)	1,5	núll	núll
S – sérstakur flokkur fyrir dýptar-málbönd til notkunar á tanka Fyrir hverja 30°m þegar málbandið er á flötu yfirborði	1,5	núll	núll

(1) Gildir um tilskildar samsetningar málbands/sökkvu.
(2) Ef nafnlengd málbandsins er meiri en 30 m skal 0,75 mm bætt við mestu leyfðu skekkju fyrir hverja 30 m af lengd málbandsins.

Dýptarmálbönd geta einnig verið í I. eða II. flokki en í því tilviki er mesta leyfða skekkja á milli tveggja kvarðastrika, þar sem önnur er á sökkunni og hin á málbandinu, ± 0,6 mm þegar beiting reiknireglunnar gefur gildi sem er minna en 0,6 mm.

Mesta leyfða skekkja fyrir lengdina á milli samliggjandi kvarðastrika og mesti leyfði mismunur á milli tveggja samliggjandi bila eru gefin upp í töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2

Lengd bilsins i	Mesta leyfða skekkja eða mismunur í millimetrum í samræmi við nákvæmnisflokk		
	I	II	III
$i \leq 1$ mm	0,1	0,2	0,3
1 mm $< i \leq 1$ cm	0,2	0,4	0,6

Þar sem stika er af þeirri gerð sem brotin er saman skulu samskeyti vera þannig að þau valdi ekki skekkjum, til viðbótar við þær sem getið er að ofan, sem eru meiri en: 0,3 mm fyrir II. flokk og 0,5 mm fyrir III. flokk.

Efni

3.1. Efni sem notuð eru í mæliáhöld skulu vera þannig að breytingar á lengd vegna hitastigsfrávika allt að ± 8 °C frá viðmiðunarhitastiginu verði ekki meiri en mesta leyfða skekkja. Þetta á ekki við um mælitæki í S-flokki og D-flokki þar sem framleiðandi ætlar að leiðréttingum vegna hitaþenslu sé beitt á mælingar þegar nauðsyn krefur.

3.2. Efnismát sem gerð eru úr efni sem breytir málum sínum umtalsvert þegar það verður fyrir breytilegum hlutfallslegum raka mega eingöngu tilheyra í II. eða III. flokki.

Merkingar

4. Nafngildi skal merkt á mælitækið. Á millimetrakvörðum skal hver sentimetri tölumerktur og efnismát með kvarðadeilingu sem eru stærri en 2 cm skulu hafa öll kvarðastrik tölumerkt.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

F1 eða D1 eða B + D eða H eða G.

II. KAFLI — Rúmtaksmál til framreiðslu

Viðkomandi grunnkröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum kafla eiga við um rúmtaksmál til framreiðslu sem skilgreind eru hér á eftir. Þó má túlka kröfuna um að útvegað skuli afrit af samræmisyfirlýsingum þannig að hún eigi fremur við um framleiðslulotu eða sendingu en sérhvert einstakt tæki. Að auki skal krafan um að tækið beri upplýsingar er varðar nákvæmni þess ekki gilda.

SKILGREININGAR

Rúmtaksmál til framreiðslu

Rúmtaksmál (s.s. drykkjarglas-, könnu- eða fingurbjargarmælir) hannað til að ákvarða tilgreint rúmmál vökva (annarra en lyfjavara) sem seldir eru til beinnar neyslu.

Línumál

Rúmtaksmál til framreiðslu merkt með línu til að gefa til kynna nafnrúmtak.

Brúnamál

Rúmtaksmál til framreiðslu þar sem innra rúmmál er jafnt nafnrúmtaki.

Samanburðarmál

Rúmtaksmál til framreiðslu sem ætlast er til að vökva sé hellt úr fyrir neyslu.

Rúmtak

Rúmtak er innra rúmmál brúnamáls eða innra rúmmál að fyllingarmerkingu línumáls.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

1. *Viðmiðunarskilyrði*

1.1. Hitastig: viðmiðunarhitastig fyrir mælingu rúmtaks er 20 °C.

1.2. Staða fyrir rétta vísun: frístandandi á láréttu yfirborði.

2. *Mestu leyfðu skekkjur*

Tafla 1

	Lína	Brún
Samanburðarmál		
< 100 ml	± 2 ml	– 0 + 4 ml
≥ 100 ml	± 3%	– 0 + 6%
Framreiðslumál		
< 200 ml	± 5%	– 0 + 10%
≥ 200 ml	± 5 ml + 2,5%	– 0 + 10 ml + 5%

3. *Efni*

Rúmtaksmál til framreiðslu skal gert úr efni sem er nógu stíft og stöðugt að máli til að halda rúmtaki innan mestu leyfðu skekkju.

4. *Lögun*

4.1. Samanburðarmál skal hannað þannig að breyting á innihaldi sem er jöfn mestu leyfðu skekkju valdi breytingu á yfirborði sem nemur a.m.k. 2 mm við brún eða fyllingarmerki.

4.2. Samanburðarmál skal hannað þannig að ekki verði komið í veg fyrir algjöra tæmingu vökvans sem mældur er.

5. *Merking*

5.1. Tilgreint nafnrúmtak skal merkt á málið með skýrum og óafmáanlegum hætti.

5.2. Rúmtaksmál til framreiðslu mega einnig vera merkt með allt að þremur skýrt aðgreindum rúmtaksgildum sem skulu ekki valda innbyrðis ruglingi.

5.3. Öll fyllingarmerki skulu vera nægilega skýr og endingargóð til að tryggja að ekki sé farið yfir mestu leyfðu skekkjur við notkun.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

A1 eða F1 eða D1 eða E1 eða B + E eða B+ D eða H.

VIÐAUKI MI-009

VÍDDAMÆLITÆKI

Viðkomandi grunnkröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við fyrir samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um víddamælitæki sem skilgreind eru hér á eftir.

SKILGREININGAR

Lengdarmælitæki

Lengdarmælitæki er til ákvörðunar lengdar efna sem svipar til kaðals (t.d. textílefni, bönd, kaplar) um leið og varan sem mæla skal er færð fram á við.

Flatarmálsmælitæki

Flatarmálsmælitæki er til ákvörðunar flatarmáls hluta sem eru óreglulegir að lögun, t.d. leður.

Margvíddamælitæki

Margvíddamælitæki er notað til að ákvarða lengd brúna (lengd, hæð, breidd) minnsta rétthyrnda samhliðungsins sem umlykur vöru.

I. KAFLI — Sameiginlegar kröfur fyrir öll víddamælitæki

Rafsegulónæmi

1. Áhrif rafsegultruflunar á víddamælitæki skulu vera þau að:

   — breyting á mæliniðurstöðunni verður ekki meiri en umtalsverða breytingargildið eins og það er skilgreint í lið 2.3, eða

   — ómögulegt er að framkvæma mælingu, eða

   — tímabundnar breytingar verða á mæliniðurstöðunni sem ekki er unnt að túlka, geyma eða senda sem mæliniðurstöðu, eða

   — breytingar verða á mæliniðurstöðunni sem eru nógu alvarlegar til að allir sem mæliniðurstaðan varðar taki eftir þeim.

2. Umtalsverða breytingargildið er ein kvarðadeiling.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

Fyrir vélræn eða rafvélræn tæki:

F1 eða E1 eða D1 eða B + F eða B + E eða B + D eða H eða H1 eða G.

Fyrir rafeindatæki eða tæki sem innihalda hugbúnað:

B + F eða B + D eða H1 eða G.

II. KAFLI — Lengdarmælitæki

Eiginleikar vörunnar sem mæla skal

1. Textílefni einkennast með teygjanleikastuðli K. Þessi þáttur tekur tillit til teygjanleika og krafts á flatareiningu vörunnar sem mæld er og er skilgreint með eftirfarandi reiknireglu:

   $K = \varepsilon \cdot (G_A + 2{,}2\ N/m^2)$ þar sem

   ε er hlutfallsleg lenging sýnishorns af klæði sem er 1 m breitt við togkraft sem er 10 N,

   G_A er þyngdarkraftur á flatareiningu sýnishorns af klæði í N/m^2.

Notkunarskilyrði

2.1. Svið

Mál og K-þáttur, þar sem við á, innan sviðsins sem tilgreint er af framleiðanda fyrir tækið. Svið K-þáttar eru gefin upp í töflu 1:

Tafla 1

Flokkur	Svið K	Vara
I	$0 < K < 2 \times 10^{-2}\ N/m^2$	Lítill teygjanleiki
II	$2 \times 10^{-2}\ N/m^2 < K < 8 \times 10^{-2}\ N/m^2$	Miðlungs teygjanleiki
III	$8 \times 10^{-2}\ N/m^2 < K < 24 \times 10^{-2}\ N/m^2$	Mikill teygjanleiki
IV	$24 \times 10^{-2}\ N/m^2 < K$	Mjög mikill teygjanleiki

2.2. Þar sem mældi hluturinn er ekki fluttur af mælitækinu verður hraði hans að vera innan sviðsins sem tilgreint er af framleiðanda fyrir tækið.

2.3. Ef mæliniðurstaðan veltur á þykkt, yfirborðsástandi og skömmtunaraðferð (t.d. af stórri rúllu eða úr bunka) eru samsvarandi takmarkanir tilgreindar af framleiðanda.

Mestu leyfðu skekkjur

3. Tæki

Tafla 2

Nákvæmnisflokkur	Mesta leyfða skekkja
I	0,125% en þó ekki minni en 0,005 L_m
II	0,25% en þó ekki minni en 0,01 L_m
III	0,5% en þó ekki minni en 0,02 L_m

Þar sem L_m er minnsta mælanlega lengd það er að segja stysta lengd sem tilgreind er af framleiðanda sem tækið er ætlað til notkunar á.

Sannlengdargildi mismunandi gerða efna skal mælt með viðeigandi tækjum (t.d. málböndum). Því skal efnið sem á að mæla lagt á viðeigandi undirlag (t.d. viðeigandi borð) beint og óteygt.

Aðrar kröfur

4. Tækin skulu tryggja að varan sé mæld óteygð í samræmi við teygjanleikann sem tækið er hannað fyrir.

III. KAFLI — Flatarmálsmælitæki

Notkunarskilyrði

1.1. Svið

Mál sem eru innan sviðsins sem tilgreint er af framleiðanda fyrir tækið.

1.2. Ástand vörunnar

Framleiðandi skal tilgreina takmarkanir tækisins vegna hraða og þykktar yfirborðslags vörunnar ef við á.

Mestu leyfðu skekkjur

2. Tæki

Mesta leyfða skekkja er 1,0% en ekki minni en 1 dm^2.

Aðrar kröfur

3. Framsetning vöru

Ef toga þarf vöruna til baka eða stöðva skal ekki vera mögulegt að mæliskekkja verði eða þá að það verður að gera skjáinn auðan.

4. Kvarðadeiling

Tækið verður að hafa kvarðadeilingu sem er 1,0 dm^2. Að auki skal vera mögulegt að hafa kvarðadeilingu upp á 0,1 dm^2 til prófunar.

IV. KAFLI — Margvíddamælitæki

Notkunarskilyrði

1.1. Svið

Mál sem eru innan sviðsins sem tilgreint er af framleiðanda fyrir tækið.

1.2. Lágmarksmál

Lægri mörk lágmarksmáls fyrir öll gildi kvarðadeilingarinnar eru gefin í töflu 1.

Tafla 1

Kvarðadeiling (d)	Lágmarksmál (min) (Lægra mark)
d ≤ 2 cm	10 d
2 cm < d ≤ 10 cm	20 d
10 cm < d	50 d

1.3. Hraði vörunnar

Hraðinn verður að vera innan sviðsins sem tilgreint er af framleiðanda fyrir tækið.

Mesta leyfða skekkja

2. Tæki:
Mesta leyfða skekkja er ± 1,0 d.

VIÐAUKI MI-010

GREININGARTÆKI FYRIR ÚTBLÁSTURSLOFT

Viðkomandi kröfur í I. viðauka, sérstakar kröfur þessa viðauka og aðferðirnar við samræmismat sem skráðar eru í þessum viðauka eiga við um mæla fyrir útblástur sem skilgreindir eru hér á eftir fyrir skoðun og viðhald á vélknúnum ökutækjum í notkun.

SKILGREININGAR

Greiningartæki fyrir útblástursloft

Greiningartæki fyrir útblástursloft er mælitæki sem ákvarðar brot af rúmmáli tilgreindra efnisþátta útblásturslofts úr vélknúnu ökutæki með neistakveikju við rakastig úrtaksins sem greint er.

Efnisþættir útblástursloftsins eru kolsýringur (CO), koltvísýringur (CO_2), súrefni (O_2) og vetniskolefni (HC).

Magn vetniskolefna verður að tákna sem styrk n-hexans (C_6H_{14}) sem mælt er með nær-innrauðri ísogstækni.

Brot af rúmmáli efnisþátta útblástursloftsins er táknað sem hundraðshluti (% miðað við rúmmál) þegar um er að ræða kolsýring, koltvísýring og súrefni og sem milljónarhluti (milljónarhluti miðað við rúmmál).

Þar að auki reiknar greiningartæki fyrir útblástursloft lambda-gildið út frá brotum af rúmmáli efnisþátta útblástursloftsins.

Lambda-gildi

Lambda er einingarlaust gildi sem táknar brunaskilvirkni hreyfils með hlutfalli lofts miðað við eldsneyti í útblástursloftinu. Það er ákvarðað með viðmiðunarreiknireglu.

SÉRSTAKAR KRÖFUR

Tækjaflokkar

1. Tveir flokkar (0 og I) eru skilgreindir fyrir greiningartæki fyrir útblástursloft. Viðkomandi lágmarksmælisvið fyrir þessa flokka eru sýnd í töflu 1.

Tafla 1

Flokkar og mælisvið

Kennistærð	Flokkar 0 og I
Brot af kolsýringi (CO)	Frá 0 til 5% miðað við rúmmál
Brot af koltvísýringi (CO_2)	Frá 0 til 16% miðað við rúmmál
Brot af vetniskolefni (HC)	Frá 0 til 2000 milljónarhluta miðað við rúmmál
Brot af súrefni (O_2)	Frá 0 til 21% miðað við rúmmál
λ	Frá 0,8 til 1,2

Málnotkunarskilyrði

2. Gildi málnotkunarskilyrða skulu tilgreind af framleiðanda sem hér segir:

2.1. að því er varðar veðurfarslegar og aflfræðilegar áhrifsstærðir:

— lágmarkshitastigssvið sem skal vera 35 °C fyrir umhverfishitastig,

— aflfræðilegur umhverfisflokkur sem gildir er M1.

2.2. að því er varðar áhrifsstærðir rafmagns:

— spennu- og tíðnisvið riðspennugjafans,

— mörk jafnspennugjafans.

2.3. að því er varðar umhverfisloftþrýsting:

— lágmarks- og hámarksgildi umhverfisloftþrýstings eru fyrir báða flokka: $p_{min} \leq 860$ hPa, $p_{max} \geq 1060$ hPa.

Mestu leyfðu skekkjur (MPE)

3. Mestu leyfðu skekkjur eru skilgreindar sem hér segir:

3.1. Fyrir hvert mælt brot er gildi mestu leyfðu skekkju við málnotkunarskilyrði skv. lið 1.1 í I. viðauka hið stærra af þeim tveimur gildum sem sýnd eru í töflu 2. Algildi eru táknuð í % miðað við rúmmál eða milljónarhlutum miðað við rúmmál, hundraðshlutagildi eru hundraðshlutar af sanngildi.

Tafla 2

Mestu leyfðu skekkjur

Kennistærð	Flokkur 0	Flokkur I
Brot af kolsýringi (CO)	± 0,03% miðað við rúmmál ± 5%	± 0,06% miðað við rúmmál ± 5%
Brot af koltvísýringi (CO_2)	± 0,5% miðað við rúmmál ± 5%	± 0,5% miðað við rúmmál ± 5%
Brot af vetniskolefni (HC)	± 10 milljónarhlutar miðað við rúmmál ± 5%	± 12 milljónarhlutar miðað við rúmmál ± 5%
Brot af súrefni (O_2)	± 0,1% miðað við rúmmál ± 5%	± 0,1% miðað við rúmmál ± 5%

3.2. Mesta leyfða skekkja í útreikningi á lambda er 0,3%. Viðtekið sanngildi er reiknað í samræmi við fomúluna sem skilgreind er í lið 5.3.7.3 í I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB um ráðstafanir gegn loftmengun vegna útblásturs frá vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE ([1]).

Í því augnamiði eru gildin sem tækið sýnir notuð til útreikninga.

Leyfileg áhrif truflana

4. Fyrir sérhvert brot af rúmmáli sem tækið mælir er umtalsverða breytingargildið jafnt mestu leyfðu skekkju fyrir viðkomandi kennistærð.

5. Áhrif rafsegultruflunar skulu vera þau að:

— breytingin á mæliniðurstöðunni verður ekki meiri en umtalsverða breytingargildið eins og mælt er fyrir um það í 4. lið,

— eða að framsetning mæliniðurstöðunnar verði þannig að hún verði ekki tekin sem gild niðurstaða.

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 17.

Aðrar kröfur

6. Upplausnin skal vera jöfn eða einni stærðargráðu hærri en gildin sem sýnd eru í töflu 3.

Tafla 3

Kvarðabil

	CO	CO_2	O_2	HC
Flokkur 0 og flokkur I	0,01% miðað við rúmmál	0,1% miðað við rúmmál	(1)	1 milljónarhluti miðað við rúmmál

(1) 0,01% miðað við rúmmál fyrir gildi mælistærða sem eru lægri eða jöfn 4% miðað við rúmmál.

Lambda-gildið skal sýnt með 0,001 kvarðabili.

7. Staðalfrávik úr 20 mælingum skal ekki vera meira en einn þriðji af tölugildinu fyrir mestu leyfðu skekkju fyrir sérhvert viðeigandi brot af rúmmáli loftsins.

8. Til að mæla CO, CO_2 og HC skal tækið, að meðtöldu loftmeðhöndlunarkerfinu, sýna 95% af endanlegu gildi eins og það er ákvarðað með kvörðunarlofttegundum innan 15 sekúndna eftir að skipt er úr lofttegund með núll innihaldi, t.d. fersku lofti. Til að mæla O_2 skal tækið við svipaðar aðstæður sýna gildi sem víkur innan við 0,1% miðað við rúmmál frá núlli innan 60 sekúndna frá því að skipt er úr fersku lofti í súrefnislaust loft.

9. Efnisþættir útblástursloftsins, aðrir en þeir efnisþættir þar sem ber að mæla gildin, skulu ekki hafa áhrif á mæliniðurstöður um meira en sem nemur helmingi af tölugildinu fyrir mestu leyfðu skekkju þegar þeir efnisþættir eru til staðar í eftirfarandi hámarksbrotum af rúmmáli: 6% miðað við rúmmál af CO,

16% miðað við rúmmál af CO_2,

10% miðað við rúmmál af O_2,

5% miðað við rúmmál af H_2,

0,3% miðað við rúmmál af NO,

2 000 milljónarhlutar miðað við rúmmál af HC (sem n-hexan),

vatnsgufa þar til mettun á sér stað.

10. Greiningartæki fyrir útblástursloft skal hafa stillingarbúnað sem býður upp á möguleika á núllstillingu, kvörðun með gasi og innri stillingu. Stillingarbúnaðurinn fyrir núllstillingu og innri stillingu skal vera sjálfvirkur.

11. Tæki með sjálfvirkan eða hálfsjálfvirkan stillingarbúnað skulu ekki geta framkvæmt mælingu meðan stillingar hafa ekki verið gerðar.

12. Greiningartæki fyrir útblástursloft skal greina vetniskolefnisleifar í gasmeðhöndlunarkerfinu. Ekki skal vera mögulegt að framkvæma mælingu ef vetniskolefnisleifarnar sem til staðar eru fyrir mælingu eru meira en 20 milljónarhlutar miðað við rúmmál.

13. Greiningartæki fyrir útblástursloft skal vera með búnað sem greinir sjálfvirkt bilun í skynjara í súrefnisrásinni vegna slits eða rofs í tengilínunni.

14. Ef hægt er að starfrækja greiningartæki fyrir útblástursloft með mismunandi eldsneyti (t.d. bensíni eða fljótandi gasi) skal vera mögulegt að velja viðeigandi stuðla fyrir Lambda-útreikning án þess að vafi leiki á því hvaða reikniregla eigi við.

SAMRÆMISMAT

Aðferðirnar við samræmismat sem um getur í 9. gr. og framleiðanda er heimilt að velja á milli eru:

B + F eða B + D eða H1.

1003. Tillaga til þingsályktunar [686. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar gerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Markmið gerðarinnar er að hvetja til frekari notkunar á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Er þetta gert í því skyni að freista þess að draga úr umhverfisáhrifum raforkuframleiðslu sem ekki byggist á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Gert er ráð fyrir að hvert ríki setji sér markmið um að auka raforkuframleiðslu sem byggist á endurnýjanlegum orkulindum. Viðmiðunarár er árið 1997 og skulu ríkin setja sér markmið fyrir árið 2010. Sameiginlegt markmið ESB fyrir árið 2010 er 22% en raunveruleg framleiðsla raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum var árið 1997 13,9%. Markmið þau sem aðildarríki setja sér samkvæmt tilskipuninni eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin þannig að það hefur engar afleiðingar í för með sér þó að markmiðin náist ekki.

Breytingar sem gera þarf á lögum hérlendis varða tilkynningar um hlutfall raforkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkulindum og vottorð um uppsprettu orkunnar.

Markmið það sem lagt hefur verið til af Íslands hálfu er að 99,5% af raforku verði framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2010. Markmið þetta er nokkuð undir meðaltali áranna 1991–2003 sem liggur nærri 99,9%. Sjónarmið er varða áhrif veðurfars á vatnshæð lóna og hugsanlegar bilanir í flutnings- og dreifkerfum raforku ráða því að lagt er til að markmið Íslands verði nokkru lægra en fyrrgreint meðaltal.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 102/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði ([1]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 18. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2422/2001) í IV. viðauka við samninginn:

„19. **32001 L 0077:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Tilskipun þessi gildir ekki í Liechtenstein.

b) Í stað dagsetninganna „27. október 2002“ í 2. mgr. 3. gr. og „27. október 2003“ í 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. komi orðin „sex mánuðum eftir að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005 öðlast gildi“.

c) Í stað orðanna „Bandalagið hefur“ í öðrum undirlið 2. mgr. 3. gr. komi orðin „EFTA-ríkin hafa“.

d) Ákvæði 8. mgr. bókunar 1 skulu ekki gilda um annan undirlið 4. mgr. 3. gr.

e) Í stað orðanna „87. og 88. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 4. gr. komi orðin „61. og 62. gr. EES-samningsins“. Í stað orðanna „6. og 174. gr. sáttmálans“ komi orðin „73. gr. EES-samningsins“.

([1]) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

f) Í viðaukanum bætist eftirfarandi við:

„

Ísland	5,58	99,90	99,50 ([7])
Noregur	110,95	96,30	90,00 ([8])

([7]) Að því er Ísland varðar er talan tilgreind með þeim fyrirvara að engar breytingar verði á samtengingu við önnur raforkukerfi. Sökum mikilla áhrifa veðurfars á raforkuframleiðslu með vatnsafli, raforkueftirspurn og truflana á raforkudreifingu er sömuleiðis rétt að reikna töluna fyrir árið 2010 með hliðsjón af langtímalíkani þar sem tekið er mið af vatnsbúskap og veðurfari.

([8]) Hvort Norðmenn geta náð 90 hundraðshluta takmarkinu er undir því komið að rafmagnsnotkun aukist ekki meira en sem nemur 1 % á ári. Það svarar til þess að orkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum verði aukin um því sem næst 6–7 TWh frá 1997 til 2010.

Vegna verulegra sveiflna í raforkuframleiðslu með vatnsafli í Noregi getur hugsast að Norðmenn þurfi að hafa hliðsjón af meðaltali raforkuframleiðslugetu með vatnsafli í skýrslum um leiðbeinandi markmið.“ “

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2001/77/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Nikulás prins af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/77/EB

frá 27. september 2001

um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og sakir standa er möguleikinn á að nýta endurnýjanlega orkugjafa vannýttur í Bandalaginu. Bandalagið viðurkennir að þörfin á að efla endurnýjanlega orkugjafa er forgangsatriði þar eð nýting þeirra stuðlar að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun. Þar að auki getur það skapað atvinnu, haft jákvæð áhrif á félagslega samheldni, stuðlað að öruggu orkuframboði og flýtt fyrir því að markmiðum Kýótóbókunarinnar verði náð. Því er nauðsynlegt að tryggja að þessi möguleiki sé nýttur betur innan ramma innri raforkumarkaðarins.

2) Rík áhersla er lögð á það í Bandalaginu, eins og gerð er grein fyrir í hvítbók um endurnýjanlega orkugjafa (hér á eftir nefnd „hvítbókin"), að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum með tilliti til þess að tryggja orkuframboð og stuðla að fjölbreytileika orkugjafa, umhverfisvernd og félagslegri og efnahagslegri samheldni. Ráðið studdi þetta í ályktun sinni frá 8. júní 1998 um endurnýjanlega orkugjafa ([5]) og Evrópuþingið í ályktun sinni um hvítbókina ([6]).

3) Aukin notkun rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, er mikilvægur

([1]) Stjtíð. EB C 311 E, 31.10.2000, bls. 320 og Stjtíð. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 89.
([2]) Stjtíð. EB C 367, 20.12.2000, bls. 5.
([3]) Stjtíð. EB C 22, 24.1.2001, bls. 27.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 16. nóvember 2000 (Stjtíð. EB C 223, 8.8.2001, bls. 294), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. mars 2001 (Stjtíð. EB C 142, 15.5.2001, bls. 5) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 7. september 2001.

([5]) Stjtíð. EB C 198, 24.6.1998, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB C 210, 6.7.1998, bls. 215.

hluti þeirra ráðstafana, sem eru nauðsynlegar til að fara að Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og öðrum stefnumiðuðum ráðstöfunum til að standa við frekari skuldbindingar.

4) Í niðurstöðum ráðsins frá 11. maí 1999 og ályktun Evrópuþingsins frá 17. júní 1998 um rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([1]) var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram raunhæfa tillögu um rammaákvæði Bandalagsins um aðgang að innri markaðnum fyrir rafmagn sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Í ályktun sinni frá 30. mars 2000 um rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum og innri markaðinn ([2]) lagði Evrópuþingið enn fremur áherslu á að bindandi og metnaðarfull markmið um endurnýjanlega orku á landsvísu væru afar nauðsynleg til að ná árangri og til að ná markmiðum Bandalagsins.

5) Í því skyni að tryggja til meðallangs tíma aukna markaðssókn rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, skulu öll aðildarríkin setja sér innlend, leiðbeinandi markmið um notkun rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum.

6) Þessi innlendu, leiðbeinandi markmið skulu vera í samræmi við innlendar skuldbindingar sem Bandalagið hefur samþykkt um loftlagsbreytingar samkvæmt Kýótóbókuninni.

7) Framkvæmdastjórnin skal meta að hve miklu leyti aðildarríkjunum hefur miðað í þá átt að ná innlendum, leiðbeinandi markmiðum og að hve miklu leyti hin innlendu, leiðbeinandi markmið eru í samræmi við hið leiðbeinandi heildarmarkmið um 12% af heildarorkunotkun innanlands eigi síðar en árið 2010, með hliðsjón af því að leiðbeinandi markmið hvítbókarinnar um 12% af heildarorkunotkun í öllu Bandalaginu eigi síðar en árið 2010 veitir gagnlegar leiðbeiningar um aukið átak á vettvangi Bandalagsins sem og í aðildarríkjunum, að teknu tilliti til mismunandi innlendra aðstæðna. Ef það er nauðsynlegt til að ná markmiðunum skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögur sem kunna að fela í sér lögboðin markmið.

8) Ef aðildarríkin nota úrgang sem orkugjafa verða þau að fara að gildandi löggjöf Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs. Beiting þessarar tilskipunar er með fyrirvara um skilgreiningar í 2. viðauka a og b við tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([3]). Stuðningur við endurnýjanlega orkugjafa skal vera í samræmi við önnur markmið Bandalagsins, einkum að því er varðar forgangsröðunarkerfi vegna meðhöndlunar úrgangs. Þar af leiðandi mega stuðningskerfi fyrir endurnýjanlega orkugjafa ekki stuðla að brennslu óflokkaðs húsasorps ef það kann að grafa undan forgangsröðunarkerfinu.

9) Sú skilgreining á lífmassa, sem er notuð í þessari tilskipun, útilokar ekki aðra skilgreiningu í innlendri löggjöf í öðrum tilgangi en fram kemur í þessari tilskipun.

10) Með þessari tilskipun er þess ekki krafist að aðildarríkin viðurkenni kaup á upprunaábyrgð frá öðrum aðildarríkjum eða samsvarandi kaup á rafmagni sem lið í því að standa við innlenda kvótaskyldu. Samt sem áður er upprunaábyrgð á slíku rafmagni nauðsynleg til að greiða fyrir viðskiptum með rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, og til að auka gagnsæi varðandi möguleika notenda á að velja milli rafmagns, sem er framleitt með óendurnýjanlegum orkugjöfum, og rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Kerfi fyrir upprunaábyrgð fela sem slík ekki í sér rétt til þess að njóta góðs af innlendum stuðningskerfum sem komið er á í aðildarríkjunum. Mikilvægt er að allt rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, falli undir slíka upprunaábyrgð.

11) Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á upprunaábyrgðum og skiptanlegum, grænum vottorðum.

12) Þörfin á opinberum stuðningi við endurnýjanlega orkugjafa er viðurkennd í viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar ([4]) þar sem, meðal annarra valkosta, er tekið tillit til þess að þörf er á því að stuðningurinn nái yfir ytri kostnað við rafmagnsframleiðslu. Ákvæði sáttmálans, einkum 87. og 88. gr., gilda þó áfram um slíkan opinberan stuðning.

([1]) Stjtíð. EB C 210, 6.7.1998, bls. 143.
([2]) Stjtíð. EB C 378, 29.12.2000, bls. 89.
([3]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).
([4]) Stjtíð. EB C 37, 3.2.2001, bls. 3.

13) Setja þarf lagaramma fyrir markaðinn fyrir endurnýjanlega orkugjafa.

14) Aðildarríkin reka mismunandi stuðningskerfi fyrir endurnýjanlega orkugjafa á landsvísu, þ.m.t. græn vottorð, fjárfestingaraðstoð, undanþágur frá skatti eða skattalækkanir, skattendurgreiðslur og beinar niðurgreiðslur. Mikilvæg úrræði til að ná markmiði þessarar tilskipunar er að tryggja að öll þessi kerfi starfi eðlilega uns rammaákvæðum Bandalagsins hefur verið hrint í framkvæmd þannig að tiltrú fjárfesta haldist.

15) Með tilliti til þess hve reynslan af innlendum kerfum er lítil og hve hluti rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum og fellur undir niðurgreiðslur í Bandalaginu, er tiltölulega lítill er of snemmt að setja rammaákvæði fyrir allt Bandalagið um stuðningskerfi.

16) Samt sem áður er nauðsynlegt, eftir nægilega langt aðlögunartímabil, að laga stuðningskerfin að þróun innri raforkumarkaðarins. Því þykir rétt að framkvæmdastjórnin fylgist með stöðu mála og leggi fram skýrslu um reynsluna af beitingu innlendra kerfa. Ef þörf er á skal framkvæmdastjórnin, í ljósi niðurstaðna þeirrar skýrslu, leggja fram tillögu um rammaákvæði Bandalagsins um stuðningskerfi fyrir rafmagn sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Tillagan skal stuðla að því að innlend, leiðbeinandi markmið náist, vera samrýmanleg meginreglum innri raforkumarkaðarins og við gerð hennar skal taka tillit til eiginleika mismunandi endurnýjanlegra orkugjafa, mismunandi tækni og landfræðilegs mismunar. Hún skal einnig stuðla að skilvirkri notkun endurnýjanlegra orkugjafa, vera einföld en jafnframt eins skilvirk og unnt er, einkum með tilliti til kostnaðar, ná yfir nægilega löng aðlögunartímabil, sem eru minnst sjö ár, viðhalda tiltrú fjárfesta og forðast að óafturkræfur kostnaður (stranded costs) myndist. Rammaákvæðin hefðu þau áhrif að rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, yrði samkeppnishæft gagnvart rafmagni, sem er framleitt með óendurnýjanlegum orkugjöfum, og myndu takmarka kostnað notenda jafnframt því að minnka til meðallangs tíma þörfina fyrir opinberan stuðning.

17) Aukin markaðssókn rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, býður upp á stærðarhagkvæmni og dregur þar með úr kostnaði.

18) Mikilvægt er að nota markaðsöflin og innri markaðinn og gera rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, samkeppnishæft og aðlaðandi í augum evrópskra borgara.

19) Þegar stuðlað er að þróun markaðarins fyrir endurnýjanlega orkugjafa er nauðsynlegt að taka tillit til jákvæðra áhrifa á svæðis- og staðbundna þróunarmöguleika, útflutningsmöguleika, félagslega samheldni og atvinnutækifæri, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki og sjálfstæða orkuframleiðendur.

20) Taka verður tillit til sérstakrar uppbyggingar geirans fyrir endurnýjanlega orkugjafa, einkum við endurskoðun á stjórnsýslureglum um leyfi til byggingar orkuvera sem framleiða rafmagn með endurnýjanlegum orkugjöfum.

21) Við tilteknar aðstæður er ekki unnt að tryggja að fullu flutning og dreifingu rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, án þess að það hafi áhrif á áreiðanleika og öryggi veitukerfisins og því geta ábyrgðir verið í formi jöfnunargreiðslna í þessu sambandi.

22) Kostnaður við að tengja nýja framleiðendur rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum skal vera hlutlægur, gagnsær og án mismununar og taka skal viðeigandi tillit til þess ávinnings sem fæst með aðild raforkuframleiðenda að veitukerfinu.

23) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð þeim almennu markmiðum sem fyrirhugaðar aðgerðir fela í sér og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Það er þó undir aðildarríkjunum komið að útfæra þær þannig að hvert aðildarríki geti valið það fyrirkomulag sem best hentar aðstæðum í því ríki. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að auknum hlut endurnýjanlegra orkugjafa til rafmagnsframleiðslu á innri rafmagnsmarkaðnum og að skapa

grundvöll fyrir rammaákvæði Bandalagsins þar að lútandi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „endurnýjanlegir orkugjafar“: endurnýjanlegir orkugjafar sem eru ekki jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi),

b) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps,

c) „rafmagn sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum“: rafmagn frá orkuverum sem eingöngu nota endurnýjanlega orkugjafa, auk rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum í verum með blandaðri tækni, þar sem einnig eru notaðir hefðbundnir orkugjafar, og að meðtöldu endurnýjanlegu rafmagni sem er notað til að fylla geymslukerfi og að undanskildu rafmagni sem er framleitt á grundvelli slíkra kerfa,

d) „rafmagnsnotkun“: innlend rafmagnsframleiðsla, þ.m.t. eigin framleiðsla, plús innflutningur, mínus útflutningur (heildarrafmagnsnotkun innanlands).

Þar að auki gilda þær skilgreiningar sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku ([1]).

3. gr.

Innlend, leiðbeinandi markmið

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að meiri notkun rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, í samræmi við þau innlendu, leiðbeinandi markmið sem um getur í 2. mgr. Þessar ráðstafanir verða að vera í hlutfalli við markmiðið sem stefnt er að.

2. Eigi síðar en 27. október 2002 og á fimm ára fresti þaðan í frá skulu aðildarríkin samþykkja og birta skýrslu, þar sem sett eru innlend, leiðbeinandi markmið um væntanlega notkun rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, sett fram sem hlutfall af rafmagnsnotkun á næstu tíu árum. Í skýrslunni skal einnig gera grein fyrir ráðstöfunum, sem eru gerðar eða fyrirhugaðar á innlendum vettvangi, til að ná þessum innlendu, leiðbeinandi markmiðum. Við setningu markmiðanna fram til ársins 2010 skulu aðildarríkin:

— taka tillit til viðmiðunargildanna í viðaukanum,

— sjá til þess að markmiðin samrýmist innlendum skuldbindingum í tengslum við skuldbindingar um loftslagsbreytingar sem Bandalagið hefur samþykkt með skírskotun til Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

3. Aðildarríkin skulu, í fyrsta skipti eigi síðar en 27. október 2003 og á tveggja ára fresti þaðan í frá, birta skýrslu sem skal innihalda greiningu á því hvernig tekist hefur að ná innlendum, leiðbeinandi markmiðum, einkum með tilliti til loftslagsþátta sem geta haft áhrif á það hvort hægt er að ná markmiðunum, og tilgreina að hve miklu leyti ráðstafanirnar, sem eru gerðar, eru í samræmi við innlendar skuldbindingar um loftslagsbreytingar.

4. Á grundvelli skýrslnanna frá aðildarríkjunum, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta að hve miklu leyti:

— aðildarríkjunum hefur miðað í þá átt að ná þeim innlendu, leiðbeinandi markmiðum sem þau hafa sett sér,

— hin innlendu, leiðbeinandi markmið samrýmast hinu leiðbeinandi heildarmarkmiði um 12% af heildarorkunotkun innanlands eigi síðar en árið 2010, einkum markmiðinu um 22,1% af leiðbeinandi hlut rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, í allri rafmagnsnotkun í Bandalaginu eigi síðar en árið 2010.

Framkvæmdastjórnin skal, í fyrsta skipti eigi síðar en 27. október 2004 og á tveggja ára fresti þaðan í frá, birta niðurstöður sínar í skýrslu. Skýrslunni skulu fylgja tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins eftir því sem við á.

Ef sú ályktun er dregin í skýrslunni að líklegt sé að hin innlendu, leiðbeinandi markmið, sem um getur í annarri undirgrein, séu ekki í samræmi við hið leiðbeinandi heildarmarkmið, af ástæðum sem eru óréttmætar og/eða tengjast ekki nýjum rannsóknarniðurstöðum, skal í þessum tillögum setja innlend markmið, þ.m.t. hugsanleg, lögboðin markmið, í viðeigandi mynd.

([1]) Stjtíð. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20.

4. gr.

Stuðningskerfi

1. Með fyrirvara um 87. og 88. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin meta beitingu þeirra kerfa í aðildarríkjunum sem framleiðandi rafmagns, á grundvelli reglugerða sem opinber yfirvöld gefa út, hefur beinan eða óbeinan stuðning af, og sem geta haft þau áhrif að takmarka viðskipti, á þeim grundvelli að þessi kerfi stuðli að því að hægt sé að ná markmiðunum sem sett eru fram í 6. og 174. gr. sáttmálans.

2. Eigi síðar en 27. október 2005 skal framkvæmdastjórnin leggja fram vel skjalfesta skýrslu um reynsluna af notkun mismunandi kerfa og samhliða rekstri þeirra sem um getur í 1. mgr. Í skýrslunni skal leggja mat á hvernig hefur tekist með stuðningskerfunum, sem um getur í 1. mgr., að auka notkun rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, í samræmi við þau innlendu, leiðbeinandi markmið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., þ.m.t. er mat á kostnaðarhagkvæmni. Skýrslunni skal fylgja, ef við á, tillaga um rammaákvæði Bandalagsins um stuðningskerfi fyrir rafmagn sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Sérhver tillaga um rammaákvæði skal:

a) stuðla að því að innlendum, leiðbeinandi markmiðum verði náð,

b) samrýmast meginreglum innri raforkumarkaðarins,

c) gerð með tilliti til eiginleika mismunandi, endurnýjanlegra orkugjafa, mismunandi tækni og landfræðilegs mismunar,

d) stuðla að skilvirkri notkun endurnýjanlegra orkugjafa, vera einföld en jafnframt eins skilvirk og unnt er, einkum að því er varðar kostnað,

e) ná yfir nægilega löng aðlögunartímabil, sem eru minnst sjö ár, og viðhalda tiltrú fjárfesta.

5. gr.

Upprunaábyrgð á rafmagni sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum

1. Eigi síðar en 27. október 2003 skulu aðildarríkin sjá til þess að rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum sé í raun framleitt með slíkum orkugjöfum í skilningi þessarar tilskipunar í samræmi við viðmiðanir sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og sem einstök aðildarríki hafa mælt fyrir um. Þau skulu sjá til þess að upprunaábyrgð sé gefin út þar að lútandi samkvæmt beiðni.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna eina eða fleiri þar til bærar stofnanir, sem eru óháðar rafmagnsframleiðendum og dreifingarstarfsemi, til að hafa eftirlit með útgáfu slíkra upprunaábyrgða.

3. Upprunaábyrgð skal:

— tilgreina með hvaða orkugjafa rafmagnið var framleitt, hvenær og hvar það var framleitt og, ef um raforkuver er að ræða, tilgreina afkastagetu,

— gera framleiðendum rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum kleift að sýna fram á að rafmagnið, sem þeir selja, sé framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi þessarar tilskipunar.

4. Í aðildarríkjunum skulu síkar upprunaábyrgðir, sem eru gefnar út skv. 2. mgr., viðurkenndar gagnkvæmt sem sönnun á þeim þáttum eingöngu sem um getur í 3. mgr. Synjun þess að viðurkenna upprunaábyrgð sem slíka sönnun, einkum af ástæðum sem tengjast því að koma í veg fyrir svik, verður að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar. Ef viðurkenningu á upprunaábyrgð er synjað er framkvæmdastjórninni heimilt að skylda viðkomandi aðila til að viðurkenna ábyrgðina, einkum að því er varðar viðmiðanir, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, og sem viðurkenningin byggist á.

5. Aðildarríkin eða þar til bærar stofnanir skulu taka upp kerfi í því skyni að tryggja að upprunaábyrgðir séu bæði nákvæmar og áreiðanlegar og í skýrslunni, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., skulu þau lýsa þeim ráðstöfunum sem eru gerðar til að tryggja áreiðanleika ábyrgðarkerfisins.

6. Að höfðu samráði við aðildarríkin skal framkvæmdastjórnin, í skýrslunni sem um getur í 8. gr., lýsa því á hvaða hátt og með hvaða aðferðum aðildarríkin geta ábyrgst uppruna rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Ef þörf er á skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu um setningu sameiginlegra reglna í þessu tilliti.

6. gr.

Stjórnsýslumeðferð

1. Aðildarríkin eða þar til bærar stofnanir, sem aðildarríkin tilnefna, skulu meta fyrirliggjandi laga- og regluramma með tilliti til málsmeðferðar við leyfisveitingar eða annarrar málsmeðferðar, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 96/92/EB, sem gildir um stöðvar sem framleiða rafmagn með endurnýjanlegum orkugjöfum, í því skyni:

— að fækka hindrunum í lögum og öðrum hindrunum, sem eru í vegi fyrir aukinni framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum,

— að einfalda og hraða málsmeðferð á viðeigandi stjórnsýslustigi og

— að sjá til þess að reglur séu hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og að öllu leyti í samræmi við þá sérstöku eiginleika þeirrar mismunandi tækni sem er notuð í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa.

2. Eigi síðar en 27. október 2003 skulu aðildarríkin birta skýrslu um matið, sem um getur í 1. mgr., þar sem tilgreint er, eftir því sem við á, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar. Tilgangurinn með þeirri skýrslu er að veita, ef við á með skírskotun til innlendrar löggjafar, upplýsingar um þær framfarir sem hafa orðið, einkum að því er varðar:

— samræmingu hinna ýmsu stjórnsýslustofnana á fresti, viðtöku og meðhöndlun leyfisumsókna,

— möguleikann á samningu viðmiðunarreglna um þá starfsemi, sem um getur í 1. mgr., og möguleikann á flýtimeðferð fyrir framleiðendur rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum og

— tilnefningu yfirvalda sem gegna hlutverki sáttasemjara í deilum milli leyfisveitingayfirvalda og leyfisumsækjenda.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 8. gr., skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra skýrslna frá aðildarríkjunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, meta hvaða aðferðir henta best til þess að ná markmiðunum sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

Álitsefni varðandi veitukerfið

1. Án þess að það hafi áhrif á áreiðanleika og öryggi veitukerfisins skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyrirtæki, sem reka flutnings- og dreifikerfi á yfirráðasvæði sínu, ábyrgist flutning og dreifingu rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þau geta einnig sett rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, í forgang með tilliti til aðgangs að veitukerfinu. Þegar fyrirtæki, sem reka flutningskerfi, afhenda búnað til orkuframleiðslu skulu þau láta orkuframleiðendur, sem nota endurnýjanlega orkugjafa, hafa forgang að því marki sem rekstur innlendra raforkukerfa leyfir.

2. Aðildarríkin skulu taka upp lagaramma eða skylda fyrirtæki, sem reka flutnings- og dreifikerfi, til að semja og birta staðlaðar reglur um það hver skuli standa undir kostnaði af tæknilegum aðlögunum á borð við tengingar við veitukerfið og styrkingu veitukerfisins, sem eru nauðsynlegar til að tengja nýja framleiðendur sem veita rafmagni, framleiddu með endurnýjanlegum orkugjöfum, við samtengda veitukerfið.

Reglurnar skulu byggjast á viðmiðunum, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, og taka skal sérstakt tillit til alls kostnaðar og ávinnings af því að tengja framleiðendur við netið. Með reglunum geta opnast möguleikar á mismunandi tegundum tenginga.

3. Ef við á geta aðildarríkin skyldað fyrirtæki, sem reka flutnings- og dreifikerfi, til að standa undir kostnaðinum, sem um getur í 2. mgr., að öllu leyti eða að hluta.

4. Fyrirtækjum, sem reka flutnings- og dreifikerfi, er skylt að sjá nýjum framleiðenda, sem óskar eftir tengingu við veitukerfið, fyrir tæmandi og sundurliðuðu mati á því hvað tengingin muni kosta. Aðildarríkin geta leyft framleiðendum rafmagns frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem óska eftir að tengjast veitukerfinu, að bjóða út vinnu við tenginguna.

5. Aðildarríkin skulu taka upp lagaramma eða skylda fyrirtæki, sem reka flutnings- og dreifikerfi, til þess að semja og birta staðlaðar reglur um skiptingu kostnaðar af kerfisuppsetningu á borð við tengingu við veitukerfið og styrkingu veitukerfisins milli allra framleiðenda sem hafa ávinning af uppsetningunni.

Við kostnaðarskiptinguna skal styðjast við kerfi sem byggist á viðmiðunum, sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, að teknu tilliti til þess ávinnings sem bæði framleiðendur með upphaflega og síðar tilkomna tengingu, auk fyrirtækja, sem reka flutnings- og dreifikerfi, hafa af tengingunum.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innheimta flutnings- og dreifingargjalda leiði ekki af sér mismunun að því er varðar rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum, einkum rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem er framleitt á jaðarsvæðum, s.s. eyjum og strjálbýlum svæðum.

Ef við á skulu aðildarríkin taka upp lagaramma eða skylda fyrirtæki, sem reka flutnings- og dreifikerfi, til að tryggja að gjöld fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá orkuverum, sem nota endurnýjanlega orkugjafa, endurspegli þann kostnaðarábata sem getur leitt af tengingu orkuversins við veitukerfið. Bein notkun lágspennuveitukerfisins gæti skapað slíkan kostnaðarábata.

7. Í skýrslunni, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skulu aðildarríkin einnig fjalla um hvaða ráðstafanir skuli gera til að auðvelda aðgang rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, að veitukerfinu. Í skýrslunni skal m.a. kanna hversu hagkvæmt það er að taka upp tvíátta mælingu.

8. gr.

Yfirlitsskýrsla

Á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna skv. 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2005 og á fimm ára fresti þaðan í frá, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið yfirlitsskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.

Í skýrslunni skal:

— meta árangurinn með tilliti til ytri kostnaðar af rafmagni, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, svo og áhrifa af opinberum stuðningi við framleiðslu rafmagns,

— taka tillit til möguleika aðildarríkjanna á að ná þeim innlendu, leiðbeinandi markmiðum, sem sett eru í 2. mgr. 3. gr., og hinu sameiginlega, leiðbeinandi markmiði, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., og hugsanlegrar mismununar milli mismunandi orkugjafa.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu með frekari tillögum fyrir Evrópuþingið og ráðið.

9. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. október 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. september 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	C. PICQUÉ
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Viðmiðunargildi fyrir innlend, leiðbeinandi markmið aðildarríkjanna um hlutfall rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, til heildarrafmagnsnotkunar fyrir árslok 2010 (*)

Í þessum viðauka eru tilgreind viðmiðunargildi fyrir setningu innlendra, leiðbeinandi markmiða um rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.:

	Rafmagn, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum TWh 1997 (**)	Hundraðshluti rafmagns, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum 1997 (***)	Hundraðshluti rafmagns, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum 2010 (***)
Belgía	0,86	1,1	6
Danmörk	3,21	8,7	29
Þýskaland	24,91	4,5	12,5
Grikkland	3,94	8,6	20,1
Spánn	37,15	19,9	29,4
Frakkland	66	15	21
Írland	0,84	3,6	13,2
Ítalía	46,46	16	25,0 (1)
Lúxemborg	0,14	2,1	5,7 (2)
Holland	3,45	3,5	9

	Rafmagn, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum TWh 1997 (**)	Hundraðshluti rafmagns, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum 1997 (***)	Hundraðshluti rafmagns, framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum 2010 (***)
Austurríki	39,05	70	78,1 ([3])
Portúgal	14,3	38,5	39,0 ([4])
Finnland	19,03	24,7	31,5 ([5])
Svíþjóð	72,03	49,1	60,0 ([6])
Breska konungsríkið	7,04	1,7	10
Bandalagið	338,41	13,90%	22% (****)

(*) Þegar tekið er tillit til viðmiðunargildanna, sem sett eru fram í þessum viðauka, ganga aðildarríkin út frá þeirri nauðsynlegu forsendu að með viðmiðunarreglum um ríkisaðstoð við umhverfisvernd sé kleift að hafa innlend stuðningskerfi til að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum.

(**) Gögn um innlenda framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 1997.

(***) Hundraðshluti þess rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum árin 1997 og 2010, byggist á innlendri framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum, deilt með heildarrafmagnsnotkun innanlands. Að því er varðar innanríkisviðskipti með rafmagn, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum (með viðurkenndri vottun eða staðfestum uppruna), mun útreikningur á þessu hlutfalli hafa áhrif á tölur einstakra aðildarríkja fyrir árið 2010 en ekki á heildartölu Bandalagsins.

(****) Námunduð tala sem leiðir af framangreindum viðmiðunargildum.

([1]) Ítalía lítur svo á að 22% sé raunhæf tala út frá þeirri forsendu að heildarrafmagnsnotkun innanlands árið 2010 verði 340 TWh. Þegar tekið er tillit til viðmiðunargildanna, sem eru sett fram í þessum viðauka, gerir Ítalía ráð fyrir því að innlend rafmagnsframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum muni ná allt að 76 TWh árið 2010. Í þeirri tölu er reiknað með ólífbrjótanlegum þætti iðnaðarúrgangs og húsasorps sem er notaður í samræmi við löggjöf Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs.
Hvort því leiðbeinandi markmiði, sem um getur í þessum viðauka, verður náð er að þessu leyti m.a. skilyrt af því hve mikil eftirspurnin eftir rafmagni verður árið 2010.

([2]) Með tilliti til leiðbeinandi viðmiðunargilda, sem eru sett fram í þessum viðauka, lítur Lúxemborg svo á að markmiðið fyrir 2010 náist því aðeins:
- að heildarrafmagnsnotkun á árinu 2010 sé ekki meiri en árið 1997,
- að hægt sé að margfalda rafmagn, sem er framleitt með vindorku, með stuðlinum 15,
- að hægt sé að margfalda rafmagn, sem er framleitt með lífgasi, með stuðlinum 208,
- að hægt sé að taka með í reikninginn að öllu leyti rafmagn, sem er framleitt í einu brennslustöðinni fyrir húsasorp í Lúxemborg, sem var helmingur þess rafmagns sem var framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 1997,
- að hægt sé að auka rafmagn, sem er framleitt með sólarorku, í 80 GWh og að innan tiltekins tíma sé hægt að ná því fram sem er tilgreint í þessum lið um.

Þar sem ekki eru neinar náttúruauðlindir verður ekki frekari aukning á rafmagni sem er framleitt í vatnsorkuverum.

([3]) Austurríki lítur svo á að 78,1% sé raunhæf tala út frá þeirri forsendu að heildarrafmagnsnotkun innanlands árið 2010 verði 56,1 TWh. Þar eð framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum er að miklu leyti háð vatnsorku og þar af leiðandi úrkomu hvers árs skal reikna tölurnar fyrir árin 1997 og 2010 út frá langtímalíkani sem byggist á vatnafars- og veðurskilyrðum.

([4]) Portúgal lítur svo á með tilliti til viðmiðunargildanna, sem eru sett fram í þessum viðauka, að forsendur þess að halda þeim hluta rafmagns, sem var framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum árið 1997, sem leiðbeinandi markmiði fyrir árið 2010 séu:
- að hægt verði að halda áfram innlendu rafmagnsáætluninni með því að reisa ný vatnsorkuver með meiri afköstum en 10 MW,
- að framleiðsluafköst með öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum, sem aðeins eru möguleg með ríkisaðstoð, aukist átta sinnum meira á ári en verið hefur undanfarið.

Þessar forsendur fela í sér að framleiðsla rafmagns með nýjum, endurnýjanlegum orkugjöfum, að frátöldum stórum vatnsorkuverum, aukist tvisvar sinnum meira en heildarnotkun innanlands.

([5]) Í finnsku aðgerðaáætluninni um endurnýjanlega orkugjafa eru sett markmið um þann fjölda endurnýjanlegra orkugjafa sem verða notaðir árið 2010. Þessi markmið voru sett á grundvelli umfangsmikilla bakgrunnsrannsókna. Aðgerðaáætlunin var samþykkt í ríkisstjórninni í október 1999.
Samkvæmt finnsku aðgerðaáætluninni verður hluti rafmagns, sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, 31% árið 2010. Þetta leiðbeinandi markmið er afar metnaðarfullt og þörf er á umfangsmiklum ráðstöfunum því til eflingar í Finnlandi til að því verði náð.

([6]) Þegar tekið er tillit til viðmiðunargildanna, sem eru sett fram í þessum viðauka, veitir Svíþjóð því athygli að möguleikinn á að ná markmiðinu er að miklu leyti háður loftslagsþáttum, sem hafa mjög mikil áhrif á vatnsorkuframleiðsluna, einkum breytingar á úrkomu, úrkomudreifingu yfir árið og aðstreymi vatns. Það getur verið mjög sveiflukennt hversu mikið rafmagn er framleitt með vatnsorku. Á miklum þurrkaárum getur framleiðslan verið 51 TWh en farið upp í 78 TWh á rigningarárum. Töluna fyrir árið 1997 ber því að reikna út frá langtímalíkani, byggðu á vísindalegum staðreyndum um vatnafars- og loftslagsbreytingar.
Í löndum með mikla vatnsorkuframleiðslu er algengt að beita aðferð sem styðst við hagtölur um aðstreymi, sem ná yfir 30 til 60 ára tímabil. Samkvæmt sænskum aðferðum og á grundvelli ríkjandi skilyrða á árunum 1950–1999, með leiðréttingu með tilliti til breytinga á samanlagðri vatnsorkuframleiðslu og -aðstreymi á tímabilinu, fer meðalvatnsorkuframleiðslan í 64 TWh, sem samsvarar 46% árið 1997, og því telur Svíþjóð að 52% sé raunhæfari tala fyrir árið 2010 í þessu tilliti.
Möguleikar Svíþjóðar á að ná markmiðinu takmarkast enn fremur af því að ár, sem eru enn ónýttar, eru verndaðar með lögum.
Þar að auki eru möguleikar Svíþjóðar á að ná markmiðinu að miklu leyti skilyrtir af:
- aukningu í varmaorku- og orkuframleiðslu í hlutfalli við þéttleika byggðar, eftirspurn eftir hita og tækniþróun, einkum eftir gösun á suðuvökva (black liquor) og
- leyfi fyrir vindorkuverum í samræmi við innlend lög, samþykki almennings, tækniþróun og eflingu netkerfa.

1004. Tillaga til þingsályktunar [687. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskipaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Tilskipunin mælir fyrir um lágmarkssamræmingu á reglum um endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningi er á annað borð heimill aðgangur að. Takmarkanir og skorður við slíkum endurnotum má setja í þágu persónuverndar og friðhelgi einkalífs annars vegar og höfundaréttar og lögverndar annarra hugverka hins vegar. Ákvæði tilskipunarinnar varða markmið og gildissvið, tengsl við reglur um aðgang að upplýsingum, meðferð umsókna og skilmála um endurnot upplýsinga, upplýsingaskyldu um rétthafa verndaðra verka, form aðgangs, gjaldtöku og jafnan rétt til að endurnýta upplýsingar.

Samkvæmt tilskipuninni ber að svara beiðni um endurnot opinberra upplýsinga innan hæfilegs tíma og ekki síðar en 20 dögum eftir að hún berst stjórnvaldi. Þegar endurgjalds er krafist fyrir endurnot opinberra upplýsinga skal gjaldið ekki vera hærra en sem nemur kostnaði stjórnvaldsins af upplýsingagjöfinni og nauðsynlegum fjárfestingum.

Þá er kveðið á um að aðildarríkjum beri að sjá til þess að leit að gögnum sem heimilt er að endurnýta sé auðveld, t.d. þannig að skjalalistar séu birtir á netinu.

Gæta ber jafnræðis þegar endurnot eru heimiluð. Bann er lagt við einokunarsamningum við einstaka notendur nema þeir séu nauðsynlegir til þess að sjá megi fyrir opinberri þjónustu. Í því tilfelli skal það endurskoðað reglulega hvort þörf sé á slíkum samningum.

Loks er mælt fyrir um að framkvæmdastjórn ESB muni endurskoða beitingu tilskipunarinnar ekki síðar en 1. júlí 2008.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 105/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 36 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 21.

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera ([1]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5k. **32003 L 0098:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/98/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Nikulás prins af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/98/EB

frá 17. nóvember 2003

um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar og kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

2) Þróun í átt til upplýsinga- og þekkingarsamfélags hefur áhrif á líf allra borgara í Evrópusambandinu með því, m.a., að gera þeim kleift að leita nýrra leiða til aðgangs að þekkingu og þekkingaröflunar.

3) Stafrænt efni gegnir mikilvægu hlutverki í þessari þróun. Framleiðsla á slíku efni hefur stuðlað að örri atvinnusköpun á undanförnum árum og heldur sú þróun áfram. Flest þessara starfa verða til í litlum, nýstofnuðum fyrirtækjum.

4) Hið opinbera lætur safna, framleiða, fjölfalda og dreifa margvíslegum upplýsingum á ýmsum sviðum, s.s. á sviði félagsmála, efnahagsmála, landafræði, veðurs, ferðamála, viðskipta, einkaleyfa og menntamála.

5) Eitt af meginmarkmiðunum með því að koma á fót innri markaði er að skapa skilyrði sem stuðla að þróun þjónustu sem nær til alls Bandalagsins. Upplýsingar frá hinu opinbera eru mikilvægur efniviður í stafrænar vörur og þjónustu og verða jafnvel enn mikilvægari uppspretta efnis eftir því sem þráðlaus efnisþjónusta þróast. Víðtæk landfræðileg útbreiðsla yfir landamæri mun einnig skipta sköpum í þessu samhengi. Auknir möguleikar á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera ættu m.a. að gera evrópskum fyrirtækjum kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun.

6) Verulegur munur er á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera og kemur hann í veg fyrir að þessi mikilvæga uppspretta gagna sé nýtt til fulls. Mjög mismunandi heðir hafa skapast hjá opinberum aðilum varðandi hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera. Þetta ber að hafa í huga. Því skal fara fram lágmarkssamræming á innlendum reglum og venjum um endurnotkun gagna frá hinu opinbera þegar innlendar reglur og venjur eða skortur á skýrleika hindra snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Bandalaginu.

7) Án lágmarkssamræmingar innan Bandalagsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, sem þegar er hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, ennfremur leitt til þess að munurinn verði ennþá meiri. Áhrif þessa lagaósamræmis og réttaróvissu munu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast, en það hefur þegar aukið verulega hagnýtingu upplýsinga yfir landamæri.

([1]) Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 382.
([2]) Stjtíð. EB C 85, 8.4.2003, bls. 25.
([3]) Stjtíð. EB C 73, 26.3.2003, bls. 38.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. maí 2003 (Stjtíð. B C 159 E, 8.7.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 25. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 27. október 2003.

8) Brýnt er að setja almennan ramma um skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera til að tryggja að skilyrðin fyrir endurnotkun slíkra upplýsinga séu sanngjörn, án mismununar og hlutfallsbundin. Opinberir aðilar safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnum við opinber störf sín. Notkun slíkra gagna í öðrum tilgangi telst endurnotkun. Aðildarríkin geta gengið lengra í stefnum sínum en lágmarksstaðlarnir, sem settir eru í þessari tilskipun, og þannig heimilað víðtækari endurnotkun.

9) Þessi tilskipun felur ekki í sér skyldu til að heimila endurnotkun gagna. Það er áfram ákvörðun aðildarríkisins eða hlutaðeigandi opinbers aðila hvort heimila skuli slíka endurnotkun eða ekki. Þessi tilskipun gildir um gögn sem gerð eru aðgengileg til endurnotkunar þegar opinberir aðilar gefa út leyfi fyrir upplýsingum, selja, dreifa, skiptast á eða gefa út upplýsingar. Til að komast hjá víxlniðurgreiðslum skal endurnotkun fela í sér frekari notkun gagna innan stofnunarinnar sjálfrar vegna starfsemi sem fellur utan opinbers starfssviðs hennar. Dæmigerð starfsemi sem er utan opinbers starfssvið nær til afhendingar gagna sem eru búin til og tekið er gjald fyrir eingöngu á viðskiptagrundvelli og í samkeppni við aðra á markaðinum. Skilgreiningunni „gögn“ er ekki ætlað að taka til tölvuforrita. Tilskipun þessi byggir á því fyrirkomulagi um aðgang sem fyrir er í aðildarríkjunum og hefur ekki áhrif á innlendar reglur um aðgang að gögnum. Hún gildir ekki í þeim tilvikum þar sem borgarar eða fyrirtæki geta, samkvæmt gildandi fyrirkomulagi um aðgang, einungis fengið gögn með því að sýna fram á að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta. Á vettvangi Bandalagsins er viðurkenndur í 41. gr. (réttur til góðrar stjórnsýslu) og 42. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, réttur allra borgara í Evrópusambandinu og allra einstaklinga og lögaðila sem hafa fasta búsetu eða skráð aðsetur í aðildarríki til aðgangs að gögnum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Opinberir aðilar skulu hvattir til að gera öll gögn í vörslu sinni aðgengileg til endurnotkunar. Opinberir aðilar skulu hvetja til og stuðla að endurnotkun gagna, þ.m.t. opinberra laga- og stjórnsýslutexta í þeim tilvikum sem opinber aðili hefur rétt til að heimila endurnotkun þeirra.

10) Skilgreiningarnar á „opinber aðili“ og „stofnun sem heyrir undir opinberan rétt“ eru fengnar úr tilskipununum um opinber innkaup 92/50/EBE ([1]), 93/36/EBE ([2]) og 93/37/EBE ([3]) og 98/4/EB ([4])). Opinber fyrirtæki falla ekki undir þessar skilgreiningar.

11) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um almenna skilgreiningu á hugtakinu „gögn“ í samræmi við þróun innan upplýsingasamfélagsins. Hún tekur til allrar birtingar á aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – og hvers kyns samantektar á slíkum aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – á hvaða formi sem það er, (ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, sem hljóðritun, upptaka á myndum eða myndmiðlaefni), sem er í vörslu opinberra aðila. Gögn sem eru í vörslu opinbers aðila eru gögn sem opinber aðili hefur rétt til að heimila endurnotkun á.

12) Fresturinn til að svara beiðnum um endurnotkun skal vera sanngjarn og í samræmi við samsvarandi frest vegna beiðna um aðgang að gögnum samkvæmt viðkomandi fyrirkomulagi um aðgang. Sanngjarn frestur í gjörvöllu Evrópusambandinu stuðlar að því að til verði nýjar samsettar upplýsingavörur og -þjónusta á samevrópskum vettvangi. Þegar beiðni um endurnotkun hefur verið samþykkt skulu opinberir aðilar gera gögnin aðgengileg innan þess tímaramma sem þarf svo að efnahagslegt gildi þeirra sé hagnýtt til fulls. Þetta er einkum mikilvægt að því er varðar efni sem tekur örum breytingum, (t.d. upplýsingar um umferð), en efnahagsgildi þess byggist á því að upplýsingarnar séu tiltækar þegar í stað og uppfærðar reglulega. Ef upplýsingarnar eru háðar leyfi getur hluti af skilmálum leyfisins verið þess efnis að gögnin séu aðgengileg innan tiltekinna tímamarka.

13) Hægt er að bæta möguleikana til endurnotkunar með því að takmarka þörfina á að færa gögn sem eru á pappír yfir á stafrænt form eða með því að vinna stafrænar skrár til að þær séu innbyrðis samhæfðar. Því ættu opinberir aðilar að gera gögn aðgengileg á sniði eða tungumáli

---

([1]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([3]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([4]) Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1.

sem til er, með rafrænum hætti þar sem það er mögulegt og á við. Opinberir aðilar skulu bregðast með jákvæðum hætti við beiðnum um útdrætti úr gögnum sem fyrir eru þegar það felur í sér einungis einfalda aðgerð að verða við slíkri beiðni. Opinberum aðilum ber hins vegar ekki skylda til að gera útdrátt úr skjali þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér. Til að auðvelda endurnotkun skulu opinberir aðilar gera eigin gögn aðgengileg á sniði sem, eftir því sem mögulegt er og eftir því sem við á, er ekki háð notkun tiltekins hugbúnaðar. Ef unnt er og eftir því sem við á skulu opinberir aðilar taka tillit til möguleika fatlaðra á því að endurnota gögnin og að það sé gert í þeirra þágu.

14) Ef gjald er tekið fyrir skulu heildartekjurnar ekki vera meiri en sem nemur heildarkostnaðinum við að safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnunum auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til viðkomandi opinbers aðila, þar sem það á við, um að hann standi undir sér fjárhagslega. Framleiðsla felur í sér að búa til gögnin og setja þau saman, og dreifing getur einnig falið í sér stuðning við notendur. Þar eð koma ber í veg fyrir of háa verðlagningu skulu efri mörk gjalds miðast við endurheimt kostnaðar, auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni, í samræmi við gildandi reikningsskilareglur og viðeigandi aðferðir við kostnaðarútreikninga hlutaðeigandi opinberra aðila. Efri mörk gjalda, sem eru sett í þessari tilskipun, eru með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna eða opinberra aðila til að innheimta lægri gjöld eða engin gjöld og aðildarríkin skulu hvetja opinbera aðila til að gera gögn aðgengileg gegn gjaldi sem er ekki hærra en lágmarkskostnaður við að fjölfalda gögnin og dreifa þeim.

15) Ein af forsendunum fyrir þróun upplýsingamarkaðar innan alls Bandalagsins er að tryggja að skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera séu skýr og almenningi aðgengileg. Því skal hugsanlegum endurnotendum gerð skýr grein fyrir öllum gildandi skilyrðum fyrir endurnotkun gagnanna. Í því skyni að stuðla að og greiða fyrir beiðnum um endurnotkun skulu aðildarríkin hvetja til þess að gerðar verði atriðisorðaskrár, sem eru aðgengilegar á Netinu og taka til þeirra gagna sem eru aðgengileg. Umsækjendum um endurnotkun gagna skal gerð grein fyrir þeim leiðum sem þeir hafa til að leggja fram kvartanir varðandi ákvarðanir eða venjur sem hafa áhrif á þá. Þetta er einkum mikilvægt fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem óvíst er að þekki til samskipta við opinbera aðila í öðrum aðildarríkjum og leiða þeirra til kvartana.

16) Birting allra gagna í vörslu hins opinbera sem eru almenningi aðgengileg – sem varða ekki einungis pólítíska ferlið heldur einnig laga- og stjórnsýsluferlið – er grundvallartæki til að víkka út réttinn til þekkingar, sem er ein af grundvallarreglum lýðræðis. Þetta markmið gildir um stofnanir á öllum stjórnsýslustigum, hvort sem er á staðar-, lands- eða alþjóðavísu.

17) Í sumum tilvikum eru gögn endurnotuð án þess að samið hafi verið um leyfi. Í öðrum tilvikum er leyfi veitt með skilyrðum um endurnotkun sem leyfishafa eru sett og taka til atriða eins og skaðabótaábyrgðar, réttrar notkunar gagnanna sem tryggir að þeim sé ekki breytt og að uppruna þeirra sé getið. Ef opinberir aðilar leyfa að gögn séu endurnotuð skulu skilyrðin fyrir leyfinu vera sanngjörn og gegnsæ. Stöðluð leyfi sem eru aðgengileg á Netinu geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Því skulu aðildarríkin kveða á um að stöðluð leyfi séu tiltæk.

18) Ef lögbæra yfirvaldið ákveður að tiltekin gögn séu ekki lengur aðgengileg til endurnotkunar eða ákveður að hætta að uppfæra þessi gögn skal það auglýsa þessar ákvarðanir opinberlega, við fyrsta tækifæri, með rafrænum hætti eftir því sem við verður komið.

19) Skilyrðin fyrir endurnotkun skulu ekki fela í sér mismunun að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar. Þetta skal, t.d. ekki koma í veg fyrir að opinberir aðilar skiptist á upplýsingum án endurgjalds vegna opinberra verkefna, þó svo að gjald sé tekið af öðrum aðilum vegna endurnotkunar sömu gagna. Þetta skal ekki heldur koma í veg fyrir að samþykkt verði aðskilin gjaldtökustefna eftir því hvort endurnotkunin er í atvinnuskyni eða ekki.

20) Opinberir aðilar skulu virða samkeppnisreglur við setningu meginreglna um endurnotkun gagna og forðast eins og mögulegt er gerð einkaréttarsamninga við einkaaðila. Hins vegar kann einkaréttur á endurnotkun sérstakra gagna frá hinu opinbera stundum að vera nauðsynlegur í því skyni að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þetta getur gilt ef enginn atvinnuútgefandi myndi gefa upplýsingar út án slíks einkaréttar.

21) Þessi tilskipun skal koma til framkvæmda og henni beitt í fullu samræmi við meginreglurnar um verndun persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

22) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á hugverkarétt þriðju aðila. Til að taka af allan vafa vísar hugtakið „hugverkaréttur" einungis til höfundaréttar og skyldra réttinda (þ.m.t. vernd sinnar tegundar (sui generis)). Þessi tilskipun gildir ekki um gögn sem falla undir hugverkarétt á sviði iðnaðar, svo sem einkaleyfi, skráða hönnun og vörumerki. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á hugverkarétt opinberra aðila né eignarhald þeirra á slíkum rétti, né takmarkar hún beitingu þessa réttar á nokkurn hátt út fyrir þau mörk sem þessi tilskipun setur. Skyldurnar sem lagðar eru á með þessari tilskipun skulu einungis gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum (Bernarsáttmálans) og samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins). Opinberir aðilar skulu þó beita höfundarrétti sínum þannig að það auðveldi endurnotkun.

23) Hjálparúrræði fyrir hugsanlega endurnotendur til að finna gögn sem eru aðgengileg til endurnotkunar og skilyrðin fyrir endurnotkun geta auðveldað verulega notkun gagna frá hinu opinbera yfir landamæri. Aðildarríkin skulu því tryggja að hagnýtt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem hjálpar endurnotendum í leit sinni að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar. Skrá, helst aðgengileg á Netinu, yfir helstu gögn, (gögn sem eru mikið endurnotuð eða hafa möguleika til að vera mikið endurnotuð), og vefgáttir sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár yfir gögn eru dæmi um slíkt hagnýtt fyrirkomulag.

24) Tilskipun þessi er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna ([3]). Hún útskýrir skilyrðin sem gilda um beitingu opinberra aðila á hugverkarétti sínum á innri upplýsingamarkaðnum þegar endurnotkun gagna er leyfð.

25) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð fyrirhuguðu markmiði, þ.e. að greiða fyrir að búnar verði til upplýsingavörur og -þjónusta alls staðar í Bandalaginu sem byggjast á gögnum frá hinu opinbera, að auka skilvirka notkun einkafyrirtækja yfir landamæri á gögnum frá hinu opinbera í upplýsingavörur og þjónustu sem hafa aukið virði og að takmarka röskun á samkeppni á markaði Bandalagsins, og í ljósi þess að umfang og áhrif framangreindrar aðgerðar eru svo samofin Bandalaginu að auðveldara er að ná þessu markmiði á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu því heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð. Með tilskipun þessari skal ná fram lágmarkssamræmingu og komast þannig hjá frekara misræmi í meðhöndlun aðildarríkjanna á endurnotuðum gögnum frá hinu opinbera.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar lágmarksreglur um endurnotkun og hagnýtar leiðir til að auðvelda endurnotkun gagna sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila í aðildarríkjunum.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) gögn ef afhending þeirra er utan við starfssvið hlutaðeigandi opinberra aðila eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkinu, eða, ef slíkar reglur eru ekki til staðar, eins og það er skilgreint í samræmi við almennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkinu sem um ræðir,

b) gögn sem þriðju aðilar eiga hugverkarétt á,

c) gögn sem ekki er aðgangur að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, þ.m.t vegna:

— verndar þjóðaröryggis (þ.e. öryggis ríkisins), landvarna og almannaöryggis,

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20.

— trúnaðarkvaða í hagskýrslum eða viðskiptaleyndar,

d) gögn sem eru í vörslu opinberra útvarpsrekanda og dótturfyrirtækja þeirra eða í vörslu annarra stofnana eða dótturfyrirtækja þeirra sem nota þau til að sinna verkefnum á sviði opinberra útvarpssendinga,

e) gögn sem eru í vörslu mennta- og rannsóknastofnana, svo sem skóla, háskóla, safna, bókasafna, rannsóknaraðstöðu, þ.m.t., ef við á, stofnunum sem komið er á fót til að yfirfæra rannsóknarniðurstöður,

f) gögn sem eru í vörslu menningarstofnana, svo sem safna, bókasafna, skjalasafna, hljómsveita, óperu, balletta og leikhúsa.

3. Tilskipun þessi byggir á og er með fyrirvara um það fyrirkomulag um aðgang sem fyrir er í aðildarríkjunum. Tilskipun þessi gildir ekki í tilvikum þar sem borgarar eða fyrirtæki verða að sýna fram á að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta samkvæmt fyrirkomulaginu um aðgang til að fá aðgang að gögnunum.

4. Tilskipun þessi skerðir ekki og hefur á engan hátt áhrif á umfang verndunar einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðum laga Bandalagsins og innlendra laga og einkum breytir hún ekki þeim skyldum og réttindum sem sett eru fram í tilskipun 95/46/EB.

5. Skyldurnar sem lagðar eru á með þessari tilskipun skulu einungis gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans og TRIPS-samningsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „opinber aðili“: ríkið, svæðis- eða staðaryfirvöld, stofnanir sem heyra undir opinberan rétt og samtök sem mynduð eru af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einni eða fleiri slíkum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt,

2. „stofnun sem heyrir undir opinberan rétt“: allir aðilar sem:

a) gegna einungis því hlutverki að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta, og

b) eru lögaðilar, og

c) eru reknir að mestu leyti á kostnað ríkisins, svæðis- eða staðaryfirvalda eða annarra stofnana sem heyra undir opinberan rétt eða lúta yfirstjórn þessara aðila, eða ef þeir lúta stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkinu, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt,

3. „gögn“ eru:

a) hvers konar efni, á hvaða miðli sem er (ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, eða sem hljóð eða mynd eða hljóð- og myndmiðlunarefni),

b) allir hlutar slíks efnis,

4. „endurnotkun“: notkun einstaklinga eða lögaðila á gögnum í vörslu opinberra aðila í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sem er annar en upphaflegur tilgangur hins opinbera með því að búa gögnin til. Skipti á gögnum milli opinberra aðila sem einungis eru til að sinna opinberu starfssviði þeirra er ekki endurnotkun,

5. „persónuupplýsingar“: gögn sem skilgreind eru í a-lið 2. gr í tilskipun 95/46/EB.

3. gr.

Meginregla

Aðildarríkin skulu tryggja að ef endurnotkun gagna í vörslu opinberra aðila er heimil skal vera hægt að endurnota þessi gögn í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við skilyrðin sem sett eru í III. og IV. kafla. Ef unnt er skal gera gögnin aðgengileg með rafrænum hætti.

II. KAFLI

BEIÐNIR UM ENDURNOTKUN

4. gr.

Kröfur sem gilda um afgreiðslu á beiðnum um endurnotkun

1. Opinberir aðilar skulu afgreiða beiðnir um endurnotkun með rafrænum hætti, ef unnt er og við á, og veita umsækjandanum aðgang að gögnunum til endurnotkunar eða, ef leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfisskilmálum til umsækjandans innan sanngjarns frests sem er innan þess tímaramma sem mælt er fyrir um til afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum.

2. Ef ekki hafa verið sett nein tímamörk eða aðrar reglur um afhendingu gagna innan ákveðins tíma skulu opinberir aðilar afgreiða beiðnina og afhenda gögnin umsækjandanum til endurnotkunar eða, ef

leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfistilboði til umsækjandans innan frests sem er ekki lengri en 20 virkir dagar eftir að beiðnin hefur verið móttekin. Heimilt er að framlengja þennan frest um aðra 20 virka daga ef beiðnin er umfangsmikil eða flókin. Í slíkum tilvikum skal tilkynna umsækjandanum innan þriggja vikna eftir að upphaflega beiðnin var lögð fram, að lengri frest þurfi til að afgreiða hana.

3. Ef beiðni er synjað skulu opinberir aðilar tilkynna umsækjandanum ástæður synjunarinnar á grundvelli viðeigandi ákvæða fyrirkomulagsins um aðgang í því aðildarríki eða innlendra ákvæða sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, einkum a-, b- eða c-lið 2. mgr. 1. gr. eða 3. gr. Ef synjun er byggð á b-lið 2. mgr. 1. gr. skal opinber aðili láta fylgja tilvísun til einstaklingsins eða lögaðilans sem er rétthafi, ef hann er þekktur, eða að öðrum kosti leyfisveitandans sem opinberi aðilinn fékk viðeigandi efni frá.

4. Allir neikvæðir úrskurðir skulu innihalda tilvísun í leiðir til kvartana ef umsækjandi skyldi óska eftir því að áfrýja úrskurðinum.

5. Ekki er krafist að opinberir aðilar sem falla undir d-, e- og f-lið 2. mgr. 1. gr uppfylli kröfur þessarar greinar.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR ENDURNOTKUN

5. gr.

Tiltæk snið

1. Opinberir aðilar skulu gera gögn sín aðgengileg á sniði eða tungumáli sem til er og með rafrænum hætti þar sem það er mögulegt og á við. Þetta skal ekki fela í sér skyldu fyrir opinbera aðila til að búa til eða breyta gögnum í því skyni að uppfylla beiðnina, né skal það fela í sér skyldu til að gera útdrátt úr gögnum þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér og er meira en bara einföld aðgerð.

2. Ekki er hægt að krefjast þess á grundvelli þessarar tilskipunar að opinberir aðilar haldi áfram að útbúa tiltekna tegund gagna til endurnotkunar af hálfu aðila í einkageiranum eða hins opinbera.

6. gr.

Meginreglur um gjaldtöku

Ef gjald er tekið skulu heildartekjurnar af því að láta í té og leyfa endurnotkun gagna ekki vera meiri en kostnaðurinn við söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Gjöld skulu vera kostnaðartengd á viðkomandi uppgjörstímabili og reiknuð út í samræmi við þær reikningsskilareglur sem gilda um þann opinbera aðila sem málið varðar.

7. gr.

Gagnsæi

Öll skilyrði sem gilda um endurnotkun á gögnum í vörslu opinberra aðila og stöðluð gjöld fyrir hana skulu ákveðin fyrir fram og birt með rafrænum hætti ef unnt er og við á. Ef þess er óskað skal opinber aðili tilgreina grundvöll útreikninga á gjaldinu sem birt er. Hlutaðeigandi opinberir aðilar skulu einnig tilgreina til hvaða þátta er tekið tillit við útreikninga á gjöldum í undantekningartilvikum. Opinberir aðilar skulu tryggja að umsækjendum um endurnotkun gagna sé gerð grein fyrir þeim leiðum sem tiltækar eru til að leggja fram kvartanir varðandi úrskurði eða venjur sem hafa áhrif á þá.

8. gr.

Leyfi

1. Opinberir aðilar geta heimilað endurnotkun á gögnum án skilyrða eða sett skilyrði, með leyfi ef við á, sem tekur á viðeigandi málefnum. Þessi skilyrði skulu ekki takmarka að óþörfu möguleika á endurnotkun og skulu ekki notuð til að takmarka samkeppni.

2. Í aðildarríkjum þar sem leyfi eru notuð skulu aðildarríkin tryggja að stöðluð leyfi fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera, sem hægt er að breyta fyrir sérstakar umsóknir um leyfi, séu aðgengileg á stafrænu sniði og að þær sé hægt að afgreiða með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu hvetja alla opinbera aðila til að nota stöðluð leyfi.

9. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag

Aðildarríkin skulu tryggja að hagnýtt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem auðveldar leit að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar, svo sem skrár yfir helstu gögn, helst aðgengilegar á Netinu, og vefgáttir sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár.

IV. KAFLI

BANN VIÐ MISMUNUN OG GÓÐIR VIÐSKIPTAHÆTTIR

10. gr.

Bann við mismunun

1. Öll gildandi skilyrði fyrir endurnotkun skulu vera án mismununar að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar.

2. Ef opinber aðili endurnotar gögn sem ílag til viðskiptastarfsemi sinnar, sem fellur utan við opinbert starfssvið hans, skulu sömu gjöld og önnur skilyrði gilda um afhendingu gagnanna til þeirrar starfsemi og gilda um aðra notendur.

11. gr.

Bann við einkanytjafyrirkomulagi

1. Endurnotkun gagna skal vera opin öllum hugsanlegum aðilum á markaðnum jafnvel þó einn eða fleiri markaðsaðilar hagnýti nú þegar vörur, sem hafa aukið virði, sem byggja á þessum gögnum. Samningar eða annað fyrirkomulag milli opinbers aðila sem er með gögnin í vörslu sinni og þriðju aðila skal ekki veita einkarétt.

2. Ef einkaréttur er hins vegar nauðsynlegur til að veita þjónustu í þágu almennings skal réttmæti ástæðunnar til að veita slíkan einkarétt vera háð reglulegri endurskoðun og skal a.m.k. endurskoðuð á þriggja ára fresti. Einkanytjafyrirkomulag sem komið er á fót eftir að tilskipun þessi tekur gildi skal vera gagnsætt og birt opinberlega.

3. Einkanytjafyrirkomulagi, sem uppfyllir ekki skilyrðið um undantekningu skv. 2. mgr., skal slitið í lok samningsins eða eigi síðar en 31. desember 2008.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

13. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar fyrir 1. júlí 2008 og skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður þessarar endurskoðunar ásamt tillögum um breytingar á tilskipuninni.

2. Endurskoðunin skal einkum taka til gildissviðs og áhrifa þessarar tilskipunar, þ.m.t. aukningar á endurnotkun gagna frá hinu opinbera, áhrifa meginreglnanna sem gilda um gjaldtöku og endurnotkunar opinberra laga- og stjórnsýslutexta, sem og frekari möguleika á að bæta eðlilega starfsemi innri markaðarins og þróunar evrópsks efnisiðnaðar.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

1005. Svar [218. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fjölda nemenda í starfsnámi.

1. *Hve margir nemendur hafa stundað nám í hvers konar starfs-, verk- og listnámi við íslenska framhaldsskóla árin 2004 og 2005, sundurgreint eftir skólum, brautum og árum?*

Hagstofa Íslands safnar kerfisbundið upplýsingum um íslenska framhaldsskóla fyrir menntamálaráðuneytið. Upplýsingum um fjölda nemenda í einstökum skólum og skiptingu þeirra á námsbrautir er safnað í október ár hvert og fullunnar niðurstöður birtar að vori árið

á eftir. Þær upplýsingar sem eru nýjastar eru því frá í október 2004 (skólaárið 2004–2005). Þær má sjá í töflu 1 hér á eftir ásamt tölum frá 2003 (skólaárið 2003–2004) til samanburðar. Taflan byggist á flokkun Hagstofunnar á námsbrautum í fjóra flokka, almennt nám, bóknám, listnám og verk- og starfsnám. Nám sem fram fer á almennum námsbrautum er ekki unnt að flokka kerfisbundið í bóknám, verknám eða listnám. Í nokkrum tilvikum er það nám þó merkt sem verknám í skólunum og þá flokkað þannig. Til bóknáms í flokkuninni er talið það nám sem leiðir til stúdentsprófs í samræmi við lög um framhaldsskóla.

Tafla1. Skipting nemenda á námsbrautir.

Tegundir náms	2003	2004
Almenn braut	2.761	2.885
Bóknám	10.935	11.364
Listnám	930	983
Verk- og starfsnám	7.275	7.402
Alls	**21.901**	**22.634**

Samkvæmt töflunni voru 7.402 nemendur við nám á verk- og starfsnámsbrautum haustið 2004 og 983 í listnámi. Árið 2003 voru sambærilegar tölur 7.275 fyrir starfsnám og 930 fyrir listnám. Í báðum tilvikum fjölgaði nemendum, um 1,7% í starfsnámi og 5,6 % í listnámi.

Víðtækar breytingar voru gerðar á reiknilíkani til skiptingar fjár til framhaldsskóla árið 2003 og snerust þær um einföldun eða fækkun á forsendum almenns rekstrar og um breyttan reikning húsnæðis- og búnaðar. Megintilgangurinn var að framlög yrðu nær raunverulegum tilkostnaði vegna búnaðar og húsnæðis en áður. Hagur verk- og starfsnáms batnaði verulega við þetta þar eð náminu var reiknað rými og virði búnaðar samkvæmt áætluðu raunvirði en ekki samkvæmt meðalverði. Framlög samkvæmt endurskoðuðu líkani eru því hærri sem búnaður skóla er dýrari og í meiri notkun.

Skiptingu nemenda á skóla og brautir í listnámi má sjá í fylgiskjali I og sambærilegar upplýsingar fyrir starfs- og verknám í fylgiskjali II.

2. *Hve margir hafa stundað bóknám sömu ár?*

Árið 2004 voru 11.364 nemendur skráðir á bóknámsbrautir framhaldsskólanna. Þeir voru hins vegar 10.935 árið 2003. Fjölgun bóknámsnemenda milli áranna var 3,9 %.

3. *Hve margir útskrifuðust af starfs-, verk- og listnámsbrautum vorið 2005, sundurliðað eftir skólum og brautum?*

Hagstofa Íslands safnar kerfisbundið upplýsingum um brautskráningar/útskriftir í framhaldsskólum. Upplýsingunum er safnað fyrir hvert skólaár um sig en flestir íslenskir framhaldsskólar brautskrá nemendur bæði í lok vor- og haustannar. Tölur sem fengnar eru um vorútskriftir eingöngu gefa því ekki heildarmynd af brautskráningum úr skólunum. Gagnavinnsla vegna skólaársins 2004–2005 stendur nú yfir. Nýjustu tölur sem liggja fyrir um brautskráningar eru fyrir skólaárið 2003–2004 og má sjá þær í töflu 2 hér á eftir. Í töflunni er notuð sama skipting á námsbrautir og gerð var grein fyrir í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar. Til samanburðar eru í töflunni einnig tölur fyrir skólaárið 2002–2003. Hafa ber í huga að hver brautskráning er talin fyrir sig, þ.e. óháð einstaklingum. Nemandi sem brautskráist af tveimur námsbrautum leggur þannig til tvær brautskráningar í talninguna.

Tafla 2. Brautskráningar.

Tegundir náms	2002–2003	2003–2004
Almenn braut	72	122
Bóknám	2.545	2.535
Listnám	102	147
Verk- og starfsnám	2.457	2.447
Alls	**5.176**	**5.251**

Skólaárið 2003–2004 brautskráðust 2.447 nemendur af verk- og starfsnámsbrautum framhaldsskólanna og 147 nemendur úr listnámi. Skólaárið 2002–2003 voru tölurnar 102 í listnámi og 2.457 í starfsnámi.

Skiptingu brautskráninga á skóla og brautir í listnámi má sjá í fylgiskjali III og sambærilegar upplýsingar fyrir starfs- og verknám í fylgiskjali IV.

4. Hve margir útskrifuðust með stúdentspróf úr íslenskum framhaldsskólum vorið 2005?

Eins og í svari við 3. lið fyrirspurnarinnar byggist svar við þessu á upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir skólaárið 2003–2004 sem eru þær nýjustu sem liggja fyrir. Þá brautskráðust 2.535 nemendur með stúdentspróf frá íslenskum framhaldsskólum. Skólaárið 2002–2003 luku 2.567 nemendur stúdentsprófi.

Fylgiskjal I.

Menntamálaráðuneyti:

Nemendur í listnámi á framhaldsskólastigi 2003–2004.

Skóli	Námsbraut	2003	2004
Borgarholtsskóli	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	104	109
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	18	22
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999		14
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	5	7
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	178	166
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	82	68
Flensborgarskóli	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	3	3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	122	133
Iðnskólinn í Reykjavík	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	166	164
Listdansskóli Íslands	Listdans	6	1
Menntaskólinn á Akureyri	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	7	8
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	4	7
Myndlistaskólinn á Akureyri	Myndlistarbraut	15	8
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Myndlistarbraut	20	23
Nýi söngskólinn „Hjartansmál“	Söngnám	5	11
Nýi tónlistarskólinn	Hljóðfæraleikur	3	4
Nýi tónlistarskólinn	Söngnám	3	6
Söngskólinn í Reykjavík	Söngnám	12	18
Tónlistarskóli Árnesinga	Hljóðfæraleikur	3	3
Tónlistarskóli Árnesinga	Söngnám		1
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	Hljóðfæraleikur		2
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	Söngnám	2	2
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	Hljóðfæraleikur	1	
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	Söngnám	1	
Tónlistarskóli FÍH	Hljóðfæraleikur	10	15

Skóli	Námsbraut	2003	2004
Tónlistarskóli FÍH	Söngnám	1	3
Tónlistarskóli Garðabæjar	Hljóðfæraleikur	2	4
Tónlistarskóli Garðabæjar	Söngnám	2	2
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	Hljóðfæraleikur	1	5
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	Söngnám	1	3
Tónlistarskóli Kópavogs	Hljóðfæraleikur	1	13
Tónlistarskóli Kópavogs	Söngnám	1	4
Tónlistarskóli Mosfellsbæjar	Söngnám	2	
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	Hljóðfæraleikur	3	2
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	Söngnám	3	
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	Hljóðfæraleikur		1
Tónlistarskóli Siglufjarðar	Hljóðfæraleikur		2
Tónlistarskólinn á Akureyri	Hljóðfæraleikur	3	5
Tónlistarskólinn á Akureyri	Söngnám	3	
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Hljóðfæraleikur	8	10
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Söngnám	1	4
Tónlistarskólinn Stykkishólmi	Hljóðfæraleikur	1	2
Tónskóli Sigursveins	Hljóðfæraleikur	4	7
Tónskóli Sigursveins	Söngnám	3	
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	Hljóðfæraleikur	3	3
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	Söngnám	4	3
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	113	115
Alls		**930**	**983**

Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneyti:

Nemendur í verk- og starfsnámi.

Skóli	Námsbrautir	2003	2004
Borgarholtsskóli	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	55	39
Borgarholtsskóli	Bifreiðasmíði, ósamningsbundið nám	24	16
Borgarholtsskóli	Bifreiðasmíði, samningsbundið nám	1	
Borgarholtsskóli	Bifvélavirkjun, ósamningsbundið nám	83	78
Borgarholtsskóli	Bílamálun, ósamningsbundið nám	19	17
Borgarholtsskóli	Blikksmíði, samningsbundið nám	8	3
Borgarholtsskóli	Félagsstarfabraut	69	79
Borgarholtsskóli	Grunndeild bíliðna	93	81
Borgarholtsskóli	Málmtæknibraut	33	64
Borgarholtsskóli	Nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum	17	30
Borgarholtsskóli	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	80	75
Borgarholtsskóli	Pípulagnir, samningsbundið nám	38	49
Borgarholtsskóli	Rafsuða, samningsbundið nám	1	1
Borgarholtsskóli	Rennismíði, ósamningsbundið nám	14	15
Borgarholtsskóli	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	1	26
Borgarholtsskóli	Stálskipasmíði, samningsbundið nám	1	
Borgarholtsskóli	Stálvirkjun, samningsbundið nám	1	2
Borgarholtsskóli	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	22	25
Borgarholtsskóli	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	1	1
	Samtals	*561*	*601*

Skóli	Námsbrautir	2003	2004
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	2	3
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	17	16
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Málmiðnabraut	29	31
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	11	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Rafvirkjun, samningsbundið nám	5	1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Sjúkraliðanám	31	11
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	7	7
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	9	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Uppeldisbraut	3	5
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		1
	Samtals	*114*	*84*
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		4
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Ferðaþjónusta		2
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		2
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Tölvubraut		7
	Samtals		*15*
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	37	38
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Ferðaþjónusta	9	5
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Grunndeild bíliðna	19	7
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	10	15
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Húsasmíði, ósamningsbundið nám		5
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Húsasmíði, samningsbundið nám	29	53
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Málmtæknibraut	10	26
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	12	8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	14	13
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Sjúkraliðanám	19	20
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	21	24
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Söðlasmíði	8	2
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	15	8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Uppeldisbraut	13	5
	Samtals	*216*	*229*
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	31	29
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	4	2
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		29
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Hárgreiðsla	21	22
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Húsamálun, samningsbundið nám		1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Húsasmíði, samningsbundið nám	29	19
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Málmtæknibraut	15	11
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	7	3
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Netagerð, samningsbundið nám	23	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Pípulagnir, samningsbundið nám	13	6
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	21	20
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	23	18
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafvirkjun, samningsbundið nám		4
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rennismíði, ósamningsbundið nám		1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Sjúkraliðanám	28	30
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	16	23
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	27	15
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Tölvubraut	25	31
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Uppeldisbraut	9	11
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Vélstjóranám 1. stigs	4	7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Vélstjóranám 2. stigs	9	2
	Samtals	*305*	*284*

Skóli	Námsbrautir	2003	2004
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	36	28
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Grunndeild bíliðna	7	6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		12
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	23	17
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Húsasmíði, samningsbundið nám	9	8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Málmtæknibraut	23	30
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám	8	9
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	27	12
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafsuða, ósamningsbundið nám	14	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafsuða, samningsbundið nám		8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	26	28
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafvirkjun, samningsbundið nám	3	3
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Sjúkraliðanám	19	23
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	7	7
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Stóriðjubraut	1	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	8	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Uppeldisbraut	11	16
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	10	12
Fjölbrautaskóli Vesturlands, útibú Stykkishólmi	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	1	
	Samtals	*233*	*219*
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Almenn snyrtibraut	128	105
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	95	71
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Fataiðnbraut	37	40
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	15	41
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	53	24
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Húsasmíði, samningsbundið nám	23	30
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Matartæknabraut	4	3
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	17	13
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	113	110
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafvirkjun, samningsbundið nám	5	7
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Sjúkraliðanám	117	138
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	25	25
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	7	7
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Uppeldisbraut	14	10
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	2	2
	Samtals	*655*	*626*
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	51	44
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	7	8
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Uppeldisbraut	5	5
	Samtals	*63*	*57*
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Aðstoð tannlækna	28	42
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	46	37
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Hjúkrunar- og móttökuritarar	19	42
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Lyfjatækni	53	55
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	64	71
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Nudd	53	58
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Sjúkraliðanám	107	185
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	7	11
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Uppeldisbraut	2	1
	Samtals	*379*	*502*

Skóli	Námsbrautir	2003	2004
Flensborgarskóli	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	38	25
Flensborgarskóli	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	49	49
Flensborgarskóli	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	5	9
	Samtals	*92*	*83*
Flugskóli Íslands	Flugliðanám	21	21
Framhaldsskólinn á Húsavík	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	1	4
Framhaldsskólinn á Húsavík	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	2	
Framhaldsskólinn á Húsavík	Sjúkraliðanám	16	11
Framhaldsskólinn á Húsavík	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	3	
	Samtals	*22*	*15*
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	8	
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Sjávarútvegsbraut/Skipstjórnarbraut		25
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Sjúkraliðanám	3	2
	Samtals	*11*	*27*
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	9	8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Húsasmíði, samningsbundið nám	1	1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	3	6
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Sjúkraliðanám	1	4
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	4	1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Stálskipasmíði, samningsbundið nám	1	
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Uppeldisbraut	2	3
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélstjóranám 1. stigs	15	7
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélstjóranám 2. stigs	8	13
	Samtals	*44*	*44*
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðplöntufræði	11	26
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðyrkja, blómaskreytingabraut	8	12
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðyrkja, umhverfisbraut	5	
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Skógrækt	5	
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Skrúðgarðyrkja	14	12
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Ylrækt	2	4
	Samtals	*45*	*54*
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Búfræði	18	21
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Ferðaþjónusta	36	
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Fiskeldi	15	
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Hestabraut	14	12
	Samtals	*83*	*33*
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Hússtjórnarskólanám	22	20
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	Hússtjórnarskólanám	22	24
Iðnnemar á samningi utan skóla	Almenn ljósmyndun, samningsbundið nám	2	3
Iðnnemar á samningi utan skóla	Almenn snyrtibraut	8	12
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bakaraiðn og kökugerð	23	23
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bifreiðasmíði, samningsbundið nám	1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	2	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Blikksmíði, samningsbundið nám	13	7
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bókband, samningsbundið nám	1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Framreiðsla	33	30
Iðnnemar á samningi utan skóla	Gull- og silfursmíði, samningsbundið nám	2	3
Iðnnemar á samningi utan skóla	Hárgreiðsla	102	81

Skóli	Námsbrautir		2003	2004
Iðnnemar á samningi utan skóla	Hársnyrtibraut		15	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsamálun, samningsbundið nám		29	34
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsasmíði, ósamningsbundið nám			142
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsasmíði, samningsbundið nám		122	25
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsgagnasmíði, ósamningsbundið nám			1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Kjötiðn		18	20
Iðnnemar á samningi utan skóla	Matreiðsla		93	105
Iðnnemar á samningi utan skóla	Málmsuða, samningsbundið nám		1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Mjólkuriðn		7	6
Iðnnemar á samningi utan skóla	Múrsmíði, samningsbundið nám		17	29
Iðnnemar á samningi utan skóla	Netagerð, samningsbundið nám		6	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Pípulagnir, samningsbundið nám		33	39
Iðnnemar á samningi utan skóla	Prentsmíði, ósamningsbundið nám			8
Iðnnemar á samningi utan skóla	Prentsmíði, samningsbundið nám		3	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Prentun, samningsbundið nám		3	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám		2	8
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafsuða, samningsbundið nám			5
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafvélavirkjun, samningsbundið nám		1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám		1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafvirkjun, samningsbundið nám		20	19
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rennismíði, ósamningsbundið nám		1	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rennismíði, samningsbundið nám		1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Símsmíði		1	1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Skósmíði, samningsbundið nám		1	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Skrúðgarðyrkja		6	6
Iðnnemar á samningi utan skóla	Stálsmíði		7	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Söðlasmíði			1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Úrsmíði, samningsbundið nám			1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Veggfóðrun, samningsbundið nám		5	6
Iðnnemar á samningi utan skóla	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		41	24
		Samtals	*621*	*649*
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Blikksmíði, ósamningsbundið nám			2
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		22	31
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Hárgreiðsla		51	62
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsasmíði, ósamningsbundið nám			24
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsasmíði, samningsbundið nám		14	19
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsgagnasmíði, ósamningsbundið nám			1
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsgagnasmíði, samningsbundið nám		5	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Málmtæknibraut		46	31
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Múrsmíði, samningsbundið nám		1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Pípulagnir, samningsbundið nám		11	20
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám		11	12
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám		45	40
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rafvirkjun, samningsbundið nám		36	30
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rennismíði, ósamningsbundið nám		4	3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Stálsmíði			2
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Stálvirkjun, samningsbundið nám		1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám		13	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Tækniteikning		47	58
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Útstillingar		24	23
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám		8	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám			4
		Samtals	*339*	*362*
Iðnskólinn í Reykjavík	Bifreiðasmíði, ósamningsbundið nám			1
Iðnskólinn í Reykjavík	Bifvélavirkjun, ósamningsbundið nám			1

Skóli	Námsbrautir	2003	2004
Iðnskólinn í Reykjavík	Bifvélavirkjun, samningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	73	69
Iðnskólinn í Reykjavík	Gull- og silfursmíði, samningsbundið nám	1	2
Iðnskólinn í Reykjavík	Hárgreiðsla	93	78
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsamálun, samningsbundið nám	31	23
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	51	62
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsasmíði, samningsbundið nám	41	34
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsgagnasmíði, ósamningsbundið nám	12	13
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsgagnasmíði, samningsbundið nám	1	
Iðnskólinn í Reykjavík	Iðnhönnun	17	5
Iðnskólinn í Reykjavík	Kjólasaumur, ósamningsbundið nám	36	39
Iðnskólinn í Reykjavík	Klæðskurður karla, ósamningsbundið nám	14	6
Iðnskólinn í Reykjavík	Ljósmyndun		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Málmtæknibraut	34	33
Iðnskólinn í Reykjavík	Múrsmíði, ósamningsbundið nám	18	22
Iðnskólinn í Reykjavík	Múrsmíði, samningsbundið nám	9	8
Iðnskólinn í Reykjavík	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	186	137
Iðnskólinn í Reykjavík	Nettækni		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Prentsmíði, ósamningsbundið nám	8	5
Iðnskólinn í Reykjavík	Prentsmíði, samningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Prentun, ósamningsbundið nám		5
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám	130	106
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	139	102
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvélavirkjun, ósamningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	59	84
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvirkjun, samningsbundið nám	10	8
Iðnskólinn í Reykjavík	Símsmíði	11	2
Iðnskólinn í Reykjavík	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	33	30
Iðnskólinn í Reykjavík	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	51	2
Iðnskólinn í Reykjavík	Tækniteikning	75	52
Iðnskólinn í Reykjavík	Tölvubraut	291	218
Iðnskólinn í Reykjavík	Veggfóðrun, samningsbundið nám	3	3
	Samtals	*1.427*	*1.155*
Kvikmyndaskóli Íslands	Kvikmyndagerð	17	39
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Búfræði	75	66
Lögregluskólinn	Lögreglunám	37	36
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	24	23
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Félagsstarfabraut	13	22
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	6	3
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		3
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Uppeldisbraut	1	
	Samtals	*44*	*51*
Menntaskólinn á Ísafirði	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	1	
Menntaskólinn á Ísafirði	Félagsstarfabraut		22
Menntaskólinn á Ísafirði	Húsasmíði, samningsbundið nám		17
Menntaskólinn á Ísafirði	Málmtæknibraut	18	20
Menntaskólinn á Ísafirði	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	8	11
Menntaskólinn á Ísafirði	Sjúkraliðanám	17	20
Menntaskólinn á Ísafirði	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	5	3
Menntaskólinn á Ísafirði	Stýrimannanám 1. stigs	1	
Menntaskólinn á Ísafirði	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	2	
Menntaskólinn á Ísafirði	Vélstjóranám 2. stigs	18	17
	Samtals	*70*	*110*

Skóli	Námsbrautir		2003	2004
Menntaskólinn í Kópavogi	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		63	119
Menntaskólinn í Kópavogi	Bakaraiðn og kökugerð		9	12
Menntaskólinn í Kópavogi	Ferðaþjónusta		50	
Menntaskólinn í Kópavogi	Framreiðsla		24	19
Menntaskólinn í Kópavogi	Grunnnám matvælaiðna		47	97
Menntaskólinn í Kópavogi	Kjötiðn		10	7
Menntaskólinn í Kópavogi	Matartæknabraut		25	30
Menntaskólinn í Kópavogi	Matreiðsla		47	33
Menntaskólinn í Kópavogi	Matsveinanám		24	20
Menntaskólinn í Kópavogi	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		21	21
		Samtals	*320*	*358*
Nuddskóli Íslands	Nudd		19	16
Snyrtiskóli Reykjavíkur	Almenn snyrtibraut		43	47
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 1. stigs		8	14
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 2. stigs		20	21
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 3. stigs		33	42
		Samtals	*61*	*77*
Tannsmiðaskóli Íslands	Tannsmíði		8	12
Verkmenntaskóli Austurlands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		9	
Verkmenntaskóli Austurlands	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina			12
Verkmenntaskóli Austurlands	Hárgreiðsla		11	13
Verkmenntaskóli Austurlands	Húsasmíði, samningsbundið nám		2	10
Verkmenntaskóli Austurlands	Málmtæknibraut		17	15
Verkmenntaskóli Austurlands	Nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum			3
Verkmenntaskóli Austurlands	Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum			19
Verkmenntaskóli Austurlands	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám		5	
Verkmenntaskóli Austurlands	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám		8	5
Verkmenntaskóli Austurlands	Sjávarútvegsbraut/Skipstjórnarbraut		1	
Verkmenntaskóli Austurlands	Sjúkraliðanám		10	13
Verkmenntaskóli Austurlands	Skólaliðabraut			5
Verkmenntaskóli Austurlands	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða			1
Verkmenntaskóli Austurlands	Stóriðjubraut		7	7
Verkmenntaskóli Austurlands	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám		10	
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám			1
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		1	
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélstjóranám 1. stigs		5	
		Samtals	*86*	*104*
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		61	61
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Blikksmíði, samningsbundið nám			1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina			34
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsamálun, samningsbundið nám		12	9
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsasmíði, ósamningsbundið nám		7	41
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsasmíði, samningsbundið nám		4	10
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Matartæknabraut		56	78
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Málmtæknibraut		25	31
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Múrsmíði, samningsbundið nám			1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Pípulagnir, samningsbundið nám		3	3
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám		8	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám		26	35
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafvirkjun, samningsbundið nám		22	27
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Sjúkraliðanám		69	70

Skóli	Námsbrautir		2003	2004
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Slátrun			2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		12	11
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Stálskipasmíði, samningsbundið nám		4	3
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Stálvirkjun, samningsbundið nám		1	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám		40	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Tölvubraut		49	33
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Uppeldisbraut		2	3
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám		1	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 1. stigs		23	36
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 2. stigs		19	24
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 3. stigs		14	14
		Samtals	*458*	*527*
Verslunarskóli Íslands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		526	611
Verslunarskóli Íslands	Mála- og viðskiptabraut		14	
Verslunarskóli Íslands	Stærðfræði- og viðskiptabraut		55	38
Verslunarskóli Íslands	Tölvubraut		10	11
		Samtals	*605*	*660*
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 1. stigs		50	94
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 2. stigs		54	51
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 3. stigs		53	50
		Samtals	*157*	*195*
Alls			**7.275**	**7.402**

Fylgiskjal III.

Menntamálaráðuneyti:

Brautskráningar, listnám.

Skóli	Námsbrautir	2002–2003	2003–2004
Borgarholtsskóli	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	10	23
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	3	1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	9	30
Iðnskólinn í Reykjavík	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	11	19
Listdansskóli Íslands	Listdans	11	8
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	1	2
Menntaskólinn á Ísafirði	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	1	1
Myndlistaskólinn á Akureyri	Myndlistarbraut	15	13
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Listabraut, þ.m.t. ný námsskrá 1999	25	26
Nýi söngskólinn „Hjartansmál“	Söngnám	1	2
Tónlistarskóli Árnesinga	Hljóðfæraleikur	1	2
Tónlistarskóli Árnesinga	Söngnám	1	
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	Söngnám		2
Tónlistarskóli Eyjafjarðar	Söngnám		1
Tónlistarskóli FÍH	Hljóðfæraleikur	5	3
Tónlistarskóli FÍH	Söngnám		1
Tónlistarskóli Garðabæjar	Söngnám	2	
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	Söngnám	1	
Tónlistarskóli Kópavogs	Hljóðfæraleikur	1	
Tónlistarskóli Mosfellsbæjar	Söngnám		2
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	Hljóðfæraleikur		1

Skóli	Námsbrautir	2002–2003	2003–2004
Tónlistarskóli Rangárvallasýslu	Söngnám		2
Tónlistarskólinn Akranesi	Söngnám	1	
Tónlistarskólinn á Akureyri	Hljóðfæraleikur	1	5
Tónlistarskólinn á Akureyri	Söngnám	1	1
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Söngnám		1
Tónlistarskólinn í Reykjavík	Tónlistarfræði		1
Alls		**102**	**147**

Fylgiskjal IV.

Menntamálaráðuneyti:

Brautskráningar, verk- og starfsnám.

Skóli	Námsbrautir	2002–03	2003–04
Borgarholtsskóli	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	12	14
Borgarholtsskóli	Bifreiðasmíði, samningsbundið nám	13	7
Borgarholtsskóli	Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	1	
Borgarholtsskóli	Bílamálun, samningsbundið nám	5	8
Borgarholtsskóli	Bílaviðgerðir	13	19
Borgarholtsskóli	Blikksmíði, samningsbundið nám	11	5
Borgarholtsskóli	Félagsstarfabraut	12	6
Borgarholtsskóli	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	11	17
Borgarholtsskóli	Pípulagnir, samningsbundið nám	14	11
Borgarholtsskóli	Rafsuða, samningsbundið nám	3	1
Borgarholtsskóli	Rennismíði, ósamningsbundið nám	2	
Borgarholtsskóli	Rennismíði, samningsbundið nám	1	
Borgarholtsskóli	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	8	3
Borgarholtsskóli	Stálskipasmíði, ósamningsbundið nám		1
Borgarholtsskóli	Stálvirkjun, ósamningsbundið nám	2	2
Borgarholtsskóli	Stálvirkjun, samningsbundið nám	1	
Borgarholtsskóli	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	20	11
Borgarholtsskóli	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	1	
	Samtals	*130*	*105*
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	10	7
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Húsasmíði, ósamningsbundið nám		5
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Húsasmíði, samningsbundið nám	9	1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Húsgagnasmíði, samningsbundið nám		1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	2	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Málmtæknibraut	3	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Rafvirkjun, samningsbundið nám		4
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Sjúkraliðanám		13
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	2	4
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Uppeldisbraut	5	1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	1	
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Vélstjóranám 1. stigs	14	16
	Samtals	*46*	*52*
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	7	10
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Ferðaþjónusta	1	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Grunndeild bíliðna	1	5

Skóli	Námsbrautir	2002–03	2003–04
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		5
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Húsasmíði, samningsbundið nám	17	13
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Íþróttir		4
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Málmtæknibraut	3	1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	7	1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Pípulagnir, samningsbundið nám	1	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	9	12
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Reiðtygja- og aktygjasmíði, samningsbundið nám		2
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Sjúkraliðanám	10	
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	8	9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	10	9
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Uppeldisbraut	3	11
	Samtals	*77*	*82*
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	6	8
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Hársnyrtibraut		1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Húsasmíði, samningsbundið nám	13	7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Netagerð, samningsbundið nám	5	4
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Pípulagnir, samningsbundið nám		5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	1	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafsuða, samningsbundið nám	1	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám		7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Rafvirkjun, samningsbundið nám		1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Sjúkraliðanám	4	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	1	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Tölvubraut	1	
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Uppeldisbraut	2	2
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Vélstjóranám 1. stigs	2	1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Vélstjóranám 2. stigs		3
	Samtals	*36*	*40*
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	6	4
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	2	6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Húsasmíði, samningsbundið nám	7	3
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Málmtæknibraut	3	1
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	10	5
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	3	9
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Sjúkraliðanám	2	8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	4	1
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	7	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Uppeldisbraut	2	2
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	1	5
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	1	
	Samtals	*48*	*44*
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Almenn snyrtibraut	18	15
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	40	25
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Fataiðnbraut	9	7
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Fataiðnbraut	11	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Heilsugæslubraut	7	1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	14	13
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Húsasmíði, samningsbundið nám	17	16
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	9	
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	12	20
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Rafvirkjun, samningsbundið nám	20	

Skóli	Námsbrautir	2002–03	2003–04
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Sjúkraliðanám	25	39
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	3	5
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	3	
	Samtals	*188*	*141*
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	2	1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	1	
	Samtals	*3*	*1*
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Aðstoð tannlækna	8	10
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Heilsugæslubraut	6	
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Hjúkrunar- og móttökuritarar		7
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Lyfjatækni	12	15
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	1	17
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Nudd	24	19
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Sjúkraliðanám	12	20
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	4	
	Samtals	*67*	*88*
Flensborgarskóli	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		3
Flensborgarskóli	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	3	11
	Samtals	*3*	*14*
Flugskóli Íslands	Flugliðanám		19
Framhaldsskólinn á Húsavík	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	4	
Framhaldsskólinn á Húsavík	Uppeldisbraut		1
	Samtals	*4*	*1*
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Sjúkraliðanám	3	1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	3	3
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	5	1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	1	2
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Stálskipasmíði, ósamningsbundið nám	1	
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	1	1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélstjóranám 1. stigs	6	9
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vélstjóranám 2. stigs	2	2
	Samtals	*19*	*18*
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðplöntufræði		10
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðyrkja, blómaskreytingabraut		8
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Garðyrkja, umhverfisbraut		5
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Skógrækt		1
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Skrúðgarðyrkja		12
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	Ylrækt		2
	Samtals		*38*
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Ferðaþjónusta	7	
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Fiskeldi	15	
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	Hestabraut	28	28
	Samtals	*50*	*28*
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Hússtjórnarskólanám	43	41

Skóli	Námsbrautir	2002–03	2003–04
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	Hússtjórnarskólanám	46	45
Iðnnemar á samningi utan skóla	Almenn ljósmyndun, samningsbundið nám	1	6
Iðnnemar á samningi utan skóla	Almenn snyrtibraut	35	21
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bakaraiðn og kökugerð	8	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bifreiðasmíði	12	7
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bílamálun, samningsbundið nám	5	7
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bílaviðgerðir	13	12
Iðnnemar á samningi utan skóla	Blikksmíði	15	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Bókband		16
Iðnnemar á samningi utan skóla	Flugvirkjun	26	21
Iðnnemar á samningi utan skóla	Framreiðsla	10	7
Iðnnemar á samningi utan skóla	Gull- og silfursmíði	2	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Hársnyrtibraut	48	49
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsamálun, samningsbundið nám	27	21
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsasmíði	109	100
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsgagnabólstrun, samningsbundið nám	2	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Húsgagnasmíði	3	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Kjólasaumur, ósamningsbundið nám	8	3
Iðnnemar á samningi utan skóla	Kjötiðn	11	5
Iðnnemar á samningi utan skóla	Klæðskurður karla, ósamningsbundið nám	4	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Matreiðsla	29	20
Iðnnemar á samningi utan skóla	Málmsuða, samningsbundið nám	3	1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Mjólkuriðn		3
Iðnnemar á samningi utan skóla	Múrsmíði, samningsbundið nám	2	3
Iðnnemar á samningi utan skóla	Netagerð, samningsbundið nám	4	1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Pípulagnir, samningsbundið nám	19	27
Iðnnemar á samningi utan skóla	Prentiðnir	1	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Prentsmíð	5	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám	31	31
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafveituvirkjun	1	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafvélavirkjun		2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rafvirkjun	49	60
Iðnnemar á samningi utan skóla	Reiðtygja- og aktygjasmíði, samningsbundið nám		1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Rennismíði, samningsbundið nám	6	4
Iðnnemar á samningi utan skóla	Símsmíði	6	5
Iðnnemar á samningi utan skóla	Skósmíði, samningsbundið nám	1	
Iðnnemar á samningi utan skóla	Stálsmíði	6	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Úrsmíði, samningsbundið nám		1
Iðnnemar á samningi utan skóla	Veggfóðrun, samningsbundið nám	7	2
Iðnnemar á samningi utan skóla	Vélsmíði	52	41
	Samtals	*561*	*505*
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Hársnyrtibraut	25	28
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsasmíði, samningsbundið nám	15	9
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Húsgagnasmíði, samningsbundið nám		5
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Iðnhönnun	15	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Múrsmíði, samningsbundið nám	2	1
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Pípulagnir, samningsbundið nám	14	6
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rafvirkjun, samningsbundið nám	8	21
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rennismíði, ósamningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rennismíði, samningsbundið nám	1	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Stálvirkjun, samningsbundið nám		3
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Tækniteikning	13	12
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Útstillingar	10	10
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	1	5

Skóli	Námsbrautir	2002–03	2003–04
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám	5	
	Samtals	*109*	*101*
Iðnskólinn í Reykjavík	Bókband	3	2
Iðnskólinn í Reykjavík	Gull- og silfursmíði, samningsbundið nám	3	3
Iðnskólinn í Reykjavík	Hárskurður	38	31
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsamálun, samningsbundið nám	26	18
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsasmíði, ósamningsbundið nám	14	7
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsasmíði, samningsbundið nám	15	17
Iðnskólinn í Reykjavík	Húsgagnasmíði, ósamningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Iðnhönnun	14	7
Iðnskólinn í Reykjavík	Kjólasaumur, ósamningsbundið nám	9	3
Iðnskólinn í Reykjavík	Klæðskurður karla, ósamningsbundið nám	4	5
Iðnskólinn í Reykjavík	Ljósmyndun	12	9
Iðnskólinn í Reykjavík	Múrsmíði, ósamningsbundið nám	1	2
Iðnskólinn í Reykjavík	Nettækni		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Prentiðnir	3	3
Iðnskólinn í Reykjavík	Prentsmíði, ósamningsbundið nám	13	30
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafeindabraut – Rafeindavirkjun	36	38
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafveituvirkjun	1	1
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvélavirkjun, samningsbundið nám		1
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	14	1
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvirkjun, samningsbundið nám	3	14
Iðnskólinn í Reykjavík	Símsmíði	6	6
Iðnskólinn í Reykjavík	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	3	5
Iðnskólinn í Reykjavík	Tækniteikning	15	26
Iðnskólinn í Reykjavík	Tölvubraut	52	26
Iðnskólinn í Reykjavík	Vefsmíði	4	1
Iðnskólinn í Reykjavík	Veggfóðrun, samningsbundið nám	1	2
	Samtals	*290*	*260*
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	Búfræði	23	29
Lögregluskólinn	Lögreglunám		37
Menntaskólinn að Laugarvatni	Íþróttir	2	4
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Íþróttir		10
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Námsbraut í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum; starfsnám	1	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	1	
	Samtals	*2*	*10*
Menntaskólinn á Ísafirði	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	4	3
Menntaskólinn á Ísafirði	Húsasmíði, samningsbundið nám		1
Menntaskólinn á Ísafirði	Sjúkraliðanám		8
Menntaskólinn á Ísafirði	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða	4	3
Menntaskólinn á Ísafirði	Vélstjóranám 1. stigs	11	9
Menntaskólinn á Ísafirði	Vélstjóranám 2. stigs	5	7
Menntaskólinn á Ísafirði	Vélvirkjun samningsbundið nám	1	
	Samtals	*25*	*31*
Menntaskólinn í Kópavogi	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		16
Menntaskólinn í Kópavogi	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár	37	33
Menntaskólinn í Kópavogi	Bakaraiðn og kökugerð	7	1
Menntaskólinn í Kópavogi	Ferðaþjónusta	15	35
Menntaskólinn í Kópavogi	Framreiðsla	10	8

Skóli	Námsbrautir		2002–03	2003–04
Menntaskólinn í Kópavogi	Grunnnám matvælaiðna		40	
Menntaskólinn í Kópavogi	Hússtjórn, matreiðsla		7	6
Menntaskólinn í Kópavogi	Kjötiðn		6	3
Menntaskólinn í Kópavogi	Matartæknabraut		5	2
Menntaskólinn í Kópavogi	Matreiðsla		27	24
Menntaskólinn í Kópavogi	Matsveinanám		21	13
Menntaskólinn í Kópavogi	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		3	
		Samtals	*178*	*141*
Nuddskóli Íslands	Nudd		18	21
Snyrtiskóli Reykjavíkur	Almenn snyrtibraut		10	56
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 1. stigs		14	6
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 2. stigs		10	8
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	Stýrimannanám 3. stigs		10	5
		Samtals	*34*	*19*
Tannsmiðaskóli Íslands	Tannsmíði		4	3
Verkmenntaskóli Austurlands	Hársnyrtibraut			1
Verkmenntaskóli Austurlands	Húsasmíði, samningsbundið nám		1	3
Verkmenntaskóli Austurlands	Sjúkraliðanám		2	5
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		1	
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélstjóranám 1. stigs		2	3
Verkmenntaskóli Austurlands	Vélvirkjun, samningsbundið nám		1	
		Samtals	*7*	*12*
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Almennt nám, viðskiptabraut, starfsnám 1 og 2 ár		15	8
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Bifvélavirkjun, samningsbundið nám		1	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Grunnnám matvælaiðna		4	2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsamálun, samningsbundið nám			6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsasmíði, ósamningsbundið nám		9	17
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Húsasmíði, samningsbundið nám		6	1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Íþróttir			6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Matartæknabraut			2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Pípulagnir, samningsbundið nám			6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafvirkjun, samningsbundið nám		6	15
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Sjúkraliðanám		9	12
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Starfsbraut; nám fyrir fatlaða		1	2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Stálskipasmíði, ósamningsbundið nám		1	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Stálvirkjun, samningsbundið nám			1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Tölvubraut		13	13
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Uppeldisbraut		1	1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám			2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélsmíðabraut, samningsbundið nám		3	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 1. stigs		11	12
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 2. stigs		8	6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Vélstjóranám 3. stigs		12	9
		Samtals	*100*	*121*
Verslunarskóli Íslands	Viðskiptabraut		243	234
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 1. stigs		36	44
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 2. stigs		45	35
Vélskóli Íslands	Vélstjóranám 3. stigs		7	26
		Samtals	*88*	*105*
Alls			**2.457**	**2.447**

1006. Svar [290. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um söfn.

Menntamálaráðuneytið leitaði aðstoðar safnaráðs til að svara 1.–3. tölulið fyrirspurnarinar.

Merking hugtaksins „safn“ á íslensku er í daglegu tali allvíðtæk. Meðal þeirra sem vinna að safnamálum eru hugtökin „safnvísir“, „setur“ og „sýning“ notuð til viðbótar við safnahugtakið til að greina á milli mismunandi tegunda safnstarfsemi. Í 4. gr. safnalaga, nr. 106/2001, er safn skilgreint sem „ ... stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“ U.þ.b. 75 stofnanir á Íslandi myndu falla undir þessa skilgreiningu samkvæmt túlkun safnaráðs á 4. gr. safnalaga. Stofnanir í safnastarfi eru þó mun fleiri, eða hátt í 220 talsins. U.þ.b. 145 stofnanir (þ.e. safnvísar, setur og sýningar) sinna ákveðnum þáttum sem telja má til grunnþátta safnastarfs þó að starf þeirra nái ekki til allra þeirra verkefna sem talin eru upp í 4. gr. safnalaga. Eftirfarandi svör ráðuneytisins miðast við allar stofnanir í safnastarfi hvort sem þær falla að fullu undir 4. gr. safnalaga eða ekki og er það gert til að gefa sem heildstæðasta mynd af safnastarfi í landinu. Til hægðarauka hefur safnaráð skipt landinu upp í sjö minjasvæði sem fylgja nokkurn veginn kjördæmaskipaninni fyrir síðustu breytingar. Upplýsingarnar ná ekki til safna sem skilgreind eru sem skjalasöfn.

1. *Hvað eru starfrækt mörg söfn hér á landi, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Samkvæmt nýjustu upplýsingum ráðuneytisins starfa 218 söfn, safnvísar, setur, sýningar og aðrar stofnanir í safnastarfi hér á landi. Á minjasvæði 1 (Reykjavík) starfa 40 stofnanir, á minjasvæði 2 (Reykjanesi) 17, á minjasvæði 3 (Vesturlandi) 25, á minjasvæði 4 (Vestfjörðum) 17, á minjasvæði 5a (Norðurlandi) 38, á minjasvæði 5b (Akureyri) 13, á minjasvæði 6 (Austurlandi) 34 og á minjasvæði 7 (Suðurlandi) eru stofnanirnar 34.

2. *Hver var opinber styrkur til safnastarfs í heild sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?*

Fjárveitingar ríkis til safnastarfs eru einkum eftirfarandi:

- til beins rekstrar ríkissafna,
- með fjárveitingu í Safnasjóð sem útdeilir ríkisstyrkjum til safna,
- með samningum einstakra safna við ráðuneyti (aðallega stofnstyrkir vegna húsnæðis),
- með samningum ríkisins við sveitarstjórnir um styrki til menningarmála,
- með einstaka styrkjum til safna á fjárlögum sem fjárlaganefnd ákvarðar,
- með öðrum styrkjum (m.a. í gegnum opinbera sjóði og sjóði sem styrktir eru af ríkinu).

Erfitt er að fá nákvæma tölu yfir heildarútgjöld hins opinbera til safnastarfs þar sem oft er óljóst hve hátt hlutfall af fjárveitingum hefur runnið til safnastarfs. Söfn eru t.a.m. rekin innan stofnana á vegum ríkisins (sbr. t.d. Listasafn Háskóla Íslands, Búvélasafnið á Hvanneyri og Náttúrugripasafn Íslands sem Náttúrufræðistofnun Íslands rekur) en ekki er tilgreint á fjárlögum hve hár hluti opinberra fjárveitinga til viðkomandi stofnana rennur til safnastarfsins. Eins er óljóst hve hár hluti menningarsamninga ríkisvaldsins við ákveðin landsvæði rennur til safnastarfs.

Heildarfjárveitingar ríkis til safnastarfs fyrir árin 2003 og 2004 samkvæmt þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi koma fram í eftirfarandi töflu.

Heildarfjárveitingar ríkis til safnastarfs 2003 og 2004, þús. kr.

	2003	2004
Framlög til stofnana í safnastarfi á fjárlögum	1.134.473	1.078.000
Safnasjóður, samningar og óskipt á fjárlögum	98.850	86.000
Aðrir sjóðir á fjárlögum	48.850	30.650
Samtals	**1.282.173**	**1.194.650**

3. Hver var gestafjöldi safnanna sl. tvö ár, sundurliðað eftir söfnum og árum?

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir 2004 eru enn ekki opinberar. Hagstofan gefur jafnframt ekki upplýsingar um gestafjölda einstaka stofnana, heldur birtir upplýsingar um heildarfjölda safngesta eftir landshlutum. Eftirfarandi er byggt á töflu 21.14 úr upplýsingaritinu *Landshagir 2005 – menningarmál og rannsóknir*, sem gefið er út af Hagstofu Íslands.

Gestir safna 1995–2003.

	Fjöldi safna og garða[1]	Gestir alls	Höfuðborgarsvæði	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland
Gestafjöldi alls										
1995	82	829.192	590.679	35.733	18.922	18.470	49.527	53.721	22.387	39.753
1996	87	857.470	586.078	30.730	21.385	17.580	51.350	53.690	24.776	71.881
1997	88	819.352	551.110	34.908	21.899	18.960	50.101	49.363	24.235	68.776
1998	96	839.508	520.998	36.930	34.772	24.944	60.444	55.890	21.850	83.680
1999	97	824.558	520.193	37.510	32.078	23.971	52.791	60.545	23.408	74.062
2000	104	917.832	544.000	45.365	40.201	28.030	54.227	66.316	31.410	108.283
2001	105	957.164	566.277	41.046	50.980	29.868	49.293	72.143	39.945	107.612
2002	108	1.124.946	649.796	66.029	70.490	29.412	55.788	97.247	48.809	107.375
2003	121	1.192.089	684.362	61.996	57.039	40.680	65.375	96.548	60.056	126.033
Minja- og munasöfn										
1995	80	641.800	423.820	15.200	18.922	18.470	49.527	53.721	22.387	39.753
1996	84	635.913	395.328	8.730	21.385	17.580	51.350	53.690	24.776	63.074
1997	85	573.562	344.361	8.908	21.899	18.960	50.101	49.363	24.235	55.735
1998	92	602.422	329.131	10.930	34.772	24.944	55.480	55.890	21.850	69.425
1999	93	583.241	326.565	11.010	32.078	23.971	45.791	60.545	23.408	59.873
2000	100	707.819	374.571	22.365	40.201	28.030	49.227	66.316	31.410	95.699
2001	101	726.307	376.068	17.046	50.980	29.868	45.293	72.143	39.945	94.964
2002	104	877.225	440.835	46.029	70.490	29.412	51.708	97.247	48.809	92.695
2003	117	948.421	472.661	46.996	57.039	40.680	63.875	96.548	60.056	110.566
Fiskasöfn og dýragarðar										
1995	2	187.392	166.859	20.533	•	•	•	•	•	•
1996	3	221.557	190.750	22.000	•	•	•	•	•	8.807
1997	3	245.790	206.749	26.000	•	•	•	•	•	13.041
1998	4	237.086	191.867	26.000	•	•	4.964	•	•	14.255
1999	4	241.317	193.628	26.500	•	•	7.000	•	•	14.189
2000	4	210.013	169.429	23.000	•	•	5.000	•	•	12.584

	Fjöldi safna og garða[1]	Gestir alls	Höfuð-borgar-svæði	Suður-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land
2001	4	230.857	190.209	24.000	•	•	4.000	•	•	12.648
2002	4	247.721	208.961	20.000	•	•	4.080	•	•	14.680
2003	4	243.668	211.701	15.000	•	•	1.500	•	•	15.467

Skýringar: Söfn ásamt vísindamiðstöðvum, fræðasetrum og föstum sýningum opnum almenningi. Gestir grasagarða eru ekki meðtaldir. Gestafjöldi er að hluta áætlaður. Endurskoðaðar tölur.
[1] Einungis söfn og garðar sem veita upplýsingar um gestafjölda.
Heimildir: Hagstofa Íslands, söfnin.

Safnaráð safnar upplýsingum um þær stofnanir sem sækja um styrki í safnasjóð og þær upplýsingar fyrir árin 2003 og 2004 koma fram í töflunni.

Gestafjöldi 2003 og 2004 á stofnunum sem sóttu í Safnasjóð fyrir árin 2005 og 2006.

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Bóka- og byggðasafn Norður-Þingeyinga	723	517
Byggða- og bæjabókasafn Ölfuss	*Sótti ekki um*	?
Byggðasafn Dalamanna	530	637
Byggðasafn Gerðahrepps, Garðskaga	1.000	1.200
Byggðasafn Hafnarfjarðar	11.376	10.318
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna	5.000	2.300
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga í Skógum	35.200	36.500
Byggðasafn Reykjanesbæjar	5.560	12.842
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	25.000	26.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	5.986	6.200
Byggðasafn Vestfjarða	10.000	?
Byggðasafnið Breiðdalsvík	?	*Sótti ekki um*
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	5.175	5.486
Draumasetrið Skuggsjá	*Sótti ekki um*	600
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	?	6.966
Flugsafn Íslands, Akureyri	800	1.000
Fugla- og steinasafn Djúpavogshrepps	654	*Sótti ekki um*
Listasverkasafnið Gagn og gaman, Gerðubergi	?	*Sótti ekki um*
Grafíksafn Íslands	4.000	*Sótti ekki um*
Hafnarborg	70.000	71.800
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	2.800	2.800
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	2.500	*Sótti ekki um*
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga	5.150	4.600
Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga, Náttúrugripasafn	?	*Sótti ekki um*
Húsið á Eyrarbakka – Rjómabúið á Baugsstöðum	1.467	?
Húsið á Eyrarbakka – Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	3.500	3.900
Hvalamiðstöðin á Húsavík	19.000	18.300
Iðnaðarsafnið á Akureyri	?	1.500
Kirkjubæjarstofa	*Sótti ekki um*	700
Kvennasögusafn Íslands (skjalasafn)	259	*Sótti ekki um*
Leikminjasafn Íslands	?	?
Listasafn Árnesinga	2.000	2.500

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	22.170	24.094
Listasafn Reykjanesbæjar	15.074	29.111
Listasafn Reykjavíkur	153.000	160.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5.040	*Sótti ekki um*
Listasafnið á Akureyri	16.500	*Sótti ekki um*
Listasetrið Kirkjuhvoll, Akranesi	2.250	*Sótti ekki um*
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	17.000	18.000
Ljósmyndasafn Sigurgeirs Jónassonar	*Sótti ekki um*	?
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu	9.000	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Listasafn Austur-Skaftafellssýslu	6.000	2.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu	4.000	?
Minjasafn Egils Ólafssonar	4.700	3.415
Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn	39.000	37.000
Minjasafn Reykjavíkur – Viðey	18.000	?
Minjasafnið á Akureyri	25.085	22.735
Minjasafnið á Bustarfelli	2.078	2.062
Safn Mats Wibe Lund – Myndasafn.is	7.800	*Sótti ekki um*
Náttúrufræðistofa Kópavogs	7.235	8.628
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar	?	*Sótti ekki um*
Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík – Náttúrugripasafnið í Bolungarvík	1.375	*Sótti ekki um*
Nonnahús	6.250	5.096
Nýlistasafnið	16.000	17.800
Safnahús Borgarfjarðar – Byggðasafn Borgfirðinga	487	800
Safnahús Borgarfjarðar – Náttúrugripasafn Borgarfjarðar	487	800
Safnahús Borgarfjarðar – Listasafn Borgarness	3.000	800
Safnahús Vestmannaeyja – Byggðasafn Vestmannaeyja	5.361	5.423
Safnahús Vestmannaeyja – Listasafn Vestmannaeyja	3.768	4.219
Safnahús Vestmannaeyja – Ljósmyndasafn Vestmannaeyja	?	?
Safnahúsið á Egilsstöðum – Minjasafn Austurlands	2.158	1.350
Safnahúsið á Húsavík – Byggðasafn Suður-Þingeyinga	9.073	8.502
Safnahúsið á Húsavík – Myndlistarsafn	6.921	6.186
Safnahúsið á Húsavík – Náttúrugripasafn	6.921	6.186
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Listasafn Ísafjarðar	?	15.000
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði – Ljósmyndasafn Ísafjarðar	50	50
Safnasafnið á Svalbarðseyri	3.900	2.700
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Íslenska stríðsárasafnið	2.176	*Sótti ekki um*
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Náttúrugripasafnið Neskaupsstað	851	561
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Safn Jósafats Hinrikssonar	2.000	*Sótti ekki um*
Safnastofnun Fjarðabyggðar – Sjóminjasafn Austurlands	1.460	1.503
Safnasvæðið á Akranesi – Byggðasafn Akraness og nærsveita	26.328	26.860
Safnasvæðið á Akranesi – Steinaríki Íslands	26.328	*Sótti ekki um*
Samgönguminjasafnið Ystafelli	3.638	3.348
Sauðfjársetur á Ströndum	2.980	2.850
Síldarminjasafnið á Siglufirði	6.000	14.000
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík	7.000	*Sótti ekki um*
Steinasafnið Teigarhorni	2.289	*Sótti ekki um*

Heiti safnastofnunar	2003	2004
Tónminjasetur Íslands	6.330	*Sótti ekki um*
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	1.490	2.455
Veiðisafnið	3.506	5.781
Verslunarminjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)	2.500	*Sótti ekki um*
Véla- og samgönguminjasafnið Stóragerði	?	1.800
Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík	?	?
Samtals 84 söfn	**732.239**	**657.781**

? = Umbeðnar upplýsingar komu ekki fram í umsókn.

Tölum um gestafjölda safna (sér í lagi smærri stofnana) ber að taka með fyrirvara. Athuga ber að tölurnar í töflunni hér að framan sýna fjölda þeirra gesta sem heimsóttu stofnanirnar. Tölurnar ná ekki yfir safngesti sem „heimsækja“ sýningar eða skoða upplýsingar um safnkost á vefnum, en í flestum tilfellum bjóða söfn upp á slíkar upplýsingar, jafnvel sérhannaðar vefsýningar (t.a.m. ljósmyndasöfn). Enn fremur telja sumar smærri safnastofnanir einungis úr gestabók, gera má ráð fyrir að einhver hluti safngesta riti ekki í gestabækur.

Gestafjöldi Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands á árunum 2003–2005 er sem hér segir:

Þjóðminjasafn Íslands.

Árið 2003 voru sýningargestir 81.860 (á sýningar utan safnhússins en það var lokað þetta ár).

Árið 2004 voru sýningargestir 195.000 (þar af komu 35.000 gestir í safnhúsið frá 1. september 2004 til áramóta, en 160.000 gestir á sýningar utan hússins, m.a. erlendis).

1. september 2004 til 31. ágúst 2005, þ.e. fyrstu 12 mánuðina eftir að safnhúsið var opnað, komu um 100.000 gestir í húsið.

Árið 2005 voru skráðir gestir í safnhúsið 77.990. Áætlað er að heildarfjöldi hafi ekki verið undir 80.000.

Listasafn Íslands.

Árið 2003 voru sýningargestir 27.714.

Árið 2004 voru sýningargestir 31.104.

Árið 2005 voru sýningargestir 43.438 (29.938 komu í safnið en 13.500 á sýningu Listasafns Íslands á Kjarvalsstöðum).

4. *Hefur verið til skoðunar hjá stjórnvöldum að skilyrða stuðning við safnastarf við að aðgangseyrir verði felldur niður, að fullu eða hluta?*

Felldur hefur verið niður aðgangseyrir að Listasafni Íslands í tilraunaskyni. Í framhaldi af þeirri tilraun verður skoðað hvort fella eigi niður aðgangseyri hjá öðrum ríkissöfnum. Innan ráðuneytisins hefur ekki verið fjallað um þá hugmynd að skilyrða ríkisstuðning við önnur söfn því að þau felli niður aðgangseyri. Hugmyndin hefur verið til umræðu innan vinnuhóps sem nú vinnur að endurskoðun safnalaga og verður skoðuð nánar þegar heildartillögur vinnuhópsins liggja fyrir.

1007. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um umhverfismat áætlana.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Salvöru Jónsdóttur frá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar, Eirík Bogason og Steinunni Atladóttur frá Samorku, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur fyrrverandi starfsmann Skipulagsstofnunar og Guðjón Jónsson og Steinar Friðgeirsson frá Verkfræðingafélagi Íslands. Nefndinni barst auk þess fjöldi umsagna sem almennt voru jákvæðar í garð frumvarpsins.

Frumvarpið er samið af starfshópi sem var skipaður 6. desember 2002 til að undirbúa lögleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið. Starfshópnum var auk þess falið að taka saman yfirlit yfir áætlanir sem falla undir tilskipunina, hvaða stjórnvöld sinni þeim og á hvaða grundvelli.

Í frumvarpinu er kveðið á um að áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið skuli metin áður en þær eru afgreiddar. Gera skal umhverfismat á tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum á vegum stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Eitt helsta markmið frumvarpsins er að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Nú þegar eru í gildi lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt þeim skal meta umhverfisáhrif framkvæmdar áður en leyfi er veitt fyrir henni kunni hún að hafa í för með sér veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem er hvorki hægt að fyrirbyggja né bæta úr með mótvægisaðgerðum. Nefndin telur rétt að minnast á muninn á þessu tvennu en verði frumvarp þetta að lögum má segja að um tvenns konar umhverfismat verði að ræða. Annars vegar verður um að ræða umhverfismat áætlana samkvæmt þessu frumvarpi en það tekur til almennra ákvarðana um meginstefnu, svo sem skipulagsáætlana sveitarfélaga, samgönguáætlunar og landgræðsluáætlunar. Hins vegar er um að ræða umhverfismat framkvæmda sem kveðið er á um í lögum um mat á umhverfisáhrifum en undir það falla sértækar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir, sbr. 5.–7. gr. laganna og viðauka við lögin. Taka skal skýrt fram að það er hvorki ætlun löggjafans að stuðla að tvíverknaði verði frumvarp þetta að lögum né að flækja stjórnsýslu eða torvelda framkvæmdir. Þvert á móti vonast nefndin til þess að með því að hugað verði með skipulegum hætti að áhrifum framkvæmdar á umhverfið muni það leiða til þess að vinna og kostnaður verði minni á síðari stigum, þ.e. þegar nær dregur framkvæmd verks. Fyrst og fremst er með frumvarpinu stefnt að því að umhverfissjónarmið verði höfð til hliðsjónar eins snemma í ferlinu og mögulegt er.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um kynningu áætlunar og umhverfisskýrslu. Skal almenningi gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillögu að áætlun ásamt umhverfisskýrslu og koma fram með athugasemdir. Nefndin fagnar því að aðgengi almennings sé tryggt með þessum hætti en vill þó taka fram að efni skýrslu þarf að vera sett fram á þann hátt að það sé aðgengilegt almenningi. Almenningur á að geta kynnt sér þá framkvæmd sem er fyrirhuguð með auðveldum hætti án þess að þurfa að leggjast í sérstaka rannsóknarvinnu eða lestur flókinna gagna. Í 3. mgr. sama ákvæðis er kveðið á um að Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélög skuli geta komið með athugasemdir um tillögu að áætlun og

umhverfisskýrslu. Er þess jafnframt getið í ákvæðinu að aðrir aðilar eftir því sem við eigi skuli eiga þess kost að koma með athugasemdir. Má þar til dæmis nefna Fornleifavernd ríkisins.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á markmiðslýsingu í 1. gr. frumvarpsins þannig að hún orðist svo: „Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.“ Samkvæmt þessari breytingu verður markmiðslýsingin í megindráttum eins og hún er í frumvarpinu og er ekki um efnisbreytingu að ræða. Breytingin felur annars vegar í sér að orðið „veruleg“ í byrjun greinarinnar fellur brott enda kemur fram í lok hennar að einungis áætlanir sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið skuli metnar. Breytingin er því málfarsleg. Hins vegar er bætt við orðunum „að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða“.
2. Lagt er til að í skilgreiningu á hugtakinu framkvæmdaáætlun í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins sé gert skýrara að það eigi við um áætlun stjórnvalds.
3. Lagt er til breytt heiti á 3. og 4. gr. frumvarpsins, þ.e. að sú fyrrnefnda nefnist „yfirstjórn“ og sú síðarnefnda „gildissvið“. Sömuleiðis er gerð tillaga um breytta uppröðun á þessum ákvæðum þannig að í lagabálkinum komi greinin um gildissvið á undan greininni um yfirstjórn.
4. Lagt er til að við 1. mgr. 3. gr. bætist ákvæði þess efnis að málefni varnarsvæða heyri undir utanríkisráðherra.
5. Lagt er til að við 2. mgr. 3. gr. bætist „samkvæmt lögum þessum“ enda gegnir Skipulagsstofnun fleiri hlutverkum samkvæmt öðrum lögum.
6. Lagt er til að í 5. gr. komi fram að sá sem beri ábyrgð á umhverfismati áætlunar beri jafnframt kostnað af gerð þess.
7. Lagt er til breytt orðalag 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. til að gera setninguna einfaldari og skiljanlegri.
8. Lagt er til að í c-lið 2. mgr. 6. gr. verði orðið „einkenni“ tekið út og auk þess er gerð breyting á orðalagi.
9. Lagt er til breytt orðalag í fyrri hluta h-liðar 2. mgr. 6. gr.
10. Lagt er til að i-lið 2. mgr. 6. gr. verði breytt til að skýra betur inntak ákvæðisins um vöktun.
11. Lagt er til að orðinu „stjórnvald“ verði bætt við 1. mgr. 7. gr. til að skýrara sé að frumvarpið eigi aðeins við um áætlanir á vegum stjórnvalda.
12. Lagt er til að í 4. mgr. 7. gr. verði breyting á þá leið að þau gögn sem um ræðir verði aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar eða framkvæmdaaðila.
13. Lagt er til breytt orðalag í 8. gr.
14. Lagt er til breytt orðalag í niðurlagi 2. mgr. 9. gr. Sömuleiðis breytist c-liður sama ákvæðis í samræmi við breytingu á i-lið 2. mgr. 6. gr. um vöktun.
15. Lagt er breytt orðalag í inngangsmálslið 10. gr. Sömuleiðis er lagt til breytt orðalag í 5. tölul. b-liðar sama ákvæðis.
16. Lögð er til breyting á 2. mgr. 13. gr. um lagaskil þannig að lögin nái til þeirra áætlana sem vinna er hafin við fyrir gildistöku laganna hljóti þær endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ásta Möller.	Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Jón Kr. Óskarsson.

1008. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um umhverfismat áætlana.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.
2. Við 2. tölul. 2. gr. Á eftir orðinu „Áætlun“ komi: stjórnvalds.
3. Við 3. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.
   b. Á eftir orðunum „Hlutverk Skipulagsstofnunar“ í 2. mgr. komi: samkvæmt lögum þessum.
   c. Heiti greinarinnar verði: *Yfirstjórn.*
4. Við 4. gr. Heiti greinarinnar verði: *Gildissvið.*
5. Röð greinanna breytist þannig að 3. gr. verði 4. gr. og 4. gr. verði 3. gr.
6. Við 5. gr. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: og kostnaði af gerð þess.
7. Við 6. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þá skal í umhverfisskýrslu koma fram að hve miklu leyti betur á við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar til að forðast endurtekningar sama mats.
   b. C-liður 2. mgr. orðist svo: lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.
   c. H-liður 2. mgr. orðist svo: yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem

tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var.

d. I-liður 2. mgr. orðist svo: hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

8. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðinu „afgreidd“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: af viðkomandi stjórnvaldi.
   b. Í stað orðanna „á netinu“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: á heimasíðu Skipulagsstofnunar eða framkvæmdaaðila.
9. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Sé talið líklegt að áætlun hafi veruleg umhverfisáhrif á önnur ríki, eða ef annað ríki telur líklegt að það verði fyrir verulegum áhrifum af áætlun sem unnið er að og fer fram á það, skal umhverfisráðherra sjá til þess að kynna viðkomandi ríki tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar og leita eftir áliti þess innan hæfilegs frests.
10. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „vera varðveitt“ í 2. mgr. komi: skulu þau varðveitt.
   b. C-liður 2. mgr. 9. gr. orðist svo: Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.
11. Við 10. gr.
   a. Inngangsmálsliður orðist svo: Þegar metið er hvort líklegt er að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana verði veruleg skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum.
   b. Í stað orðanna „og fjölda fólks sem er líklegt til að verða fyrir áhrifum“ í 5. tölul. b-liðar komi: og fjölda fólks sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.
12. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ákvæði laga þessara taka einnig til þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana sem hafin er vinna við fyrir gildistöku laga þessara hljóti þær endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006.

1009. Frumvarp til laga [688. mál]

um Náttúruminjasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Markmið og hlutverk.

1. gr.

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Safnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Kostnaður af rekstri Náttúruminjasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar, skráir og varðveitir sýningarmuni. Safnið aflar upplýsinga er veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsakar og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal leitast við að eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða.

3. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Stofnanirnar skulu hafa með sér náið samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar er undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila.

II. KAFLI
Skipulag og yfirstjórn.

4. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn Náttúruminjasafns Íslands.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun eða staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

6. gr.

Safninu er heimilt að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

7. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á safnalögum, nr. 106/2001: Í stað orðanna „og sýningar“ í 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. kemur: sýningar og rannsóknir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gripir, sem við gildistöku laga þessara tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi en ekki vísindagildi, skulu eftir gildistöku laga þessara vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna, sbr. 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forsaga Náttúruminjasafns Íslands er að í júlí árið 1884 hvatti Björn Bjarnason, síðar sýslumaður í Dalasýslu, til þess í riti sínu Heimdalli að stofnað yrði Náttúrusafn. Árið 1887 var stofnað íslenskt náttúrufræðifélag í Kaupmannahöfn, Hafnarfélagið, og voru aðalhvatamenn þess Björn og Stefán Stefánsson, síðar skólameistari á Akureyri, en félagið lognaðist út af þegar þeir félagar fóru heim til Íslands. Á vegum þessa félags var safnað nokkrum gripum er runnu til Hins íslenska náttúrufræðifélags sem stofnað var 16. júlí árið 1889. Tilgangur þess félags var „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“ eins og sagt er í lögum félagsins. Fyrsti formaður var Benedikt Gröndal yngri, ritstjóri og rithöfundur, sem veitti safninu forstöðu út öldina en þá tók Helgi Pjeturs jarðfræðingur við (1900–1905) og síðar Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur (1905–1940). Í fyrstu átti Hið íslenska náttúrufræðifélag ekki völ á neinu húsnæði fyrir muni sína og var safnið þá vistað heima hjá Benedikt Gröndal á Vesturgötu í Reykjavík, en vorið 1890 var leigt herbergi handa safninu í einu af Thomsenshúsum við Hlíðarhúsastíg í Reykjavík (núna Vesturgata 38). Vorið 1892 var safnið flutt í tvö herbergi í húsi Kristjáns Ó. Þorgrímssonar bóksala, sem nú er Kirkjustræti 10 og í eigu Alþingis, en í þeim húsakynnum var safnið til sumarsins 1895. Á þessum fyrstu árum safnsins var það ekki formlega opið almenningi, en „samt getur hver sem vill fengið að sjá það, ef menn snúa sér til formannsins, en það er allt í óreglu“ (úr skýrslu Benedikts Gröndals fyrir árið 1890). Í ágúst 1895 var safnið flutt í húsið Glasgow við Vesturgötu, skömmu áður en Einar Benediktsson keypti það. Þar fékk safnið til umráða stóran sal og var opnað almenningi á hverjum sunnudegi eftir messu. Húsnæði Náttúrugripasafnsins í Glasgow þótti ekki nógu gott og fóru þá að heyrast kröfur um að safnið yrði viðurkennt sem opinber eign landsins, þjóðareign sem þyrfti fullnægjandi húsnæði. Glasgow brann til kaldra kola árið 1903, en áður hafði Náttúrugripasafnið verið flutt (1899) í Doktorshúsið þar sem Stýrimannaskólinn gamli var. Árið 1903 var enn flutt, að þessu sinni í nýtt hús sem Geir Zoëga hafði látið byggja á Vesturgötu 10 í Reykjavík. Þar fékk safnið þokkalega aðstöðu og í skýrslu Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið1905 segir m.a.: „Þótt safnið sé eigi stórt, þá er það farið að njóta töluverðrar alþýðuhylli, því aðsóknin er mikil að því þegar það er opið. Það verður því að líkindum smámsaman merkilegur þáttur í alþýðufræðslu vorri“.

Þegar Safnahúsið við Hverfisgötu var teiknað árið 1906 var Náttúrugripasafninu markaður þar staður. Í félagsskýrslu ársins 1907 kemur fram að ánægja hefur ríkt yfir þessari ákvörðun stjórnvalda: „það er sómi og ánægja fyrir oss ef vér getum komið upp góðu safni; söfn eru mikils verð menntatæki og að eiga góð söfn er vottur um menningu“. Ánægjan var þó blandin efa: „Því miður lítur ekki út fyrir að safnið fái að nota þetta húsnæði lengur en 10 ár, því það er ætlað bókasafninu; en vonandi verður það þá einnig orðið of lítið en landið þess megandi að geta þá látið safninu það húsnæði í té sem geti orðið til frambúðar fyrir það og sérstaklega gert handa því.“ Árið 1908 var safnið flutt í hið nýreista safnahús. Þar fékk það til afnota 130 fm sýningarsal ásamt 50 fm geymslu. Árið 1926 þótti aðstaðan í Safnahúsinu vera

orðin ófullnægjandi og þá hafði landsbókavörður einnig óskað eftir að fá húsnæði þess til umráða. Þá var ákveðið að byggja hús sem orðið gæti aðsetur safnsins til frambúðar og komst nokkur skriður á það mál.

Á næstu áratugum voru uppi ýmsar hugmyndir um staðsetningu og byggingu húsnæðis fyrir náttúrugripasafn en engar þeirra urðu að veruleika. Árið 1946 náðist samkomulag um að Háskóli Íslands léti byggja hús fyrir Náttúrugripasafnið fyrir ágóða af happdrætti sínu, en einkaleyfi skólans á happdrættinu var bundið því skilyrði. Ári síðar afhenti Hið íslenska náttúrufræðifélag ríkinu safnið til eignar ásamt byggingarsjóði félagsins gegn loforði um að byggja yfir safnið. Unnið var ötullega að undirbúningi byggingarinnar og voru allar teikningar tilbúnar árið 1950 ásamt líkani af húsinu og lóð undir það. Árið 1951 voru fyrstu lög um náttúrugripasafnið sett, nr. 17/1951. Til að hefja framkvæmdir við húsbygginguna þurfti á þessum tíma svokallað fjárfestingarleyfi frá Innflutningsskrifstofu ríkisins. Sótt var um fjárfestingarleyfi í nóvember 1948, desember 1952, febrúar 1954, janúar 1955, desember 1956 og í janúar 1958. Í umsóknum kemur fram að búið var að tryggja fé til að greiða allan byggingarkostnað og ljúka verkinu. En þrátt fyrir það og þá staðreynd að ríkisstjórn og háskólaráð höfðu samþykkt framkvæmdina, lóð tilbúin og allar teikningar, fékkst fjárfestingarleyfið ekki frá Innflutningsskrifstofu ríkisins og ekkert varð af framkvæmdum.

Náttúrugripasafnið var til húsa í safnahúsinu til ársins 1960 þegar því var lokað og öllum munum þess pakkað í kassa. Með lögum um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 48/1965, sem tóku við af lögunum frá 1951 um náttúrugripasafn, er kveðið á um að meðal aðalverkefna hinnar nýju stofnunar sé að koma upp sýningarsafni sem veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi. Kom að því árið 1967 að Náttúrugripasafn Íslands var opnað í 100 fm bráðabirgðahúsnæði við Hlemmtorg í Reykjavík. Þegar byggingarmálið var strandað 1958 var talið óumflýjanlegt að leysa húsnæðismálið með einhverjum hætti til bráðabirgða. Var þá afráðið að Háskóli Íslands keypti fyrir happdrættisfé heila hæð í þessu húsi við Hlemmtorg sem safnið og starfsmenn þess fengju til umráða. Starfsfólkið flutti þangað 1959, en sýningarsafnið var ekki sett þar upp fyrr en 1967 þegar aðstandendur þess voru orðnir úrkula vonar um fjárfestingarleyfi fyrir nýtt hús. Safnið hefur verið í þessu bráðabirgðahúsnæði allar götur síðan.

Snemma á 9. áratug síðustu aldar urðu allnokkrar umræður í þjóðfélaginu að frumkvæði Hins íslenska náttúrufræðifélags um framtíð safnsins og framtíðarhúsnæði þess. Umræðan leiddi til þess að árið 1985 fluttu 12 þingmenn úr öllum flokkum þingsályktunartillögu um málið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum.“

Í kjölfar tillögunnar skipaði menntamálaráðherra nefnd til að vinna að málinu, en í meirihlutaáliti hennar sem skilað var í árslok 1987 er lagt til að Náttúrufræðisafnið verði sjálfseignarstofnun í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Menntamálaráðherra skipaði nýja nefnd árið 1989 til að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, kanna möguleika að samkomulagi um byggingu náttúrufræðihúss á höfuðborgarsvæðinu og að athuga stöðu náttúrugripasafna í öðrum landshlutum. Þessi nefnd tók í öllum veigamiklum atriðum undir álit fyrri nefndar og skilaði tvíþættu áliti

í mars árið 1990, annars vegar um náttúruhús í Reykjavík og hins vegar nýja lagasetningu um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Árið 1990 verða kaflaskil þegar umhverfisráðuneyti er sett á fót og Náttúrufræðistofnun Íslands er færð frá menntamálaráðuneyti til hins nýja ráðuneytis. Það kom því í hlut umhverfisráðherra að fylgja tillögum nefndarinnar eftir og í nóvember 1991 var lögð fram ítarleg skýrsla samstarfshóps um byggingu náttúruhúss í Reykjavík og 1. júní 1992 samþykkti Alþingi ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nýju lögin tóku mið af því samkomulagi sem náðst hafði um stofnun og rekstur náttúrugripasafns á milli ríkisins, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Samkvæmt lagabreytingunni var það ekki lengur lagaleg skylda Náttúrufræðistofnunar Íslands að koma upp sýningarsafni og reka það, heldur fékk stofnunin heimild til að gerast aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu. Með þessu var verið að greiða fyrir stofnun náttúrugripasafns í sameiginlegri eign Náttúrufræðistofnunar, Háskólans og Reykjavíkurborgar í samræmi við staðfest samkomulag þessara aðila. Unnið var á vegum umhverfisráðuneytis að undirbúningi hins nýja safns 1990–1992 með það fyrir augum að starfsemi gæti hafist í nýju húsi árið 1995, húsi sem hýsti bæði sýningar- og vísindasöfn, m.ö.o. bæði Náttúruminjasafnið og Náttúrufræðistofnun. Málið strandaði þegar fjárlaganefnd Alþingis samþykkti ekki tillögu ríkisstjórnarinnar um fjárframlag á fjárlögum til verkefnisins þegar hrinda átti því af stað. Reykjavíkurborg og Háskólinn töldu að með því hefði ríkið sagt sig frá gerðu samkomulagi um stofnun og rekstur safnsins og samstarfið lagðist af. Næstu ár var ítrekað reynt að leita leiða til að koma veglegu náttúruminjasafni á fót og voru nokkrar nefndir skipaðar af umhverfisráðherra og ríkisstjórn í þeim tilgangi, en án árangurs.

Náttúrugripasafnið heyrði til umhverfisráðuneytis frá stofnun þess 1990, en árið 2001 verða þáttaskil þegar Alþingi setur safnalög. Með safnalögum, nr. 106/2001, voru í fyrsta sinn sett rammalög um safnastarfsemi hér á landi. Samkvæmt lögunum taka þau til minja- og listasafna í þeim tilgangi að varðveita og kynna menningarsögu íslensku þjóðarinnar og náttúrusögu Íslands. Í 2. gr. laganna segir að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn safnamála og að til minjasafna teljist menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn. Í lögunum er fjallað um höfuðsöfn sem eiga að hafa forystu í safnamálum hvert á sínu sviði. Þar er Náttúruminjasafn Íslands tilgreint sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Í bráðabirgðaákvæði laganna segir orðrétt: „Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands.“ Af framangreindu er ljóst að setja þarf sérlög um starfsemi Náttúruminjasafns Íslands. Til að vinna að undirbúningi lagasetningarinnar skipaði menntamálaráðherra 21. janúar 2002 þriggja manna nefnd sem hafði það verkefni að gera tillögu til ráðherra um lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands. Átti nefndin samkvæmt skipunarbréfi að skila tillögum sínum í apríl sama ár. Í nefndinni sátu Gunnar Jóhann Birgisson, hrl., formaður, Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála í menntamálaráðuneyti, og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, tilnefndur af umhverfisráðherra. Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti á sviði menningararfsmála, starfaði einnig með nefndinni.

Það sem fyrst og fremst hefur tafið framlagningu frumvarps þessa er að vandasamt reyndist að leysa úr þeim vandamálum sem fylgja aðskilnaði og verkaskiptingu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992. Í safnalögum er að finna nokkur ákvæði um Náttúruminjasafn Íslands, þ.e. að forstöðumaður situr í safnaráði, safnið er miðstöð safnastarfsemi á sínu verksviði og á að vera öðrum söfnum til ráðgjafar. Safnið á að stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu og kalla eftir safnastefnu safna sem

starfa á sviði þess og semja stefnuyfirlýsingu. Ekki síst er hlutverk safnsins sem höfuðsafns á sviði náttúrufræða að annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði safnalaga hefur forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands setið í safnaráði. Mörg þau verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á sinni könnu eiga einnig við um Náttúruminjasafn sem höfuðsafn. Þau verkefni Náttúrufræðistofnunar sem helst varða verkefni Náttúruminjasafns er skylda stofnunarinnar að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, varðveita náttúrugripi, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum, byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru, skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru, sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda, styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Stofnunin getur enn fremur gerst aðili að sýningarsöfnum sem rekin eru af öðrum en ríkinu, hún aðstoðar við gerð sýninga og er heimilt að lána gripi úr söfnum sínum.

Einnig þurfti að skoða hlutverk náttúrustofa, sem heimilt er að stofna af sveitarfélögum og starfa á þeirra vegum, því þær sinna einnig mörgum verkefnum sem varða Náttúruminjasafn Íslands. Af þessu leiddi að við gerð frumvarps um Náttúruminjasafn Íslands varð að horfa til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins á sviði náttúrufræða verði nánir samstarfsaðilar Náttúruminjasafns þar sem safnið hefur víðtækar skyldur gagnvart öðrum þáttum náttúrusögunnar, t.d. á sviði veðurfræði, haffræði og jarðskjálftafræði svo eitthvað sé nefnt. Með frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði skipað með sambærilegum hætti og starfsemi annarra höfuðsafna og í því felst m.a. að Náttúruminjasafn Íslands verði að sjálfstæðri stofnun í stað þess að vera deild hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, allt í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nánu samstarfi Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Æskilegt væri því að kanna möguleika þess að stofnanirnar tvær sameinist um húsnæði og aðstöðu fyrir þessa starfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að Náttúruminjasafn Íslands sé eign íslenska ríkisins og að það sé höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. mgr., sbr. 5. mgr. 5. gr. safnalaga sem fjallar um höfuðsöfn, en þar segir í 1. mgr. að höfuðsöfn séu í eigu íslenska ríkisins og séu miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði. Þar segir jafnframt að höfuðsöfn skuli stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Þá segir í ákvæðinu að kostnaður við reksturinn greiðist úr ríkissjóði.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Náttúruminjasafns Íslands og starfsemi þess. Þannig er í 1. mgr. gert ráð fyrir að hlutverk Náttúruminjasafns sé að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Saga þjóðarinnar er samofin náttúruöflunum og landsmenn hafa gegnum aldirnar sótt viðurværi sitt til náttúrunnar í lofti, á láði og legi. Hlutverk safnsins er ekki síður að lýsa náttúrusögu landsins óháð veru manns-

ins í landinu og því nauðsynlegt að starfsemin hafi sem víðtækasta skírskotun hvað varðar náttúrusögu. Þá er í málsgreininni undirstrikuð nauðsyn þess að líta á starfsemi safnsins í alþjóðlegu samhengi, m.a. í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að Náttúruminjasafnið safni, skrái og varðveiti sýningarmuni. Þá afli safnið upplýsinga er veiti yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsaki og annist kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Gert er ráð fyrir að safnið vinni með tengsl náttúru og menningarsögu, m.a. þar sem íslensk tunga og menning eru mjög mótuð af náttúrunni. Þá er lögð áhersla á fræðsluhlutverk safnsins hvað varðar miðlun fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Í 4. gr. safnalaga er hugtakið safn skilgreint sem stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk af safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar. Skilgreiningin er m.a. byggð á skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna. Í safnalögum er ekki samræmi milli safna og höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir. Þannig hefur Náttúruminjasafn eitt höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 5. gr. safnalaga. Ljóst þykir að höfuðsafn verður að uppfylla grundvallarskilyrði safna samkvæmt safnalögum og því er nú lagt til að Náttúruminjasafn hafi rannsóknarhlutverk. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins mun Náttúrufræðistofnun Íslands annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992, en lagt er til að stofnanirnar skuli hafa með sér náið samstarf sem grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Í 3. mgr. er lagt til að Náttúruminjasafn Íslands veiti öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðli að samvinnu þeirra hér á landi og vinni að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Safninu ber því nú að sinna öllum þeim meginskyldum sem höfuðsöfnum ber samkvæmt safnalögum.

Að lokum er kveðið á um í 4. mgr. að Náttúruminjasafnið skuli leitast við að eiga samstarf við aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins og annarra aðila á sviði náttúrufræða. Til að Náttúruminjasafnið geti sinnt hlutverki sínu svo vel sé er nauðsynlegt að það hafi gott samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða, en með því er m.a. átt við Háskóla Íslands og aðra háskóla, Hafrannsóknarstofnun, Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Einkum er hér miðað við að samstarfið grundvallist á samningum, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um tengsl Náttúruminjasafns Íslands við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þannig segir í 1. mgr. að Náttúrufræðistofnun Íslands verði vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Hnykkt er á nánum tengslum Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins og mikilvægi þess að stofnanirnar eigi náið samstarf sín á milli sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi á milli þeirra. Lagt er til í frumvarpinu að Náttúruminjasafnið hafi líkt og önnur höfuðsöfn rannsóknarskyldu, en gert er ráð fyrir að henni verði sinnt að verulegu leyti af Náttúrufræðistofnun Íslands sem vísindalegum og faglegum bakhjarli safnsins, svo sem fyrr greinir.

Í 2. mgr. segir að safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess

og annarra aðila. Með safnkosti er hér átt við muni og minjar sem varðveitt eru á safninu. Gert er ráð fyrir að safnið geti nýtt gripi úr vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar í tengslum við sýningarhald ásamt með aðstoð og þekkingu sérfræðinga stofnunarinnar. Til að tryggja nána samvinnu milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er mikilvægt að stefna að samnýtingu á geymslu gripa, forvörslu og rannsóknaraðstöðu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn Náttúruminjasafns Íslands og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands sem hafi starfsheitið safnstjóri og verði hann skipaður til fimm ára í senn í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Lagt er til að safnstjóri hafi háskólamenntun eða staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins. Almennt er eðlilegt að gera kröfu um háskólamenntun þótt hæfur einstaklingur til að stýra stofnuninni geti einnig haft víðtæka reynslu og þekkingu þótt til grundvallar liggi ekki formleg háskólagráða, sbr. t.d. bændur. Þá skal safnstjórinn sitja í safnaráði samkvæmt stöðu sinni og er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 2. gr. safnalaga. Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins. Er þetta í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um fjárreiður ríkisins.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild safnsins til að taka aðgangseyri. Þá er safninu heimilt að taka gjald fyrir ákveðna þætti þjónustunnar, þ.e. fyrir lán á munum, ljósmyndun muna, afrit af ljósmyndum, sérunnar munaskrár og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og fjölföldun hvers konar til þess að standa straum af kostnaði. Lagt er til að gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skuli háð samþykki menntamálaráðherra.

Um 7. gr.

Í greininni er almenn heimild til handa menntamálaráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 8. gr.

Lagt er til að verði frumvarp þetta, sem byggist á safnalögum, nr. 106/2001, að lögum öðlist þau þegar gildi.

Þá er lögð til breyting á safnalögum samfara því að lagt er til að Náttúruminjasafn hafi nú rannsóknarhlutverk, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að gripir sem við gildistöku laganna, verði frumvarp þetta að lögum, tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi en ekki vísindagildi skuli renna til Náttúruminjasafns Íslands. Fjölmargir gripir í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands koma frá Náttúrugripasafni því sem Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnaði til árið 1889 og eru fyrst og fremst sýningargripir en ekki vísinda- og rannsóknargripir. Ekki er óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að flestir þeirra renni til hins nýja Náttúruminja-

safns. Lagt er til að stofnanirnar sjálfar komist að samkomulagi um skiptingu gripanna sín á milli á grundvelli samnings, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að stofna nýja ríkisstofnun, Náttúruminjasafn Íslands, sem verður höfuðsafn samkvæmt safnalögum nr. 106/2001. Verkefni stofnunarinnar verða samkvæmt frumvarpinu að safna, skrá og varðveita sýningarmuni, afla upplýsinga er veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsaka og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi, miðla fræðslu um íslenska náttúru, veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Hlutverk og verkefni Náttúruminjasafns Íslands verða samkvæmt þessu hliðstæð og hjá Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt safnalögum nr. 106/2001. Í þeim lögum er Náttúruminjasafninu ekki ætlað rannsóknarhlutverk og eru boðaðar breytingar á því í athugasemdum með frumvarpinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ætlað að vera vísindalegur- og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafns Íslands og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldur þess. Skulu stofnanirnar hafa náið samstarf á grundvelli sérstaks samkomulags milli þeirra. Náttúruminjasafninu er jafnframt ætlað að eiga samstarf við aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir og aðra aðila á sviði náttúrufræða. Í athugasemdum kemur fram að gert er ráð fyrir að samstarfi við þessa aðila grundvallist á formlegum samningum sem uppfylla skilyrði 30. gr. fjárreiðulaga, það er að segja að safnið geri samninga um kaup á þjónustu af þessum aðilum. Samkvæmt þessu má draga þá ályktun að ekki sé gert ráð fyrir að safnið komi upp rannsóknaraðstöðu og ráði fólk í rannsóknarvinnu heldur kaupi það rannsóknarþjónustu að.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpi því sem varð að safnalögum kemur fram það mat að stofnun Náttúruminjasafns muni hafa í för með sér töluverð útgjöld. Útgjöldin voru þó ekki áætluð í umsögninni þar sem það þótti ekki tímabært.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins liggja engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins. Frumvarpið veitir takmarkaðar upplýsingar sem hægt er að byggja kostnaðarmat á. Þó kemur fram að ráðinn verður forstöðumaður, að gripir sem tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi verði á forræði safnsins og að æskilegt sé að kanna möguleika á að stofnanirnar tvær sameinist um húsnæði og aðstöðu geri með sér samkomulag um ýmis atriði svo sem varðandi sýningu á gripum í vísindasafni Náttúrufræðistofnunar, aðstoð og sérþekkingu starfsmanna Náttúrufræðistofnunar, geymslu gripa, forvörslu og rannsóknaraðstöðu. Að lokum er ekki gert ráð fyrir að Náttúruminjasafn stundi sjálfstæðar rannsóknir nema að litlu leyti heldur geri um þær samninga við ýmsa aðila á sviði náttúrufræða.

Vegna þess að engar áætlanir liggja fyrir um hið nýja safn gefur fjármálaráðuneytið sér einfaldar forsendur við gerð þessa kostnaðarmats til að gefa grófar hugmyndir um hugsanlegan kostnað. Áætla má að ráðning forstöðumanns valdi 7–8 m.kr. launakostnaði á ári. Útgjöld vegna kaupa á lágmarksskrifstofubúnaði fyrir safnið gætu verið 1–3 m.kr. og lágmarks-

húsnæðis- og rekstrarkostnaður sem tengist stofnun safnsins gæti verið á bilinu 1–3 m.kr. Verði fleira fólk ráðið má vænta þess að útgjöld aukist um 3–10 m.kr. fyrir hvert starf sem bætist við og er þá einnig gert ráð fyrir almennum rekstrarkostnaði. Ekkert liggur fyrir um fjölda og samsetningu starfsliðs og því ekki forsendur til að áætla kostnað en reikna má með að safnið verði ekki rekið með færri en 4–6 starfsmönnum að lágmarki og gæti árlegur rekstrarkostnaður þá numið 30–50 m.kr. Náttúrufræðistofnun hefur rekið náttúrugripasafn það sem færist til Náttúruminjasafns í tveimur herbergjum og innheimt aðgangseyri til að standa undir rekstrarkostnaði. Geymsluaðstöðu mun vera ábótavant. Náttúrufræðistofnun gæti, samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar, ef til vill hýst forstöðumann Náttúrufræðisafns í stuttan tíma meðan hann vinnur að áætlunum um stefnu, húsnæði og uppbyggingu þess. Fjármálaráðuneytið hefur litlar forsendur til að meta kostnað við þessa áætlanagerð sem gæti hlaupið á milljónum króna. Engar forsendur eru til að meta rekstrarkostnað safnsins eftir að það er hefur fengið framtíðarhúsnæði en hugsanlega gefa fjárveitingar til hinna höfuðsafnanna vísbendingu. Þjóðminjasafn Íslands fær 304 m.kr. fjárveitingu til rekstrar í fjárlögum 2006 og Listasafn Íslands 124 m.kr. en báðar þessar stofnanir greiða húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs sem stendur undir hluta af kostnaði við húsnæði stofnananna en það er í eigu ríkisins. Bygging nýs húsnæðis, uppsetning grunnsýningar, flutningur og öflun fleiri sýningargripa gæti kostað tugi eða hundruð milljóna króna.

Verkefnin sem lagt er til að Náttúruminjasafni verði falin eru, að því sem næst verður komist, ekki með fjárveitingu í fjárlögum. Verði frumvarpið að lögum gerir fjármálaráðuneyti ráð fyrir að menntamálaráðuneytið greiði útgjöld sem af því leiða á árinu 2006 af óskiptum liðum ráðuneytisins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur safnsins og uppbyggingu verði í samræmi við það sem ákveðið er í fjárlögum á næstu árum. Fjármálaráðuneytið gerir í því sambandi ráð fyrir að menntamálaráðuneytið láti útbúa vandaða áætlun um uppbyggingu og rekstur safnsins og geri ráð fyrir kostnaði við starfsemi þess við gerð fjárlaga 2007 og síðar, líkt og gildir um aðrar stofnanir, innan þess hluta langtímaáætlunar í ríkisfjármálum sem lýtur að menntamálaráðuneytinu.

1010. Frumvarp til laga [392. mál]

um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

1. gr.

Iðnaðarráðherra skal stofna hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og leggja til þess allar eignir þeirra og skuldir, réttindi og skuldbindingar. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Skal iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

2. gr.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

3. gr.

Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu vera eign ríkissjóðs. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

4. gr.

Tilgangur hlutafélagsins skal vera að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967, vegna hitaveitna, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Hlutafélaginu skal heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum skv. 1. mgr. á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal félaginu heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum.

Tilgangi og verkefnum hlutafélagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Hlutafélagið tekur við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða dreifiveitna á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna.

Í samræmi við 1. gr. yfirtekur hlutafélagið allar virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins og þau réttindi og skyldur sem Rafmagnsveiturnar hafa samkvæmt lögum eða stjórnvaldsákvörðunum vegna virkjunarframkvæmda og reksturs virkjana.

6. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið í samræmi við ákvæði raforkulaga, nr. 65/2003, og orkulaga, nr. 58/1967, vegna hitaveitna.

7. gr.

Þegar starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins.

Um biðlaunarétt starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

9. gr.

Stofna skal hlutafélagið á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 15. júlí 2006. Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins greiðist af hlutafélaginu.

10. gr.

Hlutafélagið skal taka til starfa 1. ágúst 2006 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. IX. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Rafmagnsveitur ríkisins, fellur úr gildi þegar hlutafélagið tekur til starfa, sbr. ákvæði 10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

1011. Frumvarp til laga [379. mál]

um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Bílaleiga er starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskylt ökutæki, að jafnaði um skemmri tíma, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Vegagerðarinnar.
b. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: 25.000 kr.
c. Í stað orðsins „Samgönguráðuneytið“ í 2. mgr. kemur: Vegagerðin.
d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Bílaleiga á grundvelli starfsleyfis skal rekin á fastri starfsstöð sem opin skal almenningi á tilgreindum tíma.
e. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Afgreiðslutími skal auglýstur á skýran og ótvíræðan hátt og við hann skal staðið.
f. Í stað orðsins „samgönguráðuneytis“ í 1. málsl. 5. mgr. og orðsins „samgönguráðuneytisins“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: Vegagerðarinnar.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Vegagerðin.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Bílaleigu er óheimilt að leigja út ökutæki nema það sé sérstaklega skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki sem leigt er í atvinnuskyni án ökumanns.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Leigusamningur milli bílaleigu og leigutaka skal að jafnaði takmarkast við þrjár vikur ef ökutæki sem leigt er hefur notið lægri vörugjalda, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Ef ökutæki hefur ekki notið lægri vörugjalda eða 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. 1. málsl., er bílaleigu heimilt að leigja það til lengri tíma.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Brot gegn 3., 5., 6. og 7. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

b. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. kemur: Vegagerðin.

c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Vegagerðin skal hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt. Bílaleigu er skylt að veita Vegagerðinni allar upplýsingar sem varða starfsleyfi hennar. Vegagerðin getur afturkallað starfsleyfi bílaleigu veiti hún Vegagerðinni ekki umbeðnar upplýsingar. Vegagerðinni er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögunum.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 10. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu starfsleyfi sem gefin hafa verið út halda gildi sínu í samræmi við leyfistímann.

1012. Frumvarp til laga [221. mál]

um upplýsingarétt um umhverfismál.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið laganna.

Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

2. gr.
Skilgreining á stjórnvöldum sem falla undir lögin.

Lög þessi gilda um:

1. öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga,
2. lögaðila sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul.,
3. lögaðila sem gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. tölul. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. 1. tölul. tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.

Einvörðungu upplýsingar sem til verða eða aflað er í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra sem ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. taka til falla undir lögin.

Lögin gilda ekki um Alþingi, umboðsmann Alþingis, Ríkisendurskoðun eða dómstóla.

3. gr.
Skilgreining á upplýsingum um umhverfismál.

Með upplýsingum um umhverfismál er átt við hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um:

1. ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta,
2. þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í 1. tölul.,
3. ráðstafanir í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála sem hafa eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í 1. og 2. tölul., auk kostnaðar- og ábatagreiningar eða annars konar hagkvæmnigreiningar sem notuð er í tengslum við ákvarðanir um slíkar ráðstafanir,
4. ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun í fæðukeðjunni, lífsskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða

líklegt er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í 1. tölul. eða vegna þeirra atriða sem um getur í 2. tölul.

4. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Ákvæði annarra laga sem heimila viðtækari aðgang að upplýsingum halda gildi sínu.

Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi gilda ekki um rannsókn eða saksókn í opinberu máli.

Réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum víkur fyrir lögvörðum réttindum samkvæmt höfundalögum.

II. KAFLI

Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.

5. gr.

Upplýsingaréttur almennings um umhverfismál.

Stjórnvöldum þeim sem falla undir 2. gr. er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

Upplýsingarétturinn tekur bæði til gagna sem eru í vörslum stjórnvalds og gagna sem annar aðili geymir fyrir hönd þess.

6. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti.

Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál tekur ekki til:

1. gagna sem undanþegin eru aðgangi skv. 4.–6. gr. upplýsingalaga,
2. efnis sem er í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna, en þá skal jafnframt upplýst hvenær ætla má að gögnin verði tilbúin, eða
3. upplýsinga sem sérstök lagaákvæði um þagnarskyldu taka til.

Áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum um umhverfismál getur það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Stjórnvald skal veita frest í sjö virka daga til þess að svara erindinu.

7. gr.

Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.

Veita skal aðgang að gögnum sem 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til eftir ákvæðum 8. gr. upplýsingalaga.

Veita skal aðgang að gögnum sem 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til jafnskjótt og viðkomandi skjöl eða gögn hafa verið fullgerð nema önnur undantekningarákvæði taki jafnframt til þeirra.

Veita skal aðgang að gögnum sem 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögnin urðu til nema upplýsingarnar varði viðkvæma einkahagsmuni.

8. gr.

Upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. og 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara á almenningur rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.

9. gr.

Aðgangur að hluta skjals.

Ef ákvæði 6. gr. á aðeins við um hluta skjals skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingarnar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem beðið er um. Sama regla á við um önnur gögn eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Almenn miðlun upplýsinga um umhverfismál.

Stjórnvöld, sem undir lög þessi falla, skulu vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi. Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um miðlun slíkra upplýsinga.

III. KAFLI
Málsmeðferð.

11. gr.

Beiðni um aðgang að upplýsingum og málsmeðferð.

Sá sem fer fram á aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 5. gr. skal tilgreina þær upplýsingar sem hann óskar eftir að fá.

Stjórnvald getur vísað frá beiðni ef tilgreining þeirra upplýsinga sem óskað er eftir aðgangi að er of óljós til að hægt sé að afgreiða beiðnina. Áður en til þess kemur ber að veita málsaðila leiðbeiningar þar um og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar.

Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að upplýsingum sé skrifleg og komi fram á eyðublaði sem það leggur til.

Þegar farið er fram á aðgang að upplýsingum í máli þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslum sínum.

12. gr.

Málshraði og málsmeðferð.

Stjórnvald skal taka ákvörðun um hvort það verður við beiðni um aðgang að upplýsingum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 15 virkra daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Hafi beiðni um aðgang að upplýsingum ekki verið afgreidd 60 dögum eftir að hún barst stjórnvaldi er aðila heimilt að kæra afgreiðsluna til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurðar um upplýsingarétt hans.

Þegar afgreitt er erindi um aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem höfundaréttur tekur til skal veita upplýsingar um nafn rétthafa, liggi þær fyrir.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

13. gr.

Ljósrit eða afrit af gögnum.

Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

Þegar skjöl eru mörg getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

Umhverfisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærri en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

14. gr.

Rökstuðningur og tilkynning ákvörðunar.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að hluta eða í heild, skal rökstudd og tilkynnt skriflega. Hið sama gildir ef synjað er beiðni um ljósrit eða afrit af umbeðnum gögnum.

IV. KAFLI
Stjórnsýslukæra.

15. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að bera synjun stjórnvalds á beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

Um meðferð slíkra mála gilda ákvæði 14.–19. gr. upplýsingalaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE, sem tekin var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003.

17. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sbr. 2. og 3. tölul. 25. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Ákvæði laganna gilda um allar upplýsingar um umhverfismál án tillits til þess hvenær þær urðu til eða hvenær þær hafa borist stjórnvöldum.

18. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

1. Eftirfarandi breytingar verða á upplýsingalögum, nr. 50/1996:
   a. Við 6. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.
   b. Við 8. gr. bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
      Veita skal aðgang að upplýsingum sem 5. tölul. 6. gr. tekur til þegar ekki er lengur ástæða til að ætla að miðlun upplýsinganna geti haft skaðleg áhrif á umhverfið.
2. Lokamálsliður 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, orðast svo: Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingarétt um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.
3. 2. málsl. 9. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, orðast svo: Um aðgang að öðrum gögnum og skjölum, sem upplýsingalög og lög um upplýsingarétt um umhverfismál taka ekki til, skal mælt fyrir í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar.
4. 22. gr. a í höfundalögum, nr. 73/1972, orðast svo:
   Heimilt er að veita aðgang að skjölum eða öðrum gögnum mála samkvæmt stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum lögum með því að afhenda ljósrit eða afrit af þeim þótt þau hafi að geyma verk er njóta verndar samkvæmt þessum lögum.
   Upplýsingaréttur skv. 1. mgr. er þó háður því skilyrði að verkin verði ekki birt, eintök af þeim gerð, eintökum af þeim dreift eða þau nýtt með öðrum hætti nema með samþykki höfundar.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita upplýsingar í samræmi við 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

1013. Frumvarp til laga [361. mál]

um faggildingu o.fl.

(Eftir 2. umr., 29. mars.)

I. KAFLI

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um faggildingu, mat á tilnefndum aðilum og mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir, þó ekki mat á starfsvenjum við lyfjarannsóknir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Faggilding:* Formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat.
2. *Góðar starfsvenjur við rannsóknir:* Gæðakerfi sem varðar skipulagsferli og skilyrði fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar rannsóknir á umhverfisöryggi og heilbrigðisrannsóknir sem ekki eru klínískar.
3. *Prófun:* Greining á einum eða fleiri eiginleikum sýnis sem metnir eru samkvæmt fyrir fram gefinni aðferð.
4. *Samræmismat:* Mat á því hvort vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.
5. *Skoðun:* Athugun á vöruhönnun, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.
6. *Tilkynntur aðili:* Aðili sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að fást við samræmismat samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.
7. *Tilnefndur aðili:* Aðili sem stjórnvald hefur veitt tilnefningu.
8. *Tilnefning:* Heimild sem stjórnvald veitir aðila til að stunda tiltekna starfsemi við samræmismat.
9. *Vottun:* Formleg staðfesting þriðja aðila á því að vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.

II. KAFLI
Framkvæmd faggildingar o.fl.

3. gr.
Faggildingarsvið.

Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast faggildingu og aðra þá starfsemi sem um getur í 1. gr. fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Sviðið skal vera faglega og fjárhagslega sjálfstætt og óháð opinberum aðilum og einkaaðilum sem eiga eða kunna að eiga við það viðskipti. Starfsemi þess skal vera fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi Einkaleyfastofu. Faggildingarsvið stendur undir öllum kostnaði sem af starfseminni hlýst í samræmi við ákvæði 12. gr. um gjaldskrár og að teknu tilliti til framlags ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Faggildingarsvið veitir faggildingu fyrir skoðunarstofur, prófunarstofur, kvörðunarstofur og vottunarstofur og annast mat á tilnefndum aðilum, þ.e. hæfni þeirra og hæfi til að starfa samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á því sviði sem starfsemi hins tilnefnda aðila tekur til. Faggildingarsvið annast einnig mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir og önnur verkefni sem kveðið er á um í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til.

4. gr.
Starfsreglur um faggildingu.

Ráðherra setur í reglugerð starfsreglur sem faggildingarsviði ber að starfa eftir og tilvísanir til þeirra staðla sem um starfsemina eiga að gilda. Þá gefur faggildingarsvið út verklags- og leiðbeiningarreglur í samræmi við viðkomandi staðla þegar það á við. Auk þess ber faggildingarsviði að hafa til hliðsjónar leiðbeiningarreglur sem gefnar hafa verið út af Evrópusamtökum um faggildingu (EA) eða öðrum alþjóðlega viðurkenndum samtökum sem miða að því að samræma kröfur sem gerðar eru til faggildingar.

Faggildingarsvið skal birta upplýsingar um aðila sem eru faggiltir og til hvaða sviða faggilding þeirra tekur.

5. gr.

Umsókn um faggildingu.

Í umsókn um faggildingu er umsækjanda skylt að veita faggildingarsviði allar nauðsynlegar upplýsingar sem það þarf til ákvörðunar um hvort faggilding skuli veitt.

Faggildingarsvið tekur ákvörðun um það hvort veita skuli faggildingu á grundvelli matsskýrslu og þeirra úrbóta sem umsækjandi hefur gert, þegar það á við.

Nú synjar faggildingarsvið umsókn um faggildingu og skal synjunin þá rökstudd skriflega. Synjun má skjóta til ráðherra.

6. gr.

Breytingar á skilyrðum faggildingar.

Aðila sem hlotið hefur faggildingu ber, í samræmi við reglur og skilyrði sem gilda um faggildingar, skylda til að tilkynna faggildingarsviði um allar breytingar sem kunna að hafa áhrif á þau atriði sem faggildingin byggist á. Berist nýjar upplýsingar sem hafa áhrif á grundvöll faggildingar getur faggildingarsvið, í samræmi við reglur sem gilda um faggildingar, sett ný skilyrði fyrir áframhaldandi faggildingu eða breytt skilyrðum sem sett voru við veitingu faggildingar og ákveðið innan hvaða tímafrests skilyrðin skuli uppfyllt.

7. gr.

Niðurfelling faggildingar.

Faggilding fellur niður ef faggiltur aðili óskar eftir niðurfellingu hennar. Þá getur faggildingarsvið fellt niður faggildingu ef skilyrði fyrir veitingu hennar eru ekki lengur uppfyllt eða faggiltur aðili hefur stórfellt eða ítrekað brotið ákvæði laga, reglugerðar, staðla og reglna sem gilda um faggildingu eða skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir faggildingu hans. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber faggiltum aðila þá að skila leyfisbréfi sínu tafarlaust til faggildingarsviðs.

Faggildingarsviði ber að birta tilkynningu um það opinberlega þegar leyfi til faggildingar er fellt niður.

8. gr.

Eftirlit.

Faggildingarsvið hefur eftirlit með því að aðilar sem það hefur veitt faggildingu fari eftir ákvæðum þeim sem gilda um faggildinguna og skilyrðum sem sett eru fyrir henni í samræmi við ákvæði í lögum, reglugerð, stöðlum og reglum settum samkvæmt þeim. Að ósk faggildingarsviðs er aðilum sem hlotið hafa faggildingu skylt að taka á móti fulltrúum þess til eftirlitsheimsóknar. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um faggildingar og eftirlit með faggildingum og nánari reglum í stöðlum.

9. gr.

Málsmeðferð við mat á tilnefndum aðilum o.fl.

Um málsmeðferð við mat á tilnefndum aðilum og mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, svo og ákvæðum 5.–8. gr., eftir því sem við getur átt, nema sérreglur mæli fyrir um annað.

10. gr.

Um gagnkvæma viðurkenningu á faggildingu.

Faggilding, sem veitt er af þar til bæru stjórnvaldi sem er aðili að Evrópusamtökum um faggildingu (EA) eða Alþjóðasamtökum um faggildingarsamvinnu (ILAC), er viðurkennd hér á landi á þeim sviðum sem fram koma í marghliða samningum sem viðkomandi stjórnvöld hafa undirritað.

11. gr.

Faggildingarmerki.

Þeim aðilum sem faggildingarsvið hefur faggilt ber að nota merki sviðsins í samræmi við reglur sem um það gilda. Öðrum er óheimilt að nota merki faggildingarsviðs eða merki sem skapað getur hættu á ruglingi.

Ráðherra samþykkir merki faggildingarsviðs og setur reglugerð sem um það skal gilda, m.a. um útlit merkisins, stöðu þess og notkun.

12. gr.

Gjaldskrá fyrir þjónustu faggildingarsviðs.

Þjónusta faggildingarsviðs er gjaldskyld. Gjöld samkvæmt þessari grein skulu skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *Umsóknar- og skráningargjald:* Gjald fyrir móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar og fylgiskjala, auk álitsgerðar um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.
2. *Faggildingargjald:* Gjald fyrir mat á faggiltum eða tilnefndum aðila en það felur í sér val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða mat á tilnefndum aðila, og fyrir stjórn faggildingar eða mats á tilnefndum aðila.
3. *Eftirlitsgjald:* Gjald fyrir umsýslu við eftirlit með faggiltum eða tilnefndum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi hins faggilta eða tilnefnda aðila, skýrslugerð, ákvörðun um faggildingu eða mat á tilnefndum aðila, og fyrir stjórn eftirlitsins.
4. *Gjald fyrir mat á góðum starfsvenjum við rannsóknir:* Gjald fyrir mat á gæðakerfi sem varðar skipulagsferli og skilyrði fyrir áætlun, framkvæmd, eftirlit, skráningu, gagnageymslu og skýrslugjöf að því er varðar rannsóknir á umhverfisöryggi og heilbrigðisrannsóknir sem ekki eru klínískar.

Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal m.a. taka mið af vinnutímagjaldi faggildingarsviðs, ferðakostnaði, efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði þegar það á við og hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði við húsnæði og aðgang að nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Ráðherra samþykkir gjaldskrá samkvæmt þessari grein og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Tilkynntir aðilar og samræmismat.

13. gr.

Tilkynntur aðili.

Faggildingarsvið annast mat á hæfni og hæfi þess sem vill öðlast réttindi til þess að framkvæma samræmismat sem skylt er að framkvæma á vöru, ferli eða þjónustu í samræmi við lög og reglur sem innleiða nýaðferðartilskipanir í íslenskan rétt og gilda um hlutaðeigandi vöru, ferli eða þjónustu.

Ráðherra á viðeigandi stjórnsýslusviði tekur ákvörðun um að tilkynna aðila, sbr. 6. tölul. 2. gr., sem uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum sem um starfsemi þeirra gilda.

Ef tilkynntur aðili brýtur af sér eða fullnægir ekki lengur þeim skilyrðum sem starfsleyfi hans byggist á getur viðkomandi ráðherra ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á tilkynntum aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

14. gr.

Samræmismat.

Niðurstöður samræmismats frá tilkynntum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu gilda hér á landi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Þagnarskylda.

Öllum sem taka þátt í eða tengjast meðhöndlun umsókna um faggildingu er skylt að halda leyndum öllum þeim atriðum sem þeir hafa fengið vitneskju um við framkvæmd starfa sinna gagnvart óviðkomandi þriðja aðila. Þagnarskylda samkvæmt þessari grein helst þótt látið sé af starfi.

16. gr.

Viðurlög.

Aðili sem notar merki faggildingarsviðs án þess að hafa hlotið faggildingu eða gefur á annan hátt í skyn að hann sé faggiltur skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu:

1. Orðið „faggildingu“ í 1. gr. fellur brott.
2. 2. efnismgr. 2. gr. fellur brott.
3. IV. kafli fellur brott.
4. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr.:
   a. 4. tölul. fellur brott,
   b. orðin „faggildingu og“ í 5. tölul. falla brott,
   c. orðin „og á sviði faggildingar“ í 6. tölul. falla brott,
   d. orðin „og faggildingar“ í 7. tölul. falla brott.
5. Heiti laganna verður: **Lög um vog og mál.**

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmanni Neytendastofu boðið annað starf hjá faggildingarsviði Einkaleyfastofu. Við ráðstöfun starfsins þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1014. Nefndarálit [541. mál]

um till. til þál. um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að stjórnvöld á Íslandi styðji fyrir sitt leyti stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

Með ályktun 1/2005 á ársfundi 22.–24. ágúst 2005 samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi til að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða. Eitt meginmarkmið tillögunnar er að að styrkja bókmenntir þjóðanna með því að hjálpa hæfileikaríkum höfundum að stíga fyrstu skrefin á rithöfundarbrautinni.

Jón Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 15. mars 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Bjarni Benediktsson.	Drífa Hjartardóttir.
Guðjón A. Kristjánsson.		Jónína Bjartmarz.

1015. Nefndarálit [480. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Flugfélaginu Geirfugli ehf., rannsóknarnefnd flugslysa, Flugskóla Reykjavíkur og Flugskóla Helga Jónssonar.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að fella brott lög nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf. Þetta er gerð með hliðsjón af efni laganna og að ríkið hefur selt allt hlutafé sitt í skólanum. Skilvirkt eftirlit er af hálfu Flugmálastjórnar Íslands með gæðum skólastarfsins og starfsemi skólans og er það talinn fullnægjandi rammi um þessa starfsemi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.	

1016. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [480. mál]

í málinu: Frv. til l. um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum á ekki síður en bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda að heyra undir menntamálaráðuneytið. Með frumvarpi til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. er hins vegar lagt til að fella úr gildi einu lögin sem fjalla um það hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttað.

Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands hf. er fólgið aðhald sem ekki er innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar. Þá samræmist sú ráðagerð að fella brott lög um Flugskóla Íslands hf. ekki því markmiði að ávallt skuli þess freistað að tryggja almennt flugöryggi eins og nokkur kostur er hverju sinni.

Með vísan til framanritaðs samþykkir Alþingi að **vísa frumvarpinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

1017. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneytinu og Steinar Adolfsson og Hjálmar V. Björgvinsson frá ríkislögreglustjóra.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, tollstjóranum

í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Kjölbátasambandi Íslands og Siglingafélagi Reykjavíkur, og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á siglingalögum sem varða öryggi á sjó og viðurlög vegna hættulegrar hegðunar þeirra sem stjórna skipi eða reyna að stjórna skipi og fjallað er um í greininni.

Með breytingunni er lagt til að ákvæði um áfengis- og fíkniefnanotkun verði gerð skýrari og markvissari. Miðað verður við 0,5‰ vínandamagn í blóði þeirra sem ákvæðið varðar eða að vínandamagn í lofti sem viðkomandi andar frá sér nemi 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira. Engin slík viðmið eru í gildandi lögum. Einnig er lagt til að greinarnar taki til fleiri en eingöngu skipstjóra eins og núgildandi ákvæði gera. Þá er í frumvarpinu byggt undir heimildir lögreglu og annarra sem fara með löggæsluvald til að taka á málum af því tagi sem hér um ræðir.

Nefndin vekur athygli á villandi orðalagi í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þegar talað er um viðurlög vegna hættulegrar hegðunar skipstjóra hlýtur að vera átt við viðurlög vegna hættulegrar hegðunar þeirra sem stjórna skipi eða reyna að stjórna skipi.

Nefndin leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins sem felur fyrst og fremst í sér orðalagsbreytingar í framhaldi af athugasemdum sem fram komu við frumvarpið frá ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara. M.a. er lagt til að fellt verði út hugtakið „ofskynjunarefni“ í 2. mgr. og í staðinn stuðst við orðin „ávana- og fíkniefni“. Jafnframt er lagt til að sett verði inn ítarlegra ákvæði í 3. mgr. þar sem skilgreind eru „núllmörk“ varðandi þau tilvik er ávana- og fíkniefni mælast í blóði eða þvagi þeirra sem nánar greinir í 2. mgr. Mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi viðkomandi telst hann óhæfur til þeirra starfa sem um ræðir í 2. mgr. Þá er lagt til að bætt verði við heimildum til sýnatöku, þ.e. munnvatns- og svitasýna, til samræmis við þróun og nýja tækni til sýnatöku í málum af því tagi sem hér um ræðir. Einnig er lagt til að heimildir þeirra sem fara með löggæsluvald til sýnatöku verði takmarkaðar að því leyti að gert er ráð fyrir að starfsmenn tollstjóra þurfi að kalla til lögreglu við sýnatöku en Landhelgisgæsla Íslands verði með sambærilegar heimildir og lögregla í slíkum tilvikum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2006.

Guðjón Hjörleifsson, frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján L. Möller.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.
Guðjón A. Kristjánsson.		Magnús Stefánsson.

1018. Breytingartillaga [376. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

238. gr. laganna orðast svo:

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Sömu refsingu skal sá hljóta sem reynir að stjórna skipi, stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða og verður valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna skipi, stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, ef hann vegna neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Brot gegn ákvæði þessu varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Nú er vínandamagn í blóði skipverja eða þeirra sem nánar greinir í 2. mgr. yfir 0,5‰ eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira og telst hann þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Það leysir viðkomandi ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn í blóði sínu minna en hér um ræðir. Nú hefur skipverji eða sá annar sem nánar greinir í 2. mgr. neytt áfengis við eða fyrir þann starfa sem nánar greinir í 2. mgr. þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að skipstjórn lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við starfann. Mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi skipverja eða þess annars sem nánar greinir í 2. mgr. telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr.

Skipverja, þeim sem stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða er skylt, að kröfu lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, að gangast undir rannsókn á öndunar-, munnvatns- eða svitasýni, blóð- eða þvagrannsókn með þeim hætti sem lögregla ákveður þegar ástæða er til að ætla að viðkomandi hafi brotið gegn ákvæðum þessarar greinar. Honum er jafnframt skylt að hlíta kröfu sömu aðila um að láta flytja sig til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Skip merkir í þessari grein sérhvert fljótandi far, óháð lengd eða knúningsmáta.

1019. Frumvarp til laga [689. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Jónína Bjartmarz.

1. gr.

Við f-lið 33. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Beri meðferð hér á landi ekki fullnægjandi árangur að mati sérfræðinga skal Tryggingastofnun greiða kostnað við loftslagsmeðferð allt að 40 psoriasis-sjúklinga árlega á viðurkenndri meðferðarstöð erlendis í allt að fjórar vikur eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð sem heilbrigðisráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var áður flutt á 125. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram með lítils háttar breytingum á greinargerð.

Psoriasis er ólæknandi húðsjúkdómur sem talið er að hrjái 5.000–8.000 Íslendinga í einhverjum mæli, en reikna má með að 100–200 manns séu þungt haldin af sjúkdómnum og þurfi að vera stöðugt undir læknishendi og jafnvel dveljast á sjúkrahúsi. Sjúkdómur þessi er ættgengur og langvarandi (króníska) og lýsir sér í útbrotum, sárum og fleiðrum sem valda sjúklingnum miklum óþægindum, kláða og vanlíðan. Mjög mismunandi er á hve háu stigi sjúkdómurinn er, en í alvarlegum tilvikum geta sjúklingar verið algjörlega óvinnufærir öryrkjar. Sjúkdómurinn getur lagst á fólk á öllum aldri og hér á landi er nokkur fjöldi barna og unglinga sem er mjög þjáður af psoriasis.

Helstu aðferðir til að lina þjáningar sjúklinga með psoriasis og draga úr einkennum sjúkdómsins eru lyfja- og/eða ljósameðferð auk þess sem leirböð og sjóböð gefa í mörgum tilvikum góðan árangur. Andlegt álag eykur einkenni sjúkdómsins og því hefur hvíld og andleg afþreying góð áhrif. Á síðari árum hafa böð og loftslagmeðferð í Bláa lóninu fengið aukið vægi í meðferð psoriasis-sjúklinga. Hin virku efni í jarðsjónum, steinefni, kísill og þörungar, ásamt ljósameðferð gera það að verkum að psoriasis-meðferð Bláa lónsins hefur reynst mikilvæg viðbót og valkostur við meðferð þessa erfiða sjúkdóms. Meðferðin í Bláa lóninu hefur reynst mörgum mjög vel, en sjúkdómurinn er afar breytilegur eftir einstaklingum og því mikilvægt að meðferð sé einstaklingsbundin. Lækningalind Bláa lónsins var opnuð á síðasta ári. Lækningalindin er samvinnuverkefni íslenskra stjórnvalda og Bláa lónsins og sinnir auk meðferðar á psoriasis heilsutengdri ferðaþjónustu.

Þegar sjúkdómurinn er á háu stigi og meðhöndlaður með sterkum lyfjum er hætt við alvarlegum aukaverkunum. Mörgum sjúklingum með psoriasis á háu stigi hefur gefist vel loftslagsmeðferð í hlýju loftslagi þar sem sólböð og sjóböð eru stunduð undir eftirliti lækna og hjúkrunarfólks. Kemur þar helst til andleg og líkamleg hvíld sem fæst við dvöl í hita og sól á viðurkenndum loftslagsmeðferðarstofnunum fjarri daglegu amstri. Á árunum 1976–96 gafst íslenskum psoriasis-sjúklingum kostur á slíkri meðferð með stuðningi Tryggingastofnunar samkvæmt ákveðnum lögbundnum reglum. Árlega áttu um 40 manns kost á loftslagsmeðferð á norskri meðferðarstöð sem rekin er á Kanaríeyjum en kostnaður vegna hvers sjúklings sem slíkrar meðferðar naut í þrjár vikur var aðeins 150.000 kr. Heilbrigðisyfirvöld allra Norður-

landa annarra en Dana senda sjúklinga sína á þessa meðferðarstöð, en Danir senda sjúklinga sína í loftslagsmeðferð í meðferðarstöð við Dauðahafið í Ísrael.

Því miður hefur gætt nokkurra fordóma þegar þeir sem lítt eru málum kunnugir ræða um loftslagsmeðferð fyrir psoriasis-sjúklinga og kann að vera að þeir fordómar hafi haft áhrif á að breytingar voru gerðar á áðurnefndum reglum. Rannsóknir vísindamanna hafa hins vegar sýnt að loftslagsmeðferð eins og í boði er á norsku meðferðarstöðinni á Kanaríeyjum hefur haft verulega þýðingu fyrir sjúklinga sem eru þungt haldnir af psoriasis. Þeir sjúklingar sem fengið hafa tækifæri til að njóta loftslagsmeðferðar þar eru einróma sammála um að hún gefi mjög góða raun og orðið til þess að hægt sé að draga mjög úr lyfjanotkun fyrstu mánuðina að slíkri meðferð lokinni.

Þrátt fyrir góðan árgangur af loftslagsmeðferð af þessu tagi hjá mörgum psoriasis-sjúklingum, jákvæðar niðurstöður vísindamanna um gildi meðferðarinnar, minni lyfjanotkun sjúklinga og hlutfallslega lítinn kostnað sem loftslagsmeðferð er samfara hefur mjög dregið úr möguleikum íslenskra psoriasis-sjúklinga til þess að njóta þessarar lækningar. Með breytingu sem gerð var á lögum um almannatryggingar snemma árs 1999 var endanlega afnumið það fyrirkomulag sem gilt hafði allt frá 1979 um loftslagsmeðferð psoriasis-sjúklinga.

Með lögum nr. 50/1979, sem breyttu ákvæðum 39. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, var ákveðið að sjúkratryggingar skyldu greiða kostnað við meðferð psoriasis-sjúklinga erlendis, enda kæmi meðferðin í stað sjúkrahúsvistar samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs. Frá árinu 1979 og til ársins 1995 kostaði Tryggingastofnun að jafnaði loftslagsmeðferðir 40 psoriasis-sjúklinga á norsku meðferðarstöðinni sem áður er getið.

Í lok ársins 1995 samþykkti tryggingaráð hins vegar að 30 psoriasis-sjúklingar yrðu kostaðir í loftslagsmeðferð árið 1996 og eftir það lyki greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar. Meginrök stofnunarinnar fyrir þeirri ákvörðun voru að jafnan væri unnt að veita læknismeðferð hérlendis. Á vorþingi 1999 var ákvörðun þessi staðfest með breytingu á lögum um almannatryggingar þrátt fyrir ábendingar um mikilvægi þess að psoriasis-sjúklingar hefðu áfram möguleika á þessari lyfjalausu en áhrifaríku læknismeðferð.

Í ljós hefur komið að hjá mörgum psoriasis-sjúklingum er árangur ekki fullnægjandi af þeirri meðferð sem í boði er hér á landi, svo sem sjúkrahúsvist, lyfja- eða göngudeildarmeðferð eða læknismeðferð með böðum í Bláa lóninu. Margir þeirra sem sækja göngudeildarþjónustu í Bláa lóninu eða sækja meðferð án innlagnar fara akandi um nokkurn veg í Bláa lónið og stunda jafnvel fulla vinnu samhliða meðferðinni. Þetta fyrirkomulag getur valdið auknu álagi og m.a. haft áhrif á árangur meðferðarinnar.

Psoriasis-sjúklingar sem búa utan höfuðborgarsvæðisins eiga takmarkaðri aðgang að þjónustu, hvort heldur er á meðferðarstofnun eða göngudeild. Búseturöskun og kostnaður ásamt ferðakostnaði eykur enn frekar álag á þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins þar sem öll þjónusta er að færast á suðvesturhorn landsins. Búseta utan höfuðborgarinnar takmarkar aðgengi að viðurkenndri meðferð og getur reynst erfitt að fullreyna öll meðferðarúrræði sem í boði eru hér á landi og er forsenda fyrir úthlutun á ferðastyrk til meðferðar erlendis. Þróunin annars staðar á Norðurlöndum er sú að æ fleiri sjúklingum hefur verið gefinn kostur á loftslagsmeðferð í sólarlöndum, einkum vegna þess að sú meðferð þykir ódýr miðað við aðrar og árangur af henni varir í mörgum tilvikum lengur en en af annarri meðferð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að allt að 40 psoriasis-sjúklingar skuli eiga kost á loftslagsmeðferð árlega, þ.e. 20 sjúklingar fari í tveimur ferðum, vor og haust. Miðað er við að samið verði um aðgang þessara sjúklinga að norrænu meðferðarstöðinni sem rekin er á Kanaríeyjum eða annarri sambærilegi. Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hefði ekki kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Áætlaður kostnaður af loftslagsmeðferð eins psoriasis-sjúklings

í þrjár vikur er um 150.000 kr. en gera má ráð fyrir að annar kostnaður falli niður á meðan, svo sem sjúkrahúsvist hér á landi, auk þess sem lyfjanotkun verður minni á meðan árangur af loftslagsmeðferðinni varir.

Í 3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, er kveðið á um að sjúklingur skuli eiga rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita. Með hliðsjón af þessu lagaákvæði þykir ekki annað fært en að heilbrigðisyfirvöld tryggi að loftslagsmeðferð standi íslenskum psoriasis-sjúklingum til boða, enda um að ræða meðferð sem er viðurkennd annars staðar á Norðurlöndum og þykir bæði ódýr og áhrifarík.

1020. Frumvarp til laga [690. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

Stjórnvöldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr. Stjórnvöldum er þó ekki skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 7. gr.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna hljóðar svo:

Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn máls sem hann óskar að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Þegar veittur er aðgangur að gögnum, sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, skal veita upplýsingar um nafn rétthafa, liggi þær fyrir.

4. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Ljósrit eða afrit af gögnum.

Stjórnvöld taka ákvörðun um hvort gögn, sem heimilt er að veita aðgang að, skuli sýnd eða veitt af þeim ljósrit eða afrit.

Eftir því sem við verður komið er stjórnvöldum þó skylt, sé þess óskað, að láta í té ljósrit eða afrit af gögnum á því formi eða sniði og á þeim tungumálum, sem þau eru varðveitt á, nema þau séu þegar aðgengileg almenningi á rafrænu formi. Þegar skjöl eru eingöngu varðveitt á rafrænu formi getur aðili krafist þess að fá þau prentuð á pappír, nema 3. mgr. eigi við.

Þegar fjöldi skjala er mikill getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Aðili skal þá greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

Forsætisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Heimilt er að mæta öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

5. gr.

Við lögin bætist nýr kafli er verður VIII. kafli, **Um endurnot opinberra upplýsinga**, með fimm nýjum greinum, 24.–28. gr., svohljóðandi:

a. (24. gr.)

Markmið og gildissvið.

Markmið þessa kafla er að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Jafnframt eru lögleiddar samræmdar lágmarksreglur um endurnot opinberra upplýsinga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 um að fella inn í IX. viðauka við EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Endurnot opinberra upplýsinga vísar til þess að einkaaðili noti slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeirra var aflað af hálfu stjórnvalda. Miðlun upplýsinga á milli stjórnvalda í þágu starfa þeirra telst ekki til endurnota á upplýsingum í þessum skilningi.

Ákvæði kaflans gilda einvörðungu um endurnot á fyrirliggjandi upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda og almenningur á rétt til aðgangs að á grundvelli 3. gr. laga þessara eða annarra ákvæða laga sem veita almenningi slíkan rétt.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. Upplýsingar sem teknar eru saman af stjórnvöldum í viðskiptalegum tilgangi.
2. Gögn, skrár og upplýsingar úr gagnagrunnum sem þriðji maður á lögvarinn réttindi yfir samkvæmt höfundalögum. Ákvæði kaflans gilda hins vegar eigi ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra í skilningi 1. málsl. 1. mgr. 25. gr. ein slík réttindi yfir upplýsingum, enda falli það stjórnvald sem fer með fyrirsvar réttindanna ekki undir 3. mgr. 25. gr.

b. (25. gr.)

Skilgreining á opinberum aðilum sem falla undir ákvæði þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla taka til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr. Lögin taka einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

a. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði. Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.
b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
c. Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessa kafla þó ekki um:

a. Ríkisútvarpið.
b. Skóla, bóka- og skjalasöfn eða rannsóknastofnanir.

c. Menningarstofnanir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur hlutaðeigandi ráðherra mælt svo fyrir í reglugerð að starfsemi stjórnvalds, sem undir stjórnvald heyrir og ákvæðið tekur til, falli engu að síður undir ákvæði þessa kafla í heild eða að hluta.

c. (26. gr.)

Almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga.

Heimilt er að endurnota opinberar upplýsingar sem eru almenningi aðgengilegar lögum samkvæmt, enda séu eftirfarandi skilyrði ávallt uppfyllt:

a. Endurnot upplýsinganna mega ekki brjóta í bága við lög, þ.m.t. ákvæði almennra hegningarlaga, höfundalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða réttindi þriðja manns.
b. Geta skal uppruna upplýsinganna.
c. Skýrt skal koma fram hver ber ábyrgð á vinnslu upplýsinganna þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar.

d. (27. gr.)

Endurnot upplýsinga úr opinberum skrám.

Þegar veittur er aðgangur að upplýsingum úr opinberum skrám skv. 3. mgr. 3. gr. eða ákvæðum sérlaga er stjórnvaldi heimilt að áskilja að endurnot upplýsinganna séu leyfisskyld og uppfylli sérstök skilyrði, svo sem um gæði upplýsinga, uppfærslu þeirra o.fl. Gæta skal samræmis og jafnréttis við útfærslu slíkra skilyrða og mega þau ekki takmarka möguleika á endurnotum upplýsinganna eða samkeppni óhóflega.

Stjórnvöld skulu birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og þau skilyrði sem slík endurnot eru bundin.

Umsókn um leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum úr opinberum skrám skal beint til þess stjórnvalds sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á færslu og vinnslu upplýsinganna í hlutaðeigandi skrá.

Stjórnvald skal afgreiða umsókn um leyfi til endurnota á upplýsingum úr opinberum skrám svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 20 daga frá því umsókn barst skal skýra frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Synji stjórnvald að veita leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum á grundvelli 2. tölul. 4. mgr. 24. gr. skal tilgreina nafn rétthafa eða umboðsmanns hans.

Heimilt er að taka gjald fyrir að veita aðgang að upplýsingum úr opinberum skrám á grundvelli 3. og 4. mgr. 12. gr. Skal hlutaðeigandi stjórnvald setja sér gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda auk þess sem hún skal vera aðgengileg á heimasíðu stjórnvaldsins.

Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum, sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti ríkis og sveitarfélaga, umfram það sem segir í 6. mgr., nema lög mæli sérstaklega svo fyrir.

Tilgreina skal nafn rétthafa þegar stjórnvöld gera upplýsingar almenningi aðgengilegar á netinu á grundvelli samnings við þriðja mann sem á lögvarin réttindi yfir þeim samkvæmt höfundalögum.

e. (28. gr.)

Bann við samningum um sérleyfi.

Stjórnvöld mega ekki gera samninga um sérleyfi um endurnot opinberra upplýsinga sem ákvæði þessa kafla taka til, sbr. þó 2. mgr.

Ef ætla má að opinberar upplýsingar verði ekki endurnotaðar í þágu almannahagsmuna nema á grundvelli sérleyfis er heimilt að gera slíkan samning enda komi fram í honum rökstuðningur fyrir því. Endurmeta ber rök fyrir sérleyfissamningnum reglubundið og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 28. gr. skulu renna út eigi síðar en 31. desember 2008.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í því skyni að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun. Einnig eru með frumvarpinu uppfylltar skyldur íslenska ríkisins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Frumvarpið gengur þó að hluta til lengra en tilskipun ESB með víðtækari stefnumótun um endurnot opinberra upplýsinga sem m.a. felur í sér þrengri gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám. Einnig er kveðið á um að ríkið taki ekki gjald af höfundarétti sínum af þessum upplýsingum. Er þetta til þess gert að reyna að auka enn frekar endurnot opinberra upplýsinga.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd hinn 6. febrúar 2001 til þess að móta almenna stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga. Skyldi nefndin kanna núverandi stöðu í verðlagsmálum og gera tillögur um samræmingu. Starf nefndarinnar beindist að því að skoða stöðu mála í öðrum löndum ásamt því að skoða stöðuna hér á landi. Í ljós kom að ekki eru til samræmdar reglur hér á landi um verðlagningu á notkun opinberra upplýsinga. Nefndin ákvað í kjölfarið að skoða nánar 40 ríkisstofnanir. Afrakstur starfs nefndarinnar birtist í skýrslu er ber heitið „Verðlagning opinberra upplýsinga“ sem út kom í desember 2002 þar sem farið var yfir stöðuna, áhrif breytinga metin og gerðar tillögur. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að sett yrðu lög um endurgjald fyrir notkun opinberra upplýsinga sem byggðust á þeirri meginreglu að verðlagning tæki mið af frjálsu aðgengi allra aðila gegn sanngjörnum þjónustugjöldum. Áhersla er lögð á að verðlagningu á opinberum upplýsingum verði stillt í hóf þannig að heildartekjur af sölu upplýsinga væru ekki hærri en nemur kostnaðinum við að framreiða, afrita eða dreifa þeim auk hóflegra afskrifta. Hverju stjórnvaldi væri þó heimilt að taka lægra gjald fyrir upplýsingar eða veita þær ókeypis. Voru rökin m.a. þau að allir, ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, nytu þess ávinnings sem opinberar upplýsingar hafa að geyma samfélaginu til heilla. Nefndin lagði áherslu á að opinberar upplýsingar verði skilgreindar sem eign almennings og ekki væri tekið sérstakt gjald á grunvelli laga um höfundarétt af upplýsingum sem háðar eru höfundarétti ríkis og sveitarfélaga. Þá lagði nefndin til að

stefnt yrði að því að koma sem mestum opinberum upplýsingum í rafræna gagnabanka á netinu með fullkomnum lýsigögnum til þess að auðvelda aðgengi að þeim.

Fjármálaráðherra kynnti skýrslu nefndarinnar í ríkisstjórn 13. desember 2002 og tók þá forsætisráðherra við meðferð málsins á grunni þeirrar stefnumörkunar sem þar kom fram.

Forsætisráðherra skipaði 3. september 2003 starfshóp til þess að undirbúa lagasetningu um verðlagningu á notkun opinberra upplýsinga sem byggðist á niðurstöðum nefndar fjármálaráðherra. Halldór Árnason skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu var formaður starfshópsins. Aðrir í starfshópnum voru Arnar Þór Másson sérfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson skrifstofustjóri, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sigríður Auður Arnardóttir skrifstofustjóri, tilnefnd af umhverfisráðuneyti, Gunnar Eydal skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Guðrún Johnsen hagfræðingur, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins. Guðrún Björk Bjarnadóttir lögmaður tók sæti Guðrúnar Johnsen á árinu 2005.

Það lagafrumvarp sem hér er lagt fram er sameiginleg niðurstaða starfshópsins. Starfshópurinn fékk þá dr. Pál Hreinsson lagaprófessor og Kristján Andra Stefánsson, fv. skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, til liðs við sig við samningu lagafrumvarpsins. Enn fremur fékk starfshópurinn Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðing í menntamálaráðuneytinu, til að gera athugun á eignarhaldi ráðuneyta og stofnana á gögnum og upplýsingum og þeim takmörkunum sem endurnýting opinberra upplýsinga kann að vera háð vegna höfundaréttar þriðja aðila að gögnum eða hluta þeirra.

II.

Stefnumörkun stjórnvalda sem fram kemur í þessu frumvarpi tekur einnig tillit til tilskipunar (EB) nr. 2003/98. Stefnumörkun stjórnvalda og tilskipunin eru byggð á þeirri forsendu að miklir möguleikar geti verið fólgnir í að skapa ný verðmæti úr upplýsingum sem eru í vörslum stjórnvalda, t.d. með því að tengja þær við aðrar upplýsingar og búa þannig til nýjar afurðir. Markmið er því að setja samræmdar lágmarksreglur um heimil endurnot þeirra opinberu upplýsinga sem almenningur á rétt til aðgangs að. Áherslu ber hins vegar að leggja á að tilskipunin skapar ekki sjálf neinn rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum. Það er áfram komið undir hverju ríki um sig hvaða reglur það setur um rétt til aðgangs að upplýsingum. Þar sem aðgangur að opinberum upplýsingum er á annað borð heimill á hins vegar að vera hægt að endurnota þær í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar með þeim undantekningum sem þar er mælt fyrir um.

Hornsteinn tilskipunarinnar er að jafnrétti eigi að ríkja við endurnot opinberra upplýsinga, sbr. 10. og 11. gr. tilskipunarinnar. Þannig á að afgreiða sambærilegar umsóknir um endurnot opinberra upplýsinga á sambærilegan hátt. Þessi skylda hvílir nú þegar á íslenskum stjórnvöldum vegna ákvæða jafnræðisreglna 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar eru sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga, sem öllum eru aðgengilegar, að meginstefnu til bannaðir.

Að því leyti sem endurnot opinberra upplýsinga eru háð leyfi stjórnvalda ber þeim að afgreiða umsóknir um þau innan 20 virkra daga, sbr. 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum þar sem því verður við komið á því formi eða með því sniði og á þeim tungumálum, sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi skal aðili geta valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Stjórnvöld skulu birta á heimasíðum sínum lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og upplýsingar um þau skilyrði sem endurnotin eru bundin. Þá dregur

tilskipunin því ákveðin mörk hversu há gjöld er heimilt að taka fyrir að veita aðgang að opinberum upplýsingum í þágu endurnotkunar þeirra, sbr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Endurnot opinberra upplýsinga eru þó ekki leyfileg með hvaða hætti sem er. Ekki má endurnota þær þannig að það fari í bága við önnur lög eða réttindi þriðja manns. Í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 er sérstaklega áréttað að slík endurnot megi ekki brjóta í bága við tilskipun nr. 95/46/EB, sbr. lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga við endurnot opinberra upplýsinga verður því í hvívetna að uppfylla ákvæði laga nr. 77/2000. Þá er í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98 tekið af skarið um að endurnot opinberra upplýsinga megi ekki brjóta á bága við alþjóðlega samninga um vernd hugverkaréttar.

Vakin er athygli á því að sérlög og reglugerðir um verkefni ákveðinna stofnana veita nú rýmri heimildir til gjaldtöku fyrir upplýsingar úr opinberum skrám en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Má þar nefna Fasteignamat ríkisins, Landmælingar Íslands og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

III.

Með setningu upplýsingalaga, nr. 50/1996, var á Alþingi mörkuð sú löggjafarstefna að endurgjald fyrir aðgang að upplýsingum í vörslum hins opinbera skyldi almennt lúta réttarreglum um töku þjónustugjalda í þágu hins opinbera. Sama ár markaði ríkisstjórnin framsækna stefnu um málefni upplýsingasamfélagsins undir því metnaðarfulla formerki að *„Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar“*.[1]

Þessu stefnumiði skyldi náð með því að vinna að framgangi fimm meginmarkmiða sem birt voru í ritinu *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*. Þau voru:

1. Landsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingasamfélaginu. Kostir þess verði nýttir til þess að efla lýðræði og auka lífsgæði til hagsbóta fyrir almenning og íslenskt atvinnulíf. Upplýsingatækni verði beitt á öllum sviðum, hvort sem er við nýsköpun, heilbrigðismál, vísindi, listir og menningu eða á öðrum sviðum daglegs lífs.
2. Tryggt verði fullt jafnræði milli opinbers reksturs og einkareksturs á sviði upplýsingatækni og upplýsingaiðnaðar. Stjórnvöld auðveldi, með hjálp upplýsingatækninnar, aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu, til að jafna stöðu einstaklinga og fyrirtækja óháð búsetu eða efnahag.
3. Upplýsinga- og fjarskiptatækni verði virkjuð til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, auka framleiðni, örva atvinnu og fjölga möguleikum til útflutnings á íslensku hugviti.
4. Menntakerfið lagi sig að breyttri þjóðfélagsmynd og miði almenna menntun og símenntun við kosti upplýsingasamfélagsins um leið og það stendur vörð um tungu okkar og menningu.
5. Löggjöf, reglur og vinnubrögð verði endurskoðuð með tilliti til upplýsingatækni til að örva tæknilegar framfarir og til að vernda réttindi einstaklinga og fyrirtækja.

Í framhaldi af þessari markmiðssetningu voru reifaðar leiðir til þess að ná þessum markmiðum. Nokkrar þeirra tengjast miðlun opinberra upplýsinga og verðlagningu þeirra.

- Sérstaklega verði hugað að nýtingu upplýsingatækninnar við miðlun opinberra upplýsinga og að gera þurfi öll upplýsingakerfi ríkisstofnana þannig úr garði að hægt verði að

---

[1] Ríkisstjórn Íslands. *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*. Október 1996.

sækja þangað upplýsingar um lög, reglur, réttindi, skyldur o.þ.h. um tölvunet og jafnframt verði hægt að reka erindi sín, fylgjast með framgangi mikilvægra mála og fá alla þá þjónustu sem mögulegt er að veita með þessum hætti.
- Bættur verði aðgangur landsmanna að upplýsingum um samfélagsþjónustu ríkis og sveitarfélaga og samskipti þeirra á milli.
- Lögð verði áhersla á friðhelgi einkalífs og verndun upplýsinga um einstaklinga.
- Eðlileg og sanngjörn samkeppni fái að ríkja á sviði upplýsingaþjónustu sem leiða mun til lægra verðs og betri þjónustu.
- Stjórnarráð, stofnanir og fyrirtæki ríkisins skulu ávallt nýta markaðslausnir þar sem þær bjóðast og þær eiga við.

Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar var afrakstur af víðtæku samráði um stefnumótun á þessu sviði sem fram fór í nokkrum starfshópum. Álitsgerðir þeirra voru einnig birtar samhliða áðurnefndri framtíðarsýn og til hennar vitnað í skipunarbréfi nefndarinnar:[2]
- Móta þarf samræmda stefnu og ákvarða hvaða upplýsingar frá hinu opinbera skuli aðgengilegar almenningi, t.d. vegna nýrra upplýsingalaga, og hvort eða hvernig greitt verði fyrir aðgang að þeim.
- Við verðlagningu þarf að þræða þann gullna meðalveg sem hvetur til samnýtingar, markvissrar notkunar og hagkvæms reksturs. Stjórnvöld þurfa að marka almenna verðlagningarstefnu í takt við ofangreind markmið. Samræma skal gagna- og upplýsingaöflun og skipuleggja samnýtingu stofnana á tiltækum stafrænum gögnum. Einnig þarf að samræma skráningu gagna, koma í veg fyrir margskráningu og skilgreina umsýslu- og ábyrgðaraðila hvers gagnasafns.

Áðurnefnd markmið tilskipunar (EB) nr. 2003/98 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera eru í fullu samræmi við þessa stefnu.

IV.

Meginregla höfundalaga er sú að höfundur verks er eigandi þess, sbr. 1. mgr. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Þegar rætt er um verk sem verndað er samkvæmt höfundalögum er átt við verk sem uppfyllir verndarskilyrði höfundalaga hvað varðar frumleika, þ.e. að verkið beri með sér tiltekin höfundareinkenni og sé eigin sköpun höfundar. Áskilið er að höfundur sé lifandi persóna eða hópur einstaklinga (samhöfundar). Lögpersónur geta því ekki talist höfundar í skilningi 1. mgr. 1. gr. laganna, en geta þó öðlast réttindi þeirra með framsali. Af því er ljóst að verk sem verður til í vinnuréttarsambandi er í fyrstu eign þess starfsmanns eða hóps starfsmanna sem unnu verkið. Það ræðst af sambandi starfsmanns og atvinnurekanda hvort og með hvaða hætti höfundaréttur að verki, sem unnið er í þágu atvinnurekanda, yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda. Í höfundalögum eru engar reglur um réttarstöðu atvinnurekanda og starfsmanns vegna verka sem unnin eru í ráðningarsambandi, að undanskilinni sérreglu 42. gr. b í höfundalögum. Þar er kveðið á um það að þegar gerð tölvuforrits er liður í ráðningarskilmálum eignist atvinnurekandi höfundarétt að forritinu nema áskilnaður sé gerður á annan veg. Að öðru leyti er einkum við réttarvenju í vinnuréttarsambandi að styðjast.

Miklu skiptir við túlkun réttarstöðu starfsmanns að þessu leyti hvort hann er ráðinn gagngert til þess að skapa hugverk í starfi sínu. Í sumum tilvikum má ætla að höfundaréttur að

---

[2] Ríkisstjórn Íslands. *Íslenska upplýsingasamfélagið: Álitsgerð starfshópa.* Október 1996 og skipunarbréf nefndarinnar dagsett 6. febrúar 2001.

verki yfirfærist frá starfsmanni til atvinnurekanda með þegjandi samkomulagi beggja aðila, ef ekki er samið á annan veg. Í öðrum tilvikum má ætla að starfsmaður og atvinnurekandi verði samhöfundar að verki.[3] Í þriðja lagi má gera ráð fyrir því að starfsmaður haldi höfundarétti að verki en atvinnurekandi öðlist nauðsynlegan nýtingarrétt á verkinu ef ekki er samið á annan veg. Þegar starfsmenn eru ráðnir sem verktakar til að framleiða hugverk verður hins vegar ekki um framsal höfundaréttar að ræða nema gerður sé sérstakur skriflegur framsalssamningur.

Af þessu er ljóst að engin einhlít regla gildir um höfundarétt að verkum sem kunna að falla undir endurnýtingarheimild frumvarpsins. Að lágmarki verður þó að ætla að stofnun öðlist óheftan nýtingarrétt á þeim verkum sem starfsmenn stofnunar hafa skilað af sér. Þannig má t.d. ætla að höfundaréttur að greinum, skýrslum, ljósmyndum og þess háttar efni sem starfsmaður hefur gagngert unnið að til birtingar á vegum stofnunar yfirfærist til hennar, að svo miklu leyti sem slíkt er stofnuninni nauðsynlegt til starfsemi sinnar. Hins vegar kann að reyna á höfundarétt starfsmanns að viðkomandi efni ef til kemur ný og áður ófyrirséð notkun efnisins sem ekki yrði talin rúmast innan vinnuréttarsambandsins. Dæmi um slíkt er tilkoma nýrrar tækni við birtingu upplýsinga og eftirvinnsla og endurbirting áður birtra upplýsinga.[4]

Þrátt fyrir hugsanlegt framsal höfundaréttar frá starfsmanni til atvinnurekanda verður aldrei um framsal á sæmdarrétti að ræða og því ber atvinnurekanda að taka tillit til þess, þar á meðal réttar starfsmanns til að vera nafngreindur sem höfundur verks, sbr. 4. gr. höfundalaga. Þegar talið er að um sameign atvinnurekanda og starfsmanns sé að ræða á verki sem unnið er í þágu atvinnurekanda kemur það þó ekki í veg fyrir hagnýtingu verks eftir að starfsmaður hættir störfum hjá viðkomandi stofnun. Hins vegar verður starfsemi atvinnurekanda og þar með höfundaréttur að verki sem þannig er til orðið ekki framseldur nema með samkomulagi við starfsmanninn, sbr. 2. mgr. 28. gr. höfundalaga. Verndartími höfundaverka er ævi höfundar að viðbættum 70 árum frá lokum andlátsárs höfundar.

Að því er varðar hugverk, sem ekki uppfylla lágmarksfrumleikaskilyrði höfundalaga til þess að teljast vera afrakstur eigin sköpunar höfundar, kunna þau engu að síður að vera vernduð með sinnar tegundar rétti (sui generis), sbr. 50. gr. höfundalaga. Ákvæðið verndar í 15 ár þá fjárfestingu sem lögð er í að framleiða, viðhalda og birta upplýsingar í gagnagrunnum, skrám og töflum. Sinnar tegundar rétturinn er í öllum tilvikum í eigu atvinnurekanda þegar um framleiðslu gagnagrunna, skráa og taflna er að ræða í vinnuréttarsambandi. Ætla má að um rétt ríkisins að svonefndum grunnskrám þjóðfélagsins fari skv. 50. gr. höfundalaga. Hafa ber þó í huga að gagnagrunnur kann að innihalda sjálfstæð höfundaverk sem njóta áfram sjálfstæðrar verndar þótt þau séu orðin hluti af gagngrunni, t.d. ljósmyndir, kort og

---

[3] Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn tveimur vísindamönnum við Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá (sakamál nr. 239/1992, dags. 17. febrúar 1993) reyndi á hvort stofnunin eða starfsmennirnir ættu rannsóknargögn sem hinir síðarnefndu tóku með sér í mótmælaskyni við flutning stofnunarinnar austur á land. Í forsendum dómsins kom fram að sýkna byggðist á því að ekki yrði loku skotið fyrir það að stofnunin og starfsmennirnir væru sameigendur gagnanna. Varð því ekki sannað að um heimildarlaust brottnám gagna í eigu ríkisstofnunar væri að ræða.

[4] Samkvæmt dómafordæmum frá Danmörku og Bandaríkjum Norður-Ameríku gátu blaðamenn fengið lagt lögbann við endurbirtingu frétta á vefútgáfu dagblaðs sem voru upphaflega skrifaðar fyrir prentaða útgáfu blaðsins. Í dómunum var fallist á að þrátt fyrir ráðningarsamband milli útgefenda og blaðamanna yrði höfundaréttur þeirra virkur þegar um væri að ræða nýja tegund birtingar og því ættu þeir rétt til sérstakrar greiðslu fyrir þá notkun.

teikningar. Endurnýtingarheimild gagnagrunns kann því að vera háð þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns og jafnvel starfsmanns stofnunar til slíkra verka.

V.

Eftirspurn eftir opinberum upplýsingum til endurnotkunar hefur alltaf verið nokkur og fer vaxandi. Eftir því sem hún eykst hefur þörf á samræmdum reglum um verðlagningu fyrir slíka notkun aukist. Í Bandaríkjunum var strax mörkuð sú stefna að hið opinbera skyldi eftirláta einkaaðilum á markaði allan þann virðisauka sem hægt væri að hafa af endurnotkun þeirra upplýsinga sem hið opinbera aflaði af öðrum ástæðum. Í Evrópu hefur á hinn bóginn ekki verið mörkuð um þetta almenn stefna fyrr en með tilskipun (EB) nr. 2003/98, jafnvel þótt sums staðar hafi aðgangur að opinberum upplýsingum almennt verið veittur á kostnaðargrundvelli án tillits til þess í hvaða skyni upplýsingarnar væru ætlaðar. Í 6. gr. tilskipunarinnar er því slegið föstu að gjöld fyrir endurnotkun opinberra upplýsinga megi að hámarki nema endurheimtu kostnaðar við söfnun, framleiðslu, afritun eða dreifingu auk hóflegra afskrifta.

Sú stefnumörkun sem fram kemur í þessu frumvarpi leggur áherslu á hóflega verðlagningu á opinberum upplýsingum og gengur þannig að hluta til lengra en 6. gr. tilskipunarinnar. Telji stjórnvald gjaldtöku nauðsynlega megi gjaldið að hámarki nema kostnaðinum við að framreiða, afrita eða dreifa upplýsingunum auk hóflegra afskrifta. Almennt skuli því ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem safnað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Þá leiðir einnig af þessari stefnumörkun að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera kann að eiga ýmist höfundarétt að eða rétt skv. 50. gr. höfundarlaga. Þessi stefnumótum birtist í 3. og 4. gr. frumvarpsins, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr., og 6. og 7. mgr. 27. gr. upplýsingalaga, verði frumvarpið að lögum. Þetta á við um gögn sem einvörðungu eru háð réttindum ríkis eða sveitarfélaga samkvæmt höfundalögum. Eigi þriðji maður jafnframt réttindi yfir gögnunum samkvæmt höfundalögum falla gögnin utan við gildissvið VIII. kafla, sbr. 2. tölul. 4. mgr. 24. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. og 2. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er að finna meginreglu laganna um upplýsingarétt almennings.

Inntak meginreglunnar skýrist fyrsta kastið af orðalagi hennar sjálfrar en skv. 1. mgr. 3. gr. laganna er stjórnvöldum „skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða *tiltekið mál* með þeim takmörkunum sem greinir í 4.–6. gr.“ Enda þótt orðinu *mál* beri að ljá rúma merkingu felst þó þegar í því hugtaki ákveðin afmörkun á efni upplýsingaréttarins. Þannig er gerð krafa til að beiðni um aðgang *tiltaki* það *mál* eða þau *gögn í máli* sem leitað er eftir en það kemur um leið í veg fyrir að unnt sé að óska aðgangs að ótilteknum fjölda mála eða gögnum í ótilteknum málum af ákveðinni tegund eða frá ákveðnu tímabili.

Þessi afmörkun eða krafa um tilgreiningu máls er nánar útfærð í 1. mgr. 10. gr. laganna, en þar er um það fjallað hvernig beiðni um aðgang að gögnum skuli sett fram. Við skýringu á þeirri heimild 1. mgr. 10. gr. upplýsingalaga að aðili máls geti tilgreint þau *gögn* sem hann óskar að kynna sér, verður að taka tillit til framangreindrar afmörkunar upplýsingaréttarins í 1. mgr. 3. gr.

Sama afmörkun er enn fremur áréttuð í 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem fram kemur til hvaða gagna upplýsingarétturinn tekur. Í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. er tekið skýrt af skarið um að rétturinn taki til „allra skjala sem *mál varða*“. Í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. er mælt svo fyrir að rétturinn taki einnig til „allra annarra gagna sem *mál varða*“ og loks er í 3. tölul. 2. mgr.

3. gr. kveðið svo á að hann taki til „dagbókarfærslna sem lúta að *gögnum málsins* og lista yfir málsgögn.“ Upplýsingaréttur aðila er einnig afmarkaður við tiltekið mál í 1. mgr. 9. gr. laganna. Þar segir að stjórnvöldum sé skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem varða *„tiltekið mál“* ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Af framansögðu leiðir að þegar beðið er um aðgang að tilteknum gögnum verður erindið að tengjast *tilteknu máli*. Þessi niðurstaða byggist einnig á fyrirmyndum upplýsingalaganna. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarps þess er varð að upplýsingalögum er tekið fram að gengið sé út frá sömu tilhögun og fram kemur í norsku og dönsku upplýsingalögunum um þetta efni. Þannig sagði svo í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. þeirra norsku upplýsingalaga, sem voru í gildi, þegar frumvarp það var samið, er varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996: „Enhver kan hos vedkomennde forvaltningsorgan kreve å få gjøre seg kjent med det offentlige innholdet av dokumenter i en *bestemt sak*.“

Þá leiðir af sama áskilnaði að gögn sem 1. mgr. 3. gr. tekur til eru eingöngu þau sem til eru þegar beiðni um þau er afgreidd. Þessi regla leggur því ekki á stjórnvöld skyldu til að útbúa ný gögn til að geta orðið við beiðni, þ.e. ekki umfram það sem leiðir af skyldu skv. 7. gr. laganna til að veita aðgang að þeim hluta gagna sem undanþága eða takmörkun tekur ekki til, ef því er að skipta. Tilskipun (EB) nr. 2003/98 gerir heldur ekki kröfur umfram þetta.

Þar sem misskilnings hefur gætt um framangreind atriði við framkvæmd upplýsingalaganna er í 1. og 2. gr. frumvarpsins lagt til að 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna verði orðaðar skýrar að þessu leyti.

Að því er síðastnefnt atriði varðar er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að á því verði hnykkt á tvo vegu í 1. mgr. 3. gr. Annars vegar með því að tiltaka að greinin taki einvörðungu til fyrirliggjandi gagna í vörslu stjórnvalda og hins vegar með því að taka upp sérstakt ákvæði um að á stjórnvöld verði ekki lögð skylda til að útbúa ný gögn sérstaklega til að verða við beiðni. Við setningu upplýsingalaga var mörkuð sú löggjafarstefna að haga málfari laganna á þann hátt að almenningur gæti gert þeim skil. Í samræmi við það er hér einnig lagt til að sama ályktun og yrði að öðru jöfnu dregin af fyrri málslið 1. mgr. 3. gr. verði hér sérstaklega fest í lög. Af því leiðir að nauðsynlegt er að færa í orð það frávik frá þeirri reglu sem leiðir af 7. gr. laganna, en samkvæmt því ákvæði getur stjórnvöldum verið skylt að framleiða ný gögn þegar skylt er að veita aðgang að þeim hluta gagna sem undanþágur eða takmarkanir taka ekki til.

Þá er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að í 1. mgr. 10. gr. verði áréttað að beiðni um aðgang að gögnum verði annaðhvort að binda við *tiltekin skjöl eða önnur gögn máls*, sem aðili óskar eftir að fá að kynna sér, eða *öll gögn tiltekins máls*. Þegar óskað er eftir að fá aðgang að öllum gögnum tiltekins máls á hlutaðeigandi rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem talin eru upp í 2. mgr. 3. gr., enda standi ákvæði 4.–6. gr. því ekki í vegi.

Í beiðni verður að tilgreina gögn máls eða málið með það glöggum hætti að stjórnvöldum sé fært að hafa uppi á málinu og gögnum þess.

Það leiðir af 1. mgr. 10 gr. að ekki er hægt að biðja um gögn í ótilgreindum málum, t.d. þegar beðið er um aðgang að öllum málum af ákveðinni tegund eða frá tilteknu tímabili.

Um 3. gr.

11. gr. upplýsingalaga kveður á um málshraða við meðferð beiðna um aðgang að upplýsingum. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er hér lagt til að bætt verði við þessa grein nýrri málsgrein þar sem innleidd verði skylda til þess að upplýsa um nafn rétthafa höfundaréttar að gögnum sem veittur er aðgangur að, ef upplýsingar um nafn hans liggja á annað

borð fyrir, enda er almennt ekki heimilt að endurnota slíkar upplýsingar nema höfundaréttur sé virtur.

Um 4. gr.

Þegar fyrir liggur að hvaða gögnum aðgangur er heimill er í 12. gr. fjallað um á hvern hátt hann megi veita. Í því skyni hafa almennt komið tvær leiðir til greina. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. upplýsingalaga hefur meginreglan verið sú að stjórnvald tekur fyrsta kastið sjálft ákvörðun um hvort umbeðin gögn verði sýnd eða hvort það veitir af þeim ljósrit eða afrit. Fari aðili hins vegar sjálfur fram á að fá ljósrit eða afrit skal orðið við þeirri beiðni skv. 2. mgr. sömu greinar, nema gögnin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið. Í því tilviki, eða ef stjórnvald hefur ekki til þess aðstöðu, er því heimilt að fela öðrum, svo sem fjölföldunarstofu, að annast ljósritun eða afritun gagnanna, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Ef aðili óskar sjálfur að fá ljósrit eða afrit af þeim gögnum, sem hann leitar eftir aðgangi að, er stjórnvaldi heimilt að endurheimta kostnað sem af því stafar, sbr. 4. mgr. 12. gr. upplýsingalaga.

Í þessari grein er lagt til að 12. gr. laganna taki eftirtöldum breytingum í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Í samræmi við 5. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. lagt til að stjórnvöldum verði eftir því sem við verður komið skylt að afhenda upplýsingar á því formi eða með því sniði og á þeim tungumálum sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Ef skjal er þannig til á rafrænu formi er hægt að velja um að fá skjalið á því formi. Mikilvægi þessarar reglu felst í réttinum til þess að fá aðgang að rafrænu formi skjala, séu þau til á slíku formi, og endurnota upplýsingarnar með því að tengja þær við aðrar upplýsingar í nýjum tilgangi og skapa þannig með því nýja afurð. Ef upplýsingar eru aðeins til á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá aðgang að þeim á því formi eða prentaðar á pappír. Séu upplýsingarnar þegar aðgengilegar almenningi, t.d. á heimasíðu stjórnvaldsins eða á annarri vefslóð, er almennt fullnægjandi að vísa á upplýsingarnar þar.

Þeim fyrirvara er haldið með orðunum „eftir því sem við verður komið“ að ekki séu í vegi sérstakar hindranir við að veita afrit eða ljósrit af gögnum. Þannig geta skjöl t.d. verið þannig útlits að ógerlegt sé að ljósrita þau.

Sá varnagli 2. mgr. 12. gr. gildandi laga, um að ekki skuli verða við erindi um að fá ljósrit af skjölum eða afrit sé fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið, er felldur niður. Á því er byggt að stjórnvald geti í slíkum tilvikum notað heimild 3. mgr. og falið verktaka að sjá um fjölföldunina.

Í 3. mgr. er stjórnvaldi heimilt að fela öðrum að sjá um ljósritun skjala þegar fjöldi þeirra er mikill. Stjórnvald getur einnig verið vanbúið til að veita umbeðin ljósrit eða önnur afrit, t.d. þegar um mikinn fjölda er að ræða eða tækjabúnaður til afritunar, t.d. af hljóðupptökum, er ekki fyrir hendi. Kostnað við aðkeypta þjónustu samkvæmt reikningi verktaka greiðir sá sem um ljósrit eða afrit hefur beðið.

Í 4. mgr. er forsætisráðherra ætlað að setja gjaldskrá fyrir ljósrit eða afrit sem veitt verða samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga. Sú breyting er gerð á ákvæðinu að heimilt verður að taka gjald sem mætir öllum þeim kostnaði sem hlýst af því að veita ljósrit og afrit af gögnum. Með ákvæði þessu er innleidd 6. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98. Þar sem um þjónustugjald er að ræða má ekki taka hærra gjald en nemur öllum föstum og breytilegum kostnaði af því að veita ljósrit eða afrit af gögnum. Hér má því t.d. taka gjald til að mæta öllum kostnaði af framreiðslu, fjölföldun og dreifingu auk sanngjarnrar hlutdeildar í afskriftum á fjárfestingu í vélum og tækjum sem þörf er á við ljósritun eða afritun gagna. Öll stjórnvöld sem undir lög

þessi heyra og veita aðgang að upplýsingum á grundvelli þeirra geta tekið gjald samkvæmt gjaldskrá forsætisráðuneytisins. Í ýmsum sérlögum koma fram heimildir til gjaldtöku fyrir aðgang að gögnum og upplýsingum sem áfram halda gildi sínu.

Um 5. gr.

Lagt er til að nýjum kafla verði bætt við upplýsingalögin í samræmi við stefnu stjórnvalda um að auðvelda skuli endurnotkun opinberra upplýsinga til hagsmuna fyrir samfélagið í heild, sem verði VIII. kafli þeirra, og með honum m.a. innleidd ákvæði tilskipunar (EB) nr. 2003/98, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Kaflinn hefur að geyma fimm greinar sem verða að 24.–28. gr. upplýsingalaga.

Í 24. gr. er fjallað um markmið og gildissvið VIII. kafla. Með 2. mgr. 24. gr. kemur fram skilgreining á endurnotum opinberra upplýsinga og er þar m.a. byggt á 4. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Í 3. mgr. 24. gr. er tekið af skarið um að ákvæði kaflans gildi um endurnot á fyrirliggjandi upplýsingum sem séu í vörslum stjórnvalda og almenningur á rétt til aðgangs að á grundvelli 3. gr. upplýsingalaga eða annarra ákvæða sem veita almenningi slíkan rétt. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar gilda því ákvæði kaflans ekki um upplýsingar sem eru einvörðungu aðgengilegar aðila máls, t.d. skv. 9. gr. upplýsingalaga eða 15. gr. stjórnsýslulaga en ekki almenningi. Þá gilda ákvæði kaflans einungis um endurnot upplýsinganna en mæla ekki á neinn hátt fyrir um rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum. Ákvæði VIII. kafla skylda ekki stjórnvöld til þess að safna upplýsingum sem ekki eru þegar fyrirliggjandi í vörslum þeirra. Í 4. mgr. 24. gr. kemur fram undantekning frá gildissviði kaflans þar sem ákvæði hans gilda ekki um upplýsingar sem teknar eru saman af stjórnvöldum í viðskiptalegum tilgangi, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þá gildir kaflinn heldur ekki um endurnot á gögnum og skrám sem þriðji maður á lögvarinn réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, sbr. 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Á hinn bóginn gilda ákvæði kaflans um gögn og upplýsingar sem ríki, sveitarfélög eða stofnanir þeirra eiga ein réttindi yfir samkvæmt höfundalögum. Með afmörkun á því hvaða aðilar teljist til ríkis og sveitarfélaga í þessu ákvæði má vísa til þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga. Utan við gildissvið hugtaksins stjórnvald í skilningi 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga falla t.d. öll fyrirtæki sem ríki og sveitarfélög eiga og sett hafa verið á fót á einkaréttarlegum grundvelli, svo sem hlutafélög, einkahlutafélög, sameignafélög o.s.frv. Hugtakið stjórnvald í þessari merkingu tekur heldur ekki til Alþingis og dómstóla svo og stofnana sem starfa á þeirra vegum. Til viðbótar er það skilyrði síðan sett að það stjórnvald, sem fer með fyrirsvar réttindanna af hálfu hins opinbera, falli ekki undir ákvæði 3. mgr. 25. gr.

Í 25. gr. er fjallað um skilgreiningu á stjórnvöldum sem falla undir ákvæði kaflans. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar hefur hún annað og víðara gildissvið en 1. gr. upplýsingalaga gerir að öðru leyti ráð fyrir. Afmörkun tilskipunarinnar byggist á skilgreiningu sem fram kemur í tilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup, sbr. 10. tölul. formálsorða tilskipunar (EB) nr. 2003/98, um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Afmörkun á gildissviði kaflans hefur því verið útfærð með sama hætti og gert er í 3. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup. Í 3. mgr. 25. gr. er lagt til að einnig verði teknar í lög undantekningar á gildissviði kaflans sem eiga sér stoð í 1. gr. tilskipunar (EB) nr. 2003/98. Þannig er svo fyrir mælt í a-lið 3. mgr. 25. gr. að Ríkisútvarpið falli ekki undir ákvæði kaflans og er það í samræmi við d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Í b-lið 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að skólar og rannsóknastofnanir falli ekki undir ákvæði kaflans en það byggist á e-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þannig falla t.d. Háskóli Íslands og stofnanir hans, svo og aðrir ríkisháskólar, ekki undir ákvæði kaflans. Framhaldsskólar, grunnskólar

og Námsgagnastofnun falla heldur ekki undir ákvæði kaflans. Sem dæmi um rannsóknastofnanir sem ekki falla undir lögin má nefna rannsóknastofnanir á vegum háskóla, svo sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir gildissvið kaflans falla heldur ekki eftirtaldar rannsóknastofnanir atvinnuveganna: Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir. Loks er svo mælt fyrir í c-lið 3. mgr. 25. gr. að menningarstofnanir falli ekki undir ákvæði kaflans. Það er í samræmi við f-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar en samkvæmt því ákvæði falla þar t.d. undir opinber söfn, bókasöfn, skjalasöfn, hljómsveitir, óperur og leikhús. Sem dæmi um stofnanir sem ekki falla undir ákvæði kaflans má nefna: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Örnefnastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið. Sem dæmi um stofnanir sem hins vegar verða taldar falla undir ákvæði kaflans þrátt fyrir að þær sinni ákveðnum rannsóknum eru Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands. Í 4. mgr. 25. gr. er loks kveðið svo á að hlutaðeigandi ráðherra geti mælt svo fyrir, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., að ákveðnar stofnanir, sem undantekningarákvæðið tekur til, falli engu að síður undir ákvæði þessa kafla, hvort sem það er um ákveðin gagnasöfn eða að öllu leyti.

Í 26. gr. eru settir fram almennir skilmálar fyrir endurnotum opinberra upplýsinga. Í ákvæðinu koma fram almennir skilmálar fyrir endurnotum að upplýsingum sem er að finna í einstökum málum sem almenningur á aðgang að skv. 3. gr. upplýsingalaga eða öðrum lagaákvæðum. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að settir verði sérstakir skilmálar þar um. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja sérstaka skilmála um endurnot upplýsinga sem fengnar eru úr opinberum skrám en ákvæði 27. gr. gilda um það. Í a-lið 26. gr. er í raun áréttaður gildandi réttur en þar er að finna þau ákvæði og réttindi annarra sem geta staðið í vegi fyrir endurnotum á opinberum upplýsingum. Í b-lið 26. gr. er lögð sú skylda á þann sem endurnotar opinberar upplýsingar að geta ávallt um uppruna upplýsinganna. Reynist upplýsingar rangar getur það skipt máli að geta rakið sig að uppruna upplýsinganna og fengið þær leiðréttar. Í c-lið 26. gr. er síðan mælt fyrir um að skýrt skuli koma fram hver beri ábyrgð á vinnslu þeirra opinberu upplýsinga sem endurnotaðar eru þegar þær eru gerðar öðrum aðgengilegar. Sá sem ábyrgð ber á vinnslu upplýsinganna ber að lögum bóta- og refsiábyrgð svo og aðra ábyrgð á vinnslu og miðlun upplýsinganna.

Í 27. gr. er fjallað um endurnot upplýsinga úr opinberum skrám. Taka ber skýrt fram að hvorki ákvæði 27. gr. né önnur ákvæði VIII. kafla veita sjálfstæðan rétt til aðgangs að opinberum skrám. Sé á hinn bóginn veittur aðgangur að upplýsingum úr skrám á grundvelli 3. mgr. 3. gr. upplýsingalaga eða á grundvelli annarra lagaheimilda, sem veita almenningi aðgang að slíkum upplýsingum, taka ákvæði 27. gr. á því hvernig endurnota má þær upplýsingar og að hvaða skilyrðum uppfylltum. Með skrá er átt við skipulagsbundið safn upplýsinga. Afmörkun skilgreiningarinnar fellur að skilgreiningu á hugtakinu skrá í 3. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 að öðru leyti en því að ekki er áskilið að í skránni sé fjallað um persónuupplýsingar. Í 1. mgr. 27. gr. er stjórnvöldum gert heimilt að áskilja að endurnot upplýsinga séu leyfisskyld og uppfylli sérstök skilyrði, svo sem um gæði upplýsinga, uppfærslu þeirra o.fl., sbr. 8. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar er síðan mælt svo fyrir að gæta skuli samræmis og jafnréttis við útfærslu slíkra skilyrða og mega þau ekki takmarka möguleika á endurnotum upplýsinganna eða samkeppni óhóflega. Í samræmi við 9. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir að stjórnvöld skuli birta á heimasíðu sinni lista yfir þær skrár sem hafa að geyma upplýsingar í þeirra vörslum sem heimilt er að endurnota, svo og skilyrði

sem slík endurnot eru bundin. Í 3. mgr. 27. gr. er mælt svo fyrir að umsókn um leyfi fyrir endurnotum á upplýsingum úr opinberum skrám skuli beint til þess stjórnvalds sem lögum samkvæmt ber ábyrgð á færslu og vinnslu upplýsinganna í hlutaðeigandi skrá. Þannig ber ekki að beina slíku erindi að vinnsluaðila sem t.d. hýsir upplýsingar fyrir stjórnvöld í skilningi 13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, heldur ábyrgðaraðila. Í 4. mgr. 27. gr. segir að stjórnvald skuli afgreiða umsókn um leyfi til endurnota á upplýsingum úr opinberum skrám svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 20 daga frá því umsókn barst skal skýra frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Þar sem almennt getur tekið mun lengri tíma að ákveða skilmála fyrir endurnotum á opinberum upplýsingum en að veita aðgang að þeim er frestur þessi lengri en í 11. gr. upplýsingalaga og samræmist 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Þegar upplýsingar sem óskað er eftir að endurnota eru háðar rétti þriðja aðila samkvæmt höfundalögum falla upplýsingarnar utan við gildissvið ákvæða þessa kafla. Þegar svo stendur á ber stjórnvöldum ekki aðeins að synja um að veita leyfi til að endurnota upplýsingarnar heldur ber að tilgreina nafn rétthafa eða umboðsmanns hans. Þegar stjórnvöld veita aðgang að upplýsingum úr opinberum skrám skv. 3. mgr. 3. gr. laganna eða ákvæðum sérlaga er þeim heimilt að taka gjald skv. 6. mgr. 27. gr. á grundvelli þeirra heimilda sem 12. gr. mælir fyrir um. Sá munur er þó á að stjórnvald verður fyrst að setja sér gjaldskrá á grundvelli þeirra sjónarmiða sem 12. gr. er byggð á og birta hana lögum samkvæmt auk þess sem skylt er að hafa hana aðgengilega á heimasíðu stjórnvaldsins. Ákvæði 6. mgr. 27. gr. haggar ekki við öðrum ákvæðum í lögum sem heimila viðtækari gjaldtöku fyrir að veita aðgang að upplýsingum eða gögnum hjá stjórnvöldum. Ekki þarf að greiða fyrir endurnot á upplýsingum, sem falla undir ákvæði þessa kafla og eru háðar höfundarétti hins opinbera, umfram það sem segir í 6. mgr., nema önnur lög mæli svo sérstaklega fyrir. Loks er í 27. gr. mælt svo fyrir að ef stjórnvöld gera upplýsingar almenningi aðgengilegar á netinu, sem þriðji maður á lögvarin réttindi yfir samkvæmt höfundalögum, skuli tilgreina nafn rétthafa svo ekki valdi vafa að upplýsingarnar falla ekki undir ákvæði VIII. kafla laganna og að semja þurfi því við rétthafa um endurnot upplýsinga.

Í 28. gr. er mælt svo fyrir að stjórnvöld megi ekki gera samninga um sérleyfi um endurnot opinberra upplýsinga sem ákvæði þessa kafla taka til, sbr. þó 2. mgr. 28. gr. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. er í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar. Í samræmi við 11. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir í 2. mgr. 28. gr. að ef ætla megi að opinberar upplýsingar verði ekki endurnotaðar í þágu almannahagsmuna nema á grundvelli sérleyfis sé heimilt að gera slíkan samning enda komi fram í honum rökstuðningur fyrir því. Endurmeta ber rök fyrir slíkum sérleyfissamningum reglubundið og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Ef í ljós kemur að þremur árum liðnum að fleiri en einn aðili hafa nú áhuga á að endurnota upplýsingar á viðkomandi markaði eru ekki lengur skilyrði til þess að gera slíkan sérleyfissamning. Í ákvæði til bráðabirgða er mælt svo fyrir að sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem ekki uppfylli skilyrði 2. mgr. 28. gr. skuli renna út eigi síðar en 31. desember 2008 og er það í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ekki er kunnugt um að í gildi séu sérleyfissamningar um endurnot opinberra upplýsinga sem öllum eru aðgengilegar og falla undir gildissvið þessa kafla.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 5. gr. (28. gr.).

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/98/EB

frá 17. nóvember 2003

um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar og kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

2) Þróun í átt til upplýsinga- og þekkingarsamfélags hefur áhrif á líf allra borgara í Evrópusambandinu með því, m.a., að gera þeim kleift að leita nýrra leiða til aðgangs að þekkingu og þekkingaröflunar.

3) Stafrænt efni gegnir mikilvægu hlutverki í þessari þróun. Framleiðsla á slíku efni hefur stuðlað að örri atvinnusköpun á undanförnum árum og heldur sú þróun áfram. Flest þessara starfa verða til í litlum, nýstofnuðum fyrirtækjum.

4) Hið opinbera lætur safna, framleiða, fjölfalda og dreifa margvíslegum upplýsingum á ýmsum sviðum, s.s. á sviði félagsmála, efnahagsmála, landafræði, veðurs, ferðamála, viðskipta, einkaleyfa og menntamála.

5) Eitt af meginmarkmiðunum með því að koma á fót innri markaði er að skapa skilyrði sem stuðla að þróun þjónustu sem nær til alls Bandalagsins. Upplýsingar frá hinu opinbera eru mikilvægur efniviður í stafrænar vörur og þjónustu og verða jafnvel enn mikilvægari uppspretta efnis eftir því sem þráðlaus efnisþjónusta þróast. Víðtæk landfræðileg útbreiðsla yfir landamæri mun einnig skipta sköpum í þessu samhengi. Auknir möguleikar á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera ættu m.a. að gera evrópskum fyrirtækjum kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun.

6) Verulegur munur er á reglum og venjum aðildarríkjanna um hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera og kemur hann í veg fyrir að þessi mikilvæga uppspretta gagna sé nýtt til fulls. Mjög mismunandi hefðir hafa skapast hjá opinberum aðilum varðandi hagnýtingu upplýsinga frá hinu opinbera. Þetta ber að hafa í huga. Því skal fara fram lágmarkssamræming á innlendum reglum og venjum um endurnotkun gagna frá hinu opinbera þegar innlendar reglur og venjur eða skortur á skýrleika hindra snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Bandalaginu.

7) Án lágmarkssamræmingar innan Bandalagsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, sem þegar er hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, ennfremur

([1]) Stjtíð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 382.
([2]) Stjtíð. EB C 85, 8.4.2003, bls. 25.
([3]) Stjtíð. EB C 73, 26.3.2003, bls. 38.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. maí 2003 (Stjtíð. B C 159 E, 8.7.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 25. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 27. október 2003.

leitt til þess að munurinn verði ennþá meiri. Áhrif þessa lagaósamræmis og réttaróvissu munu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast, en það hefur þegar aukið verulega hagnýtingu upplýsinga yfir landamæri.

8) Brýnt er að setja almennan ramma um skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera til að tryggja að skilyrðin fyrir endurnotkun slíkra upplýsinga séu sanngjörn, án mismununar og hlutfallsbundin. Opinberir aðilar safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnum við opinber störf sín. Notkun slíkra gagna í öðrum tilgangi telst endurnotkun. Aðildarríkin geta gengið lengra í stefnum sínum en lágmarksstaðlarnir, sem settir eru í þessari tilskipun, og þannig heimilað víðtækari endurnotkun.

9) Þessi tilskipun felur ekki í sér skyldu til að heimila endurnotkun gagna. Það er áfram ákvörðun aðildarríkisins eða hlutaðeigandi opinbers aðila hvort heimila skuli slíka endurnotkun eða ekki. Þessi tilskipun gildir um gögn sem gerð eru aðgengileg til endurnotkunar þegar opinberir aðilar gefa út leyfi fyrir upplýsingum, selja, dreifa, skiptast á eða gefa út upplýsingar. Til að komast hjá vixlniðurgreiðslum skal endurnotkun fela í sér frekari notkun gagna innan stofnunarinnar sjálfrar vegna starfsemi sem fellur utan opinbers starfssviðs hennar. Dæmigerð starfsemi sem er utan opinbers starfssvið nær til afhendingar gagna sem eru búin til og tekið er gjald fyrir eingöngu á viðskiptagrundvelli og í samkeppni við aðra á markaðinum. Skilgreiningunni „gögn“ er ekki ætlað að taka til tölvuforrita. Tilskipun þessi byggir á því fyrirkomulagi um aðgang sem fyrir er í aðildarríkjunum og hefur ekki áhrif á innlendar reglur um aðgang að gögnum. Hún gildir ekki í þeim tilvikum þar sem borgarar eða fyrirtæki geta, samkvæmt gildandi fyrirkomulagi um aðgang, einungis fengið gögn með því að sýna fram á að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta. Á vettvangi Bandalagsins er viðurkenndur í 41. gr. (réttur til góðrar stjórnsýslu) og 42. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, réttur allra borgara í Evrópusambandinu og allra einstaklinga og lögaðila sem hafa fasta búsetu eða skráð aðsetur í aðildarríki til aðgangs að gögnum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Opinberir aðilar skulu hvattir til að gera öll gögn í vörslu sinni aðgengileg til endurnotkunar. Opinberir aðilar skulu hvetja til og stuðla að endurnotkun gagna, þ.m.t. opinberra laga- og stjórnsýslutexta í þeim tilvikum sem opinber aðili hefur rétt til að heimila endurnotkun þeirra.

10) Skilgreiningarnar á „opinber aðili“ og „stofnun sem heyrir undir opinberan rétt“ eru fengnar úr tilskipununum um opinber innkaup 92/50/EBE ([5]), 93/36/EBE ([6]) og 93/37/EBE ([7]) og 98/4/EB ([8])). Opinber fyrirtæki falla ekki undir þessar skilgreiningar.

11) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um almenna skilgreiningu á hugtakinu „gögn“ í samræmi við þróun innan upplýsingasamfélagsins. Hún tekur til allrar birtingar á aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – og hvers kyns samantektar á slíkum aðgerðum, staðreyndum eða upplýsingum – á hvaða formi sem það er, (ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, sem hljóðritun, upptaka á myndum eða myndmiðlaefni), sem er í vörslu opinberra aðila. Gögn sem eru í vörslu opinbers aðila eru gögn sem opinber aðili hefur rétt til að heimila endurnotkun á.

12) Fresturinn til að svara beiðnum um endurnotkun skal vera sanngjarn og í samræmi við samsvarandi frest vegna beiðna um aðgang að gögnum samkvæmt viðkomandi fyrirkomulagi um aðgang. Sanngjarn frestur í gjörvöllu Evrópusambandinu stuðlar að því að til verði nýjar samsettar upplýsingavörur og -þjónusta á samevrópskum vettvangi. Þegar beiðni um endurnotkun hefur verið samþykkt skulu opinberir aðilar gera gögnin aðgengileg innan þess tímaramma sem þarf svo að efnahagslegt gildi þeirra sé hagnýtt til fulls. Þetta er einkum mikilvægt að því er varðar efni sem tekur örum breytingum, (t.d. upplýsingar um umferð), en efnahagsgildi þess byggist á því að upplýsingarnar séu tiltækar þegar í stað og uppfærðar reglulega. Ef upplýsingarnar eru háðar leyfi getur hluti af skilmálum leyfisins verið þess efnis að gögnin séu aðgengileg innan tiltekinna tímamarka.

([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB (Stjtíð. EB L 285, 29.10.2001, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([7]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 54. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/78/EB.

([8]) Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1.

13) Hægt er að bæta möguleikana til endurnotkunar með því að takmarka þörfina á að færa gögn sem eru á pappír yfir á stafrænt form eða með því að vinna stafrænar skrár til að þær séu innbyrðis samhæfðar. Því ættu opinberir aðilar að gera gögn aðgengileg á sniði eða tungumáli sem til er, með rafrænum hætti þar sem það er mögulegt og á við. Opinberir aðilar skulu bregðast með jákvæðum hætti við beiðnum um útdrætti úr gögnum sem fyrir eru þegar það felur í sér einungis einfalda aðgerð að verða við slíkri beiðni. Opinberum aðilum ber hins vegar ekki skylda til að gera útdrátt úr skjali þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér. Til að auðvelda endurnotkun skulu opinberir aðilar gera eigin gögn aðgengileg á sniði sem, eftir því sem mögulegt er og eftir því sem við á, er ekki háð notkun tiltekins hugbúnaðar. Ef unnt er og eftir því sem við á skulu opinberir aðilar taka tillit til möguleika fatlaðra á því að endurnota gögnin og að það sé gert í þeirra þágu.

14) Ef gjald er tekið fyrir skulu heildartekjurnar ekki vera meiri en sem nemur heildarkostnaðinum við að safna, framleiða, fjölfalda og dreifa gögnunum auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til viðkomandi opinbers aðila, þar sem það á við, um að hann standi undir sér fjárhagslega. Framleiðsla felur í sér að búa til gögnin og setja þau saman, og dreifing getur einnig falið í sér stuðning við notendur. Þar eð koma ber í veg fyrir of háa verðlagningu skulu efri mörk gjalds miðast við endurheimt kostnaðar, auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni, í samræmi við gildandi reikningsskilareglur og viðeigandi aðferðir við kostnaðarútreikninga hlutaðeigandi opinberra aðila. Efri mörk gjalda, sem eru sett í þessari tilskipun, eru með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna eða opinberra aðila til að innheimta lægri gjöld eða engin gjöld og aðildarríkin skulu hvetja opinbera aðila til að gera gögn aðgengileg gegn gjaldi sem er ekki hærra en lágmarkskostnaður við að fjölfalda gögnin og dreifa þeim.

15) Ein af forsendunum fyrir þróun upplýsingamarkaðar innan alls Bandalagsins er að tryggja að skilyrði fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera séu skýr og almenningi aðgengileg. Því skal hugsanlegum endurnotendum gerð skýr grein fyrir öllum gildandi skilyrðum fyrir endurnotkun gagnanna. Í því skyni að stuðla að og greiða fyrir beiðnum um endurnotkun skulu aðildarríkin hvetja til þess að gerðar verði atriðisorðaskrár, sem eru aðgengilegar á Netinu og taka til þeirra gagna sem eru aðgengileg. Umsækjendum um endurnotkun gagna skal gerð grein fyrir þeim leiðum sem þeir hafa til að leggja fram kvartanir varðandi ákvarðanir eða venjur sem hafa áhrif á þá. Þetta er einkum mikilvægt fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem óvíst er að þekki til samskipta við opinbera aðila í öðrum aðildarríkjum og leiða þeirra til kvartana.

16) Birting allra gagna í vörslu hins opinbera sem eru almenningi aðgengileg – sem varða ekki einungis pólítíska ferlið heldur einnig laga- og stjórnsýsluferlið – er grundvallartæki til að víkka út réttinn til þekkingar, sem er ein af grundvallarreglum lýðræðis. Þetta markmið gildir um stofnanir á öllum stjórnsýslustigum, hvort sem er á staðar-, lands- eða alþjóðavísu.

17) Í sumum tilvikum eru gögn endurnotuð án þess að samið hafi verið um leyfi. Í öðrum tilvikum er leyfi veitt með skilyrðum um endurnotkun sem leyfishafa eru sett og taka til atriða eins og skaðabótaábyrgðar, réttrar notkunar gagnanna sem tryggir að þeim sé ekki breytt og að uppruna þeirra sé getið. Ef opinberir aðilar leyfa að gögn séu endurnotuð skulu skilyrðin fyrir leyfinu vera sanngjörn og gegnsæ. Stöðluð leyfi sem eru aðgengileg á Netinu geta einnig gegnt mikilvægu hlutverki í þessu tilliti. Því skulu aðildarríkin kveða á um að stöðluð leyfi séu tiltæk.

18) Ef lögbæra yfirvaldið ákveður að tiltekin gögn séu ekki lengur aðgengileg til endurnotkunar eða ákveður að hætta að uppfæra þessi gögn skal það auglýsa þessar ákvarðanir opinberlega, við fyrsta tækifæri, með rafrænum hætti eftir því sem við verður komið.

19) Skilyrðin fyrir endurnotkun skulu ekki fela í sér mismunun að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar. Þetta skal, t.d. ekki koma í veg fyrir að opinberir aðilar skiptist á upplýsingum án endurgjalds vegna opinberra verkefna, þó svo að gjald sé tekið af öðrum aðilum vegna endurnotkunar sömu gagna. Þetta skal ekki heldur koma í veg fyrir að samþykkt verði aðskilin gjaldtökustefna eftir því hvort endurnotkunin er í atvinnuskyni eða ekki.

20) Opinberir aðilar skulu virða samkeppnisreglur við setningu meginreglna um endurnotkun gagna og forðast eins og mögulegt er gerð einkaréttarsamninga við einkaaðila. Hins vegar

kann einkaréttur á endurnotkun sérstakra gagna frá hinu opinbera stundum að vera nauðsynlegur í því skyni að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þetta getur gilt ef enginn atvinnuútgefandi myndi gefa upplýsingar út án slíks einkaréttar.

21) Þessi tilskipun skal koma til framkvæmda og henni beitt í fullu samræmi við meginreglurnar um verndun persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([9]).

22) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á hugverkarétt þriðju aðila. Til að taka af allan vafa vísar hugtakið „hugverkaréttur" einungis til höfundaréttar og skyldra réttinda (þ.m.t. vernd sinnar tegundar (sui generis)). Þessi tilskipun gildir ekki um gögn sem falla undir hugverkarétt á sviði iðnaðar, svo sem einkaleyfi, skráða hönnun og vörumerki. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á hugverkarétt opinberra aðila né eignarhald þeirra á slíkum rétti, né takmarkar hún beitingu þessa réttar á nokkurn hátt út fyrir þau mörk sem þessi tilskipun setur. Skyldurnar sem lagðar eru á með þessari tilskipun skulu einungis gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum (Bernarsáttmálans) og samningsins um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins). Opinberir aðilar skulu þó beita höfundarrétti sínum þannig að það auðveldi endurnotkun.

23) Hjálparúrræði fyrir hugsanlega endurnotendur til að finna gögn sem eru aðgengileg til endurnotkunar og skilyrðin fyrir endurnotkun geta auðveldað verulega notkun gagna frá hinu opinbera yfir landamæri. Aðildarríkin skulu því tryggja að hagnýtt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem hjálpar endurnotendum í leit sinni að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar. Skrá, helst aðgengileg á Netinu, yfir helstu gögn, (gögn sem eru mikið endurnotuð eða hafa möguleika til að vera mikið endurnotuð), og vefgáttir sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár yfir gögn eru dæmi um slíkt hagnýtt fyrirkomulag.

24) Tilskipun þessi er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu ([10]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna ([11]). Hún útskýrir skilyrðin sem gilda um beitingu opinberra aðila á hugverkarétti sínum á innri upplýsingamarkaðnum þegar endurnotkun gagna er leyfð.

25) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð fyrirhuguðu markmiði, þ.e. að greiða fyrir að búnar verði til upplýsingavörur og -þjónusta alls staðar í Bandalaginu sem byggjast á gögnum frá hinu opinbera, að auka skilvirka notkun einkafyrirtækja yfir landamæri á gögnum frá hinu opinbera í upplýsingavörur og þjónustu sem hafa aukið virði og að takmarka röskun á samkeppni á markaði Bandalagsins, og í ljósi þess að umfang og áhrif framangreindrar aðgerðar eru svo samofin Bandalaginu að auðveldara er að ná þessu markmiði á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu því heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð. Með tilskipun þessari skal ná fram lágmarkssamræmingu og komast þannig hjá frekara misræmi í meðhöndlun aðildarríkjanna á endurnotuðum gögnum frá hinu opinbera.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru settar lágmarksreglur um endurnotkun og hagnýtar leiðir til að auðvelda endurnotkun gagna sem til eru og eru í vörslu opinberra aðila í aðildarríkjunum.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) gögn ef afhending þeirra er utan við starfssvið hlutaðeigandi opinberra aðila eins og það er skilgreint í lögum eða öðrum bindandi reglum í aðildarríkinu, eða, ef slíkar reglur eru ekki til staðar, eins og það er skilgreint í samræmi við al-

([9]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([10]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

([11]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20.

mennar stjórnsýsluvenjur í aðildarríkinu sem um ræðir,

b) gögn sem þriðju aðilar eiga hugverkarétt á,

c) gögn sem ekki er aðgangur að samkvæmt fyrirkomulagi um aðgang í aðildarríkjunum, þ.m.t vegna:

— verndar þjóðaröryggis (þ.e. öryggis ríkisins), landvarna og almannaöryggis,

— trúnaðarkvaða í hagskýrslum eða viðskiptaleyndar,

d) gögn sem eru í vörslu opinberra útvarpsrekanda og dótturfyrirtækja þeirra eða í vörslu annarra stofnana eða dótturfyrirtækja þeirra sem nota þau til að sinna verkefnum á sviði opinberra útvarpssendinga,

e) gögn sem eru í vörslu mennta- og rannsóknastofnana, svo sem skóla, háskóla, safna, bókasafna, rannsóknaraðstöðu, þ.m.t., ef við á, stofnunum sem komið er á fót til að yfirfæra rannsóknarniðurstöður,

f) gögn sem eru í vörslu menningarstofnana, svo sem safna, bókasafna, skjalasafna, hljómsveita, óperu, balletta og leikhúsa.

3. Tilskipun þessi byggir á og er með fyrirvara um það fyrirkomulag um aðgang sem fyrir er í aðildarríkjunum. Tilskipun þessi gildir ekki í tilvikum þar sem borgarar eða fyrirtæki verða að sýna fram á að þeir hafi sérstakra hagsmuna að gæta samkvæmt fyrirkomulaginu um aðgang til að fá aðgang að gögnunum.

4. Tilskipun þessi skerðir ekki og hefur á engan hátt áhrif á umfang verndunar einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðum laga Bandalagsins og innlendra laga og einkum breytir hún ekki þeim skyldum og réttindum sem sett eru fram í tilskipun 95/46/EB.

5. Skyldurnar sem lagðar eru á með þessari tilskipun skulu einungis gilda að svo miklu leyti sem þær samræmast ákvæðum alþjóðasamninga um hugverkaréttarvernd, einkum Bernarsáttmálans og TRIPS-samningsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „opinber aðili“: ríkið, svæðis- eða staðaryfirvöld, stofnanir sem heyra undir opinberan rétt og samtök sem mynduð eru af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einni eða fleiri slíkum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt,

2. „stofnun sem heyrir undir opinberan rétt“: allir aðilar sem:

a) gegna einungis því hlutverki að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta, og

b) eru lögaðilar, og

c) eru reknir að mestu leyti á kostnað ríkisins, svæðis- eða staðaryfirvalda eða annarra stofnana sem heyra undir opinberan rétt eða lúta yfirstjórn þessara aðila, eða ef þeir lúta stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkinu, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem heyra undir opinberan rétt,

3. „gögn“ eru:

a) hvers konar efni, á hvaða miðli sem er (ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, eða sem hljóð eða mynd eða hljóð- og myndmiðlunarefni),

b) allir hlutar slíks efnis,

4. „endurnotkun“: notkun einstaklinga eða lögaðila á gögnum í vörslu opinberra aðila í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sem er annar en upphaflegur tilgangur hins opinbera með því að búa gögnin til. Skipti á gögnum milli opinberra aðila sem einungis eru til að sinna opinberu starfssviði þeirra er ekki endurnotkun,

5. „persónuupplýsingar“: gögn sem skilgreind eru í a-lið 2. gr í tilskipun 95/46/EB.

3. gr.

Meginregla

Aðildarríkin skulu tryggja að ef endurnotkun gagna í vörslu opinberra aðila er heimil skal vera hægt að endurnota þessi gögn í viðskiptaskyni eða tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis í samræmi við skilyrðin sem sett eru í III. og IV. kafla. Ef unnt er skal gera gögnin aðgengileg með rafrænum hætti.

II. KAFLI

BEIÐNIR UM ENDURNOTKUN

4. gr.

Kröfur sem gilda um afgreiðslu á beiðnum um endurnotkun

1. Opinberir aðilar skulu afgreiða beiðnir um endurnotkun með rafrænum hætti, ef unnt er og við á, og veita umsækjandanum aðgang að gögnunum til endurnotkunar eða, ef leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfisskilmálum til umsækjandans innan sanngjarns frests sem er innan þess tímaramma sem mælt er fyrir um til afgreiðslu beiðna um aðgang að gögnum.

2. Ef ekki hafa verið sett nein tímamörk eða aðrar reglur um afhendingu gagna innan ákveðins tíma skulu opinberir aðilar afgreiða beiðnina og afhenda gögnin umsækjandanum til endurnotkunar eða, ef leyfi er nauðsynlegt, ganga frá leyfistilboði til umsækjandans innan frests sem er ekki lengri en 20 virkir dagar eftir að beiðnin hefur verið móttekin. Heimilt er að framlengja þennan frest um aðra 20 virka daga ef beiðnin er umfangsmikil eða flókin. Í slíkum tilvikum skal tilkynna umsækjandanum innan þriggja vikna eftir að upphaflega beiðnin var lögð fram, að lengri frest þurfi til að afgreiða hana.

3. Ef beiðni er synjað skulu opinberir aðilar tilkynna umsækjandanum ástæður synjunarinnar á grundvelli viðeigandi ákvæða fyrirkomulagsins um aðgang í því aðildarríki eða innlendra ákvæða sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, einkum a-, b- eða c-lið 2. mgr. 1. gr. eða 3. gr. Ef synjun er byggð á b-lið 2. mgr. 1. gr. skal opinber aðili láta fylgja tilvísun til einstaklingsins eða lögaðilans sem er rétthafi, ef hann er þekktur, eða að öðrum kosti leyfisveitandans sem opinberi aðilinn fékk viðeigandi efni frá.

4. Allir neikvæðir úrskurðir skulu innihalda tilvísun í leiðir til kvartana ef umsækjandi skyldi óska eftir því að áfrýja úrskurðinum.

5. Ekki er krafist að opinberir aðilar sem falla undir d-, e- og f-lið 2. mgr. 1. gr uppfylli kröfur þessarar greinar.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR ENDURNOTKUN

5. gr.

Tiltæk snið

1. Opinberir aðilar skulu gera gögn sín aðgengileg á sniði eða tungumáli sem til er og með rafrænum hætti þar sem það er mögulegt og á við. Þetta skal ekki fela í sér skyldu fyrir opinbera aðila til að búa til eða breyta gögnum í því skyni að uppfylla beiðnina, né skal það fela í sér skyldu til að gera útdrátt úr gögnum þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér og er meira en bara einföld aðgerð.

2. Ekki er hægt að krefjast þess á grundvelli þessarar tilskipunar að opinberir aðilar haldi áfram að útbúa tiltekna tegund gagna til endurnotkunar af hálfu aðila í einkageiranum eða hins opinbera.

6. gr.

Meginreglur um gjaldtöku

Ef gjald er tekið skulu heildartekjurnar af því að láta í té og leyfa endurnotkun gagna ekki vera meiri en kostnaðurinn við söfnun, framleiðslu, fjölföldun og dreifingu auk sanngjarns hagnaðarhlutar af fjárfestingunni. Gjöld skulu vera kostnaðartengd á viðkomandi uppgjörstímabili og reiknuð út í samræmi við þær reikningsskilareglur sem gilda um þann opinbera aðila sem málið varðar.

7. gr.

Gagnsæi

Öll skilyrði sem gilda um endurnotkun á gögnum í vörslu opinberra aðila og stöðluð gjöld fyrir hana skulu ákveðin fyrir fram og birt með rafrænum hætti ef unnt er og við á. Ef þess er óskað skal opinber aðili tilgreina grundvöll útreikninga á gjaldinu sem birt er. Hlutaðeigandi opinberir aðilar skulu einnig tilgreina til hvaða þátta er tekið tillit við útreikninga á gjöldum í undantekningartilvikum. Opinberir aðilar skulu tryggja að umsækjendum um endurnotkun gagna sé gerð grein fyrir þeim leiðum sem tiltækar eru til að leggja fram kvartanir varðandi úrskurði eða venjur sem hafa áhrif á þá.

8. gr.

Leyfi

1. Opinberir aðilar geta heimilað endurnotkun á gögnum án skilyrða eða sett skilyrði, með leyfi ef við á, sem tekur á viðeigandi málefnum. Þessi skilyrði skulu ekki takmarka að óþörfu möguleika á endurnotkun og skulu ekki notuð til að takmarka samkeppni.

2. Í aðildarríkjum þar sem leyfi eru notuð skulu aðildarríkin tryggja að stöðluð leyfi fyrir endurnotkun gagna frá hinu opinbera, sem hægt er að breyta fyrir sérstakar umsóknir um leyfi, séu aðgengileg á stafrænu sniði og að þær sé hægt að afgreiða með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu hvetja alla opinbera aðila til að nota stöðluð leyfi.

9. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag

Aðildarríkin skulu tryggja að hagnýtt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem auðveldar leit að gögnum sem eru aðgengileg til endurnotkunar, svo sem skrár yfir helstu gögn, helst aðgengilegar á Netinu, og vefgáttir sem eru tengdar við sjálfstæðar skrár.

IV. KAFLI

BANN VIÐ MISMUNUN OG GÓÐIR VIÐSKIPTAHÆTTIR

10. gr.

Bann við mismunun

1. Öll gildandi skilyrði fyrir endurnotkun skulu vera án mismununar að því er varðar sambærilega flokka endurnotkunar.

2. Ef opinber aðili endurnotar gögn sem ílag til viðskiptastarfsemi sinnar, sem fellur utan við opinbert starfssvið hans, skulu sömu gjöld og önnur skilyrði gilda um afhendingu gagnanna til þeirrar starfsemi og gilda um aðra notendur.

11. gr.

Bann við einkanytjafyrirkomulagi

1. Endurnotkun gagna skal vera opin öllum hugsanlegum aðilum á markaðnum jafnvel þó einn eða fleiri markaðsaðilar hagnýti nú þegar vörur, sem hafa aukið virði, sem byggja á þessum gögnum. Samningar eða annað fyrirkomulag milli opinbers aðila sem er með gögnin í vörslu sinni og þriðju aðila skal ekki veita einkarétt.

2. Ef einkaréttur er hins vegar nauðsynlegur til að veita þjónustu í þágu almennings skal réttmæti ástæðunnar til að veita slíkan einkarétt vera háð reglulegri endurskoðun og skal a.m.k. endurskoðuð á þriggja ára fresti. Einkanytjafyrirkomulag sem komið er á fót eftir að tilskipun þessi tekur gildi skal vera gagnsætt og birt opinberlega.

3. Einkanytjafyrirkomulagi, sem uppfyllir ekki skilyrðið um undantekningu skv. 2. mgr., skal slitið í lok samningsins eða eigi síðar en 31. desember 2008.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

13. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun á beitingu þessarar tilskipunar fyrir 1. júlí 2008 og skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður þessarar endurskoðunar ásamt tillögum um breytingar á tilskipuninni.

2. Endurskoðunin skal einkum taka til gildissviðs og áhrifa þessarar tilskipunar, þ.m.t. aukningar á endurnotkun gagna frá hinu opinbera, áhrifa meginreglnanna sem gilda um gjaldtöku og endurnotkunar opinberra laga- og stjórnsýslutexta, sem og frekari möguleika á að bæta eðlilega starfsemi innri markaðarins og þróunar evrópsks efnisiðnaðar.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

Í frumvarpinu er lagt til að lögleidd verði ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga. Frumvarpið er byggt á tilskipun Evrópusambandsins um endurnot opinberra upplýsinga þótt í því sé lagt til að gengið sé lengra í að þrengja gjaldtökuheimildir af upplýsingum úr opinberum skrám og af höfundarétti ríkisins á þessum upplýsingum en í tilskipuninni.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður stjórnvöldum skylt, með ýmsum takmörkunum þó, að veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál. Stjórnvöld ákveða hvort gögn, sem heimilt er að veita aðgang að, skuli sýnd eða veitt af þeim ljósrit eða afrit. Í þeim tilvikum sem stjórnvald ljósritar eða afritar gögn og lætur einkaaðila í té ber að taka gjald samkvæmt gjaldskrá sem forsætisráðherra ákveður. Vakin er athygli á að í lögum um aukatekjur ríkissjóðs er einnig kveðið á um gjaldtöku fyrir ljósritun, endurritun eða eftirgerð upplýsinga á pappír ásamt hljóð- og myndupptökum. Fjármálaráðuneytið telur að traustar gjaldtökuheimildir séu þegar fyrir hendi þannig að 4. gr. hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði hún lögfest en að gæta þurfi að samræmi í gjaldtöku.

Í 5. gr. frumvarpsins er kafli um endurnot opinberra upplýsinga þar sem lagt er til að einkaaðilar geti fengið upplýsingar sem stjórnvöld hafa aflað til að nota þær í öðrum tilgangi en hið opinbera gerir. Stjórnvöld meta hvort heimilt er að endurnota upplýsingar og geta sett ýmis skilyrði um meðferð og notkun þeirra. Í frumvarpinu er kveðið á um málsmeðferð vegna aðgangs að upplýsingum m.a. um afgreiðslufresti, rökstuðning, áskilnað um leyfisskyldu, gerð samninga og upplýsingagjöf á vefsíðum. Gera má ráð fyrir að opinberir aðilar þurfi að taka á sig minni háttar stjórnsýslukostnað vegna þessa en ekki eru forsendur til að áætla fjárhæðir í því sambandi.

Sé heimilað að endurnota upplýsingar er samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu val um að taka gjald fyrir ljósritun og afritun samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá forsætisráðherra eða ekki. Hins vegar verður óheimilt að taka gjald fyrir söfnun upplýsinga í opinberum tilgangi og fyrir höfundarétt opinberra aðila á upplýsingum, nema kveðið sé sérstaklega á um slíkt í sérlögum. Miðlun upplýsinga á milli stjórnvalda í þágu starfs þeirra telst ekki til endurnota í skilningi frumvarpsins. Hugtakið stjórnvald er skilgreint mun víðtækara í 5. gr. en í 4. gr. frumvarpsins og nær til velflestra aðila sem starfa á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Undanþága er veitt fyrir skóla, rannsóknastofnanir og menningarstofnanir þótt hlutaðeigandi ráðherra verði heimilað að fella starfsemi stofnana á þessu sviði undir kaflann í heild eða að hluta til. Frumvarpið veitir takmarkaðar leiðbeiningar um flokkun aðila sem njóta undanþágu frá ákvæðum kaflans. Í athugasemdum eru nefnd dæmi um flokkun stofnana sem stunda rannsóknir án þess að fram komi hvaða munur er á stofnunum í hvorum flokki og að Iðntæknistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, Orkustofnun og Íslenskar orkurannsóknir falli ekki undir kaflann en það geri Landmælingar Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofa Íslands. Óskýrar flokkunarreglur valda ákveðnum vanda við kostnaðarmat frumvarpsins.

Í skýrslu nefndar fjármálaráðherra um mótun almennrar stefnu um verðlagningu fyrir notkun opinberra upplýsinga, sem kom út í desember 2002 og heitir Verðlagning opinberra upplýsinga, er gerð grein fyrir mati nefndarinnar á áhrifum þess að setja almenna verðlagn-

ingarstefnu. Haft var samband við 40 stofnanir í þessu sambandi og eftirfarandi fjórar skoðaðar sérstaklega: Hagstofa Íslands, sem hafði árið 2002 um 75 m.kr. tekjur af aðgangi að þjóðskrá og 16 m.kr. af aðgangi að fyrirtækjaskrá, Fasteignamat ríkisins sem hafði nálægt 20 m.kr. tekjur frá einkaaðilum af upplýsingum úr Landskrá fasteigna en liðlega 100 m.kr. frá stjórnvöldum í skilningi 5. gr. þessa frumvarps, Skráningarstofan hf. sem hafði 28 m.kr. tekjur af sölu upplýsinga og Landmælingar Íslands sem var með 11 m.kr. tekjur af sölu upplýsinga árið 2002. Samtals gerir þetta 150 m.kr. í tekjur af sölu upplýsinga til einkaaðila. Í skýrslunni er sérstakur kafli um mat á kostnaði við breytta verðlagningarstefnu og það sagt afar flókið. Fram kemur að flestir forstöðumenn stofnana sem haft hafði verið samband við hafi talið að breytt stefna hefði engin áhrif á stofnunina, nema þá helst að sumir töldu sig geta krafist hærra verðs fyrir upplýsingar sem voru til sölu. Eingöngu forstöðumenn Landmælinga og Fasteignamats töldu tekjur lækka.

Fjármálaráðuneytið hefur við gerð þessarar kostnaðarumsagnar ekki betri upplýsingar að byggja á og gengur út frá því að tekjur sem ríkisstofnanir hafa aflað sér með sölu upplýsinga séu annaðhvort innheimtar í samræmi við lagaheimild í sérlögum og flokkast því sem ríkistekjur samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, eða sem sértekjur sem stofnanir afla á markaðslegum forsendum, sem færast til lækkunar á gjöldum hlutaðeigandi stofnana og hafa ekki áhrif á fjárveitingar þeirra eða útgjöld ríkissjóðs eins og þau eru skilgreind í fjárlögunum. Á þessari forsendu telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkisins.

1021. Tillaga til þingsályktunar [691. mál]

um úttekt á stöðu selastofna við Ísland.

Flm.: Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera úttekt á stöðu selastofna við Ísland. Leitað verði upplýsinga um stofnstærð útsels og landsels og fjölda og staðsetningu sellátra á landinu. Einnig verði leitað upplýsinga um þróun stærðar selastofna við Ísland frá árinu 1987 til 2006. Úttektinni ljúki fyrir 1. júní 2007.

Greinargerð.

Ýmsar vísbendingar eru um að selastofnum við Ísland hafi hrakað á síðustu árum en svo virðist sem ekkert íslenskt ráðuneyti telji sig bera ábyrgð á selnum.

Selur hefur verið veiddur takmarkalaust hér við land undanfarin ár, m.a. fyrir tilstilli svokallaðrar hringormanefndar sem greiðir fyrir hvern drepinn sel án þess þó að afurðir af selnum séu nýttar á nokkurn hátt. Þannig hefur verið gengið fram á rotnandi selshræ í látrum þar sem aðeins kjálkabeinið hefur verið hirt en það eru þær sönnur fyrir drápinu sem hringormanefnd fer fram á gegn greiðslu verðlaunafjár.

13. aðalfundur Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins, NAMMCO, skoraði á íslensk stjórnvöld að setja sér markmið um framtíð útselsstofnsins við Ísland en ekki hefur verið brugðist við þeirri áskorun. Fyrir tuttugu árum voru landselir hér við land um 40 þúsund en

síðan þá hefur stofninum hnignað verulega og vísbendingar um að hann eigi heima á alþjóðlegum válistum.

Selabændur, sem veiða sel og nýta bæði skinn og kjöt, hafa lýst áhyggjum af fækkandi sel við strendur landsins.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um lax- og silungsveiðar þar sem heimilað er, ef samþykkt verður, að eyða sellátrum í grennd við veiðiár landsins. Sú staðreynd ásamt því sem að framan greinir gefur ástæðu til að stofnstærð sels og ástand selastofna við landið sé kannað og reynt að meta hvert veiðiþol viðkomandi stofna er.

1022. Tillaga til þingsályktunar [692. mál]

um fullgildingu samnings um tölvubrot.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um tölvubrot sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um tölvubrot (e. Convention on Cybercrime) sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Tilurð samningsins, sem gerður er á vegum Evrópuráðsins, má rekja til ákvörðunar Evrópunefndar um afbrotamálefni (CDPC) frá nóvember 1996 þar sem lýst var yfir nauðsyn þess að refsilöggjöf héldist í hendur við tækniþróun. Bent var á að þróun netheima sem óháðir væru staðsetningu notenda og fjarlægðum hefði í för með sér hættu á misnotkun og kynnti til sögunnar nýjar tegundir afbrota sem ekki tækju tillit til þeirra landamæra sem valdsvið yfirvalda hvers ríkis væri bundið. Þessi þróun þótti kalla á samstillt alþjóðlegt átak og var ákveðið að setja á stofn sérfræðinganefnd til þess að vinna drög að bindandi alþjóðasamningi um tölvubrot.

Í kjölfar þessa kom ráðherranefnd Evrópuráðsins sérfræðinganefndinni á fót og hóf hún viðræður um samning um tölvubrot í apríl 1997. Sérfræðinganefndin skilaði lokadrögum til samþykktar á 50. allsherjarfundi Evrópunefndar um afbrotamálefni í júní 2001 og samþykkti ráðherranefndin drögin á 109. fundi sínum 8. nóvember 2001. Samningur um tölvubrot var loks lagður fram til undirritunar í Búdapest 23. nóvember 2001 og var hann undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 30. sama mánaðar.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 2004. Hinn 1. mars 2006 höfðu 38 aðildarríki Evrópuráðsins undirritað samninginn, auk Kanada, Suður-Afríku, Japans og Bandaríkjanna sem tóku virkan þátt í gerð samningsins og öðluðust þar með möguleika á því að gerast aðilar að honum á sama tíma og aðildarríki Evrópuráðsins. Tólf aðildarríki Evrópuráðsins höfðu fylgt undirritun sinni eftir með fullgildingu. Í samningnum er einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að ríkjum, sem hvorki eru aðildarríki Evrópuráðsins né tóku þátt í gerð samningsins, verði boðin aðild að honum.

Meginmarkmið samningsins koma fram í inngangsorðum hans. Þar segir að mikilvægt sé að aðildarríki samningsins fylgi sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar sem miði að því að

vernda þjóðfélagið gegn tölvubrotum, m.a. með því að setja viðeigandi lög og stuðla að samvinnu þjóða á milli. Einnig er minnst á nauðsyn þess að fundið sé hæfilegt jafnvægi milli þeirra samfélagslegu hagsmuna að yfirvöld framfylgi lögum og þess að mannréttindi séu virt. Tekið er fram að samningnum sé ætlað að vera viðbót við aðra alþjóðasamninga er varða samvinnu á sviði sakamála og aðildarríki samningsins eiga aðild að, og auðvelda málarekstur og öflun sönnunargagna vegna brota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum.

Samningurinn um tölvubrot er fyrsti alþjóðasamningurinn sem fjallar um glæpi sem framdir eru um alnetið eða önnur tölvunet og á sérstaklega við um höfundarrétt, fölsun og svik tengd tölvum, barnaklám og brot gegn öryggi tölvukerfa, tölvuneta og tölvugagna. Á þeim sviðum skulu aðildarríki samræma efnisskilyrði refsilöggjafar sinnar. Samningurinn felur einnig í sér heimildar- og málsmeðferðarreglur sem aðildarríkjum ber að innleiða svo koma megi fram rannsókn og saksókn einstaklinga og lögaðila. Einnig skal komið á skilvirku kerfi sem auðveldar samvinnu aðildarríkja.

Með samningnum er brugðist við skuggahlið örrar þróunar á sviði upplýsingatækni. Brugðist er við nýjum tegundum brota og nýjum tæknilegum aðferðum við framningu brota sem þegar eru þekkt, svo sem höfundarréttarbrotum og dreifingu og öflun barnakláms. Samningnum er ætlað að mæta þörf fyrir alþjóðlegar reglur í upplýsingatæknisamfélagi þar sem landamæri hafa sífellt minna að segja og afleiðingar brota geta auðveldlega komið fram í öðru landi en þau eru framin í og teygt anga sína víða.

Samningurinn um tölvubrot samanstendur af fjórum köflum og 48 greinum.

I. kafli samningsins gerir grein fyrir notkun hugtaka í samningnum. Kaflinn er aðeins ein grein og í henni eru skilgreind hugtökin „tölvukerfi“, „tölvugögn“, „þjónustuveitandi“ og „samskiptagögn“.

Í *II. kafla* er að finna yfirlit yfir þær ráðstafanir sem aðildarríki skulu gera í landsrétti sínum. Kaflinn skiptist í þrjá þætti.

Í 1. þætti, 2.–13. gr., er grein gerð fyrir refsiréttarlegum efnisreglum samningsins. Um er að ræða lágmarksreglur og er aðildarríkjum frjálst að lögfesta strangari ákvæði. Ákvæði 2.–11. gr. eiga það sammerkt að aðildarríki skulu gera þá háttsemi sem þar er lýst refsiverða sé um ásetningsbrot að ræða. Athuga ber að sumar greinanna veita aðildarríkjum ákveðið svigrúm varðandi verknaðarlýsingu brots eða heimila fyrirvara, en aðrar eru fortakslausar.

Efnisreglunum er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta, 2.–6. gr., eru tilgreind brot sem tengjast leynd sem hvílir yfir tölvugögnum og tölvukerfum, heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim. Þar undir fellur sú háttsemi að fara inn í tölvukerfi án aðgangsréttar, hlerun óopinberra sendinga tölvugagna, gagnaröskun, kerfisröskun og misnotkun búnaðar. Hvað tvö fyrstnefndu brotin varðar geta aðildarríki m.a. sett það sem skilyrði refsinæmis að brot séu framin með aðstoð tölvunets. Brot sem framin eru með beinni aðkomu að tölvu geta þannig fallið utan verknaðarlýsingar ákvæðisins. Refsinæmi allra brotanna er háð því að brot sé framið án réttar, en ákvörðun um það hvort háttsemi teljist réttmæt fer að landsréttarreglum hvers aðildarríkis.

Ákvæði annars hluta, 7. og 8. gr., fjalla um fölsun og svik tengd tölvum. Þriðji hluti tekur á brotum sem varða innihald efnis og fellur 9. gr. um barnaklám þar undir. Í fjórða hluta, 10. gr., er að finna reglur um afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.

Gert er ráð fyrir því að Ísland muni nýta sér heimildarákvæði 4. mgr. 9. gr. samningsins og áskilja sér rétt til að beita ekki b- og c-liðum 2. mgr. 9. gr. Í ljósi þeirrar löggjafarstefnu sem var mótuð með lögum nr. 126/1996 um breyting á almennum hegningarlögum, um að refsinæmi barnakláms lúti beinlínis að refsivernd barna sem eiginlegra brotaþola, þykja ekki

standa rök til þess að rýmka hugtakið barnaklám með þeim hætti sem b- og c-liðir 2. mgr. 9. gr. gera ráð fyrir.

Í fimmta hluta 1. þáttar, 11.–13. gr., er loks að finna umfjöllun um aðrar tegundir refsiábyrgðar og viðurlög. Samkvæmt 11. gr. skal gera tilraun til brots, aðstoð eða hvatningu refsiverða. Sú undanþága er þó fyrir hendi að refsinæmi tilraunar má takmarka að einhverju leyti eða öllu. Ákvæði 12. gr. leggur refsiábyrgð á lögaðila vegna brota sem einstaklingur sem gegnir valdastöðu innan hans fremur, lögaðilanum til hagsbóta, í skjóli valds síns. Sama gegnir um brot sem einstaklingur sem starfar í umboði lögaðilans fremur og verða rakin til skorts á eftirliti eða stjórnun. Í 13. gr. kemur loks fram að viðurlög og ráðstafanir vegna framangreindra brota skuli vera áhrifaríkar, letjandi og í samræmi við brot.

Í 2. þætti II. kafla eru réttarfarsreglur. Fyrsti hluti hans, 14. og 15. gr., hefur að geyma almenn ákvæði. Reglur um gildissvið málsmeðferðarákvæðanna er að finna í 14. gr. Reglurnar gilda ekki aðeins um brot sem lýst skulu refsiverð skv. 2.–11. gr. samningsins, heldur um öll önnur refsilagabrot sem framin eru með notkun tölvukerfis og við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd sem tengjast refsilagabroti. Gera má ákveðna fyrirvara við gildissvið reglnanna. Samkvæmt 15. gr. skal gætt að skilyrðum og vernd landslaga við innleiðingu, framkvæmd og beitingu reglnanna. Skuldbinding aðildarríkja samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu er sérstaklega áréttuð.

Aðrir hlutar 2. þáttar II. kafla geyma réttarfarsreglurnar sjálfar og er hver grein sett fram með fyrirvara um fyrsta hluta. Málsmeðferðarreglurnar hafa að geyma nýjar tegundir reglna en einnig hefðbundnar heimildir, svo sem til leitar og haldlagningar, sem lagaðar hafa verið að hinu tæknilega umhverfi sem til umfjöllunar er. Sérstakra málsmeðferðarreglna er þörf við rannsókn og málsmeðferð brota sem tengjast notkun tölva á einn eða annan hátt. Tölvutæk gögn má færa, breyta þeim eða eyða á auðveldan og fljótvirkan hátt. Hraði og jafnvel leynd geta því skipt miklu máli.

Ákvæði annars hluta 2. þáttar, 16. og 17. gr., fjalla um flýtivarðveislu geymdra tölvugagna og varða gögn sem þegar hefur verið safnað saman og þau vistuð af geymsluaðilum, svo sem þjónustuveitendum. Þau eiga því hvorki við um söfnun gagna eða aðgang miðað við rauntíma né ákvörðun um að hefja gagnasöfnun. Samkvæmt 16. gr. skal yfirvöldum hvers ríkis gert kleift að fyrirskipa umsvifalausa varðveislu tölvugagna, einkum ef ástæða er til að ætla að hætta sé á að gögnin týnist eða að þeim verði breytt. Geymslan gerir yfirvöldum kleift að afla sér heimildar til þess að nálgast gögnin. Fjallað er um varðveislu samskiptagagna í 17. gr. Það getur verið mikilvægt fyrir yfirvöld að fá í hendur geymd samskiptagögn þar sem þau geta gefið upplýsingar um samskipti í tölvukerfum og leitt í ljós hvaða einstaklingar standa að baki brotum. Því er gert ráð fyrir að gögn fáist flýtivarðveitt hjá öllum þeim þjónustuveitendum sem að flutningi þeirra koma og að yfirvöld fái aðgang að svo miklum hluta gagna að þau geti áttað sig á því hverjir þjónustuveitendurnir eru og hvaða leið gögnin fóru.

Samkvæmt þriðja hluta 2. þáttar, 18. gr., skal yfirvöldum gert kleift að fá heimild til þess að fyrirskipa framlagningu tilgreindra tölvugagna á landsvæði sínu og krefjast þess að þjónustuveitendur leggi fram upplýsingar um áskrifendur ákveðinnar þjónustu sem þeir veita. Greinin leggur til einfaldari valkost en t.d. leit og upptöku gagna og veitir aðilum sem tilbúnir eru til þess að starfa með yfirvöldum lagagrundvöll. Fjórði hluti, 19. gr., fjallar um leit í geymdum tölvugögnum og haldlagningu þeirra. Samkvæmt greininni skulu yfirvöld geta fengið heimild til þess að gera leit í tölvukerfum og vörslumiðlum tölvugagna á landsvæði sínu. Yfirvöldum skal einnig gert kleift að leggja hald á gögn sem þar eru geymd.

Fimmti hluti 2. þáttar, 20. og 21. gr., felur í sér að yfirvöld aðildarríkis skuli geta fengið heimild til þess að safna eða skrá miðað við rauntíma, þ.e. á þeim tíma sem samskiptin fara

fram, samskiptagögn sem send eru um tölvukerfi og tengjast tilteknum boðum á landsvæði þess. Hlerunarheimild skal einnig vera fyrir hendi varðandi innihald gagnasendinga, en hana má takmarka við rannsókn og meðferð alvarlegra glæpa. Að sama skapi skal vera heimilt að knýja þjónustuveitendur til þess að safna upplýsingum og skrá þær, sjálfstætt eða í samvinnu við yfirvöld.

3. þáttur II. kafla, 22. gr., geymir reglur um refsilögsögu.

III. kafli samningsins fjallar um alþjóðlega samvinnu og skiptist hann í tvo þætti.

Í 1. þætti eru almennar meginreglur. Í fyrsta hluta þáttarins, 23. gr., er að finna yfirlýsingu þess efnis að aðildarríki skuli vinna saman, eins og mögulegt er, að rannsókn og málarekstri vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða vinna saman að söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd. Samvinnan takmarkast ekki við ákvæði samnings þessa, heldur vísar ákvæðið til annarra viðeigandi gerninga um samvinnu í afbrotmálum. Í öðrum hluta er að finna meginreglur um framsal vegna þeirra brota sem samningurinn tekur til, sbr. 24. gr. Ákvæðið á við um þau brot sem gera skal refsiverð skv. 2.–11. gr. samningsins. Tvöfalt refsinæmi er skilyrði framsals, auk þess sem við broti þarf að liggja frelsissvipting í að minnsta kosti eitt ár. Framsal skal háð skilyrðum landslaga þess aðildarríkis sem framsalsbeiðni er beint til eða gildandi framsalssamninga.

Í þriðja hluta 1. þáttar, 25. og 26. gr., er að finna almennar meginreglur um gagnkvæma aðstoð. Kemur fram að aðildarríki skuli veita hvert öðru alla þá aðstoð sem möguleg er við rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum og við öflun sönnunargagna í rafrænni mynd er varða refsilagabrot. Aðstoðin er háð skilyrðum landslaga þess aðildarríkis sem beiðni er beint til eða ákvæðum samninga um gagnkvæma aðstoð. Aðildarríkjum er einnig heimilt að senda hvert öðru upplýsingar að eigin frumkvæði í samræmi við landslög hverju sinni, telji þau það geta gagnast við rannsókn eða málarekstur vegna brots sem samningurinn lýsir refsivert. Fjórði hluti, 27. og 28. gr., geymir málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð þegar gildandi alþjóðasamningar þar um eru ekki fyrir hendi.

Í 2. þætti III. kafla er að finna ýmis sérákvæði. Fyrsti hluti, 29. og 30. gr., fjallar um gagnkvæma aðstoð varðandi bráðabirgðaráðstafanir. Aðildarríki getur þannig óskað þess við annað aðildarríki að það nái fram flýtivarðveislu gagna sem geymd eru í tölvukerfi sem staðsett er á landsvæði þess síðarnefnda þegar fyrrnefnda aðildarríkið hyggst senda beiðni um gagnkvæma aðstoð varðandi t.d. leit í gögnum, haldlagningu eða afhendingu gagna. Ákvæðinu er ætlað að gera aðildarríkjum kleift að fá gögn varðveitt með mjög skjótum hætti og gera þannig mögulegt að nálgast þau síðar um hefðbundið ferli gagnkvæmrar aðstoðar. Þetta er mikilvægt þar sem auðvelt er að eyða tölvutækum gögnum og ákveðnar tegundir gagna eru ekki vistaðar nema skamman tíma. Hefðbundið ferli gagnkvæmrar aðstoðar kann hins vegar að taka vikur eða mánuði. Ákvæði 30. gr. varðar flýtiafhendingu varðveittra samskiptagagna. Samkvæmt því ber aðildarríki sem tekur við beiðni um aðstoð frá öðru aðildarríki skylda til þess að greina því frá því ef samskiptagögn koma frá þjónustuaðila utan þess ríkis sem beiðni er beint til og veita aðildarríkinu sem aðstoðar óskar aðgang að nægilegu magni samskiptagagna svo bera megi kennsl á þjónustuaðilann.

Annar hluti 2. þáttar, 31.–34. gr., geymir reglur um gagnkvæma aðstoð er lýtur að rannsóknarheimild. Samkvæmt 31. gr. getur aðildarríki óskað þess við annað aðildarríki að það geri leit, leggi hald á og afhendi gögn sem geymd eru í tölvukerfi á landsvæði þess síðarnefnda. Þar undir falla m.a. gögn sem hafa verið flýtivarðveitt skv. 29. gr. Séu gögn opinber, eða fáist samþykki persónu sem hefur heimild til þess að taka ákvörðun þar um, getur aðildarríki gengið að tölvugögnum sem vistuð eru á landsvæði annars aðildarríkis án samþykkis

þess, sbr. 32. gr. Samkvæmt 33. og 34. gr. skal gagnkvæm aðstoð einnig ná til söfnunar samskiptagagna og hlerunar gagna um innihald miðað við rauntíma. Þriðji hluti 2. þáttar, 35. gr., felur hverju aðildarríki að tilnefna tengilið til þess að halda netkerfi opnu allan sólarhringinn sjö daga vikunnar. Netkerfi þetta skal tryggja tafarlausa þjónustu í tengslum við gagnkvæma aðstoð samkvæmt samningnum. Gert er ráð fyrir að Ísland muni tilnefna alþjóðadeild ríkislögreglustjóra sem tengilið af sinni hálfu.

Í *IV. kafla* samningsins, 36.–48. gr., er að finna lokaákvæði hans. Er þar m.a. fjallað um undirritun og gildistöku samningsins, aðild að honum, gildissvæði hans, áhrif gagnvart öðrum samningum, fyrirvara, breytingar, lausn deilumála, samráð aðildarríkja, uppsögn samningsins og tilkynningar til og frá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Gera þarf breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, laga um meðferð opinberra mála og laga um fjarskipti til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem samningurinn um tölvubrot leggur aðildarríkjunum á herðar. Samhliða þingsályktunartillögu þessari leggur dóms- og kirkjumálaráðherra fram frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um tölvubrot.

Búdapest 23.11. 2001.

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

sem viðurkenna gildi þess að stuðla að samvinnu við hin ríkin sem eiga aðild að samningi þessum,

sem álíta það forgangsatriði að fylgja sameiginlegri stefnu á sviði refsiréttar er miði að því að vernda þjóðfélagið gegn tölvubrotum, meðal annars með því að setja viðeigandi lög og stuðla að samvinnu þjóða í milli,

sem gera sér grein fyrir þeim grundvallarbreytingum sem orðið hafa af völdum tölvuvæðingar, samleitni og samfelldrar útbreiðslu tölvuneta um heim allan,

sem eru uggandi yfir því að hætta er á að tölvunet og rafrænar upplýsingar séu einnig notuð til þess að fremja refsilagabrot og að unnt sé að geyma og flytja sönnunargögn, sem tengjast slíkum brotum, í og um fyrrnefnd net,

sem átta sig á nauðsyn þess að ríki og atvinnugreinar innan einkageirans vinni saman að því að koma í veg fyrir tölvubrot og á nauðsyn þess að vernda lögmæta hagsmuni sem tengjast notkun og þróun upplýsingatækni,

sem eru þeirrar trúar að aukin, hraðvirk og árangursrík samvinna þjóða í milli á sviði sakamála

CONVENTION
on Cybercrime

Budapest, 23.XI.2001

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its members;

Recognising the value of fostering co-operation with the other States parties to this Convention;

Convinced of the need to pursue, as a matter of priority, a common criminal policy aimed at the protection of society against cybercrime, inter alia by adopting appropriate legislation and fostering international co-operation;

Conscious of the profound changes brought about by the digitalisation, convergence and continuing globalisation of computer networks;

Concerned at the risk that computer networks and electronic information may also be used for committing criminal offences and that evidence relating to such offences may be stored and transferred by these networks;

Recognising the need for co-operation between States and private industry in combating cybercrime and the need to protect legitimate interests in the use and development of information technologies;

Believing that an effective fight against cybercrime requires increased, rapid and well-function-

sé forsenda þess að baráttan gegn tölvubrotum skili tilætluðum árangri,

sem álíta að samningur þessi sé nauðsynlegur til þess að koma í veg fyrir aðgerðir, sem miða að því að rjúfa leynd sem hvílir yfir tölvukerfum, tölvunetum og tölvugögnum og er jafnframt beint gegn heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim, og að koma í veg fyrir misnotkun slíkra kerfa, neta og gagna með því að kveða á um að slík háttsemi varði við lög með þeim hætti sem er lýst í samningi þessum og með því að samþykkja nægar heimildir til þess að hefja árangursríka baráttu gegn slíkum refsilagabrotum með því að greiða fyrir því að unnt sé að koma upp um þau, rannsaka þau og sækja menn til sakar fyrir þau, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, og með því að búa í haginn fyrir fljótvirka og trausta samvinnu þjóða í milli,

sem eru minnug þess að nauðsynlegt er að tryggja að eðlilegt jafnvægi ríki milli þeirra samfélagslegu hagsmuna að lögum sé framfylgt og þess að grundvallarmannréttindi, eins og þau eru bundin í mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950, alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og öðrum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem í gildi eru og árétta rétt allra manna til þess að hafa skoðanir sínar í friði, séu virt og réttur til tjáningarfrelsis, t.d. frelsis til þess að leita eftir, taka við og láta í té hvers kyns upplýsingar og hugmyndir án tillits til landamæra, og enn fremur réttur til þess að friðhelgi einkalífs manna sé virt,

sem eru og minnug verndar persónuupplýsinga eins og hún er veitt, til dæmis með samningi Evróputáðsins frá 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga,

sem hafa í huga samning Sameinuðu þjóðanna frá 1989 um réttindi barnsins og samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1999 um barnavinnu í sinni verstu mynd,

sem hafa hliðsjón af gildandi samningum Evróputáðsins um samvinnu á sviði sakamála og sambærilegum alþjóðasamningum, sem eru í gildi milli aðildarríkja Evróputáðsins og annarra ríkja, og sem leggja áherslu á að samningur þessi er hugsaður sem viðbót við þá samninga með það að markmiði að gera rannsókn og málarekstur vegna refsilagabrota, sem tengjast tölvukerfum og -gögnum, skilvirkari og að gera kleift að safna sönnunargögnum í rafrænni mynd sem tengjast refsilagabrotum,

sem fagna nýjungum, sem auka enn frekar skilning þjóða í milli á því og samvinnu um það að berjast gegn tölvubrotum, meðal annars aðgerðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Evrópusambandsins og átta helstu iðnríkja heims,

ing international co-operation in criminal matters;

Convinced that the present Convention is necessary to deter actions directed against the confidentiality, integrity and availability of computer systems, networks and computer data, as well as the misuse of such systems, networks and data, by providing for the criminalisation of such conduct, as described in this Convention, and the adoption of powers sufficient for effectively combating such criminal offences, by facilitating the detection, investigation and prosecution of such criminal offences at both the domestic and international level, and by providing arrangements for fast and reliable international co-operation;

Mindful of the need to ensure a proper balance between the interests of law enforcement and respect for fundamental human rights, as enshrined in the 1950 Council of Europe Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, the 1966 United Nations International Covenant on Civil and Political Rights, as well as other applicable international human rights treaties, which reaffirm the right of everyone to hold opinions without interference, as well as the right to freedom of expression, including the freedom to seek, receive, and impart information and ideas of all kinds, regardless of frontiers, and the rights concerning the respect for privacy;

Mindful also of the protection of personal data, as conferred e.g. by the 1981 Council of Europe Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data;

Considering the 1989 United Nations Convention on the Rights of the Child and the 1999 International Labour Organization Worst Forms of Child Labour Convention;

Taking into account the existing Council of Europe conventions on co-operation in the penal field as well as similar treaties which exist between Council of Europe member States and other States and stressing that the present Convention is intended to supplement those conventions in order to make criminal investigations and proceedings concerning criminal offences related to computer systems and data more effective and to enable the collection of evidence in electronic form of a criminal offence;

Welcoming recent developments which further advance international understanding and co-operation in combating cybercrimes, including actions of the United Nations, the OECD, the European Union and the G8;

sem minnast tilmæla nr. R (85) 10 um beitingu Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum með tilliti til réttarbeiðna um heimild til þess að hlera fjarskipti, tilmæla nr. R (88) 2 um stuld á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda, tilmæla nr. R (87) 15 um að koma skipulagi á notkun persónuupplýsinga hjá lögregluembættum, tilmæla nr. R (95) 4 um vernd persónuupplýsinga innan fjarskiptaþjónustugeirans, einkum með tilliti til símaþjónustu, ásamt tilmælum nr. R (89) 9 um brot sem tengjast tölvum, þar sem settar eru fram viðmiðunarreglur fyrir innlenda löggjafa um skilgreiningu tiltekinna tölvubrota, og tilmæla nr. R (95) 13 um viðfangsefni á sviði refsiréttarreglna í sakamálum sem tengjast upplýsingatækni,

sem hafa hliðsjón af ályktun nr. 1, sem evrópskir dómsmálaráðherrar samþykktu á 21. fundi sínum (í Prag í júní 1997), þar sem þeim tilmælum var beint til ráðherranefndarinnar að styrkja starfsemi Evrópunefndarinnar um afbrotamálefni (CDPC) á sviði tölvubrota, í því skyni að samræma betur ákvæði hegningarlaga hinna ýmsu ríkja og gera kleift að beita skilvirkum rannsóknaraðferðum, þegar um slík brot er að ræða, og af ályktun nr. 3, sem var samþykkt á 23. fundi evrópskra dómsmálaráðherra (í London í júní 2000), þar sem aðilar að samningaviðræðum voru hvattir til þess að leggja sig fram um að finna viðeigandi lausnir til þess að sem flestum ríkjum verði gert kleift að gerast aðilar að samningnum og viðurkennd var nauðsyn þess að koma á hraðog skilvirku fyrirkomulagi alþjóðlegrar samvinnu þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til sérþarfa vegna baráttunnar gegn tölvubrotum,

sem hafa einnig hliðsjón af aðgerðaáætluninni sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkja Evrópuráðsins samþykktu í tilefni af öðrum fundi sínum (í Strassborg 10. og 11. október 1997) og ætlað var að finna sameiginleg andsvör við þróun hinnar nýju upplýsingatækni er byggi á viðmiðunarreglum og gildum Evrópuráðsins,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli – Notkun hugtaka.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „tölvukerfi" merkir tæki eða samsafn innbyrðis tengdra eða skyldra tækja þar sem eitt þeirra eða fleiri framkvæma sjálfvirka gagnavinnslu eftir forriti;

b) „tölvugögn" merkir framsetningu staðreynda, upplýsinga eða hugtaka í þeirri mynd að henti vinnslu í tölvukerfi; um ræðir meðal annars forrit

Recalling Recommendation N° R (85) 10 concerning the practical application of the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters in respect of letters rogatory for the interception of telecommunications, Recommendation N° R (88) 2 on piracy in the field of copyright and neighbouring rights, Recommendation N° R (87) 15 regulating the use of personal data in the police sector, Recommendation N° R (95) 4 on the protection of personal data in the area of telecommunication services, with particular reference to telephone services as well as Recommendation N° R (89) 9 on computer-related crime providing guidelines for national legislatures concerning the definition of certain computer crimes and Recommendation N° R (95) 13 concerning problems of criminal procedural law connected with Information Technology;

Having regard to Resolution No. 1 adopted by the European Ministers of Justice at their 21st Conference (Prague, June 1997), which recommended the Committee of Ministers to support the work carried out by the European Committee on Crime Problems (CDPC) on cybercrime in order to bring domestic criminal law provisions closer to each other and enable the use of effective means of investigation concerning such offences, as well as to Resolution N° 3, adopted at the 23rd Conference of the European Ministers of Justice (London, June 2000), which encouraged the negotiating parties to pursue their efforts with a view to finding appropriate solutions so as to enable the largest possible number of States to become parties to the Convention and acknowledged the need for a swift and efficient system of international co-operation, which duly takes into account the specific requirements of the fight against cybercrime;

Having also regard to the Action Plan adopted by the Heads of State and Government of the Council of Europe, on the occasion of their Second Summit (Strasbourg, 10 – 11 October 1997), to seek common responses to the development of the new information technologies, based on the standards and values of the Council of Europe;

Have agreed as follows:

Chapter I – Use of terms

Article 1

Definitions

For the purposes of this Convention:

a. "computer system" means any device or a group of inter-connected or related devices, one or more of which, pursuant to a program, performs automatic processing of data;

b. "computer data" means any representation of facts, information or concepts in a form suitable for processing in a computer system, including

sem gerir að verkum að tölvukerfi getur framkvæmt aðgerð;

c) „þjónustuveitandi“ merkir:
   i) opinberan aðila eða einkaaðila sem gerir þeim, er notfæra sér þjónustu hans, kleift að eiga samskipti með því að nýta til þess tölvukerfi; og
   ii) annan þann aðila sem vinnur eða geymir tölvugögn fyrir hönd slíkrar samskiptaþjónustu eða notenda slíkrar þjónustu;

d) „samskiptagögn“ merkir tölvugögn sem tengjast boðum um tölvukerfi og eru afurð tölvukerfis, sem myndaði hlekk í keðju boða, og sem gefa til kynna hvar boðin eru upprunnin, hver ákvörðunarstaður þeirra er, leið þeirra, hvenær þau eru send og hvaða dag, umtak og tímalengd þeirra eða hvers kyns þjónusta liggur þeim til grundvallar.

a program suitable to cause a computer system to perform a function;

c. "service provider" means:
   i. any public or private entity that provides to users of its service the ability to communicate by means of a computer system, and
   ii. any other entity that processes or stores computer data on behalf of such communication service or users of such service.

d. "traffic data" means any computer data relating to a communication by means of a computer system, generated by a computer system that formed a part in the chain of communication, indicating the communication's origin, destination, route, time, date, size, duration, or type of underlying service.

II. kafli – Ráðstafanir sem ber að gera innanlands.

1. þáttur – Efnisreglur refsiréttar.

1. hluti – Brot er tengjast leynd sem hvílir yfir tölvugögnum og -kerfum, heildarvirkni þeirra og aðgengi að þeim.

2. gr.
Ólöglegur aðgangur.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi að fara inn í tölvukerfi, sem heild eða hluta þess, án aðgangsréttar, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða. Aðili getur tilskilið að brotið sé framið með því að ganga í berhögg við öryggisráðstafanir, í því skyni að komast yfir tölvugögn eða í öðrum óheiðarlegum tilgangi eða í tengslum við tölvukerfi sem er tengt öðru tölvukerfi.

3. gr.
Ólögleg hlerun.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera hlerun óopinberra sendinga tölvugagna, án réttar og með tæknilegum aðferðum, til, frá eða innan tölvukerfis, meðal annars rafsegulgeislunar frá tölvukerfi sem flytur slík tölvugögn, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða. Aðili getur tilskilið að brotið sé framið í óheiðarlegum tilgangi eða í tengslum við tölvukerfi sem er tengt öðru tölvukerfi.

4. gr.
Gagnaröskun.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til

Chapter II – Measures to be taken at the national level

Section 1 – Substantive criminal law

Title 1 – Offences against the confidentiality, integrity and availability of computer data and systems

Article 2
Illegal access

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the access to the whole or any part of a computer system without right. A Party may require that the offence be committed by infringing security measures, with the intent of obtaining computer data or other dishonest intent, or in relation to a computer system that is connected to another computer system.

Article 3
Illegal interception

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the interception without right, made by technical means, of non-public transmissions of computer data to, from or within a computer system, including electromagnetic emissions from a computer system carrying such computer data. A Party may require that the offence be committed with dishonest intent, or in relation to a computer system that is connected to another computer system.

Article 4
Data interference

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as

þess að gera þá háttsemi að eyðileggja tölvugögn, eyða þeim eða spilla eða breyta eða stöðva þau án réttar refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða.
2. Aðili getur áskilið sér rétt til þess að tilskilja að sú háttsemi, sem lýst er í 1. mgr., leiði til alvarlegs tjóns.

criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the damaging, deletion, deterioration, alteration or suppression of computer data without right.
2. A Party may reserve the right to require that the conduct described in paragraph 1 result in serious harm.

5. gr.
Kerfisröskun.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi að hindra að ráði að tölvukerfi virki, með því að skjóta inn tölvugögnum, senda þau eða skaða, eyða þeim, spilla eða breyta eða stöðva þau án réttar, refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða.

Article 5
System interference

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, the serious hindering without right of the functioning of a computer system by inputting, transmitting, damaging, deleting, deteriorating, altering or suppressing computer data.

6. gr.
Misnotkun búnaðar.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að framleiða, selja, afla til notkunar, flytja inn, dreifa eða gera aðgengilegan:

   i) búnað, þar með talið tölvuforrit, sem er fyrst og fremst hannaður eða breytt til þeirra nota að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2.–5. gr.;
   ii) lykilorð, aðgangskóða eða lík gögn sem hægt er að nota til þess að fara inn í tölvukerfi sem heild eða hluta þess;

   til nota í því skyni að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í 2.–5. gr.; og

b) að hafa í fórum sínum eitthvað það, er um getur í i- eða ii-lið a-liðar hér að framan, til nota í því skyni að fremja eitthvert þeirra brota sem gerð eru refsinæm í 2.–5. gr. Aðili getur tilskilið í lögum að viðkomandi þurfi að hafa nokkur slík atriði í fórum sínum til þess að viðkomandi geti sætt refsiábyrgð.

2. Eigi ber að túlka ákvæði greinar þessarar þannig að refsiábyrgð sé lýst á hendur viðkomandi fyrir að framleiða, selja, afla til notkunar, flytja inn, dreifa eða gera með öðrum hætti aðgengilegt eða hafa í fórum sínum eitthvað það, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, í öðrum tilgangi en þeim að fremja brot, sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði 2. til 5. gr. samnings þessa, til dæmis til lögmætrar prófunar á tölvukerfi eða í því skyni að vernda það.
3. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita

Article 6
Misuse of devices

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally and without right:

a. the production, sale, procurement for use, import, distribution or otherwise making available of:
   i. a device, including a computer program, designed or adapted primarily for the purpose of committing any of the offences established in accordance with Article 2 – 5;
   ii. a computer password, access code, or similar data by which the whole or any part of a computer system is capable of being accessed

   with intent that it be used for the purpose of committing any of the offences established in Articles 2 – 5; and
b. the possession of an item referred to in paragraphs (a)(1) or (2) above, with intent that it be used for the purpose of committing any of the offences established in Articles 2 – 5. A Party may require by law that a number of such items be possessed before criminal liability attaches.

2. This article shall not be interpreted as imposing criminal liability where the production, sale, procurement for use, import, distribution or otherwise making available or possession referred to in paragraph 1 of this Article is not for the purpose of committing an offence established in accordance with articles 2 through 5 of this Convention, such as for the authorised testing or protection of a computer system.
3. Each Party may reserve the right not to apply

ekki ákvæðum 1. mgr. greinar þessarar að því tilskildu að slíkur fyrirvari taki ekki til þess að selja, dreifa eða gera með öðrum hætti aðgengilegt eitthvað það sem um getur í ii-lið a-liðar 1. mgr.

2. hluti – Afbrot tengd tölvum.

7. gr.

Fölsun tengd tölvum.

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar, að skjóta inn tölvugögnum, breyta þeim eða eyða eða stöðva þau með þeim afleiðingum að um svikin gögn verði að ræða og til þess sé ætlast að þau séu talin þjóna löglegum tilgangi eða séu nýtt í slíkum tilgangi, eins og um gild gögn sé að ræða, án tillits til þess hvort gögnin séu beinlínis læsileg eða skiljanleg. Aðili getur tilskilið að til þess að viðkomandi geti sætt refsiábyrgð þurfi áform að vera uppi um svik eða önnur álíka óheiðarleg áform.

8. gr.

Svik tengd tölvum

Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að skjóta inn tölvugögnum, breyta þeim eða eyða eða stöðva þau;
b) að trufla virkni tölvukerfis;

í þeim sviksamlega eða óheiðarlega tilgangi að verða sér eða öðrum úti um efnahagslegan ávinning án réttar.

3. hluti – Brot er varða innihald.

9. gr.

Brot er varða barnaklám.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera eftirfarandi háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum þegar um ásetning er að ræða og hún er höfð uppi án réttar:

a) að framleiða barnaklám í því skyni að dreifa því um tölvukerfi;
b) að bjóða fram barnaklám eða gera það aðgengilegt um tölvukerfi;
c) að dreifa barnaklámi eða senda það um tölvukerfi;
d) að útvega sér eða öðrum barnaklám um tölvukerfi;
e) að hafa í fórum sínum barnaklám í tölvukerfi eða vörslumiðli tölvugagna.

2. Í „barnaklámi“ felst, að því er varðar 1. mgr. hér

paragraph 1 of this Article, provided that the reservation does not concern the sale, distribution or otherwise making available of the items referred to in paragraph 1 (a) (2).

Title 2 – Computer-related offences

Article 7

Computer-related forgery

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally and without right, the input, alteration, deletion, or suppression of computer data, resulting in inauthentic data with the intent that it be considered or acted upon for legal purposes as if it were authentic, regardless whether or not the data is directly readable and intelligible. A Party may require an intent to defraud, or similar dishonest intent, before criminal liability attaches.

Article 8

Computer-related fraud

Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally and without right, the causing of a loss of property to another by:

a. any input, alteration, deletion or suppression of computer data,
b. any interference with the functioning of a computer system,

with fraudulent or dishonest intent of procuring, without right, an economic benefit for oneself or for another.

Title 3 – Content-related offences

Article 9

Offences related to child pornography

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally and without right, the following conduct:

a. producing child pornography for the purpose of its distribution through a computer system;
b. offering or making available child pornography through a computer system;
c. distributing or transmitting child pornography through a computer system;
d. procuring child pornography through a computer system for oneself or for another;
e. possessing child pornography in a computer system or on a computer-data storage medium.

2. For the purpose of paragraph 1 above "child

að framan, klámefni sem sýnir:

a) ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;
b) manneskju sem virðist vera ólögráða barn og hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;
c) raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn sem hefur uppi háttsemi sem er greinilega kynferðisleg;

3. Hugtakið „ólögráða barn", tekur, að því er varðar 2. mgr. hér að framan, til allra manna undir 18 ára aldri. Aðili getur engu að síður tilskilið lægra aldursmark, þó ekki lægra en 16 ár.
4. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum d- og e-liða 1. mgr. og b- og c-liða 2. mgr. í heild eða að hluta.

4. hluti – Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.

10. gr.

Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum að brjóta á rétti höfundar, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist til samræmis við Parísargerninginn frá 24. júlí 1971, sem á rót sína að rekja til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og samning Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt, að undanskildum siðferðilegum réttindum, sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.
2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum að sniðganga skyld réttindi, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasamningnum um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, sem var gerður í Róm (Rómarsamningnum), samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit, að undanskildum siðferðilegum réttindum sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.
3. Aðili getur áskilið sér rétt til þess að láta menn ekki sæta refsiábyrgð skv. 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar tilefnið er smávægilegt, að því tilskildu að önnur áhrifarík úrræði séu tiltæk og að slíkur fyrirvari víki ekki frá alþjóðlegum skuldbindingum aðil-

pornography" shall include pornographic material that visually depicts:
a. a minor engaged in sexually explicit conduct;
b. a person appearing to be a minor engaged in sexually explicit conduct;
c. realistic images representing a minor engaged in sexually explicit conduct.

3. For the purpose of paragraph 2 above, the term "minor" shall include all persons under 18 years of age. A Party may, however, require a lower age-limit, which shall be not less than 16 years.
4. Each Party may reserve the right not to apply, in whole or in part, paragraph 1(d) and 1(e), and 2(b) and 2(c).

Title 4 – Offences related to infringements of copyright and related rights

Article 10

Offences related to infringements of copyright and related rights

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the infringement of copyright, as defined under the law of that Party pursuant to the obligations it has undertaken under the Paris Act of 24 July 1971 of the Bern Convention for the Protection of Literary and Artistic Works, the Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights and the WIPO Copyright Treaty, with the exception of any moral rights conferred by such Conventions, where such acts are committed wilfully, on a commercial scale and by means of a computer system.

2. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law the infringement of related rights, as defined under the law of that Party, pursuant to the obligations it has undertaken under the International Convention for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations done in Rome (Rome Convention), the Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights and the WIPO Performances and Phonograms Treaty, with the exception of any moral rights conferred by such Conventions, where such acts are committed wilfully, on a commercial scale and by means of a computer system.
3. A Party may reserve the right not to impose criminal liability under paragraphs 1 and 2 of this article in limited circumstances, provided that other effective remedies are available and that such reservation does not derogate from the Party's inter-

ans sem eru settar fram í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í 1. og 2. mgr. greinar þessarar.

5. hluti – Aðrar tegundir refsiábyrgðar og viðurlög.

11. gr.

Að gera tilraun til brots og að aðstoða við það eða hvetja til þess.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að aðstoða við eða hvetja til þess að eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsinæm skv. 2.–10. gr. samnings þessa, séu framin og tilgangurinn sé að það verði gert.
2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinæma samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsinæm skv. 3. til 5. gr., 7. og 8. gr. og a- og c-liðum 1. mgr. 9. gr. samnings þessa.
3. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í heild eða að hluta.

12. gr.

Refsiábyrgð lögaðila.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila fyrir refsilagabrot sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði samnings þessa og er framið honum til hagsbóta af einstaklingi sem annaðhvort aðhefst einn eða sem hluti af einingu innan lögaðilans og gegnir forustuhlutverki innan lögaðilans sem er grundvallað á:
a) heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans;
b) valdi til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans;
c) valdi til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.
2. Auk þeirra tilvika, sem þegar er kveðið á um í 1. mgr., skal hver aðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að lýsa refsiábyrgð á hendur lögaðila hafi skortur á eftirliti eða stjórnun af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., gert einstaklingi, sem aðhefst í umboði fyrrnefnds lögaðila, kleift að fremja refsilagabrot, sem gert er refsinæmt í samræmi við samning þennan, lögaðilanum til hagsbóta.
3. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um ákvæði meginreglna landslaga aðilans, lotið að refsi- eða einkamálarétti eða verið stjórnsýslulegs eðlis.
4. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið.

national obligations set forth in the international instruments referred to in paragraphs 1 and 2 of this article.

Title 5 – Ancillary liability and sanctions

Article 11

Attempt and aiding or abetting

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, aiding or abetting the commission of any of the offences established in accordance with Articles 2 – 10 of the present Convention with intent that such offence be committed.

2. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish as criminal offences under its domestic law, when committed intentionally, an attempt to commit any of the offences established in accordance with Articles 3 through 5, 7, 8, 9 (1) a and 9 (1) c of this Convention.
3. Each Party may reserve the right not to apply, in whole or in part, paragraph 2 of this article.

Article 12

Corporate liability

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to ensure that a legal person can be held liable for a criminal offence established in accordance with this Convention, committed for its benefit by any natural person, acting either individually or as part of an organ of the legal person, who has a leading position within the legal person, based on:

a. a power of representation of the legal person;
b. an authority to take decisions on behalf of the legal person;
c. an authority to exercise control within the legal person.

2. Apart from the cases already provided for in paragraph 1, each Party shall take the measures necessary to ensure that a legal person can be held liable where the lack of supervision or control by a natural person referred to in paragraph 1 has made possible the commission of a criminal offence established in accordance with this Convention for the benefit of that legal person by a natural person acting under its authority.
3. Subject to the legal principles of the Party, the liability of a legal person may be criminal, civil or administrative.
4. Such liability shall be without prejudice to the criminal liability of the natural persons who have committed the offence.

13. gr.
Viðurlög og ráðstafanir.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að viðurlög við þeim refsilagabrotum, sem gerð eru refsinæm í samræmi við 2.–11. gr., séu áhrifarík, hæfileg og letjandi og geti meðal annars leitt til frelsissviptingar.
2. Hver aðili skal sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði 12. gr., þoli áhrifaríka, hæfilega og letjandi refsingu samkvæmt hegningarlögum eða sæti annars konar viðurlögum eða ráðstöfunum, þar með talið sektum.

Article 13
Sanctions and measures

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to ensure that the criminal offences established in accordance with Articles 2 – 11 are punishable by effective, proportionate and dissuasive sanctions, which include deprivation of liberty.
2. Each Party shall ensure that legal persons held liable in accordance with Article 12 shall be subject to effective, proportionate and dissuasive criminal or non-criminal sanctions or measures, including monetary sanctions.

2. þáttur – Réttarfarsreglur.
1. hluti – Almenn ákvæði.
14. gr.
Gildissvið málsmeðferðarákvæða.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að innleiða þær heimildir og þá málsmeðferð sem kveðið er á um í þætti þessum í tengslum við tiltekna rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrots.
2. Hver aðili skal beita þeim heimildum og málsmeðferð, sem um getur í 1. mgr., nema kveðið sé sérstaklega á um annað í 21. gr.:

a) gagnvart refsilagabrotum sem gerð eru refsinæm skv. 2.–11. gr. samnings þessa;
b) gagnvart öðrum refsilagabrotum sem eru framin með því að nota tölvukerfi; og
c) við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd sem tengjast refsilagabroti.

3. a) Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. gr., aðeins gagnvart brotum eða brotaflokkum, sem eru tilgreindir í fyrirvaranum, að því tilskildu að víðtæki slíkra brota eða brotaflokka sé ekki takmarkaðra en víðtæki þeirra brota sem það beitir þeim ráðstöfunum gagnvart sem um getur í 21. gr. Hver aðili skal kanna þann kost að takmarka slíkan fyrirvara til þess að unnt sé að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. gr., á sem víðtækastan hátt.

b) Geti aðili, sakir takmarkana í gildandi löggjöf sinni þegar samningur þessi er samþykktur, ekki beitt þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. og 21. gr., gagnvart boðum sem eru send innan tölvukerfis þjónustuveitanda:

i) sem er starfrækt í þágu lokaðs notendahóps, og
ii) sem nýtir ekki almenn boðskiptanet og er ekki tengt öðru tölvukerfi í eigu almennings eða í einkaeign,

Section 2 – Procedural law
Title 1 – Common provisions
Article 14
Scope of procedural provisions

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish the powers and procedures provided for in this Section for the purpose of specific criminal investigations or proceedings.
2. Except as specifically otherwise provided in Article 21, each Party shall apply the powers and procedures referred to in paragraph 1 to:

a. the criminal offences established in accordance with articles 2–11 of this Convention;
b. other criminal offences committed by means of a computer system; and
c. the collection of evidence in electronic form of a criminal offence.

3. a. Each Party may reserve the right to apply the measures referred to in Article 20 only to offences or categories of offences specified in the reservation, provided that the range of such offences or categories of offences is not more restricted than the range of offences to which it applies the measures referred to in Article 21. Each Party shall consider restricting such a reservation to enable the broadest application of the measure referred to in Article 20.

b. Where a Party, due to limitations in its legislation in force at the time of the adoption of the present Convention, is not able to apply the measures referred to in Articles 20 and 21 to communications being transmitted within a computer system of a service provider, which system
i. is being operated for the benefit of a closed group of users, and
ii. does not employ public communications networks and is not connected with another computer system, whether public or private,

getur hann áskilið sér rétt til þess að beita þessum ráðstöfunum ekki gagnvart slíkum boðum. Hver aðili skal kanna þann kost að takmarka slíkan fyrirvara til þess að unnt sé að beita þeim ráðstöfunum, sem um getur í 20. og 21. gr., á sem víðtækastan hátt.

15. gr.
Skilyrði og vernd.

1. Hver aðili skal tryggja að innleiðing, framkvæmd og beiting þeirra heimilda og málsmeðferðar, sem kveðið er á um í þessum þætti, séu háð skilyrðum og vernd sem landslög hans kveða á um sem jafnframt skulu kveða á um fullnægjandi verndun mannréttinda og mannfrelsis, meðal annars réttinda sem leiðir af skuldbindingum sem hann hefur undirgengist samkvæmt sáttmála Evrópuráðsins frá 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og öðrum gildum alþjóðagerningum á sviði mannréttinda, og hafa að geyma meðalhófsregluna.

2. Í fyrrnefndum skilyrðum og vernd skulu felast meðal annars, eftir því sem við á og að teknu tilliti til eðlis þeirra heimilda og málsmeðferðar er um ræðir, eftirlit af hálfu réttarkerfisins eða annars konar óháð eftirlit, ástæður er réttlæta beitingu þeirra og takmarkanir á gildissviði og gildistíma umræddrar heimildar eða málsmeðferðar.
3. Aðili skal kanna áhrif heimilda og málsmeðferðar, er um getur í þessum þætti, á réttindi, ábyrgð og lögmæta hagsmuni þriðju aðila að því leyti sem það samræmist almannahagsmunum, einkum öruggri réttarvörslu.

2. hluti – Flýtivarðveisla geymdra tölvugagna.

16. gr.
Flýtivarðveisla geymdra tölvugagna.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera lögbærum yfirvöldum sínum kleift að gefa fyrirmæli um eða koma því með svipuðum hætti í kring að sérstök tölvugögn, þar með talin samskiptagögn, sem hafa verið geymd í tölvukerfi, verði varðveitt umsvifalaust, einkum ef ástæða er til að ætla að sérstök hætta sé á að tölvugögnin týnist eða að þeim verði breytt.
2. Aðili skal, í þeim tilvikum þegar hann hrindir ákvæðum 1. mgr. í framkvæmd með því að gefa persónu fyrirmæli um að varðveita tiltekin geymd tölvugögn sem hann hefur í fórum sínum eða umráð yfir, setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að skylda umrædda persónu til þess að varðveita og viðhalda heil-

that Party may reserve the right not to apply these measures to such communications. Each Party shall consider restricting such a reservation to enable the broadest application of the measures referred to in Articles 20 and 21.

Article 15
Conditions and safeguards

1. Each Party shall ensure that the establishment, implementation and application of the powers and procedures provided for in this Section are subject to conditions and safeguards provided for under its domestic law, which shall provide for the adequate protection of human rights and liberties, including rights arising pursuant to obligations it has undertaken under the 1950 Council of Europe Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, the 1966 United Nations International Covenant on Civil and Political Rights, and other applicable international human rights instruments, and which shall incorporate the principle of proportionality.
2. Such conditions and safeguards shall, as appropriate in view of the nature of the power or procedure concerned, inter alia, include judicial or other independent supervision, grounds justifying application, and limitation on the scope and the duration of such power or procedure.

3. To the extent that it is consistent with the public interest, in particular the sound administration of justice, a Party shall consider the impact of the powers and procedures in this Section upon the rights, responsibilities and legitimate interests of third parties.

Title 2 – Expedited preservation of stored computer data

Article 16
Expedited preservation of stored computer data

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to enable its competent authorities to order or similarly obtain the expeditious preservation of specified computer data, including traffic data, that has been stored by means of a computer system, in particular where there are grounds to believe that the computer data is particularly vulnerable to loss or modification.

2. Where a Party gives effect to paragraph 1 above by means of an order to a person to preserve specified stored computer data in the person's possession or control, the Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to oblige that person to preserve and maintain the integrity of that computer data for a period of time

leika fyrrnefndra tölvugagna eins lengi og nauðsyn krefur, eða í allt að 90 daga hið lengsta, í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum kleift að leita eftir því að fá þau afhent. Aðili getur tilskilið að slík fyrirmæli verði endurnýjuð síðar.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að skylda gæsluaðila tölvugagnanna eða aðra persónu, sem er ætlað það hlutverk að varðveita þau, til þess að halda framkvæmd slíkrar meðferðar leyndri eins lengi og landslög aðilans mæla fyrir um það.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

as long as necessary, up to a maximum of 90 days, to enable the competent authorities to seek its disclosure. A Party may provide for such an order to be subsequently renewed.

3. Each Party shall adopt such legislative or other measures as may be necessary to oblige the custodian or other person who is to preserve the computer data to keep confidential the undertaking of such procedures for the period of time provided for by its domestic law.

4. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

17. gr.

Varðveislu samskiptagagna og afhendingu þeirra að hluta flýtt.

1. Hver aðili skal, vegna samskiptagagna sem varðveita á skv. 16. gr., setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja:

a) að slík flýtivarðveisla samskiptagagna fari fram án tillits til þess hvort einn eða fleiri þjónustuveitendur komu að sendingu umræddra boða; og

b) að samskiptagögn í nægilega miklum mæli séu afhent lögbæru yfirvaldi aðilans eða persónu, sem það tilnefnir, í flýti til þess að gera aðilanum kleift að bera kennsl á viðkomandi þjónustuveitendur og átta sig á þeirri leið sem boðin voru send eftir.

2. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

Article 17

Expedited preservation and partial disclosure of traffic data

1. Each Party shall adopt, in respect of traffic data that is to be preserved under Article 16, such legislative and other measures as may be necessary to:

a. ensure that such expeditious preservation of traffic data is available regardless of whether one or more service providers were involved in the transmission of that communication; and
b. ensure the expeditious disclosure to the Party's competent authority, or a person designated by that authority, of a sufficient amount of traffic data to enable the Party to identify the service providers and the path through which the communication was transmitted.

2. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

3. hluti – Fyrirmæli um framlagningu.

18. gr.

Fyrirmæli um framlagningu.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að veita lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að fyrirskipa:

a) persónu á landsvæði sínu að leggja fram tilgreind tölvugögn sem hún hefur í fórum sínum eða umráð yfir og eru geymd í tölvukerfi eða vörslumiðli tölvugagna; og

b) þjónustuveitanda, sem býður fram þjónustu sína á landsvæði aðilans, að leggja fram gögn sem veita upplýsingar um áskrifendur og varða slíka þjónustu og fyrrnefndur þjónustuveitandi hefur í fórum sínum eða umráð yfir.

2. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

Title 3 – Production order

Article 18

Production order

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its competent authorities to order:

a. a person in its territory to submit specified computer data in that person's possession or control, which is stored in a computer system or a computer-data storage medium; and
b. a service provider offering its services in the territory of the Party to submit subscriber information relating to such services in that service provider's possession or control.

2. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

3. Að því er grein þessa varðar merkir „upplýsingar um fasta kaupendur" hverjar þær upplýsingar sem er haldið til haga í formi tölvugagna eða einhverri annarri mynd og þjónustuveitandi hefur í fórum sínum og varða fasta kaupendur þjónustu hans, aðrar en gögn um samskipti eða innihald, og unnt er að nota til þess að fá vitneskju um:

a) gerð þeirrar boðskiptaþjónustu sem er notuð, hvaða tækniráðstafanir eru gerðar vegna hennar og á hvaða tímabili þjónustan er veitt;
b) hver fastur kaupandi er, hvert póstfang hans er eða heimilisfang, símanúmer og önnur númer, sem gera kleift að komast í samband við hann, og um reikningagerð og greiðslur, vitneskju sem er byggð á þjónustusamningi eða -fyrirkomulagi;
c) allt annað er lýtur að því hvar búnaður til boðskipta er upp settur, það er vitneskju sem er byggð á þjónustusamningi eða -fyrirkomulagi.

3. For the purpose of this article, "subscriber information" means any information, contained in the form of computer data or any other form, that is held by a service provider, relating to subscribers of its services, other than traffic or content data, by which can be established:

a. the type of the communication service used, the technical provisions taken thereto and the period of service;
b. the subscriber's identity, postal or geographic address, telephone and other access number, billing and payment information, available on the basis of the service agreement or arrangement;
c. any other information on the site of the installation of communication equipment available on the basis of the service agreement or arrangement.

4. hluti – Leit í geymdum tölvugögnum og haldlagning þeirra.

19. gr.

Leit í geymdum tölvugögnum og haldlagning þeirra.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að veita lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að gera leit í eða fara með álíka hætti inn í:

a) tölvukerfi eða hluta þess og ganga að tölvugögnum sem þar eru geymd; og
b) vörslumiðil tölvugagna sem tölvugögn geta verið geymd í

á landsvæði sínu.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja, geri yfirvöld þeirra leit í eða fari með líkum hætti inn í tiltekið tölvukerfi eða hluta þess samkvæmt ákvæðum a-liðar 1. mgr. og hafi ástæðu til að ætla að þau gögn, sem leitað er eftir, séu geymd í öðru tölvukerfi eða hluta þess á landsvæði hans og að slík gögn sé unnt að nálgast á löglegan hátt í upphaflega kerfinu eða að þau séu tæk fyrir það, að slík yfirvöld séu í stakk búin til þess að færa í flýti út leit til hins kerfisins eða fara með svipuðum hætti inn í það.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að veita lögbærum yfirvöldum sínum heimild til að leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir tölvugögn sem gengið er að samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. Í þessum ráðstöfunum skulu felast heimildir til að:

a) leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir tölvukerfi eða hluta þess eða vörslumiðil tölvugagna;
b) afrita fyrrnefnd tölvugögn og varðveita slíkt afrit;

Title 4 – Search and seizure of stored computer data

Article 19

Search and seizure of stored computer data

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its competent authorities to search or similarly access:

a. a computer system or part of it and computer data stored therein; and
b. computer-data storage medium in which computer data may be stored

in its territory.

2. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to ensure that where its authorities search or similarly access a specific computer system or part of it, pursuant to paragraph 1 (a), and have grounds to believe that the data sought is stored in another computer system or part of it in its territory, and such data is lawfully accessible from or available to the initial system, such authorities shall be able to expeditiously extend the search or similar accessing to the other system.

3. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its competent authorities to seize or similarly secure computer data accessed according to paragraphs 1 or 2. These measures shall include the power to:

a. seize or similarly secure a computer system or part of it or a computer-data storage medium;
b. make and retain a copy of those computer data;

c) viðhalda heilleika viðkomandi tölvugagna sem eru geymd: og
d) gera tölvugögnin í því tölvukerfi, sem farið hefur verið inn í, óaðgengileg eða fjarlægja þau.

4. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að veita lögbærum yfirvöldum sínum heimild til að fyrirskipa hverri þeirri persónu, sem býr yfir þekkingu á því hvernig tölvukerfið virkar eða ráðstöfunum sem er beitt til þess að vernda tölvugögnin sem þar eru, að láta í té, eftir því sem eðlilegt má teljast, nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. og 2. mgr.

5. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

c. maintain the integrity of the relevant stored computer data; and
d. render inaccessible or remove those computer data in the accessed computer system.

4. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its competent authorities to order any person who has knowledge about the functioning of the computer system or measures applied to protect the computer data therein to provide, as is reasonable, the necessary information, to enable the undertaking of the measures referred to in paragraphs 1 and 2.

5. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

5. hluti – Söfnun tölvugagna miðað við rauntíma.

20. gr.

Söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta veitt lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að:

a) safna eða skrá á landsvæði sínu og með tæknilegum aðferðum, og
b) knýja þjónustuveitanda, eins og tæknigeta hans leyfir á hverjum sinni, til þess að:
   i) safna eða skrá á landsvæði fyrrnefnds aðila og með tæknilegum aðferðum, eða
   ii) vinna með og aðstoða viðkomandi lögbær yfirvöld við að safna eða skrá,

   samskiptagögn, miðað við rauntíma, sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði hans sem eru send um tölvukerfi.

2. Geti aðili ekki samþykkt þær ráðstafanir, er um getur í a-lið 1. mgr., vegna viðtekinna meginreglna innlends réttarkerfis síns getur hann þess í stað sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að fram fari söfnun eða skráning samskiptagagna, sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði hans, miðað við rauntíma, með því að beita tæknilegum aðferðum á því landsvæði.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að skylda þjónustuveitanda til þess að halda því leyndu þegar heimild, sem kveðið er á um í grein þessari, er nýtt og upplýsingum þar að lútandi.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

Title 5 – Real-time collection of computer data

Article 20

Real-time collection of traffic data

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to empower its competent authorities to:

a. collect or record through application of technical means on the territory of that Party, and
b. compel a service provider, within its existing technical capability, to:
   i. collect or record through application of technical means on the territory of that Party, or
   ii. co-operate and assist the competent authorities in the collection or recording of,

   traffic data, in real-time, associated with specified communications in its territory transmitted by means of a computer system.

2. Where a Party, due to the established principles of its domestic legal system, cannot adopt the measures referred to in paragraph 1 (a), it may instead adopt legislative and other measures as may be necessary to ensure the real-time collection or recording of traffic data associated with specified communications in its territory through application of technical means on that territory.

3. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to oblige a service provider to keep confidential the fact of and any information about the execution of any power provided for in this Article.

4. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

21. gr.

Hlerun gagna um innihald.

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur og í tengslum við víðtæki alvarlegra brota sem skilgreint verður samkvæmt landslögum, til þess að veita lögbærum yfirvöldum sínum heimild til þess að:

a) safna eða skrá á landsvæði sínu og með tæknilegum aðferðum, og

b) knýja þjónustuveitanda, eins og tæknigeta hans leyfir á hverjum tíma, til þess að:

i) safna eða skrá á landsvæði fyrrnefnds aðila og með tæknilegum aðferðum, eða

ii) vinna með og aðstoða viðkomandi lögbær yfirvöld við að safna eða skrá,

gögn um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð á landsvæði sínu sem send eru um tölvukerfi.

2. Geti aðili ekki samþykkt þær ráðstafanir, er um getur í a-lið 1. mgr., vegna viðtekinna meginreglna innlends réttarkerfis síns getur hann þess í stað sett lagaákvæði og samþykkt aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að fram fari söfnun eða skráning gagna um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð á landsvæði hans þar sem tæknilegum aðferðum er beitt á því landsvæði.

3. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að skylda þjónustuveitanda til þess að halda því leyndu þegar heimild, sem kveðið er á um í grein þessari, er nýtt og upplýsingum þar að lútandi.

4. Þær heimildir og málsmeðferð, sem um getur í grein þessari, eru með fyrirvara um ákvæði 14. og 15. gr.

3. þáttur – Refsilögsögureglur.

22. gr.

Refsilögsögureglur.

1. Hver aðili skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að hann geti aflað sér lögsögu í málum er varða háttsemi, sem gerð er refsinæm í samræmi við ákvæði 2.–11. gr. samnings þessa, þegar brotið er framið:

a) á landsvæði hans; eða

b) um borð í skipi sem siglir undir fána fyrrnefnds aðila; eða

c) um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum fyrrnefnds aðila; eða

d) af einum ríkisborgara hans sé brotið refsinæmt samkvæmt hegningarlögum þar sem það var framið eða sé það framið utan landsvæðis sem lögsaga einhvers ríkis nær til.

2. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki þeim reglum um lögsögu, sem mælt er fyrir um í b- til d-liðum 1. mgr. greinar þessarar, eða hluta þeirra, eða gera það aðeins í sérstöku tilvikum eða við sérstök skilyrði.

Article 21

Interception of content data

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary, in relation to a range of serious offences to be determined by domestic law, to empower its competent authorities to:

a. collect or record through application of technical means on the territory of that Party, and

b. compel a service provider, within its existing technical capability, to:

i. collect or record through application of technical means on the territory of that Party, or

ii. co-operate and assist the competent authorities in the collection or recording of,

content data, in real-time, of specified communications in its territory transmitted by means of a computer system.

2. Where a Party, due to the established principles of its domestic legal system, cannot adopt the measures referred to in paragraph 1 (a), it may instead adopt legislative and other measures as may be necessary to ensure the real-time collection or recording of content data of specified communications in its territory through application of technical means on that territory.

3. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to oblige a service provider to keep confidential the fact of and any information about the execution of any power provided for in this Article.

4. The powers and procedures referred to in this article shall be subject to Articles 14 and 15.

Section 3 – Jurisdiction

Article 22

Jurisdiction

1. Each Party shall adopt such legislative and other measures as may be necessary to establish jurisdiction over any offence established in accordance with Articles 2 – 11 of this Convention, when the offence is committed:

a. in its territory; or

b. on board a ship flying the flag of that Party; or

c. on board an aircraft registered under the laws of that Party; or

d. by one of its nationals, if the offence is punishable under criminal law where it was committed or if the offence is committed outside the territorial jurisdiction of any State.

2. Each Party may reserve the right not to apply or to apply only in specific cases or conditions the jurisdiction rules laid down in paragraphs (1) b – (1) d of this article or any part thereof.

3. Hver aðili skal samþykkja ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra brota, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. samnings þessa, þegar meintur brotamaður er staddur á landsvæði viðkomandi aðila og sá framselur hann ekki öðrum aðila, á grundvelli þjóðernis hans einvörðungu, að framkominni framsalsbeiðni.
4. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

5. Geri fleiri en einn aðili kröfu um að meint brot, sem gert er refsinæmt í samræmi við ákvæði samnings þessa, beri undir lögsögu sína skulu hlutaðeigandi aðilar ráðgast sín á milli, þar sem það á við, í því skyni að ákveða í lögsögu hvers sé mest viðeigandi að mál sé höfðað.

III. kafli – Alþjóðleg samvinna.
1. þáttur – Meginreglur almenns eðlis.
1. hluti – Meginreglur almenns eðlis um alþjóðlega samvinnu.
23. gr.
Meginreglur almenns eðlis um alþjóðlega samvinnu.

Aðilarnir skulu vinna saman, í samræmi við ákvæði þessa kafla og með því að beita viðeigandi alþjóðlegum gerningum um alþjóðlega samvinnu í afbrotamálum, tilhögun sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar og innlendum lögum, og eftir því sem við verður komið, að rannsókn eða málarekstri vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða vinna saman að söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti.

2. hluti – Meginreglur um framsal.
24. gr.
Framsal.

1. a) Ákvæði greinar þessarar gilda um framsal milli aðila vegna brota, sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2.–11. gr. þessa samnings, að því tilskildu að þau séu refsinæm samkvæmt lögum beggja hlutaðeigandi aðila og við þeim liggi frelsissvipting í að minnsta kosti eitt ár hið mesta eða þyngri refsing.
   b) Standi til að leggja á öðruvísi lágmarksrefsingu samkvæmt tilhögun, sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar eða á grundvelli framsalssamnings, til dæmis Evrópusamnings um framsal sakamanna (ETS nr. 24), sem í gildi er milli tveggja aðila eða fleiri, skal sú lágmarksrefsing, sem mælt er fyrir um í slíkri tilhögun eða samningi, gilda.
2. Líta ber þannig á að brot, sem er lýst í 1. mgr.

3. Each Party shall adopt such measures as may be necessary to establish jurisdiction over the offences referred to in Article 24, paragraph (1) of this Convention, in cases where an alleged offender is present in its territory and it does not extradite him/her to another Party, solely on the basis of his/her nationality, after a request for extradition.
4. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with domestic law.
5. When more than one Party claims jurisdiction over an alleged offence established in accordance with this Convention, the Parties involved shall, where appropriate, consult with a view to determining the most appropriate jurisdiction for prosecution.

Chapter III – International co-operation
Section 1 – General principles
Title 1 – General principles relating to international co-operation
Article 23
General principles relating to international co-operation

The Parties shall co-operate with each other, in accordance with the provisions of this chapter, and through application of relevant international instruments on international co-operation in criminal matters, arrangements agreed on the basis of uniform or reciprocal legislation, and domestic laws, to the widest extent possible for the purposes of investigations or proceedings concerning criminal offences related to computer systems and data, or for the collection of evidence in electronic form of a criminal offence.

Title 2 – Principles relating to extradition
Article 24
Extradition

1. a. This article applies to extradition between Parties for the criminal offences established in accordance with Articles 2 – 11 of this Convention, provided that they are punishable under the laws of both Parties concerned by deprivation of liberty for a maximum period of at least one year, or by a more severe penalty.
   b. Where a different minimum penalty is to be applied under an arrangement agreed on the basis of uniform or reciprocal legislation or an extradition treaty, including the European Convention on Extradition (ETS No. 24), applicable between two or more parties, the minimum penalty provided for under such arrangement or treaty shall apply.

2. The criminal offences described in paragraph 1

greinar þessarar, séu brot sem geta leitt til framsals í skilningi framsalssamninga sem eru í gildi milli aðila eða þeirra á meðal. Aðilar skuldbinda sig til þess að telja fyrrnefnd brot meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi sem kann að verða gerður milli þeirra.

3. Taki aðili, sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, við framsalsbeiðni frá öðrum aðila, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur hann litið á samning þennan sem lagalegan grundvöll að framsali með tilliti til brots sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar.

4. Aðilar, sem gera það ekki að skilyrði fyrir framsali að í gildi sé samningur þar um, skulu samþykkja, með gagnkvæmum hætti, að brot, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, séu framsalsbrot.

5. Framsal skal háð þeim skilyrðum, sem landslög þess aðila, sem framsalsbeiðni er beint til, kveða á um eða gildandi framsalssamningar, meðal annars ástæðum þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, geti synjað um framsal.

6. Sé synjað um framsal vegna refsilagabrots, sem um getur í 1. mgr. greinar þessarar, einungis á grundvelli ríkisfangs þess manns sem óskast framseldur eða vegna þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, telur sig hafa lögsögu í málinu skal aðilinn, sem beiðni er beint til, leggja málið fyrir lögbær yfirvöld sín til saksóknar að beiðni þess aðila sem framsals beiðist og tilkynna honum um endanlega niðurstöðu þess þegar þar að kemur. Skulu þau yfirvöld taka ákvörðun sína og haga rannsókn sinni og málarekstri með sama hætti og þegar um ræðir önnur sambærileg brot samkvæmt landslögum þess aðila.

7. a) Hver aðili skal, við undirritun samningsins eða samtímis því að hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá nafni og aðsetri hvers þess yfirvalds sem sér um að senda framsalsbeiðni eða beiðni um handtöku og gæslu, ef samningur er ekki fyrir hendi, eða taka við slíkum beiðnum.

b) Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal stofna og uppfæra reglulega skrá um yfirvöld sem aðilarnir tilnefna í þeim tilgangi er fyrr greinir. Hver aðili skal sjá til þess að þær upplýsingar, sem skráin geymir, séu ávallt réttar.

3. hluti – Meginreglur almenns eðlis um gagnkvæma aðstoð.

25. gr.

Meginreglur almenns eðlis um gagnkvæma aðstoð.

1. Aðilar skulu veita hver öðrum alla þá aðstoð, sem við verður komið, við rannsókn eða málarekstur

of this Article shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between or among the Parties. The Parties undertake to include such offences as extraditable offences in any extradition treaty to be concluded between or among them.

3. If a Party that makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another Party with which it does not have an extradition treaty, it may consider this Convention as the legal basis for extradition with respect to any criminal offence referred to in paragraph 1 of this article.

4. Parties that do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognise the criminal offences referred to in paragraph 1 of this article as extraditable offences between themselves.

5. Extradition shall be subject to the conditions provided for by the law of the requested Party or by applicable extradition treaties, including the grounds on which the requested Party may refuse extradition.

6. If extradition for a criminal offence referred to in paragraph 1 of this article is refused solely on the basis of the nationality of the person sought, or because the requested Party deems that it has jurisdiction over the offence, the requested Party shall submit the case at the request of the requesting Party to its competent authorities for the purpose of prosecution and shall report the final outcome to the requesting Party in due course. Those authorities shall take their decision and conduct their investigations and proceedings in the same manner as in the case of any other offence of a comparable nature under the law of that Party.

7. a. Each Party shall, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, communicate to the Secretary General of the Council of Europe the name and addresses of each authority responsible for the making to or receipt of a request for extradition or provisional arrest in the absence of a treaty.

b. The Secretary General of the Council of Europe shall set up and keep updated a register of authorities so designated by the Parties. Each Party shall ensure that the details held on the register are correct at all times.

Title 3 – General principles relating to mutual assistance

Article 25

General principles relating to mutual assistance

1. The Parties shall afford one another mutual assistance to the widest extent possible for the pur-

vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti.

2. Hver aðili skal og setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta framkvæmt þær skuldbindingar sem eru settar fram í 27.–35. gr.
3. Hver aðili getur, ef brýnar ástæður eru til, sent beiðni um gagnkvæma aðstoð eða orðsendingu þar að lútandi eftir hraðvirkum boðleiðum, meðal annars í formi símbréfs eða tölvupósts, eftir því sem slíkar boðleiðir eru nægilega öruggar og unnt er að færa sönnur á uppruna slíkra beiðna eða orðsendinga með viðunandi hætti (meðal annars má nota dulkóðun sé slíkt nauðsynlegt) og að formleg staðfesting sé send síðar geri aðilinn, sem beiðni er beint til, kröfu þar um. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal fallast á beiðni, sem er send eftir slíkum hraðvirkum boðleiðum, og bregðast við henni.
4. Gagnkvæm aðstoð skal, nema ákvæði greina þessa kafla mæli sérstaklega fyrir um annað, háð þeim skilyrðum sem landslög þess aðila, sem beiðni er beint til, kveða á um eða gildandi samningar um gagnkvæma aðstoð, meðal annars ástæðum þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, geti hafnað því að eiga samvinnu við viðkomandi. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal ekki nýta sér þann rétt að synja um gagnkvæma aðstoð vegna þeirra brota, sem um getur í 2.–11. gr., á þeirri forsendu einni að beiðnin varði brot sem sé talið til skattalagabrota.
5. Í þeim tilvikum þegar aðila, sem beiðni er beint til, er heimilt, í samræmi við ákvæði þessa kafla, að gera það að skilyrði fyrir gagnkvæmri aðstoð að um tvöfalt refsinæmi sé að ræða hjá báðum aðilum skal líta svo á að því skilyrði sé fullnægt, óháð því hvort landslög hans mæla svo fyrir að brotið skuli falla undir sama brotaflokk og hjá aðilanum, sem leggur fram beiðni, eða lýsa því með sama orðalagi og hann gerir, ef sú háttsemi, sem liggur broti því til grundvallar, sem aðstoðar er leitað vegna, er hegningarlagabrot samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðilans.

26. gr.

Upplýsingagjöf að eigin frumkvæði.

1. Aðili getur, eftir því sem landslög hans heimila og óumbeðið, sent öðrum aðila upplýsingar, sem hefur verið aflað með eigin rannsóknum, álíti hann að afhending slíkra upplýsinga geti gagnast þeim aðila, sem við þeim tekur, til að hefja eða framkvæma rannsókn eða reka mál vegna refsilagabrota, sem gerð eru refsinæm samkvæmt samningi þessum, eða geti leitt til þess að sá aðili leggi fram beiðni um samstarf samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Aðilinn, sem lætur slíkar upplýsingar í té, getur, áður en til þess kemur, óskað þess að þeim verði

pose of investigations or proceedings concerning criminal offences related to computer systems and data, or for the collection of evidence in electronic form of a criminal offence.
2. Each Party shall also adopt such legislative and other measures as may be necessary to carry out the obligations set forth in Articles 27 – 35.

3. Each Party may, in urgent circumstances, make requests for mutual assistance or communications related thereto by expedited means of communications, including fax or e-mail, to the extent that such means provide appropriate levels of security and authentication (including the use of encryption, where necessary), with formal confirmation to follow, where required by the requested Party. The requested Party shall accept and respond to the request by any such expedited means of communication.

4. Except as otherwise specifically provided in Articles in this Chapter, mutual assistance shall be subject to the conditions provided for by the law of the requested Party or by applicable mutual assistance treaties, including the grounds on which the requested Party may refuse co-operation. The requested Party shall not exercise the right to refuse mutual assistance in relation to the offences referred to in Articles 2 to 11 solely on the ground that the request concerns an offence which it considers a fiscal offence.
5. Where, in accordance with the provisions of this chapter, the requested Party is permitted to make mutual assistance conditional upon the existence of dual criminality, that condition shall be deemed fulfilled, irrespective of whether its laws place the offence within the same category of offence or denominates the offence by the same terminology as the requesting Party, if the conduct underlying the offence for which assistance is sought is a criminal offence under its laws.

Article 26

Spontaneous information

1. A Party may, within the limits of its domestic law, without prior request, forward to another Party information obtained within the framework of its own investigations when it considers that the disclosure of such information might assist the receiving Party in initiating or carrying out investigations or proceedings concerning criminal offences established in accordance with this Convention or might lead to a request for co-operation by that Party under this chapter.
2. Prior to providing such information, the providing Party may request that it be kept confidential or

haldið leyndum eða þær notaðar samkvæmt settum skilyrðum. Geti aðilinn, er við upplýsingunum tekur, ekki orðið við slíkri beiðni skal hann tilkynna það þeim aðila, er lætur þær í té, sem ákveður hvort afhenda skuli upplýsingarnar þrátt fyrir það. Þiggi móttökuaðilinn upplýsingarnar með settum skilyrðum skal hann uppfylla þau.

4. hluti – Málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð þegar gildandi alþjóðasamningar þar um eru ekki fyrir hendi.

27. gr.

Málsmeðferðarreglur er lúta að beiðnum um gagnkvæma aðstoð þegar gildandi alþjóðasamningar þar um eru ekki fyrir hendi.

1. Sé enginn samningur um eða ekkert fyrirkomulag á gagnkvæmri aðstoð á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar, sem gildir milli þess aðila sem leggur fram beiðni og þess er beiðni er beint til, fyrir hendi gilda ákvæði 2. til 9. mgr. greinar þessarar. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki sé slíkur samningur, fyrirkomulag eða löggjöf fyrir hendi nema hlutaðeigandi aðilar sammælist um að beita einhverjum eða öllum þeim ákvæðum greinar þessarar sem eftir standa í stað slíkra samninga, fyrirkomulags eða löggjafar.

2. a) Hver aðili skal tilnefna umsjónarstjórnvald, eitt eða fleiri, sem skal bera ábyrgð á því að senda beiðnir um gagnkvæma aðstoð og svara þeim, að framfylgja slíkum beiðnum eða framsenda þær yfirvöldum sem eru til þess bær að framfylgja þeim.

b) Umsjónarstjórnvöld skulu eiga bein samskipti sín á milli.

c) Hver aðili skal, samtímis því að hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá nafni og aðsetri þeirra stjórnvalda sem eru tilnefnd í samræmi við málsgrein þessa.

d) Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal stofna og uppfæra reglulega skrá um umsjónarstjórnvöld sem aðilarnir tilnefna í þeim tilgangi er fyrr greinir. Hver aðili skal sjá til þess að þær upplýsingar, sem skráin geymir, séu ávallt réttar.

3. Framfylgja ber beiðnum um gagnkvæma aðstoð, sem eru lagðar fram samkvæmt grein þessari, í samræmi við þá málsmeðferð sem aðilinn, sem leggur fram beiðni, tilgreinir nema slík málsmeðferð samræmist ekki lögum aðilans sem beiðni er beint til.

4. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur, auk þeirra ástæðna fyrir synjun sem tiltækar eru skv. 4. mgr. 25. gr., synjað um aðstoð:

a) varði beiðnin brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telur af pólitískum toga eða brot sem

used subject to conditions. If the receiving Party cannot comply with such request, it shall notify the providing Party, which shall then determine whether the information should nevertheless be provided. If the receiving Party accepts the information subject to the conditions, it shall be bound by them.

Title 4 – Procedures pertaining to mutual assistance requests in the absence of applicable international agreements

Article 27

Procedures pertaining to mutual assistance requests in the absence of applicable international agreements

1. Where there is no mutual assistance treaty or arrangement on the basis of uniform or reciprocal legislation in force between the requesting and requested Parties, the provisions of paragraphs 2 through 9 of this article shall apply. The provisions of this article shall not apply where such treaty, arrangement or legislation is available, unless the Parties concerned agree to apply any or all of the remainder of this article in lieu thereof.

2. a. Each Party shall designate a central authority or authorities that shall be responsible for sending and answering requests for mutual assistance, the execution of such requests, or the transmission of them to the authorities competent for their execution.

b. The central authorities shall communicate directly with each other.

c. Each Party shall, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, communicate to the Secretary General of the Council of Europe the names and addresses of the authorities designated in pursuance of this paragraph.

d. The Secretary General of the Council of Europe shall set up and keep updated a register of central authorities so designated by the Parties. Each Party shall ensure that the details held on the register are correct at all times.

3. Mutual assistance requests under this Article shall be executed in accordance with the procedures specified by the requesting Party except where incompatible with the law of the requested Party.

4. The requested Party may, in addition to grounds for refusal available under Article 25, paragraph (4), refuse assistance if:

a. the request concerns an offence which the requested Party considers a political offence or an

tengist broti af pólitískum toga; eða
b) álíti hann að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans.

5. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur frestað aðgerðum til framkvæmdar beiðni ef slíkar aðgerðir myndu skaða rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrots sem yfirvöld hans stjórna.

6. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal, áður en hann synjar um eða frestar aðstoð og þar sem það á við og eftir að hafa ráðfært sig við aðilann sem leggur fram beiðni, kanna þann kost hvort unnt sé að verða við beiðninni að hluta eða samkvæmt þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

7. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal tilkynna aðilanum, sem leggur fram beiðni, um árangur af framkvæmd aðstoðarbeiðninnar án tafar. Sé beiðni synjað eða henni frestað skal tilgreina ástæður slíkrar synjunar eða frestunar. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal og upplýsa aðilann, sem leggur fram beiðni, um ástæður þess að ekki er unnt að framfylgja beiðninni eða ástæður þess að líklegt sé að framkvæmd hennar dragist verulega á langinn.

8. Aðilinn, sem leggur fram beiðni, getur krafist þess að aðilinn, sem beiðni er beint til, haldi beiðni, sem lögð er fram samkvæmt þessum kafla, leyndri og efni hennar að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að framfylgja henni. Geti aðilinn, sem beiðni er beint til, ekki orðið við beiðni um þagnarskyldu skal hann tilkynna það aðilanum, sem leggur fram beiðni, sem ákveður þá hvort framfylgja skuli beiðninni þrátt fyrir það.

9. a) Í bráðatilvikum geta dómsmálayfirvöld þess aðila, sem leggur fram beiðni, sent beiðnir um gagnkvæma aðstoð eða orðsendingar þar að lútandi milliliðalaust til sambærilegra yfirvalda aðilans sem beiðni er beint til. Í slíkum tilvikum skal jafnframt senda umsjónarstjórnvaldi aðilans, sem beiðni er beint til, afrit fyrir milligöngu umsjónarstjórnvalds aðilans er leggur fram beiðni.
   b) Heimilt er að senda beiðnir eða orðsendingar samkvæmt málsgrein þessari fyrir milligöngu Alþjóðasambands sakamálalögreglu (Interpol).
   c) Sé beiðni lögð fram skv. a-lið og sé viðkomandi yfirvald ekki til þess bært að fjalla um hana skal það vísa beiðninni til lögbærs innlends yfirvalds og tilkynna það aðilanum, sem lagði beiðnina fram, milliliðalaust.
   d) Lögbær yfirvöld aðilans, sem leggur fram beiðni, geta sent aðilanum, sem beiðni er beint til, beiðnir eða orðsendingar samkvæmt málsgrein þessari milliliðalaust hafi slíkar

offence connected with a political offence; or
b. it considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, ordre public or other essential interests.

5. The requested Party may postpone action on a request if such action would prejudice criminal investigations or proceedings conducted by its authorities.

6. Before refusing or postponing assistance, the requested Party shall, where appropriate after having consulted with the requesting Party, consider whether the request may be granted partially or subject to such conditions as it deems necessary.

7. The requested Party shall promptly inform the requesting Party of the outcome of the execution of a request for assistance. If the request is refused or postponed, reasons shall be given for the refusal or postponement. The requested Party shall also inform the requesting Party of any reasons that render impossible the execution of the request or are likely to delay it significantly.

8. The requesting Party may request that the requested Party keep confidential the fact and substance of any request made under this Chapter except to the extent necessary to execute the request. If the requested Party cannot comply with the request for confidentiality, it shall promptly inform the requesting Party, which shall then determine whether the request should nevertheless be executed.

9. a. In the event of urgency, requests for mutual assistance or communications related thereto may be sent directly by judicial authorities of the requesting Party to such authorities of the requested Party. In any such cases a copy shall be sent at the same time to the central authority of the requested Party through the central authority of the requesting Party.
   b. Any request or communication under this paragraph may be made through the International Criminal Police Organisation (Interpol).
   c. Where a request is made pursuant to subparagraph (a) and the authority is not competent to deal with the request, it shall refer the request to the competent national authority and inform directly the requesting Party that it has done so.
   d. Requests or communications made under this paragraph that do not involve coercive action may be directly transmitted by the competent authorities of the requesting

beiðnir eða orðsendingar ekki í för með sér þvingunaraðgerðir.

e) Hverjum aðila er heimilt, við undirritun eða þegar hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að upplýsa aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að í þágu skilvirkni beri að beina beiðnum samkvæmt málsgrein þessari til umsjónarstjórnvalds síns.

28. gr.

Þagnarskylda og takmörkun á notkun.

1. Séu engir samningar um eða fyrirkomulag á gagnkvæmri aðstoð á grundvelli samhljóða eða gagnkvæmrar löggjafar, sem gildir milli þess aðila sem leggur fram beiðni og þess er beiðni er beint til, fyrir hendi gilda ákvæði greinar þessarar. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki, sé slíkur samningur, fyrirkomulag eða löggjöf fyrir hendi, nema hlutaðeigandi aðilar sammælist um að beita einhverjum eða öllum þeim ákvæðum greinar þessarar sem eftir standa í stað slíkra samninga, fyrirkomulags eða löggjafar.

2. Aðilinn, sem beiðni er beint til, getur gert það að hann láti í té upplýsingar eða efni sem svar við beiðni háð því skilyrði að slíkum upplýsingum eða efni:

a) sé haldið leyndu í þeim tilvikum þar sem ekki yrði unnt að verða við beiðni um gagnkvæma aðstoð nema að uppfylltu slíku skilyrði, eða

b) að slíkar upplýsingar eða efni sé ekki notað í tengslum við aðra rannsókn eða annan málarekstur en um getur í beiðninni.

3. Geti aðilinn, sem leggur fram beiðni, ekki uppfyllt skilyrði, sem um getur í 2. mgr., skal hann tilkynna það gagnaðila sem ákveður þá hvort láta skuli upplýsingarnar í té þrátt fyrir það. Samþykki aðilinn, sem leggur fram beiðni, skilyrðið skal hann bundinn af því.

4. Hver aðili, sem lætur í té upplýsingar eða efni háð skilyrði sem um getur í 2. mgr., getur krafið gagnaðilann um skýringar, með tilliti til fyrrnefnds skilyrðis, á notkun slíkra upplýsinga eða efnis.

2. þáttur – Sérákvæði.

1. hluti – Gagnkvæm aðstoð er lýtur að bráðabirgðaráðstöfunum.

29. gr.

Flýtivarðveisla geymdra tölvugagna.

1. Aðili getur beðið annan aðila að gefa fyrirmæli um, eða fá með öðrum hætti framgengt, flýtivarðveislu gagna sem eru geymd með því að nota til þess tölvukerfi og staðsett eru á landsvæði þess síðarnefnda og aðilinn, sem leggur fram beiðni, hyggst senda beiðni vegna um gagnkvæma aðstoð er

Party to the competent authorities of the requested Party.

e. Each Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession inform the Secretary General of the Council of Europe that, for reasons of efficiency, requests made under this paragraph are to be addressed to its central authority.

Article 28

Confidentiality and limitation on use

1. When there is no mutual assistance treaty or arrangement on the basis of uniform or reciprocal legislation in force between the requesting and the requested Parties, the provisions of this article shall apply. The provisions of this article shall not apply where such treaty, arrangement or legislation, is available unless the Parties concerned agree to apply any or all of the remainder of this article in lieu thereof.

2. The requested Party may make the furnishing of information or material in response to a request dependent on the condition that it is:

a. kept confidential where the request for mutual legal assistance could not be complied with in the absence of such condition, or

b. not used for investigations or proceedings other than those stated in the request.

3. If the requesting Party cannot comply with a condition referred to in paragraph 2, it shall promptly inform the other Party, which shall then determine whether the information is nevertheless provided. When the requesting Party accepts the condition, it shall be bound by it.

4. Any Party that furnishes information or material subject to a condition referred to in paragraph 2 may require the other Party to explain, in relation to that condition, the use made of such information or material.

Section 2 – Specific provisions

Title 1 – Mutual assistance regarding provisional measures

Article 29

Expedited preservation of stored computer data

1. A Party may request another Party to order or otherwise obtain the expeditious preservation of data stored by means of a computer system, which is located within the territory of that other Party and in respect of which the requesting Party intends to submit a request for mutual assistance for the

tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna.

2. Tilgreina ber eftirfarandi í beiðni um varðveislu sem lögð er fram skv. 1. mgr.:

a) hvert það yfirvald er sem varðveislu óskar;
b) brotið sem rannsókn eða meðferð sakamáls beinist að jafnframt því að leggja fram stutta samantekt um staðreyndir því viðkomandi;
c) þau geymdu tölvugögn sem varðveita á og með hvaða hætti þau tengjast brotinu;
d) allar tiltækar upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á gæsluaðila hinna geymdu gagna eða hvar tölvukerfið er að finna;
e) hvers vegna nauðsynlegt er að varðveisla fari fram; og
f) að viðkomandi aðili hyggist senda beiðni um gagnkvæma aðstoð er tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna.

3. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal, eftir viðtöku beiðni frá öðrum aðila, gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að varðveita í flýti hin tilgreindu gögn í samræmi við landslög sín. Eigi skal, að því er það varðar að bregðast við beiðni, gera það að skilyrði fyrir slíkri varðveislu að um tvöfalt refsinæmi sé að ræða.

4. Aðili, sem gerir tvöfalt refsinæmi að skilyrði fyrir því að hann bregðist við beiðni um gagnkvæma aðstoð er tekur til leitar eða álíka aðgangs, haldlagningar eða álíka öflunar eða afhendingar fyrrnefndra gagna, getur, er um ræðir önnur brot en þau sem gerð eru refsinæm í samræmi við ákvæði 2.–11. gr. samnings þessa, áskilið sér rétt til þess að hafna beiðni um varðveislu samkvæmt grein þessari í þeim tilvikum er hann hefur ástæðu til þess að ætla að eigi verði hægt að uppfylla skilyrðið um tvöfalt refsinæmi þegar til afhendingar kemur.

5. Enn fremur er því aðeins heimilt að hafna beiðni um varðveislu:

a) að beiðnin varði brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telji af pólitískum toga eða brot sem tengist broti af pólitískum toga; eða
b) að aðilinn, sem beiðni er beint til, álíti að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans.

6. Telji aðilinn, sem beiðni er beint til, að varðveisla muni ekki leiða til þess að gögnin verði tiltæk síðar meir eða muni tefla í hættu þeirri leynd sem hvílir yfir rannsókn aðilans, sem leggur fram beiðni, eða spilla rannsókn hans með öðrum hætti skal hann tilkynna aðilanum, sem leggur fram beiðni, um það án tafar sem aftur skal ákveða hvort framfylgja skuli beiðninni engu að síður.

7. Varðveisla, sem kemur til framkvæmda í framhaldi af þess konar beiðni, er um getur í 1. mgr., skal vera eigi skemur en 60 daga til þess að gera aðilan-

search or similar access, seizure or similar securing, or disclosure of the data.

2. A request for preservation made under paragraph 1 shall specify:

a. the authority that is seeking the preservation;
b. the offence that is the subject of a criminal investigation or proceeding and a brief summary of related facts;
c. the stored computer data to be preserved and its relationship to the offence;
d. any available information to identify the custodian of the stored computer data or the location of the computer system;
e. the necessity of the preservation; and
f. that the Party intends to submit a request for mutual assistance for the search or similar access, seizure or similar securing, or disclosure of the stored computer data.

3. Upon receiving the request from another Party, the requested Party shall take all appropriate measures to preserve expeditiously the specified data in accordance with its domestic law. For the purposes of responding to a request, dual criminality shall not be required as a condition to providing such preservation.

4. A Party that requires dual criminality as a condition for responding to a request for mutual assistance for the search or similar access, seizure or similar securing, or disclosure of the data may, in respect of offences other than those established in accordance with Articles 2 – 11 of this Convention, reserve the right to refuse the request for preservation under this article in cases where it has reason to believe that at the time of disclosure the condition of dual criminality cannot be fulfilled.

5. In addition, a request for preservation may only be refused if:

a. the request concerns an offence which the requested Party considers a political offence or an offence connected with a political offence; or
b. the requested Party considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, ordre public or other essential interests.

6. Where the requested Party believes that preservation will not ensure the future availability of the data or will threaten the confidentiality of, or otherwise prejudice the requesting Party's investigation, it shall promptly so inform the requesting Party, which shall then determine whether the request should nevertheless be executed.

7. Any preservation effected in response to the request referred to in paragraph 1 shall be for a period not less than 60 days in order to enable the

um, sem leggur fram beiðni, kleift að senda beiðni um leit eða álíka aðgang, haldlagningu eða álíka öflun eða afhendingu fyrrnefndra gagna. Gögn skal varðveita áfram eftir að slíkri beiðni er veitt viðtaka uns ákvörðun liggur fyrir henni viðvíkjandi.

30. gr.

Flýtiafhending varðveittra samskiptagagna

1. Komist aðilinn, sem beiðni er beint til, að því við framkvæmd beiðni, sem lögð er fram skv. 29. gr. og varðar varðveislu samskiptagagna viðvíkjandi tilteknum boðum, að þjónustuveitandi í öðru ríki hafi átt aðild að boðsendingu skal fyrrnefndur aðili afhenda aðilanum, sem leggur fram beiðni, í flýti samskiptagögn í nægilega miklum mæli til þess að unnt sé að bera kennsl á þjónustuveitandann og átta sig á þeirri leið sem boðin voru send eftir.

2. Því aðeins er heimilt að synja um afhendingu samskiptagagna skv. 1. mgr:

a) að beiðnin varði brot sem aðilinn, sem beiðni er beint til, telur af pólitískum toga eða brot sem tengist broti af pólitískum toga; eða
b) að aðilinn, sem beiðni er beint til, álíti að framkvæmd beiðninnar muni að líkindum skerða fullveldi hans eða skaða öryggi, allsherjarreglu eða aðra grundvallarhagsmuni hans.

2. hluti – Gagnkvæm aðstoð er lýtur að rannsóknarheimild.

31. gr.

Gagnkvæm aðstoð er lýtur að aðgangi að geymdum tölvugögnum.

1. Aðili getur beðið annan aðila um að gera leit í eða ganga með svipuðum hætti að, leggja hald á eða komast með svipuðum hætti yfir og afhenda gögn sem eru geymd með því að nota til þess tölvukerfi sem er staðsett á landsvæði aðilans, sem beiðni er beint til, þar með talin gögn sem hafa verið varðveitt skv. 29. gr.

2. Aðilinn, sem beiðni er beint til, skal bregðast við beiðninni með því að beita alþjóðlegum gerningum, tilhögun og lögum, sem um getur í 23. gr., og í samræmi við önnur viðeigandi ákvæði þessa kafla.

3. Beiðnin skal hljóta flýtimeðferð:

a) sé ástæða til að ætla að sérstök hætta sé á að viðkomandi gögn týnist eða að þeim verði breytt; eða
b) sé með öðrum hætti kveðið á um það í þeim gerningum, tilhögun og lögum, sem um getur í 2. mgr., að samstarfi skuli flýtt.

requesting Party to submit a request for the search or similar access, seizure or similar securing, or disclosure of the data. Following the receipt of such request, the data shall continue to be preserved pending a decision on that request.

Article 30

Expedited disclosure of preserved traffic data

1. Where, in the course of the execution of a request made under Article 29 to preserve traffic data concerning a specific communication, the requested Party discovers that a service provider in another State was involved in the transmission of the communication, the requested Party shall expeditiously disclose to the requesting Party a sufficient amount of traffic data in order to identify that service provider and the path through which the communication was transmitted.

2. Disclosure of traffic data under paragraph 1 may only be withheld if:

a. the request concerns an offence which the requested Party considers a political offence or an offence connected with a political offence; or
b. the requested Party considers that execution of the request is likely to prejudice its sovereignty, security, ordre public or other essential interests.

Title 2 – Mutual assistance regarding investigative powers

Article 31

Mutual assistance regarding accessing of stored computer data

1. A Party may request another Party to search or similarly access, seize or similarly secure, and disclose data stored by means of a computer system located within the territory of the requested Party, including data that has been preserved pursuant to Article 29.

2. The requested Party shall respond to the request through application of international instruments, arrangements and laws referred to in Article 23, and in accordance with other relevant provisions of this Chapter.

3. The request shall be responded to on an expedited basis where:

a. there are grounds to believe that relevant data is particularly vulnerable to loss or modification; or
b. the instruments, arrangements and laws referred to in paragraph 2 otherwise provide for expedited co-operation.

32. gr.
Aðgangur yfir landamæri að geymdum tölvugögnum með samþykki eða þegar þau eru öllum aðgengileg.

Aðila er heimilt, án þess að fá til þess leyfi annars aðila:

a) að ganga að geymdum tölvugögnum, sem eru öllum aðgengileg (opinberum heimildum), án tillits til þess hvar gögnin eru landfræðilega staðsett; eða
b) að ganga að eða taka við, um tölvukerfi á landsvæði sínu, geymdum tölvugögnum, sem staðsett eru hjá öðrum aðila, fái aðilinn löglegt og frjálst samþykki fyrir því frá þeirri persónu sem hefur umboð lögum samkvæmt til þess að afhenda aðilanum gögnin um tölvukerfið.

33. gr.
Gagnkvæm aðstoð viðvíkjandi söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma.

1. Aðilarnir skulu veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð með tilliti til söfnunar samskiptagagna miðað við rauntíma, það er gagna sem tengjast tilteknum boðum á landsvæði þeirra sem eru send um tölvukerfi. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. fer aðstoð fram í samræmi við þau skilyrði og verklagsreglur sem landslög kveða á um.
2. Hver aðili skal láta fyrrnefnda aðstoð í té, að minnsta kosti er um ræðir refsilagabrot þar sem söfnun samskiptagagna miðað við rauntíma yrði auðfengin í svipuðu máli innanlands.

34. gr.
Gagnkvæm aðstoð er lýtur að hlerun gagna um innihald.

Aðilarnir skulu veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð með tilliti til söfnunar eða skráningar gagna um innihald, miðað við rauntíma, er varða tiltekin boð, sem send eru um tölvukerfi, að því marki sem gildandi samningar þeirra og landslög heimila.

3. hluti – Netkerfi opið allan sólarhringinn sjö daga vikunnar.

35. gr.
Netkerfi opið allan sólarhringinn sjö daga vikunnar.

1. Hver aðili skal tilnefna tengilið sem er til taks allan sólarhringinn sjö daga vikunnar til að tryggt sé að veita megi tafarlausa aðstoð í tengslum við rannsókn eða málarekstur vegna refsilagabrota sem tengjast tölvukerfum og -gögnum eða við söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd viðvíkjandi refsilagabroti. Slík aðstoð skal meðal annars fólgin í því að greiða fyrir því eða, heimili landslög og innlendar lögvenjur slíkt, koma því í verk með beinum hætti:

Article 32
Trans-border access to stored computer data with consent or where publicly available

A Party may, without obtaining the authorisation of another Party:

a. access publicly available (open source) stored computer data, regardless of where the data is located geographically; or

b. access or receive, through a computer system in its territory, stored computer data located in another Party, if the Party obtains the lawful and voluntary consent of the person who has the lawful authority to disclose the data to the Party through that computer system.

Article 33
Mutual assistance regarding the real-time collection of traffic data

1. The Parties shall provide mutual assistance to each other with respect to the real-time collection of traffic data associated with specified communications in its territory transmitted by means of a computer system. Subject to paragraph 2, assistance shall be governed by the conditions and procedures provided for under domestic law.
2. Each Party shall provide such assistance at least with respect to criminal offences for which real-time collection of traffic data would be available in a similar domestic case.

Article 34
Mutual assistance regarding the interception of content data

The Parties shall provide mutual assistance to each other with respect to the real-time collection or recording of content data of specified communications transmitted by means of a computer system to the extent permitted by their applicable treaties and domestic laws.

Title 3 – 24/7 Network

Article 35
24/7 Network

1. Each Party shall designate a point of contact available on a 24 hour, 7 day per week basis in order to ensure the provision of immediate assistance for the purpose of investigations or proceedings concerning criminal offences related to computer systems and data, or for the collection of evidence in electronic form of a criminal offence. Such assistance shall include facilitating, or, if permitted by its domestic law and practice, directly carrying out:

a) að veitt sé tæknileg ráðgjöf;
b) að gögn séu varðveitt skv. 29. og 30. gr.; og

c) að sönnunargögnum sé safnað, upplýsingar lagalegs eðlis séu veittar og að upplýst sé hvar grunaðir haldi sig.

2. a) Tengiliður aðila skal vera fær um að eiga samskipti við tengilið annars aðila með hraðvirkum hætti.

b) Sé tengiliður, sem aðili tilnefnir, ekki deild yfirvalds eða yfirvalda fyrrnefnds aðila, sem annast alþjóðlega og gagnkvæma aðstoð eða framsal, skal tengiliðurinn tryggja að hann geti tengst slíku yfirvaldi eða yfirvöldum skipulega með hraðvirkum hætti.

3. Hver aðili skal sjá til þess að þjálfað og vel búið starfslið sé til taks í því skyni að auðvelda rekstur netkerfisins.

a. provision of technical advice;
b. preservation of data pursuant to Articles 29 and 30; and
c. collection of evidence, giving of legal information, and locating of suspects.

2. a. A Party's point of contact shall have the capacity to carry out communications with the point of contact of another Party on an expedited basis.
b. If the point of contact designated by a Party is not part of that Party's authority or authorities responsible for international mutual assistance or extradition, the point of contact shall ensure that it is able to co-ordinate with such authority or authorities on an expedited basis.

3. Each Party shall ensure that trained and equipped personnel are available in order to facilitate the operation of the network.

IV. kafli – Lokaákvæði.

36. gr.

Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og ríki sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð hans.
2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
3. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm ríki, þar með talin að minnsta kosti þrjú aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

4. Samningur þessi öðlast gildi að því er varðar hvert undirritunarríki, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er það lýsir sig samþykkt því að vera bundið af samningnum í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Chapter IV – Final provisions

Article 36

Signature and entry into force

1. This Convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and by non-member States which have participated in its elaboration.
2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.
3. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five States, including at least three member States of the Council of Europe, have expressed their consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraphs 1 and 2.
4. In respect of any signatory State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the expression of its consent to be bound by the Convention in accordance with the provisions of paragraphs 1 and 2.

37. gr.

Aðild að samningnum.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsríkin og að fengnu samhljóða samþykki þeirra, boðið hverju því ríki, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu og ekki hefur tekið þátt í gerð hans, að gerast aðili að samningi þessum. Ákvörðunin skal tekin með þeim meirihluta sem er tilskilinn í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða

Article 37

Accession to the Convention

1. After the entry into force of this Convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe, after consulting with and obtaining the unanimous consent of the Contracting States to the Convention, may invite any State not a member of the Council and which has not participated in its elaboration to accede to this Convention. The decision shall be taken by the majority provided for in

atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni.

2. Samningur þessi öðlast gildi að því er varðar hvert ríki, sem gerist aðili að honum skv. 1. mgr. hér að framan, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er skjal þess um aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

38. gr.

Landsvæði þar sem samningurinn gildir.

1. Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði þar sem samningur þessi skal gilda.
2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar útvíkkað, með yfirlýsingu sem er send aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, gildissvið samnings þessa til þess að það megi ná til hvers annars landsvæðis sem er tilgreint í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu, sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

39. gr.

Áhrif samningsins.

1. Markmiðið með samningi þessum er að hann komi sem viðbót við gildandi fjöl- eða tvíhliða samninga eða tilhögun milli aðilanna, þar með talin ákvæði:
- Evrópusamnings um framsal sakamanna sem var lagður fram til undirritunar í París 13. desember 1957 (ETS nr. 24);
- Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum sem var lagður fram til undirritunar í Strassborg 20. apríl 1959 (ETS nr. 30);
- viðbótarbókunar við Evrópusamning um gagnkvæma aðstoð í sakamálum sem var lögð fram til undirritunar í Strassborg 17. mars 1978 (ETS nr. 99).

2. Hafi tveir eða fleiri aðilar þegar gert með sér samkomulag eða samning um málefni, sem fjallað er um í samningi þessum, eða hafi þeir skipað samskiptum sínum viðvíkjandi slíkum málefnum með

Article 20 (d) of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the Committee of Ministers.
2. In respect of any State acceding to the Convention under paragraph 1 above, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 38

Territorial application

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.
2. Any State may, at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 39

Effects of the Convention

1. The purpose of the present Convention is to supplement applicable multilateral or bilateral treaties or arrangements as between the Parties, including the provisions of:
- the European Convention on Extradition opened for signature in Paris on 13 December 1957 (ETS No. 24);
- the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters opened for signature in Strasbourg on 20 April 1959 (ETS No. 30);
- the Additional Protocol to the European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters opened for signature in Strasbourg on 17 March 1978 (ETS No. 99).

2. If two or more Parties have already concluded an agreement or treaty on the matters dealt with in this Convention or otherwise have established their relations on such matters, or should they in future

öðrum hætti, eða geri þeir það á komandi tímum, ber þeim og réttur til að framkvæma samkomulagið eða samninginn, eða koma skipulagi á fyrrnefnd samskipti samkvæmt því. Skipi aðilar samskiptum sínum viðvíkjandi málefnum, sem samningur þessi fjallar um, hins vegar með öðrum hætti en þar er tilskilið skulu þeir gera það með þeim hætti að samræmist markmiðum og meginreglum samningsins.

3. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á önnur réttindi, hömlur, skuldbindingar og ábyrgð aðila.

do so, they shall also be entitled to apply that agreement or treaty or to regulate those relations accordingly. However, where Parties establish their relations in respect of the matters dealt with in the present convention other than as regulated therein, they shall do so in a manner that is not inconsistent with the Convention's objectives and principles.

3. Nothing in this Convention shall affect other rights, restrictions, obligations and responsibilities of a Party.

40. gr.

Yfirlýsingar.

Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það nýti sér þann kost að gera kröfu um viðbótaratriði samanber ákvæði 2. og 3. gr., b-liðar 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 3. mgr. 9. gr. og e-liðar 9. mgr. 27. gr.

Article 40

Declarations

By a written notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe, any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it avails itself of the possibility of requiring additional elements as provided for under Article 2, Article 3, Article 6, paragraph 1 (b), Article 7, Article 9, paragraph 3 and Article 27, paragraph 9 (e).

41. gr.

Ákvæði um sambandsríki.

1. Sambandsríki er heimilt að áskilja sér rétt til þess að undirgangast skuldbindingar skv. II. kafla samnings þessa í samræmi við grundvallarreglur sínar um tengsl milli ríkisstjórnar sambandsríkisins og ríkja sem mynda það eða annarra svipaðra eininga, er lúta lögsögu þess, að því tilskildu að því sé eigi að síður kleift að eiga aðild að samvinnu skv. III. kafla.

2. Sambandsríki er óheimilt, er það gerir fyrirvara skv. 1. mgr., að beita skilmálum slíks fyrirvara í því skyni að standa ekki við þær skuldbindingar sínar, að öllu eða verulegu leyti, að kveða á um ráðstafanir sem settar eru fram í II. kafla. Almennt skal það mæla fyrir um umfangsmikla og raunverulega getu til þess að framfylgja lögum með tilliti til fyrrnefndra ráðstafana.

3. Að því er varðar þau ákvæði samnings þessa, sem hvað beitingu varðar heyra undir lögsögu ríkja sem mynda sambandsríki eða annarra svipaðra eininga er lúta lögsögu sambandsríkis en eru ekki skuldbundin samkvæmt stjórnskipun sambandsríkisins til þess að gera ráðstafanir á sviði löggjafar, skal ríkisstjórn sambandsríkisins vekja athygli lögbærra yfirvalda slíkra ríkja á fyrrnefndum ákvæðum og lýsa jákvæðum sjónarmiðum sínum gagnvart þeim, jafnframt því að hvetja þau til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

Article 41

Federal clause

1. A federal State may reserve the right to assume obligations under Chapter II of this Convention consistent with its fundamental principles governing the relationship between its central government and constituent States or other similar territorial entities provided that it is still able to co-operate under Chapter III.

2. When making a reservation under paragraph 1, a federal State may not apply the terms of such reservation to exclude or substantially diminish its obligations to provide for measures set forth in Chapter II. Overall, it shall provide for a broad and effective law enforcement capability with respect to those measures.

3. With regard to the provisions of this Convention, the application of which comes under the jurisdiction of constituent States or other similar territorial entities, that are not obliged by the constitutional system of the federation to take legislative measures, the federal government shall inform the competent authorities of such States of the said provisions with its favourable opinion, encouraging them to take appropriate action to give them effect.

42. gr.
Fyrirvarar.

Hverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar skjal þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að lýsa því yfir, með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það nýti sér þann kost að gera fyrirvara, einn eða fleiri, samanber ákvæði 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 3. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 22. gr., 4. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 41. gr. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara.

Article 42
Reservations

By a written notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe, any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, declare that it avails itself of the reservation(s) provided for in Article 4, paragraph 2, Article 6, paragraph 3, Article 9, paragraph 4, Article 10, paragraph 3, Article 11, paragraph 3, Article 14, paragraph 3, Article 22, paragraph 2, Article 29, paragraph 4, and Article 41, paragraph 1. No other reservation may be made.

43. gr.
Staða og afturköllun fyrirvara.

1. Aðili, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 42. gr., getur hvenær sem er afturkallað hann, að hluta eða öllu leyti, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi þann dag er aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin í hendur. Komi fram í tilkynningunni að afturköllun fyrirvarans skuli taka gildi á ákveðnum degi, sem þar er tilgreindur, og renni sá dagur upp eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku skal afturköllunin taka gildi seinni daginn.

2. Aðili, sem gert hefur fyrirvara eins og um getur í 42. gr., skal afturkalla fyrirvarann, að hluta eða öllu leyti, eins fljótt og aðstæður leyfa.

3. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins getur grennslast reglulega fyrir um líkur þess, hjá aðilum sem gert hafa einn fyrirvara eða fleiri eins og um getur í 42. gr., að fyrirvarinn eða fyrirvararnir verði afturkallaðir.

Article 43
Status and withdrawal of reservations

1. A Party that has made a reservation in accordance with Article 42 may wholly or partially withdraw it by means of a notification addressed to the Secretary General. Such withdrawal shall take effect on the date of receipt of such notification by the Secretary General. If the notification states that the withdrawal of a reservation is to take effect on a date specified therein, and such date is later than the date on which the notification is received by the Secretary General, the withdrawal shall take effect on such a later date.
2. A Party that has made a reservation as referred to in Article 42 shall withdraw such reservation, in whole or in part, as soon as circumstances so permit.
3. The Secretary General of the Council of Europe may periodically enquire with Parties that have made one or more reservations as referred to in Article 42 as to the prospects for withdrawing such reservation(s).

44. gr.
Breytingar.

1. Hver aðili getur lagt fram tillögur til breytingar á samningi þessum og skal aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda þær aðildarríkjum Evrópuráðsins, ríkjum, sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju því ríki sem hefur gerst aðili að samningi þessum eða verið boðin aðild að honum samkvæmt ákvæðum 37. gr.

2. Hverja breytingartillögu aðila skal senda Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) og skal hún leggja álit sitt á þeirri breytingu, sem tillaga er gerð um, fyrir ráðherranefndina.

3. Ráðherranefndin skal fjalla um breytingartillöguna og álit það sem Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) hefur lagt fram og getur ráðherranefndin samþykkt breytinguna að höfðu samráði við þau að-

Article 44
Amendments

1. Amendments to this Convention may be proposed by any Party, and shall be communicated by the Secretary General of the Council of Europe to the member States of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention as well as to any State which has acceded to, or has been invited to accede to, this Convention in accordance with the provisions of Article 37.
2. Any amendment proposed by a Party shall be communicated to the European Committee on Crime Problems (CDPC), which shall submit to the Committee of Ministers its opinion on that proposed amendment.
3. The Committee of Ministers shall consider the proposed amendment and the opinion submitted by the European Committee on Crime Problems (CDPC) and, following consultation with the non-

ildarríki samnings þessa sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.
4. Texti hverrar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur aðilum til staðfestingar.

5. Hver sú breyting, sem samþykkt er skv. 3. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa skýrt aðalframkvæmdastjóranum frá því að þeir staðfesti hana.

45. gr.
Lausn deilumála.

1. Skýra ber Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) reglulega frá því með hvaða hætti samningur þessi er túlkaður og kemur til framkvæmda.
2. Komi upp deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa hana með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, til dæmis með því að leggja deiluna fyrir Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC), leggja hana í gerð, en ákvörðun gerðardóms skal vera bindandi fyrir aðila, eða fyrir Alþjóðadómstólinn, eftir því sem hlutaðeigandi aðilar verða ásáttir um.

46. gr.
Samráð aðila.

1. Aðilarnir skulu, eftir því sem við á, hafa reglulega samráð sín á milli í því skyni að greiða fyrir:
a) því að samningur þessi sé notaður og honum beitt með skilvirkum hætti, meðal annars að unnt sé að átta sig á vandkvæðum í þeim efnum, og greiða fyrir áhrifum hverrar yfirlýsingar, sem gefin er út, eða fyrirvara, sem gerður er, samkvæmt samningi þessum;
b) gagnkvæmri miðlun upplýsinga um mikilsvarðandi þróun á sviði laga, stefnumála eða tækni er varðar tölvubrot og söfnun sönnunargagna í rafrænni mynd;
c) umfjöllun um hugsanlega viðbót við eða breytingu á samningi þessum.
2. Skýra ber Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) reglulega frá niðurstöðum samráðs sem um getur í 1. mgr.

3. Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) skal, eftir því sem við á, greiða fyrir því samráði, sem um getur í 1. mgr., og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðstoða aðilana í þeirri viðleitni þeirra að samþykkja viðbætur við samninginn eða gera á honum breytingar. Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) skal, eigi síðar en þremur árum eftir að samningur þessi öðlast gildi og í samvinnu við aðilana, gera endurskoðun á öllum ákvæðum samnings-

member State Parties to this Convention, may adopt the amendment.
4. The text of any amendment adopted by the Committee of Ministers in accordance with paragraph 3 of this article shall be forwarded to the Parties for acceptance.
5. Any amendment adopted in accordance with paragraph 3 of this article shall come into force on the thirtieth day after all Parties have informed the Secretary General of their acceptance thereof.

Article 45
Settlement of disputes

1. The European Committee on Crime Problems (CDPC) shall be kept informed regarding the interpretation and application of this Convention.
2. In case of a dispute between Parties as to the interpretation or application of this Convention, they shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their choice, including submission of the dispute to the European Committee on Crime Problems (CDPC), to an arbitral tribunal whose decisions shall be binding upon the Parties, or to the International Court of Justice, as agreed upon by the Parties concerned.

Article 46
Consultations of the Parties

1. The Parties shall, as appropriate, consult periodically with a view to facilitating:
a. the effective use and implementation of this Convention, including the identification of any problems thereof, as well as the effects of any declaration or reservation made under this Convention;

b. the exchange of information on significant legal, policy or technological developments pertaining to cybercrime and the collection of evidence in electronic form;
c. consideration of possible supplementation or amendment of the Convention.
2. The European Committee on Crime Problems (CDPC) shall be kept periodically informed regarding the result of consultations referred to in paragraph 1.
3. The European Committee on Crime Problems (CDPC) shall, as appropriate, facilitate the consultations referred to in paragraph 1 and take the measures necessary to assist the Parties in their efforts to supplement or amend the Convention. At the latest three years after the present Convention enters into force, the European Committee on Crime Problems (CDPC) shall, in co-operation with the Parties, conduct a review of all of the Convention's

ins og gera tillögur um viðeigandi breytingar ef nauðsyn krefur.
4. Aðilarnir skulu bera kostnað, sem stofnað er til í tengslum við beitingu ákvæða 1. mgr., með þeim hætti sem þau munu ákveða, nema Evrópuráðið beri þann kostnað.
5. Skrifstofa Evrópuráðsins skal aðstoða aðilana við að skila hlutverkum sínum samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

47. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

48. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, ríkjum, sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju því ríki, sem hefur gerst aðili að samningi þessum eða verið boðin aðild að honum, um:
a) hverja undirritun;
b) afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 36. og 37. gr.;
d) hverja yfirlýsingu skv. 40. gr. eða hvern fyrirvara sem er gerður í samræmi við ákvæði 42. gr.;
e) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Búdapest 23. nóvember 2001 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, þeim ríkjum, sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa, og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að honum, staðfest endurrit.

provisions and, if necessary, recommend any appropriate amendments.
4. Except where assumed by the Council of Europe, expenses incurred in carrying out the provisions of paragraph 1 shall be borne by the Parties in the manner to be determined by them.
5. The Parties shall be assisted by the Secretariat of the Council of Europe in carrying out their functions pursuant to this Article.

Article 47
Denunciation

1. Any Party may, at any time, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

Article 48
Notification

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention as well as any State which has acceded to, or has been invited to accede to, this Convention of:
a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 36 and 37;
d. any declaration made under Article 40 or reservation made in accordance with Article 42;
e. any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Budapest, this 23rd day of November 2001, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to it.

1023. Tillaga til þingsályktunar [693. mál]

um Kvennaskólann á Blönduósi.

Flm.: Adolf H. Berndsen, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Bjarnason,
Jóhanna E. Pálmadóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Jóhann Ársælsson, Kristinn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp er leggi fram tillögur um framtíðarhlutverk húsnæðis Kvennaskólans á Blönduósi. Jafnframt geri starfshópurinn framkvæmda- og kostnaðaráætlun þar sem fram komi tillögur um viðhald húsnæðisins og endurbætur.

Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. október 2006.

Greinargerð.

Kvennaskólinn á Blönduósi var byggður á árunum1911–1912. Húsið er tvær hæðir, kjallari og ris og stendur reisulega á bökkum Blöndu. Húsið er teiknað af Einari Erlendssyni í samráði við Jón Þorlákssson, þáverandi landsverkfræðing. Byggt hefur verið við húsið og auk þess hafa risið aðrar byggingar í tengslum við skólann. Kvennaskólahúsið fellur að nokkru undir húsafriðunarlög og á meðan reglulegt skólastarf var í því, fram til 1976, var viðhald þess gott.

Kvennaskólabyggingin er að 75% í eigu ríkisins en Héraðsnefnd A-Húnvetninga á 25%. Árið 1996 gerði menntamálaráðuneytið leigusamning við héraðsnefndina og samkvæmt honum tók nefndin að sér daglegan rekstur og umönnun húseigna skólans.

Eftir að skólahaldi lauk var Fræðsluskrifstofa Norðurlands vestra þar til húsa. Nú er Skólaskrifstofa A-Húnvetninga og Textílsetur Íslands með aðsetur í húsinu. Kennsla grunnskólabarna á Blönduósi í heimilisfræðum fer þar fram. Auk þessa er fyrirtækið Textílkjallarinn, sem framleiðir nytjalist, með starfsemi í skólanum.

Við hlið Kvennaskólahússins stendur Heimilisiðnaðarsafnið sem er einstakt á landsvísu. Það hóf starfsemi sína í fjósi skólans en hefur nú víkkað út starfsemi sína í glæsilegri viðbyggingu sem vígð var árið 2003.

Nú er verulega farið að sjá á húsi Kvennaskólans. Nauðsynlegt er að gera við steypuskemmdir á því og mála það. Innan húss er þörf á verulegum endurbótum. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 1 milljón kr. til úttektar á ástandi mannvirkjanna.

Nauðsynlegt er finna þessu fallega og fornfræga húsi Húnvetninga nýtt hlutverk í samráði við heimamenn, jafnframt því að halda sögu þess og reisn á lofti.

1024. Frumvarp til laga [694. mál]

um Landhelgisgæslu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Stjórn Landhelgisgæslu Íslands, starfssvæði og verkefni.

1. gr.
Hlutverk.

Landhelgisgæsla Íslands sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti, fer með löggæslu á hafinu og gegnir öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum laga þessara, ákvæðum reglugerða á grundvelli þeirra og öðrum lögbundnum fyrirmælum.

2. gr.
Stjórn.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Landhelgisgæslu Íslands og er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

Skipurit Landhelgisgæslu Íslands skal staðfest af ráðherra.

3. gr.
Starfssvæði.

Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðaréttar. Landhelgisgæsla Íslands sinnir einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

4. gr.
Verkefni.

Verkefni Landhelgisgæslu Íslands eru eftirfarandi:

1. Öryggisgæsla á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.
2. Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.
3. Leitar- og björgunarþjónusta við sjófarendur, skip og önnur farartæki á sjó.
4. Leitar- og björgunarþjónusta við loftför.
5. Leitar- og björgunarþjónusta á landi.
6. Aðkallandi sjúkraflutningar í samvinnu við aðra björgunaraðila.
7. Aðstoð við almannavarnir.
8. Aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða náttúruhamfara.
9. Eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.
10. Að tilkynna um, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum getur stafað hætta af auk sprengjueyðingar á landi.
11. Sjómælingar, sjókortagerð, útgáfa tilkynninga til sjófarenda, sjávarfallataflna og leiðsögubóka auk annarra rita sem tengjast siglingum.

12. Móttaka tilkynninga frá skipum samkvæmt lögum um útlendinga og eftirlit með lögsögumörkum á hafinu.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd einstakra verkefna í reglugerð.

5. gr.

Samningsbundin þjónustuverkefni.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að gera þjónustusamninga, m.a. um eftirtalin verkefni:

1. Fiskveiðieftirlit.
2. Fjareftirlit með farartækjum á sjó.
3. Almennt sjúkraflug og aðstoð við læknisþjónustu.
4. Mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu.
5. Sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða.
6. Eftirlit með skipum á hafinu og aðstoð við framkvæmd vitamála.
7. Rekstur vaktstöðvar siglinga.
8. Móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum.
9. Tolleftirlit.
10. Rannsóknir og vísindastörf á hafinu eftir því sem aðstæður leyfa.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á.

II. KAFLI

Lögregluvald og valdbeitingarheimildir.

6. gr.

Lögregluvald.

Eftirtaldir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu samkvæmt lögum þessum í efnahagslögsögu Íslands:

1. Forstjóri og löglærðir fulltrúar hans.
2. Áhafnir skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands.
3. Sprengjusérfræðingar.
4. Yfirmenn í stjórnstöð og vaktstöð siglinga.

Við löggæslustörf skulu starfsmenn fara eftir lögreglulögum og lögum um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

7. gr.

Skylda til að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands.

Áhöfnum farartækja á sjó eða hafstöðva er skylt að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands.

8. gr.

Vopnaburður.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sem hafa lögregluvald og starfa við löggæslu, þ.m.t. siglingavernd og sprengjueyðingu, hafa heimild til að beita skotvopnum við störf sín samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

9. gr.

Rannsókn um borð í skipi og yfirtaka á stjórn skips.

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að fara um borð í farartæki á sjó eða hafstöð til rannsóknar ef grunur leikur á um lögbrot og

til að sinna lögbundnu eftirliti. Þeim er heimilt að vísa farartækjum til hafnar ef nauðsynlegt er til að ljúka rannsókn máls eða til að binda enda á brotastarfsemi. Þeim er jafnframt heimilt að yfirtaka stjórn skips.

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að banna stjórnanda farartækis að halda til hafnar ef grunur leikur á um brot gegn lögum um siglingavernd og framkvæma öryggisleit í vistarverum og á farþegum skips.

10. gr.

Skylda til að aðstoða Landhelgisgæslu Íslands.

Skipstjórum og öðrum sem aðstoð geta veitt er skylt að aðstoða Landhelgisgæslu Íslands við löggæslustörf og björgun mannslífa þegar þess er óskað ef það er unnt án þess að þeir stofni lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sínum í hættu.

11. gr.

Bann við að tálma Landhelgisgæslu Íslands í störfum sínum.

Enginn má á nokkurn hátt tálma því að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sinni störfum sínum.

12. gr.

Þjóðaréttur.

Landhelgisgæsla Íslands skal virða ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að þegar erlend skip eða hafstöðvar eiga í hlut.

III. KAFLI
Nánar um verkefni Landhelgisgæslu Íslands.

13. gr.

Björgun og aðstoð við sæfarendur.

Landhelgisgæsla Íslands stjórnar og ber ábyrgð á leitar- og björgunaraðgerðum á hafinu.

Landhelgisgæsla Íslands og starfsmenn hennar eiga rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum og loftferðalögum.

Ráðherra setur reglugerð um stjórnun björgunaraðgerða og samvinnu við aðra björgunaraðila.

14. gr.

Björgun og aðstoð við loftför.

Landhelgisgæsla Íslands aðstoðar við leit að loftförum sem lenda í flugatvikum, flugslysum eða er saknað yfir sjó. Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst en Landhelgisgæsla Íslands tekur ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysstaður er á hafinu.

15. gr.

Sprengjueyðing.

Landhelgisgæsla Íslands sér um að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem almenningi getur stafað hætta af bæði til sjós og lands.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi sprengjusérfræðinga. Í reglugerðinni skal kveðið á um hæfisskilyrði, menntun og starfsreynslu sprengjusérfræðinga. Landhelgisgæsla Íslands gefur út starfsleyfi til starfsmanna sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og heimild þeirra til að halda réttindanámskeið í faginu.

Landhelgisgæsla Íslands getur með samningum tekið að sér sprengjueyðingu og eyðingu hættulegra efna, sem ekki teljast til lögbundinna verkefna stofnunarinnar.

16. gr.

Innflutningur og varsla sprengiefna og skotvopna.

Landhelgisgæsla Íslands hefur heimild til að flytja inn, geyma og nota sprengiefni og skotvopn vegna starfa handhafa lögregluvalds. Fylgt skal verklagsreglum sem samþykktar eru af ráðherra um skráningu sprengiefnis og skotvopna í eigu stofnunarinnar, geymslu þeirra og notkun.

17. gr.

Sjómælingar.

Ríkið er eigandi að öllum höfundaréttindum sem Landhelgisgæsla Íslands og Sjómælingar Íslands hafa öðlast. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög.

Landhelgisgæsla Íslands miðlar upplýsingum og er heimilt að veita aðgang að gögnum á sviði sjómælinga.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að afla sér tekna með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna, sbr. 1. og 2. mgr., þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

Ráðherra setur reglugerð um sjómælingar, sjókorta- og hafnakortagerð og annað efni á sviði sjómælinga sem Landhelgisgæsla Íslands gefur út. Í reglugerðinni skal kveðið á um kröfur um hæfisskilyrði, menntun og starfsreynslu sjómælinga- og sjókortagerðarmanna. Landhelgisgæsla Íslands gefur út starfsleyfi til starfsmanna sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og heimild þeirra til að halda réttindanámskeið í faginu.

Heimilt er að semja við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir um framkvæmd ákveðinna verkefna sjómælinga og stofna hlutafélag um starfsemina.

18. gr.

Fjareftirlit með fiskiskipum.

Landhelgisgæsla Íslands annast fjareftirlit með íslenskum fiskiskipum og móttekur og miðlar upplýsingum um íslensk og erlend fiskiskip úr fjareftirlitskerfinu í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

19. gr.

Móttaka tilkynninga og miðlun upplýsinga.

Tilkynningar frá farartækjum á sjó sem Landhelgisgæslu Íslands er falið að taka á móti skulu berast á þar til gerðu eyðublaði. Þar skulu koma fram allar upplýsingar sem stjórnendum farartækja á sjó eða útgerðum þeirra er skylt að veita.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að veita öðrum opinberum stofnunum upplýsingar um farartæki á sjó vegna lögboðins eftirlits þeirra. Einnig er heimilt að veita erlendum ríkjum upplýsingar um farartæki á sjó í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gert.

Heimilt er að nýta allar upplýsingar um farartæki á sjó sem berast stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands til björgunarstarfa, fiskveiðieftirlits, löggæslustarfa og annars eftirlits á vegum ríkisins.

IV. KAFLI
Skipulag, stjórn og starfsmenn.

20. gr.

Ráðning starfsliðs.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

21. gr.

Einkennisfatnaður og skilríki handhafa lögregluvalds.

Við störf sín skulu starfsmenn Landhelgisgæslu Ísland bera einkennisbúninga samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Handhafar lögregluvalds skulu bera á sér sérstök skilríki við framkvæmd starfa sinna. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun skilríkja með reglugerð.

22. gr.

Bann við verkföllum.

Þeir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sem sinna löggæslustörfum mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

23. gr.

Bætur vegna líkams- eða munatjóns.

Ríkissjóður skal bæta starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands, sem áhættusöm störf vinna, líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir við störf sín. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

24. gr.

Trúnaðarlæknir.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands skulu gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni stofnunarinnar samkvæmt fyrirmælum yfirmanns ef þurfa þykir.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur til heilsufars og líkamlegs atgervis starfsmanna sem teljast til starfsgengisskilyrða þeirra.

V. KAFLI
Rekstur skipa og loftfara.

25. gr.

Skip, loftför og önnur farartæki Landhelgisgæslu Íslands.

Landhelgisgæsla Íslands gerir út skip og rekur loftför auk annarra farartækja sem nauðsynleg eru til gæslu landhelginnar og annarra verkefna stofnunarinnar. Bjóða má út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu Landhelgisgæslu Íslands með skilyrðum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stofnunarinnar. Þá geta tæki verið eign landhelgissjóðs.

Skip og loftför Landhelgisgæslu Íslands skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Skip skulu einkennd nafni en loftför með nafni og skrásetningareinkennum.

Ráðherra ákveður með reglugerð lit og önnur einkenni farartækja Landhelgisgæslu Íslands.

Landhelgisgæsla Íslands skal hafa tilskilin leyfi fyrir þeirri starfsemi sem stunduð er á hverjum tíma og lúta eftirliti Flugmálastjórnar eftir því sem við á.

26. gr.

Leynd yfir ferðum skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands.

Óheimilt er að greina opinberlega frá ferðum skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands nema með samþykki stofnunarinnar. Einnig er óheimilt með öðrum hætti að veita áhöfnum skipa slíkar upplýsingar í þeim tilgangi að forða þeim frá rannsókn og kæru vegna lögbrots á hafinu.

27. gr.

Landhelgissjóður.

Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur hlutur Landhelgisgæslu Íslands af björgunarlaunum.

Fé úr Landhelgissjóði skal varið til að fjármagna kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslu Íslands.

Ráðherra getur ákveðið að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstrarútgjalda Landhelgisgæslu Íslands.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Nánari reglur um framkvæmd laganna.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Refsingar.

Brot gegn 7., 9., 10., 11., 22. og 26. gr. laga þessara varða eins árs fangelsi eða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967, með síðari breytingum, og lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta, sem er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi lögum um Landhelgisgæslu Íslands Við gerð frumvarpsins var höfð hliðsjón af lokaritgerð Dagmarar Sigurðardóttur, lögfræðings Landhelgisgæslu Íslands, sem rituð var í meistaranámi í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands og ber heitið „Landhelgisgæsla Íslands, lög um stofnunina og tillögur um breytingar á þeim“.

Núverandi lög um Landhelgisgæslu Íslands (LHG) eru frá árinu 1967 og á þeim tæpu fjörutíu árum sem liðin eru frá því að þau tóku gildi hefur oftar en einu sinni verið rætt um nauðsyn þess að endurskoða lögin í samræmi við breyttar kröfur. Landhelgisgæslan hefur sinnt mikilvægum verkefnum sínum á grundvelli núgildandi laga með miklum ágætum, ekki síst í tveimur þorskastríðum vegna 50 mílnanna 1972–1973 og 200 mílnanna 1975–1976, en

fyrir tæpum 30 árum eða hinn 1. júní 1976 var ritað undir samning Íslands og Bretlands í Ósló um lyktir landhelgisdeilnanna.

Starfsemi LHG hefur þróast stöðugt síðan án þess að lögum um stofnunina hafi verið breytt. Má þar nefna að eitt af meginverkefnum LHG undanfarin ár hefur verið að sinna fiskveiðieftirliti innan efnahagslögsögunnar. Samt sem áður hefur ekki verið kveðið á um þetta hlutverk í lögum um Landhelgisgæslu Íslands.

Nú er hafinn undirbúningur að endurnýjun á skipakosti LHG auk kaupa á nýrri eftirlitsflugvél. Þá hafa viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarmál leitt til þess að Íslendingar taka að sér leitar- og björgunarstörf, sem hefur verið sinnt af þyrlubjörgunarsveit varnarliðsins.

Við mat á öryggishagsmunum Íslands og gæslu þeirra hefur í vaxandi mæli verið litið til LHG. Í skýrslu nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál frá 1993 er minnt á að öryggi ríkja sé ekki háð landvörnum eingöngu heldur komi fleiri þættir þar til álita. Þar er vikið að yfirráðum yfir náttúruauðlindum og sagt: „Íslendingar byggja tilveru sína á auðæfum hafsins. Verndun fiskveiðilögsögunnar og fiskistofna er meðal grundvallarhagsmuna þjóðarinnar. Alþjóðleg sókn í fiskistofna hefur aukist svo að þeir eru í hættu. Íslendingar hafa tryggt hag sinn með landhelgisbaráttu og hefur Landhelgisgæslan átt þar stóran hlut á liðnum árum.“ Einnig segir um umhverfisvernd: „Mengun hafsins og mengunarslys, ekki síst hvað kjarnorku snertir, en einnig hvers konar eitrun og úrgangur, notkun og vinnsla olíu og annarra auðæfa á hafsbotni, gætu stórskaðað undirstöður íslensks atvinnulífs. Langt út fyrir 200 mílna efnahagslögsöguna er vernd hafsins gegn öllum þessum hættum mikilsverð gæsla varanlegra öryggishagsmuna, sem tryggja þarf með alþjóðlegum samningum.“ Ljóst er að ekki er unnt að fylgja eftir slíkri gæslu nema með virku eftirliti á vegum LHG.

Þegar rætt er sérstaklega um varnir landsins segir í skýrslu þessarar nefndar frá 1993: „Öðru hverju hafa orðið umræður um aukinn hlut Íslendinga í vörnum lands síns. Áfram á að fylgja þeirri stefnu að íslenskir aðilar taki að sér þá þætti í störfum varnarliðsins, sem ekki krefjast annarra skuldbindinga en samræmast borgaralegum störfum. Sérstaklega þarf að líta á hlut Landhelgisgæslunnar í eftirlitsstörfum umhverfis landið, en það kom fram í samtölum nefndarinnar, einkum í Brussel, að áhugi er á því að nýta krafta gæslunnar í þágu NATO.“

Snemma árs 1999 gaf utanríkisráðuneytið út greinargerð um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót. Þar segir, þegar hagsmunum þjóðarinnar er lýst: „Sókn í fiskistofna í heiminum hefur aukist hröðum skrefum, en ofveiði og mengun ógna mjög víða þessari mikilvægu uppsprettu eggjahvítuefna fyrir mannkyn. Svo lengi sem íslenska þjóðin byggir afkomu sína á hafinu, mun því Landhelgisgæslan axla mikla ábyrgð af því að verja þessa auðlind fyrir ásókn annarra þjóða.“

Í niðurstöðum greinargerðarinnar segir meðal annars um norrænt öryggis- og varnarmálasamstarf: „Kanna þarf möguleika á hagnýtri þátttöku Íslands í norrænum friðargæslu- og björgunaræfingum með aðild Eystrasaltsríkjanna, en slíkar æfingar eiga sér nú stað undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Sérstaklega þyrfti að athuga hvort til greina kæmi að varðskip Landhelgisgæslunnar, eitt eða fleiri, tækju reglulega þátt í slíkum æfingum.“ Þá segir, þegar rætt er um tundurduflaslæðingar: „Brýnt er að Landhelgisgæslan hafi yfir að ráða mannskap og tækjum til að fást við tundurduflaslæðingar, vegna þess hve Íslendingar eru háðir samgöngum á sjó. Með tilkomu nýs varðskips Landhelgisgæslunnar skapast auknir möguleikar á því að útbúa skip og þjálfa áhafnir með þeim hætti að gagn sé að, komi til þess að tundurduflum verði komið fyrir í íslenskri efnahagslögsögu.“

Hér er efni þessara skýrslna rakið til að minna á að jafnan er minnst á LHG og gildi hennar þegar hugað er að hagsmunum Íslendinga á hafinu, hvort sem litið er til auðlinda eða

öryggisgæslu. Fyrir utan það, sem hér hefur verið sagt, mætti vísa til mikils áhuga alþingismanna á því í áranna rás að hlutur LHG sé sem mestur og bestur. Verða dæmi um það ekki rakin hér, enda hæg heimatök hjá þingmönnum að kalla eftir gögnum um það í meðförum málsins á þingi.

Markmið þess frumvarps sem hér er flutt er að skapa nýja umgjörð um hina mikilvægu og fjölbreyttu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands og veita ótvíræðar lagaheimildir til að hún geti þróast áfram í samræmi við nýjar kröfur.

Í I. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir ákvæðum um stjórn Landhelgisgæslu Íslands, starfssvæði hennar og verkefni. Þar verði meginlínurnar lagðar varðandi starfsemi LHG, starfssvæði stofnunarinnar verði skilgreint skýrar en í núgildandi lögum og sama gildir um verkefni hennar, sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins.

4. gr. frumvarpsins, um verkefni, svipar að nokkru leyti til 1. gr. núgildandi laga um LHG. Af þeim verkefnum sem ekki eru nefnd í núgildandi lögum en er þegar sinnt hjá stofnuninni má nefna fiskveiðieftirlit, öryggisgæslu á hafinu, leitar- og björgunarþjónustu við loftför, landamæraeftirlit og eftirlit samkvæmt lögum um siglingavernd og ákvæðum sambærilegra laga.

Önnur verkefni, sem þegar er sinnt hjá LHG, eru fjareftirlit með farartækjum á sjó, mengunarvarnir og mengunareftirlit, sprengjueyðing og hreinsun skotæfingasvæða, rekstur vaktstöðvar siglinga og móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þar er einnig gert ráð fyrir að LHG sé heimilt að taka að sér ólögbundin verkefni þegar sérstaklega stendur á og er það nýmæli. Nánar er um það fjallað í athugasemdum með ákvæðinu.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um lögregluvald og valdbeitingarheimildir LHG. Þar er leitast við að skýra réttarstöðu handhafa lögregluvalds hjá LHG og þeim starfsmönnum sem fara með lögregluvald er fjölgað. Í því sambandi má nefna að nokkur ákvæði frumvarpsins taka mið af löggæsluhlutverki LHG á hafinu og sækja þau fyrirmynd sína til lögreglulaga.

Þess má geta að hinn 28. febrúar 2006 var ritað undir samning milli LHG og ríkislögreglustjóra um samstarf stofnananna. Tekur hann til margvíslegra viðfangsefna á sviði löggæslu, leitar- og björgunarmála og almannavarna, en einnig til sameiginlegra æfinga og gagnkvæmrar þjálfunar.

Þá er í III. kafla frumvarpsins að finna nánari ákvæði um verkefni Landhelgisgæslu Íslands.

Í IV. kafla frumvarpsins er síðan fjallað um skipulag LHG, stjórn og starfsmenn en þar er m.a. kveðið á um einkennisfatnað, skilríki handhafa lögregluvalds, bann við verkföllum, bætur vegna líkams- eða munatjóns.

V. kafli frumvarpsins fjallar um rekstur skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands. Lagt er til það nýmæli að heimilað verði að bjóða út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu LHG með skilyrðum sem ráðherra setur. Einnig er fjallað um leynd yfir ferðum skipa og loftfara LHG en nánar er útskýrt hvað í því felst í athugasemdum við einstakar greinar. Þá er tilgreint að LHG skuli hafa leyfi fyrir þeirri starfsemi sem hún stundar hverju sinni og að við slík verkefni lúti stofnunin eftirliti Flugmálastjórnar Íslands. Hér er verið að vísa til verkefna sem ekki falla undir meginhlutverk stofnunarinnar sem ríkisflugrekstraraðila.

Loks eru í VI. kafla frumvarpsins ýmis ákvæði; um almenna heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, ákvæði um refsingar fyrir brot gegn lögunum og ákvæði um gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lykilhlutverk Landhelgisgæslu Íslands tilgreint. Verkefni LHG eru talin upp í 4. og 5. gr. og nánar kveðið á um sum þeirra í III. kafla frumvarpsins. Í 1. gr. núgildandi laga um Landhelgisgæslu Íslands segir að stofnunin skuli hafa varnarþing í Reykjavík en gert er ráð fyrir að því ákvæði verði sleppt hér og stjórnvöldum þannig falin ákvörðun um hvar á landinu hún hafi aðsetur.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn LHG. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði gerð frá gildandi lögum nema í 3. mgr. þar sem segir að skipurit LHG skuli staðfest af ráðherra. Það er í samræmi við framkvæmdina hingað til.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um starfssvæði LHG. Í núgildandi lögum er eingöngu kveðið á um að LHG fari með löggæsluvald á hafinu innan og utan landhelgi en ekki nánar skilgreint hversu langt út á haf starfssvæði hennar nær. Með greininni er leitast við að skilgreina starfssvæðið nánar en gert er þar.

Í greininni felst að starfsemi LHG á úthafinu skuli vera samkvæmt reglum þjóðaréttar. Á það m.a. við um eftirlitsverkefni á úthafinu vegna fjölþjóðlegs samstarfs á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO). LHG fer með fiskveiðieftirlit á svæðum þessara stofnana, bæði með íslenskum og erlendum skipum. Starfssvæði LHG er að öðru leyti almennt hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævi, landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið sem nær víða út fyrir 200 sjómílur. Dæmi er um að valdsvið LHG færist út fyrir efnahagslögsöguna og landgrunnið þegar um óslitna eftirför er að ræða á grundvelli 111. gr. Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Tekið er fram að Landhelgisgæsla Íslands geti einnig starfað á landi, til að mynda við sprengjueyðingu í samráði við lögregluna og önnur yfirvöld þegar við á. Ákvæði núgildandi laga um þetta eru ekki skýr og hafa meðal annars valdið þeim misskilningi að LHG sjái eingöngu um sprengjueyðingu úti á hafi eða viðbrögð vegna tundurdufla og annarra sprengifimra hluta sem berast að landi frá sjó.

Um 4. og 5. gr.

Landhelgisgæslan hefur á að skipa mjög fjölbreyttum tækjabúnaði sem nota má til ýmissa verkefna. Hingað til hafa stofnanir og önnur ráðuneyti óskað eftir atbeina LHG við ýmis verkefni og því er lagt til í frumvarpi þessu að mögulegt verði fyrir stofnunina að gera þjónustusamninga um slík tilfallandi verkefni.

Í 4. gr. frumvarpsins eru, eins og segir í almennum athugasemdum hér að framan, talin upp flest þau verkefni sem kveðið er á um í núgildandi lögum um Landhelgisgæslu Íslands. Auk þeirra er gert ráð fyrir nýmælum er lúta að öryggisgæslu á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og ákvæði laga, leitar- og björgunarþjónustu við loftför og eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.

Í 2. tölul. 4. gr. og 1. tölul. 5. gr. er fjallað um fiskveiðieftirlit. Eitt af meginverkefnum LHG hefur verið að sinna fiskveiðieftirliti innan efnahagslögsögunnar og það telst til almennrar löggæslu á hafinu. Í 1. tölul. 5. gr. er lagt til að heimilt verði að gera þjónustusamning við sjávarútvegsráðuneytið. Auknar kröfur hafa verið gerðar til eftirlits á úthafinu vegna

fjölþjóðlegs samstarfs, t.d. á svæðum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO). LHG fer með fiskveiðieftirlit á samningssvæðum þessara stofnana í samræmi við reglur sem þær hafa samþykkt og sér í samstarfi við sjávarútvegsráðuneytið um fjareftirlit með íslenskum fiskiskipum sem þar eru að veiðum. Á sama hátt tekur LHG á móti upplýsingum úr fjareftirlitskerfum erlendra ríkja þegar skip þeirra sigla inn í íslenska lögsögu og hefur eftirlit með þeim. Fjareftirlit með farartækjum á sjó er talið upp sem samningsbundið þjónustuverkefni í 2. tölul. 5. gr.

Í 3. tölul. 5. gr. er almennt sjúkraflug og aðstoð við læknisþjónustu talin upp sem samningsbundin þjónustuverkefni. LHG hefur sinnt aðkallandi sjúkraflutningum í áratugi. Þar er um að ræða flutning slasaðra frá slysstað bæði á sjó og landi, þ.e. vegna sjóslysa, bílslysa, skíðaslysa, vélsleðaslysa og alls kyns annarra slysa. Þá hefur LHG flutt veika sjómenn í land þegar það hefur verið talið nauðsynlegt. Læknar á landsbyggðinni hafa oft talið heppilegt að óska eftir því að LHG taki að sér flutning sjúklinga því að fullkominn tækjabúnaður er um borð í þyrlum LHG, læknar eru í áhöfn þyrlnanna og þyrlur geta flogið lágflug með sjúklinga í andnauð.

Í 4. tölul. 5. gr. eru mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu talin sem samningsbundin þjónustuverkefni LHG. Sama gildir um sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða í 5. tölul. Verkefni þessi, sem meðal annars ná til varnarliðssvæða, eru ekki nefnd í núgildandi lögum en LHG sinnir þeim í reynd. Með því að telja mengunarvarnir upp sem þjónustubundið verkefni er fagráðuneyti á þessu sviði gert kleift að hafa áhrif á umfang eftirlitsins og jafnvel þann búnað sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til að bregðast við mengun. Almennu mengunareftirliti verður eftir sem áður sinnt sem hluta af almennri löggæslu.

Í 6. tölul. 5. gr. er fjallað um eftirlit með skipum á hafinu og aðstoð við framkvæmd vitamála. Áhafnir varðskipanna hafa framkvæmt skyndiskoðanir á hafi úti samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003. Einnig hafa varðskipin séð um að ferja starfsmenn Siglingastofnunar út í vita sem ekki er hægt að nálgast frá landi. Áhafnir varðskipanna hafa einnig aðstoðað við viðhald þeirra.

Í 7. tölul. 5. gr. er lagt til að rekstur vaktstöðvar siglinga verði flokkaður sem samningsbundið þjónustuverkefni. Nú sér LHG um faglegan rekstur vaktstöðvarinnar samkvæmt þjónustusamningi og brátt verða allir starfsmenn stöðvarinnar starfsmenn LHG. Neyðarlínan sér um fjármál stöðvarinnar að öðru leyti, tæknimál, húsnæðismál o.fl.

Í 8. tölul. er nefnd móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum. Margs kyns kröfur eru um móttöku slíkra tilkynninga og miðlun og eru þær kröfur frá fleiri en einu ráðuneyti. Stjórnstöð LHG annast móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum, bæði íslenskum og erlendum, samkvæmt lögum og reglugerðum á sviði sjávarútvegs, einnig varðandi tollafgreiðslu, Schengen, erlend herskip og margt fleira. Til þess að hægt sé að skipuleggja starfsemi og fjármál stjórnstöðvarinnar, sem rekin er úr vaktstöð siglinga, þarf að gera þjónustusamninga um þessi verkefni og áætla kostnað vegna þeirra.

Í 9. tölul. 5. gr. er tolleftirlit talið með samningsbundnum þjónustuverkefnum. Til þessa hefur LHG lítið tekið þátt í tolleftirliti þótt heimild sé til þess í tollalögum.

Í 10. tölul. 5. gr. er fjallað um rannsóknarstörf og vísindastörf á hafinu en LHG hefur tekið að sér slík verkefni. Með því að fella þau störf undir samningsbundin þjónustuverkefni verður tryggt að LHG getur óskað eftir greiðslu fyrir slík verkefni þegar um þau er að ræða. Verkefni á þessu sviði geta ýmist verið fyrir ráðuneyti eða erlend eða innlend fyrirtæki og ræðst hverju sinni hvort stofnunin getur tekið þau að sér.

Í 2. mgr. 5. gr. segir að LHG sé heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á. Hér getur verið um margs konar tilmæli að ræða sem beint er til LHG vegna tækjabúnaðar og sérhæfingar innan stofnunarinnar, t.d. með varðskipum, sjómælingaskipi, þyrlum eða flugvél. Hjá stofnuninni starfar sérhæft starfsfólk og stofnunin á mjög sérhæfðan tækjabúnað. Sem dæmi má nefna þyrlur sem hafa leyfi til yfirflugs yfir sjó. Einnig tæki til sprengjueyðingar, vélmenni og önnur tæki sem nota má í öðrum tilgangi en lögin segja til um, t.d. til að eyða hættulegum efnaúrgangi og sjá um sprengjuverkefni við borholur. Þá hefur LHG haft fjölgeislamæli til umráða sem getur tekið þrívíddarmyndir af sjávarbotninum og getur slíkt tæki haft notagildi til fleiri verkefni en sjómælinga, t.d. til öryggisrannsókna við erlend herskip, leit að skipsflökum og flugvélaflökum og botnrannsóknir í höfnum vegna hafnarframkvæmda. Vegna þessa er mikilvægt að lögin heimili að Landhelgisgæsla Íslands taki að sér ólögbundin verkefni og að heimilt sé að taka gjald fyrir þau. Hér mundi að jafnaði vera um að ræða verkefni sem einkafyrirtæki hafa ekki tækjabúnað eða mannafla til að sinna.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu. Breytingin felst í því að fleiri starfsmenn en áhafnir skipa og loftfara LHG fá lögregluvald við þessar aðstæður. Forstjórinn, sem yfirmaður löggæslustofnunar, getur þurft að taka ákvarðanir varðandi löggæsluverkefni í efnahagslögsögunni og því er eðlilegt að hann sé handhafi lögregluvalds þegar hann annast eða aðstoðar við löggæslustörf. Sama máli gegnir um löglærða fulltrúa hans sem að löggæslumálum koma og hafa yfirumsjón með kærumálum sem stofnunin sendir frá sér og er það í samræmi við lögreglulög. Einnig er yfirmönnum í stjórnstöð LHG/vaktstöð siglinga fengið lögregluvald þar sem þeir stjórna aðgerðum skipa og loftfara m.a. í lögregluaðgerðum á hafinu. Sprengjusérfræðingar fara einnig með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu til að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands en sambærilegt ákvæði er í 19. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Bæði eru nefndar áhafnir farartækja á sjó eða hafstöðva. Hafstöð er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, sem búnaður, svo sem pallar, leiðslukerfi og önnur mannvirki í efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem notuð eru í kolvetnisstarfsemi. Einnig hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi meðan þau liggja við festar.

Um 8. gr.

Þar sem starfsmenn LHG verða að vera vopnum búnir til að sinna verkefnum sínum er talið nauðsynlegt að kveða nánar á um heimildir til að beita þeim vopnum sem stofnunin hefur og hvaða starfsmenn hafa leyfi til þess. Til þessa hafa starfsmenn LHG farið eftir reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna í þau fáu skipti sem þeir hafa þurft að nota vopn við störf sín. Aðstæður starfsmanna LHG eru hins vegar nokkuð frábrugðnar því sem gerist í landi og því er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um vopnaburð starfsmanna LHG og heimild þeirra til notkunar vopna.

Í greininni eru tekin af tvímæli um það að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sem hafa lögregluvald og starfa við löggæslu, þ.m.t. siglingavernd og sprengjueyðingu, hafi heimild til að beita skotvopnum við störf sín samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Lögum

samkvæmt eiga starfsmenn LHG að geta tekist á við smyglara, hryðjuverkamenn, mengunarvalda og veiðiþjófa og verða því að vera vopnum búnir. Landhelgisgæsla Íslands hefur að sjálfsögðu heimild til að grípa til annarra vopna en skotvopna til að ná árangri við störf sín, en í landhelgisdeilum vegna útfærslnanna í 50 og 200 sjómílur var klippum, sem klipptu í sundur togvíra á botnvörpum breskra togara, til dæmis beitt með góðum árangri.

Um 9. gr.

Landhelgisgæslan fer með lögregluvald á hafinu og verður að hafa skýrar heimildir til að fara um borð í skip til rannsóknar ef grunur leikur á um lögbrot eða til að sinna lögbundnu eftirliti, t.d. fiskveiðieftirliti. Einnig til að vísa farartækjum á sjó til hafnar ef nauðsynlegt er til að ljúka rannsókn máls eða binda enda á brotastarfsemi. Í þeim tilgangi getur verið nauðsynlegt fyrir LHG að yfirtaka stjórn skips, þ.e. ef skipstjóri eða annar stjórnandi farartækis á sjó neitar að hlýða fyrirmælum LHG.

Á sama hátt getur verið nauðsynlegt fyrir LHG að hafa heimild til að banna skipi að halda til hafnar, t.d. ef grunur leikur á um ólögmætt athæfi. Þessu svipar til heimilda sem yfirvöld hafa til að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum, umferð um þau og dvöl loftfara á þeim vegna öryggis, sbr. 70. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir skyldu skipstjóra og annarra til að aðstoða LHG við löggæslustörf og björgun mannslífa þegar þess er óskað ef það er unnt án þess að þeir stofni lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sínum í hættu. Greinin er í samræmi við heimildir lögreglu í 20. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til bann við því að tálma því að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sinni störfum sínum og er það í samræmi við 21. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Um 12. gr.

Á hafinu gilda margvíslegir alþjóðlegir samningar sem kveða á um heimildir strandríkisins til íhlutunar gagnvart erlendum skipum. Heimildirnar eru mismunandi eftir því á hvaða hafsvæði skipið er statt, t.d. innan landhelgi eða efnahagslögsögu, og einnig eftir því um hvaða brot er að ræða. Nauðsynlegt er að gæta fyllstu varkárni við íhlutun gagnvart erlendum skipum enda fer fánaríkið almennt með lögsögu um borð í því. Þetta liggur ljóst fyrir en talið er nauðsynlegt að vekja athygli á því með þeim hætti sem gert er í greininni líkt og gert er í 2. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996.

Um 13. gr.

Í núgildandi lögum er hlutverk LHG við leitar- og björgunaraðgerðir á hafinu orðað með öðrum hætti en lagt er til í þessu frumvarpi. Þar segir að eitt af markmiðum LHG sé að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska og aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað. Með orðalagi þessarar greinar er kveðið skýrar á um ábyrgðina og varðandi báta og skip er ekki gert að skilyrði að óskað sé eftir aðstoð, enda getur LHG þurft að grípa inn í án óskar skipstjóra t.d. til að koma í veg fyrir mengunarslys. Kveðið er á um íhlutunarréttinn í 15. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hvað varðar björgunarlaun er nýmæli að ekki er kveðið á um skiptingu björgunarlauna að réttri tiltölu miðað við föst mánaðarlaun starfsmanna í áhöfnum heldur lagt til að farið verði eftir skiptareglu 2. mgr. 170. gr. c siglingalaga, nr. 34/1985. Er eðlilegt að í lögum um Landhelgisgæslu Íslands sé tekið mið af siglingalögum um þetta efni.

Um 14. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um það að Landhelgisgæsla Íslands er viðbragðsaðili við leit að loftförum sem lenda í flugatvikum, flugslysum eða er saknað yfir sjó.

Í núgildandi lögum um Landhelgisgæslu Íslands kemur fram að eitt af markmiðum stofnunarinnar er að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska. LHG hefur ávallt talið að sé loftfars saknað eða eigi í vanda yfir hafi skuli stofnunin bregðast við með tækjum sínum. Hér er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn stjórni leitarstarfi skv. 132. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998, allt þar til slysstaður finnst og sé hann á hafi úti stjórnar LHG björgunarstörfum frá þeirri stundu.

Um 15. gr.

Samkvæmt 1. gr., f-lið, núgildandi laga er eitt af markmiðum LHG að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af. Hér er í 1. mgr. bætt við orðunum bæði til sjós og lands til að taka af tvímæli um að LHG sinnir þessum verkefnum, hvort sem um er að ræða tundurdufl sem reka til lands af sjó eða lenda í netum sjómanna eða sprengjur í landi.

Vegna sérhæfingar sprengjusérfræðinga LHG þykir eðlilegt að þeir í hópnum sem til þess hafa réttindi frá erlendum stofnunum, sem viðurkenndar eru innan Atlantshafsbandalagsins, geti kennt nýliðum svo að ekki þurfi undantekningarlaust að senda menn til erlendra herja í slíkt nám. Jafnframt er gert ráð fyrir því að LHG geti gefið út starfsleyfi. LHG hefur sinnt sprengjueyðingu fyrir varnarliðið og heldur á hverju ári fjölþjóðlega æfingu sprengjueyðingarsveita þar sem æfð eru mjög flókin verkefni á sviði sprengjueyðingar. Nýlega samþykkti Atlantshafsbandalagið að styrkja æfinguna til að tryggja framtíð hennar.

Landhelgisgæslan annast verkefni fyrir einkafyrirtæki þar sem krafist er sprengjusérfræðinga, þ.e. eyðingu hættulegra efna o.fl., og er heimild til þess staðfest með frumvarpinu.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um innflutning og vörslu sprengiefna og skotvopna í þágu LHG. Sprengjum er eytt með sprengiefni, þess vegna þarf LHG heimild til að flytja inn, geyma og nota sprengiefni.

Sprengjueyðingarsveit LHG hefur séð um vopnaþjálfun og umsýslu með vopn og skráningu þeirra hjá LHG og því er í þessari grein kveðið á um heimild til innflutnings skotvopna. Í 3. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, segir að þau gildi ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. laganna sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu, fangelsa eða erlendra lögreglumanna eða öryggisvarða sem starfa undir stjórn lögreglu. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Um 17. gr.

Sjómælingar og sjókortagerð eru grundvöllur öruggra siglinga í kringum landið og eykst þörfin á nákvæmum sjókortum eftir því sem skip verða stærri og djúpristari.

Í 17. gr. frumvarpsins eru talin upp helstu atriðin sem taka þarf fram í lögum um starfsemi sjómælingasviðs LHG en síðan er mælt fyrir um heimild ráðherra til reglugerðarsetningar um hana í 3. mgr. Við samningu greinarinnar var höfð hliðsjón af lögum um landmælingar

og kortagerð, nr. 95/1997, einkum 8., 9. og 10. gr. laganna, enda að mörgu leyti um hliðstæða starfsemi að ræða þótt ólíkar vinnsluaðferðir og forrit séu notuð vegna gjörólíkra aðstæðna á sjó og landi.

Sjómælingasvið LHG hefur um árabil verið rekið sem deild innan Landhelgisgæslu Íslands. Í núgildandi lögum segir fátt um sjómælingar annað en í 1. gr., e-lið, en þar segir að eitt af markmiðum LHG sé að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni. Ekkert er fjallað um útgáfu sjókorta eða annarra gagna sem eru helsta verkefni sjómælingasviðs Landhelgisgæslu Íslands.

Mikilvægt er að ljóst sé hver á höfundarétt að mælingagögnum og kortum og gera þarf ríkar kröfur til nákvæmni slíkra gagna enda getur ríkið orðið skaðabótaskylt ef skip sekkur eða strandar vegna villu í sjókorti. Nágrannaríki okkar og önnur ríki sem starfa samkvæmt reglum Alþjóðasjómælingastofnunarinnar (IHO) innheimta höfundaréttargjöld af sjómælingagögnum og sjókortum. Sama máli gegnir um Landhelgisgæslu Íslands og er fjallað um höfundarétt ríkisins í 1. mgr. 17. gr. LHG hefur gert samninga um höfundaréttargreiðslur við erlend kortagerðarfyrirtæki sem gefa út rafræn sjókort og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði sjómælinga. Snemma árs 2005 var gerður samningur við Bresku sjómælingarnar um að innheimta höfundaréttargjöld fyrir LHG og er heilmikil hagkvæmni í því. Sjómælingar Íslands, sem deild innan LHG, hafa af þessu nokkrar sértekjur. Gjaldtökuákvæði 3. mgr. 17. gr. er í samræmi við sambærilegt ákvæði frumvarps til laga um landmælingar.

Sjómælingar og sjókortagerð eru mjög sérhæfð verkefni sem ekki eru kennd hér á landi svo gagn sé að. Sjómælingamenn og sjókortagerðarfólk LHG hefur sótt námskeið erlendis og er hér lögð til sú tilhögun að LHG kenni og gefi út starfsleyfi til þeirra sem starfa við sjómælingar eða sjókortagerð.

Hugmyndir hafa verið uppi um möguleika á að auka hagkvæmni í starfsemi sjómælinga og því er þeirri leið haldið opinni að semja við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir um framkvæmd ákveðinna verkefna Sjómælinga Íslands í 4. mgr. 17. gr.

Um 18. gr.

Sjá umfjöllun um 1. og 2. tölul. 5. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Með greininni er LHG gert kleift að einfalda móttöku tilkynninga frá skipum með því að hafa eitt rafrænt tilkynningarform sem dómsmálaráðherra samþykkir. Er það í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 6/2002 frá 18. febrúar 2002, um kröfur til tilkynninga skipa sem sigla inn í höfn eða frá höfn í aðildarlöndum sambandsins, og reglugerð nr. 869/2004, um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Tilgangurinn með reglugerðinni er að einfalda hlutina fyrir skipstjóra sem sigla að eða frá landinu og er einnig gerð krafa um slíka einföldun í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Nauðsynlegt er að kveða á um til hvers má nota þær upplýsingar sem aflað er með fjareftirliti og tilkynningum skipa. Skv. 3. og 4. mgr. er heimilt að veita öðrum opinberum stofnunum upplýsingar vegna eftirlits og LHG er heimilt að nýta upplýsingarnar til fiskveiðieftirlits og björgunarstarfa og annars eftirlits á vegum ríkisins.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands.

Um 21. gr.

Í 8. gr. núgildandi laga er kveðið á um að starfsmenn LHG skuli bera einkennisbúninga samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Hér er því engin breyting gerð á frá fyrri lögum nema hér er orðið reglugerð sett í stað reglna. Einnig er tekið fram að handhafar lögregluvalds skuli bera á sér sérstök skilríki við framkvæmd starfa sinna. Dómsmálaráðherra ákveði útlit, efni og notkun skilríkja með reglugerð. Sams konar regla er í 3. tölul. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands megi hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Lagt er til að verkfallsbannið taki aðeins til þeirra starfsmanna sem sinna löggæslustörfum. Er þetta lagt til í ljósi þess að Landhelgisgæsla Íslands er öryggis- og björgunarstofnun og má alls ekki lamast vegna verkfalla.

Þá er gert ráð fyrir að núgildandi 9., 10. og 11. gr., um laun og kjör starfsmanna LHG, verði felldar úr gildi með frumvarpi þessu. Hingað til hefur annar samningsaðila, ríkið, verið bundinn af því sem samið hefur verið um af þriðja aðila út frá öðrum rekstrarforsendum en við lýði eru innan ríkisstofnana. Það þykir ekki vera í samræmi við nútímann að hafa slík ákvæði um laun og kjör starfsmanna tiltekinnar stofnunar bundin í lögum. Er því lagt til að þessar greinar falli brott, þannig að í framtíðinni verði samið við viðkomandi stéttarfélög á grundvelli laga nr. 80/1938 eins og önnur stéttarfélög sem þar eiga undir, án beintengingar við kjarasamninga á hinum almenna markaði.

Um 23. gr.

Í 13. gr. núgildandi laga um Landhelgisgæslu Íslands segir að um tryggingar starfsmanna skuli fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skuli heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.

Í samráði við fjármálaráðuneytið hefur Landhelgisgæsla Íslands sagt upp öllum samningum við tryggingafélög um tryggingar fyrir starfsmenn og eru þær nú í eigin áhættu ríkisins. Það er eðlilegt þar sem það er meginreglan hjá ríkinu. Í stað þessa ákvæðis er lagt til sams konar ákvæði og er í lögreglulögunum, en óþarfi er að taka fram að tryggingar starfsmanna skuli fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum eins og kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

Um 24. gr.

Lagt er til að ákvæði um læknisskoðun verði áfram í lögum um Landhelgisgæslu Íslands og að við bætist heimild ráðherra til að gefa út reglur um lágmarkskröfur til heilsufars og líkamlegs atgervis starfsmanna sem teljast til starfsgengisskilyrða þeirra.

Um 25. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er fjallað um útgerð skipa og rekstur loftfara Landhelgisgæslu Íslands.

Gert er ráð fyrir nýmæli í 1. mgr. greinarinnar um að bjóða megi út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu LHG með skilyrðum sem dómsmálaráðherra setur að höfðu samráði við stofnunina. Æskilegt þykir í samræmi við almenn viðhorf um

þróun ríkisrekstrar og sveigjanleika innan hans að setja skýra heimild í lögum hvað þetta atriði varðar. Jafnframt gefur þessi heimild LHG meira svigrúm en ella væri til þess að sinna þeim verkefnum sem henni ber að sinna lögum samkvæmt. Heimildin gefur tækifæri til þess að treysta rekstrargrundvöll Landhelgisgæslu Íslands og nýta tækjabúnað hennar til fjölbreyttari verkefna í framtíðinni án þess þó að til skörunar kæmi á samkeppnismarkaði. Með þessu er stefnt að því markmiði að auka hagkvæmni og hagræðingu í rekstri og um leið að einfalda rekstrargrundvöll starfseminnar.

Þá er í 4. mgr. lagt til það nýmæli að LHG skuli hafa leyfi fyrir þeirri flugstarfsemi sem haldið er úti hverju sinni og lýtur eftirliti Flugmálastjórnar Íslands þegar við á, enda takmarka loftferðalög ekki lögsögu stofnunarinnar í þeim efnum.

Undanfarin ár hefur flugdeild LHG unnið að því að auka öryggi flugrekstrarins. Það hefur verið gert með samningu sérstakrar flugrekstrarhandbókar og vottun flugtæknideildar samkvæmt stöðlum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

Um 26. gr.

Greinin er nýmæli. Nú eru í gildi lög um ráðstafanir til varnar því að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83/1936, og á þetta ákvæði að koma í stað þeirra laga en lagt er til að þau verði afnumin, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Vegna verkefna LHG er nauðsynlegt að ákveðin leynd hvíli yfir ferðum bæði skipa og loftfara LHG og ekki sé greint frá þeim nema með heimild LHG. Landhelgisgæsla Íslands verður að geta metið það hverju sinni hvort og hvenær æskilegt er að segja frá ferðum varðskipa og loftfara stofnunarinnar.

Um 27. gr.

Í greininni er kveðið á um Landhelgissjóð og hlutverk hans og er ákvæðið efnislega það sama og í núgildandi 17.–19. gr. Aðeins er um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 28. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um refsiheimildir vegna brota gegn eftirtöldum ákvæðum: Um skyldu til að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 7. gr. frumvarpsins, um rannsókn um borð í skipi og yfirtöku á stjórn skips, sbr. 9. gr., um skyldu til að aðstoða Landhelgisgæslu Íslands, sbr. 10. gr., banni við að tálma Landhelgisgæslu Íslands í störfum sínum, sbr. 11. gr., banni við að fara í verkfall eða taka þátt í verkfallsboðunum, sbr. 22. gr., og banni við að greina opinberlega frá ferðum skipa og loftfara Landhelgisgæslunnar, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 2006 en þann dag á Landhelgisgæsla Íslands 80 ára afmæli. Íslenska ríkið tók við rekstri björgunarskipsins Þórs 1. júlí 1926 af Björgunarfélagi Vestmannaeyja og hefur sá dagur verið valinn sem stofndagur Landhelgisgæslu Íslands. Þá er lagt til að lög um ráðstafanir við því að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83/1936, falli niður, enda komi 26. gr. frumvarpsins í stað þeirra laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um Landhelgisgæslu Íslands til að laga þau að breyttum aðstæðum. Í frumvarpinu eru tilgreind ýmis verkefni sem ekki eru nefnd í núgildandi lögum en er þegar sinnt hjá Landhelgisgæslunni og felur það því ekki í sér neinar teljandi breytingar á starfseminni. Sérstaklega er kveðið á um heimild stofnunarinnar til að gera þjónustusamninga um lögbundin verkefni sín og auk þess lagt til að lögfest verði heimild fyrir stofnunina til þess að semja um að taka að sér ólögbundin verkefni. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að bjóða út eða stofna hlutafélag um flug- og skiparekstur og tækniþjónustu í þágu Landhelgisgæslunnar og að einnig verði heimilt að semja við aðra aðila um framkvæmd sjómælinga eða stofna hlutafélag um þau verkefni. Í frumvarpinu eru ákvæði sem ætlað er að treysta grundvöll fyrir gjaldtöku við sölu á upplýsingum um sjómælingar. Loks má nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði úr gildi lagaákvæði um að laun og kjör starfsmanna sem vinna á sjó eða í lofti taki mið af samningum sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði þannig að ríkið gangi framvegis til samninga við viðkomandi stéttarfélög á sama hátt og á við um félög starfsmanna annarra ríkisstofnana.

Frumvarpið felur í sér heimildir fyrir aukið svigrúm til að þróa rekstrarfyrirkomulag Landhelgisgæslunnar og laga það að aðstæðum á hverjum tíma. Verkefnin verða þó þau sömu og áður og ákvæði frumvarpsins sem slík gefa ekki tilefni til þess að ætla að sérstakar breytingar verði á tekjum eða útgjöldum stofnunarinnar. Gera verður ráð fyrir að slík áform komi fram í árlegu fjárlagafrumvarpi í samræmi við útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

1025. Frumvarp til laga [695. mál]

um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Ábyrgðaraðili:* Aðili sem framleiðir kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu hér á landi, eða hefur kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, í atvinnuskyni hér á landi.
2. *Kvikmynd:* Hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þ.m.t. leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi, tölvum eða öðrum myndflutningstækjum.
3. *Tölvuleikur:* Tölvuforrit sem hefur að geyma gagnvirka leiki.

4. *Ofbeldiskvikmynd eða -tölvuleikur:* Kvikmynd eða tölvuleikur þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum sem teljast geta haft skaðleg áhrif á sálarlíf barna.
5. *Kvikmynd eða tölvuleikur sem ógnar velferð barna:* Kvikmynd eða tölvuleikur þar sem inntak, efnistök eða siðferðisboðskapur getur vegna orðfæris eða athafna haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám.

2. gr.

Aldursmörk og matsskylda.

Bannað er að sýna börnum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og -tölvuleiki, sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra. Bönnuð er sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni til barna sem hafa ekki náð lögræðisaldri.

Meta skal allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar, sölu eða annarrar dreifingar hér á landi fyrir börn undir lögræðisaldri með tilliti til hvort leyfa beri eða takmarka sýningu, notkun eða afhendingu á slíku efni við tiltekið aldursskeið innan lögræðisaldurs. Sama gildir um ítarefni sem dreift er með kvikmyndum og tölvuleikjum og kynningarefni fyrir kvikmyndir og tölvuleiki.

Skylda skv. 2. mgr. hvílir á þeim aðilum sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu hér á landi, eða hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, í atvinnuskyni hér á landi. Sömu aðilar skulu gæta þess að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum og tölvuleikjum sé í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Framkvæmd mats og merkingar á kvikmyndum og tölvuleikjum.

Ábyrgðaraðili skal setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats skv. 2. mgr. 2. gr. og aldurstakmörkunar skv. 1. og 2. mgr. 2. gr., sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Í verklagsreglunum skal tekið mið af barnaverndarsjónarmiðum og einkum litið til eftirtalinna atriða og hvernig með þau er farið hverju sinni: söguefni, orðfæri, beiting ofbeldis, sýning nektar og kynlífs og neysla fíkniefna. Matið skal vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum sem kunna að skipta máli. Ábyrgðaraðili skal birta verklagsreglurnar opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að og sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja. Þar skal og tilgreina nafn matsstjóra ábyrgðaraðila og veita almenningi leiðbeiningar um móttöku erinda sem lúta að framkvæmd reglnanna og afgreiðslu slíkra erinda. Ábyrgðaraðili skal færa niðurstöður um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að.

Hafi mat skv. 2. mgr. 2. gr. farið fram á kvikmynd eða tölvuleik er heimilt að láta það mat gilda um kvikmynd eða tölvuleik sem gefinn er út á öðru formi, enda teljist ótvírætt um sömu útgáfu kvikmyndar eða tölvuleiks að ræða.

Öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir skulu greinilega merktar upplýsingum um aldurstakmörk skv. 2. mgr. 2. gr., sem og um það ef kvikmynd eða tölvuleikur er aðeins ætlaður til sýningar fyrir einstaklinga sem náð hafa lögræðisaldri.

Í öllum auglýsingum og annarri kynningu á kvikmynd eða tölvuleik skal getið um aldurstakmörk skv. 2. mgr. 2. gr., sem og ef mynd eða leikur er aðeins ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir einstaklinga sem náð hafa lögræðisaldri. Þegar birting auglýsingar eða annarrar kynningar á kvikmynd eða tölvuleik fer fram samhliða opinberri sýningu kvikmyndar eða er dreift með eintaki kvikmyndar eða tölvuleiks ber að fylgja 1. mgr. 2. gr.

Allar kvikmyndir má hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila.

4. gr.

Undantekningar frá mati og ákvörðun aldursmarka.

Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis. Um mat á sýningarhæfni annars dagskrárefnis í sjónvarpi en fellur undir 2. tölul. 1. gr. fer eftir ákvæðum útvarpslaga.

5. gr.

Eftirlit, stöðvunarúrræði og endurmat.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt. Í því skyni er Barnaverndarstofu heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum skv. 1. mgr. 3. gr. og framkvæmd þeirra. Slík úttekt skal vera á kostnað þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd eða tölvuleik ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr., óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi ekki farið fram og er henni þá heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa, með tilkynningu til ábyrgðaraðila.

Þegar lögreglu hefur borist kæra fyrir brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga þessara skal lögregla þegar í stað tilkynna Barnaverndarstofu um málavexti. Barnaverndarstofa leggur sjálfstætt mat á hvort beita beri stöðvunarheimild 5. mgr.

Á meðan sýningar- og dreifingarbann varir skal fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Barnaverndarstofu er heimilt að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks í allt að þrjá sólarhringa á meðan endurmat fer fram. Ef ágreiningur er um niðurstöðu endurmats ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Sú ákvörðun telst endanleg og verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Leiði endurmat til þess að sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks skuli takmarkast við eldri áhorfendur en upphaflegt mat kvað á um gildir sýningar- og dreifingarbann skv. 5. mgr. Barnaverndarstofu er heimilt að veita ábyrgðaraðila allt að vikufrest til að innkalla og endurmerkja öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir og kynningarefni til samræmis við niðurstöðu endurmatsins.

6. gr.

Reglugerð.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um opinbera birtingu verklagsreglna ábyrgðaraðila skv. 1. mgr. 3 gr. og mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja skv. 2. mgr. 2. gr.

7. gr.

Gildistaka og brottfelld lög.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt eru felld úr gildi lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Enn fremur er felldur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun nefndarmanna Kvikmyndaskoðunar og ráðning forstöðumanns samkvæmt lögum um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, fellur niður við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, segir að börnum skuli tryggja í lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í greinargerðinni með frumvarpi til stjórnskipunarlaga, sem varð að fyrrnefndum stjórnskipunarlögum, sagði svo í athugasemdum við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins, sem varð 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar:

„Í 3. mgr. 14. gr. er ákvæði sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en í því er mælt fyrir um að með lögum beri að tryggja börnum þá vernd og umönnun, sem velferð þeirra krefst. Með þessu ákvæði, sem felur í sér vissa stefnuyfirlýsingu og sækir m.a. fyrirmynd í 3. gr. samningsins um réttindi barna og að nokkru einnig í 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, er einkum gert ráð fyrir að leggja skyldu á löggjafann til að setja lög til að veita börnum fyrrnefnda tryggingu. Þetta ákvæði getur þó einnig falið í sér öllu veigameiri efnisreglu því unnt gæti verið að sækja stoð eða áréttingu til þess fyrir heimild til undantekninga frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til verndar börnum. Sem dæmi um þetta má benda á að í skjóli 3. mgr. 14. gr. væri væntanlega unnt að skýra undantekningarákvæðin í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins [sem varð 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þó með breytingum er juku vernd tjáningarfrelsis frá því sem upphaflega var ráðgert] á þann veg að heimilt sé að lögfesta reglur um að banna börnum aðgang að kvikmyndum og öðru myndefni sem sýni ofbeldi þótt tjáningarfrelsi væru settar skorður á þann hátt."

Í samræmi við framangreint er talið rétt að löggjafinn hafi afskipti af sýningu, sölu og dreifingu kvikmynda og tölvuleikja til verndar velferð barna. Sú ritskoðun sem í slíkum reglum felst hefur reyndar á sumum sviðum lotið í lægra haldi fyrir tæknibreytingum undanfarinna ára, ekki síst í sjónvarpstækni og með tilkomu veraldarvefsins. Ný miðlunartækni hefur í reynd gert það sífellt erfiðara að hafa stjórn á því hvaða kvikmynda- eða tölvuleikjaefni fólk notar eða horfir á. Því hefur aukist ábyrgð foreldra og annarra forsjáraðila á því hvaða kvikmynda- eða tölvuleikjaefni börn þeirra horfa á eða nota, enda má segja að þessir aðilar séu í reynd þeir einu sem hafi einhver tök á að stjórna áhorfi og notkun barna sinna á framangreindu efni.

Hlutverk löggjafans og annarra handhafa ríkisvaldsins er sem fyrr segir að tryggja börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst með því að mæla fyrir um skoðun og aldursflokkun kvikmyndaefnis og tölvuleikja með tilliti til skaðlegra áhrifa slíks efnis og sjá til þess að framfylgt sé reglum um sölu og aðra dreifingu til barna undir lögræðisaldri. Telja verður að löggjafinn og framkvæmdarvaldið geti með slíkum reglum og eftirliti stutt við uppeldishlutverk foreldra í þeim anda sem fram kemur í hinu nýja ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995.

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum var frumvarp þetta samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Með frumvarpinu er einnig fylgt eftir þeim sjónarmiðum er liggja að baki heildarendurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar frá árinu 1995, einkum að því er varðar 2. mgr. 73. gr. um heimildir stjórnvalda til að setja tjáningarfrelsi mörk, m.a. til verndar siðgæði og í þágu allsherjarreglu. Talið er að skoðun kvikmynda á vegum ríkisins fyrir sýningu þeirra og reglur gildandi laga um algert bann gegn ofbeldiskvikmyndum, hafi á sér yfirbragð ritskoðunar.

Við samningu frumvarps þessa var einnig tekið mið af þeirri stefnu sem þegar hefur verið mörkuð í ríkisstjórn, að opinber eftirlitsstarfsemi skuli ekki vera umfangsmeiri en þörf er á. Þessi stefnumótun kemur fram í lögum um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999, en þau lög ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Það er markmið þeirra laga að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Þá má eftirlit á vegum hins opinbera ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist. Samkvæmt lögunum starfar sérstök ráðgjafarnefnd, skipuð af forsætisráðherra, að framkvæmd laganna og skal starf nefndarinnar miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því, sem og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur meðal annars fjallað um eftirlitsstarfsemi á vegum Kvikmyndaskoðunar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Í bréfi til menntamálaráðherra, dags. 1. ágúst 2000, benti nefndin á að með lögum nr. 47/1995 væri ekki gætt jafnræðis milli atvinnugreina þar sem eftirlit Kvikmyndaskoðunar beindist aðallega að starfsemi kvikmyndahúsa og dreifingaraðila myndbanda, en sjónvarpsstöðvar væru nánast að öllu leyti undanþegnar því beina eftirliti sem lögin kveða á um. Einnig var bent á mikinn kostnað fyrir atvinnulífið vegna eftirlitsins. Lagði nefndin til að Kvikmyndaskoðun yrði lögð niður og lög um hana felld úr gildi, en barnaverndarsjónarmiða yrði gætt með öðrum hætti en lögin gerðu ráð fyrir. Í tilefni af bréfi ráðgjafarnefndarinnar kynnti ráðuneytið nefndinni í september 2000 drög að frumvarpi sem það hafði látið semja um nýtt fyrirkomulag kvikmyndaskoðunar. Þar var gert ráð fyrir að opinberu eftirliti yrði hætt og atvinnugreinin sjálf annaðist frumeftirlit með því að barnaverndarsjónarmiða verði gætt við sýningu kvikmynda. Með bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 5. febrúar 2001, lýsti ráðgjafarnefndin þeirri skoðun sinni að í frumvarpsdrögunum fælist veruleg bót miðað við það fyrirkomulag sem nú væri á kvikmyndaeftirliti. Nefndin lét einnig í ljós þá skoðun að til greina kæmi að í stað þess að hafa sérstök lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum yrði í barnaverndarlög bætt við ákvæði sem bannaði að börnum og ungmennum yrðu sýndar ofbeldismyndir. Menntamálaráðherra lagði fram framangreint frumvarp á vorþingi 2002, en það hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarp þetta er að grunni til byggt á fyrra frumvarpi, en þó hafa verið gerðar á því veigamiklar breytingar með ríkari áherslu á barnaverndarsjónarmið. Þannig er Barnaverndarstofu ætlað ákveðið eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna í formi úttekta, stöðvunarheimilda og endurmats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja. Frumvarpið er frábrugðið fyrra frumvarpi að því leyti að það tekur einnig til eftirlits með aðgangi barna að tölvuleikjum, auk þess sem það nær til ofbeldiskvikmynda og -tölvuleikja, sem og kvikmynda og tölvuleikja sem ógnað geta velferð barna. Er þá átt við að inntak, efnistök eða siðferðisboðskapur geti

vegna orðfæris eða athafna haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám.

Það gefur augaleið að möguleikar opinberra aðila til afskipta af áhorfi ungra barna á kvikmyndaefni og notkun tölvuleikja eru fyrst og fremst bundnir við aðgengi þess aldurshóps að kvikmyndahúsum, myndbandaleigum, verslunum, tölvuverum og leiktækjasölum. Afskipti opinberra aðila ná hins vegar ekki til þess sem fram fer á einkaheimilum með áhorfi kvikmyndaefnis og spilun tölvuleikja.

Í samræmi við þau sjónarmið sem hér var lýst er í frumvarpinu gert ráð fyrir að bannað verði að sýna ungmennum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og -tölvuleiki, eða kvikmyndir og tölvuleiki sem ógna velferð barna og bönnuð verði sala og önnur dreifing á slíku efni til barna undir lögræðisaldri, þó þannig að allar kvikmyndir megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila, sbr. 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er hér farin sú leið að banna aðgang barna undir 14 ára aldri að ofbeldiskvikmyndum eða kvikmyndum sem ógna velferð þeirra nema foreldrar eða aðrir forsjáraðilar þeirra meti það beinlínis svo að þau hafi til þess þroska að horfa á slíkar myndir í þeirra fylgd, svo að þessir aðilar geti skýrt fyrir þeim efnið.

Umrætt ákvæði gildir eðli málsins samkvæmt ekki um tölvuleiki, enda almennt ekki um opinberar sýningar að ræða þegar þeir eiga í hlut heldur fyrst og fremst er þar um að ræða notkun í heimahúsum.

Við heildarendurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, var m.a. vernd skoðanafrelsis og tjáningarfrelsis mjög styrkt í sessi hér á landi, sbr. nú 73. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 11. gr. framangreindra stjórnskipunarlaga. Samkvæmt viðurkenndri skýringu á 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, nær vernd tjáningarfrelsis nú til hvers konar tjáningar án tillits til efnis og þess forms, sem tjáning birtist í. Meðal annars nær vernd tjáningarfrelsis til kvikmynda og tölvuleikja.

73. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Svo sem fram kemur í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður með lögum í þeim tilgangi sem í málsgreininni er upp talið, enda teljist skorðurnar nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Fyrir brot gegn lögmætum skorðum á tjáningarfrelsi verða menn sóttir til ábyrgðar fyrir dómi, sbr. upphafsákvæði 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Til þeirrar ábyrgðar kemur hins vegar ekki fyrr en eftir að brot hefur verið framið.

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsinu eru hins vegar með öllu óheimilar, sbr. síðari málslið 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ritskoðun er skilgreind svo að með henni sé átt við yfirlestur handrits og skoðun annars efnis af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar á því hvort efni megi birta. Ritskoðun er þannig skerðing á tjáningarfrelsinu sem á sér stað fyrir birtingu og er fortakslaust bönnuð í framangreindu stjórnarskrárákvæði. Fyrir setningu 73. gr. stjórnarskrárinnar gilti ritskoðunarbannið samkvæmt prentfrelsisákvæði eldri stjórnarskrár (72. gr.) aðeins um prentað mál og það sem til prentaðs máls mátti jafna, en eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gildir ritskoðunarbannið um hvers konar

tjáningu. Ritskoðunarbann íslensku stjórnarskrárinnar er nú víðtækara en yfirleitt er samkvæmt stjórnarskrám Evrópuríkja, enda ákvæðið nýlegt og í anda sterkrar verndar fyrir skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi.

Frá árinu 1996 hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins haft þemaeftirlit með efndum aðildarríkja Evrópuráðsins á skuldbindingum sínum. Aðferðafræðin við þemaeftirlitið er að haldnir eru eftirlitsfundir þar sem tiltekin þemu eru tekin til athugunar. Í kjölfar upplýsingasöfnunar hjá einstökum aðildarríkjum eru gefnar út ályktanir í skýrsluformi og þeim fylgt eftir í samræmi við stofnsáttmála Evrópuráðsins. Meðal þema sem sætt hafa skoðun eru tjáningar- og upplýsingafrelsi. Í skýrslu ráðherranefndar Evrópuráðsins frá júlí 2003 kemur fram að ástæða sé til þess að taka til skoðunar reglur um kvikmyndaeftirlit á Íslandi. Í skýrslunni segir nánar að lög um skoðun kvikmynda hér á landi leggi bann við framleiðslu og dreifingu ofbeldiskvikmynda og að sex manna kvikmyndaskoðunarnefnd, skipuð af menntamálaráðherra, skoði allar kvikmyndir fyrir opinbera sýningu þeirra. Í skýrslu ráðherranefndarinnar er dregin sú ályktun að hið lögmælta fyrirkomulag sem er á skoðun kvikmynda hér á landi kunni að fela í sér brot gegn stjórnskipunarvernduðum rétti gegn ritskoðun, sbr. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Í niðurstöðukafla skýrslu ráðherranefndarinnar segir að endurskoða beri fyrirkomulag kvikmyndaskoðunar hér á landi sem felist í því að allar kvikmyndir séu skoðar fyrir sýningu þeirra. Íslensk stjórnvöld voru í framhaldi af skýrslunni krafin svara við framangreindum athugasemdum ráðherranefndarinnar. Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins til Evrópuráðsins, dags. 3. ágúst 2004, er fallist á að framangreint fyrirkomulag við skoðun kvikmynda hér á landi af hálfu ríkisins, eins og það hafi lengi verið framkvæmt hér á landi hafi á sér öll einkenni ritskoðunar. Jafnramt var rakið að ráðgert hafi verið að bregðast við framangreindum ágöllum gildandi laga með frumvarpi til nýrra laga um kvikmyndaeftirlit, laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum, sem lagt hafi verið fram á 127. löggjafarþingi þingveturinn 2001–2002 en það hafi ekki hlotið afgreiðslu. Í því frumvarpi hafi m.a. verið gert ráð fyrir niðurlagningu þeirrar ríkisstofnunar sem annaðist kvikmyndaskoðun og afnámi ritskoðunar í framangreindri mynd.

Í samræmi við það sem hér að framan hefur verið reifað telur menntamálaráðuneytið rétt að kvikmyndaskoðun af hálfu ríkisvaldsins, eins og hún hefur lengi verið framkvæmd hér á landi samkvæmt settum lögum, nú síðast lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, verði afnumin, enda ber sú skipan sem gilt hefur öll einkenni ritskoðunar. Skoðun kvikmynda, sem lögin taka til, fer fram fyrir sýningu þeirra. Óheimilt er að sýna kvikmynd nema með leyfi Kvikmyndaskoðunar, sem er opinber stofnun og Kvikmyndaskoðun getur fyrir fram bannað sýningu kvikmyndar. Kvikmyndaskoðun getur bundið leyfi til sýninga skilyrðum. Vísast um þessi efni einkum til 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna.

Auk þess að fela í sér afnám framangreinds ritskoðunarbanns stjórnarskrárinnar gefur breyting á núverandi fyrirkomulagi kvikmyndaskoðunar kost á mildari ráðum til verndar börnum og ungmennum gegn skaðlegu kvikmyndaefni en fyrirframskoðun af hálfu stjórnvalda. Til dæmis má gera kvikmyndahúsaeigendum, sjónvarpsstöðvum og öðrum sem framleiða eða dreifa kvikmyndaefni skylt að meta eða láta meta kvikmyndir á eigin vegum fyrir sýningu þeirra. Verður því ekki sagt að nauðsyn beri til þess í íslensku þjóðfélagi að ríkisvaldið annist skoðun af þessu tagi þar sem viðhlítandi skoðun verður komið við með öðru móti. Þá geymir frumvarpið það nýmæli að lögfest verði skylda til að meta eða láta meta tölvuleiki sem framleiddir eru eða dreift er hér á land með sama hætti og kvikmyndir.

Með því að stjórnvöld hætti skoðun kvikmynda fyrir sýningu þeirra og sú ríkisstofnun sem hefur annast þetta hlutverk á vegum ríkisins, Kvikmyndaskoðun, verði lögð niður verða þeir

aðilar sem gera kvikmyndir eða tölvuleiki, sýna þá, selja eða dreifa með öðrum hætti, og undir íslenska lögsögu heyra, fyrst og fremst ábyrgir gerða sinna fyrir dómi ef þeir gerast sekir um brot á þeim lögum sem heimila skorður á tjáningarfrelsi, sbr. upphafsákvæði 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 3. mgr. sömu greinar. Er það í samræmi við önnur tilvik í íslenskum rétti þar sem tjáningarfrelsi er talið misbeitt, svo sem um prentað mál og útvarpsefni, sbr. V. kafla laga um prentrétt, nr. 57/1956, og IX. kafla útvarpslaga, nr. 53/2000. Ljóst er að efni kvikmynda eða tölvuleikja getur varðað við lög ekki síður en efni annars konar tjáningar, og verður nánar vikið að því síðar hvaða lög koma þar helst til álita.

Af sömu ástæðu og skylt er skv. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að hætta skoðun kvikmynda fyrir sýningu þeirra samkvæmt lögum nr. 47/1995 ber að nema úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, svohljóðandi: „Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi.“ Í hinu tilvitnaða ákvæði, sem var reyndar einnig í eldri barnaverndarlögum, nr. 58/1992, en mun ekki hafa verið beitt í framkvæmd, eru fyrirmæli um fyrirframskoðun af hálfu stjórnvalds sem ekki eiga lengur við frekar en önnur lagaákvæði sömu ættar.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er frumvarp þetta byggt á því að eftirliti með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum verði hagað þannig:

1. Skylt er að meta eða láta meta allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar eða notkunar fyrir börn undir lögræðisaldri.
2. Skylt er að láta þess getið alls staðar, þar sem það á við, ef kvikmynd eða tölvuleikur telst vera ofbeldiskvikmynd eða -tölvuleikur eða kvikmynd eða tölvuleikur telst ógna velferð barna.
3. Skylt er að merkja greinilega kvikmyndir og tölvuleiki og umbúðir þeirra um matsniðurstöðu og það hvort mynd eða leikur er aðeins ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir fullorðna einstaklinga.
4. Skylt er að geta um mat kvikmynda eða tölvuleikja í auglýsingum og annars konar kynningu á þeim og geta þess ef mynd eða leikur er einungis ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir fullorðna.
5. Skylt er að hafa eftirlit með því að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum eða tölvuleikjum sé fyrir hendi.
6. Ábyrgðaraðilar samkvæmt frumvarpinu eru þeir sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða notkunar hér á landi, hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni, eftir því sem við á í hverju tilviki.
7. Kveðið er á um að ábyrgðaraðilar skuli setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats, sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi. Verklagsreglurnar ber að birta opinberlega og tilgreina matsstjóra ábyrgðaraðila. Niðurstöður mats skulu birtar opinberlega og þeim viðhaldið í gagnagrunni sem almenningur skal hafa aðgang að.
8. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með framkvæmd mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja. Í því felst m.a. heimild til að láta fara fram úttekt á verklagi framangreindra ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofa fer einnig með stöðvunarheimild á sýningu eða dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks og tekur þátt í endurmati á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks.

Rétt er að vekja athygli á því að efni kvikmynda eða tölvuleikja getur skaðað margvíslega hagsmuni sem lagaverndar njóta. Efni kvikmynda eða tölvuleikja, eins og efni tjáningar í öðru formi, getur brotið gegn ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og má þar t.d. geta eftirtalinna ákvæða laganna: 95. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976 og 2. gr. laga

nr. 47/1941 (óvirðing við erlendar þjóðir og þjóðarmerki, móðganir eða aðdróttanir í garð starfsmanns erlends ríkis sem staddur er hér á landi), 209. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992 (lostugt athæfi), 210. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000 (klám, þar á meðal barnaklám) og XXV. kafla (ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs). Með framangreindum dæmum eru ekki tæmandi talin þau tilvik þar sem efni kvikmynda eða tölvuleikja getur varðað við lög þannig að brot valdi fébóta- og/eða refsiábyrgð. Verða þeir sem brotlegir kunna að gerast sóttir til saka samkvæmt þeim ábyrgðarreglum sem við eiga hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru skilgreind hugtökin *ábyrgðaraðili*, *kvikmynd*, *tölvuleikur*, *ofbeldiskvikmynd og -tölvuleikur* og *kvikmynd eða tölvuleikur sem ógnar velferð barna*. Með hugtakinu ábyrgðaraðili er átt við þá aðila sem bera ábyrgð á því að fram fari mat á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sem ætlaður er til sýningar eða notkunar fyrir börn undir lögræðisaldri, þ.e. framleiðendur, sýningaraðilar og sölu- og dreifingaraðilar kvikmynda og tölvuleikja í atvinnuskyni hér á landi, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er stuðst við sömu skilgreiningar og í gildandi lögum nr. 47/1995 á hugtökunum kvikmynd, tölvuleikur og ofbeldiskvikmynd, en síðastgreinda hugtakið nær hér einnig til ofbeldistölvuleikja. Í skilgreiningunni á hugtakinu kvikmynd í 2. tölul. er tekið fram að átt sé við hvers kyns hreyfimyndaefni sem sýnt er í kvikmyndahúsi, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum. Samkvæmt skilgreiningunni falla kvikmyndir undir gildissvið laganna, hvort sem þær eru sýndar í kvikmyndahúsi eða öðrum opinberum stöðum, gefnar úr á myndbandi eða sýndar í sjónvarpi. Framleiddir sjónvarpsþættir og sjónvarpsmyndir falla jafnframt undir skilgreininguna. Til þessa telst m.a. svonefnt raunveruleikasjónvarp, þar sem fylgst er með þátttakendum leiks og viðbrögðum þeirra við óvæntum atburðum. Annað efni í sjónvarpi, þ.e. fréttir og fræðsluefni og aðrir þættir fyrir sjónvarp, falla utan matsskyldu laganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Um mat á sýningarhæfni slíks efnis fer eftir 14. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, sem fjallar um vernd barna gegn skaðlegu efni í sjónvarpi. Þar er svo fyrir mælt að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Dagskrárefni sem ekki er talið við hæfi barna skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Þessi ákvæði gilda sérstaklega um sjónvarpsefni, en ákvæðin í frumvarpi þessu, ef að lögum verða, munu gilda um kvikmyndir sem sýndar eru í sjónvarpi, sjónvarpsmyndir og framleidda sjónvarpsþætti. Ákvæði 1. gr. taka til allra kvikmynda sem falla undir skilgreiningu ákvæðisins, óháð þeim tækjum sem notuð er við miðlunina, þ.e. einu gildir hvort kvikmynd er miðlað til áhorfenda í kvikmyndahúsi, sýnd í sjónvarpi, miðlað um tölvunet og/eða sýnd í tölvu eða öðrum myndflutningstækjum. Með sama hætti tekur ákvæðið til allra miðla sem kvikmynd kann að vera varðveitt á og notaðir eru til endurmiðlunar (birtingar) og óháð því hvort varðveisluformið er hliðrænt eða stafrænt, þar með talið efni sem gert hefur verið aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn getur fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Þann fyrirvara verður þó að gera í þessu sambandi að skv. 3. mgr. 2. gr. tekur frumvarpið eingöngu til aðila sem gera kvikmyndir aðgengilegar á netinu í atvinnuskyni. Af

þeim sökum fellur birting kvikmyndaverka, myndbrota og þess háttar efnis utan reglna frumvarpsins þegar um birtingu er að ræða sem ekki fer fram í atvinnuskyni eða fjárhagslegum tilgangi. Það ræður þó ekki úrslitum í þessu sambandi hvort endurmiðlunin fer fram gegn gjaldi. Það teldist t.d. vera endurmiðlun í atvinnuskyni þegar endurgjalds er aflað með birtingu auglýsinga. Með sambærilegum hætti og lýst er í skýringum við 2. tölul. tekur tölvuleikjahugtak í 3. tölul. 1. gr. til allra tölvuleikja sem dreift er í atvinnuskyni hér á landi, óháð dreifingaraðferð og -miðlum.

Skilgreiningin á kvikmynd eða tölvuleik sem ógnar velferð barna er nýmæli, en með henni er átt við annars konar efni en ofbeldisefni, sem vegna inntaks, efnistaka eða siðferðisboðskapar getur vegna orðfæris eða athafna haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám. Byggist skilgreining þessi einkum á orðlagi 14. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um aldursmörk og matsskyldu á kvikmyndum og tölvuleikjum samkvæmt lögunum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að bannað sé að sýna börnum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og -tölvuleiki, sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra. Bönnuð er sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni til barna sem hafa ekki náð þeim aldri. Ekki þykir ástæða til þess að halda hinu víðtæka banni sem nú er í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1995, þar sem bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sýna, dreifa og selja slíkar myndir, jafnt fullorðnum sem börnum. Svo víðtækt bann gagnvart fullorðnum verður ekki talið standast tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess er það svo, eins og tekið er fram í hinum almennu athugasemdum að framan, að tæknibreytingar undanfarinna ára, ekki síst í sjónvarpstækni, hafa í reynd gert það sífellt erfiðara að hafa stjórn á því hvaða kvikmyndaefni fullorðnir horfa á. Rétt þykir hins vegar að banna börnum undir lögræðisaldri aðgang að ofbeldiskvikmyndum og -tölvuleikjum og kvikmyndum og tölvuleikjum sem ógna velferð barna. Þá þykir rétt að miða hér við lögræðisaldur með hliðsjón af þeirri breytingu sem varð á lögræðislögum með lögum nr. 71/1997 þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár til samræmis við fjárræðisaldur. Þetta hefur þá þýðingu að meta skal allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar, sölu eða annarrar dreifingar hér á landi fyrir börn undir lögræðisaldri með tilliti til hvort leyfa beri eða takmarka sýningu, notkun eða afhendingu á slíku efni við tiltekið aldursskeið innan lögræðisaldurs, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þess má hér geta að samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, er við það miðað að börn séu einstaklingar yngri en 18 ára. Er þetta í samræmi við skilgreiningu 1. gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en þar merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Skylda til að framfylgja banni eða takmörkun á aðgangi barna að kvikmyndum eða afhendingu kvikmyndar eða tölvuleiks hvílir á þeim aðilum sem taldir eru upp í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sbr. 2. málslið 2. mgr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að meta skuli allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar, sölu eða annarrar dreifingar hér á landi fyrir börn undir lögræðisaldri með tilliti til hvort leyfa beri eða takmarka sýningu, notkun eða afhendingu á slíku efni við tiltekið aldursskeið innan lögræðisaldurs. Þetta þýðir jafnframt að ekki verður lögskylt að meta aðrar myndir eða tölvuleiki en þá sem ætlaðir eru til sýningar eða notkunar fyrir börn undir lögræðisaldri, þ.e. ekki er nauðsynlegt að láta meta þær myndir eða tölvuleiki sem aðeins eru ætlaðir

fyrir fullorðna áhorfendur. Myndir og tölvuleiki sem eingöngu eru ætlaðir til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur ber hins vegar að merkja þannig, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, og um það ber að geta í öllum auglýsingum og annarri kynningu á viðkomandi efni, sbr. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Framangreind aldursregla styðst við þau rök að megintilgangur frumvarpsins er að tryggja að fram fari mat á kvikmyndum og tölvuleikjum sem á markað eru settir fyrir börn og ungmenni á mismunandi aldursskeiðum. Sá háttur er einnig á hafður t.d. í Danmörku að þar eru ekki ritskoðaðar kvikmyndir sem einungis eru ætlaðar fullorðnum áhorfendum. Í síðari málslið 2. mgr. er mælt fyrir um að reglur fyrri málsliðar 2. mgr. gildi einnig um ítarefni sem dreift er með kvikmyndum og tölvuleikjum og kynningarefni fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Er hér átt við bakgrunnsefni, klippt atriði og aðrar upplýsingar sem kann að vera dreift með kvikmyndum og tölvuleikjum og sýnishorn annarra kvikmynda og tölvuleikja sem kunna að fylgja sýningu eða notkun kvikmyndar eða tölvuleiks, sem og birting slíkra myndbrota í auglýsingum, t.d. í sjónvarpi. Gildir þá regla fyrri málsliðar 2. mgr. um birtingu slíks ítarefnis og sýnishorna.

Í 3. mgr. er skylda til að meta kvikmyndir og tölvuleiki skv. 2. mgr. lögð á þá aðila sem framleiða slíkt efni til sýningar eða sölu hér á landi eða hafa slíkt efni til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni hér á landi. Það er álit ráðuneytisins að ákvæði greinarinnar geti ekki talist fela í sér óheimilar skorður á tjáningarfrelsi, sbr. m.a. það sem í hinum almennu athugasemdum var sagt um 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Rétt er að taka fram varðandi birtingu og dreifingu kvikmynda og tölvuleikja á netinu að svo framarlega sem sú birting og dreifing fer fram atvinnuskyni ber ábyrgðarmaður skv. 3. mgr. sambærilega ábyrgð og gildir um dreifingu áþreifanlegra eintaka eftir frumvarpinu. Ábyrgð á dreifingu á netinu verður þó ekki lögð á fjarskiptafyrirtæki, þjónustuveitendur og aðra þá sem eingöngu gegna hlutverki milliliðar gagnvart endanlegum notanda, sbr. ákvæði V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002.

Matsskylda samkvæmt framansögðu hvílir þannig á einstökum ábyrgðaraðilum, en um framkvæmd matsins skal fara eftir útgefnum verklagsreglum sem ábyrgðaraðilar hafa sett sér, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Að mati menntamálaráðuneytisins er með þessu fyrirkomulagi gengið eins langt og unnt er í ríkisafskiptum af skoðun kvikmynda og tölvuleikja. Vegna ritskoðunarbanns 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar verður naumast með lögum gengið lengra en mæla fyrir um eftirlit Barnaverndarstofu með framangreindri matsstarfsemi, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í eftirlitinu felst heimild til að láta fara fram úttekt á verklagsreglum ábyrgðaraðila. Að þessu leyti er matsstarfsemi ábyrgðaraðila sambærileg við ýmsa atvinnustarfsemi sem unnin er eftir gæðakerfi, enda geta ábyrgðaraðilar komið sér upp gæðakerfi vegna mats skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Ábyrgð á matinu hvílir þó alltaf á aðilum skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, að sjálfsögðu að viðlagðri ábyrgð skv. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að mat á kvikmyndum eða tölvuleikjum verði miðað við þá mismunandi aldursflokka sem einstakar kvikmyndir eða tölvuleikir eru taldir henta til sýningar eða notkunar fyrir. Ber í þessu sambandi sérstaklega að hafa í huga að tilteknar kvikmyndir eða tölvuleikir teljast geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eftir aldursþroska þeirra. Vænta má að útgefnar verklagsreglur ábyrgðaraðila verði mótaðar af þeim aðilum sem matið annast og engin ástæða til að ætla að þær muni í neinu verulegu víkja frá þeim aldursviðmiðunum sem nú gilda. Mynd getur til dæmis verið metin henta til sýningar fyrir alla eða fyrir börn og ungmenni yfir tilteknum aldri, svo sem eldri en 7, 10, 12, 14, 16 eða 18 ára, eftir því sem við á hverju sinni.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu ábyrgðaraðila skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins til að setja sér og birta opinberlega verklagsreglur um framkvæmd mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja sem ætlaðir eru til sýningar eða notkunar fyrir börn á tilteknum aldursskeiðum innan lögræðisaldurs, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Á ábyrgðaraðila, sem hefur kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, sölu eða annarrar afhendingar til almennings, hvílir jafnframt skylda til þess að setja sér og birta á sýningar- og sölustöðum verklagsreglur um með hvaða hætti aldurstakmörkunum skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. verði framfylgt þannig að tryggt verði að kvikmynd eða tölvuleikur verði aðeins sýndur, seldur eða látinn af hendi til aðila sem náð hafa tilskildum aldri í samræmi við aldurstakmörkun samkvæmt áðurgreindum ákvæðum. Með verklagsreglum er hér átt við forskrift að því hvernig beri að standa að skoðun og mati á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja, þ.m.t. hvaða atriði skuli ráða niðurstöðu mats. Allt eins mætti nefna slíkar reglur gæðakerfi og er ábyrgðaraðilum í sjálfsvald sett hvort þeir stefna að því að koma sér upp vottuðu gæðakerfi fyrir þennan þátt starfsemi sinnar. Gert er ráð fyrir því að Barnaverndarstofa geti látið gera úttekt á verklagsreglunum, sbr. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Tekið er fram að verklagsreglurnar skuli styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Í því felst að ábyrgðaraðilar skuli koma sér upp skoðunarkerfi að fyrirmynd viðurkenndra erlendra skoðunarkerfa. Verklagsreglur ábyrgðaraðila skulu taka mið af barnaverndarsjónarmiðum og einkum taka tillit til atriða eins og innihalds og meðferðar söguefnis, orðfæris persóna, beitingar ofbeldis, sýningar nektar og kynlífs og neyslu fíkniefna. Mat á framangreindum atriðum skal vera hluti af heildarmati á sýningarhæfni viðkomandi kvikmyndar eða tölvuleiks. Ábyrgðaraðili skal birta verklagsreglur um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að. Í ákvæðinu segir enn fremur að ábyrgðaraðili skuli tilnefna matsstjóra og birta nafn hans með verklagsreglunum. Þar skal og birta leiðbeiningar til almennings um móttöku erinda sem lúta að framkvæmd verklagsreglna ábyrgðaraðila og afgreiðslu slíkra erinda hjá ábyrgðaraðila. Matsstjóri er hugsaður sem fyrirsvarsmaður þess mats sem fram fer á vegum viðkomandi ábyrgðaraðila. Ekki er hér gerð krafa um að matsstjóri eða skoðunarmenn séu launaðir starfsmenn ábyrgðaraðila. Gert er ráð fyrir að skoðunarmenn samkvæmt þessu ákvæði geti ýmist verið sjálfstætt starfandi aðilar sem selja þjónustu sína til ábyrgðaraðila eða starfsmenn hans.

Í lok 1. mgr. er tekið fram að ábyrgðaraðilar skuli færa niðurstöður sínar um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að. Hér er fjallað um opinbera birtingu á aldurstakmörkunum sem gilda vegna sýningar eða dreifingar kvikmynda og tölvuleikja. Markmiðið með birtingunni er að foreldrum og forsjáraðilum barna undir lögræðisaldri gefist kostur á að kynna sér mat einstakra kvikmynda og tölvuleikja. Vísir að gagnagrunni um mat á kvikmyndum er þegar til hjá Kvikmyndaskoðun (www.kvikmyndaskodun.is). Á vegum kvikmyndaiðnaðarins er jafnframt starfræktur alþjóðlegur gagnagrunnur á netinu, Internet Movie Database (www.imdb.com). Þar er í umfjöllun um einstakar kvikmyndir getið matsniðurstaðna ýmissa erlendra matskerfa fyrir viðkomandi kvikmyndir, auk matsniðurstöðu Kvikmyndaskoðunar fyrir sýningar og dreifingu á Íslandi. Æskilegt er að við niðurlagningu Kvikmyndaskoðunar verði leitað eftir því við ábyrgðaraðila að þeir taki við rekstri núverandi gagnagrunns Kvikmyndaskoðunar og viðhaldi honum eftir gildistöku laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Framangreint þýðir þó ekki að ávallt sé þörf á að láta skoða og meta sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja sem ætlaðir eru til sýningar fyrir börn undir lögræðisaldri. Ábyrgðaraðilar geta ákveðið að byggja hérlenda aldurstakmörkun kvikmyndar eða tölvuleiks á mats-

niðurstöðum viðurkenndra erlendra skoðunaraðila, þar sem slíkt mat liggur fyrir, að því tilskildu að slíkt mat uppfylli þær kröfur sem fram koma í frumvarpi þessu. Framleiðendur tölvuleikja hafa víða komið upp stofnunum sem annast leiðbeinandi mat á því fyrir hvaða aldursflokka einstakir leikir séu taldir henta. Nær mat þetta alveg niður í þriggja ára aldur og eru leikirnir með merki matsstofnananna. Má af slíkum matsstofnunum nefna ESRB (Entertainment Software Rating Board) í Bandaríkjunum, ELSPA (European Leisure Software Publishers Association), sem starfar í Bretlandi, og USK (Unterhaltungssoftware Selbst-Kontrolle), sem starfar í Þýskalandi. Mjög margir framleiðendur og dreifingaraðilar tölvuleikja eru aðilar að framangreindum samtökum og verður merking frá þessum samtökum að teljast þýðingarmikil leiðbeining fyrir foreldra og aðra kaupendur tölvuleikja. Um ESRB, ELSPA og USK, og e.t.v. fleiri skyldar stofnanir, má fá góðar upplýsingar á netinu, sjá esrb.org, www.elspa.com og www.usk.de. Engu að síður er talið rétt að lögfesta ótvíræða skyldu til að meta eða láta meta tölvuleiki með frumvarpi þessu með sama hætti og kvikmyndir. Einnig er rétt að benda á að nýverið var tekið upp samevrópskt flokkunarkerfi fyrir tölvuleiki sem ber nafnið PEGI (e. Pan European Games Information)[1] og eru SMÁÍS, Sam--

---

[1] PEGI-kerfinu er ætlað að tryggja að ólögráða börn taki ekki þátt í leikjum sem ekki eru við hæfi þeirra aldurshóps. Kerfið nýtur stuðnings framleiðenda leikjatölva, þar á meðal SONY PlayStation, Microsoft X-Box og Nintendo, sem og útgefenda og þróunaraðila gagnvirkra leikja um alla Evrópu. Evrópusamtökin um gagnvirkan hugbúnað (e. Interactive Software Federation of Europe, eða ISFE) þróuðu flokkunarkerfið og reka það í samstarfi við rekstraraðila hollenska skoðunarkerfisins, NICAM. Kerfið nýtur dyggs stuðnings framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem telur það vera fyrirmynd að samhæfingu á sviði barnaverndar í Evrópu.

PEGI var stofnað vorið 2003 og kemur í stað eldri aldursflokkunarkerfa (t.d. ELSPA) og gildir sama kerfi nú um mestalla Evrópu. Flokkun leikja er sýnd framan og aftan á hulstrum eintaka leikja. PEGI kerfið gildir sem opinbert viðurkennt skoðunarkerfi í eftirtöldum löndum: Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Bretlandi.

Flokkunarkerfið byggist á tveimur aðskildum en samverkandi þáttum. Fyrri þátturinn er aldursflokkun, sem er svipuð og í fyrri kerfum. Aldurshópar PEGI eru 3+, 7+, 12+, 16+, 18+. Hinn þátturinn eru efnisvísar leiksins. Efnisvísarnir eru myndtákn aftan á hulstri leiksins sem lýsa innihaldi hans. Fjöldi efnsivísa getur verið allt upp í sex. Innihald leiksins er að sjálfsögðu í samræmi við aldursflokkun hans. Saman gera aldursflokkunin og efnisvísarnir foreldrum og öðrum kaupendum það kleift að fullvissa sig um að leikurinn hæfi aldri barna í viðkomandi aldurshópi.

PEGI notast við sjálfsmatseyðublöð sem eru send yfir netið og skoðar leiki til að ákvarða viðeigandi flokkun þeirra. Fyrst svarar útgefandi leiksins spurningum á eyðublaði á netinu og sendir þau til ISFE sem yfirfer svörin. Ef útgefandinn hefur flokkað leikinn til bráðabirgða í aldurshópana 3+ eða 7+ og engar rökvillur er að finna í svörum hans heimilar ISFE að viðeigandi merki sé notað á viðkomandi tölvuleik. Samkvæmt reynslu eru hverfandi líkur á því að leikir fyrir yngri aldurshópa séu rangt flokkaðir og því er treyst á flokkun útgefenda. Flokki útgefandinn leikinn hins vegar í aldurshópana 12+, 16+ eða 18+ skoðar ISFE leikinn til að athuga hvort flokkunin standist. Þar eð nokkrar vikur getur tekið að ljúka að fullu skoðun á sumum leikjum merkir útgefandinn sérstaklega þá þætti leiksins sem geta haft áhrif á aldursflokkunina sem hann hefur lagt til. Framangreindir þættir eru svo lagðir til grundvallar endurmati ISFE á aldursflokkuninni.

Hluti af PEGI-kerfinu er svonefnd kærunefnd (e. Complaints Board) sem sker úr um deilumál útgefenda og ISFE og afgeiðir kærur frá almenningi varðandi aldursmörk og flokkun. Kærunefndin er skipuð sérfræðingum á sviði barnaverndar og barnasálarfræði og fulltrúum almennings, þ.m.t. fulltrúum trúarhópa, foreldrasamtaka, samtaka kennara o.fl. Úrskurður kærunefndar um aldursflokkun er endanlegur og sjálfstæði nefndarinnar tryggir að úrskurðir séu málefnalegir og innbyrðis í samræmi. Geta má þess að í samstarfssamningi SMÁÍS við ISFE kemur fram að Íslandi (þ.e. stjórnvöldum) er ætlað að tilnefna fulltrúa í nefndina. Komist kærunefndin að þeirri niðurstöðu, í kjölfar kæru, að flokka beri leik í efri aldurshópa en áður hafði verið samþykkt er leikurinn tekinn úr sölu án tafar og innkallaður til endurpökkunar/endurmerkingar með prentun nýrra aldursflokkamerkinga. Slík breyting hefur í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir útgefendur og tryggir að þeir fari gætilega í flokkun leikja sinna.

Loks ber að geta þess að um 99% leikja sem rétthafar tölvuleikja hér á landi dreifa eru þegar merktir með PEGI-merkingum þegar þeir berast til landsins (nánar: www.pegi.info).

tök myndrétthafa á Íslandi (www.smais.is) aðilar að því kerfi. Kerfið er byggt á hollensku flokkunarkerfi fyrir kvikmyndir og sjónvarpsefni sem ber heitið Kijkwijzer (sjá nánari upplýsingar á www.kijkwijzer.nl).

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að ekki þurfi að meta kvikmynd eða tölvuleik að nýju þegar efnið er útgefið á öðru formi, enda teljist ótvírætt að um sömu útgáfu kvikmyndar eða tölvuleiks sé að ræða. Óþarft þykir að sama kvikmynd eða tölvuleikur sé metinn tvisvar sinnum eða oftar. Sem dæmi um útgáfu á öðru formi má nefna kvikmynd sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsi en er síðar sýnd í sjónvarpi og gefin út á mynddiski og þegar tölvuleikur sem upphaflega hefur verið gefinn út til notkunar fyrir SONY Playstation leikjatölvu kemur síðar út á öðru formi til notkunar í einmenningstölvu, Microsoft X-Box leikjatölvu eða Nintendo leikjatölvu. Fyrirvarinn um að ótvírætt teljist að um sömu útgáfu kvikmyndar eða tölvuleiks sé að ræða hefur m.a. þýðingu þegar atriðum hefur verið bætt við í síðari útgáfu kvikmyndar eða tölvuleiks. Í slíkum tilvikum ber að meta sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks að nýju.

Í 3. mgr. er lýst kröfum til merkinga umbúða eintaka kvikmyndar eða tölvuleiks. Merkingar skulu ótvírætt sýna mat á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Í framkvæmdinni munu þessi fyrirmæli fyrst og fremst taka til myndbanda, mynddiska, tölvuleikja og umbúða þeirra. Aldursmerkingar á umbúðum kvikmynda og tölvuleikja eru einkum ætlaðar þeim sem selja, leigja eða afhenda kvikmyndir eða tölvuleiki, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem og til leiðbeiningar fyrir foreldra og aðra forsjáraðila barna til þess að þeir geti með hliðsjón af merkingu ákveðið hvaða kvikmynda- eða tölvuleikjaefni þeir heimila börnum sínum aðgang að.

Í 4. mgr. eru ákvæði um auglýsingar og hvers konar aðra kynningu á kvikmynd eða tölvuleik. Ber í öllu slíku efni að geta um það fyrir hvaða aldursflokka kvikmyndir eða tölvuleikir eru ætlaðir, þ.m.t. ef viðkomandi efni er aðeins ætlað fyrir fullorðna áhorfendur, sbr. 1. mgr. Í sömu málsgrein er svo mælt fyrir að að birting auglýsingar eða annarrar kynningar á kvikmynd eða tölvuleik sem fram fer samhliða opinberri sýningu eða er dreift með eintaki kvikmyndar eða tölvuleiks skuli fara eftir 1. mgr. 2. gr. Ákvæðið er skylt sambærilegu ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. og er báðum ákvæðum ætlað að tryggja að sýnishorn kvikmyndar og tölvuleiks fái sambærilegt mat og kvikmyndir og tölvuleikir og að um birtingu sýnishorns gildi sömu reglur og um opinbera sýningu og dreifingu kvikmynda og tölvuleikja skv. 2. gr.

Í 5. mgr. er orðuð sú regla að allar kvikmyndir megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða annars forráðamanns. Er með þessu ákvæði lögð til lögfesting þeirrar grundvallarreglu að það sé lagt í vald foreldra að ákveða hvaða myndefni börn þeirra sjá. Í reynd er þetta nú þegar ákvörðun þeirra við sýningu myndefnis innan veggja heimilisins, hvort sem er í sjónvarpi eða á myndböndum og mynddiskum. Verða ekki séð nein rök til annars en löggjafinn horfist í augu við raunveruleikann í þessu efni og viðurkenni sömu reglu við sýningu kvikmynda í kvikmyndahúsum. Jafnframt er mikið álitamál hvort takmarka eigi aðgang barna í fylgd fullorðinna að sýningum í kvikmyndahúsum við nokkurn tiltekinn aldur heldur leggja kvikmyndahúsaferðir foreldra með börn sín alfarið í vald foreldranna. Hér er þó farin sú leið að miða við 14 ára aldur barna, en t.d. ákváðu Danir við setningu nýrra kvikmyndalaga á árinu 1997 að miða við 7 ára aldur. Sú regla sem lögð er til í frumvarpinu er breyting frá reglu 8. gr. laga nr. 47/1995, en samkvæmt henni er foreldrum ekki heimilt að fara með börn sín í kvikmyndahús á myndir sem börnunum sjálfum er bannaður aðgangur að. Mikil óánægja hefur komið fram hjá miklum fjölda foreldra með þessa lagareglu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins gildir ákvæði þetta eðli málsins samkvæmt ekki um tölvuleiki, enda ekki um

opinberar sýningar að ræða þegar þeir eiga í hlut heldur fyrst og fremst notkun í heimahúsum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er berum orðum tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki ekki til frétta- og fræðsluefnis. Er hér um að ræða óbreytta reglu gildandi laga, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1995. Undanþágan gildir um efni sem má samkvæmt almennum viðurkenndum sjónarmiðum á sviði fjölmiðlunar og kvikmyndagerðar flokka sem frétta- og fræðsluefni. Jafnframt er tekið fram í greininni að um mat á sýningarhæfni annars dagskrárefnis í sjónvarpi en kvikmynda eins og þær eru skilgreindar í 2. tölul. 1. gr., sbr. skýringar við það ákvæði í lagafrumvarpi þessu, fari eftir ákvæðum útvarpslaga. Með því er vísað til 14. gr. útvarpslaga, en þar segir að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem geti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem feli í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta sé á að börn sjái viðkomandi efni. Enn fremur segir í greininni að dagskrárefni sem ekki sé talið við hæfi barna skuli einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni sé sent út skuli fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Nánari fyrirmæli um framkvæmd 14. gr. útvarpslaga hafa verið sett í 21. gr. reglugerðar um útvarpsstarfsemi, nr. 50/2002.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofa hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Í því felst að Barnaverndarstofu er heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni. Tilefni slíkrar úttektar er ekki skilgreint en hún kann bæði að vera liður í almennu úrtakseftirliti eða unnin að gefnu tilefni, t.d. vegna ítrekaðrar málsmeðferðar skv. 4. mgr. þessarar greinar. Með úttekt er hér átt við mat á verkferlum og fylgni við þá, líkt og gert er almennt við ytri úttektir gæðakerfa og áhættumat. Kostnaður af úttekt greiðist af ábyrgðaraðila hverju sinni. Eins og rakið er í athugasemdum við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er það mat menntamálaráðuneytisins að sú tilhögun á skoðun kvikmynda og tölvuleikja sem hér er mælt fyrir um sé í samræmi við 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ætla má að þáttur Barnaverndarstofu í framkvæmd laganna kalli á allt að einu stöðugildi tileinkuðu þessum nýja málaflokki hjá stofnuninni.

Í 2.–4. mgr. eru tekin upp ákvæði um refsingar fyrir brot á lögunum, rannsókn brota og heimild til upptöku kvikmyndar eða tölvuleiks ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laganna eða annarra laga. Ákvæði þessi eru efnislega í samræmi við 10. gr. laga nr. 47/1995.

Í 5. mgr. er Barnaverndarstofu veitt heimild til að stöðva sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks tímabundið. Slíka heimild er ekki að finna í lögum nr. 47/1995. Slíkt er talið nauðsynlegt út frá barnaverndarsjónarmiðum, en hér er um eins konar neyðarheimild að ræða sem miðað er við að einungis verði beitt í algerum undantekningartilvikum þegar augljóst má telja að mat á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr., t.d. að ofbeldiskvikmynd sé metin sýningarhæf fyrir alla aldurshópa, mat á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé óásættanlegt með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða að mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi ekki farið fram. Við beitingu þessarar heim-

ildar er lögð áhersla á að stöðvun sýningar eða dreifingar kvikmyndar eða tölvuleiks standi ekki lengur en nauðsyn krefur svo að endurmat geti farið fram.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um hlutverk lögreglu þegar henni hefur borist kæra fyrir brot skv. 2. mgr. Lögregla skal þá þegar tilkynna Barnaverndarstofu um meðferð slíkrar kæru. Barnaverndarstofa leggur svo sjálfstætt mat á hvort skilyrði séu til beitingar stöðvunarheimildar skv. 5. mgr.

Í 7. mgr. er mælt fyrir endurmat á sýningarhæfni og aldurstakmörkunum kvikmyndar eða tölvuleiks. Ákvæðið er nýmæli. Lagt er til að endurmat fari fram á meðan sýningarbanni stendur (allt að þrír sólarhringar). Endurmat annast einn hæfur skoðunarmaður sem ábyrgðaraðili tilnefnir ásamt einum fulltrúa Barnaverndarstofu. Ef ágreiningur er um niðurstöðu matsins ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Tekið er fram að sú ákvörðun sé endanleg og verði ekki kærð til æðra stjórnvalds. Í ákvæðinu er jafnframt heimild til Barnaverndarstofu til að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar- eða tölvuleikjaefnis í allt að þrjá sólarhringa á meðan endurmat fer fram. Með þessari heimild er leitast við að tryggja að farið verði eftir ákvörðun Barnaverndarstofu um bann við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um framlengingu sýningar- og dreifingarbanns skv. 5. mgr. þegar endurmat leiðir til hækkunar á aldurstakmörkunum kvikmyndar eða tölvuleiks uns ábyrgðaraðili hefur innkallað og endurmerkt öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks til samræmis við endurmatið. Barnaverndarstofa getur veitt ábyrgðaraðila allt vikufrest til að innkalla og endurmerkja eintök kvikmyndar eða tölvuleiks skv. framansögðu.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild menntamálaráðherra til útgáfu reglugerðar um framkvæmd laganna, þar á meðal um opinbera birtingu verklagsreglna ábyrgðaraðila og niðurstöðu mats skv. 2. mgr. 2. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði um brottfall eldri laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum þarfnast ekki skýringar. Um brottfall 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, vísast til almennra athugasemda hér að framan en þar segir m.a.: „Af sömu ástæðu og skylt er skv. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að hætta skoðun kvikmynda fyrir sýningu þeirra samkvæmt lögum nr. 47/1995 ber að nema úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, svohljóðandi: „Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi.“ Í hinu tilvitnaða ákvæði, sem var reyndar einnig í eldri barnaverndarlögum, nr. 58/1992, en mun ekki hafa verið beitt í framkvæmd, eru fyrirmæli um fyrirframskoðun af hálfu stjórnvalds sem ekki eiga lengur við frekar en önnur lagaákvæði sömu ættar.“

Um ákvæði til bráðabirgða.

Það leiðir af þeirri grundvallarbreytingu á skipan kvikmyndamats í landinu, sem verður með lögleiðingu frumvarps þessa, að kvikmyndaskoðun á vegum ríkisins verður lögð niður og þar með fellur niður ráðning starfsmanna Kvikmyndaskoðunar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Í frumvarpinu er lagt til að Kvikmyndaskoðun ríkisins verði lögð niður og að svonefndir ábyrgðaraðilar, sem eru framleiðendur, útgefendur, sýningaraðilar og smásöluaðilar kvikmynda og tölvuleikja, beri sjálfir kostnað af að koma upp og reka skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Jafnframt er lagt til að Barnaverndarstofu verði falið að hafa almennt eftirlit með framkvæmd laganna, verði heimilt að stöðva sýningu og taka þátt í að endurmeta sýningarhæfni efnis.

Verði frumvarpið að lögum falla niður útgjöld vegna Kvikmyndaskoðunar en þau námu 9 m.kr. á árinu 2004 samkvæmt ríkisreikningi og voru þau fjármögnuð með 2,5 m.kr. ríkisframlagi og 4,7 m.kr. tekjum af kvikmyndaskoðunargjaldi. Það ár var 1,8 m.kr. halli á rekstrinum en uppsafnaður halli nam 18,8 m.kr. í árslok 2004 samkvæmt ríkisreikningi og er áætlað að hann hafi numið 26,4 m.kr. í árslok 2005 samkvæmt bókhaldsupplýsingum. Ástæða hallans er sú að menntamálaráðuneytið hækkaði ekki skoðunargjald í mörg ár. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að hallinn verði í kringum 30 m.kr. þegar Kvikmyndastofnun verður lögð niður um mitt ár 2006 verði frumvarpið að lögum. Reikna má með 1,5–2 m.kr. útgjöldum þegar stofnunin verður lögð niður vegna biðlauna og er áætlunin byggð á upplýsingum menntamálaráðuneytisins um 6 mánaða biðlaunarétt.

Þá hefur menntamálaráðuneytið upplýst að það áætlar að verkefni Barnaverndarstofu samkvæmt frumvarpinu svari til eins starfs eða nálægt 5 m.kr. og auk þess þurfi að kaupa búnað fyrir 0,5 m.kr. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta þessa liði af meiri nákvæmni.

Samkvæmt framangreindu er áætlað að uppsafnaður rekstrarhalli og biðlaun nemi 31,5–32 m.kr., upphafskostnaður nemi 0,5 m.kr. og starf á Barnaverndarstofu kosti 5 m.kr. Að mati fjármálaráðuneytisins felur frumvarpið í sér tilfærslu á eftirliti innan ríkisins og að sá hluti eftirlitsins sem löggjafinn ætlaðist til að ríkið annaðist á kostnað eftirlitsskyldra aðila verði á ábyrgð þeirra sjálfra. Á þessum grunni telur ráðuneytið að 2,4 m.kr. framlag ríkisins til Kvikmyndaskoðunar í fjárlögum 2006 verði millifært til Barnaverndarstofu og að öðru leyti fjármagni menntamálaráðuneytið útgjöld sem leiðir af frumvarpinu innan langtímaáætlunar þess á næstu árum.

1026. Fyrirspurn [696. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktana.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvaða afgreiðslu hefur hver þingsályktun sem samþykkt hefur verið á Alþingi á árunum 2003, 2004 og 2005 hlotið hjá stjórnvöldum?

Skriflegt svar óskast.

1027. Fyrirspurn [697. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á erfðabreyttu fóðri.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve mikið er flutt inn af erfðabreyttum maís og erfðabreyttu sojamjöli og hvert er hlutfallið af heildarinnflutningi þessara fóðurvara?
2. Hvað líður innleiðingu reglugerða EB nr. 1829/2003, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum, og nr. 1830/2003, um rekjanleika efna sem innihalda erfðabreyttar lífverur, sbr. fyrirspurn þessa efnis á 131. löggjafarþingi (404. mál)?

1028. Fyrirspurn [698. mál]

til heilbrigðisráðherra um framkvæmdir á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

1. Hvenær er áætlað að ljúka framkvæmdum á 3. hæð í suðurálmu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, en framkvæmdum í austurálmunni lauk 2004?
2. Hver er áætlaður kostnaður við verkið?
3. Hver var kostnaður við þær framkvæmdir sem þegar er lokið, en í upphafi voru áætlaðar 150 millj. kr. í framkvæmdir á hæðinni?

Skriflegt svar óskast.

1029. Fyrirspurn [699. mál]

til utanríkisráðherra um varnarmálanefnd.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hvert er hlutverk varnarmálanefndar?
2. Hverjir sitja í nefndinni?
3. Hve marga fundi hefur nefndin haldið síðan í maí 2003?
4. Hver var kostnaður við nefndina árin 2003, 2004 og 2005?

Skriflegt svar óskast.

1030. Fyrirspurn [700. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurhæfingu á Reykjalundi.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að endurhæfingu sem fólk hefur fengið á Reykjalundi verði fylgt eftir í heimahéraði með sérstöku samkomulagi þar um, þar sem fjármagn fylgir?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að stækka og efla Reykjalund með það fyrir augum að biðlistar þar, sem m.a. er talið að séu allt upp í 5–7 ár á gigtar- og verkjasviði, styttist eða leggist af?

Skriflegt svar óskast.

1031. Fyrirspurn [701. mál]

til landbúnaðarráðherra um verð dýralyfja og dýralæknakostnað.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Hversu mikið hafa tollar á dýralyf fyrir húsdýr hækkað sl. 10 ár og hversu mikið hefur meðalkostnaður við lyfin hækkað samkvæmt búreikningum?
2. Hafa áhrif af hækkun lyfjaverðs á mjólkurverð verið greind?
3. Hvernig hefur aksturskostnaður dýralækna þróast og er þróunin í samræmi við gjaldskrár ríkisins?

4. Telur ráðherra að lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þar sem eftirlitsstörf og almennar dýralækningar voru m.a. greind að, hafi orðið bændum til hagsbóta?
5. Hversu mikið hafa greiðslur bænda vegna lögboðins eftirlits dýralækna- og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga aukist sl. 10 ár?

Skriflegt svar óskast.

1032. Fyrirspurn [702. mál]

fjármálaráðherra um skattskil í veitingahúsarekstri.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

1. Hvernig er skattskilum veitingahúsa háttað í samanburði við ýmsar aðrar þjónustugreinar?
2. Hvernig er staðið að eftirliti með skattskilum aðila í veitingarekstri?
3. Hversu margir aðilar í veitingarekstri hafa verið teknir til skattrannsóknar á árunum 2005 og 2006?
4. Hvernig hefur samstarfi skattstofa og skattrannsóknarstjóra við Samtök ferðaþjónustunnar verið háttað?

Skriflegt svar óskast.

1033. Frumvarp til laga [703. mál]

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Flm.: Katrín Júlíusdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Valdimar L. Friðriksson.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef annað foreldrið getur ekki nýtt fæðingarorlofsrétt sinn vegna sérstakra aðstæðna getur einstætt foreldri lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr. Einstæðar mæður ófeðraðra barna hafa rétt til níu mánaða fæðingarorlofs. Þá getur einstaklingur sem ættleiðir barn lengt fæðingarorlof sitt um þrjá mánuði til viðbótar þeim sex mánuðum sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 18 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Við útreikning á meðaltali heildarlauna skv. 1. málsl. skal taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.

3. gr.

Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 7. mgr. 13. gr. kemur: launavísitölu.

4. gr.

Í stað 3.–5. mgr. 15. gr. laganna kemur ein málsgrein, svohljóðandi:

Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skulu byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur starfsmanns eða sjálfstætt starfandi foreldris úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Telji foreldri upplýsingar úr viðkomandi skrá ekki réttar skal það leggja fram gögn því til staðfestingar.

5. gr.

15. gr. a laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað síðari málsl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns, ættleiðingu eða varanlegt fóstur og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir þann tíma. Heimilt er þó að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms maka erlendis, sbr. 2. mgr. 19. gr., enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetulandinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr.
b. Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: launavísitölu.

7. gr.

Í stað orðanna „launa, verðlags og efnahagsmála“ í 1. málsl. 3. mgr. 19. gr. kemur: launavísitölu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Með lögum nr. 90/2004 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þær fólu m.a. í sér að viðmiðunartímabil tekna var lengt og miðað við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða. Einnig var lögheimilisskilyrði hert í 18. gr. laganna, en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldris utan vinnumarkaðar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til fjórar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að viðmiðunartímabili tekna verði breytt þannig að miðað verði við 18 mánaða samfellt tímabil sem lýkur

tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Í öðru lagi er lagt til að við útreikning á meðaltali heildarlauna skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu. Í þriðja lagi er lagt til að einstæðir foreldrar geti við ákveðnar aðstæður framlengt fæðingarorlof í allt að níu mánuði og í fjórða lagi að heimilt verði að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms maka erlendis. Samsvarandi undanþágu er að finna í 3. málsl. 2. mgr. 19. gr., en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldra í fullu námi.

Í meðförum þingsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, o.fl á 130. löggjafarþingi lagði minni hlutinn til breytingu á 33. gr. laganna sem miðaði að því að minnka skerðingu á tekjum öryrkja í tengslum við töku fæðingarorlofs. Þáverandi félagsmálaráðherra lýsti því yfir þá að þetta mál yrði skoðað sérstaklega. Engin niðurstaða hefur enn fengist og hvetja flutningsmenn til þess að málið verði skoðað sérstaklega í meðförum félagsmálanefndar á frumvarpi þessu.

Með lögum nr. 95/2000 varð sú breyting að mati flutningsmanna að viðmiðið við ákvörðun á rétti til töku fæðingarorlofs færðist frá barninu sjálfu, þ.e. rétti þess til samvista við foreldra eða foreldri, yfir á sjálfstæðan rétt foreldranna sjálfra. Núgildandi lög taka sökum þessa ekki nægjanlegt tillit til margbreytilegra aðstæðna sem börn fæðast inn í. Þessu frumvarpi er því ætlað að jafna rétt barna til samvista við foreldra óháð aðstæðum þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof getur annað foreldri einungis fengið mest sex mánaða orlof vegna fæðingar barns. Börn einstæðra foreldra fá sökum þessa ekki í öllum tilvikum notið samvista við foreldra, annað eða bæði, fyrstu níu mánuði ævi sinnar líkt og börn sambúðarfólks eiga rétt á. Flutningsmenn telja eðlilegt að við sérstakar aðstæður sé einstæðu foreldri heimilt að sækja um níu mánaða orlof vegna fæðingar barns, þ.e. ef foreldrar eru ekki í sambúð og annað foreldrið hefur ekki tök á því að taka fæðingarorlof líkt og núgildandi lög kveða á um sökum alvarlegra veikinda, fangelsisvistar eða búsetu erlendis. Flutningsmenn vilja að jafnræði ríki milli barna óháð aðstæðum foreldranna og að öllum börnum verði tryggður réttur til samvista við foreldra í níu mánuði.

Í svari ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ófeðruð börn á 130. löggjafarþingi (989. mál), sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu, kemur fram að Hagstofa Íslands hafi á árinu 1999 gert könnun á því hvernig faðerni barna var háttað á árunum 1996–1998. Þar kemur fram að afar fá börn eru ekki feðruð. Á ofangreindu árabili voru þetta 13–14 börn árlega. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins sem Félag einstæðra foreldra aflaði og gat um í umsögn sinni til félagsmálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um tryggingagjald (síðar lög nr. 90/2004) kemur fram að árið 2002 hafi ófeðruð börn á aldrinum 0–18 ára verið samtals 148. Það er því ljóst að ekki er um mörg börn að ræða en flutningsmenn telja að þessum börnum eigi að tryggja með lögum níu mánaða orlof með foreldri til jafns við önnur börn.

Einhleypum eintaklingi er samkvæmt gildandi lögum um ættleiðingar, nr. 30/1999, heimilt að ættleiða barn. Flutningsmenn telja að börnum sem ættleidd eru af einhleypum skuli tryggð níu mánaða samvera við foreldri samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, líkt og börnum sem ættleidd eru af hjónum eða sambúðarfólki.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 90/2004 var gerð sú breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, að viðmiðunartímabil tekna var lengt og miðað við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða. Þessar breytingar hafa komið sér afar illa fyrir margar fjölskyldur af ýmsum ástæðum, auk þess að vera í eðli sínu óréttlátar þar sem viðmiðunartími verður mislangur eftir því hvenær ársins börn fæðast. Flutningsmenn telja að rétt sé að breyta viðmiðunartímanum aftur til tiltekins fjölda mánaða í stað tekjuára svo að viðmiðunartímabilið verði réttlátara og nær rauntekjum foreldra þegar barn fæðist.

Þegar miðað er við tekjuár eins og nú er gert getur munað töluverðu hvort barn er fætt í desember eða janúar. Þannig getur viðmiðunartíminn orðið frá 24 mánuðum upp í 36 mánuði fyrir fæðingu barns.

Þetta fyrirkomulag getur haft veruleg áhrif á tekjur. Þar má m.a. nefna að þetta kemur í fyrsta lagi illa niður á fjölskyldum þar sem foreldrar hafa verið í námi og því með lágar tekjur. Í öðru lagi kemur þetta illa niður á foreldrum sem eignast börn með skömmu millibili og hafa þannig fengið skertar tekjur í fæðingarorlofi með fyrra barni og reiknast sú skerðing inn í skerðingu á tekjum í fæðingarorlofi með því seinna. Í þriðja lagi getur margt gerst hjá ungu fólki á svo löngum tíma, svo sem stöðuhækkun, launahækkun eða tímabundið atvinnuleysi. Ungt fólk á barneignaraldri er oft að stíga fyrstu skrefin á starfsferli og því framgangur og breytingar á launum oft nokkrar.

Í meðförum málsins árið 2004 í félagsmálanefnd komu þónokkrar athugasemdir við þetta fyrirkomulag fram hjá umsagnaraðilum:

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins frá 16. apríl 2004 segir m.a.: „Sem framkvæmdaraðili fagnar Tryggingastofnun þeim breytingum sem felast í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Ætla má að breytingar þessar verði bæði til að einfalda störf Fæðingarorlofssjóðs og leiða til þess að auðveldara verði að miða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði við rauntekjur umsækjenda, en borið hefur á því að umsækjendur reyni að sýna laun sín sem hæst á viðmiðunartímabilinu. Á hinn bóginn telur Tryggingastofnun sér jafnframt skylt að benda á að bæði 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins geti falið í sér mismunun eftir því hvenær árs barn fæðist. Þá er ástæða til að benda á að 2. mgr. 4. gr. getur leitt til lækkunar greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi þar sem ekki virðist vera gert ráð fyrir að tekið verði tillit til launaþróunar frá því viðmiðunartímabili lýkur og þar til að barn fæðist, en sá tími getur orðið allt að einu ári. Þá mun lenging viðmiðunartímabilsins væntanlega einnig leiða til lækkunar á greiðslum í fæðingarorlofi. Með lengingu viðmiðunartímabilsins eru einnig líkur á skörun fæðingarorlofa sem myndi hafa áhrif til lækkunar greiðslna í fæðingarorlofi fyrir tiltekna hópa foreldra en ekki aðra og myndi þannig skapast aukin mismunun á milli þessara hópa.“

Í umsögn Bandalags háskólamanna frá 16. apríl 2004 segir m.a.: „Að því er varðar lengingu viðmiðunartímabils er ljóst að með því er rofið samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi – en BHM, BSRB og KÍ gerðu kröfu um 100% heildartekna í viðræðum við fjármálaráðherra 1999–2000. Með tvöföldun viðmiðunartímabils er víst að margir háskólamenn, sem eru að koma úr námi og hefja starfsframa ná ekki réttri viðmiðun til að fá bættan tekjumissi þar sem algengt er að laun þeirra og staða hækki hlutfallslega hraðast á þessum tíma – sem er oft sá sami og þegar fólk ákveður að eignast börn.“

Minni hluti félagsmálanefndar skilaði séráliti um ofangreint frumvarp og gagnrýndi harðlega breytinguna á viðmiðunartímanum. Í álitinu (þskj. 1518 á 130. löggjafarþingi) sagði m.a.: „Eitt af helstu gagnrýnisatriðum umsagnaraðila, einkum ASÍ, BSRB, BHM og SÍB, var breytt viðmiðunartímabil tekna sem fæðingarorlofsgreiðslur miðast við. Lagt er til í frum-

varpinu að viðmiðunartímabilið verði lengt, miðað verði við tekjuár í stað tiltekins fjölda mánaða og að viðmiðunartímabilið standi yfir í tvö tekjuár á undan fæðingarári í stað þess að miðað sé við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Einnig er lagt til að greiðslur úr sjóðnum verði miðaðar við upplýsingar úr skattkerfinu og fæðingarorlofsgreiðslur verði því tengdar eldri tekjum samkvæmt skattframtölum á viðmiðunartímabilinu.

Ljóst er að lengt viðmiðunartímabil getur leitt til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum og áætla ASÍ, BSRB og BHM að í mörgum tilvikum geti hlutfall fæðingarorlofs af tekjum á viðmiðunartímabilinu farið úr 80% af tekjum niður í allt að 70% í mörgum tilvikum. Ástæðan er sú að miðað verður við tekjur í tvö tekjuár á undan fæðingarári og því taka fæðingarorlofsgreiðslur að verulegu leyti mið af 2–3 ára gömlum tekjum. Þannig getur viðmiðunartímabilið orðið nálægt þremur árum því að ein helsta breytingin sem lögð er til á fæðingarorlofskerfinu er samstilling þess við skattkerfið og því miðað við heil tekjuár í stað 12 mánaða samfellds tímabils. Þannig verða fæðingarorlofsgreiðslur þess sem fæðir barn í lok þessa árs miðaðar við tekjuárin 2002 og 2003, en t.d. ekki þær tekjur sem viðkomandi hafði á árinu þegar barnið fæðist. Þessar tekjur, sem nálgast að vera þriggja ára gamlar, eru ekki uppfærðar miðað við launavísitölu eða verðlagsbreytingar á viðmiðunartímabilinu. Það leiðir til skerðingar á fæðingarorlofsgreiðslum sem ASÍ metur 5–7% en BHM meira en 10% í ýmsum tilvikum.

ASÍ segir þetta alvarlegasta ágallann á þeim sparnaðartillögum sem er að finna í frumvarpinu og BSRB segir að ljóst sé að þetta muni skerða greiðslur úr sjóðnum vegna launaskriðs sem stöðugt eigi sér stað. Eftir því sem viðmiðunartímabilið nær lengra aftur í tímann, þeim mun lægri verða greiðslur úr sjóðnum. Í umsögn BHM segir að rofið sé samráð við samtök launafólks um því sem næst 80% heildartekna í fæðingarorlofi.“

Áður en breytingin var gerð árið 2004 var miðað við 12 mánaða samfellt tímabil. Flutningsmenn leggja með frumvarpi þessu til að viðmiðunartíminn verði 18 mánuðir eða sem svarar tveim meðgöngum. Með þessu vilja flutningsmenn koma til móts við sjónarmið Tryggingastofnunar sem lýsti áhyggjum af því að umsækjendur hefðu fyrir breytinguna reynt að sýna laun sín sem hæst á 12 mánaða viðmiðunartímabilinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að greiðslur úr fæðingarorlofssjóði endurspegli sem best rauntekjur orlofsþega. Því er lögð til sú breyting að við útreikning á meðaltali heildarlauna skuli taka tillit til breytinga á launavísitölu á viðmiðunartímabilinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting til samræmis við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. og 5. gr.

Í tengslum við breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að gera breytingar á 15. gr. laganna og fella brott 15. gr. a laganna.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 90/2004 var gerð sú breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, að lögheimilisskilyrði í 18. gr. laganna var hert, en sú grein fjallar um fæðingarstyrk til foreldris utan vinnumarkaðar. Fjölmargir foreldrar sem búsettir eru tímabundið erlendis vegna náms maka hafa lent í því að fá ekki fæðingarstyrk vegna þessarar breytingar. Flutningsmenn vilja tryggja börnum þeirra foreldra sem búsettir eru erlendis tímabundið vegna náms sama rétt til samvista við foreldra sína og börnum foreldra sem eru í námi hér-

lendis. Mismunandi er eftir þeim ríkjum þar sem foreldrar stunda nám hvort maki námsmanns á rétt til fæðingarstyrks í viðkomandi ríki og þá hvort upphæðin er í samræmi við greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Með þessari breytingu vilja flutningsmenn tryggja íslenskum ríkisborgurum sem búsettir eru tímabundið erlendis samsvarandi fæðingarstyrk og fengist ef nám væri stundað hér á landi.

Í b-lið er lögð til breyting til samræmis við 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hér er lögð til sama breyting og í b-lið 6. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu var fylgiskjal, svar ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ófeðruð börn. Sjá þskj. 1774, 989. mál 130. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2003–2004, bls. 7062.

1034. Fyrirspurn [704. mál]

til dómsmálaráðherra um heimildir til símhlerunar.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hve oft hefur verið veitt heimild til símhlerunar við héraðsdómstóla sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og dómstólum?
2. Liggja fyrir í dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um notkun veittra heimilda til símhlerunar? Ef svo er, símtöl hve margra einstaklinga voru hleruð á umræddu tímabili?
3. Hverjar eru uppgefnar ástæður fyrir hlerunarheimildunum, sundurliðað eftir veittum heimildum?

Skriflegt svar óskast.

1035. Fyrirspurn [705. mál]

til fjármálaráðherra um fjölda ríkisstarfsmanna.

Frá Adolf H. Berndsen.

Hversu margir ríkisstarfsmenn eru í hverju sveitarfélagi landsins með 300 íbúa eða fleiri og hvert er hlutfall þeirra af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags?

Skriflegt svar óskast.

1036. Tillaga til þingsályktunar [706. mál]

um stofnun háskólaseturs á Selfossi.

Flm.: Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við heimamenn og háskóla- og rannsóknarstofnanir í héraði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Selfossi fyrir 1. september 2006.

Greinargerð.

Eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar er efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika staðist fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til háskóla. Fáir efast heldur um það núorðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannaþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir. Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað umtalsvert á umliðnum árum og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa á næstu árum. Afar mikilvægt er því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Sunnlendingar hafa ekki fengið sams konar framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólanáms og Vestfirðir, Norðurland og Austurland á umliðnum árum. Eins og víðar á landsbyggðinni er lægra hlutfall háskólamenntaðra í landshlutanum en á höfuðborgarsvæðinu.

Á aðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga dagana 25. og 26. nóvember 2005 var samþykkt ályktun þar sem áhersla er lögð á að efling háskólamenntunar og bætt aðgengi almennings að henni sé eitt brýnasta hagsmunamál landshlutans í framtíðinni. Ákveðið var á fundinum að 80 millj. kr., sem sveitarfélög á Suðurlandi eiga í sjóði hjá Atvinnuþróunarsjóði og ætlunin var að setja í sérstakan sjóð til eflingar atvinnulífi á svæðinu, verði varið til að treysta undirstöður háskólanáms í landshlutanum. Á aðalfundinum var jafnframt skorað á ríkisvaldið að koma myndarlega að uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi enda er málaflokkurinn á verksviði þess samkvæmt lögum.

Sú ákvörðun sveitarfélaganna í landshlutanum að verja 80 millj. kr. til uppbyggingar háskólanáms á svæðinu sýnir áhuga þeirra á málinu. Í framhaldinu er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari uppbyggingu með framlögum til jafns við aðra landshluta.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Selfoss og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktir háskólar, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar, auk þess sem benda má á að fjarlægðir frá Reykjavík í uppsveitir Árnessýslu og austur í Skaftafellssýslu eru alls ekki boðlegar til daglegs aksturs fram og til baka. Það gefur augaleið að háskólasetur, sem mundi færa námið til fólksins, gerbreytti aðstæðum fólks til að sækja sér frekari menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Selfossi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust.

Á meðal íbúa á Suðurlandi er mikil eftirspurn eftir háskólamenntun í heimabyggð. Háskólasetur á Selfossi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin á svæðinu og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Selfossi og að hún skili áliti fyrir 1. september í haust svo að hægt sé að hafa hliðsjón af tillögum hennar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007.

1037. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Jón Sveinsson hrl., Pál Magnússon útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Björgu Evu Erlendsdóttur og Þórdísi Arnljótsdóttur frá Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, G. Pétur Matthíasson fréttamann, Jóhönnu Margréti Einarsdóttur og Jórunni Sigurðardóttur frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Gunnar Magnússon, Sigrúnu Elíasdóttur og Ólöfu Svavarsdóttur frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Bergljótu Baldursdóttur frá Útgarði, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldóru Friðjónsdóttur og Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði, Árna Pál Árnason hdl., Gísla Tryggvason frá Talsmanni neytenda, Magnús Ragnarsson frá Skjá einum, Ara Edwald og Dóru Sif Tynes frá 365 ljósvakamiðlum, Margréti Sverrisdóttur og Þorgrím Gestsson frá Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, Arnþrúði Karlsdóttur og Pétur Gunnlaugsson frá Útvarpi Sögu, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Guðberg Davíðsson frá Félagi kvikmyndagerðamanna, Hjálmtý Heiðdal og Kristínu Atladóttur frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þröst Ólafsson framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hrafnkell Orra Egilsson og Sigurð Bjarka Gunnarsson frá Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá útvarpstjóra Ríkisútvarpsins, Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins, Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, Félagi fréttamanna Ríkisútvarpsins, Útgarði, Bandalagi háskólamanna og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, útvarpsréttarnefnd, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, 365 ljósvakamiðlum, Skjánum, Útvarpi Sögu, Blaðamannafélagi Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands, Talsmanni neytenda, Neytendasamtökunum, Reykjavíkurborg, Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ríkisskattstjóra, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Íslenskri málstöð, íslenskuskor Háskóla Íslands, Orðabók Háskólans, Landssambandi eldri borgara, Öryrkjabandalagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Höfundaréttarfélagi Íslands, Rithöfundasam-

bandi Íslands, Framleiðendafélaginu SÍK, Félagi kvikmyndagerðarmanna og Bandalagi íslenskra listamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar, en það felur í sér breytingu frá stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, en þær lúta fyrst og fremst að breytingum á skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu", sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins, eins og nánar er getið um hér að aftan.

Við meðferð málsins innan nefndarinnar komu fram athugasemdir sem vörðuðu mikilvægi þess að bæta inn í frumvarpið ákvæði sem hefði það að markmiði að tryggja sjálfstæði ritstjórna fjölmiðla í störfum sínum. Eins og kunnugt er vinnur nefnd á vegum menntamálaráðherra um þessar mundir að samningu frumvarps til laga um fjölmiðla. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust frá ráðuneytinu mun það frumvarp kveða á um almennar reglur um starfsemi fjölmiðla, þ.m.t. um starfsemi Ríkisútvarpsins. Var nefndin upplýst um það á fundi nefndarinnar að í því frumvarpi yrði að finna almennar reglur sem tryggja ættu sjálfstæði ritstjórna ljósvaka- og prentmiðla og tillögur að slíkum reglum voru kynntar nefndarmönnum. Í ljósi þessara upplýsinga og þar sem fyrirhugað frumvarp mun mæla fyrir um almennar reglur um starfsemi fjölmiðla, m.a. um sjálfstæði ritstjórna ljósvaka- og prentmiðla, telur meiri hlutinn ekki tilefni til að setja slík ákvæði inn í sérlög um Ríkisútvarpið hf., sem kveður fyrst og fremst á um breytt rekstrarform stofnunarinnar.

Á fundum nefndarinnar komu fram ýmsar upplýsingar varðandi núverandi rekstur Ríkisútvarpsins, svo og þær breytingar sem hið nýja frumvarp mun hafa í för með sér. Varðandi virðisaukaskattskil Ríkisútvarpsins hf. kom m.a. fram að við skoðun á talnalegum gögnum um virðisaukaskattskil Ríkisútvarpsins undanfarin ár yrði ekki annað séð en að tekjur af virðisaukaskattskyldri sölu Ríkisútvarpsins hf., annarri en afnotagjöldum, yrðu hærri en aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar. Þetta þýðir að útskattur hefur verið hærri en innskattur, jafnvel þó að útskattur vegna afnotagjalda hafi ekki verið tekinn með í reikninginn. Ekki verður séð að breytt fjármögnun úr afnotagjöldum yfir í nefskatt breyti neinu í þessu efni. Virðisaukaskattur vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins hefur verið um 350 millj. kr. Á síðasta ári var útskattur af annarri sölu en afnotagjöldum 243,7 millj. kr. á ári en heildarinnskattur 199,8 millj. kr. Það þýðir að skil Ríkisútvarpsins hf. á virðisaukaskatti eftir breytingu (þ.e. án afnotagjalda) verða að jafnaði 43,9 millj. kr. Undanfarin þrjú ár hefur virðisaukaskattskyld velta að frátöldum afnotagjöldum numið 18–20% hærri fjárhæð en nemur þeim kostnaði er innskattur hefur verið reiknaður af. Að mati meiri hlutans er því ljóst að miðað við núverandi stöðu á Ríkisútvarpið hf. rétt á skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts, á grundvelli 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988. Til þess að álitamál vakni upp á næstu árum um hvort Ríkisútvarpið hf. uppfylli áfram skilyrði skráningar á virðisaukaskattsskrá þarf, samkvæmt fyrirliggjandi talnalegum upplýsingum, umtalsverða lækkun tekna af auglýsingum og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni (þ.e. lægri útskatt), og/eða umtalsverða hækkun á kostnaði vegna aðfanga sem bera virðisaukaskatt (þ.e. aukinn innskatt). Ríkisútvarpið hf. mun því hafa nokkurt svigrúm til breytinga í rekstri (t.d. aukinna innkaupa eða lækkunar auglýsingatekna) án þess að það hafi áhrif á rétt hlutafélagsins til skráningar á grunnskrá virðisaukaskatts. Móttaka skattfjár til að standa undir útvarpi í almannaþjónustu skv. 3. gr. frumvarpsins, ásamt tekjum af annarri virðisaukaskattskyldri starfsemi sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins, hefur ekki í för með sér að litið verði svo á að Ríkisútvarpið hf. sé í blandaðri starfsemi í skilningi laga um virðisaukaskatt. Útvarpsþjónusta fellur

undir skattskyldusvið virðisaukaskatts eins og sviðið er afmarkað í 2. gr. laga nr. 50/1988. Móttaka skattfjár felur ekki í sér blöndun starfsemi og hefur þar af leiðandi ekki í för með sér takmörkun á innskattsrétti.

Eins og áður segir var með framlagningu frumvarps þessa tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, sem færðar voru fram í tengslum við það stjórnarfrumvarp sem lagt var fram um Ríkisútvarpið sf. á síðasta löggjafarþingi. Við meðferð frumvarpsins var upplýst að fulltrúar menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins hefðu átt fund og verið í bréfaskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þau samskipti hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að meiri hlutinn telur æskilegt að gera breytingar á 3., 4. og 7. gr. frumvarpsins. Breytingarnar leiða til þess að inntak hugtaksins „útvarpsþjónusta í almannaþágu“, sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins, verður þrengt, þar sem lagt er til að þeir þættir sem nefndir eru í 13. og 14. tölul. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins teljist til annarrar starfsemi félagsins samkvæmt 4. gr., en ekki til „útvarpsþjónustu í almannaþágu“ eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Verði breytingin samþykkt felur hún það í sér í framkvæmd að félaginu verður skylt að halda fjárreiðum vegna þeirra tölulíða sem að ofan eru greindir, og ekki teldust lengur til „útvarpsþjónustu í almannaþágu“ samkvæmt 3. gr. frumvarpsins, aðskildum frá fjárreiðum rekstrar sem fellur undir 3. gr. þess. Samkvæmt því verður félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri sem telst til útvarpsþjónustu í almannaþágu til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem teldist vera í samkeppnisrekstri.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um samvinnu um dagskrárgerð o.fl. og hefur Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, gert athugasemdir við 2. mgr. ákvæðisins sem heimilar félaginu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Telur stofnunin að fella eigi umrætt ákvæði inn í 4. gr. frumvarpsins um aðra starfsemi félagsins. Af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið bent á að allt eins megi fella út 7. gr. frumvarpsins, en auk 2. mgr. kveður 1. mgr. á um að félagið skuli kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar. Engin laganauðsyn sé að hafa slíkt ákvæði, en félagið verði að gæta þess í framkvæmd að öll sú starfsemi sem fellur fyrir utan almannaþjónustuhlutverk félagsins, verði að vera aðskilin í bókhaldi og reikningsskilum félagsins frá almannaþjónustuhlutverkinu. Meiri hlutinn leggur því til að 7. gr. frumvapsins falli brott.

Að teknu tilliti til umsagna og annarra athugasemda leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar, sbr. það sem að framan greinir:

1. Að ákvæði 13. og 14. tölul. 3. gr. falli brott.
2. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. Í fyrsta lagi að við 4. gr. bætist 2. mgr. svohljóðandi: „Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.“ Í öðru lagi að við 4. gr. bætist 3. mgr. svohljóðandi: „Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu enn fremur heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.“
3. Lögð er til sú breyting að 7. gr. falli brott.
4. Lagt er til að 2. mgr. 14. gr. verði svohljóðandi: „Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. júlí 2006, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17.

og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: **Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.“

Þær breytingar sem felast í 1.– 3. tölul. eru tilkomnar vegna athugasemda sem fram komu í umsögnum og öðrum gögnum sem bárust á meðan frumvarpið var til meðferðar hjá þinginu. Hvað breytinguna í 4. tölulið varðar þá er talið nauðsynlegt að fella ekki lög nr. 122/2000 úr gildi samhliða því að frumvarp þetta verður að lögum þar sem tíma þarf til að stofna hlutafélagið formlega og annast skráningu þess hjá hlutafélagaskrá. Af þeim sökum er lagt til að í nokkra mánuði, þ.e. frá gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí nk., gildi lög nr. 122/2000 og lög um Ríkisútvarpið hf. um starfsemi stofnunarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Birgir Ármannsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

1038. Breytingartillögur [401. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, SÞorg, DJ, BÁ, ÍGP).

1. 13.–14. tölul. 2. mgr. 3. gr. falli brott.
2. Við 4. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.

   Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu enn fremur heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.
3. 7. gr. falli brott.
4. 2. mgr. 14. gr. verði svohljóðandi:

   Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. júlí 2006, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: **Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

1039. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Þröst Ólafsson, framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Hrafnkel Orra Egilsson og Sigurð Bjarka Gunnarsson frá starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Pál Magnússon, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, og Stefán Jón Hafstein frá Reykjavíkurborg.

Umsagnir bárust nefndinni frá stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins, Viðskiptaráði Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Íslenskri málstöð og Bandalagi íslenskra listamanna.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf. og felur í sér tillögu um niðurfellingu greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og einnig að greiðsluþátttaka Seltjarnarnesbæjar verði felld niður.

Í kjölfar niðurfellingar greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingu á verkefnavalsnefnd skv. 7. gr. laganna þannig að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar sé heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

Meiri hlutinn telur einnig að lagfæra þurfi 4. mgr. 3. gr. laganna er varðar samning milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Ekki verður lengur um að ræða flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar „á móti framlagi útvarpsins“ eins og fram kemur í ákvæðinu þar sem greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins fellur niður og leggur því nefndin til breytingartillögu þess efnis að Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið hf. geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar til að tryggja áframhaldandi samstarf. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að vilji sé hjá viðkomandi aðilum til að viðhalda samstarfi um flutning tónlistarefnis hljómsveitarinnar og frekar að auka hann en minnka.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. mars 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. Sigurrós Þorgrímsdóttir. Dagný Jónsdóttir.

Birgir Ármannsson. Ísólfur Gylfi Pálmason.

1040. Breytingartillögur [402. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, SÞorg, DJ, BÁ, ÍGP).

1. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 4. mgr. orðast svo:
   Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar.
2. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
   Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar er heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

1041. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra, Val Árnason og Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Þórð S. Gunnarsson deildarforseta lagadeildar og Þorlák Karlsson deildarforseta viðskiptadeildar frá Háskólanum í Reykjavík, Skúla Skúlason frá Hólaskóla, Þorstein Gunnarsson frá Háskólanum á Akureyri, Hjálmar H. Ragnarsson og Gunnar Jóhann Birgisson frá Listaháskóla Íslands, Kristínu Ingólfsdóttur rektor og Þórð Kristinsson frá Háskóla Íslands og Hauk Loga Karlsson, formann Bandalags íslenskra námsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Kennaraháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Hólaskóla, Landbúnaðarháskóla Íslands, Félagi háskólakennara og félagi prófessora við Háskóla Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, Samtökum atvinnulífsins og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs.

Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf um háskóla og er afrakstur nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2005 til að endurskoða núgildandi lög nr. 136/1997, um háskóla.

Í nefndinni komu upp umræður um akademískt frelsi háskólanna og starfsmanna þeirra og hvort tilgreina eigi það sérstaklega í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar er sú að mikilvægt sé að frelsi háskólanna í fræðilegu tilliti sé tryggt gagnvart stjórnvöldum, eigendum háskóla og öðrum utanaðkomandi aðilum, en jafnframt að mikilvægt sé að háskólarnir sjálfir tryggi akademískt (fræðilegt) frelsi þeirra sem við skólana starfa. Mikilvægt sé að skólarnir setji sér þær siðareglur sem kveðið er á um í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. og meiri hlutinn leggur því til breytingartillögu um að háskólar „skuli“ setja sér þær siðareglur. Nefndin fékk þær upplýsingar að nefndin sem vann að samningu frumvarpsins hefði einnig velt fyrir sér tilhögun á fræðilegu frelsi og hefði verið á sömu skoðun, þ.e. að tryggja þurfi þetta frelsi skólanna út á við gagnvart stjórnvöldum, eigendum eða öðrum,

en ekki síður hvað varðar stöðu starfsmanna gagnvart yfirvöldum og stjórnendum hvers skóla. Við samningu ákvæðisins var litið til sambærilegra ákvæða í erlendum lögum, einkum í Noregi og Danmörku, og er það álit nefndarinnar að fræðilegt frelsi verði ekki síður tryggt í íslenskri löggjöf með þeim ákvæðum sem er að finna í frumvarpinu. Því telur meiri hlutinn að það sé forsenda viðurkenningar samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr., þar sem fjallað er um að háskóli verði að fullnægja þáttum er varða hlutverk og markmið háskóla, að háskóli setji sér reglur sem tryggja með fullnægjandi hætti það markmið 3. mgr. 2. gr. að háskólar virði í hvívetna sjálfstæði starfsmanna sinna í fræðilegu tilliti. Skóli, sem ekki virðir þetta frelsi, hljóti því ekki viðurkenningu menntamálaráðherra sem háskóli, eða geti átt á hættu að viðurkenning verði afturkölluð, sbr. 4 gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru engin ákvæði er lúta að fötluðum nemendum og en meiri hlutinn telur rétt að tryggja réttarstöðu þeirra betur. Nefndin fékk þær upplýsingar að við samningu frumvarpsins hefði ekki verið rætt hvort tryggja ætti betur að fatlaðir eigi þess kost að stunda nám við háskólana. Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu að fatlaðir nemendur verði sérstaklega tilgreindir í f-lið 3. mgr. 3. gr. sem fjallar m.a. um aðstöðu og þjónustu við nemendur. Með framangreindri breytingu er áréttað sérstaklega að tekið verði tilllit til aðstöðu fyrir fatlaða nemendur við mat á því hvort háskóli skuli hljóta viðurkenningu skv. 3. gr.

Nokkrar ábendingar bárust nefndinni varðandi 9. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að menntamálaráðherra setji reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu. Ábendingarnar lutu einkum að því að erlendis væri gerður greinarmunur á heitum skóla á háskólastigi í samræmi við eðli þeirra og starfsemi. Meiri hlutinn telur þrátt fyrir framangreindar athugasemdir ekki hægt að breyta þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi að margir fagskólar nefni sig háskóla. Meiri hlutinn bendir þó á að í öðrum löndum, t.d. í Danmörku, eru því settar skorður hvaða heiti háskólar kjósa sér á öðrum tungumálum. Þannig geta háskólar t.d. ekki kallað sig „university“ í enskri þýðingu. Miðað er við að hið sama muni gilda hér á landi ef slík nafngift samræmist ekki hlutlægum forsendum sem sérstakar reglur, sem menntamálaráðherra setur samkvæmt frumvarpinu, kveða á um.

Í nefndinni var rætt um lokamálslið 1. mgr. 12. gr. sem fjallar um að tryggja skuli virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, „eftir því sem við á“. Meiri hlutinn telur að ekki komi nægilega skýrt fram við hvað er átt með orðalaginu „eftir því sem við á“ en nefndin fékk þær upplýsingar að ástæðan fyrir þessum fyrirvara varðandi innra gæðamat sé að ekki sé sjálfgefið að einstakir hópar, svo sem nemendur, kennarar eða aðrir, komi að öllum þáttum í framkvæmd sjálfsmats eða innra gæðamats. Má þar nefna sem dæmi ýmis atriði sem varða fjárhagsmálefni. Að jafnaði er þó æskilegt að þátttaka nemenda, kennara og annarra í framkvæmd innra gæðamats sé sem almennust, og er það í fullu samræmi við Bjögvinjar-samþykkt menntamálaráðherra aðildarríkja Bologna-ferlisins frá því í maí 2005.

Þó nokkur umræða var í nefndinni um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna sem er nýmæli í frumvarpinu og mikilvægi þess að eftirlitið verði reglubundið. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins ákveður menntamálaráðherra hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Meiri hlutinn telur að efni og tilgangur frumvarpsins sé að hafa reglubundið eftirlit og það komi nægilega skýrt fram í 13. gr. að það fari fram á þriggja ára fresti. Enn fremur kemur fram að menntamálaráðherra geti ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til. Þá ræddi nefndin um hver ætti að hafa eftirlitið með höndum en í 14. gr. frumvarpsins er tekið fram að menntamálaráðherra geti falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum

aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati. Meiri hlutinn telur þessu eftirliti best komið fyrir hjá sjálfstæðum og óháðum aðilum og að ekki sé tilefni til að setja sérstaka stofnun á fót til sjá um framangreint eftirlit.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Við upptalningu í 1. mgr. 2. gr., um hlutverk stofnunarinnar, verði því bætt við að skólinn sinni einnig varðveislu þekkingar en ekki eingöngu þekkingarleit eins og nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu.
2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi að orðalag 2. málsl. 3. mgr. verði lagfært þannig að skýrt komi fram að skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu komi fram í reglum menntamálaráðherra en þurfi að lúta að þeim þáttum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Í öðru lagi er lögð til breyting á f-lið 3. mgr. sem felur í sér viðbót um aðstöðu fatlaðra nemenda. Með þeirri breytingu er gerður sá áskilnaður að háskóli öðlist ekki viðurkenningu menntamálaráðherra nema hann tryggi aðstöðu til að taka á móti fötluðum nemendum. Í þriðja lagi er lögð til viðbót við 1. málsl. 8. mgr., þess efnis að viðurkenning á háskóla feli í sér staðfestingu á því að starfsemi viðkomandi skóla sé í samræmi við þær reglur sem settar kunna að vera með stoð í lögunum auk þess að vera í samræmi við lögin.
3. Lögð er til breyting á 20. gr. frumvarpsins er fjallar um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Í stað þess að tilgreina þau atriði sem áfrýjunarnefndin úrskurðar um eins og nú er gert í 2. mgr. telur meiri hlutinn að heppilegra sé að vísa í ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga og taka sérstaklega fram að málum háskólanema verði ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggi endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemenda. Þó verði nemandanum heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni. Með framangreindri breytingu er tekinn af allur vafi um málefni áfrýjunarnefndarinnar. Nefndinni bárust ábendingar um að upptalningin í 2. mgr. og málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. hefðu valdið vafa í framkvæmd vegna óskýrleika en framangreind ákvæði voru áður í reglum nr. 73/1999, um hlutverk og störf áfrýjunarnefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. mars 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.		Birkir J. Jónsson.

1042. Breytingartillögur [433. mál]

við frv. til l. um háskóla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, BÁ, DJ, KÓ, BJJ).

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu „rannsóknum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: varðveislu þekkingar.
   b. Á eftir orðinu „Háskólar“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: skulu.
2. Við 3. gr.
   a. 2. og 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Í þeim skulu tilgreind skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Skilyrðin lúta að eftirtöldum þáttum.
   b. Á eftir orðinu „þá“ í f-lið 3. mgr. komi: þ.m.t. fatlaðra nemenda.
   c. Við 1. málsl. 8. mgr. bætist: og reglur sem settar kunna að vera með stoð í þeim.
3. Við 20. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Um málskot til áfrýjunarnefndar gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga. Máli háskólanema verður þannig ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggi endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemandans. Þó er nemanda heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti, og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni.
   b. 4. mgr. falli brott.

1043. Frumvarp til laga [707. mál]

um Flugmálastjórn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Flugmálastjórn Íslands fer með stjórnsýslu og eftirlit á sviði loftferða hér á landi og á íslensku yfirráðasvæði eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og lögum um loftferðir, svo og öðrum lögum og alþjóðasamningum.

Flugmálastjórn Íslands er sérstök stofnun sem heyrir undir samgönguráðherra.

2. gr.

Flugmálastjóri og starfsmenn.

Ráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri Flugmálastjórnar. Flugmálastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um sérstakt hæfi starfsmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

3. gr.

Flugráð.

Flugráð er ráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Flugráð er skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Ráðherra skipar í ráðið. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og jafnmargir til vara. Skulu fulltrúar þessir hafa þekkingu á flugmálum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra sem skipaðir eru án tilnefningar.

Skipunartími flugráðs er fjögur ár, en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Verkefni flugráðs eru að:

a. fjalla um stefnumótun í flugmálum,
b. veita ráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun,
c. veita umsögn um lög og reglur er varða flugmál,
d. fjalla um málefni sem ráðherra sendir flugráði til umfjöllunar,
e. fjalla um mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir.

4. gr.

Verkefni Flugmálastjórnar.

Verkefni Flugmálastjórnar eru að fara með stjórnsýslu á sviði loftferða, hafa eftirlit með loftferðastarfsemi og stuðla að öryggi í flugi.

Flugmálastjórn skal m.a.:

1. Skrá loftför í íslenska loftfaraskrá.
2. Veita heimildir til hvers konar reksturs sem skilgreindur er í loftferðalögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, eins og flugreksturs, reksturs viðhaldsstöðva, flugskóla, skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu og flugvéltækna, flugleiðsöguþjónustu, reksturs flugvalla og flugstöðva, sem og að hafa samfellt eftirlit með þessari starfsemi.
3. Gefa út heimildir í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem grundvallast á þessum heimildum.
4. Gefa út skírteini til einstaklinga í samræmi við lög og reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar og tryggja framkvæmd prófa.
5. Kveða á um skipulag loftrýmis og flugleiðsögu, eða gera tillögu um slíkt til samgönguráðherra.
6. Annast eftirlit með framkvæmd flugverndar í samræmi við lög, reglugerðir og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði flugverndar.
7. Stuðla að því að hvers konar flugstarfsemi þróist hér á landi í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið á hverjum tíma.
8. Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum eða samstarfi sem ríkisstjórnin felur Flugmálastjórn að taka þátt í.
9. Vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði loftferða og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum.

Að auki skal Flugmálastjórn annast, eftir því sem við á, undirbúning að setningu laga og

reglugerða og taka þátt í mótun þeirra, m.a. á erlendum vettvangi, og annast undirbúning samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir og eftir atvikum gerð slíkra samninga.

5. gr.

Eftirlit.

Flugmálastjórn skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um loftferðastarfsemina gilda.

Flugmálastjórn er heimilt að athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Flugmálastjórn skal í þeim tilgangi vera heimill aðgangur að starfsstöðvum leyfishafa og að loftförum og búnaði þeirra til að framkvæma vettvangsathuganir, úttektir og skoðanir.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita Flugmálastjórn upplýsingar um starfsemina og aðgang að gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Flugmálastjórn telur nauðsynleg.

Eftirlitsskyldur aðili skal án fyrirvara geta sýnt fram á að hann uppfylli skilyrði leyfisveitingar og, ef með þarf, gangast undir þau próf sem Flugmálastjórn er heimilt að krefjast að gengist sé undir.

Flugmálastjórn getur krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra, ef slíkt er nauðsynlegt til að unnt sé að sinna lögbundnu eftirliti.

Um eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum loftferðalaga, svo og annarra laga eftir því sem við á.

6. gr.

Leyfissviptingar, þvingunarúrræði o.fl.

Heimilt er Flugmálastjórn að fella úr gildi leyfi, sem veitt hefur verið, og afturkalla skírteini því til staðfestingar ef hún telur að leyfishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum, sem kveðið er á um í leyfi, eða að leyfishafi hafi brotið í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna sem um hina leyfisbundnu starfsemi gilda. Sama gildir ef leyfishafi telst ófær um að sinna þeirri starfsemi sem leyfið nær til.

Leyfissvipting getur verið bundin við tiltekna hluta leyfisins.

Um leyfissviptingar og þvingunarúrræði Flugmálastjórnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum loftferðalaga, svo og annarra laga eftir því sem við á.

7. gr.

Þagnarskylda og veiting upplýsinga.

Starfsmenn Flugmálastjórnar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki, að viðlagðri ábyrgð, skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar á meðal um rekstur eða viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sjálfstæða sérfræðinga sem starfa á vegum Flugmálastjórnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum eða verksamningi ljúki.

Með gögn og aðrar upplýsingar, sem Flugmálastjórn aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Flugmálastjórn er heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um loftferðir og skulu þeir sem reka leyfisbundna starfsemi skyldir til að láta í té slíkar upplýsingar ef eftir er leitað.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja og eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sé það liður í samstarfi ríkja um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja eftirlitinu.

8. gr.

Athugasemdir vegna leyfishafa.

Telji notandi loftferðaþjónustu eða aðrir að leyfisskyldur aðili brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt loftferðalögum eða reglum settum samkvæmt þeim eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í leyfi getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Flugmálastjórnar sem skal láta málið til sín taka ef við á.

9. gr.

Gjaldskrá o.fl.

Flugmálastjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna leyfisveitinga og eftirlits, svo og fyrir aðra þjónustu sem veitt er á vegum stofnunarinnar, í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Þá er Flugmálastjórn heimilt að hafa tekjur af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum.

Kröfur Flugmálastjórnar vegna gjalda skv. 1. mgr. eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar.

10. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir Flugmálastjórnar sæta kæru til samgönguráðuneytis í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

11. gr.

Skýrsla.

Flugmálastjórn skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

12. gr.

Reglugerð.

Nánar skal kveðið á um hlutverk Flugmálastjórnar Íslands í reglugerð. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi stofnunarinnar og framkvæmd laga þessara.

Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs í reglugerð.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Jafnframt fellur úr gildi II. kafli laga nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði hinn 2. ágúst 2005 til að undirbúa og gera drög að frumvörpum til laga um breytingu á starfsemi og skipulagi Flugmálastjórnar, sem fælu m.a. í sér stofnun hlutafélags um hluta af núverandi starfsemi Flugmálastjórnar, sem snýr að rekstri flugvalla og flugleiðsögu, en að stjórnsýslustarfsemi, þ.m.t. eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar, yrði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands.

Í starfshópinn voru skipaðir þeir Ólafur Sveinsson hagverkfræðingur, sem var formaður hópsins, Gunnar Finnsson, rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO, Hilmar B. Baldursson, viðskiptafræðingur og flugstjóri, og Andri Árnason hæstaréttarlögmaður. Með starfshópnum störfuðu Karl Alvarsson og Jón Eðvald Malmquist, lögfræðingar í samgönguráðuneytinu.

Af hálfu starfshópsins voru annars vegar unnin drög að lagafrumvarpi um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, sem lagt er fram samhliða þessu lagafrumvarpi, og hins vegar gerðar tillögur að sérstökum lögum um Flugmálastjórn Íslands sem kæmu í stað núgildandi II. kafla laga nr. 60/1998, um loftferðir. Lýtur frumvarp þetta að því síðarnefnda.

Með þeim drögum sem hér liggja fyrir er lagt til að skipulagi flugmála hér á landi verði breytt. Skilið verði á milli þjónustu og reksturs annars vegar og stjórnsýslu og eftirlits hins vegar, til samræmis við alþjóðlega þróun á þessu sviði, m.a. annars staðar Norðurlöndum.

II.

Ákvörðun samgönguráðherra um að gera tillögur um breytingar á skipulagi Flugmálastjórnar og að stofnað yrði sérstakt hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar, sem áður er getið, byggðist á vinnu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála, en stýrihópurinn skilaði skýrslu til samgönguráðuneytisins í mars 2005.

Í skýrslu stýrihópsins kemur fram að viðamiklar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi flugsamgangna á undanförnum árum. Ástæður breytinganna séu margvíslegar en þar vegi þyngst öryggissjónarmið, kröfur um gagnsæjan og hagkvæman rekstur, samkeppnissjónarmið og það að greinin geti verið sjálfbær. Þróunin í þessa veru hafi verið hröð, bæði vegna tækniframfara og vegna þess að ný alþjóðleg viðhorf í flugmálum hafi rutt sér til rúms á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og með stofnun JAA, Flugöryggissamtaka Evrópu, og EASA, Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem mun taka við verkefnum JAA. Samhliða þessari þróun hafi mörg ríki endurskoðað fyrirkomulag flugmála sinna og ráðist í skipulagsbreytingar á því sviði. Íslensk stjórnvöld hafi fylgst með þessari þróun og hafi stýrihópurinn verið skipaður hinn 30. desember 2003 til þess að vinna að tillögum varðandi breytingar á fyrirkomulagi skipulags flugmála hér á landi. Markmið stýrihópsins var m.a. að fara yfir alla starfsemi, skipulag og verkefni Flugmálastjórnar og leggja mat á hvaða verkefni teldust til stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna og hvaða verkefni teldust vera þjónustuverkefni. Þá var hópnum ætlað að skilgreina hvaða rekstrarform mundi henta fyrir þá starfsemi Flugmálastjórnar sem lýtur að rekstri og þjónustu við flugið, og þá sérstaklega hvort hlutafélagaformið teldist henta til þeirrar starfsemi eða hluta hennar. Þá var hópnum ætlað að gera tilteknar athuganir á fjárhagslegum áhrifum aðgreiningar stjórnsýslu og eftirlitsverkefna annars vegar og þjónustuverkefna hins vegar, skilgreina áhrif breytinganna á flugöryggismál o.fl.

III.

Í niðurstöðu stýrihópsins var m.a. vísað til þess að vegna þeirra breytinga sem orðið hefðu í umhverfi flugsamgangna, bæði hérlendis og erlendis, og vegna nýrra krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og Evrópusambandsins um aðskilnað eftirlits og þjónustu, með tilliti til þess að samkeppni væri hafin í veitingu flugumferðarþjónustu milli landa og að teknu tilliti til þess að íslenskir flugrekendur hefðu aukið starfsemi sína verulega á erlendum mörkuðum, væri það mat stýrihópsins að bregðast þyrfti við og haga málum þannig að íslenskri flugumferðarþjónustu yrðu sköpuð skilyrði til að eflast enn frekar þannig að unnt yrði að takast á við aukna samkeppni og breyttar aðstæður. Í þessu sambandi var m.a. vísað til

þess að til að uppfylla stefnumörkun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og reglur Evrópusambandsins um samevrópskt loftrými (Single European Sky-functional separation), reglugerð um flugvelli og til að viðhalda góðum stjórnsýsluháttum yrði að gera breytingar á skipulagi eftirlits og þjónustu Flugmálastjórnar, en hluti af eftirlitsverkefnum Flugmálastjórnar sé að veita starfsleyfi og hafa eftirlit með þjónustustarfsemi stofnunarinnar. Til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra var talið nauðsynlegt að aðskilja faglega yfirstjórn eftirlits annars vegar og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hins vegar.

Að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem rakin voru í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála, sbr. framangreint, var það ákvörðun samgönguráðherra að rétt væri og nauðsynlegt að gerðar yrðu breytingar á skipulagi og öðru fyrirkomulagi á núverandi starfsemi Flugmálastjórnar Íslands, bæði með tilliti til nauðsynlegrar aðgreiningar á milli stjórnsýslu, þ.m.t. eftirlits, annars vegar og flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs hins vegar, til að uppfylla fyrrgreindar kröfur sem fram hafa komið hjá ICAO og Evrópusambandinu. Þá var það mat samgönguráðherra að nauðsynlegt væri að gera það kleift að þjónustuþættir í starfsemi Flugmálastjórnar geti starfað í samkeppnisumhverfi og að sú starfsemi verði samkeppnishæf við þær breyttu aðstæður sem fyrirsjáanlegar eru taldar, auk þess sem nauðsynlegt sé að sá þáttur starfseminnar geti brugðist skjótt við í hröðu og breytilegu rekstrarumhverfi sem m.a. geti kallað á skjótar ákvarðanir í markaðslegu tilliti.

Til að koma í kring framangreindum breytingum á skipan stjórnsýslu og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hefur samgönguráðherra ákveðið að leggja til, í samræmi við tillögu stýrihópsins, að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, sbr. sérstakt frumvarp þar að lútandi sem lagt er fram samhliða þessu lagafrumvarpi. Jafnframt er gert ráð fyrir að tilteknar breytingar verði gerðar á lagaumhverfi Flugmálastjórnar Íslands, svo sem greinir í frumvarpi þessu.

IV.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að sérstök lög verði sett um Flugmálastjórn Íslands sem komi í stað núgildandi II. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998. Markmið frumvarpsins er því að styrkja Flugmálastjórn í breyttu umhverfi og skilgreina betur hlutverk og starfsemi stofnunarinnar en greinir í núgildandi loftferðalögum, auk þess sem talið er viðeigandi að um stofnunina gildi sérstök lög.

Í frumvarpi þessu er fjallað um skipulag stofnunarinnar, yfirstjórn hennar og stöðu gagnvart samgönguráðuneytinu, auk þess sem kveðið er á um stöðu flugmálastjóra og heimildir hans til að ráða til stofnunarinnar annað starfsfólk. Þá er í frumvarpi þessu kveðið á um hlutverk flugráðs, sem skal vera skipað sex mönnum og sex til vara, en ráðinu er ætlað að vera ráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um tiltekin mál sem undir það falla og tilgreind eru í frumvarpi þessu. Er hlutverk flugráðs að nokkru takmarkað frá því sem nú er en gert er ráð fyrir að ráðið hafi eftir sem áður mikilvægu ráðgefandi hlutverki að gegna. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir helstu verkefnum Flugmálastjórnar, m.a. á sviði skráningar loftfara og leyfisveitinga til reksturs og til starfa á hinum ýmsu sviðum flugmála. Þá er í frumvarpinu kveðið á um almennar eftirlitsheimildir stofnunarinnar, til viðbótar við slíkar heimildir í öðrum lögum, einkum loftferðalögum, og að auki er kveðið á um heimildir stofnunarinnar til leyfissviptinga, en það ákvæði er einnig almennt til viðbótar við tiltekin ákvæði loftferðalaga sem fjalla um slíkar leyfissviptingar og önnur þvingunarúrræði. Í frumvarpinu er einnig sérstakt þagnarskylduákvæði og ákvæði sem lýtur jafnframt að afhendingu gagna sem stofnunin aflar í starfsemi sinni. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að stofnunin geti tekið til athugunar athugasemdir og kvartanir frá notendum loftferðaþjónustu, en slíkt ákvæði er sett til að efla

eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Í frumvarpinu er kveðið á um gjaldskrá stofnunarinnar og gjaldtökuheimildir, en miðað er við að ráðherra staðfesti gjaldskrána sem taki mið af kostnaði við að veita umrædda þjónustu (m.a. fyrir leyfi og eftirlit). Í niðurlagi frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnunin gefi út skýrslu um starfsemi sína og að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem nánar sé kveðið á um hlutverk stofnunarinnar, auk þess sem þar er að finna almennar reglugerðarheimildir, m.a. varðandi flugráð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir að Flugmálastjórn Íslands skuli vera sérstök stofnun sem heyri undir samgönguráðherra og fari með stjórnsýslu á sviði loftferða hér á landi og á íslensku yfirráðasvæði og hafi með að gera eftirlit á því sviði, eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu og öðrum lögum sem kveða á um stjórnsýslumálefni á sviði loftferða, einkum loftferðalögum. Þá er tekið fram í greininni að um stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar kunni að vera kveðið á um í alþjóðasamningum, en samkvæmt slíkum samningum hafa flugmálastjórnir tiltekinna ríkja einnig með að gera tiltekna stjórnsýslu vegna alþjóðlegra loftrýma. Er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn fari með stjórnsýslu og eftirlit í samræmi við slíka samninga, eftir því sem við á, hér á landi og á íslensku yfirráðasvæði eins og það er skilgreint á hverjum tíma.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að flugmálastjóri sé skipaður til fimm ára í senn og að hann fari með stjórn stofnunarinnar. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að flugmálastjóri ráði til stofnunarinnar annað starfsfólk, þar með talið yfirmenn einstakra sviða eða deilda, en í því felst breyting frá núgildandi lögum sem kveða á um að samgönguráðherra skuli ráða framkvæmdastjóra einstakra sviða að fenginni umsögn flugmálastjóra. Í 2. mgr. er tekið fram að um sérstakt hæfi starfsmanna Flugmálastjórnar fari samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga, m.a. varðandi vanhæfisástæður til meðferðar tiltekins máls.

Um 3. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að nokkur breyting verði á hlutverki flugráðs. Ráðið verður eftir sem áður skipað sex mönnum og ekki er gert ráð fyrir breytingu á tilnefningum í ráðið frá því sem nú er. Samkvæmt frumvarpinu er því gert ráð fyrir að núverandi tilnefningar vegna þriggja flugráðsmanna (og varamanna) haldist óraskaðar, en ekki verði gert ráð fyrir frekari bundnum tilnefningum til ráðsins. Samkvæmt greininni verður flugráð ráðgefandi fyrir ráðherra og flugmálastjóra og verða helstu verkefni ráðsins þau að fjalla um stefnumótun í flugmálum, veita ráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs um samgönguáætlun og veita umsögn um lagafrumvörp og tillögur að reglum er varða flugmál. Þá er gert ráð fyrir því að auki að ráðið fjalli um önnur mál sem ráðherra kýs að senda ráðinu til umsagnar og fjalla um mál sem flugmálastjóri og einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um. Ráðið hefur því eingöngu það hlutverk að vera ráðgefandi en því er ekki ætlað að taka stjórnvaldsákvarðanir eða hafa t.d. afskipti af stjórnsýslu- eða eftirlitsverkefnum Flugmálastjórnar. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir því að ráðið veiti lengur umsögn um rekstraráætlanir Flugmálastjórnar, gjaldskrártillögur eða því um líkt, en slíkt er ekki talið samræmast því umhverfi sem Flugmálastjórn er ætlað að starfa í. Jafnframt er felld niður núverandi heimild flugráðs til að leita álits flugmálastjóra. Er það talið fara gegn því ráðgefandi hlutverki sem ráðinu er

markað í frumvarpi þessu. Þetta er í samræmi við önnur fagráð sem heyra undir samgönguráðuneyti.

Um 4. gr.

Í greininni eru tiltekin helstu verkefni Flugmálastjórnar og meginhlutverki stofnunarinnar lýst. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Flugmálastjórn fari með stjórnsýslu og eftirlit á sviði loftferða hér á landi og á íslensku yfirráðasvæði eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu og lögum um loftferðir, svo og öðrum lögum og alþjóðasamningum. Ljóst er að meginverkefni Flugmálastjórnar eru tiltekin í lögum um loftferðir, nr. 60/1998, enda eru þau lög aðallöggjöfin sem gildir um loftferðir og loftferðastarfsemi hér á landi. Að auki er ljóst að verkefnum og viðfangsefnum stofnunarinnar er einnig lýst í ýmsum alþjóðlegum samningum á sviði flugmála. Í 2. mgr. greinarinnar er gerð nánari grein fyrir þessum verkefnum en ljóst er að hér er megintilvika getið en ekki er um neins konar tæmandi talningu að ræða.

Um 5. gr.

Í grein þessari er fjallað almennt um eftirlitsheimildir Flugmálastjórnar, en ákvæðinu er ekki ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum, einkum loftferðalögum, sbr. t.d. 21. gr., 27. gr., 4. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 138. gr. loftferðalaga. Hér er kveðið almennt á um eftirlitsskyldu Flugmálastjórnar en eftirlit stofnunarinnar lýtur að því að fylgjast með því að starfsemi slíkra aðila sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglur sem um loftferðastarfsemina gilda. Þá er tekið fram að Flugmálastjórn sé í þeim tilgangi heimilt að kanna rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir og að stofnuninni sé við það eftirlit heimill aðgangur að starfsstöðvum og loftförum og sé heimilt að framkvæma hvers konar vettvangsathuganir, úttektir og skoðanir. Þá er kveðið á um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að veita upplýsingar um starfsemina og aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru til að unnt sé að sinna eftirlitinu auk þess sem þeir verða að geta sýnt fram á að þeir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til leyfisveitingarinnar á hverjum tíma.

Loks er kveðið á um það í grein þessari að Flugmálastjórn sé heimilt að krefja önnur stjórnvöld, óháð þagnarskyldu þeirra, um upplýsingar varðandi leyfisskylda aðila eða starfsemi þeirra, ef slíkt er nauðsynlegt til að sinna lögbundnu eftirliti.

Um 6. gr.

Í grein þessari er fjallað almennt um heimildir Flugmálastjórnar til leyfissviptingar, en ákvæðinu er ekki ætlað að raska sértækum heimildum sem stofnuninni eru veittar í öðrum lögum, einkum loftferðalögum, eða þeim þvingunarúrræðum sem þar er mælt fyrir um, sbr. t.d. 28. gr., 3. mgr. 34. gr., 4. mgr. 56. gr., 4. mgr. 57. gr., 4. mgr. 57. gr. a og 84. gr. laganna. Í þessari grein er almennt mælt fyrir um að Flugmálastjórn sé heimilt að fella úr gildi leyfi ef stofnunin telur að leyfishafi fullnægi ekki lengur leyfisbundnum skilyrðum, hafi brotið með stórfelldum hætti gegn ákvæðum laga, reglugerða eða reglna, sem um starfsemina gilda, eða ljóst sé að viðkomandi sé ófær um að sinna þeirri starfsemi sem leyfi hans gengur út á. Heimilt er samhliða að afturkalla skírteini sem gefið hefur verið út leyfi til staðfestingar. Heimilt er að láta niðurfellingu leyfis ná til allrar hinnar leyfisbundnu starfsemi eða til hluta hennar.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna Flugmálastjórnar. Er ákvæðið til viðbótar við almennt þagnarskylduákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Er í grein þessari sérstaklega tiltekið að starfsmenn Flugmálastjórnar skuli gæta þagmælsku gagnvart óviðkomandi um það sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, m.a. varðandi rekstur og viðskipti aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þá er tekið fram að þagnarskylda nái ekki eingöngu til starfsmanna Flugmálastjórnar heldur einnig til þeirra sjálfstæðu sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, í samræmi við almennt ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, að þagnarskylda haldist þótt látið sé af störfum. Gildir það einnig um þá sérfræðinga sem starfað hafa fyrir stofnunina. Þá er sérstaklega kveðið á um það að með gögn og aðrar upplýsingar, sem aflað er af hálfu Flugmálastjórnar, skuli fara með sem trúnaðarmál.

Í 3. mgr. greinarinnar er tekið fram að Flugmálastjórn sé heimilt að safna saman, vinna úr og birta tölfræðilegar upplýsingar um loftferðir og að heimilt sé að krefja þá sem stunda leyfisbundna starfsemi um slíkar upplýsingar. Er gert ráð fyrir að um meðferð slíkra upplýsinga og meðferð gagna, sem aflað er í þessum tilgangi, fari samkvæmt lögum um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga, nr. 77/2000, eftir því sem við á.

Í 4. mgr. greinarinnar er fjallað um heimild Flugmálastjórnar til að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja eða eftirlitsaðilum á vegum viðurkenndra alþjóðasamtaka, sem Ísland er aðili að, upplýsingar sem samkvæmt grein þessari kunna að vera háðar þagnarskyldu, enda sé slíkt liður í eftirlitssamstarfi ríkja og nauðsynlegt til að framfylgja lögmæltu eftirliti. Er ákvæði þetta sett til að tryggja alþjóðlegt eftirlit með leyfisskyldum aðilum, en ljóst er að það er mjög mikilvægt í því alþjóðlega umhverfi sem flugið er að samstarf eftirlitsaðila sé skilvirkt. Mætti eftir atvikum líta svo á að eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja, sem eru í samstarfi við íslensk stjórnvöld að þessu leyti, séu ekki óviðkomandi aðilar í skilningi 1. mgr. greinarinnar, en málsgrein þessari er ætlað að taka þar af öll tvímæli.

Um 8. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að kveða á um það sérstaklega í lögum að telji notandi loftferðaþjónustu eða aðrir að leyfisskyldur aðili brjóti eða hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt loftferðalögum, reglum settum samkvæmt þeim eða gegn starfsleyfum sínum geti viðkomandi beint athugasemdum eða kvörtunum til Flugmálastjórnar. Er gert ráð fyrir að slík athugasemd eða kvörtun fái viðeigandi rannsókn Flugmálastjórnar eftir því sem tilefni er til. Er ákvæðinu ætlað að styrkja eftirlit Flugmálastjórnar með leyfisbundnum aðilum.

Um 9. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að Flugmálastjórn sé heimilt að innheimta gjöld fyrir meginþætti í starfsemi sinni, svo sem fyrir að veita leyfi og halda uppi lögbundnu eftirliti. Er ákvæði þetta í samræmi við þá meginreglu að heimild til að taka gjöld fyrir opinbera þjónustu skuli vera lögbundin. Er hér gert ráð fyrir að þeir sem njóta leyfa og sæta eftirliti skuli að meginstefnu til greiða fyrir leyfisveitingar og lögbundið eftirlit. Sama gildi varðandi aðra þjónustu sem veitt er á vegum stofnunarinnar og jafnan tengist umræddum þáttum með einum eða öðrum hætti, svo sem þegar eftirlit fer fram utan Íslands eða þegar um önnur frávik er að ræða frá hefðbundinni stjórnsýslu hér á landi. Slík gjaldskrá tæki mið af kostnaði við að veita umrædd leyfi, sinna eftirliti eða veita viðkomandi þjónustu. Gjaldskráin yrði staðfest af ráðherra og nytu gjöld samkvæmt henni beinnar aðfararheimildar.

Þá er kveðið á um það í 2. mgr. að Flugmálastjórn sé heimilt að hafa einnig tekjur af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum. Ekki er hér gert ráð fyrir sérstakri gjaldskrá, enda ekki um að ræða hefðbundin lögmælt stjórnsýsluverkefni. Þóknun fyrir slík verkefni yrði í samræmi við samninga í hverju tilviki.

Um 10. og 11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um hlutverk stofnunarinnar í reglugerð. Þá er og gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi Flugmálastjórnar og um framkvæmd laga þessara að öðru leyti. Loks er í greininni mælt svo fyrir að nánar skuli kveðið á um hlutverk flugráðs í reglugerð.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands.

Markmiðið með frumvarpinu er að koma á breytingum í starfsemi Flugmálastjórnar, sem felur m.a. í sér að verkefni Flugmálastjórnar verði á sviði stjórnsýslu loftferða en önnur verkefni fari yfir í hlutafélag. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands og er vísað til umsagnar um það frumvarp. Verkefni Flugmálastjórnar Íslands, sem þetta frumvarp snýr að, verður að fara með stjórnsýslu á sviði loftferða, hafa eftirlit með loftferðastarfsemi og stuðla að öryggi í flugi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að kostnaður Flugmálastjórnar Íslands vegna breytinga sem frumvarpið felur í sér verði 30,1 m.kr., sem falli til frá og með árinu 2007. Helsta ástæða kostnaðaraukans er launakostnaður vegna fjögurra nýrra stöðugilda þar sem stjórnsýsla á ákveðnum sviðum flyst til hlutafélagsins m.a. við fjármál, starfsmannastjórnun og eftirlit með hinu nýja fyrirtæki. Gert er ráð fyrir því að kostnaðinum verði mætt með forgangsröðun innan fjárlagaramma langtímaáætlunar samgönguráðuneytisins.

1044. Frumvarp til laga [708. mál]

um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Heimild til að stofna hlutafélag.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands og tengda starfsemi. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja til félagsins eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil.

2. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Samgönguráðherra skal fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fara með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Stofnhlutafé.

Samgönguráðherra er heimilt að leggja til félagsins eignir sem notaðar eru í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar, skrifstofuhúsnæði og nauðsynlegan búnað flugvalla, annan en fasteignir á flugvöllum og flugbrautir. Jafnframt að félagið yfirtaki réttindi, skuldir og skuldbindingar vegna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstrar við stofnun þess.

Samgönguráðherra skal láta meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar skv. 1. mgr. og láta leggja mat á hvert stofnhlutafé hlutafélagsins skuli vera miðað við stofndag. Ríkisendurskoðandi skal staðfesta mat á hlutafé félagsins og ákvarða hvert skuli vera nafnverð stofnhlutafjár í félaginu. Skal slík staðfesting liggja fyrir við stofnun félagsins, sbr. 8. gr.

4. gr.

Innborgun hlutafjár.

Hlutafé félagsins, eins og það er ákveðið skv. 3. gr., telst að fullu innborgað með yfirtöku félagsins á umræddum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, sbr. 9. gr.

5. gr.

Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins skal vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa, að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla, svo og aðra skylda starfsemi. Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

6. gr.

Frávik frá lögum um hlutafélög.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu og ekki skal heldur ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga gilda um félagið. Um mat á stofnfé félagsins fer skv. 2. mgr. 3. gr. laga þessara. Að öðru leyti og ef annað leiðir ekki af lögum þessum taka ákvæði hlutafélagalaga til félagsins.

7. gr.

Réttindi starfsmanna.

Við niðurlagningu starfsemi flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar Íslands, sbr. 9. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eftir því sem við á.

8. gr.

Stofnfundur og stofnyfirlýsing.

Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnyfirlýsingu og samþykktum fyrir félagið. Á stofnfundi skal kjósa félaginu stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar. Stjórn félagsins skal við stofnun þess vera skipuð fimm mönnum og þremur til vara.

Í stofnyfirlýsingu skv. 1. mgr. skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

9. gr.

Yfirtaka á hluta starfsemi Flugmálastjórnar.

Félagið skal yfirtaka flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands ásamt tilheyrandi réttindum og skyldum 1. janúar 2007 og hættir Flugmálastjórn Íslands samhliða slíkri starfsemi, sbr. nánar lög um Flugmálastjórn Íslands. Yfirtakan veitir samningsaðilum, sem breytingin varðar, ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

10. gr.

Samningar ríkisins við félagið.

Heimilt er samgönguráðherra að gera samninga við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu til að tryggja að uppbygging, rekstur og þjónusta á þessum sviðum sé í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma.

Nú óska stjórnvöld eftir því að félagið veiti þjónustu, leggi í framkvæmdir eða rekstur, svo sem vegna þjónustu á tilteknu landssvæði, til almannaheilla, í öryggisskyni eða vegna annarra ástæðna, sem ljóst er að ekki skilar arði, og skal þá gera um það samning milli samgönguráðherra og félagsins. Heimilt er ráðherra að fela Flugmálastjórn Íslands að annast gerð slíkra samninga fyrir sína hönd.

11. gr.

Skuldbindingar ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum o.fl.

Heimilt er samgönguráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Flugmálastjórn Íslands að fela félaginu að fara með réttindi og að annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt

alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki, þar með talið vegna Alþjóðaflugþjónustunnar, enda samrýmist slíkt tilgangi félagsins.

Er félaginu skylt að fara að fyrirmælum framangreindra stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrirmælum þeirra er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga og annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga.

12. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn félagsins skal setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið. Heimilt er m.a. að taka tillit til stofnkostnaðar, viðhalds og reksturs.

13. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 14. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2007.

14. gr.

Breytingar á lögum um loftferðir og lögum um rannsókn flugslysa.

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, ásamt síðari breytingum:
   a. 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. c, sbr. 7. gr. laga nr. 75/2005, orðast svo: Flugmálayfirvöld geta tekið til athugunar skipulag afgreiðslugetu flugvallar og krafist úrbóta, ef kostur er, í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur.
   b. 58. gr. orðast svo:

      Ef nauðsynlegt er í tengslum við rekstur flugvallar eða flugleiðsögubúnaðar að afla lands, lóðar eða annarrar eignar og samningum um kaup verður ekki við komið má ráðherra heimila, að fenginni umsögn Flugmálastjórnar, að eign eða hluti hennar sé tekin eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra.
   c. 1.–3. mgr. 71. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 21/2002, orðast svo:

      Heimta má gjöld til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða. Þá er heimilt að heimta gjöld fyrir þá aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum.

      Enn fremur er heimilt að heimta gjöld til greiðslu á kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar í þágu loftferða.

      Heimilt er með samningi að fela stjórnvöldum annarra ríkja eða öðrum viðurkenndum aðilum innheimtu á þessum gjöldum.
   d. Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 88/2004:
      1. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lendingargjöld skulu renna til þess aðila sem starfrækir viðkomandi flugvöll.
      2. Orðin „sem ráðherra setur“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
      3. Í stað orðanna „Flugmálastjórn er heimilt“ í 6. mgr. kemur: Heimilt er.
   e. Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 21/2002:
      1. Í stað orðanna: „Flugmálastjórn skal heimilt“ í 2. mgr. kemur: Heimilt er þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu.

2. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 1. málsl. svohljóðandi: Flugmálastjórn skal heimill aðgangur að gögnum þessum við framkvæmd eftirlits með eftirlitsskyldum aðilum.

f. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 76. gr. kemur: Flugmálastjórn.

g. Á eftir orðinu „Flugmálastjórn“ í 1. mgr. 77. gr. kemur: og þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu.

h. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 132. gr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálastjórn getur með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti.

i. Á eftir orðunum „Flugmálastjórn Íslands“ í 1. mgr. 136. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 21/2002, kemur: og þeim sem starfrækir flugvöll eða flugleiðsöguþjónustu.

j. 2. mgr. 138. gr. fellur brott.

k. 139. gr. fellur brott.

l. 2. málsl. 140. gr. orðast svo: Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, svo og þeir sem starfrækja flugvelli og flugleiðsöguþjónustu hér á landi vera áskrifendur að útgáfum þessum.

2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa:

a. 3. mgr. 8. gr. orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands og lögreglu, svo og þeim sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu og flugvelli er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar flugslyss.

b. Á eftir orðunum „Flugmálastjórn Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. kemur: þeir sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu og flugvelli.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði hinn 2. ágúst 2005 til að undirbúa og gera drög að frumvörpum til laga um breytingu á starfsemi og skipulagi Flugmálastjórnar með það að markmiði að stofna sérstakt hlutafélag í eigu ríkisins um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar, en að stjórnsýslustarfsemi, þ.m.t. eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar, yrði sinnt af sérstakri stofnun, Flugmálastjórn Íslands. Lög um þá stofnun yrðu samhliða tekin til endurskoðunar (II. kafli laga nr. 60/1998, um loftferðir) og gerð tillaga um sérstök lög um stofnunina.

Í starfshópinn voru skipaðir þeir Ólafur Sveinsson hagverkfræðingur, sem var formaður hópsins, Gunnar Finnsson, rekstrarhagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, ICAO, Hilmar B. Baldursson, viðskiptafræðingur og flugstjóri, og Andri Árnason hæstaréttarlögmaður. Með starfshópnum störfuðu Karl Alvarsson og Jón Eðvald Malmquist, lögfræðingar í samgönguráðuneytinu.

II.

1.

Ákvörðun samgönguráðherra um að gera tillögur um breytingar á skipulagi Flugmálastjórnar og að stofnað yrði sérstakt hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar, sem áður er getið, byggðist á vinnu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála, en stýrihópurinn skilaði skýrslu til samgönguráðuneytisins í mars 2005.

Í skýrslu stýrihópsins kemur fram að viðamiklar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi flugsamgangna á undanförnum árum. Ástæður breytinganna séu margvíslegar en þar vegi

þyngst öryggissjónarmið, kröfur um gagnsæjan og hagkvæman rekstur, samkeppnissjónarmið og það að greinin geti verið sjálfbær. Þróunin í þessa veru hafi verið hröð, bæði vegna tækniframfara og vegna þess að ný alþjóðleg viðhorf í flugmálum hafi rutt sér til rúms á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og með stofnun JAA, Flugöryggissamtaka Evrópu, og EASA, Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem mun taka við verkefnum JAA. Samhliða þessari þróun hafi mörg ríki endurskoðað fyrirkomulag flugmála sinna og ráðist í skipulagsbreytingar á því sviði. Íslensk stjórnvöld hafi fylgst með þessari þróun og hafi stýrihópurinn verið skipaður hinn 30. desember 2003 til þess að vinna að tillögum varðandi breytingar á fyrirkomulagi skipulags flugmála hér á landi. Markmið stýrihópsins var m.a. að fara yfir alla starfsemi, skipulag og verkefni Flugmálastjórnar og leggja mat á hvaða verkefni teldust til stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna og hvaða verkefni teldust vera þjónustuverkefni. Þá var hópnum ætlað að skilgreina hvaða rekstrarform mundi henta fyrir þá starfsemi Flugmálastjórnar sem lýtur að rekstri og þjónustu við flugið, og þá sérstaklega hvort hlutafélagaformið teldist henta til þeirrar starfsemi eða hluta hennar. Þá var hópnum ætlað að gera tilteknar athuganir á fjárhagslegum áhrifum aðgreiningar stjórnsýslu og eftirlitsverkefna annars vegar og þjónustuverkefna hins vegar, skilgreina áhrif breytinganna á flugöryggismál o.fl.

2.

Í niðurstöðu stýrihópsins var m.a. vísað til þess að vegna þeirra breytinga sem orðið hefðu í umhverfi flugsamgangna, bæði hérlendis og erlendis, og vegna nýrra krafna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og Evrópusambandsins („Single European Sky“) um aðskilnað eftirlits og þjónustu, með tilliti til þess að samkeppni væri hafin í veitingu flugumferðarþjónustu og að teknu tilliti til þess að íslenskir flugrekendur hefðu aukið starfsemi sína verulega á erlendum mörkuðum, væri það mat stýrihópsins að bregðast þyrfti við og haga málum þannig að íslenskri flugumferðarþjónustu yrðu sköpuð skilyrði til að eflast enn frekar þannig að unnt yrði að takast á við aukna samkeppni og breyttar aðstæður. Í þessu sambandi var m.a. vísað til þess að til að uppfylla stefnumörkun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og reglur Evrópusambandsins um samevrópskt loftrými (Single European Sky-functional separation), reglugerð um flugvelli og til að viðhalda góðum stjórnsýsluháttum yrði að gera breytingar á skipulagi eftirlits og þjónustu Flugmálastjórnar, en hluti af eftirlitsverkefnum Flugmálastjórnar sé að hafa eftirlit með þjónustustarfsemi stofnunarinnar. Til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra var talið nauðsynlegt að aðskilja faglega yfirstjórn eftirlits annars vegar og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hins vegar.

Í skýrslu stýrihópsins sagði m.a.: „Flugmálayfirvöld þurfa í senn að gera jafnharðar kröfur til öryggismála og önnur JAA (EASA)-ríki sem við berum okkur saman við og að styðja við útrásina [íslenskra flugrekenda] með skilvirkri stjórnsýslu sem er og verður hluti af samkeppnisskilyrðum sem flugrekendum eru búin. Jafnframt hafa auknar kröfur um öryggi og gagnsæi í stjórnsýslu veruleg áhrif á skipan flugmála. Hér er annars vegar um að ræða kröfur um góða stjórnsýsluhætti og hins vegar kröfur frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO policies 9082/6) og nýjar reglugerðir Evrópusambandsins um „Single European Sky“. Þessu samfara er gert ráð fyrir að þrýstingur verði á um fækkun flugstjórnarsvæða og aukna skilvirkni í flugumferðarstjórn. Breytingar hafa verið gerðar á skipulagi flugmála í nágrannalöndum okkar sem miða að því að auka samkeppnishæfni flugumferðarþjónustu. Það er mat stýrihópsins að bregðast þurfi við þessari þróun og haga málum þannig að íslenskri flugumferðarþjónustu séu sköpuð skilyrði til að eflast enn frekar þannig að hægt sé að takast á við þessa auknu samkeppni.“

Þá var í skýrslu stýrihópsins vikið að samningi um Alþjóðaflugþjónustuna (Joint Financing Agreement) um flugumferðarstjórn á Norður-Atlantshafi, sem talinn er mjög mikilvægur fyrir Ísland. Það liggi fyrir að flugstjórnarmiðstöðvar beggja vegna Atlantshafsins muni sækjast eftir að fá að taka yfir umrætt flugstjórnarrými, en í því sambandi sé mikilvægt að unnt sé að veita sem besta flugumferðarþjónustu hér á landi sem sé samkeppnishæf og hafi öryggi að leiðarljósi. Að öðrum kosti kunni að vera hætta á að Alþjóðaflugþjónustan geti horfið úr landi.

3.

Stýrihópurinn lagði til í skýrslu sinni fjóra valkosti varðandi breytta skipan flugmála með ólíku rekstrarformi: í fyrsta lagi aðskilnaður eftirlits frá stjórnsýslu og þjónustu með óbreyttu rekstrarformi (A-hluta stofnanir), í öðru lagi aðskilnaður eftirlits frá stjórnsýslu og þjónustu með breyttu rekstrarformi (B-hluta stofnanir), í þriðja lagi aðskilnaður þjónustustarfsemi frá stjórnsýslu og eftirliti með breyttu rekstrarformi (B-hluta stofnanir) og í fjórða lagi aðskilnaður þjónustustarfsemi frá stjórnsýslu og eftirliti með breyttu rekstrarformi (hlutafélagavæðing þjónustustarfseminnar), en að stofnunin verði gerð að B-hluta stofnun.

4.

Í niðurstöðu stýrihópsins var lagt til að valinn yrði fjórði kosturinn, þ.e. að aðskilja þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar frá stjórnsýslu og eftirliti þar sem þjónustustarfsemin yrði færð til hlutafélags sem alfarið yrði í eigu ríkisins. Meginkostir þeirrar tillögu voru taldir þeir að stjórnsýsla og eftirlit eigi meiri samleið en stjórnsýsla og þjónusta, að aðgreining eftirlits og þjónustu eigi að uppfylla kröfur um gagnsæi opinberrar stjórnsýslu og að hlutafélagavæðing þjónustustarfseminnar veiti þann sveigjanleika sem nauðsynlegur sé til að takast á við fyrirliggjandi verkefni og fyrirsjáanlega samkeppni. Þjónustan við flug þurfi að vera samkeppnishæf og til lengri tíma litið sé gert ráð fyrir að hlutafélagavæðing þjónustustarfsemi og annarrar starfsemi en stjórnsýslu leiði af sér sveigjanleika sem gefi starfseminni aukin tækifæri, m.a. til að auka tekjur. Slíku rekstrarformi fylgi meiri hvati til þróunar og það rekstrarform auðveldi samstarf við erlenda og innlenda aðila við markaðssetningu þjónustu og stoðþjónustu erlendis. Þetta er í samræmi við þróunina á hinum Norðurlöndunum og reyndar annars staðar í Evrópu. Meira svigrúm fyrir skilvirkni geti greitt fyrir flugstarfsemi hér á landi og geti einnig stutt við útrás íslenskra flugrekstraraðila.

III.

Að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða, sem rakin voru í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála, sbr. framangreint, var það álit samgönguráðuneytisins að rétt væri og nauðsynlegt að gerðar yrðu breytingar á skipulagi og öðru fyrirkomulagi á núverandi starfsemi Flugmálastjórnar Íslands, bæði með tilliti til nauðsynlegrar aðgreiningar á milli stjórnsýslu, þ.m.t. eftirlits, annars vegar og flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs hins vegar, til að uppfylla fyrrgreindar kröfur sem fram hafa komið hjá ICAO og Evrópusambandinu. Þá var það mat samgönguráðuneytisins að nauðsynlegt væri að gera það kleift að þjónustuþættir í starfsemi Flugmálastjórnar geti starfað í samkeppnisumhverfi og að sú starfsemi verði samkeppnishæf við þær breyttu aðstæður sem fyrirsjáanlegar eru taldar, auk þess sem nauðsynlegt sé að sá þáttur starfseminnar geti brugðist skjótt við í hröðu og breytilegu rekstrarumhverfi sem m.a. geti kallað á skjótar ákvarðanir í markaðslegu tilliti.

Til að koma í kring framangreindum breytingum á skipan stjórnsýslu og þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar hefur samgönguráðherra ákveðið að leggja til, í samræmi við tillögu stýri-

hópsins, að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, sbr. frumvarp þetta, og að til félagsins verði lagðar ýmsar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstri Flugmálastjórnar Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að tilteknar breytingar verði gerðar á lagaumhverfi Flugmálastjórnar Íslands í samræmi við sérstakt frumvarp þar að lútandi sem lagt er fram samhliða þessu lagafrumvarpi.

IV.

Í frumvarpi þessu er, í samræmi við það sem að framan greinir, gert ráð fyrir því að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar Íslands, þ.e. svokallaða flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfi, svo og flugvallarekstur Flugmálastjórnar. Skal ríkisstjórninni heimilað að leggja til félagsins ýmsar eignir og réttindi og gera félaginu að taka yfir skuldir og skuldbindingar sem tilheyra framangreindum rekstri Flugmálastjórnar nú að frátöldum fasteignum á flugvöllum, flugbrautum, umferðarsvæðum flugvéla og flughlöðum. Hlutafé í félaginu skal vera í eigu íslenska ríkisins og er sala þess og ráðstöfun óheimil að óbreyttum lögum. Samgönguráðherra skal falið að fara með hlutafé ríkisins í félaginu og fara með forræði hluthafans í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Samgönguráðherra skal ákveða hvaða eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar það eru sem skulu tilheyra félaginu og skulu þær metnar til stofnhlutafjár í félaginu. Skal ríkisendurskoðandi staðfesta mat á verðmæti stofnhlutafjár í félaginu. Gert er ráð fyrir að mat á eignum miðist við stofndag og staðfesting ríkisendurskoðanda á stofnhlutafé félagsins liggi fyrir við stofnfund í félaginu. Hlutafé telst hins vegar innborgað við yfirtöku félagsins á eignunum sem miðast við 1. janúar 2007.

Tilgangur félagsins skal vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvalla hér á landi en einnig erlendis eftir atvikum, auk annarrar skyldrar starfsemi sem geti styrkt framangreinda kjarnastarfsemi félagsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tiltekin ákvæði laga um hlutafélög gildi ekki um félag þetta, einkum ákvæði þeirra um fjölda hluthafa. Um réttindi og skyldur starfsmanna skal við hlutafélagavæðingu þessa fara samkvæmt gildandi lagaákvæðum um slíka breytingu, eftir því sem við á, annars vegar ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hins vegar laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að félaginu verði falið með samningum við ríkið að annast uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma. Þannig er gert ráð fyrir að félaginu verði falið að tryggja þjónustu á sviði flugleiðsögu og reksturs flugvalla sem á hverjum tíma er talið nauðsynlegt til að ná framangreindum markmiðum, enda verði slík þjónusta ekki tryggð með öðrum hætti. Þá er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela félaginu að fara með afmörkuð réttindi og skyldur íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki eftir því sem samræmist tilgangi félagsins á hverjum tíma. Sérstaklega er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela félaginu að fara með réttindi og skyldur íslenska ríkisins vegna Alþjóðaflugþjónustunnar. Loks er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að stjórn félagsins setji því þjónustugjaldskrá þar sem gætt skal almennra arðsemissjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag sem taki við tilteknum þáttum í núverandi starfsemi Flugmálastjórnar, þ.e. flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstri sem Flugmálastjórn annast nú, og skyldri starfsemi. Gert er ráð fyrir því að félaginu verði lagðar til eignir og réttindi sem nú tilheyra umræddri starfsemi, en jafnframt taki félagið yfir skuldir og skuldbindingar sem henni tilheyra, eftir því sem nánar er kveðið á um í 3. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að hlutafé félagsins verði í eigu íslenska ríkisins og að óheimilt sé að selja eða ráðstafa því nema að til komi ný lög frá Alþingi sem kveði á um aðra skipan.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að samgönguráðherra fari með og annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, eftir því sem nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu, og að samgönguráðherra fari með hlut ríkisins í félaginu. Í því felst að samgönguráðherra fer með ákvörðunarvald hluthafans í félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein kemur það í hlut samgönguráðherra að ákveða hvaða eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar aðrar en fasteignir á flugvöllum, land og lóðir, þ.m.t. flugbrautir, umferðarsvæði flugvéla og flughlöð það eru sem félagið skal taka yfir og sem munu mynda nafnverð stofnhlutafjár félagsins. Meðal þeirra eigna, sem gert er ráð fyrir að félagið yfirtaki, er búnaður tengdur flugleiðsögu- og flugvallarekstri, áhöld og tæki, sem honum tilheyra, ásamt öðrum rekstrarfjármunum. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra láti meta framangreindar eignir og réttindi, skuldir og skuldbindingar í samræmi við ákvörðun skv. 1. mgr. greinarinnar og skal það mat miðast við stofndag. Það mun síðan koma í hlut ríkisendurskoðanda að staðfesta mat á hlutafé félagsins og ákvarða hvert skuli vera nafnverði stofnhlutafjár í félaginu. Við það mat er gert ráð fyrir að hafðar verði til hliðsjónar 5. og 6. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, varðandi mat á verðmætum, öðrum en reiðufé, sem félag tekur við frá stofnanda. Gert er ráð fyrir að staðfesting á stofnhlutafé félagsins liggi fyrir á stofnfundi félagsins.

Um 4. gr.

Hlutafé félagsins, sem ákvarðað hefur verið í samræmi við ákvæði 3. gr. frumvarpsins, telst að fullu innborgað þegar félagið tekur yfir eignir og skuldir, svo og önnur réttindi og skyldur, þegar félagið tekur til starfa, en gert er ráð fyrir því í 9. gr. frumvarpsins að yfirtaka umræddrar starfsemi Flugmálastjórnar eigi sér stað 1. janúar 2007. Svo sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að hlutafé verði ekki inngreitt við skráningu félagsins, svo sem almennt er gert ráð fyrir í 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga, heldur megi skrá félagið á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að stofna slíkt félag og leggja því til umræddar eignir á tilteknu tímamarki, svo sem nánar greinir í frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gerð grein fyrir megintilgangi félagsins sem á að vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa, og að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla. Er gert ráð fyrir að félagið muni annast rekstur núverandi flugleiðsöguþjónustu Flugmálastjórnar, þ.m.t. Alþjóðaflugþjónustunnar, og muni að auki taka að sér

að annast rekstur fjarskipta- og leiðsögukerfa sem Flugmálastjórn annast nú. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að félagið taki að sér rekstur á þeim flugvöllum sem heyra undir Flugmálastjórn, m.a. í samræmi við sérstaka rekstrar- og þjónustusamninga sem gert er ráð fyrir í 10. gr. frumvarpsins. Rétt er að taka fram að tilgangur félagsins, samkvæmt þessari grein, er ekki takmarkaður við starfsemi hér á landi heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því að félagið geti tekið að sér rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur utan Íslands, hvort sem er á eigin vegum eða í samstarfi við aðra aðila, ríki eða einkaaðila.

Í greininni er jafnframt tekið fram að undir tilgang félagsins falli einnig önnur skyld starfsemi, ótilgreind, sem getur fallið að kjarnastarfsemi félagsins, en ljóst er að í þeirri hröðu þróun sem er á þessum vettvangi hér á landi og erlendis er mikilvægt að félaginu verði heimilt að taka að sér rekstur og uppbyggingu á sviðum sem tengjast eftir atvikum ekki með beinum hætti umræddri starfsemi. Jafnframt er tiltekið að félaginu sé heimilt að efla og styrkja kjarnastarfsemina með þátttöku á skyldum starfssviðum. Gert er ráð fyrir að tilgangi félagsins verði nánar lýst í samþykktum félagsins á hverjum tíma, en nauðsynlegt kann að vera, til að tryggja sveigjanleika gagnvart breytingum í framtíðinni, að tilgangi félagsins verði að einhverju leyti breytt frá því sem kveðið er á um við stofnun þess, og verða slíkar breytingar þá gerðar á hluthafafundi í félaginu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga um breytingar á samþykktum.

Um 6. gr.

Hlutafélagalög, nr. 2/1995, hafa að geyma áskilnað um að ekki færri aðilar en tveir standi að hlutafélögum. Hér er gert ráð fyrir því fráviki frá hlutafélagalögum að stofnandi félagsins sé aðeins einn, íslenska ríkið, og ekki sé gert ráð fyrir að aðrir hluthafar komi að félaginu. Er því í grein þessari vikið frá tilvísuðum ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995, þannig að ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. sem kveða á um lágmarksfjölda stofnenda og lágmarksfjölda hluthafa í félaginu eigi ekki við um félag þetta. Í greininni er jafnframt tiltekið að ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga eigi ekki við um félag þetta, en samkvæmt því ákvæði er gert ráð fyrir að ekki sé heimilt að skrá félag í hlutafélagaskrá nema að hlutafé félagsins sé greitt með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr., þ.e. að minnst helmingur hlutafjár sé greiddur við skráningu. Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð að heimilt verði að skrá félagið áður en hlutafé er greitt við yfirtöku félagsins á tiltekinni starfsemi Flugmálastjórnar 1. janúar 2007. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að félagið lúti ákvæðum hlutafélagalaga, enda verði ekki annað leitt af ákvæðum frumvarps þessa.

Um 7. gr.

Í grein þessari er kveðið á um réttarstöðu starfsmanna sem nú starfa hjá Flugmálastjórn við þá starfsemi á sviði flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs sem gert er ráð fyrir að flytjist yfir til hlutafélagsins. Þannig er kveðið á um að við niðurlagningu starfanna hjá Flugmálastjórn fari um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í því felst m.a. að engum starfsmanni verður sagt upp störfum vegna aðilaskiptanna einna saman. Þeir starfsmenn, sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þó þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu, en um biðlaunaréttinn fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, m.a. um að frá biðlaunum dragast hvers konar launatekjur á biðlaunatímanum.

Um 8. gr.

Lagt er til að félagið taki ekki yfir flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar fyrr en 1. janúar 2007. Er talið heppilegt að félagið verði stofnað, því kosin stjórn og það skráð áður en félagið hefur eiginlega starfsemi, en ljóst er að stjórn félagsins þarf að sinna ýmsum undirbúningsverkefnum áður en eiginleg starfsemi félagsins hefst. Jafnframt er gert ráð fyrir því að við stofnun félagsins verði stjórnarmenn fimm og þrír til vara. Verða þeir kosnir á stofnfundi félagsins og fram til fyrsta aðalfundar þess sem gera má ráð fyrir að verði á vormánuðum 2007. Rétt er að taka fram að þó svo að gert sé ráð fyrir því að stjórnarmenn séu fimm í upphafi þá geta aðstæður í framtíðinni leitt til þess að ástæða verður talin til að fjölga eða fækka stjórnarmönnum. Verður það gert með breytingu á samþykktum félagsins í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Ekki er gert ráð fyrir því að stjórnarmenn séu tilnefndir af öðrum til setu í stjórn félagsins, en miðað er við að í stjórnina veljist hæfir menn á þeim sviðum sem mestu skipta á hverjum tíma í starfsemi félagsins og í framtíðaruppbyggingu þess, hvort sem er á sviði flugmála eða almenns rekstrar.

Á stofnfundi félagsins skal leggja fram stofnyfirlýsingu fyrir félagið, sem er ígildi stofnsamnings, sbr. 2. mgr., og jafnframt verði lagðar fram á stofnfundi samþykktir félagsins til staðfestingar.

Um 9. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu yfirtekur félagið flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar, ásamt tilheyrandi réttindum og skyldum, svo sem þær verða ákvarðaðar skv. 3. gr. frumvarpsins, 1. janúar 2007. Samhliða er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn hætti þeirri starfsemi sem færist yfir til hlutafélagsins. Í niðurlagi greinarinnar er tekið fram að umrædd breyting veiti viðsemjendum Flugmálastjórnar ekki sérstaklega heimild til að segja upp fyrirliggjandi samningssamböndum og er þá m.a. átt við verk- og þjónustusamninga sem í gildi eru vegna þeirrar starfsemi sem flyst til hlutafélagsins. Um réttarstöðu starfsmanna fer hins vegar samkvæmt því sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að félagið taki að sér að annast núverandi flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að félagið muni, í samræmi við tilgang þess, annast uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu í samræmi við spurn eftir slíkri þjónustu á hverjum tíma. Ljóst er að mikilvægir þættir í þessari starfsemi hér á landi muni ekki í náinni framtíð standa undir stofnkostnaði vegna þessara þátta eða undir kostnaði við reksturinn. Flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónusta verða hins vegar eftir sem áður mikilvægir þættir í flugöryggi á hverjum tíma og mikilvægir þættir í samgönguuppbyggingu hér á landi, með sama hætti og önnur samgöngukerfi landsins. Það er því gert ráð fyrir því að íslenska ríkið muni fela félaginu að annast rekstur tiltekinna flugvalla og flugleiðsögukerfa á grundvelli uppbyggingar- og þjónustusamninga sem munu á hverjum tíma taka mið af stefnumótun og markmiðum í samgöngumálum hér á landi m.a. með tilliti til samgönguáætlunar. Af þessu leiðir að eftir stofnun félagsins munu verða gerðir samningar við félagið um rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu hér á landi sem tryggja munu að uppbygging, þjónusta og rekstur sé í samræmi við núverandi og framtíðarmarkmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum.

Jafnframt er gert ráð fyrir því í grein þessari að samgönguráðherra geti gert samninga við félagið um veitingu tiltekinnar þjónustu á afmörkuðum landsvæðum, til almannaheilla og í öryggisskyni, svo dæmi séu nefnd, en sem ljóst er að skila ekki arði til félagsins. Með þess-

um hætti er leitast við að tryggja að stjórnvöld geti falið tilteknum aðila að bregðast við sérstökum aðstæðum sem nauðsynlegt er talið að sé sinnt af framangreindum ástæðum. Í niðurlagi greinarinnar er tekið fram að samgönguráðherra geti falið Flugmálastjórn að annast gerð slíkra samninga fyrir sína hönd. Það á einkum við þegar ekki er talið að til hagsmunaárekstra kunni að koma síðar vegna þess eftirlitshlutverks sem Flugmálastjórn er ætlað að sinna í samræmi við lagaákvæði sem um það gilda.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að samgönguráðherra annars vegar og Flugmálastjórn hins vegar geti falið hlutafélaginu að fara með afmörkuð réttindi og skyldur íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki. Er hér annars vegar litið til samninga sem íslenska ríkið eða Flugmálastjórn eru aðilar að en lúta, eftir atvikum að hluta til, að því að veita tiltekna þjónustu í samræmi við alþjóðlegar samþykktir og samninga þar að lútandi. Hins vegar er gert ráð fyrir því sérstaklega að félaginu verði falið að annast um réttindi og skyldur sem leiddar verða af svokölluðum „Joint Financing Agreement", vegna Alþjóðaflugþjónustunnar, sem felur í sér að Ísland tekur að sér tiltekna flugleiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi. Ekki er gert ráð fyrir því að framangreind breyting, þ.e. að réttindi og skyldur Íslands samkvæmt þeim samningi verði færðar til hlutafélagsins, leiði sem slíkar til breytinga á umræddum samningi. Jafnframt er gert ráð fyrir því í grein þessari að félaginu verði skylt að fara eftir fyrirmælum samgönguráðherra annars vegar og Flugmálastjórnar hins vegar varðandi framkvæmd og efndir slíkra samninga. Er áhersla á þetta lögð þar sem um skuldbindingar íslenska ríkisins er að ræða.

Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn félagsins setji því þjónustugjaldskrá. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka félagsins taki mið af eðlilegum kostnaði við að veita þjónustuna, þ.m.t. vegna stofnkostnaðar, viðhalds og reksturs.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að lögin þurfa að öðlast gildi svo unnt sé að undirbúa stofnun félagsins sem samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að taki til starfa 1. janúar 2007.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Markmiðið með frumvarpinu er að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um Flugmálastjórn Íslands. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að stofna hlutafélag og

er gert ráð fyrir að félagið taki yfir þær eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstri Flugmálastjórnar Íslands. Hlutafélagið verður í eigu íslenska ríkisins og verður sala þess óheimil. Miðað við forsendur frumvarpsins gætu umtalsverðar eignir færst yfir í hlutafélagið. Matsverð á eignum Flugmálastjórnar er allt að 12.000 m.kr. fyrir utan lóð og land. En ekki er gert ráð fyrir að fasteignir, lönd og lóðir verði færðar undir eignarhald hlutafélagsins. En ekkert formlegt mat liggur fyrir um verðmæti lands í eigu Flugmálastjórnar. Áætlað er að samtals nemi lífeyrisskuldbindingar Flugmálastjórnar 6.647 m.kr. í árslok 2005 en þar af eru um 3.625 m.kr. vegna starfsmanna sem eru hættir störfum hjá Flugmálastjórn. Aðrar skuldir Flugmálastjórnar nema um 963 m.kr. og þar af eru 400 m.kr. vegna rekstrar. Ljóst er að fara verður í gegnum eignir og skuldir Flugmálastjórnar og ákveða hvað eðlilegt er að færist yfir í hlutafélagið. Fjármögnun á rekstri félagsins mun áfram verða að hluta með almennu skattfé eða samtals um 850 m.kr. og er gert ráð fyrir að stjórnvöld geri þjónustusamning við hlutafélagið um tiltekna þætti í rekstri hlutafélagsins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er aukinn kostnaður félagsins áætlaður 3,3 m.kr. á ári vegna stjórnarlauna og annars kostnaðar. Einnig mun falla til 3 m.kr. stofnkostnaður vegna stofnunar fyrirtækisins. Samtals er því gert ráð fyrir 6,3 m.kr. kostnaðarauka og þar af eru 3 m.kr. tímabundnar. Gert er ráð fyrir að kostnaðaraukinn rúmist innan fjárlagaramma samgönguráðuneytisins.

1045. Frumvarp til laga [709. mál]

um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 50 16. maí 2000, um lausafjárkaup.

1. gr.

Á undan 99. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa til fimm ára í senn, sbr. 40. gr. laga nr. 42/2000, um þjónustukaup, með síðari breytingum. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera héraðsdómari. Kærunefndin skal vistuð hjá Neytendastofu sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna.

Greini aðila að lausafjárkaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

2. gr.

Fyrisögn XVI. kafla laganna verður: **Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, gildistaka o.fl.**

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 42 16. maí 2000, um þjónustukaup.

4. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, gildistaka o.fl.,** með einni nýrri grein, 40. gr., sem orðast svo:

Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa til fimm ára í senn, sbr. 99. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, með síðari breytingum. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera héraðsdómari. Kærunefndin skal vistuð hjá Neytendastofu sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna.

Greini aðila að þjónustukaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

III. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 48 20. mars 2003, um neytendakaup.

6. gr.

Á eftir 62. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Greini aðila að neytendakaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa, sbr. 40. gr. laga um þjónustukaup, nr. 42/2000, með síðari breytingum, og 99. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, með síðari breytingum, og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

7. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, gildistaka o.fl.**

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi voru samþykkt árið 2000 annars vegar ný lög um lausafjárkaup og hins vegar þjónustukaupalög. Vegna innleiðingar á tilskipun 1999/44/EB um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi reyndist nauðsynlegt að setja hér á landi sérstök lög sem gilda um lausafjárkaup þegar annar aðili að viðskiptunum er neytandi, sbr. lög nr. 48/2003, um neytendakaup. Við þinglega meðferð framangreindra mála og að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis var ákveðið að setja inn ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið væri á um að viðskiptaráðherra skyldi skipa til fimm ára kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í samræmi við ákvæði laganna nær starfsheimild framangreindrar nefndar aðeins til ársins 2005. Á þeim fimm árum, sem nefndin hefur starfað, hefur hún fengið um eða yfir tuttugu mál til umfjöllunar og fellt alls þrettán úrskurði. Lagaúrræði, þar sem unnt er að fara með ágreiningsmál fyrir úrskurðarnefnd með þeim hætti sem kveðið er á um í framangreindum lögum er bæði skjótvirk og ódýr leið til að leita úrlausnar á lögfræðilegum deilum í tengslum við þau viðskipti sem fjallað er um í framangreindum lögum. Reynslan af starfsemi nefndarinnar þau fimm ár, sem hún hefur starfað að úrlausn slíkra ágreiningsmála hefur því verið góð og er hér því lagt til að þetta réttarúrræði verði framlengt og verði eðlilegur þáttur í þeim þremur lagabálkum sem hingað til hafa heimilað þetta úrræði.

Nefndin hefur á undanförnum fimm árum verið vistuð hjá viðskiptaráðuneyti. Á árinu 2005 voru samþykkt ný lög um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. lög nr. 62/2005. Ráðuneytið telur eðlilegt með hliðsjón af framangreindri breytingu að nefndin verði framvegis vistuð hjá Neytendastofu. Í frumvarpinu er því að finna það nýmæli að vistun og umsjón nefndarinnar skuli vera hjá Neytendastofu. Ákvæði frumvarpsins eru annars efnislega óbreytt frá þeim ákvæðum til bráðabirgða sem nú er að finna í framangreindum þremur lagabálkum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup.

Markmiðið með frumvarpinu er að kveða varanlega á um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa í lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

1046. Frumvarp til laga [710. mál]

um kjararáð.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

2. gr.

Kjararáð skal skipað fimm ráðsmönnum og jafnmörgum vararáðsmönnum.

Alþingi kýs þrjá ráðsmenn. Hæstiréttur skipar einn ráðsmann og fjármálaráðherra annan. Sömu aðilar velja vararáðsmenn. Kjararáðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjararáð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna og setur sér sjálft starfsreglur.

3. gr.

Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara.

4. gr.

Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör annarra embættismanna en þeirra sem greinir í 3. gr. og að frátöldum lögreglumönnum, tollvörðum og fangavörðum, sbr. ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá skal kjararáð svo skipað ákveða laun og starfskjör þeirra ríkisstarfsmanna annarra sem svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr.

Þriggja manna kjararáð skal skipað þannig að formaður velur með sér tvo úr hópi aðalmanna í ráðinu, og eftir atvikum varamanna. Þess skal gætt að ávallt sé í þessum þriggja manna hópi einn ráðsmaður skipaður af fjármálaráðherra og annar ráðsmaður skipaður af Alþingi.

5. gr.

Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir.

6. gr.

Kjararáð aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er því rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af starfsmönnum. Skulu þeir m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja.

Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjararáðs falla, fjármálaráðuneyti og öðrum ráðuneytum vegna starfsmanna og stofnana sem undir þau heyra skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Ráðið getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir ráðinu.

7. gr.

Kjararáð getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu ráðsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

8. gr.

Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.

Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

9. gr.

Kjararáð skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

Kjararáð skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Það úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Við ákvarðanir sínar getur ráðið tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags og ábyrgðar er starfinu fylgir.

Enn fremur skal kjararáð taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.

10. gr.

Kjararáð skal taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eigi sjaldnar en árlega skal kjararáð meta það hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem það ákveður. Kjararáð getur þó ákveðið að ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár, en á milli slíkra grundvallarákvarðana fylgi launabreytingar þeirra sem taka laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs breytingum almennrar launavísitölu sem ráðið velur í samráði við Hagstofu Íslands.

Kjararáð skal birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega með skipulegum og aðgengilegum hætti.

Ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

11. gr.

Kostnaður við kjararáð, þar á meðal laun kjararáðsmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

13. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í stað orðanna „Kjaranefnd eða Kjaradómi“ í 4. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann, nr. 51/1985, kemur: kjararáði.
2. Í stað orðanna „lög um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, kemur: kjararáð.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996:
   a. Í stað orðanna „Kjaradóms eða kjaranefndar“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: kjararáðs.
   b. Í stað orðsins „kjaranefnd“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: kjararáð.
   c. Í stað orðanna „Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda“ í 39. gr. kemur: kjararáði, enda geti þau ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997:
   a. Í stað orðanna „lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 35. gr. kemur: lögum um kjararáð.
   b. Í stað orðanna „Kjaradóm, kjaranefnd“ í 6. mgr. 23. gr. kemur: ákvarðanir kjararáðs.
5. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997:
   a. Í stað orðanna „Kjaradóm, kjaranefnd“ í 5. mgr. 7. gr. kemur: ákvarðanir kjararáðs.
   b. Í stað orðanna „lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 5. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 21. gr. kemur: lögum um kjararáð.
6. Í stað orðanna „Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum“ í 4. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, kemur: kjararáð.
7. Í stað orðsins „Kjaranefnd“ í 2. mgr. 5. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, kemur: Kjararáð.
8. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 1. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, kemur: kjararáði.
9. Í stað orðsins „Kjaradómur“ í 3. mgr. 2. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, kemur: Kjararáð.
10. 14. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, orðast svo:

    Kjararáð ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög um kjararáð.
11. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 2. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kemur: kjararáði.
12. Í stað orðsins „Kjaradómur“ í 4. mgr. 13. gr., 4. mgr. 23. gr. og 25. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, kemur: Kjararáð.
13. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 2. mgr. 2. gr. laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003, kemur: kjararáði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lög þessi öðlast gildi sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr. þar til kjararáð hefur ákveðið nánar, sbr. ákvæði 4. og 5. gr., til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið.

Strax eftir gildistöku þessara laga skal skipa kjararáð samkvæmt þeim. Skipun dómenda í Kjaradóm og nefndarmanna í kjaranefnd samkvæmt lögum nr. 120/1992 fellur niður við gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin skipaði hinn 30. janúar 2005 nefnd til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992. Nefndinni var falið að gera tillögur um breytingar á þeim lögum í ljósi reynslunnar og ábendinga sem fram hafa komið um annmarka á þeim. Sérstaklega skyldi skoðað hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar. Meðal annars skyldi hugað að þeim viðmiðunum og fyrirmælum sem þessum úrskurðaraðilum eru sett í lögum fyrir launaákvarðanir sínar. Þá skyldi einnig farið yfir það hverra laun skuli ákveðin af sérstökum úrskurðaraðilum og hvernig skipan þeirra skuli háttað.

Í nefndinni voru Jón Sigurðsson hagfræðingur, fyrrv. bankastjóri, formaður, skipaður án tilnefningar, Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneytinu, skipaður án tilnefningar, Aðalsteinn Árni Baldursson, tilnefndur af þingflokki Frjálslynda flokksins, Svanfríður Inga Jónasdóttir, tilnefnd af þingflokki Samfylkingarinnar, Svanhildur Kaaber, tilnefnd af þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og Gunnar Björnsson og Þórunn Guðmundsdóttir, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokks. Starfsmaður nefndarinnar var Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Athugun nefndarinnar á lögunum um Kjaradóm og kjaranefnd beindist einkum að fimm meginatriðum:

1. Hverra launakjör skuli ákveðin af lögbundnum úrskurðaraðilum.
2. Hvaða almennar viðmiðanir fyrir launaákvarðanir úrskurðaraðila skuli tilgreindar í lögum.
3. Hvaða sérstök fyrirmæli önnur varðandi launaákvarðanir úrskurðaraðila skuli bundin í lögum.
4. Hvernig og hverja skuli skipa sem úrskurðaraðila um laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki hafa samningsbundin kjör.
5. Hvernig skuli skilgreina í lögum stjórnskipulega stöðu úrskurðaraðila.

Nefndin kannaði vandlega þessi fimm meginatriði og þróun löggjafar um þessi efni hér á landi frá því lög um Kjaradóm voru fyrst sett með lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með þessum lögum var sú meginregla lögfest að launakjör alls þorra ríkisstarfsmanna skyldu ákveðin með kjarasamningum. Þrátt fyrir þessa meginreglu hefur löggjafinn talið þörf fyrir lögskipaðan úrskurðaraðila um launakjör sumra þeirra sem ýmist er ekki fenginn samningsréttur eða kjósa að neyta hans ekki og þeirra sem eðlis starfanna vegna er ekki talið æskilegt að semji um sín kjör. Launum margra í þessum hópi var skipað með lögum eða ákvörðunum ráðherra áður en Kjaradómur var settur á fót. Upphaflega, þ.e. frá setningu laga nr. 55/1962, var þó hlutverk Kjaradóms í þessum efnum eingöngu að ákveða kjör ráðherra og hæstaréttardómara án undangenginna samninga. Í tímans rás fjölgaði þeim sem felldir voru undir úrskurð Kjaradóms. Í frumvarpinu til núgildandi laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, var að því stefnt að fækka þeim sem Kjaradómur skyldi ákveða kjör og um leið var settur á fót nýr úrskurðaraðili, kjaranefnd, til að ákveða kjör forstöðumanna helstu stofnana og fyrirtækja ríkisins auk tiltekinna embættismanna, sem ekki hafa eða vilja hafa samningsrétt. Þessi tvískipting hins lögbundna úrskurðaraðila hefur haldist síðan. Nokkurrar tilhneigingar hefur gætt til fjölgunar í hópi þeirra sem Kjaradómur og kjaranefnd ákveða kjör.

Nefndin fékk á sinn fund formenn Kjaradóms og kjaranefndar til þess að heyra álit þeirra á reynslunni af löggjöfinni og fékk auk þess frá þeim skriflegar greinargerðir um framkvæmd gildandi laga um þessar stofnanir (sjá fylgiskjöl I og II). Þá komu á fund nefndarinnar talsmenn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Dómarafélags Íslands, Prestafélags Íslands, Félags prófessora við Háskóla Íslands og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Nefndin kynnti sér þannig viðhorf þeirra helstu félagasamtaka, sem láta sig ákvarðanir hinna lögskipuðu úrskurðaraðila varða, til gildandi laga á þessu sviði. Þá kynnti nefndin sér þá tilhögun sem er við lýði í þessum efnum í nálægum löndum, ekki síst hvað varðar ákvörðun þingfararkaups þingmanna þjóðþinganna í þessum löndum, og naut við þá athugun aðstoðar skrifstofu Alþingis auk starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Enn fremur fékk nefndin álit dr. Ragnhildar Helgadóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík, á því hvernig æskilegast væri að skilgreina stjórnskipulega stöðu lögbundins úrskurðaraðila í lögum um hann (sjá fylgiskjal III).

1. Hverra laun?

Almennt samkomulag virðist vera um það að meginreglan um kjaraákvörðun ríkisstarfsmanna skuli vera kjarasamningar, þ.e. að lögskipaður úrskurðaraðili skuli taka til sem fæstra og aðeins þeirra sem gild rök mæla með að falli undir slíka úrskurði í stað samningsbundinna kjara. Rökin fyrir því að hafa lögbundinn úrskurðaraðila í stað kjarasamninga eru í meginatriðum tvenns konar:

Annars vegar sé hér um að ræða þjóðkjörna menn, forseta Íslands og alþingismenn, og æðstu handhafa framkvæmdarvalds og dómsvalds, ráðherra og hæstaréttardómara, sem séu í fyrirsvari fyrir ríkið í heild og því sé ekki eðlilegt að þeir semji við ríkið um sín kjör. Hins vegar er hér um að ræða menn sem gegna störfum sem ekki fylgir samnings- eða verkfallsréttur vegna eðlis starfanna ýmist af öryggisástæðum eða vegna þess að þeir eru í fyrirsvari fyrir ríkið í samskiptum við ríkisstarfsmenn í kjaramálum. Með nokkurri einföldun má segja að kjör fyrri hópsins falli undir Kjaradóm en hins síðari undir kjaranefnd samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins féllu í október 2005 um 15.100 stöðugildi í launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins undir kjarasamninga hvað varðar ákvörðun launa, Kjaradómur ákvarðaði launakjör u.þ.b. 140 en kjaranefnd réð kjörum fyrir tæplega 700. Þannig skiptust þessi tæplega 16.000 stöðugildi sem voru í ríkisþjónustu á þessum tíma eftir aðferð við ákvörðun launa (sjá töflu). Af þessu má sjá að allur þorri ríkisstarfsmanna tekur laun samkvæmt kjarasamningum, eða 95% stöðugilda í október 2005.

Fjöldi stöðugilda ríkisstarfsmanna eftir aðferð við ákvörðun launa í október 2005.
(Fjármálaráðuneytið 31.1.2006.)

Kjarasamningar		
ASÍ o.fl.	1.231	
BSRB o.fl.	6.283	
Háskólahópur	7.583	15.097

Kjaradómur		
Forseti Íslands	1	
Forsætisráðherra	1	
Ráðherrar	15	
Þingmenn	67	
Forseti hæstaréttar	1	
Hæstaréttardómarar	8	
Dómstjóri Héraðsdómi Reykjavíkur	2	
Dómstjórar aðrir	7	
Héraðsdómarar	31	
Biskup Íslands, ríkissaksóknari, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, umboðsmaður barna	5	138
Kjaranefnd		
Forstöðumenn	340	
Dýralæknar	18	
Prestar	150	
Prófessorar	187	695
	Alls	**15.930**

Skýring: Fjöldi stöðugilda sýnir hversu mörg stöðugildi fylgja hverri ákvörðun. Skiptingin getur ekki verið hárnákvæm m.a. vegna staðgengilslauna sem fylgja hverri ákvörðun tímabundið.
Athugasemd: Ofangreindar tölur eru úr launavinnslukerfi Fjársýslu ríkisins og ná því ekki til starfsmanna á heilbrigðisstofnunum ríkisins utan Reykjavíkur.

Mörkin milli þeirra sem sæta úrskurðum Kjaradóms annars vegar og kjaranefndar hins vegar eru að nokkru leyti fljótandi vegna þess að á síðari árum hafa bæst við Kjaradómshópinn störf sem jafnvel ættu heima hjá kjaranefnd. Sama gildir reyndar að nokkru leyti um mörkin milli þeirra sem hafa samningsbundin kjör og hinna sem sæta úrskurðum kjaranefndar. Í frumvarpinu sem hér er gerð grein fyrir er tekið á þessum vanda með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi eru þeir færri sem falla undir úrskurð fullskipaðs kjararáðs skv. 3. gr. en samkvæmt sambærilegu ákvæði í gildandi lögum um Kjaradóm, en fullskipað kjararáð er í þessu sambandi beinn arftaki Kjaradóms. Hér er þess freistað að hafa í þessum hópi eingöngu æðstu ráðamenn þjóðarinnar auk dómara landsins vegna sérstöðu þeirra samkvæmt stjórnarskránni. Hér er einnig lagt til að fullskipað kjararáð ákveði kjör alþingismanna þótt algengast sé í þeim þingræðislöndum sem oftast eru höfð til samanburðar við íslenska stjórnarhætti að þjóðþingin sjálf beri alla ábyrgð á ákvörðun kjara þingmanna. Reyndar virðist algengasta aðferðin í þessum efnum í þessum hópi ríkja vera sú að forsætisnefndir þinganna nefni utanþingsmenn til þess ýmist beinlínis að ákveða þingfararkaupið eða leggja fullmótaða tillögu um það fyrir þingið eða forsætisnefnd til samþykktar. Þessari tilhögun í nágrannalöndunum er nánar lýst í fylgiskjali IV. Munurinn á fyrirliggjandi tillögu og þessari aðferð er ef til vill ekki ýkja mikill auk þess sem í henni er gert ráð fyrir aukinni ábyrgð Alþingis á framkvæmdinni með því að leggja til að Alþingi kjósi þrjá kjararáðsmenn af fimm.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til í 4. og 5. gr. að kjararáð skilgreini nánar mörkin milli þeirra sem taka laun skv. 4. gr. og þeirra sem semja um sín kjör. Hér er lagt til að fullskipað

kjararáð skeri úr um það hverjir falli undir þessi lagaákvæði með kjör sín á grundvelli almennra sjónarmiða, þ.e. sýna þarf fram á að laun fyrir tiltekin störf geti ekki ráðist með venjulegum hætti í samningum áður en á það er fallist að þau eigi undir kjararáð. Með þessum hætti er lagt til að það verði venjulegt verkefni kjararáðs að úrskurða um þessi mörk. Eðli málsins samkvæmt eru aðstæður í þessum efnum, þ.e. hvaða störf geti með heppilegum hætti tekið samningsbundin kjör fremur en kjör ákveðin af lögskipuðum úrskurðaraðila, breytingum undirorpnar bæði vegna breytinga í verkahring ríkisins og vegna breytinga á vinnumarkaði. Af þessum ástæðum er ekki heppilegt að ákveða með lögum upptalningu starfa sem falla undir kjararáð nema í fáum skýrt afmörkuðum tilfellum eins og greinir í 3. gr. frumvarpsins. Æskilegur sveigjanleiki fæst í framkvæmd með því að fela kjararáði þetta verkefni.

2. Almennar viðmiðanir.

Í 5. gr. gildandi laga um Kjaradóm og kjaranefnd eru skilgreindar helstu viðmiðanir og sjónarmið sem úrskurðaraðilinn skal gæta við ákvarðanir sínar. Lögð er áhersla á innbyrðis samræmi í þeim kjörum sem ákveðin eru og jafnframt að þessi kjör séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Þessi ákvæði hafa staðið óbreytt frá því gildandi lög voru sett 1992. Ákvæði um innbyrðis samræmi í kjörum sem ákveðin eru af Kjaradómi og kjaranefnd var lögfest með lögum nr. 92/1986, um Kjaradóm, en allt frá því að fyrstu lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, voru sett hefur hinum lögbundna úrskurðaraðila verið gert að hafa hliðsjón af kjörum þeirra er vinna sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.

Með tilkomu kjaranefndar með núgildandi lögum, nr. 120/1992, var bætt við kröfunni um innbyrðis samræmi milli þeirra launa sem nefndin ákveður og þeirra launa hjá ríkinu sem ákveðin eru í kjarasamningum eða Kjaradómi. Þessum viðmiðunum um innra og ytra samræmi í kjörum er haldið efnislega óbreyttum í þessu frumvarpi með ákvæðum 8. og 9. gr. þess. Ekki virðist nein ástæða til þess að breyta þessum ákvæðum enda hafa ákvarðanir kjararáðs þann tvíþætta tilgang að ákveða þeim sem undir þær falla sanngjörn kjör og tryggja ríkinu hæfa starfsmenn, sem vitaskuld gerir þá kröfu að kjörin sem standa til boða séu samkeppnisfær við það sem almennt gerist á vinnumarkaði.

Í 2. málsl. 5. gr. gildandi laga er ákvæði sem segir: „Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði". Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 120/1992 var þetta ákvæði skýrt þannig að það væri hugsað til þess „að ekki sé hætta á að úrskurðir Kjaradóms raski kjarasamningum þorra launafólks og stefni þar með stöðugleika í efnahagslífinu í hættu. Jafnframt felur ákvæðið í sér að Kjaradómi ber, standi þannig á, að taka tillit til launa- og kjarabreytinga á vinnumarkaði sem stafa af batnandi afkomu þjóðarbúsins, þó svo breytingarnar eigi sér ekki stoð í kjarasamningum. Kjaradómi ber þannig að hafa hliðsjón af launastefnu á vinnumarkaðnum en ekki móta hana". Þessu ákvæði var með öðrum orðum ætlað að vera eins konar almenn umgjörð um ákvarðanir Kjaradóms sem byggðar væru á viðleitni til þess að tryggja bæði innra og ytra samræmi í kjaraákvörðunum Kjaradóms. Í frumvarpinu um kjararáð sem hér er gerð grein fyrir er fylgt sömu stefnu og hún reyndar ítrekuð með því að í síðari málsgrein 8. gr. frumvarpsins er kveðið enn skýrar að orði um þetta efni en þar segir: „Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði". Til þess að leggja áherslu á að hér er um almenna viðmiðun að ræða en ekki einvörðungu vísað til sambærilegra starfa á vinnumarkaðnum er hér talað um *almenna* þróun á vinnumarkaði auk þess sem það er áréttað að þessa sjónarmiðs skuli *ætíð* gætt.

3. Sérstök fyrirmæli.

Í 6. og 11. gr. gildandi laga eru bein fyrirmæli til úrskurðaraðila um hvaða laun og þætti launamyndunar þeir skuli ákveða. Hér er áhersla á það lögð að ákvörðun kjara skuli taka til heildarlauna fyrir vinnuskyldu í föstu starfi þótt hún fari fram úr venjulegri dagvinnu. Þá er í þessum greinum skýrt ákveðið að taka skuli tillit til kvaða sem störfunum fylgja svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara. Í fyrirliggjandi frumvarpi er þessum ákvæðum haldið efnislega óbreyttum en steypt saman í 9. gr. þess við þá einföldun sem verður á lagatextanum við sameiningu Kjaradóms og kjaranefndar í einni stofnun, kjararáði.

Í fyrstu tveimur málsgreinum 12. gr. gildandi laga eru almenn ákvæði þess efnis að úrskurðaraðilar skuli taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og jafnan þegar verulegar breytingar hafa orðið á viðmiðunarlaunum í þjóðfélaginu eða á störfum þeirra sem taka laun samkvæmt úrskurðum þeirra. Þá segir þar enn fremur að úrskurðaraðilar skuli kanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári hvort tilefni sé til breytinga á kjörum sem þeir ákveða. Þessum ákvæðum er haldið efnislega óbreyttum í þessu frumvarpi en ástæða er til þess að benda á að við það að Kjaradómi og kjaranefnd er steypt saman í eina stofnun, kjararáð, er komið í veg fyrir þann vanda sem hlotist hefur af skörun kjaraákvarðana þessara tveggja úrskurðaraðila sem hafa tekið sínar ákvarðanir á mismunandi tímum sem hefur stundum kallað á tilvísanir á víxl þeirra á milli hvað varðar tilefni til launabreytinga. Þá er kjararáði heimilað í síðari málslið 2. mgr. að taka grundvallarákvarðanir um launakjör sem undir það heyra á þriggja til fjögurra ára fresti og binda þau vísitölu þess á milli.

Í 10. gr. frumvarpsins eru tvö nýmæli þar sem í tveimur síðustu málsgreinum greinarinnar segir annars vegar að kjararáð skuli birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega með skipulegum og aðgengilegum hætti og hins vegar að ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Um síðarnefnda atriðið verður fjallað nánar hér að neðan en um hið fyrra er það að segja að í því felst áréttíng á upplýsingarskyldu úrskurðaraðila um kjaraákvarðanir á vegum ríkisins í almennum atriðum.

4. Skipan úrskurðaraðila.

Þegar núgildandi lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, voru sett var hugmyndin með skipun kjaranefndar sú að hún skyldi taka að sér að skipa kjörum forstöðumanna ríkisstofnana og ýmissa embættismanna annarra en þeirra sem Kjaradómur ákveður kjör, ekki síst til að létta af Kjaradómi önnum vegna þeirra sífelldu breytinga og ákvarðana sem fylgja þeim mikla fjölda starfa sem áður sættu úrskurðum Kjaradóms fyrir þann hóp sem færður var til kjaranefndar.

Þessi verkaskipting hefur á margan hátt heppnast vel. Ekki síst hefur kjaranefnd tekist að koma góðu skipulagi á mat starfa til launa á sínu sviði. Sama gildir raunar um Kjaradóm.

Hins vegar er ljóst að tvískipting úrskurðaraðilans hefur haft í för með sér vandamál vegna mismunandi tímasetninga við ákvarðanir og krosstilvísana þar sem ákvörðunarsviðin skarast. Þá hefur kjaranefnd sett á fót varanlegan skrifstofurekstur til þess að geta sinnt sínum stóra hópi en Kjaradómur hefur starfað með stopulli hætti og ekki fengið aðstöðu til þess að fylgjast jafnvel og samfellt með sínu verksviði. Úr þessu hvoru tveggja þarf að bæta og þess vegna er lagt til með þessu frumvarpi að sameina starfsemi Kjaradóms og kjaranefndar í einni stofnun, kjararáði, sem ætti að geta tryggt betri samfellu í starfi beggja.

Afar mikilvægt er að sátt ríki um skipan úrskurðaraðila um kjaramál helstu embættismanna ríkisins.

Ekki virðist vera ágreiningur um það hverjir skuli velja menn til þessa verks eða til hvaða tíma. Þess vegna er í 2. gr. þessa frumvarps lagt til að sömu aðilar og valið hafa menn í Kjaradóm og kjaranefnd skuli velja fimm menn í kjararáð sem leysa skal þessar tvo úrskurðaraðila af hólmi. Hér er jafnframt lagt til að Alþingi kjósi þrjá kjararáðsmenn af fimm en Hæstiréttur og fjármálaráðherra skipi hvor sinn mann í ráðið. Aukið vægi Alþingis við val manna í kjararáð helgast af því annars vegar að hér er lagt til að kjararáð ákveði þingfararkaup, sem eðlilegast virðist að Alþingi beri mesta ábyrgð á, og hins vegar af því að þegar ákvarðanir Kjaradóms og kjaranefndar hafa valdið uppnámi og deilum hafa þær einatt borist inn á vettvang Alþingis. Ef til vill mætti koma í veg fyrir slíkar deilur eða draga úr líkum á þeim með því að styrkja tengsl þingsins við úrskurðaraðilann, en þó þannig að staða kjararáðs sem sjálfstæðs, hlutlægs úrskurðaraðila sé varðveitt.

Að baki tillögunni um sameiningu Kjaradóms og kjaranefndar í kjararáði sem hér er fram lögð búa þannig bæði hagkvæmni- og skilvirkniástæður og rök sem lúta að þingræðislegri ábyrgð.

5. Stjórnskipuleg staða kjararáðs.

Skiptar skoðanir eru meðal lögfræðinga á því hvort Kjaradómur skuli talinn vera lögbundinn gerðardómur sem starfi eftir þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem um hann gilda í lögum á hverjum tíma eða hvort hann skuli talinn stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald, en þessi skilgreining getur skipt verulegu máli, eins og segir í greinargerð formanns Kjaradóms, Garðars Garðarssonar hrl., til nefndarinnar sem samið hefur þetta frumvarp (fylgiskjal I). Garðar aðhyllist þá skoðun að rétt sé að líta á Kjaradóm sem lögbundinn gerðardóm. Annar dómandi í Kjaradómi um margra ára skeið, Jón Sveinsson hrl., kemst að þeirri niðurstöðu í grein sem birtist á árinu 2002 að: „Eðlilegra virðist að líta á Kjaradóm sem sjálfstæða lögbundna stjórnsýslunefnd fremur en lögbundinn viðvarandi gerðardóm eða þá sambland af þessu tvennu.“ Af þessum sökum leitaði nefndin álits dr. Ragnhildar Helgadóttur, lektors við lagadeild Háskólans í Reykjavík (fylgiskjali III). Niðurstaða Ragnhildar er andstæð áliti formanns Kjaradóms. Hún telur að næst lagi sé að líta á Kjaradóm, og þar með væntanlega kjararáð, sem stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald um kjör tiltekinna æðstu embættismanna ríkisins. Hún bendir á að æskilegt sé að kveða skýrt að orði um það að úrskurðum kjararáðs verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Þetta er einmitt gert í síðustu málsgrein 10. gr. í frumvarpi því sem hér er gerð grein fyrir. Þarflaust virðist að taka afstöðu til þess hvort heldur skuli flokka kjararáð sem „lögbundinn gerðardóm með sérstakri málsmeðferð“ eða „lögbundna stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald“.

Það sem máli skiptir er ekki þessi fræðilega flokkun heldur efnislega það að úrskurðum og ákvörðunum ráðsins verði ekki skotið til annars stjórnvalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um meginverkefni kjararáðs. Ráðið ákveður með bindandi hætti laun og starfskjör æðstu handhafa ríkisvalds og þeirra ríkisstarfsmanna sem svo háttar til um vegna eðlis starfa þeirra eða samningsstöðu að launakjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt. Hér er auk kjarasamninga vísað til einstaklingsbundinna samninga. Meginreglan á vinnumarkaði hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum hlýtur að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör ákveðist í frjálsum samningum. Undantekninguna sem lög þessi mæla fyrir um verður að skýra þröngt.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan kjararáðs. Alþingi kýs meiri hluta ráðsmanna, eða þrjá, en Hæstiréttur og fjármálaráðherra skipa einn fulltrúa hvor. Sami háttur er hafður á við skipan varamanna. Það fyrirkomulag að hinar þrjár greinar ríkisvaldsins komi að skipun ráðsins er til þess fallið að stuðla að fjölbreyttum bakgrunni ráðsmanna og tryggja sjálfstæði ráðsins í heild gagnvart hverjum og einum þætti ríkisvaldsins. Sú tilhögun að Alþingi kjósi meiri hluta ráðsmanna endurspeglar ábyrgð þingsins á þeim mikilvægu ákvörðunum sem ráðinu er ætlað að taka.

Til að undirstrika sjálfstæði ráðsins er kveðið á um að það velji sér sjálft formann og varaformann og setji sér starfsreglur. Ákvæði 4. mgr. 10. gr. um að ákvarðanir og úrskurðir kjararáðs séu endanleg á stjórnsýslustigi renna enn frekari stoðum undir sjálfstæði ráðsins.

Ekki er mælt fyrir um almenn hæfisskilyrði ráðsmanna en ætla má að til ráðsmennsku veljist eingöngu valinkunnir einstaklingar sem njóta trausts til hinna vandasömu verka sem þeim eru falin. Gengið er út frá því að ráðsmaður víki sæti ef hann er vanhæfur til að taka þátt í meðferð tiltekins máls í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það hverjir æðstu handhafar ríkisvalds heyri undir fullskipað kjararáð.

Fullskipað kjararáð gegnir einkum tvíþættu hlutverki. Það ákveður laun æðstu handhafa ríkisvalds, sem taldir eru upp í greininni. Jafnframt ákveður fullskipað kjararáð hverjir heyri undir ráðið að svo miklu leyti sem það er ekki lögákveðið, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Þriggja manna kjararáð, þ.e. formaður og tveir aðrir ráðsmenn, ákveða laun annarra ríkisstarfsmanna er heyra undir ráðið. Í samanburði við núgildandi fyrirkomulag þar sem tvær ólíkar stofnanir koma að kjaraákvörðun þessara starfsmanna ætti samræmi í launaákvörðunum að vera betur tryggt. Jafnframt gefst ráðinu færi á sveigjanlegu starfsfyrirkomulagi, þannig að ekki þurfi að kalla til alla fimm ráðsmenn þegar ákvarðanir eru teknar um laun annarra ríkisstarfsmanna en þeirra sem heyra undir þessa grein.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það hvernig staðið skuli að ákvörðun launa annarra sem heyra undir ráðið en þeirra sem tilgreindir eru í 3. gr. og að frátöldum lögreglumönnum, tollvörðum og fangavörðum en um laun þeirra er samið í kjarasamningum, sbr. 39. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá ber að geta þess að forsætisnefnd Alþingis ákveður laun umboðsmanns Alþingis skv. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 85/1997 og er ekki lögð til breyting á því.

Jafnframt kemur fram í 4. gr. hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvalds, sbr. 3. gr., skuli heyra undir lögin. Meginreglan er sú að það eru þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu, sbr. einnig 1. gr. Fullskipað kjararáð, sbr. 5. gr., ákveður hverjir uppfylli þetta skilyrði.

Í 2. mgr. kemur fram hvernig staðið skuli að skipan þriggja manna kjararáðs. Formaður velur með sér tvo úr hópi aðalráðsmanna, og eftir atvikum vararáðsmanna. Þannig að ávallt sé í þriggja manna kjararáðinu einn ráðsmaður skipaður af fjármálaráðherra og annar skipaður af Alþingi.

Um 5. gr.

Fullskipað kjararáð sker úr um það hverjir falla undir ákvæði 4. gr. Við mat á því er eðlilegt að m.a. sé horft til þess hvaða störf eru talin þess eðlis að þau séu undanþegin verkfalli skv. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Er eðlilegt að horft sé til þess annars vegar hverjir gegna störfum sem ekki mega falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegna störfum sem fela í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Eins og ákvæði til bráðabirgða ber með sér skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar frumvarpið verður að lögum sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr. þar til kjararáð hefur fellt úrskurð á grundvelli 5. gr. Samþykkt frumvarpsins mun því ekki fyrst um sinn leiða til neinna breytinga á því hverjir falli undir hinn lögbundna úrskurðaraðila. Þegar fram líða stundir má hins vegar vænta þess að kjararáðið meti það hvort ástæða sé til að þrengja þann hóp.

Þess ber að geta að um suma embættismenn eru sérákvæði í lögum um að laun þeirra skuli ákvörðuð af Kjaradómi eða kjaranefnd (verður kjararáði) og á meðan svo er bindur það að sjálfsögðu hendur ráðsins.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar byggjast á gömlum merg og er ætlað að tryggja fagleg vinnubrögð kjararáðs, að mál séu hæfilega rannsökuð áður en ákvarðanir eru teknar og að talsmönnum þeirra sem í hlut eiga gefist kostur á að koma sínum sjónarmiðum að.

Ákvæði, sem í gildandi lögum áttu einungis við um kjaranefnd, eins og varðandi rétt talsmanna þeirra sem undir nefndina heyra til að leggja fram greinargerðir, munu nú taka til allra sem undir kjararáð falla.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt getur verið að kveðja sérfróða menn til kjararáðs til ráðuneytis um úrlausn mála.

Um 8. gr.

Í þessari grein er að finna efnislega þau ákvæði sem eru í 5. og 10. gr. gildandi laga um Kjaradóm og kjaranefnd. Hér er þessum ákvæðum steypt saman í eina grein en efnislega haldið óbreyttum þar sem áhersla er lögð á innra sem ytra samræmi í launaákvörðunum ráðsins.

Í síðari málsgrein er skerpt á því að kjararáð skuli við ákvarðanir sínar ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Þessu ákvæði er ætlað að mynda almenna umgjörð um ákvarðanir ráðsins í einstökum greinum og veita þannig aðhald.

Um 9. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvað felist í launaákvörðun kjararáðs. Er þar fylgt allnákvæmlega orðalagi 6. og 11. gr. laga nr. 120/1992. Þó er tekið sérstaklega fram í 3. mgr. að við ákvarðanir sínar geti ráðið tekið tillit til ábyrgðar er starfi fylgir. Liggur í hlutarins eðli að þar er eitt þeirra atriða sem rétt er að líta til við ákvörðun launa.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 10. gr. eru sniðin eftir ákvæði 12. gr. laga nr. 120/1992 um það hvenær kjararáð skuli hefjast handa.

Meginreglan er sú að kjararáð skuli að minnsta kosti árlega meta það hvort tilefni sé til breytinga á launum og starfskjörum sem það ákveður. Það nýmæli er í síðari málslið 2. mgr.

að heimila kjararáði að taka grundvallarákvarðanir um laun tiltekinna hópa á þriggja til fjögurra ára fresti og binda þau vísitölu þess á milli. Kjararáð kann að vilja nýta sér þessa heimild varðandi til dæmis þingmenn, ráðherra og forseta Íslands. Þessi hópur hefur sérstöðu að mörgu leyti. Eðli starfanna er sérstakt því þeir sem hér um ræðir njóta minna starfsöryggis en aðrir og sækja umboð sitt með beinum hætti til þjóðarinnar. Þá hefur löngum staðið meiri styr um launaákvarðanir til þeirra en annarra. Þykir því rétt að gefa kjararáði færi á því að taka launaákvarðanir þeirra með þeim sérstaka hætti er í ákvæðinu greinir. Þessi leið kynni að vera til þess fallin að auka sátt um þessar launaákvarðanir.

3. mgr. er nýmæli. Kjararáði ber að birta opinberlega og með aðgengilegum hætti ákvarðanir sínar og úrskurði. Er það í samræmi við nútíðarviðhorf um gagnsæi í störfum stjórnvalda og jafnframt til þess fallið að efla traust til ráðsins. Tekið er sérstaklega fram að ákvarðanir og úrskurðir skuli rökstuddir enda er það mikilvægt til þess að þeir sem ákvarðanir varða og almenningur allur skilji á hverju þær eru byggðar. Þá kemur fram að birting skuli gerast með skipulegum hætti og er þar vísað til þess til dæmis að gæta skuli að því að birta ekki að óþörfu upplýsingar um persónuleg málefni.

Ástæða þykir að geta þess sérstaklega í 4. mgr. að ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Er það í samræmi við stefnumörkun þá er liggur að baki frumvarpinu öllu að stjórnskipuleg staða kjararáðs sé skýr og að það fari með endanlegt úrskurðarvald á stjórnsýslustigi.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Með ákvæðinu er öðrum lögum þar sem vísað er til Kjaradóms og kjaranefndar breytt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis er mælt fyrir um að þrátt fyrir 5. gr. sem gerir ráð fyrir að fullskipað kjararáð úrskurði hverjir heyri undir ráðið að svo miklu leyti sem það er ekki lögákveðið skuli allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar skv. lögum nr. 120/1992 sæta kjaraákvörðun skv. 4. gr. uns annað er ákveðið.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skipa skuli nýtt kjararáð þegar eftir gildistöku laganna. Skipun dómenda í Kjaradómi og nefndarmanna í kjaranefnd fellur niður þegar lögin taka gildi.

Fylgiskjal I.

Garðar Garðarsson:

Greinargerð formanns Kjaradóms til nefndar um athugun á lögum nr. 120/1992.

I.

Kjaradómur var settur á stofn með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 4. gr. þeirra laga sagði að launakjör [flestra] starfsmanna ríkisins skuli ákveðin með kjarasamningum. Þó áttu laun ráðherra og hæstaréttardómara að ákveðast af Kjaradómi án

undangenginna samninga. Af lögunum mátti leiða, að Kjaradómur væri lögskipaður varanlegur gerðardómur og störfum hans lauk ekki eftir töku einstakrar kjaraákvörðunar.

Ný lög um kjarasamning opinberra starfsmanna voru sett á árinu 1973, þ.e. lög nr. 46/1973. Þar voru áfram ákvæði um Kjaradóm. Smávægilegar breytingar voru gerðar á þessum lögum með lögum nr. 58/1977 og síðar, en þær skipta ekki máli hér. Skipan og hlutverk Kjaradóms var að efni til óbreytt frá því sem verið hafði í lögum nr. 55/1962 allt til gildistöku laga nr. 92/1986.

Með lögum nr. 94/1986 er lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna breytt mikið. Er þar m.a. mælt fyrir um verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Verkfallsheimildin og samningsrétturinn náðu þó ekki til allra opinberra starfsmanna, þ.á m. ekki til tiltekinna æðstu stjórnenda, sem upp voru taldir í 2. mgr. 1. gr. laganna, en um þá var sagt að starfskjör þeirra skyldu ákveðin af Kjaradómi. Ákvæði um Kjaradóm voru þó felld úr lögunum (þ.e. lögum nr. 94/1986) og sett sérstök lög um Kjaradóm, lög nr. 92/1986.

Með þessum nýju lögum verða grundvallarbreytingar á starfsemi Kjaradóms. Hlutverk hans breytist úr því að vera lögbundinn gerðardómur sem væri til taks ef ríkið næði ekki samningum við starfsmenn sína í það að honum er ætlað skv. 2. gr. laganna að ákveða launakjör tiltekinna æðstu embættismanna. Þá er því bætt við í 3. gr., að Kjaradómur skuli og ákveða um laun og starfskjör þeirra sem honum er falið með öðrum lögum. Um þetta atriði segir í almennum athugasemdum við frumvarpið, *„... eins þykir rétt að til sé dómstóll sem þessi sem unnt er að fela að skera úr um kjaradeilu með sérstökum lögum eða samkomulagi aðila að deilunni.“*

Þarna er sagt berum orðum að Kjaradómur sé dómstóll, en í ummælum um hann áður, hvort sem var í athugasemdum með frumvörpum eða umræðum á þingi var ætíð talað um gerðardóm. Skiptar skoðanir eru hins vegar milli fræðimanna um það hvort Kjaradómur skuli talinn gerðardómur sem starfi eftir þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem um hann gilda í lögum á hverjum tíma eða hvort Kjaradómur er stjórnsýslunefnd með úrskurðarvald, en þessi skilgreining getur skipt verulegu máli.

Kjaradómi voru einnig settar nýjar málsmeðferðarreglur með lögum nr. 92/1986. Sagt var að Kjaradómur afli sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og sé honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum, en samhljóða ákvæði voru í eldri lögum. Hins vegar voru felld niður ákvæðin um það að aðilar skyldu leggja kröfugerðir sínar fyrir dóminn og reifa málið rækilega í greinargerðum og munnlega. Enn fremur voru felld niður þau ákvæði eldri laganna sem sögðu að ákvarðanir Kjaradóms væru ígildi kjarasamnings.

Með lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd voru enn gerðar grundvallarbreytingar á starfsemi Kjaradóms. Verulega var fækkað þeim aðilum sem taka laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms, en nýr aðili, kjaranefnd, var sett á fót til að taka ákvörðun um starfskjör forstöðumanna stærri stofnana og fyrirtækja ríkisins og tiltekinna embættismanna sem ekki hafa eða vilja hafa samningsrétt.

Í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 120/1992 var gert ráð fyrir því að Kjaradómur ákvæði laun forseta Íslands, þingmanna, ráðherra og hæstaréttar- og héraðsdómara. Var þessi hópur takmarkaður við þá aðila, sem æskilegt var talið að framkvæmdarvaldið fjallaði ekki um, þ.e. forseta, ráðherra og þingmenn. Hvað varðaði dómara þá voru þeir taldir hafa slíka sérstöðu umfram aðra embættismenn samkvæmt stjórnarskránni að rétt væri að Kjaradómur fjallaði um mál þeirra en ekki kjaranefnd. Þessari grein frumvarpsins var breytt í meðförum þingsins og ákveður Kjaradómur laun nokkurra æðstu embættismanna þjóðarinnar auk framangreindra, eins og þegar hefur verið fjallað um.

II.

Í lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd segir orðrétt: *„Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.“*

Af framangreindu er ljóst að Kjaradómi er ætlað það hlutverk að meta vinnuframlag manna sjálfstætt til fjár. Meginverkefni Kjaradóms er að ákvarða laun til æðstu fulltrúa hins þrískipa valds. Störf hluta þess hóps eiga sér ekki skýrar hliðstæður á hinum almenna vinnumarkaði svo sem störf forseta Íslands og biskups Íslands, ráðherra svo og alþingismanna og -kvenna. Öðru máli gegnir um dómara og embættismenn sem undir Kjaradóm heyra, auðveldara er að finna viðmið fyrir þann hóp.

Skal nú vikið að hverjum þessara aðila eða hópi fyrir sig.

III. Forseti Íslands.

Þann 25. júlí árið 2000 kvað Kjaradómur upp úrskurð um laun forseta Íslands. Tilefni þess úrskurðar var ákvörðun Alþingis um að afnema skattfrelsi launa forseta Íslands, en þess höfðu þeir notið er gengt höfðu því starfi frá stofnun lýðveldisins. Í úrskurðinum eru fyrst rakin ákvæði 9. gr. stjórnarskrárinnar um að laun forseta skuli ákveðin með lögum og greidd af ríkisfé. Enn fremur að óheimilt sé að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans. Síðan eru rakin ýmis lagafyrirmæli sem gilt hafa um laun forseta, þ.m.t. þau sem lutu að skattfrelsi eigna og tekna hans og þau áhrif sem afnám þeirra felur á launakjör forsetans. Síðan segir: *„Lög nr. 84/2000 verða ekki skilin svo að ætlun löggjafans hafi verið að lækka laun forseta Íslands frá því sem nú er. Kjaradómur telur að engar forsendur hafi verið til að breyta launum forsetans, ef ekki hefðu komið til umræddar lagabreytingar. Við ákvörðun sína hefur Kjaradómur því reynt að komast sem næst því að halda kjörum forsetans óbreyttum, að öllu virtu.*

Kjaradómur tekur fram að hann telur ekki tilefni til að breyta launum annarra þeirra sem hann ákvarðar laun vegna þessarar launaákvörðunar.“

Af þessu má sjá að sem afleiðingu af lagabreytingum, sem Alþingi hefur að sjálfsögðu staðið fyrir, getur Kjaradómur þurft að endurmeta hvað teljist hæfileg laun fyrir tiltekinn starfa. Þess skal getið að laun forseta Íslands hafa ekki alltaf hækkað með sama hætti og laun annarra frá því þessi úrskurður var kveðinn upp, þar sem þær forsendur sem Kjaradómur gefur sér um launabreytingar annarra aðila eiga ekki við um embætti forseta Íslands.

IV. Alþingismenn og ráðherrar.

Kjaradómur hefur margsinnis vikið sérstaklega að þingmönnum og ráðherrum í úrskurðum sínum. Í úrskurði sínum frá 8. maí 1999 fjallar Kjaradómur um þá sérstöðu þessa hóps, að hann er kjörinn til starfa sinna og nýtur launa úr ríkissjóði, án þess þó að viðkomandi séu ríkisstarfsmenn. Síðan segir: *„Þingmenn og ráðherrar vinna mörg mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu. Þessi hópur mótar stefnuna í þjóðmálum og sér um að koma stefnumálunum í framkvæmd. Þetta eru æðstu umboðsmenn tveggja greina hins þrískipta valds. Miklu varðar að til þingmennsku og ráðherrastarfa veljist hið hæfasta fólk. Vandlega verður að gæta þess að launakjör verði ekki að fyrirfram hindrun sem fæli þá bestu og hæfustu frá því að gefa sig að þessum mikilvægu störfum. Einnig er afar mikilvægt, að þeir sem sinna þessum störfum séu ekki, vegna starfanna, í þeirri hættu að verða öðrum háðir vegna fjárhagsstöðu sinnar.“*

Í úrskurði frá 10. maí 2003 eru ofangreind sjónarmið Kjaradóms áréttuð. Segir þar m.a.: *„Alþingismenn og ráðherrar vinna ábyrgðarmikil störf. Þessi hópur mótar stefnuna í þjóð-*

málum og sér um að koma stefnumálunum í framkvæmd. Kjaradómur tók ítarlega rökstudda ákvörðun um laun þeirra á kjördag 1999 og frá þeim tíma hafa laun þeirra tekið sömu breytingum og laun flestra annarra þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun. Með hliðsjón af þeirri breytingu sem nú verður á launaákvörðunum embættismanna telur Kjaradómur eðlilegt, til samræmis, að taka nýja grundvallarákvörðun um launakjör þingmanna og ráðherra. Við þá ákvörðun hefur Kjaradómur litið til þess að fella þingfararkaupið að þeirri samræmingu sem stefnt er að með úrskurði þessum og ábyrgð og eðli starfans.“

Sú samræming sem Kjaradómur vísar þarna til er upptaka nýrrar launatöflu en fyrir henni er gerð grein í umræddum úrskurði, sem er grundvallarúrskurður sem Kjaradómur hefur byggt síðari ákvarðanir sínar á. Nánar verður vikið að þessari launatöflu síðar.

Í úrskurðinum frá 10. maí 2003 segir í beinu framhaldi af ofangreindri tilvitnun: *„Til skýringa er rétt að geta þess, að til viðbótar þingfararkaupi fá alþingismenn greiddan þingfararkostnað, sbr. II. kafla laga nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar Alþingis. Forseti Alþingis nýtur sömu launa- og starfskjara og ráðherrar, sbr. 2. gr. s.l. Varaforsetar þingsins, formenn þingnefnda og þingflokka fá 15% álag á þingfararkaup, sbr. 3. gr. þingfararkaupslaga. Ekki er greitt fyrir setu í nefndum þingsins og ekki hefur tíðkast að ákvarða þingmönnum greiðslur fyrir vinnu utan venjulegs dagvinnutíma, en mikið af þeirra störfum er unnið utan hans. Sama gildir um ráðherra og hefur Kjaradómur auk þess tekið þá ákvörðun, að ráðherrum sé ekki greidd þóknun þó þeir sitji í nefndum á vegum ríkisins. Til þess getur komið með alþingismenn, ef þeir sitja í nefndum utan þingsins, en það er þá ætíð sérstök ákvörðun Kjaradóms hvort það beri að launa sérstaklega.“*

Rétt er að taka það fram, að með 23. gr. laga nr. 141/2003 gerði Alþingi breytingar á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað m.a. þannig að nú fá formenn stjórnmálaflokka greitt 50% álag á þingfararkaup, en höfðu það ekki áður. Athyglisvert er að í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp sem varð að lögum nr. 141/2003 sagði: *„Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að tekið verði til athugunar hvort gera skuli breytingar á lögum um Kjaradóm þannig að hann geti framvegis ákvarðað álag á þingfararkaup í stað þess að sú ákvörðun sé í höndum þingmanna sjálfra. Meiri hlutinn telur eðlilegt í ljósi þess að Kjaradómur ákveður samkvæmt gildandi lögum þingfararkaup ákveði hann einnig kjör þingmanna í heild sinni. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að skoða þurfi sérstaklega hverjir eigi að fá slíkt álag greitt og hvort greiða skuli álagsgreiðslur til einstakra alþingismanna fyrir að sinna fleiri trúnaðarstörfum en einu fyrir stjórnmálaflokk hverju sinni“*. Kjaradómur mat það svo árið 2003, að eðlilegt væri að þingfararkaup næmi sömu fjárhæð og Kjaradómur ákvað héraðsdómurum sem dagvinnulaun, enda eru þessir hópar hliðsettir handhafar tveggja þátta hins þrískipta valds. Kjaradómur raðaði alþingismönnum því í launaflokk 130 í launatöflu sinni. Um aðrar hliðstæður má nefna laun skólameistarar ýmissa framhaldsskóla, forstöðumanna nokkurra heilbrigðisstofnana og meðalstórra ríkisstofnana, svo dæmi séu tekin.

Í samræmi við fyrirmæli í lögum 120/1992 um innbyrðis samræmi í starfskjörum þeim sem Kjaradómur ákvarðar hefur Kjaradómur ákveðið að ráðherrar hafi álag á þingfararkaup, en þingfararkaup er innifalið í launum ráðherra. Nema laun forsætisráðherra u.þ.b. tvöföldu þingfararkaupi en laun annarra ráðherra eru nokkru lægri.

V. Dómarar.

Með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem tóku gildi 1. júlí 1992, urðu grundvallarbreytingar á skipan dómstóla. Allt fram að þeim tíma gegndu

sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur í senn störfum lögreglustjóra, innheimtumanns ríkissjóðs og dómstörfum. Við nokkur stærri embættin voru þó starfandi héraðsdómarar, en þar var þó ekki um „sjálfstæða“ dómstóla að ræða í venjulegri merkingu þess orðs. Þann 1. júlí 1992 tóku svo til starfa átta héraðsdómstólar, en umdæmi þeirra skipast landfræðilega. Urðu við það verulegar breytingar á störfum þeirra manna sem við þá störfuðu.

Með lögum nr. 15 frá 25. mars 1998 um dómstóla voru svo gerðar verulegar breytingar á allri skipan dómstóla á Íslandi. Í frumvarpi að lögunum sagði að megintilgangur laganna væri að auka sjálfstæði dómstóla og dómenda. Þá var starfsskyldum héraðsdómara og eftir atvikum starfsvettvangi þeirra breytt í veigamiklum atriðum. Eru héraðsdómarar nú ekki ráðnir að ákveðnum héraðsdómstóli, svo sem verið hafði. Mega nýskipaðir héraðsdómarar eiga von á því að þeim verði gert að flytja búferlum milli umdæma og allir dómara mega eiga von á að vera kvaddir til dómstarfa við hvaða héraðsdómstól sem er. Embætti dómarafulltrúa voru lögð niður en í þeirra stað komu aðstoðarmenn sem ekki fara með dómsvald. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir sérstakri greiðslu fyrir setu dómara í fjölskipuðum dómi. Meðal nýmæla í lögunum var að dómarar mega ekki gegna aukastörfum nema í mjög takmörkuðum mæli og settar almennar hömlur á eignarhald dómara í fyrirtækjum.

Framangreint er tíundað hér til að sýna fram á að Kjaradómur þarf að taka tillit til breytinga í starfi og starfsumhverfi þeirra sem Kjaradómur úrskurðar laun. Dugar hér ekki að beita einföldum framreikningi vísitalna eins og stundum er haldið fram, enda hefur Kjaradómur þróun vísitalna aðeins til hliðsjónar við ákvarðanir sínar.

Um dómara sagði Kjaradómur í úrskurði sínum frá 18. júlí 1997: *„Sjálfstæði dómstóla er einn af hyrningarsteinum kenningarinnar um hið þrískipta vald sem er grundvöllurinn að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Sjálfstæði dómenda og dómstóla er líka eitt meginatriðið í þeim sáttmálum sem Ísland er aðili að og ætlað er að tryggja mannréttindi þegnanna. Brýnt er að sérstaða dómara í stjórnkerfinu sé rækilega undirstrikuð. Dómurum er ætlað að vera óháðir úrskurðaraðilar sem almenningur á að geta snúið sér til með ágreinings- og réttindamál, einnig mál gegn framkvæmdarvaldinu. Í hinum siðmenntaða heimi er hvarvetna lögð mikil áhersla á þetta og hefur ráðherranefnd Evrópuráðsins beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að ríkisstjórnir þeirra geri allt sem nauðsynlegt er, og styrki það sem þegar hefur verið gert, til að treysta sjálfstæði dómara og skilvirkni dómstóla. Miklar hæfniskröfur eru gerðar til dómara og sífellt flóknara laga- og viðskiptaumhverfi gerir til þeirra miklar menntunarkröfur. Mikilvægt er að í stöður dómara sækist hinir hæfustu menn og mega launakjör dómara ekki vera því til hindrunar.“*

Tilvitnuð sjónarmið hafa síðar margsinnis verið áréttuð í úrskurðum Kjaradóms.

Í samræmi við fyrirmæli laga nr. 120/1992 um innbyrðis samræmi í starfskjörum ákvað Kjaradómur þann 10. maí 2003, að héraðsdómarar tækju laun samkvæmt launaflokki 130 og fengu sömu dagvinnulaun og skólameistarar ýmissa framhaldsskóla, forstöðumenn nokkurra heilbrigðisstofnana og meðalstórra ríkisstofnana fá, svo dæmi séu tekin. Dómstjórum utan Reykjavíkur var raðað í launaflokk 131 og fengu sömu dagvinnulaun og sýslumenn nokkurra umdæma, fangelsismálastjóri, ríkistollstjóri og skrifstofustjórar I í ráðuneytunum. Dómstjóranum í Reykjavík, langstærsta héraðsdómstólnum, var skipað í launaflokk 133 og fékk hann sömu dagvinnulaun og t.d. lögreglustjórinn í Reykjavík, sýslumaðurinn í Reykjavík, ríkisskattstjóri og tollstjórinn í Reykjavík.

Hæstaréttardómurum var skipað í launaflokk 137, með sömu dagvinnulaun og ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins. Forseta Hæstaréttar var raðað tveimur launaflokkum hærra en öðrum hæstaréttardómurum.

VI. Embættismenn.

Kjaradómi ber að úrskurða laun til þeirra fimm embættismanna, sem Alþingi hefur talið að séu æðstu embættismenn ríkisins. Eru það biskup Íslands, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, ríkissaksóknari og umboðsmaður barna.

Hvað varðar ríkissaksóknara þá er það lögbundið að launakjör hans skuli vera þau sömu og hæstaréttardómara hverju sinni. Á Kjaradómur því ekki sjálfstætt mat á launakjör hans, þrátt fyrir orðalag laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Kjaradómur hefur raðað umboðsmanni barna í sama launaflokk og héraðsdómurum. Er þar m.a. litið til eðli starfa umboðsmanns barna og umfangs embættisins.

10. maí 2003 ákvað Kjaradómur að dagvinnulaun biskups Íslands, ríkisendurskoðanda og ríkissáttasemjara skyldu vera þau sömu og skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar í öðrum ráðuneytum en forsætisráðuneytinu fengu í dagvinnulaun, en það jafngilti launaflokki 136. Taldi Kjaradómur þetta eðlileg viðmið með tilliti til starfa og ábyrgðar embætta þessara aðila. Dagvinnulaun ráðuneytisstjóranna og skrifstofustjóra Alþingis eru hins vegar 13,04% hærri eftir gildistöku laga nr. 1/2006 en dagvinnulaun biskups Íslands, ríkisendurskoðanda og ríkissáttasemjara eru. Ekki hefur þess orðið vart að launahækkanir til handa skrifstofustjóra Alþingis eða ráðuneytisstjóranna hafi valdið viðlíka viðbrögðum ríkisstjórnar og Alþingis eins og leiðréttingar Kjaradóms frá 19. desember 2005 hafa kallað fram.

VII.

Í ákvörðun sinni þann 19. desember s.l. tók Kjaradómur mið af þeim launabreytingum sem orðið hafa í launaflokkum framangreindra viðmiðunarhópa Kjaradóms frá 10. maí 2003, aðallega sem afleiðingu af kjarasamningum sem ríkið átti sjálft aðild að. Í ákvörðun Kjaradóms fólst hins vegar enginn önnur hækkun en sú sem beinlínis leiðir af þessari leiðréttingu; engin launaflokkatilfærsla hefur verið gerð, launaflokkar Kjaradóms eru hinir sömu og árið 2003 og launin nú jafnsett því sem ákveðið var árið 2003. Það sama verður ekki sagt um viðmiðunarhópana í efstu þrepunum, laun þeirra hafa hækkað mun meira en Kjaradómur hefur ákvarðað vegna tilfærslna í launaflokkum sem Kjaradómur hefur ekki fylgt.

VIII.

Árið 1992 voru sett bráðabirgðalög á ákvarðanir þáverandi Kjaradóms. Af því tilefni kvað Kjaradómur upp úrskurð þann 12. júlí 1992. Þykir fullt tilefni til að taka hér upp orðréttan kafla úr þeim úrskurði en þar sagði: *„Kjaradómur lítur svo á að með setningu bráðabirgðalaganna hafi löggjafinn frestað um sinn lagfæringu á því launakerfi sem hér um ræðir. Naumast verður talið að það sé vilji löggjafans þegar litið er til lengri tíma að innbyrðis samræmis í launum þeirra sem undir Kjaradóm heyra sé ekki gætt eða að þeir njóti ekki hliðstæðra launakjara og aðrir sem sambærilegir teljast með tilliti til starfa og ábyrgðar. Sú niðurstaða væri algjörlega óviðunandi í ljósi þjóðfélagslegra hagsmuna og hagsmuna þeirra embætta sem í hlut eiga.“*

IX.

Með ákvörðun sinni nú hefur Alþingi tekið sér það vald sem Kjaradómi var ætlað. Alþingismenn hafa þar með tekið ákvörðun um þingfararkaup í eigin hendur. Kannski er það farsælast að svo sé, a.m.k. ef menn telja að hlutverk Kjaradóms sé af stjórnmálalegum toga.

Í lögunum fellst einnig að laun sem greidd skyldu samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms frá 19. desember 2005 eru lækkuð. Að jafnaði nam hækkun launa samkvæmt ákvörðun Kjaradóms 8,15% en Alþingi ákvað að hækkunin skuli vera 2,5% frá og með 1. febrúar 2006. Mis-

munurinn er 5,65% eða sem nemur um það bil 1½ launaflokki. Má segja að með þessu hafi Alþingi í raun fært niður öll viðmið Kjaradóms um sambærileika starfa, auk þess að riðla því innbyrðis samræmi sem var milli launa embættismanna og stjórnmálamanna.

Þessu til viðbótar er með 2. mgr. 1. gr. laga nr. 1/2006 afnumið svigrúm bæði Kjaradóms og kjaranefndar til að meta þau áhrif kjarasamninga sem koma til framkvæmda á árinu 2006. Mun það enn skekkja launakjör þeirra sem taka laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og þeirra sem hafa sjálfir samningsrétt um kjör sín.

X.

Kjaradómur, sem starfar í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma, getur komist að niðurstöðu sem hentar ekki á hinu pólitíska leiksviði þá og þá stundina. Kjaradómur fer ekki eftir fyrirframgefnum pólitískum línum og menn verða að geta treyst því að hann starfi óháður stjórnvöldum. Með lögum nr. 1/2006 var hins vegar raskað því innbyrðis kerfi sem Kjaradómur hafði komið sér upp í samræmi við fyrirmæli til hans í lögum nr. 120/1992. Nauðsynlegt er að úr því verði bætt sem fyrst.

Reykjavík, 17. febrúar 2006.
Garðar Garðarsson hrl.,
formaður Kjaradóms.

Fylgiskjal II.

Guðrún Zoëga:

Greinargerð formanns kjaranefndar vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Í megindráttum hefur reynslan af núgildandi lögum um Kjaradóm og kjaranefnd verið góð. Innbyrðis samræmi í launum er mun betra en áður var, þegar launagreiðandinn – stundum margir launagreiðendur – ákvað viðbót við þau laun sem ákveðin voru af Kjaradómi sem heildarlaun. Nam viðbótin stundum hærri upphæð en þeirri sem Kjaradómur ákvað. Að mati undirritaðrar er aðalástæðan fyrir þeim hörðu viðbrögðum, sem orðið hafa við úrskurðum þessara tveggja úrskurðaraðila – og þá einkum Kjaradóms – sú að ákvarðanir eru teknar of seint og of sjaldan. Þeir hafa því ekki náð að halda í við hækkanir annarra launþega hvort heldur er á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera. Það hefur því þurft að „leiðrétta“ launin með reglulegu millibili og hafa launin hækkað í færri og stærri skrefum en æskilegt væri. Hækkanir hafa oft verið ákveðnar í samræmi við þær almennu hækkanir sem samið er um í kjarasamningum en hækkanir sem verða vegna launaskriðs eða samningsbundinna hækkana sem ekki verða þó beint lesnar úr samningum hefur þurft að leiðrétta eftir á. Þá má ekki gleyma því að hækkanir á launum þingmanna og ráðherra eru alltaf viðkvæmt pólitískt mál. Þetta breytir ekki því að ef endurskoða á lögin er rétt að sníða af þeim þá agnúa sem menn telja vera á þeim.

Hér á eftir verður fjallað um fjögur tölusett atriði að beiðni Jóns Sigurðssonar, formanns nefndar sem skipuð var til að gera tillögu um breytingu á lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

1. Skipan úrskurðaraðila.

Tveir úrskurðaraðilar. Í skýringum með frumvarpi til laga um Kjaradóm og kjaranefnd kemur ekki fram hvers vegna farin var sú leið að hafa tvo úrskurðaraðila í stað Kjaradóms eins áður. Í ræðu fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpinu segir hann að Kjaradómi skuli aðeins gert að úrskurða launakjör þeirra aðila sem eðlilegt sé talið að framkvæmdarvaldið fjalli ekki um, þ.e. dómara auk forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna *en um alllangt skeið hefur þótt eðlilegra að launakjör þeirra væru ákveðin af hlutlausum aðila í stað ákvörðunar með lögum eins og víðast tíðkast í nágrannalöndum okkar.* Um kjaranefndina segir hann: *þá er gert ráð fyrir því að kjaranefndin sé úrskurðaraðili sem er á vegum framkvæmdarvaldsins og starfar á ábyrgð fjármálaráðherra þótt ekki sé hugmyndin sú að fjármálaráðherra sé sjálfur að vasast í þessum ákvörðunum.* Með öðrum orðum þá var hugmyndin sú að kjaranefnd væri á vegum fjármálaráðherra, en Kjaradómur væri hlutlaus úrskurðaraðili. Frumvarpið breyttist hins vegar áður en það varð að lögum og var niðurstaða þingsins sú að breyta skipan kjaranefndar þannig að fjármálaráðherra skipaði formann en Kjaradómur tilnefndi tvo nefndarmenn. Jafnframt var bætt inn ákvæðinu um að Kjaradómur skyldi setja kjaranefnd meginreglur um úrskurði hennar. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra skipaði tvo fulltrúa án tilnefningar og skyldi annar þeirra vera formaður, og einn samkvæmt tilnefningu forseta alþingis. *Miðar sú breyting að því að færa nefndina fjær framkvæmdarvaldinu og nær því að vera óháður úrskurðaraðili en núverandi ákvæði frumvarpsins kveða á um,* segir í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með þessari breytingu voru forsendurnar fyrir tvískiptingunni í rauninni brostnar; í stað þess að kjaranefnd væri á vegum framkvæmdarvaldsins og starfaði á ábyrgð fjármálaráðherra varð hún að óháðum úrskurðaraðila sem er þó í vissum tengslum við Kjaradóm.

Með þeim meginreglum sem Kjaradómur hefur sett kjaranefnd, þ.e. að kjaranefnd skuli kynna Kjaradómi úrskurði sína áður en þeir eru kveðnir upp formlega getur kjaranefnd ekki brugðist jafnfljótt við og hún gæti ella, þar sem a.m.k. 15 dagar þurfa að líða áður en hún tekur ákvörðun og þangað til hún kveður formlega upp úrskurð. Kjaradómur hefur ekki íhlutunarvald í ákvarðanir kjaranefndar en hefur örfáum sinnum beint tilmælum til nefndarinnar. Kjaranefnd hefur í hvert skipti metið tilmæli Kjaradóms og ýmist fallist á þau eða rökstutt hvers vegna hún hefur ekki talið unnt að verða við þeim. Rétt er þó að geta þess að samskipti þessara tveggja aðila hafa verið ágæt.

Það er mat undirritaðrar að ekki sé þörf á tveimur úrskurðaraðilum.

Skipan úrskurðaraðila. Í Kjaradómi sitja fimm menn og eru tveir kosnir af alþingi, tveir skipaðir af Hæstarétti og einn skipaður af fjármálaráðherra. Er áskilið að annar þeirra sem Hæstiréttur skipar skuli vera lögfræðingur og skal hann vera formaður. Í kjaranefnd sitja þrír menn og skipar fjármálaráðherra formann en Kjaradómur tilnefnir tvo. Það hefur gefist vel að hafa þrjá fulltrúa í kjaranefnd. Ekki er þörf á að formaður sé lögfræðingur þótt auðvitað sé nauðsynlegt að tryggt sé að farið sé að lögum við allar ákvarðanir. Þá þurfa nefndarmenn að vera nokkuð talnaglöggir. Í kjaranefnd hefur alltaf verið einn lögfræðingur og einn endurskoðandi auk undirritaðrar, sem er verkfræðingur og hefur verið formaður frá upphafi. Lögfræðingur hefur starfað hjá nefndinni síðan 1998. Verði farin sú leið að hafa einn úrskurðaraðila væri eðlilegt að hann væri skipaður af fjármálaráðherra, Alþingi og hæstarétti. Ekki er þörf á sérstökum formlegum hæfiskröfum.

2. Hverra laun skulu ákveðin af úrskurðaraðilum.

Kjaradómur ákveður laun forsetans, alþingismanna, ráðherra, dómara auk fimm tiltekinna embættismanna. Alls eru þetta um 115 manns. Kjaranefnd ákveður laun embættismanna sem taldir eru upp í lögum nr. 60/1996 auk prófessora, um 720 manns. Þar af eru um 230 prófessorar. Á tímabili ákvað kjaranefnd líka laun heilsugæslulækna en þeir semja nú aftur um sín laun.

Eins og áður hefur komið fram er undirrituð þeirra skoðunar að ekki sé ástæða til þess að skipta úrskurðarvaldinu milli tveggja aðila og að það sé jafnvel að mörgu leyti óheppilegt. Hugsanlegt væri þó að ákveða laun þeirra sem kjörnir eru á annan hátt en með því að fela það sérstakri nefnd, til dæmis með því að binda í lögum að laun þeirra hækki einu sinni (eða oftar) á ári í samræmi við launavísitölu. Þá mætti hugsa sér að laun þeirra yrðu tekin til sérstakrar endurskoðunar sjaldnar, til dæmis á fimm ára fresti eða einu sinni á kjörtímabili. Jafnvel mætti hugsa sér að þingið mundi sjálft ákveða laun þingmanna annað hvort með lögum eða með því að skipa sjálft nefnd til þess að ákveða þau. Ég tel þó ekki nauðsynlegt að laun þingmanna, ráðherra og forsetans séu ákveðin af öðrum aðila en þeim sem ákveður laun embættismanna.

Kjaranefnd/dómur ætti að úrskurða um laun æðstu stjórnenda, þ.e. forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja. Það er óheppilegt þegar einstök embætti eru undanþegin og laun þeirra sem þeim gegna ákveðin með öðrum hætti. Þá er álitamál hvort laun prófessora, presta og næstráðenda ættu ekki að ákveðast með öðrum hætti en nú er.

3. Viðmiðanir úrskurðaraðila við launaákvarðanir.

Kjaradómur skal gæta innbyrðis samræmis og samræmi við laun þeirra í þjóðfélaginu sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Auk þess skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Viðmiðanir kjaranefndar eru þær sömu (að undanskilinni þróun kjaramála á vinnumarkaði) en auk þess er nefndinni skylt að gæti samræmis við laun sem ákveðin eru á grundvelli Kjaradóms og kjarasamninga fjármálaráðherra. Í greinargerð með frumvarpinu segir: *Hvað varðar kjaranefnd er í stað tilvísunar hjá Kjaradómi í þróun kjaramála á vinnumarkaði vísað til samræmis milli þeirra launa sem hún ákveður og þeirra launa sem greidd eru hjá ríkinu á grundvelli kjarasamninga og Kjaradóms. Með því eru kjaranefnd settar þær viðmiðanir að halda launaákvörðunum sínum innan þess ramma sem settur er af Kjaradómi annars vegar og er hins vegar markaður af kjarasamningum ríkisins.* Laun þeirra aðila í þjóðfélaginu sem sambærilegir geta talist forstjórum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja eru yfirleitt allt önnur og mun hærri en þau sem rúmast innan rammans sem markast af niðurstöðum Kjaradóms og kjarasamningum. *Þannig stangast lögbundnar viðmiðanir kjaranefndar á* og hefur raunin orðið sú að kjaranefnd hefur gætt þess að halda sig innan rammans sem markaður er af niðurstöðum Kjaradóms og af kjarasamningum en látið nægja að fylgjast með launum sambærilegra aðila á almennum markaði. Þetta er stutt í áliti umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2271 og 2272/1992. Þótt ákvarðanir Kjaradóms og kjaranefndar hafi ekki alltaf verið teknar á nákvæmlega sama tíma og hækkanir hafi verið mismiklar þá hefur kjaranefnd ekki farið út fyrir efri mörk rammans og innbyrðis afstaða hefur haldist í meginatriðum. Kjarasamningar fjármálaráðherra hafa verið helsta viðmiðun varðandi launahækkanir og innbyrðis samræmi. Hugsanlega væri það næg viðmiðun þar sem þeir samningar taka væntanlega mið af samningum og stöðunni á hinum almenna vinnumarkaði.

4. Sérstök fyrirmæli til úrskurðaraðila.

Mikilvægt er að ákvörðun úrskurðaraðila nái til heildarlauna, þar með talið að metið sé hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver ekki. Að öðrum kosti yrði innbyrðis samræmi sem stefnt er að fljótt að riðlast. Rétt er að geta þess að mjög hefur dregið úr því að kjaranefnd sé beðin um að úrskurða um aukastörf sem eru hluti af starfi viðkomandi embættismanns. Hins vegar er spurning hvort skipta eigi launanum í tvennt eins og nú er gert fyrir embættismenn eða hvort ákveða megi þau í einu lagi. Meginrökin fyrir því að það var sett í lögin á sínum tíma voru að dagvinnulaun voru (og eru enn fyrir stóran hluta ríkisstarfsmanna) viðmiðun fyrir lífeyrisgreiðslur.

Að mínu mati er nægilegt að lögbinda að Kjaradómur/nefnd kanni *eigi sjaldnar en árlega* hvort tilefni sé til breytinga á launum eins og nú segir í 12. grein laganna.

Reykjavík, 11. janúar 2006.
Guðrún Zoëga.

Fylgiskjal III.

Ragnhildur Helgadóttir:

Reykjavík, 16. febrúar 2006.

Nefnd um lög um Kjaradóm og kjaranefnd,
b.t. Jóns Sigurðssonar, formanns.

Að beiðni þinni er hér tekin afstaða til tveggja álitaefna:

1. Hvernig skilgreina skuli stjórnskipulega stöðu Kjaradóms í lögum um hann.
2. Hvernig skipa skuli Kjaradóm, gæta að hæfi dómendanna, og afmarka valdsvið hans. Þessi umfjöllun snýst um það hvernig tryggja megi að ákvarðanir Kjaradóms og þá einkum að því leyti sem þær snúa að dómurum, verði ekki taldar ógna sjálfstæði dómstóla eða fara í bága við hugmyndina um þrískiptingu ríkisvaldsins að öðru leyti.

Hér verður ekki tekin afstaða til úrskurðar Kjaradóms frá því í desember 2005 né lagabreytingar þeirrar, sem fylgdi í kjölfarið, en lög um breytingu á lögum nr. 120/1992, voru samþykkt á Alþingi 20. janúar 2006. Sú deila, sem uppi er um gildi þeirra verður, eftir atvikum, útkljáð af dómstólum. Hér verður horft til framtíðar en m.a. tekið mið af þeirri gagnrýni sem komið hefur fram.

Meðal annars vegna þess hve stuttur tími gafst til að svara þessum spurningum, verður ekki fjallað nákvæmlega um sögu lagaákvæða um Kjaradóm eða núverandi stöðu hans. Þetta helgast líka af því að fyrir nefndinni liggja sérstakar álitsgerðir um þetta efni. Hér verður byggt á þeim og tekin afstaða til ofangreindra álitaefna í fremur stuttu máli. Beðist er velvirðingar á þessu. Sé frekari svara eða skýringa óskað verð ég að sjálfsögðu við því.

1. Hvernig skal skilgreina stjórnskipulega stöðu Kjaradóms.

Í 1. gr. laga nr. 120/1992 segir að Kjaradómur skuli skipaður fimm „dómendum“ og jafnmörgum „varadómendum“. Skuli dómendur skipaðir til fjögurra ára í senn.

Þrátt fyrir þessa orðnotkun virðast menn, a.m.k. eftir 1990, sammála um að Kjaradómur sé ekki dómstóll. Þetta kemur einnig fram í umræðum á Alþingi í tengslum við setningu laga

nr. 120/1992. Þá sagði fjármálaráðherra: „Þetta er lögbundinn gerðardómur. Þetta er ekki dómstóll í skilningi lögfræðinnar. Þetta er hluti af framkvæmdarvaldinu og allar niðurstöður Kjaradóms og kjaranefndar geta þess vegna gengið til dómstóla og þar er hægt að fá úrlausn. Þetta held ég að allir séu sammála um.“[1] Í lögfræðiáliti Eiríks Tómassonar, hrl., frá lokum júní 1992, sagði sömuleiðis að hér væri „um að ræða lögbundinn gerðardóm, sem telst stjórnvald í skilningi stjórnarskrárinnar, þannig að ákvarðanir hans geta sætt endurskoðun hinna almennu dómstóla á grundvelli 60. gr. stjórnarskrárinnar“.[2] Í álitsgerð Tryggva Gunnarssonar, hrl., til fjármálaráðherra um stjórnsýslulega stöðu og valdsvið kjaranefndar kom fram að eins og lagareglum um kjaranefnd væri háttað yrði að telja að hún væri „sjálfstæð stjórnsýslunefnd“.[3] Þá var tekið fram, að um kærusamband væri hvorki að ræða til Kjaradóms né til fjármálaráðherra. Hins vegar yrðu ákvarðanir nefndarinnar bornar undir dómstóla, eins og aðrar stjórnvaldsákvarðanir, í samræmi við 60. gr. stjskr.[4] Hér var fjallað um kjaranefnd en ekki Kjaradóm. Í greininni *Kjaradómur – málsmeðferðarreglur og stjórnskipuleg staða* eftir Jón Sveinsson, frá árinu 2002, kemst höfundur að þeirri niðurstöðu að „[e]ðlilegra virðist að líta á Kjaradóm sem sjálfstæða lögbundna stjórnsýslunefnd fremur en lögbundinn viðvarandi gerðardóm eða þá sambland af þessu tvennu.“[5]

Ég lít svo á að það sé verkefni nefndarinnar að taka afstöðu til þess hvernig stjórnskipulegri stöðu Kjaradóms eigi að vera háttað. Það er ekkert í stjórnarskrá því til fyrirstöðu að í lögum verði tekin af öll tvímæli um það að Kjaradómur sé sjálfstæð stjórnsýslunefnd – að því gefnu að gætt verði að sjónarmiðum um þrígreiningu ríkisvalds og sjálfstæði dómstóla er ákveðið er hvernig skipað skuli í hann. Þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að unnt verði að skjóta úrskurðum hans til dómstóla eins og öðrum ákvörðunum stjórnvalda, eins og verið hefur.[6]

Einfaldast væri þannig að kveða á um það í lögum, þar sem fjallað er um valdsvið Kjaradóms, að Kjaradómur sé stjórnsýslunefnd, og að úrskurðum hans verði ekki skotið til annarra stjórnvalda.[7] Þetta má einnig orða svo að hann fari með endanlegt úrskurðarvald á stjórnsýslustigi. Þess má geta að fyrir nokkrum árum og áratugum tíðkaðist að kveða á um endanlegt úrskurðarvald stjórnsýslunefnda í þeim skilningi að ákvörðunum þeirra yrði ekki skotið til dómstóla. Þetta hefur nú mikið til verið aflagt, enda er verulegur vafi á því hvort slík ákvæði samrýmast 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þau ákvæði sem til eru, og kveða á um „endan-

---

1 Alþt. 1992, B-deild, dk. 743–744.

2 Sjá frétt Morgunblaðsins, 2. júlí 1992: Lögfræðiálit Eiríks Tómassonar hrl. í gagnasafni Morgunblaðsins.

3 Álitsgerð Tryggva Gunnarssonar hrl. til fjármálaráðherra um stjórnsýslulega stöðu og valdsvið kjaranefndar, frá 8. október 1997, bls. 6.

4 Sjá sömu heimild, bls. 11.

5 Jón Sveinsson: Kjaradómur – málsmeðferðarreglur og stjórnskipuleg staða, *Afmælisrit Guðmundur Ingvi Sigurðsson áttræður 16. júní 2002,* bls. 104.

6 Aðilar hafa einu sinni orðið sammála um að leggja mál varðandi úrskurð Kjaradóms fyrir Félagsdóm, og var það gert. Sjá sömu heimild, s. 101–103.

7 Þetta orðalag er t.d. að finna í 3. mgr. 23. gr. dómstólalaga nr. 15/1998, um nefnd um dómarastörf. Í 2. mgr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, segir að „Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.“ Í 5. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, er gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett reglugerð um „Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.“ Telja verður að þetta hafi sömu merkingu. Dæmin um slík ákvæði í lögum eru miklu fleiri.

legt úrskurðarvald" eru því skilin svo, að ekki sé um kæruleið að ræða innan stjórnsýslunnar, heldur verði ákvörðun aðeins endurskoðuð af dómstólum.[8]

Hinn möguleikinn virðist vera að kveða skýrt á um það, að Kjaradómur sé lögbundinn gerðardómur. Gerðardómar hafa verið skilgreindir svo, að þeir séu „úrskurðaraðili á einkaréttarsviðinu um lögskipti, sem annars ættu að sæta úrlausn dómstóla, enda séu aðilar við þá úrlausn bundnir."[9] Þá er gert ráð fyrir því að gerðardómar leysi „úr ágreiningi manna aðeins á sviði einkaréttarins."[10] Gerðardómar fela venjulega í sér að menn hlíti þeim niðurstöðum sem þannig eru fengnar – gerðardómur leysi úr þeim *í stað* dómstóla.[11] Þessar lýsingar eiga ekki sérstaklega vel við um Kjaradóm: Því má velta fyrir sér hvort hann sé á einkaréttarsviðinu,[12] hvort um ágreining sé að ræða sem ella heyrði undir dómstóla,[13] og hvort þarna sé hann færður frá almennum dómstólum í gerð.[14] Vegna þessa tel ég að gera þyrfti nokkrar breytingar á starfsemi og stöðu Kjaradóms ef ætlunin er að kveða skýrt á um það að Kjaradómur sé gerðardómur. Þá þyrfti einnig að huga sérstaklega að skipun hans og málsmeðferðarreglum. Hér má hugsa sér ýmsar millileiðir, eins og að ákvarðanir dómsins verði kærðar til Félagsdóms eða beint til Hæstaréttar. Sé það vilji nefndarinnar, að kveða á um að Kjaradómur sé gerðardómur en að hér eftir eins og hingað til sé hægt (með samþykki aðila) að bera ágreining undir Félagsdóm og undir almenna dómstóla, þarf að taka það fram. Verði þessi leið farin hefur Kjaradómur hins vegar öll einkenni stjórnsýslunefndar og því einfaldara að skilgreina hann sem slíkan.

Hér er því lagt til, að tekið verði af skarið um það í lögum að Kjaradómur sé stjórnsýslunefnd, sem úrskurði tilteknum æðstu embættismönnum ríkisins laun. Úrskurðum hennar verði ekki skotið til annars stjórnvalds.

2. Hvernig skal skipa Kjaradóm.

Í því sem hér fer á eftir er gert ráð fyrir því, að lögbundinn úrskurðaraðili kveði á um laun tiltekinna æðstu starfsmanna ríkisins. Það er hins vegar ekki sjálfgefið. Vilji nefndin fara aðrar leiðir má vísa til þess, að í Svíþjóð eru laun dómara ákveðin af Domstolsverket, sem

---

[8] Um úrskurðarvald dómstóla um stjórnvaldsákvarðanir og hugsanlega takmörkun þess hefur mikið verið skrifað. Hér verður ekki farið út í það, en einungis vísað til eftirfarandi greina: Eiríkur Tómasson, Takmarkanir á úrskurðarvaldi dómenda skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar, Úlfljótur, 4. tbl. 1984, bls. 183–217, og Ragnhildur Helgadóttir, Vald dómstóla til að endurskoða stjórnvaldsákvarðanir, Tímarit lögfræðinga, 1. h. 2005, bls. 99–112.

[9] Jónatan Þórmundsson: Nokkrar hugleiðingar um gerðardóma, Úlfljótur, 1. tbl. 1963, bls. 28.

[10] Sama heimild, bls. 29.

[11] Þar til lög 94/1986 voru sett, hafði Kjaradómur einnig það hlutverk að ákveða ríkisstarfsmönnum laun ef ekki samdist. Sjá Alþt. A, 1992, bls. 874.

[12] Í sömu heimild segir Jónatan, að „hæpið" sé „að tala um gerðardóm, þar sem hið opinbera er aðili". (bls. 29). Síðar tekur hann fram, að það verði „lögskýringaratriði hverju sinni, hvort um sé að ræða lögskipaðan gerðardóm, sérdómstól eða framkvæmdarvaldshafa, sem fer með úrskurðarvald." (s. 38). Á lista yfir „nokkr[a] af þessum aðilum, einkum þ[á] sem hafa á sér greinilegustu gerðardómseinkennin" er svo að finna kjaranefnd og kjaradóm, samkvæmt lögum nr. 55/1962, en hlutverk þeirra var þá annað en nú er, eins og áður segir.

[13] Hér má sérstaklega benda á það að skv. 12. gr. laga nr. 120/1992 skulu Kjaradómur og kjaranefnd taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og ætíð þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt, en ekki sjaldnar en árlega.

[14] Sjá þó umfjöllun í fyrrnefndri grein Jóns Sveinssonar, bls. 102–3. Sjá einnig í þessu sambandi dóm Féld. 14. október 1996 – mál nr. 11/1996, en þar var ágreiningur varðandi úrskurð Kjaradóms lagður fyrir Félagsdóm.

samsvarar að nokkru leyti Dómstólaráði[15] en laun ráðherra og þingmanna af sérstökum nefndum á vegum þingsins. Í Noregi eru laun hæstaréttardómara ákveðin af Stórþinginu árlega eftir tillögu forsætisnefndar þingsins, en laun héraðsdómara af ráðherra. Laun norskra ráðherra og þingmanna eru ákveðin af launanefnd þingsins með samþykki þess. Þess má geta að laun norskra héraðsdómara voru áður ákveðin í kjarasamningum en því var breytt m.a. með hliðsjón af því hve erfitt reyndist að fá fólk til starfa.[16] Mér er kunnugt um að nefndin bíður nú frekari upplýsinga um fyrirkomulag launaákvarðana í Danmörku og Finnlandi, en samkvæmt upplýsingum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum nr. 120/1992 voru laun danskra ríkisstarfsmanna í megindráttum ákveðin í kjarasamningum árið 1992 en laun ráðherra og þingmanna þó með lögum. Á sama tíma voru laun forseta Hæstaréttar Finnlands og æðsta stjórnsýsludómstólsins, ráðherra og þingmanna ákveðin í lögum, en laun annarra dómara með kjarasamningum. Laun annarra æðri embættismanna voru þar ákveðin utan kjarasamninga.[17] Það er því ljóst að fyrirkomulag þessara mála er misjafnt á hinum Norðurlöndunum. Vegna samanburðar við þau skal bent á, að hér á landi hefur verið miðað við það (sbr. síðar), að vegna sjónarmiða um sjálfstæði dómstólanna væri óásættanlegt að laun dómara væru ákveðin af ráðherra einum. Það verður hins vegar ekki séð að neitt komi í veg fyrir að kveðið yrði á um það hér á landi að héraðsdómarar, eða jafnvel fleiri dómarar, hefðu samningsrétt. Þyrfti þá væntanlega að gera ráð fyrir gerðardómi ef ekki semdist, en þá væri komið nærri því kerfi sem hér var við lýði samkvæmt lögum nr. 55/1962, en með þeim var Kjaradómi einmitt komið á fót.

Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 120/1992, sagði að „Með frumvarpinu [væri] fækkað þeim starfsmönnum sem hlíta ber úrskurði Kjaradóms um launakjör sín og honum aðeins gert að úrskurða launakjör þeirra aðila sem eðlilegt er talið að framkvæmdarvaldið fjalli ekki um, þ.e. dómara.“[18] Sömu sjónarmið um að koma verði í veg fyrir að hægt sé að draga sjálfstæði dómstólanna í efa vegna fyrirkomulags launaákvarðana liggja til grundvallar bréfi Dómarafélags Íslands frá 11. janúar 2006.[19]

Það er ástæða til að taka undir það, sem kemur fram bæði hjá dómurum og hjá alþingismönnum er þeir settu lög nr. 120/1992, að varlegar þarf að fara hvað varðar launaákvörðun dómara en annarra stétta, þ.m.t. annarra stétta sem heyra undir Kjaradóm. Hvert það fyrirkomulag, sem væri fullnægjandi að því er snertir dómara, væri það líka fyrir aðra þá sem heyra undir slíkan úrskurðaraðila. Spurningin er þess vegna hvernig best sé að skipa slíkan

---

[15] Þessu hefur verið breytt á síðustu árum, en í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 120/1992 er tiltekið að launakjör héraðsdómara ákvarðist af kjarasamningum en hæstaréttardómara af launanefnd. Sjá Alþt. A, 1992, bls. 871. Í Domstolsverket eru nú 10 fulltrúar dómstóla, stjórnsýslunnar og þingsins. Sjá heimasíðu Domstolsverket http://www.dom.se/templates/DV_InfoPage____2330.aspx.

[16] Sjá Alþt. A, 1992, bls. 871 og, um stöðuna núna, svar Fornyings- og administrasjonsdepartementet i Norge frá 2.2. 2006 við fyrirspurn fjármálaráðuneytis frá 26.1.2006.

[17] Alþt. A, 1992, bls. 872.

[18] Alþt. A, 1992, bls. 873.

[19] Þar segir: „Kjaradómur hefur allt frá því hann var stofnaður... ákveðið laun dómara... Að baki þessu býr það sjónarmið að ekki er æskilegt að framkvæmdarvaldið fjalli um eða ákveði laun dómara. Dómarar njóta sérstöðu sem einn af þremur handhöfum ríkisvalds og er sjálfstæði þeirra og staða tryggð með ákvæðum stjórnarskrár... Verður ... að hafa sérstaklega í huga stöðu dómsvaldsins og sjálfstæði þess gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins. Með hliðsjón af því er óeðlilegt að framkvæmdarvaldið eða löggjafarvaldið hlutist til um breytingu á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin lögum samkvæmt. Hljóta hér önnur sjónarmið að gilda um dómara en aðra þá sem falla undir Kjaradóm.“ Bréf stjórnar Dómarafélags Íslands til forsætisráðherra frá 11. janúar 2006.

úrskurðaraðila, þannig að gætt sé að því að ekki sé varpað skugga á sjálfstæði dómstóla. Hér má þó líka hafa í huga, að á hinum Norðurlöndunum, þar sem ríkja svipaðar hugmyndir um þrískiptingu ríkisvalds og hér á landi og þar sem réttarfarslög hafa á köflum verið svipuð, er fyrirkomulagið mismunandi, eins og lýst hefur verið hér að ofan.

Núgildandi skipan Kjaradóms er þannig að Hæstiréttur skipar tvo dómendur, Alþingi kýs tvo og fjármálaráðherra skipar einn. Tveir kjaranefndarmenn eru tilnefndir af Kjaradómi og fjármálaráðherra skipar einn.

Friðgeir Björnsson hefur nýlega gefið út ritgerð úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni, þ.m.t. um skipun nefndarmanna.[20] Þar er að finna upplýsingar um hinar mismunandi leiðir til að skipa slíkar nefndir. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það þó að ráðast af viðfangsefninu hverju sinni hvernig skipað er í nefndir. Nefnd um dómarastörf er sú eina sem snýr beinlínis að dómurum en hún hefur m.a. það hlutverk að ákveða hvort þeir skuli áminntir vegna brota í starfi sem er undanfari lausnar um stundarsakir, en dómurum verður aðeins vikið úr embætti með dómi. Nefndin er skipuð þannig að einn nefndarmaður er tilnefndur af Dómarafélagi Íslands, einn af lagadeild Háskóla Íslands og einn án tilnefningar af dómsmálaráðherra.[21] Þetta er talið fullnægjandi til þess að sjálfstæði dómenda sé ekki stefnt í hættu.

Kjaradómur tekur hins vegar ákvörðun um laun miklu fleira fólks en dómara, þ.m.t. alþingismanna og ráðherra. Hér er einnig um að ræða ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á andrúmsloftið á vinnumarkaði og á efnahagsmál yfirleitt. Vegna þessa þurfa fleiri að koma að skipun Kjaradóms en að t.d. nefnd um dómarastörf. Það hve nákvæmar efnisreglur er að finna um ákvarðanir hans kann þó auðvitað að hafa áhrif á það hversu mikið þarf að gæta að sjálfstæði nefndarmanna.

Ég lít svo á, að það sé að verulegu leyti pólitísk ákvörðun nefndarinnar og síðar alþingismanna, hvernig skipa skuli Kjaradóm. M.a. með hliðsjón af því hvert starfssvið hans er tel ég að það valdi ekki vandræðum gagnvart stjórnarskrá eða hugmyndum um þrískiptingu ríkisvaldsins að skipunin sé sú sama og nú er. Þrískipting ríkisvaldsins snýr ekki eingöngu að aðskilnaði valdþáttanna heldur líka að samspili þeirra. Ég skil hvorki fræðilega umfjöllun um Kjaradóm, né ummæli á opinberum vettvangi síðustu vikur, svo að fundið sé að því í sjálfu sér hvernig Kjaradómur er skipaður. Það hefur frekar verið gagnrýnt, að Alþingi breyti reglum þeim sem hann starfar eftir og hafi þannig afskipti af störfum hans.

Það má einnig sjá fyrir sér að Alþingi kysi menn í dóminn. Ég er þó þeirrar skoðunar að þá kynnu frekar að vakna spurningar um sjálfstæði dómstóla gagnvart löggjafarvaldinu en ef núverandi fyrirkomulagi er haldið.

Hér er því lagt til að ígildi Kjaradóms (úrskurðarnefnd) skipi 5 menn tilnefndir með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir í 1. gr. laga nr. 120/1992.

Hér skal ítrekað að efnisreglur þær sem Kjaradómur eða ígildi hans kemur til með að vinna eftir tengjast þeirri spurningu sem hér er leitað svara við. T.a.m. myndi varnagli um það að laun dómara skuli með einhverjum hætti miðast við laun annarra hópa – t.d. ráðherra eða þingmanna – væntanlega slá enn frekar á ótta við það að handhafar hinna þátta ríkisvaldsins noti launaákvarðanir til að reyna að hafa áhrif á dómara eða að svo geti virst.

Virðingarfyllst,
Ragnhildur Helgadóttir.

---

[20] Friðgeir Björnsson, Úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni. Forsætisráðuneytið, 2005.
[21] 23. gr. laga nr. 15/1998.

Fylgiskjal IV.

Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis:

Yfirlit yfir ákvörðun launa og starfskjara þingmanna á Norðurlöndum og Bretlandi.
(Samantekt frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, mars 2006.)

Nefndin leitaði upplýsinga um það með hvaða hætti ákvarðanir um laun og starfskjör m.a. þingmanna væru teknar í nokkrum nágrannaríkja okkar og verður það rakið nánar hér:

Danmörk

Þar er í 58. gr. stjórnarskrárinnar sagt að eingöngu megi ákveða laun þingmanna með lögum. Í kosningalögunum (folketingsvalglov) er það svo nánar útfært í II. hluta laganna. Þar segir í 1. mgr. 108. gr. að þingmönnum beri að fá fyrir starf sitt tiltekið endurgjald (samsvarar þingfararkaupi) auk sérstakrar greiðslu fyrir útlagðan kostnað sem fylgi því að sinna þingmennsku. Í málsgreininni er það svo áréttað að þingmanni sé skylt að taka við hvoru tveggja. Í 2. mgr. sömu greinar er svo sagt fyrir um að þingfararkaup skuli á hverjum tíma vera það sama og laun samkvæmt tilteknum launaflokki þeirrar launatöflu sem samið er um fyrir ríkisstarfsmenn. Ef gera á breytingar á kosningalögunum varðandi ákvörðun kjara þingmanna er hefð fyrir því að það sé forysta þingsins (þingforsetar) sem leggja fram tillögu að lagabreytingu en ekki sá ráðherra sem ber að öðru leyti ábyrgð á lögunum (sem er innanríkis- og heilbrigðismálaráðherra).

Noregur

Þar er í 65. gr. stjórnarskrárinnar sagt að þingmönnum beri endurgjald fyrir þingsetu sína og þann kostnað sem af henni leiði og skuli það ákveðið með lögum. Í sérstökum lögum um endurgjald til þingmanna (Lov om godtgjørelse til stortingsrepresentanter) er það svo nánar útfært. Þar segir að þingmönnum beri að fá fyrir starf sitt tiltekið endurgjald (samsvarar þingfararkaupi) auk sérstakrar greiðslu fyrir útlagðan kostnað sem fylgi því að sinna þingmennsku. Ákvörðun um þetta endurgjald skal samþykkt af þinginu sem getur ákveðið að hún byggi að hluta eða öllu leyti á opinberum launatöxtum samkvæmt regluverki sem þingið ákveði eða samþykki. Þingið hefur svo sett sérstakar reglur um hvernig staðið skuli að þeirri ákvörðun. Samkvæmt þeim skal þriggja manna nefnd, (formaður og tveir nefndarmenn) skipuð af forsetum þingsins til fjögurra ára í senn, fastsetja launakjör þingmanna einu sinni á ári og leggja þá ákvörðun fyrir þingið til samþykktar. Forsetar þingsins geta sett nefndinni nánari starfsreglur og hefur það verið gert. Formaður kallar nefndina saman og getur hún einungis tekið ákvörðun þegar hún er fullskipuð. Nefndin hefur frjálsar hendur við bæði ákvörðun endurgjaldsins og hvaða forsendur hún leggur til grundvallar en skal rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann og leitað sér þeirrar sérfræðiaðstoðar sem hún telur þörf á.

Finnland

Samkvæmt 1. gr. laga um þingfararkaup (Lag om riksdagsmannaarvode) skal þriggja manna nefnd (formaður og tveir nefndarmenn) skipuð af forsetum þingsins til fjögurra ára í senn, ákveða launakjör þingmanna. Forsetar þingsins geta sett nefndinni nánari starfsreglur

og hefur það verið gert. Það er skilyrði fyrir skipun í nefndina að vera hvorki þingmaður né starfsmaður þingsins. Formaður kallar nefndina saman og getur hún einungis tekið ákvörðun þegar hún er fullskipuð. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg og þarf ekki að bera hana undir þingið til samþykktar eða synjunar og jafnframt getur þingið ekki afturkallað eða ógilt ákvörðun nefndarinnar.

Svíþjóð

Samkvæmt 3. kafla 1. gr. laga um starfskjör þingmanna skal sérstök þriggja manna nefnd, (formaður og tveir nefndarmenn) skipuð af forsetum þingsins til tiltekins tíma í senn, ákveða launakjör þingmanna. Nefndin ræður sér starfsmann. Formaður kallar nefndina saman og getur hún einungis tekið ákvörðun þegar hún er fullskipuð. Nefndin getur í verklagsreglum sínum, eða einstökum tilvikum, falið formanni eða starfsmanni, að afgreiða erindi sem eru þess eðlis að ekki þurfi að staðfesta þau af nefndinni. Nefndinni ber að rökstyðja ákvarðanir sínar. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg en henni ber að kynna þingforsetum og skrifstofu þingsins niðurstöðu sína. Þingið getur ekki afturkallað eða ógilt ákvörðun nefndarinnar. Í fylgiskjali V er að finna þýðingu löggilts skjalaþýðanda á lögum um fyrirmæli til launanefndar þingsins.

Bretland

Neðri málstofa breska þingsins felur sérstakri óháðri nefnd (Senior Salaries Review Body) að leggja fram tillögur til forsætisráðherra um launakjör þingmanna sem honum er skylt að leggja fyrir þingið, en jafnframt getur hann lagt fram mat ríkisstjórnarinnar á þeim og eigin tillögur hennar. Þingið tekur þær síðan til umfjöllunar og endanlegrar ákvörðunar. Þinginu er frjálst að nýta tillögurnar með hverjum þeim hætti sem því þóknast og er ekki skuldbundið til að fara að tillögum hvorki nefndarinnar né ríkisstjórnarinnar. Nefndin er skipuð af forsætisráðherra og hefur hann frjálsar hendur um bæði fjölda nefndarmanna og lengd skipunartíma þeirra.

Fylgiskjal V.

Lög (1993:1426) með fyrirmælum til launanefndar þingsins.

(Þýðing löggilts skjalaþýðanda úr sænsku.)

Breyting innfærð t.o.m. SFS 2000:430

Hlutverk o.fl.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. 3. kafla laga (1994:1065) um fjárhagsskilyrði þingmanna skal launanefnd þingsins ákvarða þá mánaðarlegu upphæð sem greiða skal þingmönnum. Nefndin skal greina frá forsendum ákvörðunarinnar.

Nefndin er yfirvald sem heyrir undir þingið.

Nefndarmenn

2. gr.

Þrír fulltrúar eiga sæti í nefndinni og er einn þeirra formaður hennar.

Skipulag

3. gr.

Nefndin hefur ritara til umráða.

Meðferð mála

4. gr.

Nefndin kemur saman þegar formaður hennar boðar til fundar.

Nefndin er ákvörðunarhæf í málum, sem 1. gr. á við um, þegar allir nefndarmenn eru viðstaddir.

5. gr.

Nefndin getur, samkvæmt vinnureglum hennar eða með sérstakri ákvörðun, falið formanni eða einhverjum öðrum, sem starfar hjá henni, að ákveða í málum sem eru þess eðlis að hún þarf ekki að ákvarða um þau sjálf.

6. gr.

Nefndin skal þegar upplýsa skrifstofu þingsins um ákvarðanir sem 1. gr. á við um.

Skipun nefndarmanna o.fl.

7. gr.

Stjórn þingsins skipar formann og aðra fulltrúa í nefndina til ákveðins tíma.

Lög (200:430).

8. gr.

Nefndin velur sér ritara.

Áfrýjun

9. gr.

Ekki er hægt að áfrýja ákvörðun nefndarinnar.

Þóknun fyrir nefndarstörf

10. gr.

Skrifstofa þingsins ákveður þá þóknun sem nefndarmenn og ritari fá fyrir starf sitt.

Lög (2000:430).

Bráðabirgðaákvæði

1993:1426

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1994. Stjórn þingsins getur þó frá og með 14. desember 1993 skipað formann og fulltrúa í nefndina.

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð.

Samkvæmt frumvarpinu verður það verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Lög um Kjaradóm og kjaranefnd falla jafnframt úr gildi.

Kjararáði er ætlað að hafa svipuð eða sömu viðmið við launaákvarðanir og Kjaradómur og kjaranefnd hafa samkvæmt gildandi lögum. Nýmæli er þó að kjararáði verður heimilt að ákveða nánar en gert er í lögunum hvaða aðilar falla undir úrskurði ráðsins og eins verður kjararáði heimilt að ákveða sjaldnar en árlega innbyrðis launahlutföll þeirra sem undir ráðið heyra og binda launin þá þess á milli við vísitölu.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi bein áhrif á kostnað ríkissjóðs. Ætla má að kostnaður kjararáðs verði álíka kostnaði Kjaradóms og kjaranefndar. Í fjárlögum 2006 eru útgjöld Kjaradóms og kjaranefndar áætluð 21,3 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2005 voru útgjöld þessara aðila 8 m.kr. umfram fjárveitingu fjárlaga.

1047. Frumvarp til laga [711. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Bóknámsbrautir eru fjórar: félagsfræðabraut, viðskipta- og hagfræðibraut, náttúrufræðabraut og tungumálabraut.

2. gr.

2. og 3. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á gildandi lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum. Annars vegar er lagt til að bóknámsbrautir framhaldsskóla verði fjórar í stað þriggja eins og nú er. Hins vegar er lagt til að fella niður ákvæði í 24. gr. laganna um samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum.

Með því að bóknámsbrautir framhaldsskóla verði fjórar í stað þriggja eins og er nú er lagt til að til viðbótar tungumálabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut komi viðskipta- og hagfræðibraut. Með setningu núgildandi laga var námsbrautum til stúdentsprófs fækkað veru-

lega. Ætlunin var að viðskiptanám yrði skilgreint sem starfsnám og viðkomandi starfsgreinaráði falið að gera tillögur þar um. Á undanförnum árum hefur mikill vöxtur hlaupið í háskólanám á sviði viðskipta, fjármála og hagfræði. Sú breyting er í samræmi við þróun í atvinnulífi og þjóðlífi almennt. Hafa bæði framhaldsskólar og viðtökuskólar á háskólastigi kallað eftir því að viðskipta- og hagfræðibraut verði tekin upp aftur sem bóknámsbraut og lagt er til að við því verði orðið í 1. gr. frumvarpsins.

Í gildandi framhaldsskólalögum voru í fyrsta sinn lögfest ákvæði um samræmd stúdentspróf í tilteknum greinum í framhaldsskóla. Þegar framhaldsskólalögin tóku gildi 1. ágúst 1996 var tekið fram í gildistökuákvæði að þau skyldu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 2000–2001. Í samræmi við það kvað ákvæði til bráðabirgða í lögunum á um að samræmd lokapróf í framhaldskóla skyldu ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001. Þessi frestur var síðan framlengdur með lögum nr. 100/1999, um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðar breytingum, á þann veg að ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skyldu ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2003–2004. Reglugerð um prófin var gefin út árið 2002 og breytt 2003. Prófin komu síðan til framkvæmda skólaárið 2003–2004 og voru þá valfrjáls því að rétt þótti að veita nemendum og skólum aðlögun að þessu nýja prófafyrirkomulagi. Ekki var prófað nema í einni grein, íslensku. Í maí 2005 var í fyrsta skipti prófað í þremur greinum og þá var nemendum skylt að taka prófin. Síðan var aftur prófað í þremur greinum í desember 2005.

Tilgangur samræmdra prófa getur verið margþættur. Þau eru t.d. notuð til að

a. athuga hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
b. veita upplýsingar um skólahald og tengsl kennsluhátta og námsárangurs,
c. vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
d. veita nemendum, forsjáraðila og skólum, þ.m.t. viðtökuskólum, upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Samræmd próf eiga sér nokkra sögu í skólakerfinu. Árið 1929 voru tekin upp samræmd próf í nokkrum greinum í barnaskólum og síðar í gagnfræðaskólum. Tilgangur þeirra prófa var fyrst og fremst tengdur a- og b-liðum hér að framan. Þeim var stjórnað af fræðslumálastjórninni í samvinnu við skólastjóra og kennara um land allt.

Í kjölfar fræðslulaganna 1946 voru einnig tekin upp samræmd próf í miðskóla gagnfræðastigsins, oftast kölluð landspróf miðskóla. Prófin voru valfrjáls, en voru sett á í jafnréttisskyni. Tilgangur þeirra var fyrst og fremst að gefa nemendum kost á samræmdu prófi til að meta námsárangur og velja nemendur til framhaldsnáms í menntaskólum, sbr. d-lið hér að framan.

Landspróf miðskóla var lagt niður þegar ný námskrá tók gildi 1976 í anda grunnskólalaganna. Þá var tekin upp ný gerð samræmdra prófa, þar sem segja má að markmið þeirra hafi sameinað tilgang eldri prófanna frá 1929 og landsprófsins, þ.e. að veita upplýsingar um skólakerfið og framkvæmd námskráa, auk þess að veita upplýsingar um námsárangur. Einnig var nú lögð áhersla á leiðsagnarþátt námsmatsins, sbr. c-lið hér að framan.

Í núgildandi reglugerð nr. 196/2003, með síðari breytingum, um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum, segir að tilgangur samræmdra stúdentsprófa sé m.a. að:

1. veita nemendum og viðkomandi skóla upplýsingar um námsárangur nemenda og námsstöðu í þeim námsgreinum þar sem haldin eru samræmd stúdentspróf,
2. veita viðtökuskólum upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda og vera viðmið fyrir inntöku í einstakar deildir á háskólastigi,

3. veita fræðsluyfirvöldum upplýsingar um námsárangur, m.a. eftir framhaldsskólum, og hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð.

Við framkvæmd prófanna árið 2005 komu í ljós ýmsir annmarkar og nemendur sáu lítinn tilgang með prófunum, auk þess sem lítil merki sáust um að skólar á háskólastigi kölluðu eftir því að nemendur hefðu lokið slíkum prófum. Nokkrir framhaldsskólanna hafa talið það vandkvæðum bundið að bæta samræmdum stúdentsprófum við prófahald sem þar hefur tíðkast um árabil, bæði í lok vor- og haustannar. Þykir sýnt að prófin í núverandi mynd henti misvel einstökum nemendum, námsbrautum og framhaldsskólum.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að 2. og 3. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. 24. gr. gildandi laga falli brott og með því verða samræmd lokapróf í framhaldsskóla í tilteknum greinum aflögð. Verði frumvarp þetta að lögum nú á vorþingi er við það miðað að samræmd lokapróf í framhaldsskóla verði ekki haldin á vorönn yfirstandandi skólaárs, enda miðar gildistökuákvæði frumvarpsins við að lögin taki þegar gildi.

Samhliða því sem samræmd stúdentspróf verða felld niður í núverandi mynd verður unnið að frekari athugun á kostum og göllum samræmds prófmats á framhaldsskólastigi í tengslum við tíu punkta samkomulag menntamálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um bætt skólakerfi og væntanlega heildarendurskoðun á lögum um framhaldsskóla. Menntamálaráðherra telur það vera mikilvægan lið í því starfi sem framundan er að meta heildstætt hvaða leið sé heppilegust til framtíðar, m.a. með hliðsjón af niðurstöðu starfshóps um námsmat á framhaldsskólastigi og áformum um breytta námsskipan.

Meðal kosta sem sérstaklega þarf að gefa gaum er hvort skynsamlegt sé að tekin verði upp einstaklingsmiðuð rafræn könnunarpróf, líkt og nú er verið að þróa m.a. á Norðurlöndunum. Slík próf gefa möguleika á að koma til móts við þarfir einstakra nemenda og skóla, ásamt því að geta nýst viðtökuskólum og fræðsluyfirvöldum. Tilgangur könnunarprófanna væri fyrst og fremst að veita nemendum og skólum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda í viðkomandi námsgrein þannig að unnt yrði að taka mið af því í áframhaldandi námi nemandans bæði á meðan hann er í námi á framhaldsskólastigi og að því námi loknu. Í öðrum löndum, svo sem Danmörku og Bretlandi, er unnið að því að taka upp einstaklingsmiðuð tölvuvædd próf, enda ljóst að þau hafa marga kosti umfram hefðbundin próf og henta betur þeirri áherslu sem lögð er á einstaklingsmiðað nám og námsmat.

Mikilvægt er að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki þegar gildi þar sem gildandi lög kveða á um að nemendur geti ekki lokið stúdentsprófi án þess að hafa lokið samræmdum stúdentsprófum í tilteknum greinum. Skiptir þetta máli gagnvart þeim nemendum sem hyggjast ljúka stúdentsprófi á komandi vori.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að viðskipta- og hagfræðibraut bætist við sem sérstök bóknámsbraut, í öðru lagi að niður falli ákvæði um samræmd stúdentspróf og í þriðja og

síðasta lagi að niður falli heimildarákvæði um samræmd lokapróf í tilteknum greinum framhaldsskólanáms.

Að mati fjármálaráðuneytisins hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkisins að heimila framhaldsskólum að bjóða á ný upp á viðskipta- og hagfræðibrautir. Útgjöld vegna samræmdra stúdentsprófa eru áætluð 24 m.kr. í fjárlögum 2006 og falla þau niður verði frumvarpið að lögum. Ekki er áætlað sérstaklega í fjárlögum fyrir útgjöldum vegna heimildarákvæðis um samræmd lokapróf.

1048. Frumvarp til laga [712. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað „14 ára“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi eða hótunum gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

3. gr.

195. gr. laganna orðast svo:

Þegar refsing fyrir brot gegn 194. gr. er ákveðin skal virða það til þyngingar:

a. ef þolandi er barn yngra en 18 ára,
b. ef ofbeldi geranda er stórfellt,
c. ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt.

4. gr.

196. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

197. gr. laganna orðast svo:

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, annarri stofnun á vegum lögreglu, fangelsisyfirvalda eða barnaverndaryfirvalda, geðdeild sjúkrahúss, heimili fyrir andlega fatlað fólk eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 198. gr. laganna:

a. Orðin „utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

7. gr.

199. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 200. gr. laganna:

a. Í stað „2 ára“ í 2. mgr. kemur: 4 ára.
b. Í stað „4 ára“ í 2. mgr. kemur: 6 ára.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 201. gr. laganna:

a. Í stað „2 árum“ í 2. mgr. kemur: 4 árum.
b. Í stað „4 ára“ í 2. mgr. kemur: 6 ára.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 202. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „allt að 12 árum“ í 1. mgr. kemur: ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum.
b. Við 1. mgr. bætist svohljóðandi málsliður: Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.
c. Í stað „4 árum“ í 2. mgr. kemur: 6 árum.
d. Í stað orðsins „ungmenni“ í 3. mgr. kemur: barn.
e. Orðin „eða ungmenni“ í 4. mgr. falla brott.

11. gr.

205. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur sá sem sæta skal refsingu fyrir eitthvert þeirra kynferðisbrota sem að framan greinir áður verið dæmdur sekur um slíkt brot og má þá hækka refsingu svo að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

12. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með

útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. gildir einnig um brot sem framin eru fyrir gildistöku laga þessara, enda sé fyrningarfrestur þeirra ekki hafinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 25. maí 2005 fór Björn Bjarnason dóms og kirkjumálaráðherra þess á leit við Ragnheiði Bragadóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að hún tæki að sér að semja frumdrög að frumvarpi um breyting á tilteknum ákvæðum í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, með síðari breytingum (hér eftir skammstafað hgl., þar sem við á), sem síðan yrðu tekin til umfjöllunar í dómsmálaráðuneytinu. Eins og fram kemur í bréfi ráðherra varðar endurskoðunin eftirtalin brot:

1. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 194.–199. gr., sbr. 205. gr. hgl.
2. Kynferðisbrot gegn börnum, 200.–202. gr., sbr. 204. gr. hgl.
3. Vændi, 206. gr. hgl.

Í bréfi ráðherra kemur jafnframt fram að ráðuneytið telji miklu skipta að við endurskoðun framangreindra lagaákvæða verði byggt á traustum refsiréttarlegum grunni og tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði, auk íslenskrar lagahefðar. Jafnframt sé nauðsynlegt að fá yfirlit yfir beitingu þessara lagaákvæða á þeim 13 árum sem liðin eru frá samþykkt þeirra.

Í samræmi við fyrrgreind sjónarmið var víða leitað fanga við samningu lagafrumvarps þessa. Fyrst er að nefna þann grundvöll sem byggt er á, en það eru rannsóknir höfundar frumvarpsins á ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga bæði löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar. Til þeirra rannsókna telst könnun á dómum Hæstaréttar á þessu sviði undanfarna áratugi, greining þeirra og samanburður. Hafa niðurstöður sumra þessara rannsókna birst á síðastliðnum árum, en aðrar munu birtast á næstunni. Í öðru lagi var könnuð löggjöf um kynferðisbrot í öðrum löndum, einkum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, Þýskalandi, Englandi og Írlandi, og þá ekki síst þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á löggjöf hjá sumum þessara þjóða. Í þriðja lagi er byggt á upplýsingum sem fram koma í ýmsum félagsfræðilegum og afbrotafræðilegum rannsóknum og gögnum, sem til eru um umfang og eðli þessara brota í íslensku samfélagi. Loks hefur höfundur leitast við að kynna sér reynslu ýmissa aðila sem starfað hafa með þolendum brotanna. Á grundvelli allra þessara gagna er miðað að því að hafa hin nýju ákvæði þannig úr garði gerð að þau þjóni sem best hagsmunum þolenda brotanna, sem í flestum tilvikum eru konur og börn.

Hinn 14. febrúar 2006 lagði dóms- og kirkjumálaráðherra lagafrumvarp þetta fyrir ríkisstjórn til kynningar. Jafnframt var frumvarpið kynnt opinberlega og birt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins þar sem gefinn var kostur á að koma á framfæri athugasemdum við það áður en það yrði lagt fyrir Alþingi. Einnig var haldin málstofa í lagadeild Háskóla Íslands 3. mars sl. þar sem höfundur frumvarpsins ræddi efni þess. Tvær skriflegar umsagnir bárust um frumvarpið og var önnur þeirra frá Samtökum um kvennaathvarf og hin frá Atla Gíslasyni hrl. Voru þær og aðrar ábendingar um efni frumvarpsins athugaðar gaumgæfilega og tekið mið af þeim eins og unnt var.

Ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um kynferðisbrot voru endurskoðuð í upphafi 10. áratugar síðustu aldar, sbr. lög nr. 40/1992. Höfðu þau þá verið óbreytt frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940. Fyrstu áratugina eftir 1940 komu brot gegn ákvæðum kaflans sjaldan til kasta dómstóla og umræða um þau var nánast engin. Á þessari hálfu öld sem liðin er gerbreyttist þjóðfélagið og vitneskja um brotin kom fram í dagsljósið hér á landi eins og erlendis. Endurskoðun ákvæðanna var orðin löngu tímabær. Var það ekki síst fyrir áhrif frá kvennahreyfingunni sem ráðist var í þá endurskoðun, en frá henni kom ákall um að löggjöf á þessu sviði tæki mið af breyttum viðhorfum til þessara mála og þeim upplýsingum sem þá þegar lágu fyrir um meðferð málanna í réttarkerfinu, konur og börn sem þolendur brotanna og afleiðingar þeirra fyrir þolendur. Árið 1982 var Kvennaathvarfið opnað og vorið 1984 varð mikil umræða í þjóðfélaginu um afbrotið nauðgun og réttarstöðu brotaþola. Upphaf þeirrar umræðu má rekja til nauðgunarbrota sem framin voru í Reykjavík þá um vorið og synjunar sakadóms um að úrskurða sakborninginn í málinu í gæsluvarðhald, sjá H 1984:678. Gagnrýni á meðferð nauðgunarmála í réttarkerfinu jókst og í kjölfarið var skipuð nefnd sem falið var að kanna hvernig háttað væri rannsókn og meðferð nauðgunarmála, kanna löggjöf og lagaframkvæmd á þessu sviði og gera tillögur til úrbóta í þessum efnum. Skýrsla nefndar þessarar, nauðgunarmálanefndar, kom síðan út á vegum dómsmálaráðuneytisins árið 1989. Voru þar gerðar ýmsar tillögur til úrbóta, m.a. um breytingar á ákvæðum hegningarlaganna um kynferðisbrot. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram komu í skýrslunni var XXII. kafla hegningarlaganna, sem þá nefndist *Skírlífisbrot*, breytt verulega.

Með breytingalögunum frá 1992 voru m.a. gerðar tvær grundvallarbreytingar á ákvæðum kynferðisbrotakaflans. Í fyrsta lagi voru ákvæði kaflans gerð ókynbundin. Fyrir lagabreytinguna höfðu þau verið kynbundin, þ.e. aðeins konur nutu refsiverndar og gátu verið þolendur en eingöngu karlmenn gátu verið gerendur. Þar sem ákvæðin eru nú ókynbundin geta bæði karlar og konur verið gerendur og þolendur. Var þessi breyting gerð til samræmis við breytt viðhorf í þjóðfélaginu og réttarþróun í nágrannalöndunum (Alþingistíðindi 1991–1992, 115. löggjafarþing. A, bls. 787–788). Í öðru lagi voru svonefnd önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði, en þau höfðu áður varðað vægari refsingu samkvæmt sérstöku ákvæði þar um. Ekkert dæmi er um það í dómasafni Hæstaréttar að karlmaður hafi orðið þolandi nauðgunar eða annars kynferðisbrots af hálfu konu. Í umfjöllun í greinargerðinni hér á eftir verður því orðið *konur* notað um þolendur brotanna þar sem það á við og er með því lögð áhersla á hverjir eru þolendur þessara brota í raun. Þrátt fyrir þá hugtakanotkun hér er ekki ástæða til að hverfa frá ókynbundnu orðalagi í ákvæðunum sjálfum. Síðan 1992 hafa nokkrar breytingar verið gerðar á XXII. kafla almennra hegningarlaga og tengjast þær flestar ákvæðum sem varða refsivernd barna. Breytingalögin eru þessi: lög nr. 82/1998 (afnám varðhaldsrefsingar), lög nr. 39/2000 (vitnavernd, barnaklám o.fl.), lög nr. 14/2002 (kynferðisbrot gegn börnum, vændi barna og unglinga) og lög nr. 40/2003 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal).

Á þeim 14 árum sem liðin eru frá því að lög nr. 40/1992 tóku gildi hefur vitneskja um kynferðisbrot, einkenni þeirra og afleiðingar aukist gífurlega. Öll umræða í þjóðfélaginu um brotin er orðin mun opinskárri og engum blandast lengur hugur um hve algeng þau eru og skaðleg, bæði fyrir þann sem fyrir þeim verður og samfélagið í heild. Þótt dómum fyrir sumar tegundir kynferðisbrota hafi fjölgað er ljóst að fjöldi brota kemur aldrei fram í dagsljósið og þótt þau geri það eru sakfellingardómar hlutfallslega fáir. Þó núgildandi ákvæði hegningarlaga um kynferðisbrot séu ekki gömul hefur á undanförnum árum komið fram vaxandi gagnrýni á sum þeirra. Þau þykja ekki veita þolendum brotanna næga réttarvernd, auk þess sem sumir telja að hugsanlega leynist þar enn gömul og úrelt viðhorf í afstöðu til kvenna. Sú skilgreining á hugtakinu „nauðgun“ sem byggt er á í lögunum er ekki í samræmi við hug-

myndir fólks almennt um hvað í slíku broti felst. Þá þykja refsiákvarðanir dómstóla fyrir brotin vera of vægar, ekki síst þegar börn eru þolendur brotanna. Við samningu þessa frumvarps hefur verið leitast við að breytingarnar, sem lagt er til að verði gerðar á ákvæðunum, falli vel að því reglukerfi, sem fyrir er í almennum hegningarlögum, bæði almenna hluta laganna og hinum sérstaka. Í frumvarpinu er einnig lögð áhersla á að sjálfar lagagreinarnar séu einfaldar og skýrar, en útskýringar á þeim í greinargerð séu ítarlegar. Þá er jafnframt haft að leiðarljósi að auka réttarvernd kvenna og barna og gera ákvæðin nútímalegri. Áhersla er lögð á að reyna að tryggja, svo sem framast er unnt með löggjöf, að friðhelgi, sjálfsákvörðunarréttur, kynfrelsi og athafnafrelsi hvers einstaklings sé virt. Þá er rétt að benda hér á að vandkvæði varðandi sönnun brotanna verða ekki, nema að litlu leyti, leyst með breytingum á ákvæðum almennra hegningarlaga. Úrbætur varðandi sönnun varða réttarfar og kalla á umfjöllun og hugleiðingar um breytingar á öðrum vettvangi, þ.e. á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og að einhverju leyti einnig breytt viðhorf dómstóla til sönnunar í kynferðisbrotamálum. Hér verður þó að árétta að sönnun í kynferðisbrotamálum er alltaf erfið, eðli málsins samkvæmt, auk þess sem mannréttindareglur kunna að setja mögulegum breytingum á þessu sviði takmörk.

Ákvæðum XXII. kafla hegningarlaganna, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992, um kynferðisbrot er það sameiginlegt að varða kynlíf fólks á einhvern hátt og veita athafnafrelsi á því sviði vernd. Hagsmunir þeir sem ákvæðin eiga að vernda eru margs konar. Sum ákvæðanna eiga að vernda kynfrelsi fólks almennt, en önnur beinast að því að vernda kynfrelsi þeirra sem eru minni máttar á einhvern hátt og þarfnast því sérstakrar verndar, hvort sem það er vegna andlegs sjúkleika, ungs aldurs eða þess að þeir eru öðrum háðir. Þá eru í kaflanum ákvæði sem miða að því að veita vernd gegn persónulegri og fjárhagslegri hagnýtingu og vernda almenna þjóðfélagshagsmuni. Loks eru þar ákvæði sem ekki miða beint að því að vernda tiltekna einstaklinga, heldur byggjast á viðteknum siðferðis- og siðgæðissjónarmiðum og eiga að vernda tilfinningar fólks, auk almennra þjóðfélagshagsmuna. Ákvæðunum má skipta í fjóra flokka í samræmi við þessa mismunandi verndarhagsmuni. Í fyrsta lagi eru það nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks (194.–199. gr.), í öðru lagi kynferðisbrot gegn börnum (200.–202. gr.), í þriðja lagi vændi (206. gr.) og í fjórða lagi brot gegn blygðunarsemi og klám (209. gr. og 210. gr.). Þótt brotunum sé hér skipt í þessa fjóra flokka í samræmi við hefðbundin sjónarmið um þá hagsmuni sem þeim er ætlað að vernda, er rétt að árétta að sameiginlegt meginmarkmið þeirra allra er að vernda kynfrelsið, sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einstaklingsins á sviði kynlífsins. Eins og fram kom hér í upphafi eru í þessu lagafrumvarpi tekin til endurskoðunar ákvæðin í fyrstu flokkunum þremur.

Á síðustu áratugum hefur verið fjallað um kynferðisbrot á alþjóðlegum vettvangi. Fyrst má þar nefna tvo samninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt, þ.e. samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 1979 og samning um réttindi barnsins frá 1989 og valfrjálsa bókun við hann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám (2000). Frá vettvangi Sameinuðu þjóðanna má einnig nefna yfirlýsingu allsherjarþingsins um afnám ofbeldis gagnvart konum, nr. 48/104 frá 20. desember 1993. Evrópuráðið hefur einnig hvatt ríki til þess að tryggja að löggjöf veiti næga vernd gegn kynferðisbrotum. Á þriðja evrópska ráðherrafundinum um jafnrétti kvenna og karla sem haldinn var í Róm 21.–22. október 1993 var samþykkt yfirlýsing um aðferðir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum í Evrópu og ályktun um nauðgun og kynferðislega misnotkun kvenna. Í þessu sambandi má nefna tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 3. maí 2002 (Rec. (2002) 5) um varnir gegn ofbeldi sem beinist að konum. Þar kemur fram að hvers kyns kynferðisleg háttsemi gagnvart þeim sem er háttseminni ekki samþykkur skuli vera refsiverð, einnig þótt þolandinn berjist ekki á móti

atlögunni. Kynferðisleg misnotkun skuli einnig vera refsiverð, einkum fullorðins manns gagnvart barni. Þá má nefna rammaákvörðun Evrópusambandsins um aðgerðir til að berjast gegn kynferðislegri misnotkun barna og barnaklámi. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli M.C. gegn Búlgaríu var talið að búlgarska ríkið hefði brotið gegn ákvæðum skyldum sínum skv. 3. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að tryggja ekki að landslög í Búlgaríu og framkvæmd þeirra veittu næga vernd gegn nauðgunum og kynferðislegri misnotkun. Í dóminum er gerð grein fyrir lagaákvæðum um nauðgun í ýmsum löndum Evrópu og alþjóðalögum og framkvæmd þeirra. Með ákvæðum þessa frumvarps á að vera tryggt að Íslendingar fullnægi þeim skuldbindingum sem þeir hafa undirgengist og varða efni frumvarpsins.

Á undanförnum árum hafa lagaákvæði um kynferðisbrot verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar í ýmsum nágrannalöndum okkar. Markmiðið með þessum lagabreytingum er alls staðar hið sama. Annars vegar er ætlunin að einfalda reglurnar og gera þær nútímalegri og hins vegar að auka vernd barna og kvenna gegn kynferðisbrotum. Þótt þetta markmið sé flestum þjóðunum sameiginlegt eru ákvæðin með ýmsu og ólíku sniði. Norðmenn breyttu ákvæðum hegningarlaga sinna, nr. 10/1902, með lögum nr. 76/2000 og sænsku lögunum var breytt vorið 2005 með lögum nr. 90/2005. Með hinum nýju lögum var löggjöf beggja þjóðanna um kynferðisbrot breytt verulega. Meðal annars var nauðgunarhugtakið víkkað umtalsvert. Árið 1998 voru kaup á kynlífi gerð refsiverð í Svíþjóð með sérstökum lögum *(lag (1998:408) om förbud mot köp av sexuella tjänster)*. Ákvæði um þetta efni eru nú í sænsku hegningarlögunum. Finnsku ákvæðunum um kynferðisbrot var breytt með lögum nr. 563/1998. Þar er þó enn byggt á þröngri, hefðbundinni skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu. Þá hefur dómsmálaráðherra Finnlands lagt fram á þingi frumvarp þess efnis að gera kaup á kynlífi refsiverð að sænskri fyrirmynd en óvíst er um afdrif þess. Dönskum ákvæðum um kynferðisbrot hefur ekki mikið verið breytt og eru þau enn í megindráttum samhljóða núgildandi íslenskum ákvæðum. Helstu breytingarnar hafa verið hækkun refsimarka fyrir nokkur brot. Englendingar og Írar hafa sett sér ný ákvæði um kynferðisbrot. Ensku lögin eru frá árinu 2003, *Sexual Offences Act 2003,* og þau írsku frá árinu 1990, *the Criminal Law (Rape) (Amendment) Act 1990.* Hjá báðum þjóðunum er nauðgun skilgreind út frá hugtakinu samþykki í samræmi við hina engilsaxnesku hefð. Af lagabreytingum þeim sem hér hafa verið nefndar eru breytingarnar sem gerðar hafa verið á norsku og sænsku lögunum viðamestar. Eru það þau erlendu lög sem einkum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu lagafrumvarps þessa.

Hér á eftir verður fyrst fjallað stuttlega um breytingarnar á norsku og sænsku hegningarlögunum og aðdraganda þeirra. Síðan verður gerð grein fyrir ýmsum almennum atriðum varðandi hvern af brotaflokkunum þremur og einstökum lagaákvæðum sem frumvarpið tekur til og gerð grein fyrir helstu nýmælum sem lagt er til að verði lögfest. Loks koma athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

II. Ákvæði norskra og sænskra hegningarlaga um kynferðisbrot.

1. Noregur.

Árið 1980 var skipuð nefnd í Noregi til þess að endurskoða hegningarlögin frá 1902 (*straffeloven nr. 10, 22. mai 1902*). Nefndin skilaði áliti um nýjan almennan hluta hegningarlaganna árið 1992 (*NOU 1992:23*). Skipuð var önnur nefnd árið 1994 og var hlutverk hennar að endurskoða hegningarlögin og refsiákvæði í sérrefsilögum og skilaði hún áliti um bæði almenna og sérstaka hluta hegningarlaganna árið 2002 (*NOU 2002:4*), og byggðu tillögurnar um breytingar á almenna hlutanum á skýrslu eldri nefndarinnar. Meðan á vinnu þessarar

nefndar stóð hafði verið skipuð undirnefnd hennar, árið 1995, til þess að meta þörfina á breytingum á kynferðisbrotaköflum hegningarlaganna. Sú nefnd skilaði skýrslu árið 1997 (*NOU 1997: 23 Seksuallovbrudd – Straffelovkommisjonens delutredning VI*) með tillögum um nýjan kafla um kynferðisbrot í hegningarlögum. Í framhaldi af þessu lagði norska dómsmálaráðuneytið fram tillögur til endurskoðunar á 19. kafla norsku hegningarlaganna, sem byggðar eru á skýrslunni frá 1997 (sjá *Ot.prp. nr. 28 (1999–2000) om lov om endringer i straffeloven mv. (seksuallovbrudd)*). Var kaflanum síðan breytt í núgildandi horf með lögum nr. 76 11. ágúst 2000. Markmið breytinganna var að einfalda og nútímavæða ákvæðin og styrkja réttarvernd kvenna og barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Í 19. kafla norsku hegningarlaganna eru ákvæði um eftirfarandi kynferðisbrot: nauðgun (192. gr.), misnotkun stöðu og þess að þolandi er háður hinum brotlega (193. gr. og 194. gr.), samræði og önnur kynferðismök gegn börnum (195. gr. og 196. gr.), sifjaspell (197.–199. gr.), kynferðislega áreitni og brot gegn blygðunarsemi (200. gr. og 201. gr.), hagnýtingu vændis, kaup kynlífs af unglingi yngri en 18 ára og klám (202.–204. gr.). Það er hvorki refsivert að selja kynlíf né kaupa kynlíf af þeim sem orðinn er 18 ára. Ákvæðunum er skipað í lögin í ofangreindri röð með það fyrir augum annars vegar að fyrst komi brot gegn einstaklingum en síðan brot gegn þjóðfélagslegum hagsmunum og hins vegar til þess að hafa fremst ákvæðin um alvarlegustu brotin. Hugtakið nauðgun er rýmkað verulega með nýju lögunum. Nauðgun felst í því að hafa samræði eða önnur kynferðismök með því að beita ofbeldi eða hótunum, en tekur nú einnig til háttsemi sem áður varðaði vægari viðurlögum, þ.e. kynmaka við meðvitundarlaust fólk eða þá sem geta af öðrum ástæðum ekki spornað við verknaðinum. Það telst einnig nauðgun að beita ofbeldi eða hótunum til þess að fá aðra til þess að hafa kynmök eða til að framkvæma samsvarandi athafnir gagnvart sjálfum sér. Þegar metið er hvort beitt var ofbeldi eða hótunum eða hvort þolandi var ófær um að sporna við verknaðinum skal tekið tillit til þess ef þolandi var yngri en 14 ára. Ákvæði þessa efnis var sett í norsku hegningarlögin þegar árið 1998 og var markmiðið að styrkja réttarstöðu barna. Því þarf minna til svo að atlagan teljist ofbeldi þegar barn á í hlut. Refsing fyrir nauðgun af ásetningi er fangelsi í 14 daga og allt að 10 árum. Ef brotið felst í samræði er lágmarksrefsingin 2 ára fangelsi og refsihámarkið 15 ára fangelsi. Nauðgun af stórfelldu gáleysi er refsiverð og varðar fangelsi allt að 5 árum. Ef tilteknar refsihækkunarástæður eru fyrir hendi getur refsing fyrir nauðgun af ásetningi orðið allt að 21 árs fangelsi og fyrir nauðgun af gáleysi fangelsi allt að 8 árum. Það á við ef brotið er framið af fleiri í sameiningu, það er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hinn brotlegi hefur áður sætt refsingu fyrir nauðgun og ef þolandi andast eða verður fyrir verulegu líkams- eða heilsutjóni vegna brotsins. Refsingar í nauðgunarmálum í Noregi hafa verið að þyngjast og er algeng refsing 3 ára fangelsi fyrir alvarlega nauðgun, t.d. gagnvart ókunnugum konum. Með breytingalögunum nr. 76/2000 voru ákvæði um misnotkun stöðu, þess að vera öðrum háður og misnotkun trúnaðarsambands í kynferðislegum tilgangi einfölduð og sameinuð. Ákvæði 214. gr. um refsibrottfall ef hinn brotlegi og þolandi gengu í hjónaband eftir framningu brotsins var afnumið. Kaup á kynlífi af unglingum yngri en 18 ára hefur verið gert refsivert. Refsimörk fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa verið þyngd. Samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára varða allt að 10 ára fangelsi og er refsilágmarkið 2 ára fangelsi ef brotið felst í samræði. Séu tilteknar refsihækkunarástæður fyrir hendi er refsihámarkið 21 árs fangelsi. Ein af þeim ástæðum eru endurtekin brot gagnvart barni yngra en 10 ára. Refsingar fyrir stórfelld kynferðisbrot gegn börnum hafa þyngst síðastliðin ár. Algeng refsing fyrir slík brot er óskilorðsbundið fangelsi í 3–5 ár. Ákveða má að refsing skuli falla brott ef hinn brotlegi og þolandi

eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Loks er refsivert að bjóða, miðla eða óska eftir kynlífi gegn greiðslu í opinberum auglýsingum.

2. Svíþjóð.

Ákvæði um kynferðisbrot eru í 6. kafla sænsku hegningarlaganna (*Brottsbalken*), sbr. breytingalög frá 1984. Árið 1993 var sett á fót nefnd í Svíþjóð til þess að kanna ýmis atriði er varða ofbeldi gegn konum og koma með tillögur um aðgerðir til þess að vinna gegn slíku ofbeldi. Nefnd þessi, sem kölluð var *Kvinnovåldskommissionen*, skilaði lokaálitsgerð árið 1995 og er hún nefnd *Kvinnofrid (SOU 1995:60)*. Í skýrslunni er fyrst og fremst fjallað um ofbeldi karla gegn konum sem eru þeim nákomnar. Eru þar gerðar tillögur um aðgerðir á ýmsum sviðum samfélagsins, bæði aðgerðir til þess að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og einnig til þess að aðstoða konur sem orðið hafa þolendur ofbeldis. Lagðar eru til ýmsar lagabreytingar, m.a. á 6. kafla hegningarlaganna, til þess að ná þessu markmiði, en jafnframt lögð á það áhersla að lagabreytingar einar sér geti ekki leyst það samfélagsvandamál sem ofbeldi gegn konum er. Þar þyrfti heilbrigðiskerfið og félagsmálakerfið einnig að koma til skjalanna og auk þess almennar upplýsingar og fræðsla til þess að auka vitund almennings um þetta þjóðfélagsmein. Árið 1998 var sett á fót þingnefnd *(sexualbrottsutredningen)* til þess að gera úttekt á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Setti hún fram tillögur sínar í skýrslunni *SOU 2001:14 (Seksualbrotten. Ett ökat skydd för den sexsuella integriteten och angränsande frågor)*.

Hinn 1. apríl 2005 tóku gildi breytingar á kynferðisbrotakafla sænsku hegningarlaganna, sbr. lög nr. 90/2005. Þar eru ákvæði um nauðgun og stórfellda nauðgun. Það er nauðgun að þvinga manneskju til samræðis eða annarra kynferðismaka með ofbeldi eða hótunum um refsiverðan verknað. Nauðgunarhugtakið er rýmkað, m.a. með því að misnotkun fólks sem ekki getur spornað við kynmökunum, t.d. vegna meðvitundarleysis, svefns, ölvunar o.fl., telst nú til nauðgunar. Í þeim tilvikum er það ekki skilyrði að þolandi sé þvingaður til kynmakanna. Litið er svo á að manneskja sem er meðvitundarlaus, sofandi, ölvuð eða undir áhrifum annarra vímuefna, veik, slösuð eða andlega sköddð geti verið í svo bjargarlausu ástandi að ekki eigi við að tala um að hún sé þvinguð til kynmaka. Hún hafi ekki skilið það sem fram fór og geti því ekki tekið afstöðu til þess. Það telst nú til nauðgunar að misnota þetta ástand annarrar manneskju til kynmaka. Nauðgun varðar 2–6 ára fangelsi. Séu aðstæður við brotið mildandi er hámarksrefsing 4 ára fangelsi. Sé brotið hins vegar stórfellt er lágmarksrefsing 4 ára fangelsi og hámarksrefsing 10 ára fangelsi. Ákvæði um kynferðislega nauðung er enn í kaflanum en innihald þess er mun þrengra en áður þar sem fleiri tilvik teljast nú til nauðgunar. Brotið varðar fangelsi allt að 2 árum. Sé brotið gróft er refsingin 6 mánaða og allt að 6 ára fangelsi. Þá eru ákvæði um misnotkun á aðstöðu í kynferðislegum tilgangi sem varðar fangelsi allt að 2 árum. Sé brotið gróft er refsingin fangelsi í 6 mánuði og allt að 4 árum. Í nýja kynferðisbrotakaflanum eru kynferðisbrot gegn börnum greind frá kynferðisbrotum gegn fullorðnum. Refsivernd barna er aukin með því að sett eru sérákvæði um nauðgun og aðrar kynferðislegar árásir gegn börnum. Greint er á milli nauðgunar og stórfelldrar nauðgunar. Samræði eða önnur sambærileg kynferðismök gagnvart barni yngra en 15 ára telst nauðgun. Þess er ekki krafist að beitt sé ofbeldi, hótunum eða nauðung til þess að brot teljist nauðgun gegn barni. Nauðgun gagnvart barni varðar 2–6 ára fangelsi. Kynmök við börn á aldrinum 15–17 ára teljast einnig til nauðgunar og varða sömu refsingu ef barnið er afkomandi hins brotlega eða hefur verið falið honum til fósturs eða uppeldis. Sé brotið stórfellt er refsingin 4–10 ára fangelsi. Sé beitt ofbeldi eða hótunum hefur það áhrif á mat á grófleika brotsins. Við mat á því hvort brotið telst stórfelld nauðgun skal taka tillit til þess hvort hinn

brotlegi hefur beitt ofbeldi eða hótun um refsiverðan verknað, hvort fleiri eru þátttakendur í broti eða hvort hinn brotlegi hefur með hliðsjón af háttalagi sínu og ungum aldri barnsins sýnt af sér sérstakt tillitsleysi eða ruddaskap. Kynferðisleg áreitni er refsiverð og einnig kaup á kynlífsþjónustu af börnum. Ákvæði um sifjaspell eru óbreytt. Ákvæði laga nr. 408/1998, um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, var fært yfir í hegningarlögin. Varðar brotið sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Hagnýting vændis er refsiverð.

III. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, 194.–199. gr., sbr. 205. gr. hgl.

1. Uppbygging núgildandi ákvæða

Brotum gegn 194.–199. gr. hgl., þ.e. nauðgun og öðrum brotum gegn kynfrelsi fólks, er það sameiginlegt að þar fer fram samræði eða önnur kynferðismök gegn vilja þolanda. Það sem greinir þessi brot hins vegar að er það að mismunandi verknaðaraðferðum er beitt til þess að ná fram kynmökunum og lítur löggjafinn þau misalvarlegum augum eftir því hver verknaðaraðferðin er. Mikilvægasta ákvæðið í þessum flokki, og það sem oftast reynir á fyrir dómstólum, er 194. gr. um nauðgun. Sú aðferð, sem beitt er við nauðgun, er ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Hún er alvarlegust þessara brota og varðar þyngstu refsingunni, fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Brot gegn öðrum ákvæðum kaflans en 194. gr. teljast ekki nauðgun í lagatæknilegri merkingu þess hugtaks. Sé beitt hótun um annað en ofbeldi fellur háttsemin undir 195. gr. hgl. sem fjallar um aðra ólögmæta kynferðisnauðung. Misneyting er verknaðaraðferð sem beitt er skv. 196.–198. gr. og skv. 199. gr. er beitt blekkingaraðferð, sem leiðir til sviksamlegra kynferðismaka. Brot gegn 195.–199. gr. varða mun vægari refsingu en nauðgun skv. 194. gr., eða fangelsi allt að 3, 4 eða 6 árum. Auk þess reynir mun sjaldnar á þessi ákvæði fyrir dómstólum en ákvæði 194. gr. þótt á síðustu árum hafi í auknum mæli reynt á ákvæði 196. gr. Af þessu er ljóst að í núgildandi lögum er mikið lagt upp úr þeirri verknaðaraðferð sem notuð er við að brjóta gegn kynfrelsi fólks. Ofbeldi þykir langalvarlegasta aðferðin og þau brot ein þar sem beitt er ofbeldi eða hótun um það teljast nauðgun. Þessi skipting brotanna eftir verknaðaraðferðum á sér langa sögu í íslenskum rétti og er í samræmi við það sem tíðkast í germönskum rétti, sbr. þýskan og norrænan rétt. Álitamál er hins vegar hvort rétt sé að gera þennan mikla greinarmun á brotunum eftir verknaðaraðferðum því að þá er hætta á að það sem er þungamiðjan í brotunum, brotið gegn kynfrelsi fólks, falli í skuggann. Aðalatriði kynferðisbrots er að brotið hefur verið gegn sjálfsákvörðunarrétti fólks varðandi kynlíf, frelsi þess og friðhelgi og það er alvarlegast fyrir þolendur brotanna. Í samræmi við það sjónarmið er lagt til í frumvarpi þessu að dregið verði úr núgildandi áherslu á verknaðaraðferðir og megináherslan lögð á það að með brotunum eru höfð kynmök við þolanda án þess að samþykki hans sé fyrir hendi og þannig brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti og athafnafrelsi hans í kynlífi.

2. Nauðgun, ólögmæt kynferðisnauðung skv. 195. gr.

Tvö ákvæði í XXII. kafla hgl. fjalla um háttsemi sem brýtur gegn athafnafrelsi manna í kynlífi með nauðung. Þetta eru 194. gr., þar sem ofbeldi er einnig verknaðaraðferð, og 195. gr. Munurinn á þessum tveimur ákvæðum felst í þeim nauðungaraðferðum, hótunum, sem notaðar eru við að ná fram samræði eða öðrum kynferðismökum. Sé beitt hótun um ofbeldi er brotið nauðgun, sem fellur undir 194. gr., en sé beitt hótun um annað en ofbeldi er brotið önnur ólögmæt kynferðisnauðung, sem fellur undir 195. gr. hgl. Ákvæði 194. gr. tekur því, auk beinnar valdbeitingar, til ólögmætra ofbeldishótana, en ekki annarra hótana. Ólögmætar hótanir um allt annað en ofbeldi falla undir 195. gr. Þar segir að hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka, skuli sæta fang-

elsi allt að 6 árum. Með orðunum „annars konar“ er í raun verið að vísa til 194. gr. Hótanir þær, sem falla undir 195. gr. eru ekki eins alvarlegar og hótanir skv. 194. gr. Markmiðið er þó hið sama í báðum tilvikum, þ.e. að þvinga manneskju til kynmaka. Í 195. gr. er ekki tilgreint í hverju hótanir samkvæmt ákvæðinu geta verið fólgnar. Samkvæmt lögskýringargögnum og túlkunum fræðimanna falla hér undir hótanir um sakburð, eignaspjöll, uppsögn á vinnustað eða óhagstæð starfskjör og hótanir um annað verulegt óhagræði, t.d. ærumeiðingar. Sé litið til dómaframkvæmdar kemur í ljós að frá árinu 1977 hafa aðeins gengið fjórir dómar í Hæstarétti þar sem sakfellt er fyrir brot gegn 195. gr. Þá hefur tvisvar verið skilað sératkvæði í dómum Hæstaréttar þar sem talið var að ákvæðið ætti við. Í öðrum dóminum sýknaði meiri hluti Hæstaréttar (H 10. október 2002, nr. 182/2002), en í hinum var dæmt fyrir brot gegn 194. gr. (H 13. mars 2003, nr. 420/2002). Einn hinna fjögurra sakfellingardóma féll fyrir lagabreytinguna árið 1992, þ.e. H 1984:1181, en hinir dómarnir þrír gengu allir eftir 1992.

Í öllum dómunum fjórum þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 195. gr. beitti ákærði einhvers konar yfirburðum til þess að þvinga þolanda til kynmaka. Yfirburðir hans umfram þolanda voru í einu tilviki yfirburðir geðsjúks, ölvaðs ungs manns undir lyfjaáhrifum gagnvart gamalli konu og í öðru tilviki yfirburðir miðaldra karlmanns gagnvart 16 ára stúlku. Þá fólust yfirburðir í því að brotamenn voru fleiri saman eða þolandi var einn með ákærða fjarri öðru fólki. Sú aðferð sem beitt var er vissulega vægari en beitt hefur verið í þeim málum þar sem 194. gr. hefur þótt eiga við. Þó má segja að neytt hafi verið aflsmunar og erfitt að hugsa sér að neitt annað hafi legið í loftinu en hótun um að beita ofbeldi ef á þyrfti að halda. Því verður ekki séð að sá munur sé á þessum brotum annars vegar og brotum gegn 194. gr. um nauðgun þar sem beitt er lágmarksofbeldi hins vegar að það réttlæti þann mun á mati á þessum tilvikum að þau heyri undir ólík refsiákvæði með mismunandi refsimörkum. Auk þess fellur hótun um ofbeldi undir aðferðir skv. 194. gr. Það er nóg að einungis sé um slíka hótun að ræða, hvort sem hún er látin í ljós með orðum eða látæði. Henni þarf ekki að fylgja ofbeldi í raun. Því eru ýmis rök sem benda til þess að þau tilvik, sem dæmd hafa verið sem brot gegn 195. gr. um ólögmæta kynferðisnauðung, hefðu getað fallið undir 194. gr. sem hótun um að beita ofbeldi ef ekki hefði verið látið að vilja ákærða.

Niðurstaðan er því sú að ekki sé ástæða til að gera mun á hótunum um ofbeldi og öðrum hótunum sem verknaðaraðferðum við framningu kynferðisbrota. Ekki skipti máli hvort hótað er ofbeldi eða einhverju öðru ef hótunin hefur þau áhrif að hinn brotlegi nær fram kynmökum sem ella hefðu ekki átt sér stað. Hótanir um eitthvað annað en ofbeldi eru einnig fremur óraunhæfar. Má í því sambandi vísa til þeirra dæma sem fræðimenn nefna um slíkt, en á þvílíkar hótanir hefur aldrei reynt sem verknaðaraðferðir í kynferðisbrotamálum fyrir íslenskum dómstólum. Verður einnig að telja fremur ólíklegt að unnt sé að þvinga manneskju til kynmaka með því að hóta henni eignaspjöllum eða ærumeiðingum. Og þó svo væri eru vandséð rök fyrir því, að kynmök fengin með slíkri hótun séu svo miklu vægara brot en kynmök sem fengin eru með hótunum um ofbeldi, að það réttlæti að þau teljist ekki til nauðgunar. Einnig verður að ætla, að í þeim örfáu dómum Hæstaréttar, þar sem reynt hefur á ákvæði 195. gr. hefði í flestum tilvikum verið unnt að rökstyðja, að beitt hafi verið hótunum um ofbeldi. Því er lagt til í frumvarpi þessu, að ákvæði 195. gr. hgl. um aðra ólögmæta kynferðisnauðung falli brott og 194. gr. um nauðgun taki til allra hótana sem verknaðaraðferðar, en ekki eingöngu ofbeldishótana, eins og nú er. Þessi leið hefur verið farin bæði í norskum og sænskum rétti, sbr. upphaf 192. gr. norsku hgl. nr. 10/1902, sbr. lög nr. 76/2000: „Den som a) skaffer seg seksuell omgang ved vold eller ved truende adferd ...“ og ákvæði 1. gr. 6. kafla sænska *brottsbalken*, sbr. lög nr. 90/2005: „Den som genom misshandel eller annars med våld eller

genom hot om brottslig gerning tvingar en person till samlag ...“ Sænska ákvæðið er þó heldur þrengra en það norska að því leyti að efni hótunar þarf að snúast um það að fremja einhvers konar refsiverðan verknað. Það getur þó verið hvaða refsiverði verknaður sem er, hvort sem hann bitnar á mönnum eða munum, t.d. eignaspjöll.

3. Nauðgun, misneyting skv. 196. gr.

Í 196. gr. hgl. er lögð refsing við því að notfæra sér bágt ástand þolanda til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Það tekur bæði til þess að notfæra sér geðveiki eða aðra andlega annmarka í þessu skyni og það að þannig er ástatt um þolanda að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Brot gegn ákvæðinu er misneytingarbrot. Það eitt að hafa kynmök við geðveikt fólk eða aðra sem falla undir ákvæðið er ekki refsivert heldur það að misnota ástand þess í þessu skyni, sbr. orðalagið „notfærir sér“. Við skilgreiningu á hugtakinu geðveiki verður að styðjast við skilgreiningar hugtaksins í læknisfræðinni eins og annars staðar í hegningarlögum þar sem þetta hugtak kemur fyrir. Inntak þess getur því breyst í tímans rás. Fólk haldið andlegum annmörkum er t.d. þroskaheft fólk. Einnig gæti fallið hér undir fólk sem þjáist af sálrænum truflunum, en þær þurfa þá væntanlega að vera nokkuð varanlegar. Hið veiklaða ástand þarf að vera fyrir hendi á verknaðarstundu. Seinni verknaðarliður ákvæðisins tekur til annars vanmáttarástands sem getur átt við ýmiss konar skammvinnar truflarnir. Má þar nefna rænuleysi vegna áfengisneyslu eða fíkniefnaneyslu, svefn, dáleiðsluástand, yfirlið eða annað meðvitundarleysi, t.d. af völdum deyfilyfja. Ástand þetta er þó ekki til komið fyrir tilverknað hins brotlega, því að slík tilvik falla beint undir 2. málsl. 194. gr., heldur notfærir hann sér ástand sem þegar er fyrir hendi. Brot gegn 196. gr. telst ekki nauðgun í lagatæknilegri merkingu þess hugtaks og varðar fangelsi allt að 6 árum, sem er mun vægari refsing en mælt er fyrir um í 194. gr. hgl. um nauðgun.

Samkvæmt könnun á dómum Hæstaréttar sem nær aftur til ársins 1977 og fram til júníloka 2005 gengu 24 dómar í Hæstarétti þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 196. gr. Yfirlit yfir þessa dóma er að finna í greininni *Slægð eða ofbeldi? Um ákvæði 196. gr. hgl.* (sjá: Ragnheiður Bragadóttir: Slægð eða ofbeldi? Um ákvæði 196. gr. hgl. *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, Lagadeild, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005). Þar má sjá að engin mál vegna brota gegn ákvæðinu komu til Hæstaréttar fyrstu 9 ár könnunartímabilsins, þ.e. á árunum 1977–1985. Síðan þá hafa fallið dómar um brot gegn ákvæðinu flest árin, flestir árið 2003, eða 5 talsins. Elstu dómarnir fjalla um misnotkun þroskahefts fólks, en árið 1991 féll fyrsti dómurinn þar sem brotið var gegn sofandi konu. Slíkum dómum hefur fjölgað á undanförnum árum. Þá má einnig sjá af yfirlitinu að refsingar fyrir brot gegn 196. gr. eru að þyngjast. Það vekur einnig athygli að ákvæði 196. gr. hgl., sem ætlað er að vernda sérstaklega geðveika og andlega vanheila, virðist verka í þveröfuga átt þannig að þeir njóta í raun lakari réttarverndar en þeir sem heilbrigðir eru. Þessa fullyrðingu má rökstyðja með því að engir dómar virðast hafa gengið í Hæstarétti þar sem refsað er fyrir nauðgun skv. 194. gr. og þolandi er andlega vanheill. Brot gegn þeim virðast alltaf felld undir 196. gr., sem varðar mun vægari refsingu en nauðgun skv. 194. gr. Rökin eru sjálfsagt þau að ekki hafi verið beitt ofbeldi. En því má svara til að oft þarf brotamaðurinn ekki að beita ofbeldi því að sá sem er andlega fatlaður lætur undan án þess. Ógnandi framkoma eða skipanir geta nægt til þess að hinn brotlegi nái fram vilja sínum og í slíkri hegðun felast oft hótanir um ofbeldi sem nægja til þess að háttsemi falli undir 194. gr. um nauðgun.

Dómum fyrir brot gegn 196. gr. hgl. hefur fjölgað mjög á síðastliðnum árum. Hér er um alvarleg afbrot að ræða sem fela í sér mikla misgerð við brotaþola. Þau brot sem framin eru

með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, þ.e. nauðgun, eru litin alvarlegri augum af löggjafanum og þar með í dómaframkvæmd. Það er þó erfitt að rökstyðja hvers vegna samræði sem komið er fram með ofbeldi sé alvarlegra afbrot en samræði við rænulausa manneskju, sem jafnvel er sofandi í eigin rúmi og á sér einskis ills von, eða þroskahefta konu, sem er varnarlaus og getur enga björg sér veitt. Telja verður að þessi áhersla á ofbeldi sem verknaðarþátt sé úrelt og endurspegli ekki þann veruleika sem þolendur brotanna upplifa. Það alvarlegasta við brot skv. 194.–199. gr. hgl. er að með verknaðinum er brotið gegn kynfrelsi fólks, athafnafrelsi þess, friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétti í kynlífi. Í því felst ofbeldi í víðtækri merkingu þess orðs, ofbeldi sem er alvarlegra en ofbeldi sem verknaðaraðferð í 194. gr. Því má rökstyðja að ekki sé rétt að gera þann mun á einstökum brotum gegn kynfrelsi fólks sem nú er gerður eftir því hvaða verknaðaraðferð er beitt. Kynferðisbrot gegn geðveiku, þroskaheftu, sofandi og meðvitundarlausu fólki eru jafnalvarleg afbrot og nauðgun skv. 194. gr. hgl. Sú staðreynd þarf að endurspeglast í löggjöfinni.

Samkvæmt norsku hegningarlögunum, sbr. breytingalög nr. 76/2000, telst það til nauðgunar að hafa kynmök við meðvitundarlaust og annað bjargarlaust fólk. Þar segir í 192. gr. „Den som ... b) har seksuell omgang med noen som er bevisstløs eller av andre grunner ute av stand til å motsette seg handlingen ... straffes for voldtekt med fengsel inntil 10 år.“ Ákvæði um brot gegn geðveiku og þroskaheftu fólki er í 2. mgr. 193. gr. og telst það brot ekki til nauðgunar í norskum rétti. Ákvæðið er svohljóðandi: „På samme måte [innskot: þ.e. með fangelsi allt að 5 árum] straffes den som skaffer seg eller en annen seksuell omgang ved å utnytte noens psykiske lidelse eller psykiske utviklingshemming.“ Samkvæmt sænsku ákvæðunum teljast öll þessi brot hins vegar til nauðgunar. Í 1. mgr. 1. gr. sænsku hegningarlaganna er ákvæði um refsingu fyrir nauðgun, sem varðar fangelsi í 2 til 6 ár. Í 2. mgr. ákvæðisins segir „Detsamma gäller den som med en person genomför ett samlag eller en sexuell handling som enligt första stycket är jämförlig med samlag genom att otillbörligt utnyttja att personen på grund av medvetslöshet, sömn, berusning eller annan drogpåverkan, sjukdom, kroppsskada eller psykisk störning eller annars med hänsyn till omständigheterna befinner sig i ett hjälplöst tillstånd.“

Með hliðsjón af alvarleika brota gegn 196. gr. er lagt til að tekin verði upp sú meginstefna sem fram kemur í hinum nýju ákvæðum Norðmanna og Svía að samræði og önnur kynferðismök þar sem hinn brotlegi notfærir sér rænuleysi eða annars konar vanmátt til þess að brjóta gegn kynfrelsi fólks verði skilgreind sem nauðgun. Einnig falli misnotkun geðveiks og andlega fatlaðs fólks undir nauðgunarhugtakið. Auk norsks og sænsks réttar er nauðgun skilgreind með þessum hætti í rétti margra þjóða í Evrópu og má þar nefna belgískan, franskan, tékkneskan og ungverskan rétt. Með því að víkka út nauðgunarhugtak laganna og skilgreina brot sem nú falla undir 196. gr. sem nauðgun er viðurkennt að þungamiðja brota gegn 196. gr. er, eins og á við um 194. gr., að samræði eða önnur kynferðismök fara fram gegn vilja þolanda, þ.e. án samþykkis hans. Í báðum tilvikum er brotið gegn sjálfsákvörðunarrétti, athafnafrelsi og kynfrelsi hans og eru þau hugtök eðlilegri grundvöllur að skilgreiningu brotanna en verknaðaraðferð sú sem beitt er við þau. Þessi víðtæka skilgeining á nauðgunarhugtakinu er einnig betur í samræmi við réttarvitund fólks og almenna máltilfinningu.

4. Misneyting skv. 197. gr. og 198. gr.

Í 197. og 198. gr. hgl. eru fremur sérhæfð ákvæði þar sem refsing er lögð við því að misnota aðstöðu til þess að ná fram kynmökum. Rétt er að hafa ákvæði um þessa kynferðislegu misneytingu áfram í lögum, enda eru hér hagsmunir í húfi sem sjálfsagt er að njóti refsiverndar. Svipuð ákvæði eru í 193. gr. og 194. gr. norsku hegningarlaganna, sbr. breytingalög

nr. 76/2000. Í 3. gr. 6. kafla sænsku hegningarlaganna er ákvæði um misnotkun þess sem er háður hinum brotlega „... genom att allvarligt missbruka att personen befinner sig i beroendeställning till gärningsmannen ...“ Þetta ákvæði er ekki eins ítarlegt og norska ákvæðið og núgildandi ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Telja verður að sænska ákvæðið sé of víðtækt og almennt orðað, miðað við þær kröfur sem íslenskir dómstólar gera til skýrleika refsiheimilda.

Samkvæmt 197. gr. hgl. liggur allt að 4 ára fangelsi við því að umsjónarmaður eða starfsmaður á tilteknum stofnunum hafi kynmök við vistmann á stofnuninni. Bann við kynmökum er algert. Samþykki vistmanns leysir geranda þar ekki undan refsingu. Það skiptir jafnvel ekki máli þótt vistmaður hafi átt frumkvæði að mökunum. Ekki þarf að sýna fram á að um misneytingu hafi verið að ræða í einstökum tilfellum. Eigi starfsmaður og vistmaður í kynferðislegu sambandi við þessar aðstæður er alltaf hætta á að þar sé um misneytingu að ræða og það vill löggjafinn forðast. Ákvæðinu er því ætlað að koma í veg fyrir að starfsmenn misnoti aðstöðu sína og vald gagnvart vistmönnum og notfæri sér aðstæður þeirra. Stofnanirnar sem taldar eru upp í ákvæðinu eru þess eðlis að þangað vistast menn oftast gegn vilja sínum. Brot starfsmanns gegn vistmönnum er auk þess mikið trúnaðarbrot. Aðeins einu sinni hefur reynt á þetta ákvæði í Hæstarétti. Það var í H 1993:2242 þar sem maður var dæmdur í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundna, fyrir að hafa mök við 32 ára þroskahefta konu, en hann var starfsmaður á sambýli fyrir fatlaða þar sem hún var vistmaður. Breytingar þær sem lagðar eru til á ákvæði 197. gr. hgl. varða stofnanir þær sem taldar eru upp í ákvæðinu og er gerð grein fyrir þeim í athugasemdum með ákvæði 5. gr. frumvarpsins hér á eftir.

Í Danmörku hefur verið talið að ákvæði í dönsku hegningarlögunum, sem samsvarar 197. gr. hgl. (219. gr.), standi ekki í vegi fyrir því að unnt sé að veita fötluðum kynfræðslu og aðstoð við að stunda kynlíf. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir að hinn fatlaði óski eftir því að fá slíka aðstoð. Í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, eru ákvæði um þá þjónustu sem tryggja skal fötluðum. Ekkert er þar fjallað um aðstoð við fatlaða á sviði kynlífs. Í 8. gr. laganna kemur fram að veita skuli „fötluðum þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi við aðra.“ Stoðþjónustan skal m.a. miðast við „þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tómstunda og menningarlífs.“ Auðvitað mætti hugsa sér að á grundvelli þessa ákvæðis ættu fatlaðir rétt á aðstoð við að stunda kynlíf. Það væri þó miklu heppilegra að skýrt væri kveðið á um slíka aðstoð og nánari skilyrði hennar í lögum. Slík ákvæði eiga heima í lögum um málefni fatlaðra og verður því ekki frekar fjallað um þetta efni hér.

Í 1. mgr. 198. gr. hgl. er lögð refsing við því að hafa kynmök við manneskju utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að manneskjan sé háð geranda fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur í trúnaðarsambandi. Ákvæði þessa efnis var nýtt í hegningarlögunum árið 1940 og var því breytt nokkuð með lögum nr. 40/1992. Rökin að baki refsinæmi þessa verknaðar eru þau að koma í veg fyrir að maður notfæri sér fjárhagslega yfirburði sína eða yfirmenn beiti undirmenn sína kúgun til þess að fá framgengt kynferðislegum vilja sínum og misnoti með því aðstöðu sína. Einnig er ætlunin að vernda einstaklinga sem eru í trúnaðarsambandi við fagaðila vegna aðstæðna sinna, t.d. þegar um er að ræða samband læknis, hjúkrunarfræðings, sálfræðings, félagsráðgjafa, prests eða annars sálusorgara við skjólstæðing sinn. Aðferðin við brotið er misneyting þar sem hinn brotlegi notfærir sér aðstöðu sína á ótilhlýðilegan hátt. Samþykki dugir ekki sem refsileysisástæða og ætti ekki heldur að hafa áhrif til mildunar refsingar. Ákvæðið á tæpast við nema hinn brotlegi eigi frumkvæði að kynmökunum. Efnisinntak ákvæðisins er þrengt með því að gera þá kröfu að hann misnoti aðstöðu sína freklega. Í samsvarandi ákvæði í

dönsku hegningarlögunum (220. gr.) er talað um „grovt misbrug“ og í sænsku lögunum „att allvarligt missbruka“ (3. gr. 6. kafla). Í norsku lögunum (1. mgr. 193. gr.) er efnisinntakið ekki takmarkað með þessum hætti í ákvæðinu sjálfu þótt slík takmörkun eigi sér stað í reynd við beitingu ákvæðisins. Þótt það sé siðferðislega ámælisvert að misnota aðstöðu eða trúnað sem manni er sýndur við þær aðstæður sem lýst er í ákvæðinu í kynferðislegum tilgangi er eðlilegt að þrengja efnisinntak ákvæðisins þannig að ekki sé öll misnotkun refsiverð við þær aðstæður sem þar er lýst heldur aðeins sú sem telst gróf. Er það gert með áskilnaði um freklega misnotkun. Það er háð mati dómstóla hvaða háttsemi telst frekleg misnotkun og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Við það mat þarf að kanna aldur, reynslu og hegðun aðila, auk tengsla þeirra, m.a. hvaða yfirburði gerandi hefur umfram þolanda. Sumar starfsstéttir hafa sett sér siðareglur um starfsemi sína og samskipti við skjólstæðinga. Slíkar reglur geta verið til leiðbeiningar við matið, en skera þar ekki úr. Samkvæmt ákvæðinu geta aðilar máls ekki verið í hjúskap saman eða óvígðri sambúð en að sjálfsögðu í hjúskap eða óvígðri sambúð með öðrum. Refsimörk eru mismunandi eftir því hver aldur þolanda er. Ef hann er yngri en 18 ára varðar brotið fangelsi allt að 6 árum, en ella allt að 3 árum. Aldrei hefur reynt á ákvæði 1. mgr. 198. gr. í dómum Hæstaréttar. Í frumvarpi þessu er lagt til að efnisinntak ákvæðisins verði rýmkað þannig að ekki verði lengur skilyrði að háttsemin eigi sér stað utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar. Nánar verður fjallað um þetta atriði í skýringum með 6. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 198. gr. er ákvæði um kynferðislega áreitni. Þar segir: „Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 2 árum.“ Er þetta eina ákvæðið um refsinæmi kynferðislegrar áreitni í þessum hluta kynferðisbrotakaflans. Ákvæðið var nýmæli í breytingalögunum frá 1992. Það var þó ekki í upphaflega frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 40/1992, heldur var því bætt inn í frumvarpið í meðförum þingsins (sjá nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar, þskj. 826, 58. mál á 115. löggjafarþingi). Þar segir að í lagafrumvarpinu séu ákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum en ekki séu þar „sambærileg ákvæði um slíka áreitni gagnvart fullorðnum og er því þess vegna bætt í greinina.“ Staðsetning ákvæðisins um kynferðislega áreitni í 198. gr. er óheppileg og til þess fallin að valda misskilningi. Það má rökstyðja með því að þar sem ákvæðið er í 198. gr., sem fjallar um kynferðislega misnotkun í ákveðnum samböndum, liggi beint við að ályktа sem svo, að kynferðisleg áreitni sé refsiverð skv. 2. mgr. ef hún á sér stað við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. Tilvísun í 2. mgr. 198. gr. til 1. mgr. ákvæðisins ýtir undir þessa ályktun. Hafi ætlunin verið sú að í 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr. 198. gr.) væri almennt ákvæði um refsinæmi kynferðislegrar áreitni við hvaða aðstæður sem er, eins og ummæli í áliti meiri hluta allsherjarnefndar benda til, verður að segja að sú ætlun löggjafans komist ekki til skila í ákvæðinu eins og það er nú úr garði gert.

Ekki hefur reynt á ákvæði 2. mgr. 198. gr. í dómum Hæstaréttar. Aðeins er kunnugt um einn dóm héraðsdóms þar sem þessu ákvæði hefur verið beitt. Það er dómur héraðsdóms Norðurlands eystra frá 8. mars 1996. Þar var maður sakfelldur fyrir brot gegn 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr. um kynferðislega áreitni) og 209. gr. (brot gegn blygðunarsemi) fyrir að hafa haft í frammi ýmsa kynferðislega tilburði gagnvart 17 ára pilti sem bjó á sama gistiheimili og ákærði. Engin þau tengsl sem ákvæðið áskilur voru á milli ákærða og piltsins. Til grundvallar sakfellingu liggur sjálfsagt það sjónarmið sem kemur fram í áliti meiri hluta allsherjarnefndar, þ.e. að í 2. málsl. 198. gr. (nú 2. mgr.) felist almennt ákvæði um refsinæmi kynferðislegrar áreitni. Af framansögðu er ljóst að sú refsivernd sem fólk nýtur gegn kynferðislegri áreitni er of óljós í núgildandi lögum. Því er lagt til í frumvarpi þessu að í stað ákvæðis 2. mgr. 198. gr. verði lögfest nýtt almennt ákvæði í 199. gr. um kynferðislega áreitni gagn-

vart þeim sem ekki hefur samþykkt slíka háttsemi. Eigi það ákvæði við um kynferðislega áreitni, sama við hvaða aðstæður hún á sér stað.

5. Svik skv. 199. gr.

Í 199. gr. hgl. er lögð refsing við þrenns konar tilvikum þar sem hinn brotlegi notfærir sér villu þolanda til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök. Refsinæmi háttseminnar byggist á því að samþykki til kynmakanna er ekki fengið með eðlilegum hætti heldur er það fengið með blekkingum. Í 1. mgr. 199. gr. er lýst tveimur svikatilvikum. Í því fyrra heldur þolandi ranglega að mökin eigi sér stað í hjónabandi eða óvígðri sambúð. Þolandinn veit hver hinn brotlegi er en heldur ranglega að þau tengist með þessum hætti. Erfitt er að ímynda sér hvernig þetta á að geta gerst. Í því síðara er þolandi í þeirri villu að hann eigi mök við einhvern annan en hann er raunverulega að hafa kynmök við. Í norrænum fræðiritum má finna eftirfarandi dæmi um tilvik sem gætu fallið undir samsvarandi ákvæði í dönsku hegningarlögunum (221. gr.): Þolandi er sjónskertur og er blekktur til kynmaka, verknaður fer fram í myrkri, maður notfærir sér að hann á eineggja tvíburabróður og hefur samræði við konu sem ruglast á honum og bróður hans. Loks má nefna þau tilvik sem reynt hefur á í tveimur málum hér á landi, þ.e. að hinn brotlegi laumast í rúm hjá sofandi manneskju sem heldur í svefnrofunum að hann sé maki hennar. Í báðum málunum, H 1943:167 og H 1996:3030, höfðu ákærðu samræði við konur sem þeir komu að þar sem þær lágu sofandi í rúmi, önnur með unnusta sinn sér við hlið, en hin í eigin hjónarúmi. Höfðu ákærðu samræði við konurnar, sem héldu til að byrja með að þær væru að hafa samræði við maka sína. Í eldri dóminum taldi héraðsdómur að 199. gr. ætti við, en 196. gr. í þeim yngri. Hæstiréttur heimfærði brotin í báðum málunum undir 199. gr. Þriðja svikatilvikið kemur fram í 2. mgr. 199. gr. en sú málsgrein var nýmæli sem sett var í almenn hegningarlög með breytingalögum nr. 40/1992. Samkvæmt þessari málsgrein eiga mökin sér stað vegna þeirrar blekkingar að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða. Þessa tilviks er ekki getið í dönsku lagagreininni. Það er ekki skilyrði skv. 199. gr. að hinn brotlegi hafi komið þolanda í þessa villu. Það er nóg að hann geri sér grein fyrir að þolandi hefur þessar röngu hugmyndir og notfæri sér það. Brotið varðar fangelsi allt að 6 árum.

Svo sem sjá má er ákvæði þetta mjög sérkennilegt og ekki mjög raunhæft að á það reyni. Því hefur aðeins verið beitt tvisvar í dómum Hæstaréttar á síðastliðnum 60 árum. Samsvarandi ákvæði er í dönsku hegningarlögunum, eins og fram er komið. Það var einnig í norsku hegningarlögunum, en var afnumið þar árið 1927. Ákvæði þessa efnis hafa hins vegar aldrei verið í sænskum eða finnskum hegningarlögum. Helst gæti reynt á ákvæðið ef þolandi er haldinn geðsjúkdómi, er þroskaheftur eða sofandi. Sé ástand hans slíkt er líklegt að refsinæmisskilyrðum núgildandi 196. gr. hgl. (sem verður 2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins) væri fullnægt. Kynmök við skjólstæðing undir því yfirskyni að um læknisfræðilega eða aðra vísindalega meðferð sé að ræða gæti einnig fallið undir 198. gr. sem misnotkun á trúnaðarsambandi, ef áskilnaði 196. gr. (2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins) um geðsjúkdóm eða andlega fötlun er ekki fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður ekki séð að þörf sé fyrir þetta ákvæði og er því lagt til að það verði afnumið.

6. Samræði, önnur kynferðismök, önnur kynferðisleg áreitni.

Í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna frá 1940 var greint á milli samræðis annars vegar og annarra kynferðismaka hins vegar. Í einstökum ákvæðum um kynferðisbrot var áskilið að samræði ætti sér stað, svo að verknaðurinn væri refsinæmur. Hugtakið samræði var ekki skilgreint, hvorki í lögunum né í greinargerð með þeim. Í réttarframkvæmd var lögð til grund-

vallar mjög þröng skilgreining á hugtakinu fullfrömdu samræði, þ.e. að getnaðarlimur karlmanns væri kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Sérstakt ákvæði var í 202. gr. laganna á þá leið að væru brot gegn einstökum ákvæðum um kynferðisbrot fólgin í öðru en samræði, þ.e. svonefndum öðrum kynferðismökum, varðaði það vægari refsingu. Þessi aðgreining samræðis og annarra kynferðismaka var í samræmi við það sem er í dönsku hegningarlögunum frá 1930, enda voru þau fyrirmynd íslensku hegningarlaganna frá 1940. Í dönskum lögum er enn byggt á þessari aðgreiningu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 er tekið fram að ekki sé ætlast til þess að fullframið samræði verði virt með sama hætti og tíðkast hafi í réttarframkvæmd og lýst er hér á undan. Er þar jafnframt að finna skýringu á því hvernig nú er ætlast til að hugtakið fullframið samræði verði skýrt í framkvæmd. Segir í greinargerðinni að nægilegt sé „að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað og meyjarhaft þarf ekki að rofna ef því er að skipta“ (þskj. 59, 115. löggjafarþing 1991, 58. mál). Það er hins vegar ekki eins mikilvægt og áður var að skilgreina hugtakið fullframið samræði því að með breytingalögunum frá 1992 voru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði. Var það gert á þann hátt að ákvæði 202. gr. var afnumið, en brotum gegn ákvæðum kaflans er lýst svo að þau geta verið fólgin í samræði eða öðrum kynferðismökum. Í fyrrnefndri greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 segir að hugtakið önnur kynferðismök beri að skýra frekar þröngt. Í því felist kynferðisleg misnotkun á líkama annarrar manneskju sem komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt (surrogat). Þetta séu athafnir sem veiti geranda kynferðislega fullnægingu eða séu almennt til slíks fallnar. Með hliðsjón af vísan greinargerðar með frumvarpi til laga nr. 40/1992 til þágildandi norsks ákvæðis, dómaframkvæmd og skýringum fræðimanna, þar á meðal danskra og norskra, á samsvarandi hugtökum í dönskum rétti (anden kønslig omgængelse) og norskum (seksuell omgang, sem að vísu nær einnig til samræðis), má draga þá ályktun að undir hugtakið „önnur kynferðismök“ í íslenskum rétti falli munnmök og endaþarmsmök. Sama gildir um þá háttsemi að setja hluti eða fingur í leggöng eða endaþarm og sleikja og sjúga kynfæri. Í samræmi við skilgreiningar fræðimanna, einkum norskra, væri einnig eðlilegt að undir önnur kynferðismök félli sú háttsemi geranda að láta þolanda fróa sér og samræðishreyfingar milli læra þolanda, á bakhluta hans eða maga.

Með breytingalögunum frá 1992 voru sett ný ákvæði um refsingu fyrir aðra kynferðislega áreitni. Í greinargerð með lögunum kemur fram að undir hugtakið falli ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamleg snerting, auk ljósmyndunar af kynferðislegum toga. Var markmiðið að beina athyglinni að þessum brotum í ríkari mæli en verið hafði og taka harðar á brotunum. Undir aðra kynferðislega áreitni mundi falla káf á kynfærum og brjóstum, sem varir stutta stund. Almennt er við það miðað að snerting sem fellur undir kynferðislega áreitni veiti geranda ekki kynferðislega fullnægingu. Sé háttsemin komin á það stig, t.d. áðurnefnt káf, fellur hún undir önnur kynferðismök.

Í flestum þeim dómum sem gengið hafa á undanförnum árum og refsað er fyrir nauðgun eða önnur brot gegn kynfrelsi fullorðins fólks hefur verið um að ræða samræði. Núgildandi flokkun og skilgreining hugtakanna samræði, önnur kynferðismök og önnur kynferðisleg áreitni virðist hafa gefist vel í framkvæmd. Ætlun löggjafans var sú að tvö fyrstnefndu hugtökin yrðu lögð að jöfnu og könnun á dómaframkvæmd sýnir að svo er einnig í raun. Ekki er unnt að greina neinn mun á refsiþyngd dóma eftir því hvort um er að ræða samræði eða önnur kynferðismök. Hér er því lagt til að áfram verði byggt á þessum hugtökum og núgildandi aðgreiningu þeirra. Nánar verður fjallað um neðri mörk kynferðislegrar áreitni, þ.e.

gagnvart 209. gr. um brot gegn blygðunarsemi, í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins hér á eftir.

7. Saknæmi.

Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt 194.–199. gr. hgl. Það leiðir af 18. gr. hgl., þar sem fram kemur að verknaður sem refsing er lögð við í hegningarlögunum sé ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Einnig segir þar að fyrir gáleysisbrot skuli því aðeins refsa að sérstök heimild sé til þess í lögunum. Því þarf að taka það sérstaklega fram í ákvæðum laganna ef refsa á fyrir gáleysisbrot og slík heimild er ekki í 194.–199. gr. Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks eru því ekki refsiverð nema þau séu framin af ásetningi. Öll stig ásetnings koma til greina.

Ásetningur verður að taka til allra efnisþátta verknaða eins og þeim er lýst í refsiákvæðum. Í því felst að hann verður að taka bæði til verknaðaraðferðar og kynmakanna. Ásetningurinn þarf einnig að ná til þess að nota hinar ólögmætu verknaðaraðferðir til þess að ná fram kynmökunum. Þá verður hann að taka til þvingunarinnar þegar brotið er gegn 194. gr. og 195. gr., þess að þetta er gert gegn vilja brotaþola, þannig að samþykki þolanda sé ekki fyrir hendi, sbr. orðalagið að brotaþola sé „þröngvað“ til kynmakanna. Loks þarf ásetningurinn að ná til orsakasambandsins á milli verknaðaraðferða sem leiða til þvingunar og kynmaka. Þegar ákærði neitar sök getur verið mjög erfitt að sanna huglæga afstöðu hans til verknaðarins. Verða dómstólar þá að meta hvað ákærði hafi hlotið að gera sér grein fyrir og tvinnast þá oft saman sakarmat og sönnunarmat. Mat ákærða á aðstæðum er lagt til grundvallar þannig að ekki er unnt að refsa honum fyrir nauðgun ef hann hafði réttmæta ástæðu til að ætla að þolandi væri samþykkur kynmökunum. Ástæða þess er sú að þá er ekki fyrir hendi ásetningur til þess að þvinga þolanda til kynmaka. Algengt er að aðilar séu sammála um að kynmök hafi farið fram en ósammála um hvort svo hafi verið með samþykki þolanda. Karlmaðurinn segir þá að samþykki konunnar til makanna hafi verið fyrir hendi, en konan segir að þau hafi farið fram gegn vilja hennar. Í slíkum tilvikum veltur niðurstaðan á mati á trúverðugleika framburðar aðilanna, samanborið við önnur sönnunargögn í málinu.

Fyrir rúmum 20 árum hófst mikil umræða um það á Norðurlöndum hvort setja ætti í hegningarlög ákvæði um refsiábyrgð vegna nauðgunar af gáleysi í því skyni að bæta réttarvernd kvenna í þeim tilvikum þar sem ásetningur gerenda væri dulinn og þeir héldu því fram að þeir hefðu ekki skilið að þolandi væri andvígur kynmökunum. Töldu margir að sýknað væri í mörgum nauðgunarmálum ýmist vegna þess að ekki væri sannað að maðurinn hefði skilið að konan þorði ekki að láta andstöðu sína í ljós eða að hann hefði ekki gert sér grein fyrir að henni væri alvara með andstöðu sinni. Á það reynir fyrst og fremst þegar konan verður lömuð af ótta við ofbeldismanninn og/eða veitir litla sem enga líkamlega mótspyrnu. Í ýmsum slíkum málum hefði verið unnt að sýna fram á gáleysi hjá ákærðu, þeir hefðu haft hugboð eða grun um að konan væri ekki samþykk kynmökunum eða hefðu átt að gera sér grein fyrir því. Þar sem ýmis önnur brot gegn hegningarlögum væru refsiverð ef þau væru framin af gáleysi mælti margt með því að nauðgun væri það líka.

Þegar rætt er um nauðgun af gáleysi þarf að kanna nánar til hvaða þátta verknaðarins gáleysið ætti að taka. Fyrsti möguleikinn er sá að gáleysi taki til allra þátta í efnislýsingu brotsins eins og nú á við um ásetninginn. En það er strax ljóst að slíkt er nánast óhugsandi. Maður getur varla haft samræði af gáleysi. Hins vegar er raunhæft að velta því fyrir sér hvort gáleysi sem saknæmisskilyrði geti varðað viljaskort þolanda, þ.e. að samþykki hans er ekki fyrir hendi og hann þar með þvingaður til kynmakanna. Talið er að þungamiðjan í þessu sambandi

og það sem gáleysið gæti tekið til sé vilji eða viljaskortur þolanda. Það er sá þáttur sem er mikilvægastur, bæði í reynd og einnig út frá refsipólitísku sjónarmiði.

Umræðan um nauðgun af gáleysi í Danmörku leiddi ekki til þess að lögunum þar væri breytt. Aðrar leiðir voru farnar til að bæta stöðu kvenna í þessum málum, svo sem að draga úr vægi kviðdóma. Vandamál varðandi ásetning eru því ekki eins áberandi þar í landi nú og var í eldri dómum. Hvort það hefur nægt skal ósagt látið, en krafa um refsiákvæði um nauðgun af gáleysi hefur a.m.k. ekki verið áberandi í umræðunni í Danmörku upp á síðkastið. Þróun mála í Noregi varð önnur. Eins og áður hefur komið fram hefur lengi verið unnið að heildarendurskoðun hegningarlaganna þar í landi. Nefnd sem skipuð var árið 1995 hafði m.a. það hlutverk að meta hvort áskilnaður um samþykkisskort kæmi nógu vel fram í nauðgunarákvæði hegningarlaganna og hvort nauðgun af stórkostlegu gáleysi ætti að vera refsiverð. Í skýrslu nefndarinnar frá árinu 1997 kemur fram að meiri hluti nefndarinnar mælti ekki með því að setja ákvæði um refsiábyrgð vegna nauðgunar af stórkostlegu gáleysi í hegningarlögin. Í tillögum dómsmálaráðuneytisins, *Ot.prp. nr. 28 (1999–2000)*, sem byggjast mjög á skýrslu nefndarinnar frá 1997, var komist að annarri niðurstöðu og lagt til að nauðgun af stórkostlegu gáleysi yrði refsiverð. Refsihámark skyldi vera lægra en fyrir ásetningsbrot, eða 5 ára fangelsi, og 8 ára fangelsi væru refsihækkunarástæður fyrir hendi. Leitaði ráðuneytið álits ýmissa aðila á þessu atriði og komst að niðurstöðu sinni *„under en viss tvivl ...* " eins og segir í tillögunum. Var þá einkum byggt á því að slíkt ákvæði mundi styrkja réttarvernd þolenda, án þess að réttaröryggi ákærðra biði af því nokkurn hnekki. Í því fælust skýr skilaboð um að samfélagið sætti sig ekki við þessa hegðun. Jafnframt vó það þungt við ákvörðun ráðuneytisins að fjölmargir fulltrúar þolenda, sem höfðu góða innsýn í stöðu þeirra, mæltu með því að lögfesta gáleysisákvæðið. Kynferðisbrotakafla hegningarlaganna var síðan breytt með lögum nr. 76/2000. Í 3. mgr. 192. gr. laganna kemur fram að nauðgun af stórkostlegu gáleysi sé refsiverð.

Það sjónarmið hefur komið fram hjá norskum fræðimönnum að undanförnu að ákvæðið um refsiábyrgð á nauðgun af stórfelldu gáleysi hafi ekki haft eins mikil áhrif og vonir stóðu til. Ákæruvaldið þarf nú sem áður að sanna að kynmökin hafi átt sér stað með ofbeldi eða vegna þess að þolandi taldi sér ógnað til þeirra eða að hann hafi verið ófær um að verjast kynmökunum. Takist ákæruvaldinu að sanna þetta geti það venjulega einnig sannað að ákærða hafi verið ljóst eða hlotið að vera ljóst að langlíklegast væri að kynmökin færu fram gegn vilja þolanda, þ.e. að hann hefði haft ásetning til brotsins.

Í skýrslu norsku hegningarlaganefndarinnar frá 2002, *NOU 2002:4*, er lagt til að ákvæði norsku hegningarlaganna um nauðgun af stórfelldu gáleysi verði afnumið. Leggur nefndin áherslu á að því aðeins skuli beita refsingu að raunhæf þörf sé á því og að veigamikil rök mæli með því. Telur nefndin þau rök ekki vera fyrir hendi varðandi nauðgun af stórfelldu gáleysi. Örfá tilvik geti fallið undir ákvæðið og þá helst þegar ofbeldið og hótanirnar eru óverulegar og þolandi hefur vegna ölvunar eða ótta ekki getað spornað við verknaðinum. Sá sem notfærir sér slíkt ástand hafi venjulega gerst sekur um ásetningsbrot. Ástæða þess hve dómar í nauðgunarmálum séu fáir sé sú að oft sé erfitt að sanna að árásin hafi átt sér stað. Því snúist sönnunarvandinn ekki síður um það hvað raunverulega gerðist hlutrænt séð, en um huglæga afstöðu geranda *(NOU 2002: 4 Ny straffelov, bls. 405–406)*. Ýmis fleiri rök hafa verið færð fram gegn ákvæði um nauðgun af gáleysi. Mörg þeirra varða sönnunarvanda, sem slíkt ákvæði er talið hafa í för með sér. Erfitt sé að færa fram sönnun fyrir því að gáleysi hins brotlega hafi tekið til þess hver vilji konunnar var. Nauðgun af gáleysi komi helst til álita ef aðilar þekkjast fyrir. Vafinn snúist um það hvort samþykki var fyrir hendi eða ekki. Þá sé nauðgun af gáleysi ekki mjög raunhæf vegna hlutræna skilyrðisins um að beitt sé ofbeldi, hótunum

eða misneytingu við verknaðinn. Loks hefur því verið haldið fram að lögfesting reglu um refsiábyrgð fyrir nauðgun af gáleysi bæti ekki réttarstöðu kvenna heldur veiki hana því að sönnun um hegðun þeirra verði þá sett í öndvegi.

Fallast má á ýmis þau rök sem hér hafa verið nefnd. Þá hlýtur það einnig að vera umhugsunarefni að reynsla Norðmanna af ákvæðinu um nauðgun af gáleysi skuli ekki vera betri en svo að þeir hugleiði að afnema ákvæðið. Engin hinna Norðurlandaþjóðanna hefur lögfest slíkt ákvæði. Með hliðsjón af framangreindum rökum verður því ekki lagt til hér að lögfest verði ákvæði um nauðgun af gáleysi.

8. Þvingun, samþykki.

Skýr munur er á engilsaxneskum rétti og germönskum rétti, þ.e. rétti þeirra þjóða sem sækja lagahefð sína til meginlands Evrópu. Þetta kemur vel fram í ákvæðunum um kynferðisbrot. Þannig eru ákvæði í engilsaxneskum rétti ólík norrænum og þýskum lagaákvæðum. Í engilsaxneskum rétti er ofbeldi eða hótanir ekki þáttur í skilgreiningu á nauðgunarhugtakinu, heldur er nauðgun skilgreind þar út frá hugtakinu samþykki. Englendingar og Írar hafa sett sér ný ákvæði um kynferðisbrot. Ensku lögin eru frá árinu 2003, *Sexual Offences Act 2003*, og þau írsku frá árinu 1990, *the Criminal Law (Rape) (Amendment) Act 1990*. Hjá báðum þjóðunum er nauðgun skilgreind út frá hugtakinu samþykki í samræmi við hina engilsaxnesku hefð. Nauðgun er því samkvæmt enskum rétti ef „*A intentionally penetrates the vagina, anus, or mouth of another person B with his penis, B does not consent, and A does not reasonably believe that B consents*" (*Blackstone's Guide to The Sexual Offences Act 2003*, bls. 33). Samþykki telst vera fyrir hendi „*as a person freely agreeing by choice and who has the freedom and capacity to make that choice*" (sama heimild, bls. 35). Í þýskum og norrænum rétti eru verknaðaraðferðir hins vegar tilgreindar í ákvæðunum um kynferðisbrot, t.d. ofbeldi, hótanir eða misneyting, en ljóst er af túlkun laganna og réttarframkvæmd þessara þjóða að skortur á samþykki er skilyrði þess að brot hafi verið framið.

Nauðgun skv. 194. gr. hgl. er samsett brot sem samanstendur af mörgum þáttum. Hún felst í því að þolanda er þröngvað til kynmaka með tilteknum verknaðaraðferðum, ofbeldi eða hótunum um ofbeldi samkvæmt núgildandi ákvæði. Nauðgun er nauðungarbrot í víðtækri merkingu þess hugtaks. Það kemur fram í orðalagi ákvæðisins þar sem segir að refsivert sé að *þröngva* manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka. Það er því ljóst að gert er ráð fyrir að um þvingun sé að ræða. Norrænir fræðimenn hafa bent á það að hætt sé við því að orðalag sem þetta leiði til þess að of mikil áhersla sé lögð á það í nauðgunarmálum að sanna viðbrögð þolanda, t.d. hvort hann hafi barist á móti geranda, og háttsemi geranda falli þá nokkuð í skuggann. Í dómi Hæstaréttar frá 4. mars 2004 (nr. 416/2003) sér þessa stað. Þar var 22 ára karlmaður ákærður fyrir brot gegn 194. gr. og 196. gr. hgl. með því að hafa þröngvað 14 ára frænku sinni til annarra kynferðismaka en samræðis með því að þrýsta höfði hennar að getnaðarlim sínum, troða limnum upp í hana og halda höfði hennar föstu á meðan hann hreyfði liminn til og frá og að hafa sumpart notfært sér það, að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar. Dómurinn féllst á að ákærði hefði beitt yfirburðum aldurs og stöðu sem eldri frændi og trúnaðarvinur stúlkunnar, en taldi vafasamt hvort þvingun hefði átt sér stað og því var ákærði sýknaður.

Þær raddir hafa heyrst að til þess að forðast að mál standi og falli með því hvað þolandi gerði eða gerði ekki í stað þess að snúast fyrst og fremst um hið ólögmæta og refsinæma atferli fremjanda þurfi að leggja meiri áherslu á samþykki eða skort á samþykki þolanda og skilgreina nauðgunarhugtakið út frá því. Skilgreiningin yrði þá eitthvað í líkingu við enska og írska ákvæðið, þannig að nauðgun væri samræði eða önnur kynferðismök sem færu fram

gegn vilja þolanda og hinum brotlega væri ljóst að samþykki þolanda væri ekki fyrir hendi. Nauðgunarhugtak sem er eingöngu byggt á því að kynmök fari fram án samþykkis þolanda er mun víðtækara og óljósara en sú skilgreining, sem hér er lagt til að verði lögfest. Slík skilgreining kallar líka á ítarlegar útlistanir á því hvernig skilgreina eigi samþykki. Telja verður álitamál hvort skilgreining í þessa veru mundi leysa þennan vanda, enda erfitt að færa sönnur á svo huglægt atriði sem samþykki eða skortur á því er. Slík sönnun mundi væntanlega einnig snúast ekki síst um þolandann, hvað hann lét í ljós eða gaf til kynna, og því ekki fela í sér neina bót á þessum vanda. Þar að auki má segja að skortur á samþykki sé atriði sem fólgið er í nauðgunarhugtakinu, því að það er einmitt sá samþykkisskortur sem gerir háttsemina að nauðgun og þar með refsiverða. Rétt er að fylgja þeirri réttareiningu sem um þetta er á Norðurlöndum og byggja nauðgunarhugtakið ekki eingöngu á því að það skorti samþykki til kynmakanna. Ætla má að vænlegra til árangurs við skilgreiningu hins hefðbundna nauðgunarhugtaks sé að fella þvingunarþáttinn burt úr ákvæðinu og leggja meiri áherslu á orsakatengslin milli ofbeldis eða hótunar annars vegar og kynmakanna hins vegar, þ.e. að hinn brotlegi nær fram kynmökunum vegna þess að hann beitti ofbeldi eða hótunum. Ef sannað er að hinn brotlegi beitti ofbeldi eða hótunum til þess að hafa kynmök hlýtur að mega gera ráð fyrir að þolandi sé þvingaður til makanna, ella hefði ekki þurft að beita þessum aðferðum til þess að ná fram kynmökunum. Auðveldara er að sanna slík atriði en samþykkisskortinn. Þá er þvingun ekki efnisþáttur í ákvæðum 196.–199. gr. hgl. og því ljóst að hún er ekki óhjákvæmileg í efnislýsingu kynferðisbrotanna.

9. Refsimörk og refsimat.

Brot gegn 194. gr. hgl. um nauðgun eru alvarlegustu kynferðisbrotin. Þau varða fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Fyrir lagabreytinguna árið 1992 gat nauðgun auk þess varðað ævilöngu fangelsi. Ekkert dæmi er um að þeirri refsingu væri beitt í framkvæmd. Brot gegn ákvæðum 195.–199. gr. varða einnig öll fangelsi. Þrjú ákvæðanna mæla fyrir um allt að 6 ára fangelsi, þ.e. 195. gr., 196. gr. og 199. gr. Brot gegn 197. gr. varða fangelsi allt að 4 árum. Brot gegn 198. gr. varða allt að 3 ára fangelsi, en allt að 6 ára fangelsi ef þolandi er yngri en 18 ára. Refsimörk þessa ákvæðis voru þyngd með breytingalögunum nr. 40/1992. Refsihámarkið var áður fangelsi allt að 1 ári og allt að 3 árum ef þolandi var yngri en 21 árs. Ekkert refsilágmark er tiltekið í 195.–199. gr. og því gildir hið almenna refsilágmark 34. gr. hgl., þ.e. 30 daga fangelsi. Af þessu sést að refsimörkin eru mjög rúm. Refsihámarkið er hátt og ekki sérstakt refsilágmark í einstökum ákvæðum, að undanskildu nauðgunarákvæðinu. Þessu er nokkuð öðruvísi farið í norsku og sænsku lögunum. Þar eru brotin flokkuð eftir því hve stórfelld þau eru og gilda mismunandi refsimörk um hvern flokk fyrir sig. Almenna refsihámarkið fyrir nauðgun í norsku lögunum (192. gr.) er 10 ára fangelsi. Ef brotið felst í samræði eða ef hinn brotlegi sviptir þolanda meðvitund til þess að ná fram kynmökum er refsilágmarkið 2 ára fangelsi (bundin refsihækkunarheimild). Í þessum tilvikum er refsihámarkið 15 ára fangelsi. Heimilt er að dæma í allt að 21 árs fangelsi, ef tilteknar refsihækkunarástæður eru fyrir hendi (frjáls refsihækkunarheimild). Önnur brot gegn kynfrelsi fullorðins fólks varða fangelsi allt að 5 árum. Samkvæmt sænsku hegningarlögunum eru almennu refsimörkin fyrir nauðgun (1. gr. 6. kafla) fangelsi í 2–6 ár. Sé brotið minni háttar er hámarksrefsingin allt að 4 ára fangelsi. Sé það hins vegar stórfellt eru refsimörkin 4–10 ára fangelsi. Önnur brot gegn kynfrelsi fullorðins fólks varða allt að 2 ára fangelsi eða fangelsi frá 6 mánuðum til 4 eða 6 ára. Í norsku og sænsku hegningarlögunum eru því refsihámörk lægri en í íslensku lögunum (að undanskilinni frjálsu refsihækkunarheimildinni í norsku lögunum) og refsilág-

mörk hærri. Norskir og sænskir dómstólar hafa því minna svigrúm til þess að ákveða refsingu en íslenskir dómstólar.

Í frumvarpi þessu er gert er ráð fyrir að fylgja áfram þeirri stefnu, sem hefð er fyrir í íslenskum refsirétti að hafa refsimörk lagaákvæða rúm þannig að dómstólar hafi mikið svigrúm til ákvörðunar refsingar. Hér hefur stefnan líka verið í þá átt að afnema sérstök refsilágmörk og ekki verður gerð tillaga um það í þessum hluta kynferðisbrotakaflans að víkja frá þeirri stefnu. Lagt er til að refsimörk fyrir nauðgun verði þau sömu og í núgildandi lögum, þ.e. fangelsi 1–16 ár. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 40/1992, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, um kynferðisbrot, var upphaflega gert ráð fyrir því að ákvæðið um nauðgun yrði tvískipt. Í 1. mgr. væri almennt ákvæði um nauðgun, sem varðaði fangelsi allt að 10 árum. Í 2. mgr. væri ákvæði um refsihækkunarástæður, hættulega aðferð eða miklar sakir að öðru leyti, og skyldi brotið þá varða fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Var þetta breyting frá upphaflega ákvæðinu um nauðgun í hegningarlögunum, sem ekki var tvískipt, og varðaði brotið fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða ævilangt. Í greinargerð með frumvarpinu, sem varð að lögum nr. 40/1992, sagði að sú leið þætti álitlegri að gefa nokkurt svigrúm í almenna ákvæðinu fremur en að taka upp strangara almennt ákvæði að viðbættu refsilækkunarákvæði (sjá þskj. 59, 58. mál á 115. löggjafarþingi 1991–1992). Þessi tillaga um mildun almennra refsimarka ákvæðisins féll í grýttan jarðveg og í áliti meiri hluta allsherjarnefndar var lagt til að frumvarpinu yrði breytt og 1 árs refsilágmark fyrir nauðgun látið halda sér og að refsihámarkið yrði 16 ár. Rökin voru þau að ástæða þótti til að óttast að sú breyting sem lögð var til í frumvarpinu gæti leitt til þess að refsingar fyrir nauðgunarbrot mundu lækka. Studdist þetta sjónarmið m.a. við þær umsagnir, sem borist höfðu um frumvarpið (sjá þskj. 826, 58. mál á 115. löggjafarþingi 1991–1992). Minni hluti allsherjarnefndar var á sama máli. Niðurstaðan varð því sú að ákvæði frumvarpsins var breytt þannig að það varð ein málsgrein án tvískiptingar og refsimörkin í lögunum urðu fangelsi 1–16 ár. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er haldið í við refsimörk og dómstólum gefið svigrúm til að meta refsinguna. Er það í samræmi við það sem tíðkast hefur í ákvæðum hegningarlaganna og það sjónarmið sem varð ofan á þegar hegningarlögunum var breytt árið 1992. Væru nauðgunarbrotin flokkuð niður eftir grófleika með mismunandi refsimörkum mætti rökstyðja að verið væri að draga úr refsiþyngd þeirra sem ekki teldust stórfelld. Refsihámark fyrir þá nauðgun sem felst í hótunum um annað en ofbeldi og misnotkun sofandi eða andlega veiklaðs fólks verður verulega hærra en nú er þar sem þessi brot falla nú undir nauðgunarákvæðið. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að refsimörk fyrir önnur brot gegn kynfrelsi fólks verði óbreytt.

Ýmis atriði hafa áhrif þegar dómari ákveður refsingu fyrir kynferðisbrot. Þessi atriði geta bæði verið lögákveðin og ólögákveðin. Lögmæltar refsiákvörðunarástæður geta verkað sem málsbætur eða þyngingarástæður innan refsimarka ákvæðanna eða þær eru refsilækkunarástæður og refsihækkunarástæður, sem heimila að fara niður fyrir lágmark og upp fyrir hámark refsimarka. Hinum almennu ákvæðum hegningarlaga um málsbætur og þyngingarástæður, refsilækkunar- og refsihækkunarástæður, verður beitt þegar refsing er ákveðin fyrir kynferðisbrot, eins og önnur brot. Þannig getur reynt á almennu refsilækkunarástæðurnar í 2. mgr. 20. gr. (tilraun), 2. mgr. 22. gr. (hlutdeild), 74. gr. og 75. gr. Í 74. gr. eru talin upp ýmis atriði sem heimila að refsing fyrir brot sé færð niður úr því lágmarki sem ákveðið er í lagaákvæði um brotið. Í málum vegna brota á 194. gr. um nauðgun hefur helst reynt á 2., 8. og 9. tölul. ákvæðisins. Allir þessir töluliðir varða hinn brotlega, þ.e. aldur hans og hegðun eftir að brotið er framið, t.d. að hann greiði bætur fyrir brotið eða segi til þess af sjálfsdáðum og skýri frá öllum atvikum af hreinskilni. Sjaldan eða aldrei hefur reynt á ákvæði 75. gr. við

ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum. Þótt einhver af þessum refsilækkunarástæðum þyki eiga við þurfa þær alls ekki að hafa þau áhrif að refsing sé lækkuð niður fyrir eins árs refsilágmark 194. gr. Í framkvæmd hafa þær nær eingöngu verkað til málsbóta innan refsimarkanna þannig að ekki hefur þótt ástæða til þess að fara með refsingu niður fyrir refsilágmarkið. Í 70. gr. eru talin upp í níu töluliðum ýmis atriði, sem verka til þyngingar eða málsbóta innan refsimarka ákvæðis. Þessi atriði í 70. gr. varða fyrst og fremst hinn brotlega og verknað hans en þó má fella aðstæður er varða þolanda undir þá liði sem fjalla um verknaðinn. Þannig hefur verið talið að ungur aldur þolanda gæti fallið undir 1. tölul. 1. mgr. 70. gr., en þar segir að við ákvörðun refsingar skuli hafa í huga hversu mikilvægt það er sem brotið beinist að. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði sérstakt ákvæði um nokkur atriði sem virða skuli til þyngingar þegar refsing fyrir nauðgun er ákveðin. Um rök fyrir því ákvæði og skýringar á því vísast til skýringa með 3. gr. frumvarpsins.

Engin ítrekunarheimild er í kynferðisbrotakaflanum, ef undan er skilið ákvæði 208. gr. um ítrekunaráhrif dóms yfir manni fyrir vændi eða auðgunarbrot á ákvörðun refsingar fyrir síðar framið vændisbrot sama manns. Ítrekunarheimild hefur hins vegar verið í auðgunarbrotakaflanum frá því að hegningarlögin voru sett árið 1940 og árið 1981 var lögfest ákvæði um ítrekunarheimild varðandi líkamsmeiðingar, sbr. lög nr. 20/1981. Í 1. mgr. 218. gr. b hgl. kemur fram að hækka megi refsingu um allt að helmingi, ef sá sem dæmdur er sekur um brot á 217. gr. (minni háttar líkamsmeiðingar) eða 218. gr. (meiri háttar líkamsmeiðingar) hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi. Þetta ákvæði getur verkað til refsihækkunar í dómi þar sem dæmt er bæði fyrir brot gegn 194. gr. og 218. gr. (brotasamsteypa). Fyrri dómur fyrir nauðgun getur líka haft ítrekunaráhrif í síðara máli út af líkamsmeiðingum skv. 217. gr. eða 218. gr. Þessi ákvæði eru hins vegar um ítrekunartengsl líkamsmeiðingabrota og kynferðisbrotin koma þar aðeins við sögu ef þau tengjast vísvitandi ofbeldi. Kynferðisbrot eru mjög alvarleg brot og því er óeðlilegt að ekki séu ákvæði um ítrekunaráhrif dóma fyrir þau. Samkvæmt norsku hegningarlögunum hefur fyrri dómur manns um nauðgun eða kynferðisbrot gegn barni ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir síðar framin brot sama manns þessarar tegundar. Með hliðsjón af þessu er lagt til í frumvarpi þessu að lögfest verði ákvæði um ítrekunarheimild í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna.

Það hefur verið venja í íslenskum rétti að ákvarða refsingu neðarlega innan refsimarka einstakra brotategunda, að manndrápum og meiri háttar fíkniefnabrotum undanskildum. Refsingar í kynferðisbrotamálum hafa fylgt þeirri venju. Rannsókn á refsiákvörðunum Hæstaréttar í nauðgunarmálum á árunum 1977–2002 sýnir að refsingar fyrir nauðgun eru á bilinu 1–2 ára fangelsi og er ofbeldi það sem beitt er ráðandi um refsihæð. Ef beitt er mjög miklu ofbeldi og aðrar veigamiklar þyngingarástæður eða refsihækkunarástæður eru fyrir hendi getur refsingin farið upp í 4 ára fangelsi (sjá nánar: Ragnheiður Bragadóttir. Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum, *Úlfljótur* 1. tbl. 1999, og Refsingar í nauðgunarmálum, *Rannsóknir í félagsvísindum IV*, Lagadeild 2003). Á allra síðustu árum hafa refsingar fyrir kynferðisbrot heldur verið að þyngjast. Refsingum er ætlað að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif, þ.e. fæla menn frá brotum og endurhæfa þá. Þær eiga einnig að fullnægja réttlætistilfinningu almennings sem sættir sig ekki við að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra (sjá greinargerð með frumvarpi til hgl. 19/1940). Refsingin er því einnig endurgjald fyrir framin brot og nauðsynlegt að taka tillit til þessa viðhorfs samfélagsins. Á það ekki síst við þegar um er að ræða alvarleg afbrot eins og nauðgun eða kynferðisbrot gegn börnum. Því er nauðsynlegt að finna þá niðurstöðu sem skapar frið og sátt um afgreiðslur dómstóla í þjóðfélaginu. Í frumvarpi þessu er leitast við að gera það á þann hátt að refsihámark fyrir alvar-

legustu kynferðisbrotin er þyngt en haldin í heiðri sú venja íslensks refsiréttar að hafa ekki sérstakt refsilágmark í ákvæðum um einstakar brotategundir. Undantekning þar frá er ákvæði 1. mgr. 202. gr. hgl. um samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára (sjá síðar). Með þyngdu refsihámarki er vilja löggjafans komið á framfæri við dómstóla, en jafnframt hafa dómstólar víðtækt svigrúm til þess að ákveða refsingu eftir málavöxtum hverju sinni. Þannig er eðlilegt að rétturinn þróist í samræmi við aukna þekkingu á brotunum og afleiðingum þeirra. Hér er þó einnig rétt að geta þess að þungar refsingar leysa engan vanda. Best er að reyna að fyrirbyggja afbrot. Auk þess er full ástæða til að kanna hvort einhvers konar meðferð kynferðisbrotamanna geti komið að einhverju leyti í stað refsingar. Ákvæði um slík efni eiga heima í VII. kafla almenna hluta almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og eru ekki viðfangsefni þessa frumvarps.

Í réttarsögunni hefur það ýmist verið litið mildari eða alvarlegri augum en ella að afbrot hefur bitnað á nákomnum. Í almennum hegningarlögum handa Íslandi frá 25. júní 1869 var talið að eiginmaður gæti ekki nauðgað eiginkonu sinni. Í hegningarlögunum nr. 19/1940 er hins vegar virt sú sjálfsagða regla að konur hafi sjálfsákvörðunarrétt varðandi kynlíf sitt, einnig í hjónabandi og óvígðri sambúð. Ákvæðin um kynferðisbrot eiga því við þótt brotin séu framin gagnvart maka. Gildir þar einu hvort aðilar eru í hjónabandi, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist samkvæmt lögum nr. 87/1996. Í 205. gr. hgl. er hins vegar ákvæði um þýðingu hjónabands og óvígðrar sambúðar þegar refsing er ákveðin vegna brots geranda gegn maka sínum. Í því felst að refsingu fyrir brot gegn 194.–199. gr., 202. gr. og 204. gr. megi fella niður ef karl og kona, sem mökin hafa gerst í milli, hafa síðar gengið að eigast eða tekið upp óvígða sambúð. Sama gildir ef þau voru í hjónabandi eða óvígðri sambúð þegar brotið var framið, en hafa eftir það tekið upp eða haldið sambúðinni áfram. Þetta er svonefnd refsibrottfallsástæða en í henni felst að sé ákærði fundinn sekur um brotið er hann sakfelldur, en refsing er felld niður. Refsibrottfallsástæðan í 205. gr. er frjáls þannig að dómstólum er heimilt en ekki skylt að beita ákvæðinu. Ekki er að sjá að þessu ákvæði hafi nokkurn tíma verið beitt hér í framkvæmd. Ákvæði 227. gr. dönsku hegningarlaganna svipar til 205. gr. og er þar reyndar einnig gert ráð fyrir refsilækkun við þessar aðstæður. Svipað ákvæði var einnig í norsku hegningarlögunum, en samkvæmt því var heimilt að fella refsingu niður ef aðilar gengu í hjónaband eftir framningu brotsins. Ákvæðinu var ekki unnt að beita ef brotið fólst í nauðgun. Þetta ákvæði hefur nú verið afnumið. Ákvæði um refsilækkun eða refsibrottfall vegna hjónabands eða óvígðrar sambúðar hins brotlega og þolanda eru ekki í sænsku hegningarlögunum. Ákvæði 205. gr. hgl. endurspeglar úrelt viðhorf til kvenna, auk þess sem ekki verður séð að neinum sé akkur í því að löggjafinn stuðli að því að viðhalda hjónaböndum þar sem annar aðilinn beitir hinn ofbeldi. Þvert á móti má rökstyðja að þessi nánu tengsl aðilanna geri brotið alvarlegra en ella vegna þess brots á trausti og trúnaði sem í því felst. Í frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi), sem nú stendur til að leggja fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að lögfest verði ný málsgrein í 70. gr. hgl. þess efnis að beinist verknaður að karli, konu eða barni, sem er nákominn geranda, og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, skuli að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni. Í ákvæði þessu og greinargerð með lagafrumvarpinu kemur glögglega fram það mat að litið sé eftir atvikum alvarlegar á brot sem framin eru gegn nákomnum í skjóli hjónabands og fjölskyldu. Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu, sem tóku gildi 20. október 2005, eru skilgreindir brotaflokkar sem falla undir reglurnar og er einn þeirra kynferðisbrot. Það er því ljóst að refsibrottfall fyrir kynferðisbrot sem beinist að maka gengur þvert á þau sjónarmið sem nú eru óðum að hljóta

meiri hljómgrunn í löggjöf og réttarframkvæmd. Því er lagt til í frumvarpi þessu að ákvæði 205. gr. hgl. verði afnumið.

IV. Kynferðisbrot gegn börnum, 200.–202. gr., sbr. 204. gr. hgl.

1. Inngangur.

Bæði í þjóðréttarsamningum og íslenskum lögum er mælt fyrir um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Má þar fyrst nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, sem tók gildi 2. september 1990 og var fullgiltur fyrir Íslands hönd 28. október 1992 en öðlaðist gildi hér á landi 27. nóvember 1992. Þar kemur fram í 19. gr. að aðildarríki samningsins skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. á sviði löggjafar, til þess að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun. Í 34. gr. samningsins er einnig ákvæði sem varðar þetta efni. Þar segir að aðildarríkin skuldbindi sig „til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi.“ Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1995, kemur fram að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í barnaverndarlögum, nr. 80/2002, eru ákvæði sem veita börnum vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Þannig er í 98. gr. mælt fyrir um refsingu þess manns sem hefur barn í sinni umsjá og misbýður því kynferðislega eða á annan hátt. Öll ákvæðin í 194.–199. gr. hegningarlaga taka til brota gegn börnum jafnt sem fullorðnum. Auk þess eru í kynferðisbrotakaflanum fjögur ákvæði, 200.–202. gr., sbr. 204. gr., sem sérstaklega er ætlað að vernda börn og unglinga fyrir kynferðislegri misnotkun og áreitni. Ýmis sjónarmið hafa verið færð fram sem grundvöllur refsiábyrgðar í þessum tilvikum. Þar má nefna að börn og unglinga skorti líkamlegan og andlegan þroska til kynferðislegra athafna. Því þurfi að vernda þau gegn því ofbeldi sem kynferðislegar athafnir gagnvart þeim fela í sér og einnig fyrir óheppilegum afleiðingum kynferðissambands þegar þau eru svo ung að slíkt samband er skaðlegt fyrir þau. Auk þess sé hætta á að fullorðið fólk reyni að hafa áhrif á afstöðu þeirra og beiti jafnvel fortölum eða nauðung, sem erfitt geti verið að sanna. Nú á dögum vegur þyngst það sjónarmið að kynmök við barn séu í eðli sínu gróft ofbeldi gagnvart því og megi því undir engum kringumstæðum eiga sér stað. Til þess að koma í veg fyrir slíka misnotkun hafa verið sett ákveðin aldursmörk í hegningarlögin þannig að kynferðismök við börn undir tilteknum aldri eru fortakslaust bönnuð. Þá eru kynmök við unglinga einnig bönnuð þegar tilteknar aðstæður eru fyrir hendi. Álitamál er hins vegar við hvaða aldur ber að draga mörkin þar sem öll kynferðisleg afskipti af barni/unglingi eru bönnuð. Verður nánar komið að því hér síðar. Frá því að núgildandi ákvæði hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum tóku gildi árið 1992 hefur þeim verið breytt tvisvar sinnum, þ.e. með lögum nr. 14/2002 (um refsingu fyrir að greiða barni eða unglingi yngri en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það kynferðismök, sjá 4. mgr. 202. gr. hgl.) og lögum nr. 40/2003 (m.a. um hækkun á refsihámarki fyrir kynferðisbrot gegn börnum, sjá 1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 3. mgr. 202. gr. hgl.).

2. Ákvæði 200. gr. hgl. um sifjaspell.

Hugtakið sifjaspell er notað í misvíðtækri merkingu. Í hefðbundinni merkingu eru sifjaspell kynferðislegt samband milli skyldra manna og tengdra. Í almennri umræðu um kynferðisbrot er hugtakið sifjaspell oft notað í nokkuð annarri merkingu, þ.e. um kynferðisbrot fullorðinna gegn börnum sem þeir hafa einhver tengsl við. Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2004 (bls. 19) kemur fram enn víðtækari skilgreining, þ.e. að sifjaspell séu „allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern hátt.“ Sifjaspell í merk-

ingu refsiréttar eru hins vegar skilgreind á annan og þrengri hátt. Í 200. gr. hgl. kemur fram að samræði eða önnur kynferðismök hins brotlega við barn sitt eða annan niðja séu refsiverð. Sama gildir um kynmök milli systkina. Þetta er því sú háttsemi sem nú telst sifjaspell samkvæmt íslenskum rétti.

Margþættir verndarhagsmunir hafa verið taldir liggja að baki ákvæðunum um sifjaspell. Bann við sifjaspellum hefur byggst á erfðafræðilegum, trúarlegum og siðferðislegum sjónarmiðum. Nú vega þyngst sjónarmið um vernd barna, þ.e. sú þörf að vernda börn sem alast upp á heimili fyrir kynferðislegri ásókn fullorðinna heimilismanna, auk sjónarmiða um verndum almenns siðgæðis. Skv. 1. mgr. 200. gr. varða samræði eða önnur kynferðismök hins brotlega við barn sitt eða annan niðja allt að 8 ára fangelsi og allt að 12 ára fangelsi ef barnið er yngra en 16 ára, sbr. lög nr. 40/2003, en þá var refsihámarkið þyngt úr 6 árum í 8 ár og úr 10 árum í 12 ár. Í 2. mgr. er ákvæði um refsingu fyrir kynferðislega áreitni gagnvart sömu einstaklingum sem varðar allt að 2 ára fangelsi, en allt að 4 ára fangelsi ef barnið er yngra en 16 ára. Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina eru refsiverð skv. 3. mgr. og varða allt að 4 ára fangelsi. Ef annað systkinið eða bæði eru yngri en 18 ára þegar brot á sér stað er heimilt að fella refsingu þess/þeirra niður (frjáls refsibrottfallsástæða). Ásetningur er saknæmisskilyrði. Sérákvæðið í 204. gr. um gáleysi varðandi aldur þolanda á hér ekki við. Ákvæðin um refsingu fyrir sifjaspell varða sömu einstaklinga og fortakslaust er bannað að ganga saman í hjónaband, sbr. 9. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Ef þolandi sifjaspellabrots er yngri en 14 ára varðar brotið bæði við 200. gr. (sifjaspell) og 202. gr. (kynferðisbrot gegn barni yngra en 14 ára), sbr. 77. gr. hgl.

Ákvæði norsku hegningarlaganna um sifjaspell (197. gr. og 198. gr.) eru svipuð þeim íslensku. Þó er sá munur á að samkvæmt norsku ákvæðunum getur brot milli systkina eingöngu falist í samræði. Nokkru áður en refsihámarkið fyrir brotið var hækkað í íslenskum rétti var það lækkað í norskum rétti með lögum nr. 76/2000. Refsingin er þar fangelsi allt að 5 árum fyrir brot gegn niðja og allt að 1 árs fangelsi fyrir brot milli systkina. Samkvæmt sænskum rétti (brottsbalken, 6. kafla, 7. §) varðar samræði við barn eða annan niðja fangelsi allt að 2 árum og samræði milli alsystkina allt að 1 árs fangelsi. Með breytingalögunum frá 2005 var orðalagi ákvæðisins breytt, en ekki gerðar á því neinar efnisbreytingar.

Efnisinntak 200. gr. hgl. er skýrt og í samræmi við þau sjónarmið sem ríkjandi eru í samfélaginu. Eins og fram hefur komið var refsimörkum ákvæðisins breytt nýlega, sbr. lög nr. 40/2003, og refsihámark þess hækkað þegar brotið felst í samræði eða öðrum kynferðismökum, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/2003 er hækkun þessi rökstudd. Þar segir að á síðari árum hafi komið betur í ljós sá skaði sem börn geti orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega þar sem afleiðingar séu oft langvarandi og jafnvel varanlegar. Til þess að leggja áherslu á hve alvarleg þessi brot eru, með hliðsjón af almennum viðhorfum í þjóðfélaginu og með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga sé lagt til að refsimörk fyrir grófustu kynferðisbrot gegn börnum verði hækkuð (sjá þskj. 918, 567. mál á 128. löggjafarþingi 2002–2003). Með breytingalögunum frá 2003 var ekki hróflað við refsihámarki 2. mgr. um aðra kynferðislega áreitni og hefur það því verið óbreytt frá 1992. Brot gegn 2. mgr. geta verið misalvarleg, allt frá þukli og káfi utan klæða til þess að nálgast „önnur kynferðismök“ sem falla undir 1. mgr. Eftir lagabreytinguna árið 2003 er því of mikill munur á refsimörkum þessara tveggja málsgreina. Þann mun þarf að leiðrétta. Því er lagt til í frumvarpi þessu að refsihámark fyrir kynferðislega áreitni í 2. mgr. 200. gr. verði hækkað. Sú breyting tengist einnig þeim breytingum sem lagðar eru til á reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum.

3. Ákvæði 201. gr. hgl. um trúnaðarbrot gegn börnum og unglingum yngri en 18 ára.

Í 201. gr. hgl. er lagt fortakslaust bann við samræði eða öðrum kynferðismökum við börn og unglinga undir 18 ára aldri sem hinn brotlegi hefur tiltekin tengsl við. Þau tengsl eru að barnið eða unglingurinn sé kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða unglingur sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1992 kom fram, að með ákvæðinu væri ætlunin að „vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili“ (þskj. 59, 115. löggjafarþing 1991, 58. mál). Ljóst er að þau börn sem hér er fjallað um geta verið í sérstakri hættu á því að vera misnotuð. Þegar um ung börn er að ræða felst í háttseminni ofbeldi gagnvart þeim og í öllum tilvikum alvarleg misnotkun á aðstöðu og brot gegn því trúnaðartrausti, sem börn bera til fullorðinna og ríkja á innan fjölskyldunnar. Þar sem bannið er fortakslaust þarf þó ekki að sýna fram á að um misnotkun hafi verið að ræða í hverju tilviki. Ásetningur er saknæmisskilyrði, en unnt er að refsa fyrir brotið þótt hinn brotlegi hafi ekki vitað um aldur unglingsins eða talið víst hver hann var, en sýnt af sér gáleysi um aldur hans, sbr. 204. gr. Skal þá beita vægari refsingu að tiltölu, þó ekki vægari en 30 daga fangelsi. Refsimörkin eru annars þau sömu og fyrir ásetningsbrot kynforeldris gagnvart barni sínu skv. 200. gr., þ.e. fangelsi allt að 8 árum, og allt að 12 árum, ef barnið er yngra en 16 ára, sbr. lög nr. 40/2003. Önnur kynferðisleg áreitni varðar sömu refsingu og sams konar brot gegn 200. gr. Ef þolandi brots gegn 201. gr. er yngri en 14 ára varðar brotið bæði við 201. gr. og 202. gr. (kynferðisbrot gegn barni yngra en 14 ára). Er þá um brotasamsteypu að ræða og refsað fyrir bæði brotin, sbr. 77. gr. hgl.

Ákvæði sem samsvarar 201. gr. hgl. er í 199. gr. norsku hegningarlaganna og varðar brot allt að 5 ára fangelsi. Ákvæðin í sænsku hegningarlögunum eru nokkuð öðruvísi uppbyggð. Þar er sérstakt ákvæði í 6. kafla, 4. § um nauðgun gagnvart börnum. Fram kemur í 1. mgr. þess að samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára er nauðgun gagnvart barninu og varðar fangelsi í 2–6 ár. Í 2. mgr. er ákvæði um brot gagnvart barni 15–17 ára sem gerandi hefur ákveðin tengsl við, t.d. vegna fósturs eða uppeldis. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu. Stórfelld brot varða fangelsi í 4–10 ár.

Eins og fram hefur komið var refsimörkum 201. gr. hgl. breytt nýlega, sbr. lög nr. 40/2003, og refsihámark hækkað þegar brot felst í samræði eða öðrum kynferðismökum, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Refsihámark 2. mgr. um aðra kynferðislega áreitni hefur verið óbreytt frá 1992. Lagt er til í frumvarpi þessu að það verði hækkað á sama hátt og samsvarandi refsihámark í 200. gr. Tengist sú breyting m.a. þeim breytingum sem lagðar eru til á reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til umfjöllunar um 200. gr. hér að framan.

4. Ákvæði 202. gr. hgl. um kynferðisbrot gegn börnum og unglingum yngri en 18 ára.

Í 1. mgr. 202. gr. er almennt ákvæði þar sem refsing er lögð við samræði eða öðrum kynferðismökum við börn yngri en 14 ára. Lagt er hér algert bann við kynmökum við svo ung börn. Aldursmarkið er fortakslaust og því ekki um það að ræða að meta þroska barnsins í hverju tilviki. Ekki þarf að sýna fram á misnotkun þótt gera megi ráð fyrir að hún sé fyrir hendi þegar svo ung börn eiga í hlut, a.m.k. ef gerandi er ekki sjálfur á unglingsaldri. Brot varða fangelsi allt að 12 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar allt að 4 ára fangelsi, sbr. 2. mgr. 202. gr. Kynmök fullorðins manns við barn er gróf misnotkun á yfirburðaaðstöðu hans gagnvart barninu og meta verður valdbeitingu hans með hliðsjón af því að þolandinn er barn sem er varnarlaust eða á erfitt með að verjast og skilur jafnvel ekki það sem fram fer. Í broti gerandans felst því ofbeldi og misneyting gagnvart barninu, einnig þótt barnið berjist

ekki á móti og gerandi þurfi því ekki að yfirvinna neina mótstöðu til þess að koma fram vilja sínum. Mismunandi er hvaða leiðir þjóðir hafa valið til þess að taka á þessu eðli ofbeldis þegar það bitnar á ungum börnum. Samkvæmt norska nauðgunarákvæðinu skal tekið tillit til þess að þolandi er undir 14 ára aldri þegar metið er hvort beitt var ofbeldi eða hótunum eða hvort þolandi var ófær um að sporna við verknaðinum. Í sænsku hegningarlögunum kemur fram að samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 15 ára eru skilgreind sem nauðgun. Þá telja franskir dómstólar að afbrot sé nauðgun þegar þolandi er svo ungur að árum að hann skilur ekki hugtakið „kynferði“ og eðli þess verknaðar sem fram fer. Í frumvarpi þessu er lagt til að verknaðarlýsing ákvæðis 1. mgr. 202. gr. verði óbreytt, en áhersla er hér lögð á að ákært verði bæði fyrir nauðgun (194. gr.) og kynferðisbrot gegn barni (202. gr.), sbr. 77. gr. hgl., hafi fullorðinn maður kynmök við barn undir 14 ára aldri. Slík framkvæmd er eðlileg og yrði til þess að styrkja réttarvernd barna gegn kynferðislegum árásum. Vísa má í nánari umfjöllun um þetta atriði í athugasemdum með 2. gr. frumvarps þessa þar sem fjallað er um hugtakið ofbeldi. Ásetningur er saknæmisskilyrði. Hann þarf að taka til allra þátta í efnislýsingu brotsins. Ef hinn brotlegi hélt að barnið væri 14 ára eða eldra og gáleysi hans felst í því fellur brotið undir 204. gr., sbr. 202. gr. Þá á að beita vægari refsingu. Hún má þó ekki fara niður fyrir lágmark fangelsisrefsingar, sem er 30 dagar, sbr. 34. gr. hgl.

Þegar unglingar eru á aldrinum 14–17 ára er bann við kynmökum ekki jafnfortakslaust og þegar börn eru yngri en 14 ára, sjá 3. mgr. 202. gr., sbr. lög nr. 40/2003. Það er hins vegar refsivert að tæla unglinga á þessum aldri til samræðis eða annarra kynferðismaka. Í 3. mgr. 202. gr. eru nefnd dæmi um aðferðir við tælingu, þ.e. blekkingar eða gjafir. Sú upptalning er þó ekki tæmandi og koma því fleiri aðferðir til greina þar sem gerandi notfærir sér yfirburði aldurs og reynslu. Ef einstaklingar eru svipaðir að aldri, reynslu og þroska á ákvæðið ekki við. Ásetningur er saknæmisskilyrði og sömu reglur gilda um gáleysi varðandi aldur þolanda eins og í 1. mgr., sbr. 204. gr. Brot varða fangelsi allt að 4 árum. Refsibrottfall er heimilt skv. 205. gr. ef einstaklingar ganga í hjónaband saman eða taka upp óvígða sambúð. Eins og áður hefur komið fram er lagt til í frumvarpi þessu, að ákvæði 205. gr.hgl. verði fellt brott. Mjög sjaldan hefur reynt á 3. mgr. 202. gr. hgl. í dómum Hæstaréttar.

Í 4. mgr. 202. gr. er ákvæði um refsinæmi þess að greiða barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Brot varða fangelsi allt að 2 árum. Ákvæði þetta var sett í hegningarlögin með breytingalögum nr. 14/2002. Tilgangur þess er að veita börnum og unglingum betri vernd gegn kynferðislegri misnotkun og draga úr eftirspurn eftir kynlífsþjónustu þeirra, en rannsóknir þær sem gerðar hafa verið á vændi á Íslandi hafa m.a. leitt í ljós vændi unglinga. Ákvæðið var einnig sett til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum og til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt barnsins frá 1989, sem Ísland hefur fullgilt (sjá þskj. 820, 185. mál á 127. löggjafarþingi 2001–2002). Bann við verknaði er fortakslaust. Eitt tilvik af þessu tagi nægir til refsiábyrgðar og því þarf ekki að vera um að ræða þátt í skipulagðri vændisþjónustu. Ákvæði 204. gr. um gáleysi varðandi aldur þolanda á einnig við hér.

Í 195. gr. og 196. gr. norsku hegningarlaganna eru ákvæði um refsingu fyrir samræði eða önnur kynferðismök við barn undir 14 ára aldri annars vegar og undir 16 ára aldri hins vegar. Beinist brot að barni yngra en 14 ára varðar það fangelsi allt að 10 árum. Ef mökin voru samræði er lágmarksrefsing 2 ára fangelsi og refsihámarkið 15 ára fangelsi. Refsa má með fangelsi allt að 21 ári ef tilteknar refsihækkunarástæður eru fyrir hendi. Það varðar allt að 5 ára fangelsi að hafa kynmök við barn á aldrinum 14–16 ára. Séu refsihækkunarástæður fyrir hendi má dæma í allt að 15 ára fangelsi. Tekið er fram í ákvæðinu að fella megi refsingu

niður, ef aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Áður hefur verið gerð grein fyrir sænsku ákvæðunum um nauðgun barna yngri en 15 ára.

Ákvæði 202. gr. hgl. hefur nýlega verið endurskoðað, sbr. lög nr. 14/2002 og lög nr. 40/2003. Refsihámark ákvæðisins um aðra kynferðislega áreitni í 2. mgr. hefur verið óbreytt frá 1992. Í frumvarpi þessu er lagt til að það verði hækkað til samræmis við þá hækkun sem lögð er til á refsihámarki 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. og tengist sú breyting m.a. þeim breytingum sem lagðar eru til á reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum. Auk þess eru tvö atriði sem vert er að kanna með hliðsjón af því hvort frekari breytinga sé þörf á ákvæði 202. gr. Fyrra atriðið varðar 14 ára aldursmarkið í 1. mgr., sem stundum er nefnt kynferðislegur lágmarksaldur, og hitt varðar refsimörk sömu málsgreinar.

Það er álitamál við hvaða aldur á að miða algert bann við kynmökum. Í flestum löndum Evrópu er þessi lágmarksaldur 14, 15 eða 16 ár. Í sumum löndum er lágmarksaldurinn mismunandi eftir því hvort um er að ræða samræði eða önnur kynferðismök. Einnig þekkist að refsimörk séu mismunandi eftir því hver aldur þolenda er. Í dönskum rétti er miðað við 15 ára aldur og í norsku hegningarlögunum er miðað við 14 ár, en sé barn yngra en 16 ára varðar brotið vægari refsingu. Í sænskum rétti er aldursmarkið 15 ár og 16 ár í enskum rétti. Í skýrslu sinni *Heggur sá er hlífa skyldi – Skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum* frá árinu 1997 lagði umboðsmaður barna til að kynferðislegur lágmarksaldur samkvæmt hegningarlögum yrði 16 ár. Við breytingar þær sem gerðar voru á ákvæði 202. gr. hgl. með lögum nr. 40/2003 var hins vegar ekki fallist á þetta sjónarmið heldur var lágmarksaldur í 1. mgr. látinn haldast 14 ár, en ákvæði 2. mgr. (nú 3. mgr.) um að tæla börn eða unglinga á aldrinum 14–16 ára til kynmaka breytt þannig að það næði einnig til 16 og 17 ára unglinga. Rannsóknir sýna að unglingar á Íslandi byrja snemma að stunda kynlíf, eða rúmlega 15 ára að meðaltali. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi aldur hærri, eða 17 til 18 ár. Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á þessari staðreynd breytir það ekki því að nauðsynlegt er að taka tillit til þessa veruleika þegar afstaða er tekin til þess hvernig háttað verði refsiákvæðum vegna kynferðisbrota gegn börnum. Ef lágmarksaldurinn væri 16 ár væri unnt að ákæra rúmlega 16 ára pilt fyrir að hafa samræði við tæplega 16 ára kærustu sína. Slík aðstaða er ekki viðunandi og getur haft óheppilegar afleiðingar, t.d. hótun um kæru frá foreldrum stúlku sem ekki sætta sig við samband hennar við piltinn. Með hliðsjón af þessu verður ekki lagt til að aldursmörkin í 1. mgr. 202. gr. verði hækkuð.

Hvað síðara atriðið varðar, þ.e. refsimörk 1. mgr. 202. gr., er lagt til í 10. gr. frumvarpsins að refsihámarkið verði hækkað og verði 16 ára fangelsi. Jafnframt er lagt til að lögfest verði sérstakt refsilágmark, 1 árs fangelsi, en í því felst undantekning frá því almenna sjónarmiði sem lagt er til grundvallar í frumvarpi þessu að ekki sé lögfest sérstakt refsilágmark í ákvæðum um einstakar brotategundir. Með þessari breytingu verða refsimörk 1. mgr. 202. gr. hin sömu og refsimörk nauðgunarákvæðisins. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þau kynferðisbrot eru sem beinast gegn börnum. Af þeim dómum sem gengið hafa um kynferðisbrot gegn börnum á undanförnum árum má sjá að refsingar fyrir þessi brot hafa þyngst. Sú hækkun refsimarka sem hér er lögð til er í samræmi við þá þróun og hefur ekki síst táknræna þýðingu. Nota má almennar refsilækkunarheimildir hegningarlaga, t.d. 74. gr. og 75. gr., til þess að færa refsingu niður fyrir 1 árs refsilágmarkið. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist við 1. mgr. 202. gr. þess efnis að lækka megi refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi (frjáls refsilækkunarheimild og refsibrottfallsheimild). Slík heimild er nauðsynleg vegna 1 árs refsilágmarksins sem lagt er til að verði lögfest. Í tengslum við umfjöllun um þyngd refsinga fyrir kynferðisbrot gegn börnum er rétt að fram komi að erlendar rannsóknir sýna að gerendur slíkra brota eru oft börn sjálfir.

Kynferðisbrot barna eru gjarnan hluti af öðrum vanda, þ.e. vanrækslu barna og eru oft í raun vandi fjölskyldunnar í heild. Það hljóta að gilda önnur sjónarmið gagnvart ungum gerendum en þeim sem eldri eru. Þeir sem starfa að barnaverndarmálum telja að um sé að ræða fjölgun ungra gerenda sem eiga undir barnaverndarlög og hafa sjálfir verið þolendur. Æskilegt er að í slíkum tilvikum vinni refsivörslukerfið, sé því beitt, og barnaverndarkerfið saman. Það er út af fyrir sig ekki hlutverk barnaverndarkerfisins að refsa né refsivörslukerfisins að veita meðferð. Hins vegar er ekki til nein sérhæfð meðferð fyrir unga gerendur hér á landi og þyrfti að huga að því hvort rök séu til þess að taka upp slíka meðferð og hvar ætti að finna henni stað.

Í 3. gr. frumvarps þessa er lagt til að lögfest verði í 195. gr. hgl. sérákvæði um tiltekin atriði sem virða skuli til þyngingar þegar refsing er ákveðin fyrir nauðgun skv. 194. gr. Ekki er lagt til að lögfest verði samsvarandi ákvæði um refsiþyngingarástæður í tengslum við kynferðisbrot gegn börnum. Rökin fyrir því eru eftirfarandi: í frumvarpinu er lagt til að refsimörk fyrir kynferðisbrot gegn börnum yngri en 14 ára verði þyngd verulega, þ.e. í fangelsi frá 1 ári og allt að 16 árum í stað fangelsis í 30 daga og allt að 12 árum eins og nú er. Almenn lagaákvæði um refsiþyngingarástæður og refsihækkunarástæður eiga að sjálfsögðu við hér eins og um önnur brot og duga til þyngingar innan hinna víðtæku refsimarka sem hér er lagt til að verði lögfest. Ákvæði 194. gr. um nauðgun á við hver sem aldur þolanda er. Í frumvarpinu er hvatt til þess að þessu ákvæði verði beitt í ríkari mæli en nú er gert þegar börn eru þolendur samræðis eða annarra kynferðismaka. Þar með mundi ákvæði 3. gr. frumvarpsins um refsiþyngingarástæður einnig eiga við um brot gegn börnum. Af framansögðu er ljóst að ekki er þörf á frekari ákvæðum um refsiþyngingarástæður þegar kynferðisbrot beinast að börnum. Hins vegar er lagt til að lögfestur verði í 1. mgr. 202. gr. nýr málsliður um refsilækkun og refsibrottfall, eins og áður hefur komið fram.

5. Fyrning sakar.

Þegar rætt er um fyrningu í refsirétti er tvennt til. Annars vegar er það fyrning sakar og hins vegar fyrning dæmdrar refsingar og annarra viðurlaga. Fyrning sakar er refsilokaástæða, þ.e. refsiábyrgð stofnast vegna framins afbrots en fellur niður vegna atviks sem kemur til eftir á, þ.e. vegna fyrningar, og leiðir það til sýknu í dómsmáli. Raunhæft er að fjalla um fyrningu sakar í tengslum við kynferðisbrot gegn börnum. Það kann að virðast óásættanlegt að brotamenn geti komist hjá sakfellingu og refsingu fyrir slíkt afbrot aðeins vegna þess að langur tími er liðinn frá því að brotið var framið. Ýmis rök eru þó færð fram fyrir því almennt að eðlilegt sé að sakir fyrnist (sjá nánar: Jónatan Þórmundsson. 1992. *Viðurlög við afbrotum*, bls. 301–302). Þau helstu sem átt geta við varðandi kynferðisbrot gegn börnum eru þessi:

1. Eftir því sem lengri tími líður frá afbroti því erfiðara er fyrir ákæruvaldið að sanna það. Sönnunargögn glatast og menn muna atburði verr eftir því sem lengra er um liðið frá því að þeir gerðust. Einnig verður staða sökunauts til að verja sig erfiðari.
2. Refsivörslukerfið, þ.e. rannsóknaraðilar, ákæruvald og dómstólar, þurfa aðhald til þess að reka mál með eðlilegum og nægilegum hraða.
3. Eftir því sem tíminn líður dregur úr refsiþörf. Þótt fæstir hafi samúð með kynferðisbrotamönnum verður samt að líta til þess að það er mjög þungbært fyrir einstakling og fjölskyldu hans að geta endalaust, jafnvel eftir marga áratugi, átt von á því að gamlar syndir kollvarpi lífi þeirra. Þetta á einkum við ef hinn brotlegi hefur séð að sér og ekki brotið af sér frekar.

Í IX. kafla hgl., nr. 19/1940, eru ákvæði um fyrningu sakar. Þeim var breytt með lögum nr. 20/1981. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kom fram það sjónarmið, að öll brot

ættu að vera fyrnanleg nema alveg sérstök gagnrök kæmu fram. Með lögunum urðu fleiri brot en áður fyrnanleg og því gildir nú sú regla að öll brot fyrnast nema þau sem geta varðað ævilöngu fangelsi. Var sú stefna mótuð með lögunum að fækka ófyrnanlegum brotum með því að afnema ævilangt fangelsi sem refsihámark í nokkrum ákvæðum hegningarlaganna og eru þau brot sem ekki geta fyrnst því örfá. Í þessu sambandi má minna á að ævilangt fangelsi var afnumið sem refsing fyrir nauðgun með lögum nr. 40/1992. Hér má einnig geta þess að í Danmörku og Finnlandi gildir sama regla og hér, þ.e. þau brot geta ekki fyrnst sem varða þyngstu refsingu sem heimilt er að beita, þ.e. ævilöngu fangelsi. Í Noregi og Svíþjóð fyrnast þau brot sem varða þyngstu lögleyfðu refsingu á 25 árum.

Í 81. gr. hgl. eru ákvæði um það á hve löngum tíma sök fyrnist (fyrningarfrestir). Sök fyrnist á 2, 5, 10 eða 15 árum og fer lengd fyrningarfrestsins eftir því hve þung hámarksrefsing liggur við broti. Í ákvæðunum um kynferðisbrot (194.–202. gr.) kemur fram að þyngsta refsing fyrir einstök brot er frá 2 ára fangelsi (lægsta hámarksrefsing) og allt að 16 ára fangelsi (hæsta hámarksrefsing). Sök vegna þessara brota fyrnist því á 5, 10 eða 15 árum, sbr. 81. gr. hgl., sbr. 1. gr. laga nr. 63/1998. Í 82. gr. hgl. eru ákvæði um það hvenær fyrningarfresturinn fer að líða (upphaf fyrningarfrests). Meginreglan er sú að fyrningarfrestur telst frá þeim degi þegar refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Þessi regla getur verið mjög óhagstæð fyrir barn sem verður fyrir kynferðisbroti. Vel er hugsanlegt að fyrningarfrestur sé liðinn þegar barnið hefur náð þeim þroska sem nauðsynlegur er til þess að gera sér grein fyrir eðli háttseminnar sem það varð að þola. Einnig er hætta á að börn hafi takmarkaða möguleika á að kæra brot sem að þeim beinast. Umboðsmaður barna benti á þetta í skýrslu sinni *Heggur sá er hlífa skyldi* og lagði til að kynferðisbrot gegn börnum yrðu ófyrnanleg eða tekinn yrði upp sérstakur fyrningarfrestur varðandi þessi brot, t.d. 25 ár. Þegar fyrningarreglum hegningarlaganna var breytt með lögum nr. 63/1998 var sett sérregla um upphaf sakfyrningarfrests vegna brota gegn 194.–202. gr. til þess að koma til móts við þetta sjónarmið. Nýjum málslið, 2. málsl., var bætt við 1. mgr. 82. gr. og kemur þar fram að fyrningarfrestur vegna brota gegn 194.–202. gr. hefjist ekki fyrr en á þeim degi þegar brotaþoli nær 14 ára aldri. Fyrningarfrestur vegna þessara brota telst því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk nema brotaþoli hafi þá ekki náð 14 ára aldri og þá telst fresturinn frá þeim degi þegar barnið nær þeim aldri. Samkvæmt þessu er brotaþoli orðinn 19, 24 eða 29 ára þegar brotið fyrnist og var talið að þá hefði hann náð nægum þroska til að gera sér grein fyrir brotinu og hefði jafnframt haft möguleika á að kæra það.

Að undanförnu hefur komið fram það sjónarmið að breytingarnar frá 1998 hafi verið ófullnægjandi og kynferðisbrot gegn börnum ættu að vera ófyrnanleg. Lagt hefur verið fram frumvarp á Alþingi þess efnis að sök vegna brota gegn ákvæðum 194.–202. gr. hgl. fyrnist ekki þegar þolandi er barn yngra en 14 ára (sjá þskj. 209, 209. mál á 132. löggjafarþingi 2005–2006). Refsiréttarnefnd fékk frumvarp þessa efnis til umsagnar í mars 2004. Tók hún undir þá forsendu frumvarpsins að hið sérstaka eðli kynferðisbrota skv. 194.–202. gr. sem beinast að börnum yngri en 14 ára réttlætti sérreglur um fyrningar. Taldi nefndin að komið hefði verið til móts við þau sjónarmið með áðurnefndri lagabreytingu frá 1998 og ekki væri tilefni til þess að gera grundvallarbreytingu á sama réttaratriði aðeins 6 árum eftir breytingarnar, enda hefði ekki nægilega á það reynt hvort reglan hefði leyst úr þessum vanda.

Sjónarmiðin að baki kröfunni um að kynferðisbrot gegn börnum skuli vera ófyrnanleg eiga fullan rétt á sér. Hitt er annað mál hvort rétt sé að koma til móts við þau sjónarmið með því að leggja til að brotin verði ófyrnanleg. Þvert á móti má færa fyrir því ýmis rök að kynferðisbrot gegn börnum skuli fyrnast, eins og allflest önnur brot, og koma sum þeirra einnig fram í áðurnefndu áliti refsiréttarnefndar frá 30. mars 2004. Þau helstu eru þessi:

1. Lagaákvæði sem mælir fyrir um að tiltekin brot geti ekki fyrnst er í ósamræmi við réttarþróun hér á landi síðastliðna áratugi og réttarþróun annars staðar á Norðurlöndum þar sem stefnan hefur verið sú að fækka ófyrnanlegum brotum.
2. Regla um að kynferðisbrot gegn börnum fyrnist ekki væri í ósamræmi við þá grundvallarreglu almennra hegningarlaga að einungis brot sem varða ævilöngu fangelsi séu ófyrnanleg.
3. Kynferðisbrot eru alvarleg afbrot, bæði út frá siðferðislegum mælikvarða og refsiréttarlegum. Það verður þó ekki horft fram hjá því að þau eru misalvarleg frá sjónarhóli refsiréttar. Það þarf ekki annað en líta á refsihámark fyrir einstakar brotategundir þeirra til að það sé ljóst. Nauðgun er augljóslega alvarlegra brot en káf utan klæða. Það væri mjög óeðlilegt að þessi tvö brot fyrntust á sama tíma, hvað þá að hið vægara þeirra væri ófyrnanlegt.
4. Þau rök sem nefnd voru hér í upphafi því til stuðnings að brot skuli fyrnast eiga einnig við sem rök gegn því að kynferðisbrot gegn börnum verði ófyrnanleg.
5. Reglum um fyrningu kynferðisbrota gegn börnum hefur nýlega verið breytt og því er reynslan af þeim ákvæðum ekki mikil. Óheppilegt er að slík grundvallarlög á sviði refsiréttar sem hegningarlögin eru, og ekki síst hinn almenni hluti þeirra, sæti tíðum breytingum. Slíkt ætti ekki að eiga sér stað nema nýleg breytingalög hafi reynst gölluð eða um sé að ræða breytt mat löggjafans á þeim forsendum sem liggja til grundvallar lagasetningunni.

Telja verður þung og veigamikil rök fyrir því að kynferðisbrot gegn börnum lúti þeim almennu reglum og sjónarmiðum sem almenn hegningarlög byggjast á. Því er ekki unnt að mæla með því að þessi brot verði ófyrnanleg. Það væri algerlega úr samhengi við réttarþróun hérlendis og í nágrannalöndunum og þvert á þá hugsun sem liggur til grundvallar reglum íslensks refsiréttar um fyrningu sakar. Þar að auki er algerlega óraunhæft að ætla að unnt sé að færa fram nægilega sönnun sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum um hvert það atriði sem varðar sekt sakbornings, sbr. 46. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þegar áratugir eru liðnir frá framningu brots. Regla um að kynferðisbrot gegn börnum séu ófyrnanleg mundi því litlu sem engu skila í þá átt að fjölga dómum fyrir slík brot. Þá er umræða um kynferðisbrot orðin mun meiri og upplýstari nú en var fyrir fáum árum og mun það stuðla að því að þolendur þeirra kæri þau fyrr, en byrgi ekki inni reynslu sína árum og áratugum saman.

Enda þótt fyrningarreglum hegningarlaga varðandi kynferðisbrot gegn börnum hafi verið breytt fyrir aðeins 8 árum og til þess að koma enn frekar til móts við þau veigamiklu rök sem mæla með því að sérstakt tillit sé tekið til séreðlis þessara brota er lagt til í frumvarpi þessu að breytingar verði gerðar á fyrningarreglum varðandi kynferðisbrot gegn börnum. Breytingar þessar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að 14 ára aldursmarkinu í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. hgl., sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, verði breytt í 18 ár. Er það sama aldursmark og í dönsku, norsku, sænsku og þýsku hegningarlögunum. Í öðru lagi er lagt til að refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gagnvart börnum verði hækkað um 2 ár. Það leiðir til þess að fyrningarfrestir fyrir þau brot sem bitna á yngstu börnunum, þ.e. yngri en 16 ára, munu lengjast. Verði tillaga þessi að lögum munu brotin fyrnast á 10 árum í stað þess að fyrnast á 5 árum eins og þau gera samkvæmt núgildandi lögum og það frá 18 ára aldri í stað 14 ára eins og nú er.

V. Vændi, 206. gr. hgl.

1. Núgildandi ákvæði.

Í 206. gr. hgl., sbr. 13. gr. laga nr. 40/1992, er ákvæði um refsiábyrgð vegna vændis. Þeirri háttsemi sem lýst er refsiverðri í ákvæðinu má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi er það sú hegðun að stunda vændi sér til framfærslu, sbr. 1. mgr. 206. gr., og í öðru lagi er það hagnýting vændis, sbr. 2.–5. mgr. 206. gr. Við lagabreytinguna árið 1992 var ákvæðið gert ókynbundið, þannig að það tekur jafnt til háttsemi karla og kvenna. Seljandi vændis getur því verið hvort sem er kona eða karl og hið sama gildir um kaupandann. Þannig á ákvæðið jafnt við um vændi gagnkynhneigðra sem samkynhneigðra. Ásetningur er saknæmisskilyrði skv. 206. gr., sbr. 18. gr. hgl.

a. Að stunda vændi sér til framfærslu.

Samkvæmt 1. mgr. 206. gr. hgl. varðar það fangelsi allt að 2 árum að stunda vændi sér til framfærslu. Refsilágmarks er ekki getið í ákvæðinu og gildir því hið almenna ákvæði í 34. gr. hgl. um 30 daga fangelsi sem lágmarksrefsingu. Ákvæði 1. mgr. 206. gr. er efnislega samhljóða eldra ákvæði að öðru leyti en því að þar var talað um lauslæti. Hugtakið vændi kom fyrst inn í íslensk lög með breytingalögunum árið 1992. Hvorugt hugtakið, lauslæti eða vændi, er skilgreint í lögunum eða greinargerð með þeim. Við skilgreiningu á hugtakinu vændi má leggja til grundvallar almenna málvenju, þannig að vændi feli það í sér að annar aðilinn þiggi greiðslu af hinum fyrir kynferðisathafnir, þ.e. samræði eða önnur kynferðismök, sem þeir hafa sín á milli. Ekki skiptir máli hvort greiðslan er peningar eða önnur verðmæti. Vændi er ekki refsivert nema gerandi stundi það sér til framfærslu. Það er því ekki nægilegt til refsinæmis að hafa kynmök gegn borgun í eitt eða nokkur skipti. Þessi háttsemi þarf að hafa verið stunduð í það ríkum mæli að endurgjald fyrir hana sé verulegur hluti af framfærslu geranda, hvort sem það er eina tekjulind hans eða aðaltekjulind eða a.m.k. það umfangsmikil að það muni verulega um það endurgjald sem fæst fyrir vændið í framfærslu hans. Vændi er því ólögleg og refsiverð leið til framfærslu.

Það er ljóst að til þess að vændi fari fram þarf tvo til, kaupanda og seljanda. Þegar refsiverður verknaður er þannig fólginn í tilverknaði tveggja manna er talað um concursus necessarius, þ.e. brotið er rökrænt séð fólgið í tilverknaði tveggja einstaklinga. Er þá ýmist farin sú leið í lögum að verknaður beggja er lýstur refsiverður í ákvæði eða aðeins er getið um verknað annars en ekki minnst á verknað hins. Í slíkum tilvikum er gagnályktað frá ákvæðinu á þann hátt að verknaður þess sem ekki er minnst á sé refsilaus. Það á við hér um 206. gr. Þáttur þess sem kaupir þjónustuna er refsilaus. Ekki hefur reynt á ákvæði 1. mgr. 206. gr. fyrir Hæstarétti, en haustið 2003 féll dómur í héraðsdómi Reykjaness þar sem kona var dæmd í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og 500.000 kr. sekt fyrir að hafa stundað vændi sér til framfærslu.

Í 209. gr. hgl. er ákvæði um brot gegn blygðunarsemi. Þar kemur fram að særi maður blygðunarsemi manna með lostugu afhæfi eða sé til opinbers hneykslis varði það fangelsi allt að 4 árum, en allt að 6 mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Hugsanlegt er að þetta ákvæði gæti átt við um götuvændi.

b. Hagnýting vændis.

Samkvæmt 2.–5. mgr. 206. gr. er ýmiss konar hagnýting vændis refsiverð. Í þessum hluta 206. gr. er að vísu ekki notað hugtakið vændi um háttsemina heldur eldra hugtakið, „lauslæti“. Sú háttsemi sem lýst er refsiverð í 2.–5. mgr. 206. gr. er unnin að meginstefnu til í

hagnaðarskyni. Þetta eru ákvæði um refsingu þeirra manna sem hafa milligöngu um að aðrir stundi vændi.

Í fyrsta lagi er refsivert að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra, sbr. 2. mgr. 206. gr. Þessu ákvæði er beint gegn svonefndum vændismiðlurum („melludólgum“) og er ætlunin að koma í veg fyrir að þeir geti hagnast á lauslæti annarra. Einnig er ætlunin að koma í veg fyrir að slíkir miðlarar geti gert einstaklinga persónulega háða sér og jafnvel beitt til þess ofbeldi og hótunum. Það er ekki skilyrði að sá sem lifir af vændi annars sé virkur í skipulagningu þess eða framkvæmd. Það eitt að taka á móti peningum sem aflað er með vændi í þeim mæli að maður hafi viðurværi sitt af því er refsivert, jafnvel þótt móttakandi sé á móti vændinu. Skilyrði er þó auðvitað að móttakandi viti hvernig peninganna er aflað því að ásetningur er saknæmisskilyrði skv. 206. gr. Í héraðsdómi Reykjaness sem áður er nefndur var sambýlismaður konunnar dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn þessu ákvæði.

Í öðru lagi er refsivert að ginna, hvetja eða aðstoða ungmenni, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti, sbr. 3. mgr. 206. gr. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða eldra ákvæði. Í greinargerð með því sagði að þarna væri um að ræða verknað sem miðar að því að spilla siðferði barna og unglinga (Alþingistíðindi 1939, A-deild, bls. 389). Þessi verknaður er refsiverður þótt hann sé ekki framinn í ávinningsskyni.

Í þriðja lagi er refsivert að stuðla að flutningi nokkurs manns úr landi eða til landsins í því skyni að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef viðkomandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar, sbr. 4. mgr. 206. gr. Hér er um tvenns konar tilvik að ræða. Annars vegar að hafa milligöngu um það að maður yngri en 21 árs flytjist á milli landa til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti. Aldursmörkin 21 árs eru óbreytt frá því sem var í lögunum 1940, en þegar þau voru sett varð fólk lögráða 21 árs. Nú verða unglingar lögráða 18 ára, sbr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Ekki skiptir máli hvort unglingnum var kunnugt um tilgang fararinnar. Því mundi samþykki hans ekki leysa milligöngumann undan refsingu. Hins vegar er refsivert samkvæmt þessari málsgrein að hafa milligöngu um flutning manns sem er orðinn 21 árs úr landi eða til landsins til þess að hann hafi viðurværi sitt af lauslæti ef honum er ókunnugt um þennan tilgang fararinnar. Ef honum er kunnugt um tilgang fararinnar er verkið refsilaust.

Í fjórða lagi er refsivert að stuðla að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gera sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, sbr. 5. mgr. 206. gr. Í þessu ákvæði er útleiga húsnæðis nefnd sem dæmi um það að gera sér lauslæti annarra að tekjulind. Fjórir dómar hafa gengið í Hæstarétti þar sem sakfellt var fyrir brot gegn þessu ákvæði. Eru þeir allir frá 6. áratugnum að einum undanskildum, sem er frá árinu 1990.

Refsing fyrir þessa milligöngu alla í 2.–5. mgr. 206. gr. er fangelsi frá 30 dögum og allt að 4 árum. Refsihámarkið er hærra en fyrir það að stunda vændi. Með því er löggjafinn að leggja áherslu á að í milligöngunni felst misnotkun á félagslegri, andlegri eða líkamlegri neyð annarrar manneskju einkum í hagnaðarskyni. Brot gegn 5. mgr. 206. gr. varðar þó fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

c. Ítrekun.

Í 208. gr. hgl. er ákvæði um ítrekunarheimild. Hafi maður sem sekur er um brot gegn 206. gr. áður verið dæmdur sekur um brot gegn því ákvæði eða til fangelsisrefsingar fyrir auðgunarbrot hefur sá dómur ítrekunaráhrif varðandi refsingu fyrir nýja brotið gegn 206. gr., þannig að hækka má refsingu um allt að helmingi hennar. Hér er um að ræða refsihækkunarástæðu.

Til þess að eldri dómurinn hafi þessi áhrif verður ítrekunarskilyrðum 71. gr. hgl. að vera fullnægt.

2. Kaup og sala vændis.

Þegar breytingar voru gerðar á ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot árið 1992 urðu umræður á Alþingi um það hvaða afstöðu löggjafinn skyldi taka til vændis og hvort rétt væri að refsa fyrir það að stunda vændi sér til framfærslu. Allsherjarnefnd þingsins klofnaði í afstöðu sinni til málsins og taldi meiri hlutinn að háttsemin ætti áfram að vera refsiverð (Alþingistíðindi 1991–1992, 115. löggjafarþing. A, bls. 5043), en minni hlutinn var á öndverðri skoðun (Alþingistíðindi 1991–1992, 115. löggjafarþing. A, bls. 5084). Þeir þingmenn sem vildu afnema ákvæðið nefndu einkum þau rök að vændi stunduðu flestir í mikilli neyð, t.d. í tengslum við fíkniefnaneyslu. Refsinæmi háttseminnar mundi draga úr líkum á því að gerendur kærðu kynferðislegt ofbeldi vegna hættu á að koma upp um starfsemi sína og óeðlilegt væri að refsa aðeins seljanda vændis en ekki kaupanda. Niðurstaðan varð sú að ákvæði um refsinæmi háttseminnar var áfram í lögum.

Undanfarinn áratug hefur vændi verið mjög til umfjöllunar hérlendis. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Er þar helst að nefna að vændi er mun sýnilegra og aðgengilegra nú en áður var. Í því sambandi má benda á netvæðinguna og aðra hnattvæðingu og þá kynlífsvæðingu sem henni fylgir, markaðsvæðingu kynlífs, innflutning stúlkna frá fátækum löndum til að starfa á nektardansstöðum, almennari fíkniefnaneyslu ungs fólks og djarfari og óheflaðri umfjöllun almennt um kynferðismál í fjölmiðlum, t.d. í auglýsingum. Á árunum 2000–2002 birtust þrjár skýrslur um vændi, unnar á vegum dómsmálaráðuneytisins. Fjölluðu þær um löggjöf um vændi og klám á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum, vændi og félagslegt umhverfi þess og leiðir til úrbóta varðandi klám og vændi. Rannsóknir þessar leiddu í ljós að vændi fyrirfinnst hérlendis í ýmsum myndum, ekki síst vændi unglinga í vímuefnaneyslu og vændi í tengslum við nektardansstaði. Árið 2003 birtist síðan rannsóknin Kynlífsmarkaður í mótun, sem unnin var á vegum Reykjavíkurborgar, en þar er kynlífsmarkaðurinn kannaður út frá viðskiptasjónarmiðum með því að athuga þá starfsemi sem fram fer á yfirborðinu. Fyrir utan þessar rannsóknir hafa fáar rannsóknir verið gerðar á vændi á Íslandi. Upplýsingar um umfang þess eru því mjög takmarkaðar.

Á sama tíma og ofangreindar skýrslur birtust var nokkrum sinnum lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á 206. gr. hgl. og fjallaði sú mikilvægasta og umdeildasta þeirra um að taka upp sænsku leiðina svonefndu, þ.e. að lögfesta ákvæði um refsinæmi þess að þiggja kynlífsþjónustu gegn gjaldi. Jafnframt var gert ráð fyrir að vændi stundað til framfærslu yrði ekki lengur refsivert. Frumvörp þessi, sem mikið voru rædd í samfélaginu, náðu ekki fram að ganga. Haustið 2004 skipaði dómsmálaráðherra starfshóp til þess m.a. að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi í Evrópu, einkum reynslu Svía. Ljóst er að mjög skiptar skoðanir eru um það, bæði hér á landi og erlendis, hvaða leiðir séu bestar til þess að ná árangri í baráttunni gegn vændi. Einhugur ríkir þó um að refsivert eigi að vera að hafa milligöngu um eða hagnýta sér vændi annarra. Slík ákvæði höfum við nú þegar í lögum, sbr. 2.–5. mgr. 206. gr. hgl. Enginn ágreiningur er heldur um að vændi og hvers konar kynlífsathafnir gagnvart börnum og unglingum, svo og mansal, eigi að vera refsivert. Um það höfum við einnig ákvæði í hegningarlögum, og það nýleg, sjá 4. mgr. 202. gr. hgl., sbr. 1. gr. laga nr. 14/2002 og 227. gr. a hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 40/2003. Ágreiningurinn er um það hvernig taka eigi á atferli þessara tveggja fullorðnu einstaklinga, seljanda kynlífs og kaupanda.

a. Sala vændis.

Sala kynlífs, nánar tiltekið að stunda vændi sér til framfærslu, hefur lengi verið refsiverð á Íslandi. Eru Íslendingar nú orðin eina Norðurlandaþjóðin sem hefur ákvæði um refsinæmi slíkrar hegðunar í löggjöf sinni. Efast má um að þetta ákvæði eigi lengur rétt á sér, hafi það einhvern tíma átt það. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi má segja að það sé vafasamt að það sé í samræmi við nútímaviðhorf að refsa fyrir sölu kynlífs þegar báðir aðilar eru fullorðnar manneskjur sem vita hvað þær eru að gera og háttsemin fer fram með fullu samþykki og vilja beggja. Þessi afstaða er byggð á því sjónarmiði að vændi eigi að vera frjáls og viljabundin athöfn út frá viðskiptalegu sjónarmiði. Fólki eigi að vera frjálst að selja líkama sinn til kynlífs á sama hátt og það selur vinnu sína, líkamlega sem andlega. Í öðru lagi er það sjónarmið, sem vegur mun þyngra, að þeir sem hafi viðurværi sitt af sölu kynlífs séu í flestum tilvikum illa settir andlega, líkamlega og félagslega. Þeir séu yfirleitt þolendur sjálfir, t.d. vegna fátæktar, fíkniefnaneyslu eða kynferðislegrar misnotkunar (samkvæmt upplýsingum Stígamóta hafa 65–85% kvenna sem stunda vændi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi). Þessi afstaða byggist á því sjónarmiði að vændi tengist alltaf neyð og því sé nær að veita seljanda félagslega, læknisfræðilega og fjárhagslega aðstoð í stað þess að refsa honum.

Í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra, sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, frá 16. apríl 2002, kemur fram að nefndin telji að afnema eigi ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. þannig að sala á kynlífi verði refsilaus. Tekur nefndin fram að þótt sala á kynlífi yrði gerð refsilaus væri alls ekki verið að hvetja til háttseminnar eða lögleiða vændi. Markmiðið sé þvert á móti að hjálpa einstaklingum sem hafa mátt þola erfiðar aðstæður í stað þess að refsa þeim. Þeir þurfi þá ekki lengur að óttast málshöfðun ef þeir ákveða að kæra ofbeldisverk sem að þeim hafa beinst, þeir verði líklegri til að bera vitni í málum gegn vændismiðlurum og viljugri til að leita sér aðstoðar bæði hjá félagsþjónustu og heilbrigðiskerfi. Með það sjónarmið í huga er hér lagt til að ákvæði 1. mgr. 206. gr. hgl. um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu verði afnumið. Þess í stað verði lögfest nýtt ákvæði í 5. mgr. 206. gr. um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu sé það gert með opinberri auglýsingu. Ákvæði 209. gr. um brot gegn blygðunarsemi gæti átt við þegar um er að ræða götuvændi. Þessi tvö ákvæði geta þá komið til móts við það sjónarmið að vændi geti orðið sýnilegra en nú er, verði ákvæði 1. mgr. 206. gr. afnumið.

b. Kaup vændis.

Með lögum nr. 408/1998, *om förbud mot köp af sexuella tjänster*, var lögfest í Svíþjóð ákvæði um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu (oft nefnt sænska leiðin). Vorið 2005 var ákvæði laganna flutt í hegningarlögin um leið og ákvæðum um kynferðisbrot var breytt, sbr. 6. kafla, 11. §. Rannsóknir sýna að í kjölfar gildistöku laganna árið 1999 dró úr götuvændi í Svíþjóð. Skiptar skoðanir eru hins vegar um hvort dregið hafi úr vændi þegar á heildina er litið. Þannig er ekki vitað hvort lagasetningin hefur orðið til þess að dulið vændi hafi aukist eða ekki. Erfitt er að meta umfang dulins vændis, m.a. vegna þess að það fer fram innan húss. Þá hefur aukin notkun farsíma og netsins stuðlað að því að gera vændið ósýnilegra. Fræðimenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa gagnrýnt að ekki hafi verið gerð heildarrannsókn á því hvernig sænsku lögin hafi reynst og hvort markmið þeirra um að draga úr vændi hafi náðst (sjá *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab, nr. 1, mars 2005*). Um það er í raun ekkert vitað.

Á öllum Norðurlöndunum hefur verið kannað hvort fara eigi að dæmi Svía og lögfesta ákvæði um refsinæmi þess að kaupa kynlíf. Í desember 2004 ákvað norska ríkisstjórnin að

taka ekki upp sænsku leiðina. Ákvörðun sína tók hún á grundvelli skýrslu frá 8. október 2004 sem unnin var af vinnuhópi sem kannaði lagareglur um kaup á kynlífsþjónustu í Svíþjóð og Hollandi (*Sexkjøp i Sverige og Nederland – reguleringer og erfaringer. Rapport fra arbeidsgruppe om rettslig regulering av kjøp av seksuelle tjenester*) og er skýrslan nýjasta úttektin á stöðu mála í Svíþjóð. Ekki eru uppi áform í Danmörku um að taka upp sænsku leiðina og bæði þar í landi og í Noregi er lögð áhersla á að taka á vandamálinu með félagslegum aðgerðum. Dómsmálaráðherra Finnlands hefur lagt fram á þingi frumvarp þess efnis að gera kaup á kynlífi refsiverð að sænskri fyrirmynd en óvíst er um afdrif þess.

Helstu kostir og gallar þess að leggja refsingu við kaupum á vændi eru eftirfarandi.

Kostir:

1. Seljandi vændis er illa settur félagslega og neyðist til að selja líkama sinn, en kaupandi vændis á þar val. Aðstöðumunur aðila er því mikill. Líkami fólks á ekki að vera söluvara. Það eru því sterk siðferðisleg skilaboð til samfélagsins að slík háttsemi sé refsiverð.
2. Refsiákvæði um vændiskaup munu hafa almenn varnaðaráhrif sem leiða til þess að eftirspurn eftir vændi minnkar og síðan mun framboðið minnka í kjölfarið.
3. Ef eftirspurn eftir vændi minnkar mun einnig draga úr mansali.
4. Kaupandi vændis sem til stendur að ákæra er viljugri til að bera vitni gegn vændismiðlara, ef þess er kostur að tekið verði tillit til samstarfsvilja hans við ákvörðun refsingar, sbr. 9. tölul. 70. gr. hgl.

Gallar:

1. Ekki er komin næg reynsla af sænsku löggjöfinni, heildarrannsóknir á áhrifum hennar hafa ekki farið fram og því er ekki ljóst hvort hún hefur haft almenn varnaðaráhrif.
2. Þótt dregið hafi úr götuvændi í Svíþjóð eru vísbendingar um að vændi hafi færst í undirheimana með þeim afleiðingum að erfiðara er að hafa eftirlit með því og veita þeim sem stunda vændi félagslega aðstoð. Staða vændismiðlara getur styrkst, m.a. vegna þess að kaupendur vændis verða ófúsari til að bera vitni gegn þeim og koma þar með upp um sjálfa sig.
3. Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi. Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt átak þjóða til þess að taka á honum.

Þær takmörkuðu rannsóknir sem farið hafa fram hér á landi benda til þess að vændi sé ekki síst að finna á meðal barna á aldrinum 13–18 ára. Þetta eru oft börn sem eru í vímuefnaneyslu, hafa verið misnotuð kynferðislega og standa félagslega höllum fæti. Þá virðist vændið vera stundað bæði af stúlkum og piltum. Reynsla þeirra sem starfa með þolendum kynferðisbrota bendir í sömu átt, þ.e. að vændið sé talsvert, einkum meðal barna og unglinga. Rannsóknir sýna einnig að stór hluti vændismarkaðarins er neðan jarðar, enda alkunnugt að götuvændi tíðkast tæpast. Aðstæður hér eru því aðrar en í Svíþjóð þegar refsiákvæðið um vændiskaup var lögfest þar. Erfitt er að fullyrða nokkuð um hver almenn varnaðaráhrif lögfesting sænsku leiðarinnar mundi hafa, enda er ekkert vitað um það hverjir eru kaupendur vændis á Íslandi. Hugsanlega fælir sænska leiðin frá þá kaupendur sem talist geta „venjulegir viðskiptavinir“, þ.e. þá sem kaupa þjónustu vændiskvenna sjaldan og stundum nánast fyrir tilviljun. Hins vegar er vafasamt að hún hafi áhrif á þá ofbeldisfyllri, sem hafa sterkari vilja til háttseminnar.

Með hliðsjón af því sem fram hefur komið er ljóst að ýmis sannfærandi rök hafa verið færð fram bæði með og á móti því að lögfesta hér refsiákvæði um vændiskaup. Lagabreytingar verða að taka mið af þjóðfélagsviðhorfum og aðstæðum hverju sinni. Því er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram á vændi á Íslandi, umfangi þess og eðli og hvernig best sé að taka á því, áður en lagðar eru til lagabreytingar í ætt við þá sem gerð var í Svíþjóð. Þá er það einnig verðugt rannsóknarefni hvað ræður því að vændi er svo lítt til meðferðar í réttarvörslukerfinu, ekki síst í ljósi þess að vitað er að það er stundað hér í einhverjum mæli. Það eru líka til önnur úrræði og væntanlega mun áhrifaríkari til að draga úr vændi en að refsa kaupendum þess. Refsing hefur í sjálfu sér aldrei verið heppileg leið til að leysa félagslegan vanda og ef aðrar leiðir eru færar á frekar að velja þær. Það þarf að finna orsök vandans og reyna að koma í veg fyrir að fólk leiðist út í vændi. Börn og unglingar sem sæta kynferðislegu ofbeldi, vanrækslu eða annarri misbeitingu eru áhættuhópur sem reynslan sýnir að getur orðið þolendur vændis, bæði sem seljendur og kaupendur. Markaðsvæðing kynlífs eykur líkur á að slíkir áhættuhópar byrji að stunda vændi. Því þarf að leggja áherslu á forvarnir, reyna að vernda þessi börn og unglinga, taka á starfsemi nektardansstaða og næturklúbba og vinna gegn þeim viðhorfum til kynlífs sem þeir standa fyrir. Ekki er ólíklegt að með jákvæðri og heilbrigðri fræðslu og upplýsingum um kynlíf megi breyta viðhorfi í þjóðfélaginu og draga úr eftirspurn eftir vændi. Með hliðsjón af framansögðu verður því ekki lagt til í frumvarpi þessu að lögð sé refsing við kaupum á vændi.

VI. Helstu nýmæli.

1. Lagt er til að hugtakið nauðgun verði rýmkað mjög frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að önnur kynferðisnauðung (nú 195. gr.) og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans (nú 196. gr.) teljist nauðgun. Við það munu brot þessi varða mun þyngri refsingu en nú er, eða fangelsi frá 1 ári og allt að 16 árum, í stað fangelsis allt að 6 árum.
2. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um nokkur atriði sem verka skuli til þyngingar við ákvörðun refsingar fyrir nauðgun. Eitt þeirra er ungur aldur þolenda.
3. Lögfest verði almennt ákvæði um refsiábyrgð vegna kynferðislegrar áreitni.
4. Lögfest verði ákvæði um ítrekunaráhrif þannig að ítrekunartengsl verði á milli allra kynferðisbrotanna. Fyrri dómur fyrir kynferðisbrot getur þá leitt til refsihækkunar ef dómþoli gerist sekur um kynferðisbrot á ný.
5. Refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára verði þyngd og verði refsimörkin hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi frá 1 ári og allt að 16 árum. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg þessi brot eru þegar þau beinast gegn börnum, og teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en 14 ára alvarlegustu kynferðisbrotin, í stað nauðgunar einnar áður.
6. Lögfest verði ákvæði um heimild til refsilækkunar eða refsibrottfalls þegar sá sem gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en 14 ára er sjálfur á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið.
7. Upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota miðist við 18 ára aldur brotaþola, en ekki 14 ár eins og nú er. Refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum verði hækkað þannig að brot gegn yngstu börnunum munu fyrnast á lengri tíma en samkvæmt núgildandi lögum.
8. Ákvæði 205. gr. um niðurfellingu refsingar fyrir tiltekin kynferðisbrot ef aðilar sem mökin hafa gerst á milli halda áfram sambúð, taka upp óvígða sambúð eða ganga í hjónaband falli niður.

9. Ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsingu fyrir að stunda vændi sér til framfærslu falli niður. Þess í stað verði lögfest ákvæði um refsinæmi þess að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann í opinberum auglýsingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um rök fyrir hækkun þessa aldursmarks úr 14 árum í 18 ár má vísa til V. kafla almennra athugasemda um fyrningu sakar hér að framan. Brotin mundu þá fyrnast þegar brotaþoli væri orðinn 23, 28 eða 33 ára, og verður að telja að þessi regla feli í sér nægilegt svigrúm fyrir brotaþola til þess að kæra brot.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að efni 194. gr. hgl. um nauðgun verði rýmkað verulega, en haldið er í það form sem ákvæðið hefur í gildandi lögum. Það er nýmæli að hugtakið nauðgun kemur fram í ákvæðinu sjálfu og er lýst í hverju hún felst. Hugtakið er rýmkað mjög frá því sem er í gildandi lögum því að samkvæmt frumvarpinu falla undir nauðgun ólögmæt kynferðisnauðung (skv. 195. gr. núgildandi laga) og misneyting (skv. 196. gr. núgildandi laga), auk nauðgunar í hefðbundnum skilningi laga. Hugsunin er sú, að hið nýja ákvæði um nauðgun taki til þeirra tilvika þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda, enda er það undirliggjandi skilyrði að samþykki skorti til kynmakanna. Til þess að lýsa refsinæmi háttseminnar sem gleggst þannig að ákvæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru varðandi skýrleika refsiheimilda eru tilgreindar aðferðir sem eiga að taka til þeirra tilvika þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda. Lagt er til að 194. gr. skiptist í tvær málsgreinar. Í 1. mgr. verði ákvæði um refsinæmi þess að beita ofbeldi eða hótunum til þess að ná fram kynmökum (sbr. núgildandi 194. gr. og 195. gr.), en efni 196. gr. laganna verði flutt í 194. gr. og verði þar 2. mgr. ákvæðisins. Lögð er áhersla á það við samningu frumvarpsins að einstakar brotategundir haldi sínum greinarnúmerum eins og mögulegt er. Þannig er gert ráð fyrir að ákvæðið um nauðgun verði áfram í 194. gr. Þetta fyrirkomulag auðveldar og flýtir fyrir samanburði við eldri rétt.

Ofbeldi er skýrt með sama hætti hér og í eldri rétti. Það er mjög víðtækt hugtak og er gert ráð fyrir að í það sé lagður rúmur skilningur, þ.e. hvers konar beiting valds til þess að yfirvinna viðnám, sem er alvarlega meint. Lagt er til að lögskýrgreiningin í 2. málsl. 194. gr. núgildandi laga verði látin halda sér. Ýmiss konar ofbeldi getur fallið undir ákvæði 194. gr. Það getur verið ofbeldi í þrengri merkingu þar sem hinn brotlegi neytir aflsmunar til þess að ná fram vilja sínum. Dæmi um það er þegar kona er tekin hálstaki eða kverkataki og getur enga björg sér veitt. Einnig falla undir ofbeldishugtakið högg, barsmíðar, spörk og hrindingar. Það er ekki skilyrði að ofbeldið sé svo mikið og þolandi svo illa útleikinn að hann verði bjargarlaus. Engar kröfur eru gerðar varðandi eðli árásar eða varanlegar afleiðingar af henni og þurfa afleiðingar ekki að vera aðrar en kynmökin sem ætlunin er að ná fram með ofbeldinu, enda eru þau þungamiðja brotsins. Ekki þurfa að vera neinir líkamlegir áverkar á þolanda. Þess verður ekki krafist að þolandi veiti virka mótspyrnu. Má um það vísa til dóms mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli M.C. gegn Búlgaríu, en þar segir: *„166. In the light of the above, the Court is persuaded that any rigid approach to the prosecution of sexual offences, such as requiring proof of physical resistance in all circumstances, risks leaving certain types of rape unpunished and thus jeopardising the effective protection of the individual's sexual autonomy. In accordance with contemporary standards and trends in that area, the member States' positive obligations under Articles 3 and 8 of the Convention must*

be seen as requiring the penalisation and effective prosecution of any non-consensual sexual act, including in the absence of physical resistance by the victim."

Oft fara saman ýmsar tegundir ofbeldis eða ofbeldi og hótanir. Stundum er beitt litlu ofbeldi í upphafi sem síðan fylgja hótanir um meira ofbeldi verði ekki látið undan. Ofbeldi getur því oft virkað sem hótun um frekara ofbeldi. Það getur valdið því að konan lætur undan eða dregur úr mótstöðuafli hennar. Hér er rétt að fram komi að rannsóknir hafa sýnt að þolendur kynferðisbrota eins og nauðgunar verða yfirleitt fyrir miklu andlegu áfalli við árásina. Oftast hefur slíkt andlegt áfall mun meiri afleiðingar fyrir þolandann en hugsanlegir líkamlegir áverkar. Slíkt andlegt áfall kemur fram í tilteknum einkennum, svo sem kvíða, depurð og þunglyndi, einbeitingarskorti og almennri vanlíðan. Það er óhugnanleg lífsreynsla að verða fyrir kynferðisbroti og skilur eftir varanleg spor í sálarlífi þolenda. Þessi einkenni geta sálfræðingar og aðrir sérfræðingar greint og við sönnunarmat og ákvörðun refsingar er sjálfsagt að taka tillit til upplýsinga frá þeim um líðan þolenda eftir kynferðisbrot.

Samkvæmt frumvarpinu verður ekki lengur refsinæmisskilyrði nauðgunar að hótað sé með ofbeldi. Efni hótunar getur verið margs konar og verður ákvæðið því mun víðtækara en nú að efni til. Hótunin getur varðað löglegt athæfi, t.d. að hóta kæru fyrir þjófnað sem á við rök að styðjast, eða ólöglegt, t.d. að hóta ofbeldi, eignaspjöllum eða ærumeiðingum. Er það sama leið og farin er í norska ákvæðinu um nauðgun („truende adferd") og víðtækara en sænska ákvæðið þar sem gert er ráð fyrir að hótað sé að fremja refsiverðan verknað. Það er skilyrði að hótunin leiði til þess að gerandi nær fram kynmökum sem honum hefði ekki tekist ella, þ.e. orsakasamband þarf að vera á milli hótunar og kynmakanna. Því veigaminna atriði sem hótunin varðar, því minni líkur eru á að hún geti hafa leitt til samræðis.

Þegar brot eru fólgin í samræði eða öðrum kynferðismökum við börn er refsað samkvæmt viðeigandi ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum, t.d. 202. gr. hgl. um bann við kynmökum við barn yngra en 14 ára. Ef beitt er ofbeldi eða hótunum í skilningi 194. gr. á einnig að refsa samkvæmt því ákvæði fyrir brotin (brotasamsteypa). Það var t.d. gert í H 1986:1427 og H 1994:1874, þar sem þolendur voru í báðum tilvikum 13 ára stúlkur. Beinist brot að ungum börnum, t.d. 4–8 ára, eru ýmis dæmi þess í réttarframkvæmd að eingöngu sé dæmt fyrir brot gegn viðeigandi ákvæðum um kynferðisbrot gegn börnum. Nauðgunarákvæði 194. gr. er þá ekki beitt jafnframt þar sem svo virðist talið að ekki sé beitt ofbeldi eða hótun um það. Dæmi um þetta er í H 1996:1863, þar sem maður hafði samræði og önnur kynferðismök við dóttur sína frá því hún var 7 ára og allt þar til hún varð 10 ára. Þetta er gagnrýnisverð niðurstaða. Það virðist nokkuð augljóst að þegar svo ungt barn á í hlut á hinn brotlegi alls kostar við það. Sú valdbeiting eða hótanir sem hann notar til að fá fram kynmök er því oft mun minni en þarf til þess að ná valdi á fullorðinni manneskju. Barnið er hins vegar enn varnarlausara og á erfiðara með að verjast, skilur jafnvel ekki það sem fram fer. Það er því eðlilegt að tekið sé tillit til þess að barn á í hlut þegar metið er hvort beitt er ofbeldi eða hótunum í skilningi 194. gr. Slík lögskýring er alveg í samræmi við skilgreiningu ofbeldis í 194. gr. þar sem í það er lagður mjög rúmur skilningur og engar kröfur eru gerðar um líkamlega áverka. Hið sama gildir um hótanir og mat á því hvort þolandi hafi getað spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Í 1. mgr. 192. gr. norsku hegningarlaganna er ákvæði þess efnis að tekið skuli tillit til þess ef þolandi er yngri en 14 ára þegar metið er hvort beitt hafi verið ofbeldi, hótunum eða kynmök höfð við þann sem getur ekki varist verknaðinum. Í þessu frumvarpi er ekki lagt til að slíkt ákvæði verði lögfest þar sem ætlunin er að hafa lagaákvæðin sjálf sem einföldust. Hins vegar er það vilji löggjafans, ef frumvarp þetta nær fram að ganga, að sjónarmiðið um tillit til ungs aldurs þolanda verði haft að leiðarljósi við skýringu ákvæðisins. Kynmök fullorðins manns við barn eru slík misnotkun á yfirburðaaðstöðu hans gagn-

vart barninu að í því felst ofbeldi, hótun og misneyting, þótt það teldist það e.t.v. ekki ef þolandinn væri fullorðinn. Hafi fullorðinn maður kynmök við barn ætti að ákæra bæði fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni. Ekki er rétt að binda slíka framkvæmd við ákveðin aldursmörk (t.d. 14 ára, sbr. 202. gr. laganna), en ljóst er að hún á alltaf við ef ung börn eiga í hlut. Slík framkvæmd yrði til þess að styrkja réttarvernd barna gegn kynferðislegum árásum. Ef aldursmunur hins brotlega og þolanda er lítill, t.d. þolandi 14 ára og hinn brotlegi 15 ára, eiga þessi sjónarmið ekki við. Það skiptir því máli hver beitir ofbeldi, hótunum eða misneytingu og gagnvart hverjum.

Oftast beinist ofbeldi eða hótun að þeirri manneskju sem nauðgað er. Þó hefur verið talið að leggja megi að jöfnu ofbeldi eða hótanir sem beinast að þriðja manni sem er manneskjunni nákominn, sé það til þess fallið að hafa sömu áhrif á hana og ef hótanir beindust að henni sjálfri. Fyrir breytinguna á kynferðisbrotakafla hegningarlaganna árið 1992 var þetta tekið fram í ákvæðinu sjálfu varðandi hótanir um ofbeldi. Svo er ekki í núgildandi ákvæði en í greinargerð með 2. gr. laga nr. 40/1992 segir að orðalag ákvæðisins útiloki ekki að efni ofbeldishótunar geti beinst að nánum vandamanni brotaþola eða því sé ætlað að bitna á honum, t.d. barni hans. Gert er ráð fyrir að sömu sjónarmið eigi við um ákvæðið í frumvarpi þessu, eins og lagt er til að það verði orðað. Hafa má hliðsjón af 3. mgr. 25. gr. hgl. við skýringu á því hverjir teljist nákomnir. Þar eru taldir eiginmaður, eiginkona, foreldrar, börn, kjörbörn, barnabörn og systkin. Þessi upptalning er þó ekki tæmandi. Þannig gætu unnusti, sambúðarmaður/kona og fósturbarn einnig talist til náinna vandamanna. Talið hefur verið að úrslitum ráði hvort um náin tilfinninga- eða persónutengsl sé að ræða. Athugunarefni er hvort ekki megi ganga lengra, þannig að 194. gr. geti átt við þótt hótunarþolinn sé óskyldur eða ótengdur nauðgunarþola, t.d. barn kunningjakonu eða nágranna. Það hlýtur þó að fara nokkuð eftir atvikum hverju sinni. Hafi hótanir sem bitna eiga á þessum einstaklingum sömu þvingunaráhrif á nauðgunarþola og þegar skyldmenni á í hlut er eðlilegt að viðurkenna að þeir geti verið hótunarþolar skv. 194. gr. Aðalatriðið hlýtur að vera að hótanirnar hafi þau áhrif að þolandi lætur undan. Í reynd er það langoftast svo að efni hótunar er ætlað að bitna á nauðgunarþola sjálfum.

Lagt er til að þvingun verði ekki lengur tilgreind sem efnisþáttur í 1. mgr. 194. gr. Þess í stað verði refsivert að hafa samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi eða hótunum. Orsakatengsl skulu vera á milli ofbeldis eða hótunar annars vegar og kynmakanna hins vegar þannig að hinum brotlega tekst að hafa kynmökin vegna þess að hann beitir þessum aðferðum. Í því felst auðvitað þvingun. Með því að breyta orðalagi ákvæðisins úr: „[H]ver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis ...“, eins og nú er, og í: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi eða hótunum ...“ eins og hér er lagt til, er lögð áhersla á að það er hin ólögmæta hegðun hins brotlega, sem er þungamiðja brotsins og það sem sönnun á að snúast um, en ekki það hvort þolandi hafi verið þvingaður og þá þar með hvort eða hvernig hann verst árásinni. Auk þess tæki orðalag sem þetta betur mið af því hvernig konur bregðast við árásum en núgildandi orðalag 194. gr.

Í samræmi við almennu regluna um að brot gegn ákvæðum kynferðisbrotakaflans séu ókynbundin geta bæði karlmenn og konur verið fremjendur nauðgunar. Sömuleiðis geta þolendur verið bæði karlar og konur. Þá á ákvæðið jafnt við um samskipti gagnkynhneigðra sem samkynhneigðra, eins þótt aðilar séu í hjónabandi, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist. Í lagatextanum er notað hugtakið maður um þolendur brotanna, til samræmis við það sem tíðkast í hegningarlögunum, enda er það kynhlutlaust, merkingarlega séð. Í umfjöllun um brotin

í greinargerð er þó notað hugtakið konur um þolendurna, eftir því sem við á, sbr. það sem um það segir í inngangskaflanum hér að framan.

Það er lögskýringarregla sem fylgt hefur verið í framkvæmd að fari ofbeldi sem beitt er við nauðgun ekki fram úr því ofbeldi sem gert er ráð fyrir í 217. gr. hgl. um líkamsárásir sé 194. gr. einni beitt um brotið og tæmi því sök. Ofbeldið rúmast sem sé innan verknaðarlýsingar 194. gr. Sé ofbeldið hins vegar meira og komið út fyrir það sem gert er ráð fyrir í 194. gr. og á það stig að 218. gr. hgl. eigi við er því ákvæði beitt auk 194. gr. (brotasamsteypa). Gert er ráð fyrir að áfram verði stuðst við þessa lögskýringu, sem á sér langa hefð í íslenskum refsirétti.

Af 2. gr. frumvarpsins er ljóst að háttsemi sú sem nú fellur undir 196. gr. sem kynferðisleg misneyting mun teljast til nauðgunar skv. 2. mgr. 194. gr. Ákvæði 2. mgr. 194. gr. er eins orðað og núgildandi 196. gr., að því undanskildu að í stað „geðveiki eða annarra andlegra annmarka“ í núgildandi 196. gr. kemur „geðsjúkdómur eða önnur andleg fötlun“. Hugtakið „geðsjúkdómur“ er hér notað í sömu merkingu og hugtakið „geðveiki“. Um það gildir hið sama og um hugtakið „geðveiki“, að inntak þess er háð skýringum geðlæknisfræðinnar á hverjum tíma, og kann því að vera rýmra nú en áður fyrr. „Andleg fötlun“ er þrengra hugtak en „andlegir annmarkar“. Undir „andlega fatlað fólk“ falla m.a. þroskaheftir einstaklingar. Ýmsar sálrænar truflanir geta einnig fallið þar undir. Þær verða þó að vera á því stigi að þær teljist vera fötlun. Ella gæti ástandið fallið undir 2. málsl. 2. mgr. 194. gr. frumvarpsins þar sem ástand brotaþola er þess eðlis að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Breyting þessi miðar fyrst og fremst að því að gera ákvæðið nútímalegra. Ólíklegt er að sá merkingarmunur sem er á hugtökunum í núgildandi lögum og í frumvarpinu muni hafa mikil áhrif við beitingu hins nýja ákvæðis, þar sem óbreyttur er áskilnaður um að ástandið sé misnotað.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í 195. gr. hgl. verði lögfest ákvæði um þrjú atriði sem hafa skuli í huga þegar refsing fyrir nauðgun er ákveðin. Um svipaða lagasetningaraðferð að formi til má vísa til 218. gr. b, þar sem lögfest er ákvæði um atriði sem hafa áhrif þegar refsing fyrir brot gegn 217. og 218. gr. um líkamsmeiðingar er ákveðin. Gert er ráð fyrir að dómara sé skylt að virða þessi þrjú atriði til þyngingar refsingu fyrir nauðgun, sbr. orðalagið „skal virða það til þyngingar“. Þetta nýja ákvæði kemur til viðbótar við hin almennu ákvæði hegningarlaganna um refsiákvörðunarástæður sem beita má um öll brot og er hið nýja ákvæði hugsað til fyllingar þeim ákvæðum. Sem dæmi má nefna að í 2. mgr. 70. gr. hgl. segir að það skuli að jafnaði taka til greina til þyngingar refsingu ef fleiri menn en einn hafa unnið verkið í sameiningu. Þetta ákvæði á að sjálfsögðu við um ákvörðun refsingar fyrir kynferðisbrot og því er ekki þörf á sérstöku ákvæði þessa efnis í kynferðisbrotakaflanum. Þar sem hér er um refsiþyngingarástæður að ræða verka þær til þyngingar refsingu innan hinna almennu refsimarka ákvæðisins en heimila ekki að fara út fyrir þau.

Í 1. tölul. 195. gr. er gert ráð fyrir ákvæði um áhrif ungs aldurs þolanda á refsiákvörðun. Þörfin á slíku ákvæði kom fram í rannsókn sem gerð var á ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum. Þar voru kannaðir dómar Hæstaréttar á árunum 1977–1996, þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 194. gr. (sjá Ragnheiður Bragadóttir. Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum. *Úlfljótur,* 1. tbl. 1999, bls. 67–84). Þar þótti það helst gagnrýnisvert við dómana að ekki skyldi meira tillit tekið til ungs aldurs þolenda við ákvörðun refsingar. Ungur aldur hins brotlega vó hins vegar mjög mikið til mildunar, auk þess sem ákvæði eru í hegningarlögum um áhrif ungs aldurs hans til málsbóta, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 70. gr. og refsilækkunar, sbr. 2. tölul. 1.

mgr. 74. gr. Engin almenn eða sérstök ákvæði eru hins vegar í lögunum um áhrif ungs aldurs þolanda á refsiákvörðun. Það segir sig sjálft að ungir þolendur hafa lítinn sálfræðilegan og líkamlegan styrk til þess að verjast nauðgunum. Tiltölulega lítið ofbeldi eða lítilfjörleg hótun getur því virkað mjög ógnvekjandi gagnvart börnum. Til þess að leggja áherslu á hve kynferðisbrot gegn börnum eru alvarleg og ámælisverð er lagt er til að lögfest verði ákvæði þess efnis að það skuli virða það til þyngingar refsingu ef þolandi er barn yngra en 18 ára.

Lagt er til að í 2. tölul. 195. gr. verði ákvæði þess efnis að virða skuli það til þyngingar refsingu ef ofbeldi geranda er stórfellt. Með breytingunni á skilgreiningu nauðgunar sem lagt er til að verði lögfest í 194. gr. verður ofbeldi ekki lengur sú þungamiðja nauðgunar sem það hefur verið. Þar sem ofbeldi er engu að síður mjög vítaverð og ámælisverð aðferð við að ná fram kynmökum þykir rétt að hafa hér ákvæði um að það skuli verka til þyngingar refsingu ef stórfelldu ofbeldi er beitt við brotið. Beita má þessu ákvæði til refsiþyngingar enda þótt ofbeldið sé það stórfellt að 218. gr. hgl. eigi einnig við um brotið. Þegar metið er hvort ofbeldi er stórfellt skiptir máli bæði atlagan sjálf og afleiðingar hennar, jafnt líkamlegar sem andlegar. Smitun af hættulegum smitsjúkdómi eða kynsjúkdómi, t.d. alnæmi, mundi alltaf teljast stórfellt ofbeldi, að því gefnu að gerandi hafi vitneskju eða grun um að hann sé haldinn slíkum sjúkdómi.

Lagt er til að í 3. tölul. 195. gr. verði ákvæði um að virða skuli það til þyngingar refsingu ef brotið er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt. Fyrirmynd þessa ákvæðis er samsvarandi ákvæði í b-lið 2. mgr. 192. gr. norsku hegningarlaganna og var það nýmæli, sett með lögum nr. 76/2000. Þar verka þessar ástæður til refsihækkunar þannig að beita má fangelsi allt að 21 ári í stað almenna hámarksins, sem er fangelsi allt að 10 árum. Hér er hins vegar lagt til að þessar ástæður verki til þyngingar innan almennra refsimarka ákvæðis. Það er matskennt hvenær brot er framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt. Þar skiptir máli aldur og þroski þolanda. Samræði við barn í leggöng mundu falla undir sérstaklega sársaukafullt brot. Brot framið á sérstaklega meiðandi hátt væru t.d. endaþarmsmök og munnmök. Einnig fellur þar undir að setja hluti í leggöng eða endaþarm. Í H 13. desember 2001 (nr. 290/2001) er dæmi um mál þar sem bæði 2. og 3. tölul. 195. gr. hefðu getað átt við varðandi ákvörðun refsingar, en þar beitti ákærði sambýliskonu sína hrottalegu ofbeldi og þröngvaði henni með ofbeldi og ofbeldishótunum til samræðis og annarra kynferðismaka, bæði í leggöng og endaþarm.

Um 4. gr.

Lagt er til að efni 196. gr. flytjist í 194. gr. um nauðgun og verði 2. mgr. þeirrar greinar, jafnframt því sem brotið verði skilgreint sem nauðgun. Um skýringar á ákvæðinu vísast til skýringa með 2. gr. frumvarps þessa, þar sem fjallað er um 2. mgr. 194. gr.

Um 5. gr.

Breytingarnar sem lagðar eru til á ákvæðinu varða þær stofnanir, sem þar eru taldar upp. Heitum stofnana er breytt til samræmis við þær stofnanir sem nú eru starfræktar í þjóðfélaginu og sinna málefnum þess fólks sem ákvæðinu er ætlað að vernda. Þá er lagt til að tilgreining stofnananna í ákvæðinu verði nokkuð ítarlegri en nú er. Stofnununum má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru það fangelsi og aðrar stofnanir á vegum lögreglu eða fangelsisyfirvalda, í öðru lagi stofnanir á vegum barnaverndaryfirvalda og í þriðja lagi stofnanir fyrir andlega fatlað fólk og geðsjúka. Þetta eru fyrst og fremst stofnanir þar sem fólk er að jafnaði vistað nauðugt, að undanskildum stofnunum í þriðja flokkinum, þar sem það á ekki við nema í sumum tilvikum. Rökin fyrir refsiábyrgð eru annars vegar þau að kynferðislegt samband

starfsmanns við vistmann er brot á starfsskyldum hans og því óásættanlegt af hálfu samfélagsins og hins vegar felst í því bein eða óbein misnotkun valds og áhrifa gagnvart vistmanni. Má í raun segja að auk þess sem ákvæðinu er ætlað að vernda vistmenn verndi það einnig starfsmenn gegn því að stofnað sé til slíkra óheppilegra sambanda. Þá eru þetta stofnanir þar sem almenn hætta er á að misnotkun geti átt sér stað og oft getur verið erfitt að sanna að ófrelsisástand það sem þolandi er þvingaður til að sæta hafi verið misnotað. Því er farin sú leið að allt kynferðislegt samband milli þessara aðila er lýst refsivert. Þá er það brot geranda að notfæra sér aðstæður þolanda einnig trúnaðarbrot af hans hálfu.

Af stofnunum þeim sem falla undir fyrsta flokkinn eru aðeins fangelsi nefnd í núgildandi ákvæði, auk þess sem þar er nefnt vistheimili sem er víðtækt hugtak og getur fallið undir alla flokkana þrjá. Lagt er hér til að auk fangelsis verði tilgreindar í ákvæðinu aðrar stofnanir á vegum lögreglu eða fangelsisyfirvalda þar sem menn vistast. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að hér getur verið um að ræða aðrar stofnanir en fangelsi þar sem menn vistast vegna opinbers máls eða refsidóms. Má þar nefna vistun handtekinna manna og gæsluvarðhaldsfanga og stofnanir fyrir geðsjúka fanga, sjá nánar lög nr. 49/2005, um fullnustu refsinga, svo og ákvæði hegningarlaga.

Í öðru lagi er lagt til að undir ákvæðið falli stofnanir á vegum barnaverndaryfirvalda. Í núgildandi ákvæði er talað um uppeldisstofnanir, auk þess sem fyrirvari ákvæðisins um að aðrar stofnanir komi til greina tekur einnig til stofnana af þessu tagi. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst breyting á orðalagi til samræmis við núgildandi löggjöf á sviði barnaverndarmála, sjá barnaverndarlög, nr. 80/2002.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að ákvæðið taki til geðdeilda sjúkrahúsa og heimila fyrir andlega fatlað fólk. Ákvæði 194. gr. norsku hegningarlaganna, sem samsvarar 197. gr. þeirra íslensku, tekur ekki til þessara stofnana. Það gerir hins vegar samsvarandi ákvæði í dönsku hegningarlögunum, þ.e. 219. gr. Samkvæmt núgildandi 197. gr. hgl. falla geðsjúkrahús undir ákvæðið. Í samræmi við núverandi fyrirkomulag í heilbrigðismálum á betur við að tala um geðdeildir sjúkrahúsa. Hér undir mundu einnig falla dvalarheimili fyrir geðsjúka, sbr. 7. tölul. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og áfangastaðir fyrir geðfatlaða skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, en þeim er ætlað að brúa bilið milli sjúkrahúsdvalar og eðlilegs lífs og er þar veittur félagslegur stuðningur og ráðgjöf. Í dönskum rétti er talið að samsvarandi ákvæði taki til fólks sem lagt er inn á geðsjúkrahús að eigin ósk til rannsóknar á geðheilsu. Rétt er að skýra 197. gr. á sama hátt.

Í núgildandi 197. gr. eru ekki tiltekin sérstaklega vistheimili eða stofnanir fyrir andlega fatlað fólk. Í H 1993:2242 var talið að sambýli og aðrir bústaðir sem lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, tækju til, sbr. 10. gr. laganna, væru stofnanir í skilningi 197. gr. hgl. Rétt þykir að það sé lögfest með skýrum hætti að þessar stofnanir falli undir ákvæðið. Er það gert með því að heimili fyrir andlega fatlað fólk verði tilgreind í ákvæðinu, sjá nánar lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Á þeim stofnunum sem falla undir þriðja flokk, þ.e. geðdeildum og heimilum fyrir andlega fatlað fólk, er fjöldi fólks af fúsum og frjálsum vilja. Þar sem það hefur oft ekki sömu möguleika og annað fullorðið fólk til að verjast brotum af því tagi sem hér er fjallað um er nauðsynlegt að það njóti verndar þessa ákvæðis. Rétt er að hafa í huga tengsl 197. gr. við ákvæði 2. mgr. 194. gr., sbr. 2. gr. frumvarps þessa um nauðgun, sem felst í því að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til að hafa við hann kynmök. Kemur jafnvel til greina að beita ákvæðunum saman því að geðsjúkur eða andlega fatlaður maður á ekki að njóta minni réttarverndar fyrir það að hann er vistmaður á stofnun.

Lagt er til að tilgreining gerenda í ákvæðinu verði óbreytt, þ.e. umsjónarmenn eða starfsmenn. Ákvæðið tekur því til allra starfsmanna á stofnununum. Þetta geta því verið þeir sem eitthvað hafa yfir vistmönnum að segja, eins og lögreglumenn eða fangaverðir, sérfræðingar, t.d. læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar eða félagsráðgjafar, en einnig skrifstofufólk og ræstitæknar á stofnununum. Í norska ákvæðinu er það skilyrði að hinn brotlegi hafi eitthvað yfir vistmanni að segja og hafi vald eða heimild til að setja honum reglur eða hafi eftirlit með honum samkvæmt starfsskyldu sinni. Ekki þykir ástæða til að takmarka gildissvið 197. gr. hgl. með þeim hætti.

Um 6. gr.

Lagt er til að áskilnaður um að háttsemin fari fram utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar verði felldur niður. Með þessari breytingu er ekki lengur gerð sú takmörkun að maki njóti ekki verndar ákvæðisins. Útilokun maka þykir ekki eiga við með tilliti til þess að sá sem er í hjónabandi eða óvígðri sambúð á að njóta fullkominnar verndar varðandi sjálfsákvörðunarrétt sinn í kynlífi. Eðlilegt er að maki njóti sömu réttarverndar og aðrir við þessar aðstæður. Það er einnig í samræmi við þau viðhorf sem fram koma í frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi), sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi (þskj. 419, 365. mál). Þar er lagt til að lögfest verði almennt ákvæði í 70. gr. hgl. þess efnis að það skuli að jafnaði virða til þyngingar refsingu ef verknaður beinist að þolanda sem er nákominn geranda og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins. Hins vegar er rétt að árétta að 1. mgr. 198. gr. er sérákvæði sem er byggt á því að um misneytingu sé að ræða þar sem aldur og reynsla aðila skiptir máli, auk tengslanna á milli þeirra. Því falla ekki hér undir öll tilvik þar sem annar aðilinn er háður hinum. Þar má nefna tilvik þar sem aðilar hafa samræði þrátt fyrir þessar aðstæður ef ekki er um misnotkun aðstöðu að ræða. Með hliðsjón af þessu má rökstyðja að fyrrnefnd breyting á ákvæðinu sé í sjálfu sér ekki efnisbreyting heldur hafi hún frekar táknrænt gildi.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 198. gr. falli brott. Í því ákvæði er lögð refsing við kynferðislegri áreitni við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr. ákvæðisins. Aðeins einu sinni hefur reynt á þetta ákvæði fyrir dómstólum og má reyndar rökstyðja að álitamál sé hvort ákvæðið hafi átt við vegna þess að þær sérstöku aðstæður, sem gert er ráð fyrir samkvæmt 1. mgr. 198. gr. og 2. mgr. vísar til, voru ekki fyrir hendi í málinu. Það er ljóst að sú refsivernd sem fólk nýtur gegn kynferðislegri áreitni er allt of takmörkuð ef hún er bundin við þær misneytingaraðstæður sem lýst er í 1. mgr. 198. gr. Í stað ákvæðis 2. mgr. 198. gr. er því lagt til að lögfest verði nýtt ákvæði í 199. gr. um kynferðislega áreitni gagnvart þeim sem ekki hefur samþykkt slíka háttsemi.

Um 7. gr.

Lagt er til að núgildandi ákvæði 199. gr. hgl. falli brott, sjá 5. hluta III. kafla hér að framan. Í 199. gr. verði hins vegar lögfest almennt ákvæði um kynferðislega áreitni sem jafnframt verði skilgreind í ákvæðinu. Þetta ákvæði komi í staðinn fyrir ákvæði 2. mgr. 198. gr. um kynferðislega áreitni, sem er þar óheppilega staðsett og getur valdið misskilningi. Í ákvæðum 200.–202. gr. hgl. um kynferðisbrot gegn börnum eru ákvæði um kynferðislega áreitni sem eiga við um þær aðstæður, sem fjallað er um í hverri grein fyrir sig. Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði verði óbreytt. Hið nýja ákvæði í 199. gr. á þá við um kynferðislega áreitni gagnvart öðrum en börnum og er staðsetning þess á eftir ákvæðunum um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks því til staðfestingar.

Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan voru ákvæði um kynferðislega áreitni fyrst lögfest í hegningarlögum með breytingalögum nr. 40/1992. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga var kynferðisleg áreitni skilgreind svo að hún teldist ekki slík misnotkun á líkama manns að hún kæmi í stað hefðbundins samræðis eða hefði gildi sem slíkt, þ.e. önnur kynferðismök. Átt væri við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga, sem áður hefði verið heimfærð undir 209. gr. (þskj. 59, 115. löggjafarþing 1991, 58. mál). Kynferðisleg áreitni er því háttsemi kynferðislegs eðlis, sem hvorki telst samræði né önnur kynferðismök. Hún felst í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju sem er andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Greina þarf efri mörk áreitninnar, þ.e. mörkin gagnvart svokölluðum „öðrum kynferðismökum“. Það er kynferðisleg áreitni að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum þolanda innan klæða sem utan, sbr. skilgreiningu í 7. gr. frumvarpsins. Slíkt þukl eða káf getur þó verið á því stigi, ákaft eða langvarandi, að um önnur kynferðismök sé að ræða. Ef fingri er stungið inn í leggöng er háttsemin komið á annað stig, þ.e. orðin önnur kynferðismök. Sé þuklað eða káfað innan klæða er ekki nauðsynlegt að kynfæri eða brjóst séu snert til að háttsemin teljist kynferðisleg áreitni. Þukl og káf annars staðar en á kynfærum og brjóstum gæti verið kynferðisleg áreitni. Einnig þarf að greina neðri mörk kynferðislegrar áreitni, þ.e. gagnvart brotum gegn blygðunarsemi. Sé um líkamlega snertingu að ræða væri háttsemin kynferðisleg áreitni. Í ljósi rannsókna á kynferðislegri áreitni við ýmsar aðstæður og íþyngjandi áhrifum hennar á þolendur er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að neðri mörk hugtaksins kynferðisleg áreitni verði rýmkuð. Þannig verði hugtakið ekki afmarkað við líkamlega snertingu heldur geti einnig fallið undir það orðbragð og táknræn hegðun sem er mjög meiðandi, ítrekuð eða til þess fallin að valda ótta. Er þá miðað við stöðugt áreiti sem nálgast einelti. Ekki er gerð sú krafa að ótta hafi verið valdið í raun, enda erfitt að sanna það. Því er nægilegt að háttsemin sé til þess fallin (samhverft brot). Klúrt orðbragð og einhliða athafnir án þess að um líkamlega snertingu sé að ræða fellur annars yfirleitt undir 209. gr. sem brot gegn blygðunarsemi. Á það við þegar ekki er um ítrekaða háttsemi að ræða gagnvart sama einstaklingi.

Hugtakið kynferðisleg áreitni er nú skilgreint á einum stað í íslenskri löggjöf. Það er í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að kynferðisleg áreitni sé „kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.“ Þessi skilgreining er víðtækari en sá skilningur sem lagður hefur verið í hugtakið í refsirétti. Hún er sett fram á grundvelli tillagna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um leiðbeiningarreglur til verndar launþegum og í samræmi við ákvæði í félagsmálasáttmála Evrópu um rétt til mannlegrar reisnar í starfi (þskj. 373, 272. mál á 125. löggjafarþingi 1999–2000). Hún beinist að atvinnurekendum og skólastjórnendum sem bera ábyrgð á að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustöðum eða í skólum. Í henni koma þó fram ákveðnir grundvallarþættir sem einnig eiga við um kynferðislega áreitni samkvæmt hegningarlögum, t.d. að hún fer fram í óþökk þolanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að refsihámark 2. mgr. 200. gr. um kynferðislega áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja verði hækkað um 2 ár. Brot varða nú fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 árum ef barnið er yngra en 16 ára. Verði frumvarpið að lögum mun brotið varða fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 árum sé barnið yngra en 16 ára. Fyrir tillögu þessari eru tvenns konar rök. Í fyrsta lagi má rökstyðja að munurinn á refsihámarki skv. 1. mgr., þegar brotið

er fólgið í samræði eða öðrum kynferðismökum, og 2. mgr., þegar það er fólgið í annarri kynferðislegri áreitni, sé of mikill í núgildandi lögum. Hækkunin sem gerð var á refsihámarkinu í 1. mgr. með lögum nr. 40/2003 varð til að auka þennan mun. Reynslan sýnir að þegar barn verður fyrir kynferðisbroti getur stundum verið mjótt á mununum hvort brot telst falla undir önnur kynferðismök eða kynferðislega áreitni. Þannig geta tilvik sem nálgast það að vera önnur kynferðismök fallið undir aðra kynferðislega áreitni. Brot sem eru mjög svipuð að grófleika geta því fallið undir mismunandi málsgrein, en þær hafa mishátt refsihámark. Verði refsihámark 2. mgr. hækkað dregur það úr þessum mun. Rétt er þó að árétta að brot sem falla undir 2. mgr. geta einnig verið minni háttar og er ekki ástæða til að þyngja refsingu fyrir þau. Hækkun refsihámarks gefur hins vegar dómstólum meira svigrúm til þess að meta refsingu hverju sinni, jafnvel þótt haldin sé í heiðri sú dómvenja að ákveða refsingu fremur neðarlega innan refsimarkanna. Í öðru lagi eru það rök fyrir hækkun refsihámarks í 2. mgr. að við það lengist fyrningarfrestur þeirra brota sem undir það ákvæði falla og bitna á börnum yngri en 16 ára. Öll brot gegn 2. mgr. 200. gr. fyrnast nú á 5 árum. Verði frumvarpið að lögum mun kynferðisleg áreitni gagnvart börnum yngri en 16 ára fyrnast á 10 árum, en fyrningarfresturinn vegna kynferðislegrar áreitni gagnvart börnum 17–18 ára verður óbreyttur.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði sömu breytingar á 2. mgr. 201. gr. og lagðar eru til á 2. mgr. 200. gr. og vísast til 7. gr. frumvarpsins um rök fyrir þeim.

Um 10. gr.

Lagt er til að refsimörk 1. mgr. 202. gr. verði hækkuð, bæði lágmark þeirra og hámark, og verði hin sömu og fyrir nauðgun, þ.e. fangelsi 1 til 16 ár. Með því er lögð áhersla á hve alvarleg kynferðisbrot gegn ungum börnum eru. Teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en 14 ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýr málsliður bætist við 1. mgr. 202. gr. þess efnis að lækka megi refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi (frjáls refsilækkunarheimild og refsibrottfallsheimild). Aldur geranda og þolanda skiptir miklu máli þegar metið er hversu alvarlegt brot er og refsing er ákveðin. Þeir eru á svipuðu þroskastigi þegar jafnræði er með þeim, bæði að líkamlegum þroska og andlegum. Þeir eru á svipuðum aldri þegar á milli þeirra eru 2–3 ár hið mesta. Bæði skilyrðin, um aldur og þroska, þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvæðið eigi við.

Lagt er til að gerð verði sambærileg breyting á 2. mgr. 202. gr. og lögð er til á 2. mgr. 200. gr. og 2. mgr. 201. gr. Er það til þess að samræmi verði á milli refsimarka ákvæðanna um kynferðislega áreitni gagnvart börnum, auk þess sem fyrningarfrestur brotsins mun lengjast.

Þá er lagt til að í stað hugtaksins „ungmenni“ í 3. mgr. 202. gr. komi „barn“. Er það í samræmi við hugtakanotkun í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, en þar kemur fram í 1. gr. að barn merki hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri, og 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sama efnis. Til samræmis við þessa breytingu er lagt til að orðin „eða ungmenni“ í 4. mgr. 202. gr. falli brott.

Um 11. gr.

Lagt er til að núgildandi ákvæði 205. gr. hgl. falli brott. Þess í stað verði lögfest í 205. gr. ítrekunarheimild um kynferðisbrot þannig að sakfellingardómur fyrir slíkt brot hafi áhrif við ákvörðun refsingar fyrir síðar framið kynferðisbrot sama manns. Í því felst að gerist maður sem hlotið hefur refsidóm fyrir kynferðisbrot, m.a. gegn 194.–199. gr. hgl., sekur um nýtt

brot gegn einhverju þessara ákvæða hefur dómurinn fyrir fyrra brotið áhrif til aukinnar refsingar fyrir síðara brotið. Þá má bæta við refsinguna allt að helmingi hennar, þ.e. 50% miðað við hámark. Með þessu ákvæði verða komin ítrekunartengsl á milli allra kynferðisbrotanna. Í ítrekunarheimildinni felst því refsihækkunarástæða. Þar sem gert er ráð fyrir í ákvæðinu að refsingu *megi* hækka er refsihækkunarheimildin frjáls og heimilar að fara með refsingu upp fyrir hámark hinna almennu refsimarka viðkomandi refsiákvæðis. En þar sem refsimörk í nauðgunarákvæðinu í 194. gr. eru mjög há og venja er í íslenskum rétti að ákvarða refsingu neðarlega innan refsimarka einstakra brotategunda mun þetta ítrekunarákvæði fyrst og fremst verka til refsiþyngingar innan refsimarka ákvæðanna um kynferðisbrot. Til þess að dómur geti haft ítrekunaráhrif þarf almennum skilyrðum 71. gr. hgl. fyrir ítrekunaráhrifum að vera fullnægt.

Um 12. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu falli brott. Um rök fyrir því vísast til athugasemda í 2. hluta a í V. kafla hér að framan. Ákvæði 206. gr. mun því fjalla eingöngu um refsiábyrgð þeirra sem hagnýta sér vændi annarra með ýmsum hætti. Oftast er um að ræða hagnýtingu á félagslegri, andlegri eða líkamlegri neyð annarrar manneskju. Hið nýja ákvæði sem lagt er til að lögfest verði í 5. mgr. er þó annars eðlis, en því er ætlað að sporna gegn því að vændi verði sýnilegra en nú er þar sem lagt er til að ákvæði 1. mgr. 206. gr. verði fellt brott. Röð málsgreina ákvæðis 206. gr. breytist í samræmi við þessar breytingar.

Lagt er til að ákvæði núgildandi 2. mgr. 206. gr. (1. mgr. 206. gr. samkvæmt frumvarpinu) verði óbreytt að öðru leyti en því að í stað hugtaksins „lauslæti“ komi hugtakið „vændi“. Það á einnig við annars staðar í 206. gr. þar sem hugtakið lauslæti kemur fyrir. Það er álitamál hvort hugtökin hafi nákvæmlega sömu merkingu. Sumir hafa haldið því fram að lauslæti sé víðtækara hugtak en vændi og er sá skilningur hugtakanna í samræmi við almenna málvenju. Tilgangurinn með notkun hugtaksins lauslæti í stað vændis í 2.–5. mgr. 206. gr. núgildandi laga gæti því verið sá að láta ákvæðin ná yfir fleiri athafnir en vændi. Hins vegar er hæpið að það sé raunhæft. Hugtakið lauslæti er líka gamaldags og hefur yfir sér neikvæðan blæ. Það er einnig mjög víðtækt og reyndar óljóst hugtak, sem hentar illa í ákvæði sem hefur að geyma refsiheimild. Hugtakið vændi svarar til erlenda hugtaksins „prostitution“, sem yfirleitt er notað í umfjöllun um þetta efni á Norðurlöndum. Í því felst að manneskja hefur samræði eða önnur kynferðismök við aðra manneskju gegn greiðslu, sbr. skilgreiningu í 1. hluta a V. kafla hér að framan. Ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta.

Gert er ráð fyrir að í stað hugtaksins „ungmenni“ í 3. mgr. 206. gr. (2. mgr. 206. gr. samkvæmt frumvarpinu) komi hugtakið „barn“. Er það í samræmi við hugtakanotkun í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 (sjá Stjórnartíðindi C-deild nr. 18/1992), en þar kemur fram í 1. gr. að barn merki hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri, og 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sama efnis. Þá er ákvæði frumvarpsins víðtækara en ákvæðið í gildandi rétti að því leyti að ekki er lengur skilyrði að barnið hafi viðurværi sitt af vændinu. Ginning eða hvatning til eins atviks eða aðstoð við það nægir til refsiábyrgðar. Þykir rétt að auka réttarvernd barna á þennan hátt og er með því lögð áhersla á hve athæfi geranda er alvarlegt. Verknaður þessi er einnig refsiverður þótt hann sé ekki framinn í ávinningsskyni. Ákvæði um refsiábyrgð þess sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök er í 4. mgr. 202. gr. hgl.

Lagt er til að ákvæði 4. mgr. (3. mgr. 206. gr. samkvæmt frumvarpinu) verði breytt þannig að áskilnaður um að háttsemin sé refsiverð ef þolandi er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um tilgang fararinnar verði felldur brott. Með þessu er efnisinntak ákvæðisins rýmkað. Rökin eru þau að styrkja réttarvernd þeirra einstaklinga sem hætta er á að leiðist út í að stunda vændi og leggja áherslu á að öll starfsemi eða hegðun sem stuðlar að slíku sé ólögmæt og refsiverð. Einnig er ákvæðinu ætlað að torvelda að vændi sé stundað og er það nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þess að lagt er til að ákvæði 1. mgr. 206. gr. verði afnumið. Háttsemi milligöngumanns verður refsiverð óháð því á hvaða aldri þolandi er. Ekki skiptir heldur máli hvort þolanda er kunnugt um tilgang fararinnar eður ei. Samþykki hans leysir milligöngumann ekki undan refsiábyrgð. Ungur aldur þolanda og/eða ókunnugleiki um tilgang fararinnar gæti þó hvort tveggja verkað til refsiþyngingar. Sé skilyrðum 227. gr. a hgl., sbr. 5. gr. laga nr. 40/2003, um mansal, fullnægt ber að beita því ákvæði um háttsemina.

Engar efnisbreytingar eru lagðar til á ákvæði 5. mgr. (sjá 4. mgr. 206. gr. samkvæmt frumvarpinu). Orðalag er á tveimur stöðum fært til nútímalegra horfs. Þannig kemur hugtakið „samræði“ í staðinn fyrir „holdlegt samræði“ og „hefur tekjur af vændi annarra“ í stað „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“.

Lagt er til að nýtt ákvæði verði lögfest í 5. mgr. 206. gr. þess efnis að refsivert sé að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu sé það gert með opinberri auglýsingu. Fyrirmynd þessa ákvæðis er samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 202. gr. norsku hegningarlaganna. Ákvæðinu er ætlað að koma til móts við það sjónarmið að vændi geti orðið sýnilegra en nú er, verði fellt brott ákvæði 1. mgr. 206. gr. um refsinæmi þess að stunda vændi sér til framfærslu, eins og lagt er til í frumvarpi þessu. Ákvæði sem þetta er líklegra til árangurs en ákvæði um refsingu fyrir hneykslanlega og ósiðlega hegðun á almannafæri, en ákvæði þess efnis hafa lítið verið notuð í Noregi og Svíþjóð, enda hefur víða dregið úr götuvændi og miðlun vændis færst yfir í farsíma og á netið. Auglýsing telst opinber ef hún birtist í fjölmiðlum, hvort sem er í blöðum, tímaritum, útvarpi, sjónvarpi eða á netmiðlum. Einnig ef hún er birt utan húss, t.d. á auglýsingaskiltum eða strætisvögnum. Sama gildir ef hún er birt í viðurvist fjölda fólks, t.d. á almennum opnum fundi eða við þær aðstæður að hún sést vel frá opinberum stöðum. Ákvæðið er bundið við einstaklinga, en tekur ekki til lögaðila. Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er engin sjálfstæð refsiheimild um lögaðilaábyrgð. Þar eru hins vegar ákvæði um lögaðilahugtakið, ábyrgðarskilyrði og viðurlög, að því leyti sem ekki er kveðið öðruvísi á um í sérrefsilögum. Refsiábyrgð lögaðila getur því aðeins komið til samkvæmt sérrefsilögum, að hegningarlögunum óbreyttum. Ef ástæða þykir til að fjölmiðlar eða útgáfufyrirtæki beri refsiábyrgð vegna þessara auglýsinga þarf að setja ákvæði þess efnis í lög sem um þessa miðla gilda. Ákvæðið tekur til háttsemi þeirrar manneskju sem býður fram kynmökin (þ.e. selur vændi), miðlar þeim (þ.e. þess sem hefur milligöngu) og viðskiptavinar sem óskar eftir að greiða fyrir kynmök. Hlutdeild er refsiverð skv. 22. gr. hgl. og því gæti sá sem tekur við auglýsingu til birtingar hjá fjölmiðli orðið ábyrgur fyrir hlutdeild í brotinu.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. gr. frumvarpsins um að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. og 218. gr. a hgl. hefjist ekki fyrr en daginn sem brotaþoli nær 18 ára aldri, í stað 14 ára eins og nú er, gildi einnig um þau brot sem framin eru fyrir gildistöku lagafrumvarps þessa, enda sé fyrningarfrestur þeirra ekki hafinn. Ákvæði þetta er sett að hluta til að danskri fyrirmynd og er markmiðið með því að hin nýja fyrningarregla nái til sem flestra brota eins fljótt og unnt er. Ekki verður talið að það brjóti gegn ákvæði 1. mgr.

69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, 7. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, og 2. gr. hgl. um bann við afturvirkni refsilaga, enda ekki um refsingu eða refsikennd viðurlög að ræða heldur reglu um fyrningu sakar sem leiðir til þess að lengri tími líður þar til sök fyrnist en samkvæmt gildandi lögum. Hæstiréttur hefur túlkað reglur um fyrningu og afturvirkni, sbr. t.d. H 29. apríl 2004 (nr. 32/2004), en þar var talið að breyting á ákvæði um upphaf fyrningarfrests sem leiddi til síðara upphafsmarks frestsins yrði ekki beitt í tilvikum þar sem fresturinn var byrjaður að líða fyrir gildistöku nýrra laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19/1940, almennum hegningarlögum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á almennum hegningarlögum einkum varðandi refsingar vegna kynferðisbrota. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

1049. Frumvarp til laga [713. mál]

um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Markmið og gildissvið.

Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Lögin gilda um skráningu og upplýsingaskyldu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Atvinnurekstur: Öll starfsemi sem heimiluð er í samræmi við ákvæði starfsleyfis sem gefið er út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gróðurhúsalofttegundir: Koldíoxíð (CO_2), metan (CH_4), nituroxíð (N_2O), vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC), brennisteinshexaflúoríð (SF_6).

Ígildi koldíoxíðs: Eining sem losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í, þar sem magn annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs er umreiknað eftir stuðlum sem mæla hlýnunaráhrif þeirra í hlutfalli við koldíoxíð.

Losun gróðurhúsalofttegunda: Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af mannavöldum.

3. gr.

Yfirstjórn.

Umhverfisráðuneyti hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara eftir því sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara í samvinnu við viðeigandi aðila.

4. gr.

Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal taka saman upplýsingar varðandi landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem krafist er vegna bókhaldsins, sbr. 1. mgr., sem og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og skila þeim til Umhverfisstofnunar. Orkustofnun skal taka saman og skila upplýsingum um orkumál, sem krafist er vegna bókhaldsins, til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal útbúa leiðbeiningar um skil á gögnum sem óskað er eftir í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og Orkustofnun. Umhverfisráðherra staðfestir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

5. gr.

Skráningarkerfi.

Umhverfisstofnun vistar skráningarkerfi fyrir heimildir Íslands vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og sér um rekstur þess. Kerfið skal halda utan um heimildir Íslands, varðveislu þeirra, flutning og eyðingu.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á skráningarkerfinu.

6. gr.

Upplýsingaskylda um losun gróðurhúsalofttegunda.

Allur atvinnurekstur sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir starfsemi sem losar meira en sem nemur 30.000 tonnum af ígildum koldíoxíðs á ári skal skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda frá atvinnurekstrinum.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, reglugerð um upplýsingaskyldu atvinnureksturs skv. 1. mgr. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um hvaða upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda skuli skilað, hvenær og á hvaða formi. Einnig skal kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu um staðfestingu á áreiðanleika veittra upplýsinga.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir yfirferð yfir upplýsingar um losun skv. 2. mgr. sem skila ber til stofnunarinnar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákvarða sektir allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu sinni um skil á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 6. gr.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem skipuð var af umhverfisráðherra til að semja drög að frumvarpi um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda. Í nefndinni eiga sæti Kristín Linda Árnadóttir lögfræðingur, formaður, umhverfisráðuneyti, Hugi Ólafsson skrifstofustjóri, umhverfisráðuneyti, Pétur Örn Sverrisson lögfræðingur, tilnefndur af iðnaðarráðuneyti, og Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur, tilnefnd af fjármálaráðuneyti. Þann 15. febrúar sl. lét Pétur Örn Sverrisson af störfum í nefndinni og sæti hans tók Guðjón Axel Guðjónsson skrifstofustjóri, iðnaðarráðuneyti. Ragnheiður Snorradóttir lét af störfum þann 23. janúar sl. og tók sæti hennar Ingvi Már Pálsson lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin fékk á fund til sín og hafði samráð við aðila frá landbúnaðarráðuneytinu, Orkustofnun, Hagstofunni, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Landvernd. Auk þess kynnti formaður nefndarinnar drög að frumvarpinu á fundi með sérstakri samráðsnefnd iðnaðar- og umhverfisráðuneytis ásamt fulltrúum álfyrirtækja á Íslandi og óskaði eftir umsögn fundarmanna um það. Nefndin hafði auk þess samráð við Umhverfisstofnun.

Nefndin óskaði í skilabréfi sínu til umhverfisráðherra eftir áframhaldandi umboði hans til að fá að halda vinnu sinni áfram og skoða leiðir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda til að tryggja að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Féllst ráðherra á það.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ákvæði um a) bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, b) skráningarkerfi fyrir losunarheimildir og c) upplýsingaskyldu fyrirtækja sem hafa starfsleyfi fyrir losun á meira en 30.000 tonnum á ári af ígildi koldíoxíðs. Frumvarpið hefur ekki að geyma tillögur um stjórnvaldsaðgerðir til þess að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, en er ætlað að skapa lagalegan grunn til að gera stjórnvöldum kleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókuninni.

Bókhald um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda hefur verið á verksviði Umhverfisstofnunar, en óvissa hefur komið upp varðandi heimildir stofnunarinnar til að krefjast upplýsinga og talið er æskilegt að setja ákvæði um bókhaldið og öflun upplýsinga til þess í lög. Slíkt er í samræmi við ábendingar frá úttektarnefnd á vegum skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að hafa sem nákvæmastar upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá stærstu losunaraðilum til að uppfylla kröfur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunarinnar um upplýsingagjöf.

Samhliða þessu frumvarpi er stefnt að því að iðnaðarráðherra leggi fram frumvarp sem er ætlað að tryggja heimildir Orkustofnunnar og orkuspárnefndar til að krefja aðila um upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir gerð orkuspár.

i. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kyoto-bókunin og skuldbindingar Íslands.

Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna) og Kyoto-bókuninni við hann. Umhverfisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd samningsins hér á landi, en sérstök samráðsnefnd átta ráðuneyta er starfandi sem ber ábyrgð á gerð, endurskoðun og framkvæmd stefnumörkunar um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og fjallar um mál sem tengjast samningnum og framkvæmd hans. Nú stendur yfir endurskoðun á stefnumörkun Íslands frá 2002 og er áætlað að henni ljúki á þessu ári.

Markmið Kyoto-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, fyrst og fremst í iðnríkjunum. Bókunin tekur til sex gróðurhúsalofttegunda: koldíoxíðs, metans, níturoxíðs, vetnisflúorkolefnis, perflúorkolefna og brennisteinshexaflúoríðs. Bókunin kveður á um að aðildarríki skuli takmarka losun þessara lofttegunda miðað við losun árið 1990. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012. Mikilvægasti þáttur Kyoto-bókunarinnar eru ákvæði um lagalega bindandi mörk fyrir losun gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar að því er varðar þau ríki sem getið er í I. viðauka við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Þessi ríki eru aðildarríki Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), ríki Austur-Evrópu og nokkur ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Þessum ríkjum er gert að takmarka sameiginlega og hverju um sig losun gróðurhúsalofttegunda þannig að samanlögð árleg losun þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu, 2008–2012, verði að meðaltali 5,2% minni en viðmiðunarárið 1990. Þessu markmiði skulu þau ná með því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og með því að binda kolefni með ræktun.

Losunarheimild Íslands er 10% aukning miðað við losun árið 1990. Að auki hefur því verið lýst yfir að Ísland hyggist nýta sér ákvörðun 14/CP.7 frá 7. aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Marrakesh, sem heimilar að koldíoxíðlosun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar í útstreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, 2008–2012, verði haldið utan við losunarheimild bókunarinnar eftir að losunarheimildir viðkomandi ríkis hafa verið fullnýttar. Ákvörðunin nær aðeins til þeirra ríkja þar sem losun var minni en 0,05% af heildarkoldíoxíðlosun iðnríkjanna árið 1990. Sett eru eftirtalin viðbótarskilyrði: Gerð er krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í losun, að besta fáanleg tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerða sé gætt við framleiðsluna. Ákvörðunin nær einungis til koldíoxíðslosunar að ákveðnu hámarki sem er 1,6 milljónir tonna á ári að meðaltali á skuldbindingartímabilinu. Losunarheimildir Íslands eru því tvíþættar, annars vegar má almenn losun gróðurhúsalofttegunda ekki aukast meira en 10% frá 1990 til 2008–2012, en hins vegar má losun sem fellur undir þau skilyrði, sem tiltekin eru í ákvörðun 14/CP.7, ekki vera meiri en 1,6 milljón tonn af koldíoxíði á ári að meðaltali.

Í Kyoto-bókuninni er að finna ákvæði um hvernig heimildir til einstakra ríkja eru reiknaðar út, hvernig þeim er úthlutað og hvernig þær skuli vistaðar í sérstöku skráningarkerfi, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Einnig er fjallað um hvernig hægt sé að afla heimilda með bindingu í gróðri og jarðvegi samkvæmt ákveðnum reglum og skilyrðum og hvernig hægt sé að afla heimilda með svokölluðum sveigjanleikaákvæðum, þ.e. með kaupum á kvótum frá öðrum ríkjum, loftslagsvænni þróunaraðstoð og sameiginlegri framkvæmd.

ii. Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.

Umhverfisstofnun, og áður Hollustuvernd ríkisins, hefur haldið utan um bókhald vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis í gróðri og jarðvegi hér á landi frá 1996. Það er skylda hvers lands samkvæmt ákvæðum loftslagssamningsins að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun skilar árlega í gegnum umhverfisráðuneytið tölulegum upplýsingum um útstreymi og bindingu til skrifstofu loftslagssamningsins ásamt ítarlegri skýrslu. Þar er að finna hverju sinni tölur um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis frá árinu 1990 til þess árs sem nýjustu tölur liggja fyrir um. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í gegnum árin á þessu bókhaldi í ljósi nýrra reglna um útreikninga af þessu tagi og nýrra og betri upplýsinga um ástand mála hér á landi. Bókhald Íslands má teljast í meginatriðum gott, þótt vissulega megi bæta ýmis atriði. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) og ríki sem aðild eiga að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókuninni vinna stöðugt að úrbótum á aðferðum við mælingar og útreikninga af þessu tagi til að gefa sem fyllsta mynd af útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og gagnaðgerðum með bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti.

Fjölmargir aðilar leggja til vinnu og upplýsingar fyrir bókhaldið og skýrsluna, einkum Orkustofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands, ásamt öðrum stofnunum landbúnaðarins.

Á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar, sem hefst árið 2008, verða gerðar ítarlegri kröfur en áður um gæði bókhaldsins. Nauðsynlegt er því að bæta bókhaldið enn frekar og er unnið að því.

Í september 2004 sendi skrifstofa loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna úttektarnefnd til Íslands til að fara yfir losunar- og bindingarbókhald Íslands. Hún skilaði síðan skýrslu ásamt ráðleggingum um það sem betur mætti fara í bókhaldinu. Úttektarnefndin gerði m.a. athugasemdir við óformlegt fyrirkomulag bókhaldsins en það er ekki skilgreint í lögum eða reglugerðum heldur byggist á óformlegu samstarfi stofnana. Það samstarf hefur gengið vel, en þó hafa komið upp álitamál varðandi upplýsingagjöf á milli stofnana og heimildir Umhverfisstofnunar til að krefjast upplýsinga frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum.

iii. Skráningarkerfi.

Auk bókhaldsins ber Íslandi samkvæmt Kyoto-bókuninni að setja á fót skráningarkerfi (registry) fyrir losunarheimildir áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst árið 2008. Viðræður eru hafnar við erlenda aðila um að setja upp hugbúnað fyrir slíkt kerfi sem er sams konar og Norðmenn og mörg ríki Evrópusambandsins hafa tekið í notkun eða munu taka í notkun á næstunni. Skráningarkerfið heldur utan um þær heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem Ísland mun hafa á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Það er rafrænn gagnagrunnur þar sem heimildir eru skráðar í sérstökum einingum sem hver um sig samsvarar einu tonni af ígildum koldíoxíðs. Þessar einingar eru sá „gjaldmiðill" sem alþjóðlegt kerfi úthlutunar heimilda og viðskipta með heimildir og úreldingu þeirra mun byggjast á. Öll landskerfi munu tengjast miðstöð á vegum skrifstofu loftslagssamningsins í Bonn sem á að ganga úr skugga um að allar úthlutanir og færslur á einingum samræmist skuldbindingum viðkomandi ríkis samkvæmt Kyoto-bókuninni. Landskerfi geta tengst innbyrðis í gegnum miðstöðina og skráð tilflutning á heimildum á milli ríkja. Ríki geta einnig úthlutað hluta af heimildum sínum í kerfinu til einstakra fyrirtækja eða annarra aðila og geta slíkir aðilar þá sjálfir staðið í viðskiptum í gegnum kerfið.

Unnið er að uppbyggingu gagnagrunns um bindingu kolefnis með skógrækt og landgræðslu í stofnunum landbúnaðarins. Unnið verður áfram í þessum málum með það að markmiði að hægt verði að telja alla bindingu kolefnis í skógrækt og landgræðslu Íslandi til tekna

á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar á þann hátt að Ísland geti gefið út viðurkenndar bindingarheimildir.

iv. Upplýsingaskylda aðila sem losa gróðurhúsalofttegundir.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum ber ákveðnum fyrirtækjum að skila inn upplýsingum um útstreymi lofttegunda og mengandi efna frá rekstri þeirra. Gildandi reglur skylda nú þegar fyrirtæki til að skila sumum þeirra upplýsinga sem frumvarpi þessu er ætlað að ná til. Með reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald, og reglugerð nr. 322/2002, um útstreymisbókhald, er atvinnurekstri gert að skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um útstreymi mengandi efna og annað mengunarálag sem hann kann að valda. Í reglugerð um útstreymisbókhald er atvinnurekstri gert að skila upplýsingum um útstreymi tiltekinna efna ef það er yfir tilteknum mörkum. Fyrir koldíoxíð eru þessi mörk 100 þúsund tonn. Atvinnurekstri er gefið töluvert olnbogarými varðandi skýrslugjöf í reglugerð um grænt bókhald. Heimilt er meðal annars að birta tölur um losun sem hlutfallstölur miðað við umsetningu yfir árið, miðað við grunnár. Þannig koma ekki fram rauntölur um losun heldur vísitala miðað við grunnár. Fyrrgreindar reglugerðir veita því ekki nægar heimildir fyrir íslensk stjórnvöld til að krefjast nákvæmra upplýsinga um losun frá atvinnurekstri sem losar mikið magn af gróðurhúsalofttegundum. Í reglugerðunum eru heldur ekki heimildir til handa Umhverfisstofnun til að fara yfir þær tölur sem sendar eru inn og staðfesta þær. Tiltekið er í 5. mgr. 6. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að birting Umhverfisstofnunar á skýrslu um grænt bókhald feli ekki í sér viðurkenningu stofnunarinnar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Til þess að geta uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt að hafa sem nákvæmastar upplýsingar um losun, og unnt þarf að vera að staðreyna uppgefnar tölur um losun með endurteknum útreikningum sem byggjast á grunnupplýsingum. Framangreindar reglugerðir um grænt bókhald og útstreymi lofttegunda veita ekki heimildir til að krefjast þeirra upplýsinga sem þörf er á. Rétt er að taka fram að Umhverfisstofnun hefur átt góða samvinnu við stóriðjufyrirtæki um að fá tölur um losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum.

v. Áframhaldandi vinna nefndarinnar.

Nefndin sem skilaði drögum að frumvarpi þessu til ráðherra hefur fengið umboð frá ráðherra til að starfa áfram og er gert að koma með tillögur til að gera stjórnvöldum kleift að hafa stjórn á losun gróðurhúsalofttegunda á komandi skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar. Kyoto-bókunin setur ríkjum það í sjálfsvald hvaða leiðir þau velja til að ná þeim markmiðum sem bókunin setur þeim. Evrópusambandið og sum ríki utan þess, svo sem Noregur og Kanada, hafa úthlutað heimildum til einstakra fyrirtækja sem valda mikilli losun gróðurhúsalofttegunda og gert þeim síðan að minnka losun með því að draga úr heimildunum. Fyrirtækjunum er heimilt að versla með heimildir sín á milli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir Ísland til að standa við þær skuldbindingar sem það hefur tekið á sig í samræmi við ákvæði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunarinnar við hann. Gerð er krafa um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og skráningarkerfi en ein af grunnforsendum þess að hægt sé að

standa við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist er að traustar upplýsingar séu til um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis.

Í 2. mgr. er gildissvið laganna markað. Þar er tekið fram að lögin gildi um skráningu og upplýsingaskyldu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingar kolefnis í gróðri eða jarðvegi. Með bindingu er átt við bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við reglur þar um, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum og athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins. Vert er að benda á að eldsneyti sem selt er á Íslandi er allt bókhaldskylt óháð því hvort því er dælt á íslenska eða erlenda farkosti. Mengunarlögsaga er skilgreind í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, sem hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Því er ekki þörf á að skilgreina hugtakið í lögum þessum.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru orð og orðasambönd skilgreind.

Atvinnurekstur er skilgreindur sem öll sú starfsemi sem heimiluð er samkvæmt starfsleyfi fyrirtækis. Um efni og útgáfu starfsleyfis fyrirtækja gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir auk reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Gróðurhúsalofttegundir eru skilgreindar en þær eru taldar upp í viðauka A við Kyoto-bókunina.

Skilgreining á ígildi koldíoxíðs byggist á ákvæðum Kyoto-bókunarinnar, en í henni er að finna stuðla um hvernig umreikna eigi losun einstakra gróðurhúsalofttegunda yfir í ígildi koldíoxíðs.

Losun gróðurhúsalofttegunda er skilgreind sem útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af mannavöldum, sbr. nánari skilgreiningu í viðauka A við Kyoto-bókunina. Í því felst m.a. að ekki er gert ráð fyrir náttúrulegu útstreymi gróðurhúsalofttegunda í bókhaldi um losun. Losun gróðurhúsalofttegunda nær þannig yfir alla losun sem er af mannavöldum og skrá þarf í bókhald um gróðurhúsalofttegundir í samræmi við kröfur loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 3. gr.

Í greininni segir að umhverfisráðuneytið hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna og er það í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um loftslagsmál.

Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að það sé Umhverfisstofnun sem fer með framkvæmd laganna í samvinnu við viðeigandi aðila, svo sem Orkustofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands og þá aðila sem skila eiga upplýsingum í samræmi við 6. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun verði falið að halda bókhald yfir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi sem er í samræmi við núverandi hlutverk stofnunarinnar. Aðildarríkjum loftslagssamningsins sem skráð eru í I. viðauka við samninginn er gert að færa bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis og greina frá helstu þáttum þess í árlegum skýrslum til skrifstofu samningsins. Í skýrslu úttektarnefndar loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2004 er lagt til að ábyrgð og fyrirkomulag bókhaldsins verði bundið í lög til að tryggja framkvæmd þess.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um að Landbúnaðarháskóla Íslands verði falið að afla nauðsynlegra upplýsinga um bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Einnig er lagt til að Landbúnaðarháskólinn beri ábyrgð á að taka saman upplýsingar og skila til Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Þannig er gert ráð fyrir að grunnupplýsingar komi frá Landbúnaðarháskólanum en að útreikningarnir verði framkvæmdir hjá Umhverfisstofnun. Enn fremur er lagt til að Orkustofnun taki saman upplýsingar um orkumál. Bæði Landbúnaðarháskólanum og Orkustofnun ber að skila upplýsingunum, þar með talið grunnupplýsingum, til Umhverfisstofnunar sem tekur þær saman í skýrslu til skrifstofu loftslagssamningsins. Hér er verið að formfesta bókhaldið og er mikilvægt að gögnum sé skilað á samræmdu formi til Umhverfisstofnunar til að einfalda alla vinnslu með upplýsingar og skýrslugjöf.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun beri að gera leiðbeiningar um hvernig skila eigi gögnum til stofnunarinnar og að gerð slíkra leiðbeininga verði í samráði við Orkustofnun og Landbúnaðarháskólann. Mikilvægt er að þróa aðferðafræði varðandi bókhald um gróðurhúsalofttegundir í náinni samvinnu við viðkomandi aðila.

Um 5. gr.

Lagt er til að Umhverfisstofnun verði falið að vista skráningarkerfi fyrir heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ber stofnuninni að sjá um almennan rekstur þess í samræmi við kröfur Kyoto-bókunarinnar. Kerfið mun halda utan um heimildir Íslands fyrir skuldbindingartímabilið 2008–2012, varðveislu þeirra, flutning og eyðingu.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um skráningarkerfið, sé slíkt talið nauðsynlegt.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem hefur fengið starfsleyfi sem heimilar starfsemi sem losar meira en 30.000 tonn af ígildum koldíoxíðs á ári þurfi að skila upplýsingum um losunina til Umhverfisstofnunar ár hvert. Ákvæðið nær þannig yfir atvinnurekstur sem hefur starfsleyfi í samræmi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerð, nr. 785/1999, með síðari breytingum. Í starfsleyfi er atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun veitt heimild til ákveðinnar starfsemi og losunar. Mat á því hvort atvinnurekstur fellur undir kröfur þessarar greinar byggist á þeirri hámarksstarfssemi sem starfsleyfið heimilar og losun frá atvinnurekstrinum í fullum afköstum miðað við starfsleyfi. Þær upplýsingar sem atvinnurekstrinum ber að skila samkvæmt þessari grein eru um raunlosun gróðurhúsalofttegunda frá atvinnurekstrinum. Enginn vafi á því að vera um hvaða starfsþættir fyrirtækis falla undir upplýsingaskylduna þar sem starfsleyfið mun segja til um það. Þannig á t.d. ekki að skila inn upplýsingum um losun frá farartækjum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Þessar kröfur munu ná bæði yfir atvinnurekstur sem hefur gilt starfsleyfi við gildistöku laganna og um nýja starfsemi. Krafan er rökstudd með því að nauðsynlegt sé að tryggja að stórir losendur gróðurhúsalofttegunda skili upplýsingum um losun sína. Rétt er að taka fram að meiri kröfur eru gerðar til upplýsinga um losun frá fyrirtækjum sem falla undir ákvörðun 14/CP.7 en almennt gerist. Þannig er mælst til þess að aðildarríki með verkefni, sem uppfylla skilyrði ákvörðunarinnar, veiti í árlegum skýrslum upplýsingar um útstreymi frá iðnaðarferlum á hverja framleiðslueiningu, heildarútstreymi frá iðnaðarferlum þessara verkefna og mat á þeim samdrætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Einnig er mælst til þess að skrifstofa samningsins taki saman þessar upplýsingar og leggi fram samanburð við upplýsingar um útstreymi frá iðnaðarferlum

á hverja framleiðslueiningu frá öðrum aðildarríkjum og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðildarríkja eftir að Kyoto-bókunin hefur öðlast gildi.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar um þær upplýsingar sem atvinnurekstri sem fellur undir 1. mgr. ber að skila til stofnunarinnar. Reglugerð þessi skal byggjast á leiðbeiningum vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) um bókhald. Lagt er til að settar verði nákvæmar reglur um t.d. skil á grunnupplýsingum sem liggja á bak við útreikninga á losun en um slíkar upplýsingar gildir trúnaður, sbr. 16. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er kveðið á um að starfsmenn sem starfi samkvæmt þeim lögum séu bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun hafi samráð við þá aðila sem ber að skila inn upplýsingum samkvæmt reglugerð þessari við undirbúning hennar. Lagt er til að í reglugerðinni verði heimilt að kveða á um heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu á staðfestingu á áreiðanleika veittra upplýsinga. Hér er því veitt heimild til að fela faggiltum skoðunaraðilum að fara yfir upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda frá fyrirtækjum. Vert er að benda á að ef Umhverfisstofnun er veitt slík heimild þá er stofnuninni ekki heimilt að krefja atvinnurekstur jafnframt um greiðslu skv. 3. mgr., enda er þá ekki ástæða fyrir stofnunina að fara yfir og staðfesta áreiðanleika þeirra gagna sem skilað hefur verið inn. Hér er um eðlilega kröfu að ræða sem byggist á fordæmi frá Noregi. Skýrslur um losun geta verið mjög flóknar tæknilega og er því eðlilegt að sérhæfður aðili yfirfari þær og að atvinnureksturinn velji þann aðila og greiði honum fyrir.

Í 3. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun sé heimilt að taka gjald fyrir vinnu við yfirferð yfir upplýsingar um losun sem fyrirtækjum sem falla undir 1. mgr. ber að skila til stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Lagt er til að Umhverfisstofnun verði heimilt að leggja á sektir á fyrirtæki, allt að 100.000 kr. á dag, ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldum sínum um skil á upplýsingum skv. 6. gr. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt þar sem það veitir stofnuninni skýrar heimildir til að gripa til þvingunarúrræða þegar atvinnurekstur sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. skilar ekki inn þeim gögnum sem honum ber.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.

Markmið frumvarpsins er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig í því skyni að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ákvæði Kyoto-bókunarinnar við hann, en samkvæmt þeim skal með skipulegum og tilteknum hætti gerð grein fyrir landnotkun og áhrifum hennar á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Í því skyni er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lögfest verði ákvæði um bókhald yfir losun

gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, og að komið verði upp skráningar- og viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðuneytið hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna og að Umhverfisstofnun annist framkvæmd þeirra í samvinnu við viðeigandi aðila. Bókhald um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda er nú þegar á verksviði Umhverfisstofnunar en m.a. vegna framkominna ábendinga er talið nauðsynlegt að styrkja umgjörð þess og formfesta með lögum.

Að mati umhverfisráðuneytis, sem ábyrgð ber á þessum málaflokki, mun kostnaður ríkissjóðs koma fram með tvennum hætti, verði frumvarp þetta óbreytt að lögum. Annars vegar hjá Umhverfisstofnun vegna aukinnar vinnu við framangreint bókhald, gerð leiðbeininga um skil á gögnum til bókhaldsins, vinnu við reglugerðardrög á grundvelli laganna og kostnaðar við uppsetningu og rekstur áðurnefnds skráningar- og viðskiptakerfis. Hins vegar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands vegna vinnu við skil á lögboðnum upplýsingum til Umhverfisstofnunar. Umhverfisráðuneytið metur viðbótarkostnað Umhverfisstofnunar 6 m.kr. á ári og Landbúnaðarháskóla Íslands 1 m.kr. á ári. Fjármálaráðuneytið gengur út frá því að kostnaður sem leiða kann af frumvarpinu verði látinn rúmast innan núverandi fjárhagsramma umhverfisráðuneytis í langtímaáætlun en ráðuneytið hefur nú þegar 15 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum til að koma framangreindu kerfi á fót, annast rekstur þess og upplýsingagjöf ásamt því að stýra, samræma og hafa að öðru leyti yfirumsjón með verkefninu.

1050. Frumvarp til laga [714. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Úrvinnslugjald sem lagt er á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna framangreindra umbúða.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Fjárhæð úrvinnslugjalds vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða skal taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. 3. mgr. 3. gr., svo og greiðslur vegna flutninga umbúðaúrgangs innan lands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Úrvinnslusjóður ákveður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, sbr. 3. mgr., hann greiðir.

Margnota flutnings- og safnumbúðir sem fluttar eru úr landi til endurnotkunar hjá birgjum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður, að umbúðirnar verði sannanlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu, sbr. 3. mgr., um að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

d. Við 4. mgr. bætast eftirfarandi tollskrárnúmer: 3920-1009, 3919-1000.

e. Á eftir 4. mgr. bætast nýjar málsgreinar sem verða 7.–10. mgr. og orðast svo:

Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem notaðar eru utan um vörur sem sannanlega eru fluttar úr landi, sbr. 6. mgr.

Framleiðendur og innflytjendur skulu við útgáfu reiknings tilgreina með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi skal staðfesta með móttökukvittun á viðkomandi reikningi að keyptar umbúðir fari til útflutnings. Endanleg yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Kaupandi er ábyrgur, gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

Skattstjóra er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til þeirra er flytja inn umbúðir úr pappír, pappa eða plasti sem seldar eru til þriðja aðila. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi og sölu úrvinnslugjaldsskyldra umbúða. Skírteinið veitir innflytjanda heimild til að flytja inn umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ef handhafi úrvinnslugjaldsskírteinis tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið fellt niður af á grundvelli skírteinisins skal hann á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sín á milli“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: við Úrvinnslusjóð.

b. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal umhverfisráðherra staðfesta samninginn.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili.

b. Á eftir orðinu „innheimtu“ í 4. mgr. kemur: gjaldskyldu, tilhögun bókhalds.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „30“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 60.

b. Á eftir orðinu „skýrsla“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: vegna innlendrar framleiðslu.
c. Í stað orðsins „kærufrests“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: gagnaöflunar.
d. Í stað greinartölunnar „101“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 118.

7. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Úrvinnslusjóði ber að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu.

8. gr.

Við 21. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um nánari útfærslu á greiðslu kostnaðar við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða, sbr. 3. mgr. 3. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 9. og 10. mgr. 7. gr. a, er varða úrvinnslugjaldsskírteini, öðlast þó gildi 1. júní 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að það verði hlutverk Úrvinnslusjóðs en ekki sveitarfélaga að ná tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu. Einnig eru lagðar til breytingar er varða margnota flutnings- og safnumbúðir, heimild til yfirfærslu ábyrgðar á greiðslu úrvinnslugjaldi frá framleiðanda og innflytjanda til kaupanda, ákvæði um sérstakt úrvinnslugjaldsskírteini auk annarra breytinga er varða m.a. tengsl við ný tollalög.

Helsta breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu er um breytta verkaskiptingu milli sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs og er byggð á tillögum nefndar sem umhverfisráðherra skipaði. Nefndinni var falið það verkefni að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga um þær tegundir úrgangs sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar umhverfisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Úrvinnslusjóðs og Samtaka atvinnulífsins. Tillögur nefndarinnar byggjast á því sjónarmiði að auka ábyrgð framleiðenda á vörum sínum eftir að þær eru orðnar að úrgangi. Nefndin lagði til að Úrvinnslusjóður hefði það hlutverk að ná tilteknum tölulegum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu pappa-, pappírs-, og plastumbúðaúrgangs sem til er kominn vegna umbúða sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðnum beri að ná á landsvísu þeim tölulegum markmiðum, sem tilgreind eru í reglugerð um meðhöndlun úrgangs 737/2003, á eins hagkvæman hátt og mögulegt er.

Þannig var lagt til að sveitarfélögum bæri ekki lengur að ná framangreindum markmiðum hvert á sínu svæði. Sveitarfélög beri eftir sem áður þá skyldu að minnka það magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar. Jafnframt þurfa sveitarfélög í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs að gera grein fyrir leiðum til að auka endurnotkun og endurnýtingu úrgangs, svo og förgunarleiðum. Þá var einnig tekið mið af tillögum nefndar sem fjallaði um framkvæmd

móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga og starfaði samkvæmt 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög um úrvinnslugjald.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til nokkrar breytingar sem unnar hafa verið í samstarfi við Úrvinnslusjóð, fjármálaráðuneytið, tollstjórann í Reykjavík og ríkisskattstjóra. Tillögur þessar miða að því að bæta og liðka fyrir innheimtu og álagningu á úrvinnslugjaldi, sérstaklega varðandi gjald á pappa-, pappírs- og plastumbúðir og ríkir mikil sátt um þær. Nánar verður fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar.

Tillögur um breytta ábyrgðarskiptingu.

i. Gildandi löggjöf.

Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, fjalla m.a. um ábyrgð sveitarfélaga og lög um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, m.a. um verkefni Úrvinnslusjóðs. Í lögum um meðhöndlun úrgangs er tekið fram að Umhverfisstofnun skuli gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs. Í þessari áætlun eiga að koma fram þær kröfur sem settar eru í lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í 5. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, eru ákvæði er setja markmið varðandi úrvinnslu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs, úr sér genginna ökutækja og raf- og rafeindatækjaúrgangs. Umhverfisstofnun hefur gefið út landsáætlun sem gildir fyrir árin 2004–2016. Framangreindar kröfur hafa verið settar í landsáætlun varðandi umbúðaúrgang. Sveitarstjórnir skulu semja og staðfesta áætlanir fyrir viðkomandi svæði byggðar á markmiðum landsáætlunar og skal þar koma fram hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna.

Álagning úrvinnslugjalds samkvæmt lögum um úrvinnslugjald hefur hingað til miðast við kostnað við ráðstöfun flokkaðs úrgangs sem sveitarfélög hafa safnað en ekki við ákveðin markmið um árangur, enda er það sveitarfélaganna lögum samkvæmt að uppfylla skyldur um að ná ákveðnum markmiðum. Úrvinnslusjóði ber að greiða fyrir „meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð“, flutning o.s.frv. vegna þess úrgangs sem ber úrvinnslugjald án tillits til þess hvar á landinu úrgangurinn myndast og hversu miklu er safnað. Helsta vandamál sem upp kemur er að Úrvinnslusjóður verður að greiða fyrir ráðstöfun úrgangsflokka sem úrvinnslugjald er greitt af, án tillits til tölulegra markmiða. Ná verður markmiðum í hverju einstöku sveitarfélagi eða a.m.k. á svæði hverrar svæðisáætlunar. Úrvinnslusjóður verður að greiða fyrir úrvinnslu þó svo söfnun fari yfir þau tölulegu markmið sem sett hafa verið. Í öðrum flokkum úrgangs sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald, eins og t.d. hjólbarða og vara sem verða að spilliefnum, er gert ráð fyrir að öllum slíkum úrgangi sé safnað og komið í endanlega förgun eða endurnýtingu.

ii. Úrgangur þar sem ná þarf tilteknum tölulegum markmiðum.

Lagt er til nýtt fyrirkomulag varðandi úrgangsflokka þar sem ná á tilteknum tölulegum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs sem heimilt er að urða og sem tilkominn er vegna vara sem bera úrvinnslugjald. Undir þessa flokka falla pappa-, pappírs- og plastumbúðir sem falla undir 7. gr. a í gildandi lögum og heyrúlluplast, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Lagt er til að Úrvinnslusjóður hafi það hlutverk að ná settum tölulegum markmiðum sem fram koma í reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, og að þeim megi ná á landsvísu. Mikilvægt er að Úrvinnslusjóður hafi sveigjanleika til að ná þessum markmiðum á sem hagkvæmastan hátt.

Framkvæmdin vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða verður nánar útfærð í reglugerð samkvæmt tillögu að nýrri 4. mgr. 21. gr. laganna. Ráðuneytið byggir tillögur sínar á eftirfarandi hugmyndum: Gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður greiði þjónustuaðilum sem semja

við hann tiltekna upphæð fyrir hvert tonn af flokkuðum umbúðaúrgangi, enda liggi fyrir staðfesting frá úrvinnsluaðila um úrvinnslu. Ekki skiptir máli hvort þjónustuaðili sækir úrgang til fyrirtækis eða sveitarfélags. Auk þess greiði Úrvinnslusjóður flutningsþóknun fyrir flutning frá þeim stað þar sem umbúðum er safnað til þess staðar þar endurnýting fer fram eða útflutningur.

Úrvinnslusjóður getur, ef hann telur þörf á, boðið sveitarfélögum ákveðið gjald fyrir hvert tonn af flokkuðum úrgangi sem kemur frá heimilum. Hér er gert ráð fyrir að gjald það sem Úrvinnslusjóður býður sveitarfélögum sé greitt til að hvetja þau til að safna pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangi frá heimilum. Gert er ráð fyrir að einungis sveitarfélög geti fengið slíka greiðslu þar sem þau bera ábyrgð á og eiga að ákveða fyrirkomulag á söfnun umbúðaúrgangs frá heimilum. Það er síðan sveitarfélaganna að ákveða hvernig slíkri söfnun er háttað, t.d. gæti sveitarfélag boðið slíkt út til einkaaðila.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að Úrvinnslusjóður greiði þeim sveitarfélögum sem ganga til samninga við sjóðinn ákveðna upphæð fyrir hvert tonn af flokkuðum úrgangi þegar þau hafa lagt fram staðfestingu um móttöku þjónustuaðila á flokkuðum úrgangi. Þannig er gert ráð fyrir að Úrvinnslusjóður greiði ákveðna upphæð án tillits til hvaða þjónustu sveitarfélagið veitir íbúum sínum. Úrvinnslusjóður mun miða gjald sitt við að náð verði þeim árangri sem að er stefnt. Með þessu fyrirkomulagi verður ekki þörf á að skilgreina nákvæmlega í lögum um úrvinnslugjald undir hvaða kostnaðarþáttum úrvinnslugjald þessa úrvinnsluflokks eigi að standa, eins og nú er gert. Gjaldið mun þess í stað taka mið af þeim kostnaði sem Úrvinnslusjóður þarf að leggja í til að ná þeim árangri sem honum ber að ná. Með þessu er ætlað að tryggja Úrvinnslusjóði meira svigrúm til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið, sbr. og 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Dæmi um svipað kerfi og hér er lagt til er í Noregi en fyrirtækið Emballasjeretur AS sér um að koma umbúðaúrgangi úr plasti og samsettum pappírsumbúðum til úrvinnslu. Emballasjeretur AS hefur boðið sveitarfélögum greiðslu sem byggist á útreikningum um þann aukakostnað sem flokkun úrgangs hefur í för með sér fyrir hvert sveitarfélag. Emballasjeretur AS, svo og forveri fyrirtækisins, Plastretur AS, hefur lagt mikla vinnu í að sýna fram á útreikninga þess efnis að með hagkvæmu kerfi gætu sveitarfélög komið vel út fjárhagslega og jafnframt boðið betri þjónustu. Mikilvægt er að Úrvinnslusjóður verði virkur í að koma áleiðis til sveitarfélaga og fyrirtækja hugmyndum um hagkvæmar leiðir til að flokka úrgang til hagsbóta fyrir alla.

Ráðuneytið telur mikilvægt að taka raunhæf skref í framhaldi af þeim kerfum sem fyrir eru í dag. Móttaka á tilteknum umbúðum hófst 1. mars sl. Eðlilegt er að móttöku á pappa-, pappírs- og plastumbúðum, einkum frá heimilum, verði komið á í nokkrum skrefum. Þegar spilliefnagjald var á sínum tíma lagt á komu vörur sem verða að spilliefnum inn í kerfið í skrefum. Reynsla af því var góð þar sem hægt var að vinna nauðsynlega vinnu í áföngum og kynna þá vel fyrir hlutaðeigandi. Ekki er gert ráð fyrir því að álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir verði komið á smám saman heldur er gert ráð fyrir því að allar umbúðir beri strax úrvinnslugjald. Með því að gera þetta á þennan hátt bera þær umbúðir sem auðvelt er að koma í úrvinnslu ekki einar úrvinnslugjald. Mikilvægt er að horfa til þess sem hafið er, nýta það betur og taka markviss og raunhæf skref í framhaldi af því. Því er lagt til í a-lið 3. gr. frumvarpsins að Úrvinnslusjóði verði heimilt að ákveða fyrir endvinnslu og endurnýtingu hvaða umbúðategunda verði greitt. Mikilvægt er að Úrvinnslusjóður hafi þannig ráðrúm til að ákveða hvaða tegundum hagkvæmast sé að safna. Er þetta einnig í samræmi við tillögur nefndar sem falið var að koma með tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga. Nefndin lagði til að veitt verði tveggja ára aðlögunartímabil

þar sem Úrvinnslusjóði og sveitarfélögum verði gefið ráðrúm til að finna hentugustu leiðirnar bæði varðandi hvar úrgangi verði safnað og hvaða úrgangstegundum eigi að safna. Úrvinnslusjóður þarf að hafa tíma til að gera nákvæmar áætlanir um hvort og þá hvað greiðslur eigi að bjóða sveitarfélögum og þjónustuaðilum fyrir flokkaðan úrgang. Þessi tillaga byggist m.a. á því að það gæti dregið úr trúverðuleika kerfisins ef Úrvinnslusjóður þyrfti síðar að lækka greiðslu fyrir flokkaðan pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgang til sveitarfélaga þar sem söfnun væri of mikil. Það er einnig mikilvægt fyrir sveitarfélögin að áætlanargerð þeirra standist vegna kostnaðar þeirra við flokkun og söfnun á þessum úrgangsflokkum. Mikilvægt er að áfram verði haldið með þær aðgerðir til flokkunar samsettra drykkjarvöruumbúða sem nú þegar hefur verið ráðist í. Úrvinnslusjóður verður þó að hafa sveigjanleika varðandi greiðslur vegna þeirra umbúða.

iii. Ábyrgð sveitarfélaga.

Lagt er til að sveitarfélög beri ekki ábyrgð á að ná markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu á pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangi sem til er komin vegna umbúða sem bera úrvinnslugjald, eins og nú er, heldur verði það hlutverk Úrvinnslusjóðs. Sveitarfélögin hafi áfram fullt sjálfræði um hvers konar leiðir þau vilja fara í að safna flokkuðum úrgangi frá heimilum, t.d. hvort boðið verði upp á að slíkur úrgangur verði sóttur til heimilanna eða sérstakar söfnunarstöðvar notaðar. Sveitarfélögin bera ábyrgð á að kynna sitt kerfi fyrir hagsmunaaðilum og almenningi. Í lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, er það skýrt að sveitarfélögum ber að semja og staðfesta svæðisáætlanir þar sem fram kemur hvernig þau hyggjast ná markmiðum landsáætlunar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Ekki er talin þörf á að taka fram í lögum um meðhöndlun úrgangs að ábyrgð á að ná markmiðum landsáætlunar varðandi endurvinnslu og endurnýtingu fyrir pappa-, pappírs- og plastumbúðir færist frá sveitarfélögunum til Úrvinnslusjóðs, þar sem lagt er til að það sé gert í lögum um úrvinnslugjald, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Almennar lögskýringarreglur leiði til að skýra beri lög um meðhöndlun úrgangs með hliðsjón af lögum um úrvinnslugjald og að fullnægjandi sé að tiltaka þar undanþágu frá þeirri almennu reglu að sveitarfélög beri ábyrgð á að ná fram markmiðum landsáætlunar.

Tillögur þessar gera ráð fyrir að þegar Úrvinnslusjóður kemur með tilboð til sveitarfélaga um ákveðna upphæð fyrir hvert tonn af flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald verði hvert og eitt sveitarfélag að meta hvort það gengur til samninga við sjóðinn. Lagt er til að nánari útfærsla á þessum atriðum verði sett í reglugerð, sbr. tillögu að nýrri 4. mgr. 21. gr. laganna í 8. gr. frumvarpsins.

Vert er að ítreka að ekki eru lagðar til neinar breytingar á fyrirkomulagi annarra úrgangsflokka en sem falla undir pappa-, pappírs- og plastumbúðir nema hvað lagt er til að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um þann kostnað sem greiða á vegna meðferðar úrgangs á söfnunarstöð. Það er mat nefndar sem falið var að koma með tillögur um breytta verka- og kostnaðarskiptinu milli sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs að sátt ríki um núverandi kerfi hjá öllum aðilum varðandi þá flokka sem ekki þarf að ná tölulegum markmiðum fyrir og falla undir lög um úrvinnslugjald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýrri 3. mgr. verði bætt við 3. gr. laganna og þar kveðið á um að upphæð úrvinnslugjalds sem lagt sé á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skuli standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum sem sett eru um endurvinnslu og endurnýtingu þeirra í sam-

ræmi við ákvæði reglugerða. Í reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, er kveðið á um þau markmið sem nást eiga hvað varðar m.a. endurvinnslu og endurnýtingu pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs. Ná skal slíkum markmiðum á landsvísu, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Hér er því um að ræða breytingu frá tilhögun varðandi aðra úrgangsflokka en í 2. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um undir hvaða kostnaði úrvinnslugjald skuli standa, sjá einnig athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins. Benda má á að gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður skili til Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga skýrslum um það magn pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem safnast hefur í heild og á einstökum svæðum og sendur er í endurnýtingu og endurvinnslu.

Um 2. gr.

Lagt er til að fjárhæð álagðs úrvinnslugjalds taki mið af áætlun sjóðsins um þær greiðslur sem sjóðurinn þarf að inna af hendi til þjónustuaðila og sveitarfélaga til að ná markmiðum hans um endurnýtingu og endurvinnslu á umbúðarúrgangi sem ber úrvinnslugjald. Ekki verði því lengur byggt á útreikningum um kostnað eins og um aðra úrgangsflokka sem úrvinnslugjald er lagt á. Úrvinnslusjóður mun því hafa mun meiri sveigjanleika hvað varðar upphæð þess gjalds sem hann þarf að greiða þjónustuaðilum og sveitarfélögum fyrir hvert tonn sem safnast hefur og farið í endurnýtingu eða endurvinnslu. Sjóðurinn mun þurfa að gera sér áætlun um það hvernig hann nái þeim tölulegu markmiðum sem að er stefnt og mun það gjald sem hann býður þjónustuaðilum og sveitarfélögum taka mið af því. Gert er ráð fyrir að nánari útfærslu á þessu ákvæði verði að finna í reglugerð, sbr. nýja 4. mgr. 21. gr. laganna skv. 8. gr. frumvarpsins, og þar verði sett nánari ákvæði um nýtt fyrirkomulag vegna umbúðaúrgangs. Nánari grein er gerð fyrir áætluðu fyrirkomulagi í almennum athugasemdum við frumvarp þetta.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að við bætist tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. Í fyrri málsgreininni er lagt til að kveðið verði á um heimild Úrvinnslusjóðs til að ákveða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu hvaða tegunda pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs verði greitt. Þannig er lagt til að jafnvel þótt gjald hafi verið lagt á allar tegundir pappa-, pappírs- og plastumbúða sé Úrvinnslusjóði heimilt að greiða einungis fyrir þær tegundir umbúðaúrgangs sem sjóðurinn ákveður að eigi að fara í þann farveg. Mikilvægt er fyrir Úrvinnslusjóð að hafa svigrúm til að ákveða hvaða tegundum hagkvæmast sé að safna saman og einnig til að taka upp endurnýtingu og endurvinnslu á pappa-, pappírs- og plastumbúðum í þrepum, sbr. nánari umfjöllun í almennum athugasemdum.

Lagt er til að í nýrri 3. mgr. verði kveðið á um að ekki skuli greiða úrvinnslugjald vegna margnota flutnings- og safnumbúða sem eru úr pappa-, pappír- og plasti. Hér er um að ræða umbúðir eins og pappakassa sem notaðir eru utan um húsgögn og sendir eru til baka til birgja erlendis. Dæmi um fleiri slíkar vörur eru umbúðir fyrir íblöndunarefni fyrir iðnaðarframleiðslu, t.d. klór, og margnota umbúðir utan um glerflöskur. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem Tollstjórinn í Reykjavík ákveður, að umbúðirnar verði sannanlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

Í b-lið er lagt til að málsliður falli á brott sem vegna mistaka var ekki felldur á brott við síðustu breytingar á lögunum.

Í c-lið er lagt til að kveðið verði á um að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu vöru sem undanþegin er úrvinnslugjaldi um að varan verði með sannanlegum hætti flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

Í d-lið er lagt til að tvö ný tollskrárnúmer bætist við lista sem heimilar að undanþiggja vörur úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi. Nýju tollskrárnúmerin sem lagt er til að bætist við eru 3920-1009, sem er strekkifilma, og 3919-1000, sem er límbönd. Mat Úrvinnslusjóðs eftir samráð við hagsmunaaðila er að eðlilegt sé að heimilt sé að þessar umbúðir séu einnig undanþegnar úrvinnslugjaldi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum enda séu þær mikið notaðar utan um vörur til útflutnings.

Í e-lið er lagt til að við bætist fjórar nýjar málsgreinar sem verða 7.–10. mgr. Lagt er til að í 7. mgr. verði kveðið á um að innlendir framleiðendur greiði ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem fara utan um framleiðslu sem flutt er úr landi. Er þessi breyting í samræmi við framkvæmd en að mati ríkisskattstjóra er rétt að kveða skýrt á um þetta í lögum.

Í nýrri 8. mgr. er lagt til að heimilað verði að færa ábyrgð á greiðslu úrvinnslugjalds frá framleiðanda og innflytjanda til kaupanda. Algengt er að umbúðir séu seldar án úrvinnslugjalds og er í þeim tilvikum rétt að færa ábyrgð á greiðslu úrvinnslugjaldsins til kaupanda enda er erfitt fyrir seljanda að ábyrgjast að umbúðir sem hann selur án úrvinnslugjalds fari í raun úr landi.

Lagt er til í nýrri í 9. mgr. að skattstjórum verði heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini sem veitir þeim er flytja inn umbúðir, gerðar úr pappa, pappír eða plasti og seldar til þriðja aðila, heimild til að kaupa af innflytjendum og innlendum framleiðendum umbúðir án úrvinnslugjalds. Fyrirmynd úrvinnslugjaldsskírteinis er vörugjaldsskírteini heildsala sem útgefið er af skattstjóra. Þær forsendur eru settar fyrir útgáfu slíkra skírteina að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað, svo og að umsækjandi hafi atvinnu af þessari starfsemi. Að öðru leyti skal fylgja formi vörugjaldsskírteinis heildsala útgefnu af skattstjóra, að því undanskyldu að úrvinnslugjaldsskírteini skal ekki gefið út tímabundið.

Í nýrri 10. mgr er lagt til að handhafa úrvinnslugjaldsskírteinis sem tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið fellt niður af á grundvelli skírteinisins skuli á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.

Tilgangurinn með að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini er að auðveldara verður að rekja innheimtu og skil á úrvinnslugjaldinu, þar sem það er tiltekið sérstaklega á hverjum sölureikningi. Auðveldara verður fyrir fyrirtæki að gera bókhaldslykil, sbr. 23. gr. reglugerðar um úrvinnslugjald, nr. 1124/2005, er heldur utan um innheimtu úrvinnslugjaldsins, sem síðan verður notaður til uppgjörs á úrvinnslugjaldi til skattstjóra. Samfella verður því í útgáfu sölureikninga, skv. 24. gr. reglugerðar um úrvinnslugjald og bókhalds söluaðila umbúða um útgáfu sölureikninga. Fyrirtæki og einstaklingar sem framleiða umbúðir munu gera upp úrvinnslugjald hjá einum aðila í stað tollstjóra og skattstjóra í núverandi kerfi. Innflytjendur umbúða þurfa ekki að hafa þær aðskildar á lager eftir því hvort þær hafa verið fluttar inn undanþegnar úrvinnslugjaldi eða ekki. Fyrirtæki sem flytja inn umbúðir sem eru eingöngu utan um vörur sem fara til útflutnings þurfa ekki að sækja um úrvinnslugjaldsskírteini þar sem það er nú þegar til staðar heimild í lögunum er veita slíkum innflutningi umbúða undanþágu frá greiðslu úrvinnslugjalds.

Um 4. gr.

Lagt er til í a-lið að 3. mgr. 8. gr. verði breytt á þann veg að tekið verði fram að samningar fyrirtækja og atvinnugreina til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum verði gerðir við Úrvinnslusjóð, enda er það svo í raun hvað varðar þá samninga sem gerðir hafa verið. Hlutaðeigandi fyrirtæki eða atvinnugreinar hafa gert samninga við Úrvinnslusjóð, þó svo að undanfari slíkra samninga sé eðlilega samkomulag þeirra sem eiga aðild að umræddum samningi við Úrvinnslusjóð.

Í b-lið er lagt til að við bætist að ráðherra staðfesti samning sem gerður hefur verið milli fyrirtækja og atvinnugreina og Úrvinnslusjóðs. Eðlilegt er að gera slíka formkröfu.

Um 5. gr.

Í a-lið er lögð til leiðrétting í samræmi við hvernig tilkynningarskyldan hefur verið framkvæmd. Það eru einungis þeir sem framleiða gjaldskyldar vörur hér á landi samkvæmt lögunum sem verða að tilkynna starfsemi sína áður en atvinnurekstur þeirra hefst. Innflytjendur vöru greiða úrvinnslugjald hjá tollayfirvöldum og þurfa því ekki að skrá sig hjá skattstjóra.

Í b-lið er lagt til að við bætist heimild til að um gjaldskyldu og tilhögun bókhalds fari eins og í 12 gr. vörugjaldslaga. Með tilkomu úrvinnslugjaldsskírteinis er rétt að hafa þetta eins og í vörugjaldslögum.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar til samræmis við ný tollalög, nr. 88/2005. Í a-lið er lagt til að frestur til að kæra álagningu gjalds verði 60 dagar en ekki 30 dagar. Í b-lið er lagt til að innsend fullnægjandi skýrsla verði einungis talin kæra vegna innlendrar framleiðslu. Í c-lið er lagt til að í stað orðsins kærufrests komi orðið gagnaöflunar. Að lokum er í d-lið lagt til að tilvísun í tollalög verði færð til samræmis við gildandi lög.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. 15. gr. þar sem tekið er fram að Úrvinnslusjóði beri að ná tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara eigi í endurnýtingu og endurvinnslu. Kröfur um töluleg markmið er að finna í reglugerð um meðhöndlun úrgangs. Ekki er talin þörf á að taka fram í lögum um meðhöndlun úrgangs að ábyrgð á að ná markmiðum landsáætlunar varðandi endurvinnslu og endurnýtingu fyrir pappa-, pappírs- og plastumbúðir færist frá sveitarfélögunum til Úrvinnslusjóðs þar sem það er gert hér. Almennar lögskýringarreglur leiða til þess að skýra beri lög um meðhöndlun úrgangs með hliðsjón af lögum um úrvinnslugjald og að fullnægjandi sé að tiltaka þar undanþágu frá þeirri almennu reglu að sveitarfélög beri ábyrgð á að ná fram markmiðum landsáætlunar. Um frekari skýringar varðandi ástæður fyrir tillögum um að færa þetta hlutverk frá sveitarfélögunum til Úrvinnslusjóðs vegna umbúðaúrgangs vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 8. gr.

Lagt er til að ráðherra setji reglugerð sem skilgreini hvað felist í greiðslu fyrir „meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð“. Þannig mun ráðherra í reglugerð t.d. geta sett ákvæði um ákveðna vísitölusöfnunarstöð sem grundvöll útreiknings á kostnaði sem Úrvinnslusjóði beri að greiða sveitarfélögum fyrir „meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð“, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Talið er nauðsynlegt að skýra betur hvaða kostnað Úrvinnslusjóði beri að greiða og hefur nefnd sem falið var að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli

sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs m.a. bent á að réttast væri að gera módel fyrir ákveðna vísitölusöfnunarstöð til að nota við útreikninga á greiðslum til sveitarfélaga.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setji reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaúrgangs. Ráðherra mun þannig í reglugerð setja nánari ákvæði til skýringar til samræmis við þær tillögur að framkvæmd sem greint hefur verið frá í almennum athugasemdum.

Um 9. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi við birtingu nema ný ákvæði um úrvinnslugjaldsskírteini en lagt er til að þau ákvæði taki gildi 1. júní 2006 enda tekur nokkurn tíma að undirbúa útgáfu þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er í fyrsta lagi að færa ábyrgðina á því að ná tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs, sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu, frá sveitarfélögum til Úrvinnslusjóðs. Jafnframt er kveðið á um að fjárhæð úrvinnslugjalds sem lagt er á þessa vöruflokka skuli taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná framangreindum markmiðum og að tekjur af úrvinnslugjaldi á þessa sömu vöruflokka skuli standa undir kostnaði við að ná þeim markmiðum. Einnig eru lagðar til breytingar er varða undanþágu frá álagningu úrvinnslugjalds á margnota flutnings- og safnumbúðir, heimild til yfirfærslu ábyrgðar á greiðslu úrvinnslugjalds frá framleiðanda og innflutningsaðila til kaupanda auk annarra breytinga til samræmis við ný tollalög.

Samkvæmt gildandi lögum ber Úrvinnslusjóði að greiða allan kostnað af úrvinnslu flokkaðs pappírs-, pappa- og plastumbúðaúrgangs og undir þeim kostnaði skulu standa tekjur af úrvinnslugjaldi á þessa sömu vöruflokka. Ætla verður að sú breyting, að setja töluleg mörk því magni þessa úrgangs sem tekjur af úrvinnslugjaldi skulu standa undir úrvinnslu á, muni frekar leiða til lækkunar en hækkunar á kostnaði og þar með úrvinnslugjaldi þegar fram í sækir. Fjárhæðir í þessu sambandi eru þó óvissar.

1051. Frumvarp til laga [715. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við sveitarfélag eða sveitarfélög um að þau annist rekstur framhaldsskóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera sveitarfélögum sem þess óska kleift að annast rekstur framhaldsskóla. Þannig geta sveitarfélög aflað dýrmætrar reynslu hvað varðar rekstur framhaldsskóla. Þá reynslu má síðan nota við undirbúning færslu á rekstri framhaldsskóla frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga. Margir telja að slíkt verkefni eigi fremur heima hjá sveitarfélögum en hjá ríkisvaldinu. Rökin eru einkum þau að um er að ræða nærþjónustu sem þarf að taka mið af umhverfi sínu.

Það verður að telja mikilvægt að sami aðili fari með rekstur og beri ábyrgð á rekstri skólastiganna, frá leikskóla að lokum framhaldsskóla. Þörf er á meiri samfellu og sveigjanleika milli grunn- og framhaldsskólastigsins, til dæmis í ljósi þess að stór hluti þeirra sem stunda nám við framhaldsskóla er undir lögaldri. Þá hefur farið vaxandi að nemendur í grunnskólum hefji framhaldsskólanám áður en grunnskólanámi lýkur.

Þar sem sveitarfélögin eru stærsti rekstraraðili skóla í landinu þurfa þau að búa yfir mikilli sérþekkingu á því sviði. Tilfærsla sú sem hér er gerð tillaga um ætti að auka bolmagn þeirra til að byggja upp slíka sérþekkingu. Mikilvægt er að öflugt þróunarstarf eigi sér stað, ekki síst á framhaldsskólastigi, þar sem líta ber á skólann sem alhliða þjónustumiðstöð í samfélaginu. Þar sem aðstæður eru mismunandi milli einstakra landsvæða og þarfir ólíkar að ýmsu leyti er nauðsynlegt að skólar nái að þróast í takt við þarfir samfélagsins. Skólar sem starfa í nánum tengslum við atvinnulífið á viðkomandi svæði treysta undirstöður atvinnulífsins og auka möguleika á uppbyggingu nýrra tækifæra.

Flutningur á rekstri grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga má teljast vel heppnaður verkefnaflutningur, a.m.k. frá sjónarhóli þeirra sem njóta þeirrar þjónustu. Grunnskólinn hefur tekið stakkaskiptum eftir að sveitarfélögin tóku yfir rekstur hans. Fátt sýnir betur hvað grunnþjónustan á miklu betur heima hjá sveitarstjórnum heldur en hinu fjarlæga ríkisvaldi og mun slíkt hið sama gerast við flutning framhaldsskólans. Sveitarfélögin hafa gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu framhaldsskóla því þegar framhaldsskólum fjölgaði hvað mest voru sveitarfélögin frumkvæðisaðilar í þeirri uppbyggingu. Svipað virðist upp á teningnum nú þegar litið er til uppbyggingar framhaldsskóla á Snæfellsnesi og þess undirbúnings sem hafinn er í Borgarbyggð.

Reynslusveitarfélög.

Vert er að minnast á verkefni um reynslusveitarfélög sem komið var á laggirnar með lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994. Markmið verkefnisins var að gera sveitarfélögum kleift að framkvæma tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna, tekjustofna og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá var að því stefnt að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúa og nýta betur fjármagn hins opinbera. Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga lagði fram skýrslu á Alþingi á 128. löggjafarþingi og eru eftirfarandi upplýsingar sóttar í þá skýrslu. Sveitarfélög gátu sótt um að taka að sér ákveðin verkefni. Sveitarfélögin sóttu um að taka við verkefnum á sviði félagslegra húsnæðismála, atvinnumála, öldrunarmála, málefna fatlaðra og heilsugæslu. Einnig sóttust sveitarfélögin eftir að gera tilraunir með verkefni og verkaskiptingu byggingarnefnda og -fulltrúa. Þá var áhugi á því að ráðast í stjórnsýslutilraunir.

Verkefnastjórn gerir grein fyrir árangri af yfirfærslu sveitarfélaga í þremur liðum. Varðandi fyrsta liðinn, faglegan árangur, er talið að viðkomandi sveitarfélög hafi öðlast mikilvæga reynslu, einkum varðandi aðstæður skjólstæðinga og samþættingu heildarþjónustu. Þá má nefna fjárhagslegan árangur, en óljóst þótti hvort hann hefði náðst. Hins vegar benda vísbendingar í þá átt að þjónustustig, bæði við fatlaða, sjúklinga og aldraða, hafi hækkað. Að lokum má nefna stjórnsýslulegan árangur en verkefnastjórnin telur mikilvægan árangur í því fólginn að fara yfir stjórnsýslulegt skipulag sveitarfélags. Þá er tekið fram að auðveldara sé að hafa yfirsýn yfir verkefnið þegar svipuð velferðarþjónusta er á einni hendi.

Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til gefst ráðherra menntamála og þeim sveitarfélögum sem áhuga hafa tækifæri til að gera tilraun með rekstur framhaldsskóla. Með þessu móti safna þessir aðilar reynslu og leggja mikilvægan grunn að flutningi á rekstri framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga.

Samningar um rekstur, sem kunna að vera gerðir milli ráðherra og sveitarfélaga, verða að vera skýrir og lengd samningstíma og endurskoðunarákvæði skulu vera ljós. Þetta er tekið fram hér þar sem í framangreindri skýrslu verkefnisstjórnar kemur fram að Ríkisendurskoðun hafi gert stjórnsýsluendurskoðun á samningum ríkisins við reynslusveitarfélög. Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að samningar þeir sem gerðir voru hafi um margt verið ónákvæmir og að betur hefði þurft að vanda til efnis samninganna til að unnt væri að afla upplýsinga um árangur af þeim á aðgengilegan hátt og leggja þannig mat á það hvort um æskilegt fyrirkomulag væri að ræða.

Það er þó til bóta að nú hefur verið sett reglugerð um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, reglugerð nr. 262/1999, en hún var ekki í gildi er samningar voru gerðir við reynslusveitarfélög.

1052. Frumvarp til laga [716. mál]

um breytingu á lögum nr. 4 30. janúar 1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Við hækkun fasteignamats er óheimilt að hækka fasteignaskatt meira en nemur breytingu á launavísitölu.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
c. Í stað „4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 5. mgr.

2. gr.

Við 5. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi svo verið um tvö ár að útihús í sveitum séu ekki nýtt skal enginn skattur á þau lagður. Fasteignaskattur skal lagður á að nýju ef útihúsin eru tekin í notkun sem gripahús.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Greinargerð.

Fasteignaskattur er ein af meginuppistöðum í tekjuöflun sveitarfélaga ásamt útsvarstekjum. Útsvarstekjur sveitarfélaga taka mið af tekjum fólks og hækka eða lækka á milli ára út frá tekjum þegnanna. Fasteignagjöld taka ekki mið af tekjum fólks og þar með greiðslugetu þegnanna. Að þessu leyti eru fasteignaskattar ekki réttlátir þar sem álögur geta hækkað meira milli ára en laun þeirra sem greiða eiga. Í þessu frumvarpi er lögð til takmörkun á hækkun fasteignaskatts til jafns við launaþróun í þjóðfélaginu almennt. Í annan stað er lagt til að fasteignagjöld verði felld niður í sveitum þegar svo háttar til að útihús hafa ekki verið nýtt í tvö ár. Fasteignaskattur skal hins vegar lagður á að nýju ef útihúsin eru tekin í notkun sem gripahús þannig að jafngildi tekjum af jörðinni.

Frumvarp þetta kann að minnka tekjur sumra sveitarfélaga og telja flutningsmenn að mjög sé orðið tímabært að sveitarfélög fái hlut í tekjustofnum sem færa þeim tekjur af neyslusköttum eins og t.d. virðisaukaskatti.

1053. Fyrirspurn [717. mál]

til sjávarútvegsráðherra um vinnslu uppsjávarfisks.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

Hvernig skiptist ráðstöfun uppsjávarfisks eftir verkunaraðferðum á árunum 1993 til þessa dags?

Skriflegt svar óskast.

1054. Frumvarp til laga [718. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Valdimar L. Friðriksson, Helgi Hjörvar, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 28. gr. laganna:

a. Orðin „eða bifreiðir fatlaðra, og“ í h-lið falla brott.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: á merktu stæði fyrir bifreiðir fatlaðra.

2. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 108. gr.“ í 2. mgr. 100. gr. laganna kemur: a-lið 1. mgr. 108. gr.

3. gr.

Í stað orðanna „a-, b-, h- og i-liða“ í b-lið 1. mgr. 108. gr. laganna kemur: a-, b-, h-, i- og j-liða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bifreiðastæði merkt fötluðum eru þeim einstaklingum afar mikilvæg til að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu og verið sjálfbjarga í daglegu lífi. Reglugerð nr. 369/2000, um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, með síðari breytingum, tekur mið af sambærilegum reglum hjá EES-löndunum. Hér á landi er verulega ábótavant að reglur um nefnd stæði fatlaðra séu virtar af ökumönnum og oft lagt í þessi stæði þó P-stæðiskort hreyfihamlaðra sé ekki til staðar í bifreið. Það er því rík ástæða til að skapa úrræði í umferðarlögum sem hvetja til þess að nefnd stæði komi réttum einstaklingum að gagni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á 108. gr. umferðarlaga og kveðið á um að leggja megi á gjald ef bifreið er lagt í stæði sem er merkt fötluðum.

Í 2. mgr. 100. gr. laganna kemur fram að ekki skuli refsað fyrir þau brot sem greint er frá í 108. gr. nema stöðvun og lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum í umferðinni. Lagt er til að þessu verði breytt þannig að refsað verði fyrir brot sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr. nema þau sem kveðið er á um í a-lið ákvæðisins, þ.e. þegar lagt er í stæði sem ekki eru sérstaklega merkt á þann hátt eða þegar lagt er á gangstétt.

1055. Frumvarp til laga [719. mál]

um löggildingu starfsheitis áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Flm.: Valdimar L. Friðriksson.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsheitis og starfsréttinda áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Með áfengis- og vímuefnaráðgjafa í lögum þessum er átt við hvern þann er veitir aðstoð skjólstæðingi sem háður er hvers konar vímuefnum.

2. gr.

Rétt til þess að nota starfsheitið áfengis- og vímuefnaráðgjafi hér á landi hefur sá einn sem hlotið hefur til þess löggildingu heilbrigðisráðherra.

Óheimilt er að ráða sem áfengis- eða vímuefnaráðgjafa annan en þann sem hefur hlotið löggildingu samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra skal halda skrá um þá sem hafa leyfi til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

Landlæknir hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Til að öðlast löggildingu ráðherra á starfsheitinu áfengis- og vímuefnaráðgjafi skal hlutaðeigandi uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. hafa fengið kennslu í sérfræðum um áfengis- og vímuefnameðferð, alls 300 klukkustundir,
b. hafa unnið við áfengis- og vímuefnaráðgjöf að aðalstarfi undir handleiðslu fagfólks í 6000 klukkustundir, eða í þrjú ár.

Ráðherra setur reglugerð þar sem settar eru nánari reglur um nám og starfsmat.

4. gr.

Nú kemur upp ágreiningur um notkun starfsheitisins áfengis- og vímuefnaráðgjafi og sker ráðherra þá úr.

5. gr.

Ráðherra skal staðfesta leyfi ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til að bera starfsheitið áfengis- og vímuefnaráðgjafi hafi hann hlotið menntun og reynslu sambærilega við það sem gerð er krafa um í 3. gr.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum auk þess sem heimilt er að svipta hlutaðeigandi starfsréttindum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007. Fyrir þann tíma skal ráðherra hafa viðurkennt starfsheitið áfengis- og vímuefnaráðgjafi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa nefnd með aðilum Félags áfengisráðgjafa sem skili til hans tillögu að nánari útfærslu skilyrða um menntun og starfsreynslu löggiltra áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfsheiti áfengis- og vímuefnaráðgjafa verði löggilt af heilbrigðisráðherra en eins og þessum málum er nú háttað eru engar formlegar kröfur gerðar til áfengis- og vímuefnaráðgjafa af hálfu heilbrigðisráðuneytisins. Því getur hver sem er kallað sig áfengisráðgjafa. Fyrir þá sem eiga við áfengisvandamál að stríða skiptir þjónusta áfengisráðgjafa miklu máli, sömuleiðis fyrir fjölskyldur þeirra, og raunar þjóðina alla. Tilgangurinn með því að setja lög um starfsréttindi þessara aðila er m.a. að vernda þá sem leita eftir þjónustu áfengisráðgjafa. Að þeir geti gengið að því vísu að sá sem kallast áfengis- og vímuefnaráðgjafi hafi hlotið menntun og próf í viðurkenndum fræðum um áfengis- og vímuefnameðferð, auk starfsreynslu á því sviði.

Félag áfengisráðgjafa hefur kallað eftir lögum um starfsréttindi þessara aðila. Í ályktun frá aðalfundi félagsins, 18. janúar 2006, kemur fram að færst hafi í vöxt að athugasemdir berist félaginu vegna eftirlitslausrar starfsemi einyrkja sem kalla sig áfengisráðgjafa. Félagið bendir á að erfitt sé að horfa fram hjá því að þeir sem taka að sér að aðstoða fólk sem glímir við áfengis- eða vímuefnavanda eftir stutt kvöldnámskeið, eða jafnvel ekkert nám, séu óhæfir til slíkra starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og skilgreint hvað felist í heitinu áfengis- og vímuefnaráðgjafi.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um lögverndun þess starfsheitis sem frumvarpið nær til.

2.–3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, kemur fram að landlæknir hafi eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Rétt þykir að árétta það í þessu frumvarpi að landlæknir hafi eftirlit með framkvæmd laga þessara, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að geta notað hið löggilda starfsheiti „áfengis- og vímuefnaráðgjafi“. Vísast um þetta nánar í fylgiskjal með frumvarpinu þar sem fjallað er um þær kröfur og skilyrði sem Félag áfengisráðgjafa telur að gera eigi til þeirra sem vilja nota þetta starfsheiti.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Með ákvæðinu er ráðherra gert skylt að viðurkenna starfsréttindi manna sem koma frá öðrum ríkjum innan EES, enda uppfylli þeir þau skilyrði sem kveðið er á um í lögum þessum. Hlutverk ráðherra yrði hér að sannreyna gildi slíkra vottorða og kanna hvort öllum skilyrðum sé fullnægt.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Kveðið er á um skipan nefndar sem komi með tillögu að nánari útfærslu á þeim kröfum sem gerðar eru til áfengis- og vímuefnaráðgjafa skv. 3. gr., sbr. fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Félag áfengisráðgjafa:

Faglegar kröfur til áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Eftirfarandi eru þær faglegu kröfur og skilyrði sem Félag áfengisráðgjafa gerir til þeirra sem vilja kalla sig áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

1. Að þeir hafi unnið við áfengis- og vímuefnaráðgjöf á heilbrigðisstofnun sem stýrt er af fagfólki sem er faglega ábyrgt fyrir allri starfsemi í 6000 klst. eða þrjú ár þar sem áfengis- eða vímuefnaráðgjöf er aðalstarf nemans. Vinnustundir séu vottaðar af yfirlækni viðkomandi heilbrigðisstofnunar.
2. Að þeir hafi unnið undir handleiðslu fagfólks á þessum þremur árum. Handleiðslutímar skiptist þannig að á þremur árum fái neminn handleiðslu sem fram fer í teymisvinnu undir handleiðslu læknis alls 150 klukkustundir, handleiðsla sem fram fer á samráðsfundum alls 75 klukkustundir og handleiðsla í 100 klukkustundir hjá handleiðara sem getur verið reyndur ráðgjafi, sem hefur starfað í 5 ár eða lengur og er með CAC eða sambærilegt próf, og auk þess viðurkenndur af Handís, handleiðslufélagi Íslands.
3. Að þeir hafi fengið kennslu í sérhæfðum fræðum um áfengis- og vímuefnameðferð alls 300 klukkustundir sem skiptast jafnt á milli eftirtalinna fjögurra flokka. Lyfjafræði vímuefnanna, ráðgjafastarfið, fræðilegur grunnur áfengisráðgjafar og fagleg mál. Sjá nánar í fylgiskjali.
4. Fræðslan þarf að vera frá fagaðilum, læknum, sálfræðingum, hjúkrunarfræðingum, félagsfræðingum, ráðgjöfum með tilskildar kröfur eins og segir í lið 2.
5. Að þeir hafi staðist próf frá Skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem eru forpróf áfengisráðgjafa, próf í lyfjafræði vímuefna og almennt próf áfengis og vímuefnaráðgjafa eða sambærileg önnur próf sem aðrar heilbrigðisstofnanir leggja fyrir.
6. Að fyrir liggi viðurkenning frá ábyrgum handleiðara að viðkomandi hafi uppfyllt kröfur verklega hluta námsins og sömuleiðis staðfesting tveggja til þess bærra einstaklinga að viðkomandi hafi að þeirra mati faglegan og siðferðilegan styrk til að vinna með fólki.

7. Eða að þeir hafi lokið prófi NAADAC, en handhafar þeirra hafa uppfyllt öll ofantalin skilyrði (það er að hafa gilt skírteini frá NAADAC).

1056. Frumvarp til laga [720. mál]

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

21. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

4. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ekki er skylt að gefa embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi.

3. gr.

Í stað orðanna „áminningu skv. 21. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. komi: skriflega áminningu.

4. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Hafi starfsmaður brotið starfsskyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða þeim fyrirmælum sem um starf hans gilda skal gefa honum kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi nema slíkt sé augljóslega óþarft.

Nú er til skoðunar hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar, sbr. 1. mgr., og getur forstöðumaður þá leyst hann undan vinnuskyldu þar til hann hefur tekið endanlega ákvörðun um uppsögn hans.

5. gr.

Í stað orðanna „21. gr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: 44. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram af fjármálaráðherra á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður sú skylda forstöðumanns ríkisstofnunar að áminna starfsmann formlega vegna brots á starfsskyldum eða þegar starfsmaður hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða. Þá er lagt til að felld verði brott sú skylda að gera slíka áminningu að skilyrði þess að hægt sé að segja starfsmanni upp störfum. Jafnframt er lagt til að fellt verði brott það skilyrði lausnar embættismanns um stundarsakir,

vegna háttsemi sem svarar til 21. gr. gildandi laga, að honum hafi áður verið veitt formleg áminning.

Gagnrýnt hefur verið að það skuli vera ófrávíkjanlegt skilyrði uppsagnar að áður hafi verið veitt formleg áminning vegna sams konar framkomu eða háttsemi og bent á að með því sé stjórnunarrétti vinnuveitanda settar verulegar skorður á kostnað skilvirkni og hagkvæmni. Með frumvarpinu er þannig stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins og stuðlað að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ljóst er að rekstur ríkisins hefur tekið umtalsverðum breytingum á liðnum árum og mörk milli viðfangsefna hins opinbera og einkaaðila eru ekki eins ljós og áður. Þá hefur verið stefnt að því að samræma réttindi og skyldur starfsmanna á vinnumarkaði. Ljóst er að skil milli reksturs hins opinbera og einkaaðila þurfa í þessu samhengi heildarskoðunar við.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 21. gr. laganna um skriflega áminningu verði fellt brott. Ákvæðið tekur til þess þegar starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða hann uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem starfið gerir til hans. Ákvæðið vísar þannig til atvika sem starfsmanni verður beinlínis kennt um eða teljast sök hans, en einnig til atvika sem honum verður ekki kennt um. Þannig gerir ákvæðið ekki greinarmun á því hvort starfsmann skortir getu eða vilja til þess að sinna starfi sínu. Ljóst er að slíkt fyrirkomulag er verulega hamlandi og á kostnað sveigjanleika og skilvirkni. Skv. 14. gr. laganna eru gerðar ríkar kröfur til vammleysis ríkisstarfsmanna. Starfsmaður getur sýnt af sér slíka háttsemi að hún telst ekki samboðin starfi hans. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að forstöðumaður hafi sveigjanleika og ráðrúm til þess að bregðast við slíkri háttsemi. Þá getur það vart talist rétt að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að starfsmanni sé veitt áminning þegar í ljós kemur að hann veldur ekki því starfi sem um er að ræða án þess að hann eigi þar nokkra sök á. Undir slíkum kringumstæðum er nauðsynlegt að forstöðumaður hafi möguleika til þess að ráða annan starfsmann til þess að sinna starfinu. Í samræmi við þá stefnu að umhverfi ríkisstarfsmanna verði í takt við hinn almenna vinnumarkað er ekki talin sérstök nauðsyn á að binda í lög með hvaða hætti yfirmaður eigi að taka á því þegar starfsmaður sinnir starfi sínu með ófullnægjandi hætti.

Um 2. gr.

Ákvæði 26. gr. laganna tekur til þess þegar embættismanni er veitt lausn um stundarsakir. Skilyrði lausnar um stundarsakir eru talin upp í 2. og 3. mgr. Skv. 2. mgr. er rétt að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir. Í slíkum tilvikum er það skilyrði lausnar um stundarsakir að embættismaður hafi hlotið áminningu vegna sams konar háttsemi.

Hér er lagt til að 4. mgr. 26. gr. verði breytt þannig að áminning verði ekki skilyrði lausnar um stundarsakir vegna atvika sem falla undir 2. mgr. Í framhaldi af lausn um stundarsakir er gert ráð fyrir að máli embættismanns verði vísað til rannsóknar og meðferðar nefndar, sbr. 27. gr. laganna, þannig að leitt verði í ljós hvort skilyrði lausnarinnar hafi verið til staðar. Að lokinni rannsókn nefndarinnar er tekin ákvörðun um það hvort embættismanni verður vikið úr embætti, sbr. 29. gr.

Eðlilegt er að sá sem veitir lausn eigi sjálfstætt mat um það hvort atvik séu með þeim hætti að embættismaður hafi með háttsemi sinni vanrækt svo starfsskyldur sínar að hann teljist ekki lengur verður þess að gegna starfinu. Með þessu er málsmeðferðin einfölduð og gerð skilvirkari. Rétt er að undirstrika að eftir sem áður er máli ávallt vísað til meðferðar nefndar skv. 27. gr. Réttarstaða embættismanns verður því óbreytt að þessu leyti.

Um 3. gr.

Breyting þessi er gerð til samræmis við 1. gr. frumvarpsins en í 3. málsl. 2. mgr. 38. gr. er vísað í 21. gr. laganna sem gerð er tillaga um að falli brott samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 4. gr.

Lagt er til að í 44. gr. laganna verði kveðið á um að gefa skuli starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar ef þær eiga rætur að rekja til þess að hann hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laganna eða þeim fyrirmælum sem um starf hans gilda. Slík fyrirmæli geta t.d. verið í ýmsum sérlögum sem gilda um tilteknar starfsstéttir og í almennum og einstökum fyrirmælum stjórnvalda um framkvæmd starfsins, svo sem í stjórnvaldsfyrirmælum, erindisbréfum og einstökum starfslýsingum.

Samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins mun málsmeðferð við uppsögn starfsmanns ráðast af því hvort starfsmaður hefur brotið starfsskyldur sínar eða honum er sagt upp störfum af öðrum ástæðum. Til annarra ástæðna teljast málefnalegar ástæður sem starfsmanni verður almennt ekki kennt um, svo sem að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar eða þörf sé fyrir starfsmenn með aðra kunnáttu eða reynslu. Sé um að ræða aðrar ástæður uppsagnar en brot á starfsskyldum er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um þær áður en uppsögn tekur gildi. Jafnframt er lagt til að ekki verði skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar hafi hann brotið starfsskyldur sínar sé það augljóslega óþarft. Dæmi um slíkt væri að öll málsatvik teldust tryggilega upplýst eða afstaða starfsmanns lægi fyrir í málinu. Ákvæðið útilokar ekki að forstöðumaður geti þegar málsatvik teljast tryggilega upplýst gefið starfsmanni færi á að segja upp starfi sínu, enda sé honum um leið gerð grein fyrir rétti sínum til þess að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en ákvörðun um hana er tekin.

Þótt almennt sé litið svo á að forstöðumaður geti leyst starfsmann undan vinnuskyldu sinni, án þess að slíkt hafi áhrif á kjör hans samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi, þykir rétt að taka fram að forstöðumaður geti í þeim tilvikum þegar starfsmaður hefur brotið starfsskyldur leyst hann undan vinnuskyldu á meðan mál hans er leitt til lykta. Dæmi um slíkt væri að starfsmaður hefði brotið starfsskyldur sínar með þeim hætti að honum væri ekki vært í starfi vegna alvarlegs trúnaðarbrests. Á meðan starfsmaður væri laus undan vinnuskyldu gæfist forstöðumanni færi á að kanna málið frekar og gefa honum kost á að skýra mál sitt áður en ákvörðun um uppsögn yrði tekin.

Um 5. gr.

Í 1. málsl. 2. mgr. 51. gr. laganna er vísað í 21. gr. laganna sem gerð er tillaga um að falli brott samkvæmt frumvarpi þessu. Því er lagt til hér að í stað 21. gr. verði vísað til 44. gr. en í því ákvæði er fjallað um brot á starfsskyldum starfsmanns.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1057. Frumvarp til laga [721. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1 milljarður kr.“ í 1. málsl. kemur: 4 milljarðar kr.
b. Í stað orðanna „50 millj. kr.“ í 3. málsl. kemur: 300 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að viðmið um veltu fyrirtækja við mat á lögmæti samruna skv. 17. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, verði hækkuð, en samkvæmt ákvæðinu er skylt að tilkynna samruna til Samkeppniseftirlitsins ef sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er yfir einum milljarði kr. og ef ársvelta a.m.k. tveggja af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum er yfir 50 millj. kr. Samsvarandi ákvæði kom í svipaðri mynd inn í eldri samkeppnislög nr. 8/1993 með lögum nr. 107/2000.

Sé viðmið um veltu við mat á lögmæti samruna of lágt er hætt við að ákvæðið verði virt að vettugi. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, svo sem þær að menn þekki ekki til reglnanna, geri ekki ráð fyrir að þeim verði beitt eða ákveði einfaldlega að spara sér vinnuna við að tilkynna samruna þar sem þeir telji langsótt að samkeppnisyfirvöld muni aðhafast nokkuð þótt farið sé fram hjá þeim. Vísbendingar eru um að tilkynningaskyldu sé ekki gætt í mörgum tilvikum, en umsvif fyrirtækja á íslenskum markaði hafa aukist mjög undanfarin ár og fyrirtækjum sem falla undir viðmið 2. mgr. 17. gr., þ.e. hafa veltu yfir 1 milljarði kr., hefur fjölgað verulega. Þar með eykst hættan á að fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. verði ekki sinnt sem skyldi. Með því að hækka viðmiðunarmörkin yrði tryggt að eingöngu mál þar sem verulegir hagsmunir væru í húfi kæmu til kasta Samkeppniseftirlitsins og sú skylda væri lögð á atvinnulífið að tilkynna þegar ástæða væri til að ætla að kaup eða samruni fyrirtækja hefðu áhrif eða skiptu máli varðandi samkeppni.

Atvinnulífið hefur hvatt til þess að þröskuldur viðmiða verði hækkaður. Meðal þeirra sem telja nauðsynlegt að hækka viðmiðunarmörk 2. mgr. 17. gr. má nefna Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands. Raunar hafa Samtök atvinnulífsins bent á að ákjósanlegast væri að fella niður ákvæði laganna um bann við samruna og koma í veg fyrir misnotkun ráðandi aðila á markaði með ströngu og virku aðhaldi Samkeppniseftirlitsins gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu. Þá hefur einnig verið bent á að óheppilegt sé að viðmiðunarmörk sem þessi séu bundin í lög frekar en t.d. í reglugerð, þar sem nauðsynlegt sé að endurskoða veltumörkin reglulega, en það hefur ekki verið gert frá því að ákvæðið var lögtekið. Svo langt verður hins vegar ekki gengið hér heldur staðnæmst við þá breytingu að þröskuldur fyrir afskipti samkeppnisyfirvalda verði hækkaður.

Jafnframt má benda á að viðmiðunarmörkin í íslensku samkeppnislögunum eru mun lægri en hjá nágrannaþjóðunum Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Í Danmörku er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 44 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrir-

tækja 3,5 milljörðum kr. Í Finnlandi er viðmiðið fyrir heildarveltu að jafngildi um 30 milljarðar kr. og velta a.m.k. tveggja fyrirtækja að jafngildi um 1,7 milljarðar kr. Í Svíþjóð er miðað við að heildarvelta samrunafyrirtækja jafngildi um 38 milljörðum kr. en velta a.m.k. tveggja fyrirtækja um 1 milljarði kr. Með hliðsjón af þessum fjárhæðum er ljóst að varlega er af stað farið með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til.

1058. Tillaga til þingsályktunar [722. mál]

um framhaldsskólanám við hæfi fullorðinna nemenda.

Flm.: Anna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja viðræður við stjórnendur framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu um námstilboð og sérstakan aðbúnað við hæfi fullorðinna nemenda. Markmið viðræðnanna sé að fullorðnum sem hyggja á framhaldsskólanám verði tryggð örugg skólavist og viðeigandi aðstæður til náms.

Greinargerð.

Samkvæmt nýlegu svari við fyrirspurn til forsætisráðherra um menntun 20–40 ára Íslendinga hafa 28% íbúa höfuðborgarsvæðisins grunnskólapróf sem lokapróf. Það er mikið hagsmunamál fyrir samfélagið að þessum hópi verði skapaðar aðstæður til að bæta stöðu sína með menntun en þekkt er að því styttri skólagöngu sem einstaklingur á að baki því veikari er staða hans á vinnumarkaði, því lægri meðaltekjur og því verri félagsleg staða almennt. Menntun opnar leið einstaklings að áhugaverðum og betur launuðum störfum.[1] Í fréttum Samtaka atvinnulífsins frá 3. apríl 2003 kemur fram að staða þeirra sem hafi takmarkaða formlega menntun sé veik og líklega eigi hún eftir að versna enn frekar með aukinni alþjóða- og tækivæðingu samfara almennri kröfu um aukna þekkingu og hæfni. Telja samtökin að til þess að viðhalda þeirri samkeppnisstöðu og aðlögunarhæfni sem íslenskt atvinnulíf búi yfir þurfi að gera stórátak í framboði á fullorðinsfræðslu og starfsmenntun fyrir þessa einstaklinga. Hafa samtökin í félagi við Alþýðusamband Íslands stofnað fræðslumiðstöð atvinnulífsins en markmið hennar er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Menntun er auk þess mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni að auka efnahagslegan hreyfanleika. Fólk getur fært sig úr neðri þrepum tekjuskiptingarinnar með þekkingu og dugnaði. Hærra menntunarstig er auk þess til þess fallið að minnka ójöfnuð. Þetta stafar af tvennu. Í fyrsta lagi verður velsæld almennri eftir því sem fleiri ganga menntaveginn. Í öðru lagi hækka laun ófaglærðra eftir því sem framboð ófaglærðs starfsfólks minnkar, þ.e. svo lengi sem eftirspurn fyrirtækja eftir vinnuafli helst stöðug.[2] Í haustskýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands 2001 var hvatt til aukinnar og almennrar menntunar með menntastyrkjum, auknu framboði og fjölbreytni náms.

---

[1] Ásgeir Jónsson o.fl. *Tekjuskipting á Íslandi, þróun og ákvörðunarvaldar.* Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2001, bls. 39.

[2] Sama rit, bls. 16.

Á höfuðborgarsvæðinu eru fjölmargir framhaldsskólar en enginn þeirra hefur sérhæft sig í að þjóna fullorðnum. Rannsóknir í fullorðinsfræðslu sýna að fullorðnir þurfa oft sérstaka hvatningu til að hefja nám að nýju og stuðning, þeir þurfa sérstakar aðstæður í námsumhverfi, t.d. betri lýsingu heldur en ungt fólk, þeir gera eðlilega ráð fyrir að komið sé fram við þá sem fullorðið fólk en ekki unglinga og þeim finnst betra að hafa félagsskap og stuðning af öðrum fullorðnum í námi. Kennsla fullorðinna er víða orðin viðurkennd sem sérgrein innan kennarastéttarinnar og er meðal annars boðið upp á nám í slíku sem valgrein í Kennaraháskóla Íslands. Fullorðnir þurfa auk þess oft að haga námi sínu með tilliti til heimilisaðstæðna og atvinnu.

Svíar settu sér það markmið fyrir rúmum áratug að öllum landsmönnum yrði gert kleift að ljúka framhaldsskólaprófi hið minnsta og gerðu sérstakt átak í því skyni. Sú tilraun tókst ákaflega vel enda vörðu Svíar umtalsverðu fjármagni til að ná markmiði sínu. Þar í landi var talið víst að bætt menntun þegnanna mundi skila sér í þjóðarbúið þar sem bein tengsl eru á milli menntunarstigs þjóðar og hagsældar þjóðarbúsins. Ekki er ástæða til að áætla að önnur lögmál gildi um það atriði hér á landi og því ákaflega mikilvægt að fullorðnum sé gert sem auðveldast að sækja sér menntun á framhaldsskólastigi og sá kostur gerður eftirsóknarverður í þeirra augum.

Höfuðborgarsvæðið tilraunasvæði, skapi fyrirmynd.

Þó að hátt hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðisins hafi stutta skólagöngu að baki eru hlutfallslega miklu fleiri íbúa landsbyggðarinnar með sambærilega menntun eða 45% 20–40 ára íbúa. Þörfin er því í raun enn meiri þar. Þingsályktunartillaga þessi gerir þó ráð fyrir að tilraunaverkefni þetta verði unnið á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjöldi framhaldsskóla er og stærri markhópur að höfðatölu á tiltölulega afmörkuðu svæði. Síðan skal reynslan nýtt í öðrum framhaldsskólum landsins.

1059. Tillaga til þingsályktunar [723. mál]

um brottfall barna og unglinga úr æskulýðs- og íþróttastarfi.

Flm.: Sigurrós Þorgrímsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Guðjón Hjörleifsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni brottfall barna og unglinga úr æskulýðs- og íþróttastarfi.

Nefndin kanni einkum hvort stúlkur hætti frekar í íþróttum á unglingsárum en piltar, hverjar ástæður brottfallsins séu og hvernig hægt sé að sporna við því. Nefndin kanni jafnframt stöðu innflytjenda hvað varðar þessi sömu atriði.

Greinargerð.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að þátttaka ungs fólks í æskulýðs- og íþróttastarfi hefur mikið forvarnagildi og jafnframt uppeldislegt gildi. Skipulagt æskulýðs- og íþróttastarf er stöðugt að verða mikilvægari hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á í hverju sveitarfélagi. Það er því mjög mikilvægt að stöðugt sé leitað leiða til að fjölga í hópi þeirra ungmenna sem taka þátt í æskulýðs- og íþróttastarfi. Samkvæmt rannsóknum stunda langflest

börn einhverja íþróttagrein en á unglingsárunum virðist stór hópur missa áhuga á íþróttum og hætta.

Brýnt er að rannsaka hvaða ástæður liggja að baki brottfallsins og hvernig hægt sé að sporna við því og reyna að finna leiðir til úrbóta. Jafnframt hafa rannsóknir leitt í ljós að stúlkur virðast frekar hætta í íþróttum á unglingsárum en drengir og er mikilvægt rannsaka hvaða ástæður búa þar að baki.

Rannsóknir og greining ehf. vann fyrir menntamálaráðuneytið ítarlega rannsókn sem nefnist „Ungt fólk 2004“ og kom skýrsla um hana út í fyrra. Rannsókninni var ætlað að varpa ljósi á lífsstíl og félagslegt umhverfi ungs fólks í framhaldsskólum. Einn af þeim þáttum sem kannaðir voru var þátttaka ungs fólks í íþróttum og tómstundastarfi.

Þar kemur fram að yfir 70% stúlkna og um 55% pilta í framhaldsskólum æfa ekki íþróttir með íþróttafélögum. Heldur fleiri æfa íþróttir á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Kannað var hvaða áhrif íþróttaiðkun hefði á andlega heilsu nemenda og kom fram að jákvæð tengsl væru á milli íþróttaiðkunnar og góðrar andlegrar heilsu.

Í rannsókninni kom fram að nokkuð sterkt neikvætt samband virðist vera milli daglegra reykinga og iðkunar íþrótta eða líkamsræktar. Þannig segjast tæplega 27% þeirra sem reykja daglega nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt. Aftur á móti segjast 38,1% þeirra sem ekki reykja æfa íþróttir eða stunda líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar en sambærilegt hlutfall meðal dagreykingarfólks er 16,4%. Í rannsókninni er tekið fram að þó að um tölfræðilegt samband sé að ræða milli daglegra reykinga og iðkunar íþrótta og/eða líkamsræktar sé ekki þar með sagt að um hreint orsakasamband sé að ræða.

Á bls. 62 í skýrslunni kemur fram að um 6,6% pilta og 9,5% stúlkna hafa aldrei æft íþróttir með íþróttafélagi. Hins vegar byrjar að síast úr hópi þeirra sem æfa íþróttir frá barnæsku strax undir 13 ára aldri. Langflest þeirra sem hætta að æfa með íþróttafélögum eru á aldrinum 13–15 ára, en um 27% pilta og 34% stúlkna hætta að æfa á þessum aldri.

Flest þeirra, eða um 56% pilta og 54,1% stúlkna, segjast hafa misst áhugann og þess vegna hætt. Í rannsókninni var ekki kannað frekar hver ástæðan var fyrir því að þau misstu áhugann. Nokkrir báru við tímaleysi og að þeir hafi hætt vegna þess að vinir þeirra hættu.

Um 31,5% pilta og 28% stúlkna á höfuðborgarsvæðinu taka reglulega þátt í tómstundastarfi en þessi tala er heldur hærri á landsbyggðinni. Flestir þeirra pilta sem taka þátt í tómstundastarfi eru í skáta- og ungliðastarfi björgunarsveitanna. Stúlkur eru í meiri hluta þeirra sem stunda tónlistarnám eða myndlistarnám.

Félagsmiðstöðvum við grunnskóla hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár en nú eru um 87 félagsmiðstöðvar á öllu landinu innan samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi – Samfés. Þar fer fram mjög fjölbreytt starf og flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Eitt af markmiðum félagsmiðstöðva, og ekki síður íþrótta- og annara æskulýðsfélaga, er að vinna að forvarnastarfi þar sem mikil áhersla er lögð á forvarnir gegn vímuefnum. Jafnframt hefur komið fram í rannsóknum hversu mikilvægu hlutverki starfsmenn gegna í skipulögðu tómstunda- og félagsstarfi unglinga. Þeir gegna lykilhlutverki þegar unglingar leita lausna með vandamál sín. Þeir eru í miklu návígi við börn og unglinga og á milli þeirra myndast oft mikið traust.

Í rannsóknum hefur komið fram að mikill meiri hluti pilta og stúlkna hefur einhvern tíma æft íþróttir með íþróttafélögum eða stundað annað tómstundastarf. Það er því áhyggjuefni ef stór hópur barna og unglinga hættir í íþróttum eða í öðru tómstundastarfi á einu viðkvæmasta skeiði lífsins. Nauðsynlegt er að kanna þennan þátt betur og jafnframt að koma með tillögur um hvernig mögulegt sé að sporna gegn því.

1060. Tillaga til þingsályktunar [724. mál]

um skipan nefndar um skattaumhverfi íslenskra kaupskipaútgerða og íslenskra farmanna.

Flm.: Kristján L. Möller, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna leiðir til að færa skattaumhverfi íslenskra kaupskipaútgerða til samræmis við það sem nú tíðkast í löndum með alþjóðlega skipaskrá. Þannig verði stuðlað að því að útgerðirnar skrái skip sín hér á landi og starfsemin haldist í landinu. Í nefndinni sitji fulltrúar allra þingflokka sem nú eiga sæti á Alþingi, ásamt fulltrúa forsætisráðherra, fulltrúa kaupskipaútgerða og fulltrúa stéttarfélaga farmanna. Nefndin skili tillögum fyrir 1. desember 2006.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að siglingar skipa til og frá Íslandi eru Íslendingum mjög mikilvægar. Kaupskipaútgerð er alþjóðleg atvinnugrein og siglingar til landsins og frá því eru öllum frjálsar. Útgerðir kaupskipa starfa þannig í alþjóðlegri samkeppni án landamæra. Á undanförnum árum hefur orðið sú þróun á alþjóðlegum kaupskipamarkaði að flestar kaupskipaútgerðir hafa leitað með skráningu kaupskipa til þeirra ríkja sem hafa boðið þeim best rekstrarumhverfi hverju sinni. Nú eru nær öll kaupskip íslenskra skipafélaga og dótturfélaga þeirra skráð erlendis. Öll kaupskip sem sigla milli Íslands og annarra landa eru því erlend, ýmist með íslenskum áhöfnum að hluta til eða öllu leyti eða algerlega erlendum áhöfnum. Hér á landi hefur þessi þróun haft þau áhrif að atvinnuöryggi íslenskra sjómanna er ótryggt en auk þess hefur hún haft ýmis hliðaráhrif í landi, t.d. á menntun sjómanna og ýmsa þjónustutengda starfsemi.

Fjölmargir aðilar, þar á meðal samtök atvinnurekenda og sjómanna, hafa á undanförnum árum og raunar áratugum lýst yfir áhyggjum af þessari þróun. Kallað hefur verið eftir aðgerðum stjórnvalda til að hægt verði að sporna við henni. Bent hefur verið á þær leiðir sem nágrannalönd okkar hafa farið til að skapa kaupskipaútgerðum sem best rekstrarumhverfi. Þær aðgerðir hafa aðallega falist í því að bæta rekstrarskilyrði útgerðanna með rýmri löggjöf og skattaumhverfi þeirra hefur verið gert hagfelldara. Það hefur víða sýnt sig að hliðaráhrif þessara aðgerða hafa verið umtalsverð og má þar nefna að farmönnum hefur fjölgað. Afleidd starfsemi í landi hefur einnig aukist og tekjur ríkisins aukist sem því nemur.

Samgönguráðherra skipaði árið 2004 í samráði við fjármálaráðherra starfshóp til að fara yfir stöðu þessara mála. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í nóvember 2004. Niðurstöður hans voru að leggja fram tvo valkosti. Sá fyrri er að gera ekki neitt og sá síðari er að setja á stofn alþjóðlega skipaskrá hér á landi.

Í skýrslu starfshópsins eru dregnar saman upplýsingar um hvernig staðið er að þessum málum hjá helstu siglingaþjóðum Evrópu. Þar kemur fram að þær hafa allar gripið til þess ráðs að stofna alþjóðlega skipaskrá. Í skýrslunni er gerð sérstök grein fyrir árangri Íra en árið 2000 hafði írski flotinn minnkað umtalsvert. Árið 2002 stofnuðu Írar hins vegar alþjóðlega skipaskrá með tilheyrandi hliðarráðstöfunum. Síðan hefur írski flotinn stækkað um 70% og atvinnutækifærum í greininni fjölgað umtalsvert.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum kosið að sitja hjá þegar íslenskar kaupskipaútgerðir hafa siglt skipum sínum úr landi og komið sér fyrir erlendis þar sem rekstrarumhverfi útgerðanna er hagfelldara. Kjósi íslensk stjórnvöld að sitja hjá áfram og aðhafast ekkert er líklegt að afleiðingarnar verði alvarlegar. Sjóflutningar til og frá landinu komast

með tímanum í hendur erlendra fyrirtækja sem búa við hagstæðara rekstrarumhverfi og íslensk farmannastétt deyr út. Þá verða hliðaráhrif aðgerðarleysisins einnig mikil í landi.

Sú tillaga sem hér er flutt gerir ráð fyrir að komið verði á fót nefnd til að bera saman skattaumhverfi kaupskipaútgerða hérlendis og í nágrannalöndum okkar. Leitað verði leiða til að færa skattaumhverfið hér á landi til samræmis við það sem nú tíðkast í löndum með alþjóðlega skipaskrá og horft verði til leiða sem nágrannaríki okkar hafa farið í þessum efnum á undanförnum árum. Þar má sérstaklega nefna leið sem Svíar hafa farið og þann árangur sem þeir hafa náð. Hér á landi var nýlega staddur Tomas Abrahamsson, formaður flutningadeildar sænsku verkalýðssamtakanna SEKO, og á fundi með nokkrum íslenskum þingmönnum gerði hann m.a. grein fyrir sænsku leiðinni. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. desember 2006.

1061. Frumvarp til laga [725. mál]

um breytingu á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Eigendur séreigna skulu tryggja að reykingar í séreignum mengi ekki andrúmsloft annarra séreigna né valdi verulegum óþægindum eða rýrnun á verðmæti þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að eigandi séreignar beri ábyrgð á því að reykingar í séreignum mengi ekki andrúmsloft annarra séreigna né valdi verulegum óþægindum eða rýrnun á verðmæti þeirra. Í ljósi skaðsemi óbeinna reykinga og annarra óþæginda sem af þeim stafa telur flutningsmaður æskilegt að eigendur íbúða í fjöleignarhúsum beri þá ábyrgð að sjá til þess að reykingar í séreign þeirra mengi ekki andrúmsloft annarra séreigna, né heldur hafi þau áhrif að valdi verulegum óþægindum eða rýrnun á verðmæti þeirra. Óbeinar reykingar er það þegar einstaklingur andar að sér lofti sem mengað er tóbaksreyk. Sá sem verður fyrir óbeinum reykingum andar að sér sömu efnum og sá sem reykir. Þess má geta að í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, kemur fram að virða skuli rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra.

1062. Frumvarp til laga [726. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað orðanna „Norðurál hf.“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: Norðurál ehf.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. B-liður fellur brott.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Félagið skal undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eftir undirritun samninga skv. 1. gr.

3. gr.

Fyrirsögn 9. gr. laganna orðast svo: **Innflutningur.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Eftir viðræður íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Norðuráls ehf. var ljóst að þörf var á tvenns konar breytingum á lögunum, annars vegar ákveðnum breytingum vegna ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við stækkun álvers Norðuráls ehf., og hins vegar lögðu fulltrúar Norðuráls ehf. til breytingar á samningi sínum við ríkið sem kynnu að fela í sér breytingar á lögunum.

Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 1. júní 2005, vegna eftirgjafar á sköttum og öðrum gjöldum í þágu álvers Norðuráls ehf. á Grundartanga, kom fram að stofnunin teldi að íslenskum stjórnvöldum bæri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. fælu ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf bæði á fjárfestingasamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997. Tilgangur frumvarps þessa er að verða við tilmælum stofnunarinnar í framangreindri ákvörðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hlutabréfakaupum Century Aluminum Company á 100% hlut Columbia Ventures Corporation í Norðuráli hf. 28. mars 2004 urðu til Nordural Holdings I ehf. og Nordural Holdings II ehf., sem bæði eru dótturfélög Century Aluminum Company og að fullu í eigu þess. Hluthafar í Norðuráli hf. samþykktu 31. ágúst 2004 að breyta Norðuráli hf. úr hlutafélagi í einkahlutafélag, Norðurál ehf., frá og með 1. september 2004. Með greininni er heiti fyrirtækisins í lögunum breytt í samræmi við þessa breytingu á formi þess, þ.e. úr hlutafélagi í einkahlutafélag.

Um 2. gr.

Í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1. júní 2005 er lagt til að fella brott svohljóðandi ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. gildandi laga: „Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 71. gr. laga nr. 75/1981 og A-liðar 2. gr., 6. tölul. 5. gr., sbr. og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal 5% tekjuskattur lagður á arð sem greiddur er hluthöfum í félögunum að því tilskildu að þeir séu búsettir í OECD-ríki og að 25% af hlutafé í félaginu séu í eigu hluthafans á skattári fyrir greiðslu arðs".

Enn fremur er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði um að félagið skuli undanþegið breytingum sem kunna að verða á lagaákvæðum um frádrátt vaxtakostnaðar frá undiritun samninga skv. 1. gr laganna. Með breytingu þessari eru lögin samræmd öðrum lögum og samningum sem gerðir voru um álverksmiðju í Reyðarfirði, en sambærilegt ákvæði er að finna í 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, nr. 12/2003. Ástæða er til að gæta þess að starfsemi á sama vettvangi njóti sambærilegra kjara og aðilum sé ekki mismunað með sköttum og öðrum gjöldum.

Þegar fulltrúar íslenskra stjórnvalda undirrituðu samninga við Norðurál og Columbia Ventures voru í gildi lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en ákvæði núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, eru efnislega samhljóða ákvæðum þeirra að því er varðar frádrátt vaxtakostnaðar.

Um 3. gr.

Lagt er til að fyrirsögn 9. gr. laganna verði breytt í „Innflutningur" og að tilvísun til útflutnings verði þar með felld brott. Er breyting þessi til samræmis við efnislegt inntak ákvæðisins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um breytingar vegna tekjuskatts á arði og frádráttar vegna vaxtagjalda.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð og útlit er fyrir óveruleg áhrif á tekjur til hækkunar.

1063. Tillaga til þingsályktunar [727. mál]

um trjáræktarsetur sjávarbyggða.

Flm.: Guðjón Hjörleifsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Bjarnason, Kjartan Ólafsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að stofnun trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum sem hafi það markmið að rannsaka særoks- og loftslagsbreytingar á trjágróðri og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi.

Greinargerð.

Trjágróður veitir skjól, lífsfyllingu og er mikilvægur hluti aðlaðandi umhverfis. Meiri hluti íbúa á eyjum Norður-Atlantshafs býr nærri sjó og á Íslandi eru 82% þjóðarinnar búsett á stöðum þar sem særok spillir trjágróðri.

Trjá- og skógræktarskilyrði eru erfið í kaldtempraða beltinu á eyjum Norður-Atlantshafs og er þó mikill áhugi á trjárækt á Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum og nokkur á Suður-Grænlandi. Svöl sumur með meðalhita júlímánaðar undir 14°C og stormasamir vetur einkenna veðurfarið og eru aðalástæður erfiðra trjáræktarskilyrða. Á Grænlandi er þurr, heitur og stundum langvarandi hnjúkaþeyr á vetrum einnig verulegt vandamál. Hnjúkaþeyr að vetri er minna vandamál annars staðar við Norður-Atlantshaf þótt skemmda af hans völdum verði einnig vart hér á landi.

Trjá- og skógræktarskilyrði á eyjum við Norður-Atlantshaf eru ólík því sem er á meginlandi Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku. Þar munar mest um áhrif særoksins en einnig ólíkan jarðveg og hitafar. Erlend ræktunarþekking hefur því reynst ótraust veganesti á Íslandi og öðrum eyjum með svalt úthafsloftslag. Að Íslandi undanskildu eru eyjar og strandsvæði við Norður-Atlantshaf á jaðri stærri ríkja og ríkjaheilda. Sértæk vandamál dreifðra byggða á jaðarsvæði fá lítið vægi í rannsóknum samanborið við viðfangsefni í þungamiðju svæðisins. Þekking á áhrifum særoks á trjágróður virðist skýrt dæmi um þennan áherslumun því að fram á allra síðustu ár var særok vart talið mikilvægur umhverfisþáttur fyrir tré og skóga við Norður-Atlantshaf.

Utan Íslands er skóg- og trjárækt nærri skógarmörkum yfirleitt jaðarviðfangsefni. Í þessu felst mikilvæg sérstaða, tækifæri og e.t.v. forustuskylda. Kaldtempraða beltið á eyjum við Norður-Atlantshaf er strjálbýlt. Samanlagður íbúafjöldi er tæplega hálf milljón (470.000 manns). Þar af eru Íslendingar nærri tveir þriðju mannfjöldans (64%). Á Grænlandi búa um 56.000 (12%), í Færeyjum 45.000 (10%), Hjaltlandi 22.000 (5%), Orkneyjum 19.000 (4%) og Suðureyjum 27.000 (6%). Engu að síður er mikil þörf á rannsóknum og upplýsingum sem hæfa aðstæðum fólks þar. En Norður-Atlantshafssvæðið er vítt, langt milli byggða og flest byggðarlög fámenn. Á Íslandi eru á þriðja tug skógfræðinga og nokkur hópur manna sem sinnir rannsóknum sem tengjast trjám, skógum og skógrækt. Í Færeyjum er einn skógfræðingur með verkstjóra sér við hlið. Á Grænlandi er enginn skógfræðingur en garðyrkjumaður sér um trjáræktartilraunir, svipað er ástatt á Hjaltlandi. Á Orkneyjum og ytri Suðureyjum eru nokkrir tilraunareitir sem sinnt er frá meginlandi Skotlands.

Mikil samlegðaráhrif yrðu af trjáræktarsetri sem greiddi fyrir upplýsingastreymi og rannsóknasamstarfi í trjá- og skógrækt milli eyþjóða við Norður-Atlantshaf. Með því móti verður

margt mögulegt sem hver og einn getur ekki áorkað einn. Samstarf við vísindamenn og stofnanir utan svæðisins yrði einnig auðveldara en áður.

Vestmannaeyjar.

Vestmannaeyjar eru heppilegasta heimili trjáræktarseturs vegna aðstæðna og þeirra rannsókna sem þegar hafa farið þar fram. Árið 1989 hófust þar tilraunir með það markmið að finna heppilegan trjágróður fyrir strandsvæði á Íslandi. Sex árum síðar efldist sú vinna mjög þegar hrundið var af stað með tilstyrk Íslandsbanka rannsóknarátaki til að skýra orsakir trjáskaða í Vestmannaeyjum og gera tilraunir með ræktunaraðferðir sem gögnuðust í saltálagi. Á sama tíma hóf Mógilsá – rannsóknastöð skógræktar tilraunir með mismunandi víði- og asparklóna á Heimaey. Rannsóknir á saltálagi voru einkaframtak en skjótt tókst mjög gott og farsælt samstarf við Mógilsá. Rannsóknir á saltálagi urðu doktorsverkefni Þorbergs Hjalta Jónssonar við Sænska landbúnaðarháskólann í Alnarp á Skáni og síðar einnig mastersverkefni Margrétar Lilju Magnúsdóttur við Háskóla Íslands. Rannsóknirnar hafa staðið óslitið frá 1995 og mynda nú traustan þekkingargrunn á þessu sviði.

Á Heimaey eru ákjósanleg skilyrði til rannsókna á vexti og þroska trjágróðurs við sjó. Þar er mikil og löng reynsla af trjárækt og á Stórhöfða er ein besta veðurstöð landsins með m.a. mælingar á saltstyrk í lofti auk venjulegra athugana. Stöðin er einnig vel þekkt í veðurfræðirannsóknum, einkum á sviði storma og særoks. Í Vestmannaeyjum er allstórt og samheldið samfélag og því er bæði mannafli og nauðsynleg þjónusta á staðnum. Í bænum eru bæði grunn- og framhaldsskólar og því möguleikar á gagnvirkum tengslum við skólastarf. Rannsóknastofnanir eru í bænum, m.a. setur Háskóla Íslands og Náttúrustofa.

Áhersluþættir í starfsemi trjáræktarseturs sjávarbyggða.

Helstu áhersluþættir í starfsemi trjáræktarsetursins ættu að vera:

1. spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður,
2. tilraunir með arfgerðir og aðferðir fyrir trjárækt í sjávarbyggðum,
3. rannsóknir á áhrifum særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi,
4. rannsóknir á orsökum saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri,
5. tilraunir með hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri,
6. miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.

Spálíkan fyrir áhrif særoks á trjágróður.

Samband veðurþátta og saltskemmda er flókið þannig að margir þættir þurfa að koma saman til að valda trjáskemmdum. Meðaltöl lykilveðurþátta segja lítið um horfur á særoksskemmdum og það skiptir einnig miklu máli hvenær ársins saltstormarnir geisa. Því er oftast öðru kennt um trjáskemmdirnar. Líkan er forsenda þess að meta þátt særoks í vexti og þrifum trjágróðurs hér á landi og til að finna leiðir til að sneiða hjá saltskemmdum. Tengsl særoks og saltskemmda á trjágróðri hafa verið rannsökuð í Vestmannaeyjum frá árinu 1995. Á grundvelli þessara rannsókna er gerð saltálagslíkans langt komin. Líkanið spáir áhrifum særoks á hæðarvöxt, vaxtarlag (hlykki) og framleiðni trjánna (laufflöt) út frá stærð og eiginleikum trjánna, veðurþáttum og fjarlægð frá hafi. Gagnsemi þess er einkum eftirfarandi:

1. Með líkaninu má meta þátt særoks í trjá- og skógræktarskilyrðum. Líkanið getur nýst við mat á landi til skógræktar og kortlagningu ræktunarskilyrða.
2. Líkanið má nota við leiðbeiningar til trjá- og skógræktenda. Það mætti til dæmis hafa sem þátt í veðurspám. Veðurstofan gæti með hjálp líkansins gefið út saltálagsspár.

Veðurstofan gæti varað garð- og skógræktendur á ákveðnum svæðum við aðsteðjandi saltskemmdaveðrum og á áliðnum vetri lýst horfum á saltskemmdum í einstökum byggðarlögum og landsvæðum.

3. Líkanið er forsenda virkra kynbóta fyrir særoksskaða. Það dregur fram lykilþætti í særoksþoli og með því má sjá fyrir líklegan árangur af kynbótum fyrir einstaka þætti.
4. Líkanið er einnig forsenda frekari skilnings á særoksskaða á trjágróðri þar sem með því má segja til um líkleg áhrif særoks á tilraunatré. Frávik frá þeirri forsögn eru lykillinn að dýpri skilningi á eðli særoksskaða á trjám og runnum. Líkanið er einnig nauðsynlegt við rannsóknir á áhrifum særoks á náttúruleg birkiskóglendi. En vísbendingar eru um að særok eigi verulegan þátt í kjarrvexti birkis um sunnan- og vestanvert landið.
5. Spár um loftslagsbreytingar gefa til kynna að vetrarstormar kunni að verða hvassari á Norður-Atlantshafi og að braut fárviðranna færist norðar og austar. Líkanið gæti reynst mikilvægt við að meta áhrif loftslagsbreytinga á vöxt og viðgang trjáa og skóga. Í því felast einnig sóknarfæri í alþjóðlegu vísindasamstarfi þar sem áhrif breytts vindafars á trjágróður er nánast órannsakað fræðasvið.
6. Særok er mikilvægur þáttur í umhverfi fólks á eyjum og strandsvæðum víða um heim. Líkanið veitir því tækifæri til meira samstarfs við eyþjóðir og strandbyggðir við Norður-Atlantshaf og víðar.

Líkan af áhrifum særoks á trjágróður er algerlega nýtt viðfangsefni og engar heimildir finnast um líkan sem spái saltskemmdum á trjágróðri vegna særoks að vetri né sumri. Líkanið hefur því mikið nýjungargildi auk fræðilegs og hagnýts gildis.

Arfgerðir og aðferðir fyrir trjárækt í sjávarbyggðum.

Mikil þörf er fyrir harðgerðan trjágróður sem hæfi ræktun í sjávarbyggðum. Til að ná árangri þarf að leita að og prófa tegundir og afbrigði trjáa og runna til ræktunar í sjávarbyggðum og kynbæta efnilegar tegundir. Prófanir á mismunandi efnivið af alaskaösp og víði sýna að verulegur breytileiki er í særoksþoli. Með kynbótum á víðitegundum mætti að öllum líkindum fá fram tiltölulega fljótt saltþolin og stórvaxin víðiafbrigði sem gætu veitt nægilegt skjól fyrir annan gróður og garða.

Árið 1994 var fyrsta ræktunartilraunin sett niður í Hornafirði þar sem sérstaklega voru prófaðar ræktunaraðferðir sem hæfa strandsvæðum. Ári síðar var byrjað á tilraunum í Vestmannaeyjum sem haldið hefur verið áfram til þessa dags. Þessar tilraunir hafa þegar skilað verulegum árangri í bættum vexti og afkomu trjágróðurs.

Áhrif særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf, einkum náttúruleg birki- og víðivistkerfi.

Á þessari öld er spáð að vetrarstormar verði færri en hvassari í tempraða beltinu, saltmagn aukist í lofti og að braut fárviðra færist norðar og austar á Atlantshafi. Í samræmi við þessar spár hefur tíðni vetrarstorma aukist nokkuð í Norðvestur-Evrópu og vaxandi saltskemmdir á skógum í Danmörku og Suður-Svíþjóð eru þar áhyggjuefni. Engu að síður finnast fáar rannsóknir á orsakatengslum særoks að vetri og trjáskemmda eða áhrif þeirra á skógarvistkerfi. Rannsóknir í Vestmannaeyjum sem staðið hafa frá 1994 sýna að vetrarsærok er þar aðalorsök trjáskemmda, veldur því að ársprotar visna á vorin og framleiðni trjánna minnkar vegna minni laufflatar. Rannsóknir hér á landi á vexti og framleiðni náttúrulegra birkiskóglenda benda einnig til að særok sé mikilvægur ef ekki meginþáttur í kjarrvexti birkisins á Suður- og Vesturlandi. Þessar rannsóknir á áhrifum særoks á trjávöxt og vistkerfi gefa tækifæri til að ná forustu á þessu sviði loftslagsbreytingarannsókna. Miklum gögnum hefur

þegar verið aflað bæði um náttúruleg birkiskóglendi, áhrif loftslags og loftslagsbreytinga á þau og lífeðlisfræðilega vistfræði særoks sem byrjað er að birta í ritrýndum vísindaritum. Mikið verk er þar óunnið en það hefur hamlað starfinu að rannsóknirnar hafa ekki haft tryggan samastað.



Meðallengd birkistofna víðs vegar af landinu (slembiúrtak 300 trjáa) eftir saltákomu á vaxtarstað.

Orsakir saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri.

Saltmengun í jarðvegi er eitt erfiðasta viðfangsefni í ræktun og matvælaframleiðslu í heiminum. Þetta vandamál þjakar einkum í þurrkalöndum í Asíu, Afríku og Ástralíu. Saltálag á vaxandi plöntur er mikið rannsakað viðfangsefni en snúið þar sem í vaxandi plöntum er erfitt er að henda reiður á orsökum og afleiðingum. Framfarir í ræktun og sérstaklega kynbótum hafa því ekki verið í samræmi við fyrirhöfn. Í rannsóknum á saltálagi í Vestmannaeyjum hafa komið fram mikilvægar vísbendingar um lykilþætti í lífeðlisfræði saltálags í plöntum. Þær sýna að með því að skoða áhrif seltu í trjám sem eru að vakna af vetrardvala má komast hjá sumum af þeim flækjum sem hamlað hafa framförum í saltþolsrannsóknum. Þannig benda þær til þess að gera megi lífefnafræðilegar og erfðatæknilegar rannsóknir á saltþoli markvissari en nú. Í þessu felast möguleikar á víðtæku samstarfi við erlenda fræðimenn og stofnanir sem fást við saltálag og ræktun í söltu umhverfi.

Hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri.

Plöntur bregðast á líkan hátt við margs konar álagi svo sem af salti, þurrki og kulda. Úr rannsóknunum á særoksþoli trjágróðurs í Vestmannaeyjum spratt ný nálgun við skógrækt á berangri. Árið 2002 var myndaður rannsóknarhópur um það erfiða viðfangsefni að finna hagkvæmar leiðir til að koma skógi og þá einkum birki upp á söndum og vikrum í Þjórsárdal og nágrenni Heklu. Hugmyndin að baki verkefninu var að búa plönturnar þannig út að dygði þeim til að komast af við hin erfiðustu kjör án frekari aðhlynningar. Verkefnið var kallað „nestun skógarplantna“. Leiðirnar að þessu marki voru sóttar í nýjustu þekkingu í plöntu-

lífeðlisfræði og önnur svið sem tengjast skógrækt og skógarvistfræði. Rannsóknarhópurinn var nokkurs konar grasrótarhreyfing doktors- og mastersnema úr ólíkum áttum. Tilraunir hópsins hafa þegar skilað miklum árangri, svo miklum að réttlæti örugglega allan kostnað við tilraunirnar ef ekki margfaldlega ævistarf allra sem þar hafa komið að verki. Tveir þættir rannsóknanna standa þegar upp úr. Með nýrri nálgun við áburðargjöf má fá sama árangur með 1/50 af áburðarmagni og það með verulega minni tilkostnaði við áburðargjöf. Enn áhugaverðari eru niðurstöður með hleðslu plantna með „glycine betaine" en það er efni sem sumar saltþolnar plöntur mynda sér til varnar. Efnið er tiltölulega ódýr aukaafurð við sykurframleiðslu úr sykurrófum en sykurrófan er ein þeirra tegunda sem mynda efnið. Á þurrum vikrum jók glycine betaine hleðsla líflíkur plantna verulega og bætti einnig vöxt. Hleðslan er nokkurs konar „líftrygging" fyrir plönturnar. Sem dæmi má taka að í miklum hita og þurrki í ágúst 2004 skrælnuðu tilraunasvæðin á vikrunum í Þjórsárdal. Um helmingur tilraunaplantnanna drapst nema glycine betaine meðferðir þar sem lifunin var um og yfir 80% (sjá mynd). Tilraunahópurinn hefur verið í sambandi við erlenda sérfræðinga á sviði skóggræðslu og einnig glycine betaine. Tilraunirnar í Þjórsárdal munu vera einu skógræktartilraunir í heiminum með þetta efni. Kostnaður við skógrækt er í beinu hlutfalli við lifun plantna eftir gróðursetningu. Glycine betaine hleðsla er einföld og ódýr og niðurstöðurnar hafa því verulega efnahagslega þýðingu og opna leiðir í alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Þessar rannsóknir hafa ekki haft neinn samastað en tengjast náið særoksrannsóknum.



Áhrif glycine betaine hleðslu í gróðrarstöð á lifun birkiplantna haustið 2004.
Plönturnar voru gróðursettar á gróðursnauða sanda í Þjórsárdal vorið 2004.

Miðlun þekkingar á trjá- og skógrækt við Norður-Atlantshaf.

Trjáræktarsetri sjávarbyggða er ætlað að verða samstarfsvettvangur sérfræðinga á sviði trjáræktar við Norður-Atlantshaf. Það á einnig að verða þekkingarveita um trjá- og skógrækt. Auk venjubundinnar miðlunar er aflvél þekkingarveitunnar tölvulíkan sem leiðbeinir um val

tegunda í trjárækt. Líkanið er þannig að hver sem hefur netaðgang getur sótt sérsniðnar tillögur um tegundir og arfgerðir fyrir sinn ræktunarstað. Tillögunum fylgja spár um vöxt, kalhættu, laufgun, blómgun, aldinmyndun og lauffall trjá- og runnategunda ásamt upplýsingum um útlit, svo sem lauflit, lit blóma, aldina og haustlit, auk mynda af plöntunum og margvíslegra annarra upplýsinga um þær. Þetta leiðbeiningarkerfi hefur verið lengi í undirbúningi en er fyrst nú tæknilega fýsilegt. Þekkingarkerfið er afturvirkt og sjálfbætandi.

Samantekt – Verkefni trjárræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum.

Aðaláherslur.

1. Gera líkan af saltákomu og áhrifum særoks á trjágróður til að:
   a. spá fyrir um vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjáa,
   b. meta langtímagildi nýrra aðferða og arfgerða,
   c. skýra áhrif loftslagsbreytinga á vöxt, skemmdir og vaxtarlag trjágróðurs.
2. leita arfgerða (tegunda og afbrigða) og aðferða fyrir trjárækt í sjávarbyggðum við Norður-Atlantshaf með því að:
   a. leita að og prófa tré, runna og arfgerðir þeirra,
   b. kynbæta tré og runna til að standast særok og skilyrði við sjó með áherslu á víðitegundir,
   c. þróa aðferðir fyrir ræktun á strandsvæðum.
3. Rannsaka áhrif særoks og loftslagsbreytinga á skógarvistkerfi við Norður-Atlantshaf með áherslu á náttúruleg birki- og víðivistkerfi.
4. Rannsaka lífeðlis- og lífefnafræðilegar orsakir saltskemmda og eðli særoksþols hjá trjágróðri.
5. Þróa hagkvæmar aðferðir til að koma upp skógi á berangri.
6. Miðla þekkingu á trjá- og skógrækt á eyjum í kaldtempruðu loftslagi við Norður-Atlantshaf og tengja saman sérfræðinga og áhugamenn á þessu svæði.

Starfsáherslur á fyrsta ári.

1. Koma á samstarfi innan lands og erlendis um viðfangsefni setursins og undirbúa sameiginlegar umsóknir til að fjármagna samstarfsverkefnin.
2. Koma upp tilraunagarði og ná samstarfi við Grasagarðinn í Laugardal og Lystigarðinn á Akureyri um samræmda og sameiginlega skráningu á þrifum trjágróðurs.
3. Koma upp heimasíðu setursins með upplýsingum um starfsemina, tengsl særoks og trjágróðurs og sívirku spálíkani sem reiknar særoksálag.
4. Birta niðurstöður fyrirliggjandi rannsókna á áhrifum særoks á trjágróður. Birting niðurstaðnanna er forsenda alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir á þessu sviði.

1064. Frumvarp til laga [728. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Bjarnason, Bjarkey Gunnarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Orðin „virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram til að fella brott heimild iðnaðarráðherra til að leyfa Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun).

Villinganesvirkjun.

Með lögum nr. 48/1999 var iðnaðarráðherra m.a. heimilað að leyfa Rafmagnsveitum ríkisins (Rarik) gerð Villinganesvirkjunar.

Virkjun við Villinganes hefur lengi verið til skoðunar eða allt frá því að fyrst var farið að skoða virkjun við Blöndu. Þegar ákveðið var að ráðast í byggingu Blönduvirkjunar stöðvaðist hins vegar frekari undirbúningur Villinganesvirkjunar. Árið 1999 færðist heimildin til að virkja Héraðsvötn frá Landsvirkjun til Rarik. Stuttu síðar stofnaði Rarik í samvinnu við heimamenn í Skagafirði orkufyrirtækið Héraðsvötn með það fyrir augum að hefja undirbúning að byggingu Villinganesvirkjunar.

Fyrirhugað er að stífla Héraðsvötn milli bæjanna Villinganess og Tyrfingsstaða, þ.e. um 2 km neðan við ármót Austari-Jökulsár og Vestari-Jökulsár. Áhrifasvæði virkjunarinnar er meðfram ánum ofan ármótanna og þaðan með Héraðsvötnum til sjávar, alls um 55 km leið. Áhrifasvæðið liggur um bæði sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu, Akrahrepp og Sveitarfélagið Skagafjörð.

Á árunum 1999–2001 var unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Villinganesvirkjunar og var það staðfest af Skipulagsstofnun 5. júlí 2002 með nokkrum athugasemdum. Skýrslan var harðlega gagnrýnd og m.a. talið að hún byggðist á takmörkuðum og úreltum gögnum, hvorki væri metinn inn fórnarkostnaður óspilltrar náttúru né mikilvægi gljúfranna og jökulsánna fyrir fljótasiglingar og aðra ferðaþjónustu í Skagafirði, sem byggist á sögu, menningu og óspilltri náttúru. Það var og gagnrýnt að ekki voru rannsökuð áhrif hugsanlegrar stíflunar jökulsánna á lífríki og náttúrufar á vatnasvæði Héraðsvatna neðan stíflustæðisins og á grunnsævi í Skagafirði.

Þar sem Skipulagsstofnun hafði samþykkt umhverfismatið fyrir sitt leyti með nokkrum skilyrðum stóð aðeins á framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Við sveitarstjórnarkosningar 2002 lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð í Skagafirði þunga áherslu á að jökulsánum og

Héraðsvötnum yrði ekki fórnað í þágu virkjana og stóriðju og var andvíg Villinganesvirkjun, en gert var ráð fyrir henni í tillögum að aðalskipulagi sveitarfélagsins sem þá lágu fyrir. Að loknum kosningum var myndaður meiri hluti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Sjálfstæðismanna og í samstarfssamningnum sem undirritaður er af sveitarstjórnarfulltrúum þessara flokka er eftirfarandi tekið fram: „Horfið verði frá áformum um virkjun við Villinganes og aðkoma sveitarfélagsins að Héraðsvötnum ehf. endurskoðuð."

Þótt tekist hafi verið á um þessi mál allt kjörtímabilið og öll stjórnmálaöfl í sveitarstjórn Skagafjarðar önnur en Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi sent frá sér ályktun um að þau væru reiðubúin að fórna jökulsánum fyrir virkjanir í þágu álvers í Skagafirði þá mættu þau áform afar harðri andstöðu íbúanna. Niðurstaðan varðandi fyrirhugaða Villinganesvirkjun varð því sú að 16. mars 2006 afgreiddi sveitarstjórnin 4. tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar fyrir árin 2005–2017 til Skipulagsstofnunar og óskaði jafnframt eftir að sú tillaga yrði auglýst skv. 18. gr. skipulagslaga. Í þessari lokatillögu sveitarstjórnar er hvergi gert ráð fyrir Villinganesvirkjun í aðalskipulagi Skagafjarðar. Því er eðlilegt að þeirri ákvörðun sé fylgt eftir með því að fella brott allar heimildir sem kunna að vera í lögum fyrir virkjun við Villinganes í Skagafirði.

Óumdeilt er að umhverfisáhrif af virkjun Héraðsvatna við Villinganes yrðu mikil. Gljúfur Héraðsvatna færu að hluta til undir vatn auk þess sem vatnsborðshækkunar mundi gæta upp eftir gljúfrum Vestari- og Austari-Jökulsár. Þá yrðu áhrif á dýralíf mikil, t.d. fuglalíf og fiska.

Á undanförnum árum hefur mikil uppbygging á sviði ferðaþjónustu átt sér stað í Skagafirði. Einn liður í þeirri uppbyggingu eru fljótasiglingar sem stundaðar hafa verið á undanförnum árum á jökulsánum báðum. Því hefur verið haldið fram af þeim sem best þekkja til að aðstæður til fljótasiglinga í Skagafirði séu á meðal þeirra bestu í heiminum. Ljóst er að virkjun Héraðsvatna við Villinganes hefði mikil áhrif á þessar siglingar og jafnvel mundu þær leggjast alveg af.

Lokaorð.

Flutningsmenn telja m.a. á framangreindum forsendum og ekki síst vegna þess hversu einstakt landsvæði hér er á ferðinni að rétt sé að hætta við öll áform um virkjunar- og orkuframkvæmdir þar.

Fylgiskjal I.

Ályktun félagsfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði. „Meðan Vötnin ólgandi að ósum sínum renna".

(8. júní 2005.)

Héraðsvötnin og Jökulsárnar móta ásýnd og ímynd Skagafjarðar og eru undirstaða hins síkvika lífkerfis héraðsins allt frá jöklum til hafs. Tækifæri framtíðarinnar felast í að nýta þau óspjölluð í tengslum við fjölþætta útivist, veiði, ferðaþjónustu, landbúnað og aðra umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Þýðing vatnanna fyrir uppeldi fiskseiða, bæði ferskvatnsfiska og sjávarfiska, er einnig ómetanleg.

Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði, en ekki einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina eins og skýrt hefur komið í ljós að undanförnu. Félagsfundur VG í Skagafirði leggst því alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði.

Fylgiskjal II.

Ályktun aðalfundar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Skagafirði.
(29. janúar 2006.)

Aðalfundur VG í Sveitarfélaginu Skagafirði haldinn 29. janúar 2006 fagnar þeirri fjölbreyttu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Skagafirði síðustu árin og áformum um miðstöð hátækniiðnaðar í héraðinu. Hins vegar hafnar fundurinn hugmyndum um álver við Kolkuós og stórvirkjanir í Skagafirði í tengslum við álbræðslu á Norðurlandi sem eru andstæðar hagsmunum Skagfirðinga. Atvinnutækifærin felast í fjölbreytni og þekkingariðnaði, en ekki einhæfum álbræðslum sem skaða möguleika annarra atvinnugreina ásamt því að ganga á náttúru landsins og aðra atvinnukosti til framtíðar.

Enn fremur fagnar fundurinn ákvörðun um að þyrma Þjórsárverum og hvetur til þess að einnig verði komið í veg fyrir að Héraðsvötnunum og Jökulsánum í Skagafirði, sem svo mjög móta ásýnd og ímynd héraðsins, verði fórnað. Aðalfundur VG í Skagafirði leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um virkjanir í Jökulsánum í Skagafirði og því að gert sé ráð fyrir slíkum framkvæmdum á aðalskipulagi Skagafjarðar.

1065. Tillaga til þingsályktunar [729. mál]

um sumartíma og skipan frídaga.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort ástæða sé til annars vegar að taka upp sumartíma á Íslandi og hins vegar að flytja sumardaginn fyrsta og verkalýðsdaginn að helgum í því skyni að landsmenn fái betra tækifæri til þess að njóta sumarsins og lengri helga.

Greinargerð.

Ýmsir hafa sett fram hugmyndir og tillögur um sumartíma og flutning frídaga, einkum fimmtudagsfrídaga, án þess að skipulega hafi verið tekið á þessum málum af hálfu framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Með þessari þingsályktunartillögu er hreyft við málinu þannig að það geti fengið eðlilega umfjöllun. Nefna má að á 117. löggjafarþingi var flutt mál svipaðs efnis (435. mál) og byggist þingsályktunartillaga þessi að nokkru leyti á því máli.

Ef tekinn er upp sumartími færist hið náttúrulega hádegi frá um hálftvö til um hálfþrjú á daginn. Þetta þýðir að í raun mundi þjóðin vakna fyrr á sumrin og byrja daginn fyrr. En það þýðir líka að sólarinnar nýtur lengur þegar fólk kemur úr vinnu og þá getur verið þokkalega hlýtt á sumardögum nokkuð fram eftir deginum. Þetta gæfi þjóðinni því betra tækifæri til þess að njóta sumarsins og skapaði án efa betri sumarstemningu með öllu sem því fylgir, svo sem auknum möguleikum á frekari samverustundum með fjölskyldunni.

Íslendingar taka þrjá fasta frídaga á fimmtudögum, skírdag, uppstigningardag og sumardaginn fyrsta. Að vísu kemur fyrir að skírdagur og sumardagurinn fyrsti falli saman. Skírdag-

urinn hefur þá sérstöðu í hópi fimmtudagsfrídaganna að falla inn í páskahelgina með föstudeginum langa og öðrum í páskum en hinir tveir, uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti, falla á fimmtudaga án þess að frídagur sé á undan eða á eftir. Annar hátíðisdagur um sama leyti er verkalýðsdagurinn 1. maí.

Sú spurning hefur oft vaknað hvort ekki sé heppilegt að flytja fimmtudagsfrídagana að helgum og jafnvel taka þá á öðrum tíma. Um þetta hefur nokkrum sinnum verið rætt í kjarasamningum og a.m.k. einu sinni voru aðilar vinnumarkaðarins mjög nálægt því að gera sameiginlega tillögu um flutning a.m.k. annars þessara daga sem átti að vera liður í niðurstöðu samninganna.

Ætla má að flutningur uppstigningardags að helgi sé viðkvæmari en flutningur sumardagsins fyrsta þar sem uppstigningardagur er einn af helgidögum þjóðkirkjunnar. Því liggur beinna við að kanna hvort ekki sé heppilegra að flytja sumardaginn fyrsta annaðhvort til föstudags eða mánudags næstu helgi á eftir. Enn fremur hefur komið fram það sjónarmið að æskilegt sé að flytja sumardaginn fyrsta frá þriðja fimmtudegi í apríl til sumarsins, t.d. júní- eða júlímánaðar. Ástæðan er sú að páskar og hvítasunna gera það að verkum að frídagar eru allþéttir á þessum tíma ársins. Vel mætti hugsa sér að taka upp frídag um fyrstu eða aðra helgi í júlí. Jafnvel gæti verið unnt að tengja daginn til skiptis við 17. júní eða sjómannadaginn til þess að lengja helgi svo að til yrði aukafrídagur á mánudegi eða föstudegi þegar 17. júní fellur á laugardag eða sunnudag en annars yrði frídagurinn fyrsta mánudag í júní.

Möguleikarnir eru ýmsir og er hægt að koma þessum degi fyrir þannig að hann komi betur út fyrir almenning í landinu. Með sama hætti er einnig eðlilegt að kanna hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi verkalýðsdagsins þannig að hann verði t.d. fyrsti mánudagur í maímánuði í stað þess að vera bundinn almanaksdegi.

1066. Frumvarp til laga [730. mál]

um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Orðin „sbr. þó II. kafla“ í 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í starfsemi sinni skal Nýsköpunarsjóður taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „Sjóðnum“ í 2. mgr. kemur: Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

4. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Engan skal þó skipa oftar en fimm sinnum í stjórnina.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjárfestingum, veitingu lána og ábyrgða, auk ákvarðana um tryggingar og kjör.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skal setja sér reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, sem ráðherra staðfestir.

Ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og veitingu lána og ábyrgða.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nýsköpunarsjóði er heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skal að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., skal ávaxtað samkvæmt fjár-

festingarstefnu sem mælt er fyrir um í reglugerð. Nýsköpunarsjóður skal semja við aðila, sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur nánari reglur um fjárfestingarstefnu, sem ráðherra staðfestir.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

8. gr.

Við 8. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nýsköpunarsjóði er heimilt, með samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar Nýsköpunarsjóðs að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum er sjóðnum heimilt að veita lán til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Þá er Nýsköpunarsjóði heimilt að veita ábyrgðir til þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í eða veitt lán, enda sé slík ábyrgðarveiting liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Samhliða ákvörðunum um fjárfestingar, lán eða ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn.
b. Í stað orðanna „eigið fé hans“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: lágmarks eigið fé, sbr. 7. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.
b. 2. mgr. fellur brott.

11. gr.

II. kafli laganna, **Tryggingardeild útflutningslána,** 11.–13. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

12. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup Nýsköpunarsjóðs, þátttöku í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, lán og ábyrgðir.

13. gr.

15. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að fara gegn ákvæðum laga þessara um:

a. hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (2. gr.),
b. ávöxtun eigin fjár (7. gr.),
c. ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fjárfestingarheimildir og heimildir til að veita lán og ábyrgðir (8. gr.),
d. afskriftareikning (9. gr.),
e. heimildir til töku skammtímalána og gerð afleiðusamninga (10. gr.).

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um þagnarskyldu (13. gr.).

15. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Nú er brot framið í starfsemi Nýsköpunarsjóðs og er þá heimilt að gera sjóðnum fésekt. Um refsiábyrgð fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Sök samkvæmt ákvæðum 16. gr. fyrnist á fimm árum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 11. gr. laga þessara taka gildi 1. janúar 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal teljast hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. 7. gr. laganna.

Útboðnar einingar af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og telst andvirði þeirra til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur gegnt veigamiklu hlutverki í fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja með því að vera einna fyrstur fjárfesta til að kaupa hluti í þeim. Með því hefur sjóðurinn reynt að bregðast við alvarlegum markaðsbresti í fjármögnun nýsköpunar, en verulegur skortur hefur verið á framboði fjármagns til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Sjóðurinn hefur þannig gegnt lykilhlutverki í umbreytingu tæknilegra lausna og annarrar nýrrar þekkingar í arðvænleg fyrirtæki. Þetta hlutverk sjóðsins er ein helsta forsenda tilvistar hans og nýlegrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að leggja aukið fjármagn til vaxtar og viðgangs hans.

Nýsköpunarsjóður er hluti af stærri heild, en hann er veigamikill þáttur í stuðningskerfi atvinnulífsins. Starfsemi hans þarf því að taka mið af heildstæðri stefnumótun um nýsköpun og atvinnuþróun. Í þessu felst m.a. að áherslur í starfsemi hans verði til þess að samfella sé á milli hans og annarra fjármögnunaraðila. Þannig þarf að tryggja samfellu við starfsemi Tækniþróunarsjóðs sem veitir styrki til þróunar nýsköpunarverkefna og einnig þarf að taka mið af starfsemi annarra framtaksfjárfesta sem gætu tekið við eignum sjóðsins þegar fyrirtækin hafa náð að tryggja sig betur í sessi.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun og frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Vísinda- og tækniráð. Með því er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tengdur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Einnig fær sjóðurinn tækifæri til að tengjast starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og nýta öflugan hóp sérfræðinga sem þar verður að finna. Við þetta breikkar faglegt bakland sjóðsins og geta hans til að meta tæknileg verkefni hverju sinni. Einnig gefst tækifæri til að nýta hvers konar stoðþjónustu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem mun leiða til almennrar hagræðingar.

2. Helstu breytingar.

Helstu breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu eru:

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun að meginstefnu til einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Sjóðurinn mun veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn mun ekki veita styrki eins og heimild er fyrir samkvæmt gildandi lögum. Kveðið er á um að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs í störfum sínum.
2. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.
3. Kveðið er á um að ekki skuli skipa stjórnarmann til lengri tíma en fimm ára. Stjórnin skal setja sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum og umsóknum um lán og ábyrgðir sem ráðherra staðfestir. Áréttað er að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi.
4. Í frumvarpi þessu er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs sé að lágmarki 3.000 millj. kr., sem muni taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánum, skal ávaxta í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár.
5. Ákvæði um tryggingardeild útflutnings, sem verið hefur sérstök deild innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, eru felld úr gildi. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að tryggingardeild útflutnings verði vistuð innan þeirrar stofnunar.
6. Vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er lögð niður. Eigið fé hennar verður hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða.
7. Kveðið er á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.
8. Nánar er kveðið á um refsinæmi brota gegn lögunum.
9. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni ekki hafa eftirlit með lögunum, eins og

kveðið er á um í gildandi lögum. Talið er fullnægjandi að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með reikningum stofnunarinnar og hvernig hún ver eignum sínum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem lagt er til að tryggingardeild útflutnings flytjist yfir til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er gert ráð fyrir að tilvísun í 1. gr. til II. kafla laganna falli niður. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði áfram sjálfstæð stofnun, sem gerir það að verkum að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru ekki kæranlegar til ráðuneytisins. Hins vegar verður Nýsköpunarsjóður, sem stofnun í eigu ríkisins sem grundvölluð er á lögum, að fylgja stjórnsýslulögum við framkvæmd laganna, eins og við á.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði takmarkað við fjárfestingar, þ. e. beinar fjárfestingar í nýsköpunar og sprotafyrirtækjum, og óbeinar í gegnum samlagssjóði og samlagshlutafélög. Einnig sé Nýsköpunarsjóði heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Með sprotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starfsemi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókna- og þróunarstarfsemi, sbr. athugasemdir með 5. gr. frumvarps til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Einnig er tekið fram að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

Um 3. gr.

Þar sem kveðið er á um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán og ábyrgðir í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 3. gr. verði felld brott.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Telja verður æskilegt að nokkur endurnýjun verði í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og er í greininni lagt til að stjórnarmenn sitji að hámarki í fimm ár í stjórn sjóðsins.

Um 5. gr.

Ákvæði a-liðar leiðir af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Í ákvæði b-liðar er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setji sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum, og veitingu lána og ábyrgða, sem ráðherra staðfesti. Telja verður eðlilegt að skýrar reglur liggi fyrir um hvernig meta beri fjárfestingartækifæri og umsóknir um lán og ábyrgðir, t. d. hvaða upplýsingar eigi að liggja fyrir við mat, hvernig matið fer fram, hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar o.s.frv.

Þá er áréttað að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnsýslustigi. Ákvarðanir sjóðsins um í hvaða fyrirtækjum skal fjárfest eru því ekki kæranlegar til ráðuneytisins. Telja verður að regla þessi leiði af ákvæðum 1. gr. um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæð stofnun. Hins vegar er talið rétt að árétta þennan skilning í þessari grein.

Um 6. gr.

Tillögur sem felast í a-lið greinarinnar leiða af þeirri tillögu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að heimilt sé að útvista verkefnum. Til dæmis kæmi til greina að Nýsköpunarmiðstöð Íslands tæki að sér afmörkuð verkefni fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um lágmarks eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Einungis megi ávaxta eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., í samræmi við fjárfestingarstefnu sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð. Stjórn sjóðsins setji síðan frekari reglur um útfærslu á þeirri fjárfestingarstefnu. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og þar sem ekki er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi marga starfsmenn er mælt fyrir um að útvista skuli fjárvörslu eigin fjár, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 2. gr. laganna.

Þrátt fyrir ákvæði um fjárfestingarstefnu og ákvæði 9. gr. um rekstraráætlun er mögulegt að ávöxtun eigin fjár verði neikvæð. Því er mælt fyrir um að verði eigið fé minna en þrír milljarðar skal ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð. Í slíkum tilfellum getur sjóðurinn því ekki tekið þátt í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. laganna, fyrr en lágmarksfjárhæð eigin fjár er náð.

Um 8. gr.

Í greininni er ákvæði sem veitir Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins heimild til að fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Með 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., var kveðið á um að Nýsköpunarsjóður skyldi fá 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%. Er ákvæðinu ætlað að skjóta stoðum undir slíka starfsemi Nýsköpunarsjóðs.

Þá er mælt fyrir um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán með breytirétti í hlutafé og lán með kauprétti hlutafjár og ábyrgðir. Gert er ráð fyrir að meginstarfsemi Nýsköpunarsjóðs verði að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í tilteknum afmörkuðum tilfellum verði þó heimilt að veita lán og ábyrgðir. Er stofnuninni einungis heimilt að veita lán með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Einnig er ábyrgðarveiting háð þeim takmörkunum að hún sé til aðila sem þegar eru viðskiptavinir stofnunarinnar og að hún sé liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.

Um 9. gr.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í a-lið ákvæðisins leiða af þeirri tillögu að starfsemi Nýsköpunarsjóðs verði takmörkuð við fjárfestingar, ábyrgðir og lán.

Ákvæði b-liðar ákvæðisins er í samræmi við þær breytingar sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að lágmarksfjárhæð eigin fjár verði þrír milljarðar króna.

Um 10. gr.

Í a-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu. Sá möguleiki er fyrir hendi að í tengslum við

ávöxtun eigin fjár og þátttöku í fjárfestingum verði talið skynsamlegt að verja sjóðinn fyrir gengisáhættu með afleiðusamningum. Því er gerð tillaga um að Nýsköpunarsjóður hafi slíka heimild.

Í b-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að 2. mgr. 10. gr. verði felld brott. Talið er að ákvæðið sé óþarft þar sem nú er mælt fyrir um heimild Nýsköpunarsjóðs til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Ákvæðið mun hafa þær afleiðingar, ef af lögum verður, að tryggingardeild útflutnings flytjist frá Nýsköpunarsjóði. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að starfsemi tryggingardeildar útflutnings verði vistuð innan þeirrar stofnunar.

Um 12. gr.

Tillagan leiðir af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.

Um 13. gr.

Lagt er til í greininni að 15. gr. laganna falli brott. Verði frumvarp þetta að lögum mun Fjármálaeftirlitið ekki hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Í frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem varð að lögum nr. 61/1997, var kveðið á um að Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefði eftirlit með starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Í athugasemdum við 15. gr. sagði í frumvarpinu: „Starfsemi sjóðsins byggist á nákvæmu mati á afskriftum, en skv. 9. gr. frumvarpsins skal varðveita eigið fé hans. Bankaeftirlitið býr yfir þekkingu á slíku mati. Jafnframt eru ýmsir þættir í starfsemi og stjórnun sjóðsins sambærilegir starfsemi þeirra stofnana sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með.“ Framangreind rök fyrir eftirliti bankaeftirlitsins á sínum tíma eiga ekki við í ljósi breytinga í frumvarpi þessu á hlutverki sjóðsins sem verður hér eftir einungis heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum. Starfsemi Nýsköpunarsjóðs er að mörgu leyti ólík annarri starfsemi sem fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Auk þess reynir ekki á neytendavernd eða fjármálastöðugleika með sama hætti og í eftirliti með fjármálafyrirtækjum.

Afnám 15. gr. núgildandi laga ásamt því að heimild sjóðsins til lánveitinga verður takmörkuð við undantekningartilvik leiðir af sér að Nýsköpunarsjóður fellur ekki lengur undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins heldur verður eftirlits- og endurskoðunarskylda Ríkisendurskoðunar talin fullnægjandi, sbr. 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga. Verði frumvarpið að lögum mun aðeins Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði. Það byggist á því að Ríkisendurskoðun þarf að leggja mat á þá liði sem fram kom í ársreikningi og þær matsaðferðir sem notaðar eru í reikningsskilunum, þ.m.t. afskriftir sem um er getið í 9. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar miða að því að reikningar séu í samræmi við heimildir laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni. Undir hlutverk Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort reikningar Nýsköpunarsjóðs séu í samræmi við ákvæði þessara laga, reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og reglur sem stjórn sjóðsins setur. Undir störf Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort ávöxtun eigin fjár, mat á afskriftum og þátttaka í fjárfestingarverkefnum sé í samræmi við lög og reglur.

Um 14. gr.

Lagt er til að skilgreint verði með nánari hætti en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinæm. Í íslenskri löggjöf hefur það tíðkast að einungis er almennt viðurlagaákvæði í lok laga. Hins vegar var í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki, sem varð að lögum nr. 161/2002, og frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem varð að lögum nr. 33/2003, horfið frá þeirri venju. Í þeim var tilgreint nákvæmlega hvaða brot gegn lögunum vörðuðu refsingu og þá hvaða refsingu. Tekið hefur verið mið af þeim ákvæðum við samningu greinarinnar.

Um 15. gr.

Í 1. efnismgr. er kveðið á um refsiábyrgð Nýsköpunarsjóðs. Í II. kafla A almennra hegningarlaga er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a almennra hegningarlaga verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c almennra hegningarlaga er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólöglegan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í frumvarpi þessu.

Í 2. efnismgr. er ákvæði um tilraun og hlutdeild sem þarfnast ekki skýringa.

Í 3. efnismgr. er kveðið á um að brot gegn frumvarpinu varði refsingu, óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Saknæmisstigið hefði hins vegar áhrif á refsiákvörðun.

Samkvæmt 4. efnismgr. skal sök samkvæmt ákvæðum 14. gr. frumvarpsins fyrnast á fimm árum. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga skal sök fyrnast á tveim árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Skv. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila hins vegar fimm ár. Talið er skynsamlegt að mæla fyrir um að refsibrot samkvæmt frumvarpi þessu fyrnist í öllum tilvikum á fimm árum þar sem þau koma oft ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og rannsókn þeirra er tímafrek.

Um 16. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun að þau lög taki gildi 1. janúar 2007 er lagt til að ákvæði um tryggingardeild útflutnings taki gildi 1. janúar 2007. Að öðru leyti taki lögin gildi við birtingu. Gefur það Nýsköpunarsjóði tækifæri til að nýta strax þær heimildir sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð er kveðið á um vöruþróunar- og markaðsdeild. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sú deild falli niður og eigið fé hennar teljist hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs. Einnig er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að stofnsjóður Nýsköpunarsjóðs teljist til eigin fjár hans. Í gildandi lögum er mælt fyrir um að útboðnar einingar skv. 2. mgr. 7. gr. skuli leystar upp innan tíu ára eftir að þær voru boðnar út og andvirðið renni til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Slíkt hefur enn ekki átt sér stað. Því er mælt fyrir um að slíkar einingar skuli teljast til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er m.a. kveðið á um hlutverk sjóðsins og að hann muni einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnsjóður skuli vera að lágmarki 3 milljarðar kr., en eigið fé Nýsköpunarsjóðs nam 4 milljörðum kr. í árslok 2005. Ríkissjóður lagði sjóðnum til 1 milljarð kr. í stofnfé til fjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum í samræmi við 5. gr. laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Er framlagið meðtalið í eigin fé sjóðsins í árslok 2005. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði til 1,5 milljarða kr. af söluandvirði Landssímans á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sjóðsins í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og örðum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

1067. Frumvarp til laga [731. mál]

um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

1. gr.
Stjórnsýsla.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.
Hlutverk og starfsemi.

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu. Í þessu felst að:

a. stuðla að framförum í atvinnulífinu, með þekkingarmiðlun og stuðningsþjónustu við frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki, m.a. með rekstri þjónustumiðstöðvar,
b. efla samstarf á milli rannsóknastofnana, háskóla og fyrirtækja og styrkja tengsl þeirra við atvinnuþróunarfélög,
c. stunda tæknirannsóknir, þróun, greiningar, prófanir, mælingar og vottanir,
d. greina stöðu og þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs í landinu og vinna áætlanir sem hafa það að markmiði að stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs og treysta byggð í landinu í samræmi við ályktanir Alþingis í byggðamálum,
e. fara með málefni sérstakra sjóða eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum,
f. fjármagna verkefni á grundvelli samninga, t.d. vaxtarsamninga til að ná tilteknum markmiðum í atvinnuþróun.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna skv. a–f-lið 1. mgr.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal í starfsemi sinni taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.

3. gr.

Forstjóri og aðrir starfsmenn.

Ráðherra skipar forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar og daglegan rekstur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og ákveður starfssvið þeirra.

II. KAFLI
Þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

4. gr.

Verkefni.

Hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal rekin þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Þar skulu veittar upplýsingar og leiðsögn er varðar stofnun og rekstur sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Í boði skal vera fjölbreytt þjónusta og stuðningsverkefni sem hvetja til vöruþróunar, nýsköpunar og mótunar viðskiptahugmynda. Greining á samkeppnisstöðu atvinnulífsins er hluti starfseminnar, svo og ráðgjöf til stjórnvalda um þróun og úrbætur á þeim sviðum.

Þjónustumiðstöðin veitir þjónustu fyrir landið allt og skal í staðbundinni starfsemi hafa samráð við atvinnuþróunarfélög. Hún skal í starfsemi sinni vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Þjónustumiðstöðin skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,
c. starfrækja frumkvöðlasetur í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,
e. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
f. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
g. beita sér fyrir hagnýtingu vísindalegrar þekkingar,
h. aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi,
i. annast samstarf við innlendar og erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki.

III. KAFLI
Íslenskar tæknirannsóknir.

5. gr.
Verkefni.

Rannsóknastarfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skal starfrækt undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Starfsemin skal taka mið af ályktunum Vísinda- og nýsköpunarráðs en áhersla skal vera á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins og grunnrannsóknir á afmörkuðum sviðum sem hafa þjóðhagslega þýðingu. Starfsemin skal stuðla að tækniyfirfærslu og aðlögun þekkingar til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf.

Íslenskar tæknirannsóknir skulu sinna eftirfarandi verkefnum:

a. tæknirannsóknum sem leitt geta til aukinnar nýsköpunar, aukinnar framleiðni og betri samkeppnisstöðu atvinnulífsins,
b. tækniþróun, tækniyfirfærslu og aðlögun tækni í nánu samstarfi við fyrirtæki og atvinnugreinar,
c. hafa yfir að ráða aðstöðu og færni til að takast á við rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem hafa eða munu hafa afgerandi áhrif á framþróun íslensks atvinnulífs,
d. ráðgjöf, mælingum, prófunum og vottunarstarfsemi á þeim sviðum sem atvinnulífið þarfnast og ekki er boðin á markaði.

IV. KAFLI
Byggðasjóður.

6. gr.
Hlutverk.

Sérstakur sjóður, er nefnist Byggðasjóður, skal vistaður í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Umsýsla hans skal vera hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Hlutverk Byggðasjóðs skal vera að veita ábyrgðir á lán til:

a. endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar,
b. eigendaskipta,
c. stofnunar fyrirtækja,
d. fjárfestinga.

Byggðasjóði er heimilt að veita ábyrgðir á lán með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins.

Heimildir Byggðasjóðs til að veita ábyrgðir takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal sjóðurinn einungis veita ábyrgðir til skilgreindrar starfsemi á þeim svæðum á landinu þar sem heimilt er að veita styrki í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um byggðakort fyrir Ísland.

7. gr.
Stjórn.

Með stjórn Byggðasjóðs fer fimm manna stjórn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn og skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af fjármálaráðherra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn Byggðasjóðs tekur ákvarðanir um veitingu lánsábyrgða. Stjórninni er heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal setja reglur um starfsemi sjóðsins sem háðar eru samþykki fjármálaráðherra. Í reglunum skal mæla fyrir um ábyrgðargjöld og önnur skilyrði fyrir veitingu

ábyrgða. Þar skal m.a. kveðið á um upphæð lána sem ábyrgð getur tekið til, árlegt ábyrgðargjald og aðra gjaldtöku, mögulega nýtingu láns með ábyrgð og aðra skilmála ábyrgðar. Þá skal einnig kveðið á um afskriftasjóð og reikningshald.

Heildarumfang lánsábyrgða Byggðasjóðs getur að hámarki numið fimmföldu eigin fé sjóðsins.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins. Sjóðurinn er undanþeginn gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

8. gr.
Tekjur.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

a. tekjur af ábyrgðargjöldum,
b. fjármagnstekjur og önnur framlög.

V. KAFLI
Tækniþróunarsjóður.

9. gr.
Hlutverk.

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem skal vistaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Fagleg umsýsla Tækniþróunarsjóðs skal falin óháðum aðila samkvæmt samningi.

Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóði er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs með því að:

a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
e. greiða kostnað við greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

10. gr.
Tekjur.

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:

a. fjárveitingar í fjárlögum,
b. tekjur af sölu hlutdeildar í sprotafyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast aðild að,
c. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
d. önnur framlög.

11. gr.
Stjórn.

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu nýsköpunarnefndar Vísinda- og nýsköpunarráðs, einn samkvæmt tilnefn-

ingu landbúnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

12. gr.

Hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs ákveður áherslur sjóðsins samkvæmt skilgreindu hlutverki hans, sbr. 9. gr. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs skipar til tveggja ára í senn. Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði. Jafnframt eru fagráðin ráðgefandi fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð og undirnefndir þess eftir því sem óskað er.

Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef henni þykir þurfa. Þeir sem skipaðir eru í fagráð skulu hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Þeir skulu hvorki sitja í Vísinda- og nýsköpunarráði né stjórn Tækniþróunarsjóðs.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Tækniþróunarsjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Kostnaður við mat á umsóknum og rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

13. gr.

Úthlutunarreglur.

Úthlutunarstefna Tækniþróunarsjóðs skal fylgja áherslum Vísinda- og nýsköpunarráðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og nýsköpunarráðs.

14. gr.

Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi Tækniþróunarsjóðs í reglugerð, þ.m.t. um vörslu sjóðsins, umsýslu og rekstur.

VI. KAFLI
Tryggingarsjóður útflutnings.

15. gr.

Hlutverk.

Tryggingarsjóður útflutnings er sérstakur sjóður sem skal vistaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Umsýsla hans skal vera hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Hlutverk Tryggingarsjóðs útflutnings skal vera að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Hlutverk sitt rækir Tryggingarsjóður útflutnings með því að:

a. taka að sér að tryggja útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu,

b. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
c. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,
d. gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu,
e. tryggja fjárfestingar innlends fjárfestis erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu,
f. tryggja búnað sem innlendur aðili flytur til útlanda í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu,
g. gefa út annars konar ábyrgð eða tryggingu en að framan greinir, enda falli hún undir hlutverk Tryggingarsjóðs útflutnings.

Heimildir Tryggingarsjóðs útflutnings til að veita ábyrgð eða tryggingu takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal sjóðurinn að jafnaði hvorki veita ábyrgð né tryggingu vegna viðskiptalegrar eða stjórnmálalegrar áhættu til skemmri tíma en tveggja ára í viðskiptum við aðila sem hafa staðfestu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eða öðrum ríkjum sem eru aðilar að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og tilgreind eru í starfsreglum stjórnarnefndar sjóðsins.

16. gr.

Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings.

Með stjórn sjóðsins fer stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Einn þeirra skal skipaður samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll sjóðsins en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri sjóðsins, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé sjóðsins, þ.m.t. varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði.

Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar sjóðsins.

17. gr.

Greiðsluskilmálar o.fl.

Greiðsluskilmálar lána sem Tryggingarsjóður útflutnings tryggir skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis, með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar Tryggingarsjóðs útflutnings vegna trygginga og ábyrgða mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 130 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórnarnefnd Tryggingarsjóðs útflutnings setur sjóðnum nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.

VII. KAFLI
Önnur ákvæði.

18. gr.
Eignarhlutir í rannsókna- og þróunarfyrirtækjum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga eignarhluti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem rekin eru í formi hlutafélaga, eða annars konar formi með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.

19. gr.
Reikningslegur aðskilnaður.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli starfsemi Byggðasjóðs, Tækniþróunarsjóðs og Tryggingarsjóðs útflutnings og annarrar starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

20. gr.
Takmörkun á kærurétti.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita lánsábyrgðir af hálfu Byggðasjóðs og Tryggingarsjóðs útflutnings og styrki úr Tækniþróunarsjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

21. gr.
Heimildir til gjaldtöku.

Til að standa straum af kostnaði við starfsemi skv. a- og c-lið 2. gr. laga þessara, þ.m.t. við rannsóknir, ráðgjöf, námskeiðahald og vottun, er Nýsköpunarmiðstöð Íslands heimilt að innheimta þjónustugjald.

22. gr.
Tekjur.

Tekjur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eru:

a. framlög úr ríkissjóði eins og ákveðin eru á fjárlögum hverju sinni,
b. þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar,
c. fjármagnstekjur,
d. aðrar tekjur.

23. gr.
Undanþága frá gjöldum.

Byggðasjóður er undanþeginn stimpilgjaldi.

24. gr.
Staðsetning.

Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

25. gr.
Þagnarskylda.

Allir starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

26. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Gildistaka og brottfall laga.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Á sama tíma falla úr gildi VII. kafli laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum, lög um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978, með síðari breytingum, lög um Byggðastofnun, nr. 106/1999, og lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003.

28. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna:* Orðin „Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.
2. *Lög um skattskyldu lánastofnana, nr. 65/1982:* Orðið „Byggðastofnunar“ í 2. gr. laganna fellur brott.
3. *Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Byggðasjóður.
4. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. laganna kemur: Byggðasjóður.
5. *Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990:* Í stað orðsins „Byggðastofnun“ í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
6. *Lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002:* Í stað orðanna „Byggðastofnunar, Ferðamálaráðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntæknistofnunar“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Ferðamálaráðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.
7. *Lög um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987:* Í stað orðanna „Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins“ í 1. gr. laganna kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
8. *Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997:* Í stað orðanna „Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins“ í 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
9. *Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53/1980:* 10. gr. laganna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Starfsmenn Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands með sömu ráðningarkjörum og áður giltu. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Hafi starfsmaður átt aðild að öðrum sjóði en lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfs síns hjá Byggðastofnun er hann undanþeginn skylduaðild skv. 1. gr. laga nr. 1/1997, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, vegna starfs hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

II.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands tekur við eignum, réttindum og skyldum Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Byggðasjóður tekur við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Byggðastofnunar. Þá yfirtekur Byggðasjóður innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð. Að öðru leyti tekur Nýsköpunarmiðstöð Íslands við eignum, réttindum og skyldum Byggðastofnunar.

Tryggingarsjóður útflutnings heldur eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutnings, sem starfrækt er skv. II. kafla laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Tækniþróunarsjóður heldur eignum og skuldbindingum Tækniþróunarsjóðs, sem starfræktur er skv. 4.–8. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 27. gr. er ráðherra heimilt að skipa nú þegar forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og skal forstjórinn hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins starf hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands frá 1. janúar 2007, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Aðdragandi.

Hinn 15. september 2004 skipaði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra starfshóp til að gera tillögur um endurskipulagningu tæknirannsókna. Skipun nefndarinnar var hluti af víðtækri vinnu á vegum Vísinda- og tækniráðs er beindist að því að endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana. Meginmarkmið slíkra skipulagsbreytinga skyldi vera að auka bolmagn íslenskra rannsóknareininga, efla árangur af starfi þeirra og tryggja að starfskraftar og fjármunir nýttust sem best. Einkum skyldu kannaðir möguleikar á samþættingu eða sameiningu skyldrar starfsemi einstakra stofnana þar sem unnt væri að ná sérstökum áhrifum með skipulagsbreytingum.

Í starfshópi iðnaðarráðherra sátu Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, sem var formaður hópsins, Edda Lilja Sveinsdóttir, deildarstjóri á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Ingólfur Örn Þorbjörnsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra 5. nóvember 2004. Það var niðurstaða hópsins að unnt væri að efla opinberar tæknirannsóknir með því að sameina starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfshópurinn taldi að sameiningin mundi leiða til samlegðaráhrifa sem væri ein veigamesta forsenda þess að aukinn árangur næðist í alþjóðlegri samkeppni á sviði tæknirannsókna og nýsköpunar sem leitt gæti til bættrar samkeppnisstöðu Íslands.

Vísinda- og tækniráð tók undir niðurstöðu starfshópsins í ályktun ráðsins frá 17. desember 2004, en þar segir: „Vísinda- og tækniráð styður sameiningu Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og beinir því til iðnaðarráðherra að vinna áfram að þeirri sameiningu á grundvelli greinargerðar starfshóps iðnaðarráðherra um tæknirannsóknir með áherslu á náin tengsl við háskóla.“

Á grundvelli þessa skipaði iðnaðarráðherra, 2. febrúar 2005, nefnd sem skyldi m.a. gera tillögur um verkefni og innra skipulag nýrrar stofnunar um tæknirannsóknir. Mikilvægi samfélagslegs hlutverks tæknirannsókna skyldi lagt til grundvallar með sérstakri tilvísun til þýð-

ingar þeirra fyrir framþróun íslensks atvinnulífs og bættrar samkeppnisstöðu Íslands. M.a. ætti reksturinn að stuðla að heilbrigðri samkeppni og uppfylla kröfur samkeppnislaga. Bréf framkvæmdanefndar um stofnanakerfi og rekstur verkefna á vegum ríkisins frá 10. janúar 2005 var einnig lagt til grundvallar í starfi nefndarinnar. Í þeirri nefnd sátu Magnús G. Friðgeirsson formaður stjórna Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem var formaður nefndarinnar, Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar Íslands, Hákon Ólafsson, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Ingólfur Þorbjörnsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun, Ólafur Wallevik, deildarstjóri á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra með greinargerð dagsettri 30. september 2005. Á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu nefndarinnar ákvað iðnaðarráðherra að undirbúa sameiningu stofnananna. Þeirri ákvörðun var þó frestað þegar nánari skoðun leiddi í ljós að enn meiri ávinningi mætti ná með víðtækari sameiningu á allri starfsemi ráðuneytisins að nýsköpun og atvinnuþróun.

Byggðastofnun gegnir veigamiklu hlutverki í atvinnuþróun. Hlutverk hennar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Þessu hlutverki má skipta í tvennt: sérfræðihlutverk og fjármögnunarhlutverk. Undir sérfræðihlutverkið fellur þátttaka í gerð byggðaáætlunar, rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun og atvinnuráðgjöf. Undir fjármögnunarhlutverkið fellur fjármögnun verkefna, veiting lána og ábyrgðir og fjármögnun þróunarverkefna. Sá hluti starfseminnar sem fjallar um atvinnuþróun er nátengdur starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar Impru á Iðntæknistofnun sem aðstoðað hefur frumkvöðla og fyrirtæki við nýsköpun.

Á síðustu missirum hafa átt sér stað miklar breytingar á starfsumhverfi og stöðu Byggðastofnunar. Meginástæðan er sú að aðgangur fyrirtækja að lánsfjármagni hefur aukist og vextir lækkað. Þessar breytingar hafa haft neikvæðar afleiðingar fyrir lánastarfsemi og afkomu stofnunarinnar. Þá hefur stofnunin þurft að afskrifa verulegar upphæðir á undanförnum árum og hefur eiginfjárstaða hennar versnað. Fjármálastarfsemi Byggðastofnunar fellur undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en samkvæmt þeim má eigið fé stofnunarinnar að lágmarki vera 8% af áhættugrunni. Eiginfjárhlutfallið var 18,7% árið 1999 og var komið í 9,6% 2004. Tímabundið fór hlutfallið niður fyrir 8% markið á árinu 2005.

Í ljósi þessarar stöðu fól iðnaðarráðuneytið ráðgjafafyrirtækinu Stjórnhættir ehf. að greina helstu valkosti varðandi framtíðarþróun Byggðastofnunar. Í skýrslu fyrirtækisins: *Framtíðarþróun Byggðastofnunar – Greining á meginvalkostum*, frá 5. maí 2005, segir m.a.: „Meginniðurstaða greiningar á stöðu Byggðastofnunar er að þrátt fyrir að ýmsar jákvæðar umbætur hafi verið gerðar á undanförnum árum á stofnunin samt sem áður við alvarlegan vanda að stríða. Stofnunin er ekki það forustuafl í málaflokknum sem ætla mætti og sinnir ýmsum grundvallarhlutverkum ekki nægilega vel. Fjárhagsstaðan er mjög erfið og fátt bendir til þess að fjármögnunarstarfsemin geti orðið fjárhagslega sjálfbær. Vafi leikur á hvort stefnan í atvinnuþróun og fjármögnun sé skynsamleg og hafi leitt til tilætlaðs árangurs.“

Í júní 2005 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um fjárhagsvanda Byggðastofnunar og móta tillögur um framtíðarstarfsemi hennar og þeirra málaflokka sem hún hefur sinnt. Í starfshópnum voru Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var formaður, Berglind Svavarsdóttir hdl., Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, Magnús Stefánsson alþingismaður og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti. Einar K. Guðfinnsson lét af setu í starfshópnum þegar hann tók við embætti sjávarútvegsráðherra og tók Einar Oddur Kristjánsson sæti hans. Tillögur starfshópsins voru m.a. um eftirfarandi efnisatriði:

- Grundvallarbreytingar verði á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún verði fjárhagslega sjálfbær.
- Fjármögnunartæki og vinnubrögð verði þróuð sem miða að því að efla samstarf við fjármálafyrirtæki sem geri fjármögnun atvinnustarfsemi á landsbyggðinni auðveldari.
- Árangur á sviði byggðamála verði aukinn með skýrri stefnumótun stjórnvalda, ásamt bættri og skýrari forgangsröðun verkefna.
- Sérstaklega verði hugað að frekari samhæfingu eða samþættingu starfsemi Byggðastofnunar, Impru og Iðntæknistofnunar með það að markmiði að tryggja sterka stöðu og sýnileika byggðamála í þeirri starfsemi sem ætlað er að stuðla að atvinnuþróun og nýsköpun.

Unnið hefur verið eftir þessum tillögum starfshópsins.

II. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður til við samruna Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Öll aðkoma iðnaðarráðuneytis að tæknirannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun verður þar með samræmd og felld í eina stofnun í þeim tilgangi að efla sóknarkraft og tryggja hámarksárangur starfseminnar.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður þekkingarsetur þar sem saman koma tæknirannsóknir með tengsl við rannsóknir í háskólum og háskólasetrum annars vegar og þróunarstarfsemi fyrirtækja hins vegar. Þar verður miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fást við hvers konar nýsköpunarvinnu. Þar verður að finna frumkvöðlasetur sem aðstoðar sprotafyrirtæki og frumkvöðla við þróun nýsköpunarhugmynda og veitir þeim aðstoð við að vaxa fyrstu rekstrarárin. Þá verður unnið að greiningum á stöðu og þróun atvinnulífs og byggðalaga, m.a. til að unnt verði að bregðast við aðsteðjandi vanda hverju sinni með öllum þeim tækjum sem stofnunin býr yfir.

Efling starfseminnar úti á landi er ein af forsendum þessara breytinga. Þekkingarsetur á landsbyggðinni verður þungamiðja atvinnusóknar sem einkum byggist á helstu styrkleikum atvinnulífsins á viðkomandi svæði og getu þess til að ná árangri á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Samstarf stofnunarinnar við aðila á einstökum svæðum mun aðallega verða mótað í vaxtarsamningum þar sem ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd verður í höndum heimamanna.

III. Forsendur nýrrar stefnumótunar, Vísinda- og nýsköpunarráð.

Atvinnulífið hefur tekið stórstígum breytingum á síðustu árum. Samstarf um rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun er orðið alþjóðlegt og hafa íslensk fyrirtæki haslað sér völl á erlendum vettvangi með mjög góðum árangri. Tæknivæðing í hefðbundnum atvinnugreinum hefur leitt til hagræðingar og bættrar afkomu fyrirtækja en störfum hefur fækkað. Ný vel launuð störf hafa orðið til í þekkingargreinum sem gera aðrar kröfur til þekkingar og reynslu starfsmanna en þau störf sem horfið hafa. Þessara breytinga hefur gætt um allt land en með mismunandi móti. Samdráttur hefur verið í sjávarútvegi og landbúnaði en uppbygging þekkingargreina hefur aðallega verið á höfuðborgarsvæðinu og ekki nýst landsbyggðinni að sama skapi.

Nýjar atvinnugreinar sem þannig hafa orðið til hafa í mörgum tilfellum staðið utan við það stuðningskerfi sem atvinnulífinu var mótað fyrir allt að fjórum áratugum með tilkomu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þessar stofnanir hafa kröftuglega reynt að aðlaga sig þessum breytingum en fram hjá því verður ekki horft að sú starfsemi og þau tæki sem ríkið hefur tiltæk á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar hafa ekki náð að fylgja þróuninni eftir.

Vegna breytinga undanfarinna ára og þeirra áskorana sem fram undan eru þykir full ástæða fyrir stjórnvöld til að huga að víðtækri stefnumótun á sviði atvinnuþróunar sem næði yfir markalínur flokkunar atvinnugreina. Markmið slíkrar stefnumótunar væri að auka samkeppnishæfni, nýsköpun, hagvöxt, jafna lífskjör og stuðla að bættu byggðajafnvægi. Hér er því um að ræða samþættingu áherslna er lúta að rannsóknum og tækniþróun annars vegar og atvinnu- og búsetuþróun hins vegar.

Langtímamarkmið slíkrar stefnumótunar er að treysta menningar- og efnahagslega stöðu Íslands í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi þannig að efnahagur og lífsgæði Íslendinga skipi þeim áfram í fremstu röð meðal þjóða.

Vísinda- og tækniráð tók til starfa árið 2003. Markmiðið með stofnun ráðsins var að samhæfa stefnumótun margra ráðuneyta og stofnana sem almennt höfðu lítið tillit tekið til áherslna eða verkefna hvert annars. Á þeim þremur árum sem ráðið hefur starfað hefur það stuðlað að heildstæðri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum vísinda, tæknirannsókna og nýsköpunar, auk þess sem veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á stofnunum ríkisins. Þannig er sameining tæknirannsókna, sem er veigamikill hluti þessa frumvarps, byggð á vinnu og ályktunum Vísinda- og tækniráðs.

Í ljósi reynslunnar af starfi Vísinda- og tækniráðs er talið rétt að útvíkka starfsemi ráðsins og fela því einnig að fjalla um atvinnuþróunarmál. Hér er átt við málefni er tengjast vexti og viðgangi atvinnulífs og þá þætti sem áhrif hafa á þróun þess. Á margan hátt er umfjöllunarefnið í eðli sínu svipað og nú er hjá tækninefnd Vísinda- og tækniráðs en þó mun víðtækara. Með því að ráðið fái þetta hlutverk næst góð samfella í stefnumótandi umfjöllun um málaflokka sem falla hver að öðrum. Slík stefna yrði leiðbeinandi fyrir starfsemi og áherslur í vísindum, tæknirannsóknum, fjármögnun nýsköpunar og atvinnuþróunar, aðgerðum til að jafna lífsgæði og til að ná efnahagslegum markmiðum ríkisstjórnarinnar með beitingu þessara tækja.

Samstaða hefur náðst um þessa breytingu á starfsemi ráðsins og samhliða frumvarpi þessu er af hálfu forsætisráðherra lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/2003, um Vísinda- og tækniráð. Þar er lagt til að nafni ráðsins verði breytt í Vísinda- og nýsköpunarráð og að tækninefnd þess verði kölluð nýsköpunarnefnd. Vegna aukinnar áherslu á atvinnuþróun er lagt til að fulltrúum atvinnulífsins í ráðinu verði fjölgað.

IV. Samkeppnisstaða atvinnulífsins, sameining tæknirannsókna.

Breyttar ytri aðstæður og auknar kröfur um meiri árangur liggja til grundvallar ákvörðun um sameiningu rannsóknastarfsemi Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna var í meginatriðum mótuð árið 1965, eða fyrir 40 árum, þegar rannsóknastofnanir iðnaðar, landbúnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar voru settar á stofn. Þar með hófst mikilvægt uppbyggingarskeið í rannsóknum með tilsvarandi framförum í nýsköpun atvinnulífsins, enda voru rannsóknir annarra litlar sem engar á þeim tíma. Þessar rannsóknastofnanirnar hafa síðan skilað drjúgu dagsverki og lagt mikið af mörkum til þróunar atvinnulífsins og efnahagslegra framfara á Íslandi.

Fram hjá því verður þó ekki litið að starfsemi stofnananna hefur verið miðuð við þrönga skilgreiningu atvinnuvega sem ekki hefur staðist tímans tönn og hefur það hamlað þróun greinanna. Nýjar atvinugreinar hafa ekki fylgt þessari afmörkun og í raun hefur krafturinn verið hvað mestur í greinum sem gengið hafa þvert á þessa skiptingu, eins og upplýsingatækniiðnaður og líftækniiðnaður eru dæmi um.

Fjórar meginástæður kalla einkum á sameiningu stofnananna:

1. Þörf er fyrir nýjar áherslur í rannsóknum og tækniþróun. Bráðnauðsynlegt er að skapa svigrúm fyrir rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem munu hafa afgerandi áhrif á tækni- og atvinnuþróun næstu ára, eins og í efnis- og örtækni. Til að mæta þessu verður að vera unnt að hætta starfsemi sem lendir aftar í forgangsröðinni eða sem aðrir geta sinnt, t.d. einkaaðilar.
2. Mikilvægt er að tengja saman rannsóknir sem nú eru dreifðar en gætu skapað samlegðaráhrif í meiri nálægð eða með sameiningu. Sameining matvælarannsókna fjögurra opinberra rannsóknastofnana í eitt fyrirtæki er dæmi um slík samlegðaráhrif. Sameining Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins mundi einnig leiða til þverfaglegrar starfsemi og aukins árangurs fyrir framsæknar rannsóknir auk almennrar hagræðingar.
3. Þátttöku okkar í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum er stefnt í hættu að óbreyttum aðstæðum, t.d. þátttöku í vísinda- og tækniþróunaráætlunum Evrópusambandsins, ef við eflum ekki rannsóknastofnanir okkar og gerum þær áhugaverðari samstarfsaðila fyrir sambærilega erlenda rannsóknaraðila og fyrirtæki. Sameiningin mun skapa meira afl til sóknar og getu til að takast á við stærri og umfangsmeiri verkefni.
4. Kröfur íslensks atvinnulífs eru nú aðrar en áður var og þarf að taka tillit til þess í opinberri stefnumótun og verkefnavali.

V. Framgangur nýsköpunarhugmynda, Impra.

Nýjungar, t.d. afrakstur tæknirannsókna, þurfa að hafa greiða framrás til hagnýtingar í atvinnulífinu. Það gerist ekki af sjálfu sér. Impra er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Verkefni hennar er í hnotskurn að hlúa að nýsköpun í atvinnulífinu og vera tengiliður þeirra sem starfa að nýsköpun og atvinnuþróun innan stoðkerfisins.

Hjá Impru er megináhersla lögð á að styrkja atvinnulífið með því að auka þekkingu og hæfni. Þar hafa frumkvöðlar og stjórnendur sprotafyrirtæka aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hvetja til nýsköpunar og framgangs nýrra viðskiptahugmynda. Árlega eru veitt um 4.000 handleiðsluviðtöl þar sem frumkvöðlar og stofnendur lítilla fyrirtækja fá leiðsögn um þróun viðskiptahugmynda og stofnun og rekstur fyrirtækja, auk þess sem um 4.500 fyrirspurnum er svarað.

Impra rekur frumkvöðlasetur, en hlutverk þess er að fóstra fyrirtæki sem vinna að þróun nýsköpunarhugmyndar í upphafi og hjálpa þeim að vaxa fyrstu rekstrarárin. Impra veitir margvíslega ráðgjöf, t.d. um vöruþróun, og býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem mörg hver eru sniðin að þörfum svæða eða atvinnugreina. Verkefnið Brautargengi er eitt þeirra, en það er 15 vikna námskeið fyrir athafnakonur sem hyggjast stofna eða reka fyrirtæki.

Impra starfar í nánu sambandi við atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafa og myndar faglegt bakland fyrir starfsemi þeirra. Stefnt er að því að styrkja þessi tengsl enn frekar m.a. með áherslu á tækniyfirfærslu frá rannsóknastofnunum til fyrirtækja úti á landi. Þá eru náin tengsl við þróunarstarfsemi Byggðastofnunar, m.a. um þróun og innleiðingu klasasamstarfs í íslenskt atvinnulíf á landsbyggðinni. Starfsemi Impru er þannig nokkurs konar miðlægt tengi á milli starfssviða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands þar sem hún á snertifleti við þau öll.

VI. Svæða- og byggðarannsóknir, jöfnun lífsgæða.

Byggðaáætlun er eitt tækja stjórnvalda til að jafna atvinnuskilyrði og bæta samkeppnishæfni byggða. Megináherslan er nú lögð á almennar aðgerðir, sérstaklega á sviði tækniþróun-

ar og nýsköpunar, sem ætlað er að efla samkeppnisstöðu atvinnugreina sem grundvallast á styrkleikum viðkomandi svæða.

Rannsóknir á þróun búsetuskilyrða og atvinnulífs eru meðal þeirra grunnþátta sem til staðar þurfa að vera við stefnumótun og ákvörðunartöku. Upplýsingar um íbúaþróun, atvinnuþátttöku, tekjuþróun, afkomu atvinnugreina, nýsköpun og áhrif þessa á hagkerfi og samfélag þurfa því að vera tiltækar og samhæfðar við alþjóðlegar samanburðarrannsóknir, en enn vantar nokkuð á að svo sé.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er ætlað aukið hlutverk í byggðarannsóknum og að leggja mat á framtíðarþróun þeirra mála. Það tengist m.a. undirbúningi að gerð landshlutaáætlana, þar sem fram á að koma sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun um þróun atvinnulífs og samfélagsins í heild sinni. Þetta tengist einnig gerð vaxtarsamninga og eftirfylgni þeirra sem flutt verður frá ráðuneytinu til stofnunarinnar.

Nýjar áherslur felast í hnotskurn í því að geta horfið frá því að þurfa stöðugt að fást við vandamál sem urðu til í fortíðinni í það að beita fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að minnka vandamálin í framtíðinni. Í þessu felst m.a. að meta hvernig framtíðin verður og hvað muni hverfa. Til þess að þetta sé unnt er brýnt að rannsóknastarfsemin fái sterkari tengsl við aðra starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Að því er stefnt að afurðir þessa þáttar í starfsemi stofnunarinnar geti orðið framlegð til annarrar áætlunargerðar og stefnumótunar sem tengist þróun byggða og landssvæða, þ.m.t. starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs og mótun áætlana um uppbyggingu og rekstur innviða landsins.

VII. Þekkingarsetur, afl til atvinnuþróunar.

Orðið þekkingarsetur vísar til nábýlis og samstarfs háskólakennslu og rannsókna, rannsóknastofnana, þjónustu við nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðla, atvinnuþróunarstarfsemi, starfsemi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og ekki síst þekkingarfyrirtækja. Vísinda- og tækniráð hefur haldið þessu samstarfsformi á lofti og bent á kosti þess. Það kallar fram samlegðaráhrif með betri nýtingu á mannauði og fjárfestingum og stuðlar að meiri árangri en unnt væri að ná ef starfsemin væri aðskilin.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður að grunni til þekkingarsetur og stefnt er að því að hún tengist betur rannsóknastarfsemi háskóla og starfsemi þekkingarfyrirtækja. Starfsemi stofnunarinnar mun á sama hátt tengjast þekkingarsetrum úti á landi og mun hún stuðla að vexti og viðgangi þeirra. Gert er ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda er lúta að jöfnun lífsgæða verði í auknum mæli tengdar við vaxtarsamninga og starfsemi sem hafi tengsl við svæðabundin þekkingarsetur þar sem rannsóknir eru stundaðar og aðgerðum stýrt. Mótun aðgerða og ábyrgð á framkvæmd þeirra verði þannig fyrst og fremst í höndum heimamanna.

Einkum er horft til uppbyggingar þekkingarsetra á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum (Miðausturlandi), enda hefur styrking landshlutakjarna á þessum stöðum verið eitt af markmiðum byggðaáætlunar stjórnvalda. Háskólasetur Vestfjarða og Þekkingarnet Austurlands mynda nú þegar kjarna vaxtar í þekkingarsetrum á þessum stöðum. Háskólinn á Akureyri og sú starfsemi sem fer fram í Rannsókna- og nýsköpunarhúsinu og enn frekari vöxtur rannsókna og nýsköpunarstarfsemi í væntanlegum Tæknigarði er sú umgerð sem mun mynda kjarna starfseminnar á Norðurlandi.

VIII. Samstarf og nábýli við háskóla.

Staða háskólarannsókna hefur eflst mikið á undanförnum árum sem m.a. tengist auknum fjölda nemenda í framhaldsnámi, bæði í meistara- og doktorsnámi. Mikilvægt er að rann-

sóknastofnanirnar efli tengsl sín við fremstu rannsóknaháskóla hér á landi og erlendis. Á sama hátt er mikilvægt að háskólarnir auki samstarf sitt við atvinnulífið og þá sem vinna að framgangi nýsköpunar og atvinnuþróunar. Hér mun Nýsköpunarmiðstöð Íslands gegna lykilhlutverki en í því sambandi er grundvallaratriði að ytri aðstæður hamli ekki þeirri þróun.

Mikilvægt er að horfa til framtíðaruppbyggingar opinberra rannsókna í nábýli við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Mikils ávinnings er að vænta af nánara samstarfi með háskólarannsóknum og samnýtingu vísindamanna og sérfræðinga og með sameiginlegum rekstri í tæknigarði eða -görðum. Auk rannsóknastarfseminnar yrði þar þungamiðja stuðnings við nýsköpun og atvinnuþróun á öllu landinu. Gangi þetta eftir skapast þar þekkingarsetur af alþjóðlegum styrkleika í sérstaklega frjósömu umhverfi sem gæfi væntingar um meiri árangur en annars gæti fengist.

IX. Fjármögnunartækin, markaðsbrestir.

Á undanförnum árum hafa aðstæður á fjármagnsmarkaði breyst mikið. Nú eiga fyrirtæki ekki í umtalsverðum erfiðleikum með venjubundna fjármögnun vegna fjárfestinga, þróunar, skipulagsbreytinga og rekstrar. Opnun fjármálamarkaðarins þýðir að fjármagnskostnaður hefur lækkað, enda geta fyrirtæki aflað lánsfjármagns á hagstæðum kjörum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Þrátt fyrir þetta eru til staðar markaðsbrestir sem m.a. fela í sér að erfitt getur verið að afla fjármagns til tækniþróunar, fjármögnunar sprota- og nýsköpunarfyrirtækja og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Þessir markaðsbrestir eru alvarlegir því þeir bitna harðast á þekkingarfyrirtækjum og smáfyrirtækjum, sem eru þau fyrirtæki sem eiga að verða leiðandi í hagþróun og sköpun starfa í framtíðinni.

Markaðsbrestir hafa þær afleiðingar að opinber fjármögnun atvinnuþróunar verður áfram mikilvæg. Á hinn bóginn gefa breytingar á fjármagnsmarkaði tækifæri til að þróa fjármögnunartæki og beina þeim með markvissum hætti að markaðsbrestunum. Því er lagt til að fjármögnunartæki á sviði atvinnuþróunar mótist af ólíku eðli þeirra og verði þannig:

1. Tækniþróunarsjóður verði starfræktur með svipuðum hætti og verið hefur. Umsjón með sjóðnum verði þó flutt úr iðnaðarráðuneyti til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem geri samning um málsmeðferð umsókna og eftirfylgni við Rannís eða annan aðila ótengdan stofnuninni.
2. Átak til atvinnusköpunar verði sameinað Tækniþróunarsjóði.
3. Stofnaður verði sérstakur Byggðasjóður á grundvelli fjármálastarfsemi Byggðastofnunar. Sjóðurinn annist ábyrgðir til fyrirtækja á landsbyggðinni. Reksturinn verði vistaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
4. Styrkir og fjármögnun verkefna til umbreytingar atvinnulífs á landsbyggðinni verði veittir á grundvelli vaxtarsamninga, eða annarra sambærilegra samninga, enda taki þeir mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs um nýsköpun og atvinnuþróunarmál.
5. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði áfram fyrsti fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ekki er nægilegt að bjóða upp á fjölbreytt fjármögnunartæki heldur verður einnig að tryggja samfellu í fjármögnunarkeðjunni frá frumþróun hugmynda og styrkveitinga úr Tækniþróunarsjóði til áhættufjárfestinga Nýsköpunarsjóðs. Í þessu sambandi er mikilvægt að sameinuð og sterk stofnun, eins og Nýsköpunarmiðstöð Íslands er ætlað að verða, fái það hlutverk að tryggja slíka samfellu, með fulltingi Vísinda- og nýsköpunarráðs.

X. Byggðasjóður.

Gert er ráð fyrir því að Byggðasjóður verði stofnaður á grundvelli fjármálastarfsemi Byggðastofnunar. Sjóðurinn annast lánsábyrgðir vegna lána fyrirtækja á landsbyggðinni. Reksturinn verði í höndum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Lánsábyrgðir sem tæki í atvinnuþróun er vel þekkt aðferð og eru starfræktir lánsábyrgðarsjóðir í nær öllum Evrópulöndum, sem gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja fyrirtækjum aðgang að fjármagni. Opinberir aðilar í nágrannalöndunum veita slíka þjónustu og hefur hún þótt gefa góða raun.

Lánsábyrgðir fela í sér að veittar eru ábyrgðir vegna lána banka og annarra fjármálafyrirtækja. Það er lykilatriði að ábyrgðin er ávallt skipt, þannig að fjármálafyrirtækið ber eftir sem áður hluta áhættunnar. Þetta tryggir að fjármálafyrirtæki hafi hvata til að auka fyrirgreiðslu til viðskiptavina með hærri áhættu og lækka vexti af lánum, en jafnframt til að stunda ábyrga lánastarfsemi.

Lánsábyrgð er almennt veitt þannig að fyrirtæki leitar eftir þjónustu fjármálafyrirtækis, venjulega viðskiptabanka. Meti fjármálafyrirtækið umsóknina þannig að viðskiptahugmynd eða áætluð fjárfesting sé vænleg en áhættan of mikil er hægt að sækja um ábyrgð á láninu. Gera þarf samstarfssamninga við einstök fjármálafyrirtæki þar sem leikreglur vegna lánsábyrgða eru skilgreindar. Meðal annars þarf að tryggja að fjármálafyrirtæki leggi jafna áherslu á innheimtu lána með lánsábyrgð og annarra lána.

Þótt meginhugmyndin að baki lánsábyrgðum sé einföld þarf að útfæra hana nánar og er gert ráð fyrir að slíkt verði gert í reglum stjórnar sjóðsins og í samningum við fjármálafyrirtæki. Reglur stjórnar sjóðsins skulu háðar samþykki fjármálaráðherra.

Gert er ráð fyrir að lán með ábyrgð verði nýtt til endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar, endurskipulagningar, eigendaskipta, stofnunar nýs fyrirtækis og fjárfestinga. Ábyrgðir eigi því ekki við þegar um er að ræða fjármögnun hefðbundins rekstrarkostnaðar eða vanskil.

Nauðsynlegt er að Byggðasjóður leggi sjálfstætt mat á umsóknir og móti verklag og viðmiðanir um slíkt mat. Sérstaklega þarf að huga að ákvæðum sem tryggja ábyrga lánastarfsemi og að lán með ábyrgð verði ekki látið mæta afgangi við innheimtu krafna. Ábyrgðin nær aðeins til eftirstöðva láns og þarf lánveitandi að gefa Byggðasjóði ákveðnar upplýsingar um stöðu lánsins og lántaka þannig að hægt sé að endurskoða áhættumat og verja hagsmuni sjóðsins.

Heildarumfang lánsábyrgða ræðst af eiginfjárstöðu Byggðasjóðs og geta þær að hámarki numið fimmföldu eigin fé. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að eigið fé sjóðsins geti numið um 1 milljarði kr. í upphafi en það er það eigið fé sem til var í Byggðastofnun 31. desember 2005. Miðað við það eigið fé má gera ráð fyrir að útgefnar ábyrgðir geti numið allt að 5 milljörðum kr.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við banka og önnur fjármálafyrirtæki og hafa undirtektir við tillögur um lánsábyrgðir verið mjög jákvæðar. Er því útlit fyrir að fjármálafyrirtæki verði reiðubúin til samstarfs um þetta fyrirkomulag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður til við sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Starfssvið þessara þriggja stofnana er hliðstætt og skarast að nokkru leyti, enda er hlutverk þeirra allra að vinna að nýsköpun og atvinnuþróun í þágu bættrar samkeppnisstöðu landsins og bættra lífskjara. Hvatinn að sam-

einingunni er fyrst og fremst þörf fyrir sterkari rannsókna- og starfseiningar og almennt vaxandi krafa um sveigjanleika og meiri árangur.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður kröftug nýsköpunar- og atvinnuþróunarstofnun, sem í grunninn byggist á tæknirannsóknum sem stundaðar hafa verið hjá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Tækniþekkingin sem fylgir rannsóknastarfseminni myndar sterkt bakland fyrir aðra starfsemi stofnunarinnar. Hún nýtist m.a. í þjónustu við fyrirtæki, t.d. vegna tækniyfirfærslu eða innleiðingar nýjunga í framleiðsluferli, og sama gildir um mat á atvinnustarfsemi og nýjum tækifærum víðs vegar um land. Stuðningsþjónusta Impru og þróunarsviðs Byggðastofnunar verður samþætt og við það eflist stuðningurinn við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafa. Rannsóknir á þróun atvinnulífs og búsetuskilyrða styrkjast og þar með stoðir áætlanagerðar og skipulagning aðgerða. Fjármálastarfsemi þriggja sjóða verður samþætt á grundvelli áherslna Vísinda- og nýsköpunarráðs og hagræðingar gætt í rekstri þeirra, m.a. með því að samnýta þjónustu og þekkingu starfsmanna.

Um 2. gr.

Í greininni er meginhlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands lýst auk þess sem helstu verkefni stofnunarinnar eru rakin í a–f-lið 1. mgr. Hafa verður í huga við túlkun á hlutverki stofnunarinnar að henni er ekki ætlað að starfa á samkeppnismarkaði.

Í a-lið er tekið á því hlutverki Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands að hún verði miðstöð upplýsingar og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Nú er þessu hlutverki sinnt á Iðntæknistofnun í þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ber heitið Impra, og er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á því. Hjá Impru hafa frumkvöðlar og stjórnendur sprota- og nýsköpunarfyrirtækja aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hafa þann megintilgang að hvetja til nýsköpunar og framgangs nýrra viðskiptahugmynda.

Í b-lið er fjallað um mikilvægi þess að náin samvinna og samræming sé á milli starfsemi rannsóknastofnana, háskólarannsókna og -kennslu, starfsemi fyrirtækja, einkum sprotafyrirtækja og fyrirtækja sem stunda nýsköpun og að niðurstöður nýtist sem best fyrir þróun atvinnulífsins, t.d. fyrir atbeina atvinnuþróunarfélaga. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er ætlað að sinna þessu samræmingar- og miðlunarhlutverki. Áfram verður tryggt fjármagn til starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni á grundvelli samninga líkt og nú er milli Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga.

Í c-lið er kveðið á um það hlutverk stofnunarinnar að sinna tæknirannsóknum, þróun, greiningum, prófunum, mælingum og vottunum. Hér er vísað til þeirrar rannsókna- og tæknitengdu starfsemi sem stunduð hefur verið hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og sem verður nú sameinuð með nýjum og sveigjanlegri áherslum. Reiknað er með að áherslur verði aðallega tvenns konar. Annars vegar svokölluð kjarnastarfsemi á völdum sviðum sem hafa mikla þjóðhagslega þýðingu, sbr. rannsóknir og þróun byggingariðnaðar. Hins vegar verði áherslur sveigjanlegri og tengdar markaðsþörfum og kröfum fyrirtækja um þjónustu sem aðrir veita ekki. Slíkar áherslur verða reglulega endurskoðaðar í kjölfar stefnumótunar, en þar verður m.a. tekið mið af því að ekki verði um samkeppnisrekstur að ræða.

Í d-lið er fjallað um greiningu á stöðu og þróun atvinnu- og mannlífs, sem er þungamiðja þróunarsviðs Byggðastofnunar. Nýjar áherslur eru settar um starfsemi þessa eins og fram kemur t.d. í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009. Stofnuninni er ætlað aukið hlutverk í byggðarannsóknum og að leggja mat á framtíðarþróun

þeirra mála. Það tengist m.a. undirbúningi að gerð landshlutaáætlana, svo og gerð og eftirfylgni með vaxtarsamningum, sem flutt verður frá ráðuneytinu til stofnunarinnar.

Í e-lið er vísað til þeirrar fjármálastarfsemi sem vistuð verður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og nánar er fjallað um í athugasemdum um IV.–VI. kafla hér á eftir.

Í f-lið er fjallað um fjármögnun verkefna en t.d. er gert ráð fyrir að þau verkefni sem tengjast jöfnun lífskjara á landsbyggðinni eða sérstökum aðgerðum í atvinnumálum verði bundin í samninga á milli þeirra sem koma að fjármögnun og þeirra sem annast framkvæmd þeirra. Vaxtarsamningar eru dæmi um slíka samninga og miðað við reynsluna sem af því samstarfsformi hefur fengist má búast við að þeir festi sig enn meira í sessi.

Í 2. mgr. segir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands skuli enn fremur annast önnur stjórnsýsluverkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra. Um gæti verið að ræða verkefni á sviði erlendra fjárfestinga, endurgreiðslu á kostnaði vegna kvikmyndagerðar hér á landi o.fl.

Í 3. mgr. er lagt til að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verði heimilt að gera samninga við fyrirtæki eða stofnanir um framkvæmd skilgreindra verkefna skv. a–f-lið 1. mgr.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Vísinda- og tækniráðs verði útvíkkuð og taki einnig til atvinnuþróunar. Við það breytist nafn þess í Vísinda- og nýsköpunarráð og munu ályktanir þess verða leiðandi í mótun á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Um 3. gr.

Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn og að verkefni hans verði stjórn stofnunarinnar og daglegur rekstur, auk þess sem hann ráði starfsfólk og skipti með því verkum. Er á því byggt að hlutverk hans verði í samræmi við það hlutverk sem forstöðumenn ríkisstofnana almennt hafa.

Um II. kafla.

Um 4. gr.

Á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skal rekin þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Starfsemi Impru sem rekin er hjá Iðntæknistofnun er fyrirmynd þessa og er gert ráð fyrir að það heiti haldi sér áfram hjá hinni nýju stofnun. Núverandi starfsemi Impru verður að mestu leyti óbreytt en mun þó taka þeim breytingum sem fylgja samþættingu starfseminnar við sambærilega starfsemi sem nú er á þróunarviði Byggðastofnunar.

Þjónustumiðstöðin skal veita þjónustu um allt land og hafa samráð við atvinnuþróunarfélög í staðbundinni starfsemi. Þá ber henni í störfum sínum að stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Þjónustumiðstöðin mun veita upplýsingar og sinna leiðsögn fyrir allar atvinnugreinar, m.a. um undirbúning viðskiptahugmynda og um stofnun og rekstur lítilla sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Hún mun bjóða fjölbreytta þjónustu, m.a. með stuðningsverkefnum sem hvetja til hvers konar nýsköpunar. Verkefni hennar endurspegla hið víðtæka starfssvið, svo sem að stuðla að samstarfi opinberra aðila um nýsköpun, standa fyrir stuðningsverkefnum, starfrækja frumkvöðlasetur, miðla þekkingu, stuðla að yfirfærslu vísinda- og rannsóknaniðurstaðna og aðstoða við öflun framtaksfjár auk alþjóðlegs samstarfs. Með þessari víðtæku stuðningsþjónustu verður þjónustumiðstöðin sterkur bakhjarl atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafa um allt land og mikilvægur samstarfsaðili fyrir atvinnulífið bæði varðandi innleiðingu nýjunga hjá starfandi fyrirtækjum og þróun viðskiptahugmynda sem leitt geta til nýs atvinnureksturs.

Stofnuninni er falið að annast greiningu á samkeppnisstöðu atvinnulífsins, m.a. í samanburði við önnur lönd. Mikilvægt er að til séu upplýsingar um stöðu atvinnulífs og einstakra greina þess og að stjórnvöld, m.a. Vísinda- og nýsköpunarráð, hafi aðgang að slíkum upplýsingum og geti beitt þeim í stefnumótun og við gerð aðgerðaáætlana.

Um III. kafla.

Um 5. gr.

Hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafa um fjörutíu ára skeið verið stundaðar umfangsmiklar rannsóknir og þróunarstarf. Þessi starfsemi hefur notið alþjóðlegrar viðurkenningar og er mikilvægt að sú jákvæða ímynd nýtist stofnuninni áfram. Því er lagt til að tæknirannsóknir Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði reknar undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Sú nafngift hefur m.a. skírskotun til nafna sem stofnanirnar hafa kynnt sig með erlendis (IceTec, IBRI).

Eins og önnur starfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands mun starfsemi á sviði tæknirannsókna taka mið af ályktunum Vísinda- og nýsköpunarráðs, með áherslu á hagnýtar rannsóknir og vöruþróun í þágu íslensks atvinnulífs. Grunnrannsóknir munu einnig gegna mikilvægu hlutverki áfram, þó með nýjum áherslum á tiltekin kjarnasvið sem talin eru hafa sérstaka þjóðhagslega þýðingu. Um er að ræða verkefni sem aðrir hafa ekki getu til að sinna, en almannahagsmunir kalla eftir að sé sinnt, eins og gildir um ýmsar byggingarannsóknir.

Mikilvægt er að Íslenskar tæknirannsóknir fylgist vel með tækninýjungum sem unnt er að hagnýta í íslensku atvinnulífi eða laga að þörfum þess. Því er lögð áhersla á tækniyfirfærslu og þátttöku í alþjóðlegu verkefnasamstarfi.

Ráðgjöf og önnur þjónusta verður aðeins heimil á sviðum sem markaðurinn sinnir ekki. Áhersla er á verkefni sem leitt geta til nýsköpunar og aukinnar verðmætasköpunar. Taka þarf mið af þörfum atvinnulífsins og þróunar markaða og þarf því að setja áherslur og velja verkefni í nánu samstarfi við það. Þá þarf að vera til staðar þekking og búnaður til að takast á við rannsóknir á nýjum fræðasviðum.

Um IV. kafla.

Hér er lagt til að sérstakur sjóður er nefnist Byggðasjóður verði vistaður í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Um starfsemi hans er nánar fjallað í skýringum við 6.–8. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Byggðasjóðs og að það verði að veita ábyrgðir á lán til starfsemi á landsbyggðinni með allt að 75% ábyrgðarþátttöku sjóðsins.

Lánsábyrgðir eru hagkvæm og einföld leið til að auðvelda fyrirtækjum á landsbyggðinni aðgang að lánsfjármagni. Meginkosturinn er að þær tryggja samþættingu opinberrar aðstoðar við starfsemi fjármálafyrirtækja og stuðla því að eðlilegri þróun fyrirtækis frá því að þurfa á opinberri aðstoð að halda og til þess að geta stundað eðlileg viðskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir.

Hlutverk opinberrar aðstoðar við fyrirtæki á landsbyggðinni er ekki síst að stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnulífs og sköpun starfa sem gefa háan virðisauka. Því er ábyrgðum ætlað að beinast að lánum sem stuðla að þessum markmiðum og er lagt til að þær verði veittar til lána vegna endurnýjunar, þróunar og nýsköpunar, eigendaskipta, stofnunar fyrirtækja og fjárfestinga. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að ábyrgðir verði veittar til að fjármagna hefðbundinn rekstrarkostnað eða vanskil, nema um umfangsmikla fjárhagslega endurskipulagningu og umbreytingar á starfsemi fyrirtækis sé að ræða.

Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands annist umsýslu Byggðasjóðs. Þetta þýðir að stofnunin veitir sjóðnum alla nauðsynlega þjónustu, tekur við umsóknum um lánsábyrgðir, leggur mat á þær, annast áhættumat, reikningshald og aðra umsýslu. Byggðasjóður skal vera fjárhagslega aðgreindur frá annarri starfsemi stofnunarinnar.

Lagt er til að heimildir Byggðasjóðs takmarkist við veitingu ábyrgða á lán til starfsemi á landsbyggðinni, nánar tiltekið til starfsemi í þeim landshlutum sem hið svokallaða byggðakort nær yfir. Á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, er aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins heimilað að veita ríkisaðstoð í formi byggðastyrkja til skilgreindra styrkjasvæða í samræmi við byggðakort sem viðkomandi eftirlitsstofnanir (ESA eða framkvæmdastjórn ESB) samþykkja fyrir hvert og eitt aðildarríkjanna. Eru byggðakort einstakra aðildarríkja, og þar með styrkheimildir, því mismunandi eftir efnahags-, félags- og landfræðilegum aðstæðum í hverju aðildarríki fyrir sig.

Ákvörðun um núgildandi byggðakort fyrir Ísland var tekin af eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í ágúst 2001 og gildir það til ársloka 2006. Íslenska byggðakortið er byggt á mannfjöldaviðmiði og á því svæði sem má styrkja bjuggu árið 2001 u.þ.b. 0,9 íbúar á hvern ferkílómetra, eða um 33,2% landsmanna. Við ákvörðun ESA árið 2001 var farið eftir mörkum sveitarfélaga við afmörkun svæðisins og samkvæmt núgildandi byggðakorti má veita byggðastyrki í öllum sveitarfélögum landsins nema Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Bessastaðahreppi (nú Álftanesi), Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Gerðahreppi (nú Garði) og Vatnsleysustrandarhreppi. Önnur sveitarfélög í landinu falla undir núgildandi byggðakort. Hámark styrks má nema allt að 17% af stofnkostnaði einstakra fjárfestinga en u.þ.b. 10% mega koma til viðbótar þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki.

Framkvæmdastjórn ESB lauk í desember 2005 endurskoðun á leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð („Staff Working Document – Draft Guidelines on National Regional Aid for 2007–2013"). Þær reglur munu koma í stað núgildandi 25.–28. kafla í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisaðstoð (en þeir kaflar fjalla um byggðaaðstoð) og er gildistími þeirra frá 1. janúar 2007 til loka árs 2013. Á grundvelli þessara nýju reglna þurfa aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins að tilkynna ný byggðakort til viðkomandi eftirlitsstofnunar.

Hafin er vinna við undirbúning að gerð nýs byggðakorts. Sú vinna er á forræði fjármálaráðuneytisins og unnin í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti ásamt Byggðastofnun.

Um 7. gr.

Lagt er til að stjórn Byggðasjóðs verði í höndum sérstakrar fimm manna stjórnar sem skipuð verður til þriggja ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar þrjá stjórnarmenn og fjármálaráðherra tvo.

Stjórn sjóðsins setur starfsreglur sjóðsins en þær skulu háðar samþykki fjármálaráðherra. Í reglunum þarf að útfæra framkvæmd lánsábyrgða, m.a. með ákvæðum um upphæð lána sem ábyrgð getur tekið til, árlegt ábyrgðargjald og aðra gjaldtöku, mögulega nýtingu láns með ábyrgð og aðra skilmála ábyrgðar. Í reglunum þarf einnig að kveða á um afskriftasjóð og reikningshald.

Tekið er fram að stjórninni sé heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sjóðsins.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði undanþeginn gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Þar sem viðskiptavinir Byggðasjóðs greiða sérstakt ábyrgðargjald til sjóðs-

ins mundi sérstök gjaldtaka í ríkissjóð auka kostnað þeirra mjög og rýra gildi lánsábyrgða sem fjármögnunartækis.

Um 8. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að Byggðasjóður njóti beinna framlaga úr ríkissjóði. Sjóðurinn fær tekjur af ábyrgðargjöldum og fjármagnstekjur af eigin fé. Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða II tekur Byggðasjóður við útlánasafni, hlutafjáreign, handbæru fé og fullnustueignum Byggðastofnunar. Þá yfirtekur Byggðasjóður innlend og erlend lán sem stofnunin hefur tekið og útgefin láns- og hlutafjárloforð. Hinn 31. desember 2005 nam eigið fé Byggðastofnunar um 1 milljarði kr. og mun umfang starfseminnar takmarkast af eigin fé, ávöxtun þess og þeim tekjum sem sjóðurinn mun hafa af ábyrgðargjöldum.

Um V. kafla.

Um 9.–14. gr.

Í V. kafla frumvarpsins er lagt til að vistun Tækniþróunarsjóðs verði færð frá iðnaðarráðuneyti til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Tækniþróunarsjóður starfar á grundvelli 4.–8. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, en þau lög munu falla úr gildi verði frumvarpið að lögum. Sú breyting er lögð til að ekki verði lengur bundið í lög að Rannsóknamiðstöð Íslands annist umsýslu og rekstur Tækniþróunarsjóðs heldur skuli semja um það við óskilgreindan óvilhallan aðila. Skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, er varsla sjóðsins, umsýsla og rekstur hjá Rannsóknamiðstöð Íslands samkvæmt samningi við iðnaðarráðherra. Ekki er fyrirséð breyting á því fyrirkomulagi.

Ekki er um það að ræða að lagðar séu til breytingar á hlutverki sjóðsins eða úthlutunarreglum. Í ákvæðinu er hins vegar lögð til breyting á tilnefningum í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Það nýmæli er lagt til að samtök atvinnulífsins tilnefni tvo menn í stjórn af þeim sjö sem í henni sitja. Talin er ástæða til að auka hlutdeild atvinnulífsins í stjórn sjóðsins og njóta reynslu þess í störfum hans. Á móti falli niður að formaður tækninefndar sitji í stjórn sjóðsins, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir tilnefningu frá rannsóknastofnunum atvinnulífsins.

Um VI. kafla.

Um 15.–17. gr.

Í VI. kafla er lagt til að starfræksla tryggingardeildar útflutnings verði færð frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Tryggingardeild útflutnings starfar á grundvelli II. kafla laga nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Lagt er til að heiti sjóðsins verði breytt og hann kallaður „Tryggingarsjóður útflutnings“ í stað „tryggingardeildar útflutnings“. Ekki er með flutningnum lagt til að gerðar verði breytingar á hlutverki og starfsemi sjóðsins að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins tilnefni einn mann af fimm í stjórnarnefnd sjóðsins heldur verði einn stjórnarmanna tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn flytur eigið fé með sér og heldur skyldum sínum gagnvart sínum viðsemjendum.

Um VII. kafla.

Um 18. gr.

Veigamikill hluti starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður að aðstoða frumkvöðla og fyrirtæki við þróun hugmynda um nýjar afurðir eða endurbætur á eldri afurðum. Yfirleitt getur stofnunin tekið að sér slíka vinnu gegn eðlilegri þóknun samkvæmt gjaldskrá eða til-

boði. Fram hjá því verður þó ekki litið að í sumum tilvikum eru þeir sem standa að baki nýsköpunarhugmyndum ekki vel í stakk búnir til að kosta þær rannsóknir og þróunarvinnu sem þörf er á. Í slíkum tilfellum kemur til greina að stofnunin kosti nauðsynlega vinnu og semji um það að eignast hlutdeild í verkefninu ef það ber árangur. Heimildin til að eignast hlut í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum er fyrst og fremst til komin til að gera þetta mögulegt og þar með að fullgera hugmyndir sem annars ættu á hættu að glatast.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er skylt að hafa aðskilið bókhald og sérstaka reikninga fyrir sjóðsstarfsemi hvers sjóðs fyrir sig.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Byggðasjóður, Tækniþróunarsjóður og Tryggingarsjóður útflutnings heyra undir endurskoðun og annað eftirlit Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun. Um bókhald og ársreikninga gilda m.a. ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að ákvarðanir um veitingu ábyrgða á lán og styrki verða endanlegar á stjórnsýslustigi og þar með ekki kæranlegar til ráðherra.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu felst þjónustugjaldaheimild vegna þeirrar þjónustu sem veitt er skv. a- og c-lið 2. gr. Vert er að taka fram að þau hlutverk eru að hluta til nánar útfærð í II. og III. kafla frumvarpsins. Er því unnt að taka þjónustugjald fyrir þann hluta af þeirri starfsemi sem lýst er í þeim köflum og falla undir a- og c-lið 2. gr. frumvarpsins.

Um þjónustugjaldaheimild er að ræða, þannig að stofnuninni er ekki heimilt að taka hærra gjald fyrir þjónustu sína en nemur raunkostnaði við að veita hana. Þannig er einungis unnt að innheimta gjald fyrir kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við veitingu þjónustunnar. Heimilt verður samkvæmt framansögðu að innheimta gjald fyrir launakostnaði, sem er í beinum og efnislegum tengslum við veitingu þjónustunnar. Sama gildir um efniskostnað, ferðakostnað og annan útlagðan kostnað, ef við á. Þá verður heimilt að innheimta hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis og afnota af nauðsynlegum tækjum og búnaði, enda sé slíkur kostnaður í nánum og efnislegum tengslum við veitingu þjónustunnar.

Umboðsmaður Alþingis hefur litið svo á að sá er greiðir þjónustugjald geti yfirleitt ekki vænst þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita honum þjónustu sé nákvæmlega reiknaður út og honum gert að greiða gjald sem því nemur. Verði gjaldendur oftast að sæta því að greiða þjónustugjald sem nemur þeirri fjárhæð sem almennt kostar að veita viðkomandi þjónustu.

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að stofnunin reikni út með traustum og vönduðum hætti einstaka kostnaðarliði sem þjónustugjaldi er ætlað að standa undir áður en gjaldskrá er gefin út. Mat þarf að liggja fyrir á umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem gjaldskráin á að ná til, auk afstöðu til þess hvaða kostnaðarliðir teljast falla undir ákvæðið.

Um 22. gr.

Í ákvæðinu er rakið hverjar verði tekjur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái framlög úr ríkissjóði á fjárlögum eins og nú gildir um Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Þá er stofnuninni heimilt

að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin fái framlög úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, eins og verið hefur hjá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Um 23. gr.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, er stofnunin undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum í ríkissjóð. Í 23. gr. frumvarpsins er lagt til að Byggðasjóður verði undanþeginn stimpilgjöldum. Þá er lagt til að hann verði undanþeginn fjármagnstekjuskatti líkt og Byggðastofnun, sbr. 28. gr.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða staðsetningu á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Hér er um opna heimild til ráðherra að ræða í þeim skilningi að ákvörðun um staðsetningu er í hans valdi.

Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eru núna til húsa hvor í sínu húsinu á Keldnaholti í Reykjavík og Byggðastofnun á Sauðárkróki.

Um 25. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 18. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun. Jafnframt eru ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í lögum um þær stofnanir.

Um 26. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2007, og á sama tíma falli úr gildi sérstök lög um Byggðastofnun og Iðntæknistofnun Íslands. Auk þess falli úr gildi sérstakur kafli í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þar sem mælt er fyrir um starfsemi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Loks falli úr gildi lög nr. 4/2003, um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Um 28. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður verði með sama hætti og Byggðastofnun undanþeginn fjármagnstekjuskatti. Þá taki Nýsköpunarmiðstöð Íslands við hlutverki Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í öðrum lögum. Loks er lagt til að ákvæði 10. gr. laga nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar falli brott. Í því er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gert skylt að halda námskeið um þætti er varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun. Ekki er lagt til að sú skylda hvíli á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðum til bráðabirgða er tekið á ýmsum atriðum er varða þá sameiningu stofnana sem mun eiga sér stað við gildistöku laganna og stofnun Byggðasjóðs, þ.m.t. um réttindi starfsmanna Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og yfirtöku eigna, réttinda og skyldna. Þá er ráðherra veitt heimild til að ráða nú þegar forstjóra stofnunarinnar og fela honum að annast undirbúning gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun

Í frumvarpinu er lagt til að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stofnanirnar sem sameinaðar verða eru Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun taka við hlutverki framangreindra stofnana og stuðla að nýsköpun og atvinnuþróun á Íslandi. Einnig er gert ráð fyrir að hin nýja stofnunin veiti Byggðasjóði og tryggingardeild útflutnings rekstrarþjónustu samkvæmt samningi þar um. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður hætti útlánastarfsemi og að hann ásamt Tryggingarsjóði útflutnings og Tækniþróunarsjóði starfi sem sjálfstæðar einingar með eigin stjórn. Hjá Nýsköpunarmiðstöð munu starfa um 125 manns þar sem gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum verði boðin störf hjá nýju stofnuninni. Samkvæmt fjárlögum 2006 verður kostnaður við rekstur sameinaðrar stofnunar um 1,1 milljarður kr. Gera má ráð fyrir einhverjum biðlaunum við breytingarnar en sá kostnaður er óviss. Á móti kemur að gera má ráð fyrir samlegðaráhrifum af sameiningu stofnananna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram hugsanleg biðlaun.

1068. Frumvarp til laga [732. mál]

um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 31., 66., 71. og 83. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skulu þau ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Með vísan til 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, ber alþjóðlegu viðskiptafélagi að endurgreiða ríkissjóði ef mismunur á skattgreiðslum félagsins, sbr. 1. mgr., hefur frá útgáfu starfsleyfis félagsins sem alþjóðlegs viðskiptafélags farið yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Það sem til endurgreiðslu kemur samkvæmt þessu ákvæði er sá mismunur sem er yfir mörkunum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í b-lið 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Með vísan til 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, ber alþjóðlegu viðskiptafélagi að endurgreiða ríkissjóði ef mismunur á skattgreiðslum félagsins, sbr. 1. mgr., hefur frá útgáfu starfsleyfis félagsins sem alþjóðlegs viðskiptafélags farið yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Það sem til endurgreiðslu kemur samkvæmt þessu ákvæði er sá mismunur sem er yfir mörkunum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Með vísan til 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, ber alþjóðlegu viðskiptafélagi að endurgreiða ríkissjóði ef mismunur á skattgreiðslum félagsins, sbr. 1. mgr., hefur frá útgáfu starfsleyfis félagsins sem alþjóðlegs viðskiptafélags farið yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Það sem til endurgreiðslu kemur samkvæmt þessu ákvæði er sá mismunur sem er yfir mörkunum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar um um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 25. febrúar 2004 komst Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að þeirri niðurstöðu að það skattahagræði sem alþjóðleg viðskiptafélög njóta hér á landi samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1999, um breytingu á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, væri ríkisstyrkur sem ekki samræmdist reglum EES-samningsins og var íslenska ríkinu gert skylt að endurkrefja félögin um veittan styrk. Í framhaldi af ákvörðun ESA áttu sér stað bréfaskipti og fundir milli stofnunarinnar og íslenskra stjórnvalda um hvernig unnt væri að framfylgja þessari ákvörðun, auk þess sem íslensk stjórnvöld tíunduðu margvíslega ágalla á efni hennar og formi.

Þegar tæpt ár var liðið frá ákvörðun ESA vísaði stofnunin málinu til EFTA-dómstólsins á þeirri forsendu að Ísland hefði ekki gripið til viðeigandi ráðstafana. Hinn 24. nóvember 2005 komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði gerst brotlegt gegn skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum með því að fara ekki eftir þeim ákvæðum er fram koma í ákvörðun ESA.

Í kjölfar dómsins sendi ESA íslenskum stjórnvöldum bréf hinn 1. desember 2005 þar sem ítrekaðar eru fyrri kröfur um að íslensk stjórnvöld framfylgi ákvörðun ESA frá 25. febrúar 2004. Kröfur ESA eru þær að afnema beri umræddar skattaívilnanir í lögum nr. 29/1999 og jafnframt að endurkrefja þá aðstoð sem þegar hefur verið veitt á grundvelli laganna.

Lög um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999, falla úr gildi 1. janúar 2008 samkvæmt lögum nr. 133/2003 og eftir 1. mars 2004 voru engin ný starfsleyfi gefin út. Þau félög sem höfðu fengið starfsleyfi fyrir þann tíma mega starfa sem alþjóðleg viðskiptafélög til 1. janúar 2008.

Samkvæmt ákvörðun ESA ber í fyrsta lagi að tryggja að umrædd starfandi alþjóðleg viðskiptafélög njóti engrar ríkisaðstoðar út gildistíma sólarlagsákvæðis laganna um alþjóðleg viðskiptafélög. Með frumvarpi þessu er lagt til, í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins, að lögfest verði að skattalegar ívilnanir til alþjóðlegs viðskiptafélags, sem er í starfsemi sem fellur undir gildissvið EES-samningsins, megi aldrei fara yfir 100.000 evrur (8,8 millj. kr.) á hverju þriggja ára tímabili. Ef sett verður slíkt *de minimis* þak á þær skattaívilnanir (þ.e. ríkisaðstoðina) sem alþjóðlegu viðskiptafélögin geta notið, samkvæmt lögum nr. 29/1999, mun það leiða til þess að þegar skattaívilnanirnar fara yfir 100.000 evrur á þriggja ára tímabili ber að skattleggja félagið með sama hætti og önnur fyrirtæki á því tímabili, frá því að farið er yfir markið. Lögfesting slíkrar *de minimis* reglu felur því í sér nokkra takmörkun á því skattahagræði sem þessi fyrirtæki eiga annars að geta notið samkvæmt lögum nr. 29/1999 allt til ársloka 2007.

Í öðru lagi ber, samkvæmt ákvörðun ESA, að endurkrefja alþjóðleg viðskiptafélög um greiddan ríkisstyrk frá því að lögin um alþjóðleg viðskiptafélög tóku gildi, á grundvelli útreikninga á skattgreiðslum þeirra eftir almennum skattareglum og þeim sérreglum sem um félögin gilda. Með frumvarpi þessu er lagt til að slík skylda til endurgreiðslu verði lögfest, m.a. með vísan til 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005.

Samkvæmt upplýsingum skattyfirvalda eru 13 fyrirtæki á skrá hjá þeim sem alþjóðleg viðskiptafélög vegna rekstrarársins 2004. Af þeim skiluðu 11 framtali vegna ársins 2004, en tvö þeirra fengu áætlun. Af þeim 13 fyrirtækjum sem eru á skrá skattyfirvalda stunda sjö umboðsverslun með fisk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að þær skattaívilnanir sem koma fram í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, og varða alþjóðleg viðskiptafélög, verði afnumdar nema að því leyti að heimilt verði eftir sem áður að veita sk. lágmarksaðstoð (*de minimis*) sem er að fjárhæð 100.000 evrur til félags á hverju þriggja ára tímabili. Jafnframt er kveðið á um að sú takmörkun eigi ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags sé alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn. Ákvæði frumvarpsins ná jafnt til þess tíma sem eftir er hjá starfsemi þeirra félaga sem hafa starfsleyfi og til þeirrar starfsemi sem þegar hefur átt sér stað, þ.e. kveðið er á um að endurgreiða beri til ríkissjóðs ef mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir lögum nr. 29/1999 og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, er meiri en sem nemur 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Við mat á endurgreiðslu eða takmörkun ríkisaðstoðar er ávallt miðað við þá fjárhæð sem til kemur eftir að 100.000 evru *de minimis* markinu er náð.

Um 2. gr.

Ákvæðið er sams konar og ákvæði 1. gr. nema það snýr að skattaívilnunum í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

Um 3. gr.

Ákvæðið er sams konar og ákvæði 1. gr. nema það snýr að skattaívilnunum í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 24. nóvember 2005 í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn íslenskum stjórnvöldum vegna ákvörðunar ESA frá 25. febrúar 2005 um íslensk lagaákvæði varðandi starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga og álagningu skatta og gjalda á þau. Samkvæmt frumvarpinu verða skattaívilnanir til alþjóðlegra viðskiptafélaga afnumdar nema að því leyti að heimilt verði að veita aðstoð að fjárhæð 100.000 evrur til slíkra félaga á hverju þriggja ára tímabili eða sem svarar til um 8,5 m.kr. á núverandi gengi. Lögfesting slíkrar reglu felur í sér nokkra takmörkun á því skattahagræði sem þessi félög hefðu annars notið til ársloka 2007. Hins vegar er um fá fyrirtæki um að ræða því einungis 13 alþjóðleg viðskiptafélög voru skráð rekstrarárið 2004 og voru umsvif þeirra og hagnaður ekki það mikil að lögfesting breyttra reglna á þessu sviði hafi teljandi áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs verði það að lögum.

1069. Frumvarp til laga [733. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við greinina bætist nýr töluliður, 10. tölul., svohljóðandi: *Hraðsendingar:* Sendingar sem fluttar eru hingað til lands með flugi, fyrir milligöngu tollmiðlara, í samvinnu við erlend hraðflutningafyrirtæki.
b. 19. tölul. orðast svo: *Tollmiðlari:* Lögaðili sem hefur leyfi ráðherra til að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda.

2. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að afhenda hraðsendingar til notkunar innan lands áður en tollskjöl eru látin tollstjóra í té. Ráðherra ákveður frest til að skila tollskjölum vegna hraðsendinga með reglugerð.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
   Tollmiðlara er heimilt að afhenda hraðsendingu til notkunar innan lands án greiðslu aðflutningsgjalda, enda láti hann tollstjóra í té upplýsingar um verðmæti, tegund og þyngd sendingar og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda. Ráðherra getur heimilað að trygging taki mið af þeim aðflutningsgjöldum sem ætla má að tollmiðlari verði ábyrgur fyrir vegna hraðsendingaþjónustu, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu.
b. 2. mgr., er verður 3. mgr., og orðast svo:
   Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar samkvæmt þessari grein.
c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar.*

5. gr.

39. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tollumdæmi.

Landið skiptist í 8 tollumdæmi sem hér segir:

1. *Suðvesturlandsumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og umdæmi lögreglustjóranna á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi.
2. *Vestfjarðaumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði.

3. *Norðurlandsumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjóranna á Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík.
4. *Austurlandsumdæmi nyrðra:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans á Seyðisfirði.
5. *Austurlandsumdæmi syðra:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði.
6. *Suðurlandsumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjóranna á Selfossi og Hvolsvelli.
7. *Vestmannaeyjaumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.
8. *Reykjanesumdæmi:* Svæði sem nær yfir umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ráðherra getur þó í reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tollstjórar.

Tollstjórar eru tollstjórinn í Reykjavík í Suðvesturlandsumdæmi, lögreglustjórinn á Ísafirði í Vestfjarðaumdæmi, lögreglustjórinn á Akureyri í Norðurlandsumdæmi, lögreglustjórinn á Seyðisfirði í Austurlandsumdæmi nyrðra, lögreglustjórinn á Eskifirði í Austurlandsumdæmi syðra, lögreglustjórinn á Selfossi í Suðurlandsumdæmi, lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum í Vestmannaeyjaumdæmi og lögreglustjórinn á Suðurnesjum í Reykjanesumdæmi.

Sýslumenn í umdæmi hvers tollstjóra skulu veita allar nauðsynlegar upplýsingar er lúta að tollmeðferð vöru fyrir hönd tollstjóra í því umdæmi. Þeir skulu jafnframt veita tollskjölum viðtöku fyrir hönd tollstjóra.

7. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 61. gr. laganna orðast svo: Slíkt leyfi skal ekki veitt fyrr en aðkomuskýrsla, farmskrá og önnur þau skjöl sem lög og reglur áskilja hafa verið látin tollstjóra í té.

8. gr.

Fyrirsögn 64. gr. laganna orðast svo: *Ferming fars.*

9. gr.

Í stað orðsins „sakborningi“ í síðari málslið 3. mgr. 159. gr. laganna kemur: viðkomandi.

10. gr.

2. mgr. 167. gr. laganna orðast svo:

Stjórnendum fara og farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollvörður gefur um það merki.

11. gr.

3. mgr. 172. gr. laganna orðast svo:

Tollmiðlari sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til tollyfirvalda eða veitir rangar eða villandi upplýsingar við tollskýrslugerð skal sæta refsingu skv. 1. mgr. ef um er að ræða innflutning en skv. 2. mgr. ef um er að ræða útflutning.

12. gr.

Nýr töluliður bætist við 1. mgr. 195. gr. laganna, svohljóðandi: Námskeiðsgjald sem skal standa straum af kostnaði Tollskóla ríkisins við námskeiðshald fyrir aðra en tollstarfsmenn.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 111. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hefur tollstjórinn í Reykjavík á hendi innheimtu þeirra í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur en sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar og ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. 2. mgr. orðast svo:

Fjármálaráðherra getur ákveðið í reglugerð að fela öðrum aðila en þeim sem um getur í 1. mgr. innheimtu skatta samkvæmt lögum þessum í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007, fyrir utan ákvæði 1.–4. gr. og 7.–12. gr. sem öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur tollstjórinn á Suðurnesjum við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem störfuðu hjá tollstjóranum í Keflavík. Þá tekur tollstjórinn í Reykjavík við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem störfuðu hjá tollstjóranum í Hafnarfirði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til tollalaga, sem fjármálaráðherra lagði fram til kynningar á 130. löggjafarþingi 2003–2004, var lagt til að tollumdæmum yrði fækkað úr 26 í 9. Rökin fyrir þeirri tillögu voru þau að á undanförnum árum hefðu átt sér stað grundvallarbreytingar á starfsumhverfi tollstjóra sem krefðust síaukinnar sérhæfingar á ýmsum sviðum. Markmið tillögunnar var því að ná fram aukinni sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollyfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu.

Í frumvarpi því sem varð að gildandi tollalögum, nr. 88/2005, var horfið frá hugmyndum um fækkun tollumdæma að svo stöddu vegna þeirrar vinnu sem þá var í gangi um breytta skipan lögreglustjórnar á landsvísu. Í athugasemdum með því frumvarpi var hins vegar tekið fram að ef til breytinga kæmi á skipulagi lögreglustjórnar á landsvísu væri óhjákvæmilegt að taka skipan tollumdæma til endurskoðunar. Í ljósi þess að frumvarp um breytta skipan lögreglustjórnar er nú til meðferðar á Alþingi er talið nauðsynlegt að leggja fram meðfylgjandi frumvarp.

Í frumvarpi þessu eru því einkum lagðar til breytingar á þeim ákvæðum tollalaga sem fjalla um tollumdæmi og stjórn þeirra. Að auki er í því að finna minni háttar breytingar á nokkrum ákvæðum tollalaga. Þá er lögð til breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, í því skyni að tryggja óbreytta skipan varðandi innheimtumenn ríkissjóðs þó svo að til fækkunar

komi á tollumdæmum og þar með á tollstjórum, en samkvæmt gildandi lögum eru tollstjórar jafnframt innheimtumenn ríkissjóðs.

Við undirbúning frumvarps þessa var farið vandlega yfir tillögur fyrirliggjandi frumvarps um breytta skipan lögreglustjórnar með tilliti til mögulegra breytinga á skipan tollumdæma. Jafnframt var horft til tölulegra upplýsinga um komur skipa og flugvéla og fjölda tollafgreiddra sendinga í hverju tollumdæmi eins og þau eru afmörkuð í dag til þess að mæla umfang tollamála í hverju umdæmi fyrir sig. Þær sýna glögglega að umfangið er mjög misjafnt milli umdæma og í sumum þeirra er það nánast ekki neitt eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Að teknu tilliti til þessara tveggja meginþátta er tillagan sú að tollumdæmi á landinu verði 8 talsins í stað 26 umdæma samkvæmt gildandi lögum.

Tillögur um fækkun tollumdæma úr 26 í 8 (ýmsar kennitölur m.v. árið 2004).

Fjöldi	Sérhæfðir tollverðir	Skipa-afgreiðslur	Flugaf-greiðslur	Aðflutnings-skýrslur
1. Suðvesturlandsumdæmi (7)				
– tollstjórinn í Reykjavík	**58**	**1.626**	**2.390**	**301.620**
– Reykjavík	***55***	***859***	***2.388***	***257.946***
– Hafnarfjörður	3	501	0	42.352
– Kópavogur	–	0	0	3
– Akranes	–	*31*	*0*	*228*
– Borgarnes	–	231	0	1.032
– Búðardalur	–	0	0	0
– Stykkishólmur	–	4	2	59
2. Vestfjarðaumdæmi (4)				
– tollstjórinn á Ísafirði	**1**	**50**	**65**	**292**
– Ísafjörður	***1***	***50***	***65***	***214***
– Bolungarvík	–	0	0	36
– Hólmavík	–	0	0	23
– Patreksfjörður	–	0	0	19
3. Norðurlandsumdæmi (6)				
– tollstjórinn á Akureyri	**2**	**235**	**251**	**5.332**
– Akureyri	***2***	***107***	***248***	***4.543***
– Sauðárkrókur	–	1	0	307
– Siglufjörður	–	52	1	178
– Blönduós	–	0	0	53
– Húsavík	–	75	2	237
– Ólafsfjörður	–	0	0	14
4. Austurlandsumdæmi nyrðra (1)				
– tollstjórinn á Seyðisfirði	**1**	**251**	**40**	**1.748**
– Seyðisfjörður	1	251	40	1.748
5. Austurlandsumdæmi syðra (2)				
– tollstjórinn á Eskifirði	**2**	**523**	**56**	**1.518**
– Eskifjörður	***2***	***452***	***0***	***1.402***
– Höfn	–	71	56	116
6. Suðurlandsumdæmi (3)				
– tollstjórinn á Selfossi	**1**	**27**	**0**	**2.021**
– Selfoss	*1*	*27*	*0*	*2.018*

Fjöldi	Sérhæfðir tollverðir	Skipa-afgreiðslur	Flugaf-greiðslur	Aðflutnings-skýrslur
– Hvolsvöllur	–	0	0	3
– Vík	–	0	0	0
7. Vestmannaeyjaumdæmi (1)				
– tollstjórinn í Vestmannaeyjum	**2**	**181**	**1**	**327**
8. Reykjanesumdæmi (2)				
– tollstjórinn á Keflavíkurflugvelli	**37**	**173**	**21.932**	**77.985**
– sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	***35***	***0***	***21.932***	***76.098***
– Keflavík	2	173	0	1.887
Samtals 8 tollumdæmi (26)	**104**	**3.066**	**24.735**	**390.843**
Umræddir 8 tollstjórar fyrir breytingu	*99*	*1.927*	*24.674*	*344.296*
Hlutfall af heild, %	*95,2*	*62,9*	*99,8*	*88,1*

Eins og fram kemur í töflunni er í meginatriðum lagt til að tollumdæmin fylgi afmörkun lykilembætta hjá lögreglunni, þ.e. þeirra embætta þar sem sérstakar rannsóknardeildir lögreglu verða starfræktar, sbr. fram komið frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Þó er gert ráð fyrir að lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum gegni áfram hlutverki tollstjóra vegna legu eyjanna þrátt fyrir að ekki sé starfrækt rannsóknardeild við embættið. Jafnframt er lagt til að lögreglustjórinn á Seyðisfirði verði áfram tollstjóri, ekki síst vegna þeirra miklu umsvifa sem þar eru á sviði tollamála, bæði við stóriðjuframkvæmdir eystra og vegna reglubundinna ferjuflutninga til og frá landinu. Þá er gert ráð fyrir að umdæmi tollstjórans á Reykjavík nái yfir umdæmi lögreglustjóranna á Akranesi, Borgarnesi og Stykkishólmi í vestur. Í því sambandi er einkum horft til þess að enginn tollvörður er starfandi á þessu svæði eins og málum er háttað en tollstjórinn í Reykjavík hefur á að skipa öflugu liði tollvarða sem unnt er að samnýta án teljandi hindrana.

Eins og áður var bent á kalla miklar breytingar í starfsumhverfi tollstjóra á undanförnum árum óhjákvæmilega á fækkun og stækkun tollumdæma. Ein stærsta breytingin felst í rafrænni tollafgreiðslu sem var tekin upp fyrir nokkrum árum. Rafræn tollafgreiðsla felur í sér mikið hagræði fyrir inn- og útflytjendur þar sem þeir geta skilað rafrænum tollskýrslum í gegnum tölvukerfi tollyfirvalda. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er að dregið hefur úr beinu eftirliti við tollafgreiðslu vöru og byggist tolleftirlit nú að mestu á skipulagðri tollendurskoðun. Tollendurskoðun felur í sér endurskoðun tollafgreiðslna eftir að þær hafa farið fram. Krefst tollendurskoðun aukinnar sérhæfingar tollstarfsmanna, m.a. aukinnar þekkingar á bókhaldi fyrirtækja og er brýnt að fjölga sérhæfðum tollstarfsmönnum á landsbyggðinni. Þá er mikilvægt að úrskurðarvald í tollamálum verði hjá stjórnvaldi sem hefur sérþekkingu á málaflokknum. Eins og málum er nú háttað er í sumum tollumdæmum nánast engin starfsemi á sviði tollamála og sérþekking á þessu sviði því afar takmörkuð.

Önnur viðamikil breyting í starfsumhverfi tollstjóra er aukin áhersla alþjóðasamfélagsins á varnir gegn hryðjuverkum og útflutningseftirlit í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hryðjuverk. Munu tollstjórar í náinni framtíð þurfa að takast á við viðamikil verkefni á þessu sviði vegna alþjóðaskuldbindinga Íslands. Tollyfirvöldum hefur verið falið veigamikið hlutverk við framkvæmd farmverndar, sem er einn þáttur í siglingavernd er miðar að því að tryggja vernd skipa og hafna. Með farmvernd er átt við fyrirbyggjandi aðgerðir til verndunar farms til að koma í veg fyrir hryðjuverk og aðra ógn sem stafar af ólögmætum aðgerðum. Síaukin

áhersla á eftirlit með innflutningi fíkniefna til landsins kallar einnig á styrka stjórn tollgæslu að því leyti.

Breytt starfsumhverfi kallar á aukna sérhæfingu hjá tollstjórum eins og áður sagði og mikilvægi áhættugreiningar hefur aukist til muna á sama tíma. Tilgangur áhættugreiningar er að finna og takast á við áhættuþætti vegna inn- og útflutnings, t.d. ólöglegan innflutning og undanskot aðflutningsgjalda. Í tollalögum er tollstjóranum í Reykjavík falið að annast skipulag áhættugreiningar á landsvísu en með fækkun og stækkun tollumdæma er talið að skipulag og stjórn þeirrar vinnu hjá einstökum tollstjórum verði markvissari. Þá er mikilvægt að tryggja samræmda túlkun og beitingu réttarreglna um allt land. Með fækkun tollumdæma er hægara um vik að samræma tollframkvæmdina en dæmi eru um að misræmi hafi myndast í tollframkvæmd milli einstakra tollumdæma. Einnig er mikilsvert að auka sveigjanleika í nýtingu mannafla til að auðvelda með skjótum og öruggum hætti tímabundna tilfærslu tollstarfsmanna um landið þegar mæta þarf auknu álagi á einum stað með liðsauka frá öðrum. Samkvæmt framansögðu er tilgangur með fækkun tollumdæma að ná fram frekari sérþekkingu, samhæfingu og sveigjanleika í starfsemi tollyfirvalda á sviði tollheimtu, tollendurskoðunar og tollgæslu.

Samanburður á skipulagi tollumdæma annars staðar á Norðurlöndum og á Íslandi leiðir í ljós að tollumdæmi hér á landi eru margfalt fleiri en hjá norrænum nágrönnum okkar en þar hefur þróunin síðustu ár verið sú að tollumdæmum hefur verið fækkað verulega. Þá er málafjöldi í hverju tollumdæmi hér á landi að sama skapi margfalt minni. Í Noregi var tollumdæmum fækkað úr 10 í 6 á árinu 2004 og í Svíþjóð var landið allt gert að einu tollumdæmi árið 2004. Í Danmörku eru tollumdæmi 8 og í Finnlandi eru tollumdæmi 5 talsins. Sú breyting sem lögð er til í þessu frumvarpi færir okkur því skrefi nær þeirri þróun sem orðið hefur á norrænum vettvangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til minni háttar breytingar á skilgreiningum tollalaga. Annars vegar er ný skilgreining á hugtakinu „hraðsending“. Hugtakið hefur verið skilgreint í reglugerð en rétt þykir að það sé einnig skilgreint í tollalögum. Hins vegar er lítils háttar lagfæring á skilgreiningu hugtaksins „tollmiðlari“. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að skýr heimild til afhendingar hraðsendingar til notkunar innan lands, áður en viðeigandi tollskjöl yfir hana eru látin tollstjóra í té, verði leidd í lög. Þá er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess að ákveða skilafrest á tollskjölum yfir hraðsendingar með reglugerð. Eðlilegt þykir að kveðið verði á um þessi atriði með afdráttarlausum hætti í tollalögum og reglugerð.

Um 3. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 28. gr. laganna falli brott þar sem tollstjóranum í Reykjavík er falin ákvörðun um form tollskjala og atriði sem skal tilgreina þar í 4. tölul. 43. gr. laganna.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að tollmiðlurum verði heimilt að afhenda hraðsendingu án greiðslu aðflutningsgjalda, enda láti tollmiðlari tollstjóra í té upplýsingar um verðmæti, tegund og þyngd sendingar og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda. Þá er lagt til að heimilt verði

að setja tryggingu sem taki mið af þeim aðflutningsgjöldum sem ætla má að tollmiðlari verði ábyrgur fyrir vegna hraðsendingaþjónustu, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu. Eðlilegt þykir að kveðið verði á um hraðsendingar með skýrum hætti í 36. gr. tollalaga. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 39. gr. tollalaga sem fjallar um afmörkun tollumdæma. Meginbreytingin er sú að tollumdæmum í landinu verði fækkað úr 26 í 8. Fækkun tollumdæma mun þó ekki hafa í för með sér breytingu á fjölda tollhafna enda er mælt fyrir um sérstök skilyrði í 41. gr. tollalaga sem hafnir verða að uppfylla til þess að varða taldar tollhafnir. Hins vegar mun fækkun tollumdæma hafa í för með sér að sérhver tollstjóri mun þjónusta eftir atvikum fleiri tollhafnir án þess þó að það þurfi að koma niður á þjónustunni. Um nánari rökstuðning fyrir þessari breytingu vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að eftirtaldir lögreglustjórar verði tollstjórar auk tollstjórans í Reykjavík: lögreglustjórinn á Ísafirði, lögreglustjórinn á Akureyri, lögreglustjórinn á Seyðisfirði, lögreglustjórinn á Eskifirði, lögreglustjórinn á Selfossi, lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Um nánari rökstuðning fyrir þessari breytingu er vísað til almennra athugasemda hér að framan.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sýslumenn í hverju tollumdæmi skuli annast tiltekið fyrirsvar fyrir tollstjóra í því umdæmi. Í því felst að sýslumenn, sem ekki eru tollstjórar, hafa með höndum þjónustuhlutverk gagnvart inn- og útflytjendum og öðrum sem ráðstafa vöru til tollmeðferðar, einkum varðandi móttöku gagna. Þeir munu einnig hafa það hlutverk að veita upplýsingar um atriði er varða tollmeðferð vöru hvort sem er til innflutnings eða útflutnings og verður því engin breyting á þjónustustigi á einstökum stöðum á landinu.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að orðin „látin tollstjóra í té“ verði notuð í stað orðanna „afhent tollstjóra“ þar sem skjöl berast til tollstjóra með rafrænum hætti í stórauknum mæli.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að fyrirsögn 64. gr. verði „Ferming fars“ þar sem það þykir lýsa efni greinarinnar betur en orðin „Brottfararafgreiðsla fars“.

Um 9. gr.

Í greininni er lagt til að orðið „viðkomandi“ komi í stað orðsins „sakborningi“ í 2. málsl. 3. mgr. 159. gr. vegna þess að heimildir tollstjóra samkvæmt ákvæðinu lúta ekki eingöngu að sakborningum. Þykir rétt að tryggja öllum sem þurfa að sæta leit á grundvelli 159. gr. þann rétt sem mælt er fyrir um í málsgreininni.

Um 10. gr.

Í greininni er orðunum „fara og“ bætt inn í 2. mgr. 167. gr. til þess að tryggja samræmi á milli framsetningar heimilda í 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 3. mgr. 172. gr. sem fjallar um refsiábyrgð tollmiðlara. Lagt er til að tilgreining lágmarks- og hámarksfjárhæðar sektar verði felld brott í þeim tilvikum þegar tollmiðlari aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf eða veitir rangar eða villandi upplýsingar, af ásetningi eða gáleysi, við tollskýrslugerð við útflutning en í staðinn varði sú háttsemi sektum eftir ákvörðun dómstóla hverju sinni því að jafnaði eru engin gjöld lögð á vöru við útflutning hennar.

Um 12. gr.

Á vegum Tollskóla ríkisins eru haldin margs konar námskeið fyrir aðra en tollstarfsmenn um ýmis atriði er lúta að samskiptum við tollyfirvöld. Eðlilegt þykir að skólanum verði tryggðar heimildir í tollalögum til þess að krefja þátttakendur um sanngjarnt námskeiðsgjald og skal fjárhæð gjaldsins miðuð við þann kostnað sem hlýst af því að halda námskeiðin.

Um 13. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 1. og 2. gr. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, til þess að tryggja óbreytta skipan við álagningu og innheimtu skatta í stjórnsýsluumdæmum landsins eins og þau eru ákveðin skv. 2. gr. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, og reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Það þýðir að sýslumenn annast áfram innheimtu skatta ef frá er talinn sýslumaðurinn í Reykjavík en tollstjórinn í Reykjavík annast innheimtu skatta í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir að tollstjórarnir í Reykjavík og á Suðurnesjum taki við aðild ríkisins að starfssambandi tollvarða, sem eru skipaðir eða settir til starfa hjá tollstjórunum í Keflavík og Hafnarfirði. Tollstjórar stækkaðra tollumdæma munu því taka yfir réttindi og skyldur gagnvart hlutaðeigandi tollvörðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar frumvarps um breytta skipan lögreglustjórnar á landsvísu þar sem lögð er til fækkun á lögregluumdæmum. Líkt og hjá löggæsluembættum hafa orðið ýmsar breytingar á starfsumhverfi tollstjóra sem kalla á fækkun og stækkun umdæma. Tollafgreiðsla er í auknum mæli orðin rafræn, dregið hefur úr beinu eftirliti við afgreiðslu á vörum en aukin áhersla lögð á tollendurskoðun og sérþekkingu tollstarfsmanna á ýmsum sviðum. Helsta breytingin samkvæmt frumvarpi þessu snýr því að skipulagi tollyfirvalda eftir umdæmum en lagt er til að þeim verði fækkað úr 26 í 8 í því skyni að gera yfirstjórnina markvissari á landsvísu. Tollstjórar verða þá einnig átta talsins. Þeir sýslumenn sem

ekki gegna hlutverki tollstjóra verða umboðsmenn hans í viðkomandi umdæmi. Eftir sem áður er fyrirhugað að tollafgreiðslustaðir, eftirlit og þjónusta verði með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Er því ekki ástæða til að ætla að þessi skipulagsbreyting hafi umtalsverð áhrif á rekstrarkostnað tollgæslunnar þegar á heildina er litið. Stærri umdæmi veita meira svigrúm til lengri tíma litið til að hagræða og laga starfsemina betur að breyttum þörfum og forgangsraða þeim fjármunum sem varið er til tollamála hjá fjármálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að ávinningi af slíkri hagræðingu verði varið til að efla og bæta starfsemi tollgæslunnar. Verði frumvarpið að lögum er því ekki fyrirhugað að gera breytingar á framlögum til þessa málaflokks en vera má að síðar komi til einhverra skipulagsbreytinga á grundvelli stærri þjónustusvæða sem muni hafa í för með sér tilflutning á fjárveitingum á milli embætta og ráðuneyta. Kostnaður sýslumannsembætta af tollgæslu er sérgreindur í fjárveitingum og reikningshaldi og á því að liggja ljóst fyrir hvaða fjárheimildir eru fyrir hendi á hverjum stað.

Verði frumvarpið að lögum mun það ekki hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, en fjárheimildir munu færast á milli stofnana og ráðuneyta.

1070. Frumvarp til laga [734. mál]

um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna hlutafélag um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heiti ÁTVR hf.

ÁTVR hf. yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir, skuldbindingar og rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins samkvæmt því sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk ÁTVR hf. er að annast innkaup og dreifingu á áfengi og tóbaki eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

3. gr.

ÁTVR hf. skal gæta þess að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengis- og tóbaksbirgjum. Með það að leiðarljósi skal ÁTVR hf. setja sér reglur varðandi innkaup og sölu áfengis og tóbaks.

Reglurnar skulu annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval áfengis og tóbaks með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis jafna möguleika á að koma vörum í sölu hjá félaginu.

4. gr.

ÁTVR hf. hefur einkaleyfi til smásölu áfengis, sbr. 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1998. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

ÁTVR hf. skal tryggja að smásala áfengis sé dreifð út um allt land. Smásöluverð á áfengi skal vera hið sama í öllum vínbúðum félagsins, óháð stærð og staðsetningu.

5. gr.

ÁTVR hf. skal selja tóbak innan lands í heildsölu og hefur einkaleyfi til slíkrar sölu. Um smásölu tóbaks fer eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

ÁTVR hf. leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafa verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi, sbr. 9. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

ÁTVR hf. skal tryggja að allt tóbak sem flutt er inn frá útlöndum eða framleitt hér á landi, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Um merkingar tóbaks fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

ÁTVR hf. er heimilt að framleiða neftóbak.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um lágmarksfjölda hluthafa hjá ÁTVR hf.

Ákvæði hlutafélagalaga gilda um hið nýja félag að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í lögum þessum.

7. gr.

Öll hlutabréf í ÁTVR hf. skulu vera eign ríkissjóðs. Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í ÁTVR hf.

Sala ÁTVR hf. eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess eru óheimil.

8. gr.

Allur kostnaður af stofnun ÁTVR hf. og yfirtöku þess á rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins greiðist af ÁTVR hf.

9. gr.

Hinn 1. janúar 2007 yfirtekur ÁTVR hf. allar eignir, réttindi, skuldir, skuldbindingar og rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, falla úr gildi 1. janúar 2007. Þar sem í öðrum lögum er vísað til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er átt við ÁTVR hf.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á stofnfundi ÁTVR hf., sem haldinn skal fyrir 1. september 2006, skal félaginu kosin stjórn og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

II.

Fjármálaráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna og skal a.m.k. einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir, réttindi, skuldir og skuld-

bindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og skal nefndin leggja mat á hvert hlutafé ÁTVR hf. skuli vera. Við mat þetta skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Nefndin skal leggja niðurstöður sínar fyrir fjármálaráðherra eigi síðar en tíu dögum fyrir stofnfund.

III.

Hlutafé félagsins eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II telst að fullu innborgað með yfirtöku ÁTVR hf. á eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skv. 1. gr.

IV.

Þegar starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verður lögð niður, sbr. 9. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, gilda ákvæði laga nr. 70/1996.

Starfsmaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til neinar grundvallarbreytingar á starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins samhliða hlutafélagavæðingu fyrirtækisins. Í því skyni eru helstu ákvæði laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, sem lagt er til að verði felld brott, tekin efnislega upp í frumvarpi þessu. Áfram er því gert ráð fyrir að ÁTVR hf. hafi með höndum einkaleyfi á smásölu áfengis og heildsöludreifingu tóbaks. Enn fremur er áfram gert ráð fyrir að ÁTVR hf. tryggi merkingar tóbaks og álagningu tóbaksgjalds. ÁTVR hf. skal starfa innan þess ramma sem lagður er í lögum um áfengismál.

Um hlutverk og skyldur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er aðallega fjallað í lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum. Auk þess er vikið að starfsemi fyrirtækisins í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, og lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Ljóst er að starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er verulega frábrugðin starfsemi annarra ríkisstofnana. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er fyrirtæki sem er hvort tveggja í senn innheimtuaðili skatta fyrir ríkissjóð og þjónustufyrirtæki sem selur áfengi í smásölu og dreifir tóbaki í heildsölu. Á undanförnum árum hefur umfang starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verið að aukast, jafnframt því að afkoma fyrirtækisins hefur batnað. Á vegum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins voru á árinu 2005 starfræktar 46 vínbúðir á landinu, þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu, og ársverk fyrirtækisins voru 283. Af þessu má sjá að starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er verulega umfangsmikil.

Starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á sér langa sögu. Upphaf hennar má rekja til ársins 1921 þegar Áfengisverslun ríkisins var stofnuð, sbr. lög nr. 62/1921. Aðflutningsbann á áfengi hafði þá verið frá 1. janúar 1912 og sölubann frá 1. janúar 1915. Tóbakseinkasala ríkisins tók til starfa árið 1932. Fyrirtækin voru sameinuð þann 1. júní árið 1961 undir nafni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Samhliða verslun með áfengi rak Áfengisverslun ríkisins lyfjadeild, en árið 1986 var rekstur hennar aðskilinn frá rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og hún gerð að sjálfstæðri stofnun sem fékk heitið Lyfjaverslun ríkisins. Áfengisverslun ríkisins hóf framleiðslu á áfengum drykkjum árið 1935, en hætti framleiðslu þeirra árið 1992 og voru þá framleiðslutækin seld. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hóf framleiðslu neftóbaks á stríðsárunum og gerir það enn. Samkvæmt þessu er ljóst að mikið vatn hefur runnið til sjávar í starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og kalla þessir breyttu tímar á nýtt rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins.

Veigamikil rök eru fyrir því að færa rekstrarform Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins yfir í hlutafélagsformið. Það rekstrarform er mun hentugra fyrir rekstur fyrirtækisins, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að ríkissjóður verði eini eigandi hlutafélagsins. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að hlutafélagsformið byggist á traustum lagalegum grunni, sbr. lög nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Í þeim lögum eru m.a. fastmótaðar reglur um hluthafafundi, félagsstjórn og framkvæmdastjóra. Enn fremur eru skýrar reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð hlutafélaga. Þá verður allur rekstur fyrirtækisins sveigjanlegri og gagnsæi rekstrarins eykst. Ætla má að rekstrarvitund stjórnenda aukist. Auk þess skiptir afar miklu fyrir fyrirtæki eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem er í örum vexti að starfsskipulag þess sé auðskilið og sveigjanlegt. Loks leiðir þessi breyting til þess að fyrirtækið verður tekjuskattsskylt í samræmi við lög nr. 90/2003, en hingað til hefur fyrirtækið verið undanþegið tekjuskatti. Er hér um eðlilega breytingu að ræða enda engin rök sem mæla með því að fyrirtæki eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé undanþegið tekjuskatti, eða öðrum sköttum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fjármálaráðherra skuli heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem heiti ÁTVR hf. Gert er ráð fyrir því að allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði lagðar til ÁTVR hf.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að hlutverk ÁTVR hf. verði skilgreint með skýrum hætti. Eins og fram kemur í ákvæðinu verður hlutverk ÁTVR hf. að annast innkaup og dreifingu á áfengi og tóbaki eins og nánar er vikið að í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ÁTVR hf. skuli gæta þess að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengis- og tóbaksbirgjum og að félagið setji sér reglur varðandi innkaup og sölu áfengis og tóbaks með það að leiðarljósi. Ekki er um að ræða neina breytingu frá gildandi framkvæmd hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Í núgildandi lögum og reglugerð um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins kemur fram að fyrirtækið skuli tryggja að jafnræði ríki milli áfengis- og tóbaksbirgja og setja sér reglur varðandi innkaup og sölu áfengis og tóbaks.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ÁTVR hf. hafi einkaleyfi til smásölu áfengis, sbr. 10. gr. áfengislaga og að um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fari eftir ákvæðum sérlaga. Áfram er því gert ráð fyrir því ÁTVR hf. hafi einkaleyfi til smásölu áfengis.

Í 2. mgr. segir að ÁTVR hf. skuli tryggja að smásala áfengis sé dreifð út um allt land. Þá skal smásöluverð á áfengi vera hið sama í öllum vínbúðum félagsins, óháð stærð og staðsetningu þeirra. Ekki er um að ræða neina efnislega breytingu frá gildandi reglum um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þar sem sama krafa er gerð. Afar mikilvægt er að fyrirtæki sem hefur einkaleyfi á smásölu áfengis tryggi að verðlagning áfengis sé sú sama í vínbúðum félagsins um allt land og að sem flestir landsmenn hafi aðgang að vínbúðum eftir því aðstæður bjóða upp á.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um einkaleyfi ÁTVR hf. til heildsölu tóbaks hér á landi og að félagið skuli tryggja að allt tóbak sé merkt. Enn fremur er félaginu veitt heimild til framleiðslu tóbaks. Ekki er um að ræða neina efnislega breytingu frá núgildandi reglum um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Í 1. mgr. er lagt til að ÁTVR hf. skuli selja tóbak innan lands í heildsölu og hafi einkaleyfi til slíkrar sölu. Þá kemur fram að smásala tóbaks fari eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Í 2. mgr. segir að ÁTVR hf. leggi á og innheimti tóbaksgjald af tóbaksvörum sem hafi verið fluttar hingað til lands eða framleiddar hér á landi, sbr. 9. gr. laga nr. 96/1995.

Í 3. mgr. er lagt til að ÁTVR hf. tryggi að allt tóbak sem flutt sé til landsins frá útlöndum eða framleitt hér á landi, hvort heldur er unnið eða óunnið, sé merkt. Tekið er fram að um merkingar tóbaks fari eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Í 4. mgr. er lagt til að ÁTVR hf. hafi heimild til framleiðslu neftóbaks eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur haft.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga, með tilliti til þess að ríkissjóður er eini stofnandi og hluthafi félagsins. Að öðru leyti, eins og fram kemur í ákvæðinu, skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hlutafélagið.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að öll hlutabréf í ÁTVR verði í eigu íslenska ríkisins og lagt til að fjármálaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Þá er lagt til að sala félagsins að hluta til eða í heild sé bönnuð, sem og sameining eða slit félagsins. ÁTVR hf. verður skattskylt félag að öllu leyti með sama hætti og önnur almenn hlutafélög. Hér er um nokkra breytingu að ræða þar sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er undanþegin frá greiðslu tekjuskatts. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir þessa breytingu er ekki gert ráð fyrir því að þær tekjur sem ríkissjóður hefur á síðustu árum fengið frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í formi reglubundinna arðgreiðslna breytist að neinu ráði. Með hlutafélagavæðingu fyrirtækisins og tekjuskattsskyldu mun sú breyting verða að þær fjárhæðir sem berast frá fyrirtækinu til ríkissjóðs munu bæði vera í formi skatttekna og arðgreiðslna.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að ÁTVR hf. beri allan kostnað af stofnun félagsins og kostnað við yfirtöku þess á rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ÁTVR hf. yfirtaki hinn 1. janúar 2007 allar eignir, réttindi, skuldir, skuldbindingar og rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þá skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lögð niður frá og með sama degi jafnframt því sem umboð stjórnar fyrirtækisins fellur niður.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um að stofnfundur ÁTVR hf. skuli haldinn eigi síðar en 1. september 2006. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar. Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ÁTVR hf. yfirtaki hinn 1. janúar 2007 allar eignir, réttindi, skuldir, skuldbindingar og rekstur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Nauðsynlegt er að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu forstjóra og starfsmanna ÁTVR hf. áður en félagið tekur við rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa yfirtöku á rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með ráðningu forstjóra og starfsfólks og öðrum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun nefndar sem skal meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Við yfirtöku ÁTVR hf. á eignum og rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er nauðsynlegt að fram fari mat á því hvert hlutafé félagsins skuli vera. Í greininni er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra skipi þriggja manna nefnd sem hafi þetta hlutverk. Í nefndinni sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi og skal hún hafa fullan aðgang að öllum gögnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Nefndin skal leggja fram niðurstöður sínar fyrir fjármálaráðherra eigi síðar en tíu dögum fyrir stofnfund félagsins.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er kveðið á um að innborgað hlutafé skuli nema þeirri upphæð sem matsnefnd leggur til samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða. Með yfirtöku ÁTVR hf. á eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins telst hlutaféð að fullu greitt.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu er fjallað um réttindi starfsmanna við breytingu á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í hlutafélag.

Í 1. mgr. kemur fram að þegar starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verður lögð niður, sbr. 9. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttar-

stöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Gert er ráð fyrir því að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hinu nýja fyrirtæki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að um biðlaunarétt starfsmanna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fari eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 3. mgr. er fjallað um þá starfsmenn sem hafa áunnið sér lífeyrisrétt í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ráðast til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft ár eða meira. Lagt er til að sama regla gildi um þessa starfsmenn og almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild lífeyrissjóðsins. Réttur til töku lífeyris úr B-deild er bundinn við starfslok viðkomandi, þ.e. starfslok í því starfi sem veitt hefur aðild að deildinni. Sjá nánar 1. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Lagt er til að sambærileg regla gildi um sjóðfélaga B-deildar sem þiggja störf hjá hlutafélaginu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Í frumvarpinu er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði gerð að opinberu hlutafélagi í eigu ríkisins. Hlutafélagið taki yfir allar eignir og skuldbindingar núverandi verslunar þann 1. janúar 2007. Heildareignir fyrirtækisins voru um 3,2 milljarðar kr. samkvæmt ársreikningi 2005 og óráðstafað eigið fé var um 2,2 milljarðar en heildarvelta það ár var um 16,6 milljarðar. ÁTVR hefur lengi verið rekið sem fyrirtæki í B-hluta fjárlaga sem hefur aflað allra sinna tekna með sölu á vörum og þjónustu. Fyrirtækið hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði heldur greitt arð í hann miðað við eigið fé og afkomu á hverjum tíma. Sérstök stjórn hefur verið yfir ÁTVR og hefur reksturinn í aðalatriðum verið áþekkur því sem tíðkast um verslunarfyrirtæki. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum breytingum á starfsemi fyrirtækisins heldur snýr það fyrst og fremst að því að færa hana í það rekstrarform sem þykir vera sveigjanlegast og gefast best í verslunarrekstri. Samkvæmt frumvarpinu verður ÁTVR áfram með einkaleyfi á smásölu áfengis og heildsöludreifingu tóbaks. Einnig er gert ráð fyrir að ÁTVR tryggi áfram álagningu tóbaksgjalds og að merkingar séu settar á tóbak. Við breytingu í hlutafélag mun fyrirtækið hins vegar byrja að greiða tekjuskatt sem það hefur verið undanþegið til þessa.

Í stórum dráttum snúa fjárhagsleg áhrif áfengis- og tóbakssölunnar einkum að tekjuöflun fyrir A-hluta ríkissjóðs. Innheimt er áfengisgjald í ríkissjóð bæði af innfluttu áfengi og því sem framleitt er innan lands og er það innifalið í innkaupsverði ÁTVR frá birgjum. Þá leggur ÁTVR á tóbaksgjald á heildsölustigi sem leggst við innkaupsverðið hjá versluninni. Tekjum af vörusölu umfram innkaup á vörum og rekstrarkostnað hefur að mestu verið ráðstafað sem arðgreiðslum til ríkissjóðs. Árið 2003 var arðgreiðslan 133 m.kr. en 649 m.kr. árið 2004 og 670 m.kr. árið 2005. Góður hagnaður hefur verið af versluninni undanfarin ár sem á m.a. rætur að rekja til hagstæðrar gengisþróunar. Verði fyrirtækinu breytt í hlutafélag má gera ráð fyrir að ríkissjóður hafi svipaðar tekjur af rekstrinum eftir sem áður. Tekjurnar verði þá að mestu í mynd tekjuskatts af hagnaðinum en árleg arðgreiðsla verði fyrir vikið ákvörðuð lægri með hliðsjón af afkomu eftir skatta. Ekki er því ástæða til að ætla að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á þessa tekjuöflun ríkissjóðs.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að öllum núverandi starfsmönnum verði boðið starf hjá hlutafélaginu og að þeir haldi áunnum réttindum sínum, þar með töldum lífeyrisréttindum, í samræmi við það sem kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í einu lagi með útgáfu skuldabréfs á árinu 1999. Árlegar skuldbindingar hafa síðan verið gerðar upp við sjóðinn jafnóðum og þær myndast og verður því engin áfallin lífeyrisskuldbinding fyrir hendi hjá fyrirtækinu eða ríkissjóði við stofnun hlutafélagsins.

1071. Frumvarp til laga [735. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

Flm.: Jón Bjarnason, Bjarkey Gunnarsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á jörð eða jarðarhluta að ½ eða meira að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar aðra jörð eða hluta annarrar jarðar ef stysta loftlína milli íbúðarhúsa á viðkomandi jörðum er lengri en hámarksvegalengd sem ráðherra ákveður með reglugerð. Óheimilt er hverjum þeim sem fyrir á ½ hluta í fleiri en þremur jörðum að kaupa, þiggja að gjöf eða taka sem greiðslu skuldar jörð eða jarðarhluta.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein sem verður 10. gr. a og orðast svo:

Hlutafélagi er því aðeins heimilt að kaupa jörð eða jarðarhluta að einstaklingur sem á að lágmarki 10% hlutafjár hafi fasta búsetu á viðkomandi jörð og uppfylli önnur ákvæði þessara laga um aðilaskipti að jörðum, og að hann fari með að lágmarki 50% atkvæða í félaginu.

3. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þegar selja á ríkisjörð öðrum en ábúendum skal sveitarfélag, sem viðkomandi jörð er í, hafa forkaupsrétt að jörðinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Á síðustu árum hafa fjársterkir aðilar keypt bújarðir um allt land í ört vaxandi mæli. Ljóst er að í mörgum tilfellum eru jarðirnar fyrst og fremst keyptar í því augnamiði að selja þær á hærra verði síðar meir. Sums staðar hefur búskap verið haldið áfram eða búrekstur af mörgum jörðum sameinaður á einni jörð og greiðslumark fært til að sama skapi. Eftir standa jarðir, sem áður voru vel setnar, í eyði og sumar jafnvel komnar í niðurníðslu eftir fáein ár.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau áhrif sem slík uppkaup hafa á byggð í viðkomandi sveitum. Í hvert einasta sinn sem jörð fer úr ábúð, búskapur leggst af og fólk flytur á brott stendur samfélagið veikara eftir. Þegar slíkt gerist fyrir tilstilli kaupsýslumanna sem hugsa fyrst og fremst um að fjárfesta í jörðum en horfa til búrekstrar sem aukagetu eða líta á hann einungis sem leið til að fá fyrr arð af fjárfestingunni, verður að spyrna við fæti. Þetta er líka alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki bolmagn til að kaupa jarðirnar í því skyni að halda þeim í byggð þar eð útsvarstekjur þeirra minnka yfirleitt vegna þessa. Á hinn bóginn er ekki hægt að áfellast þá sem jarðirnar selja. Það er skiljanlegt að bændur eigi erfitt með að hafna því þegar þeim eru boðnar háar fjárhæðir fyrir jarðir með öllu því sem þeim fylgir, bæði eignum og skuldum. Þar geta líka lífeyrismál fólks haft sitt að segja.

Hluti af þeirri sátt sem ríkt hefur um landbúnað á Íslandi í seinni tíð á rætur í þeirri sýn að bændur séu eins konar vörslumenn landsins sem nytji það til framleiðslu á hollum matvælum. Jarðnæði á Íslandi er í dreifðri eign og víðast hvar hefur sambúð landeigenda og þeirra sem vilja ferðast um landið, skoða það og njóta útivistar, verið góð. Uppkaup fjársterkra aðila á jörðum vítt og breitt um landið stefna þessari stöðu mála í voða.

Samþjöppun jarðeigna á fáar hendur mun augljóslega gerbreyta ásýnd sveitanna í mörgu tilliti. Fyrir liggur að það verður afar erfitt, ef ekki útilokað, að snúa til baka ef þessi uppkaup halda áfram með sama hætti og verið hefur. Verð á bújörðum og greiðslumarki, sem nú eru orðin eins og hver önnur markaðsvara, er þannig að ólíklegt er að búskapur verði endurreistur á jörðum þar sem hann hefur einu sinni verið lagður af í tengslum við þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar.

Markmið þeirra lagabreytinga sem hér eru lagðar til er að koma í veg fyrir að einstakir lögaðilar safni að sér jarðeignum víða um land og láti jafnvel reka þar fyrir sig bú án þess að koma þar að sjálfir. Hins vegar er ekki ætlunin að hindra að bændur geti sameinað aðliggjandi jarðir eða stundað heildstæðan búrekstur á fleiri en einni jörð ef þær jarðir liggja það nærri hver annarri að slíkt sé mögulegt og önnur skilyrði fyrir eignarhaldi og slíkum rekstri eru uppfyllt.

Við gerð frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar nokkur ákvæði dönsku jarðalaganna. Danir hafa nokkuð aðra skipan á þessum málum en tíðkast hefur hér á landi eins og rakið er í meðfylgjandi grein Ernu Bjarnadóttur sem birtist í Bændablaðinu 11. janúar 2005.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hvaða reglur eiga að gilda um viðskipti með bújarðir? Erna Bjarnadóttir. (Bændablaðið 11. janúar 2005.)
II. Sjálfseignarbóndi eða réttlaus leiguliði. Jón Bjarnason. (Morgunblaðið 3. nóvember 2004.)
III. Ásókn auðmanna í bújarðir hefur víðtæk áhrif. Fjársterkir aðilar safna hlunnindajörðum. Sunna Ósk Logadóttir. (Morgunblaðið, innlendar fréttir, 10. mars 2006.)

1072. Tillaga til þingsályktunar [736. mál]

um rannsóknir á áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2016.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja mikilvægt nú á tímum ört vaxandi tæknivæðingar að fram fari upplýst umræða um áhrif rafsegulsviðs farsíma og rafsegulbylgna á mannslíkamann og telja að rannsóknir séu mikilvæg forsenda þess. Margs konar búnaður og tæki eins og farsímar byggjast á rafsegulbylgjum og rafsegulsviði og skipar æ ríkari sess í daglegu lífi mannsins hvort sem litið er til heimilis eða vinnustaða.

Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfinu til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, t.d. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa eða vinna í nágrenni þeirra.

Í október 2005 kom út skýrsla á vegum breskrar heilbrigðisstofnunar (e. „Health Protection Agency“) þar sem leitast var við að skilgreina rafsegulsóþol og greina það faraldsfræðilega. Niðurstaða skýrslunnar er að rafsegulsóþol sé líkamleg veikindi en ekki andleg eins og talið hafði verið og í henni er viðurkennt að rafsegulsvið farsíma, háspennumastra og tölvuskjáa kunni að valda t.d. ógleði, svima, höfuðverk, hjartsláttartruflunum, minnisleysi og vöðvaverkjum. Breska skýrslan er viðurkenning á nauðsyn þess að rannsaka rafsegulsóþol ekki eingöngu með tilliti til orsaka veikindanna heldur einnig með tilliti til meðhöndlunar og lækninga. Fram kom að rannsóknir Breta muni á næstunni snúast um að lýsa rafsegulsóþoli og skilja það og finna staði sem eru hentugir til að meðhöndla einkennin, en talið er að fjöldi þeirra Breta sem telja sig þjást af óþolinu hafi aukist mjög síðustu ár.

Flutningsmenn telja vert að skoða nýgengi krabbameins í heila, gláku og annarra augnskemmda hafi aukist síðan notkun farsíma hófst bæði hjá börnum og fullorðnum. Erlendar upplýsingar benda til þess að krabbamein í heila barna sem noti farsíma hafi orðið algegnara.

Segja má að hér sé um nýja tegund mengunar að ræða, þ.e. rafsegulsmengun, og telja flutningsmenn tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum rafsegulsviðs í farsímum og rafsegulbylgna á mannslíkamann. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2016. Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrám sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameins og hugsanlegt er að rannsóknin geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins, hugsanlega í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir svo sem Geislavarnir ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Löggildingarstofu og Orkustofnun. Þá telja þeir æskilegt að leitað sé samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, jafnvel þannig að rannsóknin yrði hluti af fjölþjóðlegri rannsókn. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

1073. Tillaga til þingsályktunar [737. mál]

um rannsóknir á áhrifum rafmagnsveitulína orkuveitna, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Kjartan Ólafsson, Dagný Jónsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum rafmagnsveitulína orkuveitna, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2016.

Ráðherra geti Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Tillaga um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann var lögð fram á 126., 127., 128., 130. og á 131. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Tillagan er nú lögð fram nokkuð breytt þar sem bæði hefur verið tekið tillit til umsagna sem borist hafa og til nýrra gagna.

Flutningsmenn telja mikilvægt nú á tímum ört vaxandi tæknivæðingar að fram fari upplýst umræða um áhrif rafmagnsmannvirkja á fólk og telja að rannsóknir séu mikilvæg forsenda þess. Erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að hvers konar rafsegulsvið geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini o.fl. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfinu til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra. Þá hefur einnig farið fram mikil umræða um aðstæður á vinnustöðum.

Opinber bresk stofnun hefur viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem búa ekki við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst.

Flutningsmenn benda á að á Íslandi hafa ekki verið settar neinar reglur um leyfilegan styrk rafsegulsviðs en í Noregi hafa verið gerðar ákveðnar varúðarráðstafanir meðan beðið er eftir skýrari niðurstöðum vísindarannsókna. Því er í norskri reglugerð um raforkuvirki kveðið á um að heimili, barnaheimili, barnaskólar eða aðrir staðir þar sem búast má við langvarandi dvöl barna, séu ekki nær 400 kV línu en 18 m. Hugsanlegt væri að gera skipulegar mælingar, t.d. í skólahúsnæði þar sem yngsta og væntanlega viðkvæmasta kynslóðin er langtímum saman, hugsanlega í óæskilega sterku rafsegulsviði.

Í október 2005 kom út skýrsla á vegum breskrar heilbrigðisstofnunar (e.„Health Protection Agency") þar sem leitast var við að skilgreina rafsegulsóþol og greina það faraldsfræðilega. Niðurstaða skýrslunnar er að rafsegulsóþol sé líkamleg veikindi en ekki andleg eins og talið hafði verið og er viðurkennt í henni að rafsegulsvið farsíma, háspennumastra og tölvuskjáa kunni að valda t.d. ógleði, svima, höfuðverk, hjartsláttartruflunum, minnisleysi og vöðvaverkjum. Í skýrslunni var leitast við að safna saman og meta gögn frá erlendum stofnunum og sjálfshjálparhópum vegna rafsegulsóþols og voru mestar upplýsingar fengnar frá Svíþjóð. Svíar eru komnir lengst í að rannsaka rafsegulsóþol en þar var viðurkennt árið 2000 að rafsegulsóþol væri líkamleg veikindi. Talið er að fjöldi þeirra sem þjást af veikindunum þar sé um 300.000 manns. Rafsegulsóþol getur bæði lýst sér í vandamálum tengdum húð og innvortis áhrifum svo sem ógleði, höfuðverk, vöðvaverkjum, svima, óreglulegum hjartslætti, einbeitingarskorti, þreytu o.fl.

Breska skýrslan er viðurkenning á nauðsyn þess að rannsaka rafsegulsóþol ekki eingöngu með tilliti til orsaka veikindanna heldur einnig með tilliti til meðhöndlunar og lækninga. Fram kom að rannsóknir Breta muni á næstunni snúast um að lýsa rafsegulsóþoli og skilja það og finna staði sem eru hentugir til að meðhöndla einkennin, en talið er að fjöldi þeirra Breta sem telja sig þjást af óþolinu hafi aukist mjög síðustu ár.

Þegar skoðað var hvort og hvernig þeir sem töldu sig þjást af rafsegulsóþoli vissu það kom fram að þeir fundu hvernig einkenni breyttust við að skipta um umhverfi. Þá kom fram að reynt hefði verið að minnka rafsegulsvið á heimilum fólks með sérstökum rafmagnslögnum, auk þess sem gaseldavélar hefðu tekið við af rafmagnseldavélum og álþynnur jafnvel verið lagðar á veggi, gólf, þök og glugga. Sérstaklega var talin þörf á að huga að farsímaneti, möstrum og grunnstöðvum, ekki síst ef grunnstöðvar eru í grennd við skóla eða sjúkrahús.

Flutningsmenn telja mikilvægt fyrir heilsu þeirra sem þjást af rafsegulsóþoli hér á landi að það verði viðurkennt sem sjúkdómur og rannsakað til þess að hægt sé að leggja áherslu á meðhöndlun og forvarnir. Þá telja flutningsmenn að starfsmenn geti jafnvel þurft að fá aðstoð hjá vinnuveitenda til að fá mælingar á rafsegulsviði og breytingar á skipulagi eða önnur tæki sem hafa minna rafsegulsvið. Þá geti þeir sjálfir látið gera mælingar heima fyrir og tilraunir með að breyta skipulagi þar og færa til tæki.

Flutningsmenn telja tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum rafmagnsveitulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins og jafnvel út frá mismunandi hverfum eftir rafkerfum. Sum hverfi og byggðir hafa tveggja fasa rafkerfi og önnur þriggja fasa en mælingar hafa yfirleitt sýnt hærri gildi rafsegulsviðs þar sem þriggja fasa kerfi er. Ástæðan eru svokallaðir flökkustraumar sem geta myndast í þriggja fasa kerfi sem gera það að verkum að hitaveitulagnir geta verið með bullandi rafstraum og þar af leiðandi mjög hátt rafsegulsvið.

Hér á landi eru á margan hátt kjöraðstæður til að gera faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum umhverfisþátta og hugsanlegri krabbameinshættu. Er þetta að þakka nákvæmum lýðskrám, sem geyma upplýsingar um búsetu og nýgengi krabbameins og hugsanlegt er að rannsóknin geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2016. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins, hugsanlega í samvinnu við fyrirtæki og opinberar stofnanir svo sem Geislavarnir ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins og Löggildingarstofu og Orkustofnun. Þá telja þeir æskilegt að við rannsókn sem þessa sé leitað samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, t.d. innan Evrópusambandsins og rannsóknin yrði hluti af fjölþjóðlegri rannsókn. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

1074. Frumvarp til laga [738. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og breytingu á tollalögum, nr. 88/2005.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Gunnar Örlygsson, Bjarni Benediktsson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

1. gr.

31. og 33. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005:

a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum í 10. kafla verður 0%: 1001.1001, 1001.9001, 1002.0001, 1003.0001, 1004.0001, 1005.9001, 1007.0001, 1008.1001, 1008.2001, 1008.3001 og 1008.9001.
b. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum í 11. kafla verður 0%: 1101.0021, 1102.2001, 1102.9011, 1102.9021, 1103.1101, 1103.1311, 1103.1319, 1103.1321, 1103.1901, 1103.2001, 1104.1221, 1104.1901, 1104.2221, 1104.2301, 1104.2301, 1104.2901, 1104.3001 og 1106.2001.
c. Tollur á vörum í 12. kafla í tollskrárnúmerum 1213.0011 og 1213.0021 verður 0%.
d. Tollur á vörum í 17. kafla í tollskrárnúmerum 1703.1001 og 1703.9001 verður 0%.
e. Tollur á vörum í 23. kafla tollskrárinnar verður 0%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirstöðvar fóðursjóðs, skv. 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993, við gildistöku laganna skulu renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og andvirði þeirra ráðstafað sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparhátta á lögbýlum.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fóðursjóður sem er í vörslu landbúnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, verði lagður niður. Í fóðursjóð renna tolltekjur af innfluttu fóðri og hráefni sem fellur undir 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005.

Í reglugerð nr. 431/1996 er fjallað um greiðslur úr fóðursjóði. Skv. 2. gr. eru misháar greiðslur eftir því annars vegar hvort um er að ræða hráefni eða fullunnið fóður og hins vegar hvort um er að ræða hráefni eða fullunnið fóður til annars en loðdýraræktar og fiskeldis. Fyrir hráefni eða fullunnið fóður til loðdýraræktar eða fiskeldis er greitt að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning. Þegar um ræðir hráefni til fóðurgerðar, annarrar en fiskeldis- og loðdýraræktarfóðurs, eru dregnar frá 0,80 kr. á kíló af andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning en frádregnar 7,80 kr. á kíló ef um er að ræða fóðurblöndur til annars en loðdýraræktar og fiskeldis.

Heimild er í 4. gr. reglugerðarinnar til að skuldajafna áður en útborgun á sér stað og er framkvæmdin sú að skuldajafnað er áður en til greiðslu kemur, og rennur því einungis í sjóðinn sú fjárhæð sem frádregin er frá andvirði tollsins, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, sem fer síðan í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Á hverju ári eru eftirstöðvar sjóðsins um 40–60 millj. kr. sem renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. 2. mgr. 33. gr. laganna. Fénu er ráðstafað sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar á búskaparháttum á lögbýlum. Verði frumvarpið að lögum verður eftirstöðvum sjóðsins ráðstafað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við gildistöku.

Flutningsmenn telja að sjóðurinn sé óþarfa millifærslusjóður sem nýtist engum. Auk þess er með niðurfellingu hans dregið úr stuðningi við landbúnaðarkerfið.

1075. Frumvarp til laga [739. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

2. málsl. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umsókn um stofnun lögbýlis skal einnig fylgja hnitasettur uppdráttur/kort er sýni legu landsins.

3. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo:

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal forráðaaðili jarðar samkvæmt lögum leita umsagnar fagstofnana ríkisins eftir því sem við á.

5. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Á ættaróðali mega ekki hvíla aðrar veðskuldir en þær sem teknar hafa verið til tryggingar greiðslu lána til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni.

6. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er óðalseiganda að taka lán með veði í óðalinu til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á jörðinni

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og er því ætlað að breyta núgildandi jarðalögum, nr. 81/2004, sem leystu af hólmi jarðalög, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Af 42. gr. gildandi jarðalaga, nr. 81/2004, leiðir að eignarformið óðalsjörð mun hverfa úr íslenskri löggjöf á nokkrum áratugum með fráfalli núverandi óðalsbænda og maka þeirra, en jafnframt er bannað að stofna ný ættaróðul. Hér er um að ræða nokkurs konar sólarlagsákvæði. Samkvæmt lögskýringargögnum með jarðalögunum voru helstu ástæðurnar fyrir þessari löggjafarstefnu þær að ekki væri í raun farið eftir lagaboðum um óðalsjarðir sem væru orðin úrelt og samrýmdust ekki núgildandi viðhorfum til eignarréttar og meðferðar jarða í þjóðfélaginu. Í greinargerð með frumvarpi til jarðalaga sagði m.a. að eignarhaldi og umsýslu óðalsjarða væru settar þröngar skorður sem oft hefði valdið erfiðleikum í framkvæmd, t.d. varðandi þörf óðalsbænda fyrir lánafyrirgreiðslu og þar með til að veðsetja jarðirnar. Þessar skorður voru þó ekki felldar niður með nýju jarðalögunum og í dag hafa enn frekari múrar verið reistir utan um veðsetningarheimildir óðalsbænda. Með lögum nr. 68/2005, sem tóku gildi þann 10. maí 2005, var landbúnaðarráðherra heimilað að selja Lánasjóð landbúnaðarins. 3. gr. laganna felldi út nafn Lánasjóðsins í 43. og 47. gr. jarðalaga. Þetta hafði þá afleiðingu að veðsetningarheimildir óðalsbænda takmörkuðust enn frekar og hafa þeir nú einungis heimild til þess að veðsetja óðalsjarðir sínar til tryggingar lánum teknum hjá Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði. Frumvarpi þessu er með vísan til jafnréttis og hagræðissjónarmiða ætlað að víkka veðsetningarheimildir óðalsbænda nokkuð.

1., 2. og 4. gr. frumvarpsins hafa litla þýðingu en þeim er ætlað að gera lögin skýrari og framkvæmd þeirra greiðari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. jarðalaga er mælt fyrir um það að við stofnun réttinda yfir og aðilaskipti að jörðum, öðru landi, fasteignum og fasteignaréttindum sem jarðalögin gilda um, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu, búskipti, félags- og sameignarslit, fyrirframgreiðslu arfs, lán, kaupleigu, leigu og ábúð skuli tilkynna sveitarstjórn um aðilaskiptin. Í 2. málsl. segir hins vegar að ekki þurfi að tilkynna um eigendaskipti þegar lögaðilar eiga jarðir.

Þau rök eru vandséð sem standa til þess að gera hér greinarmun á lögaðilum og einstaklingum. Í frumvarpi til núgildandi jarðalaga var þessa afmörkun ekki að finna en hún kom inn í frumvarpið með breytingartillögu meiri hluta landbúnaðarnefndar sem samþykkt var við 2. umræðu. Framsögumaður meiri hluta landbúnaðarnefndar rökstuddi breytinguna þannig að hún væri til einföldunar og hagræðis þar sem ekki væri unnt að leggja það á sveitarstjórnir að fylgjast með aðilaskiptum að jörðum þegar lögaðilar ættu jarðir enda gæti verið um stór almenningshlutafélög að ræða og því erfitt að fylgjast með breytingum á eignarhaldi þeirra. Í þessu felst algengur misskilningur á eðli hlutafélaga, en það eru félögin sjálf, sjálfstæðir lögaðilar, sem skráð yrðu sem eigendur en ekki hluthafar í þeim. Því er lagt til að þessi misskilningur verði leiðréttur.

Um 2. gr.

Tilgangur lagagreinarinnar er að bæta ákvæði við 17. gr. jarðalaga um þau gögn sem fylgja skulu umsókn um stofnun nýs lögbýlis. Verulegur fjöldi umsókna um stofnun nýrra lögbýla berst til landbúnaðarráðuneytisins árlega þar sem landspildum hefur verið skipt út úr bújörðum og óskað er eftir heimild til að stofna á þeim ný lögbýli. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á um mörk og legu slíkra landa svo að ekki komi til ágreinings síðar. Því er með frumvarpi þessu lagt til að hnitasettur uppdráttur fylgi umsókn um stofnun nýs lögbýlis er sýni á ótvíræðan hátt legu umræddra lands.

Um 3. gr.

Með greininni er fellt niður ákvæði 3. mgr. 38. gr. um auglýsingaskyldu við sölu á leigulóðum, jörðum og jarðahlutum í þeim tilvikum þegar leigutaki hefur haft land á leigu í a.m.k. 20 ár og á eigin kostnað lagt í verulegar ræktunarframkvæmdir á landinu og þannig aukið verðmæti þess umtalsvert.

Ákvæðið hefur reynst erfitt í framkvæmd þar sem orðalagið „verulegar ræktunarframkvæmdir“ er einkar óljóst og matskennt og sama má reyndar einnig segja um orðalagið að framkvæmdir hafi „aukið verðmæti lands umtalsvert“.

Til þess ber einnig að líta að við sölu samkvæmt þessu ákvæði er verið að mismuna leigutökum eftir því hvort þeir hafi stundað verulega ræktun á landinu eða nýtt landið til annarra hluta og má efast um að sá greinarmunur samrýmist jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Sú skylda hvílir einnig almennt á stjórnvöldum að gæta jafnræðis við ráðstöfun eigna ríkisins samkvæmt jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og má einnig greina þessi sjónarmið í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 2058/1997. Ákvæðið eins og það er nú getur auðveldlega breyst í kaupréttarákvæði leigutaka þar sem erfitt er að gera greinarmun á milli manna í sambærilegri aðstöðu.

Með frumvarpinu er ekki verið að útiloka algerlega að lóðir, jarðir og jarðarhlutar, sem hafa verið í útleigu um lengri tíma, séu seld leigutaka án undangenginnar auglýsingar ef sérstök rök standa til þess, þ.e. að ráðuneytið, eða annar forráðaaðili, beiti sér fyrir því að laga-

heimild fáist til slíkrar sölu. Sú heimild verður þó að teljast þröng en hvert tilvik verður skoðað sérstaklega berist beiðni um slíkt til ráðuneytisins.

Um 4. gr.

Í núgildandi ákvæði 2. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um það að við ákvörðun skv. 1. mgr. greinarinnar um hvaða ríkisjarðir skuli ekki selja skuli landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar viðkomandi fagstofnana ríkisins eftir því sem við á. Landbúnaðarráðuneytið fer með forræði ríkisjarða nema undantekningar séu á því gerðar með lögum, sbr. 33. gr. jarðalaga. Með frumvarpi þessu er ákvæðið orðað á almennari hátt svo að aðrir forráðaaðilar en landbúnaðarráðuneytið beri einnig samráðsskyldur samkvæmt ákvæðinu en slík skylda sé ekki lögð á ráðuneytið vegna jarða sem það hefur ekki forræði yfir.

Um 5. gr.

Með greininni eru felldar niður ákveðnar takmarkanir við því hvaða veðskuldir megi hvíla á ættaróðali. Ekki er lengur gerð krafa um það að til skuldanna hafi verið stofnað hjá Lífeyrissjóði bænda eða Orkusjóði. Áður var Lánasjóður landbúnaðarins þarna á meðal, en nafn hans var tekið út með 3. gr. laga nr. 68/2005 sem veitti landbúnaðarráðherra heimild til að selja sjóðinn.

Núgildandi ákvæði getur leitt af sér misskilning. Af nokkuð skýru orðalagi lagagreinarinnar mætti ályktа að unnt sé að gagnályktа frá henni með þeim hætti að þær veðskuldir sem hvíla á óðalsjörðum í dag vegna framkvæmdalána hjá Lánasjóði landbúnaðarins og framseldar voru til Landsbankans með sölu sjóðsins teljist ekki gildar aðfarar- og/eða nauðungarsöluheimildir. Telja verður þó í samræmi við lagaskilareglur að slíkt samningsveð í óðalsjörð, sem stofnað var á lögmætan hátt í tíð eldri laga, sé réttmætur grundvöllur aðfarar og nauðungarsölu þótt lögunum hafi verið breytt. Bæði stofnun veðsins og efni þess heldur gildi sínu. Þessi niðurstaða er byggð á þeirri meginreglu laga að skýra beri lög þannig að þau séu ekki látin virka aftur fyrir sig ef þau mæla ekki skýrt fyrir um það. Forsaga 3. gr. laga nr. 68/2005 styður einnig þessa skýringu enda var það ekki eitt markmiða við sölu Lánasjóðs landbúnaðarins að fella niður veðskuldbindingar eigenda óðalsjarða við kaupanda sjóðsins heldur þvert á móti að selja allar eignir og skuldbindingar sjóðsins, en veðréttur er einn svokallaðra takmarkaðra eignarréttinda.

Um 6. gr.

Með greininni eru felldar niður þær takmarkanir sem kveða á um hjá hverjum óðalsbóndi leitar eftir lántöku með veðsölu í jörð sinni. Í núgildandi 47. gr. geta óðalsbændur einungis veitt veð í óðalsjörð sinni til tryggingar lánum hjá Orkustofnun eða Lífeyrissjóði bænda, en áður var Lánasjóður landbúnaðarins einnig þarna á meðal eins og rakið er í almennum athugasemdum.

Sú takmörkun að einungis er unnt að veita veðtryggingu vegna lána sem eru til mannvirkjagerðar eða annarra varanlegra endurbóta á óðalsjörðinni heldur gildi sínu. Ástæða þess er sú að telja verður að varlega verði að fara með breytingu á þessu sviði. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Segja má að þetta sé í góðu samræmi við önnur ákvæði VIII. kafla jarðalaga um óðalsjarðir. Ein meginhugsunin á bak við eignarformið er að óðalsbóndi sé í raun nokkurs konar vörslumaður óðalsins sem ber að skila því til næstu kynslóðar en geti ekki notað það til tryggingar persónulegum fjárskuldbindingum sínum ótengdum óðalinu. Að auki má benda á að nú er orðið auðvelt að leysa jörð úr óðalsböndum skv. 51. og 52. gr. laganna og telji óðalsbóndi að takmörkunin feli í sér of veigamikla skerðingu á athafnafrelsi hans, þá er hon-

um fært að fara þá leið. Veðsetningartakmarkanirnar verður að skýra með ákvæðum 48. og 49. gr. laganna þar sem er að finna sérákvæði um heimildir til aðfarar og málsmeðferð við aðför í óðali.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 81/2004.

Helsti tilgangur frumvarpsins er að gera lögin skýrari og framkvæmd þeirra greiðari, og víkka veðsetningarheimildir á ættaróðulum.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

1076. Frumvarp til laga [740. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Landbúnaðarstofnun innheimtir eftirlitsgjald af sláturleyfishöfum í hlutfalli við innvigtun þeirra af hverri kjöttegund til að standa straum af kostnaði við eftirtalda þætti heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum:

a. Laun og ferðakostnað kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólks þeirra.
b. Reglulega sýnatöku í sláturhúsum og úrvinnslu sýna.
c. Rannsóknir á þeim sýnum sem nauðsynlegt er talið að taka, t.d. vegna reglubundinna mælinga á lyfjaleifum og aðskotaefnum eða rannsókna á örverum og vatni.
d. Nauðsynlegt námskeiðahald og viðhaldsmenntun fyrir kjötskoðunarlækna og aðstoðarfólk þeirra.
e. Yfirstjórn og samræmingu eftirlitsins.
f. Nauðsynlega aðstöðu og tækjabúnað vegna eftirlitsins.

Eftirlitsgjaldið tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir.

Viðbótareftirlit með sláturafurðum er nauðsynlegt þegar tiltekin starfsemi sláturleyfishafa eða annars aðila uppfyllir ekki þær venjulegu kröfur sem gerðar eru til framleiðslu sláturafurða að mati Landbúnaðarstofnunar vegna gruns um smitefni eða mengun eða vegna ann-

arra atvika. Kostnaður af viðbótareftirlitinu greiðist af þeim sem ber ábyrgð á viðkomandi starfsemi til Landbúnaðarstofnunar og skal fjárhæð gjaldsins nema raunkostnaði við eftirlitið.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein. Í reglugerðinni skal m.a., í samræmi við ákvæði b- og c-liðar 2. mgr., kveðið á um hvaða reglubundnu sýni skuli tekin. Ráðherra er einnig heimilt að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur. Ráðherra skal gefa út gjaldskrá um heilbrigðiseftirlitið sem byggð skal á raunkostnaði þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, er kveðið á um það með hvaða hætti gjald fyrir þá heilbrigðisskoðun sem fram fer í sláturhúsum eftir ákvæðum III. kafla laganna er innheimt. Eftirlitsgjaldið er innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í sömu lagagrein að eftirlitsgjaldinu sé ætlað að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna og að það sé miðað við raunkostnað. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að í stað þess að Alþingi ákveði með lögum þá krónutölu sem greiða á fyrir hvert kíló kjöts vegna heilbrigðiseftirlits verði ráðherra falið með heimild í 2. mgr. 11. gr. laganna að setja gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlitið sem byggð skal á raunkostnaði við eftirlitið.

Gildandi lög tryggja ekki nægjanlega vel að gjaldtakan endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlitið sem skapað hefur tortryggni af hálfu sláturleyfishafa. Töluverð umræða hefur t.d. verið uppi um það að kostnaður við eftirlitið, hvað varðar ákveðnar tegundir kjöts, niðurgreiði eftirlit með öðrum tegundum kjöts og því sé í raun ekki stuðst við raunkostnað. Jafnframt er ekki æskilegt og ekki í anda nútímastjórnsýslu að breyta þurfi lögum ef kostnaður eykst eða minnkar við eftirlitið og má telja að með því að heimila ráðherra að setja gjaldskrá sé auðveldara að endurspegla raunverulegan kostnað við eftirlitið og bregðast fljótar við hækkunum og lækkunum.

Ákvörðun um fjárhæðir í gjaldskránni verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af heilbrigðiseftirlitinu, enda er óheimilt að innheimta hærra þjónustugjald en sá kostnaður er sem hlýst af því að veita þjónustu, sbr. t.d. Skýrslu umboðsmanns Alþingis 1992:220. Núverandi gjaldtaka dregur hins vegar meiri dám af almennri skattlagningu en töku þjónustugjalda enda er fjárhæð þess fastsett í lögin eins og áður segir.

Með frumvarpinu er ætlunin að marka ramma um það til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið nær, einkum sökum aukinna heimilda ráðherra, og til þess að auka skýrleika laganna. Í gildandi lögum er landbúnaðarráðherra falið að setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins og um innheimtu gjalds fyrir það. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra hafi áfram sambærilegar heimildir til að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins innan ramma laganna, að auki hefur hann heimild til þess að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur og er jafnframt falið að setja gjaldskrá um eftirlitið.

Við gerð frumvarpsins var stuðst við reglugerð (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit með fóðri, matvælum, heilbrigði dýra og dýravernd, enda er reglugerðin nokkuð nákvæm og má að mörgu leyti telja æskilegt að íslenskur réttur sé skyldur rétti nágrannaþjóða okkar í Evrópu á þessu sviði. Reglugerð þessi hefur ekki verið tekin upp í EES-

samninginn en svo kann þó að verða innan skamms, enda standa nú yfir viðræður á milli Íslands og Evrópusambandsins um upptöku viðauka I við samninginn, þar sem reglugerðina er að finna. Komi til þess að Ísland gerist aðili að viðauka I þurfa að gilda hér á landi sömu reglur og í löndum Evrópusambandsins hvað þetta varðar. Reglugerðin hefur verið tekin upp í norskan rétt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. efnismgr. er hið gjaldskylda heilbrigðiseftirlit útfært og tekið fram til hvaða þátta það nær. Inntak eftirlitsins er hér betur útfært en í gildandi lögum og skýrt kveðið á um að eftirlitsgjaldið taki ekki til greiðslu á öðrum kostnaði en þeim sem fram kemur í málsgreininni.

Gert er ráð fyrir því að sérstakur sjóður í vörslu landbúnaðarráherra verði lagður niður, en gjöldin renni þess í stað beint til Landbúnaðarstofnunar sem framkvæmir eftirlitið.

Í 2. efnismgr. er mælt fyrir um það nýmæli í lögunum, sem leiðir af afmörkun 1. efnismgr., að ef þörf er á viðbótareftirliti með sláturafurðum skuli viðkomandi sláturleyfishafi eða framleiðandi greiða fyrir slíkt eftirlit sérstaklega en kostnaður af því verði ekki innifalinn í hinu almenna eftirliti sem mælt er fyrir um í 1. efnismgr. Nefna má hér þau dæmi að komi upp salmonella eða efnamengun (t.d. díoxín-mengun) þar sem taka þarf aukalega sýni, þá mun ákvæðið eiga við. Önnur dæmi eru ef kanna þarf virkni varnaraðgerða sem gripið hefur verið til eða greina þarf hvort farið hafi verið að fyrirmælum yfirvalda.

Á síðustu árum hafa komið upp allnokkur tilvik þar sem greinst hafa á búum smitefni sem ógna matvælaöryggi og þörf hefur verið á því að taka aukalega sýni úr afurðum af einstaka búi. Slík aukasýnataka getur reynst nokkuð kostnaðarsöm. Skv. 2. efnismgr. verður framleiðandi, þar sem greinst hefur smitefni, sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst, enda er það í anda þess að þeir sem þarfnist nánara eftirlits, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða verri heilbrigðisstöðu, borgi þann kostnað sjálfir. Þannig ætti það að vera framleiðendum til hagsbóta að hafa ástand búa þeirra með þeim hætti að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna hjá þeim. Með þessu er jafnframt tryggt að kostnaði vegna sýnatöku hjá einstökum framleiðendum sé ekki velt yfir á stéttina í heild sinni, sem eykur kostnað allra framleiðenda og leiðir til hækkunar verðlags.

2. efnismgr. er í samræmi við 28. gr. fyrrgreindrar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 882/2004.

Í 3. efnismgr. er opnað fyrir þann möguleika ráðherra að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins. Í núgildandi 3. mgr. 11. gr. er að finna svipaða heimild til handa ráðherra. Nýmæli er þó að ráðherra er sérstaklega veitt heimild til að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur. Heimild ráðherra samkvæmt greininni er þó ávallt bundin við þá flokka eftirlits sem taldir eru upp í 1. efnismgr., en ráðherra er heimilað að skilgreina þá nánar og sundurgreina, ef aðstæður breytast með ófyrirséðum hætti.

Í 4. málsl. málsgreinarinnar er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja gjaldskrá um eftirlitið sem byggjast skal á raunkostnaði við það. Við setningu gjaldskrárinnar mun ráðherra hafa samráð við eftirlits- og fagaðila til þess að tryggja að haganlegar aðferðir verði hafðar uppi við innheimtu og framkvæmd gjaldtökunnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum laganna vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna í sláturhúsum. Tilgreint er hvaða kostnaði tekjum af eftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir og að landbúnaðarráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir eftirlitið, byggða á raunkostnaði, í stað þess sem er í gildandi lögum að Alþingi ákveður með lögum þá krónutölu sem greiða skal fyrir hvert kíló kjöts vegna eftirlitsins. Í frumvarpinu er að finna nýmæli um greiðslu kostnaðar í þeim tilvikum að viðbótareftirlit með sláturafurðum er nauðsynlegt. Eðli máls samkvæmt yrði þar um að ræða óreglulegar tekjur á móti kostnaði og óvíst um fjárhæðir í því sambandi. Þá eru skýrðar heimildir ráðherra til reglugerðarsetningar um nánari framkvæmd eftirlitsins, innheimtu eftirlitsgjalds og til hvaða þátta eftirlitið tekur.

Tekjur af gjaldi fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum hafa verið álíka kostnaði við eftirlitið hin síðari ár, voru 80 m.kr. árið 2004 og samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2005 námu tekjurnar 83 m.kr. Ekki er því gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til verulegra breytinga á heildartekjum af gjaldinu.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

1077. Frumvarp til laga [741. mál]

um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og að efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja faglega hæfni og örugga vaktstöðu áhafnar miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa annarra en þeirra sem getið er í 2. mgr. Lög þessi taka jafnframt til

áhafna þeirra erlendu skipa sem notuð eru að staðaldri í íslenskri landhelgi, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Um áhafnir slíkra skipa fer eftir ákvæðum laga nr. 76/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips (STCW-F) frá 1995.
2. *Atvinnuskírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina þá stöðu sem skírteinishafi hefur heimild til að gegna um borð í skipi miðað við gerð, stærð og vélarafl þess.
3. *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
4. *Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
5. *Farsvið* er nánari landfræðileg skilgreining á því hafsvæði sem skipi er heimilt að sigla um að teknu tilliti til smíði, ástands og stærðar skips, búnaðar þess, mönnunar og umhverfisþátta.
6. *Fiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
7. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Með alþjóðaradíóreglugerðinni er átt við reglur um fjarskipti sem eru viðauki við, eða sem taldar eru viðauki við, alþjóðafjarskiptasamþykktina.
8. *Fyrsti vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og tekur við vélstjórn og ábyrgð yfirvélstjóra í forföllum hans. 1. vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
9. *Neyðaráætlun áhafnar* eru fyrirmæli útgerðar og skipstjóra um hlutverkaskipan áhafnar, þ.e. um viðbrögð, ábyrgð og skyldur hvers skipverja þegar neyðarástand skapast um borð í skipi.
10. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í fiskiskipi í förum sem krafist er vegna útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum.
11. *Sjómannaskóli* er menntastofnun skv. 4. gr.
12. *Skemmtibátur* er hvert það skip, skrásett sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið.
13. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
14. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi, sbr. ákvæði sjómannalaga.
15. *Skipstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið atvinnuskírteini til skipstjórnar.
16. *Strandsigling* er sigling innan íslenskrar efnahagslögsögu.
17. *Stýrimaður* er sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður.

18. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.
19. *Varðskip* er hvert það skip, skrásett sem varðskip eða gæsluskip, sem notað er til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
20. *Vélarafl* er bremsuafl, þ.e. heildarúttaksafl véla sem notaðar eru til að knýja skipið.
21. *Vélavörður* er sá sem annast vélstjórn á skipum með vélarafl allt að 750 kW og sem eru allt að 12 metrar að mestu lengd.
22. *Vélstjóri* er sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri eða 1. vélstjóri.
23. *Vélstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið atvinnuskírteini til vélstjórnar.
24. *Yfirstýrimaður* gengur næst skipstjóra og tekur við ábyrgð og skipstjórn í forföllum hans.
25. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
26. *Þjálfunarbók* er bók sem gefin er út eða viðurkennd af Siglingastofnun Íslands þar sem skráð eru verkefni sem falla undir fræðslu um borð og skal fullnægjandi framkvæmd þeirra staðfest af yfirmanni eftir því sem við á. Nánar er kveðið á um gerð og færslu þjálfunarbókar í reglugerð.
27. *Önnur skip* eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Menntun og þjálfun.

Sjómannaskólar annast menntun og þjálfun áhafna skipa. Um inntökuskilyrði sjómannaskóla, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir samgönguráðherra námskrá skólans. Menntamálaráðuneytið staðfestir námskrár annarra sjómannaskóla og ber ábyrgð á að þær uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

II. KAFLI
Skírteini og undanþágur.

5. gr.

Útgáfa skírteina.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skírteinin skulu rituð á þar til gerð eyðublöð og skulu þau vera bæði á íslensku og ensku. Útgáfa atvinnuskírteina og áritana þeirra skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Umsóknum um skírteini skal skilað til Siglingastofnunar Íslands á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænt.

Atvinnuskírteini skv. 1. mgr. má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar starfað sem skipstjórar á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.
2. Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur og siglingatíma.
3. Umsækjandi skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal hann leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á því að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.
4. Umsækjandi skal hafa að baki fullnægjandi siglingatíma, sbr. 8.–9. gr. Hann skal færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Staðfesting lögskráningarstjóra eða rétt útfyllt sjóferðabók telst fullnægjandi sönnun á siglingatíma. Umsækjandi atvinnuskírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.

Frumrit atvinnuskírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem atvinnuskírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

6. gr.

Gildistími og endurnýjun skírteina.

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í allt að fimm ár frá útgáfudegi. Siglingastofnun Íslands getur vegna sérstakra aðstæðna gefið út bráðabirgðaskírteini.

Siglingastofnun Íslands endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn. Heimilt er að endurnýja atvinnuskírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina til lengri tíma en fimm ára eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi:

1. fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 5. gr., og
2. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til a.m.k. í eitt ár á síðustu fimm árum eða
3. hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst a.m.k. sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. 2. tölul. eða með því að:
   a. hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati Siglingastofnunar eða
   b. hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða
   c. hafa siglingatíma í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skulu þau m.a. taka mið af gildandi alþjóðareglum um öryggi mannslífa á sjó, alþjóðasamþykktinni og reglum um varnir gegn mengun sjávar.

7. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að viðurkenna og árita erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita lögmætum handhöfum erlendra skírteina leyfi í allt að þrjá mánuði til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi þar sem krafist er atvinnuskírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til Siglingastofnun Íslands hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda atvinnuskírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, með síðari breytingum. Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyja.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur í samræmi við skyldur íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

8. gr.

Skipstjórnarskírteini á fiskiskipum.

Sá einn sem er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis hefur rétt til starfa við skipstjórn um borð í fiskiskipum með þeim takmörkunum sem hér greinir í þann tíma sem gildistími atvinnuskírteinis tilgreinir. Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Skipstjórnarmenn	**Takmarkanir á lengd skips**	**Aldur**	**Siglingatími**
Yfirstýrimaður/ Skipstjóri, <12 m	<24 m að skráningarlengd í strandsiglingum	18	A
Skipstjóri	<24 m að skráningarlengd í strandsiglingum	20	B
Yfirstýrimaður	engar	20	D
Skipstjóri	engar	20	E
Undirstýrimaður	engar	18	C

Siglingatími:

A. a.m.k. 18 mánuðir sem háseti á skipi.

B. a.m.k.12 mánaða siglingatími sem yfirstýrimaður eða a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem skipstjóri á skipi sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd.

C. a.m.k. 12 mánaða siglinga- og þjálfunartími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða að öðrum kosti a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem háseti á skipi.

D. a.m.k 12 mánaða siglingatími sem undirstýrimaður á skipi sem er 24 metrar eða lengra eða a.m.k.12 mánaða siglingatími sem yfirstýrimaður eða skipstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd.

E. a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi sem er 24 metrar eða lengra.

Skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á skipum sem eru 10 metrar eða styttri að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og það er skilgreint í reglugerð.

9. gr.

Vélstjórnarskírteini á fiskiskipum.

Sá einn sem er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis hefur rétt til starfa við vélstjórn um borð í fiskiskipum með þeim takmörkunum sem hér greinir í þann tíma sem gildistími atvinnuskírteinis tilgreinir. Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Vélstjórnarmenn	**Takmarkanir á vélarafli og lengd skips**	**Aldur**	**Siglingatími**
Vélavörður	<750 kW á skipum <12 m að mestu lengd	18	A
Yfirvélstjóri	<750 kW	18	B
1. vélstjóri	≤1.500 kW	18	C
Yfirvélstjóri	≤1.500 kW	20	D
1. vélstjóri	<3.000 kW	20	E
Yfirvélstjóri	<3.000 kW	20	D
1. vélstjóri	engar	20	E
Yfirvélstjóri	engar	20	F
Undirvélstjóri	engar	18	G

Siglingatími:

A. a.m.k. 9 mánaða siglinga- og námstími.

B. a.m.k. 9 mánaða siglingatími sem háseti eða vélavörður á skipi.

C. a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem undirvélstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd.

D. a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með vélarafl 750 kW eða meira, þar af a.m.k.12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl allt að 3.000 kW.

E. a.m.k.12 mánaða siglingatími sem undirvélstjóri á skipi með vélarafl meira en 750 kW.

F. a.m.k. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með vélarafl meira en 750 kW, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl 3.000 kW eða meira.

G. a.m.k. 18 mánaða siglinga- og þjálfunartími eða a.m.k. 6 mánaða siglingatími, hafi umsækjandi lokið viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða umsækjandi lokið sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein.

Við mat á siglingatíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu og starfstíma við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

10. gr.

Varðskip.

Um atvinnuskírteini til starfa um borð í varðskipum fer að ákvæðum laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Skipherra á varðskipi skal auk þess hafa lokið námi við sjómannaskóla sem veitir rétt til að vera skipherra á varðskipi.

11. gr.

Skemmtibátar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis til stjórnunar skemmtibáts hefur rétt til að annast stjórn skráningarskylds skemmtibáts. Siglingastofnun Íslands gefur út skipstjórnarskírteini til stjórnunar skemmtibáta. Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar á skemmtibátum skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	**Takmarkanir**	**Aldur**
Skipstjóri	≤ 10 metrar	18
Skipstjóri	engar	20

Nám og kennsla til réttinda á skemmtibáta skal vera samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Þeir sem stjórna skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis og notaðir eru í íslenskri landhelgi að staðaldri skulu uppfylla kröfur þessarar greinar um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands.

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um skemmtibáta, þar á meðal um menntun og þjálfun skipstjóra, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.

12. gr.

Önnur skip.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis hefur rétt til að annast skipstjórn annars skips skv. 3. gr. Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis hefur rétt til að annast vélstjórn annars skips skv. 3. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um menntun og þjálfun áhafnar annarra skipa skv. 3. gr., öryggisfræðslu, próf og skírteini auk skilyrða þeirra.

13. gr.

Undanþágur.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í undanþágunefnd til fimm ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur undanþágunefnd, telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi hann ekki tilskilin réttindi, sbr. 8. og 9. gr. Undanþágu í umræddu stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati nefndarinnar hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur. Ef ekki er krafist atvinnuskírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati mönnunarnefndar hefur til þess þekkingu og reynslu.

Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra, sbr. 8. gr., eða yfirvélstjóra, sbr. 9. gr., nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Siglingastofnun Íslands veitir undanþágur til starfa á skemmtibátum, varðskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum þessum. Undanþágunefnd veitir undanþágur til starfa á fiskiskipum samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Eldri skírteini.

Þeir sem eru lögmætir handhafar atvinnuskírteina samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum laga þessara, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. og eins og mælt er fyrir um í reglugerð. Heimilt er að gefa út ný skírteini í stað eldri skírteina í samræmi við ákvæði reglugerðar, enda séu réttindi þeirra atvinnuskírteinishafa í engu skert. Nánar skal kveðið á um gildistíma eldri skírteina í reglugerð.

Hafi skipstjórnarmaður atvinnuskírteini til skipstjórnarstarfa á skipi samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun eldri laga, sem hann hefur ekki réttindi til að gegna samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður eiga rétt á að fá útgefin atvinnuskírteini til þess að gegna sömu störfum á því skipi og skipum sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

III. KAFLI

Öryggismönnun skipa, vaktstaða og starfsskipulag.

15. gr.

Mönnun skipa.

Sérhvert íslenskt skip samkvæmt lögum þessum skal svo mannað skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé lögum og reglum um verndun umhverfis.

Skipstjórnarmenn skulu vera lögmætir handhafar atvinnuskírteina miðað við stærð og farsvið skipsins og vélstjórnarmenn miðað við vélarafl þess.

Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun skipa samkvæmt lögum þessum, annarra en fiskiskipa, og gefur út öryggismönnunarskírteini þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini sem krafist er til að gegna einstökum stöðum. Mönnunarnefnd ákveður mönnun fiskiskipa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðar.

16. gr.

Vaktstaða og starfsskipulag.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu eða við akkeri.

Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand auk þess að koma í veg fyrir mengun sjávar.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal hann tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Um vinnu- og hvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum sjómannalaga. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa þær fái nægа hvíld. Útgerðarmaður og skipstjóri skulu tryggja að skipverjar fái nægilega hvíld.

Heimilt er í reglugerð að kveða á um tiltekið starfsskipulag um borð í skipi með það að markmiði að tryggja að önnur störf, sem annast þarf um borð í skipum, hafi ekki áhrif á skyldur vakthafandi skipstjórnarmanns og vélstjórnarmanns og vaktstöðu á stjórnpalli og í vélarrúmi.

17. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum.

Á hverju fiskiskipi skal vera skipstjóri. Á fiskiskipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður. Á fiskiskipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á fiskiskipi sem er 45 metrar og lengra að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.

Á fiskiskipi með vélarafl minna en 750 kW og sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd skal vera vélavörður. Á fiskiskipi með vélarafl minna en 750 kW og sem er 12 metrar að mestu lengd eða lengra skal vera yfirvélstjóri. Á fiskiskipi með vélarafl minna en 750 kW og sem er 12 metrar að mestu lengd eða lengra skal vera vélavörður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á fiskiskipi með vélarafl 750 kW eða meira, en minna en 1.500 kW skal vera yfirvélstjóri og 1. vélstjóri. Á fiskiskipi með vélarafl yfir 1.500 kW skal vera yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og undirvélstjóri.

Á fiskiskipi með vélarafl minna en 750 kW skal vera vélavörður sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 12 metrum að mestu lengd, enda sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skipsins skemmri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem Siglingastofnun setur er ekki skylt að vélavörður sé í áhöfn skips undir 12 metrum ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna um borð í fiskiskipum skal að öðru leyti taka mið af úthaldi skips og tryggja að ákvæðum 64. gr. sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum sé fullnægt ásamt ákvæðum reglugerðar um sama efni.

18. gr.

Mönnunarnefnd fiskiskipa.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í mönnunarnefnd fiskiskipa til fimm ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Mönnunarnefnd hefur heimild til þess:

1. að ákveða frávik frá ákvæðum 17. gr. um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m.a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér,
2. að ákveða tímabundna breytingu á mönnun fiskiskips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur; reynslutími sé þó ekki lengri en sex mánuðir í senn,
3. að ákveða að sjómaður sem hlotið hefur þjálfun undir staðfestri leiðsögn skipstjóra eða

yfirvélstjóra geti gegnt störfum undirstýrimanns eða undirvélstjóra á því fiskiskipi sem hann fékk þjálfunina á eða á öðru sambærilegu skipi.

Mönnunarnefnd skal ákvarða lágmarksmönnun fiskiskips út frá neyðaráætlun skips, að teknu tilliti til farsviðs þess, úthalds, búnaðar og verkefna skips. Lágmarksmönnun fiskiskipa skal við það miðuð að fullnægt sé gildandi ákvæðum 15., sbr. 17. gr. laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Tekið skal tillit til þeirra atvinnuréttinda sem krafist er til að gegna viðkomandi stöðu til samræmis við verkefni og úthald skipsins auk neyðaráætlunar þess.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um frávik frá 17. gr. sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Mönnunarnefnd skal senda Siglingastofnun Íslands og lögskráningarstjóra í því umdæmi þar sem lögskráning skal fara fram samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna samrit ákvörðunar um mönnun fiskiskips.

19. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum.

Á hverju varðskipi skal vera skipherra og yfirvélstjóri.

Um fjölda annarra skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um borð í varðskipi fer eftir ákvæðum laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

20. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum skv. 3. gr. og um atvinnuréttindi þeirra sem þar gegna störfum fer eftir ákvörðun Siglingastofnunar Íslands.

Lágmarksmönnun annarra skipa skv. 1. mgr. skal við það miðuð að fullnægt sé ákvæðum 15. gr. Tekið skal tillit til þeirra atvinnuréttinda sem krafist er til að gegna viðkomandi stöðu til samræmis við verkefni og úthald skipsins auk neyðaráætlunar þess.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um áhafnir annarra skipa, svo sem um lágmarksfjölda skipverja og vinnu- og hvíldartíma.

IV. KAFLI
Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

21. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Útgerðarmaður og skipstjóri skips bera ábyrgð á því að ákvæðum laga sé framfylgt við útgerð skips. Þeim ber m.a. að sjá til þess að eftirfarandi atriða sé gætt:

1. að ávallt sé tryggð örugg mönnun skips þannig að fjöldi skipverja og réttindi þeirra séu í samræmi við verkefni og úthald skipsins,
2. að allir þeir sem ráðnir eru um borð í skip séu lögmætir handhafar skírteina fyrir þá stöðu sem þeir gegna og að frumrit skírteina skipverja sé varðveitt um borð,
3. að gildandi ákvæðum laga þessara sem og annarra laga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um vinnu- og hvíldartíma skipverja sé fullnægt og að tryggt sé að skipverjar njóti nauðsynlegrar hvíldar til að geta annast störf sín af fyllsta öryggi,
4. að uppfærð og aðgengileg skrá, áhafnaskýrsla, sé haldin yfir alla skipverja og stöður þeirra um borð,
5. að öllum nýráðnum skipverjum sé, áður en þeir hefja skyldustörf, leiðbeint og gert kunnugt um skyldur sínar, að þeir séu kunnugir starfsaðferðum um borð, tækjum, búnaði,

verklagsreglum og neyðaráætlunum, sem og sérstökum skilyrðum í tengslum við venjubundin skyldustörf og hlutverk á neyðarstundu,
6. að skipverjar geti með góðu móti unnið saman á neyðarstundu og þegar mengunarhætta steðjar að,
7. að skipverjar geti tjáð sig sín á milli um grundvallaröryggismál og skilji upplýsingar um öryggisþætti, þ.m.t. tákn, merki og hljóðviðvörunarmerki,
8. að allir nýráðnir skipverjar fái nauðsynlegar upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja,
9. að reglulegar björgunaræfingar séu haldnar um borð í skipum.

Skipstjóri skal skrá upplýsingar um skipan áhafnar, vaktafyrirkomulag og fyrirhugað úthald skips í áhafnarskýrslu þess og skal hún færð í upphafi hverrar ferðar. Skipstjóra skips sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd er heimilt að skrá upplýsingar samkvæmt framangreindu í afladagbók skipsins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.
Vafatilvik.

Leiki vafi á því hvort skip telst fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða annað skipa samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sker Siglingastofnun Íslands úr um það.

23. gr.
Kærur.

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru kæranlegar til samgönguráðuneytisins.

24. gr.
Gjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþága samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra.

Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

25. gr.
Afturköllun atvinnuskírteinis.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum þessara laga til að öðlast slíkt skírteini eða vera atvinnuskírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði skv. 3. mgr. 27. gr. séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnunni þá heimilt að svipta viðkomandi starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir.

Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má slíka ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

26. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögum þessum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, siglingatíma, sjón, heyrn og heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður, undanþágur, mönnun skipa og skipan og starfshætti mönnunarnefndar. Ákvæði reglugerðarinnar skulu að lágmarki uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

Samgönguráðherra skal, í samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um eftirlit með menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa.

27. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri gegn þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 21. gr., sbr. ákvæði 15.–17. gr., um skyldu til að framfylgja ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um örugga mönnun, vaktstöðu og skipulag auk vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Svipta skal atvinnuskírteinishafa rétti til starfs sem skírteinið veitir með dómi ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem atvinnuskírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjá mánuði, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum samkvæmt þeim til skipsstrands, áreksturs skipa eða annarra sjóslysa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

28. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006. Ákvæði 11. gr. um skemmtibáta öðlast gildi 1. janúar 2007. Fyrir þann tíma skulu viðkomandi skipstjórnarmenn afla sér tilskilinna skírteina.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessara laga eru lögmætir handhafar 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar

á skipum allt að 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu. Óheimilt er að veita öðrum atvinnuréttindi til skipstjórnar á skipum allt að 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 80 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem lokið hafa námskeiði í vélgæslu við gildistöku laga þessara samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins og hafa rétt til að vera vélgæslumenn á skipum að 20 og 30 brúttótonnum og með aðalvél 375 kW og minni samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/2001 hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélaverðir á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd með vélarafl 750 kW og minna að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem sjómannaskóli skipuleggur, en þó eigi lengur en til 1. júlí 2008.

Þeir sem lokið hafa námi 1. stigs vélskóla við gildistöku laga þessara, sem veitir rétt til að vera yfirvélstjóri á skipum með aðalvél 375 kW og minni, hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélaverðir á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd með vélarafl minna en 750 kW að öðrum skilyrðum uppfylltum. Jafnframt geta þeir fengið rétt til að fá útgefin skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélstjórar á skipum með vélarafl minna en 750 kW að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem sjómannaskóli skipuleggur, en þó eigi lengur en til 1. júlí 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og hjá Siglingastofnun Íslands að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Megintilgangur frumvarpsins er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra. Með frumvarpinu er jafnframt stuðlað að auknum vörnum gegn mengun sjávar. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Hvað varðar atvinnuréttindi til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum hefur slík endurskoðun þegar farið fram með lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Með þeim lögum voru m.a. tekin í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978, International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978), með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er markmiðið að gera hliðstæðar breytingar hvað önnur skip varðar og endurskoða og setja heildarlög um áhafnir íslenskra skipa annarra en farþega- og flutningaskipa.

Við endurskoðun STCW-samþykktarinnar frá 1978 ákvað Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) að gera samþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum. Sú samþykkt, alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, svonefnd STCW-F samþykkt og í frumvarpinu nefnd alþjóðasamþykktin, var samþykkt á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1995 (International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, 1995). Í þeirri samþykkt er kveðið á um menntunar- og þjálfunarkröfur auk atvinnuskírteinisútgáfu til handa þeim sem gegna störfum skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna og starfa um borð í fiskiskipum 24 metra að skráningarlengd og lengri. Með alþjóðasamþykkt-

inni er stuðlað að samræmingu bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa 24 metra að skráningarlengd og lengri. Frumvarpið miðar m.a. að því að taka í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa (STCW-F) frá 1995, en Ísland er eitt sex ríkja sem fullgilt hefur samþykktina auk Danmerkur, Rússlands, Sýrlands, Færeyja og Úkraínu.

Alþjóðasamþykktin nær til fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri og er þá miðað við skráningarlengd. Af þessu leiðir að þeir sem gegna tilteknum störfum um borð í þeim íslensku fiskiskipum, sem mælast 24 metrar eða lengri, skulu að lágmarki lúta þeim kröfum sem gerðar eru í samþykktinni til menntunar og þjálfunar þeirra sem mega gegna viðkomandi störfum. Þó svo að samþykktin hafi enn ekki öðlast gildi alþjóðlega þykir eðlilegt að við endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé litið til þeirra viðmiða sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt að nota skuli við flokkun atvinnuréttinda og mat á menntun og þjálfun þeirra sem starfa um borð í þeim fiskiskipum sem samþykktin nær til. Með því eru opnuð ný atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma er tilefni til þess að stuðla að samræmingu atvinnuréttinda til starfa á kaupskipum annars vegar og á fiskiskipum og öðrum skipum hins vegar, eins og unnt er.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skipsins í metrum í stað brúttórúmlestatölu skipins. Gildandi löggjöf um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna byggist á brúttórúmlestamælingu skipa. Sú aðferð við mælingu skipa er byggð á alþjóðasamþykkt sem nú hefur verið aflögð og er hvergi í notkun nema hér á landi. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við STCW-F alþjóðasamþykktina auk þess sem mæling skipa í brúttórúmlestum er að leggjast af. Í nýjum alþjóðasamþykktum er miðað við að skip séu mæld eftir brúttótonnum eða skráningarlengd.
2. Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum tekur samkvæmt frumvarpinu mið af skráningarlengd skipsins í stað brúttórúmlesta til samræmis við nýja skírteinaflokka skipstjórnarmanna sem taka mið af skráningarlengd skipsins og útiveru þess. Gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða nokkuð skýrt á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna háð brúttórúmlestatölu þess. Reglur um mælingu skipa hafa síðan tekið þeim breytingum að mæling skipa í rúmlestum hefur vikið fyrir nýrri aðferð til mælinga á stærð skipa. Stærð skipa mælist nú í brúttó- og nettótonnum í stað brúttó- og nettórúmlesta áður.
3. Gildandi lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum nota vélarafl til viðmiðunar við ákvörðun atvinnuréttinda vélstjóra og lágmarksfjölda þeirra á fiskiskipum. Samkvæmt frumvarpinu munu atvinnuréttindi vélstjóra miðast áfram við afl aðalvélar í kW og útiveru skipsins á svipaðan hátt og í gildandi lögum að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum að því undanskildu að lægsta réttindastigið gildir fyrir afl aðalvélar sem er 750 kW og minna í stað 375 kW og minna samkvæmt gildandi lögum. Framangreind breyting er gerð í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skírteinisútgáfu vegna vélstjórnarmenntunar og vélstjórnarréttinda þar sem tekið er mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára.
4. Með frumvarpinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfa atvinnuskírteina verið hjá sýslumönnum og tollstjóranum í Reykjavík. Til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðiþekkingu við útgáfu skírteina er talið heppi-

legra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun. Siglingastofnun Íslands fer samkvæmt gildandi lögum með útgáfu alþjóðlegra STCW-skírteina og hefur sett upp gæðakerfi til útgáfu slíkra skírteina. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að gæðakerfið verði jafnframt notað við útgáfu þeirra skírteina sem hér um ræðir.

5. Lagt er til það nýmæli í frumvarpinu að stjórnendum skráningarskyldra skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn og þurfi að hafa gilt skipstjórnarskírteini til stjórnunar skemmtibáta. Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þau skip sem skrásett eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa. Gengið er út frá því í frumvarpinu að slíkt skip sé ekki notað í atvinnuskyni heldur ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr það. Engin ákvæði eru í gildandi lögum varðandi þær kröfur um menntun og þjálfun sem gera skuli til stjórnenda skemmtibáta. Lagt er til að þetta ákvæði taki gildi 1. janúar 2007.
6. Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að kröfur til atvinnuréttinda skipstjórnarmanna á fiskiskipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd verði samræmdar þannig að um öll slík fiskiskip gildi aðeins eitt réttindastig. Samhliða þessu er samgönguráðherra heimilt í reglugerð að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á fiskiskipum sem eru allt að 10 metrar að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og ákveðið er í reglugerð. Ljóst er að endurskoða þarf námskrá og nám skipstjórnarmanna með hliðsjón af nýjum forsendum.
7. Þá eru í frumvarpinu skilgreind nokkur ný hugtök auk þess sem skilgreiningum nokkurra annarra hugtaka er breytt til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um markmið laganna. Markmið þessa frumvarps er að setja almenn lög um áhafnir íslenskra skipa og efla með því öryggi áhafna og skipa sem og stuðla að auknum vörnum gegn mengun sjávar. Frumvarpið er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og fram komu í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.

Um 2. gr.

Ákvæðið markar gildissvið laganna. Lögum þessum er ætlað að taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, nema farþega- og flutningaskipa. Lögin taka einnig til áhafna þeirra erlendu skipa sem notuð eru í íslenskri landhelgi, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Er hér átt við áhafnir þeirra skipa sem teljast vera skemmtibátar og skrásettir eru erlendis en notaðir í íslenskri landhelgi að staðaldri. Skulu stjórnendur slíkra báta uppfylla kröfur 11. gr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis. Um nánari umfjöllun vísast til 11. gr. frumvarpsins.

Tekið er fram í 2. mgr. að lögin gilda ekki um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, en um áhafnir slíkra skipa fer eftir ákvæðum laga, nr. 76/2001, með síðari breytingum. Vakin skal athygli á því að lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, gilda um varðskip þar sem ákvæðum 10. og 19. gr. frumvarpsins sleppir.

Um 3. gr.

Í greininni eru einstök hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Byggt er á sambærilegum skilgreiningum og notaðar eru í alþjóðasamþykktinni. Nokkur ný hugtök eru skil-

greind sem hafa ekki verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf áður, t.d. strandsigling (sama skilgreining og *innanlandssigling* í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa), vélavörður, þjálfunarbók, farsvið og neyðaráætlun.

Um 4. gr.

Með þessari grein er gerð krafa um að allir skólar sem annast menntun og þjálfun áhafna skipa, sem frumvarpið tekur til, uppfylli kröfur laganna, alþjóðasamþykktarinnar og skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Sjómannaskólar geta verið hvort heldur sem er á forræði menntamálaráðuneytis eða samgönguráðuneytis. Sjómannaskóli er menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra. Slysavarnaskóli sjómanna er aftur á móti sjómannaskóli sem er menntastofnun og hlýtur viðurkenningu samgönguráðherra. Sjómannaskólar skulu fullnægja skilyrðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar auk laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um nám og kennslu.

Ákvæðið tryggir heimildir til þess að setja sjómannaskólum skilyrði um nám og námsskipulag í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Einnig gerir ákvæðið það mögulegt að haft sé eftirlit með því að kröfum um námsefni, námsárangur og gæði náms, til samræmis við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla (sjómannaskóla), þ.m.t. um menntun og þjálfun áhafna skipa. Miðað er við að starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktanna gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991. Skólinn fellur undir samgönguráðuneytið en samgönguráðherra staðfestir námskrá skólans hvað varðar menntun og þjálfun sjómanna.

Lagt er til í frumvarpinu að menntamálaráðuneytið beri ábyrgð á að sjómannaskólar á forræði þess ráðuneytis fullnægi viðeigandi skuldbindingum alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og lúta að menntun og þjálfun til starfa um borð í skipum. Skulu sjómannaskólar starfa í samræmi við námskrá sem fullnægir alþjóðlegum kröfum um faglega færni og hæfni til tiltekinna starfa, um námsmat og gæðastjórnun og um aðstöðu og tækjakost. Menntamálaráðuneytið skal skapa umgjörðina og tryggja að kröfum um efnislega þætti sé fullnægt. Það er síðan hlutverk Siglingastofnunar Íslands að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum námskrár. Auk þess er það hlutverk Siglingastofnunar að hafa eftirlit með gæðum skólastarfs og að tryggja að sérhver nemandi hafi öðlast nauðsynlega þekkingu og færni til þess að hann geti á öruggan hátt gegnt störfum um borð í skipum áður en hann fær útgefin atvinnuskírteini í samræmi við ákvæði laga þessara.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 1. mgr. er lögð til sú breyting að öll útgáfa atvinnuskírteina verði í höndum Siglingastofnunar Íslands. Með því er leitast við að tryggja að samræmi verði í útgáfu atvinnuskírteina. Gert er ráð fyrir því að sækja

þurfi skriflega um skírteini til staðfestingar á atvinnuréttindum á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem Siglingastofnun Íslands ákveður eða rafrænt. Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði þess að umsækjandi geti fengið útgefið atvinnuskírteini skv. 1. mgr. Umsækjendur þurfa að fullnægja fjórum skilyrðum samkvæmt ákvæðinu.

Fyrsta skilyrðið varðar ríkisborgararétt umsækjanda til skipstjórnar á íslensku skipi. Gengið er út frá því að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari frá öðrum EES-ríkjum eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða að hann sé færeyskur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar sem sækja um réttindi til að vera skipstjórar skulu hafa nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli svo og íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og geta tjáð sig á sama tungumáli um starfssvið sitt. Reglan er í samræmi við reglur annarra EES-ríkja þar sem einstök lönd gera kröfu um að skipstjórar á skipum þeirra séu innlendir.

Í öðru lagi er sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuskírteinis að umsækjandi fullnægi skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur og siglingatíma. Með þessu er gerð krafa um að viðkomandi aðili hafi undirgengist þau próf sem áskilin eru og búi yfir þeirri hæfni sem til þarf til að geta öðlast viðeigandi réttindi.

Í þriðja lagi er þess krafist að umsækjandi sé svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Er hér m.a. vísað til þess að viðkomandi hafi fullnægjandi sjón og heyrn til samræmis við áskilnað í reglugerð sem ráðherra setur. Umsækjanda ber að leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á því að hann uppfylli þær heilsufarskröfur sem áskildar eru í reglugerð.

Að lokum er sett fram það skilyrði að hver sem fær útgefið atvinnuskírteini verði að uppfylla kröfur um siglingatíma eins og hann er skilgreindur í 8. og 9. gr. Áskilið er að umsækjandi færi fullnægjandi sönnur á siglingatímann með staðfestingu lögskráningarstjóra, rétt útfylltri sjóferðabók eða öðrum fullnægjandi hætti að mati Siglingastofnunar Íslands eftir atvikum.

Í 3. mgr. er gerð krafa um að frumrit atvinnuskírteinis skuli ávallt vera um borð í skipi því sem atvinnuskírteinishafi starfar á. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög nr. 112/1984, með síðari breytingum, og nr. 113/1984, með síðari breytingum. Framangreind krafa er nauðsynleg vegna eftirlits, t.d. Landhelgisgæslunnar. Í 4. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Um 6. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að Siglingastofnun Íslands sjái um endurútgáfu skírteina. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, 3. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og ákvæði reglugerðar um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, nr. 118/1996, með síðari breytingum.

Atvinnuskírteini skulu gefin út til allt að fimm ára í senn. Gengið er út frá því að atvinnuskírteinishafi viðhaldi þekkingu sinni og er þess krafist við endurnýjun skírteina að hann hafi siglingatíma í þeirri stöðu sem skírteinið veitir honum rétt til sem nemur að lágmarki einu ári á síðustu fimm árum. Hafi hann það ekki er gerð krafa um að hann hafi verið í starfi sem svari til atvinnuskírteinisins. Ef það á ekki við verður umsækjandi að standast viðurkennt próf eða ljúka eða hafa lokið viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu. Siglingastofnun Íslands er heimilt að gefa út tiltekin atvinnuskír-

teini til lengri tíma en fimm ára í senn eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Er hér eingöngu átt við atvinnuskírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina. Siglingastofnun Íslands hefur heimild til útgáfu bráðabirgðaskírteinis vegna umsóknar um staðfestingu á atvinnuréttindum samkvæmt lögunum. Siglingastofnun metur hvenær aðstæður eru með þeim sérstaka hætti að ástæða sé til útgáfu bráðabirgðaskírteinis samkvæmt ákvæðinu.

Áskilið er að umsækjandi fullnægi þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn. Skilyrðið hefur það í för með sér að verði breyting á heilsufari umsækjanda frá því að hann fékk útgefið skírteini upphaflega þar til hann sækir um það á ný, þannig að hann teljist eftir breytinguna ekki fullnægja skilyrðum um heilbrigðiskröfur, getur hann átt það á hættu að verða hafnað um endurnýjun skírteinis. Hið sama gildir ef gerðar eru breytingar á lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim þannig að heilbrigðiskröfur eru auknar með tilliti til öryggissjónarmiða. Þau réttindi sem þá eru í gildi halda gildi sínu áfram til samræmis við gildandi meginreglur atvinnuréttinda en við umsókn um endurnýjun skírteina er óumflýjanlegt annað en taka tillit til aukinna heilbrigðiskrafna.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er að gera samræmdar kröfur um menntun og þjálfun sjómanna.

Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni og er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur a.m.k. í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir því hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að í slíkum tilvikum getur gistiríkið gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf, sbr. t.d. 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem gegna starfi skipstjórnarmanna á fiskiskipum skuli vera lögmætir handhafar viðeigandi atvinnuskírteina með tilliti til stærðar og farsviðs skips. Sett eru fram ófrávíkjanleg skilyrði um aldur og siglingatíma auk ákveðinna takmarkana út frá lengd og farsviði skipsins. Áskilinn siglingatími er einkenndur með bókstöfunum A–E.

Umsækjendur um atvinnuréttindaskírteini skulu jafnframt fullnægja kröfum um menntun og þjálfun, heilbrigði, sjón og heyrn eins og áskilið er í 5. gr. frumvarpsins.

Í 7. gr. núgildandi laga nr. 112/1984 segir: „Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.“ Þessi atvinnuréttindi hafa um árabil verið umdeild, sérstaklega fyrir þá mismunun sem af þeim leiðir gagnvart þeim menntunarkröfum sem gerðar eru til þess að mega gegna stöðu skipstjórnarmanna á skipum undir og yfir 30 brúttórúmlestum. Tilurð þessara atvinnuréttinda má væntanlega rekja til þess að ekki þótti á árum áður tilefni til þess að gera sömu kröfur um menntun og þjálfun til skipstjórnarstarfa á bátum sem eingöngu voru gerðir út á grunnslóð og þeirra sem gerðir voru út til veiða á úthafinu. Þau viðmiðunarmörk sem þessi atvinnuréttindi miðuðust við hafa stöðugt færst ofar. Nú er svo komið að skip sem mælast undir 30 brúttórúmlestum eru að veiðum á sömu miðum og mun stærri fiskiskip. Þrátt fyrir það eru kröfur til menntunar og þjálfunar skipstjórnarmanna mjög frábrugðnar og hafa í för með sér mismunun. Með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útgerð minni fiskiskipa, úthaldi þeirra og búnaði þykir ekki tilefni til þess að þeir sem gegna stöðu skipstjóra á þessum bátum hafi ekki sömu eða sambærilega menntun og þjálfun og þeir sem gegna sömu stöðu á mun stærri bátum á sömu miðum. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir að kröfur til atvinnuréttinda á skip styttri en 24 metrar að lengd verið samræmdar með því að um öll skip styttri en 24 metrar að skráningarlengd gildi aðeins eitt réttindastig.

Þar sem slíkt fyrirkomulag atvinnuréttinda hefur ekki að markmiði að setja auknar álögur á þá sem hafa með höndum skipstjórn á trillum og litlum fiskiskipum sem eingöngu eru notuð til innfjarðaveiða eða veiða á mjög afmörkuðum svæðum er í 3. mgr. 8. gr. að finna ákvæði sem heimilar samgönguráðherra að setja í reglugerð reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á skipum sem eru 10 metrar eða styttri að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og slíkt hafsvæði er skilgreint í reglugerð.

Samkvæmt gildandi lögum eru tvö réttindastig til skipstjórnar á íslenskum fiskiskipum. Gert er ráð fyrir að samkvæmt frumvarpi þessu verði réttindastigin aðeins tvö, þ.e. fyrsta stig skipstjórnarréttinda sem veitir réttindi til skipstjórnar á skipum sem eru styttri en 24 metrar að skráningarlengd og annað stig sem veitir réttindi til skipstjórar án takmarkana. Ekki er talið tilefni til þess að fjölga réttindastigum frá því sem nú gildir, t.d. með því að hafa aðskilin atvinnuréttindi til starfa á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd háð því hvort um sé að ræða strandsiglingar eða ótakmarkaðar siglingar. Ástæða þessa er að í frumvarpinu er fjallað um þær hæfiskröfur sem gera skal til þeirra sem starfa á skipum og að ekki er tilefni til þess að veita tilslakanir á þeim hæfiskröfum þótt farsvið skips sé takmarkað við t.d. efnahagslögsöguna. Engar forsendur eru til þess að hafa mismunandi hæfiskröfur til skipstjórnar háð því hvorum megin ytri marka efnahagslögsögunnar heimilt er að sigla. Aðstæður við strendur Íslands eru með þeim hætti að tilefni er til að gera sömu kröfur til allra þeirra sem öðlast vilja rétt til að gegna stöðu skipstjóra á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd.

Lagt er til að réttindi til þess að mega gegna stöðu stýrimanns á skipum undir 24 metrum veiti jafnframt heimild til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum undir 12 metrum að mestu lengd.

Allir skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

Verður hér á eftir gerð frekari grein fyrir samspili siglingatíma, takmarkana og réttinda samkvæmt ákvæðinu:

Siglingatími A: Skip <24 metrar að skráningarlengd: a) Stýrimaður á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, b) Skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.

Til þess að mega starfa sem stýrimaður á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum og sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 18 mánaða siglingatíma sem háseti á skipi. Siglingatíma getur umsækjandi aflað sér með störfum um borð í hvaða skipi sem er. Þar sem hér er um að ræða lægstu réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum er talið að 18 mánaða siglingatími sé fullnægjandi til þess að sá sem slík réttindi öðlast geti gert sér nægilega vel grein fyrir umhverfisþáttum sem tengjast störfum skipstjóra og stýrimanns á skipum undir 24 metrum.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi stýrimanns á skip minna en 200 brúttórúmlestir hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma og þar af skal siglingatími á skipum stærri en 30 brúttórúmlestir vera a.m.k. 12 mánuðir.

Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi. Þau skilyrði sem sett eru varðandi siglingatíma eru því hliðstæð þeim sem gilda samkvæmt núgildandi lögum.

Siglingatími B: Skip <24 metrar að skráningarlengd, skipstjóri, í strandsiglingum.

Til þess að mega starfa sem skipstjóri á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem yfirstýrimaður á skipi eða a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd.

Þar sem sömu menntunar- og hæfiskröfur eru gerðar til þess að gegna stöðu yfirstýrimanns á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd og til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd þykir rökrétt að sami siglingatími í þessum stöðum teljist fullnægjandi siglingatími til skipstjórnarréttinda á skip styttri en 24 metrar að skráningarlengd.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem skipstjóri á 200 brúttórúmlesta skipum og minni hafa lokið 1. stigi skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma á skipum yfir 30 brúttórúmlestir.

Siglingatími C: Skip >24 metrar að skráningarlengd, undirstýrimaður, ótakmarkað farsvið.

Undirstýrimaður er sá sem gegnir stöðu 2. stýrimanns um borð í skipi. Undirstýrimenn á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd skulu hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem hásetar á skipi. Þar af skal siglingatími á skipum lengri en 12 metrar vera a.m.k. 12 mánuðir. Þó er gert ráð fyrir að í stað 24 mánaða siglingatíma geti komið 12 mánaða siglinga- og þjálfunartími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók. Í síðara tilvikinu skuldbindur umsækjandi sig til þess að starfa undir leiðsögn leiðbeinanda með sérstökum samningi sem Siglingastofnun Íslands hefur útbúið. Samningurinn kveður á um skyldur leiðbeinanda gagnvart umsækjanda og Siglingastofnun. Umsækjandi og leiðbeinandi færa námstíma og efni veittrar fræðslu í sérstaka þjálfunarbók.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem undirstýrimaður á 500 brúttórúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum hafa lokið

1. stigi skipstjórnarbrautar auk 12 mánaða siglingatíma á skipum stærri en 30 brúttórúmlestir. Til þess að öðlast réttindi til starfa sem undirstýrimaður á skipum stærri en 500 brúttórúmlestir er hins vegar gerð krafa um að viðkomandi hafi lokið 2. stigi skipstjórnarbrautar auk 27 mánaða siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánuði sem háseti á skipum stærri en 100 brúttórúmlestir.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar er gerð sú krafa til þeirra sem vilja öðlast réttindi til starfa sem stýrimenn og undirstýrimenn á skipum lengri en 24 metrar, hvort heldur í innanlandssiglingum eða án takmarkana á farsviði, að viðkomandi hafi a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á fiskiskipi sem er 12 metra langt að mestu lengd eða lengra.

Siglingatími D: Skip >24 metrar að skráningarlengd, yfirstýrimaður, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem yfirstýrimaður á fiskiskipi án takmarkana á stærð eða farsviði skal umsækjandi hafa lokið 2. stigi skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirstýrimaður á skipum sem eru 24 metrar eða lengri að skráningarlengd, eða a.m.k.12 mánaða siglingatíma sem yfirstýrimaður eða skipstjóri á skipum sem eru lengri en 12 metrar að mestu lengd.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirstýrimaður á skipi án takmarkana hafa lokið 2. stigi skipstjórnarnáms og a.m.k. 27 mánaða siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánuði sem háseti á skipum stærri en 100 brúttórúmlestir.

Siglingatími E: Skip >24 metrar að skráningarlengd, skipstjóri, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem skipstjóri á fiskiskipum án takmarkana á stærð eða farsviði skal umsækjandi hafa lokið 2. stig skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum sem eru 24 metrar að skráningarlengd eða lengri.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem skipstjóri á skipi án takmarkana hafa lokið 2. stig skipstjórnarnáms og hafa a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipi stærra en 30 brúttórúmlestir og þar af a.m.k. sex mánuði sem yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum stærri en 100 brúttórúmlestir.

Í fylgiskjali I má sjá yfirlit yfir íslensk atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem gegna starfi vélstjórnarmanna á fiskiskipum skuli vera lögmætir handhafar viðeigandi atvinnuskírteina með tilliti til vélarafls skips og stærðar þar sem það á við. Sett eru fram ófrávíkjanleg skilyrði um aldur og siglingatíma auk ákveðinna takmarkana út frá vélarstærð og lengd skipsins. Áskilinn siglingatími er einkenndur með bókstöfunum A–G. Umsækjendur um atvinnuréttindaskírteini skulu jafnframt fullnægja kröfum um menntun og þjálfun, heilbrigði, sjón og heyrn eins og áskilið er í 5. gr. frumvarpsins.

Við mat á siglingatíma þykir rétt að heimilt verði að taka tillit til starfsreynslu og starfstíma við vélstjórn í landi og við aðrar stærðir véla eins og kveðið er á um í greininni til samræmis við samsvarandi ákvæði í 3. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar skulu þeir sem gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélarafl 750 kW og meira fullnægja tilteknum kröfum um menntun, þekkingu og þjálfun til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Í samþykktinni eru engar kröfur gerðar um atvinnuréttindi til vélstjórnar á skipum með vélarafl minna en 750 kW og aðildarríkum þar með látið eftir að setja reglur um menntun til vélstjórnar og um atvinnuréttindi til vélstjórnarstarfa á þeim skipum.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar skulu þeir sem gegna starfi 1. vélstjóra á skipum með vélarafl 750 kW og meira hafa a.m.k. 12 mánaða siglingatíma við störf í vélarrúmi skipa sem hluta verklegrar þjálfunar. Þeir sem gegna starfi yfirvélstjóra á skipum með vélarafl 750 kW og meira skulu hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma við störf í vélarrúmi, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem 1. vélstjóri.

Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir samspili siglingartíma, takmarkana og réttinda samkvæmt ákvæðinu:

Siglingatími A: Vélarafl allt að 750 kW; skip styttri en 12 metrar, vélavörður.

Til þess að mega starfa sem vélavörður á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. níu mánaða siglingatíma sem háseti á skipi. Siglingatíma getur umsækjandi aflað sér með störfum um borð í hvaða skipi sem er. Þar sem hér er um að ræða lægstu réttindi til vélstjórnar á fiskiskipum er talið að tilgreindur siglingatími sé fullnægjandi til þess að sá sem slík réttindi öðlast geti gert sér nægilega vel grein fyrir umhverfisþáttum sem tengjast störfum vélstjórnarmanna á skipum undir 12 metrum.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 er krafist réttinda vélavarðar til þess að mega gegna stöðu vélstjórnarmanns á skipum með vélarafl minna en 221 kW auk þess sem sex mánaða siglingatími sem vélavörður veitir rétt til að gegna stöðu yfirvélstjóra á skipi með vélarafl 375 kW og minna.

Til þess að mega gegna starfi vélstjórnarmanns á skipum með vélarafl allt að 750 kW skal umsækjandi hafa a.m.k 9 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi og hafa lokið 2. stigi vélstjórnarnáms. Talið er tilefni til þess að einfalda réttindastig til vélstjórnar á íslenskum skipum með því að heimila að vélavörður megi gegna stöðu vélstjórnarmanns á minni skipum með vélarafl allt að 750 kW og að þar verði miðað við 12 metra mestu lengd skipa, þ.e. sömu lengd skipa og lægstu atvinnuréttindi skipstjórnarmanna miðast við. Hér er tekið mið af því að á minnstu fiskiskipunum, þ.e. á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd, er vélbúnaður til þess að gera einfaldur og einsleitur á milli skipa.

Siglingatími B: Vélarafl allt að 750 kW án tillits til stærðar skips, yfirvélstjóri.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafl minna en 750 kW og sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 9 mánaða siglingatíma sem háseti eða vélavörður á skipi óháð stærð eða gerð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem vélstjóri á skipum með vélarafl minna en 750 kW hafa starfað sem vélavörður í a.m.k. níu mánuði, þar af fimm mánuði á skipi með vélarafl 401–750 kW. Verði gerð krafa um að þeir sem vilja öðlast réttindi til starfa sem vélstjórar á skipum með vélarafl minna en 750 kW hafi að baki siglingatíma sem vélaverðir á skipum með vélarafl minna en 750 kW kann slík krafa að gera nemendum í vélstjórnarnámi mjög erfitt með að afla sér þess siglingatíma sem krafist er til að mega starfa sem vélstjórar á skipum með vélarafl undir 750 kW.

Siglingatími C: 1. vélstjóri á skipi með vélarafl allt að 1.500 kW.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafl allt að 1.500 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafl minna en 1.500 kW hafa lokið námi 3. stigs vélstjórnarnáms og hafa starfað sem vélavörður eða sem vélstjóri á skipi með vélarafl meira en 400 kW í a.m.k. 12 mánuði. Jafnframt er heimilt að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélar-

afl allt að 1.500 kW með því að hafa þau réttindi sem krafist er til undirvélstjóra á skipum án takmarkana á vélarafli, þ.e. hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein. Er í slíkum tilvikum ekki krafist siglingatíma.

Siglingatími D:

a) Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl allt að 1.500 kW.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafl allt að 1.500 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipum með vélarafl 750 kW eða meira, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl allt að 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafl allt að 1.500 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi eða hafa lokið námi 3. stigs vélstjórnarnáms og hafa að baki 18 mánaða siglingatíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem vélstjóri.

b) Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl allt að 3.000 kW.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafl allt að 3.000 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipum með vélarafl 750 kW eða meira, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl allt að 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafl allt að 3.000 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1.501 kW vélarafl eða meira.

Munur á kröfum til réttinda sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafl allt að 3.000 kW og sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafl allt að 1.500 kW fellst jafnframt í lengd námstíma.

Siglingatími E:

a) 1. vélstjóri á skipum með vélarafl allt að 3.000 kW.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafl allt að 3.000 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi með vélarafl meira en 750 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl meira en 3.000 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa 12 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafl 750 kW eða meira.

b) 1. vélstjóri, án takmarkana á vélarafli.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi með vélarafl meira en 750 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa 12 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafl 750 kW eða meira.

Munur á kröfum til réttinda sem 1. vélstjóri án takmarkana á vélarafli og sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafl allt að 3.000 kW kann að felast í lengd námstíma.

Siglingatími F: Yfirvélstjóri, án takmarkana á vélarafli.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 36 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafl meira en 750 kW, þar af a.m.k. 12 mánaða sigl-

ingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafl meira en 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 36 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kW vélarafl eða meira.

Siglingatími G: Undirvélstjóri, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem undirvélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a) a.m.k. 18 mánaða siglinga- og þjálfunartíma, b) a.m.k. 6 mánaða siglingatíma, hafi umsækjandi lokið viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða c) a.m.k. 6 mánaða siglingatíma, hafi umsækjandi lokið sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem undirvélstjóri (2. vélstjóri) á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa lokið sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein, og er þá ekki krafist siglingatíma. Telja verður ákvæði gildandi laga um þau skilyrði sem fullnægja þarf til að mega gegna starfi undirvélstjóra á skipi óþarflega íþyngjandi og að opna þurfi möguleika til þess að öðlast slík réttindi með öðrum hætti eins og gert er í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Greinin varðar útgáfu atvinnuskírteini til þeirra aðila sem starfa um borð í íslenskum varðskipum. Um atvinnuskírteini til starfa um borð í slíkum skipum fer að sömu kröfum og gerðar eru til áhafna íslenskra farþega- og flutningaskipa samkvæmt lögum nr. 76/2001. Áskilið er að umsækjandi um atvinnuskírteini til starfa sem skipherra um borð í varðskipi hafi lokið námi við sjómannaskóla til að öðlast slík réttindi.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli og fjallar um útgáfu skipstjórnarskírteinis til stjórnunar skemmtibáta, en skv. 3. gr. frumvarpsins er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá auk þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru í íslenskri landhelgi að staðaldri, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenskri skipaskrá um 400 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn en allir undir 65 brúttótonnum. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skipstjórnarskírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Stjórnendur skemmtibáta þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti og er því lagt til í frumvarpinu að þeim verði gert að afla sér skipstjórnarskírteinis. Stjórnendur skemmtibáta verða að þekkja siglingareglur á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til

lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Auknar líkur eru á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking geta haft alvarlegar afleiðingar, svo sem valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki eða jafnvel banaslysum í alvarlegustu tilvikunum. Sé tjónið bætanlegt fellur það á tryggingafélag bátsins sem á endanum getur þurft að bera skaðann af mistökum eða vanþekkingu skipstjórnarmanns.

Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til stjórnenda skemmtibáta á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til stjórnunar skemmtibáts. Ætlast er til þess að nám til stjórnunar skemmtibáts feli í sér fullnægjandi fræðslu á skipstjórn skemmtibáts og vélarrúmi hans svo að fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

Í 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 11. gr. taki gildi 1. janúar 2007. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum sem notaðir eru í íslenskri landhelgi að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 11. gr. gerir kröfu um.

Lagt er til í 3. mgr. að sömu skilyrði eigi við um þá aðila sem stjórna erlendum skemmtibátum, þ.e. skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis, óháð því hvort þeir eru í eigu Íslendinga eða erlendra aðila, séu þeir notaðir að staðaldri í íslenskri landhelgi. Skulu slíkir aðilar uppfylla kröfur 1.–3. mgr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis. Siglingastofnun Íslands er falið mat á því hvort erlent skírteini telst vera sambærilegt þeim sem gerð er krafa um hér á landi samkvæmt ákvæðinu.

Um 12. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns og vélstjórnarmanns á öðrum skipum en nefnd eru sérstaklega í 8.–11. gr. frumvarpsins. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð. Með öðrum skipum er t.d. átt við sanddæluskip, dráttarbáta, hafnsögubáta, vinnubáta, björgunarskip o.fl., sbr. 27. tölul. 3. gr. frumvarpsins þar sem hugtakið er nánar skilgreint.

Lagt er til með frumvarpinu að Siglingastofnun Íslands ákveði fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á þeim skipum sem hér um ræðir, sbr. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Miðað er við að undanþágunefnd geti, í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa, veitt nauðsynlegar undanþágur til að gegna stöðu á tilteknu skipi til allt að sex mánaða í senn. Í 3. mgr. er tekið fram að undanþágu megi aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur.

Ef tekið er mið af 8. og 9. gr. frumvarpsins raðast stöður skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum á eftirfarandi hátt verði frumvarpið að lögum:

Skipstjórnarmenn	**Takmarkanir**
1. Skipstjóri	engar takmarkanir
2. Yfirstýrimaður	engar takmarkanir
3. Skipstjóri	<24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum
4. Yfirstýrimaður	<24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum

5. Undirstýrimaður	engar takmarkanir
6. Skipstjóri/stýrimaður	<12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.
Vélstjórnarmenn	**Takmarkanir**
1. Yfirvélstjóri	engar takmarkanir
2. 1. vélstjóri	engar takmarkanir
3. Yfirvélstjóri	vélarafl <3.000 kW
4. 1. vélstjóri	vélarafl <3.000 kW
5. Undirvélstjóri (rekstrarsvið)	engar takmarkanir
6. Yfirvélstjóri	vélarafl ≤1.500 kW
7. 1. vélstjóri	vélarafl ≤1.500 kW
8. Vélavörður	vélarafl <750 kW og <12 metrar að mestu lengd.

Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Ef ekki er krafist atvinnuskírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati mönnunarnefndar hefur til þess nægjanlega þekkingu og reynslu.

Lagt er til að óheimilt verði að veita undanþágu til að gegna stöðu skipstjóra, sbr. 8. gr., og yfirvélstjóra, sbr. 9. gr., nema í algerum neyðartilvikum og þá aðeins í mjög skamman tíma. Gert er ráð fyrir að undanþágunefnd meti hvaða tilvik teljist til neyðartilvika í hvert sinn.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra í 26. gr. frumvarpsins til að setja frekari reglur um undanþágur.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem hafa skírteini fyrir gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, haldi réttindum sínum óskertum enda fullnægi þeir öðrum kröfum frumvarpsins, t.d. um endurnýjun og viðhald skírteina. Miðað er við að lögmætir handhafar 80 brúttrúmlesta skipstjórnarréttinda hafi rétt til þess að fá útgefið atvinnuskírteini sem skipstjóri á fiskiskipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, sbr. 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða. Við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, er heimilt að fá gefin út ný skírteini þó að gildistími þeirra sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að breyttar mælingareglur eigi ekki að leiða til þess að atvinnuskírteinishafi missi réttindi til að starfa á skipi sem hann hefur þegar öðlast réttindi til að starfa á. Hafi atvinnuskírteinishafi öðlast réttindi samkvæmt eldri eða gildandi lögum þar sem miðað var við stærð skips í brúttórúmlestum telst hann eftir breytinguna, verði frumvarpið að lögum, halda sambærilegum réttindum til að starfa á því skipi eða samsvarandi skipi sem hann áður hafði réttindi til að starfa á samkvæmt brúttórúmlestastærð skipsins en mælist nú stærra í brúttótonnum eða metrum.

Um yfirfærslu eldri skírteina í skírteinaflokka samkvæmt frumvarpi þessu er tekið mið af fylgiskjali II.

Um 15. gr.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 112/1984 og V. kafla laga nr. 113/1984 er skipaðri mönnunarnefnd falin heimild til að ákveða fjölda skipstjórnarmanna í vissum tilvikum. Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um það að sérhvert íslenskt skip samkvæmt lögum þessum skuli svo mannað skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé lögum og reglum um verndun umhverfis. Ákvæðið felur í sér ófrávíkjanlega efnisreglu um fullnægjandi mönnun um borð í öllum skipum sem undir lögin falla og er ætlað að tryggja hámarksöryggi skipa, áhafna þeirra og umhverfis.

Ráðherra er falið að setja frekari reglur um mönnun skipa í reglugerð, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar, sbr. IV. kafla hennar. Í greininni er að finna nokkrar afdráttarlausar ábyrgðarreglur skipstjóra, stýrimanna, yfirvélstjóra og fjarskiptamanns um borð í skipi. Um ábyrgðarreglur skipstjóra, útgerðarmanns og skipverja vísast að öðru leyti til IV. kafla frumvarpsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvæði sjómannalaga gildi um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Við það er miðað að í reglugerð verði nánari ákvæði um vaktstöður, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir ótvíræðri lagaheimild fyrir því að setja megi í reglugerð skorður við því að sami aðili sjái um að annast ýmis verk um borð í skipi, svo sem að stjórna því og stýra hífingum um borð á sama tíma, svo dæmi sé tekið.

Um 17. gr.

Greinin miðar að mestu leyti við sömu reglur og eru í gildandi lögum. Í stað brúttólesta miðast fjöldi skipstjórnarmanna við lengd skipsins, útiveru og ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Fjöldi vélstjórnarmanna tekur mið af vélarafli skipsins og ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Ákvæði um 14 klst. útiveru að hámarki á hverju 24 klst. tímabili taka mið af ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma. Þau fela í sér takmarkanir á því hve einn maður getur verið lengi eini skipstjórnarmaðurinn um borð. Með þessu er stuðlað að samræmingu áhafnarlaga við ákvæði sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma skipverja.

Um 18. gr.

Mönnunarnefnd er skipuð fulltrúum þriggja hagsmunaaðila, þ.e. tveimur tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Skipa skal varafulltrúa hvers aðalfulltrúa samkvæmt tilnefningu auk varaformanns án tilnefningar en nefndin er skipuð til fimm ára í senn.

Siglingastofnun ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipi sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Mönnunarnefnd skal senda Siglingastofnun samrit ákvörðunar um mönnun fiskiskips.

Ráðherra setur nánari reglur um lágmarksmönnun skipa, skipan og starfshætti mönnunarnefndar, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir lögbundnum lágmarksfjölda skipverja á varðskipum að því leyti að áskilið er að á hverju varðskipi skuli vera skipherra og yfirvélstjóri.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum er ákvæði í 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, gildi um mönnun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um borð í varðskipum.

Um 20. gr.

Siglingastofnun Íslands er falin ákvörðun um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum, sbr. 27. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um öryggismönnun slíkra skipa vísast til umfjöllunar um 15. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra til setningar reglugerðar um áhafnir annarra skipa.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að útgerðarmaður og skipstjóri skips beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé framfylgt við útgerð skipsins, t.d. um að áhöfn hafi tilskilda menntun og þjálfun og viðeigandi skírteini og skipið sé rétt mannað, um nýliðakennslu og að reglubundnar öryggisæfingar séu haldnar um borð. Auk þess bera útgerðarmaður og skipstjóri ábyrgð á því að gildandi ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma sé fullnægt þannig að skipverjar njóti nauðsynlegrar hvíldar til að geta annast störf sín af fyllsta öryggi.

Um 22. gr.

Greinin kveður á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að skera úr um það í vafatilvikum hvort skip teljist vera fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða flokkist undir önnur skip samkvæmt ákvæðum laganna eða reglugerða settum samkvæmt þeim.

Um 23. gr.

Lagt er til að ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögunum verði kæranlegar til samgönguráðuneytis. Um kærur fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands sé heimilt að taka gjöld fyrir veitta þjónustu samkvæmt lögunum til að standa undir beinum kostnaði stofnunarinnar. Lagt er til að þau verði ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

Um 25. gr.

Greinin krefst ekki nánari skýringa.

Um 26. gr.

Miðað er við að samgönguráðherra setji nánari reglur um útfærslu laganna.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki gildi 1. september 2006. Hins vegar er lagt til að ákvæði 11. gr. um skemmtibáta taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2007. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skipstjórnarskírteinis sem 11. gr. gerir kröfu um.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir íslensk atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. Tillaga að endurskoðun samkvæmt frumvarpi.

Stærðar-mörk	Fjöldi skipa	Lög nr. 76/2001 og reglug. nr. 416/2003, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. STCW - alþjóðleg réttindi.			Tillaga um íslensk atvinnuréttindi á fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt frumvarpi.			Lög nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Atvinnuréttindi á fiskiskipum.		
		Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður	Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður	Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður
6 m s.l.		Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími	Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími		*1. stig skipstjórnar-náms +18 mán. siglingatími	1. stig skipstjórnar-náms + 18 mán. siglingatími		Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími, 7. gr.	Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími, 7. gr.	
<12 m m.l.	1787									
<15 m m.l.	(84) 1871				1. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem yfir-stýrimaður + fjarskipta-maður	1. stig skipstjórnar-náms + 18 mán. siglingatími + fjarskipta-maður				
<30 brl.	(52) 1923									
<65 BT	(69) 1992							1. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 30 brl., 8. gr.	1. stig skipstjórnar-náms + 24 mán. siglingatími, þar af a.m.k. 12 mán. á skipum stærri en 30 brl., 6. gr.	
<24 m s.l.	(28) 2020	1. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 100 BT	1. stig skipstjórnar-náms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunar-bók + fjarskipta-maður	1. stig skipstjórnar-náms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunar-bók + fjarskipta-maður	2. stig skipstjórnar-náms + 24 mán. siglingatími sem yfir-stýrimaður á skipi sem er 24 metrar að lengd og lengra + fjarskipta-maður	2. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem undir-stýrimaður á skipi lengra en 24 metrar eða lengri eða a.m.k. 12 mán. siglingatími sem yfir-stýrimaður eða skipstjóri á skipum sem eru 12 metrar eða lengri að mestu lengd + fjarskipta-maður	1. stig skipstjórnar-náms + 24 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunar-bók + fjarskipta-maður			
<200 brl.	(112)									
<500 BT	-105							2. stig skipstjórnar-náms + 24 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 30 brl., þar af a.m.k. 6 mán. yfir-stýrimaður / 1. stýrimaður á skipum yfir 100 brl., 8. gr.	2. stig skipstjórnar-náms + 27 mán. siglingatími, þar af 12 mán. sem háseti á skipi stærra en 100 brl., 6. gr.	Sjá **
<3.000 BT	(69) 2306	2. stig skipstjórnar-náms + 36 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 500 BT eða 24 mán. siglingatími sem yfir-stýrimaður	2. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 500 BT	2. stig skipstjórnar-náms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunar-bók + fjarskipta-maður						2. stig skipstjórnar-náms + 27 mán. siglingatími, þar af 12 mán. sem háseti á skipi stærra en 100 brl., 6. gr.
Ótak-markað	(5) 2311	3. stig skipstjórnar-náms + 36 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 500 BT eða 24 mán. siglingatími sem yfir-stýrimaður	3. stig skipstjórnar-náms + 12 mán. siglingatími sem stýri-maður á skipi stærra en 500 BT							

Tölur í sviga sýna fjölda skipa á milli viðmiðunarmarka.

30 brl. svarar til mestu lengdar nærri 17–18 metrum.
200 brl. svarar til ca. 30 metra skráningarlengdar og mestu lengdar nærri 34–35 metrum.

65 BT svarar til ca. 20 metra skráningarlengdar og um 22–23 metra mestu lengdar.
500 BT svarar til ca. 42–45 metra fiskiskips.

* Heimild til ráðherra til að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á skipum sem eru allt að 10 metrar að lengd til siglinga á takmörkðu hafsvæði (innan fjarða) eins og kveðið er á um í reglugerð.
** Til þess að gegna starfi undirstýrimanns á skipi 300–500 brl. skal viðkomandi hafa réttindi skipstjóra á skipi minna en 200 brl.

Fylgiskjal II.

Hugmyndir að útgáfu nýrra skírteina og yfirfærslu eldri skírteina til samræmis við lög og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa	**Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996**
	Takmarkanir
Skipstjóri/stýrimaður á fiskiskipi <10 metrar að mestu lengd með takmarkað farsvið (innan fjarðar).	Skipstjóri á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum.
Skipstjóri/stýrimaður á fiskiskip < 12 metrar að mestu lengd. (Réttindastig sem þeir einir eiga tilkall til sem hafa öðlast réttindi til að gegna stöðu skipstjóra á skipi 30 brúttórúmlestir eða minna í innanlandssiglingum þegar lögin taka gildi.)	Skipstjóri á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum.
Yfirstýrimaður á fiskiskipi <24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum.	Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum (A-3 og 1. stig).
Skipstjóri á fiskiskipi <24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum.	Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig). Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 brl. í innanlandssiglingum (A-2).
Stýrimaður - engar takmarkanir.	Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig).
Yfirstýrimaður - engar takmarkanir.	Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-5 og 2. stig).
Skipstjóri - engar takmarkanir.	Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-6 og 2. stig).

Heimilt er að gefa út ný skírteini til vélstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 113/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa	**Skírteini samkvæmt lögum nr. 113/1984 og reglugerð nr. 118/1996**
	Takmarkanir:
Vélavörður <750 kW og á skipum <12 metrar að mestu lengd.	Vélgæslumaður <375 kW og <20/30 BT að undangengnu viðbótarnámi. Vélavörður á skipi (VV). Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl 375 kW og minna (VVy).
Yfirvélstjóri <750 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl 375 kW og minna (VVy) að undangengnu viðbótarnámi. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vélarafl og minna (VS III).
1. vélstjóri ≤1.500 kW.	1. vélstjóri með 1.500 kW vélarafl og minna (VS II).
Yfirvélstjóri ≤1.500 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með 1.500 kW vélarafl og minna og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl (VS I).
1. vélstjóri <3.000 kW.	1. vélstjóri á skipi með vélarafl minna en 3.000 kW.
Yfirvélstjóri <3.000 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með vélarafl og minna en 3.000 kW (VF.II).
Undirvélstjóri - engar takmarkanir.	Vélstjóri með 1.500 kW vélarafl og minna (VS II). Yfirvélstjóri á skipi með 1.500 kW vélarafl og minna og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð að undangengnu námskeiði (VS I).
1. vélstjóri - engar takmarkanir.	1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl (VF.III).
Yfirvélstjóri - engar takmarkanir.	Yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl (VF.I).

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

Markmiðið með frumvarpinu er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og efla varnir gegn mengun sjávar. Í fumvarpinu er meðal annars kveðið á um að útgáfa skírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna verði í höndum Siglingastofnunar Íslands en samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfan verið í höndum sýslumanna úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík. Jafnframt er kveðið um að gjald sem greiða á fyrir útgáfu og endurnýjun skírteina skuli standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Árlega er áætlað að gefin verið út um 100 skírteini og um 300 skírteini endurnýjuð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það óverulegan kostnað í för með sér sem mun ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

1078. Frumvarp til laga [742. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um atvinnuleysistryggingar launamanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði þegar þeir verða atvinnulausir.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt.

3. gr.
Orðskýringar.

a. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði og greitt er tryggingagjald vegna starfsins samkvæmt lögum um tryggingagjald.
b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða tengdra félaga, þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglu-

legum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Sá sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi einu sinni á ári telst ekki vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga þessara.

c. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Atvinnuleysistryggingasjóður.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinnumálastofnun skal annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal skipa fimm manna úthlutunarnefnd að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Stjórn Vinnumálastofnunar skipar formann og varaformann úthlutunarnefndar úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála. Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

6. gr.
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Stjórnin skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynna fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 5. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samninginn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

7. gr.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Atvinnuleysisbætur til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra skulu greiddar úr sérstökum sjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi þessara stétta, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinnumálastofnun skal annast fjárvörslu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Úthlutunarnefnd skv. 3. mgr. 5. gr. skal jafnframt tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála er varða Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Reikningar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

8. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Félagsmálaráðherra skipar fjögurra manna stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, einn af Landssambandi smábátaeigenda og einn af Landssambandi vörubifreiðastjóra. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera rekstraráætlanir um rekstur og greiðslur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra

skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynnir fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samninginn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

9. gr.

Umsókn um atvinnuleysisbætur.

Launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar þegar þeir verða atvinnulausir. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð vinnuveitanda, staðfesting um stöðvun rekstrar og önnur nauðsynleg gögn að mati Vinnumálastofnunar. Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær rökstuddar fullnægjandi gögnum. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Umsókn um atvinnuleysisbætur felur jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir.

Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

10. gr.

Tilkynning um að atvinnuleit sé hætt.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum skal tilkynna til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Tilkynningin skal gerð með sannanlegum hætti og skal taka fram ástæðu þess að atvinnuleit var hætt.

11. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir allir vera skipaðir án tilnefningar. Félagsmálaráðherra ákveður hver skal vera formaður nefndarinnar og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði til þess að vera skipaðir héraðsdómarar.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

12. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Stjórnsýslukæra skal berast úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæran telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Úrskurðarnefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig áður en nefndin úrskurðar í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða eftir að henni berst mál.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

13. gr.

Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,
b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
e. hefur verið launamaður á ávinnslutímabili skv. 15. gr. í starfi sem ekki er hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
f. leggur fram vottorð vinnuveitanda, sbr. 16. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 15. gr.,
g. hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Ákvæði g-liðar á ekki við um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

14. gr.

Virk atvinnuleit.

Sá telst vera í virkri atvinnuleit sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a. er fær til flestra almennra starfa,
b. hefur frumkvæði að starfsleit og er reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og uppfyllir skilyrði annarra laga,
c. hefur vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara,

d. er reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á Íslandi,
e. er reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða eða vaktavinnu,
f. á ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit nema ákvæði 17. eða 22. gr. eigi við,
g. hefur vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum sem standa honum til boða, og
h. er reiðubúinn að gefa Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar til að auka líkur hans á að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Hinn tryggði skal tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti skv. h-lið 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

Þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum kemur ekki í veg fyrir að hinn tryggði taki starfi sem býðst á þeim tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b-, d- og e-liða 1. mgr. þannig að hinn tryggði, sem vegna aldurs, félagslegra aðstæðna tengdum skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima óskar eftir hlutastarfi eða starfi innan tiltekins svæðis, geti talist vera í virkri atvinnuleit. Enn fremur er heimilt að taka tillit til aðstæðna hins tryggða sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt mati sérfræðilæknis.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um virka atvinnuleit, svo sem hvaða upplýsingar Vinnumálastofnun eru nauðsynlegar skv. h-lið, og um undanþágur skv. 4. mgr.

15. gr.
Ávinnslutímabil.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Launamaður, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem launamaður hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að launamaður hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli launamanns einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. getur tryggingarhlutfall launamanns aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli hans á ávinnslutímabilinu eða því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr. Hafi launamaður ekki verið í sama starfshlutfalli allt ávinnslutímabilið skal miða við meðalstarfshlutfall hans á þeim tíma.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili. Við mat á starfshlutfalli launamanns í fæðingarorlofi á ávinnslutímabilinu skal líta til þess starfshlutfalls sem hann var í á fjögurra mánaða tímabili er hefst tveimur

mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Sama á við um þann tíma er verkfall eða verkbann stendur yfir sem tekur til starfa launamanns á ávinnslutímanum. Skal þá miða við starfshlutfall hans í almanaksmánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysistryggingu launamanns en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Vinnuframlag sjómanna miðast við fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst vera 21,67 lögskráningardagar.

Launamaður skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst.

Hafi launamaður einnig verið sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysistryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil, svo sem skrá yfir hlutfallsþrep.

16. gr.

Vottorð vinnuveitanda.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., skal leggja fram vottorð vinnuveitanda er hann sækir um atvinnuleysisbætur. Vottorðið skal vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði þar sem meðal annars kemur fram starfstími hjá vinnuveitanda á ávinnslutímabili skv. 15. gr. ásamt starfshlutfalli hans. Enn fremur skal tilgreina ástæður þess að launamaður hætti störfum hjá vinnuveitanda, hvort hann hafi tekið út orlof sitt við slit á ráðningarsamningi og hvernig greiðslum vegna starfsloka hafi verið háttað.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum frá vinnuveitanda og skattyfirvöldum til að staðreyna þær upplýsingar er fram koma í vottorði skv. 1. mgr.

Þegar launamaður á þess ekki kost að leggja fram vottorð vinnuveitanda skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á störf launamanns hjá vinnuveitanda.

17. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 15. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta nema annað leiði af lögum þessum. Hið sama gildir þegar launamaður missir starf sitt en ræður sig til starfa í minna starfshlutfall hjá öðrum vinnuveitanda.

Ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu launamannsins, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

IV. KAFLI

Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

18. gr.

Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,

b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
e. hefur verið sjálfstætt starfandi einstaklingur á ávinnslutímabili skv. 19. gr. og starfsemi hans telst ekki vera hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
f. hefur stöðvað rekstur, sbr. 20. gr.,
g. leggur fram staðfestingu um stöðvun rekstrar, sbr. 21. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 19. gr.,
h. hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar,
i. hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá h-lið þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur ekki staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar en greiðir síðan þessi gjöld aftur í tímann. Við ákvörðun á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings er þó einungis heimilt að miða að hámarki við þrjá mánuði af þeim tíma er vanskilin áttu við um.

19. gr.
Ávinnslutímabil.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst ávallt vera í fullu starfi. Tryggingarhlutfall hans getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr.

Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi einstaklinga á ávinnslutímabili skv. 1. og 2. mgr. skal taka mið af skrám skattyfirvalda, sbr. einnig h-lið 18. gr.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig verið launamaður, sbr. a-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysistryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil.

20. gr.

Stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar metið er hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Enn fremur telst sjálfstætt starfandi einstaklingur hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt skráningarnúmer sitt af skrá, sýnt fram á að atvinnutæki hafi verið seld eða afskráð, reksturinn framseldur öðrum eða hann hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

21. gr.

Staðfesting um stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., skal leggja fram staðfestingu á því að hann hafi stöðvað rekstur skv. 20. gr. Staðfestingin skal fela í sér:

a. yfirlýsingu um að öll starfsemi hafi verið stöðvuð og ástæður þess, og
b. afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um að rekstur hafi verið stöðvaður, vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hans hafi verið tekið af skrá eða önnur viðeigandi gögn frá opinberum aðilum er staðfesta kunna stöðvun rekstrar.

22. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem missir starf sitt en ræður sig sem launamaður, sbr. a-lið 3. gr., til starfa í minna starfshlutfall telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum. Tryggingarhlutfall hans nemur mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 19. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir sem launamaður, frá þeim tíma er hann hóf störf í hinu nýja starfi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

V. KAFLI

Tilvik er leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast.

23. gr.

Þátttöku á vinnumarkaði hætt tímabundið.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

24. gr.

Minnkað starfshlutfall.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem minnkar starfshlutfall sitt getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt. Sama á við um sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. b-lið 3. gr., sem ræður sig til starfa sem launamaður í hlutastarf, sbr. 22. gr.

Sá tími sem launamaður starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. í sama eða hærra starfshlutfalli en hann var í áður telst til ávinnslutímabils skv. 15. gr.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til þeirra tólf mánaða sem hinn tryggði starfaði á innlendum vinnumarkaði í hæsta starfshlutfalli á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

25. gr.

Nám.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum enda hafi hann sannanlega lokið náminu.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 48 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 36 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum eða hefur ekki lokið námi innan þess tíma fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

26. gr.

Óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði verði hann óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þann tíma sem hann er óvinnufær.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er hann varð vinnufær á ný fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð sérfræðilæknis er annaðist hinn tryggða skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram hvenær hann varð óvinnufær og hvenær hann varð vinnufær á ný.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

27. gr.

Afplánun refsingar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði þar sem hann tekur út refsingu sína samkvæmt dómi getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þangað til hann hefur lokið afplánun refsingar.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er afplánun refsingar hans lauk fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð frá fangelsismálayfirvöldum skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram það tímabil sem afplánun refsingar stóð yfir.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

28. gr.

Virkri atvinnuleit hætt tímabundið.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 24 mánuði en hættir tímabundið virkri atvinnuleit getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sótti um atvinnuleysisbætur enda hafi hann ekki áður nýtt sér heimild skv. 23.–27. gr. Að öðru leyti gildir 23. gr. um geymdar atvinnuleysistryggingar.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti virkri atvinnuleit enda hafi hann sannanlega lokið náminu. Þegar sótt er aftur um atvinnuleysisbætur skal miða við atvinnuleysistryggingar hins tryggða eins og þær voru áður en hann hóf námið nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. vegna tilvika er ákvæði 25. og 26. gr. fjalla um getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu samkvæmt þeim ákvæðum eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

VI. KAFLI
Tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

29. gr.
Lengd tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum getur átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta samfellt í þrjú ár frá þeim degi er Vinnumálastofnun tók við umsókn hans um atvinnuleysisbætur nema annað leiði af lögum þessum. Biðtími eftir greiðslu atvinnuleysisbóta skv. X. kafla telst hluti tímabilsins. Hið sama á við um þann tíma þegar greiddar eru hlutfallslegar atvinnuleysisbætur, sbr. 17. eða 22. gr.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á vinnumarkaði eftir að tímabil skv. 1. mgr. hefst telst ekki hluti tímabilsins. Enn fremur telst sá tími sem atvinnuleysistryggingar geymast skv. V. kafla ekki hluti tímabilsins skv. 1. mgr.

Tímabilið skv. 1. mgr. heldur áfram að líða þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað í skemmri tíma en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur.

30. gr.
Endurnýjun tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í þrjú ár skv. 29. gr. getur áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

31. gr.
Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst áður en fyrra tímabili lýkur að fullu.

Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað samfellt á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 24 mánuði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur. Að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI
Fjárhæð atvinnuleysisbóta.

32. gr.
Tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í allt að þrjá mánuði frá þeim tíma er grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga nema annað leiði af lögum þessum.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur launamanna skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en umsækjandi varð atvinnulaus. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald en ekki skal miða við tekjur af störfum er umsækjandi gegnir áfram, sbr. 17. og 22. gr. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á við-

miðunartímabilinu sem umsækjandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem umsækjandi varð atvinnulaus. Að öðru leyti gildir ákvæði 2. mgr.

Útreikningar á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skulu byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur umsækjanda úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda. Þegar ekki hefur verið staðið skil á greiðslum til skattyfirvalda vegna launamanna skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á tekjur launamanns á viðmiðunartímabili skv. 2. mgr.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði miðast við tryggingarhlutfall hins tryggða þannig að þær nemi aldrei hærri fjárhæð en 180.000 kr. á mánuði miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu, sbr. 15. eða 19. gr. Til að finna út atvinnuleysisbætur fyrir hvern dag skal miða við 21,67 daga.

Sá sem uppfyllir skilyrði III. eða IV. kafla en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. eða 3. mgr. öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta skv. 33. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. Hið sama á við þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. reynast lægri en grunnatvinnuleysisbætur sem hinn tryggði á rétt á skv. 33. gr.

Þegar tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða er hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu enda hafi hann áður fullnýtt rétt sinn skv. 1. mgr.

Hinn tryggði sem sætir biðtíma eftir atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæðum X. kafla skal ekki eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu.

33. gr.

Grunnatvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta við upphaf tímabils skv. 29. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem telst að fullu tryggður á rétt til óskertra grunnatvinnuleysisbóta sem skulu nema 4.431 kr. á dag. Lágmarksréttur til atvinnuleysistrygginga veitir rétt til ¼ hluta grunnatvinnuleysisbóta.

Grunnatvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr. Fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 4. mgr. 32. gr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæðum skal félagsmálaráðherra breyta þeim með reglugerð.

34. gr.

Atvinnuleysisbætur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára skal eiga rétt á 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 29. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Heimilt er að skuldajafna kröfum Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlög hins tryggða sem stofnuninni hefur verið falið að innheimta á móti atvinnuleysisbótum skv. 1. mgr.

35. gr.

Tilhögun greiðslna atvinnuleysisbóta.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði þannig að miðist við 20. dag mánaðar til 19. dags næsta mánaðar, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

36. gr.

Frádráttur vegna tekna.

Þegar samanlagðar tekjur af hlutastarfi hins tryggða, sbr. 17. eða 22. gr., og atvinnuleysisbætur hans skv. 32.–34. gr. eru hærri en sem nemur óskertum rétti hans til atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki skv. 2. mgr. skal skerða atvinnuleysisbætur hans um helming þeirra tekna sem umfram eru. Hið sama gildir um tekjur hins tryggða fyrir tilfallandi vinnu, ellieða örorkulífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, um elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum og fjármagnstekjur hins tryggða. Eingöngu skal taka tillit til þeirra tekna sem hinn tryggði hefur haft á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur, sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum.

Frítekjumarkið skal vera 52.000 kr. á mánuði. Fjárhæð frítekjumarksins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð frítekjumarksins til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð frítekjumarksins skal félagsmálaráðherra breyta henni með reglugerð.

37. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur greiðir að lágmarki 4% af atvinnuleysisbótum skv. 32. og 33. gr. í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir 6% mótframlag. Hinum tryggða er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur getur óskað eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá Vinnumálastofnun um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

38. gr.

Endurmat á rétti til atvinnuleysistrygginga.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. getur óskað eftir endurmati á atvinnuleysistryggingu sinni skv. III. eða IV. kafla., og þar með endurútreikningi á fjárhæð atvinnuleysisbóta, þegar starfstímabil hans hefur varað samfellt lengur en þrjá

mánuði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur og tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða. Skal þá taka mið af nýja starfstímabilinu og þess hluta eldra ávinnslutímabils sem nægir til að samtals verði miðað við tólf mánaða tímabil. Óski hinn tryggði ekki eftir endurútreikningi miðast atvinnuleysisbætur við fyrri útreikninga.

39. gr.

Leiðrétting á atvinnuleysisbótum.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu hins tryggða vegna tekna sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru byggðar á, sbr. 32. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta fjárhæð bótanna til samræmis við álagningu skattyfirvalda.

Hafi hinn tryggði fengið hærri atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. en hann átti rétt á samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða öðrum ástæðum ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi. Hið sama gildir um atvinnuleysisbætur sem hinn tryggði hefur fengið greiddar fyrir tímabil er hann uppfyllti ekki skilyrði laganna. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein færi hinn tryggði rök fyrir því að honum verði ekki kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti síðar tilkomnum atvinnuleysisbótum sama einstaklings en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 25% af síðarnefndu atvinnuleysisbótunum í hverjum mánuði. Enn fremur er heimilt að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti inneign hins tryggða vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi hinn tryggði fengið lægri atvinnuleysisbætur en honum bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða öðrum ástæðum ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til hins tryggða ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða leiðir til þess að hinn tryggði hafi átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum en hafði áður verið synjað um þær eða reiknaðar lægri atvinnuleysisbætur. Þegar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða falla vextir niður.

40. gr.

Gjaldþrot félaga.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða launamanni gjaldþrota félags atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. þann tíma sem hann er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda uppfylli hann skilyrði laga þessara. Skilyrði er jafnframt að launamaður framselji Atvinnuleysistryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á þessum tíma.

41. gr.

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til hins tryggða. Þá er jafnframt óheimilt að taka atvinnuleysisbætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

VIII. KAFLI

Atvinnuleit eða atvinna í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

42. gr.

Atvinnuleit í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. VII. kafla til þess sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum enda uppfylli hann eftirtalin skilyrði:

a. hefur sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar,
b. hefur uppfyllt skilyrði laga þessara á a.m.k. fjórum næstliðnum vikum fyrir brottfarardag,
c. er heimilt að vera í frjálsri atvinnuleit í öðru aðildarríki samkvæmt lögum þess ríkis, og
d. skráir sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun í því ríki þar sem atvinnuleitin fer fram samkvæmt lögum þess ríkis innan sjö virkra daga frá brottfarardegi.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði b-liðar 1. mgr. þegar foreldri, maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki hins tryggða dvelst við nám eða störf í því landi sem atvinnuleitin fer fram. Hið sama getur átt við er börn hins tryggða undir 18 ára aldri eru búsett í landinu með hinu foreldri sínu eða hann hefur þegar fengið tilboð um starf þar í landi.

Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að veita hinum tryggða lengri tíma til að skrá sig hjá hinni erlendu vinnumiðlun en kveðið er á um í d-lið 1. mgr. Greiðslur atvinnuleysisbóta falla þá niður frá og með brottfarardegi og hefjast að nýju við skráningu erlendis.

Vinnumálastofnun gefur út viðeigandi vottorð til staðfestingar á rétti hins tryggða samkvæmt ákvæði þessu.

Lög þess ríkis þar sem atvinnuleitin fer fram skulu gilda að öðru leyti um eftirfylgni með atvinnuleitinni og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um atvinnuleysistryggingar launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. a- og b-liði 3. gr., á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamnings Evrópu, Norðurlandasamnings um almannatryggingar og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

43. gr.

Lengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. samfellt í allt að þrjá mánuði frá brottfarardegi hins tryggða en þó aldrei í lengri tíma en sem eftir er af tímabili skv. 29. gr.

Þegar hinn tryggði fær tímabundið starf í öðru aðildarríki í skemmri tíma en sem eftir er af tímabili 1. mgr. eða segir upp starfi eða missir það af gildum ástæðum innan þess tíma er

heimilt að greiða honum atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. þann tíma sem eftir er af tímabili skv. 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við hafi starf í öðru aðildarríki veitt hlutaðeigandi rétt samkvæmt lögum þess ríkis um atvinnuleysistryggingar.

44. gr.

Endurnýjun á tímabili skv. 43. gr.

Sá sem hefur áður fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. getur áunnið sér að nýju rétt til að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að liðnum sex mánuðum frá lok tímabilsins skv. 43. gr. enda hafi hann starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði og uppfyllir að öðru leyti ákvæði laga þessara.

45. gr.

Umsókn um greiðslur atvinnuleysisbóta vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Sá sem vill nýta sér rétt sinn skv. 42. gr. skal sækja um að atvinnuleysisbætur verði greiddar meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum til Vinnumálastofnunar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir brottfarardag. Ef umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

46. gr.

Tilkynning um heimkomu.

Hinn tryggði sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. og snýr aftur til landsins til að halda áfram atvinnuleit sinni á innlendum vinnumarkaði skal tilkynna um það skriflega til Vinnumálastofnunar innan sjö virkra daga frá því að tímabili skv. 43. gr. lauk eða komudegi hafi hinn tryggði komið til landsins áður en tímabilinu lauk. Atvinnuleysistrygging hans er þá sú sama og hún var áður en hann fór utan í atvinnuleit nema annað leiði af lögum þessum.

Láti hinn tryggði hjá líða að tilkynna um áframhaldandi atvinnuleit hér á landi innan tímamarka 1. mgr. falla greiðslur atvinnuleysisbóta niður frá og með þeim degi er tímabili skv. 43. gr. lauk eða hann hætti atvinnuleit í öðru aðildarríki hafi hann sannanlega hætt leitinni áður en tímabilinu lauk. Skal hinn tryggði þá sækja um atvinnuleysisbætur að nýju skv. 9. gr.

Vinnumálastofnun er heimilt að leita upplýsinga hjá þar til bærri stofnun í því aðildarríki þar sem atvinnuleitin fór fram um atriði er geta haft áhrif á atvinnuleysistryggingu hlutaðeigandi hér á landi eða þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

47. gr.

Ávinnslutímabil í öðru aðildarríki.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að taka tillit til starfstímabila hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. a-b-liði 3. gr., í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum á ávinnslutímabilinu við mat á atvinnuleysistrygg-

ingu hans enda hafi störf hans í því ríki veitt honum rétt samkvæmt lögum þess um atvinnuleysistryggingar.

Umsækjandi skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki fylgja með umsókn um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur, sem flytur til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi eða Svíþjóð, hefur starfað hér á landi á síðastliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar í þeim mæli að hann hefði talist tryggður samkvæmt lögum þessum þarf ekki að uppfylla það skilyrði 1. mgr. að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili svo að heimilt sé að taka tillit til starfstímabila hans í þessum ríkjum. Hið sama á við um þá sem flytja til Íslands frá framangreindum ríkjum og hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur hér á landi á næstliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar hjá Vinnumálastofnun.

48. gr.

Útgáfa vottorða.

Vinnumálastofnun skal gefa út vottorð til staðfestingar á atvinnuleysistryggingu hins tryggða samkvæmt umsókn þar sem fram kemur starfstímabil hans hér á landi á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. og áunnin réttindi hans samkvæmt lögum þessum. Tilgreina skal hvort hinn tryggði hafi áunnið sér atvinnuleysistryggingarnar sem launamaður, eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. a–b-liði 3. gr.

49. gr.

Greiðsla atvinnuleysisbóta til rétthafa úr erlendum tryggingakerfum.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða ríkisborgara annars aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingi, sem kemur hingað í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði að beiðni og fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í hlutaðeigandi ríki enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Vinnumálastofnun er þó heimilt að greiða út atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. þrátt fyrir að ekki komi til formlegrar endurgreiðslu enda leiði slíkt af samningum sem íslensk stjórnvöld eru aðilar að.

IX. KAFLI

Tilvik er leiða til takmörkunar á atvinnuleysistryggingum.

50. gr.

Verkfall eða verkbann.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem leggur niður störf í verkfalli eða vegna verkbanns vinnuveitanda telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir.

Launamaður sem hefur misst starf sitt áður en til verkfalls eða verkbanns kom en tekur það fram í umsókn að hann sé að leita að starfi í þeirri starfsgrein sem verkfallið eða verkbannið tekur til telst ekki tryggður þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir á fyrstu fjórum vikunum frá því að Vinnumálastofnun tók við umsókn hans.

Ákvæði 2. mgr. á þó ekki við þegar verkfall eða verkbann tekur einungis til starfa í viðkomandi starfsgrein á afmörkuðu svæði.

51. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Hver sá sem nýtur slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem hefur fengið greitt út ótekið orlof við starfslok eða fær greiðslur vegna starfsloka telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á því tímabili sem þær greiðslur eiga við um. Við umsókn um atvinnuleysisbætur skal hinn tryggði taka fram hvenær hann ætlar að taka út orlof sitt fyrir lok næsta orlofstímabils.

52. gr.

Nám.

Hver sá sem stundar nám, sbr. c-lið 3. gr., telst ekki tryggður á sama tímabili enda er námið ekki hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta sérstaklega hvort umsækjandi um atvinnuleysisbætur geti talist tryggður samkvæmt lögum þessum þegar hann hefur stundað nám með starfi sínu sem hann missti og námið er ekki lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Vinnumálastofnun skal jafnframt meta sérstaklega hvort sá er stundar nám en er í lægra námshlutfalli en 75% uppfylli skilyrði laganna þrátt fyrir námið. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

53. gr.

Frelsissvipting.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi sínu með dómi telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á þeim tíma er hann tekur út refsingu sína í fangelsi. Hið sama á við um þann sem hefur verið sviptur frelsi sínu með úrskurði dómara eða tekur út refsingu sína í samfélagsþjónustu.

X. KAFLI

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

54. gr.

Starfi sagt upp án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 virkum dögum liðnum frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama gildir um þann sem missir starf af ástæðum sem hann á sjálfur sök á.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

55. gr.

Námi hætt án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur hætt námi, sbr. d-lið 3. gr., án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 virkum dögum liðnum frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Staðfesting frá viðkomandi skóla um að námi hafi verið hætt skal fylgja umsókninni.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

56. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana um biðtíma.

Sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 54. eða 55. gr. eða viðurlögum skv. 57.–59. gr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og sagt því starfi upp er hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 60 virkum dögum liðnum frá móttöku seinni umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama á við um þann sem hefur misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Þegar biðtími skv. 54. og 55. gr. eða viðurlög skv. 57.–59. gr. hafa frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri biðtíma eða viðurlagaákvörðun saman við biðtíma skv. 1. mgr.

Þegar sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og hefur sagt upp því starfi sem hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal hann ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði. Hið sama á við um þann sem hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en að hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XI. KAFLI
Viðurlög.

57. gr.

Starfi eða atvinnuviðtali hafnað.

Sá sem hafnar starfi sem honum býðst með sannanlegum hætti eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnumálastofnunar á umsókn um atvinnuleysisbætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 virkum dögum liðnum frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við um þann sem hafnar því að fara í atvinnuviðtal vegna starfs sem honum býðst með sannanlegum hætti eða sinnir ekki atvinnuviðtali án ástæðulausrar tafar.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni

hann starfi eða hafnar því að fara í atvinnuviðtal á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða missti það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

Vinnumálastofnun skal meta við ákvörðun um viðurlög skv. 1. mgr. hvort ákvörðun hins tryggða um að hafna starfi hafi verið réttlætanleg vegna aldurs hans, félagslegra aðstæðna tengdum skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima. Enn fremur er Vinnumálastofnun heimilt að líta til heimilisaðstæðna hins tryggða þegar hann hafnar starfi fjarri heimili sínu sem og til ráðningar hans í ótímabundið starf innan tiltekins tíma. Þá er heimilt að taka tillit til aðstæðna þess sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt vottorði sérfræðilæknis. Getur þá komið til viðurlaga skv. 59. gr. hafi hinn tryggði vísvitandi leynt upplýsingum um skerta vinnufærni.

58. gr.

Þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum hafnað.

Sá sem hafnar þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnumálastofnunar á umsókn um atvinnuleysisbætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 virkum dögum liðnum frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni hann aftur að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

59. gr.

Rangar upplýsingar gefnar eða látið hjá líða að veita upplýsingar.

Sá sem veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar á umsókn eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsaðgerðum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 virkum dögum liðnum frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við þegar hinn tryggði hefur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem hafa orðið á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti á tímabili skv. 29. gr.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Veiti hann Vinnumálastofnun ekki nauðsynlegar upplýsingar á þeim tíma eða leiðrétti þær upplýsingar er reyndust rangar getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

60. gr.

Atvinnuleysisbóta aflað með sviksamlegum hætti.

Sá sem aflar sér eða reynir að afla sér atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum með svikum getur misst rétt sinn samkvæmt lögum þessum í allt að tvö ár og þurft að sæta sektum.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri viðurlagaákvarðana.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 57.–59. gr. eða biðtíma skv. 54. og 55. gr. og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 60 virkum dögum liðnum frá þeim degi er ákvörðun Vinnumálastofnunar um ítrekunaráhrif liggur fyrir.

Þegar viðurlög skv. 57.–59. gr. eða biðtíma skv. 54. og 55. gr. hafa frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri viðurlagaákvörðun eða biðtíma saman við viðurlög skv. 1. mgr.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr. og eitthvert þeirra tilvika er greinir í 57.–59. gr. á við að því er hann varðar skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en að hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

62. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna einstaklinga.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita styrki vegna þátttöku þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögum þessum í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal starfsþjálfunarúrræðum. Enn fremur er heimilt að veita sérstaka styrki vegna búferlaflutninga hins tryggða innan lands vegna starfstilboða.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um styrki skv. 1. mgr.

63. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði til verkefna á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til einstakra verkefna sem ætlað er að efla atvinnulíf einstakra svæða, fjölga atvinnutækifærum einstakra hópa fólks sem og til starfsmenntunar. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

64. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um nánari framkvæmd laga þessara.

65. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og lög nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim sem hefur í fyrsta skipti skráð sig atvinnulausan hjá svæðisvinnumiðlun 15. nóvember 2005 eða síðar og er skráður atvinnulaus 1. júlí 2006 er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. laga þessara fyrir 1. september 2006 og fer þá um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt lögum þessum. Við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. skal líta á það tímabil sem hann var skráður atvinnulaus sem tímabil skv. 23. gr.

II.

Sá sem var skráður atvinnulaus fyrir 15. nóvember 2005 og hefur verið án atvinnu samfellt síðan eða hefur starfað í skemmri tíma en sex mánuði á innlendum vinnumarkaði getur að hámarki átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum til 31. desember 2009 en þó ekki í lengri tíma en fimm ár frá skráningu hjá svæðisvinnumiðlun að teknu tilliti til starfstímabila hans. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

III.

Lög þessi skulu gilda að öllu leyti um þann sem hefur verið skráður atvinnulaus fyrir 1. júlí 2006 en hefur starfað samfellt í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur í fyrsta skiptið eftir þann tíma. Er þá ekki litið til fyrra bótatímabils hans skv. 9. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd árið 2004 sem ætlað var að endurskoða efni laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmiðið með endurskoðuninni var að stuðla að bættu öryggi fólks í atvinnuleysi sem og auknum gæðum vinnumarkaðsaðgerða ásamt því að auka skilvirkni innan kerfisins almennt.

Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 2005 og er frumvarpið í meginatriðum byggt á tillögum hennar.

Frumvarp þetta felur í sér ákveðnar breytingar á skipulagi atvinnuleysistryggingakerfisins en helsta markmið þeirra breytinga er að auka skilvirkni innan þess. Áfram er þó gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga verði starfræktir en lagt er til að fjallað verði um báða sjóðina í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að sjóðirnir verði áfram innan A-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. tölul. 3. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og að félagsmálaráðherra skipi þeim sérstaka stjórn þar sem í eiga sæti fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Þau nýmæli eru lögð til að Vinnumálastofnun annist framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins og ákvarði því um rétt atvinnuleitenda innan atvinnuleysistryggingakerfisins, þar með um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og missi þeirra, í stað sérstakra úthlutunarnefnda. Samhliða er því lagt til að úthlutunarnefndir verði lagðar niður utan einnar nefndar. Miðað er við að stjórn Vinnumálastofnunar skipi nefndina og er hlutverk hennar að taka ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli frumvarps þessa. Er henni sérstaklega ætlað að hafa eftirlit með að samræmis sé gætt við ákvarðanir er varða atvinnuleysistryggingar fólks. Þessari breytingu er ætlað að auka skilvirkni innan kerfisins þar sem reynslan hefur sýnt að meiri hluti umsókna er afgreiddur nokkuð sjálfkrafa í gildandi kerfi. Þykir óþarflega þungt í vöfum að hafa níu úthlutunarnefndir til að ákvarða um rétt atvinnuleitenda innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Standa því vonir til að með þessu megi stytta afgreiðslutíma umsókna eins og kostur er enda heyrir þá sögunni til að umsóknir þurfi að bíða funda hjá nefndum þegar allar upplýsingar liggja fyrir. Með þessu nýja skipulagi eru allar ákvarðanir um réttindi og skyldur fólks innan atvinnuleysistryggingakerfisins teknar í umboði Vinnumálastofnunar, þ.e. á sama stjórnsýslustigi, sem ber ábyrgð á framkvæmdinni gagnvart stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga eftir atvikum og félagsmálaráðherra. Áfram er gert ráð fyrir að ákvarðanir sem teknar eru um réttindi og skyldur atvinnuleitenda á grundvelli frumvarps þessa verði unnt að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa átt rétt til atvinnuleysisbóta frá árinu 1993, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 54/1993, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990, með síðari breytingum, en einungis hefur verið kveðið á um skilyrði fyrir rétti þeirra með reglugerðum. Þykir hins vegar eðlilegra að kveðið sé á um réttindi þeirra og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins í settum lögum á sama hátt og gildir um atvinnuleysistryggingar launamanna. Ástæða þykir til að fjalla aðskilið í tveimur köflum frumvarpsins um þau skilyrði sem sett eru fyrir atvinnuleysistryggingum þessara hópa enda þótt áhersla sé lögð á að skilyrðin séu sambærileg. Má rekja þetta skipulag til þess að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum þessara hópa.

Leitast er við að gera réttindum atvinnuleitenda innan atvinnuleysistryggingakerfisins skýr skil í frumvarpinu enda þykir mikilvægt að þeir geti áttað sig á hvaða skilyrði þeir þurfi að uppfylla til að öðlast rétt samkvæmt frumvarpinu. Áfram er gert að skilyrði að einstaklingur sé í virkri atvinnuleit til að teljast tryggður samkvæmt frumvarpinu en lagt er til að tilgreint verði hvað felist nánar í því skilyrði. Ekki eru lagðar til breytingar á aldursskilyrðum fyrir atvinnuleysistryggingum en það nýmæli er lagt til að umsóknir umsækjenda um atvinnuleysisbætur sem eru yngri en 18 ára þurfa samþykki foreldris eða forráðamanns. Enn fremur er leitast við að skýra reglur um hvernig þátttakendur á vinnumarkaði ávinna sér rétt innan kerfisins með starfsframlagi sínu á ávinnslutímabili. Má segja að um sé að ræða tvenns konar reglur þar sem annars vegar er litið til starfstíma en hins vegar til starfshlutfalls. Með þessari

breytingu er verið að leitast við að draga úr áhrifum starfshlutfalls á tryggingarhlutfall hins tryggða en áfram gildir að atvinnuleitendur koma ekki til með að öðlast meiri rétt en sem nemur starfshlutfalli á ávinnslutímabili. Hins vegar tekur það þátttakendur á vinnumarkaði jafnlangan tíma að ávinna sér rétt til lágmarksréttinda innan atvinnuleysistryggingakerfisins án tillits til starfshlutfalls.

Í frumvarpi þessu er framlagning vinnuveitendavottorðs gerð að skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum þegar launamenn eiga í hlut en lengi hefur tíðkast innan atvinnuleysistryggingakerfisins að umsækjendur um atvinnuleysisbætur hafi lagt inn slík vottorð. Þau hafa verið talin eitt af þeim grundvallaratriðum sem litið er til við ákvörðun á rétti atvinnuleitanda innan atvinnuleysistryggingakerfisins án þess að kveðið hafi verið á um þau með skýrum hætti í lögum. Þykir jafnframt ástæða til að veita Vinnumálastofnun heimildir til að sannreyna þær upplýsingar er fram koma í vottorðunum en í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003 þar sem kannað var innra eftirlit við greiðslu atvinnuleysisbóta kemur fram að vottorðin séu einn helsti áhættuþátturinn í atvinnuleysistryggingakerfinu.

Enn fremur er lagt til að regluleg skráning atvinnuleitenda hjá vinnumiðlunum Vinnumálastofnunar verði felld niður. Ástæðan er einkum sú að það fyrirkomulag hefur þótt tímafrekt og nokkuð ómarkvisst. Hefur það jafnframt ekki þótt þjóna tilgangi sínum sem þáttur í eftirliti með því að hinir tryggðu séu í virkri atvinnuleit þar sem oft er eingöngu ætlast til að þeir komi til að stimpla sig inn í kerfið. Eðlilegra þykir að atvinnuleitendum verði gert að mæta reglulega til ráðgjafa Vinnumálastofnunar sem meta hversu mikla aðstoð hver og einn þarf á að halda við atvinnuleitina. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur tilkynni án ástæðulausrar tafar til Vinnumálastofnunar þegar virkri atvinnuleit er hætt.

Gert er ráð fyrir að tímabilið sem þeir sem teljast tryggðir samkvæmt frumvarpinu geta fengið samfellt greiddar atvinnuleysisbætur verði stytt úr fimm árum í þrjú ár. Ástæða þessa er að reynslan hefur sýnt að töluverðar líkur eru á að fólk sé ekki í virkri atvinnuleit í svo langan tíma. Þykir hæfilegt að aðstæður hvers einstaklings séu metnar heildstætt til að kanna hvort hann þurfi á annars konar aðstoð að halda. Þessi breyting útilokar þó ekki að einstaklingurinn geti átt rétt á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum samhliða annarri þjónustu enda þótt hann verði ekki talinn í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarps þessa. Á móti kemur að lagðar eru til skýrari reglur um á hvern hátt tímabilið endurnýjast án þess að fyrra tímabili sé lokið. Þar er miðað við að tímabilið endurnýist þegar fólk hefur starfað samfellt í 24 mánuði eða lengur á innlendum vinnumarkaði en samkvæmt gildandi kerfi verður fyrra tímabili ætíð að ljúka án tillits til þess hversu langur tími líði milli þeirra tímabila sem einstaklingur er án atvinnu.

Ein helsta breytingin á atvinnuleysistryggingakerfinu sem frumvarp þetta felur í sér er tekjutenging atvinnuleysisbóta. Lagt er til að atvinnuleitendur sem uppfylla skilyrði frumvarpsins fyrir atvinnuleysistryggingum eigi rétt á atvinnuleysisbótum sem nema 70% af meðaltali heildarlauna á ákveðnu viðmiðunartímabili í allt að þrjá mánuði. Það tímabil getur hafist þegar grunnatvinnuleysisbætur sem atvinnuleitandi á rétt á hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga. Þó er gert ráð fyrir að hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta miðist við tryggingarhlutfall hins tryggða þannig að slíkar atvinnuleysisbætur geti ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 180.000 kr. á mánuði miðað við óskertar atvinnuleysistryggingar. Fyllri ákvæði er að finna í frumvarpi þessu um tilvik er leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast, tilvik er leiða til takmörkunar á atvinnuleysistryggingum og um biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysisbóta. Þá er að finna sérkafla um viðurlög þegar atvinnuleitendur

hafna til dæmis að taka starfi sem býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða neita því að fara í atvinnuviðtal.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði teljist tryggðir samkvæmt frumvarpi þessu þegar þeir verða atvinnulausir að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum þess. Hugtök þessi eru nánar skilgreind í 3. gr. frumvarpsins en átt er við einstaklinga sem hafa starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á tilteknu tímabili áður en þeir urðu án atvinnu.

Um 2. gr.

Markmið frumvarpsins er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt. Er með þessu verið að tryggja stöðu og öryggi fólks í atvinnuleysi. Er gert ráð fyrir að þeir sem teljast tryggðir samkvæmt frumvarpi þessu séu í virkri atvinnuleit þann tíma og séu jafnframt reiðubúnir að taka þátt í þeim vinnumarkaðsaðgerðum sem þeim standa til boða.

Um 3. gr.

Í ákvæði þessu er að finna nánari skýringar á hvað átt er við með orðunum „launamaður“, „sjálfstætt starfandi einstaklingur“ og „nám“ í skilningi frumvarpsins. Skýringar á orðunum „launamaður“ og „nám“ eru efnislega samhljóða skilgreiningum laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. einnig reglugerð nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. Enn fremur er lagt til að hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða tengdra félaga, þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi, verði talinn sjálfstætt starfandi einstaklingur. Aðrir þeir sem starfa hjá félögunum sem launamenn teljast til launamanna í skilningi frumvarpsins óháð eignarhlut. Þó er lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi einu sinni á ári teljist ekki vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi frumvarpsins. Ástæðan er sú að um mjög umfangslitla atvinnustarfsemi er að ræða í slíkum tilvikum enda tekjuviðmið mjög lágt. Verður því litið svo á að um takmarkaða atvinnustarfsemi sé að ræða sem leiði ekki til réttinda innan kerfisins. Gert er ráð fyrir að við ákvarðanir um hvort umsækjendur um atvinnuleysisbætur teljist launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi frumvarpsins verði meðal annars litið til ákvarðana skattyfirvalda um hvernig skattskilum þeirra var háttað samkvæmt gildandi lögum og reglum um tekjuskatt.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn atvinnuleysistryggingakerfisins og beri því ábyrgð á stjórnarframkvæmdum á því sviði, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Fer ráðherra með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með þeim stofnunum og stjórnum sem fjalla um málaflokkinn en ráðherra ber þá jafnframt ábyrgð gagnvart Alþingi á að framkvæmd málaflokksins verði í samræmi við lög er um hann gilda. Lagt er til í 6. gr. frum-

varpsins að félagsmálaráðherra skipi stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem starfar í umboði ráðherra. Enn fremur er í 5. gr. gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist framkvæmd laganna en stofnunin starfar á ábyrgð félagsmálaráðherra. Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi sérstaka úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, sbr. 11. gr., þannig að úrskurðarvald í kærumálum verði áfram í höndum slíkrar nefndar í stað félagsmálaráðuneytisins.

Um 5. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu áfram greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður verður með sama hætti og áður. Sjóðurinn er fjármagnaður með atvinnutryggingagjaldi sem er hluti tryggingagjalds, sbr. lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Atvinnutryggingagjaldið er nú 0,65% af gjaldstofni tryggingagjaldsins og rennur það óskipt til að fjármagna atvinnuleysistryggingar. Útgjaldaheimildir sjóðsins ákvarðast á fjárlögum, sbr. lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Enn fremur er lagt til að Vinnumálastofnun annist áfram fjárvörslu sjóðsins en stofnuninni er jafnframt ætlað að annast framkvæmd atvinnuleysistrygginga og reikningshald sjóðsins. Sú breyting er lögð til að stofnunin annist framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins og ákvarði því um réttindi og skyldur launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga innan kerfisins, þar með um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og um missi þeirra. Þannig annast starfsfólk stofnunarinnar afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur í umboði stofnunarinnar í stað sérstakra úthlutunarnefnda. Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna eru stjórnvaldsákvarðanir, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og gilda því ákvæði þeirra laga um málsmeðferð stofnunarinnar við afgreiðslu mála. Stofnuninni er jafnframt ætlað að sjá um útgreiðslu atvinnuleysisbóta.

Samhliða þessari breytingu er lagt til að úthlutunarnefndir verði felldar niður í núverandi mynd. Gert er hins vegar ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar skipi eina úthlutunarnefnd sem ætlað er að starfa í umboði stofnunarinnar sem ber ábyrgð á framkvæmd laganna gagnvart félagsmálaráðherra og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hlutverk nefndarinnar er að gæta samræmis við ákvarðanir um rétt fólks innan atvinnuleysistryggingakerfisins þannig að jafnræðis verði gætt við framkvæmdina án tillits til búsetu eða stöðu að öðru leyti. Jafnframt er úthlutunarnefndinni ætlað að setja verklagsreglur um afgreiðslu mála á grundvelli frumvarpsins en miðað er við að úthlutunarnefndin annist afgreiðslu þeirra mála sem krefjast sérstaks mats, til dæmis gildi læknisvottorða, andmæli umsækjanda, viðurlagaákvarðanir og önnur álitaefni sem kunna að koma upp við framkvæmd frumvarps þessa. Miðað er þá við að starfsfólk stofnunarinnar annist aðrar afgreiðslur á grundvelli þess án þess að þær séu formlega lagðar fyrir úthlutunarnefndina. Áhersla er lögð á að ákvarðanir á grundvelli laganna eru teknar í umboði Vinnumálastofnunar og þar með á sama stjórnsýslustigi. Hafi þegar verið tekin ákvörðun í tilteknu máli er heimilt að kæra hana til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Úthlutunarnefndinni eða starfsfólki Vinnumálastofnunar er óheimilt að taka sama mál til umfjöllunar nema skilyrði stjórnsýslulaga til endurupptöku máls séu fyrir hendi. Rétt þykir að kveða með skýrum hætti á um þagnarskyldu nefndarmanna þegar um er að ræða persónuupplýsingar sem leynt eiga að fara. Mikilvægt er að þagnarskylda haldist eftir að nefndarmenn láta af nefndarsetu.

Engar breytingar eru lagðar til varðandi fjármögnun kostnaðar af rekstri sjóðsins sem gert er ráð fyrir að greiðist af tekjum hans, sbr. 2. mgr. 19. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Á sama hátt er áfram gert ráð fyrir að reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs

verði endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun, sbr. 24. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóði verði áfram skipuð stjórn sem starfar í umboði félagsmálaráðherra. Lagt er til að stjórnin sé skipuð með sambærilegum hætti og áður en þó gert ráð fyrir að fulltrúum í stjórninni verði fækkað úr níu í fimm. Áhersla er lögð á að þríhliða samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda verði viðhaldið. Er því lagt til að einn stjórnarmaður verði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi einn stjórnarmann án tilnefningar og verður hann formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal jafnframt vera varaformaður.

Breytingin á fjölda stjórnarmanna sem lögð er til felst aðallega í því að Alþýðusamband Íslands fær einn fulltrúa í stað tveggja samkvæmt gildandi kerfi og Samtök atvinnulífsins einn fulltrúa í stað þriggja áður. Enn fremur er lagt til að Bandalag háskólamanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sameinist um einn fulltrúa annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti um einn fulltrúa hins vegar. Fjármálaráðuneytið hefur ekki átt fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs síðan árið 1997 en eðlilegt þykir að ráðuneytið hafi fulltrúa með Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem vinnuveitandi á opinberum vinnumarkaði. Áfram er gert ráð fyrir að þóknanir til stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

Fækkun stjórnarmanna hefur þau áhrif að ekki er gert ráð fyrir að stjórnin kjósi úr sínum hópi sérstakt framkvæmdaráð á sama hátt og gert er samkvæmt gildandi fyrirkomulagi. Sú skipan byggist á því hversu fjölmenn stjórnin er með níu fulltrúa. Þykir eðlilegra að stjórnin sjálf sé fámennari og geti þá sjálf annast allar þær ákvarðanir sem hún þarf að taka til að gegna starfi sínu. Getur hún að sjálfsögðu falið einstökum stjórnarmönnum að undirbúa ákvarðanir sínar eftir því sem hún telur eðlilegt en ákvæði VIII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslunefndir gilda almennt um störf stjórnarinnar.

Ákvæði 2. og 3. mgr. fjalla um hlutverk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs en gert er ráð fyrir að stjórnin annist eftirlit með framkvæmd laganna í umboði félagsmálaráðherra. Í því felst meðal annars að stjórninni er ætlað að bera ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins og gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögunum. Lagt er til að hún geri áætlanir um rekstur og greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og til greiðslu fyrir umsýslu stofnunarinnar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggi fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert þar sem fram komi áætlanir um fjárþörf sjóðsins á því rekstrarári sem er nýhafið sem og rekstrarárið sem á eftir kemur vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps. Skýrsla um reikningshald sjóðsins skal jafnframt fylgja með. Félagsmálaráðherra tekur síðan afstöðu til þeirra gagna sem honum berast og kynnir þau fjármálaráðherra við gerð fjárlagafrumvarps. Eðlilegt þykir að kveðið verði á um þagnarskyldu stjórnarmanna vegna persónuupplýsinga sem þeir kunna að komast að í starfi sínu og eiga að fara leynt. Er um að ræða sömu reglu og lagt er til að eigi við um nefndarmenn í úthlutunarnefnd og úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Þá er stjórn sjóðsins ætlað að gera þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins og er miðað við að félagsmálaráðherra staðfesti samninginn. Þjónustusamningurinn skal meðal annars kveða á um fjárþörf Vinnumálastofnunar vegna daglegs reksturs sjóðsins. Stjórnin hefur síðan reglubundið eftirlit með framkvæmd samningsins í samráði við félagsmálaráðherra enda ber hann ábyrgð á stjórnarframkvæmdum á þessu sviði.

Um 7. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra verði greiddar úr sérstökum sjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í gildi eru sérlög um sjóðinn, sbr. lög um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, en eðlilegra þykir að sömu lögin fjalli um réttindi fólks innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda þótt reknir séu tveir sjóðir. Sjóðurinn er fjármagnaður með atvinnutryggingagjaldi framangreindra starfsstétta. Útgjaldaheimildir sjóðsins ákvarðast á fjárlögum, sbr. lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Enn fremur er lagt til að Vinnumálastofnun annist áfram fjárvörslu sjóðsins en stofnuninni er jafnframt ætlað að annast framkvæmd atvinnuleysistrygginga og reikningshald sjóðsins. Eru lagðar til sömu breytingar á skipulagi innan stjórnsýslunnar og gert er að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð. Er því vísað til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga verði áfram skipuð stjórn sem starfar í umboði félagsmálaráðherra. Stjórninni er ætlað sambærilegt hlutverk og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að því er varðar Tryggingasjóðinn. Er því vísað til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Ákvæðið fjallar um umsókn launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir að sérstök eyðublöð verði fyrir hendi til að greiða fyrir framkvæmd laganna. Mikilvægt er að nauðsynleg gögn fylgi umsókn. Aðstæður fólks eru misjafnar og því er ekki unnt að hafa tæmandi talningu á þeim gögnum í frumvarpi þessu. Meðal þeirra gagna sem koma til greina auk vottorðs vinnuveitanda eru til dæmis vottorð um skerta vinnufærni þegar það á við en áhersla er lögð á að í umsókn séu tilgreindar allar þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir um vinnufærni umsækjanda. Enn fremur getur verið ástæða til að staðfesting á að umsækjandi hafi heimild til að starfa hér á landi án takmarkana fylgi umsókn sem og staðfesting um stöðvun rekstrar. Einnig geta komið til önnur gögn sem Vinnumálastofnun telur nauðsynleg til að ákvarða um rétt umsækjanda samkvæmt frumvarpi þessu. Á það sérstaklega við þegar umsækjandi óskar eftir að nýttar verði undanþáguheimildir frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leita umsagnar annarra aðila, svo sem trúnaðarlæknis stofnunarinnar, þegar ástæða þykir til að mati stofnunarinnar. Í sumum tilvikum getur verið mikilvægt að leita álits annarra sérfræðinga en þeirra sem þegar hefur verið leitað til. Slíkt getur til dæmis átt við þegar um skerta vinnufærni umsækjanda er að ræða. Þá þykir ástæða til að gera umsækjanda það ljóst þegar í upphafi að umsókn hans um atvinnuleysisbætur feli jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Ekki er um að ræða breytingu á framkvæmd innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda þótt það hafi ekki komið skýrt fram í lögum hvað umsókn um atvinnuleysisbætur hefur í raun þótt fela í sér.

Auk þessa er lagt til það nýmæli að umsóknir umsækjenda sem eru yngri en 18 ára að aldri

hljóti samþykki foreldra eða forráðamanna. Slíkt samþykki leiðir af inntaki lögræðislaga, nr. 71/1997, og barnalaga, nr. 76/2003, en börn verða ekki lögráða fyrr en við 18 ára aldur. Þykir eðlilegt að kveða á um það skilyrði að samþykki foreldris eða forráðamanns um að umsækjanda sé heimilt að ráða sig til allra almennra starfa sem lög heimila að hann sinni liggi fyrir enda er það skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum að umsækjandi sé í virkri atvinnuleit. Er jafnframt vísað til athugasemda við 13. gr. frumvarps þessa.

Áfram er gert ráð fyrir að skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir láti Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarpsins en ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 26. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Þykir það ekki síður mikilvægt að unnt sé að byggja á upplýsingum frá skattyfirvöldum við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 26. gr. gildandi laga um atvinnuleysistrygginga er kveðið sérstaklega á um þagnarskyldu starfsmanna Vinnumálastofnunar. Þykir ekki þörf á sérstöku ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar um þetta efni þar sem slíka þagnarskyldu er að finna í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 10. gr.

Einstaklingi sem hefur skráð sig atvinnulausan í gildandi kerfi hefur verið skylt að skrá sig reglulega einu sinni í viku eða á tveggja vikna fresti hjá svæðisvinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Að öðrum kosti hefur hlutaðeigandi fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að regluleg skráning verði lögð niður en í stað hennar komi til regluleg samskipti við ráðgjafa innan vinnumarkaðskerfisins. Tíðni slíkrar ráðgjafar, þar á meðal þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum, miðast við þarfir hlutaðeigandi. Ástæðan fyrir þessari breytingu er einkum sú að regluleg skráning hefur ekki þótt reynast það eftirlit með því að fólk sé í virkri atvinnuleit sem gengið var út frá í upphafi enda þótt það sé að sjálfsögðu misjafnt eftir einstökum svæðum. Reglubundin skráning er tímafrek og þegar atvinnuleysi hefur verið mikið eða á fjölmennari stöðum hafa jafnvel myndast biðraðir sem mörgum hefur þótt niðurlægjandi að standa í. Engu síður þykir ástæða til að gera þá kröfu að hinn tryggði tilkynni það til Vinnumálastofnunar þegar hann hefur hætt atvinnuleit en þá á viðkomandi ekki lengur rétt á atvinnuleysisbótum. Um er að ræða eina tilkynningu í lokin þegar hinn tryggði hefur fengið vinnu eða hætt atvinnuleit af öðrum ástæðum, svo sem vegna náms.

Um 11. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að úrskurðarvald í kærumálum vegna ágreinings um túlkun laga um atvinnuleysistryggingar verði í höndum sérstakrar úrskurðarnefndar. Með þessu skipulagi er rofin kæruheimild stjórnsýslulaga til ráðherra. Þrátt fyrir slíkt fyrirkomulag er gert ráð fyrir að ráðherra fari eftir sem áður með aðrar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim er fara með framkvæmd laganna.

Félagsmálaráðherra hefur skipað í nefndina án tilnefningar og eru ekki lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi. Engin sérstök hæfisskilyrði eru sett fyrir setu nefndarmanna í nefndinni önnur en þau að formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Skipunartími nefndarinnar verður fjögur ár eins og verið hefur og er heimilt að endurskipa nefndarmenn að þeim tíma liðnum.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem hefur það hlutverk að úrskurða um ágreiningsmál sem upp kunna að rísa á grundvelli frumvarps þessa. Úrskurðir hennar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun og eru því ekki kæranlegir til félagsmálaráðherra. Þetta fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar

geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti sætti þeir sig ekki við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Enn fremur er það ekki skilyrði að einstaklingur leiti fyrst til úrskurðarnefndarinnar áður en hann leggur mál sitt fyrir dómstóla.

Þá þykir eðlilegt að kveða á um þagnarskyldu nefndarmanna þegar um er að ræða persónuupplýsingar sem leynt eiga að fara. Mikilvægt er að taka fram að þagnarskylda haldist eftir að nefndarmenn láta af nefndarsetu.

Um 12. gr.

Ákvæðið fjallar um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða en áður hefur ekki verið kveðið sérstaklega á um málsmeðferð í lögum um atvinnuleysistryggingar að undanskildum þriggja mánaða kærufresti. Áfram er gert ráð fyrir sama kærufresti enda er sá frestur í samræmi við þann kærufrest sem veittur er í 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Jafnframt er lagt til að skýrt verði tekið fram að málsmeðferð fyrir nefndinni verði almennt skrifleg en nefndin geti þegar ástæða þykir kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Ákvæði þessu er jafnframt ætlað að tryggja enn frekar andmælarétt aðila máls og að mál verði nægjanlega upplýst áður en úrskurðarnefndin kveður upp úrskurð. Tilgreindur er viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá nefndinni sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutíminn lengist að sama skapi. Gert er ráð fyrir að stjórnsýslukæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar eins og verið hefur en það er í samræmi við 29. gr. stjórnsýslulaga. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákvæði stjórnsýslulaga gildi um málsmeðferð nefndarinnar.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta fjallar um þau skilyrði sem launamenn skulu uppfylla til að teljast tryggðir samkvæmt frumvarpinu. Þó geta komið til atvik sem leiða til þess að umsækjandi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt einstökum ákvæðum frumvarpsins enda þótt hlutaðeigandi uppfylli þau skilyrði sem talin eru upp í ákvæðinu. Sem dæmi má nefna þann sem nýtur greiðslna samkvæmt starfslokasamningi. Enn fremur geta komið til viðurlagaákvarðanir sem leiða til þess að þeir sem teljast tryggðir samkvæmt frumvarpinu þurfi að sæta biðtíma eftir að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.

Ástæða þykir til að fjalla skýrar um þau skilyrði sem launamenn þurfa að uppfylla til að teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins en gert hefur verið í lögum um atvinnuleysistryggingar. Verður að teljast mikilvægt að umsækjendur um atvinnuleysisbætur geti auðveldlega áttað sig á til hvers ætlast er af þeim svo að þeir eigi rétt á atvinnuleysisbótum. Er því lagt til að tekið sé fram í ákvæðinu að ætlast er til að umsækjandi sé í virkri atvinnuleit og það nánar skýrt hvað sé átt við með hugtakinu „virk atvinnuleit“. Verður nánar fjallað um það hugtak í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins. Ekki er um að ræða efnisbreytingu á skilyrðum fyrir atvinnuleysistryggingum en skv. 1. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar er eitt af skilyrðum fyrir bótarétti úr Atvinnuleysistryggingasjóði að launamaður sé í atvinnuleit. Ekki er fjallað nánar um þetta skilyrði í lögunum en leiða má af öðrum ákvæðum laganna að áhersla sé lögð á það skilyrði að umsækjandi sé í virkri atvinnuleit, sbr. til dæmis 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 12. gr. laganna.

Lagt er til að aldursskilyrði laganna verði óbreytt frá gildandi lögum þannig að fólk á aldrinum 16–70 ára geti talist tryggt innan kerfisins. Nokkur umræða varð um neðri aldursmörk-

in í nefndinni er fjallaði um efni löggjafar um atvinnuleysistryggingar í ljósi ákvæða lögræðislaga og barnalaga. Samkvæmt lögræðislögum verða menn lögráða 18 ára en fram að þeim tíma eru börn á framfæri foreldra sinna eða forráðamanna, sbr. IX. kafla barnalaga. Nefndin varð þó sammála um að halda aldursskilyrðum óbreyttum en þó þannig að ávinnsla réttinda samkvæmt frumvarpinu hefjist ekki fyrr en á 16. aldursári, sbr. 8. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að umsókn ólögráða umsækjanda skuli vera samþykkt af foreldri eða forráðamanni, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir að sett verði sömu búsetuskilyrði og verið hafa en fjallað er sérstaklega í VIII. kafla frumvarpsins um atvinnuleysistryggingar fólks meðan það er í atvinnuleit á sameiginlegum vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins. Áfram verður gert skilyrði um ótakmarkaða heimild til að ráða sig til starfa hér á landi. Þar er um að ræða íslenska ríkisborgara og þá sem hafa leyfi til að starfa á innlendum vinnumarkaði án takmarkana eða hafa verið undanþegnir kröfu um sérstök leyfi til að starfa hér samkvæmt íslenskum lögum. Enn fremur er gert ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í atvinnuleit samfellt í þrjá daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Samkvæmt e-lið ákvæðisins er lagt til að skilyrði sé að umsækjandi hafi verið launamaður á ávinnslutímabili samkvæmt frumvarpinu í starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum. Ákvæði 15. gr. frumvarpsins sem vísað er til felur í sér nánari skýringar á hvernig launamenn ávinna sér rétt samkvæmt frumvarpinu með starfsframlagi sínu á ávinnslutímabilinu. Þar er lagt til ákveðið fyrirkomulag við ákvörðun um atvinnuleysistryggingar launamanna sem að hluta til er nýmæli og verður nánar fjallað um í athugasemdum við ákvæðið. Enn fremur er gert ráð fyrir að umsækjandi leggi fram vottorð vinnuveitanda eins og verið hefur en ástæða þykir að taka skýrt fram að slík vottorð eru skilyrði fyrir því að launafólk geti talist tryggt innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Nánar er fjallað um slík vottorð í 16. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að umsækjandi skili vottorði frá skóla í þeim tilvikum þegar skólaganga getur haft áhrif á mat á tryggingarhlutfalli hans.

Um 14. gr.

Mikilvægt er að sá sem hefur hug á að sækja um atvinnuleysisbætur geti auðveldlega áttað sig á til hvers sé ætlast af honum svo að hann teljist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Lengi hefur verið gerð sú krafa til þeirra sem hafa fengið atvinnuleysisbætur að þeir séu í virkri atvinnuleit án þess að það hafi verið sagt berum orðum í lögum um atvinnuleysistryggingar. Krafa hefur verið gerð um að umsækjendur séu í atvinnuleit og reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa en að öðrum kosti hafa þeir átt á hættu að sæta viðurlögum um tímabundinn missi atvinnuleysisbóta. Lagt er til að kveðið verði á um þetta skilyrði með skýrari hætti í lögum þar sem tilgreint er hvað átt sé við þegar gerð er sú krafa að hinn tryggði sé í virkri atvinnuleit. Við könnun á hugtakinu var meðal annars leitað fyrirmynda í norskum og dönskum rétti. Forsenda þess að hinn tryggði teljist vera í virkri atvinnuleit er að hann sé fær til flestra almennra starfa og reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og uppfyllir skilyrði annarra laga er gilda um störf á innlendum vinnumarkaði. Sá sem leitar sér sjálfur að starfi með því að sækja um auglýst störf telst vera í virkri atvinnuleit í skilningi ákvæðis þessa enda skilyrði að hlutaðeigandi hafi frumkvæði að starfsleit. Gera verður þó þá kröfu að umsækjandi geti sýnt fram á að hann sé að sækja um störf eða hann leggi fram starfsleitaráætlun máli sínu til stuðnings. Beri það ekki árangur þykir eðlilegt að ráðgjafar Vinnumálastofnunar komi honum til aðstoðar þegar ástæða þykir til að mati þeirra.

Enn fremur þykir ástæða til að taka fram að umsækjandi teljist vera í virkri atvinnuleit þegar hann, frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst, hefur bæði vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara. Að öðrum kosti verður ekki litið á hlutaðeigandi í virkri atvinnuleit. Felur þetta til dæmis í sér að gert er ráð fyrir að foreldrar í virkri atvinnuleit með ung börn hafi barnapössun en reynslan í núverandi kerfi er að ungt fólk ber oft fyrir sig að það geti hvorki mætt í atvinnuviðtöl né tekið þátt í vinnumarkaðsúrræðum þar sem það hefur ekki gæslu fyrir börn sín. Er þetta meðal þeirra upplýsinga sem þurfa að koma fram í umsókn um atvinnuleysisbætur og því eðlilegt að sérstaklega verði spurt um þetta atriði á þar til gerðu eyðublaði.

Jafnframt er mikilvægt að einstaklingurinn sé reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á landinu eins og verið hefur enda er landið allt eitt atvinnusvæði. Sá hinn sami skal einnig vera tilbúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða eða vaktavinnu. Er því ekki gert ráð fyrir að hinn tryggði geti takmarkað atvinnuleit sína við það tryggingarhlutfall sem hann hefur áunnið sér innan kerfisins nema undanþágur 4. mgr. kunni að eiga við. Auk þessa er gert ráð fyrir að umsækjandi eigi ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarpsins nema reglur um minnkað starfshlutfall geti átt þar við. Hér er átt við laun fyrir hvers konar störf, þar á meðal fyrir nefndarstörf eða stjórnarsetu, enda eigi reglur um minnkað starfshlutfall ekki við. Einnig getur þetta átt við greiðslur vegna starfsloka en ekki er átt við fjármagnstekjur af hlutafé sem koma þó til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Umsækjandi þarf einnig að hafa vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum sem standa honum til boða en slíkt getur oft verið stór þáttur í því að hinn tryggði geti orðið aftur virkur á vinnumarkaði. Felur þetta meðal annars í sér að atvinnuleitandi fari eftir þeirri ráðgjöf sem ráðgjafar Vinnumálastofnunar veita honum og sæki markvisst um þau störf sem í boði eru. Þátttaka í einstökum vinnumarkaðsaðgerðum kemur þó ekki í veg fyrir að hlutaðeigandi taki þau störf sem bjóðast á þeim tíma.

Þá er lagt til það nýmæli að skýrt sé kveðið á um skyldu hins tryggða til að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar með umsókn um atvinnuleysisbætur, svo sem hvort hann geti ekki unnið tiltekin störf vegna heilsu sinnar ásamt vottorði sérfræðilæknis því til stuðnings, sbr. 4. mgr., til að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa viðkomandi kost á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum þegar í upphafi. Felur þetta jafnframt í sér þá skyldu að hinn tryggði upplýsi stofnunina um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans á tímabilinu sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur án ástæðulausrar tafar. Láti hinn tryggði hjá líða að upplýsa stofnunina um atriði er skipt geta máli um tækifæri hans til að verða aftur virkur á vinnumarkaði getur það varðað tímabundnum missi atvinnuleysisbóta, sbr. 59. gr. frumvarpsins. Það að réttar upplýsingar liggi fyrir getur verið mjög þýðingarmikið fyrir þann tryggða í því skyni að stuðla að því að honum sé boðin viðeigandi þjónusta til að auka vinnufærni hans, svo sem atvinnutengd endurhæfing, einstök námskeið og ráðgjöf.

Þrátt fyrir meginreglu 1. mgr. er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um að hinn tryggði hafi frumkvæði að starfsleit og sé reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir samkvæmt lögum og kjarasamningum, sé reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á landinu eða reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða eða vaktavinnu. Einungis er um að ræða tilvik þegar umsækjandi sækir um hlutastarf eða starf á tilteknu svæði og ástæður þess má rekja til aldurs hans, félagslegra aðstæðna hans vegna skertrar vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima. Ástæðu þessarar undanþágu má einkum rekja til þess að mikilvægt er talið að sem flestir líti á sig sem virka þátttakendur á vinnu-

markaði þrátt fyrir skerta vinnufærni eða tímabundna umönnunarskyldu gagnvart nánum skyldmennum. Taka ber fram að með umönnunarskyldu vegna ungra barna er ekki átt við þau tilvik er hinir tryggðu bera fyrir sig að hafa ekki barnapössun fyrir ung börn á dagvinnutíma. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka tillit til aðstæðna hins tryggða sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni. Talið er mikilvægt að þeir sem hafa skerta vinnufærni geti einnig átt rétt til atvinnuleysistrygginga enda geti þeir talist færir til flestra almennra starfa en þó ekki allra. Sem dæmi má nefna einstakling sem hefur þurft að hætta fyrri störfum vegna veikinda, svo sem vegna ofnæmis fyrir tilteknum efnum, án þess að teljast óvinnufær til annarra starfa. Getur verið mikilvægt að þessum einstaklingi sé veitt viðeigandi þjónusta innan vinnumarkaðskerfisins og að hann teljist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins þann tíma sem hann er að leita sér að starfi í annarri starfsgrein. Þykir því ekki rétt að einstaklingar geti ekki átt rétt til atvinnuleysistrygginga í tilvikum er þeir missa störf sín vegna eigin veikinda eins og miðað er við í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Gert er ráð fyrir að umsækjandi sem ber fyrir sig skerta vinnufærni leggi fram vottorð sérfræðilæknis. Miðað er við að aðstæður hans séu þá með þeim hætti að hann þurfi þjónustu sérfræðilæknis enda gengið út frá því að um alvarleg tilvik sé að ræða. Lögð er áhersla á að skýra ber umræddar heimildir til að veita undanþágur frá skilyrðum b-, d- og e-liða 1. mgr. þröngri lögskýringu.

Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði heimilt að kveða nánar á um virka atvinnuleit í reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sem dæmi má nefna að ástæða kann að vera til þess að kveða skýrar á um þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun telur nauðsynlegar svo að unnt sé að meta vinnufærni umsækjanda í því skyni að bjóða honum vinnumarkaðaðgerðir við hæfi.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta fjallar um þann tíma sem launamaður þarf að vera virkur á vinnumarkaði til að teljast vera að fullu tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar öðlast launamaður rétt til hámarksbóta eftir að hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði áður en hann verður atvinnulaus, sbr. 8. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að ávinnslutímabilið sé það sama og áður þannig að það miðist við síðustu tólf mánuðina áður en umsækjandi sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Það liggur fyrir að margir sækja ekki um atvinnuleysisbætur um leið og þeir missa vinnu sína. Getur þá liðið einhver tími frá því að þeir misstu vinnu sína þar til þeir sækja um atvinnuleysisbætur. Má því gera ráð fyrir að reglur um geymdan bótarétt skv. V. kafla frumvarpsins komi til álita þegar nokkur tími líður milli þess að sótt er um atvinnuleysisbætur og umsækjandi missti vinnu sína. Sú breyting er lögð til að starfshlutfall launamanns hefur ekki áhrif á lengd þess tíma sem tekur hann að ávinna sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins eins og verið hefur. Síðan er gert ráð fyrir í 4. mgr. að starfshlutfall launamannsins komi til með að hafa áhrif á það tryggingarhlutfall sem hann getur átt rétt á.

Má því segja að um tvær reglur sé að ræða sem spila saman. Annars vegar er litið til starfstíma og hins vegar til starfshlutfalls. Þessi breyting hefur þau áhrif að það tekur launamenn jafnlangan tíma að ávinna sér rétt til lágmarksréttinda innan atvinnuleysistryggingakerfisins óháð starfshlutfalli eða samtals þrjá mánuði á ávinnslutímabilinu. Sem dæmi má nefna launamann í 50% starfshlutfalli. Samkvæmt gildandi kerfi þarf hann að starfa í samtals 20 vikur á síðustu tólf mánuðum til að öðlast lágmarksatvinnuleysisbætur og allt tímabilið eða tólf mánuði til að öðlast rétt til 50% atvinnuleysisbóta. Það fyrirkomulag sem lagt er til með ákvæði þessu gerir hins vegar ráð fyrir að launamaður í 50% starfshlutfalli sem starfar

samtals í þrjá mánuði öðlist rétt til lágmarks grunnatvinnuleysisbóta á sama hátt og sá sem er í 25% eða 100% starfshlutfalli. Enn fremur öðlast þessi launamaður rétt til helmings réttar til atvinnuleysistrygginga eftir starf í 50% starfshlutfalli í sex mánuði á sama hátt og sá sem er í 100% starfi. Hafi sá hinn sami starfað í níu mánuði á ávinnslutímabilinu á hann rétt á 75% tryggingarhlutfalli samkvæmt fyrri reglunni. Þá kemur síðari reglan til með að hafa áhrif þannig að sá hinn sami kemur ekki til með að eiga meiri rétt en sem nemur 50% tryggingarhlutfalli í samræmi við starfshlutfallið á ávinnslutímabilinu. Þannig getur hann ekki öðlast betri rétt innan kerfisins enda þótt hann hafi starfað í lengri tíma en sex mánuði á ávinnslutímabilinu þar sem starfshlutfallið hefur áhrif á tryggingarhlutfallið sem slíkt. Hafi umsækjandi ekki verið í sama starfshlutfalli á ávinnslutímabilinu skal taka mið af meðalstarfshlutfalli hans á tímabilinu. Með þessu nýja fyrirkomulagi er leitast við að draga úr áhrifum starfshlutfalls á atvinnuleysistryggingar launamanna. Síðan er gert ráð fyrir að eigi undanþága 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins við um launamanninn þannig að hann getur talist í virkri atvinnuleit enda þótt hann óski eftir hlutastarfi getur hann ekki fengið hærra tryggingarhlutfall en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig í. Hlutfallslegur réttur innan kerfisins hefur síðan áhrif á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 32. og 33. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er gert ráð fyrir að hafi umsækjandi verið starfandi í þrjá mánuði á ávinnslutímabilinu en jafnframt stundað nám á þeim tíma í a.m.k. sex mánuði og lokið námi svari námið til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi. Miðað er við að launamaður hafi lokið náminu frá hlutaðeigandi skóla, til dæmis með útgáfu prófskírteinis, enda þótt eðlilegt sé að meta einstök tilvik þegar eiginleg brautskráning fer fram nokkru síðar frá þeim tíma er námi var lokið. Er þá miðað við að hlutaðeigandi skóli geti staðfest að námi hafi verið lokið. Sem dæmi má nefna að iðnnemi hafi lokið sveinsprófi og nemi í grunnnámi í háskóla hafi lokið BA- eða BS-gráðu í faginu er hann lagði stund á. Vinnuframlag hans vegna þátttöku hans á vinnumarkaði og námið geta þó aldrei numið hærra en 100% starfshlutfalli. Ekki er gert ráð fyrir að heimilt sé að meta nám til hækkunar á tryggingarhlutfalli launamanns nema einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr. frumvarpsins enda þótt launamaður hafi lokið fleiri prófgráðum á tímabilinu. Hafi námsmaður unnið með námi er honum heimilt að fá það starf metið og kemur sú ávinnsla þá í stað réttindaávinnslu vegna náms skv. 3. mgr.

Ástæða þykir að taka sérstaklega fram hvernig meta skuli starfshlutfall þegar launamaður er í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, hluta ávinnslutímans en fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á atvinnuleysistryggingum, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna. Lagt er til að litið verði til þess starfshlutfalls sem launamaður var í á fjögurra mánaða tímabili er hefst tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Þá er lögð til sú breyting að verkfall og verkbann telst til starfstíma launamanns þegar verkfall eða verkbann stendur yfir á ávinnslutímabili. Á sama hátt telst sá tími með við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum, sbr. 32. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að ávinnslutímabilið samkvæmt ákvæði þessu geti ekki hafist fyrr en við 16 ára afmælisdag umsækjanda enda eru börn að þeim aldri enn á skólaskyldualdri. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekið verði mið af vinnuframlagi umsækjanda sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings á tímabilinu. Í slíkum tilvikum skal meta vinnuframlag umsækjanda í hverjum mánuði en litið er þá til þess að þá mánuði sem einstaklingurinn er sjálfstætt starfandi hafi hann verið í fullu starfi enda hafi honum borið að skila inn staðgreiðsluskatti af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi með reglulegum hætti yfir árið. Þegar umsækjandi

hefur verið svonefndur ársmaður í skilningi skattalaga samhliða launuðu starfi skal eingöngu litið til þess að hann hafi verið launamaður.

Þá þykir ástæða til að veita félagsmálaráðherra heimild til að kveða nánar á um ávinnslutímabilið í reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar á meðal má nefna gerð svokallaðrar hlutfallsskrár en skv. 5. mgr. 8. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir að samin sé sérstök skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25–100% atvinnuleysisbóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfshlutfalli og starfstíma.

Um 16. gr.

Lengi hefur tíðkast innan atvinnuleysistryggingakerfisins að umsækjendur hafi lagt inn svokölluð vinnuveitendavottorð til að sýna fram á vinnuframlag sitt á ávinnslutímabilinu og þar með rétt þeirra til atvinnuleysistrygginga. Litið hefur verið á vottorð vinnuveitenda sem eitt af þeim grundvallaratriðum sem litið er til við ákvörðun á rétti einstaklinga innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2003 þar sem kannað var innra eftirlit við greiðslu atvinnuleysisbóta kemur meðal annars fram að það sé mat starfsfólks svæðisvinnumiðlana að vinnuveitendavottorðin séu einn helsti áhættuþátturinn í atvinnuleysistryggingakerfinu. Þykir því mikilvægt að kveðið sé á um skyldu launafólks til að skila inn slíkum vottorðum enda erfiðleikum bundið að ákvarða rétt fólks innan kerfisins án þeirra upplýsinga er þar koma fram. Sem dæmi þykir ástæða til að gera ráð fyrir að á vinnuveitendavottorði komi fram hvernig greiðslum vegna starfsloka er háttað, til dæmis hvort umsækjandi hafi fengið greiðslur er svara til launa á kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti án þess að gerð hafi verið krafa um vinnuframlag hans þann tíma og sá tími sé enn að líða þegar sótt er um atvinnuleysisbætur. Þá þykir ástæða til að veita Vinnumálastofnun heimildir til að staðreyna þær upplýsingar sem fram koma á vottorði vinnuveitanda með því að óska frekari upplýsinga frá vinnuveitanda og skattyfirvöldum. Í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að einkum þurfi að athuga hvort umsækjandi hafi í raun unnið uppgefinn tíma, hvert starfshlutfallið hafi verið hjá vinnuveitanda og hvort tilgreindar ástæður þess að viðkomandi hætti störfum séu réttar. Þá þykir eðlilegt að veita undanþágu frá skilyrði um framlagningu vinnuveitandavottorðs þegar launamaður á þess ekki kost að leggja fram slíkt vottorð af ástæðum sem honum verður ekki sjálfum um kennt. Kann að vera að fyrrverandi vinnuveitandi synji honum um slíkt vottorð eða ekki náist í fyrrverandi vinnuveitanda. Skal þá líta til annarra gagna sem þykja færa sönnur á störf launamanns hjá vinnuveitanda, svo sem launaseðla.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 6. gr. a gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Lagt er þó til að skýrt verði tekið fram að ákvæðið eigi ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu. Í ljósi mikilvægi þess að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði er fallið frá 24 mánaða tímamarki gildandi laga en þess í stað lögð áhersla á að miðað verði við að hinn tryggði uppfylli skilyrði frumvarpsins. Þar á meðal þarf hinn tryggði að uppfylla það skilyrði að vera í virkri atvinnuleit en í því felst meðal annars að hann sé reiðubúinn að taka störfum sem bjóðast og fela í sér hærra starfshlutfall en starf það sem hann gegnir eða hlutastörf á móti starfi hans. Sá tími sem hinn tryggði fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu telst sem hluti tímabilsins sem hann á rétt til að fá samfellt greiddar atvinnuleysisbætur, sbr. 29. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta fjallar um þau skilyrði sem sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu uppfylla til þess að teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt frumvarpinu. Sami fyrirvari er gerður um atvik er kunna að leiða til þess að sjálfstætt starfandi einstaklingur eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt einstökum ákvæðum frumvarpsins og gerður er í 13. gr. frumvarpsins er fjallar um skilyrði sem launamenn þurfa að uppfylla.

Skilyrði a–d-liðar eru efnislega samhljóða sömu stafliðum 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins en þar er ekki um breytingu að ræða frá gildandi rétti. Er þannig miðað við að sjálfstætt starfandi einstaklingur þurfi að uppfylla skilyrði 14. gr. frumvarpsins til að teljast vera í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að umsækjandi skuli uppfylla það skilyrði að hafa verið sjálfstætt starfandi einstaklingur á ávinnslutímabili sambærilegu því sem gildir um starfstíma launamanna. Nánar er fjallað um ávinnslutímabilið í athugasemdum við 19. gr. frumvarpsins. Auk þess er lagt til að gert verði að skilyrði að sjálfstætt starfandi einstaklingar hafi staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar. Samkvæmt gildandi reglugerð er miðað við mánaðarleg skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi. Eðlilegra þykir hins vegar að líta til ákvörðunar skattyfirvalda um hvort umsækjandi hafi staðið í skilum á nefndum gjöldum á settu tímamarki enda geta komið upp þær aðstæður að umsækjandi hafi fengið endurgreitt tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi í tilvikum þegar reksturinn hefur ekki gengið eins og ráð var fyrir gert. Ljóst er að þegar hallar undan fæti í rekstri sem oft er undanfari atvinnuleysis sjálfstætt starfandi einstaklinga þá dregur jafnframt úr greiðslum til skattyfirvalda þar sem þær miðast við gengi rekstursins. Ætla má að í flestum tilvikum nægi Vinnumálastofnun að skoða skrár skattyfirvalda en sérstaklega þarf að skoða aðstæður þeirra sem hafa fengið endurgreitt tryggingagjald og staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi frá skattyfirvöldum. Þá er lagt til að Vinnumálastofnun verði heimilt að víkja frá skilyrði h-liðar þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur verið í vanskilum við skattyfirvöld en greiðir síðan gjöldin aftur í tímann. Við ákvörðun um rétt umsækjanda innan kerfisins er þó einungis heimilt að miða við þrjá mánuði að hámarki af þeim tíma sem vanskilin áttu við um og greitt var fyrir eftir á.

Á sama hátt og gildir um launamenn er gert ráð fyrir að miðað verði við að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi verið í atvinnuleit samfellt í a.m.k. þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur bárust Vinnumálastofnun. Gert er að skilyrði fyrir rétti sjálfstætt starfandi einstaklings innan kerfisins að rekstur hans hafi verið stöðvaður. Í stað vottorðs frá vinnuveitanda um starfsframlag er lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingur skili inn staðfestingu um stöðvun rekstrar. Nánar er fjallað um þessi atriði í 19. og 20. gr. frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að umsækjandi skili vottorði frá skóla í þeim tilvikum þegar skólaganga getur haft áhrif á útreikninga á tryggingarhlutfalli hans.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingur þurfi að hafa verið virkur á vinnumarkaði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar til að öðlast óskertar atvinnuleysistryggingar. Ávinnslutímabilið er því það sama og hjá launamönnum skv. 15. gr. frumvarpsins. Á sama hátt er gert ráð fyrir að starfi sjálfstætt starfandi einstaklingur í skemmri tíma en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á ávinnslutímabilinu verði hann hlutfallslega tryggður miðað við fjölda mánaða. Þannig er

áfram gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingur skuli hafa starfað að minnsta kosti þrjá mánuði til að öðlast lágmarksrétt samkvæmt frumvarpinu.

Sú breyting er lögð til að ávallt verði litið á sjálfstætt starfandi einstaklinga í fullu starfi þar sem erfitt hefur reynst að sannreyna starfshlutfall þeirra. Miðað hefur verið við viðmiðunarfjárhæðir fjármálaráðherra um reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein til að ákvarða starfshlutfall þeirra en þær miðast í raun frekar við gengi rekstursins fremur en vinnuframlag einstaklingsins. Engu síður er miðað við að það tryggingarhlutfall, sem sjálfstætt starfandi einstaklingur getur átt rétt á, verði aldrei hærra en það starfshlutfall sem hann er reiðubúinn að ráða sig í. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi einstaklinga á ávinnslutímabilinu, þ.e. fjölda mánaða sem unnir eru, verður miðað við skrár skattyfirvalda en eitt af skilyrðum þess að umsækjandi teljist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins er að hann hafi staðið í skilum með greiðslur tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts reiknaðs endurgjalds við skattyfirvöld við stöðvun reksturs, sbr. h-lið 18. gr. frumvarpsins. Þar með er ekki gert ráð fyrir að þeir geti talist hlutfallslega tryggðir samhliða minnkuðu starfshlutfalli í eigin rekstri sem rekja megi til samdráttar í rekstrinum. Engu síður getur sjálfstætt starfandi einstaklingur talist tryggður hlutfallslega í tilvikum er hann ræður sig í fast hlutastarf eftir að hafa áunnið sér hærra tryggingarhlutfall en sem nemur hlutastarfi hjá öðrum vinnuveitanda. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 15. gr. frumvarpsins eftir því sem við getur átt.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta fjallar um hvenær sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa stöðvað rekstur sinn en miðað er við að hann hafi tilkynnt um það til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Skal Vinnumálastofnun jafnframt líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá því til staðfestingar. Þá eru talin upp önnur atvik í 2. mgr. er jafnframt teljast leiða til þess að litið verði svo á að rekstur umsækjanda hafi verið stöðvaður. Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. reglugerðar nr. 316/2003, um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Um 21. gr.

Lagt er til að sjálfstætt starfandi einstaklingur leggi fram með umsókn um atvinnuleysisbætur staðfestingu um að hann hafi stöðvað rekstur skv. 20. gr. frumvarpsins. Þar á meðal er gert ráð fyrir að umsækjandi leggi fram yfirlýsingu um að öll starfsemin sé stöðvuð og ástæður þess sem og afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra eða vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hans hafi verið tekið af skrá. Þá er gert ráð fyrir að önnur gögn frá opinberum aðilum kunni að staðfesta að umsækjandi hafi stöðvað rekstur-inn, svo sem úrskurður héraðsdóms um gjaldþrotaskipti.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingur eigi sambærilegan rétt og launamaður þegar hann stöðvar reksturinn og getur fengið hlutastarf hjá öðrum vinnuveitanda. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst þá hlutfallslega tryggður samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins eftir því sem við getur átt.

Um 23. gr.

Ákvæði þetta fjallar um tilvik þegar launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hverfur af vinnumarkaði án þess að sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að einstaklingar hætta þátttöku á vinnumarkaði tímabund-

ið en lagt er til að ekki verði litið til þess hvað þeir aðhafast á tímabilinu að undanskildum þeim tilvikum er sérreglur 24.–27. gr. frumvarpsins fjalla um. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar en leitast er við að skýra efni hennar betur.

Meginreglan er sú að einstaklingur sem hverfur af vinnumarkaði í allt að 24 mánuði og sækir síðan um atvinnuleysisbætur getur talist tryggður samkvæmt frumvarpi þessu enda þá kominn í virka atvinnuleit í skilningi frumvarpsins. Skiptir þá ekki máli hvort hann hafi sjálfur verið í atvinnuleit eða verið að sinna öðrum verkefnum. Þannig getur upphaf ávinnslutímabilsins verið að hámarki 36 mánuðir aftur í tímann frá þeim degi er umsókn barst enda hafi umsækjandi ekki verið virkur á vinnumarkaði á síðustu 24 mánuðum. Hafi hann ekki sótt um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim tíma er hann sannanlega hætti þátttöku á vinnumarkaði fellur réttur hans til geymdrar atvinnuleysistryggingar niður. Sú breyting er lögð til að ekki verði litið svo á að foreldrar í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof geymi rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda ávinna þeir sér rétt til atvinnuleysistrygginga þann tíma, sbr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Foreldri sem hverfur af vinnumarkaði til að annast barn sitt og fær greiddan fæðingarstyrk samkvæmt VI. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof getur hins vegar fallið undir ákvæði þetta.

Ætla má hins vegar að algengara sé að umsækjandi hafi að einhverju leyti verið virkur á vinnumarkaði á tímabilinu þar sem gera verður ráð fyrir að viðkomandi hafi tekið tímabundin störf þegar þau hafa staðið til boða. Í því skyni að koma í veg fyrir að þessi regla um geymdar atvinnuleysistryggingar virki letjandi á fólk til að bjarga sér um störf enda þótt að þau séu tímabundin þótti ástæða til að taka tillit til þeirra. Þannig er lagt til að við umsókn um atvinnuleysisbætur sé litið til síðustu tólf mánaða sem einstaklingurinn hefur verið virkur á vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum að því gefnu að unnt sé að taka tillit til þeirra starfa. Sem dæmi má nefna atvinnuleitanda er missti starf sitt í nóvember 2005. Hann sækir ekki um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og tekur síðan vinnu í júní, júlí og ágúst 2006. Hann sækir loks um bætur í nóvember 2006 eða ári eftir að hann missti sannanlega starf sitt. Við ákvörðun um rétt hans til atvinnuleysisbóta skal þá taka starfstímabilið júní til ágúst 2006 og mars til nóvember 2005 til viðmiðunar. Hefði hann hins vegar ekki starfað á tímabilinu hefði verið litið til starfa hans á tímabilinu nóvember 2005 aftur til desember 2004 að því gefnu að hann hafi verið virkur á vinnumarkaði á því tímabili. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þetta eigi við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða hafa farið til annarra aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og fengið greiddar atvinnuleysisbætur á meðan.

Um 24. gr.

Ákvæði þetta fjallar um tilvik er launamaður dregur úr starfshlutfalli sínu á vinnumarkaði en hann getur þá geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði. Sem dæmi má nefna launamann sem er í fullu starfi en minnkar starfshlutfall sitt í 75%. Launamaðurinn missir síðan vinnuna ári síðar og telst hann þá engu síður að fullu tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að launamanni kunni að bjóðast tímabundið sama og jafnvel hærra starfshlutfall hafi hann ekki verið í fullu starfi á geymslutímanum en sá tími telst þá til ávinnslutímans. Þannig er lagt til að við umsókn um atvinnuleysisbætur sé litið til þeirra tólf mánaða sem launamaður starfaði á innlendum vinnumarkaði í hæsta starfshlutfalli á síðustu 36 mánuðum miðað við móttöku umsóknar. Þessi regla á við hvort sem launamaður minnkaði starfshlutfall sitt að eigin frumkvæði eða ekki. Gert er ráð

fyrir að sérregla gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga að þessu leyti þegar þeir ráða sig sem launamenn í hlutastörf. Á það einkum við þar sem ávallt er litið á þá sem þeir séu í fullu starfi. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 23. gr. eftir því sem við getur átt.

Um 25. gr.

Lagt er til að sérregla gildi um þá sem hverfa af vinnumarkaði til að stunda nám í skilningi frumvarpsins en eiga síðan erfitt með að fá vinnu aftur þegar þeir hafa lokið náminu. Er með þessu leitast við að auka öryggi þeirra er kjósa að mennta sig frekar þegar þeir snúa til baka á vinnumarkaðinn. Skilyrði er að hlutaðeigandi ljúki námi. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 23. gr. frumvarpsins eftir því sem við getur átt.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 1. mgr. 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Lagt er til að kveðið verði skýrt á um hvernig fara skuli með ávinnslutímabilið sem og hvenær réttur til geymdra atvinnuleysistrygginga í kjölfar óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss fellur niður. Gert er ráð fyrir að sá hinn sami hafi sem svarar sex mánuðum að leita sér sjálfur að vinnu án þess að sækja um atvinnuleysisbætur. Líði lengri tími frá því að hann varð vinnufær að nýju án þess að sótt sé um atvinnuleysisbætur fellur réttur hins tryggða niður. Þó er vísað til 23. gr. frumvarpsins sem getur átt við í tilvikum er óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss hefur varað skemur en þá 24 mánuði sem ákvæðið gerir ráð fyrir að fólk geti geymt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins er það hverfur af vinnumarkaði. Þá er kveðið á um að vottorð þess sérfræðilæknis er annaðist umsækjanda skuli fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur. Vinnumálastofnun er heimilt að leita álits annarra sérfræðinga ef talin er ástæða til skv. 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Um 27. gr.

Ákvæði þetta felur ekki í sér breytingu frá gildandi lögum enda er það efnislega samhljóða lokamálslið 1. mgr. 4. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Ástæða þykir þó til að skýra betur rétt þeirra sem hafa verið sviptir frelsi sínu með dómi að þessu leyti. Ákvæðið á ekki við um þá er hafa verið sviptir frelsi sínu með úrskurði dómara enda má ætla að sá tími rúmist innan tímamarka 23. gr. frumvarpsins. Á sama hátt og gert er í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdra atvinnuleysistrygginga í þessum tilvikum.

Enn fremur er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi hafi allt að sex mánuði eftir að afplánun refsingar lauk til að leita sér að starfi án þess að sækja um atvinnuleysisbætur. Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er afplánun refsingar hans lauk fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. um geymdan rétt til atvinnuleysistrygginga ekki við.

Um 28. gr.

Lagt er til að fólk geti geymt rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda þótt það hafi byrjað tímabilið sem það fær greiddar atvinnuleysisbætur. Miðað er við að tímabilið hafi staðið yfir skemur en 24 mánuði. Ástæður þess að hinn tryggði hverfur frá því að vera í virkri atvinnuleit geta verið margs konar, til dæmis vegna veikinda, frelsissviptingar eða náms. Áður hefur ekki verið fjallað um slík tilvik í lögum um atvinnuleysistryggingar en talið er mikilvægt að þeir sem hafa þegar fengið atvinnuleysisbætur í einhvern tíma eigi sambærilegan rétt til að geyma rétt sinn og þeir sem kjósa að hefja þegar nám við upphaf atvinnu-

leysis eða leita sjálfir að vinnu án atbeina atvinnuleysistryggingakerfisins. Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að veita betri rétt til geymdra atvinnuleysistrygginga og er því lagt til að miðað sé við sömu tímatakmörk og gert er í ákvæði 23. gr. frumvarpsins. Engu síður er gert ráð fyrir að sérregla gildi um þá sem hætta virkri atvinnuleit til að stunda nám og ljúka sannanlega námi. Er lagt til að þeir geti geymt rétt sinn í allt að 36 mánuði frá því að þeir hættu virkri atvinnuleit. Ástæðan er sú að miðað er við að námi sé lokið en til þess þarf fólk að geta stundað námið á öllum námstímanum. Miðað er hér við þriggja ára nám. Gert er ráð fyrir að hinn tryggði haldi rétti sínum innan kerfisins eins og réttur hans var áður en hann hóf námið. Hafi atvinnuleitandi áunnið sér rétt að nýju samkvæmt frumvarpinu, til dæmis með samanlögðum starfstíma og námstíma, á ákvæði þetta ekki við. Enn fremur er lögð til sérregla fyrir þá sem hefja afplánun refsingar á tímabilinu skv. 29. gr. eða verða óvinnufærir vegna sjúkdóms eða slyss. Geta þeir þá geymt það sem eftir er af tímabili þeirra til þess tíma er þeir teljast aftur í virkri atvinnuleit og uppfylla að öðru leyti skilyrði hlutaðeigandi ákvæða.

Um 29. gr.

Ákvæðið fjallar um þann tíma sem heimilt er að greiða samfellt atvinnuleysisbætur til þeirra sem teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Lagt er til að tímabilið verði stytt úr fimm árum í þrjú ár. Í skýrslu nefndarinnar er fjallaði um efni laganna um atvinnuleysistryggingar kemur fram að margir viðmælendur hennar töldu bótatímabil atvinnuleysistryggingakerfisins of langt þar sem töluverðar líkur væru á að fólk væri ekki í virkri atvinnuleit eftir þriggja ára atvinnuleysi í skilningi laganna. Þykir ástæða til að aðstæður einstaklinga verði þá metnar aftur heildstætt til að kanna hvort þeir þurfi á annars konar aðstoð að halda. Mikilvægt er að einstaklingurinn geti engu síður átt rétt á áframhaldandi þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum samhliða annarri þjónustu enda þótt hann teljist ekki vera í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarps þessa. Jafnframt var talið mikilvægt að skýra frekar reglur þær er gilda eiga um endurnýjun bótatímabilsins, sbr. 30. og 31. gr. frumvarpsins.

Miðað er við að það tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar hefjist þegar Vinnumálastofnun móttekur umsókn um atvinnuleysisbætur. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur verði greiddar frá þeim degi en þó geta komið til tilvik er leiða til þess að umsækjandi þarf að þola biðtíma eftir að unnt verði að greiða honum atvinnuleysisbætur. Sá biðtími telst til bótatímabilsins en nánar er fjallað um þau tilvik er leitt geta til þess að umsækjandi sæti biðtíma í X. kafla frumvarpsins.

Jafnframt þykir ástæða til að kveða skýrt á um hvernig fara skuli með þann tíma sem umsækjandi er virkur á vinnumarkaði eftir að tímabilið hefst en sá sem telst tryggður innan kerfisins á oft kost á að ráða sig til tímabundinna starfa. Lagt er til að sá tími sem hinn tryggði er virkur á vinnumarkaði teljist ekki til þess tíma sem heimilt er að greiða atvinnuleysisbætur á eins og verið hefur. Er lagt til að sama gildi um þann tíma er atvinnuleysistryggingar teljast geymdar skv. V. kafla frumvarpsins. Á sama hátt er mikilvægt að taka á því hvernig farið skuli með biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysisbóta skv. X. kafla frumvarpsins og þann tíma sem greiddar eru hlutfallsbætur skv. 17. og 22. gr. frumvarpsins. Mælt er með að sá tími teljist að fullu til tímabilsins samkvæmt ákvæði þessu.

Þá er gert ráð fyrir að þegar einstaklingur hefur verið skemur en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði, er hann sækir að nýju um atvinnuleysisbætur, fari hann aftur inn á sama tímabil og hann var á þegar hann fékk vinnuna. Þetta er breyting frá gildandi lögum en þar eru ekki tilgreind tímamörk í þessu efni. Samhliða þessari breytingu er lagt til að þátttakendur á vinnumarkaði geti áunnið sér rétt til nýs tímabils enda þótt þeir hafi ekki áður tæmt rétt

sinn á fyrra tímabili. Nánar er fjallað um þessar breytingar í athugasemdum við 31. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Ákvæðið fjallar um endurnýjun þess tímabils sem greiddar eru atvinnuleysisbætur þegar umsækjandi hefur tæmt rétt sinn skv. 29. gr. frumvarpsins. Lagt er til að einstaklingur geti áunnið sér rétt að nýju innan atvinnuleysistryggingakerfisins að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk. Gert er ráð fyrir að sömu reglur og gilda almennt um skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum samkvæmt frumvarpi þessu eigi einnig við þegar einstaklingur sækir að nýju um atvinnuleysisbætur. Þetta felur að hluta til í sér breytingu frá gildandi kerfi en nýtt bótatímabil samkvæmt því getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að fyrra tímabili lauk, sbr. 9. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Lagt er til að vinnuframlagið á biðtímanum sé það sama eða sem svarar til sex mánaða vinnu eftir að tímabilinu lauk. Með breytingunni er lögð áhersla á að þegar einstaklingur hefur verið án atvinnu lengur en þrjú ár verður hann ekki talinn í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarps þessa. Það er því mikilvægt að aðstæður hans verði metnar heildstætt að nýju og honum veitt viðeigandi aðstoð. Þá er miðað við að umsækjandi hafi misst starf sitt af gildum ástæðum þegar hann sækir aftur inn í kerfið. Um gildar ástæður í þessu sambandi er fjallað í athugasemdum við 54. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Lagt er til að virkur þátttakandi á vinnumarkaði geti áunnið sér rétt til nýs tímabils þar sem atvinnuleysisbætur eru greiddar án þess þó að hafa lokið að fullu við fyrra tímabil. Þannig er gert ráð fyrir að nýtt tímabil hefjist þegar einstaklingur hefur starfað samfellt á innlendum vinnumarkaði í 24 mánuði eða lengur og uppfyllir að öðru leyti skilyrði frumvarps þessa fyrir réttindum innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Þetta felur í sér breytingar á gildandi kerfi. Það hefur sætt gagnrýni að einstaklingur sem áður hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur fari ávallt inn á sama bótatímabil óháð lengd þess tíma sem hann starfar á vinnumarkaði milli þess sem hann er atvinnulaus. Þannig getur einstaklingur samkvæmt gildandi kerfi til dæmis verið atvinnulaus í samtals 4½ ár þegar hann fær ótímabundna ráðningu hjá atvinnurekanda. Verði sá hinn sami atvinnulaus að nýju á hann einungis sex mánuði eftir af bótatímabilinu án tillits til þess hversu lengi hann hefur starfað á vinnumarkaði frá þeim tíma er hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur. Skiptir þá engu máli hvort einstaklingurinn hefur verið á vinnumarkaði í þrjá mánuði, þrjú ár eða tíu ár. Þegar hann hefur fengið atvinnuleysisbætur í þessa sex mánuði þarf hann að ávinna sér rétt til nýs tímabils með þátttöku á vinnumarkaði. Þykir hins vegar hæfilegt að einstaklingur sem er virkur á vinnumarkaði í a.m.k. 24 mánuði eigi rétt á óskertu tímabili enda er þá nokkuð liðið frá því hann fékk greiddar atvinnuleysisbætur síðast. Til viðmiðunar tekur það virkan þátttakanda á vinnumarkaði tólf mánuði að ávinna sér rétt til atvinnuleysisbóta í eitt tímabil, sbr. 15. og 19. gr. frumvarpsins. Þegar fólk fer út úr kerfinu í skemmri tíma en 24 mánuði er það hins vegar áfram á sama tímabili þegar það sækir að nýju um atvinnuleysisbætur.

Um 32. gr.

Atvinnuleysistryggingar hafa falið í sér atvinnuleysisbætur er hafa verið ákveðin fjárhæð sem ræðst af fjölda mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabili og starfshlutfalli hans. Ákvæði þetta felur því í sér nýmæli þar sem lagt er til að atvinnuleysisbætur miðist við ákveðið hlutfall fyrri tekna umsækjanda í tiltekinn tíma.

Þannig er miðað við að sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla laganna eigi rétt á atvinnuleysisbótum sem nema 70% af meðaltali heildarlauna í allt að þrjá mánuði og getur það tímabil hafist þegar grunnatvinnuleysisbætur sem hinn tryggði á rétt á skv. 33. gr. hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga. Þó er gert ráð fyrir að hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta miðist við tryggingarhlutfall hins tryggða þannig að slíkar atvinnuleysisbætur geti ekki numið hærri fjárhæð en 180.000 kr. miðað við óskertar atvinnuleysistryggingar. Miðað er við að hvert hlutfallsstig nemi 1.800 kr. Í þeim tilvikum er tryggingarhlutfall umsækjanda samkvæmt frumvarpinu nemur fjórðungi af óskertum atvinnuleysistryggingum á hann rétt til 70% af meðaltali heildarlauna en þó aldrei hærri fjárhæð en 45.000 kr.

Lagt er til að viðmiðunartímabilið til að reikna út tekjur launamanns verði sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en launamaðurinn verður atvinnulaus. Gert er ráð fyrir að viðmiðunartímabil vegna sjálfstætt starfandi einstaklings verði tekjuárið á undan því ári er hann varð atvinnulaus. Með tekjuári er átt við almanaksár. Ástæða þessa er einkum sú að sjálfstætt starfandi einstaklingar kunna að hafa meiri áhrif á tekjur sínar en launamenn og þykir því mikilvægt að miða við sama tímabil og skattyfirvöld gera með það fyrir augum að unnt sé að samkeyra kerfin þegar álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Enn fremur kann þetta viðmiðunartímabil að koma þessum hópi betur þar sem leiða má að því líkum að reksturinn gangi illa á síðustu mánuðum fyrir stöðvun rekstrar. Lagt er til að Vinnumálastofnun leiti staðfestingar hjá skattyfirvöldum á að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda er álagningin liggur fyrir að því er varðar viðmiðunartímabil samkvæmt ákvæði þessu. Þannig getur komið til að atvinnuleysisbætur verði leiðréttar til hækkunar eða lækkunar eftir atvikum í samræmi við álagningu skattyfirvalda, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Í þeim tilgangi að auðvelda Vinnumálastofnun starf sitt er skattyfirvöldum gert skylt að láta stofnuninni í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarps þessa, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nánast einungis verði greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga á grundvelli skattframtala, staðgreiðsluskrár og tryggingagjaldsskrár skattyfirvalda. Tekjur umsækjenda eru færðar inn í staðgreiðsluskrá tveimur mánuðum eftir þann mánuð sem þær eru greiddar fyrir og ættu því að liggja fyrir þegar sótt er um atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að undanþágu frá meginreglunni þegar vinnuveitandi hefur látið hjá líða að standa í skilum við skattyfirvöld um greiðslur vegna starfsmanna sinna. Við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skal þá líta til annarra gagna sem færa sönnur á tekjur launamanns hjá vinnuveitanda.

Hafi umsækjandi ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu er gert ráð fyrir að miðað sé við meðaltal heildarlauna hans yfir það tímabil sem hann hefur unnið á íslenskum vinnumarkaði. Skal þá alltaf miða við almanaksmánuði. Ekki er tekið mið af tekjum umsækjanda sem hann hefur unnið til utan innlends vinnumarkaðar. Þá er lagt til að miðað verði við að lágmarki fjóra almanaksmánuði við útreikninga á meðaltali heildarlauna umsækjanda. Þegar umsækjandi hefur áunnið sér rétt til atvinnuleysistrygginga með atvinnuþátttöku á ávinnslutímabilinu skv. 15. og 19. gr. frumvarpsins en hefur ekki haft tekjur á viðmiðunartímabilinu skal hann eiga rétt á grunnatvinnuleysisbótum skv. 33. gr. frumvarpsins í samræmi við tryggingarhlutfallið. Sama á við þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu reynast vera lægri en þær grunnbætur er hlutaðeigandi á rétt á skv. 33. gr. frumvarpsins.

Eingöngu er gert ráð fyrir að umsækjandi öðlist rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í upphafi hvers tímabils skv. 29. gr. frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir að hinn tryggði sem fer aftur inn í kerfið eftir skemmri tíma en 24 mánuði á vinnumarkaði eigi ekki rétt á tekju-

tengdum atvinnuleysisbótum heldur grunnatvinnuleysisbótum í samræmi við hlutfallslegan rétt hans til atvinnuleysistrygginga skv. 15. eða 19. gr. frumvarpsins.

Þegar fyrra tímabil heldur áfram þegar umsækjandi sækir að nýju um atvinnuleysisbætur skv. 3. mgr. 29. gr. á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu enda hafi hann fullnýtt sér rétt sinn skv. 1. mgr. Hið sama á við þurfi hinn tryggði að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum skv. X. kafla frumvarpsins.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta fjallar um grunnatvinnuleysisbætur er svara til atvinnuleysisbóta samkvæmt gildandi atvinnuleysistryggingakerfi. Gert er ráð fyrir að sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla frumvarpsins öðlist rétt til grunnatvinnuleysisbóta við upphaf tímabils skv. 29. gr. frumvarpsins. Miðast það því við móttöku umsóknar hjá Vinnumálastofnun. Þó geta komið til atvik er leiða til þess að umsækjandi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt einstökum ákvæðum frumvarpsins þegar frá þeim degi er umsókn var móttekin. Sem dæmi má nefna að umsækjandi getur þurft að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum í tiltekinn tíma við nánar tilgreindar aðstæður.

Gert er ráð fyrir að umsækjandi eigi að öllu jöfnu rétt á grunnatvinnuleysisbótum í samtals tíu daga en eigi síðan rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að þrjá mánuði skv. 32. gr. frumvarpsins. Eftir þann tíma getur hann átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu. Sæti umsækjandi biðtíma eftir bótum dregst sá tími frá tímabilinu sem bætur eru greiddar skv. 29. gr. frumvarpsins og á umsækjandi þá jafnframt ekki rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst skv. 32. gr. frumvarpsins.

Áfram er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Lagt er til að sá sem talin er að fullu tryggður samkvæmt frumvarpi þessu öðlist rétt til óskertra grunnatvinnuleysisbóta sem nema 4.431 kr. á dag eða um 96.000 kr. á mánuði að meðaltali. Lágmarksréttur innan atvinnuleysistryggingakerfisins veitir rétt til ¼ hluta grunnatvinnuleysisbóta. Þá er lagt til að breytingar á fjárhæðum grunnatvinnuleysisbóta sem og hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta verði ákvarðaðar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert eins og verið hefur. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði áfram heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta fjárhæðunum ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Um 34. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að sá sem telst tryggður samkvæmt frumvarpinu og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára eigi rétt á 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum skv. 33. gr. með hverju barni frá upphafi tímabilsins sem greiddar eru atvinnuleysisbætur fyrir. Er þá átt við börn sem hlutaðeigandi hefur framfærsluskyldu gagnvart á grundvelli barnalaga, nr. 76/2003, án tillits til þess hvort hann hafi forsjá yfir þeim.

Þá er gert ráð fyrir að skuldi umsækjandi meðlag samkvæmt kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði heimilt að skuldajafna þá kröfu við þessar atvinnuleysisbætur er koma til vegna framfærsluskyldu hans við börn sín eins og verið hefur, sbr. 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar.

Um 35. gr.

Lagt er til að atvinnuleysisbætur verði greiddar mánaðarlega í stað hálfsmánaðarlega og að allir þeir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum fái greitt á sama tíma. Er það talið geta komið sér betur fyrir þá sem eru tryggðir samkvæmt frumvarpinu að fá mánaðargreiðslur við hver

mánaðamót enda algengt að gjalddagar ýmissa útgjalda heimilanna miðist við það tímamark. Þannig er lagt til að bæturnar komi til útborgunar fyrsta virkan dag hvers mánaðar en þó þannig að miðað sé við tímabilið milli 20. dags hvers mánaðar til 19. dags næsta mánaðar. Er hér átt við almanaksmánuði. Er þannig gert ráð fyrir að þeir sem sækja um atvinnuleysisbætur eftir 19. dag mánaðarins fái fyrst greitt fyrsta virkan dag mánaðarins þar á eftir. Sem dæmi má nefna að leggi umsækjandi inn umsókn 21. júní fái hann fyrst greiddar atvinnuleysisbætur 1. ágúst sama ár. Ástæðan er einkum sú að aðstæður hins tryggða eru ekki alltaf fyrirsjáanlegar og þarf því að gefa ákveðið svigrúm við mat á rétti þeirra samkvæmt frumvarpinu. Má þá jafnframt gera ráð fyrir að hinn tryggði fái greidd laun fyrir vinnu sína hluta úr þeim mánuði er hann missti starf sitt.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að hvers konar tekjur eða greiðslur úr öðrum tryggingakerfum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum hins tryggða. Þó er gert ráð fyrir ákveðnu frítekjumarki en miðað er við að hinn tryggði geti haft tekjur sem því nemur án þess að komi til skerðingar á atvinnuleysisbótum hans. Lagt er til að helmingur þeirrar fjárhæðar sem fer fram yfir samanlagðar tekjur eða aðrar greiðslur hins tryggða og þeirra atvinnuleysisbóta sem hann á rétt á komi til frádráttar atvinnuleysisbótunum. Miðað er við að frítekjumarkið nemi 52.000 kr. við gildistöku frumvarpsins. Sem dæmi má nefna atvinnuleitanda sem á rétt á óskertum grunnatvinnuleysisbótum og hefur 100.000 kr. í aðrar tekjur. Samanlagðar bætur hans og tekjur nema þá 196.000 kr. Sú reikniregla sem lögð er til leiðir til þess að helmingur þeirrar fjárhæðar sem fer umfram 148.000 kr. (96.000 kr. + 52.000 kr.) kemur til frádráttar atvinnuleysisbótum hlutaðeigandi. Mismunurinn nemur 48.000 kr. (196.000 kr. – 148.000 kr.) þannig að 24.000 kr. koma til frádráttar atvinnuleysisbótum hans. Á hann því rétt á sem nemur 72.000 kr. í stað 96.000 kr. á mánuði í grunnatvinnuleysisbætur.

Tekið er fram að miðað skuli við óskertan rétt umsækjanda til atvinnuleysisbóta. Með því er átt við þann rétt sem hlutaðeigandi á skv. III. eða IV. kafla frumvarpsins. Er með þessu orðalagi sérstaklega vísað til 17. eða 22. gr. frumvarpsins þar sem hinn tryggði nýtir sér ekki allan þann rétt sem hann á. Með þessu er verið að veita þeim sem eru á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum samhliða minnkuðu starfshlutfalli meira svigrúm til tekna en ef miðað væri við það tryggingarhlutfalls sem þeir nýta sér. Eingöngu er miðað við að tekið sé tillit til þeirra tekna sem hlutaðeigandi hefur á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt frumvarpi þessu. Komi til tekna sem greiddar eru út fyrir ákveðið tímabil, til dæmis greiddar út fyrir allt árið við árslok, skal eingöngu miða við þann tíma er hlutaðeigandi var á atvinnuleysisbótum. Koma þá tekjurnar til frádráttar samkvæmt reglu 1. mgr. sem nemur því hlutfalli sem sá tími er hann fékk greiddar atvinnuleysisbætur var af heildartímanum sem umræddar tekjur voru ætlaðar fyrir.

Þá er lagt til að breytingar á frítekjumarki verði ákvarðaðar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert sem og að félagsmálaráðherra verði enn fremur veitt heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, til að breyta frítekjumarkinu ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Um 37. gr.

Gert er ráð fyrir að sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur greiði að lágmarki 4% af fjárhæð þeirra í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður greiði 6% mótframlag. Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði mótframlag ákveði hinn tryggði að greiða í séreignarsjóð.

Enn fremur er gert ráð fyrir að hinn tryggði geti óskað eftir því að Vinnumálastofnun dragi stéttarfélagsgjald af atvinnuleysisbótunum og greiði það til hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um 38. gr.

Ákvæðið felur í sér reglu um endurmat á atvinnuleysistryggingu hins tryggða skv. III. eða IV. kafla frumvarpsins og þar með um endurútreikning á fjárhæð atvinnuleysisbóta. Þannig er gert ráð fyrir að sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur, hvort sem er tekjutengdar atvinnuleysisbætur eða grunnatvinnuleysisbætur, geti við ákveðnar aðstæður óskað eftir endurmati á rétti sínum samkvæmt frumvarpi þessu. Skilyrði er að starfstímabil hans milli þess sem hann er án atvinnu vari samfellt lengur en þrjá mánuði og tímabil skv. 29. gr. haldi áfram að líða. Óski umsækjandi ekki eftir endurútreikningi þegar hann sækir að nýju um atvinnuleysisbætur skal miða við fyrri tekjur eða rétt til atvinnuleysistrygginga. Ástæðan er einkum sú að það virki ekki letjandi fyrir hinn tryggða að taka tímabundnu starfi sem gæti hugsanlega leitt til lakari réttar hans til atvinnuleysistrygginga.

Um 39. gr.

Efni ákvæðisins felur í sér möguleika á leiðréttingu á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta eftir að þær hafa verið keyrðar saman við álagningu skattyfirvalda að því er varðar það viðmiðunartímabil sem lagt er til að verði haft til hliðsjónar við útreikningana. Er því gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi heimildir til að leiðrétta fjárhæð atvinnuleysisbótanna til samræmis við álagningu skattyfirvalda. Er gert ráð fyrir að leiðréttingin geti átt sér stað nokkru eftir að bæturnar hafa verið greiddar eða þegar endanleg álagning skattyfirvalda liggur fyrir. Á sama hátt er jafnframt gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun geti leiðrétt fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta. Slíkt getur átt við þegar upplýsingar þær er liggja grunnatvinnuleysisbótum til grundvallar hafa verið rangar eða hinn tryggði ekki tilkynnt til Vinnumálastofnunar um að hann sé ekki lengur í atvinnuleit.

Þannig er gert ráð fyrir að hinn tryggði endurgreiði Atvinnuleysistryggingasjóði þær fjárhæðir sem ofgreiddar eru í þeim tilvikum er hann fékk hærri greiðslur úr sjóðnum en honum bar. Á þetta við um öll tilvik sem kunna að valda því að hinn tryggði hafi fengið ofgreitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Mikilvægt er að frumvarpið heimili skuldajöfnuð við atvinnuleysisbætur er hinn tryggði kann síðar að eiga rétt á en lagt er til að einungis verði heimilt að skuldajafna fjárhæð sem nemur 25% af þeim bótum sem hann á rétt á. Enn fremur þykir eðlilegt að frumvarpið heimili skuldajöfnuð við útgreiðslur skattkerfisins, svo sem endurgreiðslu frá skattyfirvöldum og greiðslur barnabóta og vaxtabóta. Er Vinnumálastofnun því veitt heimild til að leita aðstoðar innheimtumanns ríkissjóðs um skuldajöfnun við inneign hins tryggða hjá ríkissjóði. Í þeim tilvikum þegar skuldajöfnun verður ekki komið við og hinn tryggði sinnir ekki áskorun um endurgreiðslu fer um innheimtu kröfunnar skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Er félagsmálaráðherra enn fremur veitt heimild til að fela sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Með sama hætti er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun greiði þá fjárhæð sem vangreidd var til hins tryggða. Lagt er til að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði vexti fyrir tímabilið frá því að féð hefði átt að vera greitt úr sjóðnum til þess tíma að greiðslan var innt af hendi. Miðað er við að vextirnir verði jafnháir þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður að skuli greiða af skaðabótakröfum og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Enn fremur er gert ráð fyrir að sama gildi í tilvikum er úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerða kemst að þeirri niðurstöðu að hinn tryggði hafi átt rétt á atvinnuleysisbótum en hafði áður verið synjað um bætur eða verið greiddar lægri bætur.

Þó er lagt til að þegar atvinnuleysisbætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða falli vextir niður.

Um 40. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Þó er tekið fram að launamaður framselji Atvinnuleysistryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á umræddum tíma. Þetta er í samræmi við framkvæmdina, sbr. 24. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa.

Um 41. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 42. gr.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, felur í sér rétt launafólks til frjálsrar farar innan svæðisins. Þar á meðal hefur Evrópudómstóllinn staðfest að ríkisborgurum aðildarríkja að samningnum sé heimilt að dvelja í öðru aðildarríki en heimaríki þeirra í þeim tilgangi að leita sér að starfi, sbr. mál nr. C-292/89 *Antonissen*. Teljist einstaklingur þátttakandi í atvinnuleysistryggingakerfi aðildarríkis á hann þess kost að fá greiddar atvinnuleysisbætur frá því ríki þann tíma sem hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum, sbr. 6. kafla reglugerðar nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Íslensk stjórnvöld hafa gert sambærilega samninga að þessu leyti við aðildarríki að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

Lagt er til með frumvarpi þessu að allir þeir sem hafa áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt frumvarpi þessu og uppfylla skilyrði ákvæðis þessa eigi þess kost að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan þeir eru í atvinnuleit í öðru aðildarríki í allt að þrjá mánuði, sbr. 43. gr. frumvarpsins. Er þannig ekki gerður greinarmunur á hvort hinn tryggði hafi áunnið sér rétt samkvæmt frumvarpi þessu sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur. Ástæður þessa eru að aðstæður hins tryggða eru mjög sambærilegar án tillits til fyrri starfa þeirra og má ætla að flestir innan atvinnuleysistryggingakerfisins séu aðallega í leit að starfi sem launamenn enda þótt önnur tækifæri kunni að bjóðast í atvinnuleitinni. Þykja því ekki rök hníga til þess að gera greinarmun milli þessara hópa að þessu leyti enda leiða störf þeirra til réttar innan kerfisins hér á landi.

Ákvæði þetta byggist í meginatriðum á efni 69. gr. reglugerðar nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja. Þar er gert ráð fyrir að atvinnuleitandi sem er án atvinnu og uppfyllir skilyrði hlutaðeigandi aðildarríkis fyrir atvinnuleysistryggingum haldi rétti sínum til atvinnuleysisbóta hafi hann skráð sig án atvinnu fyrir brottför hjá vinnumiðlun aðildarríkisins. Jafnframt er það skilyrði að hinn tryggði hafi verið reiðubúinn að ráða sig til vinnu í fjórar vikur hið minnsta eftir að hann varð án atvinnu. Þó er heimilt að veita undanþágu frá fjögurra vikna tímanum, sbr. a-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar. Þegar hinn tryggði kemur til gistiríkisins er gert ráð fyrir að hann skrái sig hjá vinnumiðlun þess ríkis innan sjö daga frá þeim degi sem hann hvarf af skrá hjá vinnumiðlun þess ríkis er hann fór frá. Þá er tekið fram að eftirlitsreglur gistiríkisins gildi meðan hinn tryggði er þar í atvinnuleit, sbr. b-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar. Lagt er til að þessum efnisreglum reglugerðarinnar verði fylgt eftir. Þannig

er gert ráð fyrir að hinn tryggði hafi áður sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar og að hann hafi verið í virkri atvinnuleit hér á landi í a.m.k. fjórar vikur fyrir brottfarardag. Vinnumálastofnun er þó heimilt að veita undanþágur frá því skilyrði við nánar tilgreindar aðstæður. Er þar einkum tekið tillit til fjölskylduaðstæðna hins tryggða. Mælt er með að miðað sé við að hinn tryggði hafi sjö daga til að skrá sig hjá hinni erlendu vinnumiðlun. Ástæða þykir til að veita Vinnumálastofnun heimild til að víkja frá því skilyrði en þá falla greiðslur atvinnuleysisbóta niður frá brottfarardegi og hefjast að nýju við skráningu erlendis enda ekki litið á að hinn tryggði sé í virkri atvinnuleit þann tíma.

Tekið skal fram að atvinnuleitanda sem hefur áunnið sér rétt samkvæmt frumvarpi þessu þarf að vera heimilt að vera í frjálsri atvinnuleit í því aðildarríki samkvæmt lögum þess ríkis til að geta fengið greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er þar í atvinnuleit. Samningarnir sem byggt er á miða allir við að atvinnuleitendur séu ríkisborgarar aðildarríkjanna. Þykir þó ekki ástæða til að binda þessa heimild við ríkisborgararétt heldur takmarkist sá réttur sem ákvæði þetta felur í sér við heimildir hins tryggða til frjálsrar atvinnuleitar í gistiríkinu samkvæmt lögum þess. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun gefi síðan út viðeigandi vottorð til staðfestingar á atvinnuleysistryggingu umsækjanda samkvæmt frumvarpinu. Þá er tekið fram að lög gistiríkisins gildi að öðru leyti um eftirfylgnina með atvinnuleit viðkomandi sem og skyldum hans til þátttöku í þarlendum vinnumarkaðsaðgerðum.

Þá þykir nauðsynlegt að félagsmálaráðherra verði veitt heimild til að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um atvinnuleysistryggingar launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga á grundvelli þeirra samninga sem VIII. kafli frumvarpsins byggir á. Er þar sérstaklega átt við innleiðingu gerða Evrópusambandsins sem sameiginlega EES-nefndin samþykkir að fella undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á þessu sviði. Venja er að efni þeirra hafi verið innleitt með reglugerð enda eigi það sér stoð í gildandi löggjöf. Er mælt með því að svo verði áfram.

Um 43. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun verði heimilt að greiða atvinnuleysisbætur til hins tryggða sem er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum samfellt í allt að þrjá mánuði frá brottfarardegi frá Íslandi. Þessi tímamörk eru í samræmi við c-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðar nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, þar sem tekið er fram að réttur til atvinnuleysistrygginga haldist að hámarki í þrjá mánuði frá þeim degi er hlutaðeigandi hætti að vera skráður hjá vinnumiðlun þess ríkis er hann fór frá. Jafnframt er gerður fyrirvari um að heimilt sé að greiða atvinnuleysisbætur við þessar aðstæður að því gefnu að hinn tryggði hafi ekki lokið við tímabilið sem hann á rétt á að fá greiddar atvinnuleysisbætur skv. 29. gr. frumvarpsins. Þá er miðað við að hinn tryggði kunni að fá tímabundið starf í gistiríkinu eða segi upp starfi eða missi það af gildum ástæðum en þá á hann rétt á að nýta sér áfram heimildina skv. 42. gr. frumvarpsins þann tíma sem eftir lifir af þriggja mánaða tímanum. Þannig er ekki gert ráð fyrir að þriggja mánaða tímabilið frestist þegar hinn tryggði tekur starfi en sá tími sem hlutaðeigandi var að störfum telst ekki með sem hluti af tímabili skv. 29. gr. frumvarpsins. Þá fellur réttur hins tryggða til að nýta sér heimild 42. gr. niður hafi starf í gistiríkinu veitt honum rétt samkvæmt lögum þess ríkis um atvinnuleysistryggingar.

Um 44. gr.

Gert er ráð fyrir að sex mánuðir þurfi að líða frá lokum þess tímabils sem hinn tryggði nýtti sér síðast rétt sinn skv. 42. gr. frumvarpsins og þangað til hann getur sótt aftur um að fá greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt því ákvæði. Miðað er hér við almanaksmánuði. Þá er jafnframt gert að skilyrði að atvinnuleitandinn hafi starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði og uppfylli að öðru leyti ákvæði frumvarpsins. Þetta ákvæði er í samræmi við 3. mgr. 69. gr. reglugerðar nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, en þar segir að beita skuli þessari heimild einungis einu sinni milli tveggja starfstímabila.

Um 45. gr.

Þegar hinn tryggði hefur hug á að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er í atvinnuleit í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum er gert ráð fyrir að hann þurfi sérstaklega að sækja um það til Vinnumálastofnunar. Er þá gengið út frá því að hann hafi þegar sótt um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. frumvarpsins enda er það skilyrði skv. 42. gr. Í reglugerð nr. 524/1996, um greiðslu atvinnuleysisbóta, er miðað við að umsókn skuli að jafnaði vera lögð fram eigi síðar en þremur vikum fyrir brottför. Ekki er lagt til að umsóknarfrestur sé ákveðinn í frumvarpi þessu en ljóst er að Vinnumálastofnun þarf eðlilegan afgreiðslutíma við að taka ákvörðun á grundvelli ákvæða VIII. kafla frumvarpsins. Gilda því ákvæði stjórnsýslulaga um afgreiðslu stofnunarinnar að þessu leyti. Á sama hátt og gildir um umsókn skv. 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að í tilvikum er umsækjandi er yngri en 18 ára skuli foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Um 46. gr.

Meginreglan samkvæmt ákvæði þessu er að hinn tryggði snúi aftur til landsins, hafi atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum ekki borið árangur, í því skyni að halda atvinnuleitinni áfram hér á landi. Er því gert ráð fyrir að hinn tryggði tilkynni þá fyrirætlun sína til Vinnumálastofnunar innan sjö virkra daga frá því að tímabili skv. 43. gr. frumvarpsins lauk eða komudegi hafi hinn tryggði komið aftur til landsins áður en tímabilinu lauk. Á hinn tryggði þá sama rétt á atvinnuleysistryggingum og hann átti áður en hann fór erlendis í atvinnuleit nema annað leiði af efni frumvarpsins, svo sem að tímabilinu sé lokið sem hann á rétt á að fá samfellt greiddar atvinnuleysisbætur á skv. 29. gr. frumvarpsins.

Láti hinn tryggði hjá líða að tilkynna um áframhaldandi atvinnuleit hér á landi innan tímamarka 1. mgr. falla greiðslur atvinnuleysisbóta niður enda er ekki litið svo á að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit. Er þá miðað við þann dag er tímabili skv. 43. gr. lauk eða hinn tryggði hætti sannanlega atvinnuleit í því landi sem hann dvaldist í. Sæki sami einstaklingur síðar aftur um atvinnuleysisbætur þarf hann að skila inn nýrri umsókn og þá ræðst það af ákvæðum frumvarpsins almennt hvort hlutaðeigandi teljist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Þá þykir mikilvægt að Vinnumálastofnun hafi heimildir til að óska eftir upplýsingum frá þar til bærri stofnun gistiríkisins þar sem hinn tryggði dvaldi um atriði sem geta haft áhrif á rétt hans innan kerfisins hér á landi. Þar er meðal annars átt við hvort hann hafi talist vera í atvinnuleit þar í landi og ekki hvað síst hvers konar þjónustu hann naut þar þannig að auðveldara verði að ákvarða um áframhaldandi aðstoð við hann hér á landi til að auka líkur hans á að fá vinnu.

Um 47. gr.

Ákvæði þetta mælir fyrir um að heimilt er að taka tillit til starfstímabila umsækjanda í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við mat á rétti viðkomandi til atvinnuleysistrygginga skv. III. eða IV. kafla frumvarpsins. Skilyrði er að umsækjandi hafi áunnið sér lágmarksrétt samkvæmt frumvarpi þessu og því starfað hér á landi í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. frumvarpsins. Starfstímabil umsækjanda í öðrum aðildarríkjum að framangreindum samningum eða í Færeyjum teljast því með eins og starfað hafi verið hér á landi að því gefnu að þau hafi veitt umsækjanda rétt innan atvinnuleysistryggingakerfis hlutaðeigandi ríkis samkvæmt lögum þess. Því til staðfestingar þarf umsækjandi að láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðrum aðildarríkjum og Færeyjum fylgja með umsókn um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. Ræðst því af lögum þess ríkis þar sem unnið var hvort starfstímabilin hafi áhrif á tryggingarhlutfall umsækjanda innan atvinnuleysistryggingakerfisins hér á landi. Þannig getur orðið greinarmunur á hvort hlutaðeigandi hafi starfað sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í gistiríkinu þar sem til dæmis sjálfstætt starfandi einstaklingar ávinna sér ekki rétt til atvinnuleysisbóta í mörgum aðildarríkjum. Komi sjálfstætt starfandi einstaklingur frá ríki þar sem störf hans þar í landi hafa ekki veitt honum rétt innan atvinnuleysistryggingakerfis þess ríkis er óheimilt að meta það starfstímabil hans hér á landi. Skiptir þar ekki máli þótt sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi almennt rétt samkvæmt frumvarpi þessu vegna starfa þeirra hér á landi sem slíkir.

Jafnframt þykir rétt að taka fram að þrátt fyrir að starfstímabilin í öðrum aðildarríkjum eða Færeyjum hafi sem slík áhrif á tryggingarhlutfall umsækjanda samkvæmt frumvarpi þessu er ekki heimilt að taka tillit til þeirra launa er umsækjandi vann sér inn þar í landi við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. frumvarpsins. Þar er sérstaklega tekið fram að eingöngu sé heimilt að taka tillit til þeirra tekna sem aflað er hér á landi enda erfiðleikum bundið að færa sönnur á tekjur sem greiddar eru í öðrum ríkjum.

Þá eru sérreglur er gilda um atvinnuleitendur er flytja til landsins frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi eða Svíþjóð en þær byggjast á 2. og 3. mgr. 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. einnig lög nr. 46/1993, um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Um 48. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun hafi það hlutverk að gefa út vottorð til staðfestingar á rétti umsækjanda samkvæmt frumvarpi þessu óski umsækjandi eftir því þar sem fram koma starfstímabil hans hér á landi á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. og áunninn réttur hans samkvæmt frumvarpinu. Útgáfa slíkra vottorða á við er atvinnuleitandi hefur hug á að nýta sér starfstímabil sín hér á landi til að tryggja rétt sinn til atvinnuleysisbóta í öðrum aðildarríkjum að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Hið sama á við þegar hinn tryggði óskar eftir að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er í atvinnuleit í þessum ríkjum skv. 42. gr. frumvarpsins.

Um 49. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 28. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og felur í sér heimild Vinnumálastofnunar til að inna af hendi greiðslu bóta til ríkisborgara annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem koma hingað í atvinnuleit og hafa óskað eftir því að fá

greiddar atvinnuleysisbætur frá því ríki þar sem þeir eru tryggðir. Þarna er verið að greiða út atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum annars ríkis og því þurfa þær ekki að vera í samræmi við þær atvinnuleysisbætur sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Á þetta því eingöngu við er Vinnumálastofnun hefur fengið beiðni frá þar til bærri stofnun í hlutaðeigandi ríki um að greiða bæturnar fyrir sína hönd enda endurgreiði sú stofnun þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi. Þó er Vinnumálastofnun heimilt að greiða út slíkar bætur þrátt fyrir að ekki komi til formlegrar endurgreiðslu enda leiði slíkt af samningum er íslensk stjórnvöld hafa undirgengist.

Um 50. gr.

Gert er ráð fyrir að launamenn sem leggja sannanlega niður störf í verkfalli eða vegna verkbanns vinnuveitanda teljist ekki tryggðir samkvæmt frumvarpi þessu þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir eins og verið hefur. Álitamál hafa komið upp um hverjir teljist vera þátttakendur í verkfalli í skilningi laganna um atvinnuleysistryggingar og eigi því ekki rétt á atvinnuleysisbótum á þeim tíma. Þykir því ástæða til að skýra nánar hvernig verkfall eða verkbann kann að takmarka rétt fólks til atvinnuleysistrygginga. Þannig er lagt til í 2. mgr. að þeir sem þegar hafa misst störf sín áður en til verkfalls eða verkbanns kom teljist ekki tryggðir á þeim tíma þegar þeir taka sérstaklega fram á umsókn að þeir séu að leita sér að starfi í þeirri starfsgrein sem verkfall eða verkbann tekur til. Leiðir það af eðli máls að þeir umsækjendur eru ekki í virki atvinnuleit meðan á verkfalli eða verkbanni stendur. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að umsækjandi geti einungis valið sér störf í tiltekinn tíma frá því að hann sótti um atvinnuleysisbætur en þegar sá tími er liðinn verður hann að vera reiðubúinn að taka hverju því starfi er býðst, sbr. 57. gr. frumvarpsins. Verður þá að líta svo á að umsækjandi sé að leita að fleiri störfum og þar með í virkri atvinnuleit enda þótt hann kjósi helst að fá starf í ákveðinni starfsgrein. Hefur verkfall eða verkbann því ekki áhrif á rétt hans til atvinnuleysisbóta á þeim tíma. Enn fremur verður að líta svo á að hinn tryggði geti talist vera í virkri atvinnuleit þegar verkfall eða verkbann tekur eingöngu til starfa í viðkomandi starfsgrein á afmörkuðu svæði enda miðað við að hinn tryggði sé reiðubúinn að ráða sig til starfa hvar sem er á landinu, sbr. d-lið 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Ekki er gert ráð fyrir að sú ákvörðun hins tryggða að greiða áfram til stéttarfélags síns þann tíma sem hann er án atvinnu til að halda tengslum við vinnumarkaðinn hafi áhrif á rétt hans samkvæmt frumvarpi þessu enda þótt að stéttarfélagið eigi aðild að verkfalli.

Um 51. gr.

Ákvæði þetta fjallar um þær greiðslur sem atvinnuleitandi kann að eiga rétt á samkvæmt öðrum lögum og eru ætlaðar honum til framfærslu við tilteknar aðstæður. Verður því að teljast eðlilegt að litið verði á þær sem ósamrýmanlegar atvinnuleysisbótum sem ætlað er sama hlutverk enda verður að ætla að atvinnuleitandi uppfylli ekki skilyrðið um virka atvinnuleit á þeim tíma sem hann á rétt á þeim greiðslum sem taldar eru upp í 1.–3. mgr. ákvæðisins. Ekki er um að ræða breytingar frá því sem gildir samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Enn fremur þykir ástæða til að kveða skýrt á um hvernig fara skuli með orlofsgreiðslur eða greiðslur vegna starfsloka. Lagt er til að atvinnuleitandi teljist ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins þann tíma er nemur þeim orlofsdögum sem hann hafði ekki nýtt sér þegar hann hætti störfum hjá fyrri vinnuveitanda og hann því fengið greidda út við starfslokin. Þó er gert ráð fyrir að umsækjandi geti tilgreint á umsókn um atvinnuleysisbætur hvenær hann ætli að taka út orlof sitt á orlofstímanum og er miðað við að hann hafi tekið út

orlofið fyrir lok næsta orlofstímabils eða 15. september ár hvert, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof. Kemur orlofsgreiðslan þá til frádráttar fyrir þann tíma sem hinn tryggði ætlaði í orlof samkvæmt umsókninni en ekki þegar í upphafi tímabilsins.

Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur séu ekki greiddar fyrir sama tímabil og greiðslur vegna starfsloka eru ætlaðar fyrir. Á það við um starfslokasamninga sem ætlaðir eru að bæta atvinnuleitanda upp tekjutap sem nemur tilteknum tíma. Jafnframt á það við um tilvik þegar atvinnuleitandi hefur fengið greiðslur er svara til launa á kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti án þess að gerð hafi verið krafa um vinnuframlag hans þann tíma og sá tími sé enn að líða þegar sótt er um atvinnuleysisbætur. Upplýsingar um slíkar greiðslur skulu koma fram í vottorði vinnuveitanda.

Um 52. gr.

Reglugerð um greiðslu atvinnuleysisbóta kveður á um þá meginreglu að námsmenn eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum samhliða námi sem stundað er á venjulegum dagvinnutíma nema annað leiði af samningi um starfsleitaráætlun, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Eðlilegra þykir að kveðið verði á um slíka reglu í settum lögum og er því lagt til að ákvæði þetta fjalli um áhrif náms á rétt einstaklinga samkvæmt frumvarpi þessu. Ekki eru lagðar til breytingar á framangreindri meginreglu að námsfólk eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Miðað er við að það skipti ekki máli hvort um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám. Þá kann að vera að nám sé nauðsynlegur hluti af starfshæfingu atvinnuleitanda að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar en í slíkum tilvikum getur atvinnuleitandi talist tryggður samkvæmt frumvarpi þessu samhliða námi. Skilgreina þarf vel hvenær námsúrræði geta nýst einstaklingum í atvinnuleit en ætla má að það eigi einkum við um starfstengt nám við nánar tilgreindar aðstæður, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir.

Enn fremur er lagt til að Vinnumálastofnun meti sérstaklega þær aðstæður sem kunna að koma upp er sá sem missir vinnu sína hefur stundað nám samhliða starfi sínu og kýs að halda því áfram. Má því ætla að atvinnuleitandi sé engu síður í virkri atvinnuleit enda mörg námsframboð miðuð við að fólk haldi áfram störfum með náminu. Þetta á þó ekki við þegar námið er lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna enda má þá ætla að atvinnuleitandi geti leitað til sjóðsins á sama hátt og aðrir námsmenn í lánshæfu námi.

Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun meti sérstaklega hvort atvinnuleitandi sem stundar nám í skilningi frumvarpsins en er í lægra námshlutfalli en 75% uppfylli skilyrði frumvarpsins þrátt fyrir námið. Er mikilvægt að Vinnumálastofnun meti aðstæður atvinnuleitanda heildstætt og þá einkum með tilliti til þess hvort hann teljist geta verið í virkri atvinnuleit. Þarf þá meðal annars að líta til þess hvernig tímasókn í skóla er háttað í því skyni að meta líkur á því að hlutaðeigandi geti tekið almennu starfi samhliða náminu. Enn fremur ber að líta til umfangs námsins en sem dæmi má ætla að lokaverkefni í háskóla þar sem ekki er krafist viðveru í skóla sé engu síður svo viðamikið að ekki verði unnt að meta námsmanninn í virkri atvinnuleit í skilningi frumvarps þessa þann tíma sem unnið er að verkefninu.

Um 53. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. tölul. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þar sem tekið er fram að þeir sem sviptir hafa verið frelsi sínu með dómi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Lagt er til að kveðið verði skýrar á um að einungis sé átt við þann tíma er dómþoli tekur út refsingu sína hvort sem er í fangelsi eða samfélagsþjónustu. Einstaklingur getur talist tryggður að skilyrðum frumvarpsins uppfylltum þann tíma sem kann að líða frá uppkvaðningu dóms og þar til afplánun hefst. Enn fremur er lagt til að sama gildi um þá sem

sviptir eru frelsi sínu með úrskurði dómara, til dæmis úrskurði um gæsluvarðhald meðan á rannsókn máls stendur yfir. Verður ekki talið að einstaklingar séu í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Um 54. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 4. tölul. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Lagt er til að umsækjandi þurfi áfram að sæta 40 virkra daga biðtíma eftir atvinnuleysisbótum þegar sótt er í fyrsta skipti um atvinnuleysisbætur segi hann sjálfur upp starfi án gildra ástæðna eða missi það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á. Þannig er undirstrikað það markmið vinnumarkaðskerfisins að stuðla að virkri atvinnuþátttöku fólks. Í ljósi þess er ekki gefinn kostur á að fólk segi upp starfi sínu til að fá greiddar atvinnuleysisbætur án þess að sérstakar ástæður liggi að baki uppsögninni í tilvikum þegar annað starf er ekki í boði. Gert er ráð fyrir að umsækjandi sé engu síður í virkri atvinnuleit á biðtímanum. Taki umsækjandi starfi sem honum býðst meðan á biðtíma stendur er gert ráð fyrir að biðtíminn falli niður þegar umsækjandi hefur verið virkur á vinnumarkaði í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur. Er jafnframt gert að skilyrði að umsækjandi hafi sagt upp starfi sínu eða misst starfið af gildum ástæðum. Að öðrum kosti heldur biðtíminn áfram að líða þegar umsækjandi kemur aftur inn í kerfið. Fjallað er um ítrekunaráhrif í 56. gr. frumvarpsins.

Erfitt hefur reynst í framkvæmd að henda reiður á þeim tilvikum sem teljast til gildra ástæðna. Í 7. gr. reglugerðar nr. 545/1997, um greiðslu atvinnuleysisbóta, er sérstaklega fjallað um tvenns konar tilvik sem talin eru heyra til gildra ástæðna fyrir starfslokum. Annar vegar er um að ræða þau tilvik er maki hins tryggða hefur hafið störf í öðrum landshluta og fjölskyldan hefur af þeim sökum þurft að flytja búferlum. Hins vegar eru tilvik þegar uppsögn má rekja til þess að atvinnuleitandi hafi sagt upp störfum af heilsufarsástæðum en er að öðru leyti vinnufær. Er þá gert að skilyrði að vinnuveitanda hans hafi mátt vera kunnugt um þessar ástæður áður en launamaðurinn lét af störfum. Nefndin er fjallaði um efni laga um atvinnuleysistryggingar fjallaði um þetta atriði og komst að þeirri niðurstöðu að það væri erfiðleikum bundið að takmarka þau tilvik sem gætu talist til gildra ástæðna í lögum og reglugerðum þar sem ástæður þess að fólk segir störfum sínum lausum eða missir þau geta verið af margvíslegum toga. Er því lagt til að lagaregla þessi verði áfram matskennd og Vinnumálastofnun þar með falið að meta hvernig atvik og aðstæður þess máls er fyrir henni liggur falla að umræddri reglu. Stofnuninni ber því að líta til almennra reglna og málefnalegra sjónarmiða við ákvarðanir um hvort umsækjendur um atvinnuleysisbætur skuli sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum. Í ljósi þess að um íþyngjandi ákvörðun er að ræða eru gerðar ríkar kröfur um að þegar ákvarðanir um biðtíma eru teknar liggi fyrir hvaða ástæður lágu raunverulega að baki því að launamaður sagði upp starfi sínu án þess að hafa annað starf í hendi enda oft um að ræða viðkvæm mál í slíkum tilvikum. Mikilvægt er að þau meginsjónarmið er ákvörðunin byggist á séu tilgreind í rökstuðningi stofnunarinnar.

Um 55. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 5. gr. laga um atvinnuleysisbætur og 6. gr. reglugerðar nr. 545/1997, um greiðslu atvinnuleysisbóta, eiga þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar ekki rétt á atvinnuleysisbótum þann tíma sem eftir stendur af námsönn. Þykir eðlilegra að þeir sem hætta í námi án þess að hafa til þess gildar ástæður þurfi að sæta sams konar biðtíma og þeir sem hætta störfum án gildra ástæðna, sbr. 54. gr. frumvarpsins. Skiptir þá ekki hvenær á námsönn hlutaðeigandi hættir námi. Gert er ráð fyrir að vottorð frá hlutaðeigandi skóla um að hann

hafi hætt námi fylgi umsókninni. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 54. gr. frumvarpsins.

Um 56. gr.

Ákvæðið fjallar um ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana um biðtíma skv. 54. eða 55. gr. þegar hinn tryggði tekur starfi, hvort sem hann var á biðtíma eftir atvinnuleysisbótum eða fékk greiddar atvinnuleysisbætur, en segir því starfi einnig upp án gildra ástæðna. Skilyrði er einnig að hlutaðeigandi hafi verið í skemmri tíma en 24 mánuði á vinnumarkaði og fari þá aftur inn á sama tímabil skv. 29. gr. og hann var á þegar hann fékk starfið. Skal umsækjandi þá sæta 60 virkra daga biðtíma frá þeim tíma er seinni umsókn hans var móttekin. Hafi hlutaðeigandi ekki átt sök á því að missa starfið á hann rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta að öðrum ákvæðum frumvarpsins uppfylltum. Hafi hann hins vegar starfað skemur en tíu virka daga og verið áður á biðtíma þarf þeim tíma að ljúka áður en unnt er að hefja greiðslur atvinnuleysisbóta.

Endurtaki leikurinn sig enn á ný á sama bótatímabili hafa fyrri ákvarðanir um biðtíma ítrekunaráhrif þannig að sæki hlutaðeigandi aftur um atvinnuleysisbætur á sá hinn sami ekki rétt á þeim. Getur hann öðlast rétt á atvinnuleysisbótum að nýju eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði samfellt í átta vikur eða lengri tíma. Þessi regla er efnislega samhljóða lokamálslið 4. tölul. 5. gr. laga um atvinnuleysistryggingar en sú regla sem þar er að finna á við þegar fólk missir rétt til atvinnuleysisbóta í annað skiptið á sama tímabilinu. Sú breyting er lögð til að hlutaðeigandi starfi í átta vikur í stað sex vikna áður enda um þriðja tilvik að ræða sem leiðir til þess að hinn tryggði missir tímabundið rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta. Verði umsækjandi aftur uppvís að því að segja starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða hann missir starfið af ástæðum sem rekja má til eigin sakar hans á sama tímabili skv. 29. gr. og áður gildir sú regla sem lögð er til í 3. mgr.

Þá er gert ráð fyrir að annars konar viðurlagaákvarðanir sem teknar eru á grundvelli annarra ákvæða frumvarpsins hafi ítrekunaráhrif á sama hátt og ákvarðanir um biðtíma. Ítrekunaráhrifin falla niður þegar einstaklingur hefur áunnið sér rétt til nýs tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar skv. VI. kafla.

Um 57. gr.

Gert er ráð fyrir að áfram verði sömu viðurlög við því að hafna starfi sem býðst með sannanlegum hætti. Ekki er gert ráð fyrir að starfið þurfi að bjóðast fyrir milligöngu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar enda áhersla lögð á frumkvæði hins tryggða að starfsleit sinni. Er gert ráð fyrir að þetta eigi við um þá sem hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttökudegi umsóknar um atvinnuleysisbætur en ekki er tekið fram hvort líkur séu á að hlutaðeigandi fái vinnu í sinni starfsgrein. Þykir eðlilegt að þeir sem eru tryggðir samkvæmt frumvarpi þessu fái fjögurra vikna svigrúm til að leita sér að því starfi er þeir helst kjósa að sinna. Jafnframt er ekki tekið fram að það skipti máli hvort um sé að ræða fullt starf, hlutastarf eða vaktavinnu þar sem mikilvægt er að hinn tryggði verði aftur virkur á vinnumarkaði. Þegar um er að ræða hlutastarf sem er að starfshlutfalli minna en sem nemur tryggingarhlutfalli hins tryggða getur sá hinn sami sótt um hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti. Áfram er gert ráð fyrir að atvinnuleitandinn verði að uppfylla skilyrði frumvarpsins til að teljist tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins þegar viðurlögunum sleppir, þar á meðal að vera í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Bjóðist hinum tryggða störf á viðurlagatímanum en hann hafnar því geta komið til ítrekunaráhrif skv. 61. gr. frumvarpsins.

Enn fremur þykir mikilvægt að það að hafna því að fara í atvinnuviðtal eða sinna ekki atvinnuviðtali án ástæðulausrar tafar hafi sömu áhrif og sú ákvörðun að taka ekki starfi sem býðst. Ástæðan er einkum sú að atvinnuviðtal er venjulega meginforsenda þess að hinum tryggða verði boðið starf og þykir það mega leggja þá ákvörðun að jöfnu við því að hafna starfi. Verður að teljast óeðlilegt að hinn tryggði geti neitað því að fara í atvinnuviðtal án viðbragða frá kerfinu en þeir sem fóru í viðtalið og var boðið starfið þurfi að þola biðtíma eftir atvinnuleysisbótum taki þeir ekki starfinu. Þá er lagt til að ítrekunaráhrifum fyrri ákvarðana verði gerð skýrari skil í frumvarpi þessu en áður hefur verið gert í lögum um atvinnuleysistryggingar.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun sé heimilt að líta til aldurs, félagslegra aðstæðna tengdum skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima við ákvörðun um hvort hinn tryggði skuli sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðinu. Sé það niðurstaða stofnunarinnar að svo hafi verið kemur ekki til þess að hinn tryggði sæti viðurlögum vegna þess að hann hafnaði starfinu eða hafnaði því að fara í atvinnuviðtal. Ber að ítreka að það að hafa ekki barnapössun fyrir ung börn á dagvinnutíma telst ekki réttlæta höfnun á starfi samkvæmt ákvæði þessu. Enn fremur er heimilt að líta til heimilisaðstæðna hins tryggða þegar í boði er starf fjarri heimili hans sem gerir kröfur um að hlutaðeigandi flytji búferlum. Þarf þá að meta aðstæður fjölskyldu hins tryggða heildstætt. Jafnframt er lagt til að heimilt sé að líta til ráðningar hins tryggða í ótímabundið starf enda þótt hinn tryggði hefji ekki störf þegar í stað. Er það Vinnumálastofnunar, þar á meðal úthlutunarnefndarinnar, að meta hvort tíminn þangað til hinn tryggði hefur störf geti talist viðunandi eða hvort eðlilegra sé að líta svo á að hinum tryggða beri að taka starfinu sem í boði er. Við matið ber meðal annars að líta til þess hvort um raunverulegt framtíðarstarf sé að ræða. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka tillit til þess þegar hinn tryggði getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni. Má gera ráð fyrir að sjaldan reyni á þessa undanþágu enda ekki gert ráð fyrir að hinum tryggða verði boðin störf sem hann er ekki fær um að sinna enda hafi hann tekið það fram þegar í upphafi atvinnuleitar. Komi slíkar upplýsingar upp fyrst þegar starfið er í boði kann að koma til viðurlaga skv. 59. gr. frumvarpsins þar sem hinn tryggði hefði þegar átt að hafa gefið upp allar nauðsynlegar upplýsingar um vinnufærni sína.

Um 58. gr.

Samkvæmt 12. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Sú breyting er lögð til að ekki séu tilgreindar sérstakar vinnumarkaðsaðgerðir sem geta valdið því að hinn tryggði þurfi að sæta viðurlögum samkvæmt ákvæði þessu heldur eigi það við um allar aðgerðir sem hinum tryggða er boðið að taka þátt í til að auka líkur sínar á að fá vinnu við hæfi.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist skipulag vinnumarkaðsaðgerða og hinir tryggðu njóti faglegrar ráðgjafar sérfræðinga stofnunarinnar. Þannig má ætla að þeim sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins verði boðin þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum við hæfi en litið er svo á að þeim sé skylt að taka þátt í slíkum úrræðum. Bregðist hinn tryggði þessum skyldum sínum leiðir það til viðurlaga í formi biðtíma eftir atvinnuleysisbótum. Engu síður er litið svo á að hinn tryggði skuli uppfylla skilyrði frumvarpsins á viðurlagatímanum og að honum beri þar á meðal að taka þátt í þeim vinnumarkaðsaðgerðum er honum

standa til boða, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Um ítrekunaráhrif vísast til athugasemda við 61. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli en mikilvægt skilyrði þess að unnt sé að aðstoða hinn tryggða við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsaðgerðum er að nauðsynlegar upplýsingar um hann liggi fyrir. Þannig er bæði tryggt að rétt mynd liggi fyrir um samsetningu þeirra sem eru án atvinnu á hverjum tíma og ekki síst stuðlað að því að atvinnuleitanda sé boðin viðeigandi þjónusta til að auka vinnufærni hans, svo sem atvinnutengd endurhæfing, námskeið og ráðgjöf. Nokkuð er um það að atvinnuleitendur komi með læknisvottorð um skerta starfshæfni þegar þeim eru boðin störf. Það getur hins vegar reynst þýðingarmikið að upplýsingar liggi fyrir þegar í upphafi um að þeir geti ekki sinnt tilteknum störfum vegna heilsufarsástæðna. Skorti nauðsynlegar upplýsingar um vinnufærni umsækjanda getur það því haft neikvæð áhrif á árangur þeirra úrræða sem viðkomandi standa til boða enda hefur þarfamatið verið byggt á ófullnægjandi upplýsingum. Þá er ekki átt við upplýsingar um atvik eða aðstæður sem ekki voru komin fram þegar umsækjandi sótti fyrst um atvinnuleysisbætur en gert er ráð fyrir að hinn tryggði gefi nauðsynlegar upplýsingar um leið og breytingar verða.

Um 60. gr.

Ákvæðið á sér samsvörun í lögum um atvinnuleysistryggingar en leitast er við að setja viðurlagaákvarðanir fram með skýrari hætti en áður hefur verið gert. Ákvæði 15. gr. laganna fjallar um tilvik þegar einstaklingur aflar sér bóta með sviksamlegum hætti en það getur valdið missi bóta í allt að tvö ár. Þá er fjallað um viðurlög við sömu brotum í 27. gr. laganna. Lagt er til að fjallað verði um þessi tilvik í sama ákvæðinu. Er því gert ráð fyrir að sá sem aflar sér eða reynir að afla sér atvinnuleysisbóta með svikum skuli missa rétt samkvæmt frumvarpi þessu í allt að tvö ár. Enn fremur er gert ráð fyrir að brotið geti varðað sektum. Á ákvæðið bæði við um fullframin brot og tilraunir til brots.

Um 61. gr.

Ákvæði þetta fjallar um ítrekunaráhrif fyrri viðurlagaákvarðana skv. 57.–59. gr. frumvarpsins. Um er að ræða sams konar ítrekunaráhrif og lagt er til að gildi um ákvarðanir um biðtíma eftir atvinnuleysisbótum í X. kafla frumvarpsins. Er vísað til athugasemda við 56. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að fyrri ákvarðanir um biðtíma skv. X. kafla hafi sömu ítrekunaráhrif og fyrri viðurlagaákvarðanir.

Um 62. gr.

Samkvæmt 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verið heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Jafnframt er stjórninni heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða. Lagt er til að Vinnumálastofnun verði fengin sams konar heimild og stjórn sjóðsins hefur samkvæmt gildandi lögum enda fer stofnunin með framkvæmd atvinnuleysistrygginga, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Eðlilegt er að stjórnin annist gerð tillagna að reglum um veitingu styrkjanna áður en félagsmálaráðherra setur þær.

Gert er ráð fyrir að meginreglan verði sú að vinnumarkaðsaðgerðir verði fjármagnaðar úr ríkissjóði enda réttur fólks til þátttöku í slíkum úrræðum óháður rétti þeirra til framfærslu úr einstökum kerfum. Engu síður getur komið til þess að einstök framfærslukerfi þurfi að veita

sérstaka styrki til vinnumarkaðsaðgerða óski þau eftir að rétthafar úr þeim kerfum taki þátt í einstökum úrræðum. Er þátttaka hins tryggða í hlutaðeigandi vinnumarkaðsúrræðum þannig háð því að hlutaðeigandi framfærslukerfi greiði til verkefnisins. Má þetta oft rekja til þess að rekstrarkostnaður hlutaðeigandi úrræðis er nokkuð mikill en eigi síður þyki réttlætanlegt að bjóða upp á það. Er með þessu jafnframt verið að stuðla að ákveðnum tengslum milli þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og þess að eiga rétt á greiðslum sér og sínum til framfærslu. Þetta fyrirkomulag hefur sérstaklega átt við um starfsþjálfunarúrræði er vinnuveitandi gerir samning um að taka hinn tryggða í starfsþjálfun með það að skilyrði að hann greiði hinum tryggða laun samkvæmt gildandi kjarasamningum og hann fái greitt mótframlag er jafngildir fjárhæð atvinnuleysisbóta. Þá er áfram gert ráð fyrir að heimilt verði að veita styrki til einstaklinga sem ákveða að taka starfi fjarri heimili sínu og þurfa að flytja búferlum. Er gert ráð fyrir að kveðið verði nánar á um þessa styrki í reglugerð sem stjórn sjóðsins leggur til við félagsmálaráðherra, svo sem hversu lengi styrkþegi þarf að hafa verið atvinnulaus, áhrif fyrri tekna og hversu langt er verið að flytja innan lands.

Um 63. gr.

Lengi hefur tíðkast að ákveðnum fjárhæðum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sé varið til ýmissa verkefna til eflingar atvinnulífsins og fjölgunar atvinnutækifæra á innlendum vinnumarkaði, sbr. 23. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar og ákvæði til bráðabirgða við sömu lög. Lagt er til að almenn heimild verði gefin til að veita styrki úr sjóðnum til einstakra verkefna sem ætluð eru til eflingar á atvinnulífi einstakra svæða, fjölgunar atvinnutækifæra einstakra hópa fólks sem og starfsmenntunar, sbr. meðal annars lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins komi fram með tillögur til félagsmálaráðherra á grundvelli ákvæðis þessa enda hefur stjórnin umsjón með fjárreiðum sjóðsins skv. 6. gr. frumvarpsins. Heimildin er þó takmörkuð við það að fjárhæðir þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Um 64. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrt á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til.

Um 65. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta taki gildi 1. júlí 2006 en um leið falli úr gildi lög nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og lög nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um I.–III.

Ákvæðin fjalla um þá sem þegar hafa skráð sig án atvinnu hjá svæðisvinnumiðlunum Vinnumálastofnunar á grundvelli gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Þannig er gert ráð fyrir að þeim sem skráðu sig í fyrsta skipti atvinnulausa hjá svæðisvinnumiðlun 15. nóvember 2005 eða síðar og verða jafnframt skráðir án atvinnu 1. júlí 2006 verði heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur samkvæmt frumvarpi þessu. Gengst það fólk þá undir réttindi og skyldur sem frumvarp þetta felur í sér.

Lagt er til að sérregla gildi um þá sem skráðu sig án atvinnu fyrir 15. nóvember 2005 og hafa verið án atvinnu samfellt síðan eða hafa starfað í skemmri tíma en sex mánuði á innlend-

um vinnumarkaði. Þeir geta ekki átt rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum en geta átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum samkvæmt frumvarpinu að hámarki til 31. desember 2009. Þó er gert ráð fyrir að einstaklingar geti ekki átt rétt á atvinnuleysisbótum samtals í lengri tíma en fimm ár að teknu tilliti til starfstímabila viðkomandi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins gildi um réttindi og skyldur þeirra innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Að lokum er lagt til að nægilegt sé að einstaklingar starfi samfellt í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði til að geta sótt um atvinnuleysisbætur á grundvelli frumvarps þessa. Er þá ekki litið til fyrri bótatímabila samkvæmt lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og því ekki gerðar kröfur um að því tímabili ljúki áður en tímabil skv. 29. gr. frumvarps þessa getur hafist.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu, atvinnuleysisbætur hækkaðar og skilvirkni innan kerfisins aukin. Lagðar eru til ýmsar skipulagsbreytingar, þar á meðal er kveðið á um að Vinnumálastofnun muni annast framkvæmd atvinnuleysistryggingakerfisins og úthlutunarnefndir verða lagðar niður utan einnar nefndar. Ein helsta breytingin á atvinnuleysistryggingakerfinu sem frumvarp þetta felur í sér er tekjutenging atvinnuleysisbóta. Lagt er til að atvinnuleitendur sem uppfylla skilyrði frumvarpsins eigi rétt á atvinnuleysisbótum sem nema 70% af meðaltali heildarlauna á ákveðnu viðmiðunartímibili í allt að þrjá mánuði. Þó er gert ráð fyrir að slíkar atvinnuleysisbætur geti ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur 180.000 kr. á mánuði miðað við rétt til óskertra atvinnuleysisbóta. Eftir þrjá mánuði miðast upphæð bóta við grunnatvinnuleysisbætur sem verða 4.431 kr. á dag eða 96.000 kr. á mánuði. Að auki er lagt til að lengd tímabils sem heimilt er að greiða samfellt atvinnuleysisbætur til atvinnuleitenda verði stytt úr fimm árum í þrjú ár.

Kostnaðarauki við tekjutengdar atvinnuleysisbætur á árinu 2007 er metinn á bilinu 600–700 m.kr. miðað við forsendur um a.m.k. 2,6% atvinnuleysi. Matið er háð nokkrum óvissuþáttum. Í fyrsta lagi felur tillagan í sér mjög miklar hækkanir á atvinnuleysisbótum en þá er hætt við því að hvati til atvinnuleitar gæti minnkað. Í öðru lagi gæti samsetning þeirra einstaklinga sem skrá sig atvinnulausa breyst þannig að tekjuhærri einstaklingar sæki í meira mæli en nú er um atvinnuleysisbætur. Í þriðja lagi hefur launaþróun nú bein áhrif á kostnað vegna atvinnuleysisbóta. Kostnaðarauki við að hækka grunnatvinnuleysisbætur á árinu 2007 er metinn á um 100 m.kr. Á móti er áætlað að stytting samfellds tímabils sem heimilt er að greiða atvinnuleysisbætur lækki kostnað um 50 m.kr., sem mun þó ekki hafa áhrif fyrr en í lok árs 2008 vegna bráðabirgðaákvæða. Ekki er talið að það þurfi að koma til aukinna útgjaldaheimilda á þessu ári vegna framangreindra atriða þar sem gert er ráð fyrir kostnaðinum í fjárlögum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs muni samtals aukast um 700–800 m.kr. á árinu 2007.

1079. Frumvarp til laga [743. mál]

um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum vinnumarkaði.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útreikning á fjölda starfsmanna í fyrirtækjum skv. 1. mgr.

Lögin gilda ekki um áhafnir hafskipa.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og stuðla að því að fulltrúar starfsmanna og fyrirtæki vinni í anda samvinnu við tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs, að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Fulltrúar starfsmanna*: Trúnaðarmenn stéttarfélaga og/eða sameiginlegur fulltrúi þeirra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis sem ekki eiga trúnaðarmann nema annað sé ákveðið í kjarasamningum eða samkomulag sé um aðra framkvæmd í fyrirtæki.
2. *Fyrirtæki:* Félög, einstaklingar og opinber fyrirtæki sem stunda atvinnurekstur án tillits til þess hvort slíkt sé gert í hagnaðarskyni.
3. *Samráð:* Viðræður og skoðanaskipti fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda.
4. *Upplýsingar:* Gögn og skýringar sem miðlað er af hálfu atvinnurekanda til fulltrúa starfsmanna til að gera þeim kleift að kynna sér efni máls og leggja mat á það.

4. gr.
Upplýsingar.

Atvinnurekendur skulu veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um eftirfarandi:

a. nýliðna þróun og horfur varðandi starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins,
b. stöðu, skipulag og horfur í atvinnumálum í fyrirtækinu og um allar ráðstafanir sem fyrirsjáanlegar eru, einkum ef atvinnuöryggi er ógnað,
c. ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna, þar með taldar ákvarðanir sem eru byggðar á ákvæðum laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og hópuppsagnir.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu veittar á þeim tíma, á þann hátt og þess efnis sem heppilegast er svo að fulltrúar starfsmanna geti hafið viðeigandi athugun og undirbúið samráð ef þess gerist þörf.

5. gr.

Samráð.

Í framhaldi af upplýsingagjöf skv. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. skal fulltrúum starfsmanna gefast kostur á samráði með því að eiga fund með atvinnurekanda og fá viðbrögð frá honum við því áliti sem þeir kunna að setja fram. Jafnframt skal atvinnurekandi gera fulltrúum starfsmanna grein fyrir ástæðum viðbragða sinna.

Samráð skv. 1. mgr. skal fara fram með þeim hætti að tryggt sé að tímasetning, fyrirkomulag og efni þess sé eins og við á hverju sinni. Skal samráðið eiga sér stað á grundvelli upplýsinga frá atvinnurekanda, sbr. 4. gr., og álits fulltrúa starfsmanna sem þeir kunna að setja fram.

Samráð skv. 1. mgr. skal eiga sér stað á viðeigandi stjórnunarstigi fyrirtækisins og með viðeigandi fyrirsvari eftir því hvaða efni er til umræðu.

Samráð varðandi ákvarðanir skv. c-lið 1. mgr. 4. gr. skal fara fram með það að markmiði að ná samkomulagi um ákvarðanirnar.

6. gr.

Samningar um upplýsingar og samráð.

Heimilt er með kjarasamningum eða samningum milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna að kveða á um tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja og eftir atvikum að víkja frá ákvæðum 4. og 5. gr. að því tilskildu að markmiða laganna sé gætt, sbr. 2. gr.

7. gr.

Undanþága frá skyldu til upplýsingagjafar og samráðs.

Atvinnurekanda er ekki skylt að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar eða að hafa við þá samráð ef upplýsingarnar eru samkvæmt hlutlægum viðmiðum þess eðlis að það geti valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins.

8. gr.

Trúnaðarupplýsingar og þagnarskylda.

Atvinnurekanda er heimilt að binda upplýsingar sem hann veitir fulltrúum starfsmanna trúnaði á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins.

Fulltrúum starfsmanna og sérfræðingum sem kunna að aðstoða þá er óheimilt að láta starfsmönnum eða öðrum í té trúnaðarupplýsingar skv. 1. mgr. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Vernd fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar starfsmanna skulu njóta sömu réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, vegna þeirra starfa sem þeir takast á hendur á grundvelli laga þessara.

10. gr.

Viðurlög.

Brot á þagnarskylduákvæði 8. gr. þegar trúnaðarupplýsingar eru látnar þriðja aðila í té varðar fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Brot á 4., 5. og 9. gr. laga þessara varða fésektum.

Fara skal með mál vegna brota skv. 1. og 2. mgr. að hætti opinberra mála.

11. gr.
Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins, sem vísað er til í 32. lið f XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 172/2002.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. skal gildissvið laganna fram til 1. mars 2008 takmarkast við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði lög til innleiðingar á efni tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Tilskipunin er hluti EES-samningsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002 frá 6. desember 2002. Skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar rann frestur til að samþykkja nauðsynleg lög eða stjórnsýslufyrirmæli eða tryggja að aðilar vinnumarkaðarins samþykktu nauðsynleg ákvæði til að hrinda tilskipuninni í framkvæmd út 23. mars 2005.

Efni tilskipunarinnar er á margan hátt þess eðlis að æskilegt hefði verið að innleiðing hennar hefði átt sér stað með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Félagsmálaráðuneytið fól á sínum tíma helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins að fjalla um hugsanlega innleiðingu tilskipunarinnar með kjarasamningum sín á milli. Í lok árs 2005 þótti fullreynt að aðilar næðu saman um efni samninga til innleiðingar á efni tilskipunarinnar og ljóst að ekki gæfist svigrúm til að veita þeim frekari tímafresti. Fól félagsmálaráðuneytið þá Rannsóknasetri vinnuréttar- og jafnréttismála við Viðskiptaháskólann á Bifröst að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á ákvæðum tilskipunarinnar hér á landi. Frumvarp þetta byggist á þeim drögum, en við gerð þess var haft samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Við gerð frumvarpsins var höfð hliðsjón af þeirri löggjöf sem þegar gildir hér á landi og varðar upplýsingagjöf, samráð og þátttöku starfsmanna og vísað er til í kafla IV hér á eftir. Þá var höfð hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2002/14/EB í norskan og danskan rétt, sbr. lög nr. 303/2005 í Danmörku (Lov om information og høring af lønmodtagere) og 8. kafla norsku vinnuumhverfislaganna nr. 62/2005 (Lov om arbeidsmiljø, arbeidstid og stillingsvern mv.). Fyrst og fremst var þó haft til hliðsjónar að reglur frumvarpsins innleiði með fullnægjandi hætti í íslenskan rétt þær reglur sem tilskipun 2002/14/EB mælir fyrir um, auk þess sem þeim aðilum sem reglurnar ná til verði veittur sveigjanleiki til að hrinda upplýsingagjöf og samráði í fyrirtækjum í framkvæmd hér á landi.

II. Tilskipun 2002/14/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 fjallar um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Með tilskipuninni er settur almennur rammi um meginreglur, skilgreiningar og tilhögun við miðlun upplýsinga

og samráð sem aðildarríkin þurfa að fara að og laga að aðstæðum heima fyrir. Þá er tilskipuninni ætlað að tryggja, eftir því sem við getur átt, leiðandi hlutverk atvinnurekenda og launafólks með því að heimila þeim að skilgreina í frjálsum samningum þá tilhögun við upplýsingar og samráð sem þeir telja að samrýmist best þörfum þeirra og óskum. Tilskipunin hefur heldur ekki áhrif á innlend kerfi sem fela í sér beina þátttöku launafólks svo fremi að það geti nýtt sér rétt sinn til upplýsinga og samráðs gegnum fulltrúa sína. Áréttað er í formálsorðum tilskipunarinnar að upplýsingar og samráð feli í sér bæði réttindi og skyldur atvinnurekenda og launafólks í fyrirtækjum og starfsstöðvum.

Tilskipunin felur í sér lágmarksreglur varðandi upplýsingagjöf og samráð við launafólk sem hindra þó ekki að aðildarríkin mæli fyrir um ákvæði sem séu því hagstæðari. Tilskipuninni er ekki ætlað að hafa áhrif á nánari sérreglur um upplýsingagjöf samkvæmt tilskipun ráðsins 98/59/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir, né samkvæmt tilskipun ráðsins 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar. Þá er henni ekki ætlað að hafa áhrif á annan rétt til upplýsinga og samráðs, þar með talinn rétt sem leiðir af tilskipun ráðsins 94/45/EB, um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn.

Í formálsorðum tilskipunarinnar er tekið fram að þeir lagarammar, innlendir og á vettvangi bandalagsins, sem er ætlað að tryggja að launafólk eigi hlut að málefnum fyrirtækisins sem það starfar hjá og ákvörðunum sem snerta það, hafi ekki alltaf komið í veg fyrir að mikilvægar ákvarðanir séu teknar og gerðar opinberar án þess að tilhlýðileg málsmeðferð hafi áður farið fram til að miðla upplýsingum til launafólks og hafa samráð við það. Þörf sé á að efla skoðanaskipti og gagnkvæmt traust innan fyrirtækja í því markmiði að bæta viðbúnað við áföllum og auka sveigjanleika í skipulagi vinnunnar. Einnig í því skyni að gera starfsmenn meðvitaðri um þörfina á aðlögun, auðvelda þeim að taka þátt í ráðstöfunum og aðgerðum sem auka ráðningarhæfi þeirra, stuðla að auknum áhrifum þeirra á rekstur og framtíð fyrirtækisins og auka um leið samkeppnishæfni þess. Einkum sé þörf á að styðja við og auka miðlun upplýsinga og samráð um stöðu og líklega þróun atvinnuástands innan fyrirtækisins. Einnig sé þörf á slíku þegar vinnuveitandi metur það svo að atvinnuöryggi sé ógnað innan fyrirtækisins, um mögulegan, fyrirhugaðan viðbúnað, einkum með tilliti til starfsþjálfunar og aukinnar færni launafólks, með það fyrir augum að vega á móti neikvæðri þróun eða afleiðingum hennar og auka ráðningarhæfi og aðlögunarhæfni launafólks sem líklegt er að þetta hafi áhrif á. Er tekið fram að upplýsingamiðlun og samráð í tæka tíð sé forsendan fyrir því að árangur náist við endurskipulagningu og aðlögun fyrirtækja að nýjum aðstæðum sem skapast vegna hnattvæðingar efnahagslífsins, einkum með þróun nýrra aðferða við skipulagningu vinnunnar.

Tekið er fram í formálsorðum tilskipunarinnar að forðast verði allar hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála og löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Því sé gildissvið hennar takmarkað, að vali aðildarríkjanna, við fyrirtæki með a.m.k. 50 starfsmenn eða starfsstöðvar þar sem a.m.k. 20 manns vinna. Þá skuli aðildarríki, þar sem ekki hefur verið komið á lögboðnu upplýsinga- og samráðskerfi fyrir launafólk eða fulltrúa þeirra, hafa þann möguleika til bráðabirgða að takmarka enn frekar gildissvið tilskipunarinnar að því er varðar fjölda launafólks. Er ein af forsendum tilskipunarinnar að bandalagsrammi fyrir upplýsingar til launafólks og samráð við það ætti að halda fyrirhöfn fyrirtækja eða starfsstöðva í lágmarki og tryggja um leið að þau réttindi sem veitt eru séu nýtt á skilvirkan hátt. Sérstaklega er tiltekið í formálsorðunum að fyrirtæki og starfsstöðvar skuli

vernduð gegn því að afhentar séu sérlega viðkvæmar upplýsingar auk þess sem að vinnuveitandanum skuli heimilt að veita ekki upplýsingar og hafa ekki samráð við tilteknar aðstæður sem nánar greinir í tilskipuninni.

III. Um efni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði þær reglur sem kveðið er á um í tilskipun 2002/14/EB. Frumvarpið fylgir í öllum meginatriðum efni tilskipunarinnar. Jafnframt er fylgt því markmiði hennar að leggja nánari útfærslu upplýsingagjafar og samráðs í hendur aðila vinnumarkaðarins auk þess sem lagt er til að unnt verði að útfæra reglurnar með samkomulagi á vinnustöðum, innan þeirra marka sem tilskipunin heimilar.

Markmið frumvarpsins er að setja meginreglur til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar og tryggja þannig rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum. Þar sem ekki er fyrir hendi sama hefð hér á landi fyrir slíku fyrirkomulagi og víða í nágrannaríkjum okkar fylgir frumvarpið lágmarksreglum tilskipunarinnar og gerir ráð fyrir tilteknum heimildum til aðlögunar að því er snertir stærð þeirra fyrirtækja sem falla undir gildissvið þess.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar fer það eftir vali aðildarríkjanna hvort þau afmarki gildissviðið með þeim hætti að miðað sé við fyrirtæki með a.m.k. 50 starfsmenn eða þannig að undir það falli starfsstöðvar sem hafi a.m.k. 20 starfsmenn í vinnu í einhverju aðildarríki. Hér er lagt til í samræmi við fyrri kostinn að undir gildissviðið falli fyrirtæki þar sem starfi að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Þá er samkvæmt heimild í tilskipuninni kveðið á um í ákvæði til bráðabirgða að fram til 1. mars 2008 takmarkist gildissvið laganna við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 manns.

Gert er ráð fyrir að trúnaðarmenn starfsmanna gegni meginhlutverki sem fulltrúar starfsmanna varðandi upplýsingar og samráð samkvæmt frumvarpinu. Einnig er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann velji sé sameiginlegan fulltrúa til þessara starfa. Heimilt er þó að ákveða annað fyrirkomulag með kjarasamningum auk þess sem samkomulag getur verið um aðra framkvæmd eða það helgast af venju innan fyrirtækis. Fulltrúar starfsmanna í framangreindum skilningi fara þannig með þau réttindi sem frumvarpið kveður á um í umboði starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis. Rétt þykir að veita með framangreindum hætti sveigjanleika varðandi það hvernig samráðinu verður hagað, auk þess sem svigrúm er fyrir hendi til að ákveða hvort samráðið fari fram í sérstökum samráðsnefndum og hvernig val á fulltrúum fari fram í stærri fyrirtækjum þar sem fjöldi trúnaðarmanna er til staðar.

Meginreglur frumvarpsins fjalla um skyldu fyrirtækja til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar og hafa við þá samráð varðandi tiltekin málefni. Atvinnurekendum ber þannig að veita starfsmönnum upplýsingar í þremur flokkum tilvika. Í fyrsta lagi varðandi þróun í starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í öðru lagi lýtur upplýsingaskyldan að atvinnumálum innan fyrirtækisins. Loks eiga fulltrúar starfsmanna rétt á upplýsingum um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna. Fer það nokkuð eftir efni þess máls sem er til umfjöllunar hverju sinni hvenær eðlilegt er að upplýsingarnar séu lagðar fram af hálfu atvinnurekandans. Í þeim tilvikum þar sem skylda til samráðs við fulltrúa starfsmanna er fyrir hendi er þó ávallt skilyrði að atvinnurekandinn hagi upplýsingagjöf sinni þannig að fulltrúar starfsmanna hafi raunverulega möguleika til að setja sig inn í málið og taka þátt í því samráði sem gert er ráð fyrir í framhaldinu. Skal fulltrúum starfsmanna þá gefast kostur á að hitta atvinnurekandann og fá viðbrögð frá honum við því áliti sem þeir kunna að setja fram. Jafnframt skal atvinnurekandi gera fulltrúum starfsmanna grein fyrir ástæðum viðbragða sinna.

Nauðsynlegt er að samráðið fari fram af hálfu atvinnurekandans á viðeigandi stjórnunarstigi fyrirtækisins, þannig að þeir fyrirsvarsmenn fyrirtækisins sem taka þátt í því komi að ákvarðanatöku varðandi það eða þau málefni sem samráðið lýtur að.

Sem fyrr segir er gert ráð fyrir að tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar verði útfærð nánar í kjarasamningum eða eftir atvikum með samkomulagi á milli fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda innan fyrirtækja. Er þá miðað við að kjarasamningar eða samningar milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna kveði á um tilhögun og framkvæmd upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja og eftir atvikum vikið frá ákvæðum 4. og 5. gr. að því tilskildu að markmiða frumvarps þessa sé gætt. Þar með er veitt enn frekara svigrúm og sveigjanleiki til að koma slíku fyrirkomulagi á innan fyrirtækja eða eftir atvikum til að nýta það fyrirkomulag sem þegar kann að vera fyrir hendi.

Meginreglan er sú að atvinnurekanda ber að veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og hafa síðan í framhaldi af því samráð við fulltrúa starfsmanna að því er snertir upplýsingar sem falla undir b- og c-lið ákvæðisins. Þar sem nauðsynlegt getur verið að undanþiggja tilteknar upplýsingar frá þessari skyldu er mælt fyrir um að í undantekningartilvikum geti atvinnurekandi látið hjá líða að veita slíkar upplýsingar, enda geti þær valdið alvarlegu tjóni eða röskun á starfsemi fyrirtækisins. Þá er einnig mælt fyrir um að atvinnurekandi geti við vissar aðstæður bundið upplýsingar sem hann veitir trúnaði. Fjallað er um málsmeðferð í 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/14/EB. Í síðarnefnda ákvæðinu er kveðið á um að með fyrirvara um gildandi, innlenda málsmeðferð skulu aðildarríkin kveða á um stjórnsýslu- eða réttarfarslega málsmeðferð að því er varðar þau tilvik þegar vinnuveitandi krefst þagnarskyldu, hefur bundið upplýsingar trúnaði eða veitir ekki upplýsingar. Ekki er kveðið sérstaklega á um málsmeðferð í frumvarpinu enda verður slíkum ágreiningsmálum samkvæmt almennum reglum skotið til úrlausnar almennra dómstóla líkt og öðrum ágreiningi varðandi framkvæmd laganna.

IV. Tengsl frumvarpsins við landsrétt.

Hér á landi hefur fram til þessa ekki verið fyrir hendi löggjöf sem mælir fyrir um jafnalmennan rétt til þátttöku í undirbúningi að ákvarðanatöku fyrirtækja og frumvarp þetta kveður á um. Þá hefur sem fyrr getur ekki verið til að dreifa hefð á íslenskum vinnumarkaði varðandi upplýsingagjöf eða samráð milli atvinnurekenda og launamanna, enda þótt einstaka tilvik finnist um slíkt. Almennt munu því réttindi launamanna í þeim fyrirtækjum sem falla undir gildissvið laganna aukast allnokkuð við lögleiðingu þeirra reglna sem felast í frumvarpinu.

Ákvæði frumvarpsins skerða ekki rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs samkvæmt gildandi reglum. Þau hafa þannig ekki áhrif á annan rétt til upplýsinga, samráðs og þátttöku starfsmanna sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2000, um hópuppsagnir, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Sama á við um gildissvið frumvarpsins gagnvart lögum nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, og lögum nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/14/EB er lagt til að undir gildissvið frumvarpsins falli fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn á innlendum vinnumarkaði, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið. Er það einnig í samræmi við 19. lið formála tilskipunarinnar þar sem fram kemur að gildissviðið skuli takmarkað til að

koma í veg fyrir hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem gætu staðið í vegi fyrir stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hugtakið „fyrirtæki“ er nánar skilgreint í 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin ákvarða aðferðina við að reikna út mörk um mannafla í fyrirtækjum. Í 2. mgr. er lagt til að félagsmálaráðherra verði falið að setja nánari ákvæði um útreikning á fjölda starfsmanna í reglugerð. Er gert ráð fyrir að þar verði starfsmenn í hlutastarfi lagðir að jöfnu við starfsmenn sem gegna fullu starfi. Hér er þó ekki átt við starfsmenn hjá hinu opinbera sem eru á tímakaupi. Á hinn bóginn hafi afleysingastarfsmenn vegna sumarfría, veikinda eða annarra fjarvista ekki áhrif við útreikning á fjölda starfsmanna. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að þar verði tiltekið tímabil sem starfsmannafjöldi fyrirtækis er miðaður við.

Ákvæði 3. mgr. byggist á 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar sem heimilar að vikið sé frá ákvæðum hennar með því að setja sérákvæði um áhafnir skipa sem sigla á úthöfum. Í samræmi við það er lagt til að lögin gildi ekki um áhafnir hafskipa. Með hugtakinu hafskip er átt við skip sem siglir á opnu hafi, þ.e. annað en það sem siglir eingöngu á innlendum vatnaleiðum, í landvari, á svæðum nærri landvari eða þar sem hafnarreglur gilda. Er hér byggt á skilgreiningu á hugtakinu sem er að finna í alþjóðasamþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá árinu 1978 sem fullgilt var af Íslands hálfu árið 1995. Sambærilega skilgreiningu og afmörkun á gildissviði er einnig að finna í b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst því markmiði frumvarpsins að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum sem falla undir gildissvið þess. Í samræmi við 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/14/EB er einnig tekið fram að markmiðið sé að stuðla að því að fulltrúar starfsmanna og fyrirtæki vinni í anda samvinnu við tilhögun og framkvæmd upplýsinga og samráðs, að teknu tilliti til hagsmuna beggja aðila. Er það því til áréttingar að frumvarpið felur í sér meginreglur sem gilda varðandi þetta efni en því er jafnframt ætlað að tryggja sveigjanleika í útfærslu og framkvæmd upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum hér á landi, með kjarasamningum eða samkomulagi milli beggja aðila innan fyrirtækja.

Um 3. gr.

Greinin hefur að geyma skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem fram koma í frumvarpinu.

Í 1. tölul. er að finna skilgreiningu á fulltrúum starfsmanna. Gert er ráð fyrir að trúnaðarmenn stéttarfélaga, sbr. I. kafla laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, fari í flestum tilvikum með þetta hlutverk, sbr. einnig V. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og eftir atvikum ákvæði um trúnaðarmenn í kjarasamningum. Þeir starfsmenn sem ekki eigi trúnaðarmann velji sér hins vegar sameiginlegan fulltrúa úr sínum hópi sem komi fram fyrir þeirra hönd. Þó er gert ráð fyrir að annað fyrirkomulag geti verið á því hverjir gegna hlutverki fulltrúa starfsmanna, sé mælt fyrir um slíkt í kjarasamningum, ef samkomulag er um aðra framkvæmd í fyrirtæki eða ef slíkt fyrirkomulag helgast af venju innan fyrirtækis. Er það í samræmi við skilgreiningu í e-lið 2. gr. tilskipunar 2002/14/EB sem og 5. gr. tilskipunarinnar þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðu svigrúmi við að ákvarða fyrirkomulag upplýsinga og samráðs.

Hugtakið fyrirtæki, sbr. 2. tölul., felur í sér mikilvæga afmörkun á gildissviði frumvarpsins. Í a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/14/EB er tekið fram að fyrirtæki í skilningi tilskipunarinnar sé „opinbert fyrirtæki eða einkafyrirtæki sem stundar atvinnustarfsemi hvort sem er í hagnaðarskyni eða ekki, og er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkjanna“. Sú skilgreining sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við þetta. Jafnt opinber fyrirtæki sem einkafyrirtæki geta því fallið þarna undir, en hugtaksskilyrði er að viðkomandi fyrirtæki stundi atvinnurekstur. Opinberar stofnanir sem hafa með höndum stjórnsýsluverkefni falla utan hugtaksins, enda geta slíkar stofnanir ekki talist stunda atvinnustarfsemi eða rekstur í framangreindum skilningi.

Hugtakið samráð, sbr. 3. tölul., felur í sér að viðræður og skoðanaskipti eiga sér stað milli fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda, en í því felst virk þátttaka af hálfu beggja aðila.

Hugtakið upplýsingar, sbr. 4. tölul., skýrir sig að mestu leyti sjálft. Gert er ráð fyrir að upplýsingagjöfin af hálfu atvinnurekandans geti eftir eðli máls ýmist verið í formi gagna sem afhent verði fulltrúum starfsmanna, farið fram munnlega eða hvorutveggja. Er gert ráð fyrir að fyrirkomulagið fari að þessu leyti eftir samkomulagi innan fyrirtækja eða venju.

Um 4. gr.

Greinin byggist á 4. gr. tilskipunar 2002/14/EB sem er meginákvæði tilskipunarinnar.

Í a-lið 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu atvinnurekanda til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar um nýlega og líklega þróun er varðar starfsemi og fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Er hér átt við almennar upplýsingar, svo sem varðandi stöðu fyrirtækisins á markaði, framleiðslu og samkeppnisstöðu þess.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. fjallar um upplýsingaskyldu varðandi atvinnumál innan fyrirtækisins. Hér er ekki átt við upplýsingar um einstaklingsbundnar ákvarðanir heldur almennar upplýsingar af hálfu atvinnurekanda um stöðu atvinnumála innan fyrirtækisins. Hér getur sem dæmi fallið undir ef fyrirtækið tekur í notkun nýja tækni sem leiðir til fækkunar á starfsmönnum, úthýsir hluta af starfsemi sinni eða hyggst segja upp hópi starfsmanna til hagræðingar.

Í c-lið 1. mgr. er kveðið á um upplýsingaskyldu atvinnurekanda varðandi ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á samningum við starfsmenn. Með verulegum breytingum á skipulagi vinnunnar er til dæmis átt við verulegar breytingar á vinnutíma sem varða stóran hluta starfsmanna. Með verulegum breytingum á ráðningarsamningum við starfsmenn er átt við verulegar breytingar á ráðningarfyrirkomulagi, t.d. ef tekin er upp hlutavinna.

Ákvæði 2. mgr. byggist á 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Þar sem upplýsingar af hálfu atvinnurekanda skv. a-lið 1. mgr. kalla ekki á samráð er eðlilegt að atvinnurekendur hafi meira svigrúm í þeim tilvikum varðandi tímasetningu upplýsingagjafarinnar. Upplýsingar sem veittar eru skv. b- og c-lið 1. mgr. þurfa á hinn bóginn að vera lagðar fram með þeim fyrirvara, miðað við eðli máls, að raunverulegt samráð geti átt sér stað. Í þessu felst jafnframt að upplýsingarnar þurfa að vera settar fram á nægilega skýran hátt þannig að fulltrúar starfsmanna geti athugað málið og undirbúið samráðið.

Þar sem frumvarpið tekur til margvíslegra fyrirtækja bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði þykir ekki rétt að lögbinda nánar hvernig upplýsingagjöfin fer fram, en gert er ráð fyrir að nánari útfærsla hennar fari samkvæmt kjarasamningum eða samkomulagi milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna. Þá er í 6. gr. frumvarpsins mælt fyrir um heimild til að víkja frá tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar samkvæmt þessu ákvæði.

Um 5. gr.

Greinin byggist eins og 4. gr. frumvarpsins á 4. gr. tilskipunar 2002/14/EB. Samráð milli fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda á sér stað, sbr. 1. mgr., í framhaldi af upplýsingagjöf skv. b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. Það fer eftir því efni sem til umræðu er hvort fullnægjandi er að samráð eigi sér stað á einum fundi eða hvort fleiri samráðsfundi þarf til. Fulltrúar starfsmanna eiga rétt á viðbrögðum af hálfu atvinnurekenda og skýringum hans láti þeir álit sitt í ljós, hvort sem það er sett fram munnlega eða skriflega af þeirra hálfu. Í samræmi við a-lið 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. veitt talsvert svigrúm við mat á því hvenær og með hvaða hætti samráð fer fram, en það fer eftir því efni sem til meðferðar er hverju sinni hvaða kröfur verða gerðar í því sambandi. Atvinnurekanda ber þó ávallt skylda til að veita upplýsingar skv. 4. gr. og skal samráðið byggjast á þeim upplýsingum sem og áliti fulltrúa starfsmanna sem þeir kunna að setja fram. Jafnframt ber atvinnurekanda að hafa samráð áður en endanleg ákvörðun hefur verið tekin af hans hálfu um þá ráðstöfun sem upplýsingarnar og samráðið lýtur að, sbr. til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins frá 27. janúar 2005 í máli C-188/03, *Irmtraud Junk c. Wolfgang Kühnel als Insolvenzverwalter über das Vermögen der Firma AWO*. Í samræmi við b-lið 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er í 3. mgr. mælt fyrir um að samráð skuli eiga sér stað á viðeigandi stjórnunarstigi fyrirtækisins og með viðeigandi fyrirsvari af hálfu atvinnurekandans. Það fer eftir því málefni sem er til umfjöllunar hverju sinni hvað getur talist viðeigandi í þessu tilliti. Felst í þessu að þeir fyrirsvarsmenn fyrirtækisins sem taka þátt í samráðinu komi að ákvörðun þess um það eða þau málefni sem til umfjöllunar eru.

Í 4. mgr. er kveðið á um að samráð um ákvarðanir sem líklegt er að leiði til verulegra breytinga á skipulagi vinnunnar eða á ráðningarsamningum starfsmanna skuli hafa það að markmiði að ná fram samkomulagi um ákvarðanirnar, sbr. e-lið 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Árétta ber þó hér að samráðið sem mælt er fyrir um í greininni og það að þess skuli freistað að ná fram samkomulagi um tiltekin efni breytir því ekki að endanlegt ákvörðunarvald hvílir ávallt á atvinnurekandanum á grundvelli almenns stjórnunarréttar hans innan fyrirtækisins.

Líkt og fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er varðar upplýsingagjöfina er gert ráð fyrir að um nánari framkvæmd samráðs fari samkvæmt kjarasamningum eða samkomulagi á vinnustað, auk þess sem frekari heimild til frávika er að finna í 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í samræmi við heimild 5. gr. tilskipunar 2002/14/EB er í greininni mælt fyrir um heimild til að kveða í kjarasamningum eða samningi milli atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna nánar á um tilhögun og framkvæmd upplýsingagjafar og samráðs og eftir atvikum að víkja frá því fyrirkomulagi upplýsingagjafar og samráðs sem greinir í 4. og 5. gr. frumvarpsins. Sé heimild um frávik nýtt ber að koma á virku skipulagi upplýsingagjafar og samráðs í samræmi við þær meginreglur sem getið er í 1. gr. tilskipunarinnar, sbr. einkum 3. mgr. ákvæðisins sem og markmiðsákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um heimild atvinnurekenda til að láta ekki upplýsingar af hendi og hafa ekki samráð við fulltrúa starfsmanna í vissum undantekningartilvikum. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/14/EB er slíkt aðeins heimilt þegar slíkar upplýsingar og samráð eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðum, að það geti valdið alvarlegu tjóni eða

röskun á starfsemi fyrirtækisins. Undir ákvæðið fellur t.d. ef upplýsingagjöf mundi geta haft áhrif á stöðu fyrirtækis á markaði. Heimildina verður að skýra fremur þröngt, meðal annars með vísan til þess að skv. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði. Unnt er að bera ágreining um lögmæti ákvörðunar samkvæmt þessari grein undir almenna dómstóla, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Einnig getur varðað sektum að undanskilja upplýsingar sem skylt er að láta af hendi, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæðið á sér samsvörun í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/14/EB. Mælt er fyrir um þagnarskyldu fulltrúa starfsmanna og eftir atvikum sérfræðinga sem koma þeim til aðstoðar varðandi þær upplýsingar sem fyrirtækið hefur bundið trúnaði á grundvelli lögmætra hagsmuna fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar starfsmanna geti leitað aðstoðar sérfræðinga þegar þörf krefur, en ekki er gert ráð fyrir að þeir taki þátt í hinu eiginlega samráði sem fer fram milli fulltrúa starfsmanna og atvinnurekanda. Með lögmætum hagsmunum fyrirtækisins er fyrst og fremst átt við sjónarmið viðskiptalegs eðlis og samkeppnissjónarmið. Sem dæmi má nefna upplýsingar um að fyrirtæki eigi í fjárhagslegum örðugleikum eða um væntanlega sölu þess. Slíkar upplýsingar geta eftir aðstæðum verið þess eðlis að eðlilegt sé að krefjast þess að farið sé með þær sem trúnaðarmál.

Í samræmi við framangreint ákvæði 6. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. mælt fyrir um að þagnarskyldan hvíli áfram á fulltrúum starfsmanna og sérfræðingum sem aðstoða þá eftir að látið er af störfum.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna sem annast fyrirsvar samkvæmt lögunum skuli njóta verndar og trygginga við störf sín og þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt greininni liggja fésektir við þeirri háttsemi sem þar er tilgreind, en skv. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/14/EB ber aðildarríkjunum að kveða á um að unnt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef atvinnurekandi eða fulltrúar starfsmanna brjóta gegn ákvæðum tilskipunarinnar. Skulu viðurlögin vera áhrifarík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til viðurlagaákvæða 22. gr. laga nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, og 34.–35. gr. laga nr. 61/1999, um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum. Í 1. mgr. er að finna refsiákvæði sem einkum getur varðað fulltrúa starfsmanna. Er þar kveðið á um að það varði fésektum að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Rétt er að minna hér á að unnt er að skjóta ágreiningi um hvort heimilt sé að binda upplýsingar trúnaði til dómstóla, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð og mælt fyrir um að brot gegn ákvæðum um upplýsingar og samráð varði fésektum. Dæmi um slíkt er ef atvinnurekandi leynir fulltrúa starfsmanna upplýsingum eða gefur þeim rangar upplýsingar sem hafa áhrif á samráð skv. 5. gr. Sama máli gegnir ef brotið er gegn reglum um vernd fulltrúa starfsmanna skv. 9. gr.

Um 11. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2002/14/EB, þar sem segir að þegar aðildarríkin samþykki ráðstafanir til að hrinda henni í framkvæmd skuli vera í þeim tilvísun í tilskipunina eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og vísað hefur verið til áður felur frumvarpið í sér nýtt fyrirkomulag hér á landi um skyldu atvinnurekenda til að veita starfsmönnum upplýsingar og hafa við þá samráð um tiltekin efni sem varða rekstur, starfsemi og ákvarðanatöku innan fyrirtækja. Þykir því rétt að nýta þær aðlögunarheimildir sem tilskipun 2002/14/EB heimilar varðandi fjölda starfsmanna í fyrirtækjum er falli undir gildissvið efnisreglna hennar, sbr. bráðabirgðaákvæði 10. gr. tilskipunarinnar. Er þar heimilað að miða gildissviðið fram til 23. mars 2007 við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 150 starfsmenn og næsta ár þar á eftir við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn. Í samræmi við þessar heimildir er lagt til að aðlögunin hér á landi verði þannig að miðað verði við að efni frumvarpsins takmarkist við fyrirtæki þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 100 starfsmenn fram til 1. mars 2008.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/14/EB, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna innan Evrópubandalagsins og samráð við þá. Tilskipunin var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2002. Frumvarpið fylgir í öllum meginatriðum efni tilskipunarinnar en markmið hennar er að tryggja rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 50 starfsmenn. Gert er þó ráð fyrir að fram til 1. mars 2008 takmarkist gildissvið laganna við fyrirtæki þar sem starfa a.m.k. 100 starfsmenn að jafnaði.

Meginreglur frumvarpsins fjalla um skyldu fyrirtækja til að veita fulltrúum starfsmanna upplýsingar og samráð sem skal við þá haft varðandi tiltekin málefni er lúta t.d. að fjárhagsstöðu fyrirtækisins, breytingu á vinnuskipulagi og starfsmannafjölda eða á ráðningarsamningum starfsmanna.

Ekki er gert ráð fyrir að löggilding frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1080. Frumvarp til laga [744. mál]

um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun, tækniþróun og nýsköpun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði í landinu öllu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Stefna stjórnvalda í vísindum, tækni, nýsköpun og atvinnuþróun skal mörkuð af Vísinda- og nýsköpunarráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun á þessum sviðum skal undirbúin af vísindanefnd og nýsköpunarnefnd.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Forsætisráðherra skipar 16 menn í Vísinda- og nýsköpunarráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar en 14 samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila.
b. Í stað orðsins „tvo“ í 2. mgr. kemur: fjóra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. og 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
b. Í stað orðsins „tækninefnd“ kemur (í viðeigandi beygingarfalli): nýsköpunarnefnd.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Vísinda- og nýsköpunarráð.**

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994:* Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráðs“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Vísinda- og nýsköpunarráðs.
2. *Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003:* Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ í 1. mgr. 2. gr., 1. og 7. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
3. *Lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 4/2003:*

a. Í stað orðanna „Vísinda- og tækniráð“ í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Vísinda- og nýsköpunarráð.
b. Í stað orðanna „tækninefndar Vísinda- og tækniráðs“ í a- og b-lið 1. mgr. 6. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): nýsköpunarnefndar Vísinda- og nýsköpunarráðs.
c. Í stað orðsins „tækninefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: nýsköpunarnefnd.

Ákvæði til bráðabirgða.

Forsætisráðherra skipar tvo menn í Vísinda- og nýsköpunarráð frá 1. september 2006 til 31. mars 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vísinda- og tækniráð varð til með lögum nr. 2/2003. Markmiðið með stofnun stefnumótandi ráðs um vísindi, tækniþróun og nýsköpun undir forustu forsætisráðherra og með þátttöku fleiri ráðherra var að samhæfa stefnumótun sem um langt skeið hafði verið á ábyrgð einstakra fagráðuneyta. Sú stefnumótun hafði að mestu leyti verið án heildarsamræmingar þeirra á milli.

Á þeim þremur árum sem ráðið hefur starfað hefur komið ótvírætt í ljós að starfsemi þess hefur leitt til raunverulegrar samhæfingar og veigamikilla breytinga. Meðal annars hefur skilningur aukist á mikilvægi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir. Tekist hefur að samræma ólík sjónarmið ráðuneyta og skapa aukinn skilning og tengsl milli háskóla og fyrirtækja. Þá hefur samhæfing opinberra samkeppnissjóða verið árangursík.

Að frumkvæði Vísinda- og tækniráðs hefur verið unnið að sameiningu rannsóknastofnana. Forsætisráðherra hefur lagt fram frumvarp um stofnun Matvælarannsókna hf. sem á að geta leyst af hendi verkefni sem nú eru hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsóknum Keldnaholti. Einnig var fyrirkomulag stofnana iðnaðarráðuneytisins tekið til endurmats og er niðurstaðan sú að sameina beri Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Byggðastofnun í nýja stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Með sameiningunni er stigið skref til að sameina og samþætta tæknirannsókir og stuðningsumhverfi atvinnulífsins.

Atvinnuþróunarstarfsemi nær aftur á móti út fyrir verksvið iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og krefst því samstöðu fleiri ráðuneyta sem koma að atvinnu- og efnahagsþróun. Því er lagt til í frumvarpi þessu að víkka út starfsemi Vísinda- og tækniráðs þannig að það taki til umfjöllunar málefni atvinnuþróunar auk málefna vísinda, tækni og nýsköpunar eins og nú. Útvíkkun starfsemi Vísinda- og tækniráðs með þessum hætti eykur þýðingu þess í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í atvinnuþróun. Vegna þessarar viðbótar við verksvið ráðsins er lagt til að nafn þess taki breytingum til samræmis og það nefnt Vísinda- og nýsköpunarráð.

Þá er gerð tillaga um að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo sem forsætisráðherra skipi án tilnefningar. Jafnframt er gert ráð fyrir að forsætisráðherra verði heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja nú.

Ef hugmyndir þessar ná fram að ganga verða tvær nefndir, eftir sem áður, starfandi á vegum ráðsins sem undirbúa málefni á milli funda þess. Annars vegar er vísindanefnd sem undirbýr stefnu stjórnvalda á sviði grunnvísindarannsókna og hagkvæmra vísindarannsókna. Hins vegar verður nýsköpunarnefnd sem undirbýr stefnu á sviði tækni, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Náið samstarf þarf að vera á milli þeirra, enda um eina samfellda stefnu að ræða. Sú stefna þarf að taka til þátta sem fram til þessa hafa ekki verið á dagskrá ráðsins.

Markmiðið er að vísinda- og nýsköpunarstefna ríkisstjórnarinnar geti orðið svo heildstæð að ýmiss konar sértækari stefnumótun væri samræmd við hana eða félli jafnvel inn í hana. Hér er m.a. vísað til stefnumótandi byggðaáætlunar sem er á verksviði iðnaðarráðuneytis. Byggðaáætlunin byggist nú þegar að talsverðu leyti á stefnu Vísinda- og tækniráðs og tekið er tillit til fjarskiptaáætlunar og stefnu í sveitarstjórnarmálum, svo dæmi séu nefnd. Atvinnupólitísk stefnumótun Vísinda- og nýsköpunarráðs gæti orðið samnefnari slíkrar afmarkaðri stefnumótunar.

Vísinda- og tækniráð stefnir að því að ljúka endurskoðun á stefnu sinni í lok maí 2006. Gert er ráð fyrir að ákvæði þessa frumvarps taki gildi 1. september 2006 og skipi þá forsætisráðherra tvo nýja fulltrúa, svo sem áður var nefnt, til setu í ráðinu til loka mars 2009. Á fundi ráðsins í desember 2006 mun ráðið væntanlega fara yfir stefnu sína með hliðsjón af útvíkkuðu hlutverki þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að markmiðum laganna verði breytt þannig að þeim verði framvegis einnig ætlað að efla nýsköpun og með því móti verði samkeppnisstaða atvinnulífsins styrkt og stuðlað að auknum lífsgæðum í landinu öllu.

Um 2. gr.

Vísinda- og nýsköpunarráði er ætlað að marka stefnu stjórnvalda í vísindum, tækni, nýsköpun og atvinnuþróun. Nýsköpun og atvinnuþróun bætast við þau mál sem ráðinu er ætlað að móta stefnu um. Er þetta í samræmi við ný markmið laganna.

Um 3. gr.

Til samræmis við það að málaflokkurinn sem Vísinda- og nýsköpunarráði er ætlað að móta stefnu um er umfangsmeiri en sá málaflokkur sem Vísinda- og tækniráð mótar stefnu um samkvæmt gildandi lögum er lagt til að nefndarmenn í Vísinda- og nýsköpunarráði verði fleiri en nú eru í Vísinda- og tækniráði. Er lagt til að nefndarmönnum verði fjölgað úr 14 í 16. Lagt er til að forsætisráðherra skipi þá tvo er bætast við án tilnefningar. Er við það miðað að þeir komi úr atvinnulífinu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst getur við hagnýtingu rannsókna. Með þessu opnast sá möguleiki að skipa í ráðið menn sem eru starfandi í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þá er forsætisráðherra heimilt að kveðja allt að fjóra ráðherra til setu í ráðinu í stað tveggja nú, til viðbótar þeim ráðherrum sem eiga fasta setu í ráðinu.

Um 4. gr.

Lagt er til að heiti tækninefndar verði breytt í nýsköpunarnefnd. Er það í samræmi við stærra hlutverk nefndarinnar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að heiti laganna verði breytt. Vísinda- og tækniráð mun eftir gildistöku laganna heita Vísinda- og nýsköpunarráð. Eru breytingarnar á heiti laganna og heiti ráðsins í samræmi við það viðbótarhlutverk sem ráðinu er ætlað með lagabreytingunni.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð.

Með frumvarpinu er lagt til að verksvið núverandi Vísinda- og tækniráðs samkvæmt lögum nr. 2/2003 verði útvíkkað svo það nái einnig til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Jafnframt eru tillögur um nafnabreytingar, sem undirstrika útvíkkað svið, og fjölgun í ráðinu um tvo fulltrúa. Seta í ráðinu er ólaunuð og gerir fjármálaráðuneytið því ekki ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á kostnað ríkisins verði það að lögum.

1081. Frumvarp til laga [745. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á þjóðvegum skal farið að viðkurkenndum öryggisstöðlum og þess gætt að þeir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni.

2. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við gerð vegáætlunar skal taka mið af vegrýni út frá öryggissjónarmiðum.

3. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í vegáætlun skulu taldir upp þeir veghönnunarstaðlar sem notaðir skulu við vegagerð á því tímabili sem áætlunin nær til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveimur síðustu löggjafaþingum en varð þá eigi útrætt. Það er því endurflutt með þeirri viðbót að lögð er til breyting á 18. gr. um vegrýni við gerð vegáætlunar og forgangsröðun framkvæmda út frá öryggissjónarmiðum.

Með bættu vegakerfi og auknum hraða hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni. Gegn þeirri geigvænlegu þróun þarf að vinna með öllum tiltækum ráðum og ekki síst horfa til allra hugsanlegra öryggisþátta við hönnun og lagningu vega. Markmið

þessa frumvarps er að lögfesta að ávallt sé þess gætt við gerð þjóðvega að öryggi vegfarenda verði sem best tryggt.

Vegagerðin hefur markað sérstaka stefnu í umferðaröryggismálum, þar sem m.a. er lögð áhersla á að hafa öryggissjónarmið í fyrirrúmi við hönnun, lagningu, viðhald og þjónustu vega. Jafnframt er lögð áhersla á að miðla upplýsingum um ástand vega og akstursaðstæður til vegfarenda í því augnamiði að auka öryggi í umferðinni. Enn fremur er merkingum hagað þannig að þær stuðli að auknu öryggi. Sett hafa verið fram markmið um fækkun umferðarslysa fram til ársins 2012 og er framkvæmdaáætlunum hagað í samræmi við þau markmið. Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að auknu öryggi allra vegfarenda á þjóðvegum landsins auk þess að styðja við og styrkja innra starf Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.

Á undanförnum árum hefur þjóðvegakerfi landsins batnað mikið. Nýir vegir hafa verið byggðir upp sem eru gjörólíkir eldri vegum hvað snertir þægindi og öryggi í notkun. Kröfur þeirra sem nota vegina hafa líka aukist mikið. Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta. Í frumvarpinu felst ekki breyting á íslenskum rétti enda hvílir slík skylda óumdeilanlega á framkvæmdaraðilum á grundvelli óskráðra réttarreglna. Það að ákvæði um þessa skyldu sé sett inn í vegalög getur þó haft áhrif í þá átt að gerðar verði auknar kröfur um þessi atriði.

Flutningsmenn telja að ekki sé hægt að ganga lengra en hér er gert í að skylda framkvæmdaraðila til að mæta ýtrustu kröfum um öryggi við hönnun og lagningu vega. Ávallt verður eitthvert mat að fara fram og má lagatextinn ekki binda hendur framkvæmdaraðila um of. Því er lagt til að þeim verði veitt svigrúm til að framkvæma slíkt mat með tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni að því tilskildu að gerð sé vegrýni og framkvæmdir séu í samræmi við viðurkennda öryggisstaðla. Ákvæði 1. gr. vekur því ekki upp hlutlæga skyldu framkvæmdaraðila, heldur verður ábyrgð þeirra áfram matskennd að einhverju leyti.

Ákvæði 1. gr. er takmarkað við þjóðvegi samkvæmt upptalningu í III. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Áfram munu því óskráðar réttarreglur gilda um gerð annarra vega.

Við vegagerð, eins og aðrar stórar verklegar framkvæmdir, er stuðst við viðurkennda staðla hvað varðar uppbyggingu vega og við mat á nauðsyn öryggisbúnaðar. Þannig er það ekki og má ekki vera háð breytilegum ákvörðunum ráðamanna hvaða kröfur skal gera um slík atriði við gerð vega hverju sinni.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að svokölluð vegrýni, þ.e. ákveðnir öryggisstaðlar, verði fest í lög. Nokkru slíkir staðlar eru til og vinnur FÍB að úttekt á hluta þjóðvegakerfisins eftir slíkri vegrýni (EuroRap).

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun. Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra.

Alvarlegustu afleiðingar umferðarslysa verða þegar bílar lenda hvor framan á öðrum. Samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa verða þessi slys þegar ökumenn missa stjórn á ökutæki – oft vegna hálku eða snjóa, sofna við stýri eða missa einbeitingu við aksturinn. Því verða þessi óhöpp hvar sem er á þjóðvegum landsins. Í Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða 2+1 vegi með vegrið á milli akstursstefna, en það eru vegir sem auðvelda framúrakstur og hindra árekstra. Þessi útfærsla eykur umferðaröryggi um leið og hún eykur umferðarrýmd veganna. Í Svíþjóð hafa verið lagðir meira en 1.000 km af þessum vegum og hefur banaslysum á þeim fækkað um 90%. Þessar og aðrar upplýsingar koma fram í skýrslu Línuhönnunar hf. sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar og kom út árið

2001. Skýrslan gefur ástæðu til að ætla að svokallaðir 2+1 vegir séu vænlegur kostur við nýbyggingar vega og lagfæringar á eldri vegum hér á landi.

Margt mætti telja upp sem þarfnast sérstakrar aðgæslu við hönnun vega og vegagerð. Þekktum slysavöldum frá vegagerð fyrri tíma þarf að útrýma, svo sem einbreiðum brúm, og úrbætur á svokölluðum „svörtum blettum“ í vegakerfinu verður að setja í forgangsröð við gerð samgönguáætlunar.

Þau svæði sem liggja að þjóðvegum landsins þarf að móta með tilliti til öryggis ökumanna ef útafakstur og slys ber að höndum. Háir kantar, skurðir og gil auka líkur á alvarlegum slysum á fólki við útafakstur eða bílveltur. Brattar brekkur, brattar hlíðar, vegir við sjó og vötn og knappar beygjur kalla á vegrið í meira mæli en sett hafa verið upp til þessa.

Alvarlegustu árekstrar í þéttbýli eru á gatnamótum. Hönnun gatnamóta fer eftir umferðarþunga og þar verða öryggissjónarmið að vega þungt í stað þess að meta hönnun að mestu leyti eftir kostnaði við mannvirkið.

Úttekt á umhverfi vega út frá öryggissjónarmiðum hefur verið í þróun í Evrópu um margra ára skeið og hefur nú náð viðurkenndum stöðlum, t.d. EuroRap. Öryggiskerfið kallast vegrýni á íslensku og hefur FÍB fengið aðstoð við að kortleggja hluta þjóðvegakerfisins eftir slíkum stöðlum. Víða má sjá alvarlegar slysagildrur við hönnun vega og brúa, sjálfra mannvirkjanna eða við frágang og landslag með fram vegum. Mikið fræðslu- og forvarnastarf er sífellt unnið á sviði umferðaröryggismála og ekki vafi á að allt slíkt skilar árangri. En forvarnir felast ekki eingöngu í fræðslu heldur einnig og ekki síður í hönnun og gerð þess umhverfis sem umferðinni er búið. Þar verður að tryggja öryggi til hins ýtrasta.

Fylgiskjal.

Línuhönnun:

Úr skýrslu Línuhönnunar, verkfræðistofu, til Vegagerðarinnar.

(Júní 2001.)

Útfærsla 2+1 vegar er í aðalatriðum þannig:

- Tvær akreinar eru í aðra áttina og ein akrein í hina.
- Með u.þ.b. 1–1,5 km millibili er akreinafjöldanum víxlað milli akstursstefna (sjá myndir 1 og 2).
- Til að aðgreina akstursstefnurnar og auka þannig öryggi eru settir víraleiðarar á milli akstursstefna (sjá mynd 1).



Mynd 1: Skýringarmynd 2+1 vegar. Tvær akreinar í aðra áttina, ein í hina. Víxlast á rúmlega 1 km fresti. Víraleiðari aðgreinir akstursstefnur (rautt). Öryggissvæði er milli akstursstefna þegar akreinum fækkar úr tveimur í eina.



Mynd 2: Skýringarmynd 2+1 vegar í Þýskalandi /Meewes et al./

1082. Frumvarp til laga [746. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

1., 2., 3. og 4. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

Orðin „sinubrennur eða“ í 6. gr. laganna, er verður 2. gr., falla brott.

3. gr.

Orðin „sinubrennur og“ í fyrirsögn laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fyrir á 126. löggjafarþingi (þskj. 186, 178. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Ár hvert verður verulegt tjón á gróðri og mannvirkjum af völdum elda sem kveiktir hafa verið til að brenna sinu. Hætta á óbætanlegum umhverfisspjöllum hefur oft vofað yfir vegna elda sem hafa verið kveiktir til að eyða sinu.

Hætta á umhverfistjóni eykst ár frá ári vegna stækkandi skógarreita. Einnig hefur hætta á skemmdum á mannvirkjum aukist mikið vegna fjölgunar sumarhúsa og mannvirkja sem tengd eru notkun þeirra og útivist. Menn hefur nokkuð greint á um nytsemi þess að brenna sinu. Rannsóknir á áhrifum sinubruna á gróðurfar hafa ekki verið miklar en þó eru til rannsóknir sem gefa vísbendingar um að einhver jákvæð áhrif verði af sinubruna. Fækkun sauðfjár og þar af leiðandi minna beitarálag á högum hefur dregið úr þörf bænda fyrir því að flýta grassprettu og engin þörf er fyrir sinubrennur á löndum sem notuð eru til hrossabeitar.

Hagur bænda af sinubrennslu virðist ekki vera augljós en hætta sú sem stafar af þeim eldum sem loga víðs vegar um sveitir landsins á hverju vori er afar mikil og vaxandi. Þess vegna er lagt til að sinubrennur verði bannaðar.

Með frumvarpinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Sinubruni og rannsóknir á áhrifum hans. Sturla Friðriksson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
II. Áhrif sinubruna á gróður og jarðvegshita, tilraun á Hvanneyri árin 1965–1969. Árni Snæbjörnsson, Búnaðarfélagi Íslands.
III. Áhrif sinubruna á smádýralíf. Guðmundur Halldórsson, Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá.
IV. Athugun á vistfræðilegum áhrifum sinubruna. Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Magnús H. Jóhannsson, Líffræðistofnun Háskólans.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þingskjali 186, 178. mál 126. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 1024–1038.

1083. Tillaga til þingsályktunar [747. mál]

um að undirbúa skráningu miðhálendis Íslands sem heimsminja UNESCO.

Flm.: Helgi Hjörvar, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að setja miðhálendi Íslands á yfirlitsskrá yfir þá staði sem ætlunin er að skrá sem heimsminjar UNESCO og fela heimsminjanefnd Íslands að undirbúa umsókn þar að lútandi.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn leggja áherslu á að kannað verði til hlítar hvort skrá megi miðhálendi Íslands í heild sinni eða tilteknar náttúru-, menningar eða landslagsheildir þess á heimsminjaskrá UNESCO. Hin síðari ár hefur færst í vöxt að á heimsminjaskrá séu sett heilu landsvæðin sem af menningarlegum eða náttúrufarslegum ástæðum eru talin svo sérstæð að teljist til sameiginlegrar arfleifðar mannsins. Ágætt dæmi um þetta er fyrirhuguð umsókn norskra stjórnvalda um að ytri hluti Lofoten komist á heimsminjaskrá UNESCO en þeir telja að þar fari saman einstök náttúra og menning sem eigi sér fáar hliðstæður í heiminum. Annað dæmi er Laponia-svæðið í Norður-Svíþjóð sem samanstendur af fjórum þjóðgörðum og tveimur friðlýstum svæðum og er eitt stærsta svæði í Evr-

ópu með nánast ósnertri náttúru. Flest bendir til að miðhálendi Íslands sé einmitt slík heild, með þeim margvíslegu náttúrufyrirbærum og náttúruperlum sem þar er að finna.

Hin ósnortnu víðerni hálendisins eru ekki aðeins sérstæð vegna óvenjulegrar náttúrufegurðar, heldur er þar að finna margvíslegt, sérstætt náttúrufar. Helgast sumt af því að flekamót Evrasíu- og Norður-Ameríkuflekans liggja um hálendið frá suðvestri til norðausturs og rekur þá hvorn frá öðrum um 2 cm á ári og má sjá landris og gliðnun hér á landi sem hvergi annars staðar í heiminum er jafnsýnileg og aðgengileg. Jarðhiti ásamt með samspili jökla og vatnaleiða setja einnig mark sitt á svæðið. Þá er þar að finna sérstæðar jarðmyndanir, eldstöðvar og sjaldgæft gróðurfar, auk þess sem þar eru stórar varpstöðvar fugla og búsvæði hreindýra svo eitthvað sé nefnt.

Fá mannvirki er að finna á miðhálendinu sem gefur því aukið gildi. Það felur í sér lífsgæði þau sem verða æ eftirsóknarverðari í nútímasamfélagi sem er náttúruupplifun, ómenguð af iðn- og tæknivæðingu samfélagsins. Þau mannvirki sem þar eru, svo sem vegir og virkjanir, eiga þó ekki að varna skráningu svæðisins og skráning þess kæmi ein og sér heldur ekki í veg fyrir frekari mannvirkjagerð þar né starf að endurheimt landgæða, en mundi kalla á skipulag og áætlanir um hvernig Ísland hyggist vernda og hlúa að þeirri einstæðu perlu sem miðhálendið er.

Heimsminjaskrá UNESCO.

Árið 1972 var gerður samningur á þingi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Samningurinn grundvallast á þeirri forsendu að ákveðnir staðir á jörðinni hafi sérstakt alþjóðlegt gildi og eigi sem slíkir að tilheyra sameiginlegri arfleifð mannkynsins og hann er einstakur að því leyti að í honum eru náttúruvernd og friðun menningarminja tengd saman í einu skjali. Með samningnum viðurkenndu ríki nauðsyn verndunar, þar sem það er talið skaða arfleifð allra þjóða heims ef einhver hluti hinnar menningarlegu eða náttúrulegu arfleifðar spillist eða hverfur. Alþjóðasamfélagið verndar náttúruminjar sem búa yfir einstakri fegurð og menningarminjar frá fyrri siðmenningarskeiðum sem eru á heimsminjaskrá.

Hvatinn að gerð samningsins var ákall um að bjarga Abu Simbel í Egyptalandi, Feneyjum á Ítalíu, Moenjodaro í Pakistan og Borobodur í Indónesíu. Ef ekki hefði verið gert samstillt átak á alþjóðavettvangi hefðu þessar minjar glatast fyrir fullt og allt.

Aðildarríkin, sem standa að samningnum, hafa sameinast í því verkefni að bera kennsl á og varðveita merkilegustu náttúru- og menningarminjar í heiminum. Þau virða að fullu fullveldi þjóða og forðast að skerða eignarrétt manna sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi þjóðar en líta svo á að alþjóðasamfélaginu í heild beri skylda til að vernda heimsminjar.

Til þess að komast á heimsminjaskrá þarf viðkomandi staður að vera einstakur í heiminum, afmörkun hans þarf að vera skýr af hálfu viðkomandi ríkisstjórnar og full sátt þarf að ríkja um verndun, umsjón og rekstrarfyrirkomulag hans. Til þess að tilnefna megi miðhálendi Íslands þyrfti því að fara fram umfangsmikil undirbúningsvinna og stefnumörkun meðal annars um verndun þess. Ef staður er skráður á heimsminjaskrá á hvert ríki þess kost að fá alþjóðasamfélagið til samstarfs um að upplýsa íbúa viðkomandi lands um einstakt gildi staðarins og aðstoða þannig við að varðveita náttúru- og menningarminjar hverrar þjóðar.

Staðir á heimsminjaskránni draga gjarnan að aukinn fjölda ferðamanna þannig að mikilvægi viðkomandi staða eykst í þjóðhagslegu tilliti. Heimsminjaskráin er talin vera afar öflugt tæki til minja- og náttúruverndar ekki síður en til uppbyggingar vandaðrar ferðaþjónustu í hverju landi.

Menningarminjar eru hvers kyns söguleg mannvirki, byggingar og menningarlandslag með sögulega, listræna, vísindalega, þjóðfræðilega og mannfræðilega eiginleika.

Náttúruminjar eru staðir sem hafa jarðfræðilegt, líffræðilegt og vistfræðilegt gildi og búa yfir fegurð og sérstöku lífríki. Einstök svæði sem búa yfir sérstakri auðlegð eru t.d. eyðimerkur, þjóðgarðar, eldstöðvar, ár og flóar. Hlúa þarf að þessari auðlegð og vernda hana til að viðhalda hinni sérstöku fjölbreytni sem svæðin búa yfir.

Íslendingar gerðust aðilar að samningnum í desember árið 1995 og hafa lagt fyrir heimsminjanefndina skrá yfir staði sem við viljum tilnefna á heimsminjaskrá svo hægt verði að sækja um með formlegum hætti. Þingvellir og Skaftafell voru efst á þeim lista. Umsókn um tilnefningu Þingvalla var samþykkt á fundi heimsminjanefndarinnar í Kína, 2. júlí 2004.

Á listanum eru Skaftafell, Breiðafjörður, Núpsstaður, Víðimýrarkirkja, Keldur, Gásar, Reykholt, Surtsey, Mývatn og Herðubreiðarlindir og Askja. Yfirlitsskráin er nú til endurskoðunar og er þingsályktunartillögu þessari ætlað að vera innlegg í þá endurskoðun. Þannig hefur færst í vöxt að stór landsvæði og landslagsheildir séu tilnefnd í stað einstakra afmarkaðra svæða og eðlilegt að yfirlitsskrá taki mið af þeirri alþjóðlegu þróun.

Heimsminjaskrá – valforsendur.

Til að fá sæti á heimsminjaskránni þarf viðkomandi fyrirbæri að vera af einstöku mikilvægi fyrir alþjóðasamfélagið og að falla undir að minnsta kosti eina forsendu í valforsendulista skrárinnar. Það er mat flutningsmanna að miðhálendið falli undir forsendur VII–X sem þýðir að svæðið í heild sinni er dæmi um einstakt náttúrufyrirbæri og býr yfir afburða náttúrufegurð og fagurfræðilegu mikilvægi. Það er einnig einstakt í sinni röð hvað það varðar að þar er hægt að sjá merki jarðsögunnar, dæmi um jarðfræðilegt þróunarferli og það er þýðingarmikill vitnisburður um þróun landslagsþátta, landmótun og landfræðileg sérkenni af eðlisrænum toga á gliðnandi jarðskorpuflekum á neðansjávarhryggjum. Á svæðinu er einnig að finna einstök dæmi um mikilvæg vistfræðileg og líffræðileg þróunarferli sem og þróun vistkerfa jarðar, ferskvatns, stranda og sjávar og þróun plöntu- og dýrasamfélags. Einnig má færa rök að því að á svæðinu séu mikilvæg og þýðingarmikil dæmi um náttúruleg búsvæði, þar með talin svæði sem innihalda tegundir í hættu sem vernda beri in situ (á sínum stað) og eru afar mikilvægar út frá alheimssjónarmiði og sjónarhóli vísinda og verndunar.

Afmörkun miðhálendis Íslands samkvæmt greinargerð um Miðhálendi Íslands, svæðisskipulag 2015.

Miðhálendi Íslands nær yfir u.þ.b. 40% af landinu eða ríflega 44.000 km². Það skiptist í átta landslagsheildir, auk jökla, sem aftur skiptast í samtals 57 deilisvæði. Víða nær afmörkun deilisvæða út fyrir mörk skipulagssvæðisins og eru þau auðkennd sérstaklega með stjörnu (*) í greinargerð með svæðisskipulagi miðhálendis Íslands og fylgir lýsingin hér með:

Norðvesturhálendi:
Afréttur Lunddæla og Andkílinga – Ok*, Eiríksjökull – Hallmundarhraun, Arnarvatnsheiði – Tvídægra*, Stórisandur, Grímstunguheiði, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði*, Beljandatungur – Guðlaugstungur, Hofsafrétt – jaðarsvæði Hofsjökuls*, Vesturhluti Kjalar, Kjalhraun – Baldheiði.

Norðurhálendi:
Nýjabæjarfjall – Mjóidalur*, Sprengisandur – Bleiksmýrardrög, Drög Skjálfandafljóts, Fljótsalda – Króksdalur.

Norðausturhálendi, suðurhluti:
Tröllladyngja, Ódáðahraun*, Askja – Dyngjufjöll, Herðubreið, Kverkfjöll – Krepputunga, Brúardalir; Fagridalur og Álftadalur, Efrafjall (Grjót).

Norðausturhálendi, norðurhluti:
Keldunesheiði – Þeistareykir*, Norðurfjöll*, Hólsfjöll*, Haugsöræfi*.

Austurhálendi:
Jökuldalsheiði – Smjörvatnsheiði*, Fljótsdalsheiði*, Vesturöræfi – Snæfell, Hraun*, Lónsöræfi – Þrándarjökull (Austfjarðafjallgarður)*, Suðursveitarfjöll (hálendið suðaustan Vatnajökuls) Öræfi*.

Suðurhálendi, austurhluti:
Björninn – Eystrafjall, Geirlandshraun (Síðufjöll)*, Lakagígar – Núpahraun, Grænifjallgarður – Tungnaárfjöll, Veiðivötn – Jökulheimar, Þórisvatn – Vonarskarð, Tungnafellsjökull – Vonarskarð.

Suðurhálendi, suðurhluti:
Höfðabrekkuheiði – Eyjafjöll*, Eldgjá – Mælifellssandur – Emstrur, Þórsmörk – Tindfjöll – Laufaleit*, Torfajökull – Löðmundur, Hekla – Vatnafjöll*.

Suðurhálendi, vesturhluti:
Þóristungur – Búðarháls – Gljúfurleit, Kjalvötn – Kvíslaveita, Þjórsárver, Kerlingafjöll, Hreppafjöll, efri hluti, Hreppafjöll, neðri hluti*, Hrunamannaafréttur, vesturhluti – Biskupstungnaafréttur, innri hluti, Biskupstungnaafréttur, neðri hluti, Jaðarsvæði Langjökuls, Ármannsfell – Skjaldbreiður – Högnhöfði*.

Jöklar:
Langjökull, Eiríksjökull og Þórisjökull, Hofsjökull, Vatnajökull, Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull.

Heimildir:
http://www.natmus.is/umsafnid/heimsminjaskra/
http://www.thingvellir.is/heimsminjaskra/hvader/
http://whc.unesco.org/en/criteria/
Umhverfisráðuneyti og Skipulagsstofnun. (1999). *Miðhálendi Íslands, svæðisskipulag 2015, greinargerð.* Reykjavík: Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun.

1084. Breytingartillaga [448. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 2. gr.

a. Í stað hlutfallstalnanna „6%“ og „9%“ í a-lið komi: 3%, og: 3%.
b. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í b-lið komi: 3%.

1085. Frumvarp til laga [748. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Lokamálsliður e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald, þó ekki hærri fjárhæð en 150.000.000 kr.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 7. gr. laganna og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna er vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heimilt að greiða út vinninga úr flokkahappdrættum í peningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að höfðu samráði við Happdrætti Háskóla Íslands, felur í sér breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands nr. 13 13. apríl 1973.

Á síðastliðnu ári voru sett lög um almenn happdrætti, sbr. lög um happdrætti, nr. 38 13. maí 2005, sem fólu í sér endurskoðun happdrættislaganna frá 1926. Þar var ekki hróflað við sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti, þ.e. Happdrætti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 13 13. apríl 1973, Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 16 13. apríl 1973, og Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, sbr. lög nr. 18 22. apríl 1959, en tvö síðarnefndu hafa lengi óskað eftir því að fá lagaheimild til að greiða út vinninga í reiðufé. Var því lýst yfir við afgreiðslu málsins að dóms- og kirkjumálaráðherra mundi huga að leiðum til að koma til móts við þessar óskir og er það gert með þessu frumvarpi.

Lagt er til að Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga verði heimilt að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum án þess þó að fella niður einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands, en hins vegar er ákveðin hámarksfjárhæð til árlegrar útgreiðslu. Fjárhæðin sem Happdrætti Háskóla Íslands greiðir rennur eftir sem áður í Tækjasjóð samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3 3. febrúar 2003. Hagnist Happdrætti Háskóla Íslands á þessari nýskipan rennur hagnaðurinn til Háskóla Íslands.

Verði frumvarpið að lögum á því þingi sem nú situr er miðað við að þessi skipan gildi fyrst um greiðslu einkaleyfisgjalds vegna rekstrar árið 2005.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæðið standi óbreytt að því undanskildu að tilgreind er hámarksfjárhæð, 150 millj. kr., sem Happdrætti Háskóla Íslands ber að greiða árlega til ríkissjóðs. Sanngjarnt

þykir að lögfest verði slík hámarksfjárhæð í ljósi þess að gert er ráð fyrir í frumvarpinu að hin lögbundnu vöruhappdrætti fái heimild til að greiða út peningavinninga, þrátt fyrir einka leyfi Happdrætti Háskóla Íslands, án sérstakrar gjaldtöku.

Tekjur af einkaleyfisgjaldi happdrættisins renna skv. 3. gr. laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir til Tækjasjóðs. Samkvæmt ríkisreikningi voru tekjur ríkissjóðs af einkaleyfisgjaldi árið 2004 156.000.000 kr., árið 2003 111.000.000 kr. og árið 2002 114.000.000 kr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna verði heimilt að greiða út vinninga úr flokkahappdrættum í peningum. Með þessu er komið til móts við eindregnar óskir frá þessum happdrættum um að fá að greiða út slíka vinninga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga verði heimilað að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum, en Happdrætti Háskóla Íslands greiði eftir sem áður 20% af nettóársarði sem einkaleyfisgjald til Tækjasjóðs. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að einkaleyfisgjaldið verði að hámarki 150 m.kr. á ári í ljósi þess að lögbundnu vöruhappdrættin fá einnig leyfi til að greiða út peningavinninga. Ef Happdrætti Háskóla Íslands greiðir minna í einkaleyfisgjald en ella vegna hámarksins verður hagnaður þess meiri sem því nemur. Samkvæmt lögum skal hagnaðinum varið til framkvæmda við byggingar Háskóla Íslands, til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja o.fl. Tækjasjóður úthlutar rannsóknastofnunum styrkjum til kaupa á dýrum tækjum og búnaði og hefur Háskóli Íslands að jafnaði fengið talsvert af framlögum úr honum. Verður því ekki séð að samþykkt frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs heldur kynni það að hafa einhver áhrif á innbyrðis fjárstreymi milli aðila en þó varla umtalsverð.

1086. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Jafnréttisstofu, Landsvirkjun, Viðskipta-

ráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Félagi löggiltra endurskoðenda, Alþýðusambandi Íslands, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg, Jafnréttisráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og ríkisskattstjóra.

Tilgangur frumvarpsins er m.a. að bæta aðgengi almennings og annarra að upplýsingum um hlutafélög sem hið opinbera á að öllu leyti. Samhliða máli þessu ræddi nefndin annað frumvarp er fjallar um opinber hlutafélög (436. mál). Í breytingartillögum meiri hlutans hefur verið tekið tillit til efnisatriða þess máls að einhverju leyti.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er miðað við að opinbert hlutafélag sé félag sem hið opinbera á að öllu leyti. Lagðar eru til viðbætur við þá grein. Í fyrsta lagi að orðunum „einn eða fleiri hluthafar“ verði bætt við og einnig orðunum „beint eða óbeint“. Í 1. mgr. 20. gr. laganna er miðað við að í hlutafélagi skuli jafnan vera tveir hluthafar hið fæsta. Með fyrrnefndu viðbótinni er lagt til að fram komi berum orðum að hluthafi í opinberu hlutafélagi geti verið einn. Seinni viðbótin er lögð til svo að ekki fari milli mála að t.d. Landsvirkjun sem er sameignarfyrirtæki ríkisins og tveggja sveitarfélaga, þ.e. Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, gæti stofnað opinbert hlutafélag með t.d. sveitarfélagi. Í öðru lagi kom fram við umfjöllun málsins að eðlilegt væri að gera þá kröfu til opinberra hlutafélaga að þau hefðu orðin „opinbert hlutafélag“ í heiti sínu eða sérstaka skammstöfun, ohf., og meiri hlutinn leggur til að það verði skylda. Einnig er lagt til að við bætist orðin „og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi“. Með því er átt við að ekkert standi því í vegi að hlutafélag í eigu ríkisins að öllu leyti noti bæði hf. og ohf. í heiti sínu, t.d. „Ríkisútvarpið hf. (ohf.)“, verði frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., sem nú liggur fyrir þinginu, samþykkt (401. mál). Væntanlega munu slík félög þó eingöngu nota ohf. þegar fram líða stundir.
2. Lagt er til að skylda stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í opinberum hlutafélögum til upplýsingagjafar verði þrengd frá því sem er í frumvarpinu þannig að þeim verði eingöngu gert skylt að gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum „skipti það máli varðandi starf þeirra“.
3. Lagt er til að í stað orðsins „vefsíðu“ komi „vefur“. Fram kom við umfjöllun málsins að hugtakið „vefsíða“ væri þrengra en hugtakið „vefur“ og merkti jafnvel bara inngangssíðu. Réttara þykir því að tala um vef.
4. Í 5. gr. frumvarpsins láðist að taka fram að heimild fjölmiðla til að sækja aðalfund taki aðeins til opinberra hlutafélaga og leggur meiri hlutinn því til að það verði lagfært. Í tengslum við þessa grein fóru fram ítarlegar umræður um hvort ekki væri eðlilegt að kjörnum fulltrúum yrði einnig gert heimilt að sitja þá fundi. Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu er lagt til að kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, sé heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Meiri hlutinn telur að með því að leyfa skriflegar fyrirspurnir á aðalfundum verði auðveldara en ella að afla upplýsinga um opinber hlutafélög sem áður voru opinberar stofnanir og lutu þá sem slíkar m.a. upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.
5. Í 7. gr. frumvarpsins láðist að taka fram að átt er við fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags og er lagt til að það verði lagfært.
6. Lagðar eru til tvær breytingar á 9. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lögð til samsvarandi breyting og við 4. gr., þ.e. að í stað orðsins „vefsíðu“ verði orðið „vefur“ notað. Hins vegar er lagt til að í stað „hálfsársuppgjörs“ verði miðað við „sex mánaða árshlutareikning“, sbr. greinargerð álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda, en þar kom fram

að orðið „hálfsársuppgjör“ væri á miklu undanhaldi í reikningsskilafræðum og alls ekki nægilega skilmerkilegt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Dagný Jónsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Ásta Möller.

1087. Breytingartillögur [404. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB, ÍGP, DJ, ArnbS, ÁMöl).

1. 1. gr. orðist svo:
   Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum“ komi: skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „vefsíðu félagsins ef til er en ella annars staðar á vefnum“ komi: vef félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.
4. Efnismálsgrein 5. gr. orðist svo:
   Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.
5. Við 7. gr. Í stað orðanna „fundargerðabók vegna aðalfundar“ komi: fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags.
6. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „vefsíðu sinni ef til er en ella annars staðar á vefnum“ í fyrri efnismálslið komi: vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu.
   b. Í stað orðsins „hálfsársuppgjör“ í síðari efnismálslið komi: sex mánaða árshlutareikning.

1088. Lög [392. mál]

um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 1010.

1089. Lög [365. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 419.

1090. Lög [379. mál]

um breytingu á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 1011.

1091. Lög [361. mál]

um faggildingu o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 1013.

1092. Lög [221. mál]

um upplýsingarétt um umhverfismál.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 1012.

1093. Lög [630. mál]

um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 923.

1094. Lög [371. mál]

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lífeyrissjóði er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „65%“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 75%.
b. Raðtalan „6.“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. Á eftir 1. málsl. 4. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eign lífeyrissjóðs í hlutabréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.
d. Í stað hlutfallstölunnar „50%“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 60%.
e. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta uppgjöri sem hefur verið kannað eða endurskoðað af endurskoðanda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1095. Lög [461. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 869.

1096. Lög [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 870.

1097. Lög [389. mál]

um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 877.

1098. Fyrirspurn [749. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarrými í Suðurkjördæmi.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

Hversu mörg hjúkrunarrými eru í notkun í Suðurkjördæmi og hversu mörg hjúkrunarrými er áætlað að verði tekin í notkun í kjördæminu á næstu fjórum árum?

Skriflegt svar óskast.

1099. Fyrirspurn [750. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um daggjöld á Sóltúni.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver voru daggjöld á hjúkrunarheimilinu Sóltúni árin 2003, 2004 og 2005, sundurgreint, og hver voru meðaldaggjöld til annarra hjúkrunarheimila sömu ár?
2. Hver var greiðsla húsnæðiskostnaðar á fermetra sömu ár og af hve mörgum fermetrum var greitt? Hve stórt er hjúkrunarheimilið í fermetrum talið?
3. Hver var greiðsla húsnæðiskostnaðar á fermetra til annarra hjúkrunarheimila?
4. Er húsnæðisgjald greitt eftir sömu viðmiðum til Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila?
5. Hver var þátttaka ráðuneytisins í magnleiðréttingum lyfjakaupa samkvæmt kafla 0.1.53 í samningi milli ráðuneytis og Sóltúns árin 2003, 2004 og 2005? Njóta önnur hjúkrunarheimili sambærilegra leiðréttinga vegna lyfjakaupa?

Skriflegt svar óskast.

1100. Fyrirspurn [751. mál]

til dómsmálaráðherra um þyrlur Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve oft voru þyrlur Landhelgisgæslunnar kallaðar út til aðstoðar fólki árin 2003, 2004 og 2005?
2. Hvernig skiptast útköll eftir
   a. sjómönnum,
   b. slysum eða öðru á landi,
   c. erlendum ferðamönnum?
   Hve margar flugstundir voru að baki hverjum lið?
3. Hver er kostnaður á flugtíma fyrir hvora þyrlu?
4. Hafa tryggingafélög eða aðrir greitt Landhelgisgæslunni fyrir flugstundir eða aðra aðstoð vegna þyrluflugs? Ef svo er, í hvaða tilfellum?

Skriflegt svar óskast.

1101. Fyrirspurn [752. mál]

til samgönguráðherra um birgðastöð eldsneytis fyrir höfuðborgarsvæðið.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve miklir verða eldsneytisflutningar til höfuðborgarsvæðisins í tonnum talið ef af áformum verður um flutning birgðastöðvar eldsneytis úr Örfirisey til Helguvíkur?
2. Hve margir tankbílar með eldsneyti færu þá um Reykjanesbraut á dag annars vegar og á ári hins vegar? Hve mikið mundi umferð slíkra bíla aukast miðað við núverandi aðstæður?
3. Hvaða öryggisráðstafanir þarf að gera hvað varðar umferð um Reykjanesbraut ef eldsneyti verður dreift frá Helguvík?
4. Eru nýjar úrlausnir mögulegar varðandi geymslu eldsneytis og dreifingu á höfuðborgarsvæðinu eða í Helguvík?
5. Hve mikið eykst kostnaður við dreifingu á eldsneyti um höfuðborgarsvæðið ef birgðastöð verður í Helguvík?
6. Telur ráðherra rétt með tilliti til öryggis að ein stór birgðastöð eldsneytis sé starfrækt fyrir höfuðborgarsvæðið?

Skriflegt svar óskast.

1102. Fyrirspurn [753. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttastefnu.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hvaða aðilar komu að stefnumótunarvinnunni „Íþróttavæðum Ísland“?
2. Hverjir eru helstu þættir og markmið íþróttastefnunnar „Íþróttavæðum Ísland“?
3. Hvenær hyggst ráðherra hrinda þessari stefnu í framkvæmd?
4. Mun aukið fjármagn til íþróttamála/íþróttahreyfingarinnar fylgja framkvæmd þessarar stefnu?
5. Hyggst ráðherra tryggja minnihlutahópum, þ.e. samkynhneigðum og innflytjendum, greiðari aðgang að íþróttaiðkun?

1103. Fyrirspurn [754. mál]

til menntamálaráðherra um samráðsfund með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hefur verið haldinn samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ eins og ráðherra boðaði að yrði gert árlega í svari við fyrirspurn í 803. máli á 130. löggjafarþingi, 31. mars 2004?
2. Ef fundur hefur verið haldinn, skilaði hann einhverjum árangri?
3. Ef fundur hefur ekki verið haldinn, hvenær verður hann haldinn?

Skriflegt svar óskast.

1104. Fyrirspurn [755. mál]

til viðskiptaráðherra um afnám verðtryggingar lána.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að afnema verðtryggingu lána?
2. Hvaða kosti og galla telur ráðherra að verðtrygging lána hafi fyrir almenna lántakendur?
3. Hvaða kosti og galla telur ráðherra að afnám verðtryggingar lána gæti haft fyrir almenna lántakendur?

1105. Fyrirspurn [756. mál]

til félagsmálaráðherra um ILO-samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, verði lögleidd hér á landi? Ef ekki, hvers vegna?

1106. Fyrirspurn [757. mál]

til landbúnaðarráðherra um garðplöntuframleiðendur.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir nemendur stunda nám á garðplöntusviði Landbúnaðarháskólans?
2. Hversu margir garðplöntuframleiðendur eru nú á Íslandi og hversu mörg eru stöðugildin?
3. Hversu margir garðplöntuframleiðendur voru á Íslandi árin 2000–2005, skipt eftir árum, og hversu mikil var heildarframleiðsla þeirra á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

1107. Fyrirspurn [758. mál]

til menntamálaráðherra um eignir Listdansskóla Íslands.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hvað verður um eignir Listdansskóla Íslands, t.d. fasteignir, búninga og bókasafn, þegar skólinn verður lagður niður?

1108. Fyrirspurn [759. mál]

til viðskiptaráðherra um upptöku evru.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir upptöku evrunnar á Íslandi á næstu árum?

Skriflegt svar óskast.

1109. Fyrirspurn [760. mál]

til heilbrigðisráðherra um blóðgjafir og Blóðbankann.

Frá Valdimar L. Friðrikssyni.

1. Hversu margir blóðgjafar komu á ári í Blóðbankann árin 2000–2005, hversu mikið blóð var gefið á þessum árum og hver var mesti fjöldi blóðgjafa á einum degi á tímabilinu?
2. Hversu mörg stöðugildi voru hjá Blóðbankanum á árunum 2000–2005?
3. Hversu marga fermetra hefur Blóðbankinn undir starfsemi sína?
4. Er fyrirhugað að endurbæta húsnæði Blóðbankans eða flytja hann í nýtt húsnæði og þá hvenær?

Skriflegt svar óskast.

1110. Fyrirspurn [761. mál]

til fjármálaráðherra um flutning vínbúðarinnar í Mjódd í leiguhúsnæði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

1. Hversu mörg stöðugildi eru í Vínbúðinni í Garðheimum, Stekkjabakka 6, og hve mörg voru þau í Vínbúðinni í Mjódd í janúar sl.?
2. Hvað greiðir íslenska ríkið í húsaleigu fyrir húsnæðið í Garðheimum?
3. Hver hefur kostnaðurinn verið við flutning og innréttingar á Vínbúðinni í Garðheimum?
4. Hvert er áætlað söluverð húsnæðis ÁTVR í Mjóddinni?
5. Hver var árleg velta vínbúðarinnar í Mjódd árin 2000–2005?

Skriflegt svar óskast.

1111. Fyrirspurn [762. mál]

til fjármálaráðherra um þróun áfengisgjalds.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver hefur þróun áfengisgjalds verið frá árinu 1995 að nafnvirði og raungildi á:
   a. sterku áfengi,
   b. léttvíni,
   c. bjór?
2. Hver hefur hækkun vísitölu neysluverðs verið á sama tíma?

3. Hefur þróun áfengisgjalds endurspeglast í útsöluverði áfengis á sama tíma, að teknu tilliti til gengisþróunar?

Skriflegt svar óskast.

1112. Fyrirspurn [763. mál]

til dómsmálaráðherra um hugverkastuld.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvert er áætlað hlutfall hugverkastulds í íslensku hagkerfi og hvert er áætlað hlutfall hugverkastulds í hagkerfi heimsins?
2. Hefur farið fram úttekt á hugverkastuldi á Íslandi og hlutfalli hans í íslensku hagkerfi, og ef svo er, hver var niðurstaðan? Hafi slík úttekt ekki farið fram, er hún fyrirhuguð?

1113. Fyrirspurn [764. mál]

til menntamálaráðherra um námsbækur.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hefur verið gerð úttekt á gæðum námsbóka í íslenskum skólum, og ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður hennar? Ef svo er ekki, stendur til að gera slíka úttekt?
2. Stendur til að ráðast í átak til að bæta námsbókakost í grunn- og framhaldsskólum?
3. Telur ráðherra bókakost í skólum landsins viðunandi eða góðan?

1114. Fyrirspurn [765. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili og öldrunarþjónustu.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hver er áætlaður kostnaður við að mæta þörfinni á dvöl á hjúkrunarheimilum á landinu öllu?
2. Telur ráðherra það koma til greina að öldrunarþjónustan verði flutt til sveitarfélaga?

1115. Fyrirspurn [766. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstrarvanda Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við skertri þjónustu á Heilbrigðisstofnun Austurlands, yfirvofandi lokunum deilda og uppsögnum starfsfólks vegna viðvarandi rekstrarvanda stofnunarinnar síðustu ár?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir aukinni fjárveitingu á fjáraukalögum þessa árs vegna erfiðrar rekstrarstöðu stofnunarinnar?
3. Mun ráðherra láta endurmeta rekstrargunn stofnunarinnar með tilliti til aukinna umsvifa á svæðinu og íbúafjölgunar?
4. Hyggst ráðherra efla starfsemi stofnunarinnar að íbúar á Austurlandi hafi aðgang að sérfræðingum á algengustu sérsviðum heilbrigðisþjónustunnar?

1116. Fyrirspurn [767. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mikið fé var veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs hjúkrunarheimila árin 2003, 2004 og 2005 og til hvaða hjúkrunarheimila var það?
2. Hvaða skuldbindingar hvíla nú á sjóðnum?

Skriflegt svar óskast.

1117. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Með frumvarpi þessu er ekki skapaður til frambúðar sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í langflestum tilvikum öðrum hefur leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Þá gera margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það að verkum að málið er vanreifað.

Meginatriði máls.

Lagarammi sá sem reynt er að marka starfsemi Ríkisútvarpsins með frumvarpinu er ekki ljós. Alls er óvíst að Ríkisútvarp það sem á að starfa eftir frumvarpinu verði *raunverulegt almannaútvarp*. Skilgreining frumvarpsins á hlutverki RÚV og skyldum er óglögg, þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og forvera þess að kröfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Í stað þess að móta Ríkisútvarpinu framtíðarstefnu hefur sá kostur verið tekinn að halda að mestu áfram því róli sem fyrirtækið hefur verið á síðan rekstrarumhverfi þess gjörbreyttist við afnám einkaleyfis árið 1985. Ólíklegt er að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu til lengdar. Reglur Evrópusambandsins eru í örri þróun á þessu sviði, og keppinautar Ríkisútvarpsins innan lands hafa uppi kröfur um að það noti ekki ríkisstuðning sinn til að bæta stöðu sína í samkeppni á ljósvakavettvangi umfram það sem eðlilegt getur talist fyrir almannaútvarp. Þá er ekki sennilegt að hin nýja fjármögnunarleið, nefskattur, sem á að taka upp í stað útvarpsgjaldsins, efli samstöðu meðal almennings við Ríkisútvarpið, einkum ef dagskrárframboð þess dregur dám af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og í markaðsstöðvunum.

Meðmælendur frumvarpsins halda því fram að með breytingum á yfirstjórn sé losað um þau *flokkspólitísku tök* á Ríkisútvarpinu sem því hefur lengi verið þrándur í götu. Því miður er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að pólitískri íhlutun linni. Að ýmsu leyti hefur menntamálaráðherra og ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hverju sinni meiri möguleika en áður á að beita áhrifum sínum hvað varðar starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins. Frumvarpið er því ekki þess eðlis að það skapi frekari sátt að þessu leytinu. Efasamt er að frumvarpið stangist á við tilmæli Evrópuráðsins um sjálfstæði almannaútvarps frá 1994 og 1996.

Löngu var kominn tími til þess að skapa Ríkisútvarpinu nýjan lagaramma og gera því auðveldara að vera sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er því miður ekki fullnægjandi. Það varð til sem málamiðlun milli stjórnarflokkanna tveggja, og milli andstæðra afla innan Sjálfstæðisflokksins, og hefur síðan smám saman verið lagfært þannig að standist lágmarkskröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um samkeppnisaðskilnað á ríkisrekinni útvarpsstöð. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu með *háeffuninni* miðast við fyrirtæki í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu þar sem eðlilegt þykir að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir og að vald einstakra stjórnenda sé temprað. Gagnsæi í starfsemi á ekki að hafa að leiðarljósi við rekstur Ríkisútvarpsins hf. heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs.

Frumvarpið gengur í mörgu of skammt og í öðru of langt – það er hvorki samið, flutt né afgreitt í menntamálanefnd með þeim hætti að skýr sýn ráði för. Verði frumvarpið samþykkt er ljóst að innan skamms þarf að taka lagarammann um Ríkisútvarpið til endurskoðunar á ný – eigi þau markmið að nást að skapa til frambúðar samstöðu um öflugt og sjálfstætt almannaútvarp.

Vinnubrögð stjórnarflokkanna.

Þrátt fyrir ýmsa vankanta síðari áratugi í dagskrárframboði, rekstri, mannaráðningum o.fl. lítur yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga enn svo á að Ríkisútvarpið sé einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treystir því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Þar skiptir máli að í 76 ár hefur Ríkisútvarpið verið áhrifaríkar menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Staða Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á Íslandi á liðinni öld var svo sterk að ekki verður víða til jafnað í Evrópu.

Í flestum nálægum ríkjum er litið svo á að þegar um slíka þjóðfélagsstofnun er að ræða beri stjórnmálamönnum að leita sem breiðastrar samstöðu um nauðsynlegar breytingar í tímans rás. Hér er einfaldast að minna á Bretland, þar sem stjórnmálaflokkarnir hafa borið gæfu til einstakrar samvinnu um þjóðarútvarpið BBC þrátt fyrir grimmileg átök um næstum alla aðra grunnþætti í bresku samfélagi á 20. öld.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki litið svo á þessi mál að nein þörf væri á samstarfi eða samráði um breytingar á Ríkisútvarpinu. Jafnvel eftir að þjóðin knúði ríkisstjórnina til samvinnu við stjórnarandstöðuflokkana um tilhögun fjölmiðlamála var ákveðið að stjórnarflokkarnir skyldu áfram véla um Ríkisútvarpið, þrátt fyrir eindregnar óskir stjórnarandstöðunnar um að þessi mál væru bæði undir í vinnunni að fjölmiðlamálum. Þessi munur á vinnubrögðum menntamálaráðherra að fjölmiðlamálum annars vegar og málefnum RÚV hins vegar er undarlegur og vekur ýmsar spurningar.

Ekki hefur ráðherranum þó tekist betur til en svo að frumvarpinu frá fyrra þingi, sem þá stöðvaðist, var breytt verulega vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA og héldu þær breytingar áfram fram á síðustu dvalarstundir frumvarpsins í menntamálanefnd. Rétt er að minna á að bréf Eftirlitsstofnunarinnar og íslensku ráðuneytanna um þetta átti upphaflega að binda trúnaði, loksins þegar þau fengust afhent í nefndinni. Við það var ekki hætt fyrr en ljóst varð að slík binding væri á svig við upplýsingalög. Athyglisvert er einnig að mikilvægt bréf ESA, sem leiddi til breytingartillagna frá meiri hlutanum, var ekki kynnt í menntamálanefnd fyrr en 24. mars en er dagsett 20. janúar.

Þegar þessi ferill málsins er hafður í huga er í sjálfu sér viðeigandi að meiri hluti menntamálanefndar skuli að lokum hafa tekið málið út úr nefndinni gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga. Við bentum þá á að enn hefði ekki verið rætt við fulltrúa tveggja lykilstofnana vegna málsins, annars vegar Ríkisendurskoðunar sem á að annast endurskoðun hlutafélagsins og hafa meðal annars eftirlit með aðskilnaði samkeppnisrekstrar svokallaðs frá almennum rekstri, hins vegar Samkeppniseftirlits, en í hennar hlut kemur meðal annars að taka á málum sem varða samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar, en á hvort tveggja leggur Eftirlitsstofnun mikla áherslu í bréfi sínu til íslenskra stjórnvalda dags. 30. janúar. Þá var á það bent að ekki hefði verið farið yfir tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp (f.o.f. R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps, samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994). Þess var óskað að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til fyrir lægju upplýsingar um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags, sem fulltrúi úr menntamálaráðuneytinu taldi að yrði innan 2–3 vikna, en þeirri ósk var hafnað.

Af þessu má vera ljóst að rannsókn nefndarinnar í málinu er áfátt á mikilvægum sviðum. Auk þess var aldrei efnt til umræðu um einstök atriði málsins innan nefndarinnar með þeim hætti að metnar væru tillögur um breytingar frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og þess ekki freistað á nokkurn hátt að ná saman um frumvarpið í heild eða einstaka hluta þess.

Niðurstaða.

Þar sem

a. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
b. eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits er óljóst og ókannað hvort þessar stofnanir búa yfir faglegri hæfni til að skera úr um viðkvæm álitamál sem varða fjárhagslegan aðskilnað milli starfsemi á sviði almannaútvarps og á sviði markaðsstöðvar,

c. ekki er gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög,
d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,
e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,
g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í óvissu og ráðgert hlutafé svo lítið að félaginu virðist ætlað að hefja starfsemi sína með neikvæða eiginfjárstöðu,
k. ekki hefur verið gengið frá ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og ekki fyrirhugaðir samningar við aðra rétthafa um þau,
l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa borið við að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 2006.

Mörður Árnason, frsm. Björgvin G. Sigurðsson. Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1118. Svar [337. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni.

1. *Hve margir þjónustusamningar (ferliverk meðtalin) um einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni hafa verið gerðir sl. þrjú ár og hvernig skiptast þeir eftir sviðum? Aðgreina skal sérstaklega hjúkrun annars vegar og læknisþjónustu hins vegar.*

Ferliverk.

Í gildi eru ferliverkasamningar á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og eftirtalinna stofnana, en þessir samningar voru gerðir í september árið 1998 og hafa ekki verið gerðir nýir samningar síðan. Eftirfarandi fjármagn (verðlag ársins 1999) var þá flutt frá TR yfir til stofnana til að standa undir kostnaði við ferliverkin og hækkuðu fjárheimildir þeirra sem því nemur. Þessir samningar hafa verið verðbættir miðað við forsendur fjárlaga hverju sinni á sama hátt og annar kostnaður.

Stofnun	Upphæð (millj. kr.)
Landspítali – háskólasjúkrahús	103,8
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	38,0
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	39,7
Sjúkrahúsið á Akranesi	20,4
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	22,6
Heilbrigðisstofnunin á Selfossi	4,2
St. Franciskusspítalinn, Stykkishólmi	1,6
Heilbrigðisstofnun Ísafirði	4,6
Heilbrigðisstofnun Sauðárkróki	2,0
Heilbrigðisstofnunin á Húsavík	2,9
Heilbrigðisstofnun Austurlands	3,2
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	1,0
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	2,0
Samtals	**246,0**

Þjónustusamningar.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir þá þjónustusamninga sem voru í gildi á árunum 2003–2005.

Stofnun	2003	2004	2005
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	109,0	113,8	119,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	399,6	435,5	471,3
Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, forvarnir	209,2	240,9	251,4
Hjartavernd, hóprannsóknir	39,7	45,5	52,4
Víðines, Reykjavík	176,8	183,0	191,1
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	507,3	653,9	857,8
Sveitarfélagið Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþjónustu	166,9	193,6	206,7
Vífilstaðir, Garðabæ		244,2	256,1
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	644,4	709,5	734,8
Sjúkrahótel	62,6	64,2	70,8
Reykjalundur	868,5	903,8	971,4
Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði	369,8	390,7	397,8
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	7,8	10,7	11,0

Stofnun	2003	2004	2005
Akureyrarbær, heilsugæsla fanga	1,1	1,1	1,1
Heimilislæknastöðin ehf., rekstur heilsugæslu			116,7
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	177,8	200,2	219,2
Sjúkraflutningar í Árnessýslu	26,1	26,8	27,6
Sjúkraflutningar á Akureyri	37,1	38,2	39,4
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	37,8	39,0	40,1
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	262,3	244,9	252,2
Rauði kross Íslands, öflun bifreiða og búnaðar til sjúkraflutninga	54,8	56,2	58,2
Sjúkraflug á Vestfirði og suðursvæði	32,9	33,2	34,1
Flugfélag Íslands – sjúkraflug norðursvæðið	49,7	52,1	53,6
Flugfélag Íslands – sjúkraflug til Vestmannaeyja	12,4	21,4	23,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	305,7	349,9	375,9
Sveitarfélagið Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	74,2	79,2	86,3
Heilsugæslustöðin í Salahverfi, Kópavogi	0	80,5	96,0
Samtals	**4.633,5**	**5.412,0**	**6.015,3**

Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2004, 2005 og 2006.

Þjónustusamningum skipt niður á helstu málaflokka.

Hvað varðar sundurliðun á milli hjúkrunar og læknisþjónustu, þá eru ekki til upplýsingar um slíka skiptingu.

Málaflokkur	2003	2004	2005
Endurhæfing	1.347,3	1.408,3	1.488,5
Forvarnir	248,9	286,4	303,8
Heilsugæsla	566,6	721,6	906,2
Hjúkrunarheimili	1.495,4	1.984,2	2.246,5
Sjúkraflutningar	513,1	511,8	528,2
Sjúkrahótel	62,6	64,2	70,8
SÁÁ – Vímuefnameðferð	399,6	435,5	471,3
Samtals	**4.633,5**	**5.412,0**	**6.015,3**

2. *Hve mikið hefur árlega verið greitt fyrir þessa þjónustusamninga (ferliverk meðtalin), hver var kostnaðurinn á sl. ári við hvern og einn af tíu stærstu samningunum og við hverja voru þeir gerðir?*

Hér á eftir er tíu stærstu þjónustusamningunum raðað eftir samningsupphæð á árinu 2005. Hvað varðar kostnaðinn vísast í svar við 1. lið.

	2005
Reykjalundur	971,4
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	857,8
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	734,8
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	471,3
Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði	397,8
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	375,9
Vífilstaðir, Garðabæ	256,1
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	252,2
Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, forvarnir	251,4
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	219,2

3. *Hvernig er tryggt að samningar af þessu tagi tryggi öllum sambærilega heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og telur ráðherra að setja þurfi samræmdar verklags- og vinnureglur í því skyni? Hvernig er eftirliti með þjónustusamningum háttað?*

Við samningagerðina er leitast við að tryggja að þjónustan standi öllum sjúkratryggðum einstaklingum til boða óháð efnahag og í mörgum tilfellum hefur viðkomandi stofnun ekki heimild til að veita öðrum þjónustu. Eftirlit með að ákvæðum samningsins sé almennt fullnægt er á hendi ráðuneytisins en hins vegar er faglegt eftirlit hjá landlækni.

4. *Hver er munurinn á kostnaði hins opinbera við þjónustu sem veitt er eftir hefðbundnum leiðum í heilbrigðiskerfinu og hins vegar sömu og sambærilega þjónustu samkvæmt samningum við einkaðaðila?*

Ráðuneytið hefur reynt að samræma sem mest fjárveitingar innan sömu málaflokka með því að nýta sem mest fastar greiðslur, t.d. á legudag í öldrun. Farið var í útboð á rekstri hjúkrunarheimilis sem hefur reynst eitthvað dýrari valkostur fyrir ríkið en hefðbundin hjúkrunarheimili, svo sem fram kom í úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði fyrir nokkrum árum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að í útboðssamningi sem til dæmis er gerður til langs tíma er gert ráð fyrir að staðið sé undir kostnaði við að byggja og reka hjúkrunarheimili, en daggjöldum annarra hjúkrunarheimila er fyrst og fremst ætlað að mæta kostnaði við að reka þau. Í útboðssamningi eru til dæmis ströng skilyrði um að þangað fari fyrst og fremst veikustu eða þyngstu hjúkrunarsjúklingarnir sem koma af öldrunardeildum og sjúkrahúsum og þurfa umtalsvert meiri umönnun en aðrir af vistunarmatsskrá. Þá þarf og að hafa í huga að húsnæðisþáttur í langtímasamningi til dæmis við Sóltún er metinn með öðrum hætti en húsnæðisgjald annarra heimila. Enda tekur hann til leigu, rekstrar og viðhalds húsnæðisins í samræmi við ákvæði útboðs um rekstur hjúkrunarheimilisins á sínum tíma og er hugsaður öðru vísi en til dæmis húsnæðisgjald annarra heimila sem þýðir að beinn samanburður getur verið erfiður. Má í þessu sambandi benda á að þeir sem reka heimili samkvæmt útboðssamningi til langs tíma geta til dæmis ekki sótt um fjárframlög úr Framkvæmdasjóði aldraða sem önnur heimili eiga kost á.

Eins var farið í útboð á rekstri heilsugæslu í Salahverfi í Kópavogi og það er mat ráðuneytisins að rekstur þeirrar stöðvar sé hagkvæmari heldur en hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þær heilbrigðisstofnanir sem eru með langlegusjúklinga munu fá greitt eftir sama daggjaldi og hjúkrunarheimili almennt, en gert er ráð fyrir ákveðnum aðlögunartíma.

Eins og fram kemur hér á undan eru gerðir þjónustusamningar um mjög margbrotna þjónustu og í mörgum tilfellum er samanburður við aðra aðila óraunhæfur. Sem dæmi eru þjónustusamningar um endurhæfingu, forvarnir og vímuefnameðferð gerðir við félagasamtök sem nýta þann hagnað sem mögulega verður af rekstrinum til frekari uppbyggingar og hafa lagt fram sjálfsaflafé til uppbyggingar starfseminnar. Við gerð þjónustusamninga er hafður að leiðarljósi sá kostnaður sem er hjá sambærilegum aðilum þó að í reynd sé oft erfitt að finna sambærilegan rekstraraðila. Oftast er borinn saman kostnaður við hliðstæða starfsemi á vegum ríkisins ef um slíka starfsemi er að ræða.

5. *Hverjir gera þjónustusamninga fyrir hönd ríkisins og þarf heilbrigðisráðuneytið að staðfesta þá? Hvaða meginþættir eru lagðir til grundvallar hagkvæmni fyrir ríkissjóð við gerð þjónustusamninganna?*

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annast gerð þjónustusamninga og undirritar. Auk þess þarf fjármálaráðherra einnig að staðfesta þjónustusamning ef gildistími samninga er

lengri en eitt ár. Helstu þættir sem lagðir eru til grundvallar gerð þjónustusamninga eru eftirfarandi:

a. Aðgangur að þjónustunni sé sem best tryggður fyrir þá sem eiga að njóta hennar.
b. Að sú þjónusta sem er í boði henti þeim sem hennar njóta.
c. Að gæði þjónustunnar séu fullnægjandi.
d. Að kostnaður sé viðunandi.
e. Að fá kostnaðargreiningu á viðkomandi þjónustu.
f. Að upplýsingagjöf sé tryggð.

1119. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Megintilgangur frumvarps um háskóla er samkvæmt greinargerð með því að setja almennan lagaramma um starfsemi háskóla, segja fyrir um gæðaeftirlit með námi í háskólum, samræmingu prófgráða og gagnkvæma viðurkenningu náms í því augnamiði að auka samstarf háskóla innbyrðis. Minni hluti menntamálanefndar er fylgjandi því að sérstaklega sé tekið á gæðamálum í háskólum þannig að innra og ytra gæðaeftirlit verði sem skilvirkast. Í því sambandi ber að líta til Bologna-ferlisins, eins og frumvarpið gerir, og Lissabon-samningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar háskólamenntun í Evrópu. Minni hlutinn telur að ákvæði frumvarpsins séu til þess fallin að bæta fyrirkomulag þess gæðaeftirlits sem er til staðar samkvæmt lögum, enda full þörf á. Minni hlutinn gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við nokkra þætti frumvarpsins. Þær helstu varða akademískt frelsi háskóla, skipan háskólaráða, jafnræði milli háskólanna óháð rekstrarformi þeirra og aðgengi fatlaðra nemenda að háskólum landsins. Tilraunir minni hlutans til að ná fram breytingum á málinu við umfjöllun nefndarinnar skiluðu ekki árangri og því flytur minni hlutinn breytingartillögur við 2. umræðu um málið.

Akademískt frelsi.

Akademískt frelsi er hornsteinn háskólastarfs og liggur því til grundvallar. Vísindasamfélagið hvílir á hugmyndum um gagnrýna hugsun og vinnubrögð. Það er því mikilvægt að tryggja sem best akademískt frelsi til rannsókna, kennslu, tjáningar og birtingar efnis. Án þess er háskólastarfi ógnað enda ekki um að ræða háskólastarfsemi nema að nafninu til ef gengið er á akademískt frelsi háskólafólks. Hver einstaklingur innan háskólans þarf að geta leitað þekkingar og tjáð viðhorf sín í smáu sem stóru án þess að starfsöryggi hans sé ógnað og hver háskóli þarf að vera öruggur um að honum verði hvorki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda né hagsmunaaðila. Þó að þessa sé getið að nokkru leyti í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins telur minni hlutinn að kveða þurfi skýrt á um það í lögunum og leggur því til breytingu við 2. gr., þar sem kveðið verði á um sameiginlega skyldu stjórnvalda og háskóla til að standa vörð um akademískt frelsi háskólanna.

Rannsóknafrelsi háskóla og sjálfstæði þeirra þarf að tryggja með lögum þannig að það sé tryggt svo sem kostur er að háskólum verði ekki gefin fyrimæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um starfsemi sína. Hvorki um val á viðfangsefnum, aðferðum eða efnistökum

af neinu tagi við rannsóknir. Vísar minni hlutinn í þessu efni til umsagna annars vegar frá skrifstofu rektors Háskóla Íslands og hins vegar frá Félagi háskólakennara og Félagi prófessora um mikilvægi þess að lögin séu skýr um þetta atriði.

Háskólaráð.

Minni hluti menntamálanefndar telur mikilvægt að nemendur og kennarar eigi fulltrúa í háskólaráði allra háskóla. Háskólar eru í eðli sínu lýðræðislegar stofnanir og rík hefð hefur skapast fyrir aðkomu nemenda og kennara að stjórnun og skipulagi skólanna með setu í háskólaráðum þeirra, þó það eigi ekki við um alla starfandi háskóla. Nemendur og kennarar hljóta að vera dýrmætasta uppspretta hugmynda í hverjum háskóla. Án þeirra er ekkert starf og enginn háskóli. Það er því mat minni hlutans að nauðsynlegt sé nemendur og kennarar hafi beina aðkomu að ákvörðunum er varða stjórnun og skipulag skólanna. Slíkt væri í fullu samræmi við hugmyndafræðina bak við Bologna-samþykktina, en hún kveður á um að nemendur skuli eiga aðkomu að ákvörðunum skólanna á öllum stigum. Minni hlutinn flytur því breytingartillögu við 15. gr. frumvarpsins þess efnis að nemendur og kennarar eigi fulltrúa í háskólaráði hvers háskóla.

Kennsluframlög.

Minni hlutinn gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli í frumvarpinu fjallað um starfsskilyrði háskóla og það hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til háskóla sem búa við mismunandi rekstrarform. Í því efni telur minni hlutinn mikilvægt að framlög hins opinbera til háskólanna byggist á sömu forsendum þótt starfsskilyrði þeirra og rekstrarform séu ólík. Það er mat minni hlutans að þróun íslenskra háskóla ráðist að miklu leyti af því hvernig fjárframlög til þeirra þróast. Árum saman hafa stjórnvöld daufheyrst við ákalli opinberu skólanna um aukið fjármagn til rekstrar. Forvígismenn Háskóla Íslands telja jafnvel að akademískt frelsi skólans geti verið í hættu vegna þess að ekki sé nægilega vel búið að skólanum fjárhagslega og að við honum blasi að grípa þurfi til umfangsmikilla fjöldatakmarkana eða krefjast heimilda til hárra skólagjalda.

Minni hlutinn telur afar mikilvægt að jafnræðis sé gætt á milli sjálfstætt starfandi háskóla og opinberra háskóla. Því er ekki að heilsa núna og stjórnvöld hafa látið undir höfuð leggjast að skilgreina eftir hvaða viðmiðunum fjárveitingar til starfsemi skólanna fari. Það er sannarlega tímabært að stjórnvöld viðurkenni þörfina á að jafnræði með skólunum sé tryggt þannig að þeir hafi sömu fjármuni til ráðstöfunar til að standa undir kennslukostnaði hvert sem rekstrarform þeirra er. Mat minni hlutans er að leysa eigi þennan vanda í rammalögum um háskóla. Það er ekki forsvaranlegt að opinberu háskólarnir þurfi að vísa nemendum frá í stórum stíl á sama tíma og stjórnvöld halda því fram að þau vilji efla háskólamenntun í landinu.

Aðgengi fatlaðra nemenda.

Í umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið kom fram gagnrýni á að ekki skuli gert ráð fyrir því að fatlaðir nemendur eigi rétt á að greitt sé fyrir námi þeirra við háskóla. Samkvæmt frumvarpinu er það hverjum og einum háskóla í sjálfsvald sett hvernig þörfum fatlaðra nemenda er sinnt. Það er mat minni hlutans að full þörf sé á því að skilgreina rétt fatlaðra nemenda til náms, með sértækum hætti í rammalöggjöf um háskóla eins og gert er varðandi fatlaða nemendur í framhaldsskólum í 19. grein laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Þar er framhaldsskólunum gert skylt að veita fötluðum nemendum kennslu og sérstakan stuðning í námi, auk þess sem gert er ráð fyrir að fötluðum nemum sé látin í té sérfræðileg aðstoð og

nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Af þessu leiðir að kostnaður við fatlaða nemendur er metinn sérstaklega og greiddur úr ríkissjóði. Í því augnamiði að hið sama gildi um fatlaða nemendur í háskólum leggur minni hlutinn til breytingu á 19. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 4. apríl 2006.

Björgvin G. Sigurðsson, frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Kolbrún Halldórsdóttir.

Mörður Árnason.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:
I. Umsögn Háskóla Íslands. (27. febrúar 2006.)
II. Umsögn Háskólans á Akureyri. (24. febrúar 2006.)
III. Umsögn Listaháskóla Íslands. (24. febrúar 2006.)

1120. Breytingartillögur [433. mál]

við frv. til l. um háskóla.

Frá minni hluta menntamálanefndar (BjörgvS, EMS, KolH, MÁ).

1. Í stað fyrri málsliðar 3. mgr. 2. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Háskólar ráða sjálfir málefnum sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Þeim ber að standa vörð um akademískt frelsi og þeim verða ekki gefin bindandi fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistök við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun.
2. Á eftir 1. málsl. fyrri málsgreinar 15. gr. komi nýr málsliður sem orðist svo: Tryggt skal að í háskólaráði sitji fulltrúar kennara og nemenda.
3. Á eftir 3. mg. 19. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Háskólum er skylt að veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skal í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins.

1121. Fyrirspurn [768. mál]

til forsætisráðherra um störf í álverum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hve mörgum störfum er gert ráð fyrir við álver við Húsavík og hve mörgum störfum við stækkun álversins í Straumsvík, ef af verður?
2. Hve mörg störf má ætla að tapist vegna ruðningsáhrifa og verri skilyrða í öðrum greinum?
3. Er gert ráð fyrir að afleidd störf séu fleiri í tengslum við álframleiðslu en í öðrum greinum, svo sem sjávarútvegi, heilsutengdri ferðaþjónustu, rannsóknum og hátæknistarfsemi?
4. Á hvaða forsendum hvíla fullyrðingar ráðherra um að hagvöxtur verði 5–6% meiri en ella og tekjur ríkissjóðs 10–15 milljörðum kr. meiri ef af fyrrnefndum álversframkvæmdum verður?

Skriflegt svar óskast.

1122. Breytingartillaga [448. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (GHj, KHG, ArnbS, KÓ, ÍGP).

Við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal endurgreiða gjald vegna úthlutunar aflaheimilda í rækju á Flæmingjagrunni fyrir árið 2006 og skal veiðigjald fyrir árin 2006, 2007 og 2008 innheimt í lok hvers árs miðað við rækjuafla hvers skips á því ári.

1123. Nefndarálit [575. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Breyting skv. 1. gr. frumvarpsins er 1.243,4 m.kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjár-

laga og afgangsheimildir og umframgjöld sem falla niður skv. 2. gr. nema 13.517,2 m.kr.
1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 4. apríl 2006.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Bjarni Benediktsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	

1124. Frumvarp til laga [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

1. gr.

Orðin „og 9. gr. a“ í 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

9. gr. a laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við þegar lögin taka gildi. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal vera hvort sem hærra reynist: aflamark sem úthlutun á grundvelli viðkomandi réttar gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips eða aflamark sem er meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða reiknigrunn hvers úthlutunarréttar hlutfallslega þannig að heildarreiknigrunnurinn verði ekki hærri en meðaltal úthlutana fyrrgreindra fiskveiðiára að teknu tilliti til lækkunar leyfilegs heildarafla þorsks milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips skal síðan reiknuð út frá reiknigrunni sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endurreiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa.

1125. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. a laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.
b. Við fyrri málslið 2. mgr. bætist: eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

3. gr.

Við 3. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða 12.000 kr. til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda 1. september 2006.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum og samfelldri röð tölusliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn hafa gildi. Jafnframt verða eftirfarandi breytingar á lögunum:

a. Við 6. gr. b bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.
b. Lokamálsliður 6. mgr. 11. gr. orðast svo: Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991.
c. Við 1. málsl. 3. mgr. 17. gr. bætist: og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 12. gr. skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

Þrátt fyrir lokamálslið 1. mgr. 23. gr. skal endurgreiða útgerð gjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2005/2006. Veiðigjald skv. V. kafla laganna vegna út-

hafsrækju fiskveiðiárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 skal innheimt í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafsrækjuafla fiskiskips á því fiskveiðiári.

II.

Sé krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila við gildistöku laga þessara yfir þeim mörkum sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 11. gr. a skal viðkomandi aðili þegar í stað senda Fiskistofu tilkynningu í samræmi við 1. mgr. 11. gr. b og gilda þá ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar. Aðili skal þó hafa frest til 1. september 2009 til að ráðstafa krókaaflahlutdeildinni þannig að hún rúmist innan settra marka. Að öðru leyti gildir 2. mgr. 11. gr. b um hámark krókaaflahlutdeildar.

1126. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

1. gr.

Við a-lið 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi ná ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1127. Svar [676. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu.

1. *Áformar ráðherra að gera ráðstafanir sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart erlendri fiskvinnslu og vinnslu sem fer fram í fullvinnsluskipum?*

Á árinu 2000 gaf þáverandi samkeppnisráð út álit í máli nr. 2/2000, sem m.a. fjallaði um samkeppnisstöðu innlendrar fiskvinnslu gagnvart erlendri fiskvinnslu og vinnslu sem fer fram í fullvinnsluskipum.

Tilefni þess álits var kvörtun innlends fiskvinnslufyrirtækis sem benti á að ísfiskur sem sendur væri til útlanda til vinnslu væri aðeins vigtaður brúttóvigt hérlendis (með ís og umbúðum) en fisk til landvinnslu hérlendis yrði að vigta nettóvigt. Af hálfu kvartanda var talið að vigtun erlendis væri um 7,5% lægri en vigtun hérlendis. Æskilegra væri að fiskur sem sendur væri til útlanda í gámum yrði vigtaður nettóvigt áður en hann væri sendur úr landi.

Um þetta sagði svo í áliti samkeppnisráðs:

„Í máli því sem hér er til umfjöllunar hefur því verið haldið fram að misjafnar reglur um

vigtun afla, eftir því hvort hann er seldur hér á landi eða erlendis, valdi mismunun milli innlendra og erlendra fiskkaupenda. [...] Samkeppnisráð leggur þannig skilning í umkvörtunarefnið að þessu leyti að erlendur fiskkaupandi fái meira magn en uppgefið sé á vigtarskýrslum, m.a. vegna hefðbundinnar yfirvigtar á erlendum fiskmörkuðum, en innlendur fiskkaupandi fái þvert á móti minna magn, t.a.m. vegna áðurnefndrar 3% reglu, eða í besta falli það magn af fiski sem hann greiðir fyrir. Ástæðan sé sú að fiskur sem innlend fiskvinnsla kaupi sé vigtaður nettóvigt hérlendis en fiskur sem erlend fiskvinnsla kaupi sé aðeins vigtaður brúttóvigt hér á landi en endurvigtaður erlendis þar sem yfirvigt sé almenn regla.

Að mati samkeppnisráðs snýst álitaefnið ekki nema að takmörkuðu leyti um beinar aðgerðir íslenskra stjórnvalda sem raski samkeppnisstöðu. Er þar átt við hina sk. 3% reglu, en fyrr var um hana fjallað. Að mati samkeppnisráðs geta mismunandi venjur við vigtun afla vart orðið tilefni sérstakra aðgerða innlendra stjórnvalda sem beint eða óbeint skertu möguleika útgerðarmanna á að ráðstafa afla til þeirra markaða sem fýsilegastir þykja hverju sinni. Hins vegar bendir samkeppnisráð á að hóflegt álag á útfluttan fisk, sem tæki mið af hugsanlegri rýrnun og sannanlegri yfirvigt á erlendum fiskmarkaði, færi ekki gegn markmiði samkeppnislaga [...]. Að öðru leyti sér samkeppnisráð ekki ástæðu frekari athugasemda hvað þetta atriði áhrærir."

Í sama máli var einnig fjallað um þann mun sem gerður var á milli fiskvinnslufyrirtækja í landi annars vegar og vinnsluskipa hins vegar hvað varðar vigtun hráefnis til vinnslu. Af hálfu kvartanda var bent á að fiskvinnslufyrirtæki í landi keyptu hráefni eftir vigt, en síðan væru afföll, afskurður og nýting á ábyrgð fyrirtækisins. Þessu væri öðruvísi farið með vinnsluskip, enda væri það hráefni sem þau ynnu úr ekki vigtað inn á vinnslulínur skipanna. Þess í stað væru teknar nýtingarprufur sem gætu ekki endurspeglað raunverulegt magn sem unnið væri úr. Þá skipti nýting litlu máli um borð í vinnsluskipi, þar sem alltaf mætti fá nýtt hráefni í stað þess sem misfærist í vinnslu. Þetta þýddi að samkeppnisstaða landvinnslu gagnvart sjóvinnslu væri skert þar sem landvinnsla yrði að taka á sig mun meiri kostnað tengdan hráefni, en hráefniskostnaður væri stærsti einstaki útgjaldaliðurinn hjá fiskvinnslufyrirtækjum.

Af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins og LÍÚ var bent á að ekki væri tæknilega mögulegt eins og sakir stæðu að koma við vigtun inn á vinnslulínur fiskiskipa. Þess í stað væru teknar nýtingarprufur sem ættu að endurspegla það magn hráefnis sem færi í gegnum vinnsluna. Af þeim sökum hefðu verið settar reglur sem legðu hömlur við því hversu mikið mætti vinna fisk um borð í skipi.

Um þetta sagði svo í áliti samkeppnisráðs:

„Samkeppnisráð bendir á að vinnsluskip eru keppinautar fiskvinnslufyrirtækja í landi. Fyrst og fremst er þar um að ræða samkeppni um að selja fiskafurðir til kaupenda en eðli málsins samkvæmt keppa þessir aðilar síður á hráefnismarkaði. Ljóst má vera að samkeppnisstaða aðila á markaði ræðst ekki síst af þeim kostnaði sem fellur til í rekstri vegna opinberra reglna ýmiss konar. Getur þar bæði verið um beinan og óbeinan kostnað að ræða. Í þessu tilfelli er ljóst að talsverður munur getur skapast milli landvinnslna annars vegar og sjóvinnslna hins vegar þar sem hin fyrrnefnda kemst ekki hjá því að bera kostnað vegna affalla við vinnsluna. Ef hráefni er ekki vigtað inn á vinnslulínur þeirra skipa sem vinna afla um borð er sá möguleiki fyrir hendi að afföll við vinnslu komi ekki fram sem kostnaður í rekstri með sama hætti og hann gerir óhjákvæmilega hjá landvinnslufyrirtæki. Þó skal sérstaklega tekið fram að með þessu er ekki verið að fullyrða að fiski sé í raun hent frá borði vinnsluskipa enda er samkeppnisráð ekki í aðstöðu til að dæma um slíkt og er eftirlit með slíku í höndum annarra stjórnvalda. Frá samkeppnislegu sjónarmiði skiptir mestu að þessu

leyti að staða keppinauta gagnvart opinberum reglum sé sambærileg, að svo miklu leyti sem við á, enda er oft erfitt að meta hvort aðili, sem sætir minni kröfum frá hendi hins opinbera, misnotar þá stöðu í reynd eður ei.

Eins og mál þetta liggur fyrir telur samkeppnisráð rétt að beina þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra að ítarlega verði kannað hvort ekki sé nú þegar fyrir hendi búnaður sem geri mögulegt að koma að vigtun inn á vinnslulínur vinnsluskipa. Komi í ljós að slíkur búnaður sé til beinir samkeppnisráð því jafnframt til sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að tekin verði upp vigtun inn á vinnslulínur vinnsluskipa. Búast má við því að sú aðgerð leiði til þess að unnt verði að fylgjast með nákvæmari hætti með vinnslu um borð í fiskiskipum auk þess sem staða þeirra og landvinnslu verði þá jöfnuð að þessu leyti. Þannig taki opinberar kröfur til fiskvinnslufyrirtækja jafnt til allra keppinauta á markaðnum, hvort sem um landvinnslu eða sjóvinnslu sé að ræða. Ójöfn staða gagnvart opinberum reglum getur leitt til þess að þeir aðilar sem í reynd ná bestum árangri í rekstri að eigin verðleikum njóta þess síður í samkeppni á markaði. Slíkt hamlar gegn því að markmið samkeppnislaga um virka samkeppni og hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta nái fram að ganga.“

Áliti þessu var beint til sjávarútvegsráðherra sem fagráðherra á þessu sviði. Álit samkeppnisyfirvalda eru hins vegar ekki bindandi að lögum, sbr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005.

2. *Telur ráðherra að með því að ekki er gerð krafa um að gámafiskur sé veginn nettóvigt áður en hann er sendur á markaði erlendis sé jafnræðis gætt við útgerðarmenn sem selja sinn fisk innan lands?*

Vegna þessarar spurningar verður að taka fram að hvorki á grundvelli samkeppnislaga né annarra laga er unnt að tryggja fullkominn jöfnuð milli keppinauta á markaði. Þá fara samkeppnisyfirvöld ekki með úrskurðarvald um það hvort tiltekin lög fari gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Um slík álitaefni er fjallað fyrir dómstólum landsins. Samkeppnisyfirvöld fjalla um hvort tiltekin framkvæmd stríði gegn markmiði samkeppnislaga eða einstökum ákvæðum þeirra. Er í því sambandi vísað til umfjöllunar um 1. lið fyrirspurnarinnar.

3. *Telur ráðherra það standast samkeppnisskilyrði að íslenskri fiskvinnslu sé meinað að bjóða í fisk sem sendur er óvigtaður á erlenda markaði?*

Samkeppnisyfirvöld hafa ekki tekið á framangreindu álitaefni. Skv. 5. gr. samkeppnislaga, nr. 44/2005, fer Samkeppniseftirlitið með eftirlitið samkvæmt lögunum og annast daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Áður en Samkeppniseftirlitið kemst að niðurstöðu ber því að fara að stjórnsýslulögum. Erindi er þannig sent til umsagnar aðila og gagna aflað.

Með vísan til framangreinds hefur viðskiptaráðherra ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort það standist samkeppnisskilyrði að íslenskri fiskvinnslu sé meinað að bjóða í fisk sem sendur er óvigtaður á erlenda markaði.

4. *Hvers vegna hefur ekki verið krafist innvigtunar inn á vinnslulínur í vinnsluskipum með löggiltum flæðivogum sem nota má á sjó?*

Eins og fram kemur í svari við 1. lið hefur þáverandi samkeppnisráð beint þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að tekin verði upp vigtun inn á vinnslulínur vinnsluskipa, sé það mögulegt. Viðskiptaráðherra er ekki kunnugt um hvort áformað sé að gera þá kröfu.

5. *Stenst það jafnræðiskröfur gagnvart keppinautum í greininni og samkeppnislög að gera ekki kröfur um löggilta vigtarmenn í fullvinnsluskipum? Er áformað að gera þá kröfu?*
Sjá svar við 4. lið.

1128. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um breyt. á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu Gunnarsdóttur, Rögnu Árnadóttur og Hauk Guðmundsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Drífu Snædal og Telmu Ásdísardóttur frá Kvennaathvarfinu, Guðrúnu Kristinsdóttur prófessor, Valborgu Snævarr frá sifjalaganefnd, Stefán Guðmundsson, Gísla Gíslason og Sigurð Frey Magnússon frá Félagi ábyrgra feðra, Ingibjörgu Rafnar umboðsmann barna, Hrefnu Friðriksdóttur frá Barnaverndarstofu, Eyrúnu Guðmundsdóttur frá sýslumanninum í Reykjavík, Jónas B. Jóhannsson héraðsdómara, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Guðfinnu Eydal sálfræðing, Símon Sigvaldason frá héraðsdómi Reykjavíkur, Dögg Pálsdóttur hrl., Helga Áss Grétarsson, Eddu Hannesdóttur og Elsu Ingu Konráðsdóttur.

Þá bárust umsagnir um málið frá Heimili og skóla, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Samtökunum '78, Sýslumannafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Félagsþjónustunni í Hafnarfirði, Prestafélagi Íslands, Jafnréttisstofu, Lögmannafélagi Íslands, kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, dómstólaráði, Félagi íslenskra barnalækna, umboðsmanni barna, sifjalaganefnd, Fjölskyldaþjónustu kirkjunnar, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála, Tryggingastofnun ríkisins, fjölskylduráði, Íslenskri ættleiðingu, Guðrúnu Kristinsdóttur prófessor, Kvennaathvarfi, Félagi einstæðra foreldra og Félagi ábyrgra feðra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á barnalögum, lögum um ættleiðingar og hjúskaparlögum. Meginbreytingin sem frumvarpið felur í sér á barnalögum er að sameiginleg forsjá er gerð að meginreglu eftir samvistarslit foreldra nema annað sé ákveðið. Þá eru lagðar til breytingar varðandi þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmað og enn fremur á lögsögureglum í meðlagsmálum.

Einnig eru lagðar til breytingar á ættleiðingarlögum sem varða einkum málsmeðferð og breytingar á hjúskaparlögum sem fela í sér að einfalda málsmeðferð við innheimtu framfærslueyris og lífeyris til maka á grundvelli laganna og að fella niður heimild til að kæra útgáfu skilnaðarleyfis til ráðuneytisins þar sem eðlilegra þykir að dómstólar fjalli um slík mál vegna þeirra afdrifaríku réttaráhrifa sem fylgja útgáfu skilnaðarleyfis og þá einnig ógildingu slíks leyfis.

Sameiginleg forsjá.

Á fundum sínum fjallaði nefndin ítarlega um þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu um að sameiginleg forsjá verði meginregla eftir skilnað eða slit skráðrar sambúðar nema annað sé ákveðið og þau rök sem mæla með og á móti þessari tilhögun.

Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barna sinna í hjúskap og sambúð og bera ríkar skyldur gagnvart þeim. Í frumvarpinu er lögð áhersla á það sjónarmið að við skilnað eða slit skráðrar sambúðar beri foreldrar enn sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og að börnin eigi

rétt á umönnun foreldranna eftir sem áður. Þá gildir það meginsjónarmið í barnarétti að við úrlausn allra mála sem varða börn skuli hagsmunir þeirra ráða.

Sameiginleg forsjá var tekin upp í barnalög árið 1992 og í greinargerð sem frumvarpinu fylgdi voru talin upp rök með og á móti þeirri tilhögun. Talið var að sameiginleg forsjá gæti stuðlað að friðsamlegri skilnaði en ella og verið til þess fallin að stuðla að betri samskiptum barns við báða foreldra. Með því að tryggja því foreldri sem barn býr ekki hjá forsjá væri minni hætta á að samband við það rofnaði. Foreldrar gátu samið um að forsjá yrði sameiginleg en grundvöllur þess var sátt milli foreldra.

Frá 1992, þegar sameiginleg forsjá var lögfest, og fram til 1. nóvember 2003, þ.e. við gildistöku nýrra barnalaga, var stjórnvöldum óheimilt að úrskurða í umgengnis- og meðlagságreiningsmálum foreldra sem fóru sameiginlega með forsjá barns, þar sem grundvöllur sameiginlegrar forsjár taldist þá brostinn. Með gildistöku barnalaga nr. 76/2003 opnaðist möguleiki til að úrskurða í slíkum deilumálum.

Segja má að sameiginleg forsjá sé í reynd orðin að meginreglu í framkvæmd þar sem í 61,2% tilvika árið 2004 kusu foreldrar sameiginlega forsjá við lögskilnað og í 75,8% tilvika eftir sambúðarslit.

Nefndin telur að sameiginleg forsjá samræmist vel þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands, sbr. mannréttindasáttmála Evrópu og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þá telur nefndin enn fremur að sameiginleg forsjá sé eðlilegt framhald þeirrar stefnu, sem kom m.a. fram í setningu laga um fæðingarorlof, að umönnun barna sé samvinnuverkefni foreldra og að þeir beri saman þær ríku skyldur og ábyrgð sem því fylgir.

Í störfum nefndarinnar var upplýst að sams konar regla og lögð er til í frumvarpinu gildir annars staðar á Norðurlöndunum þar sem foreldrar í hjúskap fara sameiginlega með forsjá barns síns meðan hjúskapur varir og einnig eftir skilnað, nema annað sé ákveðið. Þannig er forsjá sameiginleg eftir skilnað nema foreldrar aðhafist sérstaklega í því skyni að fá henni breytt. Hérlendis gildir enn fremur sú regla að foreldrar í skráðri sambúð fara sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barns meðan sambúð varir og taka ákvæði frumvarpsins um sameiginlega forsjá eftir slit skráðrar sambúðar einnig til þeirra.

Ekki verður séð að meðal norrænu ríkjanna séu hugmyndir um að hverfa frá sameiginlegri forsjá sem meginreglu eftir skilnað. Þvert á móti er talað um að einhugur sé um mikilvægi sameiginlegrar forsjár við slíkar kringumstæður þar sem það þjóni hagsmunum barns að báðir foreldrar taki virkan þátt í lífi þess og að þeir taki báðir þýðingarmiklar ákvarðanir sem varða framtíð barns.

Forsjá.

Á fundum nefndarinnar og í umsögnum sem bárust um málið kom fram að skilgreina þyrfti betur inntak forsjár og skyldur foreldra. Samkvæmt barnalögum felur forsjá barns í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns. Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt í hvívetna. Forsjárforeldri fer með fjárhald samkvæmt lögræðislögum.

Ef forsjá er sameiginleg fara báðir foreldrar með þennan rétt og þessa skyldu. Sýslumenn hér á landi hafa heimild til þess að úrskurða í umgengnismálum og meðlagsmálum þegar forsjá er sameiginleg en yfirvöld geta ekki ákveðið hjá hvoru foreldrinu barn skuli búa. Hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndunum er almennt gert ráð fyrir því að samþykki beggja forsjárforeldra þurfi til meiri háttar ákvarðana sem varða barn. Hvað telst meiri háttar ákvarðanir er ekki skilgreint í lögunum hér frekar en annars staðar í norrænum rétti. Hér er

ekki vísað til minni háttar ákvarðana því almennt er ekki gert ráð fyrir að atbeina beggja foreldra þurfi til slíkra ákvarðana, heldur er átt við ákvarðanir sem talist geta þýðingarmiklar. Rétt er að undirstrika að ákvæðið er bundið við nauðsynlegar ákvarðanir og því verður sú krafa almennt gerð að ákvarðanir bíði ef foreldri er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum.

Í barnalögum er sérstakt ákvæði um að óheimilt sé að fara með barn úr landi ef forsjá er sameiginleg nema með samþykki beggja foreldra. Lög um vegabréf, nr. 136/1998, heimila útgáfu vegabréfs fyrir ósjálfráða barn samkvæmt samþykki annars forsjárforeldris einvörðungu í þeim tilvikum þegar hitt er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna.

Með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á framangreindum reglum um forsjá og inntaki hennar og hvorki er lagt til að skilgreint verði nánar hvaða ákvarðanir teljist meiri háttar né í hvaða tilvikum þörf sé á atbeina beggja. Gengið er út frá því að foreldrar, sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns, komi sér saman um hvernig þeir framkvæmi forsjána og komi upp ósættanlegur ágreiningur um hvaða leiðir skuli fara leiði það til endaloka sameiginlegrar forsjár.

Á fundum nefndarinnar kom fram að hjá dómsmálaráðuneyti er verið að undirbúa útgáfu bæklings um m.a. inntak sameiginlegrar forsjár, hvað í henni felist og hvaða ákvarðanir teljist meiri háttar þannig að samþykki beggja foreldra þurfi að koma til. Nefndin telur þarft að leiðbeiningarreglur um hvað felist í sameiginlegri forsjá og hvaða ákvarðanir teljist meiri háttar verði kynntar en telur að slíkt eigi ekki að binda í lög enda mikilvægt að binda ekki hendur foreldra í þessu efni sem fara með sameiginlega forsjá. Þá er nauðsynlegt að slíkar reglur geti tekið breytingum til samræmis við þróun í þjóðfélagin.

Dómstólaleiðin.

Samkvæmt frumvarpinu er grundvöllur sameiginlegrar forsjár óbreyttur frá gildandi lögum, þ.e. að sátt verður að ríkja milli foreldra um helstu þarfir og hagsmuni barnsins. Rétt er að geta þess að full sátt getur jafnframt verið um að annað foreldrið fari eitt með forsjá. Ef hins vegar foreldrar geta ekki komið sér saman um tilhögun forsjár er nauðsynlegt að skera úr um ágreininginn fyrir dómi. Samkvæmt gildandi lögum er dómurum einungis heimilt að dæma öðru foreldrinu forsjá í forsjármálum. Ræddi nefndin nokkuð um það á fundum sínum hvort heimila ætti dómurum að dæma sameiginlega forsjá í forsjármálum gegn vilja annars foreldris. Sú leið er ekki lögð til í frumvarpinu en hana var að finna í tillögum forsjárnefndar, eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Á fundum nefndarinnar kom fram að slík heimild er í lögum nokkurra landa þar á meðal Noregs, Finnlands og Svíþjóðar. Kom fram að í Svíþjóð hefði heimildin verið í lögum frá árinu 1998 og að árið 2002 hefði verið skipuð nefnd þar, m.a. til þess að skoða hvernig til hefði tekist með framkvæmd laganna. Sú nefnd kannaði m.a. dómaframkvæmd og skilaði ítarlegri skýrslu í júní 2005. Þar kemur m.a. fram að dómstólar hafi tiltölulega oft notað þann möguleika að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris, eða í u.þ.b. helmingi forsjárágreiningsmála. Rökin voru í flestum tilvikum þau að samstarfsörðugleikar hafi ekki verið á svo alvarlegu stigi að þeir ættu að koma í veg fyrir sameiginlega forsjá. Staðhæfingar um ofbeldi komu fram í um einum þriðja þeirra dóma sem nefndin kannaði og dómstólarnir dæmdu sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris í um helmingi þeirra tilvika. Sænsku nefndinni þótti tilhneiging til þess hjá dómstólum að dæma sameiginlega forsjá jafnvel þótt fyrirsjáanlegt mætti vera að foreldrarnir gætu ekki náð saman um málefni barns.

Í kjölfar skýrslunnar lagði dómsmálaráðherra Svíþjóðar fram frumvarp til breytinga á lögum um forsjá o.fl. Í frumvarpinu felst m.a. að leggja beri enn ríkari áherslu en áður á að það

sem barni er fyrir bestu eigi að ráða ferðinni þegar kemur að því að ákveða forsjá og að skoða verði vandlega hvert einstakt mál. Sérstaklega skuli taka tillit til möguleika foreldra á að vinna saman að málefnum barns þegar ákveðið er hvort forsjá skuli vera sameiginleg eða í höndum annars foreldris. Mikilvægi góðrar samvinnu foreldra og þess að hagsmunir barns eigi vera í fyrirrúmi við ákvörðun forsjár er undirstrikað en ekki lagt til að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris verði felld niður.

Einnig kom fram á fundum að í Danmörku sé verið að skoða hvort taka eigi upp ákvæði um að fela dómurum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris og er skýrslu um athugunina að vænta á þessu ári.

Hjá gestum nefndarinnar komu fram bæði rök með og á móti þeirri leið að dæma sameiginlega forsjá. Helstu rökin með því að dæma sameiginlega forsjá voru þau að börn eiga rétt á forsjá beggja foreldra og að við skilnað og slit skráðrar sambúðar sé oft hætta á að deilum foreldra um önnur atriði en forsjána sé blandað saman við umfjöllun um tilhögun forsjár. Hugsanlegt er að upp komi tilvik þar sem foreldri vill ekki án sjáanlegra ástæðna sameiginlega forsjá og ekki er augljóst að vilji annars til að fara með eitt með forsjá eigi að vega meira en hagsmunir barns af því að foreldrar fari sameiginlega með forsjána. Þá var einnig bent á að þegar fyrir liggur að dómari getur einungis dæmt öðru forsjá geti það leitt til þess að deilan verði lengri og jafnvel hatrammari og það því bitnað á hagsmunum barns.

Helstu rökin gegn því að taka upp þessa leið varða inntak sameiginlegrar forsjár sem snýst um að geta unnið saman að mikilvægum hagsmunum barns. Ef foreldrar lýsa því yfir að þeir geti það ekki er hugsanlegt að það geti verið andstætt hagsmunum barns að þvinga fram sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris þar sem grundvöllur sameiginlegrar forsjár er sátt. Því sjónarmiði hefur einnig verið hreyft fyrir nefndinni að dómur um sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris sé því sem næst markleysa.

Eins og áður segir er í frumvarpi þessu ekki lagt til að dómstólum verði gefin þessi heimild. Hefur umfjöllun nefndarinnar um málið mótast nokkuð af því. Af þessari ástæðu telur nefndin að úrræðið hafi ekki hlotið nægilega umfjöllun, m.a. þar sem umsagnaraðilar hafa ekki fengið fullnægjandi tækifæri til að færa fram rök bæði með og á móti og telur nefndin nauðsynlegt að jafn afdrifaríkt úrræði fái ítarlegri umræðu og ígrundaðri aðdraganda. Með vísan til framanritaðs telur nefndin að ekki sé unnt án frekari skoðunar og undirbúnings að leggja til breytingar á frumvarpinu í þá átt að heimila dómurum að dæma sameiginlega forsjá.

Leiðbeiningarskylda sýslumanns.

Nefndin telur rétt að undirstrika mikilvægi þess að með meginreglu um sameiginlega forsjá við skilnað eða slit skráðrar sambúðar er ekki tekinn ráðstöfunarréttur af foreldrum og leggur áherslu á mikilvægi þess að sýslumaður leiðbeini aðilum um að ef þeir eru ekki sáttir við þá tilhögun geti þeir óskað eftir að forsjá verði ekki sameiginleg.

Þá leggur nefndin áherslu á að sýslumaður ber ríka leiðbeiningarskyldu gagnvart foreldrum, sérstaklega varðandi inntak sameiginlegrar forsjár og þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér. Til þess að hnykkja enn frekar á skyldu sýslumanns í þessu efni leggur nefndin til breytingar á a-lið 1. gr. frumvarpsins um að skylda sýslumanns í þessu efni verði orðuð sérstaklega í lögum.

Foreldrum er skylt að taka ákvörðun um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa búsetu. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum með barni úr hendi hins foreldrisins eða Trygg-

ingastofnunar ríkisins, mæðra- eða feðralaunum og barnabótum og öðrum greiðslum frá hinu opinbera ef því er að skipta.

Foreldrar geta einnig samið sín á milli um skiptingu greiðslna þessara, enda er samkomulag foreldra um öll atriði er varða forsjána forsenda sameiginlegrar forsjár. Það foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris samkvæmt skattalögum. Enn fremur nýtur það foreldri þeirra hlunninda sem ríki og sveitarfélag bjóða einstæðum foreldrum auk þess er að framan greinir. Dvelji barn um tíma hjá því foreldri sem það á ekki lögheimili hjá getur það þó notið þessara hlunninda um stundarsakir, t.d. réttinda til dagvistar.

Telur nefndin að hlutverk sýslumanns við skilnað og við slit á skráðri sambúð sé mjög mikilvægt við úrlausn þessara mála og því nauðsynlegt að sýslumaður upplýsi foreldra við skilnað eða slit á skráðri sambúð um inntak forsjár, þ.e. hvaða ábyrgð og skyldur felast í því að hafa sameiginlega forsjá. Þá þarf sýslumaður einnig að kanna hvort það er raunverulegur grundvöllur fyrir sameiginlegri forsjá og hvort foreldrar geti sameinast og séu samstíga um helstu þarfir og hagsmuni barnsins. Foreldrar verða þannig að ákveða hjá hvoru þeirra barnið eigi lögheimili. Telur nefndin að ef foreldrar eru ekki sammála um þessi grundvallaratriði sé í raun um forsjárágreining að ræða og þeim skuli því boðin ráðgjöf hjá sérfræðingum á vegum sýslumannsembætta. Markmiðið með slíkri ráðgjöf er að reyna að hjálpa foreldrum að finna sameiginlega lausn á deilu sinni með tilliti til hagsmuna barns. Þá bendir nefndin sérstaklega á að ef um ágreining er að ræða eiga foreldrar kost á því að fá ráðgjöf en í 33. gr. barnalaga kemur fram að sýslumaður skuli bjóða aðilum í forsjár-, umgengis- og dagsektarmálum sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu.

Þá þarf sýslumaður að leggja áherslu á og leiðbeina foreldrum vandlega um að þeim beri skv. 1. mgr. 46. gr. barnalaga að gera með sér samkomulag um hvernig umgengni barns við foreldra skuli háttað, meðlagsgreiðslur o.fl., en í 1. mgr. 46. gr. er kveðið á um að barn eigi rétt á að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess. Þá segir enn fremur að við skilnað eða slit á skráðri sambúð hvíli sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur.

Hjá umsagnaraðilum og gestum komu fram rök gegn lögfestingu meginreglu um sameiginlega forsjá, sérstaklega varðandi hagsmuni barna í ofbeldissamböndum og var talið að í slíkum tilvikum gæti meginreglan um sameiginlega forsjá bitnað á börnum. Kom fram að algengt væri að við skilnað eða slit skráðrar sambúðar væri sameiginleg forsjá oft ákveðin útgönguleið úr ofbeldissambandi og látið bíða síðari tíma að fara í forsjármál. Nefndin telur ekki unnt að nota það sem rök gegn því að taka sameiginlega forsjá upp sem meginreglu að sumir foreldrar noti hana sem útgönguleið við skilnað enda ekki lagðar til í frumvarpinu breytingar sem koma í veg fyrir slíkt. Nefndin telur að með því að leggja meiri áherslu á hlutverk sýslumanns og leiðbeiningarskyldu við skilnað og slit skráðrar sambúðar í málunum sé unnt að komast að því hvort raunverulegur grundvöllur sé fyrir sameiginlegri forsjá eða hvort eitthvað sérstakt mæli gegn henni og hún sé andstæð hagsmunum barns, t.d. vegna ofbeldis eða vanrækslu.

Með vísan til framanritaðs leggur nefndin til að við 1. gr. frumvarpsins bætist málsliður sem hnykkir á leiðbeiningarskyldu sýslumanns hvað varðar sameiginlega forsjá.

Forsjá við andlát forsjárforeldris.

Nefndin ræddi á fundum sínum reglur um forsjá við andlát forsjárforeldris sem fer eitt með forsjá. Í 3. mgr. 29. gr. barnalaga er kveðið á um að ef foreldri, sem ekki er í hjúskap

og fer eitt með forsjá barns síns, gengur í hjúskap eða tekur upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu er forsjá barns einnig hjá stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Í 2. mgr. 30. gr. kemur fram að hafi annað foreldrið farið með forsjá barns, fari stjúpforeldri eða sambúðarforeldri, sem einnig hefur farið með forsjána, sbr. 3. mgr. 29. gr., áfram með forsjá eftir andlát forsjárforeldris. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til barnalaga kom fram að þegar svona háttar til er ekki um að ræða að forsjá barns hverfi til eftirlifandi stjúp- eða sambúðarforeldris, heldur að viðkomandi hefur forsjána áfram. Enn fremur sagði að þessar reglur mundu leiða til þess að ekki yrðu meiri háttar forsjárbreytingar umsvifalaust við andlát forsjárforeldris með því álagi sem kynni að vera samfara slíku heldur ætti barn þá rétt á að vera um kyrrt á heimili sínu þar til samkomulag yrði um annað eða dómari ákvæði annað, sbr. 4. mgr. 30. gr.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að þessi regla gæti leitt til óeðlilegrar niðurstöðu, sérstaklega þegar hjúskapur eða skráð sambúð hefur staðið í mjög stuttan tíma. Þannig gæti barnið hugsanlega verið tengdara forsjárlausa foreldrinu en stjúp- eða sambúðarforeldrinu.

Telur nefndin að eftir því sem sameiginleg forsjá verður algengari verði það einungis í undantekningartilvikum sem þessi staða kann að koma upp en leggur engu að síður til að ráðherra feli sifjalaganefnd að kanna hvort gera eigi breytingar á reglunni í þá veru að viðmiðunarsambúðartíminn verði lengdur.

Sáttameðferð.

Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að styrkja sáttameðferð og ráðgjöf við skilnað samhliða því að taka upp sameiginlega forsjá við skilnað eða slit skráðrar sambúðar. Við skoðun nefndarinnar kom fram að á það hafi stundum skort að sáttaleiðir hafi verið fullreyndar og að mál hafi jafnvel verið komin á lokastig fyrir dómi þegar tekist hafi að sætta þau. Telur nefndin að þegar litið er til hagsmuna barns sé mjög mikilvægt við skilnað og slit skráðrar sambúðar að sáttameðferð sé reynd strax í upphafi. Í því sambandi reynir einnig á leiðbeiningarskyldu sýslumanns, sbr. það sem áður hefur verið sagt.

Þá virðist nefndinni að sáttameðferð fyrir dómi hafi þróast nokkuð tilviljanakennt hjá dómstólum. Fram kom að fyrir héraðsdómi Reykjaness hefði náðst mjög mikill árangur í því að sætta mál fyrir dómi og að samkvæmt þeim upplýsingum sem lagðar voru fyrir nefndina hefðu þær sáttir haldið mjög vel.

Með vísan til mikilvægis sáttameðferðar í þessum málaflokki telur nefndin nauðsynlegt að farið verði í endurskoðunarvinnu á sáttaferli þessara mála bæði hjá sýslumanni og fyrir dómstólum. Í því starfi er nauðsynlegt að haft verði náið samstarf við þá aðila sem að þessum málum koma. Að mati nefndarinnar eru vísbendingar um að miklum árangri megi ná með markvissari vinnubrögðum á þessu sviði.

Nefndin beinir því til ráðherra að hrinda vinnu við þessa endurskoðun af stað og telur eðlilegt að litið verði til þróunar og reynslu frá nágrannalöndunum en t.d. Danir hafa lögfest sáttameðferð.

Aðrar breytingar á barnalögum.

Nefndin ræddi einnig aðrar breytingar á barnalögum sem lagðar eru til í frumvarpinu sem eru annars vegar breyting á reglum varðandi þvingunarúrræði þegar umgengni er tálmað og hins vegar rýmkun á lögsögureglum í einkamálum.

Nefndin fagnar sérstaklega þeim breytingum sem lagðar eru til á þvingunarúrræðunum og lúta að því að gera stjórnvöldum kleift að ákveða að umgengni sem er tálmað af forsjárforeldri skuli þvinguð fram þrátt fyrir að umgengnismáli hafi verið skotið til ráðuneytisins

til endurskoðunar eða eftir atvikum dómi héraðsdóms áfrýjað til Hæstaréttar, en það er ekki unnt samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin telur að þegar litið er til hagsmuna barns og réttar þess til umgengni við báða foreldra sína sé mikilvægt að unnt sé að úrskurða um umgengni þar sem málsmeðferðartími umgengnismála getur verið nokkuð langur. Þessi breyting er einnig í samræmi við það meginsjónarmið sem lögð er áhersla á í frumvarpinu og gildir í barnarétti að það séu hagsmunir barnsins sem eigi að ráða við úrlausn mála og að þrátt fyrir skilnað eða slit skráðrar sambúðar eigi barn rétt á umgengni við báða foreldra sína og umönnun þeirra þó að önnur deiluefni milli foreldra hafi ekki verið útkljáð.

Ættleiðingarlög.

Nefndin ræddi þær breytingar sem lagðar eru til á ættleiðingarlögum í 5. og 7. gr. frumvarpsins þess efnis að ekki sé nauðsynlegt að leita umsagnar barnaverndarnefnda vegna beiðna um leyfi til ættleiðingar eða útgáfu forsamþykkis ef það er augljóslega óþarft. Markmiðið með breytingunum er að heimila dómsmálaráðherra að synja útgáfu umbeðinna leyfa ef skilyrði fyrir útgáfu þeirra eru ekki uppfyllt og augljóst er að ættleiðing sé barni ekki fyrir bestu, eins og nánar kemur fram í athugasemdum með ákvæðunum. Breytingunum er ekki ætlað að ná til þeirra tilvika þegar t.d. ljóst þykir í upphafi máls að væntanlegir kjörforeldrar virðist sérlega hæfir til að taka að sér barn til ættleiðingar.

Telur nefndin að unnt sé að misskilja ákvæðin og leggur því til breytingar sem eru til þess fallnar að skerpa á ákvæðunum. Lagt er til að í 5. gr. skuli kveðið á um að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt. Í 7. gr. verði kveðið á um að leita skuli umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.

Hjúskaparlög.

Nefndin ræddi jafnframt þær breytingar sem lagðar eru til á hjúskaparlögum og felast í því að einfalda málsmeðferð við innheimtu framfærslueyris og lífeyris til maka á grundvelli laganna og að felld verði niður heimild til að kæra útgáfu skilnaðarleyfis til ráðuneytis þar sem talið er eðlilegra að dómstólar fjalli um þau mál vegna þeirra afdrifaríku réttaráhrifa sem fylgja útgáfu þeirra og ógildingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Sigurður Kári Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz, með fyrirvara.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.		Guðrún Ögmundsdóttir.

1129. Breytingartillögur [279. mál]

við frv. til l. um breyt. á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við a-lið 1. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.
2. Efnismálsgrein 5. gr. orðist svo:
   Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt.
3. Efnismálsgrein 7. gr. orðist svo:
   Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.

1130. Fyrirspurn [769. mál]

til menntamálaráðherra um skoðanakannanir.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Telur ráðherra að það sé eðlilegt og samrýmast kröfum um fagleg vinnubrögð óháðra vísindastofnana að stofnun á vegum Háskóla Íslands standi fyrir gerð skoðanakannana um kjör til sveitarstjórna í aðdraganda kosninga áður en lögbundinn frestur til að skila inn framboðum hefur runnið út?
2. Telur ráðherra það eðlilegt að utanaðkomandi fyrirtæki eða einkaaðilar geti keypt stofnun á vegum Háskóla Íslands til verka af þessu tagi?
3. Telur ráðherra eðlilegt að háskólastofnanir keppi við einkafyrirtæki um framkvæmd slíkra kannana?

1131. Svar [646. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um starfsemi Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Leitað var til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um svör við fyrirspurninni og er eftirfarandi byggt á upplýsingum frá sjóðnum.

1. *Hvernig hefur 1 milljarði kr. sem ríkisstjórnin lagði til Framtakssjóðs Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins af söluandvirði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verið ráðstafað og hver hefur annast vörslu sjóðsins?*

Í 7. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, segir m.a. svo um framlög í Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs og markmið hans: „... Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárins og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. ...“

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins bauð stofnfé þetta út til ráðstöfunar og ávöxtunar í fernu lagi og var hver hlutur 250 millj. kr. Krafa var gerð um 125 millj. kr. mótframlag frá hverjum þeirra sem fékk þessa hluta til ráðstöfunar. Þannig varð stofnfé sjóðanna fjögurra samtals 1.500 millj. kr. Tilboði var tekið frá eftirtöldum aðilum:

- Fjárfestingafélagi Vestmannaeyja hf., með aðsetur í Vestmannaeyjum,
- Fjárfestingafélagi Austurlands hf., með aðsetur á Reyðarfirði,
- Landsbankanum – Framtakssjóði ehf., með aðsetur á Akureyri,
- Framtakssjóði EFA, með aðsetur í Reykjavík.

2. *Í hvaða fyrirtækjum hefur sjóðurinn fjárfest og hvert er starfssvið þeirra, skipt eftir sveitarfélögum og kjördæmum?*

Sjóðirnir fjórir hafa fjárfest í eftirtöldum félögum:

Nafn	Staður	Starfssvið
Atferlisgreining ehf.	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla til atferlisgreininga
Bergspá ehf.	Akranes/Reykjavík	Hugbúnaður til greiningar á steinefnum
BonusOrtho ehf.	Ólafsfjörður/Reykjavík	Þróun og markaðssetning á nýrri aðferð til framleiðslu á bæklunarskóm
CCP hf.	Reykjavík	Framleiðsla og sala tölvuleikja á netinu
DomesticSoft	Reykjavík	Hugbúnaður til samtengingar á smágreindum tækjum
Fiskey hf.	Eyjafjörður	Lúðueldi
Foxhall ehf.	Akranes	Þróun og framleiðsla á eldvarnarfatnaði
Framtíðartækni hf.	Reykjavík	Þróun á aðferðum og tækjum til lækninga og rannsókna
Gagnvirk miðlun hf.	Höfn, Hornafirði	Þróun gagnvirks sjónvarps
Hvítserkur hf. (Interseafood)	Vestmannaeyjar/Reykjavík	Rekur upplýsinga- og viðskiptavef fyrir sjávarútveg á internetinu
Idega hugbúnaður hf.	Reykjavík	Nethugbúnaðarfyrirtæki
Landmat International ehf.	Reykjavík	Virðisaukandi þjónusta fyrir rekstraraðila farsímakerfa
Lífeind ehf.	Reykjavík	Þróun og markaðssetning nýrra aðferðafræðilegra lausna í lífvísindum
Markmar ehf.	Reykjavík	Hugmyndafyrirtæki um vinnslu úr sjávarfangi með líftækni
Martel ehf.	Húsavík	Gervihnattafarsímaþjónusta
Nikita ehf.	Reykjavík	Hönnun og markaðssetning á brettafatnaði fyrir konur
Norðurís hf.	Höfn, Hornafirði	Framleiðsla og sala á bragðefnum úr sjávarfangi
Orf líftækni hf.	Reykjavík	Framleiðsla hágæðapróteins úr erfðabreyttum plöntum
Prokaría hf.	Reykjavík	Líftæknifyrirtæki
Skrín ehf.	Akureyri	Tölvuþjónusta

Nafn	Staður	Starfssvið
Stofnfiskur hf.	Akureyri	Framleiðsla lax-, bleikju- og regnbogasilungshrogna
Sæbýli hf.	Vogar, Vatnsleysuströnd	Sæeyrna- og sandhverfueldi
Títan hf.	Reykjavík	Fjarskiptafyrirtæki
Umsýn hf.	Reykjavík	Framleiðsla og sala á tölvuhugbúnaði til eignaumsýslu
Veðvörur ehf. (Betware)	Reykjavík	Hugbúnaðarframleiðsla fyrir getraunir og lottó á netinu
Vefur – Samskiptalausnir ehf.	Selfoss/Reykjavík	Hugbúnaðar- og veflausnir og þjónusta tengd netinu
Þórsbrunnur hf.	Reykjavík	Vatnsútflutningsfyrirtæki

Alls eru þetta 27 fyrirtæki. Flest eru í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu, eða 15. Tvö eru í Norðvesturkjördæmi, fimm í Norðausturkjördæmi, þrjú í Suðurkjördæmi og eitt í Suðvesturkjördæmi.

3. *Er hægt að sjá merkjanlegan árangur af fjárframlögum eða lánum sjóðsins, þ.e. ef litið er til heildarveltu fyrirtækjanna og starfsmannafjölda þeirra?*

Framtakssjóðunum er einungis heimilt að kaupa hlutafé, ekki veita lán. Fjárfestingar framtakssjóðanna hafa skipt miklu máli fyrir þau fyrirtæki sem þeir hafa komið að. Frá árslokum 2000 hefur verið viðvarandi skortur á áhættufé til að leggja í ný fyrirtæki. Einkum hafa fyrirtæki sem starfa við upplýsinga- og hátækni fundið fyrir þessum skorti. Ef fjármagn framtakssjóðanna hefði ekki verið til ráðstöfunar verður að draga í efa að mörg þeirra fyrirtækja sem nú eru starfandi væru til.

Nokkur fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota, sum sameinast öðrum, nokkur hafa sjóðirnir selt en önnur eru í fullum rekstri. Ekki hefur verið haldið saman gögnum um heildarveltu allra þessara fyrirtækja né hver starfsmannafjöldi þeirra hefur verið frá því að sjóðirnir tóku til starfa. Ekki hefur farið fram sérstök rannsókn á því hver heildarvelta fyrirtækjanna hefur verið á hverjum tíma eða starfsmannafjöldi.

4. *Telur ráðherra að markmið sjóðsins um fjárfestingar á landsbyggðinni hafi náðst?*

Þrátt fyrir almennan skort á áhættufé til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, sbr. svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar, er ljóst er að eftirspurn úti á landi eftir því fjárfestingarfé sem til ráðstöfunar hefur verið í framtakssjóðunum reyndist minni en ráð var fyrir gert. Því urðu sjóðirnir að fjárfesta í félögum utan upphafslega skilgreindra svæða. Markmið sjóðanna um hina landfræðilegu afmörkun náðust því ekki.

5. *Hver hefur verið árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins frá því að hann hóf störf, á verðlagi 31. desember 2005, skipt eftir launum, húsnæðiskostnaði, sérfræðiaðstoð og öðrum kostnaði?*

Í samningunum sem gerðir voru árið 1999 um vörslu sjóðanna var samið um 3% vörsluþóknun af upphaflegu fé þeirra. Framtakssjóður Nýsköpunarsjóðs hefur því ekki greitt með beinum hætti laun, húsnæðiskostnað, sérfræðiaðstoð eða annan kostnað. Allur þessu kostnaður hefur verið innifalinn í vörsluþóknuninni og því liggja þessar upplýsingar ekki fyrir sundurliðaðar.

1132. Fyrirspurn [770. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu við psoriasis- og exemsjúklinga og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvar hafa psoriasis- og exemsjúklingar fengið meðferð eftir að göngudeild Sjálfsbjargar á Bjargi lokaði um síðustu áramót?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að þjónustu við psoriasis- og exemsjúklinga verði komið á fót á Akureyri?
3. Hafa farið fram viðræður við húðsjúkdómalækna, FSA, Sjálfsbjörg eða Spoex varðandi undirbúning eða rekstur göngudeildar/húðdeildar á Akureyri?
4. Hvenær væri hugsanlegt að slík starfsemi hæfist þar og hvernig yrði þjónustunni háttað?
5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að psoriasis- og exemsjúklingar sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins fái greiddan óhjákvæmilegan ferðakostnað vegna ítrekaðrar meðferðar í Bláa lóninu, eins og þeir sjúklingar sem leggjast inn á húðdeild LSH?
6. Hyggst ráðherra beita sér fyrir greiðslu ferðastyrks til sjúklinga af höfuðborgarsvæðinu sem nýta göngudeildarmeðferð Bláa lónsins?
7. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna meðferðar barna með psoriasis og exem og kostnaðar foreldra þeirra af þeim sökum?
8. Við hvaða erlendu meðferðarstofnun eða stofnanir hefur Tryggingastofnun gert samninga um loftslagsmeðferð fyrir psoriasissjúklinga?
9. Hve margir sjúklingar sóttu um loftslagsmeðferð erlendis á tímabilinu 2000–2005 og hve margir fengu jákvæðan úrskurð?

Skriflegt svar óskast.

1133. Frumvarp til laga [771. mál]

um um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 19/2004, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, að því er varðar atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands, skal atvinnurekandi sem hefur ráðið þá til starfa tilkynna um það til

Vinnumálastofnunar fram til 1. maí 2009 samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, á tímabilinu.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Meðferð upplýsinga.

Fái Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum er stofnuninni heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingarnar.

Heimilt er við vinnslu upplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 19/2004, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. skal atvinnurekandi tilkynna til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands eða Ungverjalands til starfa fram til 1. maí 2009. Í tilkynningunni skal koma fram nafn atvinnurekanda, kennitala og heimilisfang ásamt nafni útlendingsins, kennitölu og aðsetri hans hér á landi. Enn fremur skal fylgja tilkynningunni ráðningarsamningur sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Tilkynningin skal berast Vinnumálastofnun innan tíu virkra daga frá ráðningu. Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá framangreindum ríkjum til að starfa hér á landi.

Ef atvinnurekandi lætur hjá líða að senda Vinnumálastofnun tilkynningu skv. 1. mgr. getur stofnunin ákveðið að atvinnurekandi greiði dagsektir þar til tilkynning berst stofnuninni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna sem atvinnurekandi lét hjá líða að tilkynna um og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis skv. 24. gr. frestar aðför.

Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur skv. 1. mgr. starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins tók gildi 1. maí 2004 er tíu ríki urðu aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til viðbótar þeim sem fyrir voru, sbr. aðildarsamning EES. Þessi ríki eru Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Með aðildarsamningi EES var tryggð samhliða stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins.

Í samningaviðræðum um aðild ríkjanna að Evrópusambandinu var gert ráð fyrir að sömu reglur kæmu til með að gilda á öllu svæðinu. Í mörgum tilfellum þótti engu síður nauðsynlegt að semja um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart hinum nýju aðildarríkjum á tilteknum sviðum. Meðal þess sem gerður var fyrirvari um var gildistaka ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Samningarnir um inngöngu Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands í Evrópusambandið (hér eftir nefnd aðildarlögin) gera því ekki ráð fyrir að þau ákvæði taki gildi að því er varðar frjálsa för ríkisborgara þessara landa sem launamanna innan svæðisins fyrr en í fyrsta lagi 1. maí 2006, sbr. V.–XIV. viðauka við aðildarlögin. Enn fremur var aðildarríkjum Evrópusambandsins (hér eftir nefnd EES/ESB-ríki) gert heimilt að fresta gildistöku ákvæðanna í allt að fimm ár til viðbótar, eða til 1. maí 2011.

Reglugerð nr. 1612/68/EBE, með síðari breytingum, er hluti af V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES var framangreint bráðabirgðafyrirkomulag um gildistöku ákvæða reglugerðarinnar við stækkunina fellt undir V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar af leiðandi hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein (hér eftir nefnd EES/EFTA-ríki) einnig heimildir til að beita tímabundnum takmörkunum varðandi frjálsa för launamanna frá nýju aðildarríkjunum á yfirráðasvæðum sínum. Þessi heimild gildir þó ekki gagnvart ríkisborgurum Möltu og Kýpur.

Samkvæmt ákvæðum aðildarlaganna um frjálsa för launafólks var gert ráð fyrir að hvert aðildarríki beitti eigin landslögum og/eða ákvæðum tvíhliða samninga um aðgengi ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja að vinnumarkaði sínum fyrstu tvö árin frá stækkun svæðisins. Á þessu tímabili voru reglur 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE ekki í gildi en einstök ríki gátu kosið að setja samhljóða ívilnandi reglur í landslög frá 1. maí 2004 eða hvenær sem var síðar á fyrsta tveggja ára aðlögunartímabilinu. Jafnframt var sérstaklega kveðið á um að ríkjunum væri ekki heimilt að setja strangari skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindum ríkisborgara hinna nýju aðildarríkja en giltu á undirritunardegi aðildarlaganna. Alþingi samþykkti að beita aðlögunartakmörkunum gagnvart ríkisborgurum þessara ríkja að því er íslenskan vinnumarkað varðaði, sbr. lög nr. 19/2004, um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

Að fyrstu tveimur árunum liðnum er aðildarríkjunum heimilt að fresta gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE í allt að þrjú ár til viðbótar, eða til 1. maí 2009. EES/ESB-ríkjum er þá gert að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um áætlanir sínar um frestun á gildistöku reglugerðarinnar. Sendi ríki ekki frá sér slíka tilkynningu verður litið svo á að ákvæði reglugerðarinnar taki að fullu gildi að því er varðar það ríki frá 1. maí 2006. Ríkjunum er heimilt að tilkynna síðar á aðlögunartímanum að þau hyggist hverfa frá þeim takmörkunum sem þau hafa viðhaft og tekið upp hinar sameiginlegu reglur bandalagsréttar um frjálsa för launafólks. Að því er varðar EES/EFTA-ríkin þá gilda málsmeðferðarreglur 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ákvarðanir þeirra um frekari

frestun á gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE, sbr. bókun 44 við aðildarsamning EES. Skv. 112. gr. samningsins er EES/EFTA-ríkjum heimilt að grípa einhliða til viðeigandi ráðstafana komi upp alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum sem líklegt er að verði viðvarandi. Ríkin verða þó að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 113. gr. samningsins. Þar er gert ráð fyrir að samningsaðili er hyggist grípa til öryggisráðstafana tilkynni hinum samningsaðilunum um þá tilhögun fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Samningsaðilar skulu þá bera saman ráð sín með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

Í tilvikum þar sem sýnt verður fram á alvarlega röskun á vinnumarkaði að fimm árum liðnum frá gildistöku aðildarlaga og aðildarsamnings EES er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að fresta gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE um tvö ár til viðbótar, eða til 1. maí 2011. Þegar svo stendur á getur aðlögunartími að því er varðar gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks varað í allt að sjö ár frá formlegri gildistöku aðildarlaganna og aðildarsamnings EES. Gilda sömu reglur um tilkynningar og áður er vitnað til.

Eftir að aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu Evrópureglur um frjálsa för launafólks er því ekki heimilt að setja strangari takmarkanir á aðgengi að vinnumarkaði sínum síðar. Þó er EES/ESB-ríki heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á vinnumarkaði þess sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir lífsgæði fólks eða framboð starfa á tilteknu svæði eða innan tiltekinnar atvinnugreinar. Á grundvelli þessara upplýsinga getur hlutaðeigandi ríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún fresti beitingu ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar 1612/68/EBE að hluta eða öllu leyti í takmarkaðan tíma með það að markmiði að endurheimta eðlilegt ástand. Framkvæmdastjórnin hefur tvær vikur til að taka ákvörðun í málinu og skal hún tilkynna ákvörðun sína til ráðherraráðsins. Önnur EES/ESB-ríki hafa þá tækifæri innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar til að krefjast þess að ráðið felli hana úr gildi eða breyti henni. Komi slík krafa fram skal ráðið taka afstöðu til hennar innan tveggja vikna með auknum meiri hluta. Þessi heimild gildir út allan aðlögunartímann eða til ársins 2011. EES/EFTA-ríkin hafa sömu heimildir en gagnvart þeim gilda málsmeðferðarreglur 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á sama hátt og um aðrar ákvarðanir sem teknar verða á aðlögunartímanum um takmarkanir á frjálsri för launafólks.

II.

Nokkur þensla hefur ríkt á íslenskum vinnumarkaði á síðustu missirum. Dregið hefur verulega úr atvinnuleysi, en það mældist 1,6% í febrúar 2006. Samhliða hefur umsóknum um atvinnu- og dvalarleyfi fjölgað. Stefna stjórnvalda við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa hefur verið að veita ríkisborgurum nýju aðildarríkjanna að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið forgang umfram ríkisborgara frá ríkjum utan svæðisins. Atvinnurekendur hafa því verið hvattir til að leita eftir vinnuafli á sameiginlegum innri markaði.

Svo virðist sem nokkur hreyfanleiki sé meðal ríkisborgara hinna nýju ríkja, enda atvinnuleysi þar nokkurt. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru gefin út tæplega 4.000 ný atvinnuleyfi á árinu 2005 en þar af komu 2.765 launamenn frá nýju aðildarríkjunum, eða rétt tæp 70%. Til samanburðar voru gefin út 1.375 atvinnuleyfi á árinu 2004 en þar af komu 626 launamenn frá nýju aðildarríkjunum, eða rúm 45%. Hlutfall útlendinga á innlendum vinnumarkaði hefur aukist stórlega á síðustu árum og er nú orðið um 7%, sem er það hæsta á Norðurlöndum.

Þrátt fyrir umframeftirspurn eftir vinnuafli á síðustu missirum þarf jafnframt að líta til þess að íslenskur vinnumarkaður er smár í sniðum í samanburði við vinnumarkaði nágrannaríkja okkar. Reynslan sýnir að aðstæður á vinnumarkaði geta breyst hratt, og er nýlegt dæmi um slíkt brotthvarf varnarliðsins af Reykjanesi sem leiðir til þess að allt að 600 störf verða lögð niður. Þá þarf að líta til hugsanlegra langtímaáhrifa af stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, en svo virðist sem útlendingar dveljist hér í lengri tíma en áður og hugi jafnvel að langtímadvöl. Er því mikilvægt að unnt verði að fylgjast mjög vel með hversu margir launamenn koma hingað til lands frá nýju aðildarríkjunum svo að unnt sé að bregðast við aðstæðum í tíma.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði reglugerðar nr. 1612/68/EBE gildi almennt um ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands en atvinnurekendur þurfi engu síður að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar þegar þeir ráða ríkisborgara þessara ríkja til starfa. Gildir þetta einnig þegar útlendingur skiptir um starf hér á landi, en þá tilkynnir nýi atvinnurekandinn um ráðninguna til Vinnumálastofnunar. Tilgangur þessarar tilkynningarskyldu atvinnurekanda er m.a. að gera stjórnvöldum kleift að fylgjast með framvindu mála og hafa yfirsýn yfir aðstæður á innlendum vinnumarkaði. Krafan um tilkynningu til Vinnumálastofnunar kemur ekki í veg fyrir að ríkisborgurum framangreindra ríkja verði heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit í samræmi við efni reglugerðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt síðari breytingum, gildi að því er varðar launafólk sem eru ríkisborgarar Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands en gert er þó ráð fyrir að atvinnurekendur þurfi engu síður að tilkynna til Vinnumálastofnunar vilji þeir ráða ríkisborgara þessara ríkja til starfa, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þessi breyting leiðir til þess að launamanni sem er ríkisborgari einhvers þessara ríkja er heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og nýtur sama forgangs til starfa hér á landi og Íslendingar. Enn fremur á hann sama rétt til aðstoðar vinnumiðlunar og innlendir ríkisborgarar sem eru í atvinnuleit.

Um 2. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun verði heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi, svo sem skattyfirvöldum, Vinnueftirliti ríkisins eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum og reglum er gilda hér á landi hverju sinni. Er með þessu verið að undirstrika mikilvægi þess að opinberar stofnanir stuðli að því að farið sé að lögum er gilda um störf á innlendum vinnumarkaði. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda svo unnt sé að hafa eftirlit með að útlendingar er starfa hér á landi hafi til þess tilskilin leyfi.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er gert ráð fyrir að atvinnurekendur sem hafa ráðið til sín launamenn sem eru ríkisborgarar Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands þurfi að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar. Í tilkynningunni skal koma fram nafn atvinnurekanda, kennitala og heimilisfang ásamt nafni útlendings-

ins, kennitölu og aðsetri hans hér á landi. Enn fremur skal fylgja tilkynningunni ráðningarsamningur sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þegar launakjör sem tilgreind eru í ráðningarsamningi eru bersýnilega lægri en lágmarksákvæði hlutaðeigandi kjarasamnings er miðað við að Vinnumálastofnun hafi samband við atvinnurekandann sem og hlutaðeigandi stéttarfélag, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Er miðað við að tilkynningin berist stofnuninni innan tíu virkra daga frá ráðningu. Gert er ráð fyrir að atvinnurekendur þurfi ekki jafnframt að tilkynna um starfsmenn sína til Útlendingastofnunar heldur áframsendi Vinnumálastofnun upplýsingarnar eftir því sem við getur átt. Þetta breytir því þó ekki að ríkisborgarar framangreindra ríkja þurfa að sækja um EES-dvalarleyfi samkvæmt lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun haldi skrá yfir þá ríkisborgara fyrrgreindra ríkja sem koma til þess að starfa hér á landi. Tilgangur þessarar tilkynningarskyldu atvinnurekanda er að gefa stjórnvöldum færi á að fylgjast með framvindu mála svo að unnt sé að hafa yfirsýn yfir hverjir koma hingað til landsins, m.a. til að gæta þess að þeir njóti þeirra réttinda er gilda á innlendum vinnumarkaði. Jafnframt er mikilvægt að meta áhrif stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins á vinnumarkaðinn, sem og tryggja að unnt sé að bregðast í tíma við aðstæðum sem kunna að leiða til alvarlegrar röskunar á innlendum vinnumarkaði. Þá er litið til þess að slík skráning geri stjórnvöldum kleift að veita þessum útlendingum nauðsynlegar upplýsingar um lög og reglur er gilda um störf á innlendum vinnumarkaði. Er gert ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar semji verklagsreglur um skráningu stofnunarinnar.

Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði veitt heimild til að leggja dagsektir á atvinnurekendur láti þeir hjá líða að skrá ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands sem starfa hjá þeim. Þykir mikilvægt að stofnunin geti gripið til slíkra þvingunaraðgerða til að tryggja að umrædd tilkynningarskylda verði virt.

Þá er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun afhendi stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur skv. 1. mgr. ákvæðisins starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Þykir mikilvægt að viðhalda þeirri viðteknu venju að aðilar vinnumarkaðarins fylgist með að kjarasamningar séu haldnir hér á landi, en ástæða þykir til að styrkja það tímabundið með þessum hætti. Aðildarsamningur EES gerir og ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á aðlögunartímanum. Er hér einnig átt við að stéttarfélag geti óskað eftir ráðningarsamningum ótilgreindra útlendinga er starfa hjá tilteknum atvinnurekanda. Er þá miðað við að vísbendingar séu fyrir hendi er gefa tilefni til gruns um að ákvæði kjarasamninga séu virt að vettugi hjá hlutaðeigandi atvinnurekanda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði reglugerðar nr. 1612/68/EBE gildi almennt um ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands en atvinnurekendur þurfi engu síður að tilkynna um það til Vinnumálastofnunar þegar þeir ráða ríkisborgara þessara ríkja til starfa. Gildir þetta einnig þegar útlendingur skiptir um starf hér á landi en þá tilkynnir nýi atvinnurekandinn um ráðninguna til Vinnumálastofnunar. Tilgangur þessarar tilkynningarskyldu atvinnurekanda er m.a. að stjórnvöld geti fylgst með framvindu mála svo að unnt sé að hafa yfirsýn yfir aðstæður á innlendum vinnumarkaði. Krafan um tilkynningu til Vinnumálastofnunar kemur ekki í veg fyrir að ríkisborgurum framangreindra ríkja verði heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit í samræmi við efni reglugerðarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði veitt heimild til að leggja dagsektir á atvinnurekendur láti þeir hjá líða að skrá ríkisborgara framangreindra ríkja sem starfa hjá þeim.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin ál.

1134. Fyrirspurn [772. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hrefnuveiði.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Hve margar hrefnur telur ráðherra að veiða þurfi til að byggja upp þorskstofninn?

1135. Svar [654. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um sauðfjárveikivarnir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið skoðað hvort þörf sé á að flokka landbúnaðartæki og önnur tæki sem farið er með þvert á sauðfjárveikivarnalínur með tilliti til smithættu sem gæti borist á milli varnarhólfa með tækjunum, nú þegar bændur og aðrir vinnuvélaeigendur eru í ríkari mæli farnir að sækja vinnu út af búum sínum?

Í 11. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með áorðnum breytingum, er heimild fyrir Landbúnaðarstofnun „að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða

tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra“.

Heimild þessi er síðan nánar útfærð í 9. gr. reglugerðar nr. 651/2001, ásamt síðari breytingu, sbr. reglugerð nr. 726/2004, um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna riðuniðurskurðar, en þar segir: „Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða eða misjafnlega sýktra svæða með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá starfsleyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sótthreinsun hafi átt sér stað. Þessi tæki og önnur sem óhreinkast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum stað/jörð.“

Ekki hafa verið mótaðar samræmdar reglur af hálfu Landbúnaðarstofnunar um flutninga á landbúnaðartækjum milli sóttvarnarsvæða eða flokkun þeirra eftir notkun, en mörg dæmi eru um að héraðsdýralæknar hafi sett vinnuvélaeigendum í sínu umdæmi ákveðnar reglur í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 651/2001.

Á vegum landbúnaðarráðuneytisins er starfandi nefnd sem vinnur að gerð tillagna um endurskoðun varna gegn búfjársjúkdómum. Mun ráðuneytið fela nefndinni að fjalla um þau atriði er fram koma í fyrirspurninni.

1136. Svar [641. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um kostnað við rannsókn „Baugsmálsins“.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur kostnaður orðið við rannsókn „Baugsmálsins“ sem hófst með húsrannsókn 28. ágúst 2002?

Málið sem um er spurt, svonefnt „Baugsmál“, er margþætt og er enn til meðferðar á viðeigandi stöðum í réttarkerfinu, en niðurstöðu héraðsdóms um hluta þess hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og annar hluti bíður meðferðar héraðsdóms.

Rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á málinu hófst í ágúst 2002 og skiptist síðan. Í september 2003 sendi efnahagsbrotadeild hluta af málinu til skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem fyrir lá rökstuddur grunur lögreglu um brot gegn skattalöggjöf. Skattlagning vegna þessa hluta málsins hefur verið og er í meðferð í skattkerfinu. Sá hluti málsins sem áfram var til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild fór til meðferðar setts ríkissaksóknara.

Í árslok 2004 kærði skattrannsóknarstjóri til efnahagsbrotadeildar ætluð skattalagabrot tengd félaginu auk þess að leggja fyrir ríkisskattstjóra skattlagningu vegna kærunnar. Þessi þáttur málsins er enn til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild.

Starfsfólk efnahagsbrotadeildar hefur unnið að öllum þáttum málsins. Sérfræðivinna hefur verið unnin í málinu, þ.e. hjá efnahagsbrotadeild, skattyfirvöldum og settum ríkissaksóknara.

Yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu í sakamálum er tekið saman í lok hvers máls. Vinna starfsmanna lögreglu og skattyfirvalda við mál er aldrei tekin saman né verður hluti sakarkostnaðar sem til álita kemur að leggja á sakborninga að greiða að hluta eða öllu leyti.

1137. Svar [600. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um menntun fiskvinnslufólks.

1. *Telur ráðherra þörf á því að efla menntun fiskvinnslufólks hér á landi? Ef svo er, hvernig yrði það best gert?*

Ljóst er að efla þarf fagþekkingu og menntun fiskvinnslufólks á Íslandi. Markaðirnir gera sífellt meiri kröfur um gæði, heilnæmi og hollustu matvæla, rekjanleika og kröfur um að veiðar og vinnsla afurðanna fari fram í sátt við umhverfið. Þessar auknu kröfur kalla á aukna þekkingu starfsmanna og fyrir dyrum stendur að innleiða reglugerðir Evrópusambandsins um fiskvinnslu þar sem kveðið er á um auknar kröfur til menntunar og þjálfunar þeirra.

Ófaglærðum starfsmönnum í fiskvinnslu gefst kostur á að sækja 40 klst. námskeið sem starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar í sjávarútvegsráðuneytinu stendur fyrir. Ýmsir aðilar, bæði opinberir aðilar og einkafyrirtæki, bjóða auk þess styttri afmörkuð námskeið fyrir fiskvinnslufólk og mörg fiskvinnslufyrirtæki standa sjálf fyrir námskeiðum fyrir sitt starfsfólk.

Eftir að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði og Fiskvinnsludeildin á Dalvík hættu starfsemi sinni hefur þess orðið áþreifanlega vart að fagþekkingu hefur hrakað í vinnslunni og ber brýna nauðsyn til að bæta hér úr. Sjávarútvegsráðuneytið hefur því skipað starfshóp sem vinnur að úrbótum í þessum efnum. Hópnum er ætlað að koma á skipulegri fræðslu fyrir millistjórnendur í vinnslunni og standa vonir til að hægt verði að bjóða upp á 3–4 vikna námskeið frá og með næsta hausti. Ráðuneytið býður því upp á námskeið fyrir almennt starfsfólk í fiskvinnslunni ásamt því að vinna að því að koma á fót námskeiðum fyrir millistjórnendur. Afar brýnt er að framboð á menntun í fiskvinnslu sé fyrir hendi og þarf að huga vel að því að slíkt framboð standist kröfur um nútímatækni í kennsluaðferðum og höfði bæði til fólks sem stendur frammi fyrir starfsvali en einnig til þeirra sem eru starfandi í fiskvinnslunni. Jafnframt þarf framboðið að vera í samræmi við þarfir fyrirtækjanna.

2. *Telur ráðherra koma til greina að endurvekja Fiskvinnsluskólann í einhverri mynd?*

Fram til ársins 2001 var hægt að sækja menntun og þjálfun í fiskiðnaði í sérstökum fiskvinnsluskólum á tveim stöðum á landinu, á Dalvík og í Hafnarfirði. Báðir skólarnir voru á framhaldsskólastigi, annar bauð upp á tveggja ára nám en hinn þriggja ára nám. Báðir skólarnir hafa nú verið lagðir niður vegna lítillar aðsóknar og því enginn fiskvinnsluskóli starfandi á landinu núna. Sérstök sjávarútvegsdeild hefur verið sett á stofn í Fjöltækniskólanum og unnið er að því koma á fót fjölvirkjanámi með áherslu á fiskvinnslu á vegum Mennta- og matvælaklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, heyrir starfsfræðsla í fiskvinnslu undir sjávarútvegsráðuneytið. Formleg menntun í fiskvinnslu, sambærileg því sem Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði og Fiskvinnsludeildin á Dalvík buðu upp á ásamt því námsframboði sem er fyrir hendi og að framan er frá greint er hins vegar á verkefnasviði menntamálaráðuneytisins.

1138. Svar [449. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um orkunýtingu jarðorkuvera.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

1. *Hvert er nýtingarhlutfall raforku sem unnin er úr jarðorku og hversu mikil orka fer til spillis eða er ónýtt í hverju jarðorkuveri fyrir sig? Svar óskast sundurliðað.*
2. *Hvaða tækifæri eru til að nýta orkuna betur, hefur ráðherra áform um að bæta nýtinguna og ef svo er, í hverju er þau fólgin?*
3. *Hversu mikið telur ráðherra unnt að auka aflið í jarðorkunni með djúpborunum?*

Við öflun gagna til að svara fyrirspurninni var leitað eftir upplýsingum hjá Orkustofnun og þeim orkufyrirtækjum sem hafa með höndum rekstur helstu jarðvarmavirkjana hérlendis. Þau svör er hér koma fram byggjast að verulegu leyti á upplýsingum frá þessum aðilum.

1. Heildarnýting jarðorku eingöngu til raforkuframleiðslu er á bilinu 12–17% í hefðbundinni vinnslurás jarðvarma miðað við hrávarma í jarðgufu. Með því að nýta afgangsvarmann (skiljuvatnið) til raforkuframleiðslu annað hvort í lokaðri vinnslurás eða sem lágþrýstigufu má auka nýtinguna um 1–2,5%. Þar sem svo háttar til að hægt er að nýta afgangsvarmann til upphitunar, t.d. húshitunar, eykst heildarnýting jarðorkunnar til muna eða í allt að 40–50%.

Rafmagn er unnið úr jarðorku á sex stöðum á landinu. Á þessum stöðum er aðeins ein virkjun sem eingöngu nýtir jarðvarma til raforkuframleiðslu, það er Kröfluvirkjun og hefur Landsvirkjun áætlað að sú nýting sé á bilinu 14–17% af hrávarma. Í Bjarnarflagi í Mývatnssveit hafa hitaveita og atvinnurekstur, þ.e. Kísiliðjan meðan hún var í rekstri, verið samtengd aðveitu rafstöðvarinnar sem þar er rekin. Nýtingarhlutfall jarðgufunnar hefur því verið breytilegt en má áætla að það hafi verið á bilinu 20–30% að jafnaði. Á Húsavík er sjóðandi lághiti nýttur fyrst til raforkuframleiðslu og afgangsvarmi síðan nýttur til hitaveitu. Slíka nýtingu má áætla að geti numið 55–60% af nýtingu hrávarmans. Á Nesjavöllum er affallsvatn frá raforkuhverflum virkjunar nýtt til að hita vatn fyrir hitaveitu og nemur nýting virkjunarinnar 58–60% af hrávarmanum. Í Svartsengi er samnýtt hráorka til raforkuframleiðslu, hitaveitu og heilsubaða. Nýting vegna raforkuframleiðslu og hitaveitu reiknast um 40% og er þá ekki reiknað með rekstri Bláa lónsins. Unnið er að aukinni nýtingu núverandi orkuvers á hráorku með aukinni raforkuframleiðslu.

2. Í meginatriðum eru þrjár leiðir til að bæta nýtinguna. Í fyrsta lagi er unnt að freista þess að finna notendur sem geta hagnýtt sér varmanýtingu affallsvatns virkjana, t.d. til húshitunar, iðnaðarnota, baða og ferðamennsku. Í öðru lagi er unnt að bæta við vinnsluþrepum sem vinna raforku við lægri hita og þrýsting. Þetta er m.a. gert hjá Orkuveitu Húsavíkur og í Svartsengi og fyrirhugað er að beita þessari tækni við Hellisheiðarvirkjun einnig. Í þriðja lagi má skila í jarðhitageyminn þeim varma sem ekki er nýttur.

Í reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, er m.a. kveðið á um að ráðherra skuli eftir því sem við á mæla fyrir um mótvægisaðgerðir og önnur skilyrði til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á umhverfi og til að stuðla að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra orkulinda og að varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda. Í reglugerðinni er jafnframt kveðið á um að slíkar aðgerðir eða skilyrði skuli vera í eðlilegum tengslum við framkvæmdina og geti m.a. lotið að hönnun og búnaði viðkomandi mannvirkja, staðarmörkum, nýtingarmagni, vöktun, mælingum, rannsóknum, upplýsingaskilum, fram-

kvæmdum sem miða að því að varðveita náttúrugæði og frágangi á starfsstöðvum og landi á starfstíma og að honum loknum. Af þessu er ljóst að þó að það sé fyrst og fremst í höndum orkufyrirtækjanna að ákvarða hönnun og fyrirkomulag virkjanaframkvæmda þá getur ráðherra við útgáfu virkjunarleyfa sett slíkum framkvæmdum ýmis skilyrði. Að öðru leyti hefur aðkoma stjórnvalda að bættri nýtingu fyrst og fremst verið fólgin í því að reyna að laða að orku- eða gufufreka iðnaðarkosti sem staðsetja mætti nærri háhitasvæðum og nýtt gætu þá afgangsorku sem til fellur við raforkuframleiðslu frá jarðorkuverum. Fá slík verkefni hafa orðið að veruleika en sem dæmi má þó nefna Bláa lónið, sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var hluthafi að, og jarðböð Baðfélagsins við Mývatn, en hluti söluandvirðis Kísiliðjunnar var lagður í félagið í formi hlutafjár.

Tilraunir með niðurdælingu afgangsvarma frá háhitavirkjunum hafa farið fram um nokkurra ára skeið hér á landi í Svartsengi og við Kröfluvirkjun. Tilraunir með niðurdælingu eru að hefjast á Nesjavöllum og fyrirhugað er að beita þessari tækni við Hellisheiðarvirkjun einnig. Enginn vafi er á því að niðurdæling frá háhitavirkjunum mun aukast verulega á næstu árum. Hún hefur m.a. þá kosti í för með sér að hún viðheldur þrýstingi í jarðhitageyminum og eykur varmanám úr berglögum, lengir nýtingartíma jarðhitasvæðisins og viðheldur betur sjálfbærni orkulindarinnar. Þá er einnig kostur við þessa aðferð að með henni er skilað aftur í jarðhitageyminn steinefnum sem geta haft mengandi áhrif á yfirborði og sem erfitt getur reynst að hreinsa og farga.

3. Djúpborunarverkefnið, IDDP, er rannsóknar- og þróunarverkefni til langs tíma og er því enn sem komið er ekki kostur við virkjun jarðhita. Verkefnið hefur verið í undirbúningi síðastliðin fimm ár. Að því standa, auk Orkustofnunar, Íslenskar orkurannsóknir, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja. Fyrirhugað að bora allt að 5 km djúpa rannsóknarholu á Reykjanesi á næstu tveimur árum. Verkefnið kann að leiða til þess að endurmeta þurfi hinn raunverulega orkuforða landsins því hugsanlega má vinna mun meiri orku úr háhitasvæðunum en hingað til hefur verið álitið. Ef niðurstöður rannsókna verða í samræmi við væntingar gætu slíkar djúpholur gefið allt að tíföld afköst miðað við grynnri holur, en á þessu stigi er þó mikil óvissa ríkjandi og tæknilegir erfiðleikar gætu verið við að nýta jarðhitavökva af svo miklu dýpi.

1139. Svar [495. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um Reykdalsvirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru uppi áform um að styðja uppbyggingu og fullnaðarfrágang á Reykdalsvirkjun í Hafnarfirði?

Ekki eru uppi áform um að ríkið styðji með framlögum uppbyggingu og fullnaðarfrágang á Reykdalsvirkjun í Hafnarfirði. Að þessu verkefni, sem hófst á árinu 2004, hafa komið Hafnarfjarðarbær, Hitaveita Suðurnesja, Samorka og fjölmargir aðrir aðilar. Sérstakt áhugamannafélag um byggingu Reykdalsvirkjunar, Reykdalsfélagið, hefur haft veg og vanda af undirbúningi og framkvæmdum.

Áður en haldið var upp á 100 ára afmæli rafvæðingar á Íslandi í desember 2004 var ákveð-

ið að rafveitur landsins gæfu Hafnfirðingum minningargjöf um fyrstu virkjun landsins sem tók til starfa í Hafnfirði í desember 1904. Var ákveðið að það yrði gert með þeim hætti að Samorka gæfi hverfil og rafala af sömu stærð og Reykdalsvirkjun og var tækjabúnaðurinn afhentur 12. desember 2004 við hátíðlega athöfn í Hafnarborg.

Á síðasta ári hófst vinna við endurgerð stíflu virkjunarinnar og fyrirhugað er að reisa aðrennslisstokk frá stíflu að stöðvarhúsi á þessu ári auk stöðvarhúss virkjunarinnar. Þegar virkjunin verður tekin í notkun er ætlunin að Iðnskólanum í Hafnarfirði verði falin umsjón hennar og hún nýtt sem kennslutæki í raforkutækni við skólann og væntanlega einnig öðrum verkmenntaskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Margir aðilar hafa tekið þátt í þessu verkefni. Hafnarfjarðarbær hefur unnið að og kostað undirbúning gerðar stöðvarhúss og annast hluta af endurgerð stíflunnar. Hitaveita Suðurnesja hf. hefur að stærstum hluta kostað endurgerð uppistöðulónsins og stíflunnar og tekið að sér lagningu á aðrennslispípum og svæðislýsingu. Þá hafa verktakar, byggingavöruverslanir og ráðgjafastofur veitt afslátt af vinnu sinni og þjónustu. Nemendur við iðnskólann í Hafnarfirði hafa unnið við smíðar á undirstöðum og aðrennslisstokk virkjunarinnar í námi sínu. Síðast en ekki síst ber að nefna Reykdalsfélagið sem hefur lagt fram verulega vinnu í verkefnið og vinnur nú að frekari fjáröflun til að ljúka verkefninu.

1140. Svar [608. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um alþjóðleg útboð.

1. *Hvernig eru tilboð metin í verk sem ríkið býður út á alþjóðlegum markaði?*

Lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, fjalla um innkaup hins opinbera þegar kaup á vörum, þjónustu og verkum fara yfir ákveðin viðmiðunarmörk og þar er m.a. fjallað um val á tilboði. Við valið skal gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er samkvæmt lögunum það boð sem er lægst að fjárhæð eða það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum.

Ef kaupandi hyggst meta hagkvæmni tilboðs á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal í útboðsgögnum tiltekið hverjar þessar forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi, nema slíkt sé útilokað. Sönnunarbyrðin fyrir því að útilokað sé að raða forsendum upp eftir mikilvægi hvílir á kaupanda. Ef nota á reiknilíkan þar sem hverju tilboði eru gefnar einkunnir samkvæmt tilteknum viðmiðum þurfa fullnægjandi upplýsingar um líkanið að koma fram í útboðsgögnum.

2. *Telur ráðherra koma til greina að taka tillit til innlendra tekna sem verkefni skapa, séu þau unnin hérlendis, við samanburð á tilboðum?*

Í 11. gr. laga um opinber innkaup er kveðið á um jafnræði bjóðenda. Samkvæmt greininni má ekki mismuna bjóðendum á neinn hátt, og tekur þetta ákvæði til bjóðenda á Evrópska efnahagssvæðinu og þeirra sem eiga aðild að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup frá árinu 1994 (GPA, Government Procurement Agreement).

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er ákvæði um fjórfrelsið, þ.e. frjálst flæði vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga um efnahagssvæðið án hvers konar hindrana.

Í 1. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið segir:

„1. Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

2. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér:

a. frjálsa vöruflutninga;
b. frjálsa fólksflutninga;
c. frjálsa þjónustustarfsemi;
d. frjálsa fjármagnsflutninga ...“

Í 4. gr. samningsins segir: „Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.“

Í þessu sambandi má benda á dóma Evrópudómstólsins: mál nr. 21/88, Du Pont Nemors, 20. mars 1990, og mál nr. 3/1988, framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu, 5. desember 1989.

Mál Du Pont Nemors snerist um ítalska reglu þess efnis að 30% af opinberum innkaupum á Suður-Ítalíu skyldu gerð hjá fyrirtækjum á svæðinu. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að lög sem veita framleiðsluvörum frá tilteknu héraði eða svæði forgangsrétt væru í andstöðu við ákvæði Rómarsáttmálans. Þau hefðu í för með sér mismunun gagnvart vörum frá öðrum aðildarríkjum og hindruðu frjáls vöruskipti á svæðinu.

Mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Ítalíu varðaði ítölsk lög sem mæltu fyrir um að einungis fyrirtæki sem ítalska ríkið ætti að öllu eða einhverju leyti mætti fá samninga um tölvuþjónustu við ríkið. Í dómnum kom fram að sá sem vill bera fyrir sig öryggi ríkisins og skjalaleynd hefur sönnunarbyrðina fyrir því að undanþága frá almennum reglum sé nauðsynleg og að þær ráðstafanir sem séu til umræðu megi ekki brjóta í bága við meðalhófsregluna.

Af framansögðu leiðir að óheimilt er við samanburð á tilboðum að taka tillit til innlendra tekna sem verkefni skapa.

1141. Nefndarálit [297. mál]

um till. til þál. um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Landssambandi smábátaeigenda.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að efla samstarf Vestur-Norðurlanda í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu. Með ályktun nr. 2/2004 á ársfundi 20.–24. ágúst 2004 samþykkti Vestnorræna ráðið að mælast til þess að ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands beiti sér fyrir aðgerðum sem hafi þann tilgang að efla samstarf Vestur-Norðurlanda varðandi ýmis úrlausnarefni í tengslum við stefnu í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1142. Nefndarálit [298. mál]

um till. til þál. um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Tillagan var send til umsagnar og bárust umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Háskólanum á Akureyri og Veðurstofu Íslands.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að semja framkvæmdaáætlun um markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf. Með ályktun nr. 3/2004 á ársfundi 20.–24. ágúst 2004 samþykkti Vestnorræna ráðið að hvetja ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að móta í sameiningu framkvæmdaáætlun til að efla markvisst átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1143. Nefndarálit [299. mál]

um till. til þál. um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Tillagan var send til umsagnar og bárust umsagnir frá Orkustofnun og Samorku.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að efla samstarf vestnorrænna landa í orkumálum. Með ályktun nr. 1/2004 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 20.–24. ágúst 2004 var skorað á ríkis- og landsstjórnir Vestur-Norðurlanda að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna, með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Jafnframt var þess óskað að árlegri skýrslu yrði skilað um framvindu samvinnunnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1144. Nefndarálit [542. mál]

um till. til þál. um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Norðursiglingu.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að efna til samstarfs við landsstjórnir Færeyja og Grænlands til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi. Með ályktun nr. 3/2005 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 22.–24. ágúst 2005 voru ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands hvattar til að efna til samstarfs um að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi og að tryggja með talningu raunhæfar upplýsingar um stofnstærðir hvala í Norður-Atlantshafi hvort sem um er að ræða friðaðar eða kvótaveiddar tegundir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1145. Nefndarálit [543. mál]

um till. til þál. um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd standi saman í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda. Með ályktun nr. 2/2005 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 22.–24. ágúst 2005 voru stjórnvöld á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi hvött til að hefja samstarf um að Vestur-Norðurlönd verði í fararbroddi í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

1146. Nefndarálit [331. mál]

um frv. til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Leif Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti, Ara Pál Kristinsson, forstöðumann Íslenskrar málstöðvar, Guðrúnu Kvaran, forstöðumann Orðabókar Háskólans, Véstein Ólason, forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Úlfar Bragason forstöðumann Stofnunar Sigurðar Nordals, Svavar Sigmundsson, forstöðumann Örnefnastofnunar, Kára Kaaber, starfsmann Íslenskrar málstöðvar, Aðalstein Eyþórsson, starfsmann Orðabókar Háskólans, Gísla Sigurðsson og Guðvarð Má Gunnlaugsson starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Rósu Sveinsdóttur og Guðrúnu Laufeyju Guðmundsdóttur starfsmenn Stofnunar Sigurðar Nordals, Hallgrím J. Ámundason og Jónínu Hafsteinsdóttur starfsmenn Örnefnastofnunar, Baldur Jónsson, fyrrverandi prófessor, Oddnýju G. Sverrisdóttur og Höskuld Þráinsson frá hugvísindadeild Háskóla Íslands, Jón Axel Harðarson frá íslenskuskor Háskóla Íslands, Þórð Kristinsson frá skrifstofu rektors Háskóla Íslands, Guðrúnu Nordal frá Bókmennta-

fræðistofnun Háskóla Íslands, Sigríði Sigurjónsdóttur frá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Sigurð Konráðsson frá Kennaraháskóla Íslands, Baldur Sigurðsson dósent, Sveinbjörn Rafnsson frá sagnfræðiskor Háskóla Íslands og Sverri Jakobsson og Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki.

Umsagnir bárust nefndinni frá Ara Páli Kristinssyni, forstöðumanni Íslenskrar málstöðvar, Guðrúnu Kvaran, forstöðumanni Orðabókar Háskólans, Vésteini Ólafssyni, forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Úlfari Bragasyni, forstöðumanni Stofnunar Sigurðar Nordals, Svavari Sigmundssyni, forstöðumanni Örnefnastofnunar Íslands, Íslenskri málnefnd, stjórn Orðabókar Háskólans, stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals, Starfsmannafélagi Orðabókar Háskólans, starfsmönnum Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, starfsmönnum Stofnunar Sigurðar Nordals, Starfsmannafélagi Örnefnastofnunar Íslands, örnefnanefnd, Samtökum sendikennara í íslensku erlendis, háskólaráði og Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, sagnfræðiskor hugvísindadeildar Háskóla Íslands, íslenskuskor hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Þorsteini Gunnarssyni, rektor Háskólans á Akureyri, Baldri Jónssyni, fyrrverandi prófessor, landsbókaverði og handritadeild Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns, Baldri Sigurðssyni, dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands og fulltrúa Hagþenkis í Íslenskri málnefnd, Kennaraháskóla Íslands, Hagþenki, Staðlaráði Íslands, orðanefnd rafmagnsverkfræðinga, orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands, bílorðanefnd og orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun á sviði íslenskra fræða og með henni sameinaðar fimm stofnanir. Þær stofnanir eru Íslensk málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands.

Nefndin styður megintillögur frumvarpsins og væntir þess að sameining í öfluga stofnun efli rannsóknir á sviði íslenskra fræða, styrki tungu og bókmenntir sem þátt í menningu þjóðarinnar og stuðli að því að þessi mikilvægi hluti af íslenskum menningararfi auðgi daglegt líf, fræði og listir hérlendis og sé um leið aðgengilegur heimsbyggðinni allri.

Nefndin hefur tekið tillit til margra gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum og leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Töluvert var rætt um heiti hinnar nýju stofnunar. Í athugasemdum með frumvarpinu er minnt á sáttmála Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslu og umsjón Háskóla Íslands og talið æskilegt að heiti stofnunarinnar beri í sér nafn Árna. Enn fremur þykir eðlilegt að heitið feli í sér tilvísun til sameiginlegs fræðasviðs þeirra stofnana sem í henni sameinast. Í umsögnum og í samræðum við gesti var nefndinni bent á galla við það heiti sem lagt er til í frumvarpinu. Annars vegar kunni það að vera of víðfeðmt þannig að með því sé gefið í skyn að hér sé um að ræða einhvers konar yfirstofnun í íslenskum fræðum sem ekki séu stunduð annars staðar. Hins vegar kunni heitið að vera of þröngt þannig að þar sé ekki tekið tillit til ýmiss konar fræðigreina sem lögð er stund á í stofnununum fimm en eru allajafna ekki taldar til íslenskra fræða. Þá hafa menn talið heitið stirt í munni og í ósamræmi við íslenska hefð.

Í umsögnum frá starfsmönnum Orðabókar Háskólans og bæði frá forstöðumanni og starfsmönnum Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi er lagt til heitið „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“ og eftir samtöl við forstöðumenn stofnananna fimm gerir nefndin þá tillögu að sinni.

Nefndin hefur einnig kosið að gera breytingartillögu við 1. mgr. 3. gr. um hlutverk stofnunarinnar. Bent hefur verið á að ekki sé heppilegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið „íslensk fræði“ í lögum, m.a. til að takmarka ekki fræðilega kosti á starfssviði stofnunarinnar.

Nefndin telur heppilegra að í lögunum verði bent á kjarnann í starfi stofnunarinnar, nefnilega rannsóknir, miðlun og söfnun á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, en vísað til fræða sem þar eiga hlut að máli með orðunum „íslensk fræði og skyldar fræðigreinar“.

Þar sem gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun sé háskólastofnun er eðlilegt að starfshættir innan hennar taki mið af skipulagi og hefðum háskólastarfs. Nefndin leggur því til að rannsóknarstarfsmenn stofnunarinnar myndi húsþing, sem samsvarar fundi háskóladeildar, og að því sé að breyttu breytanda falið hlutverk deildarfundar. Slíkt húsþing hefur frá upphafi verið haldið í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og á Orðabók Háskólans er um svipaða starfshætti að ræða þótt þeir séu ekki festir í lög eða reglur. Þessi breyting tryggir akademísk vinnubrögð við stjórnun stofnunarinnar þannig að starfsmenn hafa áhrif á hina fræðilegu stefnumótun en forstöðumaður ber eftir sem áður fulla ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar með ráðum frá stjórn stofnunarinnar og undir eftirliti hennar.

Nefndin leggur einnig til að menntamálaráðherra verði falið að kveða á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð en forstöðumaður undirbúi setningu hennar eða breytingu á henni með tillögu sem rædd hafi verið í stjórn og á húsþingi. Nefndinni þykir hafa komið fram í umsögnum og samræðum að nauðsynlegt sé að haga skipulagi stofnunarinnar með formlegri hætti en gert er ráð fyrir í frumvarpinu en vill á hinn bóginn gera stjórnendum og starfsmönnum kleift að hnika skipulaginu til eftir þörfum, með samþykki ráðherra, án þess að til þurfi lagabreytingar. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í heitum stofnananna fimm kunna að felast ákveðin verðmæti sem ástæða er að halda til haga með því t.d. að einstök svið eða deildir „haldi“ heitum stofnananna eftir að þær hafa verið lagðar niður sem slíkar.

Við orðalag 2. mgr. 6. gr. um kennsluskyldu starfsmanna komu fram athugasemdir. Nefndin ákvað þó að leggja ekki til breytingar á greininni. Ljóst er að 2. mgr. leggur þá skyldu á herðar starfsmönnum stofnunarinnar að annast kennslu og leiðbeiningu á sérsviði sínu eftir því sem um semst. Þetta á samkvæmt orðanna hljóðan við um meistara- og doktorsnám en ekki grunnnám. Skilningur nefndarinnar er þó sá að orðalag greinarinnar útiloki ekki að starfsmenn geti tekið að sér kennslu og leiðbeiningu í grunnnámi, ef þeir vilja og um það semst.

Ýmsar athugasemdir hafa komið fram við fyrirkomulag Íslenskrar málnefndar í 9. gr. Breytingartillögur nefndarinnar miða að því að skýra betur hlutverk málnefndarinnar, gera henni kleift að mynda forystuhóp og koma til móts við óskir frá orðanefndum um fulltrúa í málnefndinni. Nefndin mælist eindregið til þess að Íslensk málnefnd fái fjárveitingu samkvæmt sérstökum fjárlagalið í fjárlögum. Nefndin telur eðlilegt að hin nýja stofnun og Íslensk málnefnd geri með sér samning til ákveðins tíma í senn um verkefni, aðstöðu og starfslið og kynni hann menntamálaráðherra. Þótt hin nýja stofnun sé skrifstofa málnefndarinnar telur nefndin ekkert í vegi fyrir því að málnefndin starfi með öðrum stofnunum eða einstökum fræðimönnum eftir því sem talið er heppilegt. Þessum breytingartillögum og ábendingum er ætlað að auka sjálfstæði málnefndarinnar og skýra stöðu hennar gagnvart stofnuninni og yfirstjórn hennar.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Heiti stofnunarinnar verði breytt í „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“ eins og áður hefur komið fram og í kjölfar þess verði fyrirsögn frumvarpsins einnig breytt.
2. Lagt er til að bætt verði við 1. gr. að stofnunin sé hluti af fræðasamfélagi Háskóla Íslands. Með þeirri viðbót eru tengsl stofnunarinnar og starfsmanna hennar við Háskóla Íslands enn betur tryggð og þar með margvísleg réttindi starfsmanna sem hluta af skólasamfélaginu. Þetta á m.a. við um rétt í tengslum við rektorskjör. Samkvæmt þeim upp-

lýsingum sem nefndinni bárust frá Þórði Kristinssyni frá Háskóla Íslands verður að telja líklegt að starfsmenn stofnunarinnar fái atkvæðisrétt við rektorskjör við skólann. Í reglum háskólaráðs, nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, sem hafa stoð í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, er fjallað um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors. Í 9. gr. kemur fram hverjir hafa atkvæðisrétt og eru starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi sérstaklega nefndir, en einnig hafa starfsmenn Orðabókar Háskólans og Stofnunar Sigurðar Nordals atkvæðisrétt þar sem stofnanirnar heyra undir háskólaráð. Í skýringum við 9. gr. er tekið fram að starfsmenn geti misst atkvæðisrétt sinn ef lagabreytingar leiða til þess að stofnunin tengist ekki lengur háskólanum. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir nánum tengslum við Háskóla Íslands og með breytingartillögunni er beinlínis kveðið á um að starfsmenn stofnunarinnar séu hluti af þessu háskólasamfélagi. Þess má því vænta að háskólaráð veiti þeim atkvæðisrétt og kjörgengi við rektorskjör.

3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur eins og áður segir til lagfæringu á orðalagi 1. mgr. Þessi breyting felst í því að meginviðfangsefni stofnunarinnar er tilgreint skýrar en skilgreining fræðasviðs höfð rýmri eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í því sambandi skal bent á að hugtakið „saga“ er samkvæmt breytingunni ekki meðal meginviðfangsefna en fræðigreinin „saga“ fellur hins vegar sem slík undir skilgreiningu fræðasviðsins. Enn fremur leggur nefndin til nokkrar viðbætur við stafliði greinarinnar. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að við a-lið verði bætt að gögn sem stofnunin aflar og varðveitir skuli gerð aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning. Þetta er lagt til með hliðsjón af miðlunarhlutverkinu í 1. mgr. og veitir m.a. lagastoð merku miðlunarstarfi á vefsetrum stofnananna fimm. Í öðru lagi leggur nefndin til að tekið sé fram í c-lið að stofnunin fari með verkefni á sviði íðorða og nýyrða. Nú er þessa eingöngu getið í athugasemdum við frumvarpið. Er þetta lagt til í samræmi við ábendingar í umsögnum, einkum þeim sem lúta að íðorðastarfi og starfsemi Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar. Í þriðja lagi leggur nefndin til að við d-lið verði því bætt að stofnunin taki þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis. Með framangreindri breytingu er tekið tillit til athugasemda sem bárust frá Stofnun Sigurðar Nordals og Samtökum sendikennara í íslensku erlendis. Í fjórða lagi leggur nefndin til að lagfært verði orðalag í lok e-liðar. Ekki þykir þörf á að gera í lögum sérstakan greinarmun á lýsandi og leiðbeinandi orðabókum, sem hvorartveggju eru á verksviði stofnunarinnar, sbr. a-, b- og c-lið 3. gr. og ummæli í athugasemdum við 9. gr. um útgáfu stafsetningarorðabókar.
4. Lögð er til breyting á uppröðun 4. gr. þannig að sú grein verði 5. gr. því heppilegra er að fjalla um stjórn á undan forstöðumanni þar sem stjórnin er skipuð á undan forstöðumanni. Einnig er lögð til sú breyting að húsþing stofnunarinnar tilnefni einn nefndarmann í stjórn í stað hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Nefndin vísar til þess sem áður hefur komið fram, þ.e. að húsþing gegnir hlutverki sem samsvarar deildarfundi og er því eðlilegt að húsþing tilnefni einn nefndarmann. Enn fremur er lagt til að við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. þar sem kveðið verði á um að hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fari eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands eins og áskilið er í 8. gr. frumvarpsins. Hér er átt við reglur um verklag við meðferð umsókna um störf háskólamanna sem samþykktar voru í háskólaráði 5. desember 2002 og ákvæði III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands sem eru nánari útfærsla á ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar í 2. mgr., sem verður 3. mgr., og enn fremur

að tekið verði út ákvæði um að forstöðumaður ákveði skipulag stofnunarinnar, sbr. breytingar við 5. gr. frumvarpsins.

5. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á 5. gr. Í fyrsta lagi að hún verði 4. gr. Í öðru lagi er lagt til að felldur verði niður sá áskilnaður að tveir stjórnarmenn gegni ekki starfi við Háskóla Íslands. Nefndin telur óeðlilegt að útiloka menn frá stjórnarstörfum vegna starfa þeirra við Háskóla Íslands, einkum með tilliti til þeirra tengsla sem stofnunin hefur við skólann. Slíkt ákvæði mundi þrengja kosti menntamálaráðherra að þarflausu og gæti valdið stjórnarmönnum vanda þar sem störf við Háskóla Íslands, t.d. við stundakennslu, mundu væntanlega leiða til vanhæfis. Í þriðja lagi telur nefndin óheppilegt ákvæði 2. mgr. um að hlutverk stjórnar sé að vera forstöðumanni til faglegrar ráðgjafar og leggur því til að orðið „faglegrar“ verði fellt út. Rökin fyrir því eru m.a. þau að húsþingi er samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar ætlað að starfa með forstöðumanni að faglegri stjórnun og stefnumótun. Gera má ráð fyrir að störf stjórnarinnar felist fyrst og fremst í ráðgjöf sem lýtur að rekstri, stjórnun, kynningu o.fl., enda ekki kveðið á um sérstakt faglegt hæfi stjórnarmanna. Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 3. mgr. og þar verði kveðið á um að þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa hjá stofnuninni myndi húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar, sbr. það sem fyrr var sagt um þetta efni. Í fimmta lagi er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein sem verði 4. mgr. og þar kveðið á um að skipulag stofnunarinnar verði ákvarðað í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsagna stjórnar og húsþings í stað þess að forstöðumaður ákveði það eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

6. Lögð er til orðalagsbreyting á 7. gr. um að „rannsóknarstöður“ komi í stað orðsins „rannsóknarstörf“. Þá hefur nefndin kosið að fara að ábendingum um að takmörkun þeirra starfa sem um ræðir við „fræðilega arfleifð“ Árna Magnússonar og Sigurðar Nordals kunni að vera óhentug og geti jafnvel valdið deilum, og leggur til að látið verði nægja að kenna stöðurnar við nöfn þessara ágætu fræðimanna. Nefndin leggur jafnframt til að sú meginregla verði tekin upp að þessar rannsóknarstöður séu svokallaðar „gististöður“ og ráðnir í þær fræðimenn til ákveðins tíma af innlendum eða erlendum vettvangi. Þá mætti ráða í tengslum við ákveðin verkefni sem unnið er að innan stofnunarinnar eða óháð verkefnum í því skyni að íslenskt fræðasamfélag eflist með þátttöku þeirra. Í tillögu nefndarinnar er því gert ráð fyrir að forstöðumaður geti ráðið tímabundið í stöðurnar án auglýsingar að fenginni umsögn húsþings, sbr. svipað ákvæði í 8. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands.

7. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi þykir nefndinni skynsamlegt að í stað menntamálaráðherra skipi forstöðumaður dómnefnd sem metur hæfi umsækjanda um rannsóknarstörf, og að húsþing tilnefni einn nefndarmann í stað hugvísindadeildar Háskóla Íslands, sbr. umfjöllun um húsþing í almennum athugasemdum hér að framan og breytingartillögu við 4. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. um að forstöðumaður skuli leita umsagnar húsþings við ráðningu til rannsóknarstarfa. Í þriðja lagi telur nefndin eðlilegt að koma til móts við ábendingar starfsmanna og leggur til að starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina verði rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor en slík samræmd starfsheiti tíðkast víða erlendis og eru þau til þess fallin að draga fram akademíska stöðu starfsmanna í stað þeirra starfsheita sem nú tíðkast, sem eru sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður. Nefndin telur í þessu sambandi rétt að benda á að á öllum rannsóknarstarfsmönnum hvílir ákveðin kennsluskylda skv. 6. gr. frumvarpsins.

8. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um Íslenska málnefnd. Í fyrsta lagi að orðalag í ákvæðum 1. og 2. mgr. verði lagfært og jafnframt verði kveðið á um það í 1. mgr. að skipunartími nefndarinnar verði fjögur ár og er það í samræmi við þann skipunartíma sem nú er kveðið á um í 5. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd. Einnig verði uppbyggingu greinarinnar breytt, t.d. verði ákvæði um að stofnunin sé skrifstofa Íslenskrar málnefndar fært úr 1. mgr. og gert að sérstakri málsgrein. Nefndin leggur í öðru lagi til að við bætist ákvæði um rétt málnefndarinnar til ábendinga um málfar, svipað og í 4. tölul. 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga um Íslenska málnefnd. Í tillögunni er gert ráð fyrir að jafnframt ábendingum um það sem miður fer geti nefndin hrósað þeim sem vel gera, eins og reyndin hefur verið í störfum málnefndarinnar að undanförnu, m.a. með sérstakri viðurkenningu á degi íslenskrar tungu. Í þriðja lagi er lagt til að einn nefndarmaður verði skipaður samkvæmt tilnefningu orðanefnda sem eru í samstarfi við stofnunina. Eðlilegt er að forstöðumaður stofnunarinnar gangist fyrir tilnefningarfundi með fulltrúum þeirra orðanefnda sem virkar eru. Menntamálaráðherra skipi þá eingöngu tvo nefndarmenn án tilnefningar, sem verða formaður og varaformaður, í stað þriggja. Í fjórða lagi telur nefndin mikilvægt að Íslensk málnefnd hafi heimild til að skipta með sér verkum í samræmi við þá starfshætti sem tíðkast hafa innan málnefndarinnar á liðnum árum.
9. Lagðar eru til breytingar á ákvæði til bráðabirgða. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 2. mgr. ákvæðisins að forstöðumenn þeirra stofnana sem lagðar verða niður skuli vera hinum nýja forstöðumanni til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Er þá við það miðað að þeir starfi áfram, án þess að hafa stöðu innan hinnar nýju stofnunar sem forstöðumenn, eftir gildistöku laganna og aðstoði nýjan forstöðumann í ákveðinn tíma, til að auðvelda þær breytingar sem óhjákvæmilegar eru og varða sameiningu þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli. Þeir skulu halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi á sama hátt og gert er ráð fyrir að gilda muni um þau rannsóknarstörf sem þeim skulu boðin samkvæmt þessu ákvæði frá og með 1. nóvember 2006. Í öðru lagi er sú breyting lögð til að við bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. þar sem kveðið verði á um að í stað húsþings Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefni hugvísindadeild Háskóla Íslands einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns vegna skipunar hans í embætti skv. 3. mgr., sem verður 4. mgr. Stofnunin tekur ekki formlega til starfa fyrr en við gildistöku laganna 1. september 2006, en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skal þá vera búið að ganga frá skipun forstöðumannsins í fyrsta sinn. Gengið skal frá skipun hans eigi síðar en 1. september 2006. Eðli málsins samkvæmt verður húsþing ekki til fyrr en stofnunin hefur tekið formlega til starfa og því er óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu til bráðabirgða til að hægt sé að ganga frá skipun forstöðumannsins samkvæmt settum tímamörkum. Rétt þykir að hugvísindadeild Háskóla Íslands verði veitt þessi tímabundna tilnefningarheimild í ljósi sterkra tengsla háskólans við stofnunina. Nefndin leggur jafnframt til að nýjum málslið verði bætt við 3. mgr. sem verður 2. málsl. og þar verði einnig kveðið á um það að dómnefnd skuli skipuð eigi síðar en 1. júní 2006 til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns skv. 4. gr.

Nefndin beinir því til menntamálaráðherra að athuga nú þegar fjárþörf hinnar nýju stofnunar fyrir næsta fjárlagaár. Þar er í fyrsta lagi um að ræða fjárveitingu fyrir stöðum þeim sem rætt er um í 7. gr. í samræmi við yfirlýsingu ráðherra við 1. umræðu um frumvarpið. Í öðru lagi er ljóst að nokkur kostnaður hlýst af sameiningunni sjálfri og undirbúningi hennar, m.a. skipulagsvinnu, tölvutengingum, vefsetri og ýmiss konar hönnun, t.d. við kennimerki,

bréfsefni o.s.frv. Í þriðja lagi er æskilegt að gera ráð fyrir fjölgun starfa við rekstur og skrifstofuhald, t.d. ráðningu skrifstofu- eða fjármálastjóra með viðeigandi starfsliði. Þá skal þess getið að í störfum nefndarinnar komu í ljós gallar í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna frumvarpsins, og gæti þurft að endurskoða fjárþörf stofnunarinnar á næsta ári í því ljósi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara um 9. gr. frumvarpsins um Íslenska málnefnd og áskilja sér rétt til að leggja fram breytingartillögur.

Einar Már Sigurðarson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.
Dagný Jónsdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
	Mörður Árnason, með fyrirvara.	

1147. Breytingartillögur [331. mál]

við frv. til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun“ í greininni og sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
   b. Við 2. málsl. bætist: og er hluti af fræðasamfélagi hans.
2. Við 3. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á.
   b. Við a-lið bætist: og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning.
   c. Við c-lið bætist: þar á meðal um íðorð og nýyrði.
   d. Við d-lið bætist: og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis.
   e. Í stað orðsins „lýsandi“ í e-lið komi: og.
   f. Orðin „og nafnaskrár, auk leiðbeinandi orðabóka“ í e-lið falli brott.

3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „hugvísindadeildar Háskóla Íslands“ í lokamálslið 1. mgr. komi: hússþings.
   b. Við bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr., svohljóðandi:
      Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fer eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands.
   c. 1. málsl. 2. mgr., sem verði 3. mgr., orðist svo: Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar.
4. Við 5. gr.
   a. Orðin „sem gegna ekki starfi við Háskóla Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Orðið „faglegrar“ í 2. mgr. falli brott.
   c. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:
      Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda hússþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar.
      Menntamálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og hússþings.
5. Röð greinanna breytist þannig að 4. gr. verði 5. gr. og 5. gr. verði 4. gr.
6. 7. gr. orðist svo:
   Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Forstöðumaður getur að fenginni umsögn hússþings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar.
7. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: forstöðumaður.
   b. Í stað orðanna „hugvísindadeildar Háskóla Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: hússþings.
   c. Í stað orðanna „einn án tilnefningar“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra.
   d. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, 4. málsl., er orðist svo: Forstöðumaður skal leita umsagnar hússþings við ráðningu til rannsóknarstarfa.
   e. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:
      Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.
8. 9. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.
   Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi.

Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

9. Við ákvæði til bráðabrigða.
   a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, 2. málsl., er orðist svo: Þeir skulu þó vera forstöðumanni sem skipaður verður skv. 4. mgr. til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006.
   b. Á eftir orðunum „Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: frá og með 1. nóvember 2006.
   c. Við bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara skal hugvísindadeild Háskóla Íslands, í stað húsþings, tilnefna einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna skipunar hans í embætti skv. 4. mgr.
   d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, 2. málsl., er orðist svo: Dómnefnd skv. 5. gr. skal einnig skipuð eigi síðar en 1. júní 2006 til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns.
10. Fyrirsögn frumvarpsins verður: Frumvarp til laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1148. Svar [539. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Söndru Franks um símtöl milli farsímakerfa.

1. *Hve mikið hækkar verð á símtali í farsíma ef hringt er milli farsímafyrirtækja hér á landi?*

Farsímanotandi sem er í almennri áskrift hjá Símanum greiðir 11 kr./mín. þegar hringt er innan GSM-kerfis Símans en 22 kr./mín. ef hringt er í GSM-kerfi OgVodafone. Verð á mínútu hækkar því um 11 kr., eða 100%. Farsímanotandi sem er í áskriftarleið GSM-Vinir hjá OgVodafone greiðir 10,90 kr./mín. þegar hringt er innan GSM-kerfis OgVodafone en 21,10 kr./mín. ef hringt er í GSM-kerfi Símans. Verð á mínútu hækkar því um 10,20 kr., eða 93,58%.

2. *Hverjar er ástæður þess að kostnaður eykst þegar hringt er milli kerfa?*

Meginástæða þess að kostnaður notenda er meiri þegar hringt er milli farsímakerfa en innan sama kerfis liggur í samtengigjöldum fjarskiptafyrirtækjanna. Þegar farsímanotandi hringir í farsímanotanda sem er í áskrift hjá öðru fjarskiptafyrirtæki greiðir fyrirtækið lúkningargjald til hins fyrirtækisins fyrir símtöl sem enda í GSM-farsímaneti. Lúkningargjald á að endurspegla kostnað fjarskiptafyrirtækis við fjárfestingu og rekstur á búnaði sem þarf til að flytja farsímasímtal milli kerfa og lúkningu á símtalinu. Lúkningargjald í farsímanet Símans er 8,92 kr./mín. á dag- og kvöldtaxta, auk 0,68 kr. tengigjalds, en verð fyrir lúkningu í farsímanet OgVodafone er 13,20 kr./mín. á dagtaxta og 11 kr./mín. á kvöldtaxta, auk 0,99 kr. tengigjalds, miðað við gjaldskrá í febrúar 2006.

Önnur ástæða þess að kostnaður eykst þegar hringt er milli kerfa felst í uppbyggingu á smásöluverðskrá fjarskiptafyrirtækjanna.

3. *Hversu mikill kostnaður leggst samtals á farsímanotendur á hverjum sólarhring vegna hringinga milli kerfa innan lands og hversu hátt hlutfall er það af heildarkostnaði við farsímahringingar innan lands á sólarhring?*

Til að finna kostnað sem leggst á farsímanotendur á hverjum sólarhring vegna hringinga milli kerfa innan lands og heildarkostnað við farsímahringingar er stuðst við tölfræðiupplýsingar frá árinu 2004 um fjölda mínútna úr farsíma í farsíma frá fjarskiptafyrirtækjunum sem Póst- og fjarskiptastofnun tekur saman tvisvar á ári.

Við útreikning er fundinn mismunur á kostnaði farsímanotenda við að hringja símtöl milli kerfa hjá hvoru fjarskiptafyrirtækjanna miðað við verðskrá fyrirtækjanna á farsímasímtölum milli kerfa og ef sömu símtöl væru verðlögð miðað við verðskrá fjarskiptafyrirtækjanna á farsímasímtölum innan kerfis.

Miðað við framangreindar forsendur er kostnaður sem leggst á farsímanotendur á hverjum sólarhring 2,4 millj. kr. og er sá kostnaður um 22% af heildarkostnaði við farsímahringingar innan lands á sólarhring.

Við útreikninginn var ekki tekið tillit til upphafsverðs, afsláttarkjara og annarra sérkjara.

4. *Er tæknilega mögulegt að koma upp búnaði sem gerir farsímanotendum viðvart um aukinn kostnað þegar þeir hringja á milli kerfa?*

Tæknilega mögulegt er að gera farsímanotendum viðvart um aukinn kostnað þegar hringt er milli kerfa og er það gert í sumum Evrópulöndum. Benda má á skýrslu Evrópsku fjarskiptanefndarinnar (ECC), sem starfar innan Samtaka evrópskra póst- og fjarskiptastofnana (CEPT), um númeraflutning í farsíma. Umfjöllun um þetta mál, ásamt töflu yfir lausnir sem eru í notkun í einstökum löndum, er að finna í 9. kafla skýrslunnar (sjá á http://www.ero.dk).

Helstu aðferðir sem stuðst er við til að upplýsa notendur um að þeir séu að hringja milli kerfa eru forskráð skilaboð á mæltu máli, með smáskilaboðum (SMS), sérstökum viðvörunartónn þegar hringt er milli kerfa og að lokum með sérstakri þjónustu með verðupplýsingum. Töluverður kostnaður getur falist í þessum lausnum, mismunandi eftir aðferðinni sem stuðst er við. Engar tölur liggja þó fyrir um kostnaðinn.

Lúkningarverð er mismunandi milli símakerfa og getur það skipt máli fyrir notendur sem vilja stjórna notkun sinni og útgjöldum að þeim sé gert ljóst þegar hringt er milli kerfa. Það er einnig liður í „virkum“ númeraflutningi að gera gjaldtöku við talsímanotkun gagnsæja. Vísað er til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar um kostnaðinn.

Í greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um verðsamanburð og aðlögunartíma til lækkunar lúkningarverðs fyrir símtöl í GSM-farsímanet Símans og Ogfjarskipta kemur fram að stofnunin telur að sá munur sem er á lúkningarverði farsímafyrirtækjanna sé ekki eðlilegur og ýmislegt bendi til þess að verðið sé töluvert umfram raunverulegan kostnað fyrirtækjanna. Auk þess telur PFS að yfirverðlagning eigi sér stað á símtölum sem eiga uppruna í öðrum farsímanetum en þeim sem lúkning þeirra fer fram í, sem birtist m.a. í því að smásöluverð fyrir innannetssímtöl eru lægri en fyrir símtöl í önnur net. Greinargerðina í heild má finna á vef stofnunarinnar, http://www.pta.is.

Þá kemur fram í greinargerð PFS að skv. 1. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, getur stofnunin lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs. Þetta má gera ef markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrir-

tæki með umtalsverðan markaðsstyrk krefjist of hárra gjalda eða ef óeðlilega lítill munur er á heildsölu- og smásöluverði.

Markaðsgreiningin sem vísað er til stendur yfir og miðað við áætlanir PFS mun ákvarðana stofnunarinnar þar að lútandi að vænta um eða eftir mitt ár 2006. Verðjöfnunin miðað við stöðuna nú tekur um 18 mánuði. Það skal tekið fram að þetta tryggir ekki að algerlega jafnhátt verð því að ákvarðanir stofnunarinnar ná ekki til smásöluverðsins, en væntanlega jafnari en nú er.

5. *Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að farsímafyrirtæki taki slíkan búnað upp og þá hvernig?*

Eins og áður sagði eru nokkrar aðferðir þekktar til þess að upplýsa notendur þegar hringt er milli kerfa. Kostnaður liggur ekki fyrir, en ljóst er að allur kostnaður af þessu tagi mundi, þegar upp væri staðið, leggjast á notendur.

PFS vinnur nú að greiningu farsímamarkaðarins. Stofnunin telur nauðsynlegt að gera verðsamanburð, sérstaklega alþjóðlegan samanburð, til að tryggja hagsmuni neytenda, m.a. til að koma á skilyrðum fyrir virkari samkeppni á farsímamarkaði og stuðla að innkomu fleiri þjónustuaðila á markaðinn. Í kjölfar markaðsgreiningarinnar og þeirra kvaða sem sennilega verða lagðar á farsímafyrirtækin mun PFS fylgjast með árangri af þessari aðferð til lækkunar lúkningarverðs.

Ráðuneytið telur að eins og staðan er sé heppilegast að bíða niðurstöðu markaðsgreiningar PFS og sjá hvernig þróunin lúkningaverðs verður í kjölfar hennar. Ef verðmunur verður óeðlilegur mun ráðuneytið huga að því að einhvers konar auðkenning verði tekin upp til að vara neytendur við þegar þeir fara milli kerfa.

Eins og er er ekki að finna heimildir í fjarskiptalögum til að skylda fyrirtæki til að auðkenna skipti milli kerfa eða skylda þau til að koma sér upp búnaði af þessu tagi. Verði ákveðið að fara þessa leið þarf að taka upp ákvæði þess efnis í fjarskiptalög. Hugað verður að þessu í tengslum við aðrar breytingar sem fyrirhugaðar eru á fjarskiptalögunum næsta haust.

1149. Fyrirspurn [773. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtanlegt vatnsafl og æskilega álframleiðslu á ári.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu mörg teravött telur ráðherra að megi fá árlega úr vatnsafli hérlendis með hagkvæmum hætti og að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða?
2. Er ráðherra enn þeirrar skoðunar sem hann lýsti í ræðu á iðnþingi 18. mars 2005 að „þegar framleiðsla í stóriðju verði komin í sem svarar til einnar milljónar tonna álframleiðslu á ári verði af ýmsum ástæðum rétt að láta gott heita“ (endursögn *Íslensks iðnaðar* mars–apríl 2005)?

1150. Frumvarp til laga [774. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson,
Guðjón A. Kristjánsson, Ágúst Ólafur Ágústsson.

1. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Framlög og styrkir til einstaklinga úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga teljast ekki til tekna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á 7. gr. laga um tekjuskatt að framlög og styrkir til einstaklinga úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga teljist ekki til tekna samkvæmt lögunum og verði því skattfrjáls.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns (644. mál þessa löggjafarþings) kemur fram að nærri ellefu þúsund einstaklingar hafi greitt samanlagt 263 millj. kr. í tekjuskatt og útsvar af styrkjum úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaganna árið 2004. Alls námu styrkirnir 852 millj. kr. árið 2004, en veittar voru skattalegar ívilnanir sem námu 122 millj. kr. á grundvelli 65. gr. laga um tekjuskatt, en sú grein heimilar skattyfirvöldum að lækka greiðslur, t.d. vegna skerðingar á gjaldþoli framteljanda vegna veikinda. Forsendur slíkra ívilnana eru þær að viðkomandi sýni fram á að hann hafi orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna veikinda sinna og geti ekki séð fyrir sér.

Einnig kom fram í svari fjármálaráðherra að styrkirnir hafi ætíð verið skattskyldir, en frá 1. júlí 2001 hafi þeir verið staðgreiðsluskyldir, og að með auknum styrkjum stéttarfélaga og betri forskráningu á framtöl hafi skattlagning vegna þeirra aukist hin síðari ár.

Flutningsmenn telja skattlagninguna óréttláta og telja eðlilegt að sjúkrastyrkirnir séu skattfrjálsir þar sem sjóðirnir séu í raun sameiginlegur sparnaður sem fólk hafi komið sér upp. Þá geti það ekki talist eðlilegt að fólk sé skattlagt vegna greiðslna sem það fær upp í kostnað vegna veikinda. Flutningsmenn benda jafnframt á að ýmis stéttarfélög telja skattlagninguna fráleita, m.a. vegna þess að þeir fjármunir sem þau verja í sjúkrastyrki spara samfélaginu mikinn kostnað.

1151. Svar [673. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um loðnuleit og loðnumælingar.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér svar hennar.

1. *Hve margar stofnstærðarmælingar voru gerðar á loðnu í janúar, febrúar og mars ef undanskilin er sú sem notuð var til grundvallar tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark og greint er frá í nýlegu svari ráðherra við fyrirspurn (þskj. 831)?*
2. *Hvenær voru þessar mælingar gerðar, með hvaða rannsóknaskipum og hverjir voru leiðangursstjórar?*

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson fór frá Reyðarfirði 3. janúar og var við rannsóknirnar til 3. mars með litlum hléum. Samhliða loðnumælingum voru gerðar rannsóknir á veiðarfærum, svo og mælingar á íslenskri sumargotssíld út af Austurlandi. Ef þær rannsóknir eru frátaldar var rannsóknaskipið Árni Friðriksson í 43 daga við loðnumælingar og leit á umræddu tímabili. Eftirfarandi myndir 1–4 sýna leiðarlínur skipsins í leiðöngrunum. Ef undan er skilin sú mæling sem greint er frá í nýlegu svari ráðherra við fyrirspurn (þskj. 831, 537. mál) voru allar mælingar gerðar á þessu tímabili taldar ómarktækar.

Auk fyrrgreindra leiðangra var á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni leitað loðnu í febrúar (í leiðangri B2 – 6/2–26/2 Ástand sjávar, vistfræði Íslandshafs). Var leitað út af Vestfjörðum og fyrir vestanverðu Norðurlandi í þeim leiðangri. Auk þess var fylgst með mælum fyrir Austurlandi og loðna mæld grunnt út af vestanverðu Suðurlandi undir lok febrúar. Í leiðangrinum náðist engin marktæk mæling á stærð veiðistofns loðnu og því hafa formlegir útreikningar á niðurstöðum mælingarinnar ekki verið gerðir. Samtals var Bjarni skráður þrjá daga við loðnuleit í febrúar. Leiðarlínur rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar eru sýndar á mynd 5.

Samtals voru því 48 dagar við loðnumælingar og leit á umræddu tímabili. Leiðangursstjóri í öllum leiðöngrunum á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni var Sveinn Sveinbjörnsson og Héðinn Valdimarsson var leiðangursstjóri á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni.

3. *Hvernig voru leiðarlínur rannsóknaskipa við þessar mælingar og hvernig leit þéttleikadreifing loðnunnar út, færð á kort eftir mæligildum?*

Sjá eftirfarandi myndir um leiðangrana. Stærð hringjanna á myndunum tákna magn loðnu yfir hverri sigldri sjómílu. Skalinn er sá sami á öllum myndunum.

4. *Hver var áætluð stærð loðnuárganga í hverri þessara mælinga, í fjölda og tonnum?*

Stærð loðnuárganga hefur ekki verið reiknuð nema í þeirri mælingu sem lögð var til grundvallar ráðgjöf.

5. *Hversu mörgum úthaldsdögum hafrannsóknaskipa var varið til loðnuleitar og loðnumælinga nú eftir áramót?*

Samtals hefur 48 dögum verið varið til loðnuleitar og loðnumælinga frá áramótum.

Mynd 1. Leiðangur A1 – 2006, 2.–25. janúar. Leiðarlínur og þéttleikadreifing færð á kort eftir mæligildum. Stærð hringja táknar meðalendurvarpsgildi á hverja siglda sjómílu.



Mynd 2. Leiðangur A2 – 2006, 26. janúar – 2. febrúar. Leiðarlínur og þéttleikadreifing loðnu færð á kort eftir mæligildum. Stærð hringja táknar meðalendurvarpsgildi á hverja siglda sjómílu.



Mynd 3. Leiðangur A3 – 2006, 6.–17. febrúar. Leiðarlínur og þéttleikadreifing loðnu færð á kort eftir mæligildum. Stærð hringja táknar meðalendurvarpsgildi á hverja siglda sjómílu.



Mynd 4. Leiðangur A4 – 2006, 21. febrúar – 3. mars. Leiðarlínur og þéttleikadreifing loðnu færð á kort eftir mæligildum. Stærð hringja táknar meðalendurvarpsgildi á hverja siglda sjómílu.



Mynd 5. Leiðangur B2 – 2006. Leiðarlínur og þéttleikadreifing loðnu færð á kort eftir mæligildum. Stærð hringja táknar meðal endurvarpsgildi á hverja siglda sjómílu.



1152. Fyrirspurn [775. mál]

til menntamálaráðherra um uppbyggingu framhaldsskóla í Suðvesturkjördæmi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða áform hefur ráðherra um uppbyggingu framhaldsskóla í Suðvesturkjördæmi?
2. Hefur stofnun nýrra framhaldsskóla í Mosfellsbæ, Kópavogi og Hafnarfirði verið tímasett?

1153. Fyrirspurn [776. mál]

til heilbrigðisráðherra um bið eftir endurhæfingu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hversu margir bíða nú eftir endurhæfingu á heilbrigðisstofnunum, flokkað eftir stofnunum? Hve lengi hafa þeir sjúklingar beðið sem beðið hafa lengst og hversu löng er biðin nú?

Skriflegt svar óskast.

1154. Fyrirspurn [777. mál]

til heilbrigðisráðherra um legurými og starfsmannafjölda á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve mörg legurými voru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við lok sameiningarferlis spítalanna og hve margir starfsmenn hafa verið í hverri starfsstétt, flokkað eftir sviðum, árlega frá sameiningu?
2. Hver hefur áætluð starfsmannaþörf sjúkrahússins verið eftir árum, flokkuð eftir starfsstéttum og sviðum, á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

1155. Fyrirspurn [778. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu botnfisksafla.

Frá Guðjóni Hjörleifssyni.

Hvernig skiptist þorskafli, ýsuafli og botnfisksafli í heild eftir veiðarfærum frá árinu 1993 og hvernig er hlutfallsleg skipting á þessum tíma?

Skriflegt svar óskast.

1156. Svar [642. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kostnað við svonefnt Baugsmál.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist heildarkostnaður ríkisins af rannsókn svonefnds Baugsmáls, sundurliðað eftir verkefnum eftirtalinna aðila:*
   a. *samkeppnisyfirvalda,*
   b. *lögregluyfirvalda,*
   c. *héraðsdóms,*
   d. *annarra?*
2. *Hver má áætla að kostnaðurinn verði ef málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar?*

Fjárhagsbókhald ríkissjóðs er sundurliðað á stofnanir og einstakar deildir stofnana eftir því sem við á. Fjárhagsbókhaldið hefur ekki að geyma sundurliðanir á einstök verkefni.

Samkvæmt framansögðu er því ekki unnt að veita svör við fyrirspurninni.

1157. Nefndarálit [455. mál]

um till. til ál. um þjóðarblóm Íslendinga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og henni bárust umsagnir frá Skógrækt ríkisins, Landvernd, Ungmennafélagi Íslands, Samtökum ferðaþjónustu og Bændasamtökum Íslands. Umsagnirnar voru allar jákvæðar gagnvart tillögunni.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að holtasóley *(Dryas octopetala)* verði þjóðarblóm Íslendinga.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jón Bjarnason.	Guðjón Ólafur Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson.

1158. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið jákvæðar umsagnir um það frá Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda.

Með frumvarpinu er lagt til að innlausnarfrestur verði 4 vikur við nauðungarsölu óskilapenings, svo sem hrossa og nautgripa, í stað 12 vikna innlausnarfrests eins og nú er áskilið. Eigendum hrossa og nautgripa er nú gert skylt að örmerkja eða frostmerkja hross, sbr. reglugerð nr. 289/2005, um merkingar búfjár, og telur nefndin því tímabært að innlausnarfresturinn verði styttur í 4 vikur eins og mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jón Bjarnason.	Guðjón Ólafur Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson.

1159. Nefndarálit [555. mál]

um frv. til l. um landshlutaverkefni í skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson frá landbúnaðarráðuneyti, Svein Runólfsson landgræðslustjóra, Eddu Björnsdóttur, formann Landssamtaka skógareigenda, Jón Loftsson skógræktarstjóra, Lárus Ögmundsson og Ketil Sigurjónsson frá

Ríkisendurskoðun, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Björn B. Jónsson, framkvæmdastjóra Suðurlandsskóga, Guðmund Ólafsson, framkvæmdastjóra Héraðsskóga og Austurlandsskóga, Jón Gunnar Ottósson, forstöðumann Náttúrufræðistofnunar Íslands, og Brynjólf Jónsson, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Skógrækt ríkisins, Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landssamtökum skógareigenda, Byggðastofnun, Félagi skógarbænda á Héraði, Norðurlandsskógum, Vesturlandsskógum, Skógræktarfélagi Íslands, Héraðsskógum og Austurlandsskógum, Suðurlandsskógum, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Með frumvarpinu er verið að endurskoða lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999, lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, enda áskilið í bráðabirgðaákvæði I í núgildandi lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni að endurskoðun fari fram að fjórum árum liðnum og er sá tími þegar liðinn.

Aðalástæða þess að þrenn lög gilda nú um verkefnin er fyrst og fremst sú að fyrstu lögin, lög um Héraðsskóga, taka einungis til skógræktar á afmörkuðu landsvæði á Fljótsdalshéraði, enda var um tilraunaverkefni að ræða. Því þurfti að setja ný lög þegar ákveðið var að hefja landshlutabundna skógrækt á Suðurlandi, en við samningu laga um Suðurlandsskóga var mjög horft til laga um Héraðsskóga. Þegar ákveðið var að setja á fót skógræktarverkefni í öðrum landshlutum voru, í stað þess að sett væru sérlög fyrir hvert landsvæði, samþykkt lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, þar sem heimild er fyrir ráðherra að stofna til skógræktarverkefna á einstaka landsvæðum en að öðru leyti eru lögin nær samhljóða lögum um Suðurlandsskóga. Þrátt fyrir að þrenn lög hafi gilt um landshlutabundin skógræktarverkefni hafa verkefnin verið mjög í sama anda enda lögin hver öðrum lík. Með frumvarpinu er ætlunin að sameina fyrrgreind þrenn lög þannig að ein lög gildi um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Nefndin hefur tekið tillit til margra gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum og leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu.

Rætt var í nefndinni hvort verkefnin teldust ekki lúta ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og einnig ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, kemur fram að skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki áskilnaður um að skógræktaráætlanir fari í mat á umhverfisáhrifum heldur þurfa einstakar framkvæmdir sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögunum að fara í mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar bendir nefndin á að til meðferðar á þinginu er frumvarp til laga um umhverfismat áætlana. Ef það frumvarp verður að lögum er þar m.a. gerður áskilnaður um að áætlanir landshlutaverkefnanna þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum. Rétt er þó að nefna að í frumvarpinu kemur fram að eingöngu þær áætlanir sem hljóta endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006 munu falla undir gildissvið laganna. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að vinna sé í gangi um sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga og að því sé stefnt að það, ef samþykkt verður, verði fyrirmynd að sambærilegum áætlunum fyrir hin landshlutaverkefnin. Nefndin telur að þær áætlanir þurfi að fara í umhverfismat samkvæmt framangreindu frumvarpi um umhverfismat áætlana ef það verður að lögum. Enn fremur má nefna að endurskoða á landshlutaáætlun á a.m.k. 10 ára fresti og oftar ef ljóst er að forsendur hennar bresta, eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins. Ef sú endurskoðun á landshlutaáætlun hefur í för með sér efnisbreytingar á henni leiðir það til þess að áætlunin eða sá hluti hennar þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum. Nefndin telur mikilvægt að áætlanir skógræktarverkefnanna fari í mat á umhverfisáhrifum og leggur því áherslu á að vinna sambærileg þeirri sem nú er í gangi varðandi Norðurlandsskóga haldi

áfram og því munu allar áætlanir lúta framangreindu frumvarpi um umhverfismat áætlana verði það að lögum.

Nokkur umræða varð í nefndinni um 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um stjórnir landshlutaverkefnanna og telur nefndin að halda eigi því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu og er í samræmi við núgildandi lög um Héraðsskóga og Suðurlandsskóga. Það felur í sér að fækkað er um einn stjórnarmann, fulltrúa frá Skógræktarfélagi Íslands, í þeim verkefnum sem starfað hafa samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni. Á það hefur verið bent að þrátt fyrir að Skógræktarfélag Íslands vinni að skógrækt, þá er um að ræða frjáls félagasamtök sem hafa lítilla sem engra hagsmuna að gæta er kemur að ræktun nytjaskóga á bújörðum. Er með þessu á engan hátt kastað rýrð á annars víðfeðmt og öflugt starf skógræktarfélaganna í landinu. Með fækkun í stjórnum verkefnanna er ætlunin að gera stjórnirnar skilvirkari og draga úr kostnaði við starf þeirra. Nefndin telur stjórnir verkefnanna skila miklum árangri, ekki síst hvað varðar tengsl við heimamenn, kynningu á verkefnunum og almennan stuðning við hvers konar uppbyggingu þeirra.

Ábendingar bárust nefndinni um að rétt væri að fella brott 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. er fjallar um að Skógrækt ríkisins veiti aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin. Sambærilegt ákvæði er nú í lokamálslið 8. gr. núgildandi laga um landshlutabundin skógræktarverkefni. Skógrækt ríkisins hefur mikla fagþekkingu og eitt af lögbundnum hlutverkum hennar er m.a. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur, sbr. 3. tölul. 1. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955. Sú þjónusta sem Skógrækt ríkisins veitir landshlutaverkefnunum er í eðli sínu sú sama og skógræktarfélög og þegnar landsins geta vænst af henni, þ.e. fyrst og fremst í formi þekkingar. Í frumvarpinu er verið að árétta það hlutverk sem Skógrækt ríkisins hefur nú þegar samkvæmt lögum um skógrækt.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. frumvarpsins þannig að skilgreiningin á landbótaskógrækt verði ítarlegri og tekið verði inn í skilgreininguna að um sé að ræða ræktun skógar á „illa förnu eða eyddu landi“ með það að meginmarkmiði að „auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja“ í stað þess að tilgreint sé að meginmarkmiðið sé að fegra land og nýta verndarmátt skóga.
2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi að í stað heitisins Héraðsskógar á Austurlandi sé heppilegra að hafa heitið Héraðs- og Austurlandsskógar þar sem það heiti er í betra samræmi við landshlutann í heild og tekur af allan vafa um að verkefnið nái ekki eingöngu til Héraðsskóga. Í öðru lagi leggur nefndin til að bætt verði við 3. mgr. að landbúnaðarráðherra geti, í samráði við Skógrækt ríkisins, falið stjórn landshlutaverkefnanna umsjón annarra tengdra verkefna í landbótum en ekki eingöngu í skógrækt eins og nú er kveðið á um í málsgreininni. Í því sambandi má t.d. nefna að Skjólskógar á Vestfjörðum hafa umsjón með verkefninu „Bændur græða landið“ í samstarfi við Landgræðsluna. Einnig hefur endurheimt votlendis verið nefnt sem hugsanlegt landbótaverkefni og Hekluskógar er metnaðarfullt landgræðslu- og skógræktarverkefni sem Suðurlandsskógar taka þátt í.
3. Nefndin leggur til breytingar á 10. gr. um að felldur verði út í 1. mgr. áskilnaður um að landbúnaðarráðherra staðfesti ársskýrslur og ársreikninga landshlutaverkefnanna og einnig að 2. mgr. falli brott en þar segir að reikninga sem endurskoðaðir eru af Ríkisendurskoðun skuli birta í Stjórnartíðindum. Nefndin telur að ákvæðið sé óþarft því lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, fjalla um meðferð ársskýrslna og ársreikninga.

Eins og fram hefur komið er frumvarpinu ætlað að sameina landshlutabundin skógræktarverkefni í ein lög en athugasemdir komu upp um að heppilegra væri að endurskoða fyrst lög um skógrækt en nefndin telur að sú endurskoðun standi ekki í vegi fyrir þeirri endurskoðun sem fer fram nú með frumvarpinu um landshlutaverkefni í skógrækt.

Nefndin vekur athygli á að núgildandi skógræktarlög, nr. 3/1955, eru komin til ára sinna og þarfnast heildarendurskoðunar og sama má segja um lög um landgræðslu, nr. 17/1965, og beinir nefndin því til ráðuneytisins að sú vinna fari fram sem fyrst.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Gunnar Örlygsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðjón Ólafur Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson.

1160. Breytingartillögur [555. mál]

við frv. til l. um landshlutaverkefni í skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 3. tölul. orðist svo: *Landbótaskógrækt.* Ræktun skógar á illa förnu eða eyddu landi með það að meginmarkmiði að auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „Héraðsskógar á Austurlandi“ í 1. mgr. komi: Héraðs- og Austurlandsskógar.
   b. Við 3. mgr. bætist: og landbótum.
3. Við 10. gr.
   a. Orðin „og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Orðin „sem staðfest hefur verið af ráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. 2. mgr. falli brott.

1161. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Sigurberg Björnsson og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti, Jón Rögnvaldsson og Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni, Pál Winkel og Svein Ingiberg Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna, Knút Halldórsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra og Guðmund Gunnarsson og Sævar Óla Hjörvarsson frá fyrirtækjum í verktakastarfsemi og flutningum.

Nefndinni bárust skriflegar umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landssambandi lögreglumanna, Vinnueftirlitinu, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, ríkissaksóknara, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Ökukennarafélaginu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Umferðarstofu, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, Umferðarráði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Sýslumannafélagi Íslands og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á umferðarlögum. Nokkrar breytinganna eru gerðar til samræmis við fimm gerðir Evrópusambandsins. Tvær þeirra varða akstur og hvíldartíma ökumanna auk ökurita. Sú þriðja varðar eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita o.fl. Fjórða varðar skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum. Sú fimmta varðar samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn.

Þá er m.a. lagt til í frumvarpinu að byggt verði undir heimildir laganna varðandi óheimila stjórnun ökutækis undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þá er einnig lagt til að sett verði í lögin tilvísun í lög um náttúruvernd varðandi akstur utan vega í dreifbýli.

Lagt er til að ákvæði um hlutverk Umferðarstofu við rannsóknir á orsökum umferðarslysa verði fellt brott enda hefur það hlutverk verið flutt til rannsóknarnefndar umferðarslysa með samnefndum lögum. Þá er lagt til að lögfest verði heimild ráðherra til að setja frekari reglur um öryggis- og verndarbúnað fyrir ökumann og farþega ökutækis til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar. Einnig er lagt til að lögfest verði skylda til að nota öryggisbelti við akstur bifhjóls, sé það til staðar, og að fellt verði niður bann við því að tengja eftirvagn eða tengitæki við bifhjól. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um skyldu til að breiða yfir farm.

Að auki er lagt til að fjárhæð umferðaröryggisgjalds verði hækkuð.

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst bætt umferðaröryggi í samræmi við umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005 í formi þingsályktunar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á tilgang og markmið frumvarpsins sem er að efla umferðaröryggi á vegum landsins jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Á undanförnum árum hafa landflutningar orðið sífellt umsvifameiri, m.a. á kostnað sjóflutninga. Fyrir vikið hefur stórum flutningatækjum í umferðinni fjölgað og álag á vegakerfið aukist. Þróunin hefur haft mikil áhrif á umferðaröryggi á vegum. Með nokkrum ákvæðum í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari þróun og þannig stuðla að auknu umferðaröryggi á vegum.

Í nefndinni urðu nokkrar umræður um 9. gr. frumvarpsins. Eftirlit Vegagerðarinnar og lögreglu lýtur að verulegu leyti að ólíkum þáttum. Lögreglan sér um almennt umferðareftirlit

í landinu, þ.m.t. eftirlit með ökuhraða, ástandi ökutækja, ástandi og hegðun ökumanna o.fl. Vegagerðin hefur hins vegar samkvæmt gildandi umferðarlögum eftirlit með reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna tiltekinna ökutækja, stærð, heildarþyngd og ásþunga þeirra. Sú efnislega breyting sem lögð er til í frumvarpinu lýtur einungis að því að Vegagerðinni verður veitt heimild til eftirlits með hleðslu, frágangi og merkingu farms. Vegagerðinni er því ætlað eftirlitshlutverk sem lýtur að þremur afmörkuðum þáttum, þ.e. aksturs- og hvíldartíma ökumanna tiltekinna ökutækja, stærð, heildarþyngd og ásþunga þeirra auk hleðslu, frágangs og merkingar farms. Ljóst er af framangreindu að Vegagerðin hefur aðeins eftirlit með afmörkuðum þáttum sem varða hóp ökutækja.

Meiri hlutinn leggur mikla áherslu á að störf bæði lögreglu og Vegagerðarinnar eru mjög mikilvæg þegar kemur að umferðareftirliti á vegum landsins. Þá hefur Umferðarstofa mikilvægu hlutverki að gegna í umferðaröryggismálum. Brýnt er að samstarf eftirlitsmanna Vegagerðarinnar og lögreglu verði gott til að auka og bæta vegaeftirlit enn frekar. Jafnframt verði hugað að samstarfsverkefnum á milli ríkislögreglustjóra og Vegagerðarinnar, t.d. með átaksverkefnum með það að markmiði að bæta umferðaröryggi í landinu.

Í vinnu nefndarinnar kom fram að fyrirhuguð er heildarendurskoðun umferðarlaga. Fulltrúar samgönguráðuneytis sem komu fyrir nefndina lýstu því yfir að við þá vinnu yrði haft samráð við Landssamband lögreglumanna. Þá urðu nokkrar umræður í nefndinni um fræðslu til ökumanna stórra ökutækja. Mikilvægt er að öll upplýsingagjöf og fræðsla til ökumanna verði stóraukin og þannig stuðlað að umferðaröryggi á vegum.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í stað „farmflutninga“ verði talað um „vöruflutninga“.
2. Lögð er til ný skilgreining á farstarfsmanni í 1. gr.
3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar í 3. gr. til samræmis við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita.
4. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. til að heimila lögreglu að taka svitasýni af ökumönnum.
5. Lagðar eru til breytingar á a-lið 2. mgr. 50. gr. og b-lið 52. gr. laganna vegna tilskipunar fyrir EES-svæðið sem mælir fyrir um þjálfun atvinnubílstjóra.
6. Lögð er til breyting á aldursskilyrðum í 1. mgr. 55. gr. laganna en ábending um það atriði kom fram í umsögn.
7. Lagt er til að eftirlit Vegagerðarinnar skv. 9. gr. takmarkist við ökutæki sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd ásamt því að lagt er til að heimild ráðherra til reglugerðarsetningar verði færð í nýja málsgrein.
8. Lagðar eru til breytingar á 81. gr. laganna varðandi heimild vegamálastjóra til ákvarðanatöku um hámarkshraða og aðalbrautir á þjóðvegum.
9. Lagt er til að við 7. mgr. 14. gr. frumvarpsins bætist nýr málsliður.
10. Lagt er til að 15. og 16. gr. verði felldar brott vegna athugasemda í umsögnum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. mars 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. | Dagný Jónsdóttir. | Guðjón Hjörleifsson.

Sigurrós Þorgrímsdóttir. | Magnús Stefánsson.

1162. Breytingartillögur [503. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, DJ, GHj, SÞorg, MS).

1. Í stað orðsins „farmflutninga“ í a- og b-lið a-liðar og í b-lið 1. gr., 1. og 3. efnismgr. 3. gr. og 1. efnismgr. 4. gr. komi: vöruflutninga.
2. Við 1. gr. Skilgreining á farstarfsmanni í b-lið orðist svo:
   Starfsmaður flytjanda, það er ökumaður og aðrir í áhöfn hóp- eða vörubifreiðar sem aðstoða ökumann við önnur störf en akstur og einnig sá sem er í bifreið til þess að leysa ökumanninn af þegar hann tekur hvíld.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum „aksturstíma ökumanns hvern dag“ í c-lið 1. mgr. komi: hverja viku og hálfsmánaðarlega.
4. Við 6. gr.
   a. Á undan orðinu „munnvatnssýni“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: svita- og.
   b. Á undan orðunum „eða munnvatnssýna“ í b-lið 1. mgr. komi: svita-.
   c. Á undan orðunum „og munnvatnssýni“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: svita-.
   d. Á undan orðinu „munnvatnssýni“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: svita- eða.
   e. Á undan orðunum „og munnvatnssýnis“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: svita-.
   f. Á undan orðunum „og þvagsýnis“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: svita-.
5. Á eftir 6. gr. komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (7. gr.)
      A-liður 2. mgr. 50. gr. laganna orðast svo: bifreið til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni.
   b. (8. gr.)
      B-liður 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökupróf, akstursmat og um endurmenntun ökumanna sem stjórna hópbifreið til farþegaflutninga og vörubifreið til vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni.
   c. (9. gr.)
      Í stað orðanna „fullra 13 ára“ í 3. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: fullra 15 ára.
6. Við 9. gr. er verði 12. gr. Á greininni verði svofelldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „farmflutninga- og hópbifreiða“ í 2. mgr. komi: ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd.
   b. Í stað „farmflutninga-“ í 4. efnismgr. komi: vöruflutninga-.
   c. Lokamálsliður 5. mgr. verði 6. mgr.
7. Á eftir 12. gr. komi ný grein er verði 16. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Vegamálastjóri ákveður hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.
   b. 3. mgr. orðast svo:
      Vegamálastjóri ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr. ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

8. Við 7. mgr. 14. gr., er verði 18. gr., bætist nýr málsliður sem orðist svo: Tekið skal fram í vottorði læknis skv. a-lið að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um stjórnun ökutækis.
9. 15. gr. falli brott.
10. 16. gr. falli brott.

1163. Viðbótarsvar [420. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um launa- og starfskjör skráðra félaga í Kauphöllinni.

1. *Hvaða skráð félög í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið eftir reglum sem Kauphöllin setti um mitt ár 2003 um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda? Hvaða skráð félög hafa ekki gert slíkt? Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir upplýsingum hvers félags um sig um launakjör einstakra stjórnarmanna og æðstu stjórnenda, þ.m.t. kaupréttarsamninga eða sambærilega samninga, ráðningar- eða starfslokasamninga og hlutafjáreign þeirra, sömuleiðis upplýsingum um óvenjuleg viðskipti eða samninga og lífeyrisréttindi umfram það sem venjulegt er.*

Öllum félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er skylt að fylgja reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur og eru núgildandi reglur frá 1. janúar 2006. Í júlí 2003 kom inn í reglurnar ákvæði sem gerir skráðum félögum skylt að veita upplýsingar í ársreikningum sínum um launakjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda (kafli 2.5). Skráð félög hafa frá og með ársreikningum 2004 vegna ársins 2003 fylgt reglum þessum. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni er sá háttur hafður á þegar skráð félög birta ársreikninga sína að starfsmenn hennar fara yfir upplýsingar sem þar koma fram með reglur Kauphallarinnar til hliðsjónar. Séu reglurnar ekki uppfylltar er kallað eftir þeim upplýsingum sem vantar og þær birtar í fréttakerfi Kauphallarinnar um leið og þær berast. Kauphöllin bendir á að hún beiti útgefendur ekki opinberum viðurlögum nema um alvarleg brot á reglum um upplýsingagjöf sé að ræða en hafi, samkvæmt samningi, rétt til að áminna útgefendur óopinberlega eða opinberlega í fréttakerfi sínu og beita févíti. Kauphöllin sé því bundin trúnaði um einstök eftirlitsmál en til að auka gagnsæi og upplýsingar á markaði hefur Kauphöllin sl. þrjú ár birt árlega svokallað „Yfirlit eftirlitsmála“ sem er að finna á heimasíðu hennar.

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni eru ekki gerð yfirlit yfir upplýsingagjöf hvers félags um launakjör einstakra stjórnarmanna og æðstu stjórnenda eins og óskað er eftir í fyrirspurninni. Tilgangur upplýsingagjafar skráðra félaga sé að gera fjárfestum kleift að gera sér grein fyrir verðmæti félaga og fjárfestingartækifærum sem í þeim felast og því telur Kauphöllin það ekki falla undir hlutverk sitt að gera samantekt eins og beðið er um í fyrirspurninni. Kauphöllin hefur bent á að upplýsingar frá skráðum félögum sé að finna á fréttavef hennar en mikil vinna sé að gera yfirlit eins og beðið er um og ekki verði séð að slík yfirlit þjóni hagsmunum markaðarins. Því hefur ekki tekist að afla allra þeirra upplýsinga sem um er beðið.

2. *Hvaða félög skráð í Kauphöllinni og á tilboðsmarkaði hennar hafa farið að leiðbeinandi reglum um skipan óháðra aðila í stjórnir fyrirtækjanna og skipan starfskjaranefndar og hvaða fyrirtæki hafa ekki gert það?*

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja komu fyrst út í mars 2004 en voru endurskoðaðar í lok síðasta árs. Að þeim standa Viðskiptaráð Íslands, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins. Félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands ber frá 1. janúar 2005 að lýsa því yfir í ársreikningi og/eða ársskýrslu hvort félagið fylgi leiðbeiningunum, sbr. reglur Kauphallar Íslands fyrir útgefendur verðbréfa (grein 2.5.9). Hafi félagið ekki fylgt þeim að öllu leyti skal greina frá frávikum, því tímabili þegar vikið var frá tilteknum ákvæðum og skýra ástæðurnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöll Íslands gerðu 23 af 24 skráðum félögum í Kauphöllinni grein fyrir því hvort þau fylgdu leiðbeiningunum árið 2005 eða væru með frávik frá þeim. Af þeim fylgdu 10 félög reglunum án frávika en 13 greindu frá frávikum. Í átta tilvikum var greint frá frávikum frá reglum um óháða stjórnarmenn, í ellefu tilvikum var greint frá frávikum frá reglum um endurskoðunarnefnd og í átta tilvikum var greint frá frávikum frá reglum um starfskjaranefnd. Þrátt fyrir að skráðum félögum væri ekki skylt að gera grein fyrir því hvort þau fylgdu leiðbeiningunum árið 2004, þá gerðu 59% þeirra grein fyrir því það ár. Þar af fylgdi helmingur reglunum að öllu leyti en helmingur gerði grein fyrir frávikum.

Líta þarf til þess þegar fjallað er um leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja að stutt er síðan þær voru kynntar hér á landi og telja verður eðlilegt að nokkurn tíma taki að innleiða þær að fullu. Þá kunna að vera eðlilegar skýringar á að þeim skuli ekki vera fylgt í öllum atriðum. Það er mat Kauphallarinnar að innleiðing reglnanna sé komin lengra á veg hér á landi en í ýmsum löndum sem við berum okkur saman við.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að í frumvarpi til laga um breytingu á hlutafélagalögum sem nú er til umfjöllunar á Alþingi eru ákvæði þar sem kveðið er á um stjórnarhætti og starfskjör stjórnenda hlutafélaga. Verði frumvarpið að lögum verður m.a. ekki heimilt að víkja frá þeirri kröfu að starfskjarastefna sé lögð fyrir aðalfund til samþykktar.

3. *Hve oft hefur Kauphöllin gert athugasemdir við að ekki hafi verið farið að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti í fyrirtækjum og hver eru þau tilvik?*

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni hefur aldrei verið veitt formleg áminning vegna þess að félag fari ekki að leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti fyrirtækja. Skráðum félögum er heimilt að víkja frá þeim, svo framarlega sem þau frávik eru tilgreind í ársskýrslu, sem og ástæður þeirra.

1164. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samhliða umfjöllun um frumvarp viðskiptaráðherra um breytingu á hlutafélagalögum fjallaði nefndin um frumvarp frá þingmönnum Samfylkingarinnar um sama efni (436. mál). Það frumvarp gengur talsvert lengra í þá átt að auka aðhald kjörinna fulltrúa hvað varðar hlutafélög í eigu ríkis eða sveitarfélaga, bæði með því að veita þeim seturétt á hluthafafundum með fullt málfrelsi sem og skilgreindan rétt til upplýsinga um starfsemi opinberra hluta-

félaga. Þessi umfjöllun hafði þau áhrif að 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar ákvað að leggja til að inn í frumvarp viðskiptaráðherra komi ákvæði sem veiti eftir atvikum þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum ákveðinn en þó mjög afmarkaðan rétt. Þannig hafa þeir samkvæmt tillögunni einvörðungu rétt til að sitja aðalfundi opinberra hlutafélaga en hafa þar ekki málfrelsi heldur aðeins rétt til að leggja fram skriflegar fyrirspurnir. Þetta er vissulega skref í rétta átt en nær þó ansi skammt. Hluthafafundir í hlutafélögum eru ekki síður mikilvægir en aðalfundir og gjarnan til þeirra boðað ef taka þarf mikilvægar ákvarðanir sem varða starfsemi félaganna. Þess vegna er ekki ástæða til að gera greinarmun á aðalfundum og hluthafafundum varðandi aðkomu kjörinnar fulltrúa. Aðrar breytingar sem meiri hlutinn hefur lagt til eru flestar til bóta en allar minni háttar. Frumvarpið stendur því eftir sem áður aðeins að takmörkuðu leyti undir þeim tilgangi sem því er ætlað, þ.e. að bæta aðgengi að upplýsingum um hlutafélög í opinberri eigu.

Minni hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. gr. segir að þá og því aðeins skuli hlutafélag teljast opinbert hlutafélag að það sé að fullu í eigu opinberra aðila. Lögð er til breyting á þessari skilgreiningu þannig að hlutafélag teljist opinbert hlutafélag ef ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við félagið og móðurfélag hefur við dótturfélag. Er þetta í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er í dönsku hlutafélagalögunum. Þetta þýðir í raun að félag telst opinbert hlutafélag ef ríki eða sveitarfélög eiga svo mikinn hluta hlutafjár í félaginu að þau fara með meiri hluta atkvæða.
2. Í 2. gr. er kveðið á um að farið skuli að jafnréttislögum við kjör í stjórn. Lögð er til breyting með það að markmiði að styrkja þetta ákvæði. Hlutfall kynjanna verði sem jafnast og þar sem því verði við komið verði hvort kyn um sig ekki undir 40% stjórnarmanna. Þetta viðmið næst ekki í þriggja manna stjórn en ætti ekki að vera vandkvæðum bundið í fjölmennari stjórnum.
3. Í 5. gr. er kveðið á um rétt fjölmiðla til að sækja aðalfund opinberra hlutafélaga. Lögð er til sú breyting að kjörnum fulltrúum á Alþingi og í sveitarstjórnum, eftir því sem við á, verði heimilað að sitja hluthafafundi og taka þar til máls. Þarna er gengið lengra en í breytingatillögu meiri hlutans sem leggur til að kjörnir fulltrúar hafi aðeins heimild til að sækja aðalfundi opinberra hlutafélaga og leggja þar fram skriflegar fyrirspurnir.
4. Lagt er til að við 8. gr. bætist fimm nýir málsliðir. Þar verði kveðið á um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra í opinberu hlutafélagi til að veita þeim ráðherra eða framkvæmdastjóra sveitarfélags sem fer með eignarhlut hins opinbera aðila í félaginu upplýsingar um starfsemi félagsins, verði eftir því leitað. Rétturinn til upplýsinga verði sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum en þó megi undanskilja upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Beiðni um upplýsingar skal vera skrifleg. Í frumvarpi þingmanna Samfylkingarinnar er ákvæði svipaðs efnis en það er þó víðtækara því þar er gert ráð fyrir að þingmenn geti kallað eftir upplýsingum frá félagsstjórn og framkvæmdastjóra. Hér er farin sú leið að binda réttinn til upplýsinga við ráðherra og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þingmenn og/eða sveitarstjórnarmenn geta eftir sem áður óskað eftir upplýsingum um opinber hlutafélög með því að leggja fram fyrirspurn til viðkomandi ráðherra eða framkvæmdastjóra á viðeigandi vettvangi. Með þessu fyrirkomulagi ætti hinn formlegi réttur þingmanna til upplýsinga um opinber hlutafélög að

vera sambærilegur rétti þeirra til upplýsinga um opinberar stofnanir nema hvað samkeppnisþáttinn varðar.

Alþingi, 11. apríl 2006.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

1165. Breytingartillögur [404. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ISG, MF).

1. Efnismálsliður 1. gr. orðist svo: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem íslenska ríkið eða sveitarfélag hefur sömu tengsl við og móðurfélag hefur við dótturfélag, sbr. 1. mgr. 2. gr.
2. Efnismálsliður 2. gr. orðist svo: Í opinberum hlutafélögum þar sem fulltrúar íslenska ríkisins eða sveitarfélaga, eins eða fleiri, skipa meiri hluta stjórnarmanna skal hlutfall kynja í stjórn vera sem jafnast og þar sem því verður við komið skal hvort kyn um sig ekki vera undir 40% stjórnarmanna.
3. Efnismálsgrein 5. gr. orðist svo:
   Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja hluthafafund í opinberu hlutafélagi og taka þar til máls. Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags.
4. Við 8. gr. bætast fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Í opinberu hlutafélagi skal félagsstjórn og framkvæmdastjóri veita þeim ráðherra sem fer með hlut ríkisins, eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem það á við, upplýsingar um starfsemi félagsins verði eftir því leitað. Beiðni um upplýsingar skal beina til félagsstjórnar og skal hún vera skrifleg. Réttur til upplýsinga samkvæmt þessari málsgrein skal vera sambærilegur og kveðið er á um í upplýsingalögum en undanskilja má upplýsingar sem varða samkeppnisrekstur félagsins. Telji félagsstjórn að upplýsingar varði samkeppnisrekstur félagsins skal hún beina fyrirspurn þess efnis til Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið skal gefa umsögn um fyrirspurn innan sjö daga frá því að henni var beint til stofnunarinnar.

1166. Fyrirspurn [779. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kvótastöðu báta sem voru í sóknardagakerfinu.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver er núverandi kvótastaða þeirra báta sem áður voru í sóknardagakerfinu, sundurliðað eftir skipanúmeri, heiti, heimahöfn og eiganda? Óskað er eftir að í svarinu komi fram hver kvótaúthlutunin var við yfirfærsluna og hver mismunurinn er miðað við núverandi kvótastöðu.
2. Hver var heildarúthlutun við yfirfærsluna skipt eftir heimahöfn og hver er hún nú?

Skriflegt svar óskast.

1167. Frumvarp til laga [780. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

1. mgr. 172. gr. laganna orðast svo:

Nú andmælir ákærði bótakröfu og dómari telur að úrlausn um hana geti dregið mál að mun á langinn og getur hann þá vísað henni frá dómi með úrskurði. Þess í stað getur dómari látið við það sitja að vísa kröfunni frá dómi að því er fjárhæð hennar varðar en lagt dóm á hana varðandi skaðabótaskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, segir að dómari í opinberu máli skuli athuga hvort einkaréttarleg bótakrafa skuli tekin til meðferðar ef hún hefur komið fram. Honum sé rétt að synja að taka slíka kröfu til meðferðar ef hann telur það mundu valda verulegri töf eða óhagræði í málinu. Ákvörðun um slíka synjun skuli tekin með bókun dómara í þingbók eða í dómi. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 19/1991 segir að sé krafa ódómhæf við þingfestingu máls hafni dómari því að taka hana til meðferðar, enda sé yfirleitt ætlast til þess að bótakröfur verði ekki til að valda óþörfum töfum í refsimáli, sbr. 1. mgr. 172. gr.

Reyndin hefur orðið sú að dómarar synja því iðulega að taka einkaréttarlegar bótakröfur til meðferðar á grundvelli 1. mgr. 172. gr. laganna. Algengt er að slíkt sé gert á þeirri forsendu að meðferð bótakröfunnar valdi óhagræði í málinu.

Ótvírætt hagræði er af því fyrir málsaðila og dómskerfið að skorið sé úr bótakröfu brotaþola samhliða rekstri refsimáls. Það veldur óþægindum og töfum auk þess að vera kostnaðarsamt fyrir brotaþola og ákærða að reka sérstakt dómsmál vegna bótakröfu sem til er komin vegna hins refsiverða verknaðar.

Með frumvarpinu er ekki vikið frá því meginsjónarmiði að hið opinbera mál þurfi að hafa eðlilegan framgang og bótakrafa brotaþola megi ekki valda óhæfilegri töf eða óhagræði. Hins vegar þykir áherslan á öruggan framgang málsins í framkvæmd hafa gengið of nærri þeim rétti brotaþola að fá skorið úr um bótarétt sinn undir rekstri hins opinbera máls.

Í frumvarpinu er því lagt til að núverandi fyrirkomulagi verði breytt og leitast við að gera ákvæði 1. mgr. 172. gr. skilvirkara með því að þrengja aðeins að heimildum dómara til að vísa máli frá. Frumvarpið gengur þannig út frá því að dómari hafi heimild til að vísa einkaréttarlegri bótakröfu frá dómi með úrskurði ef ákærði andmælir henni og dómari telur að úrlausn um kröfuna geti dregið mál að mun á langinn. Að öðrum kosti geti dómari vísað kröfunni frá dómi að því er fjárhæð hennar varðar, en lagt efnislegan dóm á hana hvað skaðabótaskyldu varðar. Með þessu er þrennt tryggt. Í fyrsta lagi að alltaf verður dæmt um kröfu nema henni sé andmælt af ákærða. Í öðru lagi að líklegt þarf að vera að mál dragist „að mun á langinn“ til að bótakröfu verði vísað frá með úrskurði, en þannig er lögð áhersla á að veigamiklar ástæður þurfi til að koma til þess að slíkri kröfu verði vísað frá. Í þriðja lagi að ætíð mun ganga úrskurður um frávísunina sem er þá kæranlegur til Hæstaréttar. Ákvæðinu er þannig gefið aukið vægi með því að tryggja möguleikann á endurskoðun ákvörðunar héraðsdómara fyrir Hæstarétti.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að í vissum tilvikum séu atvik með þeim hætti að jafnvel þótt ekki verði felldur dómur um fjárhæð bótakröfu brotaþola sé ekkert því til fyrirstöðu að öðru leyti að skorið verði úr um bótaskyldu ákærða. Við meðferð málsins fyrir dómi getur komið fram að gögn brotaþola til sönnunar á umfangi tjónsins séu á einhvern hátt ófullnægjandi. Fyrir því geta verið margvíslegar ástæður. Í fyrsta lagi kann að vera að tjónið sé ekki að fullu komið fram og að brotaþoli byggi bótakröfu sína af þeirri ástæðu á áætlunum sem tekist er á um í málinu. Þá kann að vera að gögn að öðru leyti séu ekki tiltæk og málið þannig vaxið að ekki verði bætt úr undir rekstri málsins. Frumvarpið byggir á því að þegar þannig háttar til sé rétt að dómara sé heimilt að fella dóm um bótaskyldu ákærða. Það er ótvírætt mikils virði fyrir brotaþola að fá bótaskyldu viðurkennda við þessar aðstæður, jafnvel þótt höfða þurfi sérstakt einkaréttarlegt mál vegna fjárhæðar skaðabótakröfunnar í síðara dómsmáli. Annars vegar þarf ekki að vera augljóst, þótt ákærði sé dæmdur til refsingar, að orsakatengsl séu milli brotsins og þess tjóns sem krafist er bóta fyrir síðar. Í slíkum tilvikum er mikilvægt fyrir brotaþola að hafa fengið skorið úr um bótaskylduna áður en ákvörðun um málshöfðun er tekin á síðara stigi. Hins vegar verður mál sem síðar kann að verða höfðað um fjárhæð bótanna minna í vöfum og hefur í för með sér minni kostnað fyrir brotaþola.

1168. Fyrirspurn [781. mál]

til forsætisráðherra um útgáfu krónubréfa.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvert er heildarnafnvirði útgefinna skuldabréfa í íslenskum krónum frá upphafi til 10. apríl sl., sundurliðað eftir útgefanda, landi, starfsemi, upphæð, útgáfudegi, gjalddaga og gengisvísitölu?
2. Hverjir eru 15 stærstu útgefendur krónubréfa og hvert er heildarnafnvirði bréfa sem hver og einn hefur gefið út?
3. Hversu há upphæð gjaldfellur mánaðarlega héðan í frá?

Skriflegt svar óskast.

1169. Svar [502. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sjúkraflutninga til og frá Íslandi.

Áður en fyrirspurninni er svarað er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur einungis upplýsingar um flug sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, og um sjúkraflug frá Akureyri til Grænlands. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um sjúkraflug með einstaklinga sem vátryggingafélög eða aðrir greiða fyrir. Tryggingastofnun skilgreinir sjúkraflug til eða frá útlöndum sem flug með sjúklinga í körfu. Vegna þessa skal tekið fram að nokkrar ferðir hafa verið farnar „akút“ með sjúkraflugvél frá Reykjavíkurflugvelli til útlanda með uppisitjandi tilvonandi líffæraþega, en þær ferðir koma ekki fram í tölunum hér á eftir þótt Tryggingastofnun hafi greitt fyrir flutningana.

Rétt er að taka fram að á grundvelli Norðurlandasamnings annast Tryggingastofnun greiðslur vegna aukakostnaðar við flutning Norðurlandabúa sem veikjast eða slasast hér á landi og eru fluttir til síns heimalands. Körfuflutningur getur þar komið til en Tryggingastofnun heldur hins vegar ekki sérstakar skrár um þessi tilvik og getur þar af leiðandi ekki veitt upplýsingar um mögulegan fjölda slíkra sjúkraflutninga.

1. *Hve oft á ári var flogið með sjúklinga til og frá Íslandi árin 2000–2004 og hvað voru það margir sjúklingar?*
   Vísað er til svara við 2. og 3. tölulið fyrirspurnarinnar.

2. *Hve oft var flogið frá:*
   a. Reykjavíkurflugvelli,
   b. Keflavíkurflugvelli,
   og með hvað marga sjúklinga frá hvorum velli?

Á árunum 2000–2004 var flogið sex sinnum með jafnmarga sjúklinga með sjúkraflugi frá Keflavíkurflugvelli. Í öllum tilfellum var flogið með áætlunarflugi. Eitt flug var frá Reykjavíkurflugvelli árið 2001.

Ár	Fjöldi ferða
2000	0
2001	1
2002	2
2003	1
2004	3

Til viðbótar fyrrgreindum sjúkraflugferðum var farið í sjúkraflug frá Akureyri til Grænlands og sjúklingar fluttir til Reykjavíkur, Akureyrar, Kaupmannahafnar, Kulusuk, Constable Point, Noregs og Svíþjóðar. Sjúkraflugferðir vegna samnings við Grænlendinga er eftirfarandi.

Ár	Fjöldi ferða
2000	9
2001	8
2002	7
2003	14
2004	13

3. *Hve oft var lent á:*
   a. Reykjavíkurflugvelli,
   b. Keflavíkurflugvelli,
   og með hvað marga sjúklinga?

Á árunum 2000–2004 var flogið fimm sinnum með jafnmarga sjúklinga til Keflavíkurflugvallar. Í öllum tilfellum var flogið með áætlunarflugi. Ekki var flogið til til Reykjavíkurflugvallar á þessum árum.

Ár	Fjöldi ferða
2000	0
2001	0
2002	1
2003	3
2004	1

4. *Eru til upplýsingar um hversu „akút" sjúkraflug frá landinu var í hverju tilviki? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort flogið var frá Reykjavík eða Keflavík.*
5. *Eru til upplýsingar um hversu „akút" sjúkraflug til landsins var í hverju tilviki? Svar óskast sundurliðað eftir því á hvorum flugvellinum var lent.*

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hversu aðkallandi sjúkraflutningarnir eru. Hins vegar er ljóst að þau tilfelli þar sem flogið er með sérstöku sjúkraflugi eru meira aðkallandi en þegar sjúklingur flýgur með áætlunarflugi.

6. *Liggur fyrir rannsókn á afdrifum sjúklinga sem flogið var með frá landinu og eftir brottfararvelli?*

7. *Liggur fyrir rannsókn á afdrifum sjúklinga sem flogið var með til landsins og eftir lendingarstað?*
   Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði.

8. *Hve stór hluti þessa sjúkraflugs var greiddur af:*
   a. *Tryggingastofnun ríkisins,*
   b. *tryggingafélögum (erlendum/innlendum),*
   c. *innlendum sjúkrastofnunum,*
   d. *öðrum?*

Einungis eru til upplýsingar um greiðslur Tryggingastofnunar en stofnunin greiðir allan kostnað við nauðsynlega sjúkraflutninga með sjúkratryggða einstaklinga til og frá útlöndum samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1170. Svar [501. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sjúkraflutninga innan lands með þyrlum.

Í ljósi þess hve svarfrestur er stuttur liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um alla liði fyrirspurnarinnar.

1. *Hve oft á ári voru þyrlur notaðar til sjúkraflutninga innan lands árin 2000–2004 og með hversu marga sjúklinga var flogið?*
   Eftirfarandi tafla lýsir fjölda sjúkrafluga og fjölda sjúklinga á áðurnefndu tímabili:

Ár	Útköll alls	Þar af sjúkraflug	Fjöldi sjúklinga
2000	152	103	110
2001	130	85	92
2002	113	78	80
2003	124	88	98
2004	111	80	90

2. *Hve oft á sama tíma var lent á:*
   a. *Reykjavíkurflugvelli og með hvað marga sjúklinga,*
   b. *þyrlupalli í Fossvogi og með hvað marga sjúklinga?*

Ekki liggur fyrir á aðgengilegan hátt hvernig þessi skipting er, en mat áhafnarmeðlima þyrluvaktarinnar er að í 80% tilvika sé lent með sjúklinga við þyrlupallinn í Fossvogi og í um 20% tilvika á flugvelli. Þess má geta að einstaka sinnum eru sjúklingar fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þegar lent er á Reykjavíkurflugvelli er nær undantekningarlaust um að ræða sjúklinga sem ekki teljast illa haldnir.

3. *Hvaðan var flogið?*
   Í nær öllum tilvikum er flogið frá Reykjavíkurflugvelli og sjúklingar sóttir til nær allra staða á landinu þar sem þyrla getur lent vegna staðhátta og færðar. Reikna má með að fjórum

til sex sinnum á ári sé þyrlan í öðrum verkefnum og stödd úti á landi eða yfir sjó þegar beiðni um sjúkraflug berst.

4. *Hver var, þegar lent var á Reykjavíkurflugvelli eða þyrlupalli í Fossvogi:*
   a. *viðbragðstíminn, frá því að kallað var eftir sjúkraflugi og þar til sjúklingur var kominn um borð í þyrluna,*
   b. *flugtíminn, frá því að sjúklingur kom um borð og þar til þyrlan lenti?*

   Óskað er eftir upplýsingum um stysta tíma, lengsta tíma og meðaltíma.

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um viðbragðstíma. Segja má að stysti tími frá útkalli þar til sjúklingur er kominn um borð í þyrluna sé um 30–45 mínútur þegar slysstaður er mjög nálægt Reykjavík en lengsti tími getur verið yfir fjórar klukkustundir þegar sækja þarf sjúkling um langan veg við erfiðar aðstæður og með tilheyrandi millilendingum til eldsneytistöku.

5. *Hvert var hlutfall þeirra sjúklinga sem flogið var með til Reykjavíkur og höfðu legið á sjúkrastofnun utan borgarinnar, þ.e. voru fluttir milli sjúkrastofnana?*

Þyrla Landhelgisgæslunnar er ekki notuð til að flytja sjúklinga milli sjúkrastofnana.

6. *Eru til upplýsingar um hversu „akút" sjúkraflugið til Reykjavíkur var í hverju tilviki? Svarið óskast sundurliðað eftir því hvort lent var á Reykjavíkurflugvelli eða á þyrlupalli í Fossvogi.*

Í samantekt sem gerð var fyrir árin 1998–2001 reyndist ástand sjúklinga mjög alvarlegt í 30% tilvika og þörf á verulegum inngripum frá hendi læknis, svo sem barkaþræðingum með öndunaraðstoð, gjöf blóðs, vökva eða lyfja vegna staðfests eða yfirvofandi lostástands eða annarra sérhæfðra læknisaðgerða.

Í um 40% tilvika var þörf á mikilvægri læknismeðferð sem þó taldist ekki lífsbjargandi en getur komið í veg fyrir frekari fylgikvilla og er þar átt við lyfjagjöf, vökvagjöf, spelkun og réttingu á brotum eða liðhlaupum.

Í um þriðjungi tilvika var ekki um alvarlega áverka eða veikindi að ræða en ástæða þess að sjúklingur var sóttur í þeim tilvikum var iðulega vegna staðsetningar sjúklings fjarri mannabyggðum eða á hafi úti.

Ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á ástandi sjúklings eftir því hvort lent var á Reykjavíkurflugvelli eða á þyrlupalli í Fossvogi en eins og áður var greint frá í svari við 2. lið er reglan að lent sé á Reykjavíkurflugvelli þegar um minni háttar vandamál er að ræða hjá viðkomandi sjúklingi.

7. *Eru til rannsóknir á afdrifum sjúklinga sem fluttir voru með þyrlu til Reykjavíkur? Upplýsingar óskast um eftirfarandi:*
   a. *dánartíðni á sjúkrahúsi eftir flutninginn,*
   b. *dvöl (legudagar) á sjúkrahúsi í Reykjavík,*
   c. *útskrift: heim, á stofnun, annað sjúkrahús,*
   d. *hvort flutningstími til Reykjavíkur hafi haft afdrifarík áhrif á batahorfur sjúklings.*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði.

8. *Hvort eru áhafnir þyrlna á staðarvöktum eða bakvöktum?*

Áhafnir þyrlna eru á bakvöktum.

9. *Hver er skilgreindur viðbragðstími þessara starfsmanna í sjúkraflugi, þ.e. sá tími sem líður frá útkalli til flugtaks?*

Skilgreindur útkallstími frá hendi Landhelgisgæslunnar er ein klukkustund frá því að hjálparbeiðni berst. Þess ber þó að geta að útkallstíminn er í raun mun styttri, líklega rétt um 30 mínútur að meðaltali.

1171. Svar [500. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sjúkraflutninga innan lands með flugvélum.

Ráðherra hefur borist ofangreind fyrirspurn en áður en henni er svarað skal þess getið að um sjúkraflug innan lands giltu samningar þar sem landinu var skipt upp í þrjú ákveðin svæði. Frá 1. janúar 2001 til ársloka 2005 var í gildi samningur við Flugfélag Íslands um sjúkraflug á norðursvæði og austur á Höfn þar sem miðstöð sjúkraflugs var frá Akureyri. Á sama tíma var í gildi samningur við Íslandsflug (síðar Landsflug) um sjúkraflug á Vestfjarðasvæði og Vesturlandi og samningur um Vestmannaeyjasvæði var við Flugfélag Vestmannaeyja. Í samningunum voru ákvæði um ákveðinn viðbragðstíma eftir tegund útkalls.

Frá 1. janúar 2006 er miðstöð sjúkraflugs áfram á Akureyri og var gerður samningur við Mýflug um sjúkraflug á norðursvæði, en það nær nú um allt Norðurland, Austfirði og Vestfirði. Gert er ráð fyrir sérútbúinni sjúkraflugvél í maí 2006. Auk þess er læknavakt á vegum FSA á Akureyri sem leggur til lækna í sjúkraflugið. Samningur var gerður við Landsflug um sjúkraflug til Vestmannaeyja.

Þegar veður er slæmt eða aðstæður erfiðar er leitað til þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar, en hún þjónar auk þess Suður- og Vesturlandi.

Þess skal getið að nokkuð er um að sjúklingar séu sendir í körfu í áætlunarflugi, sérstaklega á milli sjúkrahúsa, en upplýsingar um þau flug koma ekki fram í eftirfarandi svörum.

Í svarinu er miðað við árin 2002, 2003 og 2004.

1. *Hve oft á ári voru flugvélar notaðar til sjúkraflutninga innan lands árin 2000–2004 og með hversu marga sjúklinga var flogið?*

Fjöldi sjúkrafluga með flugvélum innan lands árin 2001–2004 er eftirfarandi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda sjúklinga.

Ár	Fjöldi sjúkrafluga
2001	148
2002	278
2003	365
2004	381

2. *Hve oft var flogið til Reykjavíkur og lent á Reykjavíkurflugvelli á tímabilinu og með hvað marga sjúklinga?*

Fjöldi sjúkrafluga þar sem flogið var til Reykjavíkur og lent þar er eftirfarandi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda sjúklinga.

Ár	Fjöldi sjúkrafluga
2002	169
2003	251
2004	267

3. *Hvaðan var flogið?*

Flogið var frá Egilsstöðum, Hornafirði, Djúpavogi, Norðfirði, Breiðdalsvík, Vopnafirði, Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Grímsey, Siglufirði, Sauðárkróki, Bíldudal, Gjögri, Ísafirði, Hólmavík, Patreksfirði, Búðardal, Rifi og Vestmannaeyjum.

4. *Hver var, þegar lent var á Reykjavíkurflugvelli:*
   a. *viðbragðstíminn, frá því að kallað var eftir flugvél og þar til sjúklingur var kominn um borð,*
   b. *flugtíminn, frá því að sjúklingur kom um borð í vél og þar til hún lenti?*

   Óskað er eftir upplýsingum um stysta tíma, lengsta tíma og meðaltíma.

Viðbragðstíma á sjúkraflugi til Reykjavíkur frá því að kallað var eftir vél og þar til flugvél fer í loftið með sjúkling samkvæmt stigi 1 (akút útköll) má sjá í töflunni fyrir neðan. Tekið skal fram að sjúkraflugvélin þarf oft að koma um lengri veg til að sækja sjúkling. Eins geta orðið tafir á sjúkraflugvelli, t.d. meðan beðið er eftir sjúklingi.

Ár	Stysti tími	Lengsti tími	Meðaltími
2002	0:18	4:03	1:23*
2003	0:19	3:20	1:23
2004	0:24	4:14	1:25

Flugtími sjúkraflugs frá því að flugvél fer í loftið með sjúkling og þar til lent er í Reykjavík samkvæmt stigi 1 (akút útkall) er:

Ár	Stysti tími	Lengsti tími	Meðaltími
2002	0:17	1:58	0:49*
2003	0:21	2:02	0:43
2004	0:22	2:00	0:45

* Athugið að upplýsingar um útkallstegund lágu ekki alltaf fyrir á árinu 2002 og því eru ofangreindar tölur fyrir árið 2002 metnar út frá fyrirliggjandi gögnum.

5. *Hvert var hlutfall þeirra sjúklinga sem flogið var með til Reykjavíkur og höfðu legið á sjúkrastofnun utan borgarinnar, þ.e. voru fluttir milli sjúkrastofnana?*

Fjöldi sjúkrafluga (ekki er vitað um fjölda sjúklinga) með sjúklinga frá sjúkrastofnunum úti á landi og til sjúkrastofnana í Reykjavík var árið 2002 39 flug, árið 2003 90 flug og árið 2004 77 flug.

Ár	Hlutfall frá sjúkrastofnun
2002	23%
2003	36%
2004	29%

6. *Eru til upplýsingar hversu „akút" sjúkraflugið til Reykjavíkur var í hverju tilviki?*

Fjöldi sjúkrafluga til Reykjavíkur af viðbragðsstigi 1 voru árið 2002 107 flug, árið 2003 120 flug og árið 2004 136 flug.

Ár	Hlutfall bráðasjúkrafluga
2002	63%*
2003	48%
2004	51%

*Athugið að upplýsingar um útkallstegund lágu ekki alltaf fyrir á árinu 2002 og því eru ofangreindar tölur fyrir árið 2002 metnar út frá fyrirliggjandi gögnum.

7. *Eru til rannsóknir á afdrifum sjúklinga sem fluttir voru með flugvél til Reykjavíkur? Svar óskast sundurliðað sem hér segir:*
   a. *dánartíðni á sjúkrahúsi eftir flutninginn,*
   b. *dvöl (legudagar) á sjúkrahúsi í Reykjavík,*
   c. *útskrift: heim, á stofnun, annað sjúkrahús,*
   d. *hvort flutningstími til Reykjavíkur hafi haft afdrifarík áhrif á batahorfur sjúklings.*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði.

8. *Hvort eru áhafnir sjúkraflugvéla á staðarvöktum eða bakvöktum?*

Með vísan til ofangreindra samninga skal flugvél ávallt vera tilbúin samkvæmt þeim kröfum sem koma fram í svari við 9. lið fyrirspurnarinnar og er samningsaðilum í sjálfsvald sett hvernig þeir leysa það.

9. *Hver er skilgreindur viðbragðstími þessara starfsmanna í sjúkraflugi, þ.e. sá tími sem líður frá útkalli til flugtaks?*

Í eldri samningum um sjúkraflug var viðbragðstími skilgreindur sem tími frá því að staðfest beiðni um sjúkraflug berst uns flugvél er lent á flugvelli þar sem sækja á sjúkling með allan nauðsynlegan búnað og mannskap. Viðbragðstími er skilgreindur í þremur stigum eftir tegund útkalls, t.d. var viðbragðstími eftir stigi 1 90 mínútur. Í Vestmannaeyjum var viðbragðstíma hins vegar breytt í 45 mínútur frá 1. febrúar 2004, enda miðað við að flugvélin sé tilbúin á flugvelli þar sem flytja á sjúkling með allan nauðsynlegan búnað og mannskap.

Þess skal getið að í þeim samningum sem nú gilda er viðbragðstími samkvæmt stigi 1 45 mínútur (35 mínútur með sérútbúinni sjúkraflugvél) og er skilgreindur sem tími frá því að staðfest beiðni um sjúkraflug berst og þar til flugvél er tilbúin til flugtaks með allan nauðsynlegan búnað á þeim flugvelli sem sjúkraflugið er þjónustað frá. Hámarksviðbragðstími í hverju sjúkraflugi er skilgreindur eftir tegund útkalls.

1172. Svar [476. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um dauðsföll af völdum tóbaksreykinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir Íslendingar létust af völdum tóbaksreykinga árlega á tímabilinu 1996–2005 í hverjum aldursflokki, 30 ára og yngri, 31–40 ára, 41–50 ára og svo áfram á 10 ára aldursbili?

Eftirfarandi svar er unnið með mikilvægri aðstoð Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar.

Hægt er að áætla hve margir látast af völdum reykinga á ákveðnu tímabili með því að nýta sér eftirfarandi upplýsingar:

1. fjölda á lífi í upphafi tímabils,
2. fjölda sem deyr á tímabilinu,
3. fjölda sem reykir í upphafi tímabils,
4. hlutfall áhættu (relative risk) þeirra sem reykja á því að deyja á tímabilinu miðað við þá sem ekki reykja.

Efni og aðferðir.

Gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda látinna eru tilbúin fyrir árið 2004 og því er reiknaður fjöldi látinna fyrir 10 ára tímabilið 1995–2004. Tölur um algengi reykinga 1995 voru fengnar frá Lýðheilsustöð. Afdrif reykingafólks miðað við þá sem ekki reykja voru metin með gögnum úr rannsóknum Hjartaverndar frá 1993–1996. Hefðbundin lifunarlíkön til að meta afdrif voru notuð til að meta áhættuhlutfall reykingamanna.

Niðurstöður.

Samkvæmt Hagstofu Íslands létust 14.834 einstaklingar á 10 árum af þeim 138.864 sem áttu lögheimili á Íslandi 1995. Alls eru þetta 1.483 á ári.

Tafla 1 sýnir hve margir að jafnaði létust á ári 1995–2004 eftir kyni og aldri í byrjun tímabils. Síðan er sýndur fjöldi og hlutfall þeirra sem látast vegna reykinga.

Tafla 1. Fjöldi dauðsfalla á ári vegna reykinga.

Kyn	Aldur 1995	Fjöldi 1995	Látnir á ári að jafnaði á næstu 10 árum	Þar af látnir vegna reykinga	Hlutfall dauðsfalla vegna reykinga
karlar	30–39	21.345	23	7	30,0%
	40–49	17.883	43	11	26,4%
	50–59	11.351	77	17	21,9%
	60–69	9.642	178	32	17,9%
	70–79	6.184	272	44	16,3%
	80–89	2.305	185	21	11,5%
konur	30–39	20.861	11	3	28,3%
	40–49	16.927	29	8	28,4%
	50–59	11.339	54	14	24,9%
	60–69	10.078	119	26	21,7%

Kyn	Aldur 1995	Fjöldi 1995	Látnir á ári að jafnaði á næstu 10 árum	Þar af látnir vegna reykinga	Hlutfall dauðsfalla vegna reykinga
	70–79	7.347	234	42	18,1%
	80–89	3.602	258	37	14,5%
Alls		**138.864**	**1.483**	**263**	**17,7%**

Tafla 2 sýnir sérstaklega hlutfall dauðsfalla á 10 árum fyrir þá sem tilheyrðu aldurshópnum 30–69 ára árið 1995. Hún sýnir að fimmta hvert dauðsfall karla í þessum aldursflokki er vegna reykinga og nærri fjórða hvert dauðsfall kvenna. Í heild telst því um fimmta hvert dauðsfall af öllum dauðsföllum fyrir áttrætt verða vegna reykinga.

Tafla 2. Fjöldi dauðsfalla á ári vegna reykinga hjá körlum og konum í aldurshópnum 30–69 ára á árinu 1995 tímabilið 1995–2004.

Kyn	Aldur 1995	Fjöldi 1995	Látnir á ári að jafnaði á næstu 10 árum	Þar af látnir vegna reykinga	Hlutfall dauðsfalla vegna reykinga
kk	30–69	60221	321	67	20,9%
kvk	30–69	59205	213	51	23,8%
Alls		**119.426**	**534**	**118**	**22,0%**

Til samanburðar var beitt sömu aðferðum á þá sem voru á lífi 1985 og athugað hve margir létust 1985–1994. Þá verður niðurstaðan sú að um 366 dauðsföll urðu vegna reykinga á ári að jafnaði fyrir alla aldurshópa. Með öðrum orðum, að jafnaði mátti rekja *eitt dauðsfall á dag* til reykinga á tímabilinu 1985–1994!

Um 36% reyktu daglega 1985 en 27% árið 1995. Árið 2005 segjast um 20% reykja daglega. Miðað við þá minnkun reykinga hefði árlegur fjöldi dauðsfalla vegna reykinga 1995–2004 orðið 213 í stað 263, hefði þróunin orðið áratug fyrr.

1173. Svar [530. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um AVS-sjóðinn.

1. *Hefur árangurinn af starfsemi AVS-sjóðsins verið metinn, nú þegar starfstímabil hans er nær hálfnað?*

Heildstætt mat á árangri af starfsemi AVS-sjóðsins hefur ekki farið fram. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Sjóðurinn hefur aðeins starfað í þrjú ár og verkefnin taka oft lengri tíma en eitt til tvö ár, þannig að niðurstöður liggja ekki fyrir. Einnig eru í nokkrum tilfellum veittir styrki til rannsókna þar sem þannig háttar til að fyrirtæki eru í samstarfi um tiltekin verkefni og hefur þá orðið að samkomulagi að þau geti ein notfært sér niðurstöðurnar um tiltekinn tíma. Engu að síður er ljóst að ýmis dæmi eru um verkefni sem litið hafa dagsins ljós fyrir tilstuðlan AVS-sjóðsins og ljóst að þau hefðu varla orðið að veruleika nema fyrir fjárhags-

legan atbeina sjóðsins. Þegar lengra verður um liðið frá stofnun sjóðsins mun heildarmat á honum fara fram.

Enn er því eingöngu hægt að horfa til þess mikla áhuga sem sjóðurinn hefur vakið sem endurspeglast í miklum fjölda umsókna sem honum hafa borist og verkefnum sem hann hefur styrkt frá árinu 2003, sbr. eftirfarandi töflu:

Ár	Fjöldi umsókna	Umsóknir sem hlutu styrk	Styrkir AVS-rannsóknasjóðs, millj. kr.	Styrkir 05-190-12 Eldi sjávardýra, millj. kr.	Samtals veittir styrkir, millj. kr.
2003	101	34	53,6	20,3	73,9
2004	92	47	96,1	18,8	114,9
2005	112	64	197,8	19,1	216,9
2006	102	Úthlutun ekki lokið			

Á árunum 2003 til 2005 bárust sjóðnum 305 umsóknir um styrki til verkefna og hlutu 145 verkefni styrki, samtals tæplega 406 millj. kr. Öll verkefnin höfðu að markmiði að stuðla að auknu verðmæti sjávarfangs. Styrkir AVS-sjóðsins geta mest numið 50% af áætluðum heildarkostnaði samkvæmt verkáætlun umsækjenda, en oft er styrkhlutfall lægra. Að teknu tilliti til mótframlaga má því ráða af þessum tölum að styrkir AVS-sjóðsins hafi leitt til þess að um 1.000 millj. kr. hafi verið varið til rannsókna og þróunarverkefna í sviði sjávarútvegs á síðastliðnum þremur árum. Fyrirtæki alls staðar á landinu eru þátttakendur í verkefnum. Úthlutanir sjóðsins hafa einnig stuðlað að auknu samstarfi fyrirtækja, háskóla og stofnana. Allar umsóknir sem berast sjóðnum eru metnar af faghópum sjóðsins og er þá lögð áhersla á að verkefnin stuðli að auknu verðmæti sjávarfangs.

2. *Hversu mikið fé hefur verið sett í AVS-sjóðinn frá stofnun hans og hefur það fjármagn verið í samræmi við tillögur AVS-nefndarinnar?*

Árið 2002 skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp sem vinna átti tillögur um það hvernig mætti á skipulegan hátt auka verðmæti sjávarfangs samhliða nýsköpun í greininni. Hópurinn gerði tillögu um stofnun rannsóknasjóðs og að á fimm ára átakstímabili myndu árleg framlög sjóðsins vaxa úr 150 millj. kr. árið 2003 í 300 millj. kr. á árinu 2007.

Í tillögu til þingsályktunar á 128. löggjafarþingi (688. mál) var lagt til að AVS-sjóðurinn fengi 200 millj. kr. árið 2004 og að framlagið hækkaði um 50 millj. kr. á ári fram til 2008 og yrði þá 400 millj. kr.

Frá 2003 hafa framlög til verkefna samkvæmt tillögum stjórnar AVS-sjóðsins verið sem hér segir (áætlun fyrir árið 2006):

Ár	Millj. kr.
2003	73,9
2004	119,1
2005	219,1
2006	229,1

3. *Er umræða hafin um að framlengja starfstímabil sjóðsins en nú er ætlunin að hann starfi til 2008?*

Starfstímabil sjóðsins er ekki fastbundið þótt starfshópur hafi gert tillögur um fimm ára átaksverkefni. Ef marka má áhuga framleiðenda sjávarafurða á sjóðnum og góða samstöðu um mikilvægi hans er líklegt að óskir um að framtíð hans verði tryggð verði háværar. Ekki

er vafi á að því að atvinnugreinin er mjög vel í stakk búin til að taka þátt í fleiri rannsókna- og þróunarverkefnum verði fjármögnun sjóðsins tryggð til lengri tíma.

1174. Svar [602. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis.

1. *Greiðir Tryggingastofnun ríkisins allan kostnað við meðferð langveikra og alvarlega fatlaðra barna erlendis og ef svo er ekki, hversu mikinn hluta kostnaðarins greiðir stofnunin?*

Ef langveiku eða alvarlega fötluðu barni er brýn nauðsyn á viðurkenndri læknismeðferð erlendis vegna þess að ekki er unnt að veita því nauðsynlega hjálp hér á landi greiðir Tryggingastofnun ríkisins allan kostnað við meðferðina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp sem nauðsynleg er erlendis í tengslum við meðferðina, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Sérstök nefnd innan Tryggingastofnunar ríkisins (siglinganefnd) ákveður hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi og hvar viðkomandi skuli njóta meðferðar erlendis, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Aðrar reglur gilda ef langveikt eða alvarlega fatlað barn veikist erlendis og þarf á meðferð að halda. Ef barnið þarf nauðsynlega á aðstoð að halda við tímabundna dvöl í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) geta foreldrar framvísað evrópsku sjúkratryggingakorti (sem fæst hjá Tryggingastofnun ríkisins) hjá þjónustuaðilum sem samning hafa við opinberu tryggingarnar í viðkomandi landi og greiða þá sama gjald og íbúar landsins, í samræmi við reglur EES-samningsins. Ef viðkomandi hefur kortið ekki meðferðis getur hann óskað eftir endurgreiðslu þegar heim er komið (enda hafi þjónustan verið veitt hjá aðila sem samning hefur við opinbera tryggingakerfið) og fer endurgreiðslan þá eftir þeim reglum sem gilda í landinu sem dvalið var í.

Ef langveikt eða alvarlega fatlað barn þarf nauðsynlega á aðstoð að halda við dvöl í landi utan EES er farið eftir reglum tryggingaráðs nr. 281/2003 um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis. Í þeim segir m.a.: „Ef sjúkratryggðum einstaklingi er nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis greiðir Tryggingastofnun sjúkrakostnaðinn eins og um sjúkrahjálp innan lands væri að ræða.“ Enn fremur er heimilt að greiða hlutfall umframkostnaðar sé um verulegan kostnað að ræða.

2. *Greiðir Tryggingastofnun ríkisins foreldrum eða fylgdarmönnum dagpeninga á þessum ferðum og er þá um að ræða fulla dagpeninga? Ef svo er ekki, um hvaða upphæðir er að ræða skipt eftir löndum, borgum og öðru sem áhrif hefur á upphæðina?*

Ef siglinganefnd hefur samþykkt meðferð erlendis greiðir Tryggingastofnun eftirfarandi, í samræmi við reglugerð nr. 827/2002 um ferðastyrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis:

- Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fargjald fram og til baka (fargjald innan lands er þó greitt að hluta).
- Tryggingastofnun ríkisins greiðir ferðastyrk vegna fylgdarmanns ef sjúklingur er yngri en 18 ára, ósjálfbjarga eða mjög mikil áhætta fylgir meðferð og/eða ferðalagi. Ef að-

stæður eru þannig að nauðsyn er á að heilbrigðisstarfsmaður fylgi sjúklingi greiðir stofnunin ferðastyrk vegna starfsmannsins. Að jafnaði skal einungis greiddur ferðastyrkur vegna eins fylgdarmanns en ef læknisfræðilegar ástæður krefjast þess að heilbrigðisstarfsmaður fylgi sjúklingi er heimilt að greiða ferðastyrk vegna tveggja fylgdarmanna og þá aðallega ef sjúklingur er yngri en 18 ára. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er heimilt að greiða ferðastyrk fyrir báða foreldra (eða tvo nánustu aðstandendur) ef sjúklingur er yngri en 18 ára.

- Tryggingastofnun ríkisins greiðir dagpeninga vegna nauðsynlegs uppihaldskostnaðar sjúklings erlendis utan sjúkrastofnunar, svo og vegna nauðsynlegs uppihaldskostnaðar fylgdarmanns. Greiðsla dagpeninga fer eftir sömu reglum og gilda um þjálfun, nám og eftirlitsstörf ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis, sbr. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar og umburðarbréf nefndarinnar sem í gildi er á hverjum tíma (sbr. hér að neðan). Einungis skal greiða fjórðung dagpeninga fyrir börn yngri en fjögurra ára og helming dagpeninga fyrir fjögurra til ellefu ára börn. Ef fylgd heilbrigðisstarfsmanns hefur reynst nauðsynleg á hann rétt á greiðslu dagpeninga. Ef samþykktur hefur verið ferðastyrkur fyrir báða foreldra (eða nánustu aðstandendur) barns greiðast dagpeningar að fullu til annars foreldris en að hálfu til hins.
- Samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2005 eru fjárhæðir dagpeninga eftirfarandi:

		Gisting	Annað	Samtals
Almennir dagpeningar:				
London, New York borg, Washington DC og Tókíó	SDR	145	110	255
Annars staðar	SDR	110	100	210
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:				
London, New York borg, Washington DC og Tókíó	SDR	93	70	163
Annars staðar	SDR	70	64	134

1175. Svar [597. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um pláss á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er ráðherra tilbúinn að beita sér nú þegar fyrir fjölgun plássa á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða?

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um málefni aldraðra á síðustu missirum og á Alþingi hefur verið fjallað um þennan málaflokk frá ýmsum hliðum. Rík ástæða er til að skoða fyrirkomulag þjónustu við aldraða til framtíðar, ekki síst þá sem eru sjúkir og þurfa á miklum stuðningi félags- og heilbrigðiskerfis að halda.

Í ljósi biðlista og hækkandi hlutfalls aldraðra þurfum við að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða á ákveðnum landsvæðum. Þörfin er mest á Suðurlandi og á Suðvesturhorninu, en sé miðað við kjördæmaskipan eru fæst hjúkrunarrými á hverja 1.000 íbúa í Suðvesturkjördæmi, eða 5,7, í Suðurkjördæmi eru þau 7,4 á hverja 1.000 íbúa, og í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður eru þau 9,4.

Í ráðuneytinu er hafin vinna við að meta hvar brýnast er að byggja upp hjúkrunarrými miðað við það sem fyrir er, aldurssamsetningu íbúa á viðkomandi svæðum og aðra þjónustu, svo sem fjölda dvalarrýma, dagvistarrýma og rýma til hvíldarinnlagnar. Ráðuneytið gerði áætlun af þessum toga fyrir árin 2002–2007 sem tímabært er að endurskoða.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er miðað við að yfir 75% fólks 80 ára og eldra geti búið heima með viðeigandi stuðningi. Þetta markmið hefur ekki náðst að fullu. Möguleikar aldraðra til að búa heima ráðast mjög af þeim stuðningi og þjónustu sem þeim stendur til boða. Þar þarf að gera betur og verður stefnt að því að efla heimahjúkrun og önnur úrræði til að styðja aldraða til að búa sem lengst heima.

Lengi hefur verið litið á stofnanir sem helstu og nánast einu lausnina fyrir aldraða sem þurfa umönnun. Þetta er úrelt sjónarmið og verður horfið frá þessari þunglamalegu stofnanamenningu til að skapa farveg fyrir nýja hugsun og nýja hugmyndafræði sem felur í sér stóraukinn stuðning við aldraða í heimahúsum með áherslu á fjölbreyttari úrræði og einstaklingsmiðaða þjónustu sem er skipulögð og veitt í nánu samstarfi heimahjúkrunar og félagsþjónustu.

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra, hæstvirtur félagsmálaráðherra, hefur á síðustu missirum talað fyrir hugmyndum í þeim anda sem boðaðar eru hér. Þeim verður fylgt eftir og má vonast til þess að samþætting heimahjúkrunar og félagsþjónustu í verði í góðri samvinnu við félagsmálaráðuneytið.

Skýrsla um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði, sem nefnd skipuð af fyrrverandi heilbrigðisráðherra vann og kynnt var nýlega, getur nýst sem fyrirmynd við uppbyggingu öldrunarþjónustu í framtíðinni. Meðal athyglisverðra upplýsinga sem þar koma fram eru niðurstöður könnunar meðal aldraðra Hafnfirðinga sem sótt hafa um vistun í dvalareða hjúkrunarrými, en telja margir hverjir að með aukinni þjónustu gætu þeir með góðu móti búið lengur heima. Þetta styður einnig athugun sem gerð var af heilbrigðisráðuneytinu og kynnt var í svari við fyrirspurn hér á Alþingi fyrir nokkru (þskj. 566 í 315. máli), en þar kom fram það mat þjónustuhópa aldraðra að af 768 öldruðum í bið eftir dvalar- eða hjúkrunarrými gætu um 400 þeirra búið heima með fullnægjandi heimahjúkrun eða heimilisþjónustu. Skylt er að taka mark og mið af þessum niðurstöðum.

Hafa verður í huga að ráðuneytið er bundið af fjárlögum og getur því ekki beitt sér fyrir fjölgun plássa á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða umfram þær framkvæmdir sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í á næstu missirum. Þar má nefna 110 rými í Sogamýri í Reykjavík, 90 rými á Lýsislóðinni, 60 rými á Akureyri, 12 á Neskaupstað, 26 á Eskifirði og 27 á Selfossi, og er þá ekki allt talið.

Mikilvægt er að nýta á sem skynsamlegastan hátt það fé sem varið er til öldrunarþjónustu, sjá til þess að uppbygging fari fram þar sem þörfin er mest og að skynsamlegustu og hagkvæmustu úrræðin séu valin. Einnig þarf að ryðja braut fyrir nýjar hugmyndir og nýjar áherslur í öldrunarþjónustu með skipulagsbreytingum ef þess gerist þörf. Að þessu verður unnið í ráðuneytinu á næstu mánuðum.

1176. Svar [583. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um Reyksímann.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu lengi hefur verið boðið upp á þjónustu Reyksímans, hve lengi og hvenær er hann opinn daglega, hve margir starfsmenn sinna þjónustunni og í hverju er starfsemin fólgin?*
2. *Hve margir hafa nýtt sér þjónustuna og hversu oft er hringt að meðaltali í hverjum mánuði?*
3. *Hefur verið kannað hvaða árangri þjónustan hefur skilað?*
4. *Hversu miklu fé hefur verið varið til þjónustunnar árlega?*

Reyksíminn hefur starfað frá byrjun árs 2000, fyrst sem tilraunaverkefni en síðan var gerður formlegur samningur um starfsemina. Þjónustan er opin tvo tíma á dag, frá klukkan 17–19 alla virka daga. Auk þess er símsvari þar sem hægt er að biðja fyrir skilaboð. Reyksíminn hefur einnig heimasíðu.

Við ráðgjöfina vinna sjö hjúkrunarfræðingar sem starfa við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga en að auki koma að þjónustunni læknir, tannlæknir og fleiri eftir þörfum. Starfsemin felst í því að veita faglega aðstoð í síma þeim sem vilja hætta að reykja eða hætta að nota annað tóbak. Fólk hringir á símatíma og byggist ráðgjöfin á 5–30 mínútna viðtölum þar sem áhersla er lögð á hvatningu og stuðning á einstaklingsbundinn hátt.

Heildarfjöldi innhringinga hefur verið á bilinu 260–280 á ári. Að meðaltali voru 22 símtöl á mánuði árið 2005. Vitað er að innhringingar eru fleiri í heild sinni yfir sólarhringinn.

Árið 2003 var gerð árangurskönnun meðal skjólstæðinganna í samstarfi við utanaðkomandi aðila, 73 einstaklingum var sent bréf og svarhlutfall var 68%. Niðurstöður leiddu í ljós að 30% af skjólstæðingum Reyksímans voru reyklausir ári seinna.

Kostnaðurinn hefur verið 3–3½ millj. kr. á ári sem innifelur launakostnað, símakostnað, prentkostnað, námskeiðskostnað og kostnað vegna faglegrar ráðgjafar og hefur þetta verið styrkt að hluta af Lýðheilsustöð og lyfjafyrirtækjum. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur lagt fram kostnað vegna stjórnunar og umsjónar.

1177. Svar [545. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um ferðir barna til tannlæknis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru til upplýsingar um hversu mörg börn hafa ekki farið til tannlæknis undanfarið ár, undanfarin tvö, þrjú og fimm ár og hversu mörg börn hafa aldrei farið til tannlæknis? Óskað er eftir að í svarinu séu börn að tveggja ára aldri flokkuð saman, þriggja til fimm ára börn saman og svo áfram þrír árgangar í einu fram að 18 ára aldri.

Eftirfarandi tafla var unnin samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins um fjölda barna sem skilað var inn reikningi fyrir vegna tannlæknakostnaðar á tímabilinu 1999–2005. Upplýsingar frá Skólatannlækningum Reykjavíkur eru ekki með í þessum útreikningi.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir sjúklingum hluta tannlæknakostnaðar og eru upplýsingarnar byggðar á þeim reikningum sem Tryggingastofnun ríkisins hafa borist. Engar upplýsingar eru til staðar um fjölda þeirra barna sem ekki hefur verið sótt um endurgreiðslu fyrir. Mögulegar ástæður fyrir því geta verið t.d. týndir reikningar eða að reikningar hafa aldrei verið gefnir út, svo sem fyrir börn tannlækna. Í þeim tilvikum teljast þau börn ranglega með hér sem börn sem ekki hafa farið til tannlæknis. Einnig voru Skólatannlækningar Reykjavíkur starfræktar til vors 2002 og börn sem sóttu tannlæknaþjónustu þangað eru ekki talin með í þessum útreikningum.

Heimtur barna til tannlækna 1999–2005.

	0–2 ára	3–5 ára	6–8 ára	9–11 ára	12–14 ára	15–17 ára	18 ára
Fjöldi 1. des 2005 með lögheimili á Íslandi, sjúkratryggður á Íslandi 1. des 2005, með íslenskt ríkisfang	**12.160**	**12.266**	**12.399**	**13.013**	**13.605**	**13.807**	**4.132**
Börn sem ekki hafa farið í eitt ár.							
Fóru ekki til tannlæknis árið 2005	11.803	6.243	3.372	3.195	3.484	4.582	1.943
Hlutfall af sjúkratryggðum 2005	97,10%	50,90%	27,20%	24,60%	25,60%	33,20%	47,0%
Börn sem ekki hafa farið í tvö ár.							
Fóru ekki til tannlæknis 2004–2005		5.189	1.631	1.204	1.318	1.828	832
Hlutfall af sjúkratryggðum 2005		42,30%	13,20%	9,30%	9,70%	13,20%	20,1%
Börn sem ekki hafa farið í þrjú ár.							
Fóru ekki til tannlæknis 2003–2005		4.997	1.164	658	721	985	456
Hlutfall af sjúkratryggðum 2005		40,70%	9,40%	5,10%	5,30%	7,10%	11,0%
Börn sem ekki hafa farið í fimm ár.							
Fóru ekki til tannlæknis 2001–2005			898	343	346	481	180
Hlutfall af sjúkratryggðum 2005			7,20%	2,60%	2,50%	3,50%	4,4%
Börn sem ekki hafa farið í sjö ár.							
Fóru ekki til tannlæknis 1999–2005			869	259	226	298	109
Hlutfall af sjúkratryggðum 2005			7,00%	2,00%	1,70%	2,20%	2,6%

Skýring á skyggðum svæðum: Börn sem voru ekki fædd á tímabilinu og því ekki hægt að telja þau með.

1178. Svar [604. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Óskarssonar um tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fella niður eða draga úr tekjutengingu bóta frá Tryggingastofnun ríkisins?

Svar við því hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að fella niður tekjutengingu almannatryggingabóta er að ekki standi til að draga úr þeim jöfnuði sem felst í því að hafa bætur tekjutengdar. Ef einstaklingar hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga og geta framfært sig án tilstuðlan ríkisins er gert ráð fyrir að þeir geri það.

Gildandi lög um tekjutengingar almannatryggingabóta gera ráð fyrir að fólk geti haft aðrar tekjur upp að ákveðnu marki áður en bætur fara að skerðast, svokölluð frítekjumörk. Það er ætíð hægt að deila um það hvar slík frítekjumörk eigi að liggja og um það hver skerðingarprósentan eigi að vera.

Frá janúar 1999 hefur verið dregið verulega úr skerðingum á bótum almannatrygginga með lögum og reglugerðum, nú síðast með lögum sem sett voru í framhaldi af samkomulagi við Landssamband eldri borgara í nóvember 2002. Þá var skerðingarhlutfalli vegna tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins breytt úr 67% í 45%.

Forsætisráðherra skipaði í janúar nefnd sem í sitja fulltrúar fjögurra ráðuneyta og Landssambands eldri borgara. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt verði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta. Er talið rétt að bíða niðurstöðu nefndarinnar áður en fjallað verður frekar um að draga úr tekjutengingum almannatryggingabóta en áætlað er að nefndin ljúki störfum í haust.

1179. Skýrsla [782. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa (RNS) fyrir árið 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa í samræmi við lög um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000. Nefndarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til fjögurra ára í senn.

Nefndarmenn eru nú skipaðir til 31. ágúst 2008. Þeir eru: Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður, Agnar Erlingsson skipaverkfræðingur, Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, Pétur Ágústsson skipstjóri og Pálmi K. Jónsson vélfræðingur.

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir varamenn til sama tíma: Lárentsínus Kristjánsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður, Karl Lúðvíksson skipatæknifræðingur, Júlíus Skúlason skipstjóri, Rúnar Pétursson vélfræðingur og Símon Már Sturluson, skipstjóri og útgerðarmaður.

Starfsmenn RNS eru Jón A. Ingólfsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Lárusson fulltrúi.

Fjárveiting til nefndarinnar í fjárlögum ársins 2005 var 31,9 millj. kr. Á árunum 1995–2005 var kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar eins og að aftan greinir. Tölur eru á verðlagi hvers árs en sambærilegar þar eð á árinu 2002 hefur verið tekið tillit til óreglulegs 8,4 millj. kr. kostnaðar vegna flutnings á starfsemi nefndarinnar út á land.

1995	8.707.209 kr.
1996	8.756.513 kr.
1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.659.880 kr.
2001	20.662.317 kr.
2002	24.791.935 kr.
2003	32.367.836 kr.
2004	31.536.540 kr.
2005	24.835.358 kr.

Á árinu 2005 voru haldnir sex fundir hjá RNS og 178 mál afgreidd. Skýrslur sem hefur verið skilað með nefndaráliti voru 88 en ekki var ályktað í 89 málum. Einu máli var vísað frá. Skilað var til Siglingastofnunar Íslands 4 tillögum í öryggisátt og verður vikið nánar að því síðar.

Eins og fram kemur í töflu I fjölgar málum til nefndarinnar á milli ára 2004 og 2005 úr 151 í 168 eða um 10%. Tilkynnt og skráð mál hjá nefndinni hafa aldrei verið fleiri og af þessum málum var einungis eftir að afgreiða 27 um áramót. Á töflunni má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins 2005 í samanburði við síðastliðin tíu ár.

Tafla I. Yfirlit um mál sem komið hafa til RNS 1996 - 2005

Eðli mála	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**
Skip sekkur	6	7	8	4	10	6	4	7	16	7
Skip strandar	17	10	14	7	14	10	11	7	16	16
Árekstur	11	4	2	8	6	11	7	4	3	9
Eldur um borð	11	7	6	3	8	15	5	3	5	10
Leki að skipi	1	1	0	0	3	1	5	8	10	7
Annað	12	6	10	7	8	8	12	20	9	28
Slys á fólki	65	55	63	56	64	63	103	85	89	88
Dauðaslys	9	5	3	1	3	7	2	2	3	3
Samtals:	**132**	**95**	**106**	**86**	**116**	**121**	**149**	**136**	**151**	**168**

Eins og fram kemur eru eðli mála eins og í meðalári nema að áberandi fjölgun er undir liðunum *Eldur um borð* og *Árekstur*. Þrjú banaslys voru á árinu. Skipverji lést er hann varð á milli toghlera og gálga á veiðum á Faxaflóa og tveir bátsverjar létust í slysi þegar skemmtibátur sigldi á sker innan hafnarsvæðis Faxaflóahafna. Auk þessara banaslysa fórst annar erlendra skipverja um borð í bandarískri skútu á milli Íslands og Grænlands. Það mál er ekki í töflu I.

Undir liðnum *Annað* eru skráð þau mál sem ekki falla undir flokkun í þessari töflu og má þar nefna atvik þegar skip fengu í skrúfuna og voru dregin til hafnar, bilanir í búnaði, skemmdir vegna veðurs, farmskemmdir o.fl.

Af 168 skráðum málum ársins hjá RNS voru 44 eða 26% tekin úr fjölmiðlum, 54 eða 32% komu frá lögregluembættum á landinu, 48 eða 28% komu frá útgerð og skipstjórum en þess ber að gæta að 31 af þeim málum komu frá tveimur útgerðum. Landhelgisgæslan og Vaktstöð siglinga voru saman með 9 eða 6%, aðrir voru með 13 eða 8%.

Til að hafa áhrif á þetta gaf RNS út upplýsingarit á árinu um starfsemi nefndarinnar, áherslur, meðferð mála og skyldur aðila. Nefndin telur mjög mikilvægt að ná til allra atvika á sjó og vista þau í gagnagrunn RNS til notkunar á tölulegum upplýsingum í framtíðarvinnu við að auka öryggi til sjós.

Á árinu 2005 var gefin út prentuð skýrsla RNS fyrir árin 2002 og 2003. Skýrslurnar eru gefnar út saman og í sama broti og skýrslurnar fyrir 2000 og 2001 sem komu út á síðasta ári. Stefnt er að því að ljúka útgáfu skýrslna RNS með þessum hætti þar til komið verði að árlegri útgáfu. Hægt er að nálgast útgefnar prentaðar skýrslur á PDF-formi á vef RNS ásamt öllum lokaskýrslum auk tilkynntra atvika til nefndarinnar sem birtast þar strax.

Eins og á undanförnum árum kemur aðeins hluti þeirra mála er varða slys á sjómönnum til RNS miðað við tilkynnt slys til Tryggingastofnunar ríkisins (TR). En eins og síðustu ár hefur hlutfall tilkynntra slysa til RNS verið í hærra lagi og á árinu 2005 fékk RNS til sín um 25% af tilkynntum slysum á sjómönnum til TR. Til ársins 2004 var meðaltalið um 17%. Markmið RNS er að ná til sín og skrá öll óhöpp og slys til sjós.

Tilkynnt slys á sjómönnum til TR á árinu 2005 voru 363 en voru 311 allt árið 2004. Það ár var talsvert undir meðaltali áranna á undan sem var 379. Eins og sjá má á þessum tölum er ljóst að stærstur hluti aðila virðir ekki tilkynningarskyldu sína til RNS samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.

Tafla II sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til TR frá árinu 1996 til 2005.

Tafla II. Yfirlit um slys á mönnum skv. tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
436	388	378	381	361	348	413	379	311	363

Í byrjun mars 2005 sótti framkvæmdastjóri stofnfund hjá E-MAIIF (European Marine Accident Investigators International Forum) í Helsinki. Fundinn sóttu í þetta sinn 31 aðilar frá 18 löndum. Meginástæða þess að stofnuð var deild innan Evrópu er að ljóst þykir að mestar líkur eru á miklu samstarfi Evrópulanda þegar litið er til framtíðar. Í febrúar og nóvember 2005 var framkvæmdastjóra boðið á tvo fundi hjá EMSA (European Maritime Safety Agency) til Brussel. Á fyrri fundinum kynnti EMSA vinnu sína að samræmdum reglum fyrir Evrópuríki um rannsóknir á sjóslysum. Á seinni fundinum var kynntur fyrirhugaður sameiginlegur gagnagrunnur fyrir rannsóknir innan Evrópu.

1180. Skýrsla [783. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa árið 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar Íslands og starfsemi Flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður. Ný lög nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, tóku gildi 1. september 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa er stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin lýtur forstöðu forstöðumanns sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og er hann ábyrgur fyrir rannsóknarverkefnum hennar og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar. Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn flugslysa, flugatvika og flugumferðaratvika samkvæmt framangreindum lögum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Flugslysarannsóknir miða að því að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyss auk þess sem þar eru, ef við á, gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum. Þá skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa eftirtaldir: Geirþrúður Alfreðsdóttir, vélaverkfræðingur og flugstjóri, formaður, Ólafur Haraldsson hæstaréttarlögmaður og Ragnar Guðmundsson flugvélaverkfræðingur.

Varamenn eru: Bryndís Lára Torfadóttir flugstjóri, Hörður Arilíusson flugumferðarstjóri og Páll Valdimarsson, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands.

Starfsmenn rannsóknarnefndar flugslysa eru: Þorkell Ágústsson, verkfræðingur, forstöðumaður/rannsóknarstjóri, og Bragi Baldursson, verkfræðingur, aðstoðarforstöðumaður/aðstoðarrannsóknarstjóri.

Fjárheimildir og kostnaður.

Fjárheimildir til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa voru á árinu 2005 samtals 31,3 millj. kr. Heildarkostnaður við starfsemina var 31 millj. kr. og því færast 300 þús. kr. til næsta árs.

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2005.

Á árinu 2005 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í 7 málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 24 öðrum málum frá árinu 2003 með bókun.

Árið 2005 skráði rannsóknarnefnd flugslysa 716 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Rannsóknarnefndin skoðaði 53 þessara frávika nánar og af þeim tók nefndin samtals 23 atvik, sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik, til formlegrar meðferðar og rannsóknar.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka 12 málum frá árinu 2004 og 21 máli frá árinu 2005 en rannsókn þeirra var langt komin og mun þeim að öllum líkindum verða lokið með rannsóknarskýrslum eða bókunum á árinu 2006.

Ekkert banaslys varð í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu 2005.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti samstarf við erlenda rannsakendur sem fyrr vegna rannsóknarverkefna sinna. Nokkur atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu og jafnframt aðstoðaði nefndin og tók þátt í rannsóknum erlendra rannsakenda á 10 atvikum er hentu íslensk-skráðar flugvélar erlendis.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 4 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2005. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var beint til flugrekenda og Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, er þeim sem tillögum er beint til skylt að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt og hrinda þeim í framkvæmd ef við á.

1181. Nefndarálit [340. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Dís Sigurgeirsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Þorvald Kristinsson, Hrafnhildi Gunnarsdóttur og Anni Haugen frá Samtökunum '78, Ingibjörgu Rafnar, umboðsmann barna, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Karl Sigurbjörnsson biskup, Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík og Gunnar Þorsteinsson frá Krossinum.

Þá bárust umsagnir og erindi frá landlæknisembættinu, Öryrkjabandalagi Íslands, Jafnréttisstofu, Kaþólsku kirkjunni á Íslandi, Ljósmæðrafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Félagi kaþólskra leikmanna, Landssambandi lögreglumanna, Samtökum foreldra og aðstandenda samkynhneigðra, ríkislögreglustjóra, Fjölskylduráði, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Íslenskri ættleiðingu, Alþýðusambandi Íslands, Siðmennt, félagi siðrænna húmanista á Íslandi, Baháísamfélaginu, Lífeyrissjóði bænda, Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, Samtökunum '78, Biskupsstofu, Fríkirkjunni í Reykjavík, Krossinum, Félagi ábyrgra feðra, Félagi sam- og tvíkynhneigðra stúdenta, Tryggingastofnun ríkisins, Heimili og skóla, læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Lögmannafélagi Íslands, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Fríkirkjunni Veginum, Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Íslensku Kristskirkjunni, Félagi einstæðra foreldra, Guðmundi Pálssyni heilsugæslulækni, prestum

í Þingeyjarprófastsdæmi, biskupi Íslands, Barnaheill, Kvenfélagasambandi Íslands, félagsmálanefnd Alþingis og Jóni Val Jenssyni.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa það markmið að jafna réttarstöðu sambúðarfólks og er m.a. lagt til að samkynhneigð pör geti skráð sambúð sína í þjóðskrá. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um ættleiðingar svo pör í staðfestri samvist og sambúð geti ættleitt börn og breytingar á lögum um tæknifrjóvgun svo konur í staðfestri samvist eða sambúð geti gengist undir tæknifrjóvgun.

Skráð sambúð.

Nefndin ræddi á fundum sínum þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi réttarstöðu sambúðarfólks en verði það að lögum geta samkynhneigð pör skráð sambúð sína í þjóðskrá eins og gagnkynhneigð pör. Breytingin hefur þýðingu varðandi ýmis fjárhagsleg réttindi, svo sem rétt til lífeyris almannatrygginga, skattalega meðferð tekna og eigna, félagsþjónustu o.fl. Verður rétturinn hinn sami óháð kyni frá gildistöku laganna.

Skilgreining á óvígðri sambúð hefur fram til þessa ekki verið samræmd í lögum en í frumvarpinu er nokkuð gert til að samræma hana. Samkvæmt frumvarpinu er með óvígðri sambúð átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þeir barn saman, von á barni saman eða sambúðin hefur varað í tiltekinn lágmarkstíma. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að stjórnvöld veki athygli á því að réttaráhrif sambúðar hefjist fyrst þegar beiðni um skráningu sambúðar berst Þjóðskrá. Skráning sambúðar er hins vegar ekki gerð að skilyrði varðandi heimild til ættleiðinga og tæknifrjóvgunar.

Vígsluréttur trúfélaga.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að lögum um staðfesta samvist verði breytt á þann veg að trúfélögum verði heimilað að staðfesta samvist. Engu að síður ræddi nefndin á fundum sínum um þann rétt þar sem í umsögnum og á fundum kom fram að einstök trúfélög hafa lýst yfir vilja til að fá heimild til þess.

Fram kom að í þeim löndum sem heimila giftingu samkynhneigðra er almennt aðskilnaður milli ríkis og kirkju. Í þeim löndum er jafnframt um borgaralegar giftingar að ræða hjá bæði samkynhneigðum og gagnkynhneigðum. Giftingin er því lögformlegur gerningur sem hjón eða pör geta fylgt eftir með því að leita til eigin trúfélags um blessun. Söguleg tengsl ríkis og kirkju hér á landi eru helsta ástæða þess að prestar hafa lögum samkvæmt stöðu vígslumanna. Þrátt fyrir nokkra þróun í átt til frekari aðskilnaðar ríkis og kirkju hér á landi er enn mjög sterk hefð fyrir kirkjuvígslum umfram borgaralegar vígslur.

Nefndin telur að umræða um breytingar á vígslurétti trúfélaga þurfi lengri aðdraganda og vandaðari undirbúning en svo að heppilegt sé að stíga slíkt skref með breytingum á því frumvarpi sem hér er til meðferðar. Nefndin telur því ekki tímabært að leggja til breytingu á lögum um staðfesta samvist varðandi vígslurétt trúfélaga en leggur hins vegar áherslu á að með frumvarpinu verður lagaleg réttarstaða samkynhneigðra para tryggð að jöfnu við gagnkynhneigð pör.

Hagsmunir barns.

Það er meginsjónarmið í barnarétti að ávallt beri að leggja til grundvallar það sem er barni fyrir bestu við úrlausnir mála er það varða, sbr. barnalög, nr. 76/2003, og barnaverndarlög, nr. 80/2002. Þá hefur enn fremur verið lagt til grundvallar það sjónarmið að börn hafi rétt til að eiga foreldra fremur en að byggja á því að fullorðnir hafi rétt til að eignast börn. Þetta á

sér m.a. stoð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og jafnframt endurspeglast það sjónarmið víða í löggjöf, svo sem í lögum um ættleiðingar.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft fyrir nefndinni að við ættleiðingu og tæknifrjóvgun megi segja að fólk „eignist" börn með atbeina samfélagsstofnana og að á samfélaginu hvíli sérstök ábyrgð varðandi þær aðstæður sem barn fæðist í og elst upp við. Telur nefndin að sú ábyrgð felist fyrst og fremst í að tryggja hagsmuni barns eins og unnt er og að það sjónarmið löggjafans endurspeglist m.a. í barnaverndarlögum, lögum um ættleiðingar og um tæknifrjóvgun.

Þá var því sjónarmiði enn fremur hreyft fyrir nefndinni að með frumvarpinu er barnisem verður til við tæknifrjóvgun í sambúð eða samvist samkynhneigðra kvenna ekki tryggður lagalegur og félagslegur faðir. Nefndin telur að með frumvarpinu séu barninu tryggðir tveir félagslegir foreldrar og telur að með því sé framfærsla barns, félagslegur stuðningur og framtíð þess tryggð eins og kostur er.

Nafnleynd.

Nefndin ræddi á fundum sínum um rétt barns til að þekkja uppruna sinn í tengslum við tæknifrjóvgun með gjafasæði en sú umræða hefur aukist mjög síðustu ár. Í 1. gr. barnalaga, nr. 76/2003, og 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er staðfestur réttur barna til að þekkja uppruna sinn og ákvæði ættleiðingarlaga taka mið af þessum rétti. Í lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, er nafnleynd sæðisgjafa valkvæð en algengast hefur verið að sæðisgjafir hafi komið frá útlöndum þar sem sæðisgjafar njóta nafnleyndar. Umræðan um nafnleynd hefur aukist erlendis og hafa Svíar og nú síðast Bretar sett reglur um að barn sem getið er með gjafasæði og hefur náð 18 ára aldri geti fengið að vita hver sæðisgjafi er. Breytingarnar hafa valdið því að framboð á sæði hefur minnkað. Telur nefndin þarft að taka upp frekari umræðu um rétt barna til að þekkja uppruna sinn í tengslum við nafnleynd kynfrumugjafa.

Ættleiðingar.

Nefndin ræddi á fundum sínum þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um ættleiðingar en þar er lagt til að einstaklingar í staðfestri samvist og sambúð geti frumættleitt börn bæði innan lands og utan eins og hjón eða karl og kona í óvígðri sambúð. Skráning sambúðar í þjóðskrá er ekki gerð að skilyrði fyrir heimild til að ættleiða börn samkvæmt gildandi lögum um ættleiðingar þar sem við úrlausn þeirra mála eru það hagsmunir barns sem eiga að ráða. Sambúðin þarf hins vegar að hafa staðið í fimm ár og þó að hún hafi ekki verið skráð þarf ákveðin festa að hafa verið í sambúðinni sem ráða má af ótvíræðum gögnum, svo sem sama lögheimili einstaklinganna.

Við ættleiðingu eru gerðar mjög ríkar kröfur til allra sem sækjast eftir að ættleiða börn. Við mat á því hvort skilyrði ættleiðingar eru uppfyllt kemur sérstaklega til skoðunar hæfni aðila til að annast og ala upp börn og þær aðstæður, m.a. félagslegar og fjárhagslegar, sem barni eru búnar hjá viðkomandi. Innlendar og erlendar rannsóknir benda ekki til að nokkur munur sé á hæfni samkynhneigðra og gagnkynhneigðra hvað varðar tilfinningatengsl og samskipti við börn, umönnun og uppeldishætti eða almenna færni þeirra sem uppalenda. Nefndin telur að samkynhneigðir eigi að hafa sama rétt og gagnkynhneigðir til að fá mat á því hvort þeir uppfylla efnisskilyrði laga um ættleiðingar.

Þá bendir nefndin á að samkvæmt gildandi lögum um ættleiðingar er heimilt að leyfa einstaklingum að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

Tæknifrjóvgun.

Með frumvarpinu er lagt til að konum í staðfestri samvist eða sambúð verði heimilt að fara í tæknifrjóvgun, þ.e. tæknisæðingu eða glasafrjóvgun, með sömu rökum og skilmálum og varða tæknifrjóvgun gagnkynhneigðra. Samkvæmt gildandi lögum þarf staðfest samvist eða sambúð að hafa staðið í þrjú ár hið skemmsta en eins og við ættleiðingar er skráning sambúðar ekki gerð að skilyrði en þó þarf ákveðin festa að hafa verið í sambúðinni sem ráða má af ótvíræðum gögnum.

Almenn skilyrði tæknifrjóvgunar byggjast á hagsmunum barns. Þar er litið til aldurs barnsins, andlegrar og líkamlegrar heilsu og að félagslegar aðstæður þess séu góðar. Telur nefndin enn fremur mikilvægt þegar litið er til hagsmuna barns að líta til hæfni og aðstæðna umsækjenda til að sinna forsjárskyldum og sýna skilning á þörfum viðkomandi barns við þær aðstæður sem því er ætlað að búa.

Eins og áður hefur verið fjallað um er talið að börn samkynhneigðra alist ekki síður upp við þroskavænlegar aðstæður en önnur. Samkvæmt því telur nefndin að full rök standi til þess að konur í staðfestri samvist eða sambúð fái að gangast undir tæknifrjóvgun eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Almenn skilyrði tæknifrjóvgunar.

Í 3. gr. laga um tæknifrjóvgun er kveðið á um skilyrði þess að tæknifrjóvgun fari fram og varða þau m.a. aldur barnsins, andlega og líkamlega heilsu og félagslegar aðstæður og er það læknir sem ákveður hvort hún fari fram. Samkvæmt lögunum er ráðherra heimilt að setja reglur m.a. um heimild til að leita umsagnar barnaverndarnefndar um félagslegar aðstæður barnsins. Í reglugerð nr. 568/1997, um tæknifrjóvgun, eru skilyrði tæknifrjóvgunar áréttuð og skv. 4. gr. skal læknir líta til þess hvort ætla megi að barninu verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði. Telji hann ástæðu til getur hann krafist vottorða frá viðeigandi sérfræðingum um andlega og líkamlega heilsu barnsins og frá félagsráðgjafa eða öðrum sem veitt geta upplýsingar um félagslegar aðstæður þess. Telji hann vafa leika á um að félagslegar aðstæður þess til uppeldis barns séu nægilega góðar getur hann leitað umsagnar barnaverndarnefndar. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um tæknifrjóvgun kom fram að eðlilegt mætti telja að réttur umsækjenda um tæknifrjóvgun viki fyrir þeim hagsmunum er varða uppeldisaðstæður barns.

Í lögunum er hins vegar ekki sett það skilyrði að ótvírætt sé að barni séu í alla staði búnar traustar og góðar aðstæður og þroskavænleg uppeldisskilyrði þó að nefndin telji að þau búi að baki almennum skilyrðum tæknifrjóvgunar. Telur nefndin að í lögum um tæknifrjóvgun skuli lögð áhersla á það meginsjónarmið barnaréttar að ávallt beri að leggja til grundvallar það sem barni er fyrir bestu og leggur því til breytingu á 17. gr. frumvarpsins að tillögu umboðsmanns barna um að bæta nýjum staflið við 1. mgr. 3. gr. um að ætla megi að barni sem til verður við tæknifrjóvgun verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Sérstök skilyrði.

Samkvæmt gildandi lögum er gjöf fósturvísa ekki heimil og eru ekki lagðar til breytingar á því. Meginreglan er sú að glasafrjóvgun má einungis framkvæma ef notaðar eru kynfrumur parsins nema t.d. frjósemi karlmannsins eða konunnar sé skert. Eðli málsins samkvæmt verður þó ætíð heimilt að nota gjafasæði þegar um lesbíur er að ræða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Til þess að undirstrika þann skilning telur nefndin rétt að halda meginreglunni óbreyttri og leggur því til breytingu á 19. gr. frumvarpsins þess efnis að tekið verði upp ákvæði 1.

málsl. 6. gr. gildandi laga um tæknifrjóvgun um að glasafrjóvgun megi því aðeins framkvæma að notaðar séu kynfrumur parsins.

Við umfjöllun heilbrigðis- og trygginganefndar um málið kom fram að aldursmörk tæknifrjóvgunar hefðu valdið erfiðleikum í framkvæmd en í reglugerð um tæknifrjóvgun segir að konur skuli ekki vera yngri en 25 ára og að jafnaði ekki eldri en 42 ára og aldrei eldri en 45 ára og karlar að jafnaði ekki eldri en 50 ára. Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun er miðað við að aldur parsins megi teljast eðlilegur, m.a. með tilliti til velferðar barnsins á uppvaxtarárum þess. Hvatti heilbrigðis- og trygginganefnd til þess í umsögn sinni að hugað yrði að því að rýmka aldursmörkin sérstaklega varðandi konur.

Friðhelgi einkalífs barns.

Nefndin ræddi á fundum sínum að með frumvarpinu er gerður grundvallarmunur á lagalegri réttarstöðu lesbía sem eiga barn getið með tæknifrjóvgun og lesbía sem geta barn án aðkomu heilbrigðisyfirvalda. Ef barn er getið með tæknifrjóvgun hafa foreldrarnir, lesbíurnar, allar sömu skyldur gagnvart barninu og pör í hjúskap eða óvígðri sambúð. Sú sem fæðir barnið er móðir í lagalegum skilningi og sú sem samþykkir að tæknifrjóvgunin fari fram verður „foreldri" samkvæmt frumvarpinu. Ef barn er hins vegar getið án aðkomu heilbrigðisyfirvalda í sambandi lesbía, þá hefur móðirin, þ.e. sú sem fæddi barnið, allar skyldur gagnvart barninu. Hin þarf að ættleiða barnið til þess að fá sambærilega réttarstöðu og verður kjörforeldri.

Þetta leiðir til þess að hjá Þjóðskrá þurfa að liggja fyrir upplýsingar um að barn hafi verið getið við tæknifrjóvgun til þess að unnt sé að skrá það og tryggja réttarstöðu þess gagnvart þeirri sem telst „foreldri" en það er nýmæli. Að mati nefndarinnar er varhugavert að slíkar upplýsingar þurfi að liggja fyrir við skráningu og einnig að fæðingarvottorð beri ævinlega með sér að tilurð barnsins sé með þessum hætti. Nefndin telur að það geti falið í sér brot á stjórnarskrárvernduðum réttindum barns um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá telur nefndin auk þess að sú leið að nota nýtt hugtak, „foreldri", falli ekki nægilega vel að almennri notkun orðsins, sem er hugtak sem nær í reynd yfir alla foreldra, t.d. kynforeldra, stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra, og sé til þess fallið að valda misskilningi, sérstaklega við útgáfu fæðingarvottorða á erlendum tungumálum. Leggur nefndin því til að í stað þess að búa til nýtt lagalegt hugtak verði fremur notað réttarhugtak sem er alþekkt, þ.e. kjörmóðir, og að það verði notað strax við fæðingu barns og skráð þannig í þjóðskrá enda tæknifrjóvgunarferli að meginstefnu sambærilegt við ættleiðingarferli og því ekki nauðsynlegt að gera frekari kröfur.

Hugtakanotkun.

Nefndin ræddi þá lagatæknilegu aðferð í frumvarpinu sem felur í sér að afnema úr lögum hugtökin faðir, móðir, karl og kona. Fram kom að sú leið byggðist m.a. á tillögum í skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra sem lögð var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi (þskj. 381 – 337. mál) og erlendri fyrirmynd. Þá hefur sú leið verið farin í fleiri lögum að kynleysa hugtök, t.d. í almennum hegningarlögum, nema það leiði af eðli máls að nauðsynlegt sé að tiltaka kynferði.

Telur nefndin ákveðinn missi að þessum hugtökum úr lögum og þá sérstaklega úr barnalögum og lögum um ættleiðingu og telur ekki nauðsynlegt að kynleysa ákvæðin. Leggur nefndin því til breytingar á frumvarpinu sem eru eingöngu lagatæknilegs eðlis og fela í sér að halda orðalagi gildandi laga að mestu óbreyttu en bæta við eftir því sem við á ákvæði um einstaklinga í staðfestri samvist og sambúð.

Orðalagsbreytingar.

Nefndin telur að orðalagið „barn tveggja kvenna sem getið er við tæknifrjóvgun“ í 23. gr. frumvarpsins sé ekki nægilega lýsandi og leggur til að í stað þess verði orðalagið: „barn konu í staðfestri samvist eða sambúð sem getið er við tæknifrjóvgun“.

Þá telur nefndin orðalag í 25. gr. frumvarpsins sem breytir fyrirsögn 7. gr. barnalaga um skráningu á faðerni barns ekki nægilega skýrt. Leggur nefndin til að fyrirsögnin beri það með sér að um skráningu barns í þjóðskrá sé að ræða.

Þá leggur nefndin til, svo að samræmis sé gætt í erfðalögum, að orðalagið „foreldris arfláta“ í 31. gr. frumvarpsins verði ekki notað heldur „foreldris arfleifanda“.

Gildistaka o.fl.

Þegar lög um staðfesta samvist voru sett árið 1996 tóku þau gildi 27. júní en það er alþjóðlegur mannréttindabaráttudagur samkynhneigðra og leggur nefndin til að gildistaka þessa frumvarps verði einnig miðuð við þann dag. Það gefur auk þess tíma til að undirbúa og ljúka breytingum á tölvukerfum t.d. varðandi skráningu hjá Þjóðskrá.

Við setningu laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, var samkynhneigðum pörum í staðfestri samvist tryggður sami réttur og hjónum að frátöldum frumættleiðingum og tæknifrjóvgunum. Engar breytingar voru gerðar á réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð á þeim tíma og skorti mjög á að þau pör nytu sömu réttinda og gagnkynhneigð pör í óvígðri sambúð.

Telur nefndin að með frumvarpi þessu sé í reynd hrundið í framkvæmd jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og afnema þá mismunun sem felst í gildandi lögum sérstaklega varðandi þau réttindi sem fylgja því að fólk geti skráð sig í sambúð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Birgir Ármannsson og Björgvin G. Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Kjartan Ólafsson.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1182. Breytingartillögur [340. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Frá allsherjarnefnd.

1. Efnismálsgrein b-liðar 1. gr. orðist svo:
   Karl og kona sem eru samvistum og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Sama gildir um fólk af sama kyni, sbr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Fólk í skráðri sambúð á sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram.
2. 2. gr. orðist svo:
   Á eftir orðunum „karl og konu“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða tvo einstaklinga af sama kyni.
3. 3. gr. orðist svo:
   Við 100. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
4. 4. gr. orðist svo:
   Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
5. 5. gr. orðist svo:
   Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
6. Efnismálsgrein 6. gr. orðist svo:
   Ákvæði í lögum þessum um hjón og maka eiga einnig við um karl og konu í óvígðri sambúð eða sambúð af öðru tagi sem staðið hefur samfleytt í eitt ár. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman, von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
7. 7. gr. orðist svo:
   Á eftir 2. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
8. 8. gr. orðist svo:
   Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
9. 9. gr. orðist svo:
   Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
10. 10. gr. orðist svo:
    Á eftir 2. málsl. 5. mgr. 11. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.
11. XI. kafli ásamt fyrirsögn orðist svo:
    Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.
    a. (11. gr.) 3. mgr. 62. gr. laganna orðast svo:
       Karl og kona í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Með

óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í samfellt eitt ár hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

b. (12. gr.) Við 1. mgr. 80. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

12. XII. kafli, 12. gr., falli brott.
13. A-liður 16. gr. orðist svo: Í stað orðanna „Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa“ í 1. mgr. kemur: Hjón, einstaklingar í staðfestri samvist eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman.
14. Við 17. gr. bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Á eftir a-lið kemur nýr stafliður svohljóðandi: ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði.
15. Inngangsmálsliður 19. gr. orðist svo: Í stað 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi.
16. Efnismálsliður a-liðar 23. gr. orðist svo: Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um barn konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem getið er við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr.
17. Efnismálsgrein a-liðar 24. gr. orðist svo:
Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun er kjörmóðir barns sem þannig er getið.
18. Við 25. gr.
a. A-liður orðist svo: Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um yfirlýsingu móður þegar 2. mgr. 6. gr. laganna á við.
b. C-liður orðist svo: Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skráning barns í þjóðskrá.*
19. 27. gr. orðist svo:
Við 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: eða kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.
20. Við 28. gr. Í stað orðanna „foreldri barns“ í a-lið komi: kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.
21. 29. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
a. Á eftir orðunum „föður barns“ í 1. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.
b. Á eftir orðinu „barnsföður“ í 2. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.
c. Á eftir orðinu „mann“ í 3. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.
22. 36. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2006.

1183. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Árnínu St. Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands, Gylfa Magnússon frá Háskóla Íslands, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði Íslands, Guðjón Rúnarsson og Helga

Sigurðsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum fjárfesta, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, skattrannsóknarstjóra ríkisins, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts. Varðandi helstu efnisatriði frumvarpsins vísast nánar til almennra athugasemda við frumvarpið.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 445. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði nánar á um reglur um framboð til stjórna hlutafélaga. Nefndin telur rétt að takmarka fjölda þeirra félaga sem falla eiga undir greinina og leggur til að notað verði sama viðmið og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að miðað verði við hlutafélög sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga (voru fyrir endurútgáfu laganna í 1.–3. mgr. 59. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga), eða hlutafélag sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

   Samkvæmt seinni málslið 2. efnismgr. greinarinnar skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Nefndin telur að með „hagsmunatengslum“ í þessu samhengi sé t.d. átt við ef frambjóðandi til stjórnar starfar fyrir eða á umtalsverðan hlut í samkeppnisaðila, birgi eða viðskiptavini, enda geti það orðið til þess að trúverðugleiki hans sem gæslumanns hagsmuna hluthafa í fyrirtækinu verði dreginn í efa.

   Samkvæmt 3. efnismgr. greinarinnar skal félagsstjórn fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tilskilins frests. Nefndin leggur til að sett verði það skilyrði að hlutaðeigandi skuli bæta úr göllunum með „sannanlegum hætti“.
2. Í a-lið 2. gr. frumvarpsins kemur fram að félagsstjórn geti haldið stjórnarfundi án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim. Lagt er til að liðurinn verði felldur brott enda getur félagsstjórn samkvæmt gildandi lögum haldið stjórnarfundi innan eðlilegra marka án þess að framkvæmdastjóri eigi rétt til setu á þeim. Til hliðsjónar má benda á að í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, kom eftirfarandi fram um þetta atriði (um 51. gr.): „Mælt er fyrir um rétt framkvæmdastjóra til þess að sitja stjórnarfundi, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, með umræðu og tillögurétti, þó með þeim fyrirvara, að félagsstjórn getur ákveðið annað í einstökum tilvikum og eru þá höfð í huga mál, er varða stöðu og ráðstafanir framkvæmdastjóra.“
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að alls staðar þar sem orðið „stefnumið“ kemur fyrir í greininni verði í staðinn notað orðið „starfskjarastefna“. Nefndin telur að „stefnumið“ hafi tilhneigingu til að vera of almennt orðuð en „starfskjarastefna“ sé áþreifanlegri og niðurnjörvaðri.

Í öðru lagi er lagt til að tilvísun til laga um ársreikninga verði lagfærð til samræmis við endurútgáfu þeirra laga.

Í þriðja lagi er lagt til að miðað verði við að skylda félagsstjórnar til að samþykkja starfskjarastefnu (áður stefnumið) félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur skuli, til viðbótar við stjórnarmenn þess, ná til „forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins" í stað „framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins", eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin telur orðalag frumvarpsins of víðtækt og því rétt að þrengja það með þessum hætti en leggur jafnframt áherslu á að hvert fyrirtæki móti sér stefnu varðandi það til hve stórs hóps stjórnenda ákvæðið taki.

Í fjórða lagi er lagt til að í stað þess að nota eingöngu orðalagið „að umbuna" stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum samkvæmt nánari upptalningu verði talað um „að greiða eða umbuna", og hefur nefndin þá starfslokasamninga sérstaklega í huga.

Í fimmta lagi eru lagðar til tvær breytingar á upptalningunni, annars vegar að til viðbótar „kauprétti" í 3. tölul. komi einnig „söluréttur", og hins vegar að á eftir 3. tölul. komi nýr liður sem lýtur að „lánasamningum (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum lögum eða öðrum lögum". Nefndin tekur fram að í 1. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög er að finna almennt bann við því að hlutafélag veiti m.a. stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán. Í greininni eru þó vissar undantekningar frá banninu. Þannig geta starfsmenn fengið lán við kaup á hlutum í félaginu sem þeir vinna hjá, lána má til móðurfélags og veita venjuleg viðskiptalán. Loks gilda sérákvæði um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir en ekki ákvæðin í hlutafélagalögunum. Um lánveitingar til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja er fjallað í 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um að lánveitingarnar séu háðar samþykki stjórnar og ákvarðanir skuli bókaðar. Heimild fjármálafyrirtækja til að lána framkvæmdastjóra er undantekning frá meginreglu 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við slíkum lánveitingum.

Í sjötta lagi eru lagðar til tvenns konar breytingar á 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins sem felast annars vegar í því að aðalfundur geti samþykkt breytingar á starfskjarastefnu (áður stefnumiðum) og hins vegar að skýra skuli frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu, enda yrði ákvæðið marklítið ef hluthafar hafa ekki tök á því að fylgjast með því hvort eftir henni hefur verið farið.

4. Nauðsynlegt er að gera viðhlítandi breytingar á 5. gr. frumvarpsins í tengslum við aðrar breytingar, sbr. 3. lið hér að framan.
5. Í 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 88. gr. laganna sem lúta að því að lengja lágmarksfrest varðandi boðun hluthafafundar úr einni viku upp í tvær, þó með nánar tiltekinni undantekningu. Umrædd lenging á fresti á einnig við um framlagningu gagna fyrir hluthafafund til sýnis hluthöfum á skrifstofu félags og samtímis útsendingu þeirra til sérhvers skráðs hluthafa sem þess óskar. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi gögn: dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikning (í móðurfélagi einnig samstæðureikning), skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna, auk tillagna sem getið er um í d-lið 7. gr. frumvarpsins. Nefndin telur ekki þörf á að lengja nefndan frest og leggur því til að a-, b- og c-liður 7. gr. frumvarpsins falli brott. Þá er lagt til að gerðar verði viðhlítandi breytingar á d-lið af sömu ástæðum og um getur í 4. lið hér að framan.
6. Í tengslum við 10. gr. frumvarpsins lagði ríkisskattstjóri til í umsögn sinni að 4. mgr. 124. gr. laganna yrði breytt þannig að sett yrði tímamark á hvenær hluthafafundur skuli

haldinn eftir birtingu hlutafélagaskrár á tilkynningu um móttöku samrunaáætlunar skv. 123. gr. laganna en tímamörk vantar í lögin. Fellst nefndin á þessa athugasemd og leggur til breytingar þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ásta Möller.

1184. Breytingartillögur [444. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.
   b. Í stað orðanna „gefa hlutaðeigandi kost á því að bæta úr þeim göllum“ í 3. efnismgr. komi: gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum.
2. Við 2. gr. A-liður falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 79. gr. laganna kemur ný grein, 79. gr. a, sem orðast svo:
   Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum m.a. í formi:
      1. Afhendingar hluta.
      2. Árangurstengdra greiðslna.

3. Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
4. Lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum.
5. Lífeyrissamninga.
6. Starfslokasamninga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. 3. tölul. 1. mgr. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu.

Ef félagsstjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

4. Við 5. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 79. gr. a, varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 79. gr. a, sé um aðalfund að ræða.
6. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   4. mgr. 124. gr. laganna orðast svo:
   Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 122. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka skv. 1. málsl. telst samrunaáætlunin fallin.

1185. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Árnínu St. Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands, Gylfa Magnússon frá Háskóla Íslands, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði Íslands, Guðjón Rúnarsson og Helga Sigurðsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum fjárfesta, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, skattrannsóknarstjóra ríkisins, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Frumvarp þetta var rætt og afgreitt samhliða 444. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Í frumvarpinu taka tillögur um breytingar varðandi einkahlutafélög mið af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem sendi frá sér álit í september 2004. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið ganga ákvæðin í þessu frumvarpi um einkahlutafélög að sumu leyti skemmra en ákvæði frumvarps um hlutafélög. Vísast nánar til þess sem þar segir.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að alls staðar þar sem talað er um „stefnumið“ í greininni verði í staðinn notað orðið „starfskjarastefna“. Nefndin telur að „stefnumið“ hafi tilhneigingu til að vera of almennt orðuð en „starfskjarastefna“ sé áþreifanlegri og niðurnjörvaðri.

   Í öðru lagi er lagt til að tilvísun til laga um ársreikninga verði lagfærð til samræmis við endurútgáfu þeirra laga.

   Í þriðja lagi er lagt til að miðað verði við að skylda félagsstjórnar til að samþykkja stefnumið félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur skuli, til viðbótar við stjórnarmenn þess, ná til „forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins“ í stað „framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins“, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin telur orðalag frumvarpsins of víðtækt og því rétt að þrengja það með þessum hætti en leggur jafnframt áherslu á að hvert fyrirtæki móti sér stefnu varðandi það til hve stórs hóps stjórnenda ákvæðið taki.

   Í fjórða lagi er lagt til að í stað þess að nota eingöngu orðalagið „að umbuna“ stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum samkvæmt nánari sundurliðun verði talað um „að greiða eða umbuna“, og hefur nefndin þá starfslokasamninga sérstaklega í huga.

   Í fimmta lagi eru lagðar til tvær breytingar á upptalningunni, annars vegar að til viðbótar kauprétti í c-lið verði einnig um „sölurétt“ að ræða, og hins vegar að á eftir c-lið komi nýr liður sem lýtur að „lánasamningum (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum lögum eða öðrum lögum“. Nefndin tekur fram að í 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög er að finna almennt bann við því að hlutafélag veiti m.a. stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán. Í greininni eru þó vissar undantekningar frá banninu. Þannig geta starfsmenn fengið lán við kaup á hlutum í félaginu sem þeir vinna hjá, lána má til móðurfélags og veita venjuleg viðskiptalán.

   Í sjötta lagi eru lagðar til tvenns konar breytingar á 3. efnismgr. sem felast annars vegar í því að aðalfundur geti samþykkt breytingar á starfskjarastefnu (áður stefnumiðum) og hins vegar að skýra skuli frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu, enda yrði ákvæðið marklítið ef hluthafar hafa ekki tök á því að fylgjast með því hvort eftir stefnunni hefur verið farið.
2. Nauðsynlegt er að gera viðhlítandi breytingar á c-lið 4. gr. frumvarpsins í tengslum við aðrar breytingar, sbr. 1. lið hér að framan.
3. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. frumvarpsins af sömu ástæðum og um getur í 2. lið hér að framan.

4. Í tengslum við 9. gr. frumvarpsins lagði ríkisskattstjóri til í umsögn sinni að 4. mgr. 99. gr. laganna yrði breytt þannig að sett yrði tímamark á hvenær hluthafafundur skuli haldinn eftir birtingu hlutafélagaskrár á tilkynningu um móttöku samrunaáætlunar skv. 98. gr. laganna en tímamörk vantar í lögin. Fellst nefndin á þessa athugasemd og leggur til breytingar þar að lútandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ásta Möller.

1186. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, 54. gr. a, sem orðast svo:

Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum, m.a. í formi:

a. afhendingar hluta;
b. árangurstengdra greiðslna;
c. hluta, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu;
d. lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum;
e. lífeyrissamninga;
f. starfslokasamninga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. c-lið 1. mgr. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema

ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd samþykktrar starfskjarastefnu.

Ef félagsstjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

2. Við 4. gr. C-liður orðist svo: tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 54. gr. a, varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 54. gr. a, sé um aðalfund að ræða.

4. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 98. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka skv. 1. málsl. telst samrunaáætlunin fallin.

1187. Frumvarp til laga [784. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild, sbr. 17. gr. hjúskaparlaga, er heimilt að staðfesta samvist.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2006.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild samkvæmt hjúskaparlögum verði heimilt að staðfesta samvist.

Samkvæmt lögum um staðfesta samvist geta einungis sýslumenn og fulltrúar þeirra staðfest samvist. Prestum og forstöðumönnum trúfélaga er það ekki heimilt en skiptar skoðanir eru meðal þeirra um hvort heimila eigi slíkt. Staðfest samvist er hliðstæður löggerningur við

afstöðu til þess hvort ástæða sé til að taka upp slík könnunarpróf, en áréttar hins vegar að einstaklingsmiðuð tölvuvædd könnunarpróf munu ekki koma í stað samræmdra stúdentsprófa nema með atbeina löggjafans.

Við meðferð málsins í nefndinni var einnig bent á að það kynni að orka tvímælis að binda heiti bóknámsbrauta í lögum eins og nú er gert. Nefndin telur hins vegar að ekki séu efni til þess að taka afstöðu til þess álitaefnis við meðferð þessa frumvarps, enda kalli slík breyting á efnismeiri umræðu innan Alþingis og nefndarinnar. Nefndin beinir því hins vegar til menntamálaráðherra að taka til sérstakrar athugunar hvort ástæða sé til þess að afnema þessa lögbindingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Dagný Jónsdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Atli Gíslason.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Mörður Árnason.

1191. Fyrirspurn [785. mál]

til samgönguráðherra um snjóflóðavarnir í Ólafsfjarðarmúla.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður rannsóknum á snjóflóðavörnum ofan vegarins um Ólafsfjarðarmúla og hvaða úrræði koma helst til greina til að tryggja öryggi vegfarenda þar?

Skriflegt svar óskast.

1192. Fyrirspurn [786. mál]

til samgönguráðherra um veðurathuganir á Stórasandi.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvenær hóf Vegagerðin veðurathuganir á Stórasandi með tilliti til vegagerðar um sandinn og hvaða upplýsingar liggja nú fyrir?

Skriflegt svar óskast.

1193. Fyrirspurn [787. mál]

til samgönguráðherra um styttingu þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvaða vegaframkvæmdir eru nú í athugun við endurskoðun samgönguáætlunar til styttingar á þjóðleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur?

Skriflegt svar óskast.

1194. Frumvarp til laga [788. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um vinnumarkaðsaðgerðir.

Með vinnumarkaðsaðgerðum er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda.

Atvinnuleitandi í skilningi laga þessara er hver sá sem sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Þá er lögum þessum ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.
3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt lögum þessum.

4. gr.
Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga þessara í umboði félagsmálaráðherra. Jafnframt annast Vinnumálastofnun önnur þau verkefni sem henni eru falin með sérlögum.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni gagnvart ráðherra. Hann skal annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar og leggja hana fyrir stjórn hennar til samþykkis eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs.

Vinnumálastofnun skal reka þjónustustöðvar á ákveðnum svæðum á landinu. Félagsmálaráðherra ákveður hvar þær skulu staðsettar að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, falið stofnuninni önnur verkefni en kveðið er á um í lögum þessum.

5. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar.

Félagsmálaráðherra skipar sex manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar sjóðsins og hinn varaformaður. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Stjórninni er meðal annars ætlað að fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem forstjóri leggur fyrir eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Enn fremur skal hún árlega leggja fram tillögur til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og umsýslu Vinnumálastofnunar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn stofnunarinnar skal jafnframt annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félagsmálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin, sbr. 6. gr., um atvinnuástandið á hverju svæði.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í stjórninni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af stjórnarsetu.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

6. gr.

Vinnumarkaðsráð.

Félagsmálaráðherra skipar sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Í hvert vinnumarkaðsráð skulu tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum launafólks á svæðinu og tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum atvinnurekenda. Jafnframt skal einn ráðsmanna tilnefndur af menntamálaráðherra, einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og einn tilnefndur af sveitarfélögunum á svæðinu. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann vinnumarkaðsráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Náist ekki samkomulag um tilnefningu skv. 1. mgr. úrskurðar félagsmálaráðherra um hver

skuli tilnefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka.

Félagsmálaráðherra ákveður staðsetningu vinnumarkaðsráða að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar Vinnumálastofnunar.

Vinnumarkaðsráð á hverju svæði skal skila skýrslu til stjórnar Vinnumálastofnunar um stöðu atvinnumála á svæðinu í nóvember ár hvert ásamt tillögum um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur skulu vinnumarkaðsráðin vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum á svæðinu.

Félagsmálaráðherra getur falið vinnumarkaðsráðum önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar.

7. gr.

Umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 70 ára er heimilt að sækja um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skulu fylgja nauðsynleg gögn að mati Vinnumálastofnunar, svo sem vottorð sérfræðilæknis þegar um skerta vinnufærni er að ræða. Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær rökstuddar fullnægjandi gögnum. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum felur í sér skráningu hjá vinnumiðlun Vinnumálastofnunar og beiðni um aðstoð ráðgjafa stofnunarinnar við atvinnuleit.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

8. gr.

Tilkynning um að atvinnuleit sé hætt.

Sá sem hefur sótt um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og notið þjónustu Vinnumálastofnunar í atvinnuleit samkvæmt lögum þessum skal tilkynna til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Tilkynningin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og skal taka fram ástæðu þess að atvinnuleit var hætt.

9. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Um málsmeðferð fer skv. 12. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

III. KAFLI
Vinnumarkaðsaðgerðir.

10. gr.

Vinnumiðlun.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu enda er landið eitt atvinnusvæði. Þar skal meðal annars koma fram í hverju starfið er fólgið, hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda og annað er máli skiptir. Vinnumálastofnun annast enn fremur vinnumiðlun á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Vinnumálastofnun skal aðstoða alla á aldrinum 16 til 70 ára sem hafa heimild til að ráða sig til starfa hér á landi án takmarkana við atvinnuleit. Stofnunin skal miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi. Þegar talið er að atvinnuleitandi uppfylli skilyrði starfslýsingar á lausu starfi skal Vinnumálastofnun veita aðstoð við að koma á sambandi milli atvinnuleitanda og þess atvinnurekanda sem óskar eftir starfsmanni.

Vinnumálastofnun skal jafnframt aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks.

11. gr.

Mat á vinnufærni atvinnuleitanda.

Þegar atvinnuleitandi sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum fer fram mat á vinnufærni hans hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal leggja fram allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum. Með samkomulagi við atvinnuleitandann er síðan gerð áætlun um atvinnuleit hans og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum á grundvelli matsins. Jafnframt skal leiðbeina atvinnuleitanda um aðra þjónustu verði talin þörf á að hann leiti sér aðstoðar í öðrum opinberum þjónustukerfum áður eða samhliða þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt lögum þessum.

Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitanda. Enn fremur skal miða við atvinnuhorfur í landinu á hverjum tíma. Þegar atvinnuleitandi er yngri en 18 ára skal hafa hliðsjón af ákvæðum barnaverndarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við gerð áætlunar um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum.

Heimilt er að binda þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum við það skilyrði að hann leiti sér fyrst eða samhliða aðstoðar annarra þjónustuaðila.

12. gr.

Skipulag vinnumarkaðsúrræða.

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða sem skiptast í eftirfarandi flokka:

a. einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni,
b. starfsúrræði, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning,
c. ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku og reynsluráðningu,
d. námsúrræði,
e. atvinnutengd endurhæfing, og
f. atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa.

Vinnumálastofnun er heimilt að gera þjónustusamninga um þátttöku atvinnuleitenda í einstökum vinnumarkaðsúrræðum sem aðrir þjónustuaðilar annast framkvæmd á.

Félagsmálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag vinnumarkaðsúrræða að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, svo sem hvers konar námskeið skulu haldin og hvaða nám teljist til vinnumarkaðsaðgerða.

13. gr.

Þátttaka atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum.

Atvinnuleitandi skal fylgja eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum skv. 11. gr. og gera það sem í hans valdi stendur til að bæta vinnufærni sína

til þess að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þar á meðal skal atvinnuleitandi ávallt mæta í viðtöl til ráðgjafa Vinnumálastofnunar skv. 14. gr. og taka þátt í þeim vinnumarkaðsúrræðum er standa honum til boða. Atvinnuleitandi skal jafnframt tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti án ástæðulausrar tafar.

14. gr.

Eftirlit með þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu hafa eftirlit með því að atvinnuleitendur fylgi eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum skv. 11. gr. Skulu þeir boða atvinnuleitendur reglulega í viðtöl eftir þörfum hvers og eins atvinnuleitanda. Skal þá fara yfir áætlun um atvinnuleit og þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsúrræðum og hún endurskoðuð eftir þörfum hverju sinni. Geta þeir óskað eftir gögnum frá atvinnuleitanda er færir sönnur á atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum þegar þörf krefur.

Heildarendurskoðun á aðstæðum atvinnuleitanda skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að hann sótti fyrst um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og hann er enn án atvinnu.

Vinnumálastofnun er heimilt að synja atvinnuleitanda um þjónustu samkvæmt lögum þessum þegar hann fylgir ekki eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal ítrekað hafnar þátttöku í einstökum vinnumarkaðúrræðum, sinnir því ekki að leita sér aðstoðar hjá öðrum þjónustuaðilum, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða lætur hjá líða að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar um vinnufærni sína eða þær breytingar er kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti.

15. gr.

Samstarf við aðra þjónustuaðila.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu leita eftir samstarfi við aðra þjónustuaðila í samráði við atvinnuleitanda þegar atvinnuleitandi þarf á þjónustu annarra fagaðila að halda til að ná árangri við að bæta vinnufærni sína í því skyni að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Enn fremur skulu ráðgjafar Vinnumálastofnunar starfa náið með öðrum þjónustuaðilum þegar atvinnuleitandi nýtur þjónustu þeirra eða aðrir þjónustuaðilar leita eftir liðsinni þeirra.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu tilkynna um tilvik þar sem atvinnuleitendur fylgja ekki eftir áætlun þeirra um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum til hlutaðeigandi þjónustuaðila þegar um slíkt hefur verið samið á grundvelli þjónustusamninga.

16. gr.

Þjónusta án endurgjalds.

Þjónusta Vinnumálastofnunar skal vera atvinnuleitendum og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

IV. KAFLI

Könnun á aðstæðum á vinnumarkaði.

17. gr.

Öflun upplýsinga um atvinnuástandið í landinu.

Vinnumálastofnun skal reglulega afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Jafnframt skal hún fylgjast með samsetningu vinnuaflsins í landinu.

18. gr.

Miðlun upplýsinga um atvinnuástand í landinu.

Vinnumálastofnun skal gefa út skýrslu í byrjun hvers árs um stöðu mála á innlendum vinnumarkaði þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um atvinnuleysi, atvinnuhorfur og mannaflaþörf innan tiltekinna starfsgreina og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Einkareknar vinnumiðlanir.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Mál vegna brota skv. 1. mgr. skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

20. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, um nánari framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði nefnd árið 2004 sem ætlað var að endurskoða efni laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmiðið með endurskoðuninni var að stuðla að bættu öryggi fólks í atvinnuleysi sem og gæðum vinnumarkaðsaðgerða ásamt því að auka skilvirkni innan kerfisins almennt. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 2005 og er frumvarpið í meginatriðum byggt á tillögum hennar. Jafnframt var höfð hliðsjón af skýrslu starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi frá febrúar 2005 og skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, um *Fjölgun öryrkja á Íslandi, orsakir og afleiðingar.* Meginmarkmið með frumvarpi þessu er að stuðla að því að sem flestir fái tækifæri til að vera virkir á vinnumarkaði sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta.

Frumvarp þetta felur í sér breytt skipulag á vinnumarkaðsaðgerðum þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að þær vinnumarkaðsaðgerðir sem í boði eru takmarkist við einstök greiðslukerfi en miði í staðinn við þarfir einstaklinganna sem þurfa á þeim að halda. Það að ráðgjafi geti beint einstaklingi í þau úrræði sem talin eru henta einstaklingnum best óháð því hvaðan framfærsla hans kemur hlýtur jafnframt að auka líkurnar á betri og markvissari árangri vinnumarkaðsaðgerða. Markmiðið er að ein stofnun, Vinnumálastofnun, annist framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem fela í sér vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitenda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni þeirra sem eru í atvinnuleit. Þannig má gera ráð fyrir að betri yfirsýn fáist yfir þau úrræði sem í boði eru en gagnrýnt hefur verið að starfsendurhæfing sé of dreifð hér á landi og á hendi margra aðila. Samhliða betri yfirsýn yfir úrræðin má vænta þess að auðveldara verði að grípa inn í þegar í ljós kemur að einstök úr-

ræði henta illa fyrir einstaklinginn í því skyni að bjóða honum aðra þjónustu sem er vænlegri til árangurs að teknu tilliti til fyrri reynslu. Þá mun starfshæfing vera samfelld enda þótt einstaklingurinn fari milli greiðslukerfa.

Áhersla er lögð á getu einstaklingsins þannig að litið verði á alla þá sem leita til Vinnumálastofnunar sem virka atvinnuleitendur. Þannig geta allir sem eru í atvinnuleit og þurfa á aðstoð að halda til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði óskað eftir þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum á vegum stofnunarinnar. Þegar atvinnuleitandi þarf á aðstoð að halda er mikilvægt að valið sé vinnumarkaðsúrræði sem er til þess fallið að skila einstaklingnum árangri. Lagt er því til að fyrir hendi verði mismunandi tegundir vinnumarkaðsúrræða sem geti falið í sér mjög afmarkaða þjónustu eða mjög öfluga og víðtæka aðstoð. Það fellur í hlut ráðgjafa Vinnumálastofnunar að meta hvaða úrræði henta hverjum og einum í samráði við þá sem í hluta eiga en áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu. Framboð úrræða miðar síðan við samsetningu hópsins sem óskar eftir þjónustu stofnunarinnar sem og atvinnuhorfur á innlendum vinnumarkaði.

Virkar aðgerðir geta leitt til þess að sem flestir fái þjónustu við hæfi og þá einnig inn í öðrum kerfum samfélagsins. Samvinna milli fagaðila er starfa innan ólíkra kerfa er mjög mikilvæg svo að árangur megi nást. Gert er ráð fyrir að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiðbeini atvinnuleitendum um aðra þjónustu í þeim tilvikum þegar talin er þörf á að þeir leiti sér aðstoðar í öðrum opinberum þjónustukerfum áður eða samhliða þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt frumvarpi þessu. Þykir jafnframt skynsamlegt að unnt sé að binda þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum því skilyrði að atvinnuleitandi leiti sér jafnframt þjónustu annarra fagaðila. Á sama hátt er mikilvægt að aðrir þjónustuaðilar leiti liðsinnis þessa kerfis en oft getur verið mikilvægt að atvinnutengd endurhæfing hefjist áður en læknisfræðilegri eða almennri endurhæfingu er að fullu lokið. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að náin samvinna takist milli Vinnumálastofnunar og þeirra sem annast annars konar endurhæfingu svo að árangur náist við að aðstoða einstaklinginn að verða virkur á vinnumarkaði.

Þá er undirstrikað mikilvægi þess að atvinnuleitandi fylgi þeirri ráðgjöf sem hann fær frá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar til að árangur megi nást af vinnumarkaðsaðgerðum. Er því jafnframt kveðið á um skyldu atvinnuleitanda að fylgja eftir þeirri áætlun sem hann gerir með ráðgjafa stofnunarinnar um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum. Í því felst meðal annars að atvinnuleitandi mæti í viðtöl til ráðgjafa stofnunarinnar en gert er ráð fyrir að allir þeir sem leita til stofnunarinnar eigi regluleg samskipti við ráðgjafa hennar eftir því sem talið er nauðsynlegt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarp þetta fjallar um vinnumarkaðsaðgerðir sem fela í sér vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitenda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni þeirra sem eru í atvinnuleit. Talið er mikilvægt að þessi þjónusta sé á hendi einnar stofnunar enda er það til þess fallið að auka yfirsýn yfir þau úrræði sem í boði eru hverju sinni. Enn fremur er mikilvægt að sú stofnun er annast skipulag vinnumarkaðsaðgerða sé jafnframt í nánum tengslum við atvinnulífið til að geta betur áttað sig á hvers konar starfshæfingu atvinnuleitenda það kallar eftir á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að fyrir hendi verði nokkrar tegundir vinnumarkaðsúrræða og metið verði hvaða aðgerðir henti hverjum og einum. Þá liggur fyrir að atvinnuleitendur þurfa oft ekki á vinnumarkaðsaðgerðum að halda þegar störf við hæfi eru í boði.

Um 2. gr.

Meginmarkmið vinnumarkaðsaðgerða er að veita fólki sem af einhverjum ástæðum hefur helst úr lestinni á vinnumarkaði tækifæri til þess að taka aftur virkan þátt. Enn fremur er áhersla lögð á að ná til þeirra sem hafa ekki áður náð að fóta sig á vinnumarkaði. Ekki er því gert ráð fyrir að þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum verði bundin því skilyrði að hlutaðeigandi eigi rétt á greiðslum úr einstökum greiðslukerfum. Enn fremur er mikilvægt að litið sé á alla þá sem leita til Vinnumálastofnunar sem virka atvinnuleitendur og finna árangursríkar leiðir til að sem flestir verði virkir á vinnumarkaði. Þá er það einnig mikilvægt markmið virkra vinnumarkaðsaðgerða að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli og sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki í samræmi við þarfir þess á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að félagmálaráðherra fari með yfirstjórn vinnumarkaðsaðgerða. Ráðherra fer því með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með þeim stofnunum og stjórnum sem fjalla um málaflokkinn og ber ábyrgð gagnvart Alþingi á að framkvæmd málaflokksins verði í samræmi við lög er um hann gilda. Lagt er til að Vinnumálastofnun annist framkvæmd frumvarps þessa en stofnunin starfar á ábyrgð ráðherra. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi stofnuninni sérstaka stjórn, sbr. 5. gr. frumvarpsins, þar sem í eiga sæti meðal annars fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist áfram framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem fela í sér vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitenda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda. Samkvæmt 14. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir er svæðisvinnumiðlunum skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi. Þrátt fyrir það hefur framkvæmdin verið sú að þær vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa verið skipulagðar hafa einskorðast við úrræði í tengslum við atvinnuleysistryggingakerfið. Í frumvarpi þessu er hins vegar lögð áhersla á að Vinnumálastofnun annist skipulag vinnumarkaðsaðgerða án tillits til þess hvaðan framfærsla atvinnuleitenda kemur. Er jafnframt miðað við að þeir sem eru á uppsagnarfresti í starfi geti leitað eftir þjónustu stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að aðgerðirnar taki mið af hæfni og styrkleika atvinnuleitenda sem þurfa á aðstoð að halda til að komast út á vinnumarkaðinn eða halda áfram þátttöku sinni þar. Er miðað við að þátttaka þeirra verði ekki bundin því skilyrði að hlutaðeigandi eigi rétt á greiðslum úr tilteknum greiðslukerfum. Þannig er leitast við að vinnumarkaðsaðgerðir miðist við þarfir fólksins en takmarkist ekki við einstök greiðslukerfi. Þetta fyrirkomulag kallar á breytta samsetningu faglegrar þekkingar starfsfólks stofnunarinnar en náin tengsl við vinnumarkaðinn eru talin eitt lykilatriða að góðum árangri í starfshæfingu.

Enn fremur er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun annist meðal annars framkvæmd atvinnuleysistrygginga, útgáfu atvinnuleyfa til útlendinga, framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof og laga um starfsmannaleigur samkvæmt sérlögum er um þessi atriði gilda. Auk þess er gert ráð fyrir að stofnunin haldi áfram að sjá um söfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga um stöðu og horfur á vinnumarkaði sem og framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar vinnumarkaðinn, svo sem rekstur EURES-vinnumiðlunar. Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði heimilt með reglugerð að fela stofnuninni önnur verkefni en felast í lögum þessum.

Lagt er til að Vinnumálastofnun lúti áfram sérstakri stjórn, sbr. 5. gr. frumvarpsins, en

félagsmálaráðherra skipar jafnframt forstjóra stofnunarinnar. Forstjórinn ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðherra, sbr. meðal annars 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lagt er til að hann annist gerð starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar sem lögð er fyrir stjórn stofnunarinnar til samþykkis eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Enn fremur er miðað við að forstjóri beri ábyrgð á framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunarinnar og fjármálum stofnunarinnar sem og rekstri hennar almennt gagnvart ráðherra. Þá ber forstjóri ábyrgð á ráðningu starfsfólks hennar, þar með talið á ráðningu starfsfólks þjónustustöðva hennar sem dreifðar eru um landið. Mikilvægt er að stofnunin hafi þjónustustöðvar á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að veita öllum sem til hennar leita góða þjónustu óháð búsetu. Ekki síður skiptir máli að þekking á staðháttum sé fyrir hendi innan stofnunarinnar. Á það einkum við í ljósi þess að aðstæður á vinnumarkaði geta verið misjafnar eftir landshlutum enda þótt landið sé eitt atvinnusvæði. Miðað er við að staðarval þjónustustöðva ráðist af því að sem flestir íbúar þess eigi greiðan aðgang að þjónustunni en miðað er við að þær verði áfram átta talsins. Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um fækkun eða fjölgun þjónustustöðva að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar Vinnumálastofnunar.

Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um þagnarskyldu starfsmanna Vinnumálastofnunar á sama hátt og gert er í 5. gr. frumvarpsins að því er varðar stjórnarmennina þar sem 18. gr. laga nr. 70/1996, réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fjallar um þagnarskyldu þeirra. Gert er ráð fyrir að rekstur Vinnumálastofnunar er varðar framkvæmd frumvarps þessa greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Þó er gert ráð fyrir að einstök greiðslukerfi kunni að koma að fjármögnun vinnumarkaðsúrræða vegna þátttöku skjólstæðinga þeirra samkvæmt þjónustusamningum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði áfram skipuð stjórn er starfar í umboði félagsmálaráðherra. Lagt er til að stjórnin sé skipuð með sambærilegum hætti og áður en þó er miðað við að fulltrúum í stjórninni verði fækkað um tvo frá því sem nú er þannig að í stjórn sitji sex fulltrúar í stað átta áður. Áhersla er lögð á að þríhliða samstarfi samtaka aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda verði viðhaldið. Er því lagt til að einn stjórnarmaður verði tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi tvo stjórnarmenn án tilnefningar og verður annar þeirra formaður stjórnar sjóðsins og hinn varaformaður.

Breyting á fjölda stjórnarmanna sem lögð er til í frumvarpi þessu hefur þau áhrif að Samtök atvinnulífsins fá einn fulltrúa í stað tveggja áður. Ástæðan fyrir því fyrirkomulagi er að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasambandið höfðu hvort sinn fulltrúann. Eftir að þau sameinuðust í Samtök atvinnulífsins hafa samtökin síðan tilnefnt tvo fulltrúa. Þykir ástæða til að breyta þessu þannig að tveir fulltrúar komi frá samtökum launafólks og jafnmargir frá atvinnurekendum. Er gert ráð fyrir að aðilar á opinberum vinnumarkaði sameinist um fulltrúa þannig að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna sameinist um einn fulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti sameinist um einn fulltrúa. Þá þykir ekki ástæða til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunar en gert er ráð fyrir því að þessar stjórnir vinni mikið saman.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um hlutverk stjórnar Vinnumálastofnunar. Gert er áfram ráð fyrir að stjórnin hafi eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Það breytir þó ekki því að

félagsmálaráðherra fer áfram með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með starfsemi stofnunarinnar. Stjórnin skal enn fremur fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem forstjóri hennar leggur fyrir eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Gert er ráð fyrir að stjórnin annist faglega stefnumótun í umboði ráðherra en stjórnin mun gera ráðherra árlega grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu. Skal skýrslan jafnframt hafa að geyma tillögur að stefnu í vinnumarkaðsmálum. Gerir stjórnin tillögur til ráðherra um fjármagn til reksturs stofnunarinnar og til vinnumarkaðsaðgerða. Mun stjórnin meðal annars byggja tillögur sínar á upplýsingum og greiningu svæðisbundinna vinnumarkaðsráða sem starfa með einstökum starfsstöðvum Vinnumálastofnunar. Ráðin eru stofnuninni og stjórninni til ráðgjafar um vinnumarkaðsmálefni á hverju svæði en nánar er fjallað um hlutverk þeirra í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar geri tillögur til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og til greiðslu fyrir umsýslu Vinnumálastofnunar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi.

Á sama hátt og áður er gert ráð fyrir að forstjóri Vinnumálastofnunar sitji fundi stjórnar stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 5. mgr. 5. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Ekki þykir ástæða til að taka fram hversu oft stjórninni er ætlað að hittast. Það hlýtur að koma í hlut formanns stjórnarinnar að ákveða fundi hennar eftir umfangi verkefna hverju sinni en ákvæði VIII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslunefndir gilda almennt um störf stjórnarinnar. Þá þykir eðlilegt að kveðið sé á um þagnarskyldu stjórnarmanna vegna persónuupplýsinga sem þeir kunna að komast að í starfi sínu í stjórninni og leynt eiga að fara.

Um 6. gr.

Vinnumarkaðsráðunum er ætlað að koma í stað svæðisráða samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Gert er ráð fyrir að þau séu hluti af starfsemi Vinnumálastofnunar og starfi með og fái þjónustu starfsstöðva hennar. Lagt er til að félagsmálaráðherra ákveði staðsetningu vinnumarkaðsráðanna að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar Vinnumálastofnunar en miðað er við að þau verði átta talsins. Lagt er til að vinnumarkaðsráðin verði skipuð sjö fulltrúum í stað níu áður þannig að samtök launafólks og samtök atvinnurekenda tilnefni hvor tvo fulltrúa og sveitarfélögin, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefni hver sinn fulltrúa. Talið er mikilvægt að menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eigi hvor sinn fulltrúa þar sem lögð er áhersla á að þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar eigi náið samstarf við heilsugæslu og fræðsluyfirvöld á svæðinu svo að unnt sé að tryggja sem besta þjónustu við þá sem þurfa á aðstoð að halda við að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Hlutverk vinnumarkaðsráðanna er að eiga frumkvæði að tillögum að vinnumarkaðsúrræðum og framkvæmd þeirra á viðkomandi svæði enda er þeim ætlað að vera Vinnumálastofnun og stjórn hennar til ráðgjafar um vinnumarkaðsmálefni á hverju svæði. Enn fremur er gert ráð fyrir að þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar hafi náið samráð við ráðin við ákvörðun á framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu í samræmi við stefnumótun stjórnar Vinnumálastofnunar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum. Ráðunum er því ætlað meira hlutverk í framkvæmdinni en verið hefur. Sem dæmi má nefna er gert ráð fyrir að ráðin gefi stjórn stofnunarinnar árlega skýrslu um atvinnumál á svæðinu, þar á meðal um atvinnuástandið og mat á árangri vinnumarkaðsaðgerða, en þeim er ætlað að fylgjast með framvindu atvinnumála á viðkomandi svæði. Skýrslan skal meðal annars innihalda tillögur hvers ráðs um vinnumarkaðsaðgerðir á svæðinu. Er gert ráð fyrir að ráðin hafi síðan reglulegt samráð

við stjórn stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti falið vinnumarkaðsráðunum önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið frumvarps þessa að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um umsókn atvinnuleitenda um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Gert er ráð fyrir að sérstök eyðublöð verði fyrir hendi til að greiða fyrir framkvæmd laganna. Vel kann að vera að atvinnuleitendur hafi fyllt út sambærileg eyðublöð innan annarra þjónustukerfa, svo sem umsókn um atvinnuleysistryggingar, og ber þá að taka tillit til þeirra til að komast hjá því að umsækjendur þurfi að tvítaka sömu upplýsingarnar. Mikilvægt er að nauðsynleg gögn fylgi umsóknum atvinnuleitenda. Aðstæður fólks eru misjafnar og því ekki unnt að hafa tæmandi upptalningu gagna í frumvarpinu. Um er að ræða gögn sem eru til þess fallin að veita upplýsingar um vinnufærni atvinnuleitanda og geta því verið nauðsynleg til að auka líkur á því að atvinnuleitandi verði virkur á vinnumarkaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að leita upplýsinga frá öðrum aðilum þegar ástæða þykir til að mati stofnunarinnar. Á það einkum við þegar fyrir liggur að atvinnuleitandi hefur leitað sér aðstoðar hjá fleiri aðilum en mikilvægt er að aðilar vinni saman að því að auka færni atvinnuleitanda.

Gert er ráð fyrir að umsóknir atvinnuleitenda sem eru yngri en 18 ára að aldri hljóti samþykki foreldris eða forráðamanns sem er nýmæli. Slíkt samþykki leiðir af inntaki lögræðislaga, nr. 71/1997, og barnalaga, nr. 76/2003, en börn verða ekki lögráða fyrr en við 18 ára aldur. Þykir eðlilegt að það sé skilyrði að samþykki foreldris eða forráðamanns liggi fyrir um að umsækjandi ráði sig til allra almennra starfa sem lög heimila að hann sinni. Enn fremur er miðað við að ráðgjöf Vinnumálastofnunar taki mið af ákvæðum barnaverndarlaga, nr. 80/2002, og laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, við skipulag á ráðgjöf fyrir ungmenni á aldrinum 16–17 ára og hvaða störf er unnt að bjóða þeim aldurshópi enda gilda sérreglur um þennan aldurshóp að þessu leyti.

Um 8. gr.

Lagt er til að sá sem hefur sótt um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og notið þjónustu Vinnumálastofnunar í atvinnuleit tilkynni til stofnunarinnar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Þetta er talið mikilvægt til að fylgjast með stöðu mála á vinnumarkaði og eins til að hafa yfirlit yfir stöðu þeirra sem óska eftir að njóta þjónustu stofnunarinnar við skipulag á vinnumarkaðsaðgerðum.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnvaldsákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli frumvarpsins verði kæranlegar til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Með því skipulagi er rofin kæruheimild stjórnsýslulaga til ráðherra. Þrátt fyrir slíkt fyrirkomulag er gert ráð fyrir að ráðherra fari eftir sem áður með aðrar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim er fara með framkvæmd laganna.

Ekki þótti ástæða til að setja á laggirnar nýja úrskurðarnefnd enda má gera ráð fyrir að eðli mála sem upp kunna að koma á grundvelli frumvarps þessa geri sambærilegar kröfur um hæfni nefndarmanna og gert er vegna mála er varðar rétt atvinnuleitanda innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Gert er ráð fyrir að 10. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, sem og ákvæði stjórnsýslulaga, komi til með að gilda um meðferð mála er kunna að berast nefndinni á grundvelli frumvarps þessa.

Um 10. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun hafi umsjón með vinnumiðlun fyrir landið allt enda er landið eitt atvinnusvæði. Litið er á vinnumiðlun sem hluta vinnumarkaðsaðgerða en ákvæði þetta er efnislega samhljóða c-lið 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin annist framkvæmd á EURES, vinnumiðlun á Evrópska efnahagssvæðinu, hér á landi eins og verið hefur á grundvelli samningsskuldbindinga íslenskra stjórnvalda samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 11. gr.

Mikilvægt er að líta á alla þá sem leita til Vinnumálastofnunar sem virka atvinnuleitendur. Lagt er til að vinnufærni atvinnuleitanda verði metin sem fyrst eftir að hann sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Áhersla er lögð á að þegar í upphafi verði metið hvers konar aðstoð hver og einn þarf á að halda svo að unnt sé að hefjast handa við að aðstoða þá í atvinnuleit sinni með virkum hætti. Þýðingarmikið er að atvinnuleitandi leggi fram allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans og þegar hann hefur notið aðstoðar innan annarra kerfa, sem jafnvel vísa honum til Vinnumálastofnunar, er nauðsynlegt að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiti eftir nánu samstarfi við þá aðila er hafa áður veitt honum liðsinni. Þegar færni og staða einstaklingsins að öðru leyti hefur verið metin skal í samráði við atvinnuleitandann gera áætlun um atvinnuleitina og þátttöku hans í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum. Það skiptir máli að atvinnuleitandinn sé hafður með í ráðum enda áhersla lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu. Má þá jafnframt ætla að árangur vinnumarkaðsaðgerða kunni að verða betri en ella. Ekki síður er mikilvægt að líta einnig til þess hverjar eru atvinnuhorfur í landinu á hverjum tíma en nauðsynlegt er að miða skipulag vinnumarkaðsúrræða við raunveruleg tækifæri einstaklinganna til að fá störf við hæfi á innlendum vinnumarkaði. Þá kunna að koma upp tilvik þar sem eiginleg atvinnuleit hefst ekki fyrr en að lokinni atvinnutengdri endurhæfingu eða jafnvel eftir að atvinnuleitandi hefur leitað sér aðstoðar innan annarra opinberra þjónustukerfa. Í síðarnefnda tilvikinu er mikilvægt að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiðbeini atvinnuleitanda áfram til viðeigandi þjónustustofnana innan heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Lögð er áhersla á að gott samstarf og samráð verði viðhaft við aðrar þjónustustofnanir innan framangreindra kerfa svo allir sem koma að málum geti unnið saman við að aðstoða atvinnuleitandann við að verða virkur á vinnumarkaði. Þykir ástæða vera til að veita Vinnumálastofnun heimildir til að binda þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum skilyrðum um að hann leiti sér fyrst eða samhliða aðstoðar annarra þjónustuaðila enda til dæmi þess að einstaklingur teljist ekki vera vinnufær fyrr en hann hefur ráðið bót á öðrum vandamálum sem hann kann að glíma við á sama tíma.

Þegar atvinnuleitandi er á aldrinum 16–17 ára er mikilvægt að haft sé jafnframt samráð við foreldra eða forráðamenn enda gert að skilyrði að þeir samþykki umsóknina um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Við skipulag atvinnuleitar og þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum þarf enn fremur að líta til ákvæða barnaverndarlaga sem og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Um 12. gr.

Vinnumálastofnun er ætlað að annast skipulag vinnumarkaðsúrræða sem eru hluti vinnumarkaðsaðgerða. Sú breyting er lögð til að vinnumarkaðsúrræðin miðist ekki eingöngu að þörfum þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysistryggingum heldur verði þau slitin úr beinum tengslum við einstök greiðslukerfi. Þannig geta allir þeir sem eru í atvinnuleit og þurfa á

aðstoð að halda til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði óskað eftir þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum á vegum Vinnumálastofnunar. Með þessu fyrirkomulagi er stefnt að því að gera kerfið í senn skilvirkara og einfaldara svo að unnt sé að beina atvinnuleitendum í þau úrræði sem talin eru henta hverjum og einum best.

Þegar atvinnuleitandi þarf á aðstoð að halda er mikilvægt að fyrir valinu verði vinnumarkaðsúrræði við hæfi sem er til þess fallið að skila einstaklingnum árangri við að finna sér starf. Lagt er til að fyrir hendi verði nokkrar tegundir vinnumarkaðsúrræða þannig að sum þeirra feli í sér mjög takmarkaða þjónustu en önnur mjög öfluga aðstoð. Það fellur því í hlut ráðgjafa Vinnumálastofnunar að meta hvaða úrræði hentar hverjum og einum og miða framboð úrræða við samsetningu hópsins sem óskar eftir þjónustu stofnunarinnar sem og við atvinnuhorfur á vinnumarkaði.

Gert er ráð fyrir sex tegundum vinnumarkaðsúrræða. Vinnumálastofnun skipuleggur þau og annast framkvæmd þeirra en jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin geti gert þjónustusamninga um þátttöku atvinnuleitenda í einstökum úrræðum sem aðrir aðilar bjóða upp á, svo sem sveitarfélög og einkaaðilar. Þarna er um að ræða einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu sem og námskeið til að bæta tiltekna færni en tölvu- og bókhaldsnámskeið hafa til dæmis þótt vinsæl úrræði til að auka færni við almenn skrifstofustörf. Starfsúrræði sem fela í sér starfskynningu, starfsþjálfun eða reynsluráðningu hafa þótt skila góðum árangri en þau byggjast á góðu samstarfi við atvinnulífið. Jafnframt kann að vera mikilvægt að skipulögð ráðgjöf fari fram samhliða námskeiðsþátttöku eða starfsúrræðum. Hún getur falist í reglulegum viðtölum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eða einstaka verkefni þar sem eftirfylgnin er mikil á vegum þess er annast námskeiðið. Námsúrræði hafa þótt mjög mikilvægt vinnumarkaðsúrræði en það þarf að meta það hverju sinni hvers konar námsframboð nýtist atvinnuleitendum beint í atvinnuleit. Þar kemur helst til greina starfstengt nám en ekki er hér átt við hefðbundið framhaldsskólanám eða nám á háskólastigi.

Mikilvægt er að í boði séu úrræði sem fela í sér atvinnutengda endurhæfingu þar sem aðalmarkmið endurhæfingar er að atvinnuleitandi verði virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Lagt er til að orðin „atvinnutengd endurhæfing“ verði notuð í stað starfsendurhæfingar sem er víðtækara hugtak og getur falið jafnframt í sér læknisfræðilega endurhæfingu og almenna endurhæfingu sem þarf ekki að miða að því að fólk verði aftur virkt á vinnumarkaði eftir til dæmis slys eða alvarleg veikindi. Í sumum tilvikum þykir slíkt ekki raunhæft heldur er verið að þjálfa fólk til daglegra athafna, svo sem heimilisstarfa og iðkunar tómstunda. Fólk sem hefur helst úr lestinni á vinnumarkaði eða hefur ekki náð að staðfesta sig þar af ýmsum ástæðum þarf oft á atvinnutengdri endurhæfingu að halda sem felur í sér öfluga aðstoð og stuðning við að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Í sumum tilvikum hefur fólkið notið læknisfræðilegrar endurhæfingar og almennrar endurhæfingar eftir atvikum áður en það getur hafið þátttöku í atvinnutengdri endurhæfingu. Þykir jafnframt oft mikilvægt að fólk hefji atvinnutengda endurhæfingu áður en annarri endurhæfingu er að fullu lokið og kann því að vera mikilvægt að náin samvinna takist milli Vinnumálastofnunar og þeirra er annast annars konar endurhæfingu. Aðrir kunna að hafa hætt þátttöku á vinnumarkaði af öðrum ástæðum, svo sem vegna umönnunar barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima, og vilja taka þráðinn upp að nýju sem getur reynst mörgum erfitt. Þá er gert ráð fyrir að í boði verði atvinnutengd endurhæfing fyrir einstaka hópa fólks en þar undir falla úrræði eins og atvinna með stuðningi og verndaðir vinnustaðir.

Mikilvægt er talið að einstökum úrræðum innan kerfisins verði nánar lýst í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar. Það getur skipt

töluverðu máli að stjórnsýslan eigi þess kost að vera sveigjanleg á þessu sviði í ljósi þess að aðstæður á vinnumarkaði geta breyst hratt og þar með áherslur í starfshæfingu. Er ekki um að ræða breytingu að þessu leyti, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Um 13. gr.

Frumvarpi þessu er ætlað að veita atvinnuleitendum sem þurfa á aðstoð að halda til að verða virkir á vinnumarkaði rétt til ákveðinnar þjónustu en lykilatriði til að árangur megi nást af vinnumarkaðsaðgerðum er að atvinnuleitandi fylgi eftir þeirri ráðgjöf sem hann fær frá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar. Í ljósi þess þykir ástæða til að kveða á um þá skyldu atvinnuleitanda að hann fylgi eftir þeirri áætlun sem hann gerir með ráðgjafa Vinnumálastofnunar um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum. Í því felst meðal annars að atvinnuleitandi mæti í viðtöl til ráðgjafa Vinnumálastofnunar en gert er ráð fyrir að allir þeir sem leita til stofnunarinnar eigi regluleg samskipti við ráðgjafa stofnunarinnar eftir því sem talið er nauðsynlegt. Á það enn fremur við um þá sem eru nokkuð sjálfbjarga í atvinnuleit sinni en það getur skipt sköpum að gripið sé inn í eins fljótt og þörf krefur dragist atvinnuleit á langinn. Þá er mikilvægt að atvinnuleitandi upplýsi um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti án ástæðulausrar tafar.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðgjafar Vinnumálastofnunar hafi ákveðið eftirlit með því að atvinnuleitendur fylgi eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum. Eftirlitið fer aðallega fram í reglulegum viðtölum sem ráðgjafar boða til eftir þörfum hvers og eins. Er þá meðal annars höfð hliðsjón af þátttöku atvinnuleitanda í einstökum vinnumarkaðsúrræðum en sum úrræðin fela í sér töluvert aðhald enda gert ráð fyrir jafnvel daglegri virkri þátttöku atvinnuleitandans eða í það minnsta daglegum samskiptum við hann. Með þessu er jafnframt auðveldara að grípa inn í þegar í ljós kemur síðar að einstök úrræði henta illa fyrir einstaklinginn með það að markmiði að bjóða honum aðra þjónustu sem þyki vænlegri til árangurs að teknu tilliti til fyrri reynslu.

Ljóst er að sumir þurfa á mjög öflugri aðstoð að halda þegar í upphafi á meðan aðrir kjósa að bíða átekta enda miklar líkur á að þeir fái vinnu án sérstakrar aðstoðar. Í síðara tilvikinu getur verið hæfilegt að gefa hlutaðeigandi tiltekinn tíma til að verða sér úti um vinnu. Sá sem leitar sér sjálfur að starfi með því að sækja um auglýst störf telst vera í virkri atvinnuleit en talið er mikilvægt að fólk hafi frumkvæði að starfsleit. Gera verður þó þá kröfu að atvinnuleitandi geti sýnt fram á að hann sé að sækja um störf eða hann leggi fram starfsleitaráætlun máli sínu til stuðnings. Beri það ekki árangur þykir eðlilegt að ráðgjafar Vinnumálastofnunar komi honum til aðstoðar þegar ástæða þykir til að mati þeirra. Þannig má gera ráð fyrir að smám saman aukist þrýstingurinn frá stofnuninni um að atvinnuleitandi taki þátt í úrræðum eða ráðgjöf. Ekki eru lögð til sérstök tímamörk á því hvenær einstaklingurinn geti átt rétt á því að taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum heldur gert ráð fyrir að það sé háð mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar sem unnið er í samráði við hvern og einn og eftir atvikum aðra þjónustuaðila. Á sama hátt eru ekki lögð til tímamörk á því í hversu langan tíma atvinnuleitandi kann að eiga rétt á aðstoð Vinnumálastofnunar á grundvelli frumvarps þessa en markmið þeirrar þjónustu er ávallt að atvinnuleitandi verði virkur á vinnumarkaði. Í ljósi þessa er lagt til að heildarendurskoðun á aðstæðum atvinnuleitanda fari fram eigi síðar en þremur árum eftir að hann sótti fyrst um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og hann er enn ekki virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Meginforsenda þess að atvinnuleitandi verði virkur á vinnumarkaði er að hann hafi vilja og getu til að taka þátt í þeim vinnumarkaðsúrræðum er standa honum til boða og ef til vill ekki hvað síst að hann sé reiðubúinn að taka þeim störfum sem í boði eru. Standi vilji atvinnuleitanda ekki til að gera það sem í hans valdi stendur til að auka líkurnar á að verða virkur á vinnumarkaði þykir ástæða vera til að veita Vinnumálastofnun heimildir til að synja honum um þá þjónustu sem stofnunin veitir á grundvelli frumvarps þessa enda þykir það ekki þjóna tilgangi þess. Það fellur í hlut starfsfólks Vinnumálastofnunar að meta aðstæður atvinnuleitanda en ekki er gert ráð fyrir að sérstökum viðurlögum verði beitt öðrum en þeim að verða af þjónustunni. Síðan er það jafnframt mat stofnunarinnar hvenær einstaklingur telst aftur vera atvinnuleitandi og eiga þá rétt á þjónustu hennar að nýju.

Um 15. gr.

Áhersla er lögð á samstarf við aðrar þjónustuaðila en líkur eru á að sumir atvinnuleitendur þurfi á þjónustu annarra aðila að halda samhliða atvinnutengdri endurhæfingu. Á sama hátt og mikilvægt er að aðrir þjónustuaðilar hvetji fólk til að leita sér aðstoðar innan þess kerfis sem lagt er til að verði komið á með frumvarpi þessu er þýðingarmikið að ráðgjafar Vinnumálastofnunar leiðbeini þeim jafnframt um að leita til annarra fagaðila. Mikilvægt er að fólki verði leiðbeint áfram til viðeigandi þjónustustofnana innan heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins og jafnframt að efnt sé til virks samráðs við aðra þá aðila sem eru að aðstoða einstaklinginn með einum eða öðrum hætti.

Síðar getur niðurstaða ráðgjafa Vinnumálastofnunar orðið sú að útséð er um að einstaklingurinn verði virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Er þá ekki síður mikilvægt að leiðbeina einstaklingnum til Tryggingastofnunar ríkisins þar sem hann getur óskað eftir örorkumati enda þá fullreynt að einstaklingurinn fari í störf hvort sem það er af líkamlegum, andlegum eða félagslegum ástæðum. Getur Tryggingastofnun þá leitað umsagnar til Vinnumálastofnunar um vinnufærni hlutaðeigandi og þau úrræði sem hafa verið reynd. Lögð er sérstök áhersla á samvinnu milli kerfa svo að þjónusta við einstaklinga geti verið samfelld og forðast megi endurtekningar sem bæði hafa í för með sér óþægindi fyrir einstaklinginn og óþarfa kostnað.

Þá er gert ráð fyrir að einstök greiðslukerfi sem ætlað er að tryggja framfærslu einstaklinga meðan á atvinnuleitinni og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum stendur yfir geti tengt kerfi sitt við árangur vinnumarkaðsaðgerða. Þannig getur ákveðinn hvati falist í því að tengja rétt atvinnuleitanda til fjárhagsaðstoðar úr einstökum greiðslukerfum við þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum í því skyni að tryggja virka þátttöku í úrræðunum. Með þeim hætti er leitast við að auka líkur á árangri vinnumarkaðsaðgerða. Engu síður er gert ráð fyrir að einstök greiðslukerfi ákveði viðeigandi viðurlög í tilvikum þegar einstaklingar sinna ekki vinnumarkaðsúrræðum en unnt er að óska eftir því að starfsfólk Vinnumálastofnunar tilkynni þegar atvinnuleitendur sinna ekki skyldum sínum innan kerfisins. Er þannig gert ráð fyrir að kerfi vinnumarkaðsaðgerða starfi náið með þeim greiðslukerfum sem eru fyrir hendi.

Um 16. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Gert er áfram ráð fyrir að Vinnumálastofnun haldi uppteknum hætti við að afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Er miðað við

að einstakar þjónustustöðvar stofnunarinnar sem og vinnumarkaðsráðin annist þessa upplýsingaöflun á einstökum svæðum.

Um 18. gr.

Lagt er til að Vinnumálastofnun gefi út skýrslu í byrjun hvers árs um stöðu mála á innlendum vinnumarkaði þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um atvinnuleysi, atvinnuhorfur og mannaflaþörf innan tiltekinna starfsgreina sem og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna. Er þetta gert til að tryggja að stjórnvöld hafi nauðsynlega yfirsýn yfir vinnumarkaðinn á hverjum tíma svo að auðveldara sé að bregðast tímanlega við breytingum. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að stofnunin gefi út aðrar skýrslur eða miðli upplýsingum í sambandi við einstök atriði sem varða aðstæður á vinnumarkaði.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga um vinnumarkaðsaðgerðir og þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmiðið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrt á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til.

Um 21. gr.

Lagt er til að frumvarp þetta taki gildi 1. júlí 2006 en um leið falli úr gildi lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Er gert ráð fyrir að frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi taki einnig gildi þennan dag.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er í meginatriðum byggt á niðurstöðum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2004 og var falið að endurskoða efni laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Markmiðið með endurskoðuninni var að stuðla að bættu öryggi fólks í atvinnuleysi og stuðla að því að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er lagt til að Vinnumálastofnun annist framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða. Með vinnumarkaðsaðgerðum er m.a. átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að með breyttu skipulagi verði lögð áhersla á að úrræði stofnunarinnar verði jafnt fyrir þá sem fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, almannatryggingum eða eru án slíkra greiðslna. Að óbreyttu er áfram gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagni vinnumarkaðsúrræði. Í kjölfar gildistöku laganna er áformað að endurskoða þjónustu

samninga og hvers kyns greiðslur úr ríkissjóði og einstökum sjóðum til starfsendurhæfingar til að ná fram markvissum árangri.

Félagsmálaráðuneyti gerir ráð fyrir 5 m.kr. tímabundnum kostnaði hjá Vinnumálastofnun á árinu 2006 við samhæfingu, einföldun og kerfisbreytingar auk annarra tímabundinna ráðstafana og verður honum mætt af fjárveitingum félagsmálaráðuneytis í fjárlögum 2006.

1195. Tillaga til þingsályktunar [789. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

Frá menntamálanefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem í sitji fulltrúar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra, sveitarfélaga, íþróttaforustunnar og íþróttafélaga úr öllum landshlutum, til að gera úttekt á kostnaði við ferðalög íþróttafélaga á viðurkennd mót. Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvort og þá hvernig skuli koma á sérstökum sjóði til að taka þátt í þeim kostnaði, hvernig fjármögnun hans skuli háttað og eftir hvaða reglum skuli úthlutað úr honum. Enn fremur geri nefndin tillögu um hvaða íþróttagreinar gætu fengið framlög úr sjóðnum, meðal annars með tilliti til einstakra landsvæða, aldurshópa og kynja.

Greinargerð.

Á þessu löggjafarþingi (og einnig á 126. og 130. þingi) var sambærileg þingsályktunartillaga flutt. Fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu er Hjálmar Árnason. Aðrir flutningsmenn eru Birkir J. Jónsson, Dagný Jónsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller og Magnús Stefánsson. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að Alþingi veiti árlega af fjárlögum fé í sérstakan ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að úthlutun fjármuna úr sjóðnum fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur. Við umfjöllun nefndarinnar um framangreinda tillögu var ákveðið að flytja nýja þingsályktunartillögu byggða á henni en þó með umtalsverðum breytingum.

Menntamálanefnd telur að æskilegt sé að skipuð verði nefnd og tekið sé fram að í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðherra og menntamálaráðherra, ásamt fulltrúum sveitarfélaga, íþróttaforustunnar og íþróttafélaga úr öllum landshlutum, þar á meðal íþróttafélaga á landsbyggðinni. Fyrir liggur að sá kostnaður sem til fellur við það að senda keppnislið á viðurkennd mót hefur verið þungbærastur fyrir íþróttafélög á landsbyggðinni og telur menntamálanefnd því rétt að fulltrúar þeirra eigi fulltrúa í nefndinni. Í öðru lagi leggur menntamálanefnd til að nefnd þeirri sem lagt er til að skipuð verði, verði falið að gera úttekt á umfangi þess kostnaðar sem íþróttafélög hafa fram til þessa þurft að mæta við að senda keppnislið sín á viðurkennd mót. Telur menntamálanefnd nauðsynlegt að slík úttekt fari fram áður en hafist er handa við tillögugerð um hvort stofna skuli slíkan sjóð og með hvaða hætti hann skuli fjármagnaður. Því leggur menntamálanefnd til að eftir að slík úttekt hefur farið fram setji nefndin fram tillögur, á grundvelli áðurnefndrar úttektar, um það hvort og þá hvernig koma skuli slíkum sjóði á, en jafnframt leggi nefndin fram tillögur um hvernig fjármögnun hans skuli háttað og eftir hvaða reglum skuli úthlutað úr honum. Í þessu sambandi telur menntamálanefnd rétt að taka fram að hún telur ekki augljóst að fjármögnun hans verði endilega tryggð með greiðslum úr ríkissjóði heldur kunni að vera ástæða til þess að aðrir

komi að fjármögnun hans, svo sem sveitarfélög, íþróttahreyfingin og eftir atvikum enn aðrir aðilar. Að lokum leggur menntamálanefnd til að nefndin skilgreini nánar hvaða íþróttagreinar gætu sótt um framlag úr sjóðnum, m.a. með tilliti til einstakra landsvæða, aldurshópa og kynja, verði hann á annað borð stofnaður.

1196. Frumvarp til laga [401. mál]

um Ríkisútvarpið hf.

(Eftir 2. umr., 24. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Eignaraðild.

Ríkisútvarpið hf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Sala félagsins eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess er óheimil.

2. gr.

Leyfi til útvarps.

Ríkisútvarpið hf. hefur leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem það fær til umráða eða sem því kann síðar að verða úthlutað.

II. KAFLI

Hlutverk og skyldur.

3. gr.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu.

Hlutverk Ríkisútvarpsins hf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru þjónustuefni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kýs.
3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni.
4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.
5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.
6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.

7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.
8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.
9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa.
10. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.
11. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.
12. Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins.

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að standa að annarri starfsemi en kveðið er á um í 3. gr. sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að miðla áður framleiddu efni í eigu félagsins, svo sem rituðu máli, hljómplötum, hljóðsnældum, geisladiskum, myndböndum og margmiðlunarefni.

Ríkisútvarpinu hf. er heimilt að sjá til þess að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar. Er félaginu enn fremur heimilt að hafa til útláns, sölu og dreifingar valið dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við aðra rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

5. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Halda skal fjárreiðum alls reksturs, sem ekki fellur undir útvarp í almannaþágu, aðskildum frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu skv. 3. gr. Er félaginu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr.

6. gr.

Efni á erlendu máli.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins hf., skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði er gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal, eftir því sem kostur er, látin fylgja endursögn eða kynning á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

III. KAFLI
Stjórnskipulag Ríkisútvarpsins hf.

7. gr.
Umboð menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu hf.

Um réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins hf. skal mælt nánar fyrir í samþykktum félagsins.

8. gr.
Stjórn Ríkisútvarpsins hf.

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta og þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Ríkisútvarpsins hf., fyrst og fremst skyldur þess til útvarps í almannaþágu. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins hf.

9. gr.
Starfssvið stjórnarinnar.

Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins hf. nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi félagsins:

a. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
b. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir til þarfa félagsins.
c. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
d. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
e. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Að öðru leyti en að framan greinir ákveðst starfssvið stjórnar í samþykktum félagsins, sbr. lög um hlutafélög, nr. 2/1995.

10. gr.
Útvarpsstjóri.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins hf. og skal uppfylla skilyrði 2. mgr. 8. gr. Hann er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar.

Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf.

Í samþykktum félagsins má skilgreina nánar starfssvið útvarpsstjóra.

IV. KAFLI
Tekjur Ríkisútvarpsins hf.

11. gr.
Tekjustofnar.

Tekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. eru sem hér segir:

1. Samkvæmt sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003. Gjaldskylda hvílir á þeim einstaklingum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og þeim lögaðilum sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga. Skal gjaldið nema 13.500 kr. ár hvert á hvern einstakling og lögaðila. Undanþegnir gjaldinu eru þeir einstaklingar sem ekki skulu sæta álagningu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraða eða skulu fá það gjald fellt niður skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða.
2. Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þess í útvarpi eða í öðrum miðlum.
3. Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Við álagningu, innheimtu, eftirlit og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, að frátöldu ákvæði 98. gr.

Hinn 15. febrúar og 15. maí ár hvert skal fjármálaráðuneytið greiða Ríkisútvarpinu hf. fyrir fram í hvort sinn fjárhæð sem svarar til áætlaðs fjórðungs heildartekna af gjaldi ársins samkvæmt þessari grein.

Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Lög um hlutafélög.

Að öðru leyti en fram kemur í lögum þessum gilda um Ríkisútvarpið hf. lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

13. gr.
Gildistaka laganna o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, frá og með 1. júlí 2006, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum: 12., 13., 14. og 16. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2008, og 15., 17. og 18. gr., sem falla úr gildi 1. janúar 2011. Heiti þeirra laga verður: **Lög um útvarpsgjald og innheimtu þess.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum greinanúmerum.

Þar sem í öðrum lögum er vísað til Ríkisútvarpsins er átt við Ríkisútvarpið hf.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.
Stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.

Með lögum þessum er stofnað hlutafélag um Ríkisútvarpið. Skal heiti þess vera Ríkisútvarpið hf. Félagið skal skráð í hlutafélagaskrá. Frestur til þess að setja félaginu sérstakar samþykktir og halda stofnfund er 15 dagar eftir að Alþingi hefur kosið menn til setu í stjórn.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Við stofnun félagsins skal lögð fram a.m.k. 5.000.000 kr. fjárhæð sem hlutafé og skal hún greiðast úr ríkissjóði eigi síðar en hálfum mánuði eftir skráningu félagsins hjá hlutafélagaskrá.

Við gildistöku laga þessara tekur hlutafélagið við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins, og um leið er Ríkisútvarpið lagt niður. Tekur félagið þá m.a. við lögbundnu leyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsreksturs.

Ríkisútvarpið hf. skal yfirtaka þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur undirgengist í samningum við þriðju aðila.

II.
Réttindi starfsmanna.

Þegar stofnunin Ríkisútvarpið verður lögð niður fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á.

Ríkisútvarpið hf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008.

Starfsmaður Ríkisútvarpsins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

III.
Fyrsta stjórn félagsins.

Eigi síðar en 15 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins hf. þar sem jafnt stjórn sem stjórnarformaður félagsins skulu kjörin. Þar til skipuð hefur verið stjórn fyrir félagið er menntamálaráðherra í fyrirsvari fyrir félagið sem eini stjórnarmaður þess.

IV.
Lok á umboði útvarpsráðs.

Umboð aðalmanna og varamanna í útvarpsráði, sem síðast voru kjörnir af Alþingi skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, með síðari breytingum, fellur niður við gildistöku laga þessara.

V.
Álagning og innheimta útvarpsgjalds.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins hf. til og með 31. desember 2007 eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og öðrum miðlum og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða. Menntamálaráðherra skal staðfesta útvarpsgjöld að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Eftir 1. janúar 2008 fer um tekjur félagsins skv. 11. gr.

1197. Tillaga til þingsályktunar [790. mál]

um úttekt á öryggi og mistökum í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Valdimar L. Friðriksson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að setja á fót starfshóp sem geri úttekt á öryggi og mistökum í heilbrigðiskerfinu og skili tillögum að úrbótum. Starfshópurinn starfi innan landlæknisembættisins og ljúki störfum fyrir 1. febrúar 2007.

Greinargerð.

Enginn dregur í efa að öryggi sjúklinga í heilbrigðiskerfinu beri ætíð að vera í fyrirrúmi. Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenska heilbrigðiskerfið iðulega komið vel út. Þar er ekki síst frábæru starfsfólki og góðri menntun heilbrigðisstarfsfólks að þakka. Hins vegar er ljóst að mistök eru gerð í heilbrigðiskerfinu eins og alls staðar annars staðar þegar kemur að mannanna verkum. Mistök í heilbrigðiskerfinu geta að sjálfsögðu verið misalvarleg. Sum er hægt að koma í veg fyrir og önnur ekki.

90 dauðsföll á LSH vegna mistaka sem hefði mátt koma í veg fyrir?

Árið 2005 voru um 30.000 innlagnir á Landspítala – háskólasjúkrahús. Landlæknir hefur bent á að ef tíðni mistaka hér á landi er svipuð og rannsóknir sýna að hún sé víða erlendis má ætla að um 3.000 óhöpp eða misfellur hafi átt sér stað á LSH á því ári. Þar af hafi 600 þessara óhappa verið alvarleg.

Samkvæmt þessari tölfræði, sem rekja má til fjölmargra erlendra rannsókna, má ætla að 180 dauðsföll á LSH árið 2005 hafi orðið vegna óhappa og að um 90 þeirra hefði mátt koma í veg fyrir.

Þetta eru ótrúlegar tölur. Á móti hefur verið bent á framúrskarandi starfsfólk í íslenska heilbrigðiskerfinu og skiptir það án efa miklu máli fyrir öryggi sjúklinga. Aðrir hafa bent á að hugsanlega sé ákveðið öryggi fólgið í smæðinni sem við búum við og er eflaust eitthvað til í því líka. En ekki er hægt að fullyrða, án rannsókna, að sá veruleiki sem er margstaðfestur erlendis eigi ekki við um Ísland.

Rannsóknar er þörf.

Aðalatriðið er að heildstæðar upplýsingar um mistök í íslenska heilbrigðiskerfinu eru ekki til. Þótt margs konar eftirlit sé til staðar í heilbrigðiskerfinu, bæði af hálfu viðkomandi stofnana og af hálfu embættis landlæknis er ljóst að nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á öryggi og mistökum í íslenska heilbrigðiskerfinu, eins og hefur verið gert víða annars staðar.

Landlæknir og fleiri hafa einmitt bent á að umfangsmikla rannsókn á því hvort íslenska heilbrigðiskerfið sker sig úr hvað varðar tíðni mistaka vantar. Þessi þingsályktunartillaga er lögð fram til að bæta úr því.

Tilgangur slíkrar rannsóknar er ekki að finna sökudólga heldur að afla upplýsinga um hugsanleg mistök í heilbrigðiskerfinu og velta upp leiðum til að koma í veg fyrir þau.

Rannsókn á mistökum í heilbrigðiskerfinu þarf ekki að vera kostnaðarsöm eða flókin. Hægt væri að byrja þessa rannsókn á um 1.000–1.500 sjúkraskrám með svipaðri aðferðarfræði og notuð hefur verið annars staðar.

Við úrvinnslu gagna þarf að virða kröfur um persónuvernd. Gert er ráð fyrir að rannsóknin verði framkvæmd af hálfu landlæknisembættisins og innan þess en að heilbrigðisráðuneytið tryggi nauðsynleg úrræði svo að vinnan geti farið fram.

Mismunandi ástæður fyrir mistökum.

Í læknalögum er óvæntur skaði talinn vera þegar árangur og afleiðingar meðferðar verða önnur en gert var ráð fyrir í upphafi. Einnig hefur verið talað um að óvæntur skaði eða óhapp verði af völdum meðferðar í heilbrigðisþjónustu, en ekki vegna sjúkdómsins sjálfs, sem leiðir til dauða eða örkumla eða lengja sjúkrahúsdvöl.

Ástæður fyrir mistökum í heilbrigðiskerfinu geta verið margs konar. Má þar nefna manneklu, slítandi starfsumhverfi, kerfisgalla, aðgengi að þjónustu, flóknar kringumstæður, aukaverkanir viðeigandi meðferðar, ranga meðferð, ónóga þekkingu, samskiptaskort, dómgreindarskort og jafnvel hreina og beina óheppni.

Landlæknir hefur bent á að þeir hópar sem helst eru líklegir til að verða fyrir mistökum eða óhöppum í heilbrigðiskerfinu séu sjúklingar með flókin vandamál, sjúklingar á bráðamóttöku, hjarta- og æðaskurðsjúklingar, heilaskurðsjúklingar, aldraðir sjúklingar og sjúklingar í höndum óreyndra lækna.

Öryggið í öndvegi.

Margar leiðir eru til að koma í veg fyrir að mistök séu gerð í heilbrigðiskerfinu. Gott vinnuumhverfi, fullnægjandi mönnun og umfangsmikil þekking starfsfólks er forsenda fyrir góðri heilbrigðisþjónustu. Sömuleiðis þurfa vinnuferlar, skráning og verklagsreglur að vera skýr.

Eðlileg samskipti og boðskipti þurfa einnig að vera tryggð. Upplýsingaflæði, heildarsýn og samfella í starfi er líka lykillinn að réttri meðferð og þjónustu. Rafræn sjúkraskrá væri mikilvægt skref til að auka öryggi í heilbrigðiskerfinu, sem kæmi í veg fyrir mistök og óhöpp.

Landlæknir hefur hins vegar bent á að ekki sé unnt að lagfæra það sem ekki er hægt að mæla. Og ekki sé hægt að mæla það sem ekki er unnt að skilgreina. Úttekt á öryggi og mistökum í heilbrigðiskerfinu, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, á að bæta úr því.

Aukið öryggi í heilbrigðiskerfinu er markmið allra sem þar starfa og því telja flutningsmenn nauðsynlegt að Alþingi sendi frá sér viljayfirlýsingu um að ráðist verði í þetta mikilvæga verkefni.

1198. Svar [761. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um flutning vínbúðarinnar í Mjódd í leiguhúsnæði.

1. *Hversu mörg stöðugildi eru í Vínbúðinni í Garðheimum, Stekkjabakka 6, og hve mörg voru þau í Vínbúðinni í Mjódd í janúar sl.?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR verða stöðugildin í Vínbúðinni að Stekkjabakka 6 væntanlega þrjú og hálft, en stöðugildin í Vínbúðinni í Mjódd voru fimm í janúar 2006.

2. *Hvað greiðir íslenska ríkið í húsaleigu fyrir húsnæðið í Garðheimum?*

Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, eru takmarkanir á upplýsingarétti vegna einka- og viðskiptahagsmuna. Þar kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt sé og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut eigi. Þá kemur fram í 2. málsl. umræddrar greinar að sömu takmarkanir gildi um aðgang að gögnum er varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laganna, er umrætt ákvæði skýrt með eftirfarandi hætti:

„Óheimilt er að veita almenningi aðgang að gögnum um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þannig er óheimilt að veita upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni."

Með vísan til framangreinds telur fjármálaráðherra að óheimilt sé að veita umbeðnar upplýsingar enda ríki um þær trúnaður á milli aðila þar sem þær varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni ÁTVR og Gróðravara ehf., sem gerði leigusamninginn við ÁTVR á umræddu húsnæði.

3. *Hver hefur kostnaðurinn verið við flutning og innréttingar á Vínbúðinni í Garðheimum?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR er áætlaður kostnaður við flutning og innréttingar á Vínbúðinni að Stekkjarbakka 6 um 15 millj. kr.

4. *Hvert er áætlað söluverð húsnæðis ÁTVR í Mjóddinni?*

Áætlað söluverð húsnæðis ÁTVR í Mjóddinni liggur enn ekki fyrir. Húsnæðið hefur verið auglýst til sölu og skulu tilboð í það berast Ríkiskaupum fyrir 27. apríl nk. Ríkiskaup hafa óskað eftir verðmati á húsnæðinu en niðurstaða þess liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir því að umrætt verðmat húsnæðisins verði tilbúið þegar frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Til upplýsinga skal þess getið að brunabótamat húsnæðisins er 54.600.000 kr., og fasteignamat þess er 45.910.000 kr.

5. *Hver var árleg velta vínbúðarinnar í Mjódd árin 2000–2005?*

Árleg velta vínbúðarinnar í Mjódd á árunum 2000–2005 var eftirfarandi:

Ár	Sala í þús. kr.
2000	557.511
2001	543.750
2002	525.128
2003	500.078
2004	491.838
2005	515.971

1199. Nefndarálit [624. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra og talsmanni neytenda.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmark virðisaukaskattsskyldrar sölu á ársgrundvelli verði hækkað úr 220.000 kr. í 500.000 kr. Í öðru lagi er lagt til að leiðréttingartímabil innskatts varðandi fasteignir verði lengt úr tíu árum í tuttugu ár og í þriðja lagi að gerðar verði smávægilegar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna er varða byggingarstarfsemi.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hefur núgildandi lágmarksveltuákvæði staðið óbreytt í lögunum frá 1. júlí 1997, þegar fjárhæðin var lögbundin og afnumin vísitölubundin hækkun sem gilti fyrir þann tíma. Telur nefndin tímabært að fjárhæðin verði hækkuð og fellst á þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdunum að hún verði hækkuð í 500.000 kr. Þá telur nefndin aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu til bóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

1200. Breytingartillaga [279. mál]

við frv. til l. um breyt. á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Dómari kveður á um forsjá barns eftir því sem barni er fyrir bestu.

1201. Breytingartillaga [340. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Frá Sigurjóni Þórðarsyni.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga er hafa vígsluheimild, sbr. 17. gr. hjúskaparlaga, er heimilt að staðfesta samvist.

1202. Svar [699. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um varnarmálanefnd.

1. Hvert er hlutverk varnarmálanefndar?

Varnarmálanefnd er skipuð af utanríkisráðherra á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Fundir nefndarinnar hafa verið vettvangur samskipta við varnarliðið þar sem formlegar ákvarðanir voru staðfestar. Vegna þeirra breytinga sem fyrirsjáanlegar eru varðandi varnarliðið má gera ráð fyrir að breyting verði fljótlega gerð á skipan og stöðu varnarmálanefndar.

2. Hverjir sitja í nefndinni?

Skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu er jafnan formaður nefndarinnar (ólaunað). Núverandi nefndarmenn eru Jón Egill Egilsson (formaður), Sigurjón Örn Þórsson, Páll Jónsson, Finnbogi Björnsson, Jón Norðfjörð og Björgvin Njáll Ingólfsson.

3. Hve marga fundi hefur nefndin haldið síðan í maí 2003?

Frá því í maí 2003 hefur verið einn fundur í varnarmálanefnd. Ekki hafa verið haldnir fundir í nefndinni meðan viðræður hafa staðið yfir milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um varnarsamstarf ríkjanna.

4. Hver var kostnaður við nefndina árin 2003, 2004 og 2005?

Kostnaður vegna nefndarinnar hefur verið eftirfarandi:

2003	1.870.631 kr.
2004	1.898.618 kr.
2005	1.946.965 kr.

1203. Nefndarálit [622. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgríms Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Lífeyrissjóði bænda, Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Bændasamtökum Íslands, ríkisskattstjóra og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að lagaumhverfi Lífeyrissjóðs bænda verði einfaldað og starfsumhverfi lífeyrissjóðsins gert sem sambærilegast starfsumhverfi annarra lífeyrissjóða. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið þykir rétt að í lögum um Lífeyrissjóð bænda sé einungis tekið á sérstöðu sjóðsins, svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni og iðgjaldi bænda, svo og innheimtu þess en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi, verði í samþykktum sjóðsins. Í frumvarpinu er ekki um að ræða neinar efnislegar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda aðrar en þær að ákvæði um lífeyrisréttindi vegna áunninna réttinda verði felld niður til þess að unnt verði að samræma þau lífeyrisréttindaákvæðum hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Í g-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að setja skuli nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er lagt til að í umræddri grein verði einnig tekið fram að komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skuli fjármálaráðherra staðfesta þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Nefndin fellst á þessa tillögu og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir fyrri málslið g-liðar 1. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skal fjármálaráðherra staðfesta þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

1204. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti og Hauk Guðmundsson og Fanneyju Óskarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Myndstefi, Viðskiptaráði Íslands, Alþjóðahúsinu ehf., dómstólaráði, Alþýðusambandi Íslands, Seðlabanka Íslands og Útlendingastofnun.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að tekin verði gjöld af beiðnum til héraðsdóms og sýslumanns á grundvelli laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til slíkra laga. Í öðru lagi er lagt til að gjald fyrir umsókn um íslenskan ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og að gjald fyrir tilkynningu um ríkisborgararétt verði hækkað úr 1.350 kr. í 5.000 kr. Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir afgreiðslu umsókna um dvalarleyfi og búsetuleyfi. Í fjórða lagi er lagt til að tekið verði upp gjald fyrir beiðni til mannanafnanefndar um samþykki fyrir nafni og í fimmta lagi er lagt til að tekið verði gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði en gert er ráð fyrir í lögum nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, að kveðið sé á um slíka gjaldtöku í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram í máli fulltrúa ráðuneytanna að tekjuauki ríkissjóðs af frumvarpinu í heild yrði um 38–39 millj. kr., þó með þeim fyrirvara að þegar ríkisborgarar hinna 10 nýju aðildarríkja ESB yrðu meðhöndlaðir sem EES-borgarar mundu þessar tekjur lækka umtalsvert. Nú liggur fyrir að það muni eiga sér stað á þessu ári, þ.e. verði frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga (771. mál), sem lagt var fyrir Alþingi 10. apríl sl., samþykkt. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu verður þá að gera ráð fyrir að tekjuaukinn vegna frumvarps þessa dragist saman um 15 millj. kr.

Spurt var hvort einhver úttekt hefði verið gerð á því hvaða kostnaður lægi að baki gjöldum sem kveðið er á um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Fram kom í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins að svo væri ekki. Í því sambandi undirstrikar meiri hlutinn að þau gjöld sem lögin kveða á um eru skattar en ekki þjónustugjöld enda renna gjöldin í ríkissjóð til almennrar tekjuöflunar en er ekki ætlað að standa undir þeim kostnaði sem af viðkomandi þjónustu leiðir.

Hvað varðar gjald fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði velti nefndin því fyrir sér hvort yfirhöfuð væri rétt að taka gjald fyrir slíkan aðgang, sbr. umræðu um gjald fyrir rafrænan aðgang að lagasafninu sem fram fór á sínum tíma. Meiri hlutinn bendir á að í 3. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, segir að fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skuli greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Með frumvarpi þessu er því eingöngu verið að uppfylla þá lagaskyldu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Magnús Stefánsson. Dagný Jónsdóttir.

Birgir Ármannsson. Ásta Möller.

1205. Svar [639. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um sumarbústaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað eru margir sumarbústaðir í landinu og hversu mikið hefur þeim fjölgað sl. tíu ár, sundurgreint eftir árum og sveitarfélögum?

Í lögum er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu „sumarbústaður“. Hús sem ætluð eru til tímabundinnar dvalar og ekki þurfa að uppfylla skilyrði sem íbúðarhús hafa gengið undir ýmsum heitum eins og t.d. sumarbústaðir, sumarhús, orlofshús eða frístundahús. Fjármálaráðuneytið heldur ekki sérstaka skrá um slíkar eignir og leitaði því til Fasteignamats ríkisins vegna fyrirspurnarinnar. Í meðfylgjandi lista Fasteignamats ríkisins er að finna þær eignir sem flokkaðar eru sem sumarbústaðir, sumarhús eða orlofshús en slík heiti eru notuð í Landskrá fasteigna yfir þessar tegundir fasteigna. Langflestar eignanna eru á skilgreindum sumarhúsalóðum en það er þó ekki undantekningarlaust og eru dæmi um að slík hús sé t.d. að finna á jörðum, eyðijörðum, íbúðarhúsalóðum og snjóflóðasvæðum. Þar sem skipan sveitarfélaga hefur breyst töluvert að undanförnu er á listanum fjöldi sumarbústaða sl. tíu ár, sundurliðað eftir sveitarfélögum eins og þau hafa verið á hverjum tíma. Sameining sveitarfélaga og kerfisbundnar skráningarleiðréttingar Fasteignamats ríkisins í samvinnu við sveitarfélög hafa leitt til breytinga á fjölda þessara eigna milli ára á tilteknum svæðum.

Sumarbústaðir á Íslandi 3.4.2006

Svfn	*Heiti*	*Fjöldi*
0000	Reykjavík	129
1000	Kópavogur	111
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	44
1604	Mosfellsbær	303
1606	Kjósarhreppur	461
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	9
2503	Sandgerði	14
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	39
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	328
3502	Skilmannahreppur	7
3503	Innri-Akraneshreppur	4
3504	Leirár- og Melahreppur	54
3506	Skorradalshreppur	467
3510	Borgarfjarðarsveit	267
3601	Hvítársíðuhreppur	59
3609	Borgarbyggð	871
3701	Kolbeinsstaðahreppur	11
3709	Grundarfjarðarbær	25
3710	Helgafellssveit	16
3711	Stykkishólmur	7
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	90
3809	Saurbæjarhreppur	10
3811	Dalabyggð	98
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	168
4502	Reykhólahreppur	81
4604	Tálknafjarðarhreppur	9

4607	Vesturbyggð	65
4803	Súðavíkurhreppur	100
4901	Árneshreppur	28
4902	Kaldrananeshreppur	29
4908	Bæjarhreppur	6
4909	Broddaneshreppur	1
4910	Hólmavík	31
5000	Siglufjörður	5
5200	Skagafjörður	157
5508	Húnaþing vestra	93
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	8
5603	Torfalækjarhreppur	12
5604	Blönduós	11
5605	Svínavatnshreppur	15
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	8
5609	Höfðahreppur	1
5611	Skagabyggð	8
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	31
6100	Húsavík	34
6200	Ólafsfjörður	37
6400	Dalvíkurbyggð	49
6501	Grímseyjarhreppur	2
6506	Arnarneshreppur	16
6513	Eyjafjarðarsveit	81
6514	Hörgárbyggð	43
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	73
6602	Grýtubakkahreppur	14
6607	Skútustaðahreppur	28
6609	Aðaldælahreppur	69
6611	Tjörneshreppur	1
6612	Þingeyjarsveit	193
6701	Kelduneshreppur	13
6702	Öxarfjarðarhreppur	48
6706	Svalbarðshreppur	6
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	16
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	13
7505	Fljótsdalshreppur	3
7509	Borgarfjarðarhreppur	9
7605	Mjóafjarðarhreppur	5
7613	Breiðdalshreppur	9
7617	Djúpavogshreppur	13
7619	Austurbyggð	1
7620	Fljótsdalshérað	187
7708	Hornafjörður	111
8000	Vestmannaeyjar	6
8200	Sveitarfélagið Árborg	27
8508	Mýrdalshreppur	47
8509	Skaftárhreppur	131
8610	Ásahreppur	30
8613	Rangárþing eystra	268
8614	Rangárþing ytra	341
8701	Gaulverjabæjarhreppur	6
8706	Hraungerðishreppur	33
8707	Villingaholtshreppur	30
8710	Hrunamannahreppur	240
8716	Hveragerði	7
8717	Ölfus	127
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.954
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	130
8721	Bláskógabyggð	1.594
	Alls árið 2006	**10.418**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2005

0000	Reykjavík	129
1000	Kópavogur	112
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	45
1604	Mosfellsbær	302
1606	Kjósarhreppur	459
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	9
2503	Sandgerði	14
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	37
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	324
3502	Skilmannahreppur	7
3503	Innri-Akraneshreppur	4
3504	Leirár- og Melahreppur	54
3506	Skorradalshreppur	462
3510	Borgarfjarðarsveit	263
3601	Hvítársíðuhreppur	59
3609	Borgarbyggð	864
3701	Kolbeinsstaðahreppur	11
3709	Grundarfjarðarbær	25
3710	Helgafellssveit	16
3711	Stykkishólmur	7
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	89
3809	Saurbæjarhreppur	10
3811	Dalabyggð	98
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	168
4502	Reykhólahreppur	80
4604	Tálknafjarðarhreppur	4
4607	Vesturbyggð	65
4803	Súðavíkurhreppur	100
4901	Árneshreppur	28
4902	Kaldrananeshreppur	29
4908	Bæjarhreppur	6
4909	Broddaneshreppur	1
4910	Hólmavík	31
5000	Siglufjörður	5
5200	Skagafjörður	152
5508	Húnaþing vestra	93
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	8
5603	Torfalækjarhreppur	12

5604	Blönduós	11
5605	Svínavatnshreppur	15
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	8
5609	Höfðahreppur	1
5611	Skagabyggð	8
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	31
6100	Húsavík	34
6200	Ólafsfjörður	37
6400	Dalvíkurbyggð	48
6501	Grímseyjarhreppur	2
6506	Arnarneshreppur	16
6513	Eyjafjarðarsveit	74
6514	Hörgárbyggð	41
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	66
6602	Grýtubakkahreppur	14
6607	Skútustaðahreppur	28
6609	Aðaldælahreppur	69
6611	Tjörneshreppur	1
6612	Þingeyjarsveit	191
6701	Keldunesshreppur	11
6702	Öxarfjarðarhreppur	48
6706	Svalbarðshreppur	6
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	16
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	13
7505	Fljótsdalshreppur	3
7509	Borgarfjarðarhreppur	9
7605	Mjóafjarðarhreppur	5
7613	Breiðdalshreppur	9
7617	Djúpavogshreppur	13
7619	Austurbyggð	1
7620	Fljótsdalshérað	185
7708	Hornafjörður	111
8000	Vestmannaeyjar	6
8200	Sveitarfélagið Árborg	27
8508	Mýrdalshreppur	47
8509	Skaftárhreppur	130
8610	Ásahreppur	30
8613	Rangárþing eystra	249
8614	Rangárþing ytra	342
8701	Gaulverjabæjarhreppur	6
8706	Hraungerðishreppur	33
8707	Villingaholtshreppur	30
8710	Hrunamannahreppur	237
8716	Hveragerði	8
8717	Ölfus	127
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.925
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	130
8721	Bláskógabyggð	1.589
	Alls árið 2005	**10.305**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2004

0000	Reykjavík	131
1000	Kópavogur	116
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	41
1604	Mosfellsbær	303
1606	Kjósarhreppur	254
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	7
2503	Sandgerði	13
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	33
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	299
3502	Skilmannahreppur	6
3503	Innri-Akraneshreppur	3
3504	Leirár- og Melahreppur	52
3506	Skorradalshreppur	433
3510	Borgarfjarðarsveit	244
3601	Hvítársíðuhreppur	58
3609	Borgarbyggð	828
3701	Kolbeinsstaðahreppur	8
3709	Grundarfjarðarbær	25
3710	Helgafellssveit	16
3711	Stykkishólmur	6
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	89
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	90
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	176
4502	Reykhólahreppur	80
4604	Tálknafjarðarhreppur	5
4607	Vesturbyggð	63
4803	Súðavíkurhreppur	100
4901	Árneshreppur	33
4902	Kaldrananeshreppur	39
4908	Bæjarhreppur	8
4909	Broddaneshreppur	2
4910	Hólmavík	36
5000	Siglufjörður	5
5200	Skagafjörður	146
5508	Húnaþing vestra	88
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	6
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	11
5605	Svínavatnshreppur	15
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	7
5611	Skagabyggð	8
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	31
6100	Húsavík	34
6200	Ólafsfjörður	36
6400	Dalvíkurbyggð	47
6501	Grímseyjarhreppur	2
6506	Arnarneshreppur	16

6513	Eyjafjarðarsveit	73
6514	Hörgárbyggð	39
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	61
6602	Grýtubakkahreppur	14
6607	Skútustaðahreppur	27
6609	Aðaldælahreppur	69
6611	Tjörneshreppur	1
6612	Þingeyjarsveit	188
6701	Kelduneshreppur	11
6702	Öxarfjarðarhreppur	47
6706	Svalbarðshreppur	6
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	16
7501	Skeggjastaðahreppur	1
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	3
7509	Borgarfjarðarhreppur	9
7605	Mjóafjarðarhreppur	5
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	15
7619	Austurbyggð	1
7620	Fljótsdalshérað	174
7708	Hornafjörður	104
8000	Vestmannaeyjar	6
8200	Sveitarfélagið Árborg	27
8508	Mýrdalshreppur	50
8509	Skaftárhreppur	128
8610	Ásahreppur	30
8613	Rangárþing eystra	242
8614	Rangárþing ytra	306
8701	Gaulverjabæjarhreppur	6
8706	Hraungerðishreppur	34
8707	Villingaholtshreppur	29
8710	Hrunamannahreppur	220
8716	Hveragerði	8
8717	Ölfus	125
8719	Grímsnes-og Grafningshreppur	1.876
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	128
8721	Bláskógabyggð	1.564
	Alls árið 2004	**9.811**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2003

0000	Reykjavík	132
1000	Kópavogur	117
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	41
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	282
1606	Kjósarhreppur	251
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	7
2503	Sandgerði	7
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	30
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	279
3502	Skilmannahreppur	7
3503	Innri-Akraneshreppur	3
3504	Leirár- og Melahreppur	47
3506	Skorradalshreppur	412
3510	Borgarfjarðarsveit	234
3601	Hvítársíðuhreppur	59
3609	Borgarbyggð	803
3701	Kolbeinsstaðahreppur	6
3709	Grundarfjarðarbær	23
3710	Helgafellssveit	16
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	24
3714	Snæfellsbær	82
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	86
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	173
4502	Reykhólahreppur	100
4604	Tálknafjarðarhreppur	4
4607	Vesturbyggð	70
4803	Súðavíkurhreppur	107
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	39
4908	Bæjarhreppur	8
4909	Broddaneshreppur	3
4910	Hólmavík	40
5000	Siglufjörður	4
5200	Skagafjörður	145
5508	Húnaþing vestra	87
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	11
5605	Svínavatnshreppur	15
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	7
5611	Skagabyggð	8
5706	Akrahreppur	12
6000	Akureyri	26
6100	Húsavík	34
6200	Ólafsfjörður	36
6400	Dalvíkurbyggð	40
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	13
6513	Eyjafjarðarsveit	70
6514	Hörgárbyggð	38
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	55
6602	Grýtubakkahreppur	14
6607	Skútustaðahreppur	27
6609	Aðaldælahreppur	70
6611	Tjörneshreppur	1
6612	Þingeyjarsveit	179
6701	Kelduneshreppur	9
6702	Öxarfjarðarhreppur	48
6706	Svalbarðshreppur	5

6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	15
7501	Skeggjastaðahreppur	1
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	3
7506	Fellahreppur	17
7509	Borgarfjarðarhreppur	9
7512	Norður-Hérað	10
7605	Mjóafjarðarhreppur	3
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	15
7618	Austur-Hérað	138
7619	Austurbyggð	1
7708	Hornafjörður	102
8000	Vestmannaeyjar	6
8200	Sveitarfélagið Árborg	28
8508	Mýrdalshreppur	50
8509	Skaftárhreppur	111
8610	Ásahreppur	31
8613	Rangárþing eystra	227
8614	Rangárþing ytra	278
8701	Gaulverjabæjarhreppur	6
8706	Hraungerðishreppur	32
8707	Villingaholtshreppur	27
8710	Hrunamannahreppur	207
8716	Hveragerði	8
8717	Ölfus	125
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.800
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	125
8721	Bláskógabyggð	1.500
	Alls árið 2003	**9.461**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2002

0000	Reykjavík	132
1000	Kópavogur	117
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	42
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	272
1606	Kjósarhreppur	224
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	5
2503	Sandgerði	7
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	29
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	266
3502	Skilmannahreppur	6
3503	Innri-Akraneshreppur	3
3504	Leirár- og Melahreppur	44
3506	Skorradalshreppur	391
3510	Borgarfjarðarsveit	227
3601	Hvítársíðuhreppur	56
3609	Borgarbyggð	778
3701	Kolbeinsstaðahreppur	6
3709	Grundarfjarðarbær	24
3710	Helgafellssveit	15
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	78
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	87
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	170
4502	Reykhólahreppur	101
4604	Tálknafjarðarhreppur	4
4607	Vesturbyggð	64
4803	Súðavíkurhreppur	103
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	39
4908	Bæjarhreppur	5
4909	Broddaneshreppur	3
4910	Hólmavík	40
5000	Siglufjörður	4
5200	Skagafjörður	138
5508	Húnaþing vestra	81
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	10
5605	Svínavatnshreppur	16
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	7
5611	Skagabyggð	8
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	26
6100	Húsavík	33
6200	Ólafsfjörður	36
6400	Dalvíkurbyggð	42
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	11
6513	Eyjafjarðarsveit	68
6514	Hörgárbyggð	34
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	50
6602	Grýtubakkahreppur	13
6607	Skútustaðahreppur	27
6609	Aðaldælahreppur	69
6611	Tjörneshreppur	1
6612	Þingeyjarsveit	168
6701	Keldunesshreppur	9
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	5
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	12
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	3
7506	Fellahreppur	17
7509	Borgarfjarðarhreppur	9
7512	Norður-Hérað	10
7605	Mjóafjarðarhreppur	3

7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	15
7618	Austur-Hérað	136
7708	Hornafjörður	102
8000	Vestmannaeyjar	7
8200	Sveitarfélagið Árborg	28
8508	Mýrdalshreppur	54
8509	Skaftárhreppur	105
8610	Ásahreppur	30
8613	Rangárþing eystra	222
8614	Rangárþing ytra	270
8701	Gaulverjabæjarhreppur	5
8706	Hraungerðishreppur	32
8707	Villingaholtshreppur	27
8710	Hrunamannahreppur	199
8716	Hveragerði	10
8717	Ölfus	121
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.778
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	126
8721	Bláskógabyggð	1.471
	Alls árið 2002	**9.211**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2001

0000	Reykjavík	130
1000	Kópavogur	125
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	42
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	260
1606	Kjósarhreppur	221
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	6
2503	Sandgerði	3
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	28
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	247
3502	Skilmannahreppur	6
3503	Innri-Akraneshreppur	3
3504	Leirár- og Melahreppur	44
3506	Skorradalshreppur	381
3510	Borgarfjarðarsveit	215
3601	Hvítársíðuhreppur	55
3609	Borgarbyggð	751
3701	Kolbeinsstaðahreppur	6
3709	Eyrarsveit	24
3710	Helgafellssveit	14
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	75
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	87
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	165
4502	Reykhólahreppur	101
4604	Tálknafjarðarhreppur	4
4607	Vesturbyggð	61
4803	Súðavíkurhreppur	101
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	39
4904	Hólmavíkurhreppur	37
4905	Kirkjubólshreppur	3
4908	Bæjarhreppur	5
4909	Broddaneshreppur	3
5000	Siglufjörður	4
5200	Skagafjörður	128
5508	Húnaþing vestra	81
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	7
5605	Svínavatnshreppur	16
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	7
5607	Engihlíðarhreppur	3
5608	Vindhælishreppur	2
5610	Skagahreppur	6
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	26
6100	Húsavík	5
6200	Ólafsfjörður	35
6400	Dalvíkurbyggð	43
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	11
6513	Eyjafjarðarsveit	70
6514	Hörgárbyggð	34
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	49
6602	Grýtubakkahreppur	13
6604	Hálshreppur	123
6605	Ljósavatnshreppur	10
6606	Bárðdælahreppur	18
6607	Skútustaðahreppur	26
6608	Reykdælahreppur	14
6609	Aðaldælahreppur	68
6610	Reykjahreppur	21
6611	Tjörneshreppur	1
6701	Kelduneshreppur	9
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	5
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	12
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	3
7506	Fellahreppur	17
7509	Borgarfjarðarhreppur	8
7512	Norður-Hérað	10
7605	Mjóafjarðarhreppur	2
7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8

7617	Djúpavogshreppur	14
7618	Austur-Hérað	133
7708	Hornafjörður	103
8000	Vestmannaeyjar	7
8200	Árborg	27
8508	Mýrdalshreppur	53
8509	Skaftárhreppur	104
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	19
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	37
8603	Austur-Landeyjahreppur	10
8604	Vestur-Landeyjahreppur	14
8605	Fljótshlíðarhreppur	88
8606	Hvolhreppur	45
8607	Rangárvallahreppur	98
8610	Ásahreppur	31
8611	Djúpárhreppur	16
8612	Holta- og Landsveit	156
8701	Gaulverjabæjarhreppur	5
8706	Hraungerðishreppur	30
8707	Villingaholtshreppur	27
8708	Skeiðahreppur	24
8709	Gnúpverjahreppur	103
8710	Hrunamannahreppur	180
8711	Biskupstungnahreppur	522
8712	Laugardalshreppur	457
8714	Þingvallahreppur	462
8716	Hveragerði	10
8717	Ölfus	107
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.735
	Alls árið 2001	**8.971**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 2000

0000	Reykjavík	106
1000	Kópavogur	126
1300	Garðabær	1
1400	Hafnarfjörður	41
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	267
1606	Kjósarhreppur	217
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	6
2503	Sandgerði	3
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	26
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	240
3502	Skilmannahreppur	6
3503	Innri-Akraneshreppur	4
3504	Leirár- og Melahreppur	43
3506	Skorradalshreppur	376
3510	Borgarfjarðarsveit	205
3601	Hvítársíðuhreppur	55
3609	Borgarbyggð	731
3701	Kolbeinsstaðahreppur	6
3709	Eyrarsveit	24
3710	Helgafellssveit	13
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	22
3714	Snæfellsbær	70
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	85
4100	Bolungarvík	20
4200	Ísafjarðarbær	163
4502	Reykhólahreppur	100
4604	Tálknafjarðarhreppur	4
4607	Vesturbyggð	58
4803	Súðavíkurhreppur	101
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	37
4904	Hólmavíkurhreppur	36
4905	Kirkjubólshreppur	3
4908	Bæjarhreppur	4
4909	Broddaneshreppur	3
5000	Siglufjörður	4
5200	Skagafjörður	124
5508	Húnaþing vestra	81
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	7
5605	Svínavatnshreppur	16
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	7
5607	Engihlíðarhreppur	3
5608	Vindhælishreppur	2
5610	Skagahreppur	6
5706	Akrahreppur	13
6000	Akureyri	15
6200	Ólafsfjörður	35
6400	Dalvíkurbyggð	43
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	11
6507	Skriðuhreppur	10
6508	Öxnadalshreppur	1
6509	Glæsibæjarhreppur	23
6513	Eyjafjarðarsveit	69
6601	Svalbarðsstrandahreppur	48
6602	Grýtubakkahreppur	12
6604	Hálshreppur	120
6605	Ljósavatnshreppur	11
6606	Bárðdælahreppur	18
6607	Skútustaðahreppur	26
6608	Reykdælahreppur	14
6609	Aðaldælahreppur	67
6610	Reykjahreppur	20
6611	Tjörneshreppur	1
6701	Kelduneshreppur	9
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	4
6707	Þórshafnarhreppur	5
7300	Fjarðabyggð	12

7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	2
7506	Fellahreppur	17
7509	Borgarfjarðarhreppur	8
7512	Norður-Hérað	10
7605	Mjóafjarðarhreppur	2
7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	14
7618	Austur-Hérað	132
7708	Hornafjörður	102
8000	Vestmannaeyjar	7
8200	Árborg	28
8508	Mýrdalshreppur	55
8509	Skaftárhreppur	104
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	19
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	35
8603	Austur-Landeyjahreppur	10
8604	Vestur-Landeyjahreppur	14
8605	Fljótshlíðarhreppur	89
8606	Hvolhreppur	46
8607	Rangárvallahreppur	97
8610	Ásahreppur	29
8611	Djúpárhreppur	16
8612	Holta- og Landsveit	156
8701	Gaulverjabæjarhreppur	4
8706	Hraungerðishreppur	29
8707	Villingaholtshreppur	26
8708	Skeiðahreppur	24
8709	Gnúpverjahreppur	102
8710	Hrunamannahreppur	168
8711	Biskupstungnahreppur	501
8712	Laugardalshreppur	452
8714	Þingvallahreppur	465
8716	Hveragerði	10
8717	Ölfus	104
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.706
	Alls árið 2000	**8.785**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 1999

0000	Reykjavík	54
1000	Kópavogur	129
1400	Hafnarfjörður	41
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	196
1606	Kjósarhreppur	197
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	6
2503	Sandgerði	2
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	24
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	240
3502	Skilmannahreppur	5
3503	Innri-Akraneshreppur	4
3504	Leirár- og Melahreppur	44
3506	Skorradalshreppur	360
3510	Borgarfjarðarsveit	190
3601	Hvítársíðuhreppur	56
3609	Borgarbyggð	626
3701	Kolbeinsstaðahreppur	6
3709	Eyrarsveit	22
3710	Helgafellssveit	12
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	22
3714	Snæfellsbær	66
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	80
4100	Bolungarvík	17
4200	Ísafjarðarbær	93
4502	Reykhólahreppur	96
4604	Tálknafjarðarhreppur	2
4607	Vesturbyggð	51
4803	Súðavíkurhreppur	99
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	37
4904	Hólmavíkurhreppur	38
4905	Kirkjubólshreppur	3
4908	Bæjarhreppur	4
5000	Siglufjörður	4
5200	Skagafjörður	121
5508	Húnaþing vestra	79
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	7
5605	Svínavatnshreppur	17
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	6
5607	Engihlíðarhreppur	3
5608	Vindhælishreppur	2
5610	Skagahreppur	6
5706	Akrahreppur	14
6000	Akureyri	14
6200	Ólafsfjörður	34
6400	Dalvíkurbyggð	41
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	11
6507	Skriðuhreppur	10
6509	Glæsibæjarhreppur	23
6513	Eyjafjarðarsveit	70
6601	Svalbarðsstrandahreppur	46
6602	Grýtubakkahreppur	12
6604	Hálshreppur	117
6605	Ljósavatnshreppur	11
6606	Bárðdælahreppur	16
6607	Skútustaðahreppur	27
6608	Reykdælahreppur	11
6609	Aðaldælahreppur	67
6610	Reykjahreppur	21

6611	Tjörneshreppur	1
6701	Keldunesshreppur	8
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	7
6707	Þórshafnarhreppur	6
7300	Fjarðabyggð	11
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	1
7506	Fellahreppur	15
7509	Borgarfjarðarhreppur	4
7512	Norður-Hérað	9
7605	Mjóafjarðarhreppur	1
7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	7
7618	Austur-Hérað	130
7708	Hornafjörður	98
8000	Vestmannaeyjar	4
8200	Árborg	29
8508	Mýrdalshreppur	57
8509	Skaftárhreppur	94
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	19
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	35
8603	Austur-Landeyjahreppur	10
8604	Vestur-Landeyjahreppur	14
8605	Fljótshlíðarhreppur	83
8606	Hvolhreppur	38
8607	Rangárvallahreppur	95
8610	Ásahreppur	28
8611	Djúpárhreppur	16
8612	Holta- og Landsveit	149
8701	Gaulverjabæjarhreppur	4
8706	Hraungerðishreppur	29
8707	Villingaholtshreppur	27
8708	Skeiðahreppur	23
8709	Gnúpverjahreppur	96
8710	Hrunamannahreppur	161
8711	Biskupstungnahreppur	469
8712	Laugardalshreppur	440
8714	Þingvallahreppur	464
8716	Hveragerði	10
8717	Ölfus	104
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.652
	Alls árið 1999	**8.223**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 1998

0000	Reykjavík	57
1000	Kópavogur	133
1400	Hafnarfjörður	41
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	194
1606	Kjósarhreppur	188
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	6
2503	Sandgerði	2
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	24
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	218
3502	Skilmannahreppur	5
3503	Innri-Akraneshreppur	5
3504	Leirár- og Melahreppur	40
3506	Skorradalshreppur	339
3510	Borgarfjörður	177
3601	Hvítársíðuhreppur	56
3609	Borgarbyggð	594
3701	Kolbeinsstaðahreppur	5
3709	Eyrarsveit	23
3710	Helgafellssveit	12
3711	Stykkishólmur	3
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	65
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	75
4100	Bolungarvík	17
4200	Ísafjarðarbær	87
4502	Reykhólahreppur	97
4604	Tálknafjarðarhreppur	1
4607	Vesturbyggð	50
4803	Súðavíkurhreppur	93
4901	Árneshreppur	40
4902	Kaldrananeshreppur	37
4904	Hólmavíkurhreppur	20
4905	Kirkjubólshreppur	3
4908	Bæjarhreppur	4
5000	Siglufjörður	3
5200	Skagafjörður	121
5508	Húnaþing	62
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	5
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	7
5605	Svínavatnshreppur	17
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	4
5607	Engihlíðarhreppur	3
5608	Vindhælishreppur	2
5610	Skagahreppur	5
5706	Akrahreppur	14
6000	Akureyri	13
6200	Ólafsfjörður	33
6400	Dalvíkurbyggð	38
6501	Grímseyjarhreppur	2
6504	Hríseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	10
6507	Skriðuhreppur	9
6509	Glæsibæjarhreppur	20
6513	Eyjafjarðarsveit	65
6601	Svalbarðsstrandahreppur	42
6602	Grýtubakkahreppur	12
6604	Hálshreppur	112

6605	Ljósavatnshreppur	11
6606	Bárðdælahreppur	16
6607	Skútustaðahreppur	26
6608	Reykdælahreppur	11
6609	Aðaldælahreppur	67
6610	Reykjahreppur	20
6701	Kelduneshreppur	8
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	7
6707	Þórshafnarhreppur	6
7300	Mið-Austfirðir	11
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	11
7505	Fljótsdalshreppur	1
7506	Fellahreppur	14
7509	Borgarfjarðarhreppur	4
7512	Norður-Hérað	8
7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	7
7618	Austur-Hérað	124
7708	Hornafjörður	99
8000	Vestmannaeyjar	3
8200	Árborg	29
8508	Mýrdalshreppur	54
8509	Skaftárhreppur	103
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	19
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	35
8603	Austur-Landeyjahreppur	7
8604	Vestur-Landeyjahreppur	14
8605	Fljótshlíðarhreppur	79
8606	Hvolhreppur	35
8607	Rangárvallahreppur	90
8610	Ásahreppur	26
8611	Djúpárhreppur	15
8612	Holta- og Landsveit	144
8701	Gaulverjabæjarhreppur	5
8706	Hraungerðishreppur	29
8707	Villingaholtshreppur	27
8708	Skeiðahreppur	23
8709	Gnúpverjahreppur	92
8710	Hrunamannahreppur	156
8711	Biskupstungnahreppur	451
8712	Laugardalshreppur	439
8714	Þingvallahreppur	468
8716	Hveragerði	11
8717	Ölfushreppur	103
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	1.618
	Alls árið 1998	**7.961**

Sumarbústaðir á Íslandi við árslok 1997

0000	Reykjavík	21
1000	Kópavogur	139
1400	Hafnarfjörður	41
1603	Bessastaðahreppur	1
1604	Mosfellsbær	192
1605	Kjalarneshreppur	34
1606	Kjósarhreppur	154
2000	Reykjanesbær	2
2300	Grindavík	6
2503	Sandgerði	1
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	24
3000	Akranes	1
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	213
3502	Skilmannahreppur	5
3503	Innri-Akraneshreppur	5
3504	Leirár- og Melahreppur	39
3505	Andakílshreppur	22
3506	Skorradalshreppur	326
3507	Lundarreykjadalshreppur	9
3508	Reykholtsdalshreppur	15
3509	Hálsahreppur	126
3601	Hvítársíðuhreppur	55
3602	Þverárhlíðarhreppur	16
3605	Borgarhreppur	329
3607	Álftaneshreppur	50
3609	Borgarbyggð	185
3701	Kolbeinsstaðahreppur	4
3709	Eyrarsveit	23
3710	Helgafellssveit	10
3711	Stykkishólmur	1
3712	Skógarstrandarhreppur	17
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	23
3714	Snæfellsbær	59
3809	Saurbæjarhreppur	9
3811	Dalabyggð	56
4100	Bolungarvík	17
4200	Ísafjarðarbær	62
4502	Reykhólahreppur	98
4604	Tálknafjarðarhreppur	1
4607	Vesturbyggð	50
4803	Súðavíkurhreppur	49
4901	Árneshreppur	7
4902	Kaldrananeshreppur	37
4904	Hólmavíkurhreppur	19
4905	Kirkjubólshreppur	3
4908	Bæjarhreppur	4
5000	Siglufjörður	3
5100	Sauðárkrókur	1
5501	Staðarhreppur	3
5502	Fremri-Torfustaðahreppur	1
5503	Ytri-Torfustaðahreppur	1
5505	Kirkjuhvammshreppur	6
5506	Þverárhreppur	31
5507	Þorkelshólshreppur	18
5601	Áshreppur	16
5602	Sveinsstaðahreppur	6
5603	Torfalækjarhreppur	11
5604	Blönduós	7
5605	Svínavatnshreppur	17

5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	4
5607	Engihlíðarhreppur	3
5608	Vindhælishreppur	2
5610	Skagahreppur	5
5701	Skefilsstaðahreppur	4
5702	Skarðshreppur	5
5703	Staðarhreppur	4
5704	Seyluhreppur	6
5705	Lýtingsstaðahreppur	19
5706	Akrahreppur	14
5707	Rípurhreppur	5
5708	Viðvíkurhreppur	1
5709	Hólahreppur	7
5710	Hofshreppur	16
5715	Fljótahreppur	48
6000	Akureyri	13
6200	Ólafsfjörður	28
6300	Dalvík	4
6501	Grímseyjarhreppur	2
6502	Svarfaðardalshreppur	27
6504	Hríseyjarhreppur	5
6505	Árskógshreppur	8
6506	Arnarneshreppur	10
6507	Skriðuhreppur	8
6509	Glæsibæjarhreppur	19
6513	Eyjafjarðarsveit	60
6601	Svalbarðsstrandahreppur	39
6602	Grýtubakkahreppur	11
6604	Hálshreppur	106
6605	Ljósavatnshreppur	10
6606	Bárðdælahreppur	16
6607	Skútustaðahreppur	24
6608	Reykdælahreppur	11
6609	Aðaldælahreppur	66
6610	Reykjahreppur	16
6701	Kelduneshreppur	7
6702	Öxarfjarðarhreppur	46
6706	Svalbarðshreppur	7
6707	Þórshafnarhreppur	6
7100	Neskaupstaður	7
7501	Skeggjastaðahreppur	2
7502	Vopnafjarðarhreppur	9
7503	Hlíðarhreppur	6
7505	Fljótsdalshreppur	1
7506	Fellahreppur	14
7507	Tunguhreppur	2
7508	Hjaltastaðahreppur	6
7509	Borgarfjarðarhreppur	4
7601	Skriðdalshreppur	5
7602	Vallahreppur	79
7603	Egilsstaðir	4
7604	Eiðahreppur	24
7605	Mjóafjarðarhreppur	1
7609	Reyðarfjarðarhreppur	1
7612	Stöðvarhreppur	1
7613	Breiðdalshreppur	8
7617	Djúpavogshreppur	6
7701	Bæjarhreppur	77
7705	Borgarhafnarhreppur	6
7706	Hofshreppur	6
7707	Hornafjarðarbær	8
8000	Vestmannaeyjar	2
8100	Selfoss	2
8508	Mýrdalshreppur	54
8509	Skaftárhreppur	102
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	20
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	35
8603	Austur-Landeyjahreppur	6
8604	Vestur-Landeyjahreppur	17
8605	Fljótshlíðarhreppur	73
8606	Hvolhreppur	29
8607	Rangárvallahreppur	89
8610	Ásahreppur	25
8611	Djúpárhreppur	15
8612	Holta- og Landsveit	143
8701	Gaulverjabæjarhreppur	5
8702	Stokkseyrarhreppur	24
8704	Sandvíkurhreppur	3
8706	Hraungerðishreppur	29
8707	Villingaholtshreppur	24
8708	Skeiðahreppur	23
8709	Gnúpverjahreppur	90
8710	Hrunamannahreppur	149
8711	Biskupstungnahreppur	435
8712	Laugardalshreppur	428
8713	Grímsneshreppur	1.422
8714	Þingvallahreppur	466
8715	Grafningshreppur	141
8716	Hveragerði	11
8717	Ölfushreppur	105
	Alls árið 1997	**7.617**

1206. Svar [702. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um skattskil í veitingahúsarekstri.

1. *Hvernig er skattskilum veitingahúsa háttað í samanburði við ýmsar aðrar þjónustugreinar?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra var áætlað á um 42% lögaðila í hótel- og veitingahúsarekstri við álagningu opinberra gjalda árið 2004 og tæplega 46% gjaldárið 2005. Til samanburðar var áætlað á rúm 23% lögaðila í öðrum viðskiptum og sérhæfðri þjónustu við álagningu opinberra gjalda árið 2004 og tæplega 26% gjaldárið 2005. Jafnframt var áætlaður virðisaukaskattur á tæplega 26% lögaðila í hótel- og veitingahúsarekstri á síðasta tímabili ársins 2003 (nóvember–desember) og um 23,5% á síðasta tímabili ársins 2004. Til samanburðar var áætlaður virðisaukaskattur á tæplega 22% lögaðila í öðrum viðskiptum og sérhæfðri þjónustu á síðasta tímabili áranna 2003 og 2004 (nóvember–desember).

Það hefur lengi legið fyrir að skattskilum ýmissa aðila sem starfa í veitingarekstri væri ábótavant. Fyrir þessu geta verið nokkrar ástæður og skulu hér nokkrar nefndar.

a. Atvinnugreinin er í eðli sínu mjög fjölbreytt. Til hennar eru taldir matsölustaðir, viðurkenndir og í fullum rekstri, skemmtistaðir, vínveitingastaðir, kaffihús, krár og skyndibitastaðir. Til þessa hóps telst einnig ýmis konar óreglubundin veitingastarfsemi sem stunduð er í íþróttaheimilum, félagsheimilum, safnaðarsölum, skólum o.fl., ýmist tímabundið eða varanlega.
b. Veitingasala er oft með þeim hætti að viðskiptavinurinn á þess engan kost að fylgjast með hvort sala sé skráð í sjóðvél. Afhending vöru eða þjónustu fer oft og tíðum þannig fram að sjóðvél er ekki í námunda og því á ekki við það venjulega eftirlit sem viðskiptamaðurinn hefur með seljandanum.
c. Það hefur einkennt þessa atvinnugrein að mjög er breytilegt hversu stöðug hún er. Iðulega skiptir atvinnurekstur um einkenni, þ.e. að reksturinn kemst í þrot en er endurvakinn undir annarri kennitölu. Atvinnurekstur er einnig nokkuð sveiflubundinn og sumar tegundir veitingahúsa komast í tísku tiltölulega stuttan tíma og reksturinn varir því óeðlilega skamman tíma. Inn í þessa atvinnugrein koma einnig margir nýir aðilar sem staldra stutt við og snúa sér að öðru. Allt þetta er einkenni óstöðugs eða breytilegs rekstrar. Í slíku umhverfi verða skattskilin oft og tíðum verri.
d. Starfsfólk í þessari atvinnugrein kemur og fer talsvert örar en í öðrum atvinnugreinum, fjöldi aðstoðarfólks er venjulega mikill og er oftar en ekki í hlutastarfi. Talið er að margir þeirra reyni að fá laun sín dulin og slíkt hefur viljað loða við þessa atvinnugrein meira en margar aðrar.

2. *Hvernig er staðið að eftirliti með skattskilum aðila í veitingarekstri?*

Í athugunum sem fram hafa farið á undanförnum árum hefur þessi atvinnugrein, veitingasala, komið fram sem eins konar „áhættuatvinnugrein“. Í kjölfar þess hafa skattyfirvöld haft margs konar eftirlit með greininni. Nýir aðilar á skrá hafa verið skoðaðir sérstaklega vel og endurgreiðslubeiðnir veitingahúsa hvað matvæli varðar hafa sætt ítarlegri skoðun. Veitingahús, staðir þar sem framreiðsla fer fram og matsölustaðir hafa verið heimsóttir og leiðbeiningar gefnar.

Í eftirlitsáætlunum þeim, sem skattstjórar og ríkisskattstjóri gera sameiginlega á hverju ári, var á árunum 1993–2005 ákveðið að taka samtals rúmlega 300 aðila í hótel- og veitinga-

húsarekstri til skatteftirlits. Þar af var á árinu 2005 ákveðið að taka til eftirlits tæplega 80 aðila sem stunda rekstur hótela, veitingahúsa, veislusala, matsölu o.fl.

3. *Hversu margir aðilar í veitingarekstri hafa verið teknir til skattrannsóknar á árunum 2005 og 2006?*

Til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra hafa á undanförnum árum komið fjölmargir aðilar sem tilheyra þessari atvinnugrein. Á liðnum áratug og rúmlega það hafa hartnær 100 aðilar sætt rannsókn eða annarri athugun skattrannsóknarstjóra. Helgast það fyrst og fremst af þeirri áhættu sem þessi atvinnugrein er talin hafa frá sjónarhóli skattyfirvalda. Þá hafa nokkrir aðilar í veitingarekstri sætt skattrannsókn oftar en einu sinni á tímabilinu. Skattrannsóknarstjóri hefur haft á þriðja tug aðila til meðferðar árið 2005 og það sem af er 2006.

4. *Hvernig hefur samstarfi skattstofa og skattrannsóknarstjóra við Samtök ferðaþjónustunnar verið háttað?*

Í gegnum árin hafa skattyfirvöld átt gott og árangursríkt samstarf við Samtök ferðaþjónustunnar og áður Samtök veitinga- og gistihúsa. Samráðsfundir hafa verið haldnir, gagnkvæm ráðgjöf hefur verið veitt og samtökin hafa liðsinnt skattyfirvöldum á margan hátt með upplýsingum og ábendingum. Starfsmenn skattyfirvalda hafa einnig sótt fundi og ráðstefnur veitingamanna og verið þar með fræðsluerindi og upplýsingagjöf. Verkefni þessu lýkur aldrei og samstarf af þessum toga þarf að vera viðvarandi og reglubundið. Frá sjónarhóli skattyfirvalda hefur samvinna við Samtök ferðaþjónustunnar og forvera þess verið með miklum ágætum og innan raða samtakanna hefur verið ríkur vilji til að reka af atvinnugreininni það slyðruorð sem farið hefur af skattskilum hennar. Vilji samtakanna hefur einnig verið skýr til að skerpa á öllum lagaákvæðum og gera þau þannig úr garði að möguleikar til undanskots minnki.

1207. Frumvarp til laga [791. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað i-liðar 1. gr. laganna koma fjórir nýir stafliðir sem orðast svo:

i. Aðgangskassi er tæki sem tekur á móti og vinnur úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og sendir til sjónvarpstækja.

j. Fjarskiptafyrirtæki er einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

k. Fjarskiptanet er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

1. Flutningur samkvæmt reglum um flutningsskyldu og flutningsrétt tekur til flutnings og dreifingar á útvarpsefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til viðtækja notenda.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Útvarpsréttarnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og annar samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra en þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið. Útvarpsréttarnefnd er heimilt með samþykkt að fela framkvæmdastjóra að afgreiða ákveðna málaflokka. Það gildir þó ekki um mál er varða veitingu eða sviptingu útvarpsleyfis og álagningu stjórnvalds- eða dagsekta.

Útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. Útvarpsréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga.

Útvarpsréttarnefnd skal gera samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Lögsaga og stjórnsýsla.**

4. gr.

Í stað 6. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (6. gr.)

Leyfi til útvarps.

Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð.

Útvarpsleyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við tiltekin sveitarfélög.

Leyfi til útvarps hér á landi er háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða

íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Ekki þarf útvarpsleyfi til að endurvarpa viðstöðulaust, óstytt og óbreytt heildardagskrám erlendra sjónvarpsstöðva.

c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.

d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.

f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.

h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

Óheimilt er að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef eignarhald á því fer í bága við 6. gr. a.

b. (6. gr. a.)

Takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum.

Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útvarpsstöð ef markaðshlutdeild er svo mikil sem segir í 2. mgr.

Takmarkanir á eignarhaldi skv. 1. mgr. gilda um þær hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar sem mælast með þriðjung í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva a.m.k. í þrjá mánuði samfleytt. Heildaráhorf og heildarhlustun reiknast á grundvelli mælinga skv. 6. mgr. með því að margfalda fjölda notenda yfir mánuðinn með fjölda mínútna sem hver notandi horfir eða hlustar yfir mánuðinn og reikna síðan hlutfall hverrar stöðvar.

Ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skal leggja saman markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. enda eigi þeir 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð.

Til skyldra aðila í skilningi 1. og 3. mgr. teljast:

a. fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og

b. eigendur sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Útvarpsréttarnefnd getur leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 4. mgr. í einstökum málum.

Útvarpsréttarnefnd skal mæla áhorf og hlustun útvarpsstöðva. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt eiga að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Útvarpsstöðvum og fjarskiptafyrirtækjum er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla heildaráhorf og hlustun útvarpsstöðva. Menntamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um tíðni og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar, úrvinnslu upplýsinganna svo og hvaða stöðlum og reglum skal að öðru leyti fylgt við áhorfs- og hlustunarmælingar.

Nú berast upplýsingar sem benda til þess að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. og skal þá tilkynna það stjórn útvarpsstöðvar og eiganda viðkomandi eignarhlutar án tafar og gefa þeim 14 daga frest til að koma að viðhorfum sínum. Ef í ljós kemur að það er á rökum reist að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við 1. mgr. skal stjórn hennar og eiganda viðkomandi eignarhluta tilkynnt um það sannanlega og fá þeir þá frest í 120 daga frá dagsetningu bréfs útvarpsréttarnefndar til að koma eignarhaldi í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. innan framangreindra tímamarka skal útvarpsréttarnefnd framsenda málið viðskiptaráðherra. Að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum skal viðskiptaráðherra skylda hlutaðeigandi með úrskurði að uppfylltum lagaskilyrðum til að selja þann eignarhlut eða þá eignarhluti sem eigandi eignaðist síðast og eru umfram þau mörk er getur í 1. mgr. hafi eigandi ekki bent á hvaða eignarhlut hann óskar að verði seldur. Í úrskurðarorði skal eiganda gefinn mánaðarfrestur til að selja eignarhlut sinn. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutanum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Úrskurður viðskiptaráðherra er aðfararhæfur.

Nú á útvarpsstöð í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu og getur þá stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til útvarpsréttarnefndar frá takmörkunum á eignarhaldi samkvæmt þessari grein. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að verða við slíkri umsókn og setja hver þau skilyrði sem nauðsynleg verða talin til þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu fjölmiðilsins.

Ef samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði stofnar að mati útvarpsréttarnefndar tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu skal hún gera Samkeppniseftirlitinu viðvart.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpinu er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

c. (6. gr. b.)

Gagnsæi á fjölmiðlamarkaði.

Á heimasíðu útvarpsréttarnefndar skulu birtar upplýsingar um:

a. Nafn þess sem hlotið hefur útvarpsleyfi, kennitölu, lögheimili og gildistíma leyfis.
b. Nafn útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara.
c. Dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar um breytingu hennar.
d. Reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu.
e. Nafn einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina.

f. Úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Úr hinni birtu útgáfu úrskurðar skal þó fella út upplýsingar um viðkvæm einkamálefni einstaklinga og mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (14. gr. a.)

Tilkynningarskylda um eigendaskipti að útvarpsstöð.

Við sölu á hlut í útvarpsstöð bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send útvarpsréttarnefnd. Tilkynning um söluna skal hafa borist útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélögum og hlutafélögum, sem hafa útvarpsleyfi, skal stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þetta ákvæði gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 3. mgr.

Stjórn hlutafélags, sem hefur útvarpsleyfi og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd á tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um form og efni tilkynninga svo og birtingu upplýsinganna á heimasíðu útvarpsréttarnefndar.

b. (14. gr. b.)

Ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa.

Útvarpstöðvar sem reka fréttastofu skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Slíkar reglur skulu samdar í samvinnu við starfsmenn fréttastofu og stéttarfélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu skal m.a. fjallað um:

a. Starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar.
b. Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar.
c. Skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega í samvinnu við starfsmenn fréttastofa. Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd þegar endurskoðun hefur farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

6. gr.

VII. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Reglur um flutning útvarpsefnis**, orðast svo:

a. (22. gr.)

Flutningsskylda.

Útvarpsstöð, sem óskar eftir því að fá aðgang að almennu stafrænu fjarskiptaneti sem hagnýta má til útvarpssendinga en hefur ekki náð samningum við fjarskiptafyrirtæki um það, getur krafist úrskurðar útvarpsréttarnefndar um flutningsskyldu fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að flytja útsent efni útvarpsstöðvar þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Flutnings er óskað um fjarskiptanet sem fært hefur verið á skrá skv. 22. gr. e.
b. Það efni sem óskað er eftir að verði flutt um fjarskiptanet er dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum dagskrám sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu.
c. Um er að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundum stafrænum gæðum. Ekki er því skylda að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.

Þrátt fyrir að ákvæði 2. mgr. séu uppfyllt má aðeins skylda fjarskiptafyrirtæki sem hefur yfir að ráða eða aðgang að fjarskiptaneti, bakneti og aðgangsneti, til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanetsins. Ef fleiri óska eftir að flutningsskylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað.

Fjarskiptafyrirtæki er ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar nema sjónvarpsstöðin greiði ávallt að lágmarki gjald sem samsvarar 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Jafnframt þarf sjónvarpsstöðin að bara kostnað við undirbúning útvarpsmerkis inn á viðkomandi fjarskiptakerfi.

Þegar efni er flutt um fjarskiptanet á grundvelli úrskurðar samkvæmt þessari grein skal sjónvarpsstöðin bera kostnað sem til fellur við að koma útvarpsmerki að tengipunkti fjarskiptafyrirtækis á því formi sem fjarskiptafyrirtækið krefst. Um uppgjör á flutningi á hljóðvarps- og sjónvarpsefni fer að öðru leyti skv. 22. gr. c.

b. (22. gr. a.)

Flutningsréttur.

Fjarskiptafyrirtæki, sem hefur yfir að ráða stafrænu fjarskiptaneti hér á landi sem fært hefur verið á skrá skv. 22. gr. e og óskar eftir því að fá að flytja dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu, en hefur ekki náð samningum við útvarpsstöð þess efnis, getur krafist úrskurðar útvarpsréttarnefndar um flutningsrétt fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað útvarpsstöð til að flytja útsent efni um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet er íslensk dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþrótta- eða listviðburðir.
b. Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerður var fyrir gildistöku þessa ákvæðis, standa því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um sjónvarpsdagskrá sem er í seinkaðri útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.

Nú hefur útvarpsstöð staðbundið útvarpsleyfi skv. 3. mgr. 6. gr. og nær þá flutningsréttur samkvæmt þessari grein ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna útvarpsleyfi tekur til.

Nú hefur fjarskiptafyrirtæki yfir að ráða dreifikerfi fyrir sjónvarpsflutning sem um getur í b-flokki skv. 1. mgr 22. gr. e og er fyrirtækinu þá einungis heimilt að flytja opnar sjónvarpsdagskrár.

Um uppgjör á flutningi á sjónvarpsefni fer skv. 22. gr. c. Ekki er greitt fyrir flutning á hljóðvarpi samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar á grundvelli ákvæða þessarar greinar.

c. (22. gr. b.)

Málsmeðferð og framkvæmd.

Nú er óskað eftir samningum um flutning á útvarpsefni og skulu þá útvarpsstöð og fjarskiptafyrirtæki semja um það svo fljótt sem verða má. Nú er samningum ekki lokið innan 30 daga frá því samninga var sannanlega leitað og getur þá hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. eða 22. gr. a.

Nú flytur fjarskiptafyrirtæki sjónvarpsefni á grundvelli samninga eða úrskurðar og skal fjarskiptafyrirtækið gæta jafnræðis milli íslenskra sjónvarpsstöðva og hafa allar stöðvar jafnaðgengilegar notendum. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki láta sjónvarpsdagskrár með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsrásum við röðun á fjarstýringu. Þetta ákvæði gildir þó ekki um stöðvar sem starfa eiga skemur en eitt ár og dagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu.

Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn.

Sérhverri útvarpsstöð er óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Brot á þessu varðar stjórnvaldssektum skv. 2. mgr. 30. gr. a.

Við meðferð mála skv. 22. gr. og 22. gr. a er útvarpsstöð skylt að leggja fyrir útvarpsréttarnefnd samninga við rétthafa útsends efnis og önnur gögn svo að útvarpsréttarnefnd geti staðreynt hvort skilyrði þessara greina séu uppfyllt.

Útvarpsréttarnefnd getur leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tæknileg álitaefni varðandi flutningsrétt og flutningsskyldu.

Eftir að útvarpsréttarnefnd hefur úrskurðað um flutningsrétt eða flutningsskyldu skal útvarpsefni flutt samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar frá og með þeim degi sem getið er um í úrskurði útvarpsréttarnefndar.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir skv. 30. gr. a fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Við kaup á sjónvarpsefni er útvarpsstöðvum skylt að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e.

Brot á ákvæðum 9. mgr. varðar stjórnvaldssektum skv. 2. mgr. 30. gr. a. Ítrekuð brot á ákvæðum þessum geta varðað afturköllun útvarpsleyfis skv. 31. gr.

d. (22. gr. c.)

Mælingar og uppgjörsreglur.

Þegar efni er flutt um stafrænt fjarskiptanet á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar skal fjarskiptafyrirtæki bera kostnað sem til fellur við að taka við merki útvarpsstöðvar til

útsendingar. Útvarpsstöð skal á hinn bóginn bera kostnað af og annast tengingu áskriftarkerfis síns við aðgangsstýrikerfi fjarskiptafyrirtækis. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd tenginga milli fjarskiptafyrirtækja og sjónvarpsstöðva.

Nú óskar sjónvarpsstöð eftir flutningi á stafrænu fjarskiptaneti og skal hún þá ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá á grundvelli mælinga útvarpsréttarnefndar ef áhorfendur eru fleiri en sem um getur í 4. mgr. 22. gr. Nú óskar fjarskiptafyrirtæki eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá og skal sjónvarpsstöðin þá greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

Mánaðarlega skal útvarpsréttarnefnd annast útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Flutningsgjald nemur fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum, sbr. 4. og 5. mgr., hefur farið upp fyrir þau mörk sem um getur í b-lið 4. mgr. Ákvörðun útvarpsréttarnefndar um flutningsgjald er aðfararhæf.

Útreikningur útvarpsréttarnefndar á flutningsgjaldi skal byggjast á eftirfarandi reglum:

a. Telja skal saman fjölda áskrifenda að læstri dagskrá samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja sem þeim er skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd mánaðarlega samkvæmt nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Útvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki gjald samkvæmt gjaldskrá útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. d, fyrir sérhvern áskrifanda án tillits til áhorfs.
b. Einnig skal taka saman uppsafnað áhorf eða hlustun á opnum dagskrám um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækja samkvæmt áhorfs- og hlustendamælingum. Mæla skal uppsafnað heildaráhorf eða hlustun yfir mánuðinn með úrtakskönnun. Við mælingar skal margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Nemi uppsafnað áhorf hvers notanda meira en tíu klukkustundum á mánuði skal greiða gjald vegna hans samkvæmt gjaldskrá útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. d. Menntamálaráðherra setur ákvæði í reglugerð um nánari framkvæmd á mælingum samkvæmt ákvæði þessu. Við útreikning á áhorfi telst hvert heimili ein eining. Við uppgjör á hverri dagskrá skal miðað við að heildarfjöldi heimila sé aldrei meiri en samkvæmt talningu Hagstofu Íslands 1. desember síðastliðið ár.

Útvarpsréttarnefnd annast áhorfsmælingar dagskráa útvarpsstöðva á þeim fjarskiptanetum sem notuð eru til flutnings og skulu niðurstöður þeirra lagðar til grundvallar við útreikning samkvæmt ákvæðum b-liðar 3. mgr. Fjarskiptafyrirtæki sem hafa tæknilega möguleika á að mæla áhorf og hlustun í opinni dagskrá er skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd upplýsingarnar mánaðarlega samkvæmt nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Þá er fjarskiptafyrirtækjum skylt að afhenda útvarpsréttarnefnd upplýsingar um fjölda notenda aðgangskassa þeirra í hverjum mánuði.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar eftir ákvæðum 6. mgr. 6. gr. a.

Útvarpsréttarnefnd getur lagt þá kvöð á útvarpsstöðvar og fjarskiptafyrirtæki að setja þar til gert merki í dagskrárefni sitt og fjarskiptakerfi sín til þess að hægt sé að mæla áhorf. Útvarpsréttarnefnd setur nánari reglur um slík merki og notkun þeirra.

e. (22. gr. d.)

Gjaldskrá.

Útvarpsréttarnefnd setur gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á opinni sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Gjaldskráin skal vera

skipt eftir svæðum svo sem segir í 3. mgr. og skal fjárhæð gjaldanna taka mið af þeim stuðlum er þar greinir.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um það einingarverð sem sjónvarpsstöðvar skulu greiða fjarskiptafyrirtækjum mánaðarlega fyrir flutning á sjónvarpsdagskrám og viðburðum. Við ákvörðunina skal útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma á fót stafrænu, þráðlausu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um land allt auk þeirra aðgangskassa sem nauðsynlegir eru til að taka á móti stafrænu merki.

Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir flutning á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli svo sem hér segir:

1. gjaldsvæði: Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes. Stuðull einingarverðs er 0,7.
2. gjaldsvæði: Borgarfjörður og Mýrarsýsla, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Eyjafjarðasýsla. Stuðull einingarverðs er 1,3.
3. gjaldsvæði: Allir þéttbýliskjarnar á landinu sem ekki falla í flokk 1 og 2 með fleiri íbúa en 50. Stuðull einingarverðs er 1,5.
4. gjaldsvæði: Dreifbýli og þéttbýliskjarnar sem ekki falla í framangreinda flokka. Stuðull einingarverðs er 3,8.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar hvað sjónvarpsstöð skuli greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir aðra þjónustu sem flutningsreglur þessa kafla taka til. Fjarskiptafyrirtæki skulu veita útvarpsréttarnefnd allar nauðsynlegar upplýsingar við útreikning á slíkri þjónustu. Við ákvörðunina skal útvarpsréttarnefnd líta til stofn- og rekstrarkostnaðar búnaðar og þjónustu, afskrifta og eðlilegrar framlegðar í rekstri sem jafnframt tekur tillit til eðlilegra krafna um hagræðingu. Hagræðingarkröfur skulu taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati útvarpsréttarnefndar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fjarskiptafyrirtækið veitir.

Nú flytur fjarskiptafyrirtæki læsta dagskrá og skal þá útvarpsréttarnefnd ákveða einingarverðið sem leggst við gjald skv. 3. mgr. á grundvelli ákvæða 4. mgr.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni skv. 22. gr. með hliðsjón af fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr., svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

Fjárhæðir skv. 2., 4. og 5. mgr. skulu endurskoðaðar árlega.

Uppgjör á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja samkvæmt þessari grein stendur því ekki í vegi að fjarskiptafyrirtæki áskilji sér frekari greiðslur fyrir þjónustu sína frá viðskiptavinum sínum.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá flokkun gjaldsvæða ef um staðbundna dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins er að ræða.

f. (22. gr. e.)

Fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur laga þessara taka til. Færa skal öll stafræn fjarskiptanet hér á landi á skrána sem nú eru í notkun eða nota má til stafræns flutnings hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, svo sem kapalkerfi, xDSL, ljósleiðarakerfi og útsendingakerfi í lofti, enda uppfylli þau kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar um útsendingagæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis. Skráin er tvískipt. Í a-hluta hennar eru skráð fjarskiptanet með aðgangsstýringu og í b-hluta hennar fjarskiptanet án aðgangsstýringar.

Ákvæði stjórnsýslulaga gilda um meðferð og undirbúning ákvörðunar um hvort færa skuli fjarskiptanet á skrá skv. 1. mgr. Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem stofnunin þarf til þess að meta hvort fjarskiptanet þess skuli tekið upp á skrá skv. 1. mgr.

Fjarskiptafyrirtæki bera ábyrgð á að tryggja öryggi og lögverndaða hagsmuni rétthafa við útsendingu á efni samkvæmt flutningsreglum að undanskildum innanhússlögnum húsa sem eru á ábyrgð hús- eða íbúðaeigenda.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þau viðmið sem stofnunin byggir á um útsendingargæði og öryggi fjarskiptakerfa.

Skrá skv. 1. mgr. skal birt á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

7. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Dagsektir og stjórnvaldssektir.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda komi í ljós að þeir hafi af ásetningi eða gáleysi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skv. 1. mgr. 14. gr. a.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 2.000.000 kr. stjórnvaldssekt á útvarpsstöð hafi starfsmenn hennar af ásetningi eða gáleysi brotið ákvæði 4. eða 9. mgr. 22. gr. b.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt á útvarpsstöð, fyrir hvern byrjaðan dag, vanræki stjórn hennar að:

a. veita upplýsingar skv. 7. mgr. 6. gr. a, 5. mgr. 22. gr. b, a-lið 4. mgr. 22. gr. c, 5. mgr. 22. gr. c eða 2. mgr. 22. gr. d,
b. senda hlutaskrá skv. 2. mgr. 14. gr. a,
c. fara að úrskurði útvarpsréttarnefndar skv. 8. mgr. 22. gr. b,
d. setja þar til gert merki í dagskrárefni sitt eða útsendingu skv. 7. mgr. 22. gr. c,
e. gæta jafnræðis milli sjónvarpsstöðva skv. 2. mgr. 22. gr. b.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um dagsektir og stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvaldssektir og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að fella niður mál skv. 1. og 2. mgr. og fella niður óinnheimtar dagsektir þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
b. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

Ákvæði 4. mgr. 30. gr. taka einnig til sektaúrskurða samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Í stað orðsins „myndlykil“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: aðgangskassa.

9. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætast sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú fer eignarhald á útvarpsstöð, sem hefur útvarpsleyfi við gildistöku laga þessara, í bága við ákvæði 6. gr. a og hafa þá eigendur þeirra eignarhluta tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Stjórnir einkahlutafélaga og hlutafélaga skulu senda útvarpsréttarnefnd nýjustu hlutaskrá sína fyrir 1. september 2006. Brot á ákvæði þessu varðar dagsektum skv. 3. mgr. 30. gr. a.

Útvarpsstöðvar skulu senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laga þessara. Nú heimilar gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í 22. gr. e og skal þá sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Takist slíkir samningar ekki er útvarpsstöð óheimilt að senda út efnið að þeim tíma liðnum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa útbúið skrá skv. 22. gr. e fyrir 1. október 2006.

Útvarpsstöðvar skulu hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa skv. 14. gr. b og sent útvarpsréttarnefnd fyrir 1. september 2006.

Við gildistöku laga þessara skal skipa útvarpsréttarnefnd að nýju í samræmi við 5. gr. a.

Óski Ríkisútvarpið eftir flutningi á dagskrá sinni og nær ekki samningum við fjarskiptafyrirtæki skal það greiða skv. 22. gr. d. Óski fjarskiptafyrirtæki eftir að flytja dagskrá Ríkisútvarpsins er ekki greitt gjald fyrir flutninginn.

II. KAFLI
Breyting á lögum um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir 10. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar sem orðast svo:

a. (10. gr. a.)

Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útgefanda dagblaðs ef markaðshlutdeild þess er svo mikil sem segir í 2. mgr. Til dagblaða í skilningi þessara laga teljast blöð sem gefin eru út a.m.k. vikulega þar sem fjallað er um fréttir og fréttatengt efni fyrir almenning.

Takmarkanir á eignarhaldi skv. 1. mgr. gilda um þá útgefendur dagblaða sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild á dagblaðamarkaði miðað við meðallestur hvers tölublaðs á mánuði í þrjá mánuði samfellt.

Ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað skal leggja saman markaðshlutdeild dagblaðanna við mat skv. 2. mgr. enda eigi þeir 10% eða meira í sérhverju dagblaði.

Til skyldra aðila í skilningi 1. og 3. mgr. teljast:

a. fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og
b. fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Útvarpsréttarnefnd skal mæla markaðshlutdeild dagblaða skv. 2. mgr. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um fjárhags- og viðskiptahagsmuni sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt eiga að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

Útgefendum dagblaða er skylt að veita útvarpsréttarnefnd upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mæla markaðshlutdeild þeirra. Menntamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um tíðni og fyrirkomulag upplýsingagjafarinnar, úrvinnslu upplýsinganna

svo og hvaða stöðlum og reglum skal að öðru leyti fylgt við mat á markaðshlutdeild dagblaða.

Tilkynna skal útgefanda og eiganda viðkomandi eignarhlutar um það strax þegar upplýsingar berast sem benda til þess að eignarhald á útgefanda dagblaðs sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. og gefa þeim 14 daga frest til að koma að viðhorfum sínum. Ef í ljós kemur að það er á rökum reist að eignarhald á útgefanda dagblaðs sé ekki í samræmi við 1. mgr. skal útgefanda og eiganda viðkomandi eignarhluta tilkynnt um það sannanlega og fá þeir þá frest í 120 daga frá dagsetningu bréfs útvarpsréttarnefndar til að koma eignarhaldi í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum 1. mgr. innan framangreindra tímamarka skal útvarpsréttarnefnd framsenda málið viðskiptaráðherra. Að undangenginni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum skal viðskiptaráðherra skylda hlutaðeigandi með úrskurði að uppfylltum lagaskilyrðum til að selja þann eignarhlut sem er umfram þau mörk er getur í 1. mgr. innan mánaðar séu lagaskilyrði uppfyllt samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutanum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfafyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Úrskurður ráðherra er aðfararhæfur.

Nú á dagblað í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu og getur þá útgefandi dagblaðsins sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi samkvæmt þessari grein. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að verða við slíkri umsókn og setja hver þau skilyrði sem nauðsynleg verða talin til þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu fjölmiðilsins.

Ef samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði stofnar tjáningar- og upplýsingafrelsi í hættu skal útvarpsréttarnefnd gera Samkeppniseftirlitinu viðvart.

b. (10. gr. b.)

Útgefandi dagblaðs skal tilkynna útvarpsréttarnefnd eftirfarandi upplýsingar áður en útgáfa hefst:

a. Nafn útgefanda blaðs, kennitölu hans og lögheimili.
b. Nafn ritstjóra, sbr. 2. mgr. 10. gr.
c. Ritstjórnarstefnu blaðsins.
d. Reglur dagblaðsins um ritstjórnarlegt sjálfstæði.
e. Nafn eigenda útgefandans.

Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd svo fljótt sem verða má allar síðari breytingar sem verða á þeim atriðum sem talin eru upp í a–c-lið 1. mgr.

Við sölu á hlut í útgefanda blaðs, sem 1. mgr. tekur til, bera seljandi og kaupandi ábyrgð á því að tilkynning um söluna sé send til útvarpsréttarnefndar. Tilkynning um söluna skal hafa borist útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings.

Eftir sérhvern aðalfund í einkahlutafélögum og hlutafélögum, sem gefa út blað, skal stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Þetta gildir þó ekki hafi stjórn hlutafélags gert samning við verðbréfamiðstöð skv. 5. mgr.

Stjórn hlutafélags, sem 1. mgr. tekur til og er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, hefur heimild til að gera samning við verðbréfamiðstöð um að hún sendi daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Útvarpsréttarnefnd skal birta upplýsingar á heimasíðu sinni sem henni berast samkvæmt ákvæðum greinar þessarar.

Menntamálaráðherra setur nánari fyrirmæli í reglugerð um framkvæmd á tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um form og efni tilkynninga svo og birtingu upplýsinganna á heimasíðu útvarpsréttarnefndar.

c. (10. gr. c.)

Útgefendur dagblaða skulu setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ritstjóra og fréttamanna. Slíkar reglur skulu samdar í samvinnu við blaðamenn og stéttarfélag þeirra.

Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði dagblaðs skal m.a. fjallað um:

a. Starfsskilyrði ritstjóra og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu dagblaðsins.
b. Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útgefanda dagblaðsins.
c. Skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega í samvinnu við starfsmenn fréttastofa og stéttarfélag þeirra. Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd um að endurskoðun hafi farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.

11. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en þeim er getur í 10. gr. a–10. gr. c og 20. gr. sæta meðferð opinberra mála. Mál út af brotum á 10. gr. b sæta þó meðferð opinberra mála ákveði útvarpsréttarnefnd að vísa máli til lögreglu. Ákvæði IV. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um slíkar ákvarðanir útvarpsréttarnefndar.

12. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt bæði á seljanda og kaupanda hafi þeir af ásetningi eða gáleysi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útgefanda blaðs skv. 10. gr. b.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt, fyrir hvern byrjaðan dag, á útgefanda dagblaðs á meðan stjórn hans vanrækir að senda tilkynningu eða hlutaskrá skv. 10. gr. b.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um dagsektir og stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvaldssektir og dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíldu nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega.

Útvarpsréttarnefnd er heimilt að fella niður mál skv. 1. mgr. og fella niður óinnheimtar dagsektir skv. 2. mgr. þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
b. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsýsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluástæðum.

Útgefandi getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð útvarpsréttarnefndar. Málshöfðun frestar aðför.

13. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Nú fer eignarhald á útgefanda dagblaðs, sem gefið er út við gildistöku laga þessara, í bága við ákvæði 10. gr. a og hafa þá eigendur þeirra eignarhluta tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Útgefendur dagblaða skulu tilkynna útvarpsréttarnefnd þær upplýsingar sem taldar eru upp í 10. gr. b fyrir 1. september 2006.

Útgefendur dagblaða skulu hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skv. 10. gr. c og sent útvarpsréttarnefnd fyrir 1. september 2006.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja 200.000 kr. dagsekt á útgefanda dagblaðs, fyrir hvern byrjaðan dag, sinni hann ekki skyldum sínum skv. 2. mgr. Um dagsektirnar gilda að öðru leyti ákvæði 32. gr.

III. KAFLI
Breyting á samkeppnislögum, nr. 44/2005.

14. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 17. gr. a og orðast svo:

Ef ætla má að samruni, þar sem tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut, stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Einnig má setja slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Um málsmeðferð og tilkynningarskyldu aðila gilda ákvæði 3.–6. mgr. 17. gr. Áður en Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein skal leitað álits útvarpsréttarnefndar.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2006.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál I. kafla þeirra inn í útvarpslög, nr. 53/2000, með síðari breytingum, og meginmál II. kafla þeirra inn í lög um prentrétt, nr. 57/1956, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Á undanförnum árum eða allt frá því að breytingar á útvarpslögum tóku gildi hér á landi á árinu 1986 og leiddu til frelsis í fjölmiðlun, hefur mikil gróska og örar breytingar einkennt íslenskan fjölmiðlamarkað. Lagaumhverfi fjölmiðla hefur verið einfalt og litlar sem engar hindranir verið fyrir stofnun nýrra fjölmiðla og fjölmiðlafyrirtækja. Bæði hér á landi og í fjölmörgum öðrum löndum heims hefur þróunin orðið sú að fjölmiðlafyrirtæki hafa stækkað og eflst, auk þess sem samruni fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta hefur átt sér stað. Við þessar aðstæður hefur sífellt aukinn þungi færst í þá umræðu að þörf sé á ítarlegri löggjöf um þessa starfsemi. Óþarft er að fjölyrða um áhrifamátt fjölmiðla, en jafnframt hefur ör tækniþróun, ekki síst á fjarskiptamarkaði, kallað á heildstæða löggjöf eða reglusetningu sem nær m.a. til þeirrar samþættingar sem orðið hefur á sviði fjölmiðlunar og fjarskipta.

Eins og kunnugt er hafa á undanförnum tveimur árum verið skipaðar tvær nefndir til að fjalla um eignarhald á fjölmiðlum og málefni fjölmiðla. Hin fyrri lauk störfum í apríl 2004 en hin síðari skilaði menntamálaráðherra skýrslu sinni í apríl 2005.

Fyrri nefndin, sem starfaði undir forustu Davíðs Þórs Björgvinssonar, komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og þarfarinnar fyrir fjölbreytni

á fjölmiðlamarkaði, og með hliðsjón af almennri þróun löggjafar og tilmælum Evrópuráðsins, væri óhjákvæmilegt að gera breytingar á þeim lögum sem marka starfsskilyrði fjölmiðla hér á landi. Eðlilegt mætti telja að þetta yrði gert án þess að raska meira en nauðsynlegt væri gildandi lögum. Jafnframt væri æskilegt að það fyrirkomulag sem leiða mundi af breyttum lögum um fjölmiðla yrði, að svo miklu leyti sem kostur væri, á sviði eins stjórnvalds. Benti nefndin á að mörg ráðuneyti kæmu að umfjöllun um málefni fjölmiðla; menntamálaráðuneyti færi með mál er vörðuðu útvarp og aðra fjölmiðla samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, viðskiptaráðuneyti færi með samkeppnismál, dómsmálaráðuneyti með mál er varða prentfrelsi og prentrétt og samgönguráðuneyti með fjarskipti, en úthlutun tíðnisviða til stafrænnar útsendingar væri á höndum Póst- og fjarskiptastofnunar. Lagði nefndin til að ríkisstjórnin brygðist við aðstæðum á íslenskum fjölmiðlamarkaði með lagasetningu sem hefði það að markmiði að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun og hamla gegn samþjöppun eignarhalds.

Frumvarp það sem unnið var á grundvelli tillagna fyrri fjölmiðlanefndarinnar olli hörðum deilum. Ákveðið var haustið 2004 að skipa aðra fjölmiðlanefnd. Hin síðari nefnd var skipuð í nóvember 2004 og áttu í henni sæti fulltrúar allra þingflokka, en formaður hennar var Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður. Nefndinni var falið eftirfarandi verkefni:

- að skoða þá þróun er á sér stað í evrópskri fjölmiðlalöggjöf,
- að leggja mat á þá þróun sem fram undan er á fjölmiðlaumhverfi jafnt á Íslandi sem annars staðar í Evrópu með tilliti til stafrænna útsendinga,
- að fjalla um markaðsstöðu Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í samhengi við aðra fjölmiðla án þess þó að gera tillögur um breytingar á lögum um stofnunina, enda sérstök vinna þegar í gangi á vegum stjórnarflokkanna um þau mál,
- að skoða samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi og gera tillögur um það til hvaða aðgerða beri að grípa til að sporna við of mikilli samþjöppun á eignarhaldi,
- að meta hvaða breytingar og nýmæli séu æskileg í íslenskri löggjöf til samræmis við þá þróun og aðrar niðurstöður af almennri umfjöllun nefndarinnar.

Síðari fjölmiðlaefndin skilaði vandaðri og yfirgripsmikilli skýrslu sem hlaut ítarlega kynningu og umfjöllun. Var það skoðun nefndarinnar að tryggja yrði með öllum tiltækum ráðum menningarlega og stjórnmálalega fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði svo að fjölmiðlar gætu sinnt þeim skyldum sínum gagnvart almenningi að koma fram með ólíkar skoðanir og fjölbreytt sjónarhorn, veita yfirvöldum og sterkum hagsmunaaðilum aðhald og efla lýðræðislega umræðu. Megintillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- að Ríkisútvarpið yrði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna,
- að settar yrðu reglur sem tryggðu gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,
- að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps yrðu teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla,
- að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, yrði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum yrðu sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta,
- að settar yrðu reglur sem tryggðu aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni,
- að mótaðar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum,
- að stjórnsýsla á þessu sviði yrði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla væru sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Í skýrslu síðari fjölmiðlanefndarinnar kom fram að leggja bæri áherslu á að öflug almenn

umræða ætti sér stað um skýrsluna, efni hennar og tillögur áður en til lagasetningar kæmi. Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að nefndin skilaði skýrslu sinni hefur átt sér stað mikil umræða um efni hennar og innihald. Jafnframt hefur legið ljóst fyrir að töluverð vinna væri eftir áður en hægt væri að leggja fram frumvarp á Alþingi byggt á niðurstöðum nefndarinnar. Á þessum tíma hefur menntamálaráðuneytið viðað að sér margvíslegum upplýsingum um fyrirkomulag þessara mála í nágrannalöndum okkar og hefur ekki síst verið horft til Noregs í því sambandi, en þar voru nýverið sett lög um málefni fjölmiðla.

Í lok desember á síðasta ári tók menntamálaráðherra þá ákvörðun, í samráði við formenn stjórnarflokkanna, að skipa nefnd til að undirbúa og semja frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum. Upphaflega var hugmyndin var sú að tilgreindir lögfræðingar yrðu fengnir, ásamt fulltrúum allra flokka á Alþingi, til að semja frumvarpið og var öllum þingflokkum því boðið að tilnefna fulltrúa sína í nefndina. Í byrjun janúar afþökkuðu stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi að tilnefna fulltrúa í slíka nefnd og tóku jafnframt fram að þeir treystu lögfræðingunum til að vinna það verk að færa tillögur fjölmiðlanefndarinnar í frumvarpsbúning.

Með skipunarbréfi, dags. 19. janúar sl., skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um fjölmiðla, sem í áttu sæti Páll Hreinsson lagaprófessor, formaður nefndarinnar, Páll Þórhallsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, og Valur Árnason, skrifstofustjóri lögfræðisviðs menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður nefndarinnar var Elfa Ýr Gylfadóttir, deildarstjóri fjölmiðladeildar í menntamálaráðuneyti. Tekið var fram í skipunarbréfinu að við samningu frumvarpsins skyldi nefndin leggja til grundvallar umfjöllun og niðurstöður nefndar um íslenska fjölmiðla frá apríl 2005. Nefndin skyldi eiga samráð við eftirtalda fulltrúa þingflokkanna við samningu frumvarpsins; Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Samfylkingu, Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, og Birgi Ármannsson, Sjálfstæðisflokki. Á síðari stigum tók Magnús Stefánsson við af Hjálmari Árnasyni sem fulltrúi Framsóknarflokksins.

Við samningu frumvarpsins var leitað til sérfræðinga um einstaka þætti þess. Sigurður Líndal, prófessor emeritus, las frumvarpið yfir með tilliti til ákvæða stjórnaskrár og Stefán Geir Þórisson hrl. mat ákvæði þess, einkum út frá ríkisstyrkjareglum Evrópusambandsins. Karl Axelsson hrl., formaður fjölmiðlanefndarinnar sem skilaði fjölmiðlaskýrslunni í apríl 2005, las frumvarpið yfir og veitti ráðgjöf vegna þess, ásamt Benedikt Bogasyni, héraðsdómara og formanni útvarpsréttarnefndar. Þá fylgir frumvarpinu skýrsla Hagfræðistofnunar um ákvæði frumvarpsins sem snúa að eignarhaldi á fjölmiðlum og flutningsreglum, með tilliti til efnahagslegra áhrifa af setningu slíkra ákvæða. Auk þessa naut nefndin aðstoðar Árna Tómassonar, Inga R. Jóhannssonar og Páls Steingrímssonar, löggiltra endurskoðenda, við útfærslu á uppgjörsreglum milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja, vegna ákvæða frumvarpsins um flutningsrétt og flutningsskyldu. Við útfærslu ákvæða um mælingu á áhorfi, hlustun og lestri fjölmiðla naut nefndin aðstoðar starfsmanna IMG Gallups, þeirra Elíasar Héðinssonar og Hafsteins Más Einarssonar. Loks átti nefndin nokkra samráðsfundi með fulltrúum Póst- og fjalskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins.

Frumvarp þetta er afrakstur framangreindar nefndarvinnu.

II. Þróun fjölmiðlamarkaðarins.

Hvað er fjölmiðill?

Afar erfitt er í núverandi umhverfi að skilgreina hugtakið fjölmiðill. Í skýrslu fyrri fjölmiðlanefndar var hugtakið fjölmiðill skilgreint sem stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtals-

verðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur gert það á pappír sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á internetinu.

Dæmigerðir fjölmiðlar og þeir sem alla jafna hafa mest áhrif í umræðu um þjóðfélagsmál í víðum skilningi eru dagblöð, útvarp og sjónvarp. En í stafrænu umhverfi verður að taka tillit til samruna ýmissa hefðbundinna fjölmiðla og netmiðla. Vegna samruna fjölmiðla, tölvutækni og fjarskipta er þó eigi að síður mikilvægt að líta til fjölmiðla á internetinu þar sem þeir eru líklegir til að styrkja sig æ frekar í sessi á komandi árum. Hins vegar ber að hafa í huga að ljósvakamiðlarnir og dagblöðin (bæði á prenti og netinu) hafa enn sem komið er mest áhrif sem vettvangur skoðanaskipta og lýðræðislegrar umræðu.

Fjölmiðlar eru sennilega mikilvægasta upplýsingalind almennings í lýðræðissamfélögum samtímans. Mæling á hlustun, áhorfi og lestri er heppileg leið til að meta stöðu fjölmiðla á markaði. Margvíslegir fjölmiðlar í eigu margra ólíkra aðila auka líkur á að fram komi fjölbreytt sjónarhorn og ólíkar skoðanir sem efla lýðræðislega umræðu og veita stjórnvöldum og öðrum áhrifastofnunum aðhald. Margbreytileg fjölmiðlun stuðlar að menningarlegri fjölbreytni. Fjölmiðlar hafa skyldur gagnvart almenningi til að greina satt og óvilhallt frá atburðum og málefnum.

Hvaða efni fjölmiðils skiptir mestu máli?

Það er eðlilegt að spurt sé hvort tiltekið efni í fjölmiðlum sé mikilvægara en annað. Einnig er vert að varpa fram þeirri spurningu hvort það skipti máli hvers konar efni fjölmiðill dreifir. Efni íslenskra fjölmiðla er fjölbreytilegt. Það má flokka í fréttir, samfélagsumræðu, menningarefni, afþreyingarefni, tónlist, barna- og unglingaefni og auglýsingar. Almennt virðist óvarlegt að álykta að einhver þessara efnisflokka sé algerlega laus við það að geta haft áhrif á skoðanir og viðhorf hlustenda eða áhorfenda til eigin umhverfis og samfélags. Það er því ekki ástæða til að gera skarpan greinarmun á flokkum efnis þegar hugað er að hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi þótt hægt sé að rökstyðja að sumir efnisflokkar séu mikilvægari en aðrir í því samhengi.

Skýran greinarmun þarf hins vegar að gera á fjölmiðlum sem hafa það að yfirlýstu markmiði að vernda almannahagsmuni annars vegar og hins vegar þeim sem standa fyrir sértæk sjónarmið. Fréttastofur ljósvakamiðlanna og stærstu dagblöðin reyna öll að flytja fréttir á hlutlægan og sanngjarnan hátt. Hins vegar eru ýmsir dagskrárliðir á ljósvakanum, pistlar og greinaskrif í blöðum og pólitískar heimasíður þar sem greinilega er verið að vernda ákveðna sérhagsmuni. Ljóst er að gera þarf greinarmun á þessu tvennu þegar fjallað er um fjölmiðla. Áhorfendum/lesendum þarf ávallt að vera ljóst hvaða stefnu fjölmiðillinn hefur til að geta tekið afstöðu til efnisins.

Hvað ræður markaðshlutdeild fjölmiðils?

Ákveðnir þættir skýra það hvers vegna sumir fjölmiðlar eru í sókn og aðrir í hnignun. Við óheftar markaðsaðstæður ríkir háttbundin samvirkni milli efnisgæða fjölmiðla, útbreiðslunnar og þeirra auglýsingatekna sem þeir geta aflað. Vegna þessa er stundum fákeppni og jafnvel einokun á fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðill sem getur boðið gott og áhugavert efni aflar sér vinsælda áhorfenda eða lesenda. Það laðar að auglýsingatekjur, sem aftur gerir ritstjórnum eða framkvæmdastjórnum kleift að gera efnið enn eftirsóknaverðara. Þannig stækkar fjölmiðill, efnið verður vandaðra, prentun eða útlit verður betra o.s.frv. Slíkar breytingar leiða til enn aukinnar útbreiðslu sem laðar að enn meiri auglýsingatekjur. Fjölmiðillinn getur þá t.d. tekið hærra gjald fyrir birt-

ingu hverrar auglýsingar. Slík þróun heldur síðan áfram þar til markaðsmettun er náð. Því skiptir ekki máli hver þáttanna þriggja hleypir þessari jákvæðu þróun af stað.

Ef fjölmiðill á hinn bóginn fer að missa áhorf eða lestur getur hann átt von á því að auglýsendur gerist honum fráhverfir. Slíkt leiðir til þess að fjölmiðillinn verður lélegri en áður, sem aftur leiðir til enn meiri fækkunar áhorfenda eða lesenda. Þróunin heldur síðan áfram þar til fjölmiðillinn hættir rekstri. Hjá fjölmiðlum í hnignun skiptir ekki máli hvað hleypir þróuninni af stað, heldur víxlverkunin á milli þessara þátta.

Það skiptir miklu máli fyrir fjölmiðla að engar breytingar verði á þremur veigamestu þáttunum í velgengni fjölmiðilsins, það er útbreiðslu, auglýsingatekjum og efni. Til að fjölmiðill stækki og dafni verður hann því að hafa góða dreifingu og ná fljótt og auðveldlega til sem flestra íbúa. Hann verður hafa tekjur í formi auglýsinga og e.t.v. áskriftargjalda og bjóða áhugavert efni fyrir lesendur eða áhorfendur.

Lárétt og lóðrétt eignarhald á fjölmiðlum.

Mikil umræða hefur skapast um svokallað lárétt eignarhald á fjölmiðlum. Lárétt eignarhald á fjölmiðlum þýðir að sömu eigendurnir hafi mikla markaðshlutdeild í einni grein fjölmiðlunar eða skyldum greinum. Þá ber að líta til tilmæla Evrópuráðsins um að takmarka þau áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa geti haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar.

Í tilmælum frá Evrópuráðinu er einnig bent á að stjórnvöld þurfi að meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðilinn hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar. Ef lóðrétt samþjöppun er of mikil er hætta á að hún geti leitt til fábreytni á markaði.

Samþjöppun á eignarhaldi.

Samþjöppun hefur orðið á fjölmiðlamarkaði á heimsvísu og eru fá en mjög stór fyrirtæki orðin ráðandi á markaðnum. Er slík samþjöppun áhyggjuefni fyrir neytendur. Sumir fræðimenn hafa gengið svo langt að halda því fram að fjölmiðlar séu í raun að verða andlýðræðislegir alls staðar í heiminum. Eftir því sem fjölmiðlafyrirtækin verði auðugri og valdameiri því verra sé útlitið fyrir þátttöku almennings í lýðræðislegri umræðu. Ekki eru öll fjölmiðlafyrirtæki að eflast og styrkjast heldur hafa mörg helst úr lestinni og þannig hafa stórfyrirtækin orðið stærri og áhrifameiri en nokkru sinni fyrr. Skýrist það m.a. af samvirkninni milli efnisgæða fjölmiðils, útbreiðslu hans og þeirra auglýsingatekna sem hann getur aflað. Fyrirtækin eru knúin áfram af arðsemiskröfum, þau eru háð auglýsendum og reyna að ná til sem flestra með framboði sínu á efni. Því er almannaþjónustukrafan (e. public service) á undanhaldi en krafan um arðsemi er orðin drifkraftur í fjölmiðlarekstri og hefur leitt af sér fleiri stórfyrirtæki.

Dagblöð.

Frá því á árinu 2001 hafa komið út í senn þrjú dagblöð hér á landi en þetta eru *Dagblaðið Vísir* (stofnað 1981, hér eftir nefnt til styttingar *DV*), *Fréttablaðið* (stofnað 2001) og *Morgunblaðið* (stofnað 1913). Þá bættist fjórða dagblaðið við í maí 2005, *Blaðið* sem er gefið út af Ári og degi. DV og Fréttablaðið eru nú í eigu 365 prentmiðla ehf., dótturfélags Dagsbrúnar hf., en Árvakur hf. gefur nú út Morgunblaðið og hefur keypt Ár og dag. DV og Morgunblaðið eru seld í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu og Blaðinu er dreift frítt til lesenda. Fréttablaðið og Morgunblaðið koma út alla daga vikunnar en DV og Blaðið sex daga í viku. DV og Morgunblaðinu er dreift á landsvísu. Sama má einnig segja um Fréttablaðið

en blaðið er daglega borið út af blaðberum á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum helstu þéttbýlisstöðum, auk þess sem hluti upplagsins er lagður fram til dreifingar á greiðastöðum víðs vegar um land, á bensínstöðvum og í verslunum. Blaðinu er aðallega dreift á höfuðborgarsvæðum en er einnig fáanlegt úti á landi. Íslandspóstur dreifir Blaðinu virka daga en það er borið út með Morgunblaðinu á laugardögum. Útgefnum dagblöðum hefur fækkað um helming frá því á níunda áratug síðustu aldar.

Fréttablaðið og *Blaðið* eru einu dagblöðin sem sett hafa verið á fót hér á landi frá grunni síðan *Dagblaðið* hóf að koma út árið 1975. Fréttablaðið er um margt einstakt á meðal þeirra fjölmörgu dagblaða sem sett hafa verið á fót í stórborgum Evrópu og Norður-Ameríku og víðar undanfarinn áratug og dreift er endurgjaldslaust til lesenda (hér á eftir nefnd fríblöð). Öll hafa þessi blöð það sameiginlegt að vera dreift staðbundið á fjölförnum samgöngustöðum. Fréttablaðið er eina almenna fría dagblaðið, sem kunnugt er um, sem borið er út og sem jafnframt er dreift á landsvísu. Þar við bætist að Fréttablaðið telst með fullum rétti fullburðugt dagblað er flytur fréttir og fjölbreytt annað efni öndvert við það sem algengast er með fríblöð annars staðar en einkenni þeirra er að þau takmarka sig að mestu við harðsoðið yfirlit yfir helstu fréttir og atburði líðandi stundar.

Útbreiðsla dagblaða hafði verið á nokkru undanhaldi um nokkurt skeið samfara fækkun útgefinna blaða er Fréttablaðið hóf göngu sína. Frá og með tilkomu Fréttablaðsins árið 2001 hefur samanlögð útbreiðsla dagblaðanna stórlega aukist. Gildir þá einu hvort er mælt í heildarupplagi, útbreiðslu á 1.000 íbúa eða á heimili.

Útbreiðsla dagblaða 1985–2004.

	1985	*1990*	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*	*2004*	*Breyting 2004–1980*
Útbreiðsla í þús. eint.	92	96	98	91	149	152/162	156/168	155/166	+63/+74
Seld blöð	92	96	98	91	79	76	71	68	-24
Fríblöð					70	76/86	86/97	87/99	+87/+99
Útbreiðsla á 1.000 íbúa	381	375	365	322	520	527/561	538/579	527/567	+146/+186
Seld blöð	381	375	365	322	275	263	244	230	-151
Fríblöð					245	265/299	295/335	297/337	+297/+337
Útbreiðsla á heimili	1,1	1,1	1,0	0,9	1,4	1,5/1,6	1,5/1,6	1,5/1,6	+0,4/+0,5
Seld blöð	1,1	1,1	1,0	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6	-0,5
Fríblöð					0,7	0,7/0,8	0,8/0,9	0,8/0,9	+0,8/+0,9

Skýringar: Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Útbreiðsla DV 2003–2004 er metin samkvæmt fjölmiðlakönnunum. Tala fyrir framan skástrik vísar til seldra eintaka DV og Morgunblaðsins + dreifðra eintaka Fréttablaðsins með blaðberum, tala fyrir aftan skástrik vísar til seldra eintaka DV og Morgunblaðsins + allra dreifðra eintaka Fréttablaðsins.
Heimildir: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirt gögn; ÍM Gallup, 2003–2004; Verslunarráð Íslands, 2003–2005.

Hljóðvarp.

Fjölbreytni verður að teljast nokkur á hljóðvarpsmarkaði þegar litið er til fjölda stöðva en kannski síður þegar litið er til dagskrárframboðs. Fyrir utan dagskrárrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, eru dagskráráherslur stöðvanna sniðnar að tiltölulega afmörkuðum hópi hlustenda með tilliti til aldurs og áhugamála. Eiginleg dagskrárgerð er næsta lítil á mörgum einkareknu stöðvanna. Útsending margra felst mestmegnis í leikinni tónlist af hljómplötum

með kynningum og spjalli. Endurnýjun er mikil í þessum geira fjölmiðlunar og á það jafnt við um rekstraraðila og stöðvarnar sjálfar. Algengt er að stöðvar staldri stutt við og breytingar er tíðar á efni og dagskrártilhöfðun einkarekinna stöðva.

Um mitt síðasta ár voru dagskrár 20 hljóðvarpsstöðva sendar út reglulega. Þar af voru 14 stöðvar í einkaeign og sex dagskrárrásir á vegum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.

Hljóðvarpsstöðvum hefur fjölgað nær samfellt frá árinu 1986 að telja og fram undir seinustu ár. Flestar voru stöðvarnar 26 árið 2001 en þeim hefur lítillega fækkað síðan. Árið 2004 sendu út 16 hljóðvarpsstöðvar í einkaeign, auk sex dagskrárrása Ríkisútvarpsins.

Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru síðan einkaréttur Ríkisútvarpsins til hljóðvarpsútsendinga var afnuminn um áramótin 1985–1986 hafa 44 einkareknar stöðvar hafið reglulegar útsendingar. „Líftími" einkarekinna hljóðvarpsstöðva er almennt stuttur sem bendir eindregið til þess að bekkurinn sé of þröngt setinn á hljóðvarpsmarkaði. Þetta hefur þó ekki komið í veg fyrir að nýjar stöðvar hafi verið settar á fót. Meðalstarfstími þeirra stöðva, sem voru í loftinu um áramótin 2004–2005, var á sjötta ár. Átta af 41 stöð, sem starfrækt var á tímabilinu frá 1986 til ársloka 2004, höfðu starfað í áratug eða lengur.

Sjö stöðvanna, eða helmingur þeirra hljóðvarpsstöðva sem nú eru starfandi, hófu útsendingar á árunum 2001–2005. Meðalaldur þeirra 14 einkareknu stöðva, sem nú eru starfandi, er á níunda ár; sex stöðvanna hafa verið starfræktar í áratug eða lengur.

Hljóðvarpsstöðvar í einkaeign í mars 2005.



Skýringar: Hljóðvarpsstöðvar með langtímaleyfi að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum. Stöðvunum er raðað eftir stofnári. Upplýsingar vísa aðeins til stöðva sem voru starfræktar í mars 2005 og sendu út eigin dagskrá. Ártal í sviga vísar til upphafsárs reglulegra útsendinga stöðvar eða forvera hennar.
* Upphaflega *Barnarásin*, síðar *Útvarp Latabæjar*, nú *Barnaútvarpið*. ** Upphaflega *Sterió*, nú *KissFM*. *** Upphaflega *Íslenska stöðin*, síðar *Mix FM*, nú *XFM*.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar, útvarpsréttarnefnd.

Bylgjan er fyrsta og elsta starfandi hljóðvarpsstöðin í einkaeign en hún hóf útsendingar í ágúst 1986. Aðrar einkareknar hljóðvarpsstöðvar eru *Ás-98,3*, *Barnaútvarpið* (áður Útvarp

Latabæjar), *FM 95,7*, *KissFM*, *Létt*, *Lindin*, *Talstöðin*, *Útvarp Boðun*, *Útvarp Kántríbær*, *Útvarp Saga*, *Útvarp Vestmannaeyja*, *XA-Radíó* og *XFM* (upphaflega Íslenska stöðin og síðar Mix FM). Einungis Bylgjan og FM 95,7 teljast senda út á landsvísu. Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við sunnan- og vestanvert landið eða einstök þéttbýlissvæði og næsta nágrenni þeirra.

Meginuppistaða í dagskrárframboði einkarekins hljóðvarps hefur lengst af verið flutningur dægurtónlistar og umfjöllun henni tengd. Af þeim einkareknu stöðvum, sem nú hljóma, teljast sex til tónlistarútvarps en þetta eru FM 95,7, KissFM, Létt, Útvarp Kántríbær og XFM, auk Barnaútvarpsins. Allar eru stöðvarnar sérhæfðar í flutningi dægurtónlistar af einu eða öðru tagi. Bylgjan, Talstöðin og Útvarp Saga teljast til dægurmálastöðva. Bylgjan sendir út blandaða dagskrá með áherslu á dægur- og samfélagsmál, auk tónlistar, en Útvarp Saga og Talstöðin eru svonefnt talmálsútvarp með áherslu á samfélags- og dægurmál. Staðarmál hvers konar eru uppistaðan í dagskrá Útvarps Vestmannaeyja. Til staðarstöðva telst einnig ÁS-98,3 en stöðin sendir einungis út frá borgarstjórnarfundum og fundum bæjarstjórnar Kópavogs. Lindin og Útvarp Boðun eru trúarlegar stöðvar en útsendingar XA-Radíó eru alfarið helgaðar reynslusögum og efni tengdu sk. „12 spora kerfi".

Einkarekið hljóðvarp á landsbyggðinni hefur alla tíð átt erfitt uppdráttar. Af þeim níu stöðvum, sem hafa verið settar á fót utan höfuðborgarsvæðisins, voru aðeins tvær starfandi um mitt ár 2005, en þetta eru Útvarp Kántríbær á Skagaströnd og Útvarp Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum. Aðrar stöðvar, sem settar hafa verið á fót utan höfuðborgarsvæðisins, hafa staldrað mun skemur við. Í ljósi reynslunnar má ljóst vera að hljóðvarp á vegum einkaaðila hefur ekki verið sú lyftistöng fyrir fjölmiðlun á landsbyggðinni sem ýmsir bundu vonir við þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls fyrir hartnær tveimur áratugum.

Einkareknar stöðvar eru fjármagnaðar með sölu auglýsinga í dagskrá og kostun nema trúarlegu stöðvarnar, Lindin, Útvarp Boðun og XA-Radíó, sem reknar eru að mestu leyti fyrir frjáls framlög og með sjálfboðavinnu.

Rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva.

Algengt er að rekstraraðilar einkarekinna hljóðvarpsstöðva staldri stutt við á þessum markaði. Þótt rekstraraðilum hafi farið fjölgandi hefur þeim þó ekki fjölgað í takt við fjölgun stöðva. Á undanförnum árum hefur gætt skýrrar tilhneigingar til samþjöppunar að því er varðar eignarhald einkarekins hljóðvarps. Frá því á níunda áratugnum hefur gætt ríkrar tilhneigingar til þess að einn og sami rekstraraðili hafi yfir að ráða fleiri stöðvum. Lengst af níunda áratug síðustu aldar var Fínn miðill ehf. umsvifamestur einkaaðila í hljóðvarpsrekstri en fyrirtækið rak um skeið sex útvarpsstöðvar. Á miðju ári 2000 eignuðust Norðurljós hf. ráðandi hlut í fyrirtækinu þegar þau keyptu bandaríska fjölmiðlafyrirtækið Saga Communications Inc. út úr Fínum miðli. Um tíma þegar mest lét voru 11 hljóðvarpsstöðvar starfræktar á vegum dótturfélaga Norðurljósa, Fíns miðils ehf. og Íslenska útvarpsfélagsins ehf.

Útsendingartími.

Útsendingartími hljóðvarps hefur eðlilega stóraukist með auknum fjölda stöðva. Frá því að einkarekið hljóðvarp kom til skjalanna árið 1986 hefur senditíminn u.þ.b. ellefufaldast, eða farið úr 13.000 stundum á ári í um 139.000 stundir. Árið 2004 sendu einkareknar stöðvar út 123.000 stundir á móti tæplega 16.000 stundum í Ríkisútvarpinu. Stundir í hljóðvarpi á landsvísu hafa tvöfaldast frá því í byrjun tíunda áratugarins þegar aðeins útsendingar Rásar 1 og Rásar 2 náðu til landsins alls. Samanlagður útsendingartími þeirra fjögurra stöðva, sem senda út á landsvísu, var rétt um 33.000 stundir í fyrra.

Flestar stöðvar senda út allan sólarhringinn, alla vikuna. Daglegur útsendingartími svæðisstöðva Ríkisútvarpsins og einkarekinna staðarstöðva er þó næsta takmarkaður. Svæðisútvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins senda út fjóra til fimm virka daga í viku. Útvarp Vestmannaeyja sendir að jafnaði út þrjá daga í viku, þrjár stundir í senn hvern útsendingardag. Ás-98,3 sendir aðeins þegar fundir eru haldnir í borgarstjórn og í bæjarstjórn Kópavogs.

Útsending hljóðvarpsstöðva í mars 2005.

	Útsendar klst. í viku að jafnaði	*Útsendar klst. á dag að jafnaði*	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Rás 1*	124:00	18:00	7
Rás 2	168:00	24:00	7
Svæðisútvarp Vestfjarða*	2:20	0:35	4
Svæðisútvarp Norðurl.*	2:55	0:35	5
Svæðisútvarp Austurl.*	2:20	0:35	4
Svæðisútvarp Suðurlands*	2:20	0:35	4
Ás-98,3	óreglulegur útsendingartími**		2
Barnaútvarpið	168:00	24:00	7
Bylgjan	168:00	24:00	7
FM 95,7	168:00	24:00	7
KissFM985	168:00	24:00	7
Létt	168:00	24:00	7
Lindin	168:00	24:00	7
Talstöðin	168:00	24:00	7
Útvarp Boðun	168:00	24:00	7
Útvarp Kántríbær	168:00	24:00	7
Útvarp Saga	168:00	24:00	7
Útvarp Vestmannaeyja*	9:00	3:00	3
XA-Radíó	168:00	24:00	7
XFM	168:00	24:00	7

Skýringar: Einungis stöðvar með langtímaleyfi sem sendu út á árinu eigin dagskrá, ásamt dagskrárrásum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps. Að frátöldum skóla- og æskulýðsstöðvum.
* Reiknað út frá útsendingartíma árið 2003.
** Einungis útsendingar frá fundum borgarstjórnar og bæjarstjórnar Kópavogs.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Dagskrárefni og dagskráráherslur.

Fjöldi einkarekinna hljóðvarpsstöðva og stóraukinn útsendingartími gæti við fyrstu sýn bent til fjölbreytni á þessum markaði. Frá því að einkaaðilum var gert kleift að hasla sér völl í hljóðvarpi hefur tónlistarútvarp verið mest áberandi í framboði stöðva. Ekki ber svo að skilja að áhersla á tónlist í hljóðvarpi sé einhver nýlunda. Tónlist hefur ætíð verið meginuppistaðan í dagskrá hljóðvarps allar götur frá því að reglulegur útvarpsrekstur hófst um 1920 vestan hafs og austan. Flutningur tónlistar í hljóðvarpi árið 2003 var ríflega 70% af öllu útsendu efni. Hlutur tónlistar af dagskrá einkahljóðvarpsstöðva var um 75% en 50% í samanlagðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Rík áhersla á tónlist í dagskrá hljóðvarps stafar m.a. af því að dagskrárgerðarkostnaði er haldið í lágmarki. Sama gildir einnig um svonefnt talmálsútvarp.

Einkareknar stöðvar má gróflega flokka í dægurmálastöðvar, tónlistarstöðvar, trúarlegar stöðvar og staðarstöðvar eftir dagskrárefni og efnistilhöfðun. Taflan sýnir fjölda stöðva og útsendingartíma samkvæmt þessari flokkum 1996–2004. Um það bil þrjár af hverjum fjórum

stöðvum, sem sendu út 2004, flokkast sem tónlistarstöðvar. Útsendingartími þeirra nam um tveimur þriðju af heildarútsendingartíma einkarekinna stöðva árið 2003. Fjöldi stöðva og útsendingartími í öðrum flokkum stöðva eftir dagskrársniði er mun takmarkaðri.

Dagskrá Rásar 1 er mun fjölbreyttari en dagskrá hinna stöðvanna. Fast að því helmingur af útsendingartíma stöðvarinnar er dagskrárefni sem gróflega má flokka sem upplýsingu og menningu samanborið við þriðjung á Rás 2 og fjórðung á Bylgjunni. Undir upplýsingu og menningu falla m.a. fréttir og fréttatengt efni, umræðuþættir og menningarmálaumfjöllun. Skemmtiefni, sem er m.a. viðtalsþættir, spurningaleikir, leikrit og upplestur, er langfyrirferðarmest á Rás 1 af stöðvunum þremur, eða ríflega einn og hálfur klukkutími af hverjum tíu. Dagskrárgerð fyrir börn er aðeins að finna á báðum landsrásum Ríkisútvarpsins. Einungis Bylgjan og Rás 2 senda út íþróttir í formi beinna lýsinga af íþróttakappleikjum. Tónlist er langsamlega fyrirferðarmest á Bylgjunni, eða um tvær af hverjum þremur útsendum stundum á móti tæpum tveimur af hverjum þremur stundum á Rás 2 og um þriðjungi af dagskrártíma Rásar 1.

Hljóðvarpsnotkun og markaðshlutdeild hljóðvarpsstöðva.

Hljóðvarpsnotkun er almenn hér á landi. Níu af hverjum tíu á aldrinum 12–80 ára hlusta á hljóðvarp daglega. Að jafnaði hlustaði hver einstaklingur rúma fjóra tíma á hljóðvarp á dag, eða umtalsvert lengur en varið er að jafnaði fyrir framan sjónvarpstækið.

Hlustun á einstakar stöðvar og hlutdeild þeirra í hlustun er hér annars vegar lýst sem daglegri og vikulegri notkun og hins vegar sem meðalhlustun á viðkomandi stöð. Dagleg og vikuleg notkun vísar til þess til hve stórs hlutfalls hlustenda viðkomandi stöð nær að jafnaði á dag og viku en hlutdeild stöðvar í hlustun vísar til þess hve mikið er hlustað á viðkomandi stöð sem hlutfall af heildarhlustuninni í tíma talið.

Bylgjan og Rás 2 ná eyrum flestra hlustenda samkvæmt könnun ÍM Gallup viku í október 2004. Á Bylgjuna hlustuðu að jafnaði 37% á dag og 62% yfir vikuna, á Rás 2 hlustuðu 38% á dag og 59% yfir vikuna. Rás 1 fylgdi þar næst í kjölfarið en 29% stilltu á stöðina daglega og um 43% yfir vikuna. Hlustendur annarra stöðva voru snöggtum færri.

Hlutdeild Ríkisútvarpsins í heildarhlustun hefur minnkað umtalsvert á umliðnum árum, mælt sem hlutfall af samanlögðum þeim tíma sem hljóðvarpsnotendur hlustuðu á hljóðvarp í könnunarviku. Samanlögð hlutdeild tveggja landsrása Ríkisútvarpsins mældist 73% í október 1991 en var komin niður í 48% þegar minnst var 1998 og 1999. Síðan þá hefur hlutfallsleg skipting á hlustun milli einkarekinna stöðva og Ríkisútvarpsins mælst tiltölulega stöðug. Í október 2004 var hlutdeild einkastöðva 49% á móti 51% hlut Ríkisútvarpsins.

Hljóðvarpsmarkaðurinn skiptist að mestu upp á milli tveggja aðila, þ.e. Ríkisútvarpsins og 365 ljósvakamiðla ehf. Samanlagður hlutur þessara tveggja aðila árið 2004 var 92% – þar af var hlutur 365 ljósvakamiðla ehf. 41% á móti 51% hlut Ríkisútvarpsins. Til Útvarps Sögu ehf. féllu 5% af heildarhlustuninni og til Pýrit ehf. 3%. Innbyrðis hlutdeild milli einkaaðila skiptist þannig að um 84% af hlustuninni féllu til stöðva 365 ljósvakamiðla. Hlutdeild Pýrit ehf. var 6% og hlutur Útvarps Sögu ehf. um 10%.

Sjónvarp.

Tugur sjónvarpsstöðva er starfræktur hér á landi um þessar mundir, auk þess sem sjónvarpsnotendum víðs vegar um landið stendur til boða viðstöðulaust endurvarp á dagskrá erlendra sjónvarpsstöðva. Samþjöppun verður að teljast veruleg á þessum markaði hvort heldur er með tilliti til markaðshlutdeildar einstakra stöðva eða eignarhalds. Með hliðsjón af smæð íslensks þjóðfélags og takmörkuðum tekjumöguleikum hefur verið nokkurt undrunarefni í

augum utanaðkomandi að hér skuli yfir höfuð vera hægt að reka tvær fullgildar sjónvarpsstöðvar, að ekki sé talað um fleiri stöðvar.

Sjónvarpsstöðvar.

Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986 hafa 14 einkareknar sjónvarpsstöðvar hafið útsendingar. Stöð 2 er fyrsta og elsta starfandi einkarekna sjónvarpsstöðin en útsendingar stöðvarinnar hófust í október 1986. Allt til ársins 1992 var Stöð 2 eina einkarekna sjónvarpsstöðin en það ár hóf kristilega sjónvarpsstöðin Omega reglulegar útsendingar. Þrjár nýjar stöðvar bættust við árið 1995 er Sjónvarp Hafnarfjarðar og Stöð 3 voru settar á fót og Sýn hóf reglulegar útsendingar eftir að hafa sent út óreglulega um nokkurt skeið. Síðan hafa ellefu aðrar einkareknar sjónvarpsstöðvar verið settar á laggirnar, þar af hafa sex hafið starfsemi frá árinu 2002 að telja. Fimm stöðvar hafa hætt starfsemi frá árinu 1997, eða um þriðjungur allra stöðva sem settar hafa verið á fót frá því að sérleyfi Ríkisútvarpsins til útvarpsendinga var afnumið.

Auk *Ríkisútvarpsins, sjónvarps* senda reglulega ellefu einkareknar sjónvarpsstöðvar út núna en þetta eru *Aksjón, Augnsýn, Fjölsýn, NFS, Omega, Popp tíví, Skjár 1, Sirkus, Stöð 2, Stöð 2 – bíó* (áður nefnd Bíórásin) og *Sýn.*

Útsendingarsvæði flestra stöðva takmarkast annaðhvort við ákveðna landshluta eða einstaka þéttbýliskjarna/þéttbýlissvæði. Sjónvarpið, Skjár 1, Stöð 2 og Sýn teljast senda út á landsvísu en útsendingar þeirra ná til allra landshluta og flestra heimila. Útsendingarsvæði annarra stöðva takmarkast að mestu við suðvesturhorn landsins eða einstök bæjarfélög (Akureyri, Reykjanesbær og Vestmannaeyjar). Þrjár stöðvanna eru gerðar út utan höfuðborgarsvæðisins.

Fjórar stöðvanna eru áskriftarstöðvar og er efni þeirra því ekki aðgengilegt öðrum en áskrifendum. Fjöldi áskrifenda að einstökum stöðvum er ekki gefinn upp vegna trúnaðar. Gera má ráð fyrir að um fimm af hverjum tíu heimilum séu með áskrift að áskriftarsjónvarpi, innlendum stöðvum og endurvarpi. Áskrifendur eru langsamlega flestir að Stöð 2 en samkvæmt fjölmiðlakönnun ÍM Gallups í október 2004 kváðust 45% aðspurðra vera með áskrift að stöðinni og 22% að Sýn. Áskrifendur annarra stöðva eru umtalsvert færri sem hlutfall af heimilum og mannfjölda.

Einkareknu stöðvarnar, að Omega undanskilinni, eru ýmist fjármagnaðar eingöngu með sölu auglýsingatíma og kostun eða einnig með áskriftargjöldum. Rekstur Omega, líkt og kristilegu hljóðvarpsstöðvanna, er kostaður með frjálsum framlögum. Auk tekna af birtingu auglýsinga og kostun nýtur Ríkisútvarpið, sjónvarp lögboðinna afnotagjalda.

Endurvarp erlends sjónvarps.

Sjónvarpsáhorfendur víðs vegar um landið eiga einnig kost á því að ná útsendingum fjölda erlendra sjónvarpsstöðva með áskrift að viðstöðulausu endurvarpi sem sent er út ýmist í loftnet eða um þráð.

Um 35% heimila eiga kost á að tengjast endurvarpi um þráð og 65–70% heimila geta náð sendingum endurvarps í loftnet af þeim u.þ.b. 105.000 heimilum sem eru í landinu. Áskrifendur að endurvarpi eru vitanlega færri en fjöldi þeirra heimila sem kost eiga á endurvarpi. Í árslok 2003 voru áskrifendur að viðstöðulausu endurvarpi rétt um 19.000, eða um fimmta hvert heimili. Þar við bætist að fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva stendur sjónvarpsáhorfendum til boða frítt í gegnum gervihnött og margir eru áskrifendur að gervihnattasendingum með þar til gerðum móttökubúnaði. Ætla má að allt að eitt af hverjum tíu heimilum hafi aðgang

að útlendu sjónvarpi um gervihnött, ýmist í gegnum eigin móttökubúnað eða sameiginlega móttöku, svo sem í fjölbýlishúsum.

Um þessar mundir endurvarpa einir tíu aðilar erlendum sjónvarpsstöðvum. Útsendingarsvæði endurvarpsstöðvanna hefur fram undir þetta takmarkast að mestu við suðvesturhorn landsins og einstaka þéttbýlisstaði út um landið. Umsvifamestir þeirra aðila, sem endurvarpa viðstöðulaust erlendu sjónvarpi, eru *Skjárinn* hjá Landssíma Íslands hf. og *Digital Ísland* (áður nefnt Fjölvarp) sem er á vegum 365 ljósvakamiðla ehf.

Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva.

Fjölgun sjónvarpsstöðva hefur haft í för með sér að rekstraraðilum hefur fjölgað en um leið hefur gætt samþjöppunar á eignarhaldi stöðva. Rekstraraðilar sjónvarpsstöðva í einkaeign voru sex talsins í byrjun árs 2005. Af þeim ellefu einkareknu sjónvarpsstöðvum, sem eru starfræktar eru um þessar mundir, eru sex í eigu 365 ljósvakamiðla ehf., en þetta eru NFS, Popp tíví, Sirkus, Stöð 2, Stöð 2 – bíó og Sýn. Fjórir aðilar reka eina stöð hver. Auk Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., sem rekur Skjá 1, eru þetta Aksjón ehf. sem rekur samnefnda stöð á Akureyri, Eyjasýn ehf. í Vestmannaeyjum sem starfrækir Fjölsýn, Íslenskur fjölmiðill ehf. sem stendur fyrir útsendingum Augnsýnar í Reykjanesbæ og Kristniboðskirkjan/ Evrópsk fjölmiðlun sem er rekstraraðili Omega.

Rekstraraðilar einkarekinna sjónvarpsstöðva frá 1986 til mars 2005.

			Fjöldi rekstraraðila eftir fjölda stöðva				
	Fjöldi stöðva	*Fjöldi rekstraraðila*	*Ein*	*Tvær*	*Þrjár*	*Fjórar*	*Fimm*
1986	1	1	1	–	–	–	–
1990	1	1	1	–	–	–	–
1995	5	4	3	1*	–	–	–
2000	8	5	4	–	–	1**	–
2001	7	4	3	–	–	1**	–
2002	8	5	4	–	–	1**	–
2003	10	5	3	1***	–	–	1****
2004	9	6	5	–	–	1**	–
mars 2005	9	6	5	–	–	1**	–

Skýringar: Sjónvarpsstöðvar með langtímaleyfi sem sendu reglulega út eigin dagskrá í lok árs 1986–2004 og í mars 2005. Móðurfélög og dótturfélög eru hér talin til eins og sama rekstraraðila, sem og félög þar sem um náin eignatengsl er að ræða í gegnum stærstu hluthafa beggja félaga.
* Stöð 2 og Sýn. ** Stöð 2, Stöð 2 – bíó, Sýn og Popp tíví. *** Skjár 1 og Skjár 2. **** Stöð 2, Sýn, Bíórásin, Popp tíví og Stöð 3.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Tvö fyrirtæki starfrækja einnig viðstöðulaust endurvarp erlends sjónvarps en þetta eru 365 ljósvakamiðlar ehf. með Digital Ísland og Eyjasýn ehf. með Fjölsýn. Þar við bætist að Landssími Íslands hf., sem starfrækir *Skjáinn*, tengist rekstri Skjás 1 í gegnum eignarhald.

Dagskrárframboð sjónvarps.

Framboð sjónvarpsefnis hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun stöðva. Þá má skoða árlegan útsendingartíma sjónvarps 1987–2004 eftir nokkrum flokkum stöðva. Frá 1987, fyrsta heila starfsári Stöðvar 2, nífaldaðist samanlagður árlegur útsendingartími, eða frá því að vera ríflega 5.800 klukkustundir í yfir 53.000 stundir. Þar af sendu einkareknar

stöðvar út yfir níu af hverjum tíu tímum. Útsendingartími þeirra fjögurra stöðva, sem sendu út á landsvísu, var ríflega 25.000 stundir í fyrra eða hátt í helmingur af heildarútsendingartíma allra stöðvanna.

Útsendingartími sjónvarps 1987–2004.



Skýring: Útsendingartími fyrir árið 2004 er áætlaður að nokkru.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Allar stöðvarnar senda út alla daga vikunnar nema staðarstöðvarnar Augnsýn og Fjölsýn. Augnsýn sendir út alla virka daga en Fjölsýn þrjá daga að jafnaði í viku. Helmingur stöðvanna sendir út allan sólarhringinn eða fast að því. Útsendingartími staðarsjónvarpsstöðvanna er langtum takmarkaðri en annarra stöðva.

Útsending sjónvarpsstöðva í mars 2004.

	*Útsendar klst. á viku að jafnaði**	*Útsendar klst. á dag að jafnaði**	*Útsendingardagar í viku að jafnaði*
Ríkisútvarpið			
Sjónvarpið	168	24	7
Einkareknar stöðvar			
Aksjón**	45	6	7
Augnsýn**	15	3	5
Fjölsýn**	9	3	3
Ómega	168	24	7
Popp tíví	168	24	7
Skjár 1	168	24	7
Stöð 2	168	24	7
Stöð 2 – bíó	168	24	7
Sýn** [+]	168	11	7

* Miðað er við þá daga sem útsendingar stóðu yfir. ** Áætlaður útsendingartími. [+] Stöð 2 – bíó sendir út á Sýn eftir að eiginlegri dagskrá þeirrar síðarnefndu lýkur.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Lenging útsendingartíma í allan sólarhringinn hefur leitt til þess að hlutfall endursýninga af útsendri dagskrá hefur stórlega aukist á undanförnum árum. Lætur nærri að sjö af hverjum tíu dagskrártímum stöðvanna sé endursýnt efni, að frátöldum ókynntum tónlistarmyndböndum. Þá má sjá hlutfallslega skiptingu milli frumsýnds og endursýnds efnis árið 2004 af dagskrá stöðva sem senda út á landsvísu. Hlutfall endursýnds efnis af útsendri dagskrá er umtalsvert lægra í Sjónvarpinu en á hinum stöðvunum þótt endursýningum hafi fjölgað á allra síðustu árum samfara lengingu daglegs útsendingartíma stöðvarinnar. Ekki er alls kostar sanngjarnt að leggja að jöfnu hlutfall endursýninga í Sjónvarpinu og stöðva sem senda út allan sólarhringinn eða fast að því. Eigi að síður voru frumsýndar stundir fleiri í Sjónvarpinu en á dagskrá hinna stöðvanna hverrar um sig.

Frumsýningar og endursýningar sem hlutfall af dagskrá sjónvarps á landsvísu 2004, %.



Skýring: Hlutfall af útsendum stundum á árinu að frátöldum auglýsingum, uppfyllingum og dagskrárkynningum.
* Hlutfall frumsýnds og endursýnds efnis af dagskrá að frátalinni ókynntri tónlist. Skipting frumsýnds og endursýnds efnis á Skjá 1 vísar til ársins 2003.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Hlutfall endursýninga á staðarstöðvunum var frá því að vera hverfandi á Fjölsýn í um helmingur af útsendingartíma Aksjónar og Augnsýnar. Dagskrá sérefnisstöðvanna Bíórásarinnar (nú Stöð 2 – bíó) og Omega samanstendur að stórum hluta af endursýningum. Á Popp tíví voru um sjö af hverjum tíu dagskrárstundum frumsýnt efni, að ókynntri tónlist frátalinni.

Dagskrárefni.

Ríkisútvarpinu eru lagðar á herðar ríkari skyldur varðandi dagskrá samkvæmt lögum en einkareknum útvarpsstöðvum. Þetta endurspeglast að nokkru í mismunandi efni og dagskrársamsetningu Sjónvarpsins og einkareknu stöðvanna.

Þá má sjá skiptingu dagskrár árið 2003 eftir meginflokkum efnis á stöðvum sem senda út á landsvísu. Sjónvarpið og Stöð 2 sendu hlutfallslega meira en aðrar stöðvar út af efni sem gróflega má flokka til upplýsingar og menningar. Hlutfall þessa efnisflokks var þó umtalsvert hærra í Sjónvarpinu en á Stöð 2 þótt útsendir tímar hafi verið nokkru fleiri á síðarnefndu stöðinni, eða 1.300 á móti 1.133. Viðlíka er að segja um efni sem sérstaklega er ætlað börnum og unglingum. Hlutfall þessa efnis var nokkru hærra í dagskrá Sjónvarpsins en á Stöð 2 þrátt fyrir að útsendingartímar þessa efnisflokks væru tæplega helmingi fleiri á síðarnefndu stöðinni. Þetta skýrist af misjafnlega löngum útsendingartíma stöðvanna. Hlutur leikins efnis og skemmtiefnis var mestur á Stöð 2 og á Sýn. Sú síðarnefnda sker sig úr hvað varðar hátt hlutfall íþrótta. Svipað er að segja um Skjá 1 varðandi hlut tónlistar en næturdagskrá stöðvarinnar og útsendingar fyrri hluta dags samanstanda af tónlistarmyndböndum að stærstum hluta. Að öðru leyti var dagskrá Skjás 1 að mestu leikið efni og skemmti-, sjálfshjálpar- og lífsstílsþættir.

Dagskrá sjónvarpsstöðva sem senda út á landsvísu eftir meginflokkum efnis 2003.

	*Upplýsing og menning**	*Leikið efni og skemmtiefni*	*Tónlist*	*Íþróttir*	*Börn og unglingar*	*Annað***	*Alls*
Stundir á ári							
Sjónvarpið	1.133	1.439	33	577	477	420	4.080
Skjár 1	731	1.564	4.957	32	2	1.473	8.760
Stöð 2	1.300	4.395	158	219	713	626	7.411
Sýn	113	1.825	9	1.409	12	398	3.767
Hlutfallsleg skipting, %							
Sjónvarpið	28	35	1	14	12	10	100
Skjár 1	8	18	57	–	–	17	100
Stöð 2	18	59	2	3	10	8	100
Sýn	3	49	–	37	–	11	100

Skýringar: Um skilgreiningu á efnisflokkum, sjá Fjölmiðlun og menningu 2003, 2003: 264–68. Nálgaðar tölur fyrir efnisskiptingu á Stöð 2 og Sýn að hluta. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.

* M.a. fréttir, veður, fréttaskýringar og umræðuþættir. ** Auglýsingar, uppfyllingar, dagskrárkynningar, stúfar og óflokkað efni.

Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Uppistaða dagskrár staðarsjónvarpsstöðvanna eru staðarfréttir og umræða, ásamt leiknu efni (á Aksjón), íþróttaviðburðum og spjallþáttum (á Augnsýn og Fjölsýn). Dagskrá Stöðvar 2 – bíós samanstendur nær eingöngu af leiknu efni (kvikmyndum og sjónvarpsmyndum), dagskrá Popp tívís af skemmtiefni, raunveruleikaþáttum og tónlist og Omega af trúarlegu efni í tali og tónum.

Uppruni dagskrár.

Allar götur frá því að innlent sjónvarp hófst árið 1966 hefur eitt helsta einkenni þess verið óvenju hátt hlutfall erlends efnis af útsendri dagskrá. Fullyrða má að sjónvarpið hafi veitt erlendum menningarstraumum inn í þjóðlífið af slíkum þunga að naumast verður jafnað til

nokkurs sem á undan er gengið. Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskt sjónvarp í gegnum árin þráfaldlega vermt svo gott sem botnsætið hvað varðar hlutdeild innlends efnis af dagskrá og gildir þá einu hvort um er að ræða samanburð á efni stöðva í almannaþjónustu eða einkarekinna stöðva.

Ef aðeins er miðað við uppruna leikins efnis er samanburðurinn jafnvel enn óhagstæðari fyrir íslenskt sjónvarp. Ástæða þessa er auðvitað sú að framleiðsla leikins efnis er kostnaðarsöm og regluleg framleiðsla slíks efnis hefur verið ofviða íslensku sjónvarpi. Innlend dagskrárgerð hefur mestmegnis einskorðast við fréttir og fréttatengda dagskrárliði og framleiðslu efnis sem ekki er eins frekt á mannafla og fjármuni og sem ekki kallar á umtalsverða forvinnu og eftirvinnslu (svo sem viðtals- og skemmtiþætti hvers konar, gestakomur í sjónvarpssal og upptökur og beinar útsendingar, til að mynda frá íþróttakeppnum og kappleikjum).

Engu að síður hefur framboð innlends efnis í sjónvarpi undanfarin ár margfaldast með fjölgun stöðva og samkeppni þeirra á milli um áhorfendur og auglýsendur. Fjölmiðlakannanir hafa í gegnum árin sýnt að íslenskir áhorfendur taka íslensku efni með þökkum og hefur innlent efni notið óskoraðra vinsælda á meðal áhorfenda samkvæmt fjölmiðlakönnunum.

Sjá má skiptingu innlends og erlends efnis á sjónvarpsstöðvum sem sendu út á landsvísu á árabilinu 1987–2003. Árið 2003 stóðu sjónvarpsáhorfendum til boða yfir 4.500 stundir af innlendu efni á þeim fjórum stöðvum sem sendu út á landsvísu en innan við 700 stundir 1987 á meðan Sjónvarpið var eina stöðin sem sendi út á landsvísu. Eftir nær stöðuga aukningu innlends efnis í tímum talið fækkaði sýndum stundum lítillega árið 2003 frá fyrra ári, eða um 7%.

Innlent og erlent efni sjónvarps á landsvísu 1987–2004.

	Stöðvar sem sendu út á landsvísu	*Stundir á ári*			*Hlutfallsleg skipting, %*	
		Alls	*Innlent efni*	*Erlent efni*	*Innlent efni*	*Erlent efni*
1987	1	1.768	668	1.100	38	62
1990	1	2.483	817	1.666	33	67
1995	2	7.357	1.824	5.533	25	75
2000	3	12.770	3.548	9.222	28	72
2001	4	15.145	4.052	11.093	27	73
2002	4	16.803	4.858	11.945	29	71
2003	4	16.150	4.537	11.613	28	72

Skýring: Útsendar stundir á ári að frádregnum auglýsingum, fjarsöluþáttum, uppfyllingu og dagskrárkynningum.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Þrátt fyrir að íslenskri dagskrárgerð hafi vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum hefur aukningin ekki haldið í við lengingu heildarútsendingartímans. Á 16 ára tímabili, 1987–2003, hefur dagskrárframboð innlends efnis í sjónvarpi á landsvísu nær sjöfaldast á sama tíma og erlent efni hefur meira en tífaldast að vöxtum.

Innlent og erlent efni í sjónvarpi á landsvísu 1987–2003 (vísitala: 1987=100).



Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Á síðustu árum hefur framboð innlends efnis í tímum talið aukist umtalsvert á öllum stöðvum. Reyndar hefur dregið nokkuð úr framboði innlends efnis á einkareknu stöðvunum upp á síðkastið. Taflan hér á eftir sýnir skiptingu dagskrár eftir uppruna 2003 á stöðvum sem sendu út á landsvísu. Sjónvarpið sendi út nokkru fleiri tíma af innlendu dagskrárefni en Stöð 2. Sökum styttri útsendingartíma vegur hlutur innlends efnis mun hærra hjá Sjónvarpinu, eða 48% á móti 20% á Stöð 2, þótt ekki muni nema tæplega 400 klukkustundum milli stöðvanna á innlendum dagskrártímum. Vægi innlends efnis á Skjá 1 var 25% og á Sýn 25%. Vert er að geta þess að hlutur innlends efnis hefur farið jafnt og þétt vaxandi í Sjónvarpinu. Innlent efni nálgast nú að vera helmingur af dagskrárefni stöðvarinnar frá því að vera að jafnaði rétt um þriðjungur allan síðasta áratug.

Uppruni efnis í sjónvarpi á landsvísu 2003.

	Innlent	*Erlent*	*Alls*
Stundir á ári			
Sjónvarpið	1.736	1.918	3.654
Skjár 1*	578	2.343	2.921
Stöð 2	1.368	5.417	6.785
Sýn	855	2.513	3.368
Hlutfallsleg skipting, %			
Sjónvarpið	48	52	100
Skjár 1*	25	75	100
Stöð 2	20	80	100
Sýn	25	75	100

Skýringar: Útsendar stundir á ári að frádregnum auglýsingum, fjarsöluþáttum, uppfyllingu og dagskrárkynningum. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Að frádreginni tónlist.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Síðan innlent sjónvarp var innleitt fyrir hartnær fjórum áratugum hefur bandarískt efni ávallt verið fyrirferðarmest af erlendu efni, og á stundum af öllu efni, að íslenskum dagskrárliðum meðtöldum. Frá einstökum öðrum löndum er breskt efni næstmest áberandi. Lætur nærri að allt að níu stundir af hverjum tíu af erlendu efni séu bandarískar og breskar að uppruna. Efni frá öðrum löndum og heimssvæðum er hverfandi á dagskrá allra stöðvanna, þar með talið efni frá Norðurlöndunum. Skjár 1 hefur nokkra sérstöðu hvað þetta varðar en nærfellt allt erlent efni, sem sýnt er á stöðinni, er bandarískt. Ekki verður vart mikils munar á milli Sjónvarpsins, Stöðvar 2 og Sýnar hvað varðar uppruna erlends efnis.

Bandarískt efni skipar enn hærri sess í dagskrá annarra stöðva, Aksjónar, Omega og Popp tívís. Efni frá öðrum löndum er hverfandi á dagskrá allra þeirra.

Dagskráráherslur.

Upplýsingar um fjölda útsendra stunda eftir efni og uppruna gefa ekki tilefni til bollaleggginga um gæði dagskrár stöðvanna eða hvert framlag þeirra er til upplýstrar samfélagslegrar umræðu og almennrar menningarlegrar þróunar eins og kveðið er á um í útvarpslögum að stöðvarnar skuli stuðla að. Samanburður á dagskrá stöðvanna gefur tilefni til að ætla að dagskráráherslur þeirra séu um sumt ólíkar.

Dagskráráherslur sjónvarpsstöðva sem senda út á landsvísu.

	Sjónvarpið	*Skjár 1*	*Stöð 2*	*Sýn*
Upplýsing	0	+	++	–
Afþreying	0	+++	+++	++
Íþróttir	+++	+++	–	+++
Börn og unglingar	0	–	++	–
Innlent efni	+++	+	++	–

Skýringar: Byggt á upplýsingum um skiptingu dagskrár eftir efni stöðvanna. Tákn merkja: – engin eða hverfandi lítil áhersla, + nokkur áhersla, ++ talsverð áhersla, +++ rík áhersla.

Sjónvarpið og Stöð 2 skera sig nokkuð úr hvað snertir áherslu á efni sem flokkast getur undir upplýsingu og afþreyingu. Þá leggja báðar stöðvar svipaða áherslu á sýningar á efni fyrir börn og á innlent efni. Enn fremur eru dagskrársamsetning og dagskráráherslur Sjónvarpsins og Stöðvar 2 um margt sambærilegar á besta áhorfstíma, frá u.þ.b. kl. 18 til 22.

Hvernig sjónvarpsstöðvum, sem reknar eru í almannaþágu (e. public service television), tekst að uppfylla lýðræðislegt og menningarlegt hlutverk með fjölbreyttu framboði efnis sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins og ólíkar skoðanir og viðhorf mismunandi hópa og einstaklinga sem best, ræðst öðru fremur af fjármögnun þeirra.

Svo virðist sem fjölbreytni efnis og hversu mikla áherslu almannasjónvarpsstöðvar (e. public service television) leggja á umfjöllun um menningu og samfélagsmál ráðist að miklu leyti af því hvernig fjármögnun þeirra er háttað. Þær stöðvar, sem fjármagnaðar eru að öllu eða mestu leyti af afnotagjöldum eða með hliðstæðu fyrirkomulagi, standa sig merkjanlega betur í þessum efnum en þær almannastöðvar sem fjármagna starfsemi sína að talsverðu leyti með markaðstekjum, auglýsingum og kostun og þurfa þannig að keppa við markaðsmiðaðar stöðvar um athygli áhorfenda og auglýsenda og/eða styðjast við bein framlög almannavaldsins.

Jafnvel þótt ekki sé kveðið sérstaklega á í lögum um efni einkastöðva hefur Stöð 2 alla tíð lagt áherslu á upplýsingu, efni fyrir börn og eftir mætti á innlenda dagskrá. Fréttatími

stöðvarinnar hefur verið flaggskipið í dagskránni frá upphafi sem sést ekki hvað síst á því að hann hefur verið sá einstaki dagskrárliður stöðvarinnar sem mest hefur verið horft á í gegnum árin.

Skjár 1 leggur ríkasta áherslu á afþreyingarefni hvers konar og að nokkru leyti á innlent efni í formi lífsstíls- og skemmtiefnis. Áhersla Sýnar er alfarið á íþróttir auk afþreyingar. Efnisframboð annarra stöðva er miklum mun takmarkaðra en þeirra stöðva sem senda út á landsvísu.

Sjónvarpsnotkun og markaðshlutdeild sjónvarpsstöðva.

Sjónvarp er sá fjölmiðill sem flestir notfæra sér daglega. Ríflega níu af hverjum tíu einstaklingum á aldrinum 12–80 ára horfa eitthvað á sjónvarp á degi hverjum, eða nokkru fleiri en hlusta daglega á hljóðvarp eða glugga í dagblöð. Þrátt fyrir stóraukið framboð sjónvarpsefnis og fjölgun sjónvarpsstöðva hefur áhorf aðeins aukist lítillega síðustu árin. Einstaklingar á aldrinum 12–80 ára verja daglega að meðaltali ríflega tveimur og hálfri klukkustund fyrir framan sjónvarpið (um 150 mínútum í október 2004). Þetta er álíka tími og mælist á meðal annarra Norðurlandabúa en nokkru lægri en mælist almennt í Vestur-Evrópu og talsvert minni en algengt er víðast í Austur- og Suður-Evrópu, sem og í Bandaríkjunum og Japan.

Áhorfi á einstakar stöðvar og hlutdeild þeirra í áhorfi er hér annars vegar lýst sem daglegri og vikulegri notkun og hins vegar sem meðaláhorfi á viðkomandi stöð. Dagleg og vikuleg notkun vísar til þess til hve stórs hlutfalls áhorfenda viðkomandi stöð nær að jafnaði á dag og viku en hlutdeild stöðvar í áhorfi vísar til þess hve mikið er horft á viðkomandi stöð sem hlutfall af heildaráhorfinu í tíma talið.

Samkvæmt fjölmiðlakönnun ÍM Gallups í október 2004 horfðu daglega að jafnaði 62% fólks á aldrinum 12–80 ára á Sjónvarpið, á Stöð 2 55%, á Skjá 1 38%, á Popp tíví 11% og á Sýn 4%. Uppsafnað áhorf yfir könnunarvikuna var 91% á Sjónvarpið, á Stöð 2 81%, litlu færri eða 79% horfðu á Skjá 1, á Sýn horfðu 12% og 31% horfðu einhvern tíma í vikunni á Popp tíví. Notkun annarra innlendra stöðva var ekki könnuð. Jafnframt er notkun og áhorf á erlendar sjónvarpsstöðvar ekki mælt og því er lítið sem ekkert vitað um hlutdeild þeirra í sjónvarpsnotkun og áhorfi landsmanna.

Lengi vel skiptist sjónvarpsmarkaðurinn nokkuð jafnt á milli Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem breyting verður þar á. Sjá má áhorf á sjónvarpsstöðvar 1993–2004 sem hlutfall af þeim tíma sem sjónvarpsáhorfendur vörðu fyrir framan sjónvarpið í viku, eða það sem kalla má markaðshlutdeild stöðva.

Dregið hefur nokkuð jafnt úr samanlagðri hlutdeild Sjónvarpsins og Stöðvar 2 í heildaráhorfinu, eða frá því að vera að jafnaði vel yfir 80% um miðbik síðasta áratugar og niður í ríflega 71% í nóvember 2004. Hlutdeild Sjónvarpsins hefur þannig lækkað úr 59% í 35% og áhorf á Stöð 2 hefur farið úr 48% þegar mest mældist í október 1994 og niður í 36%.

Hlutdeild sjónvarpsstöðva í heildaráhorfi 1993–2004, %.



Skýring: Aðrar stöðvar: Stöð 1 1995–1997, Sýn 1996–2004, Popp TíVí 2000–2004.
* Ásamt Stöð 2+.
Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998; ÍM Gallup, 1999–2004.

Á skömmum tíma hefur Skjár 1 orðið stöð með þriðja mesta áhorfið. Frá því í október 1999 og þar til í sama mánuði 2003 jókst hlutdeild stöðvarinnar í áhorfi úr 2% í 22%, en mælist nú 19%. Áhorf á aðrar stöðvar er snöggtum minna. Samanlögð hlutdeild Popp tíví og Sýnar reyndist um 10% í nóvember í fyrra.

Hlutdeild stöðva í heildaráhorfi á sjónvarp í nóvember 2004, %.



Skýring: Dagbókarkönnun í nóvember 2004.
* Ásamt Stöð 2+.
Heimild: ÍM Gallup, 2004.

Séu þessar niðurstöður heimfærðar upp á rekstraraðila, sést greinilega hvernig tilkoma Skjás 1 hefur breytt því tvíveldi sem lengi vel ríkti á markaði milli Sjónvarpsins og stöðva 365 ljósvakamiðla ehf. og fyrirrennara þess, Íslenska útvarpsfélagsins hf. og Sýnar hf. Með vexti og viðgangi Skjás 1, sem er í eigu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., hefur dregið nær samfellt úr áhorfi á aðrar stöðvar. Í nóvember í fyrra var samanlögð hlutdeild stöðva 365 ljósvakamiðla ehf. (Stöð 2, Sýn og Popp tíví) 46% en 54% í október 1999 (aðeins Stöð 2 og Sýn). Á sama tíma hefur hlutur Sjónvarpsins fallið úr 43% í 35%. Ef aðeins er miðað við innbyrðishlutdeild rekstraraðila einkastöðva í nóvember 2004 var samanlagt áhorf á stöðvar 365 ljósvakamiðla ehf. um það bil 70% á móti 30% hlut Íslenska sjónvarpsfélagsins hf.

Hlutdeild rekstraraðila sjónvarps í heildaráhorfi 1993–2004, %.



Skýring: 365 ljósvakamiðlar ehf. = Stöð 2 (ásamt Stöð 2+), Sýn og Popp tíví. Íslenska sjónvarpsfélagið hf. = Skjár 1.

* 365 ljósvakamiðlar ehf. og fyrirrennarar þess, Norðurljós hf., Íslenska útvarpsfélagið ehf. og Sýn ehf.

Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998; ÍM Gallup, 1999–2004.

Með auknu framboði sjónvarpsefnis og fjölgun sjónvarpsstöðva hefur dregið verulega úr hlutdeild Sjónvarpsins í áhorfi gagnvart einkastöðvunum. Samanlagður skerfur einkastöðva í heildaráhorfinu í nóvember 2004 var 65% en 58% í október 2000, 51% í október 1995 og 41% árið 1993.

Hlutdeild Sjónvarpsins og einkarekinna stöðva í heildaráhorfi 1993–2004, %.



Heimildir: Félagsvísindastofnun, 1993–1998; ÍM Gallup, 1999–2004.

Í samanburði við það sem almennt gerist í löndum Evrópu og víðar í iðnríkjunum er samþjöppun á sjónvarpsmarkaði tiltölulega mikil hér mæld í hlutdeild stöðvar/stöðva í áhorfstíma eins og lesa má út úr töflunni. Að hluta til má rekja þetta til þess að stöðvar eru færri hér en almennt gerist í fjölmennari löndum og er áhorfið því ekki eins dreift og í þeim löndum þar sem stöðvar eru mun fleiri.

Árið 2003 mældist samanlögð hlutdeild einkarekinna stöðva hins vegar nokkru minni hér en sem nam meðaltali Evrópulandanna – að sama skapi var hlutur Sjónvarpsins nokkru meiri en gekk og gerðist annars staðar með stöðvar í almannaeigu. Síðan þá hefur hlutur einkastöðva vaxið umtalsvert eða í 65% á móti 35% hlut Sjónvarpsins samkvæmt könnun í nóvember 2004 og er það að mestu sambærilegt við meðaltal Evrópulandanna.

Sjónvarp í Evrópu 2003 – hlutdeild í áhorfi.

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*
Austurríki	12+	30	52	58	52	48
Belgía (flæmski hlutinn)	15+	29	53	62	38	62
Belgía (vallónski hlutinn)	15+	23	41	55	20	80
Bretland	16+	26	51	62	47	53
Danmörk	12+	36	65	72	69	31
Finnland	10+	38	61	82	43	57
Frakkland	15+	31	51	67	42	58
Grikkland	15+	23	40	54	14	86
Holland	13+	17	33	45	35	65
Írland	15+	27	41	52	41	59
Ísland	12–80	43	73	94	43	57

	Aldur áhorfenda í mælingum	*Hlutdeild stöðvar með mest áhorf, %*	*Hlutdeild tveggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild þriggja stöðva með mest áhorf, %*	*Hlutdeild opinberra stöðva, %*	*Hlutdeild einka-rekinna stöðva, %*
Ítalía	15+	24	47	59	46	54
Lúxemborg	12+	14	24	32	–	100
Noregur	12+	40	70	80	44	56
Portúgal	15+	29	58	83	30	70
Spánn	16+	24	46	65	49	51
Sviss (frönskumælandi hlutinn)	15–74	26	43	52	31	69
Sviss (ítölskumælandi hlutinn)	15–74	27	41	50	32	68
Sviss (þýskumælandi hlutinn)	15–74	25	33	41	33	67
Svíþjóð	15+	26	50	66	41	59
Þýskaland	14+	15	30	43	43	57
Búlgaría	15+	38	71	84	33	67
Eistland	18+	22	42	60	18	82
Hvíta-Rússland	16+	53	69	83	70	30
Króatía	15+	44	63	77	73	27
Lettland	18+	22	37	52	20	80
Litháen	15+	27	51	63	13	87
Makedónía	14+	29	46	60	21	79
Pólland	16+	26	47	63	49	51
Rúmenía	15+	28	44	58	35	65
Rússland*	18+	27	48	61	52	48
Serbía og Svartfjallaland	15+	21	42	52	36	64
Slóvakía	12–79	46	62	73	20	80
Slóvenía	15+	29	54	64	35	65
Tékkland	15+	43	66	86	30	70
Tyrkland	20+	15	29	43	9	91
Ungverjaland	18+	30	60	78	22	78
Úkraína	18+	29	49	59	3	97
Evrópa, meðaltal	•	29	50	63	35	65
Vestur-Evrópa, meðaltal	•	27	48	61	38	62
Mið- og Austur-Evrópa, meðaltal	•	31	52	66	32	68
Evrópa, miðgildi	•	27	47/48	60/61	35/36	64/65
Bandaríkin**	18+	11	21	31	2	98
Japan***	20+	22	39	57	20	80

Skýring: Meðaltal = óvegið meðaltal.
* Áhorf í þéttbýli með yfir 100.000 íbúa. ** Tölur eiga við s.hl. árs 2003 og f.hl. árs 2004. *** Tölur eiga við árið 2002.
Heimild: IP (2004).

Tekjur fjölmiðlamarkaða.

Samanlagðar tekjur fjölmiðla (útvarp og fréttablöð) námu rúmum 12,3 milljörðum króna árið 2003, reiknað á meðalvirði ársins 2004. Frá 1990 að telja og til 2003 nam tekjuaukningin um 35%. Heildartekjur hafa lítils háttar dregist saman frá 2000–2001 að telja. Tekjuskerðingin er misjafnlega mikil eftir tegund fjölmiðla. Samdrátturinn hefur harðast komið niður á dagblöðunum.

Tekjur fjölmiðla 1986–2003.

	1986	*1990*	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Millj. kr.							
Tekjur, alls	...	...	9.093	12.661	12.641	12.134	12.336
Fréttablöð, alls	...	...	4.137	5.319	4.830	4.591	4.806
Dagblöð	3.879	4.008	3.669	4.799	4.363	4.090	**
Vikublöð	...	...	468	520	467	500	**
Hljóðvarp	1.107	1.260	1.254	1.659	1.600	1.533	1.638
Sjónvarp*	1.476	3.419	3.702	5.682	6.211	6.011	5.892
Hlutfallsleg skipting, %							
Fréttablöð, alls	...	...	45	42	38	38	39
Dagblöð	...	...	40	38	35	34	35
Vikublöð	...	...	5	4	4	4	4
Hljóðvarp	...	...	14	13	13	13	13
Sjónvarp*	...	...	41	45	49	50	48

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2004. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Ásamt endurvarpi. ** Ekki gefið upp vegna trúnaðar.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Tekjur blaða.

Langsamlega stærstur hluti tekna blaðaútgáfunnar fellur dagblöðunum í skaut eða nálægt 90%. Tekjur af dagblaðaútgáfu hafa dregist nokkuð saman á síðustu árum sem rekja má til samdráttar í sölu og að minna leyti til samdráttar í auglýsingatekjum en hafa síðan aukist á ný upp á síðkastið þótt ekki nemi tekjuskerðingu fyrri ára. Samanlagðar tekjur af blaðasölu og auglýsingum dagblaða (svo nefndar blaðtekjur) námu 4.090 millj. kr. árið 2002 og höfðu þá lækkað úr 4.799 millj. kr. síðan 2000, eða um 15%, reiknað á verðlagi ársins 2004.

Tekjur dagblaða 1986–2003.

	1986	*1990*	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Millj. kr.							
Tekjur, alls	3.879	4.008	3.669	4.799	4.363	4.090	*
Sala	1.837	1.971	1.731	1.794	1.746	1.612	*
Auglýsingar	2.042	2.036	1.937	3.005	2.618	2.478	*
Hlutfallsleg skipting, %							
Sala	47	49	47	37	40	39	30**
Auglýsingar	53	51	53	63	60	61	70**

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2004. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Ekki gefið upp vegna trúnaðar. ** Áætluð skipting.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Auglýsingatekjur eru sífellt mikilvægari tekjustofn dagblaðaútgáfunnar á kostnað tekna af blaðasölu. Framan af skiptust tekjur dagblaðanna af auglýsingum og sölu nokkuð jafnt en laust fyrir 1995 fór að draga í sundur og auglýsingar urðu helsta tekjulind dagblaðanna. Tilkoma Fréttablaðsins 2001 hefur orðið til þess að auka enn vægi auglýsinga á kostnað tekna af sölu og er nú svo komið að áætla má að um 70% af blaðtekjum dagblaðanna falli til af birtingu auglýsinga.

Tekjur bæjar- og héraðsfréttablaða.

Tekjur, sem falla til af útgáfu bæjar- og héraðsfréttablaða, eru verulega takmarkaðar borið saman við tekjur af öðrum fjölmiðlarekstri. Árið 2003 má ætla að blaðtekjur (sala og auglýsingar) bæjar- og héraðsfréttablaðanna hafi numið hátt í 400 millj. kr. reiknað á verðlagi ársins 2004, þar af fengust um 74% teknanna af birtingu auglýsinga.

Tekjur bæjar- og héraðsfréttablaða 1995–2003.

	1995	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Millj. kr.					
Tekjur, alls	217	325	280	328	367
Sala	57	88	71	81	95
Auglýsingar	160	237	209	247	272
Hlutfallsleg skipting, %					
Sala	26	27	25	25	26
Auglýsingar	74	73	75	75	74
Meðaltal í millj. kr.	11	19	16	16	16
Miðgildi í millj. kr.	8	12	10	9	9

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2004. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna. Einungis bæjar- og héraðsfréttablöð útgefin a.m.k. einu sinni í viku.
Heimild: Hagstofa Íslands, áður óbirtar upplýsingar.

Tekjur flestra blaðanna eru naumt skammtaðar sem sést best á því að að meðaltali hafði hvert blað um 16 millj. kr. í tekjur og helmingur blaðanna velti minna en 9 millj. kr.

Tekjur hljóðvarps.

Eftir nokkurn samdrátt á hljóðvarpsmarkaði undanfarin ár frá árinu 2000 að telja hafa tekjur hljóðvarps aukist á ný. Hljóðvarpstekjur, þ.e. auglýsingar og kostun, ásamt afnotagjöldum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps, jukust um 48% milli áranna 1986–2003, eða úr rúmum milljarði kr. í tæpar 1.638 millj. kr., reiknað á verðlagi ársins 2004. Þar af vó þyngst tekjuaukning Ríkisútvarpsins, hljóðvarps í afnotagjöldum en upphæð afnotagjalda nær tvöfaldaðist á árabilinu. Á sama tíma hafa auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps lækkað um nær helming að raunvirði sem eðlilega helgast af því að árið 1986 var Ríkisútvarpið svo til eitt á auglýsingamarkaði hljóðvarps. Hljóðvarpstekjur einkarekinna stöðva samanstanda einungis af auglýsingum og kostun.

Sjá má hlutdeild hljóðvarpstekna Ríkisútvarpsins sem hlutfall af tekjum hljóðvarps á árabilinu 1986–2003. Frá 1986 að telja hefur dregið nær samfellt úr hlutdeild Ríkisútvarpsins á þessum markaði. Árið 2003 var hlutur Ríkisútvarpsins af heildartekjum hljóðvarps kominn niður í 67% og 41% ef aðeins er miðað við samanlagðar tekjur hljóðvarps af auglýsingum og kostun.

Tekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps sem hlutfall af heildartekjum hljóðvarpsstöðva 1986–2003, %.



* Afnotagjöld og auglýsingar + kostun. Tekjur á verðlagi ársins 2004.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Árið 1990 námu tekjur af hljóðvarpsstarfsemi 1.260 millj. kr. samanborið við 1.638 millj. kr. árið 2003, reiknað á verðlagi ársins 2004. Allan tíunda áratuginn dró nánast jafnt og þétt úr hlutdeild Ríkisútvarpsins á þessum markaði, hvort heldur er miðað við hljóðvarpstekjur í heild eða einungis tekjur af auglýsingum og kostun.

Tekjur hljóðvarps 1990–2003.

	1990	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Millj. kr.						
Tekjur, alls	1.260	1.254	1.659	1.600	1.533	1.638
Einkareknar stöðvar	197	266	562	523	430	542
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	1.063	987	1.097	1.077	1.103	1.096
Afnotagjöld RÚV*	672	623	681	695	723	723
Auglýsingar/kostun, alls*	588	630	978	905	810	915
Einkareknar stöðvar	197	266	562	523	430	542
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	391	364	416	382	380	373
Hlutfallsleg skipting, %						
Tekjur, alls						
Einkareknar stöðvar	16	21	34	33	28	33
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	84	79	66	67	72	67
Auglýsingar/kostun, alls*						
Einkareknar stöðvar	34	42	57	58	53	59
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	66	58	43	42	47	41

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2004. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árin 1990 og 1995.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Árið 2003 var hlutur einkarekinna stöðva í heildartekjum hljóðvarps kominn í 33% úr 16% árið 1990. Hlutdeild einkarekinna stöðva í tekjum af auglýsingum og kostun hækkaði úr 34% árið 1990 í 59% til ársins 2003.

Tekjur sjónvarps.

Sjónvarpsmarkaðurinn velti tæpum 6 milljörðum kr. árið 2003, mælt í samanlögðum tekjum af afnotagjöldum, áskriftum, auglýsingum og kostun (hér nefnt sjónvarpstekjur). Lætur nærri að tekjur sjónvarps séu um það bil fjórfaldar á við tekjur hljóðvarps og u.þ.b. fimmtungi hærri en samanlagðar tekjur af útgáfu dagblaða og vikublaða. Frá því að einkarekstur sjónvarps hófst 1986 og til og með 2003 hafa tekjur sjónvarps, að endurvarpi meðtöldu, u.þ.b. fjórfaldast, eða farið úr tæpum 1.500 millj. kr. í 5.892 millj. kr., reiknað á verðlagi ársins 2004. Nokkuð hefur hægt á þessum vexti á síðari árum en frá 1990–2003 jukust tekjur sjónvarps um 72%. Um 5% tekjusamdráttur hefur orðið í sjónvarpstekjum frá 2001 sem að stórum hluta er að rekja til samdráttar í auglýsingatekjum fjölmiðla samfara slaka í efnahagslífinu milli áranna 2001 og 2002.

Tekjuaukningin á tímabilinu 1990–2003 hefur einkum orðið í áskriftartekjum einkasjónvarpsstöðva en þær hafa ríflega tvöfaldast á árabilinu á meðan tekjur Sjónvarpsins af afnotagjöldum hafa aðeins lítillega hækkað. Áskriftir og afnotagjöld eru um 71% af tekjum sjónvarps, þar af um 70% af tekjum einkastöðva og um 74% af tekjum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Tekjur einkastöðva af auglýsingum og kostun ríflega fjórfölduðust frá 1990–2003 á sama tíma og um lítils háttar aukningu var að ræða hjá Sjónvarpinu.

Tekjur sjónvarps 1990–2003.

	1990	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*
Millj. kr.						
Tekjur, alls	3.419	3.702	5.682	6.211	6.011	5.892
Einkareknar stöðvar	1.674	1.986	3.730	4.332	4.096	3.950
Ríkisútvarpið, sjónvarp	1.745	1.716	1.953	1.879	1.915	1.942
Afnotagjöld/áskriftir, alls	2.744	2.880	3.858	4.268	4.309	4.202
Einkareknar stöðvar	1.399	1.634	2.496	2.878	2.863	2.756
Ríkisútvarpið, sjónvarp	1.345	1.246	1.362	1.390	1.446	1.446
Auglýsingar/kostun, alls	676	821	1.825	1.942	1.702	1.691
Einkareknar stöðvar*	275	351	1.234	1.453	1.233	1.195
Ríkisútvarpið, sjónvarp	401	470	591	489	469	496
Hlutfallsleg skipting, %						
Tekjur, alls						
Einkareknar stöðvar	49	54	66	70	68	67
Ríkisútvarpið, sjónvarp	51	46	34	30	32	33
Afnotagjöld/áskriftir, alls						
Einkareknar stöðvar	51	57	65	67	66	66
Ríkisútvarpið, sjónvarp	49	43	35	33	34	34
Auglýsingar/kostun, alls						
Einkareknar stöðvar*	41	43	68	75	72	71
Ríkisútvarpið, sjónvarp	59	57	32	25	28	29

Skýringar: Tekjur á verðlagi ársins 2004, ásamt tekjum endurvarps. Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna sléttunar talna.
* Kostun einkastöðva er ekki innifalin fyrir árin 1990 og 1995.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Árið 2003 námu tekjur einkarekinna stöðva af heildartekjum sjónvarps 67% samanborið við rétt um helming árið 1990. Hlutdeild einkastöðvanna í tekjum af afnotagjöldum/áskriftum nam 66% árið 2003 samanborið við 51% 1990 og 71% tekna af auglýsingum og kostun sjónvarps árið 2003 féll í hlut einkastöðvanna samanborið við 41% árið 1990. Hlutdeild einkarekinna stöðva í tekjum af sjónvarpsstarfsemi jókst samfellt fram til ársins 2001. Síðan hafa þær dregist lítillega saman. Milli 2001 og 2003 lækkaði hlutdeild einkastöðvanna í heildartekjum úr 70% í 67% sem rekja má að miklu leyti til samdráttar í tekjum af auglýsingum og kostun.

Hlutfallsleg skipting tekna einkarekinna sjónvarpsstöðva og Sjónvarps Ríkisútvarpsins er sýnd yfir lengra tímabil, eða á árabilinu 1986–2003. Líkt og myndin ber með sér juku einkareknu stöðvarnar hlut sinn nær samfellt fram til ársins 2003 er hlutur Ríkisútvarpsins hækkaði lítillega á ný.

Tekjur Ríkisútvarpsins, sjónvarps sem hlutfall af heildartekjum sjónvarpsstöðva 1986–2003, %.



Skýringar: Ásamt tekjum af viðstöðulausu endurvarpi sjónvarps.
* Afnotagjöld + áskriftir og auglýsingar + kostun.
Heimild: Hagstofa Íslands, 2003 og áður óbirtar upplýsingar.

Samþjöppun fjölmiðlamarkaða.

Samþjöppun á íslenskum fjölmiðlamarkaði verður að teljast mikil. Gildir þá einu hvort horft er til eignarhalds eða stöðu einstakra aðila á markaði. Samþjöppun á markaði er ekki aðeins bundin við fjölmiðlamarkaðinn einan sem vissulega má að talsverðu leyti rekja til smæðar íslensks samfélags.

Þegar fjallað er um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og reyndar á mörkuðum almennt er einkum litið til láréttra umsvifa og markaðshlutdeildar fremur en lóðréttra tengsla. Algengir mælikvarðar, sem notaðir eru við mat á markaðslegri samþjöppun, eru hlutdeild fjögurra stærstu fyrirtækja (á ensku oft nefnt *C4 Index*) og *Hirschman-Herfindahl Index* (hér eftir

nefndur til styttingar HHI). Síðarnefndi mælikvarðinn er m.a. lagður til grundvallar leiðbeiningarvísi bandarískra dómsmálaráðuneytisins og Federal Trade Commission um mat á lárétt um samruna og markaðssamþjöppun, í svonefndum Horizontal Merger Guidelines (U.S. Department of Justice and the Federal Trade Commission, 1997). HHI-mælikvarðanum hefur einnig verið beitt af Samkeppniseftirlitinu við mat á áhrifum samruna og vegna álitamála sem upp hafa komið vegna samruna fyrirtækja á tilteknum mörkuðum, sem og eftirlitsaðilum með fjölmiðlum, svo sem hollensku fjölmiðlaeftirlitsstofnuninni Commissariaat voor der Media.

HHI-mælikvarðinn er fenginn með því að leggja saman margfeldi markaðshlutdeildar (þ.e. í öðru veldi) þeirra fyrirtækja sem skilgreind eru á sama markaði. Kvarðinn tekur gildi á bilinu 0–10.000. Eftir því sem gildið er lægra þeim mun minni er samþjöppunin og því hærra sem gildið er þeim mun meiri er samþjöppunin. Sem dæmi má taka markað með tíu fyrirtækjum sem hvert um sig er með 10% markaðshlutdeild. HHI væri þá $10^2 \times 10 = 1.000$; eða ef fimm fyrirtæki eru á markaði með jafna markaðshlutdeild þá væri HHI $20^2 \times 5 = 2.000$; ef aðeins eitt fyrirtæki væri á markaði þá væri HHI $100^2 \times 1 = 10.000$. Ef fyrirtækin á markaði eru mörg og öll með örlitla markaðshlutdeild er HHI því sem næst 0. Kosturinn við HHI-mælikvarðann umfram C4-mælikvarðann er sá helstur að hann er ekki eins næmur fyrir fjölda fyrirtækja á markaði.

Mismunandi er hvar samkeppnisyfirvöld og eftirlitsaðilar draga mörkin við óæskilega samþjöppun á markaði og við hve mikla hækkun á gildi mælikvarðans skuli vera ástæða til að óttast neikvæð áhrif á samkeppni eftir samruna. Algeng þumalfingursregla er að miða við að ef gildi HHI er yfir 1.800 sé um ríka samþjöppun að ræða; um litla samþjöppun sé að ræða ef gildið fer undir 1.000; og að samþjöppun sé nokkur en ekki teljist ástæða til sérstakra inngripa ef gildið liggur milli 1.000 og 1.800.

Við mat á samþjöppun á markaði og samkeppnislegum áhrifum samþjöppunar verður að skilgreina viðeigandi markað/markaði. Til grundvallar við skilgreiningu á mörkuðum er sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Með staðgöngu er átt við þegar vara eða þjónusta getur komið að fullu eða verulegu leyti í staðinn fyrir aðra vöru eða þjónustu. Landfræðileg mörk sölu og þjónustu eru að auki lögð til grundvallar skilgreiningu á mörkuðum.

Hér á eftir skal gerð tilraun til að bregða HHI-kvarðanum á dagblaða-, hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaðinn með tilliti til samþjöppunar á undanförnum árum. Í mati samkeppnisyfirvalda á samþjöppun markaða og áhrifum samruna á samþjöppun er algengast að miðað sé við tekjur/veltu. HHI er hér reiknað út frá markaðsstöðu fjölmiðla og rekstraraðila miðað við útbreiðslu og hlutdeild í lestri, hlustun og áhorfi. Stuðst er annars vegar við útbreiðslu dagblaðanna og hins vegar niðurstöður nýlegra fjölmiðlakannana um markaðshlutdeild fjölmiðla. Útreikningarnir ná til allra dagblaðanna og þeirra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva sem fjölmiðlakannanir taka til. Markaðshlutdeild miðað við útbreiðslu og hlustun og áhorf er ekki síður algengur mælikvarði en tekjur og velta þegar meta skal samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum enda liggja aðrir og víðtækari hagsmunir að baki vangaveltum um samþjöppun og fákeppni í fjölmiðlun en eingöngu rekstrarleg og viðskiptaleg sjónarmið.

Hér er litið svo á að dagblöð, hljóðvarp og sjónvarp myndi ótengda vöru- og þjónustumarkaði. Nýverið hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagt til að sjónvarpsmarkaði sé skipt upp í nokkra undirmarkaði, almennt sjónvarp, áskriftarsjónvarp og endurvarp. Samkeppnisráð tekur mið af þessum tilmælum í úrskurðum sínum um samruna Og fjarskipta hf. og Fréttar ehf. (nú 365 prentmiðla) og Íslenska útvarpsfélagsins ehf. (nú 365 ljósvakamiðla ehf.) og Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. Ekki er hér gerð tilraun til

landfræðilegrar skiptingar þessara þriggja markaða. Flestir þeirra fjölmiðla, sem hér eru lagðir til grundvallar, ná til þorra þjóðarinnar.

Dagblaðamarkaðurinn sker sig úr hvað samþjöppun varðar, hvort heldur reiknað er út frá titlum eða rekstraraðilum. Gildi HHI er umtalsvert umfram viðmiðunarmörk mikillar samþjöppunar, jafnt hvað varðar útbreiðslu og lestur, eða yfir 4.000 hvað viðkemur titlum og yfir 5.500 mælt í hlutdeild rekstraraðila. Vert er að geta þess að samþjöppun í útbreiðslu eftir titlum er síður en svo einhver nýlunda á íslenskum dagblaðamarkaði sem meðal annars stafar af þeirri yfirburðastöðu sem Morgunblaðið hafði á þessum markaði áratugum saman. Hins vegar er veruleg aukning samþjöppunar eftir rekstraraðilum tiltölulega ný af nálinni sem vitanlega stafar af því að nýlega hafa komið til skjalanna útgefendur sem gefa út meira en eitt blað.

HHI fyrir fjölmiðlamarkaði 1986–2004.

	HHI-gildi							
	1986	*1990*	*1995*	*2000*	*2001*	*2002*	*2003*	*2004*
HHI eftir titlum/stöðvum								
Dagblöð								
Útbreiðsla*	3.465	3.869	4.300	4.855	3.822	3.976	4.267	4.360
Lestur	...	...	...	4.476	3.506	3.520	3.909	4.090
Hljóðvarp								
Hlustun	...	...	...	...	...	2.007	1.931	1.900
Sjónvarp								
Áhorf	...	...	4.626	3.334	2.956	3.023	3.187	2.952
HHI eftir eignarhaldi								
Dagblöð								
Útbreiðsla	3.465	3.869	4.300	5.293	5.348	5.432	5.525	5.506
Lestur	...		...	5.062	5.071	3.520	5.278	5.354
Hljóðvarp								
Hlustun	...	...	...	...	...	4.363	4.195	4.329
Sjónvarp								
Áhorf	...	...	4.626	3.838	3.642	3.588	3.604	3.676

Skýringar: Dagblöð/lestur = út frá könnunum í okt. 2000–2003 og nóv. 2004. Hljóðvarp = út frá könnunum í mars 2002, nóv. 2003 og okt. 2004. Sjónvarp = út frá könnunum í okt. 1995–2003 og nóv. 2005.
* Reiknað út frá seldum eintökum og útbornum eintökum Fréttablaðsins.
Heimildir: Unnið út frá óbirtum gögnum Hagstofu Íslands, fjölmiðlakönnunum Félagsvísindastofnunar, 1995 og ÍM Gallup, 2000–2004.

HHI fyrir fjölmiðlamarkaði.



Skýring: * Reiknað út frá seldum eintökum og eintökum Fréttablaðsins sem eru borin út með blaðberum.
Heimildir: Unnið út frá gögnum Hagstofu Íslands, fjölmiðlakönnunum Félagsvísindastofnunar, 1997–1998 og ÍM Gallup, 1999–2005.



Heimildir: Unnið út frá fjölmiðlakönnunum Félagsvísindastofnunar, 1996–1998 og ÍM Gallup 1999–2004.

Samþjöppun á hljóðvarpsmarkaði miðað við stöðvar er sýnu minnst eða um 1.900 og fer frekar minnkandi ef eitthvað er. Aftur á móti verður samþjöppun að teljast mikil hvað varðar markaðshlutdeild eftir rekstraraðilum, eða yfir 4.300 á HHI, sem stafar öðru fremur af sterkri stöðu Ríkisútvarpsins og 365 ljósvakamiðla ehf. á markaði.

Samþjöppun á sjónvarpsmarkaðnum verður samkvæmt þessu sömuleiðis að teljast umtalsverð. Samþjöppun í áhorfi miðað við einstakar sjónvarpsstöðvar er nú laust innan við 3.000 á HHI og hefur farið minnkandi sem meðal annars má rekja til tilkomu Skjás 1 og umtalsverðrar hlutdeildar stöðvarinnar á kostnað Sjónvarpsins og Stöðvar 2. Svipað er að segja um samþjöppun miðað við rekstraraðila en hún mælist vel yfir 3.600 HHI-stig þrátt fyrir að hafa minnkað talsvert.

Samkvæmt þeim forsendum, sem hér eru lagðar til grundvallar, virðist ljóst að samþjöppun verður að teljast veruleg á þessum þremur mörkuðum fjölmiðlunar. Benda má á að ef

mörkuðum væri skipt upp í undirmarkaði vöru og þjónustu og eftir landfræðilegum mörkum teldist samþjöppun mun meiri en hér kemur fram.

Hafa ber hugfast að hér er aðeins um nálgun að ræða en ekki salómonsdóm um samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum hér á landi. Til þess að unnt sé að kveða upp úr með fullkominni vissu um þetta þarf að leggja til grundvallar mun ítarlegri gögn og athuganir en hér er unnt að styðjast við. Eigi að síður gefa þessar niðurstöður ástæðu til þess að ætla að samþjöppun á fjölmiðlamörkuðum hér á landi sé umtalsverð og að full ástæða sé til að gefa henni gætur.

Vitanlega verður að taka fleira inn í myndina en fjölda fjölmiðla á markaði og innbyrðis markaðsskiptingu þeirra á milli þegar meta skal samþjöppunarstig fjölmiðla. Spurningin snýst vissulega einnig um burði fjölmiðla til að þjóna hlutverki sínu til upplýsingagjafar, umræðu og dægradvalar af myndarbrag. Þannig er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að tekið sé tillit til stærðar markaða og fólksfjölda þegar samþjöppun er metin.

Þar við bætist að það samþjöppunarstig, sem samkeppnisyfirvöld geta sætt sig við, þarf ekki endilega að fara saman við fjölmiðlapólitísk sjónarmið. Hvar menn setja mörkin við óviðunandi samþjöppun í fjölmiðlun er þegar allt kemur til alls pólitísk spurning – en ekki einvörðungu viðskiptalegt og rekstrarlegt úrlausnarefni.

Fjölmiðlar á stafrænum markaði.

Gagnvirk margmiðlun gefur notendum kost á því að vera ekki aðeins áhorfendur eða lesendur heldur virkir þátttakendur. Gagnvirk margmiðlun á við um sérhvert það tölvustýrða rafræna kerfi sem leyfir notendum að stjórna, meðhöndla og blanda saman mismunandi formum miðlunar eins og texta, hljóði, grafík og lifandi myndum. Í gagnvirkri margmiðlun verður samruni milli fjölmiðlunar, tölvu- og fjarskiptatækni. Miðlarnir yfirtaka að hluta hlutverk hver annars en skapa á sama tíma alveg nýja vídd í fjölmiðlun, upplýsingatækni og samskiptum, bæði hvað varðar innihald og aðgengi í tíma og rúmi. Í raun má segja að sjónvörp, tölvur og símar verði ólík viðtæki sem notuð eru við ólíkar aðstæður til að nálgast sama efnið.

Þróun margmiðlunar er samspil menningar og tækni sem er enn á upphafsskeiði en hefur þegar breytt lífsháttum fólks hvað varðar afþreyingu, samskipti, nám, störf, viðskipti, ferðalög og verslun. Margir vilja koma böndum á þróunina sem getur reynst erfitt því að hraði breytinga á þessu sviði er svo mikill að gömul viðmið og reglur riðlast. Örar breytingar gera kröfur um sífellt endurmat, nýjar skilgreiningar, breyttar reglur og stjórnunarhætti, ekki síst á tímum alþjóðavæðingar og fjölmenningar og laga- og reglugerðarumhverfið hefur vart undan að aðlagast nýjum aðstæðum.

Mikilvæg forsenda margmiðlunar er háhraðatenging notanda frá heimili hans, vinnustað eða þegar hann er á ferð. Tenging notenda fer fram í notendakerfum sem byggjast á koparlínum, kapli (sammiðjustrengjum) og ljósleiðara. Með því að setja upp ADSL-búnað á koparlínunum fæst tenging með miklum bitahraða. Sammiðjustrengir og einkum ljósleiðarar gefa samkvæmt eðli sínu kost á miklum bitahraða. Með þriðju kynslóð farsíma er kominn möguleiki á þráðlausri háhraðatengingu sem mun væntanlega þróast enn frekar í fjórðu kynslóð farsíma. Annar möguleiki er að nota staðbundin þráðlaus net, svo sem WLAN og WiFi, sem gefa kost á mikilli bandbreidd á takmörkuðu þjónustusvæði. Enn annar möguleiki, sem hefur komið til greina, er notendabúnaður sem getur haft samband við WLAN- eða WiFi-gáttir á þeim stöðum þar sem slíkar gáttir eru fyrir hendi en starfar annars sem farsími. Þá er ótalin háhraðatenging um gervihnetti. Hugtakið aðgangskerfi er æ oftar notað sem samheiti yfir þessa kosti notenda á að tengjast fjarskiptakerfum hvort sem er fyrir tal, gagnaflutning eða myndflutning. Aðgangskerfin, sem hér hafa verið talin, hafa hvert fyrir sig kosti og ókosti og nýtast misjafnlega eftir staðháttum, forsendum, hefðum, menningarþörfum og gildandi

leikreglum. Það er eftirtektarvert að um leið og samruni á sér stað í talsímaþjónustu og gagna- og myndflutningi bjóðast notendum fleiri gerðir aðgangstenginga en áður. Fyrirtæki, sem bjóða ólíkar lausnir í dreifingu, verða til einföldunar kölluð dreifiveitur í textanum.

Eðli margmiðlunar felur í sér að notendur fá um 90–95% af gögnum til sín í formi sjónvarpsefnis og annars konar gagnaflutnings. Notendur senda að jafnaði aðeins frá sér 5–10% af gagnaflutningnum í formi gagnvirkni. Ný tækni mun þó gera það að verkum að þessi hlutföll eiga sennilega eftir að breytast, m.a. með tilkomu bloggs á kvikmyndaformi (e. video blog). Munu hlutföllin því verða jafnari í náinni framtíð. Við núverandi aðstæður þarf gagnaflutningsgetan alla jafna að vera mun meiri til notenda en frá þeim. Gögnin geta verið hljóð, myndir eða texti. Fyrirtæki, sem bjóða ýmiss konar efni, t.d. kvikmyndir, tónlist og sjónvarpsefni, eru til einföldunar kölluð efnisveitur í textanum.

Stafræn sjónvarpstækni fyrir notendur.

Stafræn (digital) sjónvarpstækni er upphaf mikilla breytinga fyrir notendur. Í upphafi þýðir það aukið framboð og úrval af sjónvarpsefni. Með því að breyta hliðrænni (analog) útsendingu í stafræna nýtist tíðnisviðið betur. Stafrænu sjónvarpsmerki er hægt að þjappa saman líkt og með gagnaþjöppun í tölvum. Sjónvarpsrás, sem áður flutti eina hliðræna dagskrá, getur í stafrænu dreifikerfi flutt margar dagskrár eða bitastrauma. Með fyrirliggjandi þjöppunartækni er fræðilega hægt að tífalda fjölda dagskráa en í reynd er algengt að sjónvarpsrásin flytji fjórar til sex dagskrár. Með dreifikerfi í lofti skilar stafræn tækni betri mynd- og hljóðgæðum til notenda. Móttökuskilyrði eru jafnari á þjónustusvæði stafrænnar sendistöðvar en á þjónustusvæði hliðrænna stöðva. Það er jafnframt eðli stafrænna dreifikerfa að skarpari skil eru á þjónustusvæðinu og þess vegna ætti „snjór“ á skjánum að heyra sögunni til. Annar kostur stafrænna dreifikerfa er að minni líkur er á „draugum“ í mynd vegna þess að endurkast, t.d. frá byggingum eða fjöllum, kemur ekki eins að sök og í hliðrænum dreifikerfum.

Með gagnvirkri stafrænni sjónvarpstækni myndast tækifæri til að bjóða alls kyns þjónustu auk þess sem hægt verður að bjóða grafískt notendaviðmót í sjónvarpinu. Notendaviðmótinu má að nokkru líkja við textavarpið en verður þó líkara því viðmóti sem notandi þekkir frá internetinu og mun gegna hlutverki upplýsingaveitu í gegnum sjónvarpið. Þar geta notendur fengið aðgang að ítarlegri sjónvarpsdagskrá með rafrænum dagskrárvísi þar sem hægt er að merkja við hvað á að taka upp eða horfa á fram í tímann. Auk þess geta notendur valið fréttir í sjónvarpi og horft á þær síðar og tekið þátt í leikjum, auk þess sem ýmis önnur gagnvirk þjónusta verður í boði.

Talsvert hröð þróun hefur verið í háskerpusjónvarpi (High Definition Television eða HDTV), sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem hið opinbera hefur gengist fyrir slíkri þróun, og nú eru háskerpusjónvarpstæki seld á undir þúsund bandaríkjadölum. Þróunin hefur verið hægari í Evrópu en búast má við að HDTV verði ráðandi tækni innan fárra ára, ekki síst þegar sjónvarpið miðlar meira af hreinni grafík og texta.

Í HDTV eru myndgæðin betri en þekkist í sjónvarpi í dag. Þau líkjast meira gæðum í kvikmyndahúsi enda er það nýtt í Bandaríkjunum í heimabíókerfum. Muninn má að nokkru greina með því að lesa texta á tölvuskjá og texta á sjónvarpsskjá. Til að geta boðið upp á háskerpusjónvarp þarf meiri bandbreidd en fyrir venjulegt sjónvarp og þrátt fyrir stöðugar framfarir í þjöppunartækni má búast við að háskerpumynd muni fyrst um sinn krefjast nær sömu bandbreiddar og hliðræn mynd. Með enn frekari endurbótum í þjöppun í framtíðinni mun bandbreiddarþörf háskerpusjónvarps minnka.

Í stafrænu sjónvarpi verður einnig hægt að komast inn á internetið og nota tölvupóst. Þess ber þó að geta að vegna þess að skerpan á sjónvarpsskjám í dag er mun minni en á tölvu-

skjám eru venjulegar heimasíður ekki mjög læsilegar í sjónvarpi. Ýmis hugbúnaður hefur þó verið þróaður til að gera síðurnar aðgengilegri. Ef háskerpusjónvörp verða algeng á næstu árum er mikilvægt að þau dreifikerfi, sem verða fyrir valinu, hafi næga bandbreidd og hafi getu til að stækka þegar þess þarf með.

Einnig er vert að minnast á að farmóttaka á stafrænu sjónvarpi hefur verið mikið til umræðu erlendis. Slík tækni gerir fólki kleift að horfa á sjónvarp þegar það er á ferðinni. Gera má ráð fyrir að notendur munu í framtíðinni fá aðgang að sjónvarpi á þennan hátt í gegnum þráðlaus dreifikerfi.

Stafræn sjónvarpstækni fyrir fyrirtæki.

Út frá sjónarhóli fjarskiptafyrirtækja er stafrænt sjónvarp næsti vaxtarbroddurinn í fjarskiptum. Fjarskiptafyrirtækin hafa hingað til boðið viðskiptavinum sínum upp á þjónustu þar sem mikill munur er á talsíma og gagnaflutningsþjónustu. Þannig hefur talsímaflutningur verið á mun hærra verði en flutningur á öðrum gögnum. Með IP-símatækni (e. Voice-over-IP) minnkar möguleiki fjarskiptafyrirtækjanna á að gera slíkan greinarmun og tekjustofnarnir þurfa að miða við magnflutning á gögnum. Stafrænu sjónvarpi fylgir flutningur á miklu gagnamagni og með stafrænni tækni geta fjarskiptafyrirtækin aukið þjónustu sína og boðið fjölþætt afþreyingarefni. Þetta hefur verið kallað þríleikur (e. Triple Play) og eykur tekjumöguleika fjarskiptafyrirtækjanna þar sem niðurstöður markaðsrannsókna benda til að heimilin muni eyða hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í ýmiss konar afþreyingarefni. Í þríleiknum geta fjarskiptafyrirtæki boðið gagnaflutning, afþreyingarefni og símaþjónustu í einum pakka til viðskiptavina og aukið viðskiptatryggð.

Fyrirtækin keppast nú við að ná forskoti á markaði til að tryggja ráðandi markaðsstöðu. Reynslan er sú að erfitt er fyrir ný fyrirtæki að koma seinna inn á stafrænan fjölmiðlamarkað. Fyrstu fyrirtækin geta bundið viðskiptavini við sig með því að vöndla fjölmiðla- og fjarskiptaþjónustu, auk þess sem þeir sem hafa fleiri viðskiptavini geta að jafnaði greitt meira fyrir sjónvarpsefni en nýir aðilar á markaði. Nýtt og vinsælt sjónvarpsefni gerir það að verkum að viðskiptavinir verða tryggir fyrirtækinu auk þess sem auglýsendur vilja auglýsa þar sem áhorfið er mest. Fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki, sem bjóða stafrænt sjónvarp, geta einnig þróað þjónustu sína og þannig átt bein viðskipti við flest heimili landsins í gegnum sjónvarpið.

Þar sem mikil samkeppni er orðin á fjarskiptamarkaði hefur verð á fjarskiptaþjónustu farið lækkandi en á móti hefur notkunin aukist afar mikið. Ný tækni mun hins vegar breyta möguleikum fjarskiptafyrirtækjanna í framtíðinni til að afla tekna. Notendur eru nú þegar í æ ríkara mæli farnir að nýta sér IP-símaþjónustu sem gerir það að verkum að notendur geta sniðgengið talsímakerfi fjarskiptafyrirtækjanna og greitt m.a. fyrir millilandasímtöl eins og um innanbæjarsímtöl væri að ræða. Fyrirtæki eins og Skype bjóða nú notendum að hringja úr tölvum í síma fyrir brot af því sem millilandasímtöl kosta. Svonefnd WiFi-þjónusta, sem er staðbundin en ekki samfelld eins og farsímaþjónusta er oftast, gerir notendum kleift að tengjast t.d. internetinu með meiri bitahraða en farsími gefur kost á og einnig á lægri gjöldum. Ef notendur hafa farsíma með innbyggðum WiFi-möguleikum geta þeir hverju sinni valið hagkvæmustu þjónustuna og sparað sér háar fjárhæðir í mánaðarlegum símgjöldum.

Tekjumódel fjarskiptafyrirtækjanna mun breytast mjög mikið í framtíðinni. Tæknin mun í nálægri framtíð gera það að verkum að fjarskiptafyrirtækin þurfa að finna nýja tekjustofna vegna þess að þau munu fá minnkandi tekjur af bæði farsímasímtölum og af utanlandssímtölum. Með IP-tækni minnkar möguleiki fyrirtækjanna á að skilja á milli símtala og annars gagnaflutnings. Hingað til hafa símafyrirtækin fengið stóran hluta tekna sinna af talþjónustu,

fyrst fastlínusímtölum og síðan þráðlausum símtölum. Þegar fjarskiptafyrirtækin þurfa einnig að lækka verð á breiðbandstengingum til einstaklinga og fyrirtækja til að geta boðið sjónvarpsþjónustu á netum sínum eru tekjumöguleikarnir orðnir æ rýrari. Það er því mikið í húfi fyrir fjarskiptafyrirtæki ekki síður en fjölmiðla að afla tekna með virðisaukandi þjónustu í gegnum stafrænt sjónvarp, svo og á öðrum miðlum. Einnig þurfa þau að tryggja að dreifikerfi þeirra séu notuð.

Allur fjarskiptageirinn er í ríkara mæli farinn að líkjast uppbyggingu internetsins þar sem erfitt hefur reynst að stjórna og setja reglur. Eðli málsins samkvæmt munu fjölmiðlarnir/margmiðlun fylgja á eftir því að þeir munu að stórum hluta útvega þjónustuna sem mun bera uppi fjarskiptakerfið. Í þessum heimi eru fyrirséð mikil vandamál við að halda utan um hugverka- og höfundarétt af ýmiss konar efni. Einnig verður æ erfiðara að setja strangar reglur um innihald ólíkra miðla og fylgja reglunum eftir.

Þrepaskipt stafræn þróun.

Grunnurinn að því að geta boðið hundruð sjónvarpsrása, að geta leigt kvikmyndir, hlustað á tónlist að vild, spilað sjónvarpsleiki við aðra sjónvarpsnotendur og vafrað um internetið, svo eitthvað sé nefnt, er að útsendingar sjónvarps séu stafrænar og geti boðið nægilega bandbreidd. En til að hægt sé að bjóða gagnvirkt sjónvarp þarf að byggja upp stafrænt dreifikerfi sem getur verið hvort heldur þráðlaust eða gegnum leiðara, t.d. ljósleiðara eða koparlínur (ADSL). Enn fremur þurfa notendur að fá sérstakan endabúnað sem tengist sjónvarpstækinu til að geta tekið á móti útsendingum stafræns sjónvarps og horft á þær í hliðrænum sjónvarpstækjum.

Í grófum dráttum má skipta þróun stafræns sjónvarps í þrjú þrep sem hvert um sig býður upp á nokkuð mismunandi notkunarmöguleika. Í fyrsta lagi ber að nefna stafræna útsendingu á sjónvarpsefni sem er ekki gagnvirk. Í öðru lagi er um að ræða stafræna útsendingu með leið til baka og í þriðja lagi á hugtakið við um stafræna einkarás með leið til baka. Bæði stafræn útsending með leið til baka og stafræn einkarás teljast vera gagnvirkt stafrænt sjónvarp þar sem notendur geta með leiðinni til baka stýrt þeirri þjónustu sem þeir kjósa.

Stafræn útsending.

Stafræn sjónvarpsþjónusta er ekki endilega gagnvirk og í því tilfelli verða engar meiri háttar breytingar á notkunarmöguleikum frá því sem verið hefur. Stafræn tækni gefur hins vegar kost á betri nýtingu tíðnisviðsins og fleiri dagskrám fyrir notendur. Tíðnisviðið í loftinu er takmörkuð auðlind og þess vegna skiptir það miklu máli að hægt er að þjappa mynd- og hljóðupplýsingum í stafræna dreifikerfinu. Þjöppunin gerir mögulegt að koma fyrir fjórum til sex dagskrám í sömu tíðnirás og áður var notuð fyrir eina hliðræna dagskrá. Það er kostur stafrænu tækninnar, sem notuð er í dreifikerfum, að nota má sömu tíðnina fyrir marga senda á ákveðnu svæði og enn fremur er minni hætta á truflunum milli aðliggjandi rása í tíðnisviðinu. Í fyrstu skila þessir kostir sér ekki alfarið vegna þess að nauðsynlegt er að reka áfram hliðrænu dreifikerfin samhliða stafrænu kerfunum en til lengri tíma litið verða nothæfar tíðnirásir fleiri en nú er og skortur, sem er á rásum á höfuðborgarsvæðinu, verður hugsanlega úr sögunni. Það mun m.a. auðvelda nýjum sjónvarpsfyrirtækjum inngöngu á markaðinn. Það virðist þess vegna ljóst að notendur, sem taka á móti útsendingum um loftið, munu eiga völ á meira úrvali dagskráa og annars myndefnis.

Stafræn útsending með leið til baka.

Þar sem mikill kostnaður fylgir því að byggja upp stafræn dreifikerfi, auk þess sem kostnaður fylgir endabúnaði notenda, hefur áhersla verið lögð á stafrænt gagnvirkt sjónvarp sem býður upp á mun meiri möguleika en aðeins fjölgun sjónvarpsrása. Í grófum dráttum má segja að stafrænu gagnvirku sjónvarpi megi skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða stafræna útsendingu með leið til baka og hins vegar stafræna einkarás með leið til baka. Helstu staðlar fyrir stafrænar sendingar eru DVB-C fyrir kapalkerfi, DVB-S fyrir gervitungl og DVB-T fyrir dreifingu í loftinu. Notendabúnaðurinn, sem er mismunandi fyrir staðlana þrjá, gerir notendum kleift að velja úr efni sem í boði er auk þess sem þeir geta horft á samsetta dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Til þess að koma pöntun á efni til skila þarf tilbakarás sem auðvelt er að koma fyrir í kapalkerfum en vandasamara í dreifikerfum í lofti og um gervitungl. Verður þá að grípa til þess ráðs að hafa tilbakarásina í öðru fjarskiptakerfi, t.d. fastasíma eða farsíma.

Stafræn útsending býður upp á mikinn fjölda sjónvarpsrása þar sem notendur geta valið að horfa á það efni sem þar er í boði. Með því að nýta sér leiðina til baka geta þjónustufyrirtæki stóraukið þjónustu sína með því t.d. að selja aðgang að kvikmyndum sem sýndar eru á ákveðnum tímum á sérstökum kvikmyndarásum, bjóða bankaþjónustu í sjónvarpi, auk þess sem hægt er að bjóða ýmiss konar leiki og íþróttaútsendingar þar sem áhorfendur velja sjónarhorn og margt fleira. En þar sem slík stafræn útsending er háð takmörkuðu tíðnisviði er um að ræða takmarkað framboð á efni.

Stafræn einkarás með leið til baka.

Stafræn einkarás er frábrugðin stafrænni útsendingu að því leyti að dreifileiðir eins og ljósleiðari, xDSL (tæknistaðall sem eykur flutningsgetu á símalínunum) og sum stafræn kapalkerfi hafa það mikla bandbreidd að hver notandi getur innan ákveðinna marka valið myndefnið að eigin smekk í stað þess að horfa á fasta dagskrá. Framboð sjónvarpsefnisins sætir í þessum kerfum ekki takmörkunum tíðnisviðsins en er háð flutningsgetu einkarásarinnar. Munurinn er sá að notendur geta að vild valið sér sjónvarpsefni, svo sem kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leiki eða tónlistarmyndbönd, og fengið sent frá miðlara á rauntíma og má því í raun tala um rafræna myndbanda-, tónlistar- og leikjaleigu sem getur hýst gríðarlegt úrval efnis. Slík rafræn leiga gefur áhorfendum kost á að greiða aðeins fyrir það efni sem þeir vilja horfa á. Sjónvarpsnotendur geta sjálfir valið og stýrt á hvað þeir horfa og hvenær. Sjónvarpsefnið er aðgengilegt notendum í ákveðinn tíma og hafa þeir innan þess tíma fulla stjórn á efninu. Notendur geta spólað fram og til baka, sett í bið eða stöðvað myndefnið.

Þar sem sjónvarpsmiðlun sem þessi er ekki háð tíðnitakmörkunum er mögulegt að veita ýmiss konar sérhæft efni sem ekki höfðar til fjöldans, svo sem fræðslu- og kennsluefni eða sjónvarpsrásir og kvikmyndir frá ólíkum menningarsvæðum.

Skilyrt aðgangskerfi og aðgangskassi fyrir stafrænt sjónvarp.

Útsendingar hliðræns sjónvarps eru í formi styrkmótaðra merkja sem sjónvarpsviðtæki skynja og umbreyta í mynd. Í stafrænum útsendingum er búið að kóða mynd og hljóð í runu af púlsum sem einungis taka gildi sem samsvara 0 og 1. Venjuleg sjónvarpsviðtæki taka ekki við slíkum merkjum og notendur verða að afla sér viðbótarbúnaðar, þ.e. aðgangskassa sem breytir stafræna merkinu í form sem sjónvarpstækið getur unnið úr. Vél- og hugbúnaður í aðgangskassanum byggist á tölvutækni. Svo framarlega sem aðgangskassinn fær merki með nógu miklum styrk til þess að geta greint á milli gildanna 0 og 1 fæst fullnægjandi mynd en að öðrum kosti fæst engin mynd á skjáinn. Þetta er skýringin á því sem áður var getið að

myndgæði eru stöðug innan þjónustusvæðis en myndin hverfur alfarið þegar komið er að mörkum þess.

Stafrænir aðgangskassar eru frábrugðnir myndlyklum eins og Stöð 2 hefur notað. Myndlyklar hafa það hlutverk eitt að opna fyrir aðgang að dagskrá, hafi notandi aflað sér heimildar til að fá viðkomandi dagskrá. Í stafrænum aðgangskassa er afkóðun sjónvarpsmerkis til þess að notandinn geti horft á efnið aðeins eitt af mörgum hlutverkum hans.

Í upphafi stafræns sjónvarps var lögð mikil áhersla á það hjá stjórnvöldum að notendur gætu samnýtt aðgangskassana fyrir mismunandi sjónvarpsveitur til að þeir neyddust ekki til að kaupa marga kassa. Einn slíkur möguleiki er búnaður samkvæmt MHP-staðlinum (e. Multimedia Home Platform) sem gerir notendum kleift að horfa á mismunandi sjónvarpsdagskrár án þess að afla sér sérstaks aðgangskassa fyrir hverja stöð. Framkvæmdastjórn ESB hefur beitt sér fyrir notkun þessa staðals án þess að gera hann að skyldu. Ágreiningur framleiðenda og hár kostnaður MHP-búnaðar hefur komið í veg fyrir að þessi lausn hafi náð almennri fótfestu. Verð MHP-aðgangskassa er um fjórfalt verðið fyrir ódýrustu aðgangskassa á markaðnum. Í upphafi kostuðu aðgangskassar tugi þúsunda króna í innkaupum en nú kosta þeir aðeins brot af þeirri upphæð. Flestar sjónvarpsveitur, sem selja efni eða dagskrá í áskrift, afhenda aðgangskassa sem hluta af áskriftinni. Nú eru að koma á markaðinn aðgangskassar með hörðum diskum og kassar sambyggðir í leikjatölvur svo að hugmyndir um eina staðlaða aðferð ná vart fram að ganga.

Til að fjölmiðlafyrirtækin geti selt þjónustu sína í áskrift þarf skilyrt aðgangskerfi sem veitir viðskiptavinum aðgang að lokaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu. Mikil áhersla hefur verið lögð á það í Evrópu að þau fyrirtæki, sem starfrækja skilyrt aðgangskerfi, veiti öllum efnisveitum, sem þess óska, aðgang að aðgangsstýringunni, án mismununar og á sanngjörnum kjörum. Einnig eiga efnisveitur, sem dreifa ólæstri dagskrá, rétt á því að dagskrárefni þeirra fari óhindrað um aðgangskerfið án endurgjalds. Tilgangurinn með þessum kvöðum er að koma í veg fyrir það að notendur þurfi að hafa marga aðgangskassa með mörgum skilyrtum aðgangskerfum tengda við sjónvarpið sitt. Með því að setja reglur um endabúnað notenda og aðgangskerfin er verið að reyna að fá efnisveitur til að sameinast um búnaðinn og gera notendum auðveldara fyrir. Það er svo spurning hvernig tekst að skilgreina sanngjörn kjör í þessu sambandi og eins er hætta á því að efnisveitur skirrist við að senda efni sitt um skilyrt aðgangskerfi keppinautar. Þess ber þó að geta að aðgangskassarnir eru tæknilega mismunandi eftir því hvaða dreifileið og/eða tíðnisvið notað er til að koma stafræna merkinu til viðskiptavina. Ekki er hægt að nota sama aðgangskassa fyrir allar tegundir dreifikerfa vegna mismunandi tækni sem notuð er. Það þarf mismunandi aðgangskassa fyrir kapalkerfi, gervitungl, útsendingar í loftinu og ADSL. Þetta kemur ekki að mikilli sök þar eð langflestir notendur tengjast einungis einni tegund dreifikerfis.

Hver er þörfin?

Ef miðað er við þann fjölda Íslendinga sem nú eru áskrifendur að stafrænu dagskrársjónvarpi hér á landi og ef höfð eru til hliðsjónar þau heimili sem kaupa sjóræningjaáskriftir erlendis má gera ráð fyrir því að íslenskir áhorfendur vilji sambærilega þjónustu og nú er í boði hjá öðrum þjóðum, t.d. BSkyB í Bretlandi. Flestir eru þeirrar skoðunar að þörfin fyrir bandbreidd sé ekki ólík þeirri þróun sem orðið hefur með tölvuminni. Eftir því sem minnið er meira því flóknari og stærri er hugbúnaðurinn. Meira framboð hefur þýtt meiri eftirspurn og tölvur eru sífellt að verða aflmeiri. Í þessu sambandi má bera saman þróun á þeirri þörf sem hefur orðið á aukinni bandbreidd. Fyrir um 10 árum var bandbreidd til fyrirtækja og stofnana, sem átti að anna þörfum fjölda starfsmanna og viðskiptavina, minni en sú bandbreidd sem

margir einstaklingar eru með í dag. Því má áætla að þörfin fyrir sjónvarpsrásir verði mikil og að bjóða verði margar rásir til að geta fullnægt vaxandi eftirspurn eftir því sem stafrænt sjónvarp þróast í framtíðinni. Eftirfarandi er hugmynd að nýtingu fjölrása sjónvarpskerfis sem næði til alls landsins:

Íslenskar sjónvarpsrásir – kvikmyndir – íþróttir = 10–15 rásir
Þáttasölusjónvarp – 10 nýjustu kvikmyndirnar = 80 rásir
Fréttaþjónusta – efnisflokkuð valþjónusta = 10 rásir
Gervihnattaendurvarp – einnig fyrir málahópa og sérâhugamál = 40–50 rásir
Útleigurásir – fyrirtæki, félög, stjórnmálaflokkar, námskeið = 10–15 rásir
Opinber þjónusta – skólakerfi – fjarkennsla = 30–40 rásir
Persónuleg þjónusta með gagnvirkni = 30 rásir í framtíð
Háhraða internetsbandbreidd = 10–20 rásir

Alls eru þetta 220–260 rásir. Með einkarás til notenda eru í raun engin takmörk fyrir fjölda „rása“ í dreifikerfi. Í gervihnattasjónvarpi í Evrópu geta áskrifendur haft aðgang að 500–1000 rásum.

Stafrænt sjónvarp í nágrannalöndunum.

Hvorki í löndum Evrópu né í Bandaríkjunum hefur stafrænt sjónvarp á hefðbundinni sjónvarpstíðni (VHF/UHF) leitt stafrænu þróunina heldur gervihnattasjónvarp og kapalkerfi. Þvert á móti hefur stafrænt sjónvarp á hefðbundinni tíðni lengst af átt erfitt uppdráttar og yfirleitt þurft mikinn opinberan stuðning til að ná útbreiðslu.

Í flestum nágrannalöndum okkar hafa yfirvöld birt dagsetningar um það hvenær stefnt sé að því að slökkva á hliðrænum útsendingum á hefðbundinni sjónvarpstíðni og frá og með þeim degi verði útsendingar í landinu stafrænar. Slík dagsetning hefur ekki verið gefin út hér á landi.

Líklega er ein meginástæðan fyrir því að stjórnvöld leggja mikið upp úr því að byggja upp stafrænt sjónvarp á hefðbundinni tíðni sú að þau vilja tryggja stafrænar sendingar hefðbundinna sjónvarpsstöðva, oft í ríkiseigu, til að keppa við nýju fjölrása sjónvarps- og margmiðlunarfyrirtækin sem víða hafa lagt undir sig stóran hluta sjónvarpsmarkaðarins. Reynslan hefur verið sú að nýju kapal- og gervihnattasjónvarpsfyrirtækin erlendis hafa sýnt lítinn áhuga á að taka þátt í slíkri samvinnu og séð hagsmunum sínum betur borgið með rekstri eigin dreifikerfa með litlum ríkisafskiptum. Með því að vera einn af mörgum í slíku opinberu og stýrðu útsendingarkerfi gefa þau jafnframt nýjum samkeppnisaðilum færi á að keppa á jafnréttisgrundvelli um áskrifendur þar sem þau gætu ekki nýtt helsta styrk sinn sem er mikið efnisúrval. Einnig er vert að benda á að útsending í loftinu er í mörgum tilfellum ódýrasta dreifileiðin að teknu tilliti til kostnaðar við uppbyggingu dreifikerfis og við notendabúnað. Stjórnvöld í mörgum löndum leggja einnig mikið upp úr því að loka fyrir hliðrænar sjónvarpsútsendingar þar sem þá losnar um tíðnir sem jafnvel má nota til annars en sjónvarps.

Þess ber einnig að geta að mörg lönd, t.d. á meginlandi Evrópu, eiga landamæri að öðrum löndum og þurfa því að komast að samkomulagi við nágrannaríkin um tíðniúthlutanir. Einnig þarf langan aðlögunartíma til að breyta hliðrænu kerfi í stafrænt þar sem allir notendur þurfa að vera tilbúnir til að taka á móti stafrænu merki þegar slökkt er á hliðrænum útsendingum. Þetta þýðir að senda þarf út bæði stafrænt og hliðrænt í nokkur ár á meðan áhorfendur aðlaga sig að stafrænum útsendingum.

Nú sendir fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva út stafrænt og bjóða þær margar upp á gagnvirkni fyrir notendur. Sjónvarpsstöðvar í nágrannalöndunum hafa fengið nokkur ár til að undirbúa sig undir breytinguna eftir að stefnumótun hefur farið fram um úthlutun á tíðni. Misjafnlega hefur gengið að fá sjónvarpsstöðvar til að hefja stafrænar útsendingar en flestar sjá þó kostina við stafrænu tæknina, þ.e. aukinn fjöldi rása, betri mynd- og hljóðgæði og aukna tekjumöguleika með nýrri þjónustu.

Helstu dreifileiðir stafræns sjónvarps í nágrannalöndum okkur er í gegnum gervihnetti og kapal en ekki á hefðbundnu sjónvarpstíðnisviði. Í upphafi ársins 2004 var 21% evrópskra heimila með stafrænt sjónvarp. Áætlað er að árið 2008 muni 59% íbúa Evrópu vera með stafrænt sjónvarp. Samsvarandi tala verður 52% í Bandaríkjunum. Nú fá flestir nýir notendur stafræns sjónvarps efni sitt í gegnum gervihnetti.

Ástæðan fyrir því að flest heimili erlendis fá stafrænt sjónvarp í gegnum kapal og gervihnetti er að þessi tækni þróaðist tiltölulega snemma, er mjög hagkvæm og auðveldara var að leysa „legacy"-vandamál þar sem hætta þarf starfrækslu eldri þjónustu til að koma nýrri þjónustu á laggirnar. Auk þess voru afskipti ríkisins mun minni af óhefðbundinni dreifingu á sjónvarpi en hefðbundinni. Gott dæmi um þetta er vöxtur BSkyB í Bretlandi.

Tiltölulega ódýrt er að breyta hliðrænni útsendingu í stafræna bæði í kapalkerfum og gervihnattaútsendingu og fjölga þannig rásum og auka gæði útsendinga. Kapalkerfi hafa víða byggst upp á þéttbýlum svæðum og löndum þar sem auðvelt og hagkvæmt hefur verið að tengja íbúa. Gervihnettir hafa hins vegar þann kost að hægt er að bjóða sjónvarpsþjónustu á öllum markaðnum á sama tíma, hvort heldur er í borgum eða landsbyggð. Dreifing sjónvarpsefnis í gegnum gervihnött er auk þess mjög hagkvæm og ódýr lausn í milljónaþjóðfélögum og skapar ekki mismunun milli dreifbýlis og þéttbýlis þar sem allir geta fengið þjónustuna á sama tíma.

Stafrænt sjónvarp á hefðbundinni tíðni er þó að ná aukinni útbreiðslu á allra síðustu árum. Í annarri tilraun í Bretlandi virðist nú ætla að takast vel til með Freeview og nú er Sky einnig þátttakandi. Nokkrar ástæður þess að vel hefur tekist til eru að notendur þurfa ekki að greiða mánaðargjald, aðgangskassarnir eru ódýrir, mynd- og hljóðgæði eru mjög mikil og sjónvarpsdagskrárnar, sem í boði eru, höfða til áhorfenda. Einnig virðist vöxtur hraður í nokkrum norrænu landanna.

Bretar eru nú leiðandi í Evrópu í stafrænu sjónvarpi en meira en 50% heimila í Bretlandi eru nú með stafrænt sjónvarp. Því er engin önnur Evrópuþjóð með jafnmikla útbreiðslu. Helstu fyrirtæki á breska markaðnum, sem bjóða stafræna sjónvarpsþjónustu, eru BSkyB, Freeview og ýmis kapalfyrirtæki.

Stafrænt sjónvarp á Íslandi.

Á Íslandi hafa ekki verið stór kapalkerfi með mikla markaðshlutdeild eins og í mörgum nágrannalöndum okkar og er ein ástæða þess líklega að samkeppnishömlur voru hér lengur við lýði en annars staðar. Nokkur lítil kapalkerfi hafa þó verið byggð upp, svo sem í Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Síminn hefur þó á mörgum árum byggt upp ljósleiðara/kapalkerfi, Breiðvarp Símans, sem getur kallast kapalkerfi. Það hefur þó ekki náð mikilli útbreiðslu og áhorfi, m.a. vegna skorts á áhugaverðu innlendu og erlendu efni. Notendur hafa aðallega haft aðgang að fjölmörgum erlendum endurvarpsstöðvum á Breiðvarpinu.

Engar íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa notfært sér gervihnetti fyrir dreifingu sjónvarpsdagskrár. Hins vegar nær þjónustusvæði ýmissa gervihnatta til Íslands og má þar t.d. nefna gervihnetti Eutelsats og SES-Astra. Gervihnattatækni er of dýr tækni fyrir lítið menningarsamfélag ef litið er til þess hvers konar þjónustu áhorfendur vilja fá. Vegna legu landsins

næði gervihnötturinn að öllum líkindum ekki til allra landsmanna og því þyrfti að ná til hluta íbúa með annars konar dreifingu. Gera má ráð fyrir að ein rás á gervihnetti kosti um 50 millj. kr. á ári.

365 ljósvakamiðlar, áður Norðurljós, hafa á undanförnum áratug byggt upp fjölrása sjónvarp á eigin MMDS-örbylgjukerfi á höfuðborgarsvæðinu og þar með náð sterkri markaðsstöðu sem áskriftarsjónvarp. Fyrirtækið hefur ekki séð hag í því að byggja upp stafrænt dreifikerfi á VHF/UHF-tíðnisviðinu með öðrum íslenskum sjónvarpsstöðvum og er það í samræmi við þróunina erlendis. Að líkindum hefðu 365 ljósvakamiðlar tapað miklu af sérstöðu sinni á markaðnum með því að taka þátt í slíkri samvinnu. Í dag ráða þeir yfir eigin tíðnisviði, aðgangsstýrikerfi og loftnetum hjá viðskiptavinum. Slíkt hefði ekki orðið raunin ef þeir hefðu ákveðið að flytja sig yfir á VHF/UHF-tíðnisviðið þar sem þeir hefðu deilt áskrifendum með öðrum fyrirtækjum. Þau hefðu þá getað nýtt sér uppbyggingu í aðgangsstýrikerfi sem 365 ljósvakamiðlar hafa byggt upp fyrir ærinn tilkostnað og náð af þeim viðskiptavinum. Ákvörðun 365 ljósvakamiðla er því skiljanleg út frá viðskiptalegum forsendum. Kosturinn við MMDS-örbylgjukerfið er að það getur náð fljótt og með tiltölulega litlum kostnaði til flestra heimila landsins sem eru á suðvesturhorninu.

Þess má geta að til staðar er vandamál við að koma á stafrænni útsendingu á hefðbundnu sjónvarpstíðnisviði sem rekja má til upphafs íslensks sjónvarps. Árið 1964, þegar undirbúningur fyrir íslenskt sjónvarp hófst, var VHF-sviðið í almennri notkun erlendis. Sjónvarpstæki voru eingöngu ætluð fyrir VHF-sviðið og sjónvarpstæki með bæði VHF og UHF urðu ekki fáanleg á viðráðanlegu verði fyrr en síðar. Á þessum tíma var ekki hægt að sjá fyrir samkeppni í sjónvarpsrekstri og þótti þrekvirki að koma upp einu dreifikerfi. Aðstæður hér á landi réðu því VHF varð fyrir valinu enda hefði dreifing sjónvarps um landið kostað margfalt á UHF-sviðinu miðað við VHF-sviðið þar sem hvorki ljósleiðari né örbylgjusamband var um landið til að koma dagskránni á sendistöðvar á hverju svæði.

UHF-sviðið var yfirleitt tekið í notkun í nágrannalöndunum með tilkomu samkeppni á markaði. Í kjölfarið voru ríkissjónvarpsstöðvarnar stundum fluttar af VHF yfir á UHF. Á höfuðborgarsvæðinu er almenna reglan að sjónvarpi er dreift á VHF-hluta tíðnisviðsins. Það er miklum mun minna tíðnisvið en UHF-hlutinn sem notaður er á flestum stöðum erlendis. (VHF og UHF liggja ekki saman í tíðni.) Vandamálið liggur í því að flest íslensk sjónvarpsloftnet á höfuðborgarsvæðinu eru VHF-loftnet og geta ekki að óbreyttu tekið við UHF-útsendingum. Þetta gerir það að verkum að afar fáar hefðbundnar sjónvarpsrásir eru sendar úr í Reykjavík. Þegar Stöð 2 tók til starfa var þrýst mjög á að fá VHF-rás þar sem forsvarsmenn óttuðust að almenningur mundi ekki fjárfesta í UHF-loftnetum. Engar breytingar þurfti að gera á rásafyrirkomulagi dreifikerfis RÚV vegna þessarar ráðstöfunar. Öðru máli gegndi þegar Sýn kom til sögunnar og stjórnvöld þrýstu á að stöðin fengi einnig úthlutað rás á VHF. Skjár 1 væri líklega ekki til ef ekki hefði verið stök laus rás á MMDS-örbylgjutíðnisviði í Reykjavík.

VHF er nánast aldrei notað fyrir stafrænt sjónvarp erlendis enda er ekki sama bandbeidd á rásum á VHF (7MHz) og UHF (8MHz) sem allur búnaður miðast við. Ein ástæða þess að VHF er sjaldan notað fyrir stafrænt sjónvarp er líklega að ekki er pláss nema fyrir þrjár stafrænar rásir innan um hliðrænu rásirnar (í bandi III). UHF-móttökuloftnet eru minni en VHF-loftnet og þess vegna umhverfisvænni. Algengast er að nota efri hluta UHF-tíðnisviðs sem er laust víðast hér á landi; vandamálið er hins vegar að stór hluti heimila er ekki með UHF-loftnet og helstu rökin fyrir stafrænu sjónvarpi á þessari tíðni eru einmitt tilvist loftneta. Víðast hvar úti á landi eru notaðar UHF-tíðnir við sjónvarpsútsendingar svo að þar horfir málið öðruvísi við.

Þetta ástand setur RÚV í erfiða stöðu eins og víðast hvar hefur orðið raunin með ríkisreknar sjónvarpsstöðvar erlendis. Vandamálið felst í því að RÚV verður á næstunni að flytja dreifingu sína yfir í stafrænar útsendingar en til þess þarf stafrænan aðgangskassa og það er mjög kostnaðarsamt að byggja upp stafrænt dreifikerfi með sér aðgangskassa fyrir eina rás.

Nú er hefjast mikil samkeppni símafyrirtækja um að bjóða stafræna einkarás til heimila gegnum ADSL. Áætlað er að slík þjónusta geti þjónað yfir 90% heimila landsins innan fárra ára, aðallega í þéttbýli. Slík samkeppni dregur úr hagkvæmni þess að byggja upp öflugt þráðlaust stafrænt dreifikerfi í lofti og minnkar líkur á að slíkt verði gert. Orkuveita Reykjavíkur áætlar einnig viðamikla uppbyggingu ljósleiðara í þéttbýliskjörnum sem eykur enn samkeppnina í þéttbýli.

Þetta skapar hættu á að íbúar dreifbýlustu svæða verði út undan í þróuninni og verði að sætta sig við litlu betri þjónustu en til staðar er í dag nema til komi opinbert inngrip og stuðningur. Kostnaðaráætlanir sýna að það er álíka kostnaðarsamt að byggja upp dreifikerfi í lofti fyrir þessi heimili sem upp á vantar og fyrir hin 80–90%. Hér vantar þann jöfnuð milli þéttbýlis og dreifbýlis sem gervihnattadreifing veitir í fjölmennari löndum. Þetta er þó ekki bara vandamál íbúa í dreifbýli eins og vaxandi fjöldi sumarbústaðaeigenda getur efalaust borið vitni um.

Nú bjóða þrjú íslensk fyrirtæki stafrænt sjónvarp, 365 ljósvakamiðlar (MMDS), Síminn (ADSL og Breiðvarpið) og Íslandsmiðill (útsending frá jarðsendum á gervihnattatíðnisviði). Ekkert þeirra veðjar á vinsælustu dreifileiðirnar í nágrannalöndunum, kapalkerfi og gervihnetti.

Dreifing 365 ljósvakamiðla í framtíðinni, sem bjóða nú fjölrása stafrænt sjónvarp á MMDS-örbylgju, er óviss þar sem MMDS-tíðnisviðið er ætlað þriðju kynslóð farsíma í framtíðinni. Hér á landi hefur verið rætt um að framtíðardreifikerfin séu í jörðinni og því er mikilvægt fyrir fjarskiptafyrirtækin að vera þátttakendur á markaði og bjóða sjónvarpsefni.

Í sjónvarpsrekstri skiptir magnið máli. Það fyrirtæki, sem getur boðið mesta og besta efnið, nær flestum áskrifendum og hefur þess vegna efni á að kaupa áfram besta efnið til að ná til enn fleiri áhorfenda. Samþjöppun og einokun er ríkjandi tilhneiging hjá ljósvakafyrirtækjum í dag og mun verða enn meiri með stafrænni tækniþróun. Á Íslandi er nú að myndast sú sérstaka staða að tvö stór fjarskiptafyrirtæki hafa uppi áform um þróun á stafrænni sjónvarpsþjónustu, annars vegar Og Vodafone með 365 ljósvakamiðla og hins vegar Síminn með Skjá 1. Bæði fyrirtækin geta boðið stafræna sjónvarpsþjónustu sem hægt er að þróa frekar og geta skapað meiri tekjur með nýrri virðisaukandi þjónustu. Eftir stendur RÚV sem aðeins býður eina sjónvarpsdagskrá og hefur ekki yfir neinni stafrænni dreifileið að ráða.

Þróun fjölmiðlunar í stafrænu umhverfi.

Með tilkomu stafrænnar tækni skapast ný tækifæri fyrir nýja þjónustu og þar með nýir tekjumöguleikar fyrir fjölmiðlafyrirtækin. Stafræn tækni stuðlar einnig að auknum samruna ólíkra miðla. Ýmsar nýjungar munu standa neytendum til boða í náinni framtíð með samruna miðla í stafrænu umhverfi.

Blaðamarkaður í stafrænu umhverfi.

Ljóst er að mikil breyting á sér stað á dagblaðamarkaði. Dagblaðalestur hefur minnkað í nágrannalöndunum undanfarin ár víðast hvar og hafa eigendur brugðist við með mismunandi hætti. Mörg dagblöð eru hætt að skilgreina sig sem dagblöð/prentmiðla heldur skilgreina sig nú sem upplýsingaveitur. Enn fremur hafa margir eigendur dagblaða séð hag sinn í því að fjárfesta í ljósvakamiðlum, tímaritaútgáfum og bókaútgáfu. Ástæða þessara kaupa og sam-

runa er samlegðin sem fæst með því að bjóða upplýsinga- og fréttaefni og aðgangur fyrirtækjanna að auglýsingum.

Nú þegar hafa dagblöð nýtt sér stafræna tækni og bjóða miðla sína á internetinu. Miðlarnir hafa brugðist við samkeppninni með þessum hætti og birta nýjar fréttir um leið og þær eru tilbúnar. Dagblöð eru því síbreytileg á netinu og nú er ekki lengur aðeins prentútgáfa af miðlinum á degi hverjum eins og tíðkast hefur um áratugaskeið. Með stafrænni tækni verður einnig þátttaka lesenda meiri þar sem þeim gefst betur færi á því að bregðast við innihaldi miðilsins og koma skoðunum sínum á framfæri. Það rými, sem hefur verið afmarkað fyrir aðsendar greinar, einskorðast ekki einungis við prentmiðilinn sjálfan heldur er einnig hægt að nýta netútgáfuna fyrir aðsendar greinar og athugasemdir frá lesendum. Netútgáfur bjóða upp á ýmsar nýjungar sem prentuðu útgáfurnar geta ekki boðið og þess vegna má segja að ný tækni hafi ef til vill opnað nýjar leiðir fyrir þátttöku lesenda í skoðanaskiptum í samfélaginu.

Aukinn kostnaður fylgir því að halda úti dagblaði á internetinu. Dagblöð geta fengið tekjur upp í kostnað með því að selja auglýsingar og aðgang að gagnasöfnum. Dagblöð munu í auknum mæli leita leiða til að finna nýjar tekjulindir í breyttu umhverfi. Nýir möguleikar munu opnast fyrir dagblöð með tilkomu stafræns sjónvarps. Með auknum samruna verður hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og verður hugsanlega hægt að selja einstakar fréttir dagblaða í ólíkum miðlum í framtíðinni. Nú þegar eru dagblöð farin að nýta sér nýja tækni með því að bjóða fréttaþjónustu fyrir GSM-notendur og samsvarandi þróun mun eiga sér stað í sjónvarpi. Með þessu skapast nýir möguleikar dagblaða til að stækka og eflast þrátt fyrir að hefðbundinn blaðalestur dragist saman. Því er mikilvægt að halda þeim möguleikum opnum fyrir prentmiðla að geta sameinast eða verið í nánu samstarfi við ljósvakamiðla til að hindra ekki framþróun margmiðlunar.

Hljóðvarp í stafrænu umhverfi.

Í hliðrænu útsendingarkerfi er tíðnisvið hljóðvarps líkt og sjónvarps takmörkuð auðlind. Þetta hefur sérstaklega verið vandamál í stórborgum erlendis þar sem útvarpstíðnisviðið er víða fullnýtt og því ekki hægt að úthluta viðbótartíðnum. Því getur reynst erfitt fyrir nýjar stöðvar að komast inn á markaðinn. Hér á landi hefur skortur á tíðnum fyrir hljóðvarp ekki verið vandamál. Mikill munur er á þéttbýli og dreifbýli í þessum efnum. Í þéttbýli vilja fjölmiðlar ná eyrum ólíkra markhópa og bjóða margar stöðvar en í dreifbýli hefur verið mun minni eftirspurn eftir tíðnum sökum fámennis. Þess ber enn fremur að geta að líkt og með sjónvarpstíðni þurfa ýmis lönd, t.d. á meginlandi Evrópu, að semja við nágrannaþjóðir sínar um tíðniúthlutanir við landamæri annarra landa. Íslendingar hafa ekki þurft að glíma við þessi vandamál.

Staða hljóðvarps getur breyst talsvert í stafrænu umhverfi, sérstaklega í þéttbýli erlendis. Það er vegna þess að hægt er að nýta tíðnisviðið mun betur en á hliðrænu kerfi og því er hægt að bjóða fleiri stöðvar með stafrænni dreifingu. Í stafrænu hljóðvarpi er ætlunin að bjóða svokallaðan DAB-staðal (e. Digital Audio Broadcasting) í lofti. Þess ber þó að geta að hægt er bjóða stafrænt hljóðvarp með ýmsum hætti. Sum stafræn dreifikerfi eru þess eðlis að hægt er að bjóða bókstaflega óendanlega stöðvafjölda.

Í nágrannalöndunum má sjá að hljóðvarpsstöðvum hefur víða fjölgað. Nýjar stöðvar hafa verið settar á stofn sem ætlað er að þjóna ákveðnum takmörkuðum markhópum. Oft er ákveðin tónlistarstefna á hverri stöð og ekkert talmál. Þá er hægt með auðveldari hætti að ná útsendingum hljóðvarpsstöðva í öðrum löndum. Margar hljóðvarpsstöðvar eru nú sendar út á internetinu og með auknum samruna tölvutækni, fjarskipta og fjölmiðla verður hlustendum

gert auðveldara um vik að nálgast hundruð eða þúsundir hljóðvarpsstöðva frá ólíkum málsvæðum. Hlustendur munu því í framtíðinni geta valið milli mun fleiri hljóðvarpsstöðva en í boði eru í dag. Í þessu umhverfi munu íslenskar stöðvar fá meiri samkeppni að utan. Vönduð dagskrá, þar sem fjallað er um innlend málefni og leikin íslensk tónlist, getur verið aðgengileg leið fyrir íslenskar stöðvar til að ná eyrum hlustenda hér á landi.

Sjónvarp í stafrænu umhverfi.

Miklir möguleikar opnast sjónvarpsfyrirtækjum með stafrænni tækni. Er ætlunin að fjalla um nokkra nýjungar sem notendur geta búist við að fá aðgang að á komandi árum eftir því sem stafræna sjónvarpið þróast og áhorfendum fjölgar.

Þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View).

Þáttasölusjónvarp þýðir að áhorfandi greiðir fyrir það efni sem hann vill horfa á. Hægt er að bjóða upp á nýlegar kvikmyndir, íþróttaviðburði eða vinsæla sjónvarpsþætti svo að eitthvað sé nefnt. Þegar boðið er upp á kvikmyndir væri mögulegt að sýna sömu kvikmyndina þannig að hún hæfist á 15–20 mínútna fresti. Einnig er mögulegt að selja aðgang að knattspyrnuleikjum, hnefaleikakeppnum eða öðrum vinsælum íþróttaviðburðum. Þáttasölusjónvarp er tækifæri fyrir sjónvarpsstöðvar til að auka tekjur sínar með því að bjóða áhugavert efni sem áhorfendur greiða sérstaklega fyrir.

Rafræn myndbandaleiga (e. Video-on-Demand).

Rafræna myndbandaleigu er hægt að bjóða á háhraða einkarásum, svo sem í gegnum ljósleiðara eða ADSL. Áhorfendur geta fengið aðgang að miklum fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta á rauntíma og hafa aðgang að efninu í 24 tíma. Það er í raun lítill munur á því að fá mynd í gegnum rafræna myndbandaleigu og að fara á myndbandaleiguna nema neytendur spara sér sporin.

Gervihnattaendurvarp.

Þar sem tíðnisviðið nýtist betur með stafrænni tækni verður hægt að bjóða fleiri endurvarpsstöðvar en hægt hefur verið hingað til. Þá má nefna ýmsar fréttastöðvar, fræðsluefni, barnaefni, íþróttaefni og sjónvarpsrásir á ýmsum tungumálum. Einnig verður hægt að höfða betur til ákveðinna markhópa, t.d. með tónlistarrásum, ferðarásum og sjónvarpsstöðvum sem sýna þætti um jaðaríþróttir, mat eða hús og híbýli.

Auglýsinga- og sölurásir.

Miklir möguleikar skapast með nýrri tækni til að miðla auglýsingum. Auk þess verður hægt að ná til viðskiptavina með beinni sölu á vöru og þjónustu. Hægt er að bjóða ákveðnar sölu- og auglýsingarásir, eins konar „sjónvarpskringlur“. Einnig gerir gagnvirknin það að verkum að ný tækifæri skapast fyrir sjónvarpsefni þar sem mikil áhersla er lögð á ákveðnar vörur og verslanir. Þetta þýðir að hægt verður að fá upplýsingar um vörur eða kaupa þær beint í gegnum sjónvarpið á svipaðan hátt og gert er á internetinu í dag. Að sama skapi verður tæknilega framkvæmanlegt í framtíðinni að fá upplýsingar um ákveðin föt sem þulur eða fréttamaður klæðist og kaupa þau í ákveðinni stærð og lit í gegnum sjónvarpið. Fyrirtæki á erlendum mörkuðum, þar sem stafrænt sjónvarp hefur verið vinsælt um nokkurt skeið, hafa mörg hver verið að þróa nýjar leiðir til að auglýsa og markaðssetja vörur sínar. Á nýjum miðli þarf nýjar leiðir og enn er verið að þróa tækni í markaðssetningu sem hefur áhrif á neytendur. Þetta er gert þar sem hefðbundnar auglýsingar munu við breyttar aðstæður ekki

lengur hafa sömu áhrif og áður. Má nefna ýmsa tækni í stafrænu sjónvarpi sem gerir notendum kleift að „spóla yfir“ auglýsingar. Því þurfa auglýsendur að finna nýjar leiðir til að ná til áhorfenda.

Útleigurásir.

Þar sem rásum fjölgar og þær verða hlutfallslega ódýrari og aðgengilegri en nú er skapast tækifæri til að leigja sjónvarpsrás í ákveðinn tíma. Því geta stjórnmálaflokkar leigt rás, t.d. meðan á flokksþingum stendur, hægt er að sjónvarpa frá sveitarstjórnarfundum, aðalfundum fyrirtækja o.fl. Með útleigurásum væri einnig hægt að bjóða upp á gagnvirk námskeið sem aðeins þeir sem greitt hafa þátttökugjald hafa aðgang að.

Tölvupóstur og rabb.

Líkt og á internetinu er hægt að nota tölvupóst og internetið í sjónvarpinu. Til þess þarf þráðlaust lyklaborð sem mundi væntanlega fylgja með í áskriftargjaldi fyrirtækjanna. Þar sem tölvupóstur í gegnum sjónvarp hefur verið í boði erlendis hafa nýir hópar farið að nota tölvupóst sem ekki notuðu póst á internetinu. Má þar nefna eldra fólk sem hefur áralanga reynslu af sjónvarpinu sínu og finnst það þægilegra og kunnuglegra en tölvur. Eins opnast möguleikar á ýmiss konar rabbþjónustu eins og nú stendur til boða hjá MSN og fleiri fyrirtækjum.

Valdar internetsíður.

Þar sem venjulegt sjónvarp er með mun minni upplausn en tölvuskjáir þarf að aðlaga internetsíður sérstaklega til að þær sjáist vel í sjónvarpi. Þetta þýðir að fyrirtæki og stofnanir, sem vilja ná til notenda á ýmsum miðlum, þurfa að bjóða mismunandi síður eftir upplausn og stærð þeirra skjáa sem í notkun eru. Mjög ólíkt er að nálgast upplýsingar á internetinu í gegnum litla GSM-símaskjái, sjónvarp eða tölvur. Þróaður hefur verið hugbúnaður sem kallar heimasíður fram þannig að þær verða aðgengilegar í sjónvarpi og má reikna með enn meiri þróun á þessu sviði eftir því sem notendum fjölgar. Einnig má nefna að svokölluð háskerpusjónvörp (HDTV) munu að öllum líkindum verða algengari í framtíðinni en það þýðir að upplausnin á sjónvarpsskjánum er meiri og því meiri myndgæði.

Gagnvirk þjónusta.

Gagnvirk þjónusta í gegnum sjónvarp getur verið afar mismunandi. Í raun má segja að möguleikarnir séu óendanlegir. Líkt og með tölvum á netinu verður hægt í nálægri framtíð að sinna bankaerindum með sjónvarpi, fá upplýsingar um dagskrá, veður, flug og færð, kaupa skyndibita og fá upplýsingar um símanúmer og netföng svo að fátt eitt sé upptalið.

Einnig opnast möguleikar á alls kyns leikjum, verslun, uppboðum og margs konar smáauglýsingum. Ýmiss konar öryggisþjónusta verður einnig í boði, t.d. væri hægt að setja upp myndavélar í íbúðum og húsum sem íbúar gætu fylgst með þegar þeir eru ekki heima.

Fjarkennsla og opinber þjónusta.

Með auknum rásafjölda og gagnvirkni verður með auðveldlega hægt að bjóða upp á fjarkennslu og ýmsa opinbera þjónustu í gegnum háhraðanet. Slíkt gæti nýst háskólum, framhaldsskólum, endurmenntunarstofnunum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða upp á námskeið. Einnig má nefna ýmsa þjónustu á vegum hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga.

Rafrænn dagskrárvísir (e. Elecronic Program Guide – EPG).

Rafrænn dagskrárvísir (EPG) er lykilatriði til að notendur geti fótað sig í auknum rásafjölda og auknu magni sjónvarpsefnis. Um er að ræða grafískt notendaviðmót þar sem notendur geta fengið upplýsingar um dagskrá allra stöðva. Notendur geta því bæði séð hvað þeim stendur til boða á hverri stöð á ákveðnum tíma og einnig hvað verður á dagskránni næst. Hægt er að hnýta við notendaviðmótið upplýsingar um dagskrárliðina til að auðvelda áhorfendum valið.

Upphafssíða í sjónvarpi (e. Walled garden).

Þau fyrirtæki, sem ráða yfir notendabúnaði, geta hannað upphafssíðu fyrir notendur sína í sjónvarpinu. Í gegnum þessa upphafssíðu er hægt að nálgast verslun og ýmsa gagnvirka þjónustu. Fjölmiðlafyrirtækin geta því gert samninga við ákveðnar verslanir og þjónustuaðila sem verða þá á áberandi stað og beintengjast notendum. Þetta þýðir að þeir hafa betri aðgang að neytendum en samkeppnisaðilar sem ekki hafa slíka samninga. Gera má ráð fyrir að fjölmiðlafyrirtæki geri samkomulag við ákveðinn banka, ákveðinn skyndibitastað o.s.frv. Með slíkum sérsamningum við þjónustuaðila geta fyrirtækin aukið arðsemi og fengið hlut af þeim viðskiptum sem fara fram í stafrænu sjónvarpi.

Háskerpusjónvarp (e. High-Definition Television – HDTV).

Þrátt fyrir að mynd- og hljóðgæði séu mun meiri í stafrænu sjónvarpi en hliðrænu eru þau þó ekki sambærileg gæðunum í háskerpusjónvarpi. En til að bjóða slíka þjónustu þarf mikla bandbreidd. Nokkuð mismunandi er eftir löndum hversu mikil áhersla er lögð á háskerpusjónvarp og má nefna að mikil áhersla hefur verið lögð á þessa tækni í Bandaríkjunum. Nú horfa um 10 milljónir heimila á háskerpuútsendingar í þar til gerðum sjónvörpum í heiminum. En til að hægt sé að ná háskerpuútsendingum þarf sérstök sjónvörp og má gera ráð fyrir því að þeim muni fjölga og verð muni fara lækkandi á næstu árum.

Notendabúnaður með hörðum diski (e. Personal Video Recorder – PVR).

Notendabúnaður með hörðum diski býður upp á mikla möguleika, sérstaklega fyrir útsendingakerfi í lofti sem ekki geta boðið einkarás til notenda. Ýmsar tegundir eru til af slíkum búnaði og er *Tivo* sennilega þekktasta merkið. Með slíkum notendabúnaði er hægt að taka upp ákveðið sjónvarpefni til að horfa á síðar, hægt er að seinka dagskrá, „spóla yfir" auglýsingar og margt fleira. Harður diskur þýðir að áhorfendur geta betur stjórnað því á hvað þeir horfa (með því t.d. að sleppa auglýsingum) og hvenær (með því að seinka dagskránni t.d. um 30 mín.). Tæknilega er einnig hægt að bjóða vinsælustu kvikmyndirnar í gegnum notendabúnaðinn, ýmsa leiki og aðra afþreyingu.

IP-sjónvarp og internetsjónvarp.

Útsending á sjónvarpsefni er að færast frá hefðbundnu sjónvarpsformi (DVB) yfir á gagnaflutningsstaðal internetsins, IP (Internet Protocol). Útsendingar um ADSL og ljósleiðara eru á IP-staðli. Þessi þróun er rétt að hefjast í heiminum og alls ekki séð fyrir hvert hún leiðir.

Greina má tvenns konar framtíðarsýn í þessu sambandi sem byggist á mjög ólíkum hagsmunum. Annars vegar er um að ræða hagsmuni dreifiveitna sem vilja tryggja sér tekjur af efnissölu með því að vöndla þjónustu og tryggja sér viðskiptavini. Hins vegar er um að ræða hagsmuni framleiðenda efnis sem vilja losna við milliliði og fá sem mestan hluta tekna til

sín. Til að aðgreina þessar stefnur verða notuð hugtökin IP-sjónvarp (IP TV) annars vegar og internetsjónvarp (Internet TV) hins vegar.

IP-sjónvarp er leið innlendra efnis- og/eða dreifiveitna til að bjóða stafrænt gagnvirkt sjónvarp með allri þeirri þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni. Þetta er einnig sú þróun sem ætti að hugnast stjórnvöldum því að þannig næst áframhaldandi lögsaga yfir efnisveitum og innihaldi fjölmiðlanna. Til að geta notið slíkrar þjónustu þarf aðgangskassa og aðgangsstýrikerfi svo að áhorfendur geti fengið aðgang að ólíku efni. Slíkir kassar fylgja þá áskriftarsamningum við innlendar dreifiveitur sem geta fengið hlutdeild í tekjum og stýrt áhorfi. Hægt er að bjóða margs konar efni í IP-sjónvarpi, allt eftir óskum áhorfenda. Með þessum hætti geta efnis- og/eða dreifiveiturnar haft nokkuð góða stjórn á því efni sem notendur fá til sín og greiða fyrir þar sem gera má ráð fyrir að mestallt efnið komi frá þeim eða í gegnum þá. Þessi leið getur þó einnig takmarkað val neytenda og hamlað samkeppni þar sem efni og dreifingu er vöndlað saman.

Internetsjónvarp er á frumstigi en leiða má líkur að því að það geti breyst í náinni framtíð. Mjög stór alþjóðleg fyrirtæki hafa hagsmuni af því að internetsjónvarp nái útbreiðslu. Kvikmyndaverin hafa t.d. hagsmuni af því að sem fæstir milliliðir séu milli þeirra og notenda. Vísir að slíku internetsjónvarpi er *Movielink* sem er í eigu nokkurra stærstu kvikmyndaveranna í Bandaríkjunum. Stórir aðilar í tölvu- og hugbúnaðargeiranum eru nú að hanna vél- og hugbúnað til að tryggja sér stöðu á markaðnum með sínar lausnir. Internetsjónvarp hefur flesta eiginleika internetsins í dag. Íslensk yfirvöld hafa ekki lögsögu yfir slíkum erlendum efnisveitum. Viðskiptin fara í gegnum heimasíður sem geta verið staðsettar hvar sem er í heiminum. Með búnaði, sem tengir sjónvarp og internet, geta notendur fengið aðgang að alls kyns efni, svo sem sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum og stökum sjónvarpsþáttum. Þeir sem selja sjónvarpsefni á slíkum síðum þurfa að sjálfsögðu að eiga réttinn á efninu fyrir hin mismunandi lönd og mætti t.d. sjá fyrir sér að stór fyrirtæki eins og bandarísku kvikmyndaverin gætu nýtt sér internetsjónvarpstæknina til að ná beint til áhorfenda án milliliða.

Með internetsjónvarpi missa dreifiveitur möguleikana á því að fylgjast með og taka gjöld af því efni sem fer um dreifikerfi þeirra. Dreifiveiturnar þurfa þá að byggja verðlagningu sína á gagnaflutningsmagni eingöngu og koma ekki til með að fá hlutdeild í tekjum efnisveitna nema að takmörkuðu leyti. Afar erfitt verður að hafa yfirsýn yfir allt það efni sem í boði er í internetsjónvarpi og fyrir stjórnvöld að hlutast til um viðskiptin telji þau þörf á því. Þetta eru alveg sambærileg vandamál og fylgja internetinu í dag. Eðli internetsjónvarps er að þar takmarkast ekki val neytenda við samninga efnis- og dreififyrirtækja og vandamál, sem reynt er að leysa með flutningsskyldu og flutningsrétti eins og fjallað er um síðar í kaflanum, verða ekki til staðar. Aðgangsþröskuldur efnisveitna inn á markaðinn lækkar einnig verulega.

Þarna er líklegt að Ísland verði að fylgja alþjóðlegri þróun. Spyrja má hvort aðstaða Íslands sem lítils menningarsvæðis verði önnur en annarra stærri menningar- og tungumálasvæða í kringum okkur. Þarna má e.t.v. líta til þeirrar reynslu sem hefur verið af hugbúnaði og interneti hingað til. Spurning er hvort erlendir aðilar muni þýða eða talsetja efni sérstaklega fyrir íslenskan markað í ljósi reynslunnar úr hugbúnaðarheiminum. Ef hægt verður að nálgast vinsælt erlent efni í gegnum internetsjónvarp má spyrja hvaða áhrif það hafi á íslenskar sjónvarpsstöðvar sem byggja áhorf sitt að verulegu leyti á erlendu efni, ólíkt stærri menningarsvæðum. Ástæðan er sú að kostnaður við íslenskt efni fyrir fámennan markað er of mikill og því óvenju hátt hlutfall erlends efnis í íslensku sjónvarpi. Einnig er vert að benda á að þar sem íslenskir neytendur kaupa þjónustu af erlendum aðilum í gegnum internetið þurfa þeir ekki að greiða skatta og gjöld hér á landi og skekkir það samkeppnisstöðu ís-

lenskra efnisveitna sem þurfa að innheimta skatta af sínum tekjum. Nánar er fjallað um þessi mál síðar í kaflanum.

Íslendingar munu einnig standa frammi fyrir alþjóðlegum vandamálum líkt og aðrar þjóðir. Verður hægt að koma böndum á óæskilegt efni eins og klám og ofbeldi? Slíkt næst aðeins með alþjóðlegri samvinnu. Einnig má spyrja hvaða tækifæri Íslendingar eiga í slíku alþjóðlegu umhverfi og hvort þeir geti nýtt sér möguleika slíkrar þróunar. Þarna geta t.d. skapast nýjar leiðir á markaðssetningu íslensks efnis inn á alþjóðamarkað.

Dreifileiðir fyrir stafrænt sjónvarp.

Hægt er að nota ýmsar dreifileiðir til að bjóða stafrænt sjónvarp. Ber þar að nefna:

Kapall (ljósleiðari + kapall)	Síminn
Stafrænt sjónvarp (VHF/UHF)	Í vinnslu hjá RÚV og 365
Stafrænt sjónvarp á örbylgju (MMDS)	365 ljósvakamiðlar
Gervihnattatækni	Ekki á Íslandi
Ljósleiðari (Fiber-to-the-Home/FTTH)	Orkuveitan
xDSL	Síminn/Og Vodafone
Jarðsendar á gervihnattatíðnum	Íslandsmiðill

Þó að Síminn hafi lagt kapal víða hefur fyrirtækið lagt áherslu á að byggja upp ADSL-kerfi fyrir flesta landsmenn og ætlunin er að bjóða háhraðagagnaflutningskerfi fyrir sjónvarp og internet yfir koparinn. 365 ljósvakamiðlar geta boðið stafrænt sjónvarp í lofti í nokkur ár á örbylgju en tíðnisviðið er ætlað fyrir þriðju eða fjórðu kynslóð farsíma í framtíðinni (3G/4G). Gervihnettir eru ekki notaðir til dreifingar á íslenskum dagskrám til almennings og óvíst hvort svo verði vegna kostnaðar í fámennu samfélagi. Póst- og fjarskiptastofnun var með útboð á UHF-rásum fyrir stafrænt sjónvarp árið 2005. Bæði 365 ljósvakamiðlar og RÚV fengu úthlutað tíðnisviði og eiga að vera búin að byggja upp stafrænt dreifikerfi á þessu tíðnisviði fyrir lok árs 2007. Orkuveitan hefur verið að byggja upp ljósleiðarakerfi og hefur nú gert samkomulag við bæjarfélög um að bjóða öllum heimilum háhraðatengingu heim til sín. Íslandsmiðill hefur verið með tilraunasendingar um nokkurra ára skeið á sendi í Bláfjöllum. Fyrirtækið fór að bjóða notendum stafræna sjónvarpsþjónustu á síðasta ári.

Sameiginlegt dreifikerfi fyrir efnisveitur.

Ljóst er að hér á landi hafa ólík fyrirtæki verið að byggja upp margs konar dreifikerfi sem mörg hver er hægt að nota fyrir dreifingu á stafrænu sjónvarpi. Ýmsir hafa bent á að fjárfesting í mörgum dreifikerfum fyrir lítinn markað sé mjög kostnaðarsöm. Það kosti milljarða að byggja upp öll þessi dreifikerfi, ólíklegt sé að þau verði öll notuð í framtíðinni og að lokum verði það viðskiptavinirnir sem greiði fyrir háu verði. Í ljósi þessa er rétt að benda á að tilraunir hafa verið gerðar til að fá fyrirtæki á markaði til að sameinast um eitt dreifikerfi sem mundi þjóna öllum efnisveitum á sjónvarpsmarkaði.

Þann 5. nóvember 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi. Jafet S. Ólafsson framkvæmdastjóri var skipaður formaður hópsins. Í skipunarbréfi var kveðið á um að starfshópnum væri ætlað að gera tillögu um innleiðingu á stafrænu sjónvarpi á Íslandi. Þær áherslur sem samgönguráðuneytið lagði fram vörðuðu uppbyggingu dreifikerfis, skyldur um dreifingu (RÚV-útbreiðslu), uppbyggingu aðgangskerfis, tímaáætlanir, rekstrarform kerfisins og kostnaðaráætlanir.

Áður hafði Póst- og fjarskiptastofnun fundað með hagsmunaaðilum á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði um margra mánaða skeið og stýrði Gústav Arnar, fyrrverandi forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, þeim hópi. Reynt var að ná samstöðu milli hagsmunaaðila og fá fram sjónarmið þeirra um innleiðingu stafræns sjónvarps.

Í kjölfar skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar til samgönguráðherra skipaði hann starfshóp um stafrænt sjónvarp sem fundaði með ýmsum aðilum sem tengdust framleiðslu, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Þá studdist hópurinn við greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar frá júní 2002 „*Stafrænt sjónvarp á Íslandi: Undirbúningur og innleiðing.*" auk greinargerðar Sigfúsar Björnssonar prófessors við HÍ um aðgangskerfi fyrir stafrænt sjónvarp. Gústav Arnar vann einnig grófa kostnaðarútreikninga varðandi möguleika á stafrænu dreifikerfi sjónvarps.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu og mælti með því að stofnað yrði sameiginlegt dreifingarfyrirtæki aðila á markaði um stafrænt sjónvarp þar sem allir aðilar hefðu jafnan aðgang að dreifingu myndefnis. Forsendan fyrir því að hægt yrði að setja á stofn slíkt fyrirtæki er að stærri efnisveitur mundu nýta sér dreifikerfið. Hugmyndin var að núverandi dreifikerfi yrði að hluta lagt fram sem hlutafé í hið nýja fyrirtæki og sendar, sem mundu úreldast við innleiðingu á stafrænni tækni, yrðu keyptir á matsverði.

Það var mat hópsins að með slíku fyrirkomulagi yrði öll fjárfesting skipulegri og hagkvæmari en ef hver og einn aðili byggði sitt eigið dreifikerfi. Núverandi dreifikerfi RÚV þarf töluverða endurnýjun og aðkallandi var fyrir Norðurljós að endurnýja hliðrænt dreifikerfi sitt. Einnig var það mat hópsins að auðveldara væri fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn. Slíkt fyrirtæki mundi flýta fyrir því að Ísland kæmist í fremstu röð í þróun upplýsingasamfélagsins.

Í niðurstöðu hópsins var hins vegar bent á að stofnun slíks fyrirtækis ylti verulega á áhuga fyrirtækja á markaði á að taka þátt í að stofna fyrirtækið. Ríkisútvarpið, Norðurljós, Íslenska sjónvarpsfélagið og ýmsir smærri aðilar yrðu að sjá sér hag í að sameinast um dreifingu og kostnaður yrði að vera svipaður og í gamla kerfinu. Jafnframt þyrfti að taka ákvörðun um hvenær loka ætti núverandi hliðrænu sjónvarpi en reka þyrfti hliðrænt dreifikerfi samhliða hinu stafræna í nokkurn tíma. Einnig var það mat hópsins að mikilvægt væri að fylgjast með því hvernig stafrænt sjónvarp yrði innleitt í nágrannalöndunum.

Benti hópurinn á að ýmsir aðilar á markaðnum hefðu lagt í undirbúningsvinnu sem hið nýja fyrirtæki gæti nýtt sér, svo sem Síminn, Norðurljós, Ríkisútvarpið og Íslandsmiðill.

Þegar starfshópurinn hafði skilað greinargerð sinni tókst ekki að ná hagsmunaaðilum saman. Viðræður áttu sér stað milli Norðurljósa og Símans og hagsmunir RÚV eru að komast inn á dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins með sem minnstum kostnaði. Í stuttu máli slitnaði upp úr viðræðum Norðurljósa og Símans og Norðurljós ákváðu að fara af stað ein með Digital Ísland á MMDS-tíðnisviðinu sem fyrirtækið hafði notað fyrir hliðrænar sendingar. Síminn hefur í kjölfarið gefið út yfirlýsingar um að hann hyggist byggja upp ADSL-kerfi til sjónvarpsdreifingar fyrir meiri hluta landsmanna. Orkuveitan vinnur að frekari uppbyggingu á ljósleiðarakerfi sínu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Íslandsmiðill hóf sölu á þjónustu á stafræna dreifikerfi sínu haustið 2004 og skömmu síðar fór Digital Ísland í loftið.

Af þessu má ljóst vera að hvert fyrirtæki fyrir sig heldur áfram uppbyggingu á eigin dreifikerfi sem þjónar hagsmunum þess fyrirtækis. Ljóst er að ólíkar dreifileiðir hafa mismunandi kosti og galla og kostnaðurinn við uppbyggingu á slíkum kerfum er afar misjafn. Fullreynt má telja að fá aðila með svo ólíka hagsmuni til að sameinast um eitt dreifikerfi.

Núverandi þróun á stafrænum markaði.

Í sjónvarpsrekstri skiptir magnið og gæðin á efninu máli. Fyrirtækið, sem býður mesta og besta efnið á samkeppnishæfu verði, nær flestum áskrifendum, meiri auglýsingatekjum og getur því haldið áfram að kaupa besta efnið. Staðan á íslenskum markaði í dag er nú sú að tvö öflug fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Og Vodafone/365 ljósvaka- og prentmiðlar og Síminn Skjár 1, hafa orðið til á íslenskum markaði.

Ef tekin eru dæmi af öðrum mörkuðum þá hafa fyrirtæki í auknum mæli reynt að bjóða viðskiptavinum sínum fjölbreytta þjónustu. Bankarnir bjóða nú bankaþjónustu, húsnæðislán og tryggingar. Á sama hátt má gera ráð fyrir því að saman muni fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækin í auknum mæli bjóða heildarþjónustu til sinna viðskiptavina. Fyrirtækin gætu boðið stafrænar sjónvarpsrásir, heimasíma, internetstengingu, farsíma og hverja aðra þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni, svo sem heimaverslun og rafræna myndbandaleigu.

Síminn stendur vel að vígi með öflugt dreifikerfi. Fyrirtækið hefur fjárfest í vinsælli sjónvarpsstöð, Skjá 1, og á auk þess réttindi fyrir einu vinsælasta sjónvarpsefni landsins, enska boltanum. Síminn býður auk þess viðskiptavinum sínum fjölda erlendra endurvarpsstöðva. Þá hafa notendur aðgang að rafrænni myndbandaleigu í gegnum *Skjáinn*. Síminn hefur auk þess gert samning við Öryggismiðstöðina um að bjóða viðskiptavinum öryggisþjónustu sem hluta af heildarþjónustu til viðskiptavina.

Og Vodafone hefur aðgang að ljósleiðaraneti Orkuveitunnar sem getur sökum sterkrar stöðu sinnar fjárfest í frekari ljósleiðarauppbyggingu. Fyrirtækið getur auk þess boðið sjónvarp í ADSL-kerfinu og leigt heimtaugarnar af Símanum. 365 ljósvakamiðlar hafa sterka stöðu sem stærsta efnisveitan með mikinn fjölda áskrifenda. Fyrirtækið hefur byggt upp stafrænt kerfi í lofti, Digital Ísland, sem býður upp á mun skýrari mynd og meiri hljóð en áður hefur þekkst í sjónvarpsútsendingum í lofti hér á landi. Auk þess hefur móðurfélagið fest kaup á Securitas og getur boðið öryggisþjónustu fyrir viðskiptavini. Ef fyrirtækin bjóða heildarþjónustu með afsláttarkjörum getur verið freistandi fyrir heimili að kaupa hana frá einum þjónustuaðila í framtíðinni.

Það sem Síminn hefur líklega staðið frammi fyrir er að ef hann hefði ekkert aðhafst í samkeppninni hefði fyrirtækið átt á hættu að tapa stórum hluta heimila í viðskiptum til keppinautanna. Það hefði getað leitt til verðrýrnunar á fyrirtæki sem nú á að einkavæða. Síminn hefur þegar reynslu af því að byggja upp dreifikerfi, Breiðvarpið, án þess að hafa tryggt sér nægilega mikið efni inn á dreifikerfið. Þar sem viðskiptavinir velja sér efni en ekki sjónvarpsdreifileið hefur Símanum ekki tekist að nýta þessa dreifileið með þeim hætti sem til var ætlast. Því má líta á fjárfestingu Símans í enska boltanum og Skjá 1 sem varnaraðgerð til að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. Út frá þessu sjónarmiði er áhættan í þessari fjárfestingu líklega hverfandi í samanburði við hagsmunina sem í húfi eru.

Vert er að benda á að við núverandi aðstæður skapast ekki aðeins tækifæri fyrir viðskiptavini heldur einnig hættur. Ef bæði fyrirtækin leggja áherslu á að bjóða sjónvarp um ADSL þýðir það að viðskiptavinir gætu þurft að velja við hvort fyrirtækið það ætlar að eiga viðskipti þar sem aðeins eitt fyrirtæki getur boðið ADSL-þjónustu í einu. Slíkt fyrirkomulag takmarkar verulega val neytenda á efni. Eins og staðan er nú hefur Skjár 1 ekki séð hag sinn í því að fara með dagskrá sína og Enska boltann inn á Digital Ísland. Ekki hafa heldur náðst samningar um að Síminn flytji stöðvar 365 ljósvakamiðla. Nú er aðstæðurnar á fjölmiðlamarkaði þannig að áhorfendur hafa ekki aðgang að þeim sjónvarpsdagskrám, sem þeir vilja, á einni og sömu dreifileiðinni. Einnig má nefna að nú þegar eru vísbendingar um að aðilar á markaði séu farnir að bjóða heildarþjónustu þar sem boðinn er afsláttur af síma, interneti, farsímum og sjónvarpsefni. Getur þetta gert heimili treg til að skipta um þjónustuaðila. Við

þessar aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur og dreifiveitur að komast inn á markaðinn. Þrátt fyrir að kveðið sé á um það í úrskurðum Samkeppnisstofnunar frá því í mars 2005 að sjónvarpstöðvar 365 ljósvakamiðla og Skjár 1 auk Enska boltans skuli vera aðgengilegar á öðrum dreifikerfum hafa áhorfendur enn ekki aðgang að ólíkum sjónvarpsdagskrám á margvíslegum dreifikerfum. Af almennum dagskrárstöðvum er aðeins Ríkisútvarpið aðgengilegt á öllum dreifikerfum þar sem einkastöðvarnar sjá ekki hag í því að bjóða sjónvarpsrásir sínar á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þessi staða er einstök í hinum vestræna heimi.

Lárétt og lóðrétt eignarhald á fjölmiðlamarkaði.

Mikil umræða skapaðist um svokallað lárétt eignarhald á fjölmiðlum í kringum fjölmiðlafrumvarpið vorið 2004. Í skýrslu fyrstu nefndarinnar var meðal annars fjallað um tilmæli Evrópuráðsins um að takmarka þau áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa gæti haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Hægt er að takmarka áhrifin með því að setja leyfilega hámarksmarkaðshlutdeild þar sem mælikvarðinn væri annaðhvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla (lestur/áhorf/hlustun). Þá gætu stjórnvöld hugað að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði.

Í tilmælunum er einnig bent á að stjórnvöld þurfi að meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar ef hætta er á að hún geti leitt til fábreytni.

Í greinargerð fyrstu nefndarinnar var mikil áhersla lögð á svokallað lárétt eignarhald. Í ljósi þeirra breytinga, sem hafa átt sér stað á markaðnum síðan sú greinargerð var unnin, hefur vaknað sú spurning hvort þörf sé á að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun. Ástæðan er sú að greinileg lóðrétt samþjöppun er að verða á fjölmiðlamarkaði. Á það jafnt við um ljósvaka- og prentmarkaðinn.

Sjá má lóðrétta samþjöppun á flestum sviðum fjölmiðlunar. Slík samþjöppun getur að nokkru leyti talist eðlileg þar sem ljósvakamiðlar þurfa dreifikerfi til að senda út dagskrá sína og prentmiðlar þurfa blaðbera til að dreifa blöðum sínum. Bæði RÚV og 365 ljósvakamiðlar eru með öflug dreifikerfi sem ná til meiri hluta landsmanna. Íslenska sjónvarpsfélagið hefur verið að byggja upp dreifikerfi fyrir sína dagskrá á undanförnum árum og er hún nú aðgengileg hjá Símanum. Sjónvarpsfyrirtækin hafa búið til hluta af sínu efni innan húss og hafa því ráðið yfir allri starfsemi sinni, allt frá efnisframleiðslu til útsendinga. Nú hafa 365 ljósvakamiðlar einnig sett upp stafrænt dreifikerfi sem þýðir að fyrirtækið er komið með aðgangsstýrikerfi og stafrænan aðgangskassa inn á þúsundir heimila.

Á prentmarkaði er einnig verulegt lóðrétt eignarhald. Tenging er á milli Ísafoldarprentsmiðju og 365 prentmiðla og Oddi á nú meiri hluta í tímaritaútgáfu Fróða. Árvakur, sem nýlega hefur keypt Blaðið, fjárfesti í nýrri afkastamikilli prentsmiðju og hefur um áralangt skeið verið með eigið dreifikerfi til að bera út blöð sín. Það sama má segja um 365 prentmiðla. Ljóst er að prentmiðlarnir ætla sér stærri hlutdeild í dreifingu á næstu árum en nú þegar er vísir að því þar sem fyrirtækin dreifa alls kyns auglýsingaefni með dagblöðum sínum til lesenda. Því má leiða líkur að því að skilin milli blaða- og póstdreifingar eigi eftir að minnka verulega á komandi árum.

Verulegar breytingar í átt til lóðréttrar samþjöppunar, sem Evrópuráðið hefur m.a. varað við, sbr. umfjöllun hér á undan, hafa átt sér stað síðan fjölmiðlanefndin setti fram skýrslu sína í apríl 2005. Eins og Evrópuráðið hefur ítrekað felast margvíslegar hættur fyrir neytendur við slíka lóðrétta samþjöppun. Hér á Íslandi hefur Dagsbrún aukið umtalsvert markaðshlutdeild í framleiðslu á sjónvarpsefni og auglýsingum með kaupunum á Saga Film. Þá keypti Saga Film framleiðslufyrirtækið Storm. Kaup þessara fyrirtækja voru tilkynnt Sam-

keppniseftirlitinu og hafa þau fallist á kaupin með skilyrðum. Dagsbrún festi síðan nýverið kaup á Senu. Það sem fylgdi með í kaupunum er starfsemi fyrirtækisins sem áður hét Skífan, að verslununum undanskildum. Með kaupunum á Senu eignaðist Dagsbrún kvikmyndahús, þrjú hljóðver og myndbanda- og DVD-útgáfufyrirtæki. Í kaupunum á Senu fylgdi jafnframt með fyrirtækið D3 sem er leiðandi efnisveita afþreyingarefnis fyrir alla stafræna miðla og rekur m.a. vefinn tónlist.is. Kaup Dagsbrúnar á Senu eru enn til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Þá hefur Dagsbrún nýlega keypt fyrirtækið Securitas sem gerir Og Vodafone og 365 miðlum kleift að bjóða öryggisþjónustu fyrir viðskiptavini sína. Að auki tilheyrir fyrirtækið Netleiðir nú fyrirtækjasamsteypu Dagsbrúnar, en Netleiðir er sameinað fyrirtæki Birtu vefauglýsinga og iPlús. Netleiðir sérhæfa sig í markaðsrannsóknum, vefauglýsingum o.fl. og nota m.a. internetið til að gera skoðanakannanir. Einnig má nefna kaup Dagsbrúnar á Kögun sem er leiðandi fyrirtæki í samþættingu upplýsingakerfa.

Stafrænir fjölmiðlar – nýir möguleikar og ógnir.

Eins og bent hefur verið á getur eignarhald á fjölmiðlum skipt miklu máli. Þetta á ekki síður við um eignarhald á stafrænum ljósvakamiðlum. Möguleikarnir á verslun og þjónustu í stafrænu sjónvarpi margfaldast miðað við núverandi hliðræna þjónustu. Í náinni framtíð munu áhorfendur geta valið úr margs konar afþreyingu, svo og verslun og upplýsingaþjónustu með nýrri tækni. Í Bandaríkjunum hefur þróunin orðið sú að skil milli frétta, fréttaskýringa og afþreyingar eru að minnka. Þar sem fyrirtæki á stafrænum fjölmiðlamarkaði bjóða ekki aðeins sjónvarpsefni heldur einnig úrval afþreyingarefnis og verslunar munu þau reyna að auglýsa þjónustu sína á sem flestum stöðum til að auka notkunina og þar með arðsemi fyrirtækisins. Einnig hafa fyrirtæki erlendis reynt að samþætta markaðs- og sölustarf miðla sinna og bjóða auglýsendum heildarlausnir á ólíkum miðlum. Við þessar aðstæður kunna sterk tengsl við þjónustufyrirtæki og verslanir að skipta máli þannig að sum þeirra njóti forréttinda umfram önnur í svokölluðu „walled garden"-umhverfi í sjónvarpi framtíðarinnar. Þessi upphafssíða fyrir sjónvarps- og afþreyingarþjónustu í stafrænu umhverfi gerir það að verkum að hægt verður að fara beint inn á heimasíður ákveðinna fyrirtækja, versla, sinna bankaþjónustu o.fl. Eigendur fjölmiðlafyrirtækjanna, sem hagsmuna hafa að gæta í verslun og þjónustu, gætu þannig beintengt fyrirtæki sín áhorfendum á upphafssíðu fjölmiðilsins.

Staða ríkisfjölmiðla á stafrænum markaði.

Ríkisútvarpið er í þeirri stöðu að hafa aðeins eina dagskrá á hliðrænu dreifikerfi sem er að verða úrelt og er erfitt og dýrt í rekstri. Árið 2005 var boðin út tíðni á UHF-tíðnisviðinu og sótti RÚV um tíðni sem samsvarar einni fléttu, eða fjórum til fimm sjónvarpsdagskrám. Sérstaða dreifikerfis RÚV í dag er að það nær til allra landsmanna, með örfáum undantekningum, enda hefur það lagaskyldu til að sinna öllum landsmönnum. Stafrænt dreifikerfi þarf að geta komið í stað eldra kerfis. Því þarf að senda dagskrá Ríkisútvarpsins út á stafrænu dreifikerfi sem nær til allra heimila landsins áður en hægt er að hætta útsendingum á hliðræna kerfinu. Þau stafrænu dreifikerfi, sem til staðar eru í dag, ná ekki til allra landsmanna. Sumum þeirra mun aldrei verða ætlað að ná til allra landsmanna þar sem kostnaðurinn er of mikill. Eins og bent hefur verið á vilja notendur fjölbreytt úrval sjónvarpsrása í framtíðinni.

Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir vali á því að leigja pláss fyrir dagskrá sína í stafrænu dreifikerfi annars aðila eða byggja eigið dreifikerfi og leigja öðrum aðgang að kerfinu svo að flutningsgeta þess verði nýtt að mestu eða öllu leyti. Það eykur enn á vanda Ríkisútvarpsins að gera verður ráð fyrir að stafrænar sendingar þess verði að ná til sama hlutfalls landsmanna og hliðrænar útsendingar gera en það er talið vera um 99,9%. Það er ólíklegt að hægt

verði að ná til jafnstórs hóps ef Ríkisútvarpið verður að leigja sig inn í dreifikerfi annarrar dreifiveitu. Ríkisútvarpið hefur engar knýjandi ástæður til þess að koma upp eigin aðgangskerfi því að dagskráin er opin og á að vera öllum aðgengileg í loftinu. Notendur þurfa engu að síður að afla sér aðgangskassa til að umbreyta stafræna merkinu fyrir sjónvarpstækið. Einnig má benda á að neytendur í dreifbýli munu eiga erfitt með að sætta sig við að fá aðgang að færri dagskrám en bjóðast í þéttbýli. Það hefði hugsanlega verið til bóta í þessu sambandi ef tekist hefði að gera markaðinn fyrir sjónvarpsdreifingu láréttan þar sem eitt eða fleiri dreifingarfyrirtæki tækju að sér gegn gjaldi að dreifa íslenskum dagskrám og jafnvel erlendum um landið.

Nokkur umræða hefur einnig verið um það á undanförnum árum hvort hægt sé að ná til sjómanna á miðunum og Íslendinga erlendis. Sjónvarpsútsendingar til miðanna hafa oft verið á dagskrá hjá stjórnmálamönnum án þess að nokkuð hafi komið út úr því. Þörfin virðist engu að síður vera fyrir hendi. Gervihnattaútsending gefur kost á því að ná til sjómanna. Þegar grófir kostnaðarútreikningar voru gerðir fyrir stafrænt sjónvarp í loftinu fyrir u.þ.b. 95% landsmanna og gervihnattasendingar fyrir síðustu 4,9% kom í ljós að slík tækni væri hugsanlegur valkostur til að senda út dagskrá Ríkisútvarpsins og ná til þessara ólíku hópa.

Stafrænt sjónvarp í þéttbýli, dreifbýli og strjálbýli.

Í stafrænni sjónvarpsvæðingu landsins þarf að tryggja að ekki skapist hróplegt ósamræmi hvorki í tíma né magni efnis. Fyrirtækin hafa ekki byggt upp neinar varanlegar stafrænar lausnir í lofti og mörg hver hafa lagt áherslu á dreifingu í jörðu. Þetta þýðir að hluti íbúa landsins í dreifbýli mun ekki hafa aðgang að öllu því mikla magni afþreyingarefnis sem í boði verður á þéttbýlli stöðum í gegnum jarðstrengi. Þau fyrirtæki sem nú senda út sjónvarpsefni hafa ekki séð hag í því hingað til að ná til allra landsmanna á hliðrænum dreifikerfum. Það er ólíklegt að afstaða þeirra breytist í stafrænu umhverfi. Þar sem aðgangur að áhugaverðu sjónvarpsefni er veigamesti hvatinn fyrir dreifiveitur að byggja upp kerfi sín er ekki líklegt að nýjar dreifiveitur muni leggja í uppbyggingu á kerfi nema aðgangur að sjónvarpsefni sé tryggður. Aðgangur dreifiveitna að góðu sjónvarpsefni er því undirstaða þess að dreifiveitur eigi að sjá hag sinn í því að þjóna öllum íbúum landsins. Ef ekki verður hægt að tryggja aðgang dreifiveitna að efni má gera ráð fyrir því að gjá myndist milli þéttbýlis og dreifibýlis og íbúar dreifbýlis fái ekki sams konar þjónustu og í boði verður í þéttbýli. Eins gæti misræmið falist í þeim tímamun sem tekur að tengja þéttbýlissvæði annars vegar, en það eru þau svæði sem aðaláherslan verður á, og dreifbýli og strjálbýli hins vegar þar sem uppbyggingin er dýrari og íbúar færri. Slíkt ósamræmi bæði í magni og tíma gæti haft neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa á landsbyggðinni.

Stafrænt sjónvarp og íslenskir neytendur.

Vandamálið, sem blasir við íslenskum neytendum á markaði, er að val þeirra á efni og dreifileiðum hefur takmarkast verulega þar sem ekki er hægt að nálgast sama sjónvarpsefnið á ólíkum dreifileiðum. Einkareknu sjónvarpsrásirnar eru nú einungis sjáanlegar á þeim dreifikerfum sem tengjast þeim.

Evrópuráðið hefur mælst til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um flutningsskyldu (e. must carry) dreifiveitna. Þetta þýðir með öðrum orðum að tryggt verði í lögum að efnisveitur, sem óska eftir dreifingu á hinum ólíku dreifikerfum, fái aðgang að dreifikerfunum. Reglurnar hafa verið túlkaðar þröngt og er í raun verið að tryggja fjölmiðlum, sem gegna almannaþjónustuhlutverki eins og ríkissjónvarpsstöðvum, aðgang að lokuðum dreifikerfum eins og kapli eða ADSL. Slíkar reglur eru því augljósir hagsmunir stofnunar

eins og RÚV sem ætlað er að þjóna landsmönnum öllum. Þær geta þó einnig verið hagstæðar litlum efnisveitum, sem eru að fóta sig á markaðnum og vilja ná sem mestu áhorfi, myndi sama regla gilda um þær. Á slíkt ekki síst við á litlum og á margan hátt sérstökum markaði eins og þeim sem er hér á landi.

Einnig er vert að benda á að það skiptir efnisveitur máli hvar þær eru númeraðar á fjarstýringunni fyrir aðgangskassann. Þegar áhorfendur hafa um tugi eða hundruð stöðva að velja er ákjósanlegast að vera framarlega. Þó að notendur geti raðað stöðvunum að vild sjálfir er þó ekki víst að allir noti sér þann möguleika. Það getur því skipt máli fyrir íslenskar sjónvarpsstöðvar að vera fyrir framan marga tugi erlendra endurvarpsstöðva sem áhorfendur hafa aðgang að í stafrænu sjónvarpi. Sjónvarpsstöðvar, sem lenda aftarlega í röðinni á fjarstýringunni, eiga það á hættu að viðskiptavinirnir horfi sjaldan eða aldrei á þær, jafnvel þó að þeir hafi aðgang að þeim. Notendur sjónvarpsþjónustu, þar sem boðið er upp á tugi rása, þekkja að oftast verða nokkrar og sömu stöðvarnar fyrir valinu og sjaldan er horft á þær stöðvar sem eru mjög aftarlega í númeraröðinni.

Efnisveitur hafa ekki allar hagsmuni af því að vera á mörgum ólíkum dreifiveitum. Hér á landi virðist það alls ekki vera hagsmunir einkareknu sjónvarpsstöðvanna að vera á dreifikerfum samkeppnisaðila. Þar sem efnisveiturnar greiða hátt verð fyrir gott efni eru það hagsmunir þeirra dreifiveitna sem tengjast þeim að viðskiptavinirnir fái efnið einvörðungu á þeirra dreifikerfi. Nú er ekki hægt að fá aðgang að stöðvum 365 ljósvakamiðla um dreifikerfi Símans og Skjás 1 og Enski boltinn er ekki aðgengilegur á Digital Íslandi. Til að gera íslenskum neytendum kleift að velja bæði efnisveitu og dreifiveitu er nauðsynlegt að setja reglur sem kveða á um flutningsrétt (e. may-carry/must-offer) dreififyrirtækjanna. Það þýðir með öðrum orðum að dreifiveitur geta óskað eftir því að fá aðgang að efni á sama hátt og efnisveitur geta óskað eftir því að fá aðgang að dreifikerfum.

Kosturinn við slíkar reglur er að stuðla að meira valfrelsi fyrir neytendur bæði hvað varðar kaup á sjónvarpsefni og fjarskiptaþjónustu. Einnig örva slíkar reglur framþróun á markaði þannig að nýjar efnisveitur gætu komið sínu efni á framfæri og dreifiveitur sem væru samkeppnishæfar um verð og þjónustu gætu komist á markaðinn án þess að fjárfesta í dýru sjónvarpsefni. Með þessu gætu notendur valið um efni á þeim dreifileiðum sem í boði eru. Sumir viðskiptavinir hafa e.t.v. áhuga á háhraða sambandi með miklum möguleikum í gegnum ljósleiðara eða ADSL. Aðrir kjósa að greiða minna fyrir þjónustuna og fá efnið í gegnum dreifikerfi í lofti. Gera má ráð fyrir því að mismunandi verð verði á ólíkum dreifileiðum, allt eftir kostnaði við uppbyggingu kerfisins og möguleikunum sem það býður upp á. Lykillinn að því að stuðla að samkeppni og valfrelsi er að sambærilegt efni sé í boði á ólíkum dreifileiðum.

Efnisréttindi.

Nokkuð virðist vera á reiki hvernig efnisréttindum er háttað og hvað telst leyfilegt og hvað ekki þegar kemur að kaupum, sölu og dreifingu á sjónvarpsefni. Kaup á efnisréttindum eru um 15–50% af rekstrarkostnaði sjónvarpsstöðva. Fyrir utan launakostnað sjónvarpsstöðva eru efniskaup frá útlöndum stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í rekstri stöðvanna. Þetta gildir þó ekki um Ríkisútvarpið. Því er nauðsynlegt að gera efnisréttarmálum góð skil.

Almennt um efnisréttindi.

Almennt eru efnisréttindi fyrir ljósvakamiðla seld til ákveðinna svæða (territorial). Þetta þýðir að enginn einn aðili getur keypt réttinn að ákveðnu efni t.d. fyrir alla Evrópu. Til eru undantekningar á þessu þar sem einn og sami aðilinn á e.t.v. rétt á ákveðnu efni fyrir Norðurlöndin en yfirleitt er um að ræða efni sem er ekki eins auðvelt í sölu og t.d. vinsælar kvik-

myndir og sjónvarpsþættir frá Bandaríkjunum. Þetta þýðir að almennt er ekki hægt að kaupa efnisrétt fyrir fleiri en eitt svæði nema í undantekningartilvikum, t.d. fyrir stórviðburði á sviði íþrótta. Íslenskar efnisveitur kaupa því efni fyrir Ísland sérstaklega (e. territory of Iceland) en hafa þó ekki þar til nýlega farið að kaupa einkarétt á efni (e. exclusive). Efnisveitu, sem hefur keypt réttindi fyrir annað land, t.d. Bretland, er því ekki heimilt að dreifa efninu til annars lands nema gera um það samning. Nokkuð misjafnar reglur eru um efnisréttindi fyrir ólíka miðla og ólíkar dreifileiðir og er ætlunin að gera þeim skil hér á eftir.

Sjónvarp.

Sjónvarpsefni er að jafnaði selt á frjálsum markaði. Sérstakir markaðir eru nokkrum sinnum á ári og kaupa sjónvarpsstöðvarnar gjarnan efni sitt þar. Rétturinn á sjónvarpsefninu gildir fyrir ákveðinn fjölda sýninga í ákveðinn tíma og á ákveðnum miðli. Endursýningin má að jafnaði einungis fara fram í þeim miðli sem rétturinn var upphaflega keyptur fyrir, t.d. fyrir útsendingar í lofti. Samningar á sjónvarpsefni eru yfirleitt þannig að sjónvarpsstöðvar eiga ekki rétt á öllu efni frá ákveðnu fyrirtæki heldur getur hvaða sjónvarpsstöð sem er keypt frá hvaða fyrirtæki sem er. Því má segja að sjónvarpsefni sé alla jafna selt hæstbjóðanda.

Oft eru gerðir magnsamningar í kaupum á sjónvarpsefni. Þeir geta verið þannig að kaupandi greiðir ákveðna upphæð og fær fyrir það ákveðinn fjölda klukkustunda af sjónvarpsefni sem erlendi rétthafinn útvegar kaupandanum. Í slíkum samningum getur kaupandinn fengið efni sem ekki er hafin framleiðsla á en verður framleitt síðar. Ef kaupandinn greiðir hátt verð fyrir slíkan magnsamning getur hann oft fengið talsvert magn af eldra efni með í „kaupbæti". Það efni, sem á eftir að framleiða, getur einnig verið sjónvarpsefni sem reynist afar vinsælt og getur því kaupandinn fengið vinsælt efni á góðum kjörum með slíkum samningum.

Annars konar magnsamningar eru einnig til á markaðnum, svokallaðir „output"-samningar. Þá skuldbindur kaupandinn sig til að kaupa allt efni sem kemur frá ákveðnum framleiðanda, óháð gæðum efnisins. Með slíkum samningum tryggir kaupandinn sér allt efni frá framleiðandanum en fær einnig ýmiss konar efni sem hann kýs ekki. Allir samningar, sem tryggja kaupendum einkarétt á ákveðnu efni, eru ávallt dýrari en efni á frjálsum markaði. Fyrirtæki sem ráða yfir fleiri „gluggum", þ.e. geta t.d. bæði keypt efni fyrir áskriftarsjónvarp og opnar rásir eiga auðveldara með að gera slíka samninga en samkeppnisaðilar sem eru ekki eins fjölhæfir í efnisframboði.

Hér ber að hafa í huga að fyrirtæki sem hafa mikla útbreiðslu og auglýsingatekjur hafa meiri möguleika á að gera magnsamninga og nota aðeins það efni sem er vinsælt en fyrirtæki sem hafa færri áhorfendur, minni útbreiðslu og auglýsingatekjur. Vegna háttbundinnar samvirkni milli efnis, útbreiðslu og auglýsingatekna eins og fjallað hefur verið um hér að framan geta slíkir magnsamningar styrkt enn frekar fyrirtæki sem þegar eru stór á markaði og gert samkeppnisaðilum erfitt fyrir.

365 ljósvakamiðlar hafa nýverið gert ýmsa „output" samninga sem skuldbinda fyrirtækið til að kaupa efni frá ákveðnum fyrirtækjum. Nýlega gerðu 365 ljósvakamiðlar magnsamning um að kaupa nýjar sjónvarpsseríur (drama og gamanþætti) frá Warner og Fox, en þessi tvö fyrirtæki eru með um 50% hlutdeild á bandaríska markaðnum í sjónvarpsseríum. RÚV og Skjár 1 geta því eftir sem áður sýnt þær seríur sem sjónvarpsstöðvarnar hafa þegar fest kaup á og eru farnar að sýna. Þá hefur Ríkisútvarpið einnig gert magnsamning við Disney þar sem RÚV fær forgang að ákveðnu efni. Einnig er RÚV í samstarfi við Nordvision og European Broadcast Union (EBU) um evróskt sjónvarpsefni, t.d. Eurovision-söngvakeppnina. Á íslenska markaðnum, sem hefur sökum smæðar ekki burði til að framleiða eins mikið af inn-

lendu efni og gert er á stærri mörkuðum, skipar erlent sjónvarpsefni ávallt stóran sess í dagskránni.

Kvikmyndahús, myndbönd og DVD.

Efnisréttindum fyrir kvikmyndahús, myndbönd og DVD er öðruvísi háttað. Rétthafar hér á landi kaupa rétt á efni frá tilteknum kvikmyndaframleiðendum. Stærstu bandarísku framleiðendurnir eru Universal, Paramount, Warner, Fox, Disney, Sony og MGM. Hér á landi eru það yfirleitt sömu aðilarnir sem eru rétthafar fyrir kvikmyndahúsin og fyrir myndbönd og DVD. Þetta er þó ekki algilt. Um þessa miðla gildir að íslenskir rétthafar hafa einkasamninga við erlenda framleiðendur. Tekjuskipting af kvikmyndum framleiðendanna er háð prósentu af tekjum fyrir hvern seldan miða eða hvert eintak af myndbandi eða DVD. Þetta hlutfall hefur verið að hækka hin síðari ár og hafa íslenskir rétthafar fengið æ minna í sinn hlut. Þetta þýðir að þeir verða æ háðari sölu á öðrum varningi, t.d. sælgætis- og gossölu í kvikmyndahúsunum til að afla sér tekna. Þess ber enn fremur að geta að erlendu kvikmyndaframleiðendurnir vilja flestir gera upp ágóðann í íslenskum krónum og er það meginástæðan fyrir því að verð fór ekki lækkandi hér á landi þrátt fyrir lækkandi gengi bandaríkjadals.

Efnisréttarhafar hér á landi kaupa einnig efni frá smærri framleiðendum (independent producers). Þessir réttir eru keyptir á markaði frjálsri sölu. Í slíkum viðskiptum er greitt ákveðið verð fyrir myndefnið og eiga efnisréttarhafar hér þá réttindi að því efni. Það sama gildir um þessar myndir og sjónvarpsefnið að myndirnar eru að jafnaði seldar hæstbjóðanda.

Kvikmyndir fyrir sjónvarp.

Réttindi fyrir kvikmyndir eru mjög ólík t.d. réttindum fyrir tónlist. Þegar kvikmynd er framleidd er hún seld í svokölluðum réttindagluggum. Í hverjum glugga fyrir sig er ákveðið viðskiptamódel. Fyrst eru kvikmyndirnar sýndar í kvikmyndahúsum. Næst er myndin gefin út á myndbandi og DVD og verður aðgengileg á myndbandaleigum og á sölumyndböndum. Síðasti glugginn er svo sjónvarpsglugginn sem skiptist annars vegar í áskriftarsjónvarp (t.d. Stöð 2) og hins vegar í opnar stöðvar (t.d. RÚV og Skjár 1). Munurinn á áskriftarsjónvarpi og opnum sjónvarpsstöðvum er sá að þær síðarnefndu hafa ekki aðgang að sama efni og það fyrrnefnda. Kaupi áskriftarsjónvarpsstöð ákveðna titla fá opnu sjónvarpsstöðvarnar ekki aðgang að efninu fyrr en síðar. Það er ástæðan fyrir því að myndir eru oft nýrri í áskriftarsjónvarpi en á opnum rásum. Þess ber þó að geta að þessi regla gildir um bandarískt efni, en evrópsku efni er öðruvísi farið og geta opnar sjónvarpsstöðvar oft fengið aðgang að því á undan áskriftarstöðvunum.

Hlutfall áskriftarsjónvarps hér á landi er með því mesta sem gerist í heiminum. Áætlað hlutfall áskrifenda hér á landi er um 50%. Í öðrum löndum er þetta hlutfall oft í kringum 20%. Þetta háa hlutfall sjónvarpsáskrifenda hér á landi gerir það að verkum að flestir áhorfendur eru búnir að sjá kvikmyndirnar í kvikmyndahúsum, á myndbandi eða DVD eða í áskriftarsjónvarpi þegar myndirnar eru síðan sýndar á opnum rásum. Hér á landi eru aðeins kvikmyndir sýndar aftur á opnum rásum en ekki sjónvarpsþættir. Í Bandaríkjunum er hægt að sjá gamla vinsæla sjónvarpsþætti á mörgum stöðvum. Þar sem framleiðendurnir geta ekki selt þættina hingað tvisvar vilja þeir oft fá hærra verð fyrir hvern þátt.

Efnisréttindi á ólíkum fjarskiptakerfum.

Þegar rétthafi kaupir efni skiptir máli í hvaða dreifikerfi hann dreifir efni sínu. Hann kaupir efnið fyrir ákveðna dreifileið en getur yfirleitt fengið viðbót við samninginn um að dreifa efninu á öðrum leiðum. Erlendis selja framleiðendur oft sama efnið t.d. til bæði rétt-

hafa með dreifingu í lofti og rétthafa sem dreifa efninu á t.d. kapalkerfum. Hér á landi er markaðurinn hins vegar það lítill að það gerist mjög sjaldan að fleiri en einum aðila sé seldur réttur að sama efni. En þar sem framleiðendurnir geta aðeins selt efnið einum aðila reyna þeir að fá hærra verð.

Erlendar endurvarpsstöðvar.

Sjónvarpsstöðvar, sem eiga réttinn að öllu sínu efni sjálfar, geta selt dagskrá sína til annarra landa. Slíkar stöðvar þekkjum við sem erlendar endurvarpsstöðvar. Þetta eru stöðvar eins og CNN, Discovery, MTV og Cartoon Networks. Langflestar þessara stöðva bjóða ekki einkasamninga og því geta þau fyrirtæki, sem hafa áhuga á efninu, gert samninga við stöðvarnar um endurvarp. Hér á landi eru nokkrir aðilar að sýna sömu stöðvarnar. Færst hefur í vöxt að sjónvarpsstöðvar geri einkasamninga og má t.d. nefna að stöðvarnar Fox News, E! og MGM eru eingöngu aðgengilegar fyrir áhorfendur á Digital Íslandi. Disney Channel er hins vegar aðeins aðgengileg fyrir áskrifendur hjá Símanum. Fyrir slíka samninga er greitt mun hærra verð en fyrir venjulega samninga. Almennt gildir að greitt er ákveðið gjald fyrir hvern áskrifanda að stöðinni.

Sýningar á norrænu ríkissjónvarpsstöðvunum og ýmsum evrópskum sjónvarpsstöðvum hafa verið heimilar hérlendis frá árinu 2000 eins og annars staðar í Evrópu. Um er ræða sjónvarpsdreifingu í beinu viðstöðulausu endurvarpi sem styðst við tilskipun Evrópusambandsins. Flest það efni, sem þar er sýnt, eiga stöðvarnar sjálfar réttindin að. Hins vegar sjónvarpa þær talsverðu magni af aðkeyptu efni. Tilskipunin gerir ráð fyrir að ef rétt umgjörð til innheimtu gjalda fyrir höfundarétt sé til staðar þá sé dreifing sjónvarpsstöðva heimil. Á þeim grundvelli er í gildi samningur réttahafa hérlendis um innheimtu gjalda.

Réttindin á erlendum sjónvarpsstöðvum ná aðeins til endurvarps. Það þýðir að leyfilegt er að taka við stöðinni og dreifa til tiltekinna notenda sem greiða fyrir þjónustuna. Það er hins vegar með öllu óheimilt að taka við erlendum endurvarpsstöðvum frá gervihnetti og dreifa þeim nema að undangengnum samningum. Einnig er óheimilt að dreifa slíkum rásum inn á hótel, stofnanir og fyrirtæki nema sérstakir samningar séu gerðir um slíkt.

Stafrænt sjónvarp – nýir möguleikar og nýjar hættur.

Með stafrænu sjónvarpi verða til nýir réttindagluggar sem geta skapað tekjur fyrir bæði sjónvarpsstöðvar og framleiðendur. Þegar myndbandstæknin ruddi sér til rúms á sínum tíma óttuðust framleiðendur að þeir mundu missa tekjur þar sem færri færu í kvikmyndahús og þeir fengju lægra verð þegar áhorfendur færu að horfa meira á myndbönd. Hins vegar sýndi það sig að þetta reyndist ekki rétt. Í raun jukust tekjurnar þar sem fleiri horfðu á efnið og sáu það jafnvel oft. Því má gera ráð fyrir að með því að bjóða þáttasölusjónvarp (e. Pay-per-View, PPV) og myndefnaveitu (e. Video-on-Demand, VOD) geta framleiðendur og rétthafar enn aukið tekjur sínar með nýjum gluggum.

Framleiðendur og rétthafar standa hins vegar frammi fyrir áður óþekktu vandamáli þegar stafræn tækni er annars vegar. Í hliðrænni tækni rýrna gæðin ávallt við fjölföldun á efni. Ef síðan efni, sem hefur verið fjölfaldað, er aftur fjölfaldað rýrna gæðin enn meira. Með tilkomu stafrænnar tækni eru gæði efnisins ávallt þau sömu. Þetta þýðir að mun auðveldara er að fjölfalda stafrænt efni og halda upprunalegum gæðum. Vegna þessa hafa framleiðendur verið afar hikandi við að bjóða efni sitt á stafrænum sjónvarpskerfum og gera miklar öryggiskröfur til kerfanna. Það hefur sýnt sig að eftir að kvikmynd eða sjónvarpsþáttur er kominn inn á internetið getur hann komist í hendur hundruð þúsunda netverja á nokkrum klukkustundum. Því hefur PPV- og VOD-efni yfirleitt verið selt á lokuð kerfum, svo sem kapalkerfum eða

ADSL. Þá þarf að tryggja að ekki sé hægt að brjóta upp öryggiskerfi og fá aðgang að myndefninu.

Sjónvarp og tölvutækni.

Mikill munur er á því að selja sjónvarpsefni í lokuðum sjónvarpskerfum annars vegar og í tölvukerfum hins vegar (IP-tækni). Gera þarf sérstaka grein fyrir þeim vanda sem rétthöfum steðjar að IP-tækni. Ástæðan er sú að útsending á stafrænu sjónvarpi mun ekki einskorðast við þekkta sjónvarpsútsendingartækni heldur munu dreifiveitur í auknum mæli nýta sér tölvutækni við flutning á sjónvarpsefni í framtíðinni. Framleiðendur hafa verið mjög tregir til að selja réttindi á IP-netum nema þeir geti tryggt ákveðið öryggi. IP-réttur getur verið með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða efni sem er veitt til notandans og hann horfir á yfir internetið. Hins vegar er um að ræða að hlaða niður mynd á harðan disk sem áhorfandinn hefur aðgang að í ákveðinn tíma. Með því að hlaða niður mynd á harðan disk skapast alltaf hætta á því að hægt verði að komast ólöglega yfir myndina. Takist að brjóta upp lásinn missir rétthafinn yfirsýn yfir myndefnið og hægt er að dreifa myndinni hratt um t.d. netið.

IP-réttindi eru mjög sjaldgæf enn sem komið er. Nokkur fyrirtæki eins og *Movielink* í Bandaríkjunum bjóða þó upp á efni á þennan hátt. Réttur af myndefni á IP-kerfum er seldur til ákveðinna landa á sama hátt og annað sjónvarpsefni. Þetta þýðir að ef notendur í öðrum löndum ætla að kaupa efnið geta þeir það ekki þar sem öryggiskerfið síar út alla erlenda notendur. Ljóst er að slíkum fyrirtækjum mun fjölga ört á næstu mánuðum og árum, sérstaklega þar sem vel hefur gengið að bjóða löglegar tónlistarveitur. Til að viðskiptalegur grundvöllur sé fyrir að bjóða upp á þennan kost fyrir neytendur verður þó að uppræta ólöglega starfsemi á fjölföldun og dreifingu á sjónvarpsefni.

Íslenskt sjónvarpsefni.

Bent hefur verið á að þar sem áhorfendur njóta menningar að stórum hluta í gegnum sjónvarpið ætti vandað íslenskt efni að vera veigameiri þáttur í dagskrá innlendra sjónvarpsstöðva. Flestir telja að auka þurfi hlut vandaðra heimildarmynda og leikins íslensk sjónvarpsefnis í íslensku sjónvarpi. Ástæðan fyrir því að ekki er gert meira af þessu efni er sú að það er mjög dýrt í framleiðslu og markaðurinn lítill en innlent efni er um sjötugfalt dýrara í framleiðslu en kaup á erlendum tilbúnum þætti.

Sjónvarpsstöðvarnar hafa takmarkað fjármagn og reyna því að ná til almennings með ódýrara innlendu eða erlendu efni. Framleiðendur hafa einnig bent á að það fjármagn, sem ætlað er fyrir leikið íslenskt sjónvarpsefni hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands, er um 15 millj. kr. á ári. Þetta fé hrekkur mjög skammt til að styðja framleiðslu á leiknu íslensku sjónvarpsefni. Sem dæmi má nefna að framleiðsla á klukkustundarlöngum leiknum sjónvarpsþætti í Evrópu kostar um 60–90 millj. kr.

Til að gera vandaðar íslenskar leiknar myndir þurfa innlendir framleiðendur að róa á erlend mið. Stuðningur á heimamarkaði er forsendan fyrir því að fá fjármagn frá útlöndum. Með slíkum stuðningi geta þeir sótt um í norrænum og evrópskum sjóðum, selt efnið erlendum sjónvarpsstöðvum eða reynt að fá einkafjármagn. Samkeppni er hins vegar mikil meðal framleiðenda. Það getur því reynst erfitt að koma verkefni af þessari gerð í framleiðslu.

Almennt má segja að íslenskir framleiðendur og efnisréttarhafar og rétthafar að erlendu efni séu í svipaðri stöðu þegar kemur að stafrænu sjónvarpi. Hvorir tveggja standa frammi fyrir ógnum og tækifærum. Tækifærin felast í því að geta með nýjum leiðum, svo sem þáttasölusjónvarpi og myndefnaveitu, aukið tekjur sínar. Með internetsjónvarpi opnast einnig leiðir til að markaðssetja íslenskt efni á alþjóðamarkaði. Ógnirnar felast hins vegar í því að

auðveldara verður að fjölfalda efnið í upprunalegum gæðum. Þetta þýðir að sjónvarpsefni getur breiðst út á meðal netverja á skömmum tíma.

Verð sjónvarpsefnis á Íslandi.

Nú greiða íslenskir áhorfendur hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrannaríkja okkar. Íslenskir áhorfendur greiða tvöfalt hærra verð fyrir sambærilegt sjónvarpsefni ef miðað er við Norðurlöndin og þrefalt hærra verð ef miðað er við Bretland. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Þess ber einnig að geta að eftir er að ráðast í fjárfestingar til að ljúka uppbyggingu á stafrænum dreifikerfum hér sem nú þegar er búið að byggja upp víða erlendis. Ljóst er að íslenskir áhorfendur munu þurfa að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum í framtíðinni.

Og Vodafone/365 ljósvakamiðlar og Síminn/Skjár 1 eru í auknum mæli að keppa á markaðnum um sjónvarpsáskrifendur og fjarskiptanotendur og hafa þeir þurft að bjóða enn hærra verð fyrir efni en samkeppnisaðilinn. Þar sem efni er ásamt útbreiðslu og auglýsingatekjum einn þeirra þriggja þátta sem ákvarðar velgengni fjölmiðils á markaði er eðlilegt að fjölmiðlar reyni að ná í besta efnið. Ástandið á Íslandi hefur leitt til tilboðsstríðs til að ná sem mestri hylli áhorfenda og áhorfendur standa frammi fyrir því að greiða afar hátt verð fyrir áskriftina. Þegar Íslenska útvarpsfélagið keypti enska boltann um árið höfðu margir á orði að greitt hefði verið allt of hátt verð miðað við stærð markaðarins. Nú, þegar enski boltinn er sýndur á ADSL-kerfi Símans, verður að greiða enn hærra verð til að ná efninu til samkeppnisaðilans. Verð á vinsælu bandarísku efni hefur allt að því þrefaldast. Vinsælir bandarískir þættir sem kostuðu um 1.500 bandaríkjadali í innkaupum fyrir tveimur árum hafa hækkað upp í 5.000–5.500 bandaríkjadali. Þetta þýðir að greitt er sama verð fyrir klukkustundina á markaði með 300.000 íbúa og í Danmörku þar sem íbúar eru sautján sinnum fleiri. Nú er svo komið að aðeins Ísland og Ísrael greiða viðlíka verð fyrir bandarískt sjónvarpsefni. Við núverandi aðstæður er afar erfitt fyrir nýjar efnisveitur að komast inn á markaðinn og bjóða úrval af innlendu og erlendu efni í samkeppni við sjónvarpsstöðvarnar sem fyrir eru á markaðnum. Einnig ber að hafa í huga að þar sem íslenskar stöðvar greiða hlutfallslega mjög hátt verð fyrir efnið getur reynst erfitt fyrir þær að vera samkeppnishæfar á alþjóðlegum sjónvarpsmarkaði.

Dreifing hér á landi er dýr fyrir fámennan markað, verð á sjónvarpsefni hefur farið hækkandi og mörg heimili kaupa áskrift að erlendum sjónvarpsstöðvum í gegnum íslenska aðila sem ekki er heimilt að selja hér á landi. Á fámennum markaði hafa þessir samverkandi þættir áhrif á verð og dreifingu á íslenskum sjónvarpsstöðvum.

Íslensk lögsaga yfir fjölmiðlum.

Áður óþekkt vandamál munu blasa við yfirvöldum hér á landi með tilkomu stafrænna fjölmiðla. Þar er átt við vandamál sem snúa að lögsögu yfir fjölmiðlum sem íslenskir neytendur hafa aðgang að en lúta ekki íslenskum lögum og reglum þar sem móðurfyrirtækið er starfrækt erlendis.

Með samruna fjölmiðla-, fjarskipta- og tölvutækni er ekkert því til fyrirstöðu að erlend fyrirtæki séu með fjölmiðlarekstur hér í gegnum internetið, á svokölluðu internetsjónvarpi, eins og áður er getið um í kaflanum. Þegar sjónvarpið er orðið gagnvirkt þýðir það að hægt er að komast inn á internetið í sjónvarpi á sambærilegan hátt og gert er í tölvum nú. Nú þegar hafa fyrirtæki gefið yfirlýsingar um að þau ætli sér að komast inn á íslenskan markað með kvikmyndaleigu á internetinu. Má nefna sænska fyrirtækið *Live Networks* í þessu sambandi og fjöldi annarra mun án efa bætast við. Þegar viðskiptavinir kaupa slíka þjónustu í gegnum

internetið er erfitt fyrir yfirvöld að hafa afskipti af slíkum viðskiptum. Internetsjónvarp er sambærilegt við það þegar neytendur kaupa sér hugbúnað á internetinu. Hægt er að greiða fyrir þjónustuna með greiðslukorti og ekki eru greiddir skattar og gjöld hér á landi þar sem íslenskir neytendur eru í viðskiptum við erlenda aðila. Auk þess þurfa erlend fyrirtæki ekki að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um fjölmiðla hér. Allt þetta þýðir að erfitt og að einhverju leyti er útilokað fyrir íslensk yfirvöld að hafa áhrif á innihald slíkra miðla. Þess ber einnig að geta að þegar íslenskir viðskiptavinir kaupa vörur í gegnum internetið, t.d. bækur eða geisladiska, er það sent með pósti til viðskiptavina og skattar og gjöld eru greiddir þegar viðskiptavinurinn fær vörurnar í hendur hér á landi. Þetta á sem kunnugt er ekki við um hugbúnað og svo sem rakið hefur verið mun sama gilda um ýmsa fjölmiðla í framtíðinni.

Íslensk fjölmiðla- og margmiðlunarfyrirtæki munu í auknum mæli keppa við erlend fyrirtæki í framtíðinni. Því verður að hafa í huga að strangar reglur og kvaðir geta verið hamlandi fyrir íslensk fyrirtæki þannig að þau geti ekki verið samkeppnishæf við fyrirtæki erlendis. Íslensk yfirvöld gætu einnig staðið frammi fyrir því að missa lögsögu yfir íslenskum fyrirtækjum sé löggjöf of ströng hér á landi. Dæmi eru um það frá nágrannaríkjum okkar. Í þessu sambandi má nefna að hugsanlega gæti íslensk sjónvarpsstöð gert samninga um að verktakar hér á landi sjái um dagskrárgerð fyrir fyrirtækið sem væri með höfuðstöðvar sínar erlendis. Dagskrá stöðvarinnar, sem gæti verið blanda af íslensku og erlendu efni, væri send út frá útlöndum og myndi berast hingað t.d. í gegnum ljósleiðara. Slík stöð gæti samkvæmt íslenskum lögum verið skilgreind sem erlend endurvarpsstöð og sömu lög mundu ekki gilda um hana og íslenskar stöðvar sem hefðu aðsetur, starfsstöðvar, hér. Slík stöð gæti þannig t.d. sjónvarpað áfengisauglýsingum og þyrfti ekki að texta efni sitt, allt eftir því hvaða lög giltu í því landi þar sem stöðin væri starfrækt. Ef ætlunin er að ná lögsögu yfir slíka starfsemi þurfa yfirvöld að vinna með erlendum ríkjum til að ná utan um starfsemina með samræmdu og eftir atvikum alþjóðlegu regluverki. Eins þyrfti að skoða það vel bæði lagalega og tæknilega ef íslensk yfirvöld vildu reyna að ná lögsögu yfir erlendum fyrirtækjum sem bjóða þjónustu hér á landi eða íslenskum fyrirtækjum sem væru með höfuðstöðvar sínar erlendis.

Ein leið til að ná utan um viðfangsefnið er sú staðreynd að fyrirtæki, sem bjóða upp á stafrænt gagnvirkt sjónvarp í framtíðinni, munu að öllum líkindum þurfa tekjur frá efnisveitum til að greiða fyrir fjárfestingu sína í dreifikerfinu. Eins og getið er um áður í kaflanum er IP-sjónvarp lausn dreifiveitnanna til að halda utan um efnið og fá tekjur af sölunni. Þetta þýðir að ef miðlarar hér á landi eða endabúnaður hjá notendum er nauðsynlegur fyrir starfsemi erlendra fyrirtækja gætu dreifiveiturnar haft stjórn á tæknilegri hlið dreifingarinnar hér á landi. Dreifiveiturnar munu væntanlega gera samninga við íslenskar efnisveitur um að dreifa efninu gegn ákveðnu gjaldi. Þannig fá þær tekjur upp í kostnað. Ef íslenskir neytendur fengju til sín efni frá útlöndum í miklu magni um internetsjónvarp mætti hugsa sér að dreifiveiturnar reyndu að finna tæknilega leið til að fá einhverjar tekjur af slíkri starfsemi þar sem mikið gagnamagn færi í gegnum dreifikerfi þeirra án þess að þær fengju verulega hlutdeild í tekjum.

Ef litið er á lagalega hlið málsins er ljóst að erlend fyrirtæki, sem væru með verulega starfsemi hér á landi, þyrftu að fá tekjur héðan, annaðhvort í formi áskriftartekna eða í formi auglýsingatekna. Auk þess þyrfti erlendi aðilinn að auglýsa þjónustu sína hér á landi til að ná til hugsanlegra viðskiptavina. Ef fyrirtækið ætlaði að selja þjónustu sína í gegnum þær dreifiveitur sem væru til staðar hér á landi þyrftu þær væntanlega að eiga efnisréttindi fyrir Ísland. Ef þau fyrirtæki, sem væru með verulega starfsemi hér án þess að yfirvöld hefðu lögsögu yfir þeim, brytu gegn íslenskum lögum og reglum gætu yfirvöld hugsanlega náð til þeirra vegna tekjuöflunar aðilans hér á landi. Í þessu sambandi má benda á að breska stjórnin

hafði ekki lögsögu yfir Sky þar sem fyrirtækið var staðsett í Lúxemborg. Þegar Sky hafði farið fram hjá breskum lögum um alllangt skeið var eina leiðin fyrir bresku stjórnina til að ná til fyrirtækisins að setja lög á breska auglýsendur á Sky. Breska stjórnin ákvað þó að láta kyrrt liggja.

Ljóst má vera af þessari umfjöllun að ekki má íþyngja íslenskum fjölmiðlum um of þannig að þeir verði ekki samkeppnishæfir við erlenda fjölmiðla. Íslenskir fjölmiðlar búa við kvaðir eins og textun, þeir þurfa að greiða virðisaukaskatt af tekjum sínum, margir hverjir þurfa að greiða ríkinu fyrir tíðnileyfi o.s.frv. Erfitt getur verið fyrir íslensk fyrirtæki á stafrænum markaði að keppa við erlend fyrirtæki sem greiða lægri eða engan virðisaukaskatt, greiða ekkert fyrir tíðnileyfi, þurfa ekki að greiða fyrir textun eða talsetningu og geta fundið nýjar tekjulindir, t.d. í formi áfengisauglýsinga.

Nefna má annað vandamál um lögsögu sem er algjörlega tæknilegs eðlis. Ýmsar reglur gilda bæði hér og erlendis um fjölmiðla sem senda út á rafsegulbylgjum frá einum punkti til annars. Yfirvöld hafa þannig reynt að setja ákveðnar reglur um starfsemi fjölmiðlanna, t.d. með því að staðla endabúnað hjá notendum, setja kvaðir um opinn aðgang o.fl. IP-staðallinn er hins vegar sá staðall sem notaður er fyrir ýmiss konar gagnaflutning og er t.d. símaþjónusta í auknum mæli að flytjast yfir á þennan staðal (e. Voice-over-IP). Í stafrænu umhverfi er sjónvarpsdagskrá í raun eins og hver annar gagnaflutningur og því er ekkert því til fyrirstöðu að fjölmiðlafyrirtæki sendi efni sitt á IP-staðli. Um IP-staðalinn gilda hins vegar ekki sambærilegar reglur þar sem sömu kvaðir hafa ekki verið settar á internetið og ljósvakamiðla. Í stafrænu umhverfi verður hins vegar erfitt að gera greinarmun á þessu tvennu. Því er afar mikilvægt fyrir íslensk yfirvöld að fylgjast með þeim breytingum sem eru að verða á lagasetningu erlendis á þessu sviði og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjölmiðlunar líkt og fulltrúar Póst- og fjarskiptastofnunar hafa gert á ört breytilegum fjarskiptamarkaði.

Hafa þarf í huga með tilkomu internetsins og stafrænnar fjölmiðlunar að íslensk fyrirtæki munu í auknum mæli keppa við erlend fyrirtæki um íslenska neytendur. Þetta þýðir að skapa verður íslenskum fyrirtækjum ákjósanlegt rekstrarumhverfi þar sem þau sjá hag í því að vera með starfsemi sína áfram hér á landi. Einnig þurfa íslensk yfirvöld að fylgjast með þeirri þróun sem er að verða í laga- og reglusetningum í Evrópu til að samræma lög og reglusetningu. Íslendingar glíma við sambærileg vandamál og nágrannaþjóðirnar og mikið af þeim vandamálum þarf að leysa á alþjóðlegum vettvangi.

III. Fjölmiðlamál á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópuráðsins.

Þjóðaréttur.

Fjölbreytni fjölmiðla hefur undanfarna áratugi komið til skoðunar með ýmsum hætti á vettvangi Evrópuráðsins og Evrópusambandsins.

Evrópuráðið.

10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu mælir fyrir um rétt sérhvers manns til tjáningarfrelsis. Samkvæmt ákvæðinu felst í rétti þessum frelsi til þess að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum án íhlutunar stjórnvalda og án tillits til landamæra. Tjáningarfrelsið, er samkvæmt Mannréttindadómstól Evrópu, einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags, en slíkt þjóðfélag einkennist af fjölhyggju, umburðarlyndi og víðsýni (dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Handyside gegn Bretlandi frá 7. desember 1976).

Fram hefur komið hjá Mannréttindadómstólnum að í 10. gr. mannréttindasáttmálans felst að almenningur eigi rétt á að fá upplýsingar um mismunandi viðhorf til umdeildra mála (dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sener gegn Tyrklandi frá 18. júlí 2000). Af því

leiðir að hendur aðildarríkjanna eru bundnar ef líta má svo á að aðgerðir þeirra dragi úr aðgangi almennings að fjölbreyttum upplýsingum. Á þetta reyndi í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Informationsverein Lentia gegn Austurríki frá 24. nóvember 1993 sem snerist um ríkiseinokun á útvarpi þar í landi. Var talið að um brot á 10. gr. væri að ræða enda væri ekki hægt lengur hægt að réttlæta svo róttæka takmörkun á tjáningarfrelsi einkaaðila með vísan til takmarkaðs rásafjölda. Austurísk stjórnvöld báru því reyndar við að vegna þess hve markaðurinn væri lítill væri hætta á fákeppni en dómstóllinn svaraði því til að þegar ríkiseinokun væri aflétt mætti grípa til hliðarráðstafana sem kæmu í veg fyrir einokun einkaaðila.

Ekki var hins vegar talið um brot á 10. gr. að ræða í máli Demuth gegn Sviss, frá 5. nóvember 2002, þar sem fyrirtæki hafði verið synjað um útvarpsleyfi, enda hefðu búið þar að baki málefnaleg sjónarmið um að dagskrá sú sem fyrirhuguð var væri einhæf (sjónvarpsstöðin hugðist fyrst og fremst fjalla um bíla og málefni er varða bifreiðaeigendur).

Þessi dómsmál eiga það sammerkt að vegið er og metið hvort stjórnvöld hafi gengið of langt með aðgerðum sínum sem takmarka tjáningafrelsi fjölmiðlafyrirtækja. Ekki hefur reynt á það frammi fyrir Mannréttindadómstólnum hvort sú skylda kunni að hvíla á ríkjum að grípa til aðgerða til að tryggja fjölbreytni fjölmiðla. Má reyndar segja að erfitt sé að ímynda sér hvernig hægt væri að láta á það reyna.

Til viðbótar við og til fyllingar mannréttindasáttmála Evrópu lætur Evrópuráðið frá sér fara reglulega tilmæli um málefni fjölmiðla og það lagalega starfsumhverfi sem þeim er búið. Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi í sama skilningi og alþjóðasáttmálar sem hafa verið fullgiltir. Í þeim felst pólitísk skuldbinding aðildarríkja þess efnis að réttarkerfi verði löguð að þeim meginreglum sem koma fram í tilmælunum. Tilmæli þessi eru ekki síst mikilvæg leiðsögn um það hvað telja megi evrópsk lágmarksviðmið á viðkomandi réttarsviði. Er iðulega vísað til þeirra þegar lagt er mat á hvort tiltekið aðildarríki uppfylli kröfur sem gera verður til lýðræðis- og réttarríkja.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (99) 1 um aðgerðir til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla til aðildarríkjanna fjalla einkum um möguleg viðbrögð við samþjöppun eignarhalds.

Í skýringum við tilmælin er áréttað það sjónarmið að efni þeirra tengist þeirri skuldbindingu Evrópuráðsins að stuðla að og tryggja tjáningarfrelsi og viðhalda menningarlegri fjölbreytni í Evrópu. Á þeim grundvelli sé talið réttlætanlegt að settar séu fram leiðbeiningar og tilmæli til aðildarríkjanna í þessu efni. Bent er á að réttarkerfi aðildarríkjanna og aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu afar mismunandi. Því sé markmiðið með tilmælunum aðeins að lýsa á óskuldbindandi hátt mismunandi leiðum sem gagnlegt getur verið fyrir aðildarríkin að skoða þegar þau taka ákvarðanir sem miða að því að varðveita fjölbreytni og hamla gegn neikvæðum áhrifum samþjöppunar á sviði fjölmiðlunar.

Meginatriði tilmælanna eru þau að lagt er fyrir aðildarríkin að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni í fjölmiðlun í hættu, hvort heldur á landsvísu eða svæðisbundið. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Í dæmaskyni er nefnd hámarks leyfileg markaðshlutdeild þar sem mælikvarði á markaðshlutdeild er annaðhvort fjárhagsleg velta eða útbreiðsla (lestur/áhorf/hlustun). Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum á frjálsum markaði. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Fyrirtækjum, sem náð

hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, verði ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði.

Bent er á að auki að við leyfisveitingar til einkaaðila geti yfirvöld haft sérstaklega í huga að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun.

Jafnframt er bent á að aðildarríkin geti hugað að þeim möguleika að koma á fót sérstakri stofnun sem hafi heimildir til að grípa til aðgerða gegn samruna eða samþjöppun eða öðrum aðgerðum sem hafa með sambærilegum hætti neikvæð áhrif á fjölbreytni í fjölmiðlun. Á sama hátt komi til greina að veita þeim eftirlitsstofnunum, sem fyrir eru, slíkar heimildir. Sé það ekki gerlegt megi huga að því að samkeppnisyfirvöld verði skylduð til að hafa í huga þörfina fyrir fjölbreytni í fjölmiðlun þegar þau hafa til meðferðar mál sem varða samruna eða samþjöppun fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði.

Aðildarríki skuli einnig meta þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun (vertical), þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar þegar hætta er á að hún geti leitt til fábreytni.

Þá er mælt með því að aðildarríki styðji við og styrki þróun nýjunga í fjölmiðlun með það í huga að gripið verði til ráðstafana til að tryggja fjölmiðlafjölbreytni og tryggja sanngjarnan aðgang þjónustuaðila og framleiðenda efnis að fjarskiptakerfum og enn fremur almennings að nýrri samskipta- og fjarskiptatækni. Sérstök áhersla er lögð á þetta atriði til að stuðla að framþróun stafræns sjónvarps.

Varðandi efni og innihald fjölmiðla er mælst til að ríki hugi að því að gera ráðstafanir til að tryggja aðgengi almennings að dagskrárefni sem endurspegli mismunandi pólitísk og menningarleg sjónarmið. Beri í því sambandi að hafa í huga mikilvægi þess að tryggja sjálfstæði ritstjórna (dagskrárstjórna) fjölmiðlafyrirtækja. Enn fremur verði að meta gildi og árangur þeirra ráðstafana sem fjölmiðlarnir sjálfir hafa gert af fúsum og frjálsum vilja til að tryggja þetta.

Þá er mælst til þess að ríki hvetji fjölmiðlafyrirtæki til að styrkja sjálfstæði ritstjóra (fréttastjóra) og blaða- eða fréttamanna í sínum röðum, m.a. með því að þeir setji sér innri reglur þar um. Í skýringum við tilmælin segir um þetta efni:

> "32. The question of media owners and how they can influence the editorial content of their outlets has a bearing on media pluralism. It is generally considered that pluralism is better safeguarded when ownership and editorial content are kept separate. This being said, in many countries media owners are entitled to determine the political/editorial line of their media and any restrictions preventing them from being involved in the day-to-day operation of their company would be very difficult to accept. The relationship between the editor and the owner is, to some extent, constitutionally regulated in some countries.
>
> 33. Therefore, the Recommendation is not at all prescriptive on this question and simply provides that member States *may consider ways of encouraging media organisations* to secure the rights of editors to decide on editorial matters. It is acknowledged that this is an issue which has primarily to be dealt with via self-regulation.
>
> 34. It is nevertheless important to mention in this explanatory report, as examples for member States who consider regulatory intervention in this area necessary, some of the possible measures which can be used to prevent proprietors from influencing the editorial content of the media products which they own. One possibility, which is already

found in a number of European countries, is the signing of "editorial agreements" between owners and editors to secure the independence of the latter to take the lead on all editorial decisions free of interference from the proprietors. The terms of such agreements vary and most are constituted on an informal or voluntary basis. There are, however, examples of editorial agreements defined by law or statute.

35. The issue of who has a say in the dismissal and replacement of editors or other key personnel is also of importance. If an owner has the power to dismiss or select new appointees, he can use this to reshape the editorial policy without ever needing to interfere directly with the content. Such power can be used to establish a culture of obedience and self-restraint by journalists. One option to counterbalance this can be to foresee the right of the editorial staff to participate in and veto dismissals and appointments of key new personnel. Similarly, another measure which can be combined with editorial agreements is foreseeing the right to a comprehensive redundancy package for editorial staff who wishes to resign following a change of ownership in a media undertaking. This is the so-called "conscience clause", which is backed by law in several European countries."

Að því er varðar stafræna tækni (e. digitisation) er mælst til þess að ríki hafi í huga þann möguleika að setja reglur um „flutningsskyldu" (e. must-carry rule) veitufyrirtækja (e. networks). Bent er á að sambærilegar reglur gætu átt við um aðrar dreifingaraðferðir.

Önnur úrræði til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla eru einnig nefnd til sögunnar í tilmælunum eins og tilvist öflugs almannaþjónustuútvarps og styrkir til fjölmiðla sem annars yrðu að hætta rekstri.

Fjölbreytni fjölmiðla á tímum hnattvæðingar var eitt af meginviðfangsefnum evrópsks ráðherrafundar um fjölmiðla sem haldinn var í Úkraínu 10.–11. mars 2005. Í lokaályktun fundarins lýsa ráðherrarnir yfir meðal annars:

- að fjölbreytni fjölmiðla verði eitt af meginviðfangsefnum í löggjöf og stefnumótun um fjölmiðla á næstu árum;
- að þeir muni hvetja til framleiðslu og dreifingu á fjölbreyttu fjölmiðlaefni bæði í hefðbundnum og nýjum fjölmiðlum;
- að samhliða frjálsu flæði upplýsinga yfir landamæri þurfi að grípa til aðgerða til að stuðla að fjölbreytni fjölmiðla á öllum stigum innanlands;
- að leggja beri áherslu á pólitískt sjálfstæði stjórnsýslustofnana á sviði útvarpsmála en einnig varðandi fjárhagslegan grundvöll starfs þeirra og önnur starfsskilyrði;
- að til viðbótar við samkeppnislög kunni að vera mikilvægt að setja sérreglur um fjölmiðla til að hamla gegn samþjöppun;
- að mikilvægt sé að fylgjast grannt með samþjöppunartilhneigingum á markaði.

Gagnsæi í fjölmiðlum er efni sem er nátengt fjölbreytni fjölmiðla. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (94) 13 vísar hugtakið til þess að gerðar séu opinberar upplýsingar um tengsl milli fjölmiðla og aðila utan þeirra sem eru líkleg til að hafa áhrif á sjálfstæði þeirra. Fram kemur að það sé í fyrsta lagi mikilvægt að stjórnvöld hafi aðgang að upplýsingum um eignarhald til þess að geta stemmt stigu við samþjöppun þess og til þess að geta komið auga á þriðja aðila sem gæti haft áhrif á tiltekna fjölmiðla. Í öðru lagi er gagnsæi fjölmiðla mikilvægt til að almenningur geti myndað sér skoðun á þeim upplýsingum og skoðunum sem fram koma hjá fjölmiðlum.

Það má því segja að gagnsæi sé forsenda þess að stjórnvöld geti unnið gegn samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði annars vegar og hins vegar gerir það almenningi kleift að

varast áhrif utanaðkomandi aðila á efni fjölmiðla sem annars færi leynt. Aðgerðir til að stuðla að gagnsæi geta samkvæmt þessu ekki komið í stað reglna sem takmarka samþjöppun. En þær eru nauðsynlegur þáttur í árangursríku lagakerfi á þessu sviði.

Velflest Evrópuríki hafa sett ákvæði í lög sem gera kleift að bregðast við óhæfilegri samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlamarkaði. Mjög misjafnt er þó eftir löndum hvernig þessar reglur eru útfærðar, sbr. það sem rakið er nánar í skýrslum fjölmiðlanefndar frá 2004 og 2005. Stefnumörkun Evrópuráðsins og löggjöf í aðildarríkjunum ber þó vott um að það er ríkt pólitísk samstaða um að standa þurfi vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun.

Evrópusambandið og skuldbindingar á grundvelli EES-samningsins.

Stofnanir Evrópusambandsins hafa öðru hverju velt því fyrir sér hvort setja eigi samevrópskar reglur sem tryggi fjölbreytni fjölmiðla. Framkvæmdastjórn ESB gaf þannig út grænbók árið 1992 undir heitinu „Fjölbreytni og samþjöppun fjölmiðla á innri markaðnum – mat á því hvort Evrópusambandið eigi að hefjast handa". Í kjölfarið voru unnin drög að tilskipun um þetta efni en þau náðu ekki fram að ganga. Skýringin er meðal annars sú að vafi lék á því hvort Rómarsáttmálinn hefði að geyma nægilegan lagalegan grundvöll til slíkrar reglusetningar. Stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins bætti að einhverju leyti úr þessu því þar er vísað til fjölbreytni fjölmiðla í tengslum við tjáningarfrelsi. Framtíð sáttmálans er nú í mikilli óvissu eftir að hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu í Frakklandi og Hollandi.

Þá sendi Evrópuþingið frá sér skýrslu um þetta efni í apríl 2004 þar sem lýst er yfir áhyggjum af þeim hættum sem tjáningarfrelsi í álfunni, ekki síst á Ítalíu, stafaði af samþjöppun eignarhalds.

Einnig er rétt að víkja nokkrum orðum að stefnumörkun Evrópusambandsins varðandi fjarskiptamál að svo miklu leyti sem hún varðar ljósvakamiðla. Árið 2002 voru settar fimm nýjar tilskipanir um fjarskiptamálefni. Markmiðið var að auka frjálsræði og innleiða tæknihlutlausar reglur (technologically neutral approach), þ.e. reglur sem væru hinar sömu óháð því hvaða dreifiaðferðir væru notaðar til að koma efni frá sendanda til notanda. Þetta fól í sér töluverða breytingu að því leyti að áður var viðurkennt að sími og útvarp, svo dæmi sé tekið, lytu ólíkum reglum. Í ljósi aukinnar samtvinnunar ólíkra dreifileiða var slíkt ekki lengur réttlætanlegt. Þá hafði höfuðáherslan verið á talsíma en nú þótti ástæða til að setja sömu reglur um farsíma og internetið að því er varðar fjarskiptaþáttinn. Útvarpsstarfsemi fellur einnig undir nýja regluverkið að minnsta kosti hvað dreifinguna snertir. Efni eða innihald útvarpsútsendinga er hins vegar undanskilið. Tilskipanirnar fimm (the Framework Directive, the Access Directive, the Authorisation Directive, the Universal Service Directive og the Directive on Privacy and Electronic Communications) geyma meðal annars fyrirmæli um aðgang að tíðnisviðinu, leyfisveitingar til fjarskiptaþjónustuaðila og skilyrt aðgangskerfi. Þessar tilskipanir hafa verið gerðar hluti af EES-samningnum og efni þeirra leitt í lög hér á landi, sbr. fjarskiptalög nr. 81/2003).

Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/19/EB (Access Directive) segir að aðildarríkin skuli tryggja varðandi skilyrt aðgangskerfi fyrir stafrænt útvarp að tiltekin skilyrði séu uppfyllt sem talin eru upp í viðauka við tilskipunina. Þar kemur fram að þeir sem reka skilyrt aðgangskerfi fyrir stafrænar útsendingar óháð dreifileið eigi að bjóða öllum útvarpsfyrirtækjum, sem ella gætu ekki náð til viðkomandi notenda, tæknilega þjónustu á sanngjörnum, málefnalegum og jafnræðisgrundvelli sem geri notendum kleift að taka við stafrænum útsendingum fyrirtækjanna. Enn fremur ber þjónustuaðila að halda bókhaldi sínu varðandi aðgangskerfið aðgreindu frá annarri starfsemi.

Þá segir í 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 2002/22/EB (Universal Service Directive) að aðildarríkin megi leggja hæfilegar skyldur á dreifiveitur að flytja tilteknar sjónvarps- eða hljóðvarpsdagskrár þegar umtalsverður hluti notenda slíkra dreifiveitna notar þær sem meginleið til að taka við útvarpssendingum. Einungis eigi að leggja slíkar skyldur á þegar þær eru nauðsynlegar í þágu skýrra almannahagsmuna. Skulu þær vera hóflegar og gagnsæjar og sæta reglulegri endurskoðun. Í 2. mgr. kemur fram að aðildarríkin megi ákveða hæfilegt endurgjald fyrir þessa skyldu enda sitji allar dreifiveitur sem eru í sömu aðstöðu við sama borð.

IV. Meginefni frumvarpsins.

a. Almennt.

Hinn 19. janúar sl. skipaði menntamálaráðherra sérfræðinganefnd, eins og áður segir, sem falið var að semja frumvarp til laga um fjölmiðla. Í störfum sínum átti sérfræðinganefndin að byggja störf sín á niðurstöðum fjölmiðlanefndar sem birtust í skýrslu hennar sem út var gefin í apríl 2005. Á bls. 251 í skýrslu fjölmiðlanefndar eru niðurstöður hennar dregnar saman í sjö liðum á svohljóðandi hátt:

a. Að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna.
b. Að settar verði reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
c. Að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla.
d. Að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta.
e. Að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni.
f. Að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum.
g. Að stjórnsýsla á þessu sviði verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Fyrsti liður tillagnanna kom ekki til kasta sérfræðinganefndarinnar þar sem efnislega var um hann fjallað í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hf., sbr. þskj. 517, 401. mál.

Hér á eftir verður veitt yfirlit yfir tillögur fjölmiðlanefndarinnar, eins og þær birtust í skýrslu hennar, og hvaða tillögur sérfræðinganefndin gerði um útfærslu á þeim í frumvarpi þessu.

b. Gagnsæi um eignarhald fjölmiðla.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur sem tryggði gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Nefndin telur rétt að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi á öllum hefðbundnum ljósvaka- og prentmiðlum. Tilkynningaskylda um eignarhald og breytingar á því myndi þannig ná jafnt til ljósvaka- og prentmiðla þó að aðeins ljósvakamiðlar séu leyfisskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin telur til framtíðar litið að reglur af þessum toga ættu að gilda um Netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla. Í ljósi þeirrar vinnu, sem nú á sér stað á öðrum vettvangi, bæði hér heima og erlendis, telur nefndin þó á þessu stigi ekki forsendur til þess að gera beinar tillögur þar að lútandi. Reglur um gagnsæi eignarhalds auðvelda almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til

ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna. Við lagasetningu þyrfti að veita því stjórnvaldi, sem fara mun með fjölmiðlamál, heimildir til að beita dagsektum og/eða leyfissviptingu séu ekki veittar lögboðnar upplýsingar um eignarhald.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fimm megintillögur:

- Reglur um gagnsæi á eignarhaldi á fjölmiðlum nái jafnt til útvarpsstöðva sem dagblaða, en ekki netmiðla að svo stöddu.
- Almenningur á að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hverjir eigi fjölmiðla á hverjum tíma.
- Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til annars vegar ritstjórnarstefnu/dagskrárstefnu og efni miðlanna hins vegar eins og það birtist almenningi.
- Tilkynningaskylda á að gilda um eignarhald og breytingar á því.
- Stjórnvald fái heimild til að leggja á dagsektir eða svipta leyfi séu tilkynningar vanræktar.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í b-lið 4. gr. (6. gr. b), a-lið 5. gr. (14. gr. a) og 7. gr. (30. gr. a).

Í 6. gr. b er mælt svo fyrir að á heimasíðu útvarpsréttarnefndar skuli birtar upplýsingar um þann sem hlotið hefur útvarpsleyfi, útvarpsstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni, dagskrárstefnu leyfishafa og síðari tilkynningar á breytingu hennar, reglur útvarpsstöðvarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu hennar, nafn þess einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina, svo og úrskurði útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Með því að gera framangreindar upplýsingar almenningi aðgengilegar á að vera tryggt að þau markmið náist sem fjölmiðlanefndin lagði til grundvallar stefnumótun sinni. Svipuð leið hefur verið farin í norskum rétti.

Í 14. gr. a er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í útvarpsstöð sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem hafa útvarpsleyfi skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar.

Í 30. gr. a er nánar fjallað um viðurlög við því þegar tilkynningarskylda skv. 14. gr. a er vanrækt. Hafi kaupandi og seljandi vanrækt að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útvarpsstöð skal útvarpsréttarnefnd leggja 50.000 kr. stjórnvaldssekt á þá. Hafi félag vanrækt að senda hlutaskrá eftir hluthafafund til útvarpsréttarnefndar getur hún lagt á 200.000 kr. dagsekt á lögaðila fyrir hvern byrjaðan dag.

Sambærilegar breytingar eru lagðar til á lögum nr. 57/1956, um prentrétt. Þannig er mælt svo fyrir að reglur um tilkynningar og birtingu upplýsinga á heimasíðu útvarpsréttarnefndar komi í 10. gr. b og ákvæði um dagsektir komi í 32. gr. laga nr. 57/1956, verði frumvarpið að lögum. Þá er í ákvæði til bráðabirgða mælt svo fyrir að útgefendur dagblaða skuli tilkynna útvarpsréttarnefnd þær upplýsingar sem taldar eru upp í 10. gr. b fyrir 1. september 2006.

c. Ólíkir miðlar aðgreindir við leyfisveitingar.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Á vettvangi nefndarinnar var það mikið rætt hvort mögulega ætti að leggja til að mismunandi leyfi verði gefin út fyrir ólíka starfsemi og þá að teknu tilliti til fleiri þátta en eignarhalds. Jafnvel yrði gengið svo langt að sum starfsemi yrði ekki leyfisskyld heldur tilkynningaskyld þannig að stjórnvöld hefðu yfirsýn yfir ljósvakamiðla á hverjum tíma. Að vel athuguðu máli, og að teknu tilliti til jafnræðis og verndar atvinnu- og eignarréttinda, treystir nefndin sér þó ekki til þess að mæla á þessu stigi með slíkri tilhögun. Að öðru leyti gerir nefndin ekki nánari tillögur um það með hvaða hætti beri að flokka ólíka miðla. Nefndin leggur áherslu á að reglur í þessa veru verði einfaldar og skýrar."

Miðað við aðrar tillögur fjölmiðlanefndarinnar taldi sérfræðinganefndin ekki ástæðu til þess að gera tillögu um aðra flokkun útvarpsleyfa að svo stöddu en fram kemur í 3. mgr. 6. gr., sbr. a-lið 4. gr. frumvarpsins. Þar segir að útvarpsleyfi taki ýmist til landsins alls eða séu staðbundin og afmörkuð við tiltekin sveitarfélög. Ákvæðið hefur þýðingu varðandi flutningsrétt. Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. a nær flutningsrétturinn ekki út fyrir það svæði sem hið staðbundna útvarpsleyfi tekur til.

Þar sem dagblöð eru ekki leyfisskyld eru ekki lagðar til sambærilegar tillögur um breytingar á lögum nr. 57/1956, um prentrétt.

d. Eignarhald á fjölmiðlum.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að eignarhald á fjölmiðlum, sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði, verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Það er álit nefndarinnar að rétt sé að setja eignarhaldi skorður enda séu þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Við mat hér að lútandi hefur nefndin m.a. haft eftirfarandi þætti í huga. Evrópuráðið hefur lagt fram þau tilmæli til aðildarríkjanna að huga að því að setja í lög reglur til að hamla gegn samþjöppun sem gæti stefnt markmiðinu um fjölbreytni fjölmiðla í hættu. Mælt er með því að ríki skoði möguleika á því að afmarkaðir verði í lögum, við úthlutun leyfa eða aðra lagaframkvæmd, þröskuldar til að takmarka áhrif sem eitt fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypa getur haft í einni eða fleiri greinum fjölmiðlunar. Einnig megi huga að því að setja takmörk á hlutafjáreign einstakra aðila í fjölmiðlafyrirtækjum. Séu slíkar takmarkanir settar skuli hafa í huga stærð fjölmiðlamarkaðarins í viðkomandi landi og fjárhagslegt bolmagn hans. Þannig verði fyrirtækjum, sem náð hafa leyfilegri hámarksstærð á tilteknum markaði, ekki úthlutað frekari leyfum til að senda út á þeim markaði. Einnig beinir Evrópuráðið þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau meti þörfina á því að setja sérstakar reglur um lóðrétta samþjöppun, þ.e. þegar sami aðili hefur með höndum framleiðslu, útsendingu, dreifingu og aðra þætti fjölmiðlunar.

Svo sem ítarlega er rakið hér að framan einkennist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem „fjórða valdið". Þeir upplýsa, fræða og móta skoðanir almennings. Þeir skemmta, eru vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar og farvegur fyrir skoðanir stjórnvalda, hagsmunahópa og almennings. Fjölmiðlar hafa það hlutverk að veita aðhald þeim sem fara með pólitískt og efnahagslegt vald á hverjum tíma. Í ljósi þessa verður að stuðla að fjölræði á markaðnum með það að markmiði að tryggja menningar-

lega og stjórnmálalega fjölbreytni. Svo sem nánar er rakið hér fyrr í skýrslunni er það nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Þær tillögur, sem reifaðar eru hér í framhaldinu, verður því að skoða sem viðbót eða „framlengingu" við hin hefðbundnu úrræði samkeppnisréttarins. Í einhverjum tilvikum má á hinn bóginn sjá þann möguleika fyrir að til beitingar hefðbundinna samkeppnisréttarlegra úrræða komi í tilvikum sem þessar tillögur ná ekki sérstaklega til.

Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir sem farnar hafa verið í nokkrum samanburðarlöndum. Hefur nefndin fjallað um kosti og galla þessara leiða. Staðreyndin er hins vegar sú að þessi ríki hafa farið mjög svo mismunandi leiðir að framangreindu markmiði. Að hinu samevrópska regluverki slepptu er tæplega ofsagt að löggjöf einstakra þjóðríkja sé í hverju tilviki klæðskerasaumuð fyrir ólík samfélög og markaði. Við mat á þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða fyrir eignarhaldi, verður jafnframt að gæta að því að ekki má ganga of hart fram gagnvart þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem haslað hafa sér völl á þeim viðkvæma markaði sem hinn íslenski fjölmiðlamarkaður er. Reglur af þessum toga mega heldur ekki leggja stein í götu nýrra aðila á fjölmiðlamarkaði. Þannig verður að feta hið vandratað einstigi milli þess að tryggja fjölbreytni og fjölræði annars vegar og hins vegar þess að fjárfestar, einstaklingar og fyrirtæki sjái sér hag í því að fjárfesta á fjölmiðlamarkaði. Að öðrum kosti gætu takmarkanir snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn því markmiði að almenningur, neytendur, eigi aðgang að fjölbreyttum fjölmiðlum.

Vegna þeirra breytinga, sem eru að verða á fjölmiðlum í stafrænu umhverfi, telur nefndin ekki rétt að banna eignatengsl milli dagblaða og ljósvakamiðla. Ástæðan er sú að prentmiðlar eru í ríkara mæli farnir að skilgreina sig sem upplýsingaveitur vegna þeirra samlegðaráhrifa sem felast í samvinnu prent- og ljósvakamiðla í margmiðlunarumhverfi. Í margmiðlunarumhverfi verður í auknum mæli hægt að bjóða texta og myndir á ólíku formi og skapast þá nýir möguleikar fyrir prentmiðlana að stækka og eflast þó að hefðbundinn dagblaðalestur dragist saman. Það er því nauðsynlegt að gefa prentmiðlum svigrúm til framþróunar í breyttu umhverfi.

Nefndin leggur til að almennar takmarkanir verði settar á eignarhald ljósvaka- og prentmiðla sem starfa hér á landi, þó þannig að takmörkunin nái aðeins til fjölmiðla sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu og þar með ákveðnu áhrifavaldi. Þá telur nefndin ástæðu til að binda takmarkanirnar eingöngu við dagblöð af prentmiðlum. Nefndin telur jafnframt ákjósanlegt að mögulegar reglur um eignarhald séu einfaldar og skýrar.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ekki sé rétt að gera sérstakan greinarmun á aðilum eftir tengslum þeirra við aðrar atvinnugreinar heldur skuli reglurnar vera almennar og gilda jafnt fyrir alla. Nefndin gerir því tillögur um að eignarhald á fjölmiðlum fari að hafa áhrif ef annað tveggja eða hvort tveggja á við:

- Fjölmiðill hefur ákveðna útbreiðslu, þ.e. þriðjungur af mannfjölda notfærir sér miðilinn að jafnaði á degi hverjum.
- Markaðshlutdeild fjölmiðilsins fer yfir þriðjung af heildarupplagi, heildaráhorfi eða heildarhlustun á hverjum fjölmiðlamarkaði um sig.

Nefndin leggur enn fremur til að takmörkun þessi verði útfærð með þeim hætti að eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skuli leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat. Hins vegar telur nefndin að ekki séu efni til þess að láta það hafa áhrif á þetta mat þótt aðili eigi fjölmiðil á fleiri mörkuðum, þ.e. fleiri en einnar gerðar (sbr. t.d. löggjöf í Noregi). Það mat nefndarinnar helgast af sérstöðu og smæð hins íslenska

fjölmiðlamarkaðar. Er þá frekar talin ástæða til þess að hafa hinn almenna áhorfsþröskuld nokkuð lægri en ella. Við ákvörðun þess hvar framangreind mörk liggja er þess að gæta að sambærileg viðmið finnast í löggjöf einstakra ríkja svo sem nánar er fjallað um í 6. kafla. Það er þó alls ekki einhlítt hver þau mörk eru í prósentum talið í hverju landi fyrir sig. Að virtu heildarmati og teknu tilliti til þeirra séraðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, þykir nefndinni meðalhófs gætt með framangreindum mörkum.

Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara, og upplagstölur og aðrar upplýsingar sem rekstraraðilum verður gert skylt að láta stjórnvaldinu í té.

Hér að framan hefur verið komist að niðurstöðu um það hversu mikla útbreiðslu fjölmiðill hafi til þess að eignarhald verði talið hafa þýðingu. Nú verður hins vegar horft til þess með hvaða hætti setja beri eignarhaldi skorður hafi verið farið yfir framangreind mörk útbreiðslu/markaðshlutdeildar.

Við ákvörðun þess hvar mörk af framangreindum toga eigi að liggja er til margs að líta. Í því sambandi horfir nefndin öðru fremur til þess að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti átt ráðandi hlut í fjölmiðli sem náð hefur framangreindri útbreiðslu/markaðshlutdeild. Ein leið til þess að ákvarða ráðandi hlut í fjölmiðli væri sú að ætla stjórnvaldi því sem með fjölmiðlamál mun fara mat þessa hverju sinni. Nefndin telur þó heppilegra og gegnsærra að fastsetja þessi mörk í lögum og telur að öllu virtu sé hóflega farið fram með því að leggja til að eignarmörk verði með þeim hætti að eignarhald framangreindra aðila og skyldra aðila verði aldrei meira en 25 % í slíkum fyrirtækjum.

Með því að útfæra tillögurnar með þessum hætti telur nefndin að stuðlað sé að fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði þó þannig að fjölmiðlafyrirtækin geti stækkað og nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar en jafnframt gefið gott svigrúm til nýliðunar.

Þó að ljósvakamiðlar verði einungis leyfisskyldir munu takmarkanir á eignarhaldi þó engu að síður einnig ná til dagblaða sem falla undir framangreindar skilgreiningar.

Aðstaðan er að öðru leyti mismunandi í tilviki prentmiðla annars vegar og ljósvakamiðla hins vegar. Viðkomandi stjórnvöld munu geta haft áhrif og eftirlit og eftir atvikum gripið inn í ef farið er yfir leyfileg mörk eignarhalds á ljósvakamiðlum á grundvelli lögbundinna og tímabundinna leyfisveitinga. Annað gildir um prentmiðla sem ekki er gert ráð fyrir að verði leyfisskyldir. Í tilviki þeirra er hins vegar gert ráð fyrir því að viðkomandi stjórnvald geti beitt dagsektum auk þess sem brot á lagafyrirmælum kynnu að varða refsingu.

Í ljósi tilhneigingar til lóðrétts eignarhalds, áréttar nefndin að framangreindar reglur um eignarhald setja dreififyrirtækjum sömu skorður og öðrum eigendum á fjölmiðlum og útheimta þá ekki sérstakar eignarréttarlegar aðgerðir vegna hins lóðrétta eignarhalds.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að eignarhald í framangreinda veru verði eitt þeirra skilyrða sem sett séu fyrir veitingu útvarpsleyfis, sbr. nú 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000. Staða þeirra aðila, sem við gildistöku slíkrar löggjafar hafa gilt útvarpsleyfi, er sjálfstætt athugunarefni. Til greina kæmi að við útgáfu nýrra leyfa yrðu skilyrði í þessa veru tekin upp en eldri leyfi héldu gildi sínu óbreytt. Slíkt myndi óhjákvæmilega leiða til misræmis og aðstöðumunar þeirra aðila sem hefðu nýlega fengið útgefið leyfi og þeirra sem væru með leyfi sem skammur tími væri eftir af. Nefndin leggur því til að öllum aðilum í þeim fjölmiðlarekstri sem takmarkanir þessa kafla munu taka til, jafnt prentmiðlum sem ljósvakamiðlum, verði veittur sambærilegur aðlögunartími þannig að tveimur árum liðnum frá gildistöku laga yrðu aðilar að hafa aðlagað sig hinni nýju löggjöf.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fjórar megintillögur:

- Einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar mega ekki eiga meira en 25% eignarhlut í fjölmiðli, þ.e. útvarpsstöð eða dagblaði, hafi hann náð þriðjungs markaðshlutdeild í áhorfi/lestri eða útbreiðslu.
- Eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, þá skal leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat.
- Við mat á útbreiðslu og markaðshlutdeild skal miða við kannanir sem standast ákveðnar faglegar kröfur og viðurkenndar verða af því stjórnvaldi sem með fjölmiðlamál mun fara.
- Ekki má veita umsækjanda útvarpsleyfi ef eignarhald á honum er ekki í samræmi við framangreindar reglur.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í 5. mgr. a-liðar 4. gr. (6. gr.) og b-lið 4. gr. (6. gr. a), svo og í 9. gr. (ákvæði til bráðabirgða við útvarpslög).

Í 1. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva. Sérfræðinganefndin leggur á hinn bóginn ekki til að jafnframt sé miðað við þriðjungs hlutdeild í dreifingu eða útbreiðslu. Ástæðan er sú að verði virkni flutningsreglna frumvarpsins sú að allar íslenskar útvarpsstöðvar fái mjög víðtæka dreifingu á dagskrám sínum hverfur sá þröskuldur sem fjölmiðlanefndin ætlaðist til að væri á 25% eignarhaldsreglunni. Af þeim sökum leggur fjölmiðlanefndin til að einvörðungu verði miðað við þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi sjónvarpsstöðva, heildarhlustun útvarpsstöðva eða lestri dagblaða.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 6. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skuli leggja saman markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild fjölmiðla eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í útvarpsstöð eða dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærast sjálfkrafa á aðra útvarpsstöð eða héraðsfréttablað, keypti eigandi hans einnig mjög lítinn hlut í staðbundinni útvarpsstöð eða héraðsfréttablaði. Breytti þar engu enda þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur útvarpsstöðvanna eða dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum er rætt um „skylda aðila“. Annars vegar þegar reikna ber hvort útvarpsstöð hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði skal leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 6. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Sérfræðinganefndin leggur til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga. Til þess að tryggja samræmda skýringu á samkeppnislögunum er mælt svo

fyrir í 5. mgr. 6. gr. a að útvarpsréttarnefnd geti leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 5. mgr. í einstökum málum.

Í 6. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla markaðshlutdeild útvarpsstöðva og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 7. mgr. 6. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja til að veita útvarpsstöð nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi markaðshlutdeild.

Í 8. mgr. 6. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 9. mgr. 6. gr. a er sleginn sá varnagli að ef útvarpsstöð á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi. Sérfræðinganefndin hefur tekið þetta ákvæði upp í tilefni af ábendingu Hagfræðistofnunar, en með þessari tillögu er reynt að sníða af einn af helstu ókostum reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Í lokamálsgrein 6. gr. er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef eignarhald á því fer í bága við 6. gr. a.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt svo fyrir að fari eignarhald á útvarpsstöð í bága við ákvæði 6 gr. a hafi eigendur tveggja ára aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er lagt til að bætt verði nýrri grein við lög nr. 57/1956, um prentrétt, og verði þar að 10. gr. a. Eru reglurnar í öllum meginatriðum sambærilegar við það sem hér að framan er lýst með þeirri undantekningu að útgáfa dagblaða er ekki leyfisskyld.

e. Að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum og dreifiveitur fái flutningsrétt á fjölbreyttu efni.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að teknar yrðu í lög reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu á sjónvarpsefni. Sérstök áhersla var á það lögð að lögfesting á reglum um flutningsrétt og flutningsskyldu mundi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo:

> „... hér á undan var leitast við að draga upp þá mynd sem nú blasir við á íslenskum fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði, jafnframt því sem eftir föngum var horft til framtíðar. Í stuttu máli er staðan sú að tvö öflug fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki, Og Vodafone / 365 ljósvaka- og prentmiðlar og Síminn / Skjár 1, eru orðin til á íslenskum markaði. Þessi fyrirtæki geta í krafti stærðar sinnar boðið heildarlausnir fyrir heimili, þ.m.t. stafrænar sjónvarpsrásir, heimasíma, nettengingu, farsíma og hverja þá þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni, svo sem heimaverslun og rafræna myndbandaleigu. Síminn stendur vel að vígi með öflugt fjarskiptakerfi. Hann hefur auk þess fjárfest í efni með því að kaupa Skjá 1. 365 ljósvakamiðlar hafa sterka stöðu sem stærsta efnisveitan á markaðnum. Þar sem ekki hafa náðst samningar um að flytja allt efni stöðvanna hjá þeim dreifiveitum sem nú starfa, geta neytendur staðið frammi fyrir því að við val á efnisveitu eða dreifiveitu takmarkist aðgangur þeirra að efni. Þar sem fyrirtækin hafa sterka stöðu á markaðnum er einnig örðugt fyrir nýjar efnis- og dreifiveitur að hasla sér völl, sem minnkar samkeppni til óhagræðis fyrir neytendur. [...]

Nefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa, sem og dreifiveitu óháð efninu.

Svokölluð „must carry“-regla er þekkt í Evrópu og er í gildi í mörgum Evrópuríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði, og er markmið hennar aðallega að vernda fjölmiðla í almannaþjónustu (e. public service). Regla þessi á sér að nokkru leyti stoð í 55. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, sbr. og tilvitnaðar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda frá því í mars 2005. Í 55. gr. fjarskiptalaga segir að skylda megi aðila, sem bjóða fjarskiptanet til dreifingar hljóð- og sjónvarpssendinga til almennings, til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur eru þó aðeins lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

Nefndin telur að þegar tekið er tillit til núverandi stöðu á íslenskum markaði sé rétt að setja reglur sem lúta að því að efnisveitur, sem það kjósa, geti fengið dreifingu á þeim dreifiveitum sem þær óska eftir (e. must carry). Með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu, sem uppi er á hinum örsmáa íslenska markaði, ganga tillögur nefndarinnar lengra þar sem hún telur nauðsynlegt að ákvæðið nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa hér á landi. Slíkt ákvæði myndi tryggja litlum efnisveitum aðgang að dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýjar efnisveitur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í dreifikerfum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að reglan gangi í báðar áttir og leggur til að dreifiveitum verði gert kleift að fá til sín það efni sem þær kjósa (e. may carry/must offer). Nefndinni er ekki kunnugt um að settar hafi verið slíkar reglur annars staðar. Í Evrópu hafa yfirvöld hins vegar gert sér grein fyrir því að það efni, sem áhorfendur vilja, hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli er nauðsynlegt fyrir dreifiveitur að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæfar með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með formlegum hætti í Evrópu.

Nefndin telur að vegna smæðar og sérstöðu íslenska markaðarins sé mikilvægt að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu. Slík löggjöf myndi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds. Nefndin gerir sér grein fyrir því að ýmis vandamál geta komið upp með slíkri reglusetningu og að reglur í framangreinda veru hljóta ævinlega að sæta fjölmörgum takmörkunum. Sumt efni, sem getur staðið til boða hjá efnisveitum, er þess eðlis að taka þarf tillit til velsæmissjónarmiða. Þá þarf að huga að burðargetu dreifiveitna, hversu margar rásir þær geta borið, auk þess sem alls kyns álitamál kunna að koma upp varðandi efnisréttindi og kostnað á ólíkum dreifileiðum. Séu reglurnar skýrar telur nefndin þó eigi að síður að flest ágreiningsmál, sem upp kunna að koma, sé hægt að leysa. Þeir sérfræðingar, sem komið hafa á fund nefndarinnar, telja að slík reglusetning sé framkvæmanleg, bæði lagalega og tæknilega. Meginregluna um samningsfrelsi milli efnisveitna og dreifiveitna yrði að virða en stjórnvaldi því sem fer með fjölmiðlamál yrði falið að skera úr komi upp ágreiningsmál. Nefndin leggur á það áherslu að efnisveiturnar hafi undir öllum kringumstæðum yfirsýn og stjórn á sínum viðskiptavinum án tillits til dreifiveitu. Því má gera ráð fyrir að neytendur greiði aðgreind gjöld fyrir dreifingu annars vegar og efni hins vegar þar sem ekki er hægt að gera efnisveitum skylt að afhenda dreifiveitum upplýsingar um viðskiptavini sína og öfugt. Dreifiveiturnar mundu með þessum breytingum einbeita sér að dreifingu og keppa um verð fyrir sína þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur. Efnisveitum yrði gert skylt að bjóða efni sitt á sama verði á ólíkum dreifileiðum og eftirlit haft með því að hvorki efnis- né dreifiveitum verði mismunað í verði.“

Framangreindar tillögur fjölmiðlanefndarinnar fela a.m.k. í sér fimm megintillögur:
- Flutningsskylda – útvarpsstöðvar geta fengið dreifingu á dagskrám sínum á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja óski þær eftir því (e. must carry).
- Flutningsréttur – fjarskiptafyrirtæki getur fengið að dreifa dagskrám íslenskra sjónvarpsstöðva á fjarskiptanetum sínum óski þau eftir því (e. may carry/must offer).
- Flutningsreglur skulu sæta ákveðnum takmörkunum, svo sem vegna flutningsgetu fjarskiptakerfis.
- Meginregluna um samningsfrelsi milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja ber að virða en útvarpsréttarnefnd er falið að skera úr komi upp ágreiningsmál.
- Útvarpsstöðvar eiga að hafa stjórn á viðskiptavinum sínum án tillits til dreifiveitu.

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í 6. gr. (22. gr.–22. gr. e) og 9. gr. (ákvæði til bráðabirgða).

Flutningsskylda.

Í 22. gr. er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt að sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er því skylt að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða á öðrum stöðlum er krefst meiri bandbreiddar. Sá varnagli er sleginn að aðeins má skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanets þess. Ef fleiri útvarpsstöðvar óska eftir að dagskrár þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Fjarskiptafyrirtæki er á hinn bóginn ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar nema stöðin greiði ávallt að lágmarki gjald sem samsvarar 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis.

Flutningsréttur.

Í 22. gr. a er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til sjónvarpsdagskráa sem eru í seinkaðri útsendingu, dagskráa á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra dagskráa útvarpsstöðva sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsdagskráa sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendingu á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Um uppgjör á flutningi sem fram fer á grundvelli flutningsréttar fer skv. 22. gr. c, þ.e. greitt er fyrir mælt áhorf og fjölda áskrifenda að læstri dagskrá.

Fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til.

Í 22. gr. e er fjallað um skrá yfir þau fjarskiptanet hér á landi sem reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt taka til. Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrána. Meðal skilyrða sem gerð eru til fjarskiptanets, svo það verði fært á skrána, eru útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis.

Málsmeðferð og framkvæmd.

Ákvæði 22. gr. b eru byggð á þeirri meginreglu að samningsfrelsi ríki á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Takist hins vegar ekki samningar innan 30 daga um flutning á sjónvarpsdagskrá getur hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar. Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn. Fjarskiptafyrirtæki ber að láta sjónvarpsdagskrár með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að rísa við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samning útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt nýrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða (3. efnismgr. 9. gr. frumvarpsins) skulu útvarpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrárstöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til.

Mælingar og uppgjörsreglur.

Í 22. gr. c er fjallað um uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja vegna flutnings á sjónvarpsdagskrá á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar. Útvarpsréttarnefnd annast mánaðarlega útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Við uppgjör á læstri dagskrá er fjöldi áskrifenda tekin saman samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja. Við uppgjör á opnum dagskrám nemur flutningsgjald fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum sem framkvæmdar verða á vegum útvarpsréttarnefndar fer yfir ákveðin mörk. Þannig verður mælt uppsafnað heildaráhorf eða hlustun yfir mánuðinn með úrtakskönnun. Við mælingar skal síðan margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir/hlustar yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Sá munur er á uppgjörsreglum um flutningsskyldu og flutningsrétt að hafi sjónvarpsstöð óskað eftir flutningi á dagskrá sinni skal hún ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá ef fleiri en 10% heimila sem ná útsendingum viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Óski fjarskiptafyrirtæki hins vegar eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá skal sjónvarpsstöðin greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

Gjaldskrá.

Í 22. gr. d er mælt fyrir um það hvernig það einingarverð skal fundið sem uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtæki grundvallast á. Þar kemur fram að við ákvörðunina skuli útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma

á fót stafrænu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um landið. Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir dreifingu á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli sem er mismunandi eftir landsvæðum. Á þessum grundvelli setur útvarpsréttarnefnd gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Þá ber að greiða aukalegt gjald fyrir að flytja læsta dagskrá.

Aðrar reglur gilda um uppgjör fyrir flutning á hljóðvarpsefni. Hafi fjarskiptafyrirtæki krafist þess að fá að flytja útvarpsdagskrá á fjarskiptaneti sínu getur fjarskiptafyrirtækið ekki áskilið sér greiðslur fyrir slíkan flutning, sbr. lokamálsgrein 22. gr. a. Krefjist aftur á móti útvarpsstöð flutnings á hljóðvarpsefni sínu um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis ber útvarpsstöðinni að greiða fyrir flutninginn. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni með hliðsjón af fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 22. gr. d, svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

f. Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í fjölmiðlum.

Fjölmiðlanefndin lagði til í skýrslu sinni að settar yrðu reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

> „Í umræðu liðinna mánaða hafa hugmyndir um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla, sem leið til að tryggja sjálfstæði þeirra, ítrekað komið fram. Nefndin gerir sér grein fyrir því að slíkar reglur hafa e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum þeim úrræðum, sem grein er gerð fyrir í þessum kafla, er það mat nefndarinnar að slíkar reglur mundu gegna ákveðnu hlutverki til bóta.
>
> Nefndin telur þó eðlilegt að slíkar reglur verði settar af stjórnvaldi því sem um fjölmiðlamálefni mun fjalla í samvinnu við fjölmiðlana sjálfa og hagsmunasamtök blaða- og fréttamanna. Gert er ráð fyrir að fjölmiðlum verði gert skylt að taka þær upp að fenginni staðfestingu fyrrgreinds stjórnvalds. Slíkar reglur ættu að tryggja betur stöðu einstakra blaða- og fréttamanna, þ.m.t. stjórnenda á því sviði, gagnvart eigendum fjölmiðilsins. Slíkar reglur þyrftu að ná til starfsumhverfis blaða- og fréttamanna, fjalla um skilyrði áminningar og brottvikningar og miða að því með öðrum hætti að útiloka, svo sem frekast er kostur, afskipti einstakra eigenda fjölmiðils af fréttaflutningi og annarri sjálfstæðri dagskrárgerð. Nefndin telur ekki forsendur til þess á þessu stigi að tilgreina með nákvæmari hætti hvað slíkar reglur eigi að fela í sér enda verður að ætla hagsmunaaðilum, ekki síst samtökum blaða- og fréttamanna, nægilegt svigrúm til raunverulegrar þátttöku í smíði slíkra reglna.
>
> Nefndin telur rétt að árétta að reglum af þessum toga er einvörðungu ætlað að taka til sambands og samskipta eigenda og blaða- og fréttamanna en er ekki ætlað í neinu að taka til eða breyta þeim siðareglum sem blaðamenn starfa eftir.“

Í tillögum sérfræðinganefndarinnar er framangreind stefnumörkun fjölmiðlanefndarinnar útfærð í b-lið 5. gr. (14. gr. b). Þar er mælt svo fyrir að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar og skulu þær samdar í samvinnu við starfsmenn fréttastofu og stéttarfélag þeirra. Í reglunum á m.a. að fjalla um starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar, starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útvarpsstöðvarinnar og skilyrði áminningar og brottvikningar fréttamanna.

Lagt er til að sambærilegt ákvæði verði tekið upp í lög nr. 57/1956, um prentrétt, og verði að 10. gr. c.

g. Stjórnsýsla

Fjölmiðlanefndin fjallaði í skýrslu sinni um stjórnsýslu á sviði fjölmiðlamála og þá mögu-leika sem helstu kæmu til greina. Í skýrslu hennar sagði m.a. svo:

„Þær breytingar, sem grein er gerð fyrir í þessum kafla, útheimta grundvallarbreytingar á tilhögun allrar stjórnsýslu varðandi fjölmiðla. Við leit að fyrirmyndum hefur nefndin litið til fjölmargra erlendra ríkja og þá sérstaklega til Bretlands og Finnlands. Staðreynd-in er þó sú að í því sem í öðru, sem tengist fjölmiðlum, er fyrirkomulag mjög svo breyti-legt frá einu landi til annars. Nefndin telur tvær leiðir heppilegri en aðrar.

Annars vegar kæmi til greina að breyta og rýmka hlutverk núverandi útvarpsréttar-nefndar og/eða gera nefndina að sjálfstæðri stofnun. Að mörgu leyti væri slíkt fyrir-komulag einfaldast og útheimti minnsta röskun á skipan einstakra málaflokka innan stjórnkerfisins. Útvarpsréttarnefnd heyrir nú undir menntamálaráðuneytið. Þess ber hins vegar að gæta að dreifing ljósvakamiðla heyrir undir samgönguráðuneyti og löggjöf um prentrétt undir dómsmálaráðuneyti. Það er mat nefndarinnar að stofnun af framan-greindum toga ætti í heild að heyra undir menntamálaráðuneyti. Um verkefni slíkrar stofnunar vísast að breyttu breytanda til þess sem hér fer á eftir.

Hin leiðin tekur mið af þeim miklu breytingum sem eru að verða á fjölmiðlaumhverf-inu með stafrænni tækni. Eins og greint er frá í 4. kafla felur margmiðlun í sér að skilin á milli fjölmiðlunar, fjarskipta og tölvutækni verða sífellt óljósari. Álitsgjafar, sem komið hafa fyrir nefndina, hafa enn fremur bent á ókosti þess að sérstök nefnd sjái um leyfisveitingar fyrir ljósvakamiðla þegar úthlutun tíðnileyfa er í höndum annarrar stofn-unar. Heppilegt væri að sami aðili hefði umsjón með þessu tvennu. Í ljósi þessa væri mögulegt að sérstakt stjórnvald færi með málefni fjölmiðla undir núverandi Póst- og fjarskiptastofnun. Það útheimti hins vegar að gerðar yrðu breytingar á starfsháttum, upp-byggingu og stjórnsýslu þeirrar stofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú þegar með höndum tíðniúthlutanir fyrir ljósvakamiðla og hefur aðhalds- og eftirlitshlutverki að gegna gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Nefndin vill benda á að þessi leið hefur verið farin í mörgum Evrópulöndum, svo sem í Bretlandi og Finnlandi. Með því að setja fjöl-miðlamál undir Póst- og fjarskiptastofnun væri auk þess hægt að nýta þá miklu þekkingu sem nú þegar er til staðar innan þeirrar stofnunar. Þessi breyting myndi auk þess leiða til þess að öll löggjöf og eftirlit, sem varðar prentmiðla, flyttist til stofnunarinnar. Aug-ljós ókostur við þessa leið er hins vegar sá að verkefni stofnunarinnar mundu að óbreyttu heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti."

Við samningu frumvarpsins ákvað sérfræðinganefndin að leggja fyrri tillögu fjölmiðla-nefndarinnar til grundvallar. Í frumvarpinu er því lagt til að hlutverki útvarpsréttarnefndar verði breytt og það rýmkað. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nefndin fái heimild til að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem fjárveitingar til nefndar-innar leyfa hverju sinni. Þá er fellt undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c og 31. og 32. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt. Af þeim sökum er skipunarhætti nefndarinnar breytt og er lagt til að dómsmálaráðherra tilnefni hér eftir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan og sá þriðji sé skipaður án tilnefningar af menntamála-ráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru lagðar til viðbótarskilgreiningar í gildandi útvarpslögum sem hafa þýðingu fyrir þann þátt frumvarps þessa sem fjallar um flutningreglur.

Í i-lið er lagt til að hugtakið aðgangskassi komi inn í lögin og verði notað í stað hugtaksins myndlykill, sem m.a. er notað í 6. gr. gildandi laga. Er það gert til samræmis við hugtakanotkun í fjarskiptalögum. Myndlykli er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar, en aðgangskassi hefur viðbótarhlutverk þar sem hann tekur á móti og vinnur úr öllum þáttum stafrænna útsendinga og sendir til sjónvarpstækja.

Þá eru skilgreiningar á hugtökunum fjarskiptafyrirtæki í j- og fjarskiptanet í k-lið samhljóða skilgreiningum í gildandi fjarskiptalögum.

Hugtakið flutningur í l-lið greinarinnar tekur jafnt til flutnings og dreifingar á útvarpsefni. Hugtakið flutningur nær því frá tengipunkti fjarskiptakerfis að úttaki aðgangskassa notenda.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipun útvarpsréttarnefndar og lagt til að fellt verði undir starfssvið nefndarinnar eftirlit og framkvæmd á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c og 31. og 32. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, en einnig er lagt til að skipunarhætti nefndarinnar verði breytt og mun nú dómsmálaráðherra hér eftir tilnefna einn af nefndarmönnum. Að öðru leyti er ákvæðið um skipan nefndarinnar óbreytt.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að verkefni útvarpsréttarnefndar muni stóraukast, verði frumvarpið að lögum, er mælt svo fyrir í 2. mgr. að útvarpsréttarnefnd sé heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið og er þá einkum miðað við starfsfólk sem hefur sérþekkingu á fjölmiðlum. Getur útvarpsréttarnefnd þá falið framkvæmdastjóra að afgreiða þau mál sem hún telur henta á hverjum tíma fyrir utan mál er varða veitingu eða sviptingu útvarpsleyfis og álagningu stjórnvalds- eða dagsekta en þau mál verður nefndin sjálf að taka ákvarðanir um.

Í 4. mgr. er mælt svo fyrir að útvarpsréttarnefnd skuli gera samstarfssamning við Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana. Með slíku fyrirkomulagi verður framkvæmd markvissari þar sem valdmörk þessara stofnana skarast.

Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að breytingar verði á heiti II. kafla laganna og hann nefndur lögsaga og stjórnsýsla þar sem eðlilegt þykir að í sama kafla laganna sé fjallað um lögsögureglur og stjórnsýsluhlutverk útvarpsréttarnefndar við framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Um a-lið (6. gr.).

Ákvæði 6. gr. eru óbreytt frá 6. gr. gildandi laga ef frá eru talin fjögur atriði:

Í fyrsta lagi hefur öllum ákvæðum sem varða útvarpsréttarnefnd verið skipað í sérstaka grein, þ.e. 2. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi hafa verið gerðar breytingar á því ákvæði er lýtur að staðbundnum útvarpsleyfum. Nýmæli frumvarpsins felst í því að staðbundin útvarpsleyfi eru nú afmörkuð við sveitarfélög.

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði b-liðar 4. mgr. 6. gr. gildandi laga verði breytt, en þar er

mælt svo fyrir að viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skuli einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Af þessu ákvæði leiðir að óheimilt er samkvæmt gildandi lögum að endurvarpa erlendum stöðvum á UHF-tíðnisviðinu. Ein af forsendum þess að hægt verði að fara að nota UHF-tíðnisviðið fyrir fjölrása sjónvarp er að þessu ákvæði verði breytt. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimild til að endurvarpa erlendum sjónvarpsstöðvum verði ekki bundin við neina ákveðna tækni í dreifingu hér á landi. Hér ber að hafa í huga að í dreifingu í lofti var samkvæmt gildandi lögum aðeins heimilt að endurvarpa erlendum dagskrám á örbylgju. Þá má geta þess að endurvarp á erlendum dagskrám er einnig heimilað í gegnum þráð, t.d. á kapalkerfum og ADSL. Þar sem nýlega hefur verið boðin út tíðni á UHF fyrir stafrænt sjónvarp er ljóst að UHF-tíðnisviðið verður notað fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar í náinni framtíð. Því þykir eðlilegt að gefa fyrirtækjum kost á að bjóða fjölrása sjónvarp á UHF-tíðnisviðinu líkt og á örbylgjunni.

Í fjórða lagi er sú breyting lögð til í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar að gert verður að skilyrði fyrir því að fá útvarpsleyfi að eignarhald á því fyrirtæki, sem sækir um leyfið, fari ekki í bága við ákvæði 6. gr. a.

Um b-lið (6. gr. a).

Í 1. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til í skýrslu sinni frá því í apríl 2005. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þær útvarpsstöðvar sem hafa þriðjung í heildaráhorfi eða heildarhlustun íslenskra dagskrárstöðva. Sérfræðinganefndin leggur á hinn bóginn ekki til að jafnframt sé miðað við þriðjungs hlutdeild í dreifingu eða útbreiðslu. Ástæðan er sú að verði virkni flutningsreglna frumvarpsins sú að allar íslenskar útvarpsstöðvar fái mjög víðtæka dreifingu á dagskrám sínum hverfur sá þröskuldur sem fjölmiðlanefndin ætlaðist til að væri á 25% eignarhaldsreglunni. Af þeim sökum leggur fjölmiðlanefndin til að einvörðungu verði miðað við þriðjungs markaðshlutdeild í heildaráhorfi sjónvarpsstöðva, heildarhlustun útvarpsstöðva eða lestri dagblaða.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 6. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði, þ.e. hljóðvarps- eða sjónvarpsmarkaði, skuli leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild fjölmiðla eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverri útvarpsstöð. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í útvarpsstöð eða dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærist sjálfkrafa á aðra útvarpsstöð eða héraðsfréttablað, keypti eigandi hans einnig mjög lítinn hlut í staðbundinni útvarpsstöð eða héraðsfréttablaði. Breytti þar engu þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur útvarpsstöðvanna eða dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum er rætt um „skylda aðila“. Annars vegar þegar reikna ber hvort útvarpsstöð hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þá ber að leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi útvarpsstöðva þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eina útvarpsstöð á sama markaði. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 6. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Lagt er til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnis-

laga. Til þess að tryggja samræmda skýringu á samkeppnislögunum er mælt svo fyrir í 5. mgr. 6. gr. a að útvarpsréttarnefnd geti leitað umsagnar Samkeppniseftirlitsins um skýringu ákvæða 4. mgr. í einstökum málum.

Í 6. mgr. 6. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla heildaráhorf og -hlustun útvarpsstöðva og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 7. mgr. 6. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja til að veita útvarpsstöð nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi áhorf og hlustun.

Í 8. mgr. 6. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á útvarpsstöð sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 9. mgr. 6. gr. a er sleginn sá varnagli að ef útvarpsstöð á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útvarpsstöðvarinnar sótt um tímabundna undanþágu til útvarpsréttarnefndar frá takmörkunum á eignarhaldi. Með þessari tillögu er reynt að sníða af einn helsta ókost reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Í 11. mgr. 6. gr. a er tekið af skarið um það að ákvæði greinarinnar gildi ekki um eignarhald ríkisins á Ríkisútvarpinu. Í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fyrirliggjandi frumvarpi um Ríkisútvarpið hf., þar sem í 1. gr. er sett það skilyrði að það hlutafélag verði að fullu í eigu ríkisins og sala félagsins eða hlut þess, eða sameining við önnur félög eða slit þess sé óheimil, er jafnframt lagt til að Ríkisútvarpinu verði óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

Um c-lið (6. gr. b).

Í 1. mgr. 6. gr. b er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um útvarpsstöðvar á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Þannig er lagt til að birtar verði upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili þess sem hlotið hefur útvarpsleyfið svo og gildistíma leyfis. Jafnframt ber að birta nafn útvarpstjóra sem ber ábyrgð á útvarpsefni í samræmi við ákvæði IX. kafla laganna. Samkvæmt 14. gr. b eiga útvarpsstöðvar, sem reka fréttastofu, að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Reglur sérhverrar útvarpsstöðvar um ritstjórnarlegt sjálfstæði verða síðan birtar á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Þá skulu birtar upplýsingar um nafn einstaklings eða eigendur þess lögaðila sem rekur útvarpsstöðina. Loks skulu birtir úrskurðir útvarpsréttarnefndar í málum útvarpsstöðvarinnar. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er lögð áhersla á að reglur um gagnsæi eignarhalds auðveldi almenningi að fá upplýsingar um eigendur einstakra miðla og hversu mikilla hagsmuna þeir eiga að gæta í miðlunum. Gagnsæi í eignarhaldi sé nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna.

Um 5. gr.

Um a-lið (14. gr. a).

Í 14. gr. a er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á útvarpsstöðvum. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í útvarpsstöð sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem hafa útvarpsleyfi skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina að hún skuli

senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

Um b-lið (14. gr. b).

Í 1. mgr. 14. gr. b er, í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar, lagt til að útvarpsstöðvar sem reka fréttastofu skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði hennar. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur ákveðnu hlutverki til bóta.

Í 2. mgr. 14. gr. b er talið upp í þremur liðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði í slíkum reglum.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Útvarpsréttarnefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. 14. gr. b er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega í samvinnu við starfsmenn fréttastofa og stéttarfélag þeirra. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til.

Ekki er lagt til að það varði viðurlögum þótt útvarpsstöð vanræki að setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Á hinn bóginn bæri útvarpsréttarnefnd að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. d-lið 6. gr. b.

Um 6. gr.

Um a-lið (22. gr.).

Í a-lið (22. gr.) er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt að sé að skylda fjarskiptafyrirtæki að ósk útvarpsstöðvar til þess að flytja dagskrá útvarpsstöðvarinnar um stafræn fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis. Meðal skilyrðanna er að um sé að ræða íslenska sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Hvorki er skylt að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða á öðrum stöðlum er krefst meiri bandbreiddar né dagskrár sem eru eingöngu helgaðar fjarsölu. Sá varnagli er sleginn að aðeins má skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanets þess. Er slíkur varnagli sleginn þar sem ekki þykir rétt að leggja þungar byrðar á fjarskiptafyrirtæki sem hafa takmarkaða bandbreidd og rásafjölda. Í bandarískum rétti (Cable Act) er ákvæði líkt þessu þar sem kapalfyrirtækjum er skylt að flytja dagskrár í eigu annarra fyrirtækja og er þá stuðst við þriðjung eins og hér er gert. Bandaríska löggjöfin er flóknari og eru fjarskiptanet sett í ákveðna flokka eftir stærð. Hér hefur ákvæðið verið einfaldað í samanburði við bandarískan rétt. Ef fleiri útvarpsstöðvar óska eftir að dagskrár þeirra verði fluttar en fjarskiptanet annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Ljóst er að slíkar reglur auðvelda ekki litlum og nýjum sjónvarpsstöðvum aðgang að dreifikerfum með takmarkaðan rásafjölda. Þótti hins vegar rétt að teknu tilliti til neytendasjónarmiða að áhorfendur hefðu ávallt aðgang að þeim sjónvarpsstöðvum sem hefðu mest áhorf hverju sinni. Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað. Fjarskiptafyrirtæki er á hinn bóginn ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar ef færri en 10% þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa mánaðarlega á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar á fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækisins nema útvarpsstöðin greiði ávallt að lágmarki fyrir áhorf er nemur 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu

viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Er þessi varnagli sleginn til að fjarskiptafyrirtækjum verði ekki gert skylt að bera kostnað af dagskrám sem hafa lítið áhorf.

Um b-lið (22. gr. a).

Í b-lið (22. gr. a) er fjallað um flutningsrétt, þ.e. þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo fjarskiptafyrirtæki geti fengið að dreifa dagskrá útvarpsstöðvar á stafrænu dreifikerfi sínu. Rýmri reglur gilda um flutningsrétt en flutningsskyldu, enda eru það fjarskiptafyrirtækin sem óska eftir flutningi á tilteknu efni. Þannig taka flutningsréttarreglurnar einnig til sjónvarpsdagskráa sem eru í seinkaðri útsendingu, dagskráa á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar. Fjarskiptafyrirtæki sem ráða yfir mikilli bandbreidd á kerfum sínum eða miklum fjölda rása fá flutningsrétt að útsendingum í háskerpu, á breiðtjaldi og í seinkaðri útsendingu. Reglur um flutningsrétt taka ekki einvörðungu til íslenskra dagskráa útvarpsstöðva sem staðfestu hafa hér á landi heldur einnig erlendra sjónvarpsdagskráa sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, svo og útsendingu á ákveðnum viðburðum sem ekki fylla heila dagskrá, svo sem íþrótta- og listviðburðum. Viðburðir ýmiskonar fylla yfirleitt ekki heila dagskrá nema tímabundið. Slíkir viðburðir geta verið afar vinsælir og þykir ákjósanlegt að ólík fjarskiptafyrirtæki hafi möguleika á að flytja slíkt efni. Eins eru ýmsir íþróttaviðburður sendir út á sérstökum rásum og fylla ekki heila dagskrá. Með því að fjarskiptafyrirtæki hafi flutningsrétt á viðburðum er reynt að tryggja jafnræði milli fyrirtækjanna í efni og reynt að koma í veg fyrir að einstakar efnisveitur skilgreini tiltekið vinsælt sjónvarpsefni sem viðburð til að komast fram hjá flutningsreglunum. Lögin taka einnig til erlendra endurvarpsrása enda hefur það færst í vöxt að gerðir séu einkaréttarsamningar um þær. Þá tekur ákvæðið einnig til þess ef íslenskar sjónvarpsstöðvar flytja starfsemina til útlanda til að komast hjá lögum um flutningsrétt, en um lögsögu yfir sjónvarpsefni er sérstaklega fjallað í kaflanum *Íslensk lögsaga yfir fjölmiðla* í almennum athugasemdum. Fjarskiptanet sem ekki hafa yfir að ráða aðgangsstýringu geta óskað eftir að flytja dagskrár samkvæmt reglum um flutningsrétt. Þeim fyrirtækjum er hins vegar einungis leyft að flytja opnar dagskrár þar sem aðgangsstýring er nauðsynleg til að geta læst og opnað fyrir áskriftarsjónvarp. Um uppgjör á flutningi sem fram fer á grundvelli flutningsréttar fer skv. 22. gr. c, þ.e. greitt er fyrir mælt áhorf og fjölda áskrifenda að læstri dagskrá.

Um c-lið (22. gr. b).

Í c-lið (22. gr. b) er fjallað um málsmeðferð og framkvæmd. Ákvæðið er byggt á því að samningsfrelsi ríki á milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Takist hins vegar ekki samningar innan 30 daga um flutning á sjónvarpsdagskrá getur hvor aðili vísað málinu til útvarpsréttarnefndar. Þegar úrskurðað hefur verið um flutning á sjónvarpsdagskrá hefur útvarpsstöðin val um hvort hún stjórnar áskriftarkerfi sínu sjálf eða felur fjarskiptafyrirtæki þá stjórn.

Með flutningsreglunum er verið að brjóta upp lóðrétt eignarhald á efni og dreifingu og því er ljóst að það verður hvati fyrir efnisveitur að reyna að beina viðskiptavinum sínum að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Til að tryggja aðskilnað sjónvarpsstöðvar og fjarskiptafyrirtækis þykir rétt að banna útvarpsstöðvum að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Ef slíkt er ekki bannað í lögum er hætta á að útvarpsstöðvarnar reyni að beina viðskiptavinum sínum að völdum fjarskiptafyrirtækjum og fjarskiptafyrirtæki sem ekki eiga sjónvarpsstöðvar munu áfram eiga erfitt uppdráttar. Fjarskiptafyrirtækjunum verður heimilt að bjóða alls kyns þjónustu en með ákvæðinu er þrýst á um að þau keppi sín á milli með því að bjóða hagstætt verð og góða þjónustu. Það geta fyrirtækin einungis gert ef þau geta boðið sambærilegt efni.

Fjarskiptafyrirtæki ber að láta þær dagskrár hafa forgang sem hafa íslenskt tal eða texta þannig að þær séu ofar erlendum endurvarpsstöðvum við röðun á fjarstýringu. Þar sem það

skiptir miklu máli fyrir sýnileika sjónvarpsstöðvar að vera ofarlega í númeraröðinni á fjarstýringunni er talið rétt að veita dagskrám með íslensku tali eða texta forgang. Að baki ákvæði þessu liggja menningarpólitísk sjónarmið um vernd íslenskrar tungu. Ákvæðið tekur jafnt til dagskráa íslenskra útvarpsstöðva sem og erlendra dagskráa enda sé dagskráin með íslensku tali eða texta. Ákvæðið er þannig bæði byggt á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum um vernd margbreytileika ólíkra tungumála.

Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um allan ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd á flutningi efnis í tilefni af úrskurði nefndarinnar um flutningsrétt eða flutningsskyldu og getur lagt á dagsektir fari útvarpsstöð eða fjarskiptafyrirtæki ekki að úrskurðum hennar.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningi útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt nýrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða (3. efnismgr. 9. gr. frumvarpsins) skulu útvarpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrárstöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til. Ákvæðið á að tryggja að fjölmiðill reyni ekki að komast fram hjá flutningsreglunum með því gera aðeins samninga um kaup á efni fyrir fjarskiptafyrirtæki tengt sjónvarpsstöðinni.

Um d-lið (22. gr. c).

Í d-lið (22. gr. c) er fjallað um mælingar og uppgjörsreglur á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja vegna flutnings á sjónvarpsdagskrá á grundvelli úrskurðar útvarpsréttarnefndar. Útvarpsréttarnefnd annast mánaðarlega útreikning flutningsgjalds sem útvarpsstöð skal greiða hverju fjarskiptafyrirtæki sem flytur dagskrá þess. Við uppgjör á læstri dagskrá er fjöldi áskrifenda tekinn saman samkvæmt upplýsingum aðgangsstýringarkerfa fjarskiptafyrirtækja. Á sumum fjarskiptaleiðum verður auk þess hægt að fá upplýsingar um áhorf á opnum dagskrám og mun útvarpsréttarnefnd kalla eftir því þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir. Þá kallar útvarpsréttarnefnd eftir upplýsingum hjá fjarskiptafyrirtækjunum um fjölda tengdra aðgangskassa þar sem gera má ráð fyrir því að áskrifendur horfi að mestu á opnar dagskrár á þeirri dreifileið sem þeir greiða fyrir. Við uppgjör á opnum dagskrám nemur flutningsgjald fjölda þeirra heimila þar sem uppsafnað áhorf eða hlustun á dagskrá samkvæmt áhorfsmælingum sem framkvæmdar verða á vegum útvarpsréttarnefndar fer yfir ákveðin mörk. Þó að áhorfsmælingar geti aldrei orðið nákvæmar og gefi aðeins vísbendingu um áhorf á hverju fjarskiptaneti fyrir sig er samt stuðst við þessa tækni þar sem hún er notuð í auglýsingaiðnaðinum. Uppgjör fyrir birtingu auglýsinga í ljósvakamiðlum er gjarnan byggt á áhorfsmælingum og er veltan í þessum iðnaði mikil. Þar sem áhorfsmælingar þykja nægilega nákvæmar fyrir auglýsingaiðnaðinn er einnig ætlunin að nota þær fyrir uppgjör milli fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja.

Útvarpsréttarnefnd mun vera með úrtakskönnunum þar sem mælt er uppsafnað heildaráhorf eða hlustun yfir mánuðinn og skal síðan margfalda fjölda notenda í mánuði með fjölda mínútna sem hver notandi horfir/hlustar yfir mánuðinn og reikna hlutfall hverrar stöðvar. Sá munur er á uppgjörsreglum um flutningsskyldu og flutningsrétt að hafi sjónvarpsstöð óskað

eftir flutningi á dagskrá sinni skal hún ávallt greiða lágmarksgjald skv. 4. mgr. 22. gr. en samkvæmt gjaldskrá ef fleiri en 10% þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis horfa á dagskrána samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. Óski fjarskiptafyrirtæki hins vegar eftir að fá að flytja sjónvarpsdagskrá skal sjónvarpsstöðin greiða samkvæmt gjaldskrá á grundvelli áhorfsmælinga.

Um e-lið (22. gr. d).

Í e-lið (22. gr. d) er fjallað um gjaldskrá þar sem mælt fyrir um hvernig það einingarverð skal fundið sem uppgjör á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja grundvallast á. Þar kemur fram að við ákvörðunina skuli útvarpsréttarnefnd leggja til grundvallar áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað við að koma á fót stafrænu dreifikerfi sem hefur að lágmarki 99,9% dreifingu um landið. Einingarverð fyrir hvert heimili sem sjónvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki fyrir dreifingu á opinni dagskrá skal margfaldað með stuðli sem er mismunandi eftir landsvæðum. Á þessum grundvelli setur útvarpsréttarnefnd gjaldskrá um uppgjör milli útvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja fyrir flutning á sjónvarpsdagskrá eða einstökum viðburðum. Þá ber að greiða aukalegt gjald fyrir að flytja læsta dagskrá. Þess ber að geta að við gróflegan útreikning virðist kostnaður við hverja rás í stafrænu dreifikerfi sem nær til alls landsins vera svipaður og kostnaður við útsendingu um gervihnött. Ástæðan er sú að dreifikerfi sem nær til 99,9% íbúa er umtalsvert dýrara en dreifikerfi sem nær til 99% íbúa. Þar sem það er markmið stjórnvalda að allir íbúar landsins fái aðgang að stafrænni dreifingu sjónvarpsefnis þykir rétt að miða við svo hátt hlutfall íbúa landsins í gjaldskrá.

Samkvæmt ákvæðinu er landinu skipt upp í fjögur gjaldsvæði. Fjarskiptafyrirtæki fær minnstar tekjur fyrir dreifingu á höfuðborgarsvæðinu en mestar tekjur í strjálbýli. Þó ekki sé hægt að endurspegla þann raunkostnað sem felst í kostnaði við dreifingu á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og í strjálbýli hins vegar er reynt að koma til móts við hann í gjaldskránni. Að ákveðnu marki mun gjaldskráin verða hvatning fyrir fjarskiptafyrirtækin að byggja upp stafræn sjónvarpsdreifikerfi á landsbyggðinni þannig að þau einbeiti sér ekki aðeins að fjölmennasta markaðnum á höfuðborgarsvæðinu. Stuðlarnir sem hafðir eru til hliðsjónar í gjaldskránni endurspegla í stórum dráttum fjölda heimila á hverju gjaldsvæði fyrir sig. Þegar lagðar eru saman tekjur fyrir dreifingu um allt landið og deilt í það með fjölda heimila á meðaltalið að vera einn. Fjarskiptafyrirtæki sem aðeins dreifa sjónvarpsefni á höfuðborgarsvæðinu fær því minna í sinn hlut að meðaltali en fjarskiptafyrirtæki sem einnig dreifir sjónvarpsefni úti á landi enda er dreifingarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu miklum mun minni.

Greiðsla fyrir flutning tekur til flutnings og dreifingar á útvarpsefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar að úttaki aðgangskassa.

Aðrar reglur gilda um uppgjör fyrir flutning á hljóðvarpsefni. Hafi fjarskiptafyrirtæki krafist þess að fá að flytja útvarpsdagskrá á fjarskiptaneti sínu getur fjarskiptafyrirtækið ekki áskilið sér greiðslur fyrir slíkan flutning, sbr. lokamálsgrein 22. gr. a. Krefjist aftur á móti útvarpsstöð flutnings á hljóðvarpsefni sínu um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis ber útvarpsstöðinni að greiða fyrir flutninginn. Útvarpsréttarnefnd úrskurðar um einingarverð sem hljóðvarpsstöð skal greiða fjarskiptafyrirtæki mánaðarlega fyrir flutning á efni með tilliti til fjölda heimila sem geta tekið við efni stöðvarinnar um hlutaðeigandi fjarskiptanet að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 22. gr. d, svo og þeirrar bandbreiddar sem flutningur á hljóðvarpi krefst.

Í lokamálsgrein 22. gr. d er mælt svo fyrir að útvarpsréttarnefnd geti vikið frá flokkun gjaldsvæða ef um staðbundna dreifingu utan höfuðborgarsvæðisins er að ræða. Þannig mundi útvarpsréttarnefnd væntanlega úrskurða að gjald fyrir dreifingu á sjónvarpsdagskrá á

Akureyri sem send væri út af sjónvarpsstöð á Akureyri mundi falla í gjaldflokk 1, enda er ekki verið að flytja sjónvarpsdagskrá milli landshluta og kostnaður við flutning milli landshluta því ekki hluti af gjaldinu. Því væri kostnaður við flutning á dagskrá að jafnaði hinn sami og á svæði 1.

Um f-lið (22. gr. e).

Í f-lið (22. gr. e) er fjallað um þau fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til. Samkvæmt ákvæðinu á að halda skrá yfir þau fjarskiptanet hér á landi sem reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt taka til. Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrána. Meðal skilyrða sem gerð eru til fjarskiptanets, svo það verði fært á skrána, eru útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni rétthafa útsends efnis.

Um 7. gr.

Í 30. gr. a er fjallað um heimildir útvarpsréttarnefndar til þess að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir. Á nokkrum stöðum í skýrslu fjölmiðlanefndar er lagt til að útvarpsréttarnefnd hafi þvingunarúrræði til þess að knýja fram hlýðni við lög.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja á stjórnvaldssektir í tilefni af brotum á ákvæðum 1. mgr. 14. gr. a svo og 4. og 9. mgr. 22. gr. b. Útvarpsréttarnefnd er þó heimilt að fella slík mál niður ef þau skilyrði eru fyrir hendi sem fram koma í a- eða b-lið 6. mgr.

Í 3. mgr. er fjallað um dagsektir sem útvarpsréttarnefnd skal leggja á útvarpsstöð fyrir hvern byrjaðan dag vanræki stjórn hennar að sína af sér athöfn eða athafnaleysi samkvæmt þeim ákvæðum er fram koma í a–e-lið 3. mgr. Samkvæmt 5. mgr. falla dagsektir ekki niður þó að aðili sinni síðar þeim skyldum sem á honum hvíla nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega. Það getur útvarpsréttarnefnd því aðeins gert að uppfyllt séu skilyrði a- eða b-liðar 6. mgr.

Úrskurðir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir og dagsektir eru aðfararhæfir.

Um 8. gr.

Í samræmi við breytingar sem lagðar eru til á 1. gr. gildandi laga, í 1. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. hugtakið aðgangskassi er skilgreint og ætlað að koma í stað hugtaksins myndlykill, er hér lagt til að aðgangskassi komi í stað myndlykils í 33. gr. laganna.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. kemur fram regla um aðlögun að ákvæðum frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi að fjölmiðlum. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar verður eigendum útvarpsstöðva veittur tveggja ára aðlögunartími til þess að uppfylla skilyrði laganna um 25% hámarkseignarhluta skv. 6. gr. a.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það hvenær útvarpsréttarnefnd á að berast í fyrsta skipti hlutaskrá frá útvarpsstöðvum til birtingar á heimasíðu nefndarinnar samkvæmt ákvæðum 6. gr. b.

Eitt af þeim atriðum sem staðið geta í vegi fyrir flutningsrétti eru ákvæði í samningum útvarpsstöðvar við rétthafa efnis um að ekki megi flytja efnið um ákveðin fjarskiptanet. Samkvæmt 3. mgr. skulu útvarpsstöðvar senda útvarpsréttarnefnd alla gildandi samninga um kaup á sjónvarpsefni 30 dögum eftir gildistöku laganna. Heimili gildandi samningur útvarpsstöðvar um sjónvarpsefni við rétthafa ekki að flytja megi efnið um þau fjarskiptanet sem tilgreind eru í skrá skv. 22. gr. e skal sjónvarpsstöð gera nýjan samning við rétthafa sem heimilar slíkt innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði frumvarpið að lögum verður útvarpsstöðvum skylt við kaup á öllu sjónvarpsefni, sem sent verður út í íslenskum dagskrár-

stöðvum, að semja ávallt svo við rétthafa að flytja megi sjónvarpsefnið um þau fjarskiptanet sem færð hafa verið á skrá skv. 22. gr. e. Hið sama gildir um erlenda sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um. Uppfylli samningur um dagskrárefni ekki þetta skilyrði er óheimilt að senda út efnið sem slíkur samningur tekur til.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um það tímamark sem Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa lokið gerð skrár skv. 22. gr. e. Flutningsreglur frumvarpsins taka ekki til annarra fjarskiptaneta en þar verða skráð.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um þau tímamörk sem útvarpsstöðvar verða í fyrsta skipti að hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa í samræmi við ákvæði 14. gr. b.

Þar sem dómsmálaráðuneytið mun skipa mann í útvarpsréttarnefnd þarf að skipa aftur í nefndina í samræmi við 5. gr. a.

Samkvæmt síðustu málsgreininni þarf RÚV ekki að greiða fyrir flutning á dagskrá sinni óski fjarskiptafyrirtæki eftir að flytja dagskrána. Óski Ríkisútvarpið eftir flutningi þarf það að greiða eins og aðrir. Ástæðan er sú að Ríkisútvarpið heldur nú uppi kostnaðarsömu hliðrænu dreifikerfi sem ekki er hægt að leggja niður nema stafrænt dreifikerfi með sambærilega útbreiðslu sé til staðar.

Um II. kafla.

Fjölmiðlanefnd markaði þá stefnu með skýrslu sinni frá 2005 að reglur um takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla, reglur um gagnsæi á fjölmiðlamarkaði og reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ættu einnig að taka til dagblaða. Af þeim sökum eru lagðar til breytingar á lögum nr. 57/1956 um prentrétt í því skyni að teknar verði upp sambærilegar reglur um þessi efni og ætlunin er að setja í útvarpslög.

Um 10. gr.

Um a-lið (10. gr. a).

Í 1. mgr. 10. gr. a er mælt fyrir um takmarkanir á eignarhaldi á dagblöðum. Þar er miðað við 25% markið sem fjölmiðlanefnd lagði til í skýrslu sinni frá því í apríl 2005. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er sá þröskuldur þó settur í 2. mgr. að þetta eigi aðeins við þau dagblöð sem hafa þriðjungs markaðshlutdeild á dagblaðamarkaði.

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndarinnar er mælt svo fyrir í 3. mgr. 10. gr. a að ef einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað skuli leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi dagblaða við mat skv. 2. mgr. Sá varnagli er þó sleginn að aðeins skuli leggja saman markaðshlutdeild dagblaða eigi einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar 10% eða meira í sérhverju dagblaði. Að öðrum kosti gæti eignarhlutur, hversu smár sem hann annars væri í dagblaði sem hefði þriðjungs markaðshlutdeild, valdið því að 25% reglan yfirfærist sjálfkrafa yfir á annað dagblað, keypti eigandi hans t.d. einnig mjög lítinn hlut í héraðsfréttablaði. Breytti þar engu þótt eigandinn gæti í krafti hinna smáu eignarhluta engin raunhæf áhrif haft á rekstur dagblaðanna.

Í tillögum fjölmiðlanefndar um takmarkanir á eignarhaldi á dagblöðum er rætt um „skylda aðila“. Annars vegar þegar reikna ber hvort dagblað hafi þriðjungs markaðshlutdeild, en þá ber að leggja saman útbreiðslu svo og markaðshlutdeild viðkomandi dagblaða þegar einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar eiga fleiri en eitt dagblað. Hins vegar er á því byggt að fyrirtæki og skyldir aðilar eigi ekki samanlagt meira en 25% eignarhlut. Í 4. mgr. 10. gr. a kemur fram skýring á hugtakinu skyldir aðilar. Lagt er til að undir hugtakið falli annars vegar fyrirtæki sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tölul. 4. gr. samkeppnislaga

og hins vegar fyrirtæki sem hafa önnur náin tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða í skilningi 11. tölul. 4. gr. samkeppnislaga.

Í 5. mgr. 10. gr. a er mælt fyrir um skyldu útvarpsréttarnefndar til að mæla markaðshlutdeild dagblaða og heimild hennar til þess að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Í 6. mgr. 10. gr. a er síðan mælt fyrir um skyldu dagblaða til að veita nauðsynlegar upplýsingar til að mæla megi markaðshlutdeild.

Í 7. mgr. 10. gr. a er loks mælt fyrir um þá málsmeðferð sem fylgja ber komi í ljós að eignarhald á dagblaði sé ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Í 8. mgr. 10. gr. a er sleginn sá varnagli að ef dagblað á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verði við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti stjórn útgefanda dagblaðsins sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkunum á eignarhaldi. Með þessari tillögu er reynt að sníða af einn helsta ókost reglunnar um takmörkun á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Um b-lið (10. gr. b).

Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar er lagt til að gagnsæi á fjölmiðlamarkaði verði aukið með því að ákveðnar upplýsingar verði birtar um dagblöð á heimasíðu útvarpsréttarnefndar. Í 10. gr. b er mælt fyrir um þær upplýsingar sem útgefanda dagblaðs bera að tilkynna útvarpsréttarnefnd áður en útgáfa hefst, svo og allar síðari breytingar sem þar verða á.

Í 3. mgr. 10. gr. b er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þegar breytingar verða á eignarhaldi á dagblaði. Í ákvæðinu segir að seljandi og kaupandi beri ábyrgð á því að tilkynning um sölu á hlut í dagblaði sé send útvarpsréttarnefnd innan tveggja virkra daga frá gerð kaupsamnings. Til þess að hægt sé að hafa eftirlit með því að allir samningar hafi verið tilkynntir er einnig mælt svo fyrir að eftir sérhvern aðalfund í félögum sem gefa út dagblað skuli stjórn félagsins senda útvarpsréttarnefnd hlutaskrá félagsins innan fjögurra virkra daga frá því fundurinn var haldinn. Framangreindar reglur gilda þó ekki hafi stjórn hlutafélags, sem er eignarskráð í verðbréfamiðstöð, samið svo við verðbréfamiðstöðina um að hún skuli senda daglega uppfærða hlutaskrá félagsins til útvarpsréttarnefndar sem birtir hana síðan á heimasíðu sinni.

Um c-lið (10. gr. c).

Í 10. gr. c er í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar lagt til að útgefendur dagblaða skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði ritstjóra og fréttamanna. Í skýrslu fjölmiðlanefndar er tekið fram að slíkar reglur hafi e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar sér en með öðrum úrræðum gegni slíkar reglur ákveðnu hlutverki til bóta.

Í 2. mgr. 10. gr. c er talið upp í þremur liðum það lágmarksefni sem fram á að koma í slíkum reglum. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að fjallað sé um fleiri atriði í slíkum reglum.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar. Í slíkri staðfestingu felst einvörðungu lögmætiseftirlit samkvæmt meginreglum stjórnsýsluréttar. Útvarpsréttarnefnd kemur því eingöngu með athugasemdir við slíkar reglur telji hún ákvæði þeirra fara í bága við lög.

Í 4. mgr. 10. gr. c er mælt svo fyrir að reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skuli endurskoðaðar árlega í samvinnu við starfsmenn fréttastofa og stéttarfélag þeirra. Reynsla af framkvæmd og vandamálum sem upp koma á þannig að skila sér smám saman inn í reglurnar eftir því sem tilefni er til.

Ekki er lagt til að það varði viðurlögum þótt útgefandi dagblaðs vanræki að setja sér

reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Á hinn bóginn bæri útvarpsréttarnefnd að taka það fram á heimasíðu sinni hafi slíkar reglur ekki verið settar, sbr. d-lið 1. mgr. 10. gr. b.

Um 11. gr.

Lagt er til að ákvæðum 1. mgr. 31. gr. verði breytt á þann veg að brot á ákvæðum 10. gr. a–10. gr. c sæti almennt ekki meðferð opinberra mála. Sú undantekning er þó lögð til að mál út af brotum á 10. gr. b sæti meðferð opinberra mála ákvæði útvarpsréttarnefnd að vísa máli til lögreglu, t.d. þar sem um ítrekuð eða alvarleg brot er að ræða. Ekki er litið á ákvörðun útvarpsréttarnefndar um að vísa máli til lögreglu sem stjórnvaldsákvörðun. Af þeim sökum er mælt svo fyrir að ákvæði IV. kafla stjórnsýslulaga gildi ekki um slíkar ákvarðanir útvarpsréttarnefndar.

Um 12. gr.

Í 31. gr. er fjallað um heimildir útvarpsréttarnefndar til þess að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir. Á nokkrum stöðum í skýrslu fjölmiðlanefndar er lagt til að útvarpsréttarnefnd hafi þvingunarúrræði til þess að knýja fram hlýðni við lög.

Útvarpsréttarnefnd skal leggja á stjórnvaldssektir í tilefni af brotum á ákvæðum 10. gr. b vanræki seljandi og kaupandi að tilkynna um eigendaskipti á hlut í útgefanda dagblaðs. Útvarpsréttarnefnd er þó heimilt að fella slík mál niður ef þau skilyrði eru fyrir hendi sem fram koma í a- eða b-lið 5. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um dagsektir sem útvarpsréttarnefnd skal leggja á útgefanda dagblaðs fyrir hvern byrjaðan dag vanræki stjórn hans að senda tilkynningu eða hlutaskrá skv. 10. gr. b. Samkvæmt 4. mgr. falla dagsektir ekki niður þó að útgefandi dagblaðs sinni síðar þessum skyldum nema útvarpsréttarnefnd ákveði það sérstaklega. Það getur útvarpsréttarnefnd því aðeins gert að uppfyllt séu skilyrði a- eða b-liðar 5. mgr.

Úrskurðir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir og dagsektir eru aðfararhæfir.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. kemur fram regla um aðlögun að ákvæðum frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi á dagblöðum. Í samræmi við tillögur fjölmiðlanefndar verður eigendum dagblaða veittur tveggja ára aðlögunartími til þess að uppfylla skilyrði laganna um 25% hámarkseignarhluta skv. 10. gr. a.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það hvenær útvarpsréttarnefnd eiga að berast í fyrsta skipti upplýsingar um útgefendur dagblaða til birtingar á heimasíðu útvarpsréttar samkvæmt ákvæðum 10. gr. b.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þau tímamörk sem útgefendur dagblaða verða í fyrsta skipti að hafa sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í samræmi við ákvæði 10. gr. c.

Sinni útgefandi dagblaðs ekki upplýsingaskyldu sinni samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skal útvarpsréttarnefnd leggja dagsektir á útgefandann. Um dagsektirnar gilda að öðru leyti ákvæði 32. gr. laganna.

Um 14. gr.

Ákvæði af þessu tagi er að finna í löggjöf margra Evrópuríkja eins og t.d. Bretlands, Írlands og Noregs og helgast það meðal annars af því að fjölmiðlar hafi um margt sérstöðu miðað við aðra atvinnustarfsemi vegna mikilvægis þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Þau sjónarmið sem þarna búa að baki eru margt ólík þeim sem búa að baki öðrum ákvæðum samkeppnislaga. Í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins No. R(99) 1 um aðgerðir til að stuðla að

fjölbreytni fjölmiðla er mælt með því að samkeppnisyfirvöld taki sérstakt tillit til sjónarmiða um fjölbreytni fjölmiðla þegar samruni eða önnur samþjöppun eignarhalds á þeim markaði er tekin til skoðunar.

Í Noregi er fjölmiðlaeftirlitinu (Medietilsynet) heimilt að stöðva samruna tveggja fjölmiðlafyrirtækja ef sameiginleg útbreiðsla fer yfir 40% og markmiðum laganna um tjáningarfrelsi og fjölbreytni er stefnt í hættu.

Í Bretlandi gildir að þegar tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki renna saman getur ráðherra gripið inn í athugun samkeppnisyfirvalda og fengið mat fjölmiðla- og fjarskiptastofnunarinnar (OFCOM) á því hvort heimila eigi samrunann. Það mat miðast meðal annars við það hvort hætta sé á að fréttir í dagblöðum verði ekki jafnóhlutdrægar og áður, það dragi úr tjáningarfrelsi í dagblöðum og að hæfilega fjölbreyttar skoðanir geti ekki birst í dagblöðum. Varðandi útvarp og víxleignarhald er meðal annars metin nauðsyn á því að nógu margir ólíkir aðilar komi að eignarhaldi og hvort fjölmiðlaframboð sé nægilega fjölbreytt.

Á Írlandi getur ráðherra stöðvað fjölmiðlasamruna þótt samkeppniseftirlitið hafi leyft hann enda séu markmið um fjölbreytt eignarhald og að fjölbreytilegar skoðanir fái að birtast í hættu.

Í greininni er Samkeppniseftirlitinu heimilað að hafa afskipti af samruna á fjölmiðlamarkaði sem ætla má að stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölbreyttu fjölmiðlaframboði í hættu. Samkeppniseftirlitinu er þar með heimilað að grípa inn í samruna á þessu sviði á grundvelli annarra sjónarmiða en eiga við skv. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Þótt önnur ákvæði frumvarpsins tryggi að vissu marki dreift eignarhald á fjölmiðlamarkaði og dragi þannig úr líkum á að einn aðili ráði ferðinni við stjórn útbreiddustu fjölmiðla landsins þykir nauðsynlegt til viðbótar að fyrir hendi sé heimild af þessu tagi. Reglur um dreift eignarhald einar og sér mundu t.d. ekki koma í veg fyrir að tveir eða fleiri óháðir fjölmiðlar sameinuðust.

Tjáningarfrelsi er tryggt í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Fjölmiðlar eru meginvettvangur hinnar opinberu umræðu þar sem leikast á ólík sjónarmið til þess sem efst er á baugi hverju sinni. Til þess að tjáningarfrelsi sé virkt í raun þurfa einstaklingar að hafa möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fjölmiðlum. Fækkun sjálfstæðra og óháðra fjölmiðla kann að stofna tjáningarfrelsi í hættu í þessum skilningi. Með hugtakinu frjáls skoðanamyndun almennings er vísað til þess að á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar verður talið að almenningur eigi rétt á upplýsingum úr ólíkum áttum. Einungis þannig getur almenningur með frjálsum hætti myndað sér skoðun á þjóðmálum, en slíkt er ein grunnforsenda kosningarréttar í lýðfrjálsu landi.

Við mat á því hvort frjálsri skoðanamyndun almennings er stofnað í hættu ber að líta til þess meðal annars, hver áhrif samruni hefur á möguleika almennings til þess að nálgast upplýsingar um þjóðfélagsmál, einkum innanlandsmál, og ólíkar hliðar þeirra, kynnast mismunandi viðhorfum til umdeildra mála og taka þannig upplýsta og sjálfstæða afstöðu til þess sem er efst á baugi hverju sinni. Í þessu sambandi verður að líta heildstætt á fjölmiðlamarkaðinn og samspil milli ólíkra fjölmiðla.

Með fjölbreyttu fjölmiðlaframboði er vísað til þess að efni fjölmiðla sé af margvíslegum toga. Er þá átt við að efni sé úr ólíkum áttum og endurspegli fjölbreytileika samfélagsins, hvort sem um er að ræða afþreyingar-, menningar- eða fræðsluefni. Heimilt verður að grípa inn í bæði láréttan og lóðréttan samruna á fjölmiðlamarkaði ef það er talið nauðsynlegt til að standa vörð um þetta markmið.

En jafnvel þótt framangreind sjónarmið eigi við liggur í hlutarins eðli að samruni kann að vera óumflýjanlegur vegna þess að fjárhagur og afkoma þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga leyfi þeim ekki að starfa áfram í óbreyttri mynd.

Meðal skilyrða sem Samkeppniseftirlitið getur sett fyrir samruna er að þeir fjölmiðlar sem í hlut eiga starfi áfram í óbreyttri mynd að því er varðar sjálfstæðar fréttastofur eða ritstjórnir. Þannig kann að vera hægt að fyrirbyggja skaðleg áhrif samruna.

Rétt þykir að Samkeppniseftirlitinu sé fengið ákvörðunarvald um hvort stöðva eigi samruna eða setja honum skilyrði á fyrrgreindum forsendum en ekki öðru stjórnvaldi. Helgast það af því að Samkeppniseftirlitið kann að hafa samruna til athugunar á grundvelli 17. gr. laganna og því þykir hagfelldast að um hann sé fjallað í einu máli á grundvelli heföbundinna samkeppnissjónarmiða og jafnframt á grundvelli sérsjónarmiða um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga.

Samkeppniseftirlitinu ber samt sem áður að leita álits útvarpsréttarnefndar áður en ákvörðun er tekin á grundvelli þessa ákvæðis enda er þar fyrir hendi sérþekking á málefnum fjölmiðla. Jafnframt ber útvarpsréttarnefnd að fyrra bragði að vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á því ef hún telur að 17. gr. a eigi við, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku og endurútgáfu laganna. Þar sem frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi fjölmiðla þykir rétt að nokkra mánaða fyrirvari verði á gildistöku laganna. Því er lagt til að lögin taki gildi 1. ágúst 2006.

Þá þykir rétt, þar sem umtalsverðar breytingar verða bæði á útvarpslögum og lögum um prentrétt, verði frumvarpið að lögum, að gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á opinberum eftirlitsreglum er varða fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Hér á eftir verður fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem talið er að hafi einkum áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Lagt er til að útvarpsréttarnefnd verði heimilt að ráða sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfsfólk þar sem gert er ráð fyrir að verkefni hennar muni stóraukast að því er fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Í fyrsta lagi bætist við núverandi verkefni útvarpsréttarnefndar að fylgjast með því að ákvæði frumvarpsins um takmörkun á eignarhaldi á útvarpsstöðvum og dagblöðum og um markaðshlutdeild séu virt og að knýja á um úrbætur með ýmsum þvingunaraðgerðum sé þörf á slíku. Það felur í sér að fylgjast með öllum viðskiptum með eignarhluti í slíkum fyrirtækjum og mæla eða láta mæla áhorf og hlustun útvarpsstöðva og markaðshlutdeild dagblaða og annarra blaða sem gefin eru út a.m.k. vikulega með fréttum og fréttatengdu efni fyrir almenning.

Í öðru lagi er lagt til að nefndinni verði skylt að birta mun ítarlegri upplýsingar um útvarpsstöðvar og dagblöð á vefsíðu sinni en til þessa hefur verið gert.

Í þriðja lagi er nefndinni ætlað að staðfesta reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa sem útvarpsstöðvum og dagblöðum sem reka fréttastofur er skylt að setja og endurskoða árlega.

Í fjórða lagi verður nefndinni heimilt að skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja útsent efni útvarpsstöðvar þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt auk þess sem henni er ætlað að gefa út gjaldskrár um uppgjör kostnaðar milli fjarskiptafyrirtækja og útvarpsstöðva vegna flutningsins, reikna mánaðarlega út flutningsgjald á grundvelli upplýsinga fjarskiptafyrirtækja og eigin áhorfsmælinga samkvæmt mánaðarlegum úrtakskönnunum á hlutaðeigandi fjarskiptanetum, ásamt því að úrskurða í málum fjarskiptafyrirtækja og útvarpsstöðva er lúta að einingarverði, greiðslum og rétti til flutnings á efni.

Í fimmta lagi er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur munu gilda um verði frumvarpið að lögum og birta hana á vefsíðu sinni.

Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verði undir ákveðnum kringumstæðum heimilt að ógilda samruna fjölmiðlafyrirtækja sem þegar hefur átt sér stað.

Við kostnaðarmat á frumvarpinu þarf að gefa sér ýmsar forsendur. Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins munu verkefni útvarpsréttarnefndar verða að mörgu leyti hliðstæð verkefnum Medietilsynet í Noregi en þar störfuðu 6 manns árið 2004 og nam rekstrarkostnaður 4,2 milljónum norskra króna, en þar af voru 64% laun. Menntamálaráðuneytið telur að reikna megi með 3–4 starfsmönnum hjá útvarpsréttarnefnd að lágmarki, auk þess sem reikna megi með hærri þóknun til nefndarmanna vegna aukinnar vinnu, kaupum á sérfræðivinnu, auknum kostnað við erlent samstarf og almennt auknum rekstrarkostnaði nefndarinnar frá því sem hefur verið. Fjármálaráðuneytið telur að miðað við framangreindan starfsmannafjölda gæti áætlun menntamálaráðuneytisins um 45–50 m.kr. rekstrarkostnað nefndarinnar á ári vel staðist. Nefndin hefur haft aðstöðu og ákveðna þjónustu hjá aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins þannig að ef henni yrði útveguð aðstaða annars staðar er líklegt að árlegur kostnaður ykist og einhver upphafskostnaður bættist við svo sem vegna búnaðar. Útgjöld útvarpsréttarnefndar hafa numið að meðaltali 3,7 m.kr. á ári síðustu þrjú ár og fjárheimild í fjárlögum 2006 er 9,6 m.kr. Samkvæmt framangreindu má reikna með að viðbótarútgjöld vegna nefndarinnar nemi að lágmarki 39–44 m.kr. á ári.

Til viðbótar þessu er nefndinni ætlað að fylgjast grannt með fjölmiðlanotkun með því að gera eigin úttektir eða kaupa þær að. Samkvæmt upplýsingum sem menntamálaráðuneytið fékk hjá IMG Gallup er unnið að því að gera mælingar á notkun ljósvakamiðla nákvæmari en til þessa og telur fyrirtækið að árlegur kostnaður verði 80–100 m.kr. Menntamálaráðuneytið slær á að hluti útvarpsréttarnefndar í kostnaði við slíkar mælingar muni nema um 25 m.kr. á ári auk 5 m.kr. kostnaðar við mælingar á lestri dagblaða. Fjármálaráðuneytið hefur ekki haft ráðrúm til að gera sjálfstæða athugun á þessu mati.

Í kostnaðaráætlun menntamálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 5 m.kr. árlegum kostnaði hjá Samkeppnisstofnun og bent á að reikna megi með auknum lögfræðikostnaði vegna frumvarpsins þar sem reynt getur á úrskurði útvarpsréttarnefndar í ýmsum málum. Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta kostnaðarauka vegna þessa af meiri nákvæmni.

Í samræmi við framangreindar forsendur er niðurstaðan sú að reikna megi með því að frumvarpið auki árleg útgjöld ríkissjóðs um að minnsta kosti 74–79 m.kr. verði það óbreytt að lögum. Gert er ráð fyrir að útgjöld sem falla til vegna frumvarpsins á árinu 2006 verði greidd af fjárveitingum á fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins og að útgjöld á komandi árum rúmist innan þeirra marka sem langtímaáætlun í ríkisfjármálum setur ráðuneytinu í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnarinnar í ríkisfjármálum.

Eftirfarandi fylgigögn voru með frumvarpinu:
Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, apríl 2006.
Skýrsla Sigurðar Líndals, 10. apríl 2006.
Skýrsla Stefáns Geirs Þórissonar hrl., 6. apríl 2006.

1208. Nefndarálit [771. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Ernu Guðmundsdóttur frá BSRB, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Baldur Kristjánsson formann nefndar sem samdi skýrslu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi, Þórð Sveinsson lögfræðing frá Persónuvernd, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá SA og Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun. Auk þess bárust nefndinni umsagnir um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, gildi að meginstefnu til um ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands. Með lögum nr. 19/2004 sem breyttu lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins var því frestað að láta umrædda reglugerð taka til ríkisborgara greindra ríkja. Í samningaviðræðum um aðild þessara ríkja, auk Möltu og Kýpur sem undanþágan í lögum nr. 19/2004 náði ekki til, var gert ráð fyrir að sömu reglur kæmu til með að gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu en hins vegar þótti nauðsynlegt að semja um ákveðna aðlögun. Vert er að taka fram að þegar aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu reglur um frjálsa för launafólks er ekki ætlast til að settar verði strangari takmarkanir síðar nema ef um röskun eða fyrirsjáanlega röskun á innlendum vinnumarkaði verði að ræða. Í þeim tilvikum getur EES/EFTA-ríki farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún fresti beitingu 1.–6. gr. reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins að hluta eða öllu leyti í takmarkaðan tíma með það að markmiði að endurheimta eðlilegt ástand.

Lögð er til breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Verði frumvarpið að lögum verður launamanni sem er ríkisborgari einhvers framangreindra ríkja heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og nýtur hann þá sama forgangs til starfa hér á landi og Íslendingar. Atvinnurekendur munu þó þurfa að tilkynna til Vinnumálastofnunar hyggist þeir ráða ríkisborgara þessara ríkja til starfa. Því má segja að farinn sé einhvers konar millivegur, þ.e. ríkisborgurum nýrra Evrópusambandsríkja verður veitt heimild til að koma hingað til starfa án atvinnuleyfa en þó með ákveðnum skráningarskilyrðum.

Tilkynningu til Vinnumálastofnunar skal fylgja afrit af ráðningarsamningi sem tryggir launamanni laun og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum og íslenskum lögum. Telji Vinnumálastofnun að misbrestur sé á því að lágmarkskjör séu virt getur stofnunin haft samband við atvinnurekanda og viðkomandi stéttarfélag. Stofnunin mun halda skrá yfir þá ríkisborgara áðurnefndra ríkja sem hingað koma til starfa og getur stofnunin lagt dagsektir á at-

vinnurekendur til að tryggja að tilkynningarskyldan verði virt. Þá ber Vinnumálastofnun að afhenda stéttarfélagi afrit af ráðningarsamningi liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi. Meiri hlutinn tekur undir það sem kom fram í einni umsagna, þ.e. að skráningarferli verði einfalt og aðgengilegt og að æskilegt sé að atvinnurekandi geti skráð nýjan starfsmann með rafrænum hætti.

Samkvæmt frumvarpinu verður Vinnumálastofnun heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöldum eða lögreglu upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga. Er þessi heimild mikilvæg til að árétta mikilvægi þess að opinberar stofnanir stuðli að því að farið sé að lögum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Þá er veitt heimild til samkeyrslu upplýsinga Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda svo hægt sé að hafa eftirlit með því að þeir sem koma hingað til starfa hafi til þess tilskilin leyfi. Um var rætt í nefndinni hvort 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um samkeyrslu upplýsinga gengi lengra en ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gera ráð fyrir. Nefndinni barst umsögn frá Persónuvernd þar sem stofnunin gerir athugasemdir þess efnis að heimild frumvarpsins sé mjög víðtæk og telur stofnunin vafa leika á um það hvort umrætt ákvæði sé þannig úr garði gert að gætt sé meðalhófs. Er í umsögninni vísað til ákvæða 1.–3. mgr. 7. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að þrengja umrædda heimild til samkeyrslu upplýsinga en gerð er grein fyrir henni í lok álits þessa. Vill meiri hlutinn benda á tilgang 2. mgr. 2. gr. sem er sá að halda úti virku eftirliti með því að þeir sem hér dvelja og starfa fari að gildandi reglum. Það er skilningur meiri hlutans að þessar upplýsingar megi ekki nota í öðrum tilgangi en sem samrýmist markmiðum laganna.

Við umfjöllun málsins var rætt um aðstæður innflytjenda á Íslandi, einkum stöðu þeirra á vinnumarkaði og hvort upp gætu komið svipuð vandamál hér á landi og hafa komið upp nýverið í Frakkland og Þýskalandi. Ljóst þykir að innflytjendur standa oft höllum fæti á vinnumarkaði, m.a. vegna tungumálaörðugleika og skorts á menntun. Hins vegar koma einnig hingað til lands vel menntaðir einstaklingar sem ekki fá störf í samræmi við menntun. Innflytjendaráði sem stofnað var í nóvember 2005 er ætlað að virkja til samstarfs alla helstu hagsmunaðila á sviði þessa málaflokks en nefnd um aðgerðir til að tryggja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi lagði til að ráðið yrði stofnað. Nefndin skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í apríl 2005 og lagði til að innflytjendaráð yrði ríkisstjórninni til ráðuneytis við mótun stefnu í málefnum innflytjenda. Ráðið hefur notað tímann frá stofnun þess til að fara yfir stöðu innflytjendamála og leggja drög að framkvæmdaáætlun. Meðal annars hefur verið rætt um að innflytjendur fái við komuna til landsins nauðsynlegustu upplýsingar í formi bæklings sem yrði þýddur á tíu tungumál. Í skýrslu framangreindrar nefndar kemur fram að innflytjendum hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförnum árum og er þar jafnframt gengið út frá svokallaðri gagnkvæmri aðlögun. Með því er átt við að þeim útlendingum sem hingað koma verði auðveldað að semja sig að siðum og venjum Íslendinga, t.d. með aðgangi að tungumálanámskeiðum og fræðslu um helstu þætti samfélagsins, svo sem menningu. Hins vegar verði um leið að viðurkenna að innflytjendur rækti siði og venjur menningar sinnar, rækti tengsl við heimaland sitt og fólk sitt hérlendis sem erlendis. Í lokaorðum skýrslunnar kemur fram að íslenskt samfélag ætti að leggja í það metnað að aðlögun innflytjenda takist vel og að þótt opinberir aðilar verði að hafa þar hönd í bagga verði hin raunverulega aðlögun fyrst og fremst sjálfsprottin.

Meiri hlutinn leggur á það áherslu að mótuð verði stefna í málefnum innflytjenda og að gerð verði framkvæmdaáætlun á grundvelli þeirrar stefnu. Áætlunin verði jafnframt kynnt félagsmálanefnd fyrir 1. október 2006.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að þau lágmarkskjör sem gilda á íslenskum vinnumarkaði gilda um ríkisborgara þeirra ríkja sem frumvarp þetta gildir um. Meiri hlutinn væntir þess að með þessari opnun muni atvinnurekendur síður þurfa að nýta sér þjónustu starfsmannaleigna og því ætti frumvarpið að ýta undir beinar ráðningar, þ.e. milli atvinnurekanda og launamanns.

Gert hefur verið samkomulag um að félagsmálaráðherra skipi starfshóp þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins eigi sæti. Þar skal farið yfir stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Starfshópurinn skal skila áliti og tillögum fyrir 1. nóvember nk. og er honum ætlað að koma með tillögur um hvernig unnt sé að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar verði til um útlendinga sem eru að störfum hér. Meðal annars verður skoðað hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Jafnframt skal starfshópurinn kanna hvaða leiðir séu færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði. Tilkynning um hlutverk starfshópsins er fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að starfshópurinn skili á tilsettum tíma og bindur vonir við að starf hans styrki vinnumarkaðinn almennt þannig að grundvallarréttindi launafólks verði betur varin.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. málsl. 2. efnismgr. 2. gr. bætist: í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekendur sem hafa ráðið útlendinga til starfa hafi farið að lögum þessum enda sé um að ræða afmörkuð verkefni en ekki viðvarandi samkeyrslu.

Magnús Þór Hafsteinsson er andvígur áliti þessu.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Jóhanna Sigurðardóttir, Jóhann Ársælsson og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 26. apríl 2006.

Dagný Jónsdóttir, form., frsm.	Gunnar Örlygsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Ingvi Hrafn Óskarsson.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Birkir J. Jónsson.		Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Hlutverk starfshóps um atvinnuréttindi útlendinga.

Félagsmálaráðherra hefur haft samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins við samningu frumvarpsins. Var jafnframt samkomulag um að ráðherra feli starfshópi, þar sem fulltrúar stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins munu eiga sæti, að fara yfir málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Markmiðið með yfirferðinni er að fara yfir stöðu útlendinga sem starfa hér á landi, þar á meðal þeirra er starfa á grundvelli þjónusturéttarins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en mikilvægt er að fjölgun erlendra fyrirtækja og útlendinga raski ekki þeim reglum og samskiptahefðum sem hafa mótast á íslenskum vinnumarkaði. Þar á meðal að ráðningarsamningar starfsmanna beint við vinnuveitendur sína verði áfram ríkjandi ráðningarform hér á landi. Meðal annars verði skoðað hvort ástæða sé til að styrkja það vinnumarkaðskerfi sem fyrir er til að tryggja að erlent starfsfólk njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Er starfshópnum ætlað að meta hvort ástæða sé til að setja ítarlegri reglur um tilkynningarskyldu þjónustuveitanda sem kemur með starfsmenn sína hingað til lands. Enn fremur er starfshópnum ætlað að koma fram með tillögur til félagsmálaráðherra um hvernig bæta megi framkvæmdina innan stjórnkerfisins í því skyni að tryggja að útlendingar dvelji og starfi hér á landi með lögmætum hætti og að áreiðanlegar upplýsingar um útlendinga sem eru að störfum hér á landi verði til. Jafnframt að kanna hvaða leiðir eru færar til að auka upplýsingagjöf og aðstoð við erlent starfsfólk sem starfar hér. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili ráðherra áliti sínu og tillögum fyrir 1. nóvember 2006.

1209. Breytingartillögur [771. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ögmundi Jónassyni,
Jóhanni Ársælssyni og Valdimar L. Friðrikssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „1. maí 2006“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: 1. janúar 2007.
2. 3. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „1. maí 2006“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: 1. janúar 2007.
3. Við bætist nýr kafli, III. kafli, **Breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga,** með einni grein er orðist svo:
   Í stað orðanna „1. maí 2006“ í ákvæði til bráðabirgða við lögin kemur: 1. janúar 2007.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

1210. Frumvarp til laga [792. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við 2. málsl. 2. gr. laganna bætist: að undanskilinni 34. gr.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggður er sá sem hefur verið búsettur á Íslandi, sbr. I. kafla A, a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta skv. 1. mgr. 43. gr. er óskað úr sjúkratryggingum, sbr. 3. mgr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum fyrir þá sem flutt hafa búsetu sína til Íslands þótt sex mánaða búsetuskilyrðinu sé ekki fullnægt.

Börn yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratrygging samkvæmt lögum þessum tekur til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem ákveðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., tekur til eftirfarandi styrkja.
b. Í stað orðsins „Styrk“ í a–c- og e–f-lið 1. mgr. kemur: Styrks, og í stað orðsins „Ferðastyrk“ í d-lið sömu málsgreinar kemur: Ferðastyrks.
c. Í stað orðanna „Þá skal Tryggingastofnun greiða kostnað“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratrygging tekur til kostnaðar.

4. gr.

Við 34. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., tekur til heilsugæsluþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Til viðbótar því sem þegar er upptalið í 33.–35. gr. tekur sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., til eftirfarandi, svo sem hér segir.
b. Í stað orðanna „Almenna læknishjálp“ í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. kemur: Almennrar læknishjálpar.
c. Í stað orðanna „Nauðsynlegar rannsóknir og meðferð“ í 1. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: Nauðsynlegra rannsókna og meðferðar, og í stað orðanna „samningar skv. 39. gr. taka til“ í sama málslið kemur: starfa samkvæmt samningum skv. 39. gr.

d. Í stað orðanna „Lyf“ í 1. málsl. c-liðar, „Sjúkradagpeningar“ í d-lið, „Aðstoð“ í e-lið, „Tannlækningar“ í f-lið, „Óhjákvæmilegan ferðakostnað“ í g-lið og 1. málsl. i-liðar, „Óhjákvæmilegan flutningskostnað“ í 1. málsl. h-liðar og „Hjúkrun“ í j-lið 1. mgr. kemur: Lyfja, Sjúkradagpeninga, Aðstoðar, Tannlækninga, Óhjákvæmilegs ferðakostnaðar, Óhjákvæmilegs flutningskostnaðar, og: Hjúkrunar.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðir fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, samkvæmt samningum, sbr. 39. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kostnaður við sjúkratryggingu, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðist úr ríkissjóði, að frádregnum sjúklingahluta sem ákveðinn er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim.
b. Í stað orðsins „sjúkratryggingarinnar“ í 2. mgr. kemur: þess hluta sjúkratryggingar sem Tryggingastofnun ríkisins annast.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpi þessu tengjast aðgerðum sem grípa þurfti til 1. apríl 2006, í framhaldi af því að sérfræðingar í hjartalækningum sögðu sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Samningurinn tekur til verka sem unnin eru á einkastofum sérfræðinga í hjartalækningum sem taka verktakagreiðslur fyrir unnin verk, en Tryggingastofnun ríkisins sér um greiðslur til verktakanna. Sérfræðingar í hjartalækningum sögðu sig frá samningnum með umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti og tók uppsögnin gildi 1. apríl 2006. Samningaviðræður hafa verið við sérfræðinga í hjartalækningum um þjónustu þeirra en þær hafa ekki leitt til áframhaldandi samninga. Tveir samningar eru í gildi við sérgreinalækna, annar við sérfræðinga í bæklunarlækningum og hinn við aðra sérgreinalækna, og gilda þeir til 31. mars 2008. Þær aðgerðir sem grípa þurfti til 1. apríl voru að beina sjúklingum á heilsugæslustöðvar og til heimilislækna sem síðan gáfu út beiðnir ef sjúklingar þurftu á þjónustu sérfræðinga í hjartalækningum að halda. Ekki verður um greiðsluþátttöku ríkisins að ræða nema slík beiðni liggi fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðum laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, verði breytt þannig að sjúkratrygging samkvæmt lögum um almannatryggingar sé skilgreind þannig að hún taki til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem veitt sé á kostnað ríkisins samkvæmt lögum eða reglugerðum eða með greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum. Einnig er aldursmarki barna sem eru sjúkratryggð með foreldrum sínum breytt úr 16 ára í 18 ára. Aðrar breytingar á ákvæðum laganna leiða af framangreindum breytingum og fela ekki í sér efnislegar breytingar á rétti sjúkratryggðra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 32. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, verði breytt þannig að sjúkratrygging samkvæmt lögum um almannatryggingar sé skilgreind þannig að hún taki til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem veitt sé á kostnað ríkisins samkvæmt lögum eða reglugerðum eða með greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum. Ákvæði 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, hefur verið túlkað með þeim hætti að sjúkratrygging feli eingöngu í sér þjónustu sérgreinalækna þegar í gildi er samningur um slíka þjónustu milli ríkisins og sérgreinalækna. Frumvarpinu er ætlað að skjóta styrkari stoð undir þá túlkun að eingöngu sé um niðurgreiðslu af hálfu ríkisins að ræða að samningur við viðkomandi lækni sé fyrir hendi. Einnig er aldursmark barna sem eru sjúkratryggð með foreldrum sínum breytt úr 16 árum í 18 ár. Samkvæmt upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er það til samræmis við raunverulega framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt reglugerðum þar um frá því að lögræðisaldur var hækkaður.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er.

1211. Svar [762. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um þróun áfengisgjalds.

1. *Hver hefur þróun áfengisgjalds verið frá árinu 1995 að nafnvirði og raungildi á:*
   a. *sterku áfengi,*
   b. *léttvíni,*
   c. *bjór?*

Í eftirfarandi töflu er að finna þróun áfengisgjalds frá árinu 1995 til 2005 að nafnvirði og raungildi. Við mat á raungildi er miðað við vísitölu neysluverðs.

Áfengi	Þróun að nafnvirði	Þróun að raungildi
Sterkt áfengi	17,1%	-14,4%
Léttvín	-11,2%	-36,2%
Bjór	0,0%	-29,0%

2. *Hver hefur hækkun vísitölu neysluverðs verið á sama tíma?*

Frá árinu 1995 til 2005 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 40,9%.

3. *Hefur þróun áfengisgjalds endurspeglast í útsöluverði áfengis á sama tíma, að teknu tilliti til gengisþróunar?*

Frá árinu 1995 hefur áfengisgjaldinu verið breytt þrívegis. Árið 1998 lækkaði áfengisgjald á léttvíni um 11,2% en áfengisgjald á bjór var óbreytt. Þá var áfengisgjald á sterku áfengi lækkað um 2,1% en gerðar voru breytingar á gjaldtökunni þannig að áfengisgjald var lagt á allt vínandamagn í viðkomandi drykk en það leiddi til lítillegrar hækkunar á útsöluverði á sterku áfengi. Árið 2002 hækkaði áfengisgjald á sterku áfengi um 15,1% en áfengisgjald á léttvíni og bjór var óbreytt. Árið 2004 var áfengisgjald á sterku áfengi hækkað um 7% en áfengisgjald á léttvíni og bjór var óbreytt.

Á meðfylgjandi mynd kemur fram hvernig útsöluverð á áfengum bjór, léttvíni og sterku áfengi hefur þróast á tímabilinu frá janúar 1995 til apríl 2006. Að baki liggja upplýsingar frá Hagstofu Íslands og miðað er við útsöluverð sé 100 í janúar 1995. Á myndinni er einnig að finna þróun á vísitölu meðalgengis fyrir viðkomandi tímabil og vísitölu neysluverðs.



Þær breytingar sem gerðar hafa verið á áfengisgjaldinu sjálfu, þ.e. á árunum 1998, 2002 og 2004, koma nokkuð glöggt fram á myndinni í samsvarandi breytingum á útsöluverði. Á hinn bóginn vekur nokkra athygli hversu lítil áhrif veik staða erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni á undanförnum árum virðist hafa á verðmyndun áfengis, en á móti þeim vega óhjákvæmilega innlend kostnaðaáhrif sem endurspeglast að miklu leyti í þróun vísitölu neysluverðs.

1212. Frumvarp til laga [793. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Frá tekjuskattsstofni skv. 2. tölul. og b-lið 3. tölul. 61. gr. vegna rekstrarársins 2005 er heimilt að draga fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 49. gr., sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005 og dreifa þeirri fjárhæð jafnt til skattlagningar á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008.

Frestun tekjufærslu skv. 1. mgr. kemur því aðeins til greina að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu og að eigi hafi verið nýttar hlutfallslega lægri fyrningar skv. 37. gr. og niðurfærslur skv. 3. og 4. tölul. 31. gr. á rekstrarárinu 2005 en rekstrarárið 2004.

Félag sem tekur þátt í samsköttun skv. 55. gr. getur því aðeins frestað tekjufærslu skv. 1. mgr. að samnýtanlegt rekstrartap samsköttunarfélaganna hafi verið jafnað.

Heimild til frestunar tekjufærslu skv. 1. mgr. tekur ekki til fjármálafyrirtækja sem stunda starfsemi sem fellur undir 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árunum 2006, 2007, 2008 og 2009 á tekjur rekstraráranna 2005, 2006, 2007 og 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði bætt ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verði á um að fyrirtækjum, sem eru með tekjufærslu gengishagnaðar að frádregnu gengistapi af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli á rekstrarárinu 2005, verði heimilt að draga frá tekjuskattsstofni rekstrarársins 2005 fjárhæð sem nemur fyrrgreindri tekjufærslu, allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af við álagningu á árinu 2006, og dreifa henni jafnt á næstu þrjú rekstrarár á eftir, þ.e. á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008.

Í lok árs 2001 var samþykkt á Alþingi viðamikil breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lögum, með afnámi verðbólguleiðréttinga í skattskilum og reikningsskilum, með það að markmiði að laga okkar kerfi að kerfum annarra ríkja. Verðbólguleiðréttingar skattskila höfðu tíðkast hér á landi í rúmlega tvo áratugi, eða aftur til ársins 1980. Fyrir lá að verðbólguleiðréttingar skattalaga höfðu haft umtalsverð áhrif til sveiflujöfnunar á níunda áratugnum á tímum þegar verðbólgan náði áður óþekktum hæðum, eins og árin 1982 og 1983. Veik staða íslensku krónunar með síendurteknum gengisfellingum átti stóran þátt í þessari þróun. Þannig var verðbreytingarstuðull fyrir rekstrarárið 1983 liðlega 72% eftir að hafa verið vel yfir 50% tvö næstu rekstrarár á undan. Í kjölfarið dró verulega úr verðbólgunni og á tíunda áratugnum nam hún að jafnaði nálægt 5%. Árið 1999 var hún orðin innan við 2%. Við þær aðstæður var ekki lengur talin þörf á að viðhalda þessum verðleiðréttingum enda kostuðu þær fyrirtækin umtalsverða vinnu og tilheyrandi útgjöld. Auk þess var allur samanburður við reikningsskil erlendra fyrirtækja ómarktækur þar sem ekkert af helstu viðskiptalöndum okkar hafði séð ástæðu til að taka upp árlegar verðleiðréttingar á sama hátt og við. Vaxandi alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja kallaði einnig á samræmingu í reikningsskilum við önnur lönd.

Í ljósi reynslunnar þótti hins vegar nauðsynlegt samhliða afnámi verðleiðréttra skattskila að skapa íslenskum atvinnurekstri svigrúm til sveiflujöfnunar með öðrum hætti. Það var gert með auknum sveigjanleika í fyrningum varanlegra rekstrarfjármuna auk þess sem heimildir til yfirfærslu á eftirstöðvum rekstrartapa vegna fyrri ára voru auknar úr átta árum í tíu ár. Þessar breytingar voru einnig liður í því að færa íslenskt skattkerfi nær því sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Sterk staða krónunnar hefur á undanförnum árum óhjákvæmilega haft áhrif á afkomu útflutningsfyrirtækja, ekki síst þeirra sem eru mjög skuldsett. Annars vegar hefur hún skert tekjuhlið þeirra vegna þess að færri krónur fást fyrir sama magn afurða en áður. Hins vegar, hafi umrædd fyrirtæki skuldsett sig með erlendum lánum, er þeim skylt miðað við gildandi skattareglur að tekjufæra að fullu þann reiknaða gengishagnað sem lægra gengi myndar af

erlendum lánum og greiða af honum tekjuskatt, óháð því hversu mikið er greitt af viðkomandi lánum. Vari þetta ástand í nokkurn tíma, eins og nú hefur gerst hér á landi með samfelldri styrkingu á meðalgengi krónunnar allt frá árinu 2001, kunna að skapast ákveðnir greiðsluerfiðleikar hjá skuldsettum útflutningsfyrirtækjum vegna skattalegrar meðferðar á gengishagnaði þegar líður á tímabilið. Þannig hafa fyrirtækin væntanlega gengið á rekstrartöp vegna fyrri ára, jafnframt því sem þau hafa nýtt aukinn sveigjanleika í fyrningum á umræddu tímabili. Þessi þróun er meginástæða þeirrar tillögu sem er að finna í þessu frumvarpi um heimild til frestunar á tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með tekjuskattlagningu hennar á þessu ári til þriggja næstu ára eins og nánar er fjallað um í athugasemdum um 1. gr. frumvarpsins.

Sú þróun sem að framan er lýst hefur vakið upp þá spurningu hvort heppilegra væri að beita öðrum aðferðum varðandi skattalega meðferð gengisbreytinga en nú er gert. Ekki eru þó uppi áform um að hverfa aftur til fortíðar með því að taka upp á ný verðleiðrétt skattskil enda væri það á skjön við sívaxandi alþjóðavæðingu á öllum sviðum. Á hinn bóginn er eðlilegt að horft sé til annarra þjóða varðandi reglur á umræddu sviði. Sé litið til Norðurlandanna kemur í ljós að þau beita mjög mismunandi aðferðum. Í Danmörku er sem dæmi reglan sú að í stað þess að tekju- eða gjaldfæra allan þann gengismun sem verður á hvers kyns eignum og skuldum er einungis sá hluti hans sem fellur til eða er greiddur á árinu tekju- eða gjaldfærður í skattalegu uppgjöri og þar með skattlagður á árinu gagnstætt því sem gildir hér á landi. Þetta á þó ekki við um dönsk fjármálafyrirtæki sem beita sömu uppgjörsaðferð við skattskil á gengismun og íslensk fyrirtæki samkvæmt gildandi reglum. Þá ber þess að geta að dönsku reglurnar eiga ekki eingöngu við um gengisbreytingar á eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum, heldur um gengisbreytingar af ýmsu tagi, jafnt af innlendum sem erlendum toga. Norðmenn færa gengishagnað eða gengistap yfir á sérstakan gengisbreytingareikning sem lýtur sérstökum reglum varðandi tekju- eða gjaldfærslu í skattuppgjöri, á meðan sænsku reglurnar eru nær samhljóða þeim íslensku.

Á næstunni verða þessi mál skoðuð nánar, m.a. út frá því sjónarmiði hvort breyta beri skattalegri meðferð gengishagnaðar og gengistaps til framtíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að draga frá álagningarstofni tekjuskatts fyrir árið 2006 fjárhæð tekjufærslu gengishagnaðar að frádregnu gengistapi af hvers kyns eignum og skuldum í erlendum verðmæli vegna rekstrarársins 2005 sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tekjuskattur hefði reiknast af á árinu 2006 vegna rekstrarársins 2005 og dreifa jafnt á næstu þrjú rekstrarár á eftir, þ.e. á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008. Sem dæmi má taka fyrirtæki sem hefur 600 m.kr. í gengishagnað eftir að gengistap hefur verið dregið frá rekstrarafkomu ársins 2005. Sömu fyrningarhlutföll eru notuð á varanlega rekstrarfjármuni árið 2005 eins og á árinu 2004 og yfirfæranleg rekstrartöp vegna fyrri ára eru fullnýtt, sbr. 2. mgr. Að því gefnu að tekjuskattsstofninn hefði numið a.m.k. sömu fjárhæð, þ.e. 600 m.kr., hefði fyrirtækið þurft að greiða 18% tekjuskatt af umræddri fjárhæð á þessu ári, eða 108 m.kr. Verði þetta frumvarp að lögum verður heimilt að fresta þeirri skattgreiðslu, en tekjufærslan dreifist þá í jöfnum hlutföllum á rekstrarárin 2006, 2007 og 2008 og verður 200 m.kr. á ári. Árlegur tekjuskattur af þeirri fjárhæð verður að óbreyttu 36 m.kr. sem kemur til greiðslu á árunum 2007, 2008 og 2009. Hér er því eingöngu um tilfærslu í álagningu og greiðslu tekjuskatts að ræða til hagræðis fyrir mikið skuldsett útflutningsfyrirtæki sem jafnframt hafa orðið fyrir áföllum vegna sterkrar stöðu krónunnar á undanförnum árum.

Í 2. mgr. er sett það skilyrði fyrir frestun á tekjufærslu gengishagnaðar skv. 1. mgr. að yfirfæranlegt tap hafi verið jafnað að fullu, bæði vegna rekstrarársins 2005 og fyrri ára, og að fyrningarhlutföll varanlegra rekstrarfjármuna séu þau sömu og fyrir rekstrarárið 2004. Í dæminu hér að framan er miðað við að fyrirtækið hafi verið með jákvæða afkomu fyrir gengisfærslur á rekstrarárinu 2005 sem þýðir að heimilt er að fresta allri tekjufærslunni sem hefði að öðrum kosti komið til skattlagningar á árinu 2006. Hefði afkoma fyrirtækisins hins vegar verið neikvæð á árinu 2005, t.d. um 300 m.kr., ber fyrirtækinu að jafna þeirri fjárhæð á móti tekjufærslunni áður en til frestunar kemur. Miðað við þær forsendur skapast möguleiki til að dreifa 300 m.kr. tekjufærslu á þrjú ár, eða 100 m.kr. á ári, en ekki 200 m.kr. árlega eins og í dæminu í 1. mgr.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að hlutafélög sem skattlögð eru saman geti því aðeins frestað tekjufærslu gengishagnaðar að samnýtanlegt rekstrartap þeirra hafi verið jafnað.

Megintilgangur frumvarpsins er sá að koma til móts við þá rekstraraðila sem hafa orðið fyrir áföllum vegna styrkrar stöðu krónunnar í óvenjulangan tíma. Heimild til frestunar skattlagningar gengishagnaðar umfram gengistap er því fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra rekstraraðila sem hafa fjármagnað þörf sína fyrir varanlega rekstrarfjármuni sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstrinum, svo og aðra fjárþörf rekstrarins vegna kaupa á aðföngum, með erlendum lánum. Í 4. mgr. er því lagt til að heimildin nái ekki til fjármálafyrirtækja sem stunda starfsemi sem fellur undir eftirlitsskylda starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Starfsemi þessara fyrirtækja er í meginatriðum fólgin í því að taka við fjármagni frá einstaklingum og lögaðilum annaðhvort með innlánum eða skuldabréfaútgáfu og ávaxta þá með þeim hætti að gefa út og/eða kaupa verðbréf eða stunda annars konar fjármálastarfsemi og er því mjög frábrugðin starfsemi hefðbundinna framleiðslufyrirtækja. Hér er um að ræða viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, rafeyrisfyrirtæki, vátryggingafélög, félög og einstaklinga sem stunda vátryggingamiðlun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóði og rekstrarfélög verðbréfasjóða, kauphallir, verðbréfamiðstöðvar og aðra aðila sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánum, svo sem innlánsdeildir samvinnufélaga. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til annarra fyrirtækja en þeirra sem skilgreind eru skv. 2. gr. laga nr. 87/1998. Ákvæðið tekur þar af leiðandi ekki til eignarhaldsfélaga sem stofnuð eru um fjárfestingar í verðbréfum í eigin nafni og falla utan eftirlits Fjármálaeftirlitsins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila að fresta tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á þá tekjufærslu vegna rekstrarársins 2005. Jafnframt verði tekjufærslunni dreift jafnt á næstu þrjú rekstrarár. Hér er um að ræða frestun á tekjufærslu gengismunar og þar með frestun á skattgreiðslu í ríkissjóð. Frestunin leiðir til

einhvers vaxtataps fyrir ríkissjóð vegna skattfrestunarinnar, en ekki eru forsendur til að meta fjárhæðir í því sambandi fyrr en álagning liggur fyrir. Framkvæmd álagningar verður eitthvað flóknari fyrir skattkerfið en talið er að stjórnsýslukostnaður aukist þó ekki sem neinu nemi og rúmist innan fjárheimilda þess.

1213. Frumvarp til laga [794. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðast svo: til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
b. Í stað orðanna „og 7. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
c. Í stað orðanna „6. tölul.“ í 4. mgr. kemur: 6. og 8. tölul.

2. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: af bifreiðum sem skráðar eru í ökutækjaskrá sem ökutæki til sérstakra nota skv. 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra af bifreiðum sem eru allt að 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd skal vera hið sama og innheimt er af bifreiðum sem eru 5.000–6.000 kg að leyfðri heildarþyngd.

3. gr.

Í stað „3. mgr.“ í 1. málsl. 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: 4. mgr.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 126/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. lög nr. 136/2005, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 13. gr. laganna skal fjárhæð sérstaks kílómetragjalds vera sem hér segir frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Sérstakt kílómetragjald, kr.
5.000–6.000	8,45	18.001–19.000	22,31
6.001–7.000	9,14	19.001–20.000	23,32
7.001–8.000	9,84	20.001–21.000	24,33
8.001–9.000	10,54	21.001–22.000	25,34
9.001–10.000	11,23	22.001–23.000	26,35
10.001–11.000	12,22	23.001–24.000	27,36
11.001–12.000	13,52	24.001–25.000	28,37
12.001–13.000	14,82	25.001–26.000	29,38
13.001–14.000	16,11	26.001–27.000	30,39
14.001–15.000	17,41	27.001–28.000	31,40
15.001–16.000	18,71	28.001–29.000	32,41
16.001–17.000	20,00	29.001–30.000	33,42
17.001–18.000	21,30	30.001–31.000	34,43
		31.001 og yfir	35,44

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/2005, um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., var lögfest tímabundin lækkun á fjárhæð olíugjalds um 4 kr. frá 1. júlí 2005 til 31. desember 2005, eða úr 45 kr. í 41 kr. á hvern lítra af gjaldskyldri olíu. Með lögum nr. 126/2005, um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum, var sú tímabundna lækkun framlengd til 1. júlí 2006. Eins og fram kom í greinargerð með framangreindum frumvörpum var markmið þessarar tímabundnu lækkunar að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni.

Eitt af meginmarkmiðum laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., er að innbyrðis samræmis sé gætt í skattlagningu á dísilolíu og bensíni þannig að dísilknúnar fólksbifreiðar verði álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til og að sambærilegar rekstrarforsendur eigi við hvort sem bifreið er dísil- eða bensínknúin. Verð á dísilolíu á heimsmarkaði er enn óvenjuhátt í samanburði við heimsmarkaðsverð á bensíni og áfram ríkir óvissa um það hvernig heimsmarkaðsverð á dísilolíu og bensíni mun þróast innbyrðis á næstu mánuðum. Með vísan til þessa ástands er því með frumvarpi þessu lagt til að hin tímabundna lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár, eða fram til 31. desember 2006. Sömu tillögu er að finna í frumvarpinu varðandi sérstaka kílómetragjaldið til samræmis við olíugjaldið.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að björgunarsveitum verði heimilt að nota litaða gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín en í staðinn greiði þær sérstakt kílómetragjald af akstri þeirra. Við upptöku olíugjalds jukust álögur á starfsemi björgunarsveita vegna reksturs dísilbifreiða nokkuð frá því sem var í þungaskattskerfinu, enda er olíueyðsla þessara farartækja oftar en ekki í litlu samræmi við ekna kílómetra. Þessari tillögu er ætlað að draga úr þeim álögum þannig að kostnaður björgunarsveitanna verði svipaður og hann var fyrir upptöku olíugjaldsins, þ.e. í formi þungaskatts. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra var álagður þungaskattur á farartæki í eigu björgunarsveita tæpar 6 m.kr. á árinu 2004.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu á bifreiðar í eigu björgunarsveita enda hafi þær verið skráðar til sérstakra nota í ökutækjaskrá. Fyrir gildstöku laganna var meiri hluti bifreiða þeirra búinn ökumæli og þungaskattur greiddur í samræmi við hvern ekinn kílómetra. Björgunarsveitarbílum er almennt ekki ekið mikið en um er að ræða stórar og eyðslufrekar bifreiðar sem oft eru á ferð við erfiðar aðstæður og þunga færð langtímum saman. Ferðahraði við þær aðstæður er mjög lítill en olíueyðsla að sama skapi mjög mikil. Gert er ráð fyrir að þær bifreiðar sem skráðar verða til sérstakra nota í ökutækjaskrá greiði sérstakt kílómetragjald. Með þessu móti verður kostnaður björgunarsveitanna lægri en miðað við núgildandi reglur um olíugjald, eða svipaður og hann var í formi þungaskatts fyrir upptöku olíugjaldsins.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bifreiðar í eigu björgunarsveita sem skráðar verða sem ökutæki til sérstakra nota í ökutækjaskrá greiði sérstakt kílómetragjald.

Um 3. gr.

Með greininni er lögð til leiðrétting á tilvísun í lagatexta.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að framlengd verði tímabundin lækkun á verði á gjaldskyldri olíu í 41 kr. á hvern lítra. Áætlað er að þessi lækkun hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði 250 m.kr. lægri en ella hefði orðið á árinu 2006 miðað við að sala á gjaldskyldri dísilolíu verði sú sama og hún var á síðari hluta ársins 2005.

Um 5. gr.

Með lögum nr. 136/2005 var tekið upp sérstakt kílómetragjald á bifreiðar til sérstakra nota sem kemur í raun í staðinn fyrir olíugjald, svo og kílómetragjald á bifreiðar yfir 10 tonnum. Í ákvæði til bráðabirgða með lögunum var að finna tímabundna lækkun á sérstaka kílómetragjaldinu fram til 1. júlí 2006 til samræmis við olíugjaldið. Hér er lagt fram að sú tímabundna lækkun verði framlengd um hálft ár, eða til 31. desember 2006, til þess að jafnræðis sé gætt í skattlagningu þeirra ökutækja sem greiða olíugjald og þeirra sem greiða sérstakt kílómetragjald. Þessi breyting er talin hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs á árinu 2006.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Með lagafrumvarpi sem samþykkt var á vorþingi Alþingis árið 2005 var olíugjald lækkað tímabundið um 4 krónur á tímabilinu frá 1. júlí til 31. desember 2005. Lækkunin var síðan framlengd til 1. júlí 2006 með frumvarpi sem afgreitt var á haustþinginu 2005. Markmiðið með þessari tímabundnu lækkun var að bregðast við óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði á dísilolíu samanborið við heimsmarkaðsverð á bensíni. Þar sem heimsmarkaðsverð á dísilolíu er ennþá óvenju hátt miðað við bensín er í þessu frumvarpi lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár til viðbótar eða fram til 31. desember 2006. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir sambærilegri framlengingu á lækkun svonefnds sérstaks kílómetragjalds á bifreiðar til sérstakra nota. Áætlað er að þessi lækkun hafi í för með sér að tekjur ríkissjóðs verði 250 m.kr. lægri en ella hefði orðið á árinu 2006 miðað við að sala á gjaldskyldri dísilolíu verði sú sama og hún var á síðari hluta ársins 2005. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

1214. Frumvarp til laga [771. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 19/2004, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum, að því er varðar atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands, skal atvinnurekandi sem hefur ráðið þá til starfa tilkynna um það til Vinnumálastofnunar fram til 1. maí 2009 samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 10. og 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 á tímabilinu.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Meðferð upplýsinga.

Fái Vinnumálastofnun upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn íslenskum lögum og reglum er stofnuninni heimilt að afhenda hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi eða lögreglu, eftir atvikum, upplýsingarnar.

Heimilt er við vinnslu upplýsinga að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu og skattyfirvalda í þeim tilgangi að kanna hvort atvinnurekendur sem hafa ráðið útlendinga til starfa hafi farið að lögum þessum enda sé um að ræða afmörkuð verkefni en ekki viðvarandi samkeyrslu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum, sbr. lög nr. 19/2004, orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 14. gr. skal atvinnurekandi tilkynna til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands eða Ungverjalands til starfa fram til 1. maí 2009. Í tilkynningunni skal koma fram nafn atvinnurekanda, kennitala og heimilisfang ásamt nafni útlendingsins, kennitölu og aðsetri hans hér á landi. Enn fremur skal fylgja tilkynningunni ráðningarsamningur sem tryggi útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Tilkynningin skal berast Vinnumálastofnun innan tíu virkra daga frá ráðningu. Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá framangreindum ríkjum til að starfa hér á landi.

Ef atvinnurekandi lætur hjá líða að senda Vinnumálastofnun tilkynningu skv. 1. mgr. getur stofnunin ákveðið að atvinnurekandi greiði dagsektir þar til tilkynning berst stofnuninni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. líta til fjölda starfsmanna sem atvinnurekandi lét hjá líða að tilkynna um og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til félagsmálaráðuneytis skv. 24. gr. frestar aðför.

Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem útlendingur skv. 1. mgr. starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggi fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

III. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2006.

1215. Lög [771. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1214.

1216. Nefndarálit [671. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Suður-Kóreu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunar-samtaka Evrópu (EFTA) og Lýðveldisins Suður-Kóreu sem undirritaður var í Hong Kong 15. desember 2006. Samningurinn kveður á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum landbúnaðarvörum. Þá inniheldur samningurinn ákvæði um þjónustuviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, opinber innkaup, samkeppnismál og úrlausn deilumála.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Bjarni Benediktsson.

1217. Nefndarálit [685. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Gísla Friðgeirsson frá Neytendastofu.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005 frá 11. mars 2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB frá 31. mars 2004 um mælitæki.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um mælitæki, þar á meðal um framleiðslu, markaðssetningu og áreiðanleika auk reglna um prófanir, vottanir og eftirlit með slíkum tækjum. Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn (þskj. 906, 620. mál) sem nú er til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jón Gunnarsson.		Bjarni Benediktsson.

1218. Nefndarálit [686. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Markmið gerðarinnar er að hvetja til frekari notkunar á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og er gert ráð fyrir að EES-ríkin setji sér markmið um að auka slíka raforkuframleiðslu.

Innleiðing gerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jón Gunnarsson.		Bjarni Benediktsson.

1219. Nefndarálit [687. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Þórhall Vilhjálmsson frá forsætisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera.

Tilskipunin mælir fyrir um lágmarkssamræmingu á reglum um notkun opinberra upplýsinga sem almenningi er heimill aðgangur að. Mælt er fyrir um lágmarksreglur um aðgang, meðferð umsókna, skilmála fyrir notkun upplýsinga, upplýsingaskyldu um rétthafa verndaðra verka, form, gjaldtöku, jafnræði o.fl. Þá er gert ráð fyrir að takmarkanir megi setja í þágu persónuverndar og friðhelgi einkalífs, höfundaréttar og lögverndar annarra hugverka.

Innleiðing gerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur forsætisráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996 (þskj. 1020, 690. mál) sem nú er til meðferðar í allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jón Gunnarsson.		Bjarni Benediktsson.

1220. Breytingartillaga [328. mál]

við frv. til l. um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Frá Atla Gíslasyni.

A-liður 1. gr. orðist svo: Höfundarétti og skyldum réttindum skv. 3. gr., 4. gr., 3. mgr. 11. gr., 25. gr. b, 45. gr., 46. gr. og 48.–52. gr. höfundalaga og 23. gr. a laga um verslunaratvinnu.

Greinargerð.

Breytingartillagan er gerð í tilefni af umsögn stjórnar Myndstefs um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum. Stjórn Myndstefs lýsti ánægju sinni með frumvarpið og taldi það fela í sér verulegar réttarbætur. Stjórnin gerði hins

vegar athugasemdir við úrræði til réttindagæslu á sviði hugverkaréttar og lagði áherslu á að frumvarpið tæki einnig til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum. Taldi stjórnin nauðsynlegt að gera þær breytingar sem þessi tillaga lýtur að.

Fram hefur komið að hér á landi hefur verið misbrestur á innheimtu fylgiréttargjalda, bæði hvað varðar listaverkasölu á frjálsum uppboðum og í listmunaverslunum. Myndstef hefur með vísan til almennra hegningarlaga og til höfundalaga reynt að fá embætti ríkislögreglustjóra til að rannsaka meint brot og eftir atvikum að gefa út ákæru á hendur þeim sem sannir verða að lögbrotum. Embætti ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara hafa ítrekað hafnað beiðnum Myndstefs. Hér er um alvarleg brot að ræða sem hafa staðið lengi og varða háar fjárhæðir. Er mjög erfitt og nánast ómögulegt að sanna þessi brot nema með rannsókn lögreglu á bókhaldi viðkomandi aðila og tengdum gögnum. Ber því nauðsyn til að lögfesta breytingu samkvæmt tillögu þessari. Er til lítils að lögfesta ákvæði um fylgiréttargjöld í höfundaréttarlöggjöf ef ekki er unnt að innheimta þau og bregðast við brotum á lögunum með viðeigandi hætti. Þess skal loks getið að Danir munu hafa lögfest sambærilegt ákvæði.

1221. Svar [717. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um vinnslu uppsjávarfisks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptist ráðstöfun uppsjávarfisks eftir verkunaraðferðum á árunum 1993 til þessa dags?

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar.

Í meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um ráðstöfun loðnu, síldar, kolmunna og makríls eftir verkunaraðferðum árin 1993 til dagsins í dag. Dregnir eru fram vinnsluflokkarnir frysting, sjófrysting, söltun, bræðsla, ísfiskur og annað fyrir hvert ár fyrir sig og hlutfall tegunda í hverjum vinnsluflokki.

Ráðstöfun uppsjávarafla á Íslandi frá og með árinu 1993 til 2006.

Tölur fyrir árið 2006 ná yfir janúar, febrúar og u.þ.b. helming marsaflans. Afli er í kg upp úr sjó.
Undir „annað" falla: ísað í flug, melta, hersla, gámar, innanlandsneysla og niðursuða.

	Frysting	Sjófryst	Söltun	Bræðsla	Ísfiskur	Annað	Samtals
1993							
Loðna	5.685.411			929.945.678	4.716.543	100.520	940.548.672
Hlutfall	0,60%			98,87%	0,50%	0,01%	100,00%
Síld	25.281.363	996.130	17.480.161	72.694.358	88.355	80.353	116.701.073
Hlutfall	21,66%	0,85%	14,98%	62,29%	0,08%	0,07%	100,00%
1994							
Loðna	21.277.832			720.478.580	6.728.646	4.250	748.493.558
Hlutfall	2,84%			96,26%	0,90%		100,00%
Síld	33.921.160		20.319.364	96.883.096		16.664	151.156.948
Hlutfall	22,44%		13,44%	64,09%		0,01%	100,00%

	Frysting	Sjófryst	Söltun	Bræðsla	Ísfiskur	Annað	Samtals
1995							
Kolmunni		9.328		359.500		0	368.828
Hlutfall		2,53%		97,47%			100,00%
Loðna	29.311.353	217.820		673.955.729	3.815.655	360	707.301.277
Hlutfall	4,14%	0,03%		95,29%	0,54%		100,00%
Síld	29.405.891		19.108.168	232.449.204	3.497.271	11.817	284.484.168
Hlutfall	10,34%		6,72%	81,71%	1,23%		100,00%
1996							
Kolmunni	11.717			501.710		0	513.427
Hlutfall	2,28%			97,72%			100,00%
Loðna	75.169.783			1.103.339.714		30	1.178.509.557
Hlutfall	6,38%			93,62%			100,00%
Síld	46.765.908	610.166	28.123.831	189.574.051	151.620	34.409	265.294.394
Hlutfall	17,63%	0,23%	10,60%	71,46%	0,06%	0,01%	100,00%
1997							
Kolmunni				10.479.898		0	10.479.898
Hlutfall				100,00%			100,00%
Loðna	94.041.333			1.213.247.744	5.313.741	1.021.250	1.314.645.318
Hlutfall	7,15%			92,29%	0,40%	0,08%	100,00%
Makríll					954.532	103	954.738
Hlutfall					99,98%	0,01%	100,00%
Síld	29.547.153	2.905.685	17.963.584	236.566.364	3.932.833	9.153	290.933.925
Hlutfall	10,16%	1,00%	6,17%	81,31%	1,35%		100,00%
1998							
Kolmunni		3.474.879		62.983.321	2.380.602	0	68.838.802
Hlutfall		5,05%		91,49%	3,46%		100,00%
Loðna	71.345.431	590.778		676.567.640		135	748.504.119
Hlutfall	9,53%	0,08%		90,39%			100,00%
Makríll	108.531	196.264		51.782		82	356.741
Hlutfall	30,42%	55,02%		14,52%		0,02%	100,00%
Síld	8.954.566	2.281.328	18.882.115	245.413.197	1.920.840	8.982	277.470.010
Hlutfall	3,23%	0,82%	6,81%	88,45%	0,69%		100,00%
1999							
Kolmunni		883.728	1.465	135.631.810	23.903.578	4.200	160.428.981
Hlutfall		0,55%		84,54%	14,90%		100,00%
Loðna	11.699.627			686.804.125	1.176.738	0	699.680.490
Hlutfall	1,67%			98,16%	0,17%		100,00%
Makríll	38.297	105.562				68	143.995
Hlutfall	26,60%	73,31%				0,05%	100,00%
Síld	13.776.585	1.135.431	19.802.923	263.790.941		300	298.506.480
Hlutfall	4,62%	0,38%	6,63%	88,37%			100,00%
2000							
Kolmunni	69.182	132.041		223.381.529	36.577.947	0	260.160.699
Hlutfall	0,03%	0,05%		85,86%	14,06%		100,00%
Loðna	15.512.545	159.327		868.171.340	1.014.386	0	884.857.598
Hlutfall	1,75%	0,02%		98,11%	0,11%		100,00%
Síld	23.190.381	1.310.705	14.350.713	227.583.047	21.397.344	692	287.833.574
Hlutfall	8,06%	0,46%	4,99%	79,07%	7,43%		100,00%

	Frysting	Sjófryst	Söltun	Bræðsla	Ísfiskur	Annað	Samtals
2001							
Kolmunni	7.987.084	656.252		299.977.478	56.480.473	0	365.101.287
Hlutfall	2,19%	0,18%		82,16%	15,47%		100,00%
Loðna	22.646.359	837.755		885.279.303	9.653.593	0	918.417.010
Hlutfall	2,47%	0,09%		96,39%	1,05%		100,00%
Síld	47.513.017	25.090.621	12.535.265	70.258.637	22.026.793	15.550	177.455.433
Hlutfall	26,77%	14,14%	7,06%	39,59%	12,41%	0,01%	100,00%
2002							
Kolmunni	9.610	935.314		276.447.224	8.989.225	0	286.381.373
Hlutfall		0,33%		96,53%	3,14%		100,00%
Loðna	26.242.024	932.304		1.049.371.043	2.272.168	0	1.078.817.539
Hlutfall	2,43%	0,09%		97,27%	0,21%		100,00%
Makríll					53.351	0	53.351
Hlutfall					100,00%		100,00%
Síld	30.595.739	59.145.625	12.626.499	101.403.482	19.578.185	219.013	223.787.556
Hlutfall	13,67%	26,43%	5,64%	45,31%	8,75%	0,10%	100,00%
2003							
Kolmunni	1.091.472	3.535.255		445.882.729	50.995.781	0	501.505.237
Hlutfall	0,22%	0,70%		88,91%	10,17%		100,00%
Loðna	27.703.566	3.480.592		637.608.239	6.591.073	0	675.383.470
Hlutfall	4,10%	0,52%		94,41%	0,98%		100,00%
Makríll	1				121.792	0	121.793
Hlutfall					100,00%		100,00%
Síld	45.528.515	68.484.250	8.652.335	122.427.575	5.076.599	794	250.170.862
Hlutfall	18,20%	27,37%	3,46%	48,94%	2,03%		100,00%
2004							
Kolmunni	1.866.077	1.700.693		408.468.266	10.038.855	0	422.073.891
Hlutfall	0,44%	0,40%		96,78%	2,38%		100,00%
Loðna	55.980.539	27.985.369		430.461.807	1.153.605	0	515.581.320
Hlutfall	10,86%	5,43%		83,49%	0,22%		100,00%
Síld	53.286.948	95.395.732	12.924.466	60.651.688	2.320.159	1.402	224.581.797
Hlutfall	23,73%	42,48%	5,75%	27,01%	1,03%		100,00%
2005							
Kolmunni		74.201		255.851.558	9.964.171	0	265.889.930
Hlutfall		0,03%		96,22%	3,75%		100,00%
Loðna	52.215.860	44.733.381		496.492.922	1.189.744	0	594.631.907
Hlutfall	8,78%	7,52%		83,50%	0,20%		100,00%
Makríll		51.557		35.000	275.905	368	363.198
Hlutfall		14,20%		9,64%	75,97%	0,10%	100,00%
Síld	58.104.803	155.678.174	4.321.099	46.019.251	1.188.319	490	265.312.626
Hlutfall	21,90%	58,68%	1,63%	17,35%	0,45%		100,00%
2006							
Kolmunni				25.401.101		0	25.401.101
Hlutfall				100,00%			100,00%
Loðna	23.145.351	20.674.087		92.317.549		0	136.136.987
Hlutfall	17,00%	15,19%		67,81%			100,00%
Síld	531.861			88.718		18	620.615
Hlutfall	85,70%			14,30%			100,00%

1222. Svar [778. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um skiptingu botnfisksafla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptist þorskafli, ýsuafli og botnfisksafli í heild eftir veiðarfærum frá árinu 1993 og hvernig er hlutfallsleg skipting á þessum tíma?

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og byggist eftirfarandi á svari hennar.

Hafa verður þann fyrirvara að tölur fyrir árið 2006 gefa skakka mynd af skiptingunni þar sem stutt er liðið á árið og netavertíð langt komin. Þar af leiðandi virðist hlutfall netaveiða í ár vera hærra en síðastliðin ár á kostnað botnvörpu.

Í töflu 1.a er tekin saman hlutfallsleg skipting þorskafla eftir helstu veiðarfærum. Í töflu 1.b hér á eftir kemur fram skipting þorskaflans eftir veiðarfærum ásamt hlutfallslegri skiptingu.

Tafla 1.a. Hlutfallsleg skipting þorskafla eftir helstu veiðarfærum.

Ár	Lína	Net	Botnvarpa
1993	17,97%	21,96%	45,26%
1994	17,13%	18,85%	45,79%
1995	21,97%	15,34%	43,02%
1996	19,53%	19,99%	41,92%
1997	14,97%	21,91%	41,06%
1998	15,25%	20,83%	45,26%
1999	20,11%	18,01%	48,02%
2000	21,61%	20,10%	44,04%
2001	20,23%	22,27%	42,39%
2002	20,35%	20,63%	42,39%
2003	21,61%	18,15%	45,13%
2004	25,19%	16,40%	44,66%
2005	32,59%	14,90%	41,86%
Lægsta gildi	*15%*	*15%*	*41%*
Hæsta gildi	*33%*	*22%*	*48%*
2006	34%	24%	36%

Í töflu 2.a er tekin saman hlutfallsleg skipting ýsuafla eftir helstu veiðarfærum. Í töflu 2.b kemur fram skipting ýsuaflans eftir veiðarfærum ásamt hlutfallslegri skiptingu.

Tafla 2.a. Hlutfallsleg skipting ýsuafla eftir helstu veiðarfærum.

Ár	Lína	Net	Botnvarpa
1993	16,78%	9,93%	64,94%
1994	14,35%	6,70%	68,01%
1995	13,18%	4,73%	71,23%
1996	13,13%	4,63%	70,58%
1997	16,99%	5,14%	64,17%
1998	23,67%	5,33%	60,07%
1999	29,73%	3,76%	59,03%
2000	31,93%	3,77%	55,91%
2001	30,67%	4,60%	55,95%
2002	27,72%	3,49%	60,20%
2003	28,27%	2,59%	60,06%
2004	26,94%	1,99%	60,53%
2005	31,26%	1,55%	54,91%
Lægsta gildi	*13%*	*2%*	*55%*
Hæsta gildi	*32%*	*10%*	*71%*
2006	38,95%	1,10%	44,41%

Í töflu 3.a er tekin saman hlutfallsleg skipting botnfiskafla eftir helstu veiðarfærum. Í töflu 3.b kemur fram skipting botnfiskaflans eftir veiðarfærum ásamt hlutfallslegri skiptingu.

Tafla 3.a. Hlutfallsleg skipting botnfiskafla eftir helstu veiðarfærum.

Ár	Lína	Net	Botnvarpa
1993	11,86%	14,45%	62,19%
1994	11,31%	12,24%	62,11%
1995	14,29%	10,17%	59,67%
1996	13,97%	10,95%	57,74%
1997	12,16%	12,21%	52,26%
1998	12,81%	11,97%	54,84%
1999	16,82%	10,75%	54,69%
2000	17,09%	11,38%	54,39%
2001	17,14%	13,43%	50,23%
2002	15,44%	10,73%	55,77%
2003	16,05%	9,01%	54,52%
2004	18,18%	8,53%	55,36%
2005	22,17%	7,58%	56,47%
Lægsta gildi	*11%*	*8%*	*50%*
Hæsta gildi	*22%*	*14%*	*62%*
2006	28,10%	13,61%	49,97%

Tafla 1.b. Þorskafli íslenskra skipa eftir veiðarfærum 1. janúar 1993 til u.þ.b. 3. apríl 2006, samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Magn í tonnum upp úr sjó (óslægt). Fiskistofa 28. apríl 2006.

Veiðarfæri	1993	Hlutfall	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	1997	Hlutfall	1998	Hlutfall	1999	Hlutfall
Lína	46.249	17,97%	36.271	17,13%	44.729	21,97%	39.919	19,53%	31.436	14,97%	37.380	15,25%	52.788	20,11%
Net	56.524	21,96%	39.897	18,85%	31.238	15,34%	40.857	19,99%	46.008	21,91%	51.048	20,83%	47.266	18,01%
Handfæri	19.490	7,57%	23.253	10,98%	21.693	10,66%	19.541	9,56%	25.527	12,16%	24.061	9,82%	17.631	6,72%
Dragnót 135 mm	9.052	3,52%	8.292	3,92%	9.830	4,83%	12.949	6,34%	14.566	6,94%	17.681	7,21%	15.972	6,08%
Botnvarpa	116.474	45,26%	96.935	45,79%	87.573	43,02%	85.675	41,92%	86.225	41,06%	110.949	45,26%	126.064	48,02%
Flotvarpa	4.595	1,79%	2.888	1,36%	4.352	2,14%	1.306	0,64%	3.343	1,59%	1.534	0,63%	1.097	0,42%
Humarvarpa	1.039	0,40%	1.278	0,60%	970	0,48%	1.287	0,63%	1.270	0,60%	1.432	0,58%	1.178	0,45%
Rækjuvarpa	3.265	1,27%	2.321	1,10%	1.999	0,98%	1.625	0,80%	683	0,33%	411	0,17%	106	0,04%
Grásleppunet	44	0,02%	390	0,18%	1.101	0,54%	888	0,43%	742	0,35%	390	0,16%	322	0,12%
Rauðmaganet	0	0,00%	3	0,00%	32	0,02%	75	0,04%	74	0,04%	159	0,06%	44	0,02%
Ýmis veiðarfæri	608	0,24%	180	0,09%	60	0,03%	276	0,14%	127	0,06%	68	0,03%	43	0,02%
Alls	**257.339**	**100,00%**	**211.708**	**100,00%**	**203.578**	**100,00%**	**204.399**	**100,00%**	**210.003**	**100,00%**	**245.114**	**100,00%**	**262.512**	**100,00%**

Veiðarfæri	2000	Hlutfall	2001	Hlutfall	2002	Hlutfall	2003	Hlutfall	2004	Hlutfall	2005	Hlutfall	2006	Hlutfall
Lína	51.735	21,61%	48.768	20,23%	43.540	20,35%	44.686	21,61%	57.398	25,19%	69.399	32,59%	23.981	33,85%
Net	48.105	20,10%	53.690	22,27%	44.140	20,63%	37.533	18,15%	37.358	16,40%	31.737	14,90%	17.290	24,40%
Handfæri	17.658	7,38%	17.023	7,06%	19.283	9,01%	15.920	7,70%	14.719	6,46%	7.874	3,70%	300	0,42%
Dragnót 135 mm	14.939	6,24%	17.061	7,08%	13.588	6,35%	13.414	6,49%	14.271	6,26%	12.802	6,01%	3.542	5,00%
Botnvarpa	105.402	44,04%	102.181	42,39%	90.694	42,39%	93.318	45,13%	101.756	44,66%	89.126	41,86%	25.467	35,94%
Flotvarpa	603	0,25%	1.019	0,42%	1.116	0,52%	315	0,15%	289	0,13%	443	0,21%	0	0,00%
Humarvarpa	593	0,25%	927	0,38%	1.132	0,53%	1.067	0,52%	1.352	0,59%	899	0,42%	1	0,00%
Rækjuvarpa	46	0,02%	27	0,01%	47	0,02%	33	0,02%	45	0,02%	58	0,03%	88	0,12%
Grásleppunet	201	0,08%	339	0,14%	317	0,15%	302	0,15%	365	0,16%	132	0,06%	42	0,06%
Rauðmaganet	65	0,03%	43	0,02%	78	0,04%	53	0,03%	85	0,04%	168	0,08%	129	0,18%
Ýmis veiðarfæri	4	0,00%	0	0,00%	27	0,01%	120	0,06%	205	0,09%	298	0,14%	14	0,02%
Alls	**239.352**	**100,00%**	**241.079**	**100,00%**	**213.962**	**100,00%**	**206.762**	**100,00%**	**227.841**	**100,00%**	**212.936**	**100,00%**	**70.855**	**100,00%**

Tafla 2.b. Ýsuafli íslenskra skipa eftir veiðarfærum frá 1. janúar 1993 til u.þ.b. 3. apríl 2006, samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Magn í tonnum upp úr sjó (óslægt). Fiskistofa 28. apríl 2006.

Veiðarfæri	1993	Hlutfall	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	1997	Hlutfall	1998	Hlutfall	1999	Hlutfall
Lína	8.151	16,78%	8.660	14,35%	8.181	13,18%	7.731	13,13%	7.663	16,99%	9.929	23,67%	13.590	29,73%
Net	4.823	9,93%	4.043	6,70%	2.934	4,73%	2.726	4,63%	2.319	5,14%	2.237	5,33%	1.720	3,76%
Handfæri	307	0,63%	291	0,48%	286	0,46%	153	0,26%	180	0,40%	152	0,36%	166	0,36%
Dragnót 135 mm	1.842	3,79%	3.514	5,82%	4.401	7,09%	5.677	9,64%	5.408	11,99%	3.748	8,93%	2.810	6,15%
Botnvarpa	31.550	64,94%	41.038	68,01%	44.230	71,23%	41.573	70,58%	28.947	64,17%	25.201	60,07%	26.984	59,03%
Flotvarpa	648	1,33%	307	0,51%	911	1,47%	339	0,58%	298	0,66%	360	0,86%	85	0,19%
Humarvarpa	494	1,02%	1.291	2,14%	528	0,85%	366	0,62%	216	0,48%	314	0,75%	294	0,64%
Rækjuvarpa	685	1,41%	1.146	1,90%	606	0,98%	263	0,45%	48	0,11%	5	0,01%	7	0,02%
Þorskgildra	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%
Grásleppunet	0	0,00%	4	0,01%	4	0,01%	26	0,04%	7	0,02%	4	0,01%	27	0,06%
Rauðmaganet	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%
Ýmis veiðarfæri	87	0,18%	50	0,08%	11	0,02%	46	0,08%	22	0,05%	7	0,02%	30	0,07%
Alls	**48.586**	**100,00%**	**60.344**	**100,00%**	**62.091**	**100,00%**	**58.901**	**100,00%**	**45.107**	**100,00%**	**41.955**	**100,00%**	**45.715**	**100,00%**

Veiðarfæri	2000	Hlutfall	2001	Hlutfall	2002	Hlutfall	2003	Hlutfall	2004	Hlutfall	2005	Hlutfall	2006	Hlutfall
Lína	13.548	31,93%	12.416	30,67%	13.971	27,72%	17.298	28,27%	23.204	26,94%	30.695	31,26%	11.453	38,95%
Net	1.597	3,77%	1.863	4,60%	1.760	3,49%	1.582	2,59%	1.710	1,99%	1.518	1,55%	322	1,10%
Handfæri	162	0,38%	194	0,48%	175	0,35%	74	0,12%	68	0,08%	108	0,11%	4	0,01%
Dragnót 135 mm	3.114	7,34%	3.066	7,58%	3.608	7,16%	4.829	7,89%	8.187	9,50%	10.696	10,89%	4.522	15,38%
Botnvarpa	23.720	55,91%	22.648	55,95%	30.339	60,20%	36.747	60,06%	52.140	60,53%	53.908	54,91%	13.059	44,41%
Flotvarpa	49	0,12%	26	0,06%	76	0,15%	155	0,25%	336	0,39%	710	0,72%	0	0,00%
Humarvarpa	223	0,53%	236	0,58%	389	0,77%	459	0,75%	428	0,50%	499	0,51%	3	0,01%
Rækjuvarpa	12	0,03%	12	0,03%	17	0,03%	12	0,02%	31	0,04%	16	0,02%	4	0,01%
Þorskgildra	0	0,00%	0	0,00%	36	0,07%	13	0,02%	3	0,00%	0	0,00%	0	0,00%
Grásleppunet	0	0,00%	14	0,04%	13	0,03%	16	0,03%	11	0,01%	10	0,01%	2	0,01%
Rauðmaganet	0	0,00%	1	0,00%	11	0,02%	0	0,00%	1	0,00%	1	0,00%	4	0,01%
Ýmis veiðarfæri	1	0,00%	0	0,00%	1	0,00%	0	0,00%	20	0,02%	21	0,02%	31	0,10%
Alls	**42.428**	**100,00%**	**40.477**	**100,00%**	**50.395**	**100,00%**	**61.185**	**100,00%**	**86.138**	**100,00%**	**98.182**	**100,00%**	**29.403**	**100,00%**

Tafla 3.b. Botnfiskafli íslenskra skipa eftir veiðarfærum frá 1. janúar 1993 til u.þ.b. 3. apríl 2006, upplýsingar frá löndunarhöfnum.

Magn í tonnum upp úr sjó (óslægt). Botnfiskur = Annar afli en skeldýr, lindýr og uppsjávarafli (síld, loðna, kolmunni, spærlingur og makríll).

Veiðarfæri	1993	Hlutfall	1994	Hlutfall	1995	Hlutfall	1996	Hlutfall	1997	Hlutfall	1998	Hlutfall	1999	Hlutfall
Lína	69.455	11,86%	63.513	11,32%	73.621	14,29%	70.999	13,97%	58.661	12,16%	64.894	12,81%	87.412	16,82%
Net	84.663	14,45%	68.679	12,24%	52.400	10,17%	55.667	10,95%	58.887	12,21%	60.631	11,97%	55.861	10,75%
Handfæri	22.836	3,90%	26.131	4,66%	24.583	4,77%	21.931	4,31%	28.230	5,85%	26.695	5,27%	19.822	3,81%
Dragnót 135 mm	25.621	4,37%	31.945	5,69%	38.916	7,55%	47.284	9,30%	46.289	9,60%	39.927	7,88%	36.358	7,00%
Botnvarpa	364.310	62,19%	348.632	62,11%	307.461	59,67%	293.485	57,74%	252.026	52,26%	277.899	54,84%	284.205	54,69%
Flotvarpa	7.968	1,36%	9.867	1,76%	8.672	1,68%	9.888	1,95%	31.023	6,43%	31.407	6,20%	30.808	5,93%
Humarvarpa	3.289	0,56%	5.182	0,92%	3.624	0,70%	4.632	0,91%	4.145	0,86%	4.003	0,79%	3.985	0,77%
Rækjuvarpa	6.690	1,14%	6.513	1,16%	4.613	0,90%	2.653	0,52%	1.568	0,33%	509	0,10%	597	0,11%
Þorskgildra	0	0,00%	0	0,00%	1	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%	0	0,00%
Grásleppunet	48	0,01%	459	0,08%	1.245	0,24%	1.149	0,23%	1.050	0,22%	446	0,09%	402	0,08%
Rauðmaganet	0	0,00%	3	0,00%	37	0,01%	93	0,02%	89	0,02%	174	0,03%	51	0,01%
Ýmis veiðarfæri	927	0,16%	398	0,07%	96	0,02%	539	0,11%	290	0,06%	132	0,03%	193	0,04%
Samtals	**585.808**	**100,00%**	**561.321**	**100,00%**	**515.268**	**100,00%**	**508.320**	**100,00%**	**482.259**	**100,00%**	**506.718**	**100,00%**	**519.694**	**100,00%**

Veiðarfæri	2000	Hlutfall	2001	Hlutfall	2002	Hlutfall	2003	Hlutfall	2004	Hlutfall	2005	Hlutfall	2006	Hlutfall
Lína	85.241	17,09%	81.336	17,14%	75.288	15,44%	80.863	16,05%	95.873	18,18%	115.776	22,17%	42.511	28,10%
Net	56.762	11,38%	63.761	13,43%	52.327	10,73%	45.366	9,01%	44.988	8,53%	39.602	7,58%	20.591	13,61%
Handfæri	19.419	3,89%	19.097	4,02%	21.096	4,33%	18.851	3,74%	17.571	3,33%	10.440	2,00%	377	0,25%
Dragnót 135 mm	31.441	6,30%	35.015	7,38%	32.754	6,72%	35.195	6,99%	39.758	7,54%	39.179	7,50%	11.852	7,84%
Botnvarpa	271.275	54,39%	238.412	50,23%	272.000	55,77%	274.684	54,52%	291.899	55,36%	294.898	56,47%	75.589	49,97%
Flotvarpa	31.853	6,39%	33.320	7,02%	29.347	6,02%	44.722	8,88%	31.990	6,07%	17.122	3,28%	0	0,00%
Humarvarpa	2.340	0,47%	3.094	0,65%	3.512	0,72%	3.404	0,68%	3.672	0,70%	3.342	0,64%	17	0,01%
Rækjuvarpa	62	0,01%	42	0,01%	348	0,07%	48	0,01%	110	0,02%	86	0,02%	92	0,06%
Þorskgildra	0	0,00%	0	0,00%	54	0,01%	128	0,03%	49	0,01%	104	0,02%	1	0,00%
Grásleppunet	266	0,05%	449	0,09%	444	0,09%	383	0,08%	492	0,09%	182	0,03%	45	0,03%
Rauðmaganet	73	0,01%	50	0,01%	98	0,02%	60	0,01%	94	0,02%	179	0,03%	140	0,09%
Ýmis veiðarfæri	9	0,00%	22	0,00%	432	0,09%	74	0,01%	781	0,15%	1.301	0,25%	47	0,03%
Samtals	**498.742**	**100,00%**	**474.599**	**100,00%**	**487.701**	**100,00%**	**503.779**	**100,00%**	**527.277**	**100,00%**	**522.211**	**100,00%**	**151.262**	**100,00%**

1223. Nefndarálit [683. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005.

Markmið samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn nær til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Jafnframt tekur samningurinn til fullrar fríverslunar með landbúnaðarvörur sem er nýmæli í samningum Íslands við önnur ríki. Grunnregla samningsins er bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru en felur þó ekki í sér samræmingu löggjafar á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Nefndin telur samninginn mikilvægan áfanga í samvinnu og auknum viðskiptum milli landanna og leggur áherslu á að kannað verði að veita Grænlandi aðild að samningnum, eins og 11. gr. hans gerir ráð fyrir, og þannig verði myndað eitt vestnorrænt efnahagssvæði.

Samhliða tillögu þessari lagði utanríkisráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar samningsins (þskj. 998, 682. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Bjarni Benediktsson.

1224. Nefndarálit [566. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Hauk Guðmundsson frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu.

Umsagnir um málið bárust frá Persónuvernd, andlegu þjóðarráði Bahá´ía á Íslandi, Ljósmæðrafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að þjóðskrá og almannaskráning verði flutt frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins sem er liður í endurskipulagningu Hagstofunnar. Ætlunin er að styrkja hagskýrslugerðina með því að flytja frá henni verkefni sem ekki tengjast henni beinlínis. Þjóðskráin verður skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu en fjárreiður hennar greindar frá fjárreiðum ráðuneytisins.

Á fundum sínum ræddi nefndin um þann tilgang frumvarpsins að færa núverandi þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands. Kom fram að ekki væri lögð til nein breyting á verkefnum við flutninginn og að almannaskráning mundi byggjast á sömu efnislegu lagaheimildum og nú eru í gildi. Nefndin bendir af þessu tilefni á að lögin eru komin til ára sinna og fullt tilefni virðist til að endurskoða ýmis ákvæði þeirra, m.a. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust frá Persónuvernd varðandi þær ströngu kröfur sem eru gerðar til skýrleika lagaheimilda fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, og beinir því til dómsmálaráðuneytis að unnið verði að endurskoðun laganna í samráði við Persónuvernd.

Þá kom fram á fundum nefndarinnar að miklar annir eru hjá þjóðskránni og Hagstofu, m.a. vegna þess að ýmsum frágangsverkefnum er ekki lokið, og að nú stendur yfir undirbúningur kjörskrárstofna fyrir sveitarstjórnarkosningar. Einnig kom fram að fjárhagsleg skipti vegna flutningsins hefðu ekki verið útkljáð. Telur nefndin því hentugra að miða gildistöku laganna við 1. júlí 2006 svo að unnt verði að ljúka þessum verkefnum og undirbúa flutninginn.

Loks leggur nefndin til breytingu til að samræma orðanotkun gildandi laga við tillögur frumvarpsins, þ.e. að þegar vísað er til „þjóðskrár“ í lögum sem skrifstofu ráðuneytis verði hún rituð með hástaf og án greinis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „í viðeigandi orðmynd“ í a-lið komi: í viðeigandi beygingarfalli og án greinis.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 27. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1225. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Hauk Guðmundsson frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu.

Umsagnir um málið bárust frá Persónuvernd, Útlendingastofnun, ríkislögreglustjóra og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem leiða af flutningi þjóðskrár og almannaskráningar frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytisins. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta sem leiða af nýjum norrænum samningi um almannaskráningu frá 1. nóvember 2004. Samkvæmt samningnum á skráning á flutningi fólks milli Norðurlandanna að byggjast á rafrænum flutningstilkynningum milli þjóðskrár ríkjanna í stað samnorrænna flutningsvottorða.

Nefndin telur mikilvægt, með vísan til nefndarálits um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, að unnið verði að því í dómsmálaráðuneyti með Persónuvernd að endurskoða þau ákvæði laga sem skráning persónuupplýsinga í þjóðskrá byggist á.

Þá leggur nefndin til að gildistöku verði frestað til 1. júlí 2006 svo að tími gefist til að ljúka verkefnum og undirbúa flutninginn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

30. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 27. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1226. Nefndarálit [615. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Guðmundsson frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, Alþjóðahúsinu ehf., Útlendingastofnun, Umboðsmanni barna og Alþýðusambandi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um vegabréf vegna alþjóðlegra krafna um rafræn lífkenni í vegabréfum. Þá er einnig lagt til að ábyrgð á útgáfu almennra vegabréfa færist frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár en Útlendingastofnun mun áfram sjá um útgáfu vegabréfa fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn.

Á fundum nefndarinnar kom fram að öll vegabréf sem gefin hafa verið út á Íslandi eftir 1. júní 1999 eru tölvulesanleg með andlitsmynd en geyma ekki önnur stöðluð rafræn lífkenni sem samkvæmt frumvarpinu eru t.d. augnmynd, fingraför eða önnur líkamleg einkenni sem unnt er að mæla með ákveðinni tækni sem hentar fyrir vélrænan samanburð. Kom fram að með breytingunum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ætlunin að auka öryggi vegabréfa sem skilríkja og nákvæmni auðkenningar ásamt því að uppfylla alþjóðlegar kröfur og samræmdar kröfur Schengen-ríkjanna.

Nefndin ræddi á fundum sínum um skilríkjaskrá sem Þjóðskrá heldur en í hana eru skráðar og varðveittar þær upplýsingar sem safnað er til útgáfu á skilríkjum, þ.m.t. upplýsingar um lífkenni. Þá ræddi nefndin um meðferð upplýsinganna og þann mun sem er annars vegar á því að bera kennsl á mann og hins vegar að staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera. Telur nefndin mikilvægt að fyllsta öryggis verði gætt, bæði hvað varðar aðgang að upplýsingum um lífkenni í skilríkjaskrá og vegabréfum svo og um gæði og áreiðanleika þeirra lífkenna sem unnið verður með í skránni. Með vísan til þeirrar meginreglu persónuréttar að persónuupplýsingar skuli unnar í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi leggur nefndin áherslu á að ráðherra setji sem fyrst reglur um aðgang að upplýsingum og að hann takmarkist við þá sem þurfa að hafa aðgang vegna fyrir fram ákveðins tilgangs, svo sem við afgreiðslu vegabréfsumsókna eða vegna landamæraeftirlits. Leggur nefndin því áherslu á að ráðherra setji sem allra fyrst reglur sem vísað er til í a-lið 9. gr. frumvarpsins.

Á fundum nefndarinnar kom fram að umsóknarferli verður að langmestu leyti óbreytt. Áfram verður sótt um vegabréf hjá sýslumönnum en helsta breytingin er að í Reykjavík verður það gert hjá lögreglustjóra í stað Útlendingastofnunar. Nefndin leggur áherslu á að ráðuneytið kynni ítarlega þær mismunandi reglur sem gildi um eldri vegabréf sem ferðaskilríki milli landa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

10. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 28. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson.	Ingvi Hrafn Óskarsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

1227. Nefndarálit [463. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Háskóla Íslands, Félagi grafískra hönnuða, talsmanni neytenda, Samtökum verslunar og þjónustu og Listaháskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða með því að bæta þeim við í upptalninguna í 1. gr. laganna.

Lagt er til með löggildingu starfsheitisins grafískur hönnuður að greint sé á milli þeirra sem hafa enga eða litla menntun í grafískri hönnun en kalla sig þó grafíska hönnuði og hinna sem hafa langt háskólanám eða nám á háskólastigi að baki.

Frumvarpið leiðir til þess að þeir sem hafa enga menntun í grafískri hönnun eða minni menntun en gert er ráð fyrir til löggildingar á starfsheitinu grafískur hönnuður verða að nota annað heiti en grafískur hönnuður.

Rétt þykir að leggja að jöfnu við BA-próf í Listaháskóla Íslands, að því er varðar réttindi til starfsheitisins grafískur hönnuður, fullnaðarpróf í grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskólanum og Myndlistaskólanum á Akureyri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Helgi Hjörvar.	Einar Oddur Kristjánsson.
Jóhann Ársælsson.	Sigurjón Þórðarson.	Gunnar Örlygsson.

Katrín Júlíusdóttir.

1228. Nefndarálit [664. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti og Knút Bruun frá Myndstefi. Nefndinni bárust umsagnir frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Myndstefi, Gallerí Fold, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiða endursöluákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðs listaverks (fylgirétt). Helsta breytingin með innleiðingu tilskipunarinnar er sú að fylgiréttargjald mun lækka. Í 1. mgr. 25. gr. b núgildandi laga er gert ráð fyrir 10% gjaldi á söluverði við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Framangreint gjald mun lækka að því leyti að frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið sé í sex þrepum frá 0,25% upp í 10% en þó aldrei hærra en sem samsvarar 12.500 evrum.

Nú þegar hefur verið gerð breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, með síðari breytingum, vegna innleiðingar á tilskipuninni, sbr. lög nr. 117/2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Ingvi Hrafn Óskarsson.	Einar Már Sigurðarson.	Atli Gíslason.

Mörður Árnason.

1229. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið felur í sér gríðarlegar hækkanir á nokkrum gjöldum sem innheimt eru fyrir veitta þjónustu á vegum stofnana ríkisins. Þessar hækkanir koma fyrst og fremst við nýja Íslendinga og útlendinga sem koma hingað til lengri eða skemmri dvalar. Þannig hækkar gjald vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt um 640% eða úr 1.350 kr. í 10.000 kr. og gjald vegna tilkynningar um íslenskan ríkisborgararétt hækkar um 270% eða úr 1.350 kr. í 5.000 kr. Þá verður eftirleiðis tekið gjald fyrir afgreiðslu umsóknar um dvalar- og búsetuleyfi, en það er nýmæli í frumvarpinu, og getur gjaldið verið allt frá 2.000 kr. og upp í 8.000 kr. Ekki hafa verið lagðar fram neinar upplýsingar né útreikningar á því hvort fyrirhuguð gjaldtaka sé í samræmi við líklegan kostnað við þá þjónustu sem veitt er.

Í heildina er áætluð tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa frumvarps 38–39 millj. kr. Hér er einfaldlega um skattahækkun að ræða og það er til marks um stefnu og hugarfar meiri hlutans á þingi, sem birtist í þessu máli sem öðrum, að hann telur helst hægt að sækja slíkar hækkanir í vasa nýrra Íslendinga en stór hluti þeirra vinnur hér á landi í láglaunastörfum.

Minni hlutinn er andvígur frumvarpinu og mun greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Ögmundur Jónasson.

1230. Nefndarálit [609. mál]

um till. til þál. um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem gerður var í Stokkhólmi 1. nóvember 2004.

Meginmarkmið hins nýja Norðurlandasamnings um almannaskráningu er að einfalda ferlið við flutninga fólks milli ríkja á Norðurlöndunum svo fólk geti fyrr notið réttinda og borið skyldur í nýja búsetulandinu. Gert er ráð fyrir því að tekin verði upp rafræn samskipti og hið svokallaða samnorræna flutningsvottorð lagt niður í núverandi mynd.

Fullgilding samnings þessa kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram lagafrumvarp þar að lútandi (þskj. 822, 567. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jón Gunnarsson.		Bjarni Benediktsson.

1231. Nefndarálit [662. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Jóhannsson og Rósu Dögg Flosadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning Íslands og Noregs við Sviss um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi, sem gerður var 17. desember 2004. Samningurinn er þáttur í aðild Sviss að Schengen-samstarfinu og Dyflinnar-samningnum.

Fullgilding samnings þessa kallar á lagabreytingar hér á landi og mun lagafrumvarp þess efnis verða lagt fram innan tíðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jón Gunnarsson.		Bjarni Benediktsson.

1232. Framhaldsnefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Málið var sent til meðferðar í nefndinni að lokinni 2. umræðu samkvæmt samkomulagi þingflokkanna á Alþingi. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Þóreyju Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Sölva Sveinsson frá Verslunarskóla Íslands, Pál Hreinsson prófessor og Sigurð Líndal fyrrverandi prófessor, Jón Vilberg Guðjónsson og Gísla Þór Magnússon frá menntamálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Knút Bruun lögmann, Elínu S. Kristinsdóttur safnastjóra á Ríkisútvarpinu og Gunnþóru Halldórsdóttur frá Kvikmyndasafni Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstofnunin Ríkisútvarpið verði lögð niður og að hlutafélag verði stofnað um rekstur hennar, en það felur í sér breytingu frá stjórnarfrumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, en þær lúta fyrst og fremst að breytingum á skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu“, sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins.

Við meðferð málsins innan nefndarinnar var fjallað um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags við stofnun þess og hvert eiginfjárhlutfall þess skyldi vera. Þann 24. apríl 2006 barst nefndinni minnisblað frá menntamálaráðherra og fjármálaráðherra þar sem fram kemur að hæfilegt eiginfjárhlutfall félagsins við stofnun teljist vera u.þ.b. 10% eða 500 millj. kr. Í minnisblaðinu segir: „Við stofnun hlutafélags um rekstur RÚV er talið hæfilegt, miðað við rekstraráhættu og tekjur slíks félags, að eiginfjárhlutfall verði u.þ.b. 10% eða 500 m.kr. Í árslok 2004 nam eigið fé RÚV 10,2 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Í kjölfar endurskoðunar á eignum og skuldum RÚV er gert ráð fyrir að aflað verði heimilda í fjáraukalögum 2006 til þess að leggja félaginu til, í formi hlutafjár, það sem upp á vantar til þess að settu marki verði náð. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga má gera ráð fyrir að fjárþörf vegna þessa verði í kringum 500 m.kr.

RÚV er B-hluta ríkisstofnun og hefur stofnunin stuðst við reikningsskilavenjur sem eru ekki ósvipaðar því sem gerist á almennum markaði. Í tengslum við stofnun hlutafélagsins RÚV fer nú fram endurmat á eignum og skuldum stofnunarinnar á grundvelli reikningsskilaaðferða sem almennt eru viðhafðar við uppgjör hlutafélaga. Bráðabirgðaúttekt sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG var fengið til þess að vinna gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum á efnahagsreikningi á grundvelli endurmats miðað við óbreyttar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir eignir og skuldir RÚV, þ.m.t. menningarverðmæti eins og gamlar upptökur og annað sem tengist starfsemi RÚV. Ekki er gert ráð fyrir að hljóðfæri sem fjallað hefur verið um í tengslum við þessar breytingar og hafa verið nýtt af Sinfóníuhljómsveit Íslands muni tilheyra hinu nýja félagi. Þar ber hæst Guarnerius del Gesu fiðlu frá árinu 1728. Raunvirði þessara eigna hefur ekki verið metið í efnahagsreikningi RÚV og eru áhrif þessara breytinga á efnahagsreikning RÚV því óveruleg.

Ljóst er að endanlegur efnahagsreikningur getur ekki legið fyrir fyrr en nákvæmar fjárhæðir veltufjármuna og skulda í árlok 2005 liggja fyrir og fram hefur farið árshlutauppgjör

fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006. Áætlað er að endurskoðaður ársreikingur RÚV fyrir árið 2005 liggi fyrir í kringum 10. maí nk. Þá má gera ráð fyrir að árshlutauppgjör, fyrir tímabilið frá áramótum og fram að gildistöku laganna, muni liggja fyrir u.þ.b. 3 vikum eftir gildistöku laganna.

Ráðgert að hið nýja félag taki formlega við eignum og skuldum RÚV sem áður segir. Endanleg fjárþörf vegna fjármögnunar á hlutafé hins nýja félags þarf þá að liggja fyrir. Sérstök nefnd, sem ríkisendurskoðandi leiðir, vinnur að því að gera sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins hf. í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Mun sú nefnd jafnframt gera upphafsefnahagsreikning fyrir félagið, sem mun liggja fyrir þegar efnt verður til stofnfundar RÚV hf.“

Við meðferð málsins í nefndinni staðfesti Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi að nefnd sú sem vinna mun að því að semja sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins hf. hefði verið skipuð og að í henni ættu sæti ríkisendurskoðandi, sem jafnframt yrði formaður, en einnig ættu sæti í nefndinni Eyjólfur Valdimarsson verkfræðingur og Matthías Þór Óskarsson, löggiltur endurskoðandi.

Nefndin tók til umfjöllunar hlutverk Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum hins nýja félags og eftirlit Samkeppniseftirlitsins með starfsemi þess. Fram kom að samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, mundi Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga hins nýja félags. Er það í samræmi við ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna, en þar segir að eigi ríkissjóður helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Jafnframt kom fram að Ríkisendurskoðun mundi hafa eftirlit með því Ríkisútvarpið hf. uppfyllti ákvæði 5. gr. frumvarpsins um fjárhagslegan aðskilnað, en þar er kveðið á um að halda skuli fjárreiðum alls reksturs Ríkisútvarpsins hf., sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. frumvarpsins frá fjárreiðum reksturs vegna útvarps í almannaþágu samkvæmt greininni. Þá segir í frumvarpsgreininni að félaginu sé óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi, þar á meðal starfsemi sem telst vera samkeppnisrekstur, nema um sé að ræða starfsemi sem flokkast undir útvarp í almannaþágu skv. 3. gr. Telur meiri hlutinn Ríkisendurskoðun hæfa til þess að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu enda má nefna að nú þegar hefur hún með höndum sambærilegt eftirlit með öðru hlutafélagi í ríkiseigu, Íslandspósti hf., sem hefur bæði með höndum samkeppnisrekstur og rekstur sem bundinn er einkaleyfi þar sem krafa er gerð um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisreksturs og þess reksturs sem starfræktur er á grundvelli einkaleyfis. Jafnframt kom fram að Ríkisendurskoðun mundi leita sér sérfræðiaðstoðar við framkvæmd eftirlitsins ef í ljós kæmi að slíkrar aðstoðar væri þörf í framkvæmd, enda er ekkert í íslenskum lögum sem kemur í veg fyrir að slíkrar aðstoðar verði leitað í slíkum tilvikum. Þá telur meiri hlutinn rétt að geta þess að á fundi nefndarinnar með forstjóra Samkeppniseftirlitsins kom fram að hann teldi núgildandi samkeppnislög gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf. eins og önnur fyrirtæki. Taldi forstjóri Samkeppniseftirlitsins að það hefði sjálfstæðar heimildir sem kynnu að ganga lengra en ákvæði frumvarpsins, m.a. hvað varðar fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisreksturs. Nefndi forstjórinn einkum í því sambandi ákvæði 11. gr., 14. gr. og b-liðar 16. gr. laganna, enda koma þau sérstaklega til álita varðandi fyrirtæki í opinberri eigu.

Nefndin fjallaði um réttarstöðu rétthafa dagskrárefnis sem Ríkisútvarpið á í félagi við aðra og þá samninga, þar á meðal höfundaréttarsamninga, sem það hefur gert um dagskrárefni. Í þeirri umfjöllun var vikið að því álitaefni hvort Ríkisútvarpið hefði heimild til að framselja efni sem bundið væri höfundarétti til sjálfstæðs lögaðila, þ.e. hins nýja hlutafélags. Vegna

þessa álitaefnis vill meiri hlutinn taka fram að í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í frumvarpinu er kveðið á um að ríkissjóður leggi allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til fyrirhugaðs hlutafélags. Allar þær eignir sem nú koma fram í eignaskrá Ríkisútvarpsins munu því færast yfir til hins nýja hlutafélags, þar með talið allt svonefnt safnefni Ríkisútvarpsins, þ.e. áður útsent hljóðvarps- og sjónvarpsefni. Áður en vikið verður að því álitaefni hvort einhverjar tálmanir séu á framsali framangreinds efnis telur meiri hlutinn ástæðu til að gera grein fyrir núverandi réttarstöðu Ríkisútvarpsins varðandi notkun þess efnis sem stofnunin hefur í fórum sínum. Hvað varðar efni þar sem samningar hafa verið gerðir á milli Sjónvarpsins og framleiðanda er einkum um að ræða þrenns konar samninga. Í fyrsta lagi er um að ræða einfalt samningsform sem Sjónvarpið hefur lagt til þegar keyptir eru t.d. heimildarþættir af innlendum dagskrárgerðaraðilum. Í samningnum er keyptur einkaréttur til sýninga í sjónvarpi hér á landi fyrir allt að fimm sýningar til sjö ára. Að þeim tíma liðnum er Sjónvarpinu óheimilt að nýta sér efnið til sýninga nema gerður sé nýr samningur við rétthafa efnis. Engin ákvæði eru í samningsforminu um framsal sýningarréttar til þriðja aðila. Í öðru lagi hefur tíðkast að gerðir séu samningar á milli Sjónvarpsins og innlendra kvikmyndaframleiðenda um sýningu kvikmynda í sjónvarpi þar sem notast er við staðlað form á vegum Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK. Í því formi segir eftirfarandi um framsal sýningarréttar: „Aðilum samnings þessa er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila í heild eða hluta, nema hinn aðilinn gefi fyrirfram til þess skriflegt leyfi. Verði um slík framsöl að ræða, verða aðilarnir þó áfram ábyrgir gagnvart hinum aðilanum um efndir samnings þessa gagnvart honum.“ Framangreint ákvæði er í samræmi við meginreglu 2. mgr. 28. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum, sem er svohljóðandi: „Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.“ Í þriðja lagi tíðkast samningar um sýningu sjónvarpsefnis, þátta og kvikmynda, sem lagðir eru til af hálfu erlendra framleiðenda. Í þeim samningum er að jafnaði kveðið á um að framsal þess sýningarréttar sem Sjónvarpið kaupir sé óheimilt án samþykkis framleiðandans. Hér hefur verið gerð grein fyrir sýningarskilmálum sem gilda við kaup Sjónvarpsins á efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Þegar um er að ræða eigin framleiðslu Sjónvarpsins eða efni sem unnið er í samstarfi Sjónvarpsins og þriðja aðila eru oft rýmri ákvæði um sýningarrétt. Það hefur t.d. tíðkast að bjóða út framleiðslu á sjónvarpsefni á almennum markaði. Framleiðsla slíks efnis hefur þá verið boðin út með þeim skilmálum að Sjónvarpið áskilur sér einkasýningarrétt hér á landi í 10 ár, jafnframt því að réttur til sýningar á Norðurlöndum kann að vera keyptur með. Um sýningarrétt Sjónvarpsins á eigin framleiðslu geta gilt mismunandi reglur eftir því hvernig samningum Sjónvarpsins er háttað við hina skapandi höfunda kvikmyndaverksins, þ.e. tónhöfund, höfund kvikmyndahandrits, höfund samtalstexta og aðalleikstjóra, sbr. 2. mgr. 41. gr. höfundalaga. Endursýning áður útsends efnis í sjónvarpi kann því að vera háð samkomulagi og greiðslum til skapandi höfunda sem komu að framleiðslu viðkomandi dagskrárefnis. Hvað varðar heimild Ríkisútvarpsins – hljóðvarps til endurútsendingar hljóðvarpsefnis er réttarstaðan einfaldari samkvæmt höfundalögum. Endurútsending útgefins tónlistarefnis má þannig að jafnaði fara fram gegn greiðslu til samtaka rétthafa samkvæmt gjaldskrá, þ.e. STEFs, sbr. 47. gr. höfundalaga. Þegar um er að ræða flutning bókmenntaverka í hljóðvarpi getur slíkur flutningur með sambærilegum hætti fallið undir gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands samkvæmt samningi samtakanna við Ríkisútvarpið, sbr. 23. gr. höfundalaga. Þegar um annars konar hljóðvarpsefni en framangreint er að ræða ræðst það einkum af réttarsambandinu á milli

hlutaðeigandi þáttagerðaraðila og Ríkisútvarpsins hvort stofnunin fer með allan rétt að viðkomandi efni. Ætla má að rétturinn til endurútsendingar sé víðtækari þegar viðkomandi hafa verið starfsmenn Ríkisútvarpsins en þegar um verktaka er ræða. Meginregla er að verktaki öðlast höfundarétt að því efni sem hann vinnur í þágu verkkaupa nema rétturinn sé framseldur með samningi aðila á milli. Í sumum tilvikum yrði að telja að Ríkisútvarpið og viðkomandi dagskrárgerðaraðili séu samhöfundar (sameigendur) að útsendu efni. Í slíkum tilvikum þyrfti þá að afla heimildar viðkomandi til endurútsendingar efnisins. Skal þá vikið aftur að bráðabirgðaákvæði I í frumvarpinu. Af framangreindri umfjöllun, um vanda Ríkisútvarpsins þegar kemur að endurnýtingu áður útsends efnis, verður sú ályktun dregin að framsalsákvæðið í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I taki fyrst og fremst til áþreifanlegra eintaka dagskrárefnis en veiti ekki sjálfstæðan rétt til nýtingar efnisins, sbr. 2. mgr. 27. gr. höfundalaga. Að því leyti verður hlutafélagið í sömu réttarstöðu og Ríkisútvarpið hvað varðar endurnýtingu á gömlu efni. Um annað efni, þar sem samningar eru í gildi á milli Ríkisútvarpsins og framleiðenda og ekki er búið að nýta allan keyptan sýningarrétt, verður að telja stofnunina bundna af því að afla samþykkis til framsals þar sem það á við samkvæmt samningum. Að öðru leyti gildir meginregla 2. mgr. 28. gr. höfundalaga, þ.e. að ekki er heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Frá þeirri meginreglu gildir sú undantekning að ef rétturinn telst vera þáttur í eignum fyrirtækis má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess.

Í fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, þskj. 1207, 791. mál, (þ.e. frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum) er lagt til að lögfest verði sú regla í 2. málsl. lokamálsgreinar nýrrar 6. gr. a útvarpslaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins, að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð. Telur meiri hlutinn eðlilegt að samhljóða ákvæði verði bætt við 1. gr. frumvarps þessa sem fjallar um eignaraðild að Ríkisútvarpinu hf. Er því lögð til sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að í hana verði tekinn upp áðurnefndur 2. málsl. lokamálsgreinar 6. gr. a, sbr. 4. gr. fjölmiðlafrumvarps. Þykir fara best á því að skipa öllum ákvæðum í 1. gr. frumvarpsins um Ríkisútvarpið hf. er lúta að eignarhaldi íslenska ríkisins á því, svo og ákvæðum sem banna annars vegar sölu á hlutum í því, sameiningu þess við önnur félög eða slit á því og hins vegar ákvæðum er banna Ríkisútvarpinu hf. kaup á hlutum í öðrum fyrirtækjum sem gefa út dagblöð eða reka útvarpsstöðvar. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins þannig orðuð árétta skýrt sérstöðu Ríkisútvarpsins hf. að lögum sem réttlætir að íslenska ríkið sé eini eigandi félagsins til þess að hafa á hendi útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þessi opinbera þjónusta sem Ríkisútvarpinu hf. er þannig gert að sinna, svo og ákvæði frumvarpsins um bann á sölu á hlutum í því og kaupum þess á hlutum í dagblöðum og öðrum útvarpsstöðvum, réttlætir einnig að ákvæði fjölmiðlafrumvarps um takmarkanir á eignarhaldi á útvarpsstöðvum gildi ekki um Ríkisútvarpið hf. Þar sem sá munur sem þannig er gerður á Ríkisútvarpinu hf. og öðrum útvarpsstöðvum byggist samkvæmt framansögðu bæði á málefnalegum og veigamiklum sjónarmiðum, svo og sérstöðu um hlutverk þess og skyldur, fara ákvæði þessi ekki í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir hefur með frumvarpi þessu verið tekið tillit til athugasemda erlendra eftirlitsstofnana vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum, sem lúta að skilgreiningu á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu“, sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Jafnframt hefur hér að framan verið gerð grein fyrir hlutverki Ríkisendurskoðunar við endurskoðun og eftirlit með fjárreiðum Ríkisútvarpsins hf. Svo tryggja megi framkvæmd þess eftirlits frekar telur

meiri hlutinn rétt að kveðið verði á um það í frumvarpinu að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. beri að gera með sér sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari útfærslu á almannaþjónustuhlutverki félagsins, skv. 3. gr., þar sem m.a. verði kveðið á um vægi innlendrar dagskrárgerðar í dagskrá Ríkisútvarpsins hf. Með því að kveða á um skyldu menntamálaráðherra og Ríkisútvarpsins hf. til þess að gera slíkan þjónustusamning í frumvarpinu telur meiri hlutinn að endanlega verði tryggt að komið hafi verið til móts við athugasemdir erlendra eftirlitsstofnana um gagnsæi almannaþjónustuhlutverks Ríkisútvarpsins hf. sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Enn fremur telur meiri hlutinn að slíkur samningur sé í samræmi við ákvæði e-liðar 10. gr. frumvarpsins um skyldu stjórnar Ríkisútvarpsins hf. til að gera grein fyrir því í ársskýrslu sinni hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um útvarp í almannaþágu.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni komu fram athugasemdir sem lutu að 2. málsl. 1. gr. frumvarpsins. Það ákvæði mælir fyrir um að sala hins nýja hlutafélags eða hluta þess, sameining þess við önnur félög eða slit þess sé óheimil. Fram komu efasemdir um að ákvæðið tryggði með óyggjandi hætti að félaginu væri óheimilt að selja ýmsar eignir og hluti sem hafa menningar- og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og verið hafa í vörslum Ríkisútvarpsins og varðveitt af því. Er hér aðallega haft í huga hið mikla safn Ríkisútvarpsins, sem varðveitt er á safnadeild þess, af alls kyns upptökum úr hljóðvarpi og sjónvarpi, kvikmyndum o.fl., og telja verður að hafi menningar- og sögulegt gildi fyrir þjóðina. Fram kom við meðferð málsins í nefndinni að sala þessara verðmæta væri háð ýmsum lagalegum hindrunum sem leiða má af almennum reglum höfundaréttarins sem um þau gilda, en gerð hefur verið ítarleg grein fyrir höfundaréttarlegum álitaefnum hér að framan. Telur meiri hlutinn að með þeirri breytingu sem frumvarpið kveður á um á rekstrarformi Ríkisútvarpsins færist þau réttindi sem það hefur haft á þessum verðmætum til hins nýja félags, auk þess sem þær skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíla gagnvart þeim færast yfir á herðar félagsins. Til þess að eyða framkomnum efasemdum telur meiri hlutinn engu að síður ástæðu til að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa slíkt gildi fyrir þjóðina og varðveitt eru hjá Ríkisútvarpinu hf. Telur meiri hlutinn að slíkt ákvæði girði fyrir að áðurnefnd verðmæti verði seld út úr hinu nýja félagi og lítur svo á að aðgangur almennings að þeim verði óbreyttur frá því sem verið hefur á síðustu árum og áratugum. Leggur meiri hlutinn því til að nýju ákvæði þess efnis verði bætt við 4. gr. frumvarpsins og verði fundinn þar staður í 4. mgr.

Í umræðum um frumvarpið innan nefndarinnar og í umræðum á Alþingi hefur verið lögð á það þung áhersla að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildi um Ríkisútvarpið hf. Eins og nánar er rakið í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess er varð að upplýsingalögum, nr. 50/1996, gilda lögin einvörðungu um stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga en ekki um hlutafélög og skiptir þar engu þótt hlutafélagið sé að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélags. Í ljósi þess að Ríkisútvarpinu hf. er ætlað að veita útvarpsþjónustu í almannaþágu sem er í eðli sínu opinber þjónusta telur meiri hlutinn engu að síður rétt að upplýsingalög gildi um starfsemi þess þannig að almenningur geti fengið aðgang að gögnum mála hjá því í samræmi við ákvæði laganna.

Með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan telur meiri hlutinn að komið hafi verið verulega og með sanngjörnum hætti til móts við þær meginathugasemdir sem færðar hafa verið fram í umræðum um frumvarpið innan nefndarinnar og á Alþingi.

Að teknu tilliti til annarra athugasemda leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar, sbr. það sem að framan greinir:

1. Lagt er til að við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo: „Ríkisútvarpinu hf. er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.“
2. Lagt er til að við 3. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo: „Menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu.“
3. Lagt er til að við 4. gr. bætist ný málsgrein sem verði 4. mgr. og orðist svo: „Ríkisútvarpinu hf. er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.“
4. Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: „Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf.“ Vegna þessarar breytingar er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins verði: Lög um hlutafélög o.fl.

Með þeirri breytingu sem felst í 1. tölul. er lagt til að sambærilegt ákvæði og finna má í fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, þ.e. frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, um að Ríkisútvarpinu hf. sé óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð, verði tekið upp í sérlögum um félagið. Með breytingunni í 2. tölul. er lagt til að kveðið verði á um að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. beri að gera sérstakan þjónustusamning til fyllingar og nánari útfærslu á inntaki 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins um útvarpsþjónustu í almannaþágu. Með breytingunni í 3. tölul. eru tekin af öll tvímæli um það að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu. Með breytingunni í 4. tölul. er að lokum lagt til að ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildi um starfsemi Ríkisútvarpsins hf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm. Sigurrós Þorgrímsdóttir. Dagný Jónsdóttir.

Ingvi Hrafn Óskarsson. Hjálmar Árnason.

1233. Breytingartillögur [401. mál]

við frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, SÞorg, DJ, IHÓ, HjÁ).

1. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ríkisútvarpinu hf. er óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.
2. Við 3. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu hf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur skv. 2. mgr. um útvarpsþjónustu í almannaþágu.
3. Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ríkisútvarpinu hf. er óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá félaginu.
4. Við 12. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins hf.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Lög um hlutafélög o.fl.*

1234. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Benedikt Bogason, formann ráðherraskipaðrar nefndar sem samdi frumvarpið, Hróbjart Jónatansson frá AM Praxis, Erlu S. Árnadóttur frá LEX, Árna B. Björnsson og Svein V. Árnason frá Stéttarfélagi verkfræðinga og Knút Bruun frá Myndstefi.

Umsagnir um málið bárust frá Persónuvernd, Viðskiptaráði Íslands, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Myndstefi, ríkissaksóknara, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs, LEX, dómstólaráði, Höfundaréttarfélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, ríkislögreglustjóra, AM Praxis ehf. – lögmannsstofu, Stéttarfélagi verkfræðinga og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumenn geti að undangengnum dómsúrskurði aflað sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum með leit hjá þeim sem grunaðir eru um brotin.

Á fundum nefndarinnar kom fram að tilefni frumvarpsins væri þjóðréttarleg skuldbinding vegna aðildar Íslands að samningi um Alþjóðaviðskiptastofnunina og 1. viðauki C með samningnum sem nefndur hefur verið TRIPS-samningurinn og þau ákvæði hans er lúta að verndun hugverkaréttinda. Markmiðið með TRIPS-samningnum er að auka vernd hugverkaréttinda á heimsvísu og í því skyni eru gerðar ákveðnar kröfur til löggjafar aðildarríkjanna.

Þá eru EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum skuldbundin til þess að aðlaga hugverkalöggjöf sína meginreglunni um frjáls viðskipti með vörur og þjónustu og því stigi í verndun hugverkaréttinda sem náðst hefur í lögum sambandsins, þar á meðal fullnustu þessara réttinda, og er við samningu frumvarpsins því einnig litið til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/48/EB, um fullnustu hugverkaréttinda.

Kom fram að þau ákvæði TRIPS-samningsins sem einkum snerta öflun sönnunargagna vegna brota gegn hugverkaréttindum eru 41. og 50. gr. og samkvæmt þeim skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrir hendi séu skilvirk úrræði sem unnt er að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir og hindra brot gegn hugverkaréttindum, tryggja réttláta málsmeðferð og sjá til þess að dómstólar hafi vald til að fyrirskipa tafarlausar og skilvirkar ráðstafanir til bráðabirgða til að koma í veg fyrir brot á hugverkarétti, einkum til að hindra að vörur komist í umferð innan lögsögu aðildarríkjanna.

Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki hefðu verið nægilega virk úrræði hér fyrir rétthafa hugverkaréttinda til að bregðast við brotum og afla sönnunargagna um þau til að verja hagsmuni sína. Þá væri þörf á úrræðum á einkaréttarlegum grunni til þess að bregðast við þar sem lögreglu væri varla kleift að bregðast nægilega fljótt við kærum. Markmiðið með ákvæðunum væri að stöðva ákveðna starfsemi og m.a. að tryggja að rétthafi að hugverkarétti geti tryggt sönnun gegn ætluðum brotum á hugverkarétti. Telur nefndin nauðsynlegt að hafa virk úrræði til að tryggja hagsmuni rétthafa hugverkaréttinda með þessum hætti sérstaklega þar sem eðli hugverkaréttinda er oft slíkt að unnt er að koma undan sönnunargögnum um brot á þeim með auðveldum og fljótvirkum hætti.

Þá ræddi nefndin á fundum sínum hvort með frumvarpinu væri gengið of nærri friðhelgi einkalífs eða hagsmunum gerðarþola að öðru leyti og hvort þeir væru nægilega vel tryggðir. Samkvæmt frumvarpinu þarf gerðarbeiðandi í fyrsta lagi að gera sennilegt fyrir dómi að brot hafi verið framið. Í öðru lagi á úrræði frumvarpsins ekki við ef mál beinist að einstaklingi og um er að ræða minni háttar brot sem ekki eru liður í atvinnustarfsemi. Í þriðja lagi er það sýslumaður sem annast leitina og gerðarbeiðandi er einungis viðstaddur ef það er nauðsynlegt til að veita upplýsingar að því marki sem þarf til að gerðin fari fram. Einnig er áskilið að meðalhófs skuli gætt og að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim ætluðu brotum sem afla á sönnunar um. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að gerðarbeiðandi fái ekki nein gögn í hendur fyrr en endurupptöku og kæruleið hefur verið tæmd. Loks er gerðarbeiðanda gert skylt að leggja fram tryggingu fyrir kostnaði við meðferð málsins og fyrir greiðslu skaðabóta sem gerðarþoli kynni að öðlast rétt til og er bótaverndin hlutlæg.

Að öllu þessu virtu telur meiri hlutinn ljóst að með frumvarpinu sé ekki gengið nær stjórnarskrárvernduðum rétti gerðarþola til friðhelgi einkalífs en nauðsynlegt er vegna eignarréttinda annarra sem einnig eru vernduð í stjórnarskrá og enn fremur að hagsmunir gerðarþola séu tryggðir með rétti til greiðslu skaðabóta. Þá er einnig hætt við því að frekari skilyrði fyrir öflun sönnunargagna en fram koma í frumvarpinu mundu stofna markmiði frumvarpsins í hættu með því að úrræðið yrði of þunglamalegt í framkvæmd.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að úrræði frumvarpsins um réttindagæslu á sviði hugverkaréttinda þyrftu einnig að ná til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum til myndhöfunda og erfingja þeirra. Í þessu samhengi er þess fyrst að geta að meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja virk úrræði að lögum til öflunar sönnunargagna fyrir rétthafa hugverkaréttinda í þeim tilvikum þegar sérstök hætta er talin geta verið á eyðingu eða spillingu sönnunargagna. Um leið er það markmið með frumvarpinu að eyða öllum vafa um það hvort þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist sé fullnægt. Hefur í því tilliti

verið horft til skuldbindinga á grundvelli TRIPS-samningsins eins og áður hefur verið vikið að. Ljóst er að ekki er þörf á því í þjóðréttarlegu tilliti að láta frumvarp þetta jafnframt taka til fylgiréttargjaldsins. Varhugavert þykir að grípa þurfi til jafnviðurhlutamikilla úrræða við þessa innheimtu þar sem væntanlega er unnt með öðrum og vægari úrræðum að ná sama markmiði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 25. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Birkir J. Jónsson.	Birgir Ármannsson.
Guðjón Hjörleifsson.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.

1235. Nefndarálit [675. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands og ríkislögreglustjóranum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi hér á landi við framkvæmd innheimtu sekta og sakarkostnaðar milli Norðurlandanna sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur annast. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að fela lögreglustjóra eða öðrum aðila á landsvísu að annast verkefnið.

Á fundum nefndarinnar kom fram að ætlunin væri að flytja verkefnið til embættis sýslumannsins á Blönduósi sem mun einnig sjá um innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landinu í heild.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Guðjón Hjörleifsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1236. Nefndarálit [667. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun, ríkislögreglustjóranum, Lögmannafélagi Íslands og Persónuvernd.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum vegna frekari þátttöku Íslands í samningi Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókun við hann frá 16. október 2001. Um er að ræða ákvæði um þær málsmeðferðarreglur sem gilda skuli þegar beiðni er sett fram um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum á grundvelli samningsins.

Nefndin ræddi á fundum sínum að samkvæmt frumvarpinu skuli fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjóti ekki í bága við íslensk lög. Kom fram að um nýmæli væri að ræða miðað við reglu er gilti áður milli aðildarlandanna og kvað á um að aðili sem beiðni er beint til framkvæmdi réttarbeiðni á þann hátt er lög hans gerðu ráð fyrir. Nefndin leggur því áherslu á að við meðferð réttarbeiðna séu virtar þær grundvallarreglur sem gilda um málsmeðferð samkvæmt íslenskum lögum, svo sem samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Þá vekur nefndin athygli á því að í 23. gr. samningsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum eru ákvæði um vernd persónuupplýsinga en í 3. mgr. kemur fram að aðildarríki sem veitir persónuupplýsingar geti krafist þess að aðildarríkið sem fékk þær veiti upplýsingar um notkun þeirra. Telur nefndin að í úrræðinu felist mikilvæg réttarvernd sem nauðsynlegt geti verið að nýta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað tilvísananna „6. mgr.“ í 2. mgr. og „2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 7. mgr. og: 3. mgr.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.
Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Guðjón Hjörleifsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
	Guðrún Ögmundsdóttir.	

1237. Nefndarálit [623. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Grant Thornton endurskoðun ehf., Landssamtökum lífeyrissjóða, Viðskiptaráði Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Annars vegar er lagt til að samlagshlutafélag teljist ekki sjálfstæður skattaðili nema eftir því sé sérstaklega óskað við skráningu og hins vegar að kveðið verði skýrar á um það að lífeyrissjóðir séu undanþegnir greiðslu tekjuskatts. Samhliða frumvarpi þessu hefur verið lagt fram af hálfu viðskiptaráðherra frumvarp til breytinga á lögum um hlutafélög (684. mál) varðandi samlagshlutafélög og er það til meðferðar í nefndinni.

Nauðsynlegt er að gera smávægilega breytingu á 1. málsl. 4. mgr. 71. gr. laganna er lýtur að tilvísun í töluliði og leiðir af 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað „og 6. tölul.“ í 1. málsl. 4. mgr. 71. gr. laganna kemur: 6. og 7. tölul.

Alþingi, 2. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.	Ögmundur Jónasson.	Lúðvík Bergvinsson.

1238. Nefndarálit [647. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands hf., Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Við setningu laga nr. 31/2005, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, voru felldar brott tvær greinar í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Með frumvarpi þessu er lagt til að greinarnar verði teknar inn í lögin að nýju.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 2. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.	Ögmundur Jónasson.	Lúðvík Bergvinsson.

1239. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Guðna Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólaf Loftsson og Þórð Hjaltested frá Félagi grunnskólakennara, Stefán Jón Hafstein frá menntaráði Reykjavíkurborgar, Jón Inga Einarsson og Kristin Breiðfjörð frá Skólastjórafélagi Íslands, Ingibjörgu Rafnar, umboðsmann barna, Margréti Pálu Ólafsdóttur frá Hjallastefnunni og Samtökum sjálfstæðra skóla, Jónínu Kárdal og Gunnlaugu Hartmannsdóttur frá Félagi starfs- og námsráðgjafa, Jóhönnu Rósu Arnardóttur frá Samtökum foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík, Helga Grímsson frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Elínu Thorarensen og Maríu Kristínu Gylfadóttur frá Heimili og skóla og Herdísi Storgaard frá Árvekni.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Kennaraháskóla Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþjóðahúsinu ehf., Eyþingi, Samtökunum Börnin okkar, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SAMFOK (Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík), SAMKÓP (Samtökum foreldrafélaga og foreldraráða í Kópavogi), Samtökum sjálfstæðra skóla, Hjallastefnunni ehf.,

Skólastjórafélagi Íslands, Heimili og skóla, menntaráði Reykjavíkurborgar, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Félagi náms- og starfsráðgjafa, umboðsmanni barna, Félagi grunnskólakennara, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núgildandi grunnskólalögum hvað varðar m.a. stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og lágmarksframlög sveitarfélaga til þeirra. Frumvarpið kveður einnig á um ýmsar breytingar sem lúta að foreldraráðum og einnig skyldu til að stofna nemendaráð við hvern skóla ásamt fleiri breytingum.

Athugasemdir bárust um nokkur atriði og meiri hlutinn leggur til breytingar á frumvarpinu er lúta einkum að réttindum og skyldum nemenda og foreldra og einnig varðandi málsmeðferð og eru þær í samræmi við ábendingar frá umboðsmanni barna.

Við umfjöllun nefndarinnar um 23. gr. frumvarpsins sem fjallar m.a. um viðurkenningu grunnskóla sem eru reknir af öðrum en sveitarfélögum og einnig um framlag úr sveitarsjóði til starfsemi þeirra hafa komið fram skiptar skoðanir um hvort rétt sé að kveða í lögum á um lágmarksframlag frá sveitarfélögunum til framangreindra skóla. Meiri hlutinn telur að nauðsynlegt sé að kveða á um slíkt, einkum með hliðsjón af því að slíkt ákvæði tryggir betur rekstrargrundvöll skólanna og enn fremur jafnræði nemenda.

Þau sjónarmið hafa komið fram að æskilegt sé að fresta frumvarpinu og láta efnisatriði þess bíða heildarendurskoðunar grunnskólalaganna sem nú er hafin í nefnd skipaðri af menntamálaráðherra. Meiri hlutinn telur að þrátt fyrir framangreinda heildarendurskoðun sé tilefni til að frumvarpið verði nú að lögum þar sem það bæti verulega núgildandi grunnskólalög. Það sjónarmið kom einnig fram hjá umboðsmanni barna.

Verður nú gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hlutans:

1. Lagt er til að 3. gr. verði í fyrsta lagi breytt á þá leið að skýrar verði kveðið á um afdráttarlausa skyldu skólastjóra til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef misbrestur er á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli henni. Samkvæmt frumvarpsgreininni eins og hún er orðuð nú, um að skólastjóri skuli leita leiða til úrbóta, „eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda“, mætti ályktа að um mat skólastjóra væri að ræða en svo er ekki. Skv. 6. gr. laganna ber forráðamaður ábyrgð á því að barn sæki skóla. Ef misbrestur er á skólasókn án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli má telja að foreldrar séu að bregðast framangreindum skyldum og einnig forsjárskyldum sínum. Í ákvæðum 16. og 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er kveðið á um tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda, m.a. sérstaklega kveðið á um í 17. gr. þeirra laga um tilkynningarskyldu skólastjóra. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að skýrar verði kveðið á um tilkynningarskyldu skólastjóra til barnaverndaryfirvalda. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að forráðamönnum verði einnig veitt heimild til að vísa málum til úrlausnar skólanefndar í þeim tilvikum þar sem þeir sætta sig ekki við ákvörðun skólastjórans en í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að skólastjóri geti vísað málinu til skólanefndar. Rökin fyrir þeirri breytingu eru þau að misbrestur á skólasókn getur stafað af atvikum er snúa að skólanum sjálfum, t.d. einelti í skólanum sem skólastjórnin hefur ekki tekið á að mati forráðamanna.
2. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði málslið við 5. gr. er kveði á um að forráðamaður geti vísað synjun skólastjóra um undanþágu frá skólasókn til skólanefndar. Ákvörðun skólastjóra um tímabundna undanþágu frá skólasókn getur varðað nemanda miklu og meiri hlutinn telur því mikilvægt að forráðamaður geti vísað synjun skólastjóra til skólanefndar.

3. Lögð er til breyting á 8. gr. frumvarpsins. Samkvæmt greininni skal foreldraráð fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir. Meiri hlutinn leggur til að í stað orðanna „liggur fyrir“ komi orðin „er tekin“. Merkingarmunur getur verið á framangreindum orðasamböndum, bæði málsfarslegur og lagalegur.
4. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 9. gr. Í fyrsta lagi að greinin kveði á um það að nemendaráð fái skólanámskrá og aðrar áætlanir eða breytingar á skólahaldi til umsagnar en ekki til kynningar. Með þeirri breytingu telur meiri hlutinn að betur séu tryggð réttindi barna skv. 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um skyldu aðildarríkja til að tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum þeim málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Með framangreindri breytingu er umsagnarréttur nemenda lögbundinn. Meiri hlutinn áréttar að með framangreindri breytingu er ekki verið að skylda nemendaráð til að gefa umsögn heldur er með breytingunni skýrar kveðið á um að nemendur hafi rétt til þess og skylt sé að leita eftir því óháð því hvort nemendur gefa umsögn. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til sams konar orðalagsbreytingu og á 8. gr. frumvarpsins sem gerð er grein fyrir hér að framan.
5. Lagt er til að 12. gr. falli brott. Í greininni er gert ráð fyrir því að skylda til ráðningar aðstoðarskólastjóra í grunnskóla þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri, sbr. 2. mgr. 23. gr. gildandi laga, verði felld brott. Vart hefur verið við verulega andstöðu við þessa breytingu, m.a. hjá Kennarasambandi Íslands og Heimili og skóla, og því er lagt til að 23. gr. gildandi laga standi óbreytt.
6. Þá er lögð til breyting á b-lið 14. gr. frumvarpsins um að bætt verði við upptalningu á 4. mgr. 29. gr. laganna orðunum „og stöðu að öðru leyti“. Með þeirri viðbót telur meiri hlutinn að skýrt komi fram að ekki sé um að ræða tæmandi talningu í ákvæðinu auk þess sem slík viðbót er betur í samræmi við orðalag 65. gr. stjórnarskrárinnar.
7. Lögð er til breyting á 16. gr. frumvarpsins þannig að skýrt komi fram að skólanámskrá skuli send nemendaráði til umsagnar en ekki einungis kynnt nemendaráði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Þessi breyting er í samræmi við breytinguna á 9. gr. frumvarpsins.
8. Þá er lögð til breyting á 17. gr. frumvarpsins. Greinin felur í sér auknar heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina. Meiri hlutinn telur að ákvörðun um að fá starf eða nám utan skólans metið sé mikilvæg fyrir nemendur og því æskilegt að forráðamaður geti kært ákvörðun skólastjóra um synjun til skólanefndar.
9. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði við 20. gr. ákvæði um skyldu skólastjóra og skólanefndar til að gera forráðamönnum nemanda grein fyrir þeim reglum sem um málsmeðferð gilda, m.a. um kærurétt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Ingvi Hrafn Óskarsson.		Hjálmar Árnason.

1240. Breytingartillögur [447. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SKK, SÞorg, DJ, IHÓ, HjÁ).

1. Við 3. gr.
   a. Efnismálsliður a-liðar orðist svo:
      Verði misbrestur á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið.
   b. 1. efnismgr. b-liðar orðist svo:
      Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðingaþjónustu á vegum sveitarfélaga. Jafnframt getur forráðamaður barns kært ákvörðun skólastjóra til skólanefndar.
2. Við 5. gr. bætist nýr liður sem orðist svo: Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Forráðamaður getur kært synjun skólastjóra um undanþágu frá skólasókn til skólanefndar.
3. Í stað orðanna „liggur fyrir“ í 8. gr. komi: er tekin.
4. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „til kynningar“ í 4. og 5. efnismálsl. komi: til umsagnar.
   b. Í stað orðanna „liggur fyrir“ í 5. efnismálsl. komi: er tekin.
5. 12. gr. falli brott.
6. Við 14. gr. bætist nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „eða fötlunar“ í 4. mgr. kemur: fötlunar eða stöðu að öðru leyti.
7. 4. efnismálsl. 16. gr. orðist svo: Skólanámskrá skal lögð fyrir foreldraráð og nemendaráð til umsagnar ár hvert.
8. Á eftir 4. efnismálsl. 17. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Forráðamaður getur kært synjun um mat á námi til skólanefndar.
9. Á eftir 1. málsl. 1. efnismgr. b-liðar 20. gr. komi nýr málsliður er orðist svo: Slíkri ákvörðun skal fylgja skýr leiðbeining um málsmeðferð og kærurétt forráðamanns nemanda.
10. 25. gr. orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

1241. Nefndarálit [575. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2004.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004 er hið sjöunda í röðinni síðan ný lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi en þau komu til framkvæmda árið 1998. Þetta frumvarp er jafnframt hugsað sem staðfesting á ríkisreikningi fyrir árið 2004.

Í 45. gr. fjárreiðulaganna er fjallað um frumvarp til lokafjárlaga og segir þar orðrétt: „Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs."

Ljóst er að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar uppfyllir ekki öll skilyrði þessarar greinar. Í fyrsta lagi fylgdi frumvarpið ekki ríkisreikningi þegar hann var lagður fram á sínum tíma. Í öðru lagi eru ekki gefnar skýringar á geymdum fjárheimildum og í því eru ekki heldur upplýsingar um þá aðila sem farið hafa fram úr fjárheimildum ársins. Þá er í þriðja lagi ekki gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í raun getur nefndarálit minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 (þskj. 1348 á 131. löggjafarþingi) staðið nánast óbreytt hvað varðar það frumvarp til lokafjárlaga sem fjallað er um hér. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á úrvinnslu og framsetningu þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir minni hluta fjárlaganefndar og Ríkisendurskoðunar sem birtist í nefndarálitinu um lokafjárlög fyrir árið 2003.

Í bréfi sínu til fjárlaganefndar, dags. 4. apríl 2006, gerir Ríkisendurskoðun ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004. Hins vegar ítrekar hún ábendingar sínar um það sem betur má fara í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga og gerir grein fyrir þeim í minnisblaði (sjá fylgiskjal). Í því sambandi bendir hún á ítrekað vanmat á lífeyrisskuldbindingum, afskriftum skattkrafna, vaxtakostnaði og fleiri reiknuðum liðum í fjárlögum. Þá bendir stofnunin á að fjárheimildir sem flytjast sjálfkrafa á milli ára koma ekki fram í fjárlögum ársins og þær eru því ekki ræddar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers árs. Þá telur stofnunin að ekki hafi verið gripið nægjanlega fast í taumana þótt útgjöld einstakra fjárlagaliða stefni langt umfram fjárheimildir. Loks bendir Ríkisendurskoðun á að skortur er á tímanlegum upplýsingum um stöðu fjárheimilda og fjárhagsstöðu stofnana innan reikningsársins. Í minnisblaðinu kemur enn fremur fram að sumar þessara athugasemda hafa verið ítrekaðar ár eftir ár, m.a. í skýrslum stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Orðrétt segir: „Svo virðist sem stjórnvöld hafi ekki enn sem komið er talið sérstaka ástæðu til að taka nema takmarkað tillit til athugasemda sem lúta að fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga."

Í árslok 2004 voru 179 fjárlagaliðir samtals 21,3 milljarðar kr. umfram heimildir en 280 fjárlagaliðir voru samtals 16,4 milljörðum kr. innan heimilda. Þetta sýnir vel þá miklu veikleika sem eru í fjárlagagerðinni og minni hluti fjárlaganefndar hefur ítrekað bent á undafarin ár. Samt sem áður gerir framkvæmdarvaldið ekkert til að skýra þessa stöðu né heldur er tekið á þessum vanda. Fjármálaráðuneytið hefur verið tregt til að leggja til að fella niður skuldir og telur slíkt til þess fallið að draga úr ábyrgð forstöðumanna og ráðuneyta. Samt sem áður

hefur sama ráðuneyti ekkert gert til að láta viðkomandi aðila sæta ábyrgð og hefur í raun neitað Alþingi um nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að greina þennan vanda betur. Í tíð sitjandi ríkisstjórnar hefur Alþingi því miður nánast afsalað sér fjárveitingavaldinu í hendur framkvæmdarvaldinu og ekkert bendir til þess að breytinga sé að vænta í þeim efnum.

Það er athyglisvert að Ríkisendurskoðun telur að ekki sé aðeins við forstöðumenn viðkomandi stofnana og ráðuneyta þeirra að sakast heldur bendir hún á að fjármálaráðuneytið hefur látið ríkissjóð fjármagna hallareksturinn með því að greiða laun og annan kostnað án þess að fyrir hendi séu nauðsynlegar heimildir til slíks yfirdráttar hjá Fjársýslu ríkisins.

Það er ekki síður nauðsynlegt að inneignir stofnana fái meiri umfjöllun en raun ber vitni. Af hverju geta einstakar stofnanir „safnað“ fjármunum ár eftir ár? Er kostnaðaráætlun þeirra of há, framkvæma þær ekki allt sem lög um þær gera ráð fyrir, eða skekkja uppgjörsreglur varðandi markaðar tekjur og rekstrartekjur myndina?

Annar minni hluti telur nauðsynlegt að taka lög um fjárreiður ríkisins til endurskoðunar með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur. Sérstaklega þarf að skoða heimildir til flutnings inneigna og skulda á milli ára og kemur til álita að afnema þessa heimild eða takmarka hana við 4% af fjárveitingu viðkomandi árs, enda hefur þessi heimild verið misnotuð af framkvæmdarvaldinu um árabil. Þá þarf einnig að skilgreina betur hlutverk og notkun safnliða í fjárlögum en vegur þeirra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og dregið úr gegnsæi fjárlaga hvað varðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða.

Það frumvarp til lokafjárlaga sem hér liggur fyrir sýnir í hnotskurn þann vanda sem fjárlagaferlið og framkvæmd fjárlaga er í. Nú á tímum er hvatt til gagnsæis í íslenskri stjórnsýslu og stofnuð hafa verið embætti umboðsmanna og samþykkt ýmis lög til að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum frá stjórnvöldum. Á sama tíma sitja þjóðkjörnir fulltrúa á hinu háa Alþingi með mjög takmarkaðar upplýsingar þegar kemur að umfjöllun um fjárlög, fjáraukalög og lokafjárlög. Þessu þarf að breyta.

Alþingi, 2. maí 2006.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Helgi Hjörvar. Katrín Júlíusdóttir.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal.

Minnisblað Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar.
(28. mars 2006.)

Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004. Hins vegar hefur stofnunin á undanförnum árum margsinnis sett fram ábendingar um hvað betur má fara við fjárlagagerðina, einkum að því er snýr að framkvæmd fjárlaga sem aftur hefur áhrif á það sem fram kemur í lokafjárlögum. Full ástæða er til að rifja hér upp helstu athugasemdir sem í stuttu máli má draga saman sem hér segir:

1. Vanmat á lífeyrisskuldbindingum, afskrifuðum skattkröfum, vaxtakostnaði og fleiri reiknuðum liðum í fjárlögum gerir það að verkum að útgjaldarammi fjárlaga heldur ekki og samþykkja þarf umtalsverðar viðbótarfjárheimildir eða eftir atvikum niðurfellingar í lokafjárlögum.

2. Fjárheimildir sem flytjast sjálfkrafa milli ára koma ekki fram í fjárlögum ársins og eru þannig ekki ræddar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers ár. Þess í stað er afstaða tekin til yfirfærslu fjárheimilda í lokafjárlögum. Slíkt dregur úr að fjárlög ársins gefi heildstætt yfirlit um ríkisfjármálin og kann að fresta því að tekið sé á málefnum einstakra stofnana sem hafa farið fram úr heimildum.

3. Ekki hefur verið gripið nægjanlega fast í taumana þótt útgjöld vegna einstakra fjárlagaliða stefni langt umfram fjárheimildir. Í núverandi kerfi er of auðvelt að stofna til útgjalda án þess að aflað sé viðbótarfjárheimilda á undan.

4. Skortur er á tímanlegum upplýsingum um stöðu fjárheimilda og fjárhagsstöðu stofnana innan reikningsársins.

Sumar þessara athugasemda hafa verið ítrekaðar ár eftir ár m.a. í skýrslum stofnunarinnar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Svo virðist sem stjórnvöld hafi ekki enn sem komið er talið sérstaka ástæðu til þess að taka nema takmarkað tillit til athugasemda sem lúta að fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga.

Vanmat á lífeyrisskuldbindingum og fleiri liðum

Í frumvarpi til lokafjárlaga 2004 er sótt um viðbótarfjárheimildir (niðurfellingu) vegna 16,0 ma.kr. útgjalda umfram fjárheimildir. Tæpur helmingur, 7,3 ma.kr., eru vegna lífeyrisskuldbindinga sem urðu hærri en áætlað var í fjárlögum og tæpir 4,8 ma.kr. vegna afskrifaðra skattkrafna. Fjárheimild til afskriftar skattkrafna hafði verið hækkuð um 1,0 ma.kr. í fjáraukalögum en engin breyting verið gerð á fjárheimild vegna lífeyrisskuldbindinga. Frávikin á þessum liðum frá fjárlögum til lokafjárlaga er um

250%. Einnig er sótt um viðbótarheimildir vegna fjármagnstekjuskatts (þ.e. fjármagnstekjuskatts sem ríkið greiðir sjálft), vaxtabóta, lífeyristrygginga, fæðingarorlofs og atvinnuleysistrygginga. Afgangaheimildir, samtals að fjárhæð 2,5 ma.kr., eru hins vegar felldar niður m.a. vegna vaxtagjalda, tapaðra krafna og tjónabóta.

Að mati Ríkisendurskoðunar á við gerð fjárlaga að vera hægt að áætla þá fjárlagaliði sem hér um ræðir nákvæmar en raun ber vitni og komast þannig hjá að samþykkja miklar breytingar í lokafjárlögum. Þá má benda á að í frumvarpi til fjáraukalaga er hægt að leita eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir, þ.e. ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf veldur því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins. Ekki er ætlast til þess að leitað sé heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi í lokafjárlögum nema grípa þurfi til þeirra eftir samþykkt fjáraukalaga.

Flutningur fjárheimilda milli ára

Eins og kunnugt er heimila lög um fjárreiður ríkisins að ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu geymdar til næsta árs að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir vegna fyrra árs, þ.e. ráðstöfun umfram heimildir, frá fjárveitingum ársins. Ef ekki er ætlunin að ónýttar fjárheimildir eða skuldir færist með þessum hætti yfir á næsta ár þarf að fella þær niður í lokafjárlögum, en sem kunnugt er ber að leggja frumvarp til lokafjárlaga fram um leið og ríkisreikning. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2004 er lagt til að fjárheimildir stofnana á árinu 2005 skerðist um 15,5 ma.kr. vegna umframútgjalda 2004 en hækki um 24,9 ma.kr. vegna afgangsheimilda.

Ríkisendurskoðun getur vel tekið undir það sjónarmið að hóflegur flutningur fjárheimilda milli ára geti skapað æskilegan sveigjanleika í rekstri ríkisstofnana, t.d. vegna frestunar á verkefnum. Hins vegar hefur hún ítrekað bent á að fluttar fjárheimildir hafi í mörgum tilfellum verið langt umfram þau 4% viðmiðunarmörk sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Minnt skal á að samkvæmt reglugerðinni ber forstöðumanni stofnunar og ráðuneyti að grípa til viðeigandi ráðstafana ef útgjöld fara meira en 4% umfram ársáætlun, en slíkar ráðstafanir geta eftir atvikum falist í að afla viðbótarfjárveitinga til starfseminnar, hagræðingu í rekstri eða í samdrætti á starfsemi. Það er aðeins í undantekningartilvikum, þegar um er að ræða ófyrirséða greiðsluskyldu eða kjarasamninga, að leyfilegt er að efna til útgjalda án þess að fjárheimild vegna þeirra sé til staðar (og ber þá að afla heimildarinnar eftir á).

Að mati Ríkisendurskoðunar veikir það framkvæmd fjárlaga að flutningur á fjárheimildum milli uppgjörstímabila sé jafn mikill og raun ber vitni. Mjög bagalegt er að stór hluti útgjaldaákvarðana sé þannig ekki ræddur í tengslum við afgreiðslu fjárlaga hvers árs. Ýmis dæmi eru um að fjárveitingar til stofnana skv. fjárlögum skerðast strax í byrjun fjárlagaársins um tugi prósenta vegna umframgjalda fyrri ára. Þá eru jafnframt dæmi um stofnanir sem ekki hafa fullnýtt fjárheimildir sínar árum saman.

Í þessu sambandi hefur Ríkisendurskoðun bent á að við afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga þurfi að skoða sérstaklega stöðu stofnana sem hafa farið langt fram úr heimildum og eru þar af leiðandi komnar með mjög neikvæðan höfuðstól.

Ekki gangi að stofnanir séu reknar út frá öðrum forsendum en fram koma í fjárlögum heldur verið að taka á málum um leið og sýnt er að stofnun ráði ekki sjálf við vandann. Svipuðu máli gegni einnig um flutning ónýttra fjárheimilda, ekki síst fjárheimilda vegna rekstrar, en ætla verður að stofnun sem ekki nýtir að fullu fjárveitingar sínar ár eftir ár veiti ýmist ekki eins mikla þjónustu og unnt væri eða þá að hún býr við óþarflega rúmar fjárveitingar. Ríkisendurskoðun hefur talið vel koma til greina að setja skorður við flutningi fjárheimilda milli ára, t.d. að hann takmarkist við 4% af fjárheimild ársins. Í sjálfu sér sýnist t.d. fátt mæla gegn því að verkefnum er frestað taki fjárveitingavaldið á ný ákvörðun um að hvort veita eigi heimild vegna þess og málið þá afgreitt í tengslum við umfjöllun um aðrar fjárveitingar. Á sama hátt er eðlilegt að fjárveitingavaldið taki ákvörðun um hvort draga eigi saman útgjöld stofnana til að vega upp á móti umfram útgjöldum fyrri ára og að slík ákvörðun sé þá rædd í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og komi fram í þeim sem tímabundin lækkun á framlagi. Að sjálfsögðu dregur þetta á engan hátt úr ábyrgð forstöðumanna sem eftir sem áður geta þurft að sæta viðurlögum skv. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Útgjöld umfram fjárheimildir

Ríkisendurskoðun hefur mörg undanfarin ár bent á það sem stofnunin hefur kallað alvarlega veikleika í framkvæmd fjárlaga og sem felst í því að stjórnvöld láta að mestu óátalið að útgjöld margra stofnana fari ítrekað langt fram úr þeim tekjum sem þeim eru ætlaðar skv. fjárlögum eða öðrum lögmætum heimildum. Til dæmis kemur fram í skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir 2004 að útgjaldaheimildir ríkissjóðs hafi það ár numið alls 295,1 ma.kr. en útgjöld ársins í reynd orðið 300,4 ma.kr. sem er 4,9 ma.kr. umfram heimildir. Alls fóru 179 fjárlagaliðir samtals 21,3 ma.kr. fram úr heimildum en 280 fjárlagaliðir voru samtals 16,4 ma.kr. innan heimilda. Bráðabirgðatölur vegna ársins 2005 benda til ámóta útkomu á því ári að þessu leyti.

Fjármálaráðuneytið hefur verið tregt til þess að leggja til niðurfellingu á slíkum frávikum í lokafjárlögum enda slíkt til þess fallið að draga úr ábyrgð viðkomandi forstöðumanna og ráðuneyta. Á það ber samt að líta að fyrr eða síðar þarf að bregðast við slíkum frávikum enda svigrúm stofnana til að mæta miklum rekstrarhalla með samdrætti í starfsemi oft afar takmarkað. Þess eru jafnvel dæmi að einstök ráðuneyti hafi latt forstöðumenn þess að grípa til sparnaðarráðstafana, sérstaklega ef sýnt þykir að þeim fylgi óþægilegur samdráttur í starfsemi. Þannig virðist liggja fyrir að stjórnvöld hafi samþykkt, ekki í orði heldur í verki, að stofnað sé til útgjalda umfram fjárlög. Með öðrum orðum, að fyrst sé stofnað til útgjalda en heimilda til þeirra aflað síðar, stundum mörgum árum eftir að til útgjaldanna var stofnað. Fyrir liggur að forstöðumenn sem hafa rekstur ekki í samræmi við fjárlög hafa sjaldnast verið áminntir með þeim hætti sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir í slíkum tilvikum.

Ríkisendurskoðun hefur einnig bent á að hér er ekki aðeins við forstöðumenn viðkomandi stofnana og ráðuneyti þeirra að sakast heldur hefur fjármálaráðuneytið látið ríkissjóð fjármagna hallareksturinn með því að greiða laun og annan kostnað án þess að fyrir hendi séu nauðsynlegar heimildir til slíks yfirdráttar hjá Fjársýslu ríkisins.

Að mati Ríkisendurskoðunar er það fyrirkomulag sem hér er lýst óásættanlegt og leiðir til ómarkvissrar fjármálastjórnar hins opinbera. Eins og stofnunin sagði í greinargerð um framkvæmd fjárlaga 2004 og sem kom út í júní 2005, liggur fjárveitingavaldið samkvæmt viðurkenndum stjórnskipunarkenningum hér á landi hjá Alþingi, ekki hjá ráðherrum eða forstöðumönnum einstakra stofnana. Þegar hins vegar horft er í gegnum fingur við að fjárlögum sé ekki fylgt grefur það undan þeirri virðingu og þeim aga sem þarf að ríkja gagnvart Alþingi og fjárlögum sem það setur. Slíkt ástand tíðkast ekki í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Í reynd hlýtur meginábyrgð á þessu ástandi að liggja hjá Alþingi þegar upp er staðið

Í fyrrnefndri greinargerð var bent á eftirtalin atriði til að ráða bót á þessu ástandi:

1. Það ætti að heyra til algerra undantekninga að stofnað sé til skuldbindinga nema lögmæt fjárheimild sé til staðar sbr. ákvæði í stjórnskipunarlögum. Telji ráðuneytin sig ekki geta unnið eftir einhverjum stjórnvaldsfyrirmælum, t.d. reglugerð um framkvæmd fjárlaga, þegar kemur að því að veita áminningar, þá ætti frekar að breyta ákvæðum hennar í það horf sem æskilegt er talið.

2. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að ráðuneyti og forstöðumenn grípi til aðgerða strax og ljóst er að rekstrarumfang stofnunar er meira en fjárveitingar leyfa.

3. Ríkisendurskoðun leggur til að ef stofnanir fara umfram 4% mörkin þá stöðvi fjármálaráðuneytið greiðslur til þeirra þar til gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana, svo sem niðurskurðar í rekstri eða viðbótarheimild samþykkt af Alþingi.

4. Mikilvægt er að ráðuneyti áminni forstöðumenn sem ekki fara að lögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og lagt er til að tekið verði tillit til fjármálastjórnar þegar fimm ára starfssamningur forstöðumanna er endurnýjaður.

5. Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpi til fjárlaga þarf að skoða sérstaklega stöðu stofnana sem hafa farið langt fram úr heimildum og eru þar af leiðandi komnar með mjög neikvæðan höfuðstól. Dæmi eru um að fjárveitingar sem Alþingi samþykkir til handa slíkum stofnunum skerðist strax um tugi prósenta vegna uppsafnaðs halla frá fyrri árum. Leggja þarf áherslu á að sú fjárveiting sem samþykkt er í fjárlögum sé sem næst þeirri fjárveitingu sem hverri stofnun er ætlað að starfa eftir á fjárlagaárinu.

6. Svipuðu máli gegnir um flutning ónýttra fjárheimilda, ekki síst fjárheimilda vegna rekstrar. Stofnun sem ekki nýtir að fullu fjárveitingar sínar ár eftir ár, veitir annaðhvort ekki eins mikla þjónustu og unnt er eða býr við óþarflega rúma fjárveitingu.

7. Alþingi þarf að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og taka frumkvæði, meti það stöðuna svo að framkvæmdavaldið sinni ekki skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

8. Til að ná fram meiri festu á fjárreiðum ríkisins leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að ársáætlanir stofnana liggi fyrir í desember eins og reglugerð um framkvæmd fjárlaga gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að umfang rekstrarins liggi fyrir þegar í byrjun árs.

Upplýsingar um fjárhagsstöðu stofnana

Allt frá árinu 1999 hefur Ríkisendurskoðun vakið athygli á nauðsyn þess að upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu ríkisins séu birtar oftar og fyrr en tíðkast hefur. Í því sambandi hefur stofnunin bent á að það þyki sjálfsagt mál að stærri fyrirtæki birti milliuppgjör að minnsta kosti hálfsárslega, ef ekki oftar, þannig að nýjustu upplýsingar um rekstur þeirra séu tiltækar. Þá er ætlast til þess að reikningsskil þeirra liggi fyrir fljótlega eftir lok reikningstímabils, oftast strax í mars eða apríl. Hins vegar hefur lítið miðað í þessa átt hjá ríkinu, endurskoðuð milliuppgjör eru ekki gerð og ríkisreikningur að jafnaði gefinn út hálfu ári eftir lok reikningsársins. Þau mánaðarlegu greiðsluuppgjör sem birt eru innan ársins geta ekki komið í stað endurskoðaðra reikningsskila. Eftirlit með framkvæmd fjárlaga verður ekki sem skyldi nema fyrir hendi séu upplýsingar innan hvers fjárlagaárs um raunverulega fjárhagsstöðu stofnana og fjárheimildir þeirra. Svo virðist sem ný fjárhagskerfi ríkisins hafi ekki orðið til þess að bæta upplýsingagjöf um ríkisfjármálin enn sem komið er.

1242. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson og Rögnu Árnadóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Ólaf Hauksson frá Sýslumannafélagi Íslands, Steinar Adolfsson og Jónmund Kjartansson frá ríkislögreglustjóra, Ingimund Einarsson og Böðvar Bragason frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Svein Ingiberg Magnússon og Pál Winkel frá Landssambandi lögreglumanna, Kolbrúnu Sævarsdóttur og Ásgeir Eiríksson frá Félagi löglærðra fulltrúa ákæruvalds, Eyþóru Geirsdóttur og Guðfinnu H. Þórsdóttur frá Stéttarfélagi lögfræðinga.

Umsagnir bárust frá Hagstofu Íslands, Akranesbæ, Sýslumannafélagi Íslands, sýslumanninum í Reykjavík, Landssambandi lögreglumanna, ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnun, Ísafjarðarbæ, Alþjóðahúsinu, sýslumanninum á Seyðisfirði, sýslumanninum í Keflavík, sýslumanninum á Höfn, réttarfarsnefnd, Félagi löglærðra fulltrúa ákæruvalds, dómstólaráði, sýslumanninum á Ísafirði, Fangelsismálastofnun ríkisins, Jafnréttisstofu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, lögreglustjóranum í Reykjavík, Persónuvernd, Sveitarfélaginu Hornafirði, Stéttarfélagi lögfræðinga, ríkissaksóknara, Húsavíkurbæ, Lögregluskóla ríkisins, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Háskóla Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Lögmannafélagi Íslands og Mýrdalshreppi.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á umdæmaskipan lögreglu hér á landi og á verkaskiptingu milli einstakra sýslumannsembætta vegna endurskipulagningar löggæslu og varða þær bæði innra og ytra skipulag. Lagt er til að við embætti ríkislögreglustjóra starfi greiningardeild sem rannsaki landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og leggi mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Lögregluumdæmum verði fækkað

úr 26 í 15 og þau stækkuð auk þess sem sérstakar rannsóknardeildir verði starfræktar við sjö embætti. Nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu taki við löggæsluverkefnum lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi.

Á fundum nefndarinnar kom fram að markmiðið með breytingunum væri að bæta og efla löggæslu í landinu og auka öryggi borgaranna. Þannig verða lögregluumdæmin færri og stærri en lögreglustöðvum verður ekki fækkað. Telur nefndin að stækkun embætta feli í sér mikla möguleika á sérhæfingu þar sem gert er ráð fyrir að löggæsla og meðferð ákæruvalds færist frá átta minnstu embættunum til þeirra stærri. Með stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu verður unnt að stuðla að betri nýtingu mannafla, sérhæfingu og nýtingu sérþekkingar. Telur nefndin að með breytingunum muni rannsóknir sakamála verða markvissari. Þá kom fram að það er eitt markmiða frumvarpsins að auka sýnilega löggæslu. Með þeim breytingum sem felast í frumvarpinu verður unnt að halda úti sólarhringsvöktum sem bæta mun löggæslu í landinu og efla öryggi borgaranna.

Nefndin ræddi um hlutverk og heimildir greiningardeildar og lögregluranns óknadeildar við embætti ríkislögreglustjóra. Ljóst er af upplýsingum þeim sem nefndinni voru veittar að frumvarpinu er ætlað að skjóta stoðum undir þá starfsemi lögreglu sem felst í því að greina hættu á alvarlegri glæpastarfsemi og er nú verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Slík greining þjónar tvennum tilgangi: annars vegar auðveldar hún lögreglu að upplýsa alvarleg afbrot, og hins vegar getur hún komið í veg fyrir að slík afbrot verði fullframin. Er þessi þáttur í störfum lögreglu ekki síst mikilvægur í ljósi þeirrar ógnar sem samfélaginu stafar af skipulagðri glæpastarfsemi svo sem fíkniefnasmygli, mansali og hryðjuverkum. Felst sérstaða slíkra brota m.a. í því að þau sæta sjaldnast almennri kæru. Kom fram að slík forvarna- og greiningarvinna væri forsenda þess að hérlend yfirvöld gætu unnið með yfirvöldum í öðrum ríkjum að baráttu gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Telur nefndin brýnt að skipulag lögreglu taki mið af þessum veruleika.

Í frumvarpinu er ekki aukið við rannsóknarheimildir lögreglu. Um heimildir til lögregluranns óknar og greiningarstarfs fer eftir lögum um meðferð opinberra mála. Nokkur umræða fór fram um það hvort þörf væri á því að koma á lögbundnu eftirliti með rannsóknar- og greiningarstarfi lögreglunnar. Telur nefndin mikilvægt að umræða um frekari rannsóknarheimildir lögreglu fari ekki fram án þess að þörf fyrir slíkt eftirlit verði metin og tekið til skoðunar hvernig slíku eftirliti mætti koma við. Margar leiðir geta komið til greina í því sambandi, þeirra á meðal aðkoma sérstakrar þingnefndar.

Þá er enn fremur lagt til í frumvarpinu að ráðherra verði heimilt að ákveða að við einstök embætti lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislögreglustjóra, greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Telur nefndin nauðsynlegt að unnt verði að stofna slíkar deildir við einstök embætti sem eru í nálægð við alþjóðlega umferð um landið.

Nefndin ræddi einnig á fundum sínum þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á stöðu stjórnenda í lögreglunni og almennum hæfisskilyrðum til skipunar í embætti. Í frumvarpinu er lagt til að ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjórar og lögreglustjórar skuli fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti. Um aðstoðarlögreglustjóra gilda sérstakar menntunar- og starfsreynslukröfur, en að öðru leyti sömu hæfisskilyrði og til skipunar í embætti lögreglustjóra.

Samkvæmt lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði skal staðgengill sýslumanns fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti. Með vísan til þessa segir í greinargerð með frumvarpinu að með sama hætti skuli sá aðstoðarlögreglustjóri sem gegnir hlutverki staðgengils lögreglustjóra fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í embætti lögreglu-

stjóra. Telur nefndin rétt að þessi áskilnaður komi skýrt fram í texta frumvarpsins og leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að breyting á menntunarskilyrðum aðstoðarlögreglustjóra væri varhugaverð. Í því samhengi var einkum rætt um almennar starfsskyldur aðstoðarlögreglustjóra og hve mjög geti reynt á lögfræðilega menntun við úrlausn verkefna í því embætti, en samkvæmt núgildandi lögum er lögfræðimenntun skilyrði skipunar í embætti varalögreglustjóra. Þrátt fyrir að sjónarmið um gildi lögfræðimenntunar fyrir störf aðstoðarlögreglustjóra hafi átt hljómgrunn innan nefndarinnar er það eindregin afstaða nefndarinnar að mikilvægt sé að vel menntaðir og reyndir lögreglumenn geti sóst eftir æðstu stjórnunarstöðum innan lögreglunnar. Kom fram að þessi leið hefði verið farin annars staðar á Norðurlöndum. Enn fremur fékk nefndin ekki séð að efnisrök lægju að baki þeim greinarmun sem gerður er á embættum aðstoðarlögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra í þessu tilliti. Þess ber þó að geta að samkvæmt gildandi lögum er sá munur á embættum varalögreglustjóra og vararíkislögreglustjóra að 30 ára aldursskilyrði er fyrir skipan í embætti vararíkislögreglustjóra. Af frumvarpinu leiðir hins vegar að umrætt aldursskilyrði fellur brott. Telur nefndin eðlilegt að gerðar verði sömu hæfiskröfur til skipunar í embætti aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra og leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis. Sá aðstoðarríkislögreglustjóri sem gegnir starfi staðgengils ríkislögreglustjóra mun í samræmi við framanritað þurfa að fullnægja hæfisskilyrðum til skipunar í embætti ríkislögreglustjóra.

Nefndin leggur einnig til breytingar í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar í eitt sveitarfélag sem félagsmálaráðuneytið staðfesti 3. mars 2006 og mun taka gildi 11. júní 2006. Telur nefndin af ýmsum ástæðum óheppilegt að innan sama sveitarfélags séu umdæmi tveggja sýslumanna. Má þar helst nefna vandkvæði við innheimtu opinberra gjalda, framkvæmd löggæslu á hendi tveggja lögreglustjóra í einu og sama sveitarfélagi, auk þess sem afmörkun stjórnsýsluumdæma sýslumanna ræðst af mörkum sveitarfélaga, sbr. reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Því leggur nefndin til að embætti sýslumannsins í Ólafsfirði verði sameinað stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Siglufirði. Telur nefndin eðlilegt að embættin verði sameinuð samhliða gildistökunni, þótt sameining sveitarfélaganna taki gildi 11. júní 2006. Með því skapast nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa breytingarnar.

Nefndin leggur auk þess til að frumvarpið verði lagað að breytingum á heitum sveitarfélaganna Bessastaðahrepps og Gerðahrepps, sem heita nú Sveitarfélagið Álftanes og Sveitarfélagið Garður.

Loks leggur nefndin til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að auk ákvæðis til bráðabirgða taki 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins, þegar gildi. Inntaka nýnema fyrir næsta ár hefst í haust og telur nefndin eðlilegt að ákvæðið öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Alþingi, 27. apríl 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

1243. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „Bessastaðahrepp“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: Sveitarfélagið Álftanes.
   b. Í stað orðsins „Gerðahrepp“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: Sveitarfélagið Garð.
   c. Í stað orðanna „umdæmum sýslumannanna á Siglufirði og Ólafsfirði“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: umdæmi sýslumannsins á Siglufirði.
2. Við 5. gr.
   a. Orðið „aðstoðarríkislögreglustjórar“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um staðgengla þeirra.
   c. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Aðstoðarríkislögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkislögreglustjóri til skipunar í embætti, en eftirtalin skilyrði gilda um menntun og starfsreynslu þeirra.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað tölunnar „25“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 24.
   b. Orðið „Ólafsfjörður“ í 1. mgr. falli brott og breytist aðsetursnúmer samkvæmt því.
4. Við 8. gr. Orðið „Ólafsfirði“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 9. gr. Á eftir orðunum „fyrir utan“ komi: 6. gr. og.

1244. Frumvarp til laga [795. mál]

um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. gr.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er sérstök stofnun sem annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samræmi við ákvæði loftferðalaga og annarra laga eftir því sem við á. Aðsetur stofnunarinnar er þar sem utanríkisráðherra ákveður.

Flugmálastjórn Íslands annast eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli.

Sérstakur flugvallarstjóri stjórnar starfsemi og rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

Utanríkisráðherra setur reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skipulag og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

2. gr.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar ber ábyrgð á að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits. Um starfsemi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli gilda ákvæði laga nr. 75/2000, um brunavarnir, eftir því sem við getur átt.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er heimilt að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi slökkviliðs Keflavíkurflugvallar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006 fyrir utan ákvæði til bráðabirgða sem öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga um loftferðir, nr. 60 10. júní 1998:

a. Við 1. mgr. 71. gr. a, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000 og 1. gr. laga nr. 88/2004, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli renna til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 71. gr. b, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000 og 2. gr. laga nr. 88/2004, kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Öryggisgjald vegna vopna- og öryggisleitar á Keflavíkurflugvelli skal þó greiðast til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir því sem við verður komið skal bjóða því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hefur á árinu 2006 hjá eftirtöldum deildum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli: Slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeindadeild, voltadeild og verkfræðideild.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurvelli undirbýr og annast ráðningar í framangreind störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í utanríkisráðuneytinu. Aðdragandi þess er sá að bandarísk stjórnvöld tilkynntu ríkisstjórn Íslands 15. mars 2006 að dregið yrði stórlega úr starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli síðar á árinu. Jafnframt að ákveðið hefði verið að orrustuþotur varnarliðsins og björgunarþyrlur þess yrðu fluttar brott í síðasta lagi fyrir lok september 2006. Bandaríkjamenn hafa sagt upp öllum íslenskum starfsmönnum sínum á Keflavíkurflugvelli og lýkur ráðningarsamningum þeirra starfsmanna sem lengstan uppsagnarfrest hafa 30. september 2006.

Vegna framangreindra fyrirætlana og aðgerða Bandaríkjamanna þurfa íslensk stjórnvöld meðal annars að gera ráðstafanir til að taka yfir þá starfsemi og þann rekstur Keflavíkurflugvallar sem Bandaríkjamenn hafa annast hingað til.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 297/1964 sem sett er með stoð í lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, hefur um áratugaskeið annast umsjón og rekstur Keflavíkurflugvallar. Með frumvarpinu eru sett sérstök lög um starfsemi stofnunarinnar og jafnframt er gert ráð fyrir því að stofnunin yfirtaki þau flugtengdu verkefni sem Bandaríkjamenn hafa hingað til annast á Keflavíkurflugvelli á grundvelli ákvæða varnarsamningsins.

II. Mikilvægi Keflavíkurflugvallar sem samgöngumannvirkis.

Keflavíkurflugvöllur er afkastamesta samgöngumannvirki landsins og mikilvægasti tengipunktur Íslands við önnur lönd. Alþjóðlegur flugvöllur eins og Keflavíkurflugvöllur er hátæknivinnustaður. Þar starfar fólk með yfirgripsmikla þekkingu, menntun og réttindi til að tryggja starfsemi flugvallarins og virkni tæknibúnaðar hans. Fjöldi starfsmanna verður að uppfylla skilyrði og kröfur flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands um menntun og færni og er sú menntun og færni vottuð af ýmsum alþjóðlegum stofnunum eða fyrirtækjum.

Uppsagnir starfsmanna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar með margra sem starfa að málefnum flugvallarins, geta leitt til þess að vel menntað og þjálfað starfsfólk hverfi af starfssvæðinu. Því er nauðsynlegt að sem fyrst sé hægt að bregðast við svo rekstrarhæfni flugvallarins raskist ekki með því að lykilstarfsfólk hverfi til annarra starfa.

Í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpi þessu er að finna heimild til að ráða, án auglýsingar, þá starfsmenn varnarliðsins sem nauðsynlegir eru til að tryggja áframhaldandi snurðulausan rekstur Keflavíkurflugvallar.

III. Tvíþætt hlutverk Keflavíkurflugvallar og staðsetning hans á varnarsvæði.

Keflavíkurflugvöllur er í dag herflugvöllur sem að mestu leyti er starfræktur í þágu borgaralegs flugs. Jafnframt er Flugstöð Leifs Eiríkssonar með tvíþætt hlutverk (e. dual purpose) þar sem henni er bæði ætlað að þjóna borgaralegu flugi og herflugi. Samkvæmt samningi Íslands og Bandaríkjanna, frá 5. júlí 1983 sem birtur var í C-deild Stjórnartíðinda 27. júlí 1983 með auglýsingu nr. 10, hafa bandarísk hervöld heimild til að nota Flugstöð Leifs Eiríkssonar á ófriðartímum eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins og hlutaðeigandi samninga og samþykkta.

Keflavíkurflugvöllur er flugvöllur í skilningi 56. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998. Samkvæmt því lagaákvæði er flugvöllur skilgreindur sem „afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.“ Nánari reglur um kröfur þær sem flugvellir og búnaður þeirra þarf að uppfylla er að finna í reglugerð um flugvelli nr. 347/2004 og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Keflavíkurflugvöllur er staðsettur á landsvæði sem er varnarsvæði samkvæmt lögum nr. 110/1951. Samkvæmt lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., sbr. 10. tölul. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 3/2004 fer utanríkisráðherra með allt stjórnsýsluvald á varnarsvæðum. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar heyrir því undir yfirstjórn utanríkisráðherra.

IV. Yfirtaka á rekstri þjónustueininga.

Embætti Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar skiptist í dag niður í fjögur svið, þ.e. flugvallarsvið, öryggissvið, flugumferðarsvið og almenna skrifstofu. Yfir sviðunum er einn flugvallarstjóri. Alls starfa þarna í dag um 62 starfsmenn.

Varnarliðið hefur verið vinnuveitandi slökkviliðs, snjóruðnings- og brautadeildar, rafeindadeildar, voltadeildar og verkfræðideildar á Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn slökkviliðsins og framangreindra deilda eru um 150 talsins og allir íslenskir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framangreindar þjónustueiningar færist undir Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Lauslega áætlað munu starfsmenn Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar við þessar breytingar verða um 200 talsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæði 1. mgr. 1. gr. er kveðið á um það að sérstök stofnun, Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, annist umsjón, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Með ákvæðinu er fest í sérlög sú framkvæmd sem tíðkast hefur að sérstök Flugmálastjórn, staðsett á Keflavíkurflugvelli, annist rekstur Keflavíkurflugvallar. Stofnuninni er jafnframt ætlað að yfirtaka þann flugtengda rekstur á Keflavíkurflugvelli sem varnarliðið hefur annast til þessa. Sjá nánar I. og IV. kafla almennra athugasemda.

Í 2. mgr. 1. gr. er tekið fram að Flugmálastjórn Íslands skuli annast eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli. Ekki þykir heppilegt að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hafi eftirlit með sjálfri sér að því er þessi málefni varðar. Til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra er hér því kveðið á um sérstakt eftirlitshlutverk Flugmálastjórnar Íslands með Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Í 3. mgr. 1. gr. segir að sérstakur flugvallarstjóri annist stjórnun og rekstur Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Það er í samræmi við það sem tíðkast hefur.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar heyrir undir yfirstjórn utanríkisráðherra og í 4. mgr. 1. gr. er kveðið á um heimild utanríkisráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skipulag og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. segir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar beri ábyrgð á því að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og annist framkvæmd eldvarnaeftirlits. Stofnuninni er hér falið það eftirlits- og ábyrgðarhlutverk með slökkviliðinu sem sveitarfélögum er falið skv. 10. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000. Af gildissviðsákvæði 2. gr. laga nr. 75/2000 leiðir

að ákvæði þeirra laga taka einnig til starfrækslu slökkviliða á flugvöllum. Er á þessu hnykkt með tilvísun 2. málsl. 1. mgr. 2. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. er að finna ákvæði sem heimilar Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Ákvæði þetta sækir fyrirmynd sína til 14. gr. laga nr. 75/2000 þar sem sveitarfélögum er heimilað að hafa samvinnu sín á milli um brunavarnir. Rétt þykir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hafi einnig slíka heimild.

Í 3. mgr. 2. gr. er að finna heimild utanríkisráðherra til að setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Einnig gilda um starfsemi slökkviliðsins þær reglur sem er að finna í reglugerð um flugvelli nr. 347/2004, sjá hér einkum kafla 9.2 í VI. hluta reglugerðarinnar og tilvísanir hans í gr. 9.2.3–9.2.38 í 1. bindi viðauka 14 við Chicago-samninginn.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. er almennt gildistökuákvæði og er lögunum ætlað að taka gildi 1. júní 2006. Ákvæði til bráðabirgða er þó ætlað að öðlast þegar gildi. Slíkt þykir nauðsynlegt til að tryggja það að flugvallarstjóri geti strax hafist handa við að ráða til starfa það lykilstarfsfólk sem þarf til að tryggja öruggan rekstur Keflavíkurflugvallar.

Í 2. mgr. 3. gr. er að finna breytingar á tilteknum ákvæðum laga um loftferðir. Í ákvæðum þessum er kveðið með skýrum hætti á um það að tekjur af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli og greiðsla öryggisgjalds vegna vopna- og öryggisleitar á Keflavíkurflugvelli skuli renna til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Þetta er í samræmi við þá skipan mála sem tíðkast hefur. Rétt þykir þó að kveða á um það með skýrum hætti í lögum að greiðslur þessar skuli renna til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er því starfsfólki varnarliðsins sem sinnt hefur ákveðnum flugtengdum verkefnum á árinu 2006 tryggður forgangsréttur til starfa hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Allar þessar einingar hafa sinnt verkefnum sem sinna þarf áfram á Keflavíkurflugvelli þrátt fyrir brotthvarf varnarliðsins. Leitast verður við að bjóða starfsfólkinu að sinna svipuðum verkefnum hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar og það hefur áður sinnt hjá varnarliðinu. Jafnframt verður þó að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem hér munu koma til.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um ráðningarhlutverk flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli, að því er varðar framangreind störf, og þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Með 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sem byggist á sanngirnisrökum, er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem um ræðir í ákvæðinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Með frumvarpinu er mótaður rammi utan um starfsemi og stjórnsýslu íslenskra flugmálayfirvalda á Keflavíkurflugvelli. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar mun sem fyrr annast stjórnun og rekstur flugvallarins en til stofnunarinnar færast ýmsir rekstrarþættir sem hafa verið á hendi Bandaríkjahers, svo sem slökkvilið og rekstur flugbrauta og mannvirkja og kerfa sem tengjast flugvellinum. Áætlað er að starfsmenn verði samtals um 200 talsins.

Fjármálaráðuneytið hefur ekki forsendur til að meta stofnkostnað sem fylgir yfirtöku íslenska ríkisins á rekstri sem Bandaríkjaher hefur haft með höndum vegna Keflavíkurflugvallar. Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins gæti matsvirði fasteigna og tækja verið um 4,3 milljarðar kr. en óvisst er með útfærslu og endurgjald við yfirtöku þeirra.

Talið er að árlegur rekstrarkostnaður verkefna sem færast frá hernum til ríkisins nemi um 1.420 m.kr. á ári. Tekjur sem renna til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar munu vera öryggisgjald og lendingargjöld.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkisins aukist um 1,4 milljarða króna.

1245. Svar [640. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar um skattlagningu lífeyrisgreiðslna og skattleysismörk 70 ára og eldri.

1. *Hver yrðu áhrif þess á tekjur ríkissjóðs annars vegar og tekjur sveitarfélaga hins vegar ef lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins yrðu annars vegar skattfrjálsar og hins vegar skattlagðar sem fjármagnstekjur? Svar óskast sundurliðað eftir tegundum lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins.*

Útreikningar sem hér fylgja hafa verið gerðir á grundvelli úrvinnslu á skattgögnum fyrir tekjuárið 2004. Það ár voru 21.698 fjölskyldur þar sem a.m.k. annar var eldri en 70 ára. Ekki var hægt að taka með ófullkomin gögn u.þ.b. 1.200 fjölskyldna og því er hér byggt á upplýsingum um 20.504 fjölskyldur með samtals 25.983 einstaklingum, sem fæddir eru 1934 og fyrr. Ekki er hægt að greina sundur skattskyldar lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar eftir tegundum.

Þessi hópur hafði árið 2004 tekjuskattsstofn að upphæð 40.248 millj. kr. og á hann var lagður tekjuskattur sem nam 2.926 millj. kr. og útsvar að upphæð 5.160 millj. kr. að meðtöldum þeim hluta útsvars sem ríkissjóður greiðir. Greiðslur lífeyris til hópsins frá Tryggingastofnun ríkisins námu 16,4 milljörðum kr. Ef þær yrðu undanþegnar skatti næmi tekjuskattur af öðrum tekjum hópsins 1.799 millj. kr. og lækkaði um 1.127 millj. kr. frá því sem hann var. Útsvar hópsins af öðrum tekjum hefði verið 3.050 millj. kr. og lækkar um 2.110 millj. kr. en af útsvarinu hefði ríkissjóður greitt 1.004 millj. kr. ef þessar reglur hefðu gilt.

Ef greiðslur frá Tryggingastofnun hefðu borið fjármagnstekjuskatt hefði hann numið 929 millj. kr. miðað við að ónýttur persónuafsláttur sem myndast við að lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar teldust ekki með í tekjuskattsstofni hefði fyrst nýst til að greiða fjármagnstekjuskatt af þeim tekjum. Tekjur ríkissjóðs hefðu því minnkað um 198 millj. kr. ef lífeyrir frá Tryggingastofnun hefði verið undanþeginn tekjuskatti en borið fjármagnstekjuskatt. Tekjulækkun sveitarfélaga yrði sú sama og vera mundi ef lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins yrðu skattfrjálsar enda njóta þau ekki fjármagnstekjuskatts.

Lífeyrir 70 ára og eldri frá Tryggingastofnun undanþeginn skatti.

Heildarupphæð lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins	16,4 milljarðar kr.
Tekjuskattur lífeyrisþega af öðrum tekjum	1.799 millj. kr.
Lækkun tekna ríkissjóðs ef tekjur frá Tryggingastofnun væru skattfrjálsar	1.127 millj. kr.
Útsvar lífeyrisþega af öðrum tekjum	3.050 millj. kr.
Lækkun tekna sveitarfélaga ef tekjur frá Tryggingastofnun væru skattfrjálsar eða bæru fjármagnstekjuskatt	2.110 millj. kr.
Fjármagnstekjuskattur til ríkissjóðs af lífeyri frá Tryggingastofnun	929 millj. kr.

2. *Hver yrðu áhrif þess á tekjur ríkissjóðs annars vegar og tekjur sveitarfélaga hins vegar ef lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum yrðu almennt skattlagðar sem fjármagnstekjur?*

Miðað er við sama hóp og sams konar vinnuaðferð og í svari við 1. lið. Greiðslur úr lífeyrissjóðum til þessa hóps námu 18,7 milljörðum kr. árið 2004. Ef ekki hefði verið greiddur tekjuskattur af þeim hefði tekjuskattur hópsins af öðrum skattskyldum tekjum numið 611 millj. kr. og lækkað um 2.315 millj. kr. Útsvar hópsins vegna annarra tekna hefði numið 2.766 millj. kr. en þar af mundi ríkissjóður hafa greitt 1.481 millj. kr. ef þetta fyrirkomulag hefði verið viðhaft. Álagt útsvar hefði þannig lækkað um 2.394 millj. kr.

Ef tekjur frá lífeyrissjóðum til þessa hóps hefðu borið fjármagnstekjuskatt hefði hann numið 1.438 millj. kr. Lækkun tekna ríkissjóðs hefði því numið 877 millj. kr. ef skattlagning hefði verið með þessum hætti. Tekjulækkun sveitarfélaga yrði sú sama og vera mundi ef greiðslur frá lífeyrissjóðum yrðu skattfrjálsar enda njóta þau ekki fjármagnstekjuskatts.

Lífeyrir frá lífeyrissjóðum til 70 ára og eldri undanþeginn skatti.

Heildarupphæð lífeyris frá lífeyrissjóðum	18,7 milljarðar kr.
Tekjuskattur lífeyrisþega af öðrum tekjum	611 millj. kr.
Lækkun tekna ríkissjóðs ef greiðslur frá lífeyrissjóðum væru skattfrjálsar	2.315 millj. kr.
Útsvar lífeyrisþega af öðrum tekjum	2.766 millj. kr.
Lækkun tekna sveitarfélaga ef greiðslur frá lífeyrissjóðum væru skattfrjálsar eða bæru fjármagnstekjuskatt	2.394 millj. kr.
Fjármagnstekjuskattur til ríkissjóðs af greiðslum frá lífeyrissjóðum	1.438 millj. kr.

3. *Hver yrðu áhrif þess á tekjur hins opinbera ef skattleysismörk 70 ára og eldri væru:*
   a. *100.000 kr.,*
   b. *120.000 kr.,*
   c. *150.000 kr.,*
   d. *180.000 kr.?*

Miðað við álagningu 2005 á tekjur 2004 hefðu umbeðin skattleysismörk á mánuði leitt til eftirfarandi lækkunar tekna hins opinbera af sköttum á tekjur:

a. 2.970 millj. kr.
b. 4.162 millj. kr.
c. 5.090 millj. kr.
d. 5.540 millj. kr.

Álagning almenns tekjuskatts og útsvars á 70 ára og eldri nam alls 6.616 millj. kr. árið 2005.

1246. Svar [679. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Gunnarssonar um skattbyrði.

1. *Hvernig hefur skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri þróast árin 1995–2006, miðað við að tekjur hjóna séu tvöföld eftirfarandi mánaðarlaun einstaklinga árið 2006 og þá jafngildi þeirra launa árið 1995, að teknu tilliti til þróunar launavísitölu:*
   a. 100.000 kr.,
   b. 130.000 kr.,
   c. 150.000 kr.,
   d. 170.000 kr.,
   e. 190.000 kr.,
   f. 210.000 kr.?
   Óskað er eftir að tímabundin frestun skatta á lífeyrissjóðsgreiðslur sé ekki tekin inn í samanburðinn, þar sem frestun skattgreiðslna er ekki sama og skattlausar tekjur.

Sú aðferð sem fyrirspyrjendur fara fram á að sé notuð til að bakreikna launaviðmiðun miðað við launavísitölu gerir það að verkum að ekki er verið að bera saman sambærilegar stærðir. Tölur um skattbyrði eins og hér koma fram eru ekki sambærilegar við aðra útreikninga fjármálaráðuneytisins um skattbyrði vegna skattalegrar meðferðar framlaga í lífeyrissjóði. Neikvæð tala þýðir að framteljandi fær barnabætur greiddar út.

Mánaðarlaun 2006	100.000	130.000	150.000	170.000	190.000	210.000
Tvöföld mánaðarlaun 2006	200.000	260.000	300.000	340.000	380.000	420.000
Heildarskattbyrði 2006	–25,3%	8,8%	19,3%	27,3%	33,7%	38,8%
Mánaðarlaun 1995	49.148	63.892	73.721	83.551	93.380	103.210
Tvöföld mánaðarlaun 1995	98.295	127.784	147.443	167.102	186.761	206.420
Heildarskattbyrði 1995	–31,3%	–9,1%	6,3%	15,4%	22,6%	28,5%

2. *Hvernig hefur skattbyrði einstaklings þróast á sama tíma, miðað við sömu launaforsendur og í 1. tölulið?*

Mánaðarlaun 2006	100.000	130.000	150.000	170.000	190.000	210.000
Heildarskattbyrði 2006	7,7%	14,4%	17,4%	19,6%	21,4%	22,9%
Mánaðarlaun 1995	49.148	63.892	73.721	83.551	93.380	103.210
Heildarskattbyrði 1995	0,0%	3,6%	8,7%	12,6%	15,7%	18,2%

1247. Svar [757. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um garðplöntuframleiðendur.

1. *Hversu margir nemendur stunda nám á garðplöntusviði Landbúnaðarháskólans?*
Nemendur á garðplöntusviði Landbúnaðarháskóla Íslands eru nú 19.

2. *Hversu margir garðplöntuframleiðendur eru nú á Íslandi og hversu mörg eru stöðugildin?*
Starfandi garðplöntuframleiðendur á landinu eru 49 talsins. Ekki liggur fyrir hversu mörg stöðugildi eru í greininni.

3. *Hversu margir garðplöntuframleiðendur voru á Íslandi árin 2000–2005, skipt eftir árum, og hversu mikil var heildarframleiðsla þeirra á sama tíma?*
Árið 2005 voru garðplöntuframleiðendur 49 talsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra árin 2000–2004, né um heildarframleiðslu árin 2000–2005.

1248. Svar [779. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um kvótastöðu báta sem voru í sóknardagakerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er núverandi kvótastaða þeirra báta sem áður voru í sóknardagakerfinu, sundurliðað eftir skipanúmeri, heiti, heimahöfn og eiganda? Óskað er eftir að í svarinu komi fram hver kvótaúthlutunin var við yfirfærsluna og hver mismunurinn er miðað við núverandi kvótastöðu.*
2. *Hver var heildarúthlutun við yfirfærsluna skipt eftir heimahöfn og hver er hún nú?*

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér svar hennar.

Fiskistofa skilur fyrirspurnina svo að átt sé við þá báta sem flytjast úr sóknardagakerfi í krókaaflamarkskerfi samkvæmt lögum nr. 74/2004, um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Krókaaflahlutdeildir fyrir allan þennan flota voru búnar til á sama tíma en þar sem þessir bátar flytjast milli kerfa á mismunandi tíma, einn bátur er reyndar enn í sóknardagakerfi, er valin sú leið að vinna með úthlutaðar krókaaflahlutdeildir og reikna hlutdeildarstöðu á mismunandi tíma til magns, miðað við sömu heildarþorskúthlutun og er í því sambandi yfirstandandi fiskveiðiár valið. Með þessu móti fást sambærilegar magntölur fyrir alla þessa báta á mismunandi tíma. Þá gerir Fiskistofa einnig ráð fyrir að eingöngu sé átt við heimildir í þorski.

Eftirfarandi eru tvær töflur. Annars vegar er tafla yfir skipaskrárnúmer þeirra báta sem krókaaflahlutdeildum var úthlutað til, ásamt núverandi nafni, heimahöfn og eiganda. Þá kemur fram úthlutuð krókaaflahlutdeild einstakra báta ásamt reiknuðu magni, síðan hlutdeildarstaða þeirra 26. apríl 2004 ásamt reiknuðu magni og munur milli þessara magntalna. Að lokum eru athugasemdir, en þar eru þeir bátar sem hvorki hafa aflaheimildir né veiðileyfi lengur sagðir „án heimilda“, „nýr eigandi“ merkir að eigendaskipti hafa orðið á bátnunum á frá úthlutun og„ný heimahöfn“ merkir að bátar eru ekki lengur með heimahöfn á sama stað og við úthlutun.

Hins vegar er tafla sem sýnir heimahafnir báta þar sem fram koma upplýsingar um úthlutaða krókaaflahlutdeild og reiknað magn, ásamt krókaaflahlutdeildarstöðu og reiknuðu magni sama flota þann 26. apríl 2006, miðað við þáverandi heimahöfn. Þá koma einnig fram til samanburðar sams konar upplýsingar um krókaaflahlutdeildir og reiknað magn á sömu tímapunktum fyrir alla krókaaflamarksbáta með heimahöfn í viðkomandi höfn.

Allar magntölur miðast við slægðan þorsk (krókaaflamark).

Krókaaflahlutdeild einstakra báta og magn, fiskveiðiárið 2005/2006.

Nafn, heimahöfn og eigandi samkvæmt skrá Fiskistofu 26. apríl 2006.
Magn miðast í öllum tilvikum við heildarúthlutun fiskveiðiársins 2005/2006 (krókaaflamagn).

Án heimilda merkir að hvorki veiðileyfi né aflahlutdeildir eru lengur bundnar við viðkomandi bát.
Nýr eigandi merkir að núverandi eigandi er annar en við úthlutun krókaaflahlutdeilda.
Ný höfn merkir að viðkomandi bátur er ekki lengur skráður í sömu höfn og var við úthlutun.

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
7473	Eskey SF54	Hornafjörður	Akraberg ehf.		27.451	0,01756420	27.451		Nýr eigandi	
6888	Vöggur AK800	Akranes	Akrafell ehf.	0,01479070	23.116			-23.116	Nýr eigandi	
6218	Haukur ÍS154	Súðavík	Akravík ehf.	0,01323800	20.689			-20.689	Án heimilda Nýr eigandi	Ný höfn
6386	Andri SH255	Rif	Andrinn ehf.	0,00896370	14.009	0,00772980	12.081	-1.928		
6507	Valberg VE5	Vestmannaeyjar	Anna Grétarsdóttir	0,02451040	38.307			-38.307	Nýr eigandi	Ný höfn
9820	Þorgrímur SK26	Hofsós	Anton Jónsson	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	
7254	Garðar SK50	Sauðárkrókur	Anton Traustason	0,02052020	32.071			-32.071	Án heimilda Nýr eigandi	
6563	Bergur Sterki HU18	Skagaströnd	Arabella ehf.	0,00946510	14.793	0,00946510	14.793			Ný höfn
6345	Öngull ÍS93	Ísafjörður	Arna ehf.	0,01526360	23.855			-23.855	Nýr eigandi	Ný höfn
6798	Alfa SI65	Siglufjörður	Arngrímur Jónsson	0,02314230	36.169	0,00827320	12.930	-23.239	Nýr eigandi	Ný höfn
6229	Uggi VE272	Vestmannaeyjar	Ágúst Bergsson	0,01705930	26.662	0,01002100	15.662	-11.000		
7097	Kristín BA88	Brjánslækur	Álftindur ehf.	0,01595380	24.934			-24.934	Án heimilda Nýr eigandi	
6503	Búri BA320	Brjánslækur	Áratog ehf.	0,02075910	32.444			-32.444		
6387	Rex NS3	Seyðisfjörður	Árni Jón Sigurðsson	0,01385690	21.657			-21.657		
6158	Garpur RE58	Reykjavík	Ársæll Ingi Ingason	0,02268840	35.459			-35.459	Án heimilda Nýr eigandi	Ný höfn
9809	Ögn ÍS164	Flateyri	Baldur Jónsson	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda Nýr eigandi	Ný höfn
6089	Árni ÓF44	Ólafsfjörður	Baldur Jónsson	0,01665500	26.030			-26.030	Nýr eigandi	Ný höfn
7459	Veiga SH107	Stykkishólmur	Baldur Ragnarsson	0,02422440	37.860	0,00308460	4.821	-33.039	Nýr eigandi	Ný höfn
2535	Mávur BA338	Tálknafjörður	Bergdís ehf.	0,02443930	38.196			-38.196	Án heimilda	
7296	Hafrún SH125	Ólafsvík	Bjargmundur Grímsson	0,00975450	15.245	0,00975450	15.245			
6529	Ásdís EA755	Hrísey	Bjarnanúpur ehf.	0,02125480	33.219	0,02125480	33.219			Ný höfn
7485	Jóhannes á Ökrum AK180	Akranes	Bjarni Jóhannesson ehf.	0,02105190	32.902	0,00254390	3.976	-28.926		
6702	Bogga í Vík GK49	Grindavík	Bjartur í Vík ehf.	0,02207020	34.493	0,03990150	62.361	27.868		Ný höfn
5370	Þórey ÓF50	Ólafsfjörður	Björn Halldórsson	0,01007920	15.753			-15.753	Án heimilda	
6465	Mardöll BA37	Bíldudalur	Björn Magnús Magnússon	0,02435120	38.058	0,01694800	26.488	-11.570		
2572	Orri SH287	Ólafsvík	BK Útgerð ehf.	0,01705930	26.662			-26.662	Nýr eigandi	
2624	Ívar SK324	Hofsós	Bláber ehf.	0,02101840	32.849	0,01764730	27.581	-5.268		Ný höfn
6236	Bliki HF27	Hafnarfjörður	Blikaútgerðin ehf.	0,02081650	32.534			-32.534	Nýr eigandi	Ný höfn

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
7519	Siggi Brands SH720	Ólafsvík	Bogey ehf.	0,02784720	43.522			-43.522	Nýr eigandi	
7381	Bogga HU72	Skagaströnd	Bogga ehf.	0,02178520	34.048	0,01806070	28.227	-5.821		
6289	Guja EA118	Grímsey	Borgarhöfði ehf.	0,02321190	36.277			-36.277	Án heimilda	Nýr eigandi
7534	Jói á Nolli EA221	Grímsey	Borgarhöfði ehf.	0,01599390	24.996			-24.996	Án heimilda	Nýr eigandi
6076	Bubba EA222	Grímsey	Borgarhöfði ehf.	0,00430860	6.734			-6.734	Án heimilda	Nýr eigandi
7535	Pjakkur ÞH65	Þórshöfn	Bóbó 1 ehf.	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662			
6026	Alda KE42	Keflavík	Bragi Bjarnason	0,01277320	19.963			-19.963	Nýr eigandi	Ný höfn
7255	Brynjar KE127	Keflavík	Bragi Sigurðsson	0,01977790	30.910	0,01977790	30.910			
5741	Þrasi VE20	Vestmannaeyjar	Bragi Steingrímsson	0,00940040	14.692			-14.692	Án heimilda	
6669	Halla Sæm SF23	Hornafjörður	Brimsker ehf.	0,01783130	27.868			-27.868	Nýr eigandi	
7527	Brimsvala SH262	Stykkishólmur	Brimsvala ehf.	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662			
7400	Gylfi SU101	Reyðarfjörður	Brökur ehf.	0,02254490	35.235	0,01998550	31.235	-4.000	Nýr eigandi	
2578	Guðrún SH271	Ólafsvík	Bugsmúli ehf.	0,01257000	19.645			-19.645	Án heimilda	
6875	Kristín SH168	Ólafsvík	Bugur ehf.	0,01805040	28.211			-28.211	Án heimilda	
6059	Geisli EA39	Akureyri	BV Útgerð ehf.	0,01868420	29.201			-29.201	Án heimilda	
6305	Gletta NS99	Borgarfjörður eystri	Böggubátur ehf.	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662			
6780	Bogga í Vík SH89	Ólafsvík	Börkur Hrafn Árnason	0,02177230	34.027			-34.027	Nýr eigandi	Ný höfn
6618	Brynja BA200	Patreksfjörður	Daði B Halldórsson	0,00983970	15.378	0,00768040	12.004	-3.374	Nýr eigandi	
2073	María SU160	Djúpivogur	Djúp ehf.	0,01775110	27.743			-27.743	Án heimilda	
6634	Ingi Þorleifs ÍS144	Bolungarvík	Djúpþúfa ehf.	0,01826800	28.551	0,02786560	43.550	14.999	Nýr eigandi	
7382	Þórunn GK63	Garður	Dóri ehf.	0,02430540	37.986	0,02150220	33.605	-4.381	Nýr eigandi	Ný höfn
7531	Grímur AK1	Akranes	Drúði ehf.	0,02059330	32.185	0,04002860	62.560	30.375		
7396	Hafdís SI131	Siglufjörður	Dúan sf	0,02450390	38.297			-38.297	Nýr eigandi	Ný höfn
6125	Perlan ÓF75	Ólafsfjörður	Eggert Gíslason	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			
6494	Örkin ÍS485	Bolungarvík	Eignarhaldsfélagið Ófæra	0,02072770	32.395	0,01689720	26.408	-5.987	Nýr eigandi	Ný höfn
5933	Teista SH54	Stykkishólmur	Einar Karlsson	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	Nýr eigandi
6457	Heppinn SH47	Stykkishólmur	Einar Karlsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			
6288	Ör SH57	Stykkishólmur	Einar Sævarsson	0,01346790	21.049	0,01346790	21.049			
7317	Norðurljós HF73	Hafnarfjörður	Eiríkur Ormur Víglundsson	0,02252150	35.198	0,00061690	964	-34.234	Nýr eigandi	Ný höfn
2517	Röðull GK142	Sandgerði	Eldhugi ehf.	0,02183050	34.118			-34.118		
6649	Svana ÞH90	Þórshöfn	Elísabet ehf.	0,02649980	41.416	0,02901220	45.342	3.926	Nýr eigandi	Ný höfn
2423	Friðrik Bergmann SH240	Ólafsvík	Ellatún ehf.	0,03072560	48.020	0,02328410	36.390	-11.630	Nýr eigandi	Ný höfn
7423	Sif SI34	Siglufjörður	Elva Björg ehf. Gerðahreppi	0,02569340	40.156			-40.156	Nýr eigandi	Ný höfn

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur	
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir
6206	Abba SH98	Stykkishólmur	Emilli ehf.	0,01269940	19.848			-19.848	Nýr eigandi
6890	Vaka SU25	Fáskrúðsfjörður	Erlingur Bjartur Oddsson	0,01732470	27.076	0,01732470	27.076		
7054	Fagurey BA250	Patreksfjörður	Eskiberg ehf.	0,01151170	17.991			-17.991	Án heimilda
2356	Eydís EA344	Hrísey	Eyfang ehf.	0,01878330	29.356			-29.356	
7468	Fanney SH123	Grundarfjörður	Fanney ehf.	0,02490450	38.923			-38.923	
6947	Assa BA339	Tálknafjörður	Fálkahorn ehf.	0,02507660	39.192	0,03014580	47.114	7.922	
7242	Unnur NK70	Neskaupstaður	Fálki NK-7 ehf.	0,02121750	33.160	0,02986690	46.678	13.518	
6946	Ýmir BA213	Brjánslækur	Fiskkaup hf.	0,02359460	36.875			-36.875	Án heimilda Nýr eigandi
9055	Hjörleifur NS26	Borgarfjörður eystri	Fiskverkun Kalla Sveins ehf.	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		Nýr eigandi
7160	Elín ÍS2	Bolungarvík	Fjalla Eyvindur ehf.	0,02818700	44.053	0,00787720	12.311	-31.742	Nýr eigandi
6845	Már ÞH313	Þórshöfn	Fles ehf.	0,00904390	14.134	0,00904390	14.134		
2374	Eydís NS320	Borgarfjörður eystri	Flæðarmál ehf.	0,02719000	42.495			-42.495	Nýr eigandi Ný höfn
6688	Steingrímur Ingimundarson SU30	Djúpivogur	Freyr Steingrímsson	0,02244330	35.076			-35.076	
7526	Guðmundur Helgi ÍS66	Flateyri	Friðfinnur ehf.	0,01616150	25.258			-25.258	Nýr eigandi Ný höfn
5968	Hrólfur HF106	Seltjarnarnes	Friðrik Hafsteinn Guðjónsson	0,00827090	12.926	0,00827090	12.926		
6307	Sigríður BA57	Patreksfjörður	Frú Sigríður ehf.	0,01253410	19.589			-19.589	Nýr eigandi
6739	Dýri BA98	Brjánslækur	Fuglberg ehf.	0,01900620	29.704	0,01900620	29.704		
6324	Fönix SH98	Stykkishólmur	G. Kristjánsson ehf.	0,00900000	14.066			-14.066	Án heimilda
7498	Sigurveig EA527	Hrísey	G.Ben útgerðarfélag ehf.	0,01804250	28.198			-28.198	Nýr eigandi
6242	Ríkey SH405	Arnarstapi	Garðar Berg Guðjónsson	0,02019220	31.558			-31.558	Nýr eigandi
5932	Svanur GK620	Vogar	Geir Hilmar Oddgeirsson	0,01040760	16.266	0,01040760	16.266		
7443	Geisli SK66	Hofsós	Geislaútgerðin ehf.	0,02463130	38.496	0,02260890	35.335	-3.161	Nýr eigandi Ný höfn
6911	Hugrún ÞH240	Grenivík	GH útgerð ehf.	0,01701330	26.590	0,00031980	500	-26.090	
7082	Kóni SH41	Ólafsvík	Gjálfur ehf.	0,01738640	27.173			-27.173	Án heimilda
7464	Árni G EA620	Dalvík	Glitnir hf.	0,01991430	31.124	0,01868040	29.195	-1.929	
7428	Glær KÓ9	Kópavogur	Glær ehf.	0,02715380	42.438	0,02126370	33.233	-9.205	Nýr eigandi Ný höfn
6314	Lóa ÍS802	Þingeyri	Grillir ehf.	0,01676320	26.199	0,00852480	13.323	-12.876	
7529	Starri SH246	Hellnar	Guðbrandur Einarsson	0,02194030	34.290	0,02194030	34.290		
5155	Gummi Valli ÍS425	Flateyri	Guðjón Guðmundsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6492	Pétur AK92	Akranes	Guðjón Pétursson	0,00833330	13.024	0,00833330	13.024		
7157	Tjaldur HF294	Hafnarfjörður	Guðmundur B. Aðalsteinsson	0,01029260	16.086	0,01029260	16.086		

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
6777	Búi BA230	Patreksfjörður	Guðmundur L Sverrisson	0,01151340	17.994	0,01274720	19.922	1.928		
6373	Valþór RE777	Reykjavík	Guðmundur Valgeirsson	0,02004400	31.326			-31.326	Nýr eigandi	
2117	Hermann Jónsson EA18	Akureyri	Guðný Anna Ríkharðsdóttir	0,02145850	33.537			-33.537	Nýr eigandi	
6331	Sörvi RE12	Reykjavík	Guðný Elín Vésteinsdóttir	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	
7479	Guðný SU45	Djúpivogur	Guðný SU-45 ehf.	0,02232690	34.894	0,02232690	34.894			
6261	Snarpur HF141	Hafnarfjörður	Gunnar Guðmundsson	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	
7309	Nói ÓF19	Ólafsfjörður	Gunnar Gunnarsson ehf.	0,00835610	13.060			-13.060	Nýr eigandi	
2612	Fríða EA124	Dalvík	Gústi Bjarna ehf.	0,02504860	39.148	0,04355660	68.074	28.926		
2620	Bjössi Krist EA80	Hrísey	Gýmir ehf.	0,01705930	26.662	0,02945920	46.041	19.379	Nýr eigandi	
6220	Gýmir HU24	Skagaströnd	Gýmir HU-24 ehf.	0,01690170	26.415	0,01434230	22.415	-4.000	Nýr eigandi	
6116	Eyborg EA452	Grímsey	Hafborg ehf.	0,02795850	43.696			-43.696	Án heimilda	
2088	Fióna EA252	Grímsey	Hafborg ehf.	0,02778620	43.426			-43.426	Án heimilda	
6423	Kría BA75	Patreksfjörður	Hafbyggi ehf. útgerðarfélag	0,01415430	22.121	0,01106960	17.300	-4.821		
7189	Hafdís GK202	Garður	Hafdís GK 202 ehf.	0,01497650	23.406	0,01497650	23.406		Nýr eigandi	
7478	Beggi Gísla ÍS54	Bolungarvík	Hafrún II IS-365 ehf.	0,02138500	33.422	0,02138500	33.422			
7070	Bjarni G BA8	Brjánslækur	Hafsbrún ehf.	0,01436580	22.452	0,06509360	101.733	79.281		
7068	Litli Vin SH6	Stykkishólmur	Hafsteinn Sigurðsson	0,01242320	19.416	0,01242320	19.416			
1988	Silla Halldórs SK79	Hofsós	Halldór Karel Jakobsson	0,00805790	12.593	0,00703850	11.000	-1.593		Ný höfn
5098	Sæfari SH43	Grundarfjörður	Hallgrímur Magnússon	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	
6111	Kristín Sigurbjörg SH82	Stykkishólmur	Hallgrímur N Sigurðsson	0,01065810	16.657			-16.657	Án heimilda	Nýr eigandi Ný höfn
6422	Dvergur EA28	Grímsey	Hallgrímur Þorsteinn Tómasson	0,01805800	28.222			-28.222	Án heimilda	Nýr eigandi
6546	Sigurborg HF116	Garðabær	Hamarshólmi ehf.	0,01488570	23.265			-23.265	Án heimilda	
7133	Sigurborg II HF116	Garðabær	Hamarshólmi ehf.	0,01543510	24.123	0,01488570	23.265	-858	Nýr eigandi	Ný höfn
5978	Hrefna GK83	Sandgerði	Hampás ehf.	0,01744920	27.271	0,04175890	65.264	37.993	Nýr eigandi	Ný höfn
6478	Unnur EA24	Grímsey	Haraldur Árni Haraldsson	0,02806680	43.865			-43.865		
6783	Linda Björk ÍS222	Þingeyri	Haraldur Árni Haraldsson	0,02513880	39.289			-39.289		Ný höfn
6047	Kötluvík ÞH31	Kópasker	Haraldur Sigurðsson	0,00757280	11.835	0,00629310	9.835	-2.000		
2568	Ella ÍS119	Súðavík	Hattareyri ehf.	0,01705930	26.662			-26.662	Án heimilda	
7545	Hafsól SF112	Hornafjörður	Haukafell ehf. Hornafirði	0,01705930	26.662			-26.662		
6749	Goðaborg NK1	Neskaupstaður	Haukur Ólafsson	0,00948660	14.826			-14.826	Án heimilda	Nýr eigandi
7539	Hávarður ÍS1	Bolungarvík	Háaver ehf.	0,01745710	27.283	0,01745710	27.283			
6674	Kleif ST72	Gjögur	Hávarður Benediktsson	0,01616150	25.258	0,01496150	23.383	-1.875		Ný höfn
6921	Edda SU253	Fáskrúðsfjörður	Hektor ehf.	0,01842800	28.801			-28.801		
7234	Karl Þór SH110	Stykkishólmur	Helgi Eiríksson	0,02313800	36.162	0,02313800	36.162			

Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Úthlutun Hlutdeild	Úthlutun Magn	Staða 26.4.2006 Hlutdeild	Staða 26.4.2006 Magn	Munur Magn	Athugasemdir
2342	Víkurröst VE70	Vestmannaeyjar	HH útgerð ehf.	0,01774430	27.732	0,01774430	27.732		
6094	Hildur ST33	Norðurfjörður	Hildur ST 33 ehf.	0,01356400	21.199	0,01356400	21.199		
9806	Hanna ST49	Norðurfjörður	Hilmar F Thorarensen	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6787	Kristján SH176	Arnarstapi	Hraunhöfn-Lavaport ehf.	0,01623080	25.367	0,01277320	19.963	-5.404	Nýr eigandi Ný höfn
2428	Margrét HF149	Hafnarfjörður	Húnaflói ehf.	0,02012930	31.460	0,02321380	36.280	4.820	Nýr eigandi Ný höfn
6272	Hansi RE24	Reykjavík	Ikan ehf.	0,02243840	35.068	0,02307820	36.068	1.000	
7274	Hrói ST58	Drangsnes	Ingimar Guðmundsson	0,00769990	12.034			-12.034	Án heimilda
6576	Guðrún ÓF53	Ólafsfjörður	Ingimar Þiðrandason	0,00757280	11.835			-11.835	
6041	Erla AK52	Akranes	Ingólfur F. Geirdal	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
1599	Þröstur SK14	Sauðárkrókur	Ingólfur Jón Sveinsson	0,00814790	12.734	0,00814790	12.734		
5668	Tjaldur BA68	Brjánslækur	Ingvi Bjarnason	0,01427200	22.305	0,01427200	22.305		
7224	Otur ST53	Djúpavík	Ístak hf.	0,02202560	34.423			-34.423	Án heimilda Nýr eigandi
7537	Ingvar ÍS70	Þingeyri	J. Reynir ehf.	0,01705930	26.662	0,00780530	12.199	-14.463	Nýr eigandi
7288	Sædís ST128	Norðurfjörður	Jakob Jens Thorarensen	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6716	Straumur ÍS184	Bolungarvík	Jakob Valgeir ehf.	0,01598220	24.978	0,00555240	8.678	-16.300	Nýr eigandi Ný höfn
7395	Gísli bátur EA208	Grímsey	Jóhannes G Henningsson	0,01720550	26.890	0,03426480	53.552	26.662	
6173	Hreyfi EA83	Akureyri	Jóhannes Kristjánsson	0,00757280	11.835			-11.835	
7448	Huld KE292	Keflavík	Jóhannes Sigurðsson	0,02258060	35.291			-35.291	Án heimilda Nýr eigandi Ný höfn
7461	Jói á Nesi II SH259	Ólafsvík	Jói á Nesi ehf.	0,02503850	39.132	0,02503850	39.132		Nýr eigandi
6225	Seifur BA17	Tálknafjörður	Jón G. Sveinbjörnsson	0,02189000	34.211			-34.211	Nýr eigandi Ný höfn
9037	Ögn GK158	Hafnir	Jón Gunnar Sigurðsson	0,00781950	12.221	0,00781950	12.221		
7262	Anna BA20	Bíldudalur	Jón Halldórsson	0,01171640	18.311	0,00322560	5.041	-13.270	
6103	Muggur KE57	Keflavík	Jón Jóhannsson	0,03030090	47.357			-47.357	Án heimilda
7353	Gummi ST31	Drangsnes	Jón Magnússon	0,02026630	31.674			-31.674	Nýr eigandi
7287	Tóti Sægreifi NS36	Vopnafjörður	Jón Tómas Svansson	0,01826950	28.553			-28.553	Nýr eigandi Ný höfn
6298	Denni SH11	Stykkishólmur	Jónatan Sigtryggsson	0,01771330	27.684	0,00919770	14.375	-13.309	Nýr eigandi Ný höfn
6992	Múli RE75	Reykjavík	Júlíus M Baldvinsson	0,01107700	17.312	0,01107700	17.312		
6626	Ljúfur BA302	Patreksfjörður	Júlíus Sigurjónsson	0,01606530	25.108			-25.108	Nýr eigandi
6792	Aðalheiður SH318	Ólafsvík	K Sigurðsson ehf.	0,01647980	25.756	0,01850450	28.920	3.164	Nýr eigandi
6958	Bryndís SH128	Stykkishólmur	K Sigurðsson ehf.	0,01850450	28.920			-28.920	Án heimilda
6582	Sædís SH138	Ólafsvík	Kiddó ehf.	0,01985090	31.024			-31.024	Án heimilda
2555	Garðar SH154	Ólafsvík	Kiddó ehf.	0,01705930	26.662	0,01985090	31.024	4.362	Nýr eigandi
6814	Kristín SU168	Stöðvarfjörður	Kjöggur ehf. Stöðvarhreppi	0,01986720	31.050			-31.050	Án heimilda
6195	Sædís ÞH305	Húsavík	Knarrareyri ehf.	0,01167220	18.242	0,01167220	18.242		Nýr eigandi
6697	Háborg ÍS24	Súðavík	Kolbeinseyri ehf.	0,01955360	30.560			-30.560	Án heimilda

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
7206	Mjallhvít EA127	Grímsey	Korkavík ehf.	0,01559510	24.373			-24.373	Án heimilda	
6789	Ólöf ríka DA3	Búðardalur	Kristinn B Jónsson	0,00757280	11.835	0,00002260	35	-11.800		
6666	Siggi Villi NK18	Neskaupstaður	Kristján Vilmundarson	0,01754680	27.423			-27.423	Nýr eigandi	Ný höfn
6296	Iðunn II BA9	Patreksfjörður	Krossi-útgerðarfélag ehf.	0,02387050	37.307			-37.307	Nýr eigandi	Ný höfn
2577	Greifinn SK19	Sauðárkrókur	Króksskip ehf.	0,02292040	35.822	0,03475510	54.318	18.496	Nýr eigandi	Ný höfn
5989	Jón Valgeir ÍS12	Suðureyri	Krækir ehf.	0,01958740	30.613			-30.613	Án heimilda	
6826	Vöggur SU40	Fáskrúðsfjörður	Kumli ehf.	0,01616150	25.258	0,01428780	22.330	-2.928	Nýr eigandi	
7362	Sólrún EA111	Árskógssandur	Kúgil ehf.	0,01976350	30.888	0,01976350	30.888		Nýr eigandi	
6486	Darri NS370	Seyðisfjörður	Kútur ehf.	0,01697770	26.534	0,01697770	26.534			
7086	Bella GK168	Garður	Kvótamarkaðurinn ehf.	0,01084770	16.954			-16.954	Án heimilda	Nýr eigandi Ný höfn
6239	Sigríður NS118	Bakkafjörður	Kötlunes ehf.	0,01102210	17.226	0,01102210	17.226		Nýr eigandi	
6569	Lára KE161	Keflavík	Lára KE 161 ehf.	0,00818280	12.789	0,00818280	12.789		Nýr eigandi	
7528	Huld SH76	Arnarstapi	Leifur Einar Einarsson	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662			
6458	Jón Trausta RE329	Reykjavík	Leifur Sörensen	0,01434840	22.425	0,01434840	22.425			
2635	Birta HF35	Hafnarfjörður	Loftur Loftsson	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662			
6484	Sómi SF61	Hornafjörður	Lukkukolla ehf.	0,00913100	14.271	0,00913100	14.271			
5894	Teista BA290	Patreksfjörður	Lundi BA-280 ehf.	0,00908630	14.201			-14.201	Án heimilda	Nýr eigandi
6771	Ýmir BA117	Flatey á Breiðafirði	Magnús Arnar Jónsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			
7366	Sæstjarnan SH63	Grundarfjörður	Magnús Jónsson	0,01518570	23.733			-23.733	Nýr eigandi	
6028	Rós HF17	Hafnarfjörður	Magnús Jónsson	0,01705930	26.662			-26.662	Nýr eigandi	Ný höfn
7233	Elli RE433	Reykjavík	Magnús Kristján Björnsson	0,01749950	27.350	0,01749950	27.350			
5982	Sælaug MB12	Borgarnes	Magnús Þ.Ólafsson	0,00757280	11.835	0,00597320	9.335	-2.500		
6835	Ógnarbrandurinn ÍS166	Bolungarvík	Malir ehf.	0,02063770	32.254			-32.254		
7386	Margrét ÍS202	Suðureyri	Margrét ehf.	0,04853620	75.856	0,01836120	28.696	-47.160	Nýr eigandi	Ný höfn
6573	Ósk SF2	Hornafjörður	Miðós ehf.	0,01484750	23.205	0,00575860	9.000	-14.205	Nýr eigandi	
7467	Indriði Kristins BA751	Tálknafjörður	Miðvík ehf.	0,02162240	33.793	0,01320350	20.635	-13.158		
2493	Hugborg SH87	Ólafsvík	Mýrarholt ehf.	0,00893310	13.961	0,00893310	13.961			
7061	Rán NS44	Seyðisfjörður	Mæja ehf.	0,01705930	26.662			-26.662	Nýr eigandi	
5163	Sær GK100	Garður	Nesfiskur ehf.	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			Ný höfn
5920	Laxinn ÁR9	Selfoss	Nesós ehf.	0,01101190	17.210			-17.210		
6893	Toni EA62	Dalvík	Njáll ehf.	0,02570630	40.176	0,02469200	38.591	-1.585	Nýr eigandi	Ný höfn
6143	Elva Björg SU140	Fáskrúðsfjörður	Njáll SU-8 ehf.	0,01936190	30.260	0,01936190	30.260		Nýr eigandi	
2441	Kristborg SH108	Stykkishólmur	Nónvík ehf.	0,02687510	42.002	0,01770970	27.678	-14.324	Nýr eigandi	Ný höfn
6512	Helga Rósa SH34	Stykkishólmur	Oliver ehf.	0,01656080	25.882	0,02479590	38.753	12.871		

Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Úthlutun Hlutdeild	Úthlutun Magn	Staða 26.4.2006 Hlutdeild	Staða 26.4.2006 Magn	Munur Magn	Athugasemdir
6878	Flugaldan SF5	Hornafjörður	Ó.M.I ehf.	0,01991950	31.132	0,01477430	23.090	-8.042	
7331	Albert Jó SH707	Ólafsvík	Ólafur Pétur Pétursson	0,01994160	31.166			-31.166	Nýr eigandi
6251	Ölver ST150	Norðurfjörður	Ólafur Thorarensen	0,00981170	15.334			-15.334	Án heimilda
6350	Ölver ST15	Norðurfjörður	Ólafur Thorarensen	0,01343010	20.990	0,00981170	15.334	-5.656	Nýr eigandi Ný höfn
2532	Robbi EA779	Grímsey	Óli Bjarni Ólason	0,03173020	49.590			-49.590	Án heimilda
9054	Grétar EA879	Grímsey	Óli Bjarni Ólason	0,02115330	33.060			-33.060	Án heimilda
2486	Hrönn EA579	Grímsey	Óli Bjarni Ólason	0,02957700	46.225	0,06190960	96.757	50.532	
2504	Felix EA679	Grímsey	Óli Bjarni Ólason	0,02838880	44.368	0,06185460	96.671	52.303	
2491	Bjargey EA79	Grímsey	Óli Ólason	0,04082650	63.807	0,20170100	315.234	251.427	
2576	Suðri SH64	Hellnar	Ólína Gunnlaugsdóttir	0,01346790	21.049			-21.049	
2564	Hringur ÍS305	Flateyri	Pjakkur ehf.	0,01705930	26.662	0,02199480	34.375	7.713	
7495	Ríkey MB20	Borgarnes	Ragnar G. Guðmundsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
5907	Fengur SU33	Djúpivogur	Ragnar Sigurður Jónsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6271	Rakel SH700	Ólafsvík	Rakel ehf.	0,00943440	14.745			-14.745	Nýr eigandi
2588	Þorbjörg RE6	Reykjavík	Rakkanes ehf.	0,01907870	29.818			-29.818	Nýr eigandi Ný höfn
7538	Hafdís GK666	Garður	Reynir Þosteinsson	0,02420620	37.831			-37.831	Nýr eigandi Ný höfn
6579	Rósborg ÍS29	Suðureyri	Rósborg ehf.	0,01568820	24.519	0,01414590	22.108	-2.411	
6550	Sólbjartur SU401	Stöðvarfjörður	Rögnvaldur Þór Heimisson	0,02167430	33.874			-33.874	Án heimilda Nýr eigandi
6013	Gugga ÍS63	Súðavík	Sammi ehf.	0,02200280	34.388	0,03129700	48.913	14.525	
6675	Diddi SH42	Rif	Sandbrún ehf.	0,02052260	32.074			-32.074	
5946	Þytur ST14	Norðurfjörður	Sá Guli ehf.	0,01074550	16.794			-16.794	Nýr eigandi
6766	Sunna ÍS62	Keflavík	Senson ehf.	0,02260890	35.335			-35.335	Án heimilda Nýr eigandi Ný höfn
7247	Donna KE215	Keflavík	Sigfús Tómasson	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda Nýr eigandi
6237	Bryndís ÍS705	Suðureyri	Siggi Odds ehf. Siglufirði	0,03171700	49.570	0,01282960	20.051	-29.519	Ný höfn
6199	Guðrún EA144	Grímsey	Sigurbjörn ehf.	0,02179310	34.060			-34.060	Án heimilda
6799	Ella EA188	Grímsey	Sigurbjörn ehf.	0,02116120	33.072			-33.072	Án heimilda
6141	Arnar AK22	Akranes	Sigurbrandur Jakobsson	0,01667350	26.059			-26.059	Nýr eigandi Ný höfn
6896	Glaður VE270	Vestmannaeyjar	Sigurður Elíasson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6379	Reyðar SU604	Eskifjörður	Sigurður Ingvarsson	0,00826220	12.913	0,00826220	12.913		
6129	Margrét ÍS5	Þingeyri	Sigurður Jónsson	0,00757280	11.835	0,00603050	9.425	-2.410	
6599	Hamravík ST79	Drangsnes	Sigurgeir Guðmundsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835		
6719	Hanna NK9	Neskaupstaður	Sigursteinn Sigurðsson	0,01409560	22.030			-22.030	Án heimilda Nýr eigandi Ný höfn
6562	Jói BA4	Tálknafjörður	Sjópoki ehf.	0,01973540	30.844	0,01973540	30.844		
7211	Anna RE217	Reykjavík	Sjöan ehf.	0,01034440	16.167			-16.167	Án heimilda
6063	Már AK174	Akranes	Skak ehf.	0,01112580	17.388	0,01112580	17.388		

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
6762	Jaspis KE227	Keflavík	Skipalón ehf.	0,01565870	24.473			-24.473	Nýr eigandi	Ný höfn
6526	Núpur HU56	Blönduós	Smáherji ehf.	0,01977120	30.900			-30.900	Án heimilda	
6567	Brá EA92	Grímsey	SP Fjármögnun hf.	0,02290020	35.790			-35.790	Án heimilda	
6339	Fjarki ÍS44	Bolungarvík	Sparisjóður Bolungarvíkur	0,01191470	18.621			-18.621	Án heimilda	Nýr eigandi
7458	Staðarey SF15	Hornafjörður	Staðarey ehf.	0,02512620	39.269	0,01630670	25.485	-13.784	Nýr eigandi	Ný höfn
6990	Nónborg GK122	Grindavík	Stakkavík ehf.	0,01156050	18.068	0,00616930	9.642	-8.426	Nýr eigandi	Ný höfn
2587	Auðbjörg GK88	Grindavík	Stakkavík ehf.	0,01705930	26.662	0,01705930	26.662		Nýr eigandi	Ný höfn
6765	Blöndi ÞH25	Húsavík	Stakkavík ehf.	0,01902360	29.732			-29.732	Án heimilda	Nýr eigandi
6417	Leifi GK124	Njarðvík	Stakkavík ehf.	0,02574350	40.234	0,00616930	9.642	-30.592	Nýr eigandi	
6055	Magnús Árnason SH38	Ólafsvík	Stakkavík ehf.	0,01692510	26.452	0,00616930	9.642	-16.810	Nýr eigandi	
7429	Guðlaug SH447	Stykkishólmur	Steini Randvers ehf.	0,02127210	33.246	0,02127210	33.246			
7462	Sjófugl ÍS33	Bolungarvík	Súlnastapi ehf.	0,02027510	31.687	0,02188360	34.201	2.514	Nýr eigandi	Ný höfn
7214	Stormur HF31	Hafnarfjörður	Svavar Þorsteinsson	0,01377740	21.532	0,01377740	21.532			
7250	Svala SH151	Grundarfjörður	Sveinn Sigmundsson	0,01647830	25.754			-25.754	Nýr eigandi	Ný höfn
2538	Sigurvon BA367	Tálknafjörður	Sveinungi ehf.	0,03410580	53.303			-53.303	Nýr eigandi	Ný höfn
5885	Hafrún RE215	Reykjavík	Sverrir Eyjólfsson	0,00757280	11.835	0,00633890	9.907	-1.928		
2193	Siglunes SH326	Ólafsvík	Sverrisútgerðin ehf.	0,02308110	36.073			-36.073	Án heimilda	Nýr eigandi
6596	Gerður EA182	Grímsey	Sæbjörg ehf.	0,02521440	39.407			-39.407	Án heimilda	
7401	Sæfari SU85	Eskifjörður	Sæfari SU-85 ehf.	0,02460910	38.461			-38.461	Án heimilda	
7412	Örkin SF21	Hornafjörður	Sælón ehf.	0,04944850	77.282			-77.282	Án heimilda	
7298	Bára KE131	Keflavík	Sæmundur Einarsson	0,00838780	13.109	0,00838780	13.109			
6134	Akurey KE20	Keflavík	Sævar Valbjörn Baldvinsson	0,01434760	22.424			-22.424	Án heimilda	Nýr eigandi Ný höfn
7431	Sel GK251	Njarðvík	Tása ehf.	0,01957580	30.595	0,06169350	96.419	65.824	Nýr eigandi	
5915	Kría SH232	Ólafsvík	Teista ehf.	0,01795430	28.060			-28.060	Án heimilda	Nýr eigandi
5892	Kópur NS140	Seyðisfjörður	Unnarsteinn ehf.	0,01169430	18.277			-18.277	Án heimilda	
6877	Góa BA517	Bildudalur	Unnvör ehf.	0,02092810	32.708	0,03110000	48.605	15.897		Ný höfn
5110	Blær ST16	Norðurfjörður	Úlfar Eyjólfsson	0,00802010	12.534			-12.534	Án heimilda	
7118	Snæfell SH15	Ólafsvík	Úlfar Víglundsson	0,00937660	14.654			-14.654		
6882	Addi afi GK62	Sandgerði	Útgerðarfélag Íslands ehf.	0,02728660	42.646	0,03254120	50.858	8.212		Ný höfn
6883	Arnarborg BA999	Haukabergsvaðal l	Útgerðarfélagið Arnarborg BA 999 ehf.	0,01790590	27.985			-27.985	Án heimilda	
5672	Óskar HF9	Hafnarfjörður	Útgerðarfélagið Berg ehf.	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	Nýr eigandi
7533	Gunna ÍS419	Súðavík	Útgerðarfélagið Berg ehf.	0,02234360	34.920	0,03111570	48.630	13.710		
6133	Neisti SU48	Stöðvarfjörður	Útgerðarfélagið Einbúi ehf.	0,00969290	15.149			-15.149	Án heimilda	
2584	Hanna SH28	Stykkishólmur	Útgerðarfélagið Grund ehf.	0,01705930	26.662	0,01409560	22.030	-4.632	Nýr eigandi	Ný höfn

				Úthlutun		Staða 26.4.2006		Munur		
Nr.	Nafn skips	Heimahöfn	Eigandi	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Magn	Athugasemdir	
6337	Steinunn EA155	Hrísey	Útgerðarfélagið Hvammur hf.	0,01957060	30.586			-30.586	Án heimilda	Nýr eigandi
7223	Pési halti ÍS64	Súðavík	Útgerðarfélagið Ískrókur ehf.	0,02163630	33.815	0,02163630	33.815			
6252	Lilja BA107	Bíldudalur	Útgerðarfélagið Lilja ehf.	0,01885830	29.473			-29.473		
7445	Þura SF110	Hornafjörður	Útgerðarfélagið Ó.V. ehf.	0,01998500	31.234	0,01352080	21.131	-10.103		Nýr eigandi
2512	Sæfari SK112	Sauðárkrókur	Útgerðarfélagið Sæfari ehf.	0,02184660	34.144	0,02184660	34.144			
6756	María HF115	Hafnarfjörður	Vargsnes ehf.	0,01541810	24.097			-24.097	Án heimilda	
7060	Andri BA100	Patreksfjörður	Vestmar ehf.	0,01980450	30.952	0,03446030	53.857	22.905		
2477	Vinur GK96	Keflavík	Vinur GK 96 ehf.	0,01283530	20.060	0,01283530	20.060			Nýr eigandi Ný höfn
6732	Stígandi ÍS181	Þingeyri	Víborg ehf.	0,00757280	11.835			-11.835	Án heimilda	Nýr eigandi
6617	Örnólfur AK63	Akranes	Víðir Pálmason	0,01198090	18.725	0,01198090	18.725			
2431	Bjartur í Vík HU11	Skagaströnd	Vík ehf. útgerð	0,03113040	48.653	0,02256690	35.269	-13.384		
6545	Petra EA218	Akureyri	Víkurver ehf.	0,02301470	35.969			-35.969	Án heimilda	
6723	Beta SU161	Djúpivogur	Vogur ehf.	0,02014880	31.490			-31.490		
6132	Steinunn SU9	Stöðvarfjörður	Ylmir ehf.	0,02319600	36.252			-36.252	Án heimilda	
7087	Glaður ST10	Hólmavík	Þorbjörn Valur Þórðarson	0,02000220	31.261			-31.261		Nýr eigandi Ný höfn
6678	Þytur MB10	Borgarnes	Þorgeir Guðmundsson	0,01129150	17.647	0,01129150	17.647			
6745	Eyja GK305	Garður	Þorgeir Guðmundsson	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			
6934	Rán ÍS550	Bolungarvík	Þói ehf.	0,02051040	32.055	0,02051040	32.055			
5913	Drangavík ST160	Norðurfjörður	Þórður Magnússon	0,00757280	11.835	0,00309390	4.835	-7.000		
5923	Von SH192	Arnarstapi	Þórkell Geir Högnason	0,00936370	14.634	0,00936370	14.634			
6728	Skarpur BA373	Tálknafjörður	Þórsberg ehf.	0,00757280	11.835	0,00757280	11.835			
6020	Von SH178	Grundarfjörður	Þráinn Nóason	0,01218450	19.043	0,00578600	9.043	-10.000		
7416	Emilý SU157	Djúpivogur	Þráinn Sigurðsson	0,02469890	38.601	0,02469890	38.601			
6807	Gunnlaugur Tóki KE200	Keflavík	Þrítindar ehf.	0,02052300	32.075			-32.075	Án heimilda	
7180	Dengi BA125	Patreksfjörður	Þróttur ehf.	0,02255720	35.254			-35.254		Nýr eigandi
6200	Draupnir SH74	Arnarstapi	Ögmundur Pétursson	0,00816990	12.769	0,00816990	12.769			
2552	Ölver ÍS49	Bolungarvík	Ölli ehf.	0,02209690	34.535			-34.535		
7201	Örn RE17	Reykjavík	Örn RE-17 ehf.	0,01483160	23.180	0,01374090	21.475	-1.705		Nýr eigandi

Heimildir eftir heimahöfnum.

Magn miðast í öllum tilvikum við heildarúthlutun fiskveiðiársins 2005/2006 (krókaaflamagn)

	Heimildir fyrrverandi sóknardagabáta				Heimildir allra krókaaflamarksbáta			
	Úthlutað		Staða 26.4.2006		Úthlutað 1.9.2004		Staða 26.4.2006	
Heimahöfn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn
Akranes	0,0954487	149.175	0,0815853	127.508	0,2060531	322.035	0,2033978	317.886
Akureyri	0,1035467	161.830			0,2225779	347.862	0,0784494	122.607
Arnarstapi	0,0784060	122.540	0,0473661	74.028	0,2087543	326.257	0,0678377	106.022
Árskógssandur	0,0197635	30.888	0,0197635	30.888	0,1440181	225.082	0,2195700	343.161
Bakkafjörður	0,0110221	17.226	0,0110221	17.226	0,2304972	360.239	0,2355798	368.182
Bíldudalur	0,1011946	158.155	0,0512736	80.134	0,1684449	263.258	0,0649663	101.534
Blönduós	0,0197712	30.900			0,0775523	121.205	0,0504562	78.857
Bolungarvík	0,2509151	392.150	0,1394285	217.908	1,0239544	1.600.314	0,9650837	1.508.306
Borgarfjörður eystri	0,0246321	38.497	0,0246321	38.497	0,1621930	253.488	0,1893130	295.873
Borgarnes	0,0482094	75.344	0,0248375	38.817	0,1300364	203.231	0,1283327	200.568
Breiðdalsvík					0,0132968	20.781	0,0092540	14.463
Brjánslækur	0,1502376	234.802	0,0983718	153.742	0,1660863	259.572	0,1414140	221.013
Búðardalur	0,0075728	11.835	0,0000226	35	0,0075728	11.835	0,0000226	35
Dalvík	0,0688334	107.579	0,0869290	135.860	0,0822201	128.500	0,1496812	233.933
Djúpavík	0,0220256	34.423			0,0220256	34.423	0,0317355	49.599
Djúpivogur	0,1149418	179.639	0,0545986	85.330	0,3143221	491.246	0,2340360	365.769
Drangsnes	0,0355390	55.543	0,0075728	11.835	0,2290596	357.992	0,1688890	263.953
Eskifjörður	0,0328713	51.374	0,0082622	12.913	0,0814259	127.259	0,0323320	50.531
Fáskrúðsfjörður	0,0712761	111.395	0,0509744	79.666	0,0957758	149.686	0,0636109	99.416
Flatey á Breiðafirði	0,0075728	11.835	0,0075728	11.835	0,0075728	11.835	0,0075728	11.835
Flateyri	0,1288516	201.380	0,0295676	46.210	0,7122980	1.113.233	0,3974523	621.169
Garðabær	0,0331552	51.818	0,0148857	23.265	0,0732399	114.465	0,0148857	23.265
Garður	0,0225493	35.241	0,0516243	80.681	0,1016075	158.800	0,1704652	266.416
Gjögur			0,0149615	23.383			0,0149615	23.383
Grenivík	0,0170133	26.590	0,0003198	500	0,0377748	59.037	0,0790827	123.596
Grindavík	0,0156587	24.473	0,0631301	98.665	1,2351634	1.930.407	2,5934244	4.053.200
Grímsey	0,4611308	720.689	0,3597300	562.214	1,0744573	1.679.243	1,2246923	1.914.042
Grundarfjörður	0,0598475	93.534	0,0057860	9.043	0,3469456	542.233	0,0919240	143.666
Hafnarfjörður	0,0811581	126.840	0,0649600	101.524	0,4728560	739.015	0,4426255	691.769
Hafnir	0,0078195	12.221	0,0078195	12.221	0,0078195	12.221	0,0078195	12.221
Haganesvík					0,0238374	37.255	0,0859212	134.284
Hauganes					0,0326579	51.040	0,0198746	31.062
Haukabergsvaðall	0,0179059	27.985			0,0179059	27.985		
Hellissandur					0,2355026	368.061	0,1687194	263.687
Hellnar	0,0354082	55.339	0,0219403	34.290	0,0354082	55.339	0,0219403	34.290
Hnífsdalur					0,0758502	118.544	0,1900328	296.998
Hofsós	0,0301817	47.170	0,0472947	73.916	0,0305146	47.691	0,0552004	86.271
Hornafjörður	0,1657863	259.105	0,0770556	120.428	0,7597017	1.187.319	0,8970901	1.402.040
Hólmavík					0,2242580	350.487	0,2184939	341.479
Hrísey	0,0734557	114.802	0,0507140	79.260	0,1621454	253.413	0,4246704	663.707
Húsavík	0,1038633	162.326	0,0116722	18.242	0,3140775	490.864	0,4320305	675.210
Hvammstangi					0,0070431	11.007		
Ísafjörður	0,0317972	49.695			0,4694309	733.662	0,2053012	320.860
Keflavík	0,1477252	230.877	0,0491838	76.868	0,4027812	629.497	0,4666049	729.246
Kópasker	0,0075728	11.835	0,0062931	9.835	0,0075728	11.835	0,0062931	9.835
Kópavogur			0,0212637	33.233	0,1117350	174.628	0,1621416	253.407
Mjóifjörður					0,0251033	39.233	0,0251033	39.233
Neskaupstaður	0,0477634	74.648	0,0298669	46.678	0,1623335	253.707	0,0852027	133.161
Njarðvík	0,0704455	110.098	0,0678628	106.061	0,1311692	205.001	0,1004564	157.001
Norðurfjörður	0,0810212	126.624	0,0416152	65.038	0,1117860	174.708	0,0715742	111.862
Ólafsfjörður	0,0335809	52.483	0,0075728	11.835	0,0505566	79.014	0,0431365	67.417
Ólafsvík	0,4814298	752.415	0,1115349	174.314	1,1775897	1.840.426	0,9976745	1.559.241

	Heimildir fyrrverandi sóknardagabáta				Heimildir allra krókaaflamarksbáta			
	Úthlutað		Staða 26.4.2006		Úthlutað 1.9.2004		Staða 26.4.2006	
Heimahöfn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn	Hlutdeild	Magn
Patreksfjörður	0,2181516	340.942	0,0659575	103.083	0,4012547	627.111	0,2286196	357.304
Raufarhöfn					0,1671862	261.291	0,1614699	252.357
Reyðarfjörður	0,0225449	35.235	0,0199855	31.235	0,0680238	106.313	0,0529956	82.826
Reykjavík	0,1663626	260.004	0,0860829	134.537	0,5605359	876.048	0,5111723	798.899
Rif	0,0513763	80.294	0,0077298	12.081	0,3704085	578.902	0,4329809	676.695
Sandgerði	0,0380613	59.485	0,0743001	116.122	0,1674686	261.733	0,4322178	675.503
Sauðárkrókur	0,0730953	114.240	0,0647496	101.196	0,1157654	180.927	0,1037181	162.099
Selfoss	0,0110119	17.210			0,0110119	17.210	0,0631786	98.740
Seltjarnarnes	0,0082709	12.926	0,0082709	12.926	0,0082709	12.926	0,0082709	12.926
Seyðisfjörður	0,0595882	93.130	0,0169777	26.534	0,0960948	150.184	0,0498550	77.917
Siglufjörður	0,0317170	49.570	0,0082732	12.930	0,2198820	343.648	0,2364362	369.520
Skagaströnd	0,0698173	109.116	0,0644350	100.704	0,1667772	260.652	0,2233717	349.102
Stykkishólmur	0,1921083	300.242	0,1638168	256.027	0,5451866	852.059	0,6562782	1.025.681
Stöðvarfjörður	0,0744304	116.325			0,1033368	161.503	0,0815072	127.386
Suðureyri	0,0712669	111.382	0,0453367	70.855	0,5555620	868.274	0,4374108	683.619
Súðavík	0,1443486	225.599	0,0840490	131.358	0,1443486	225.599	0,1543513	241.232
Tálknafjörður	0,1364339	213.230	0,0706575	110.428	0,5842825	913.161	0,3004208	469.520
Vestmannaeyjar	0,0952817	148.914	0,0353381	55.229	0,2091008	326.799	0,1732423	270.756
Vogar	0,0104076	16.266	0,0104076	16.266	0,0579449	90.561	0,0484913	75.786
Vopnafjörður					0,1133984	177.228	0,0232820	36.387
Þingeyri	0,0489681	76.531	0,0223606	34.947	0,1046546	163.562	0,1000499	156.366
Þorlákshöfn					0,1577280	246.509	0,0812226	126.941
Þórshöf	0,0751400	117.434	0,0551154	86.138	0,1314653	205.464	0,1339357	209.325
Samtals	**5,0172837**	**7.841.393**	**2,7747113**	**4.336.522**	**17,2842505**	**27.013.137**	**17,4508084**	**27.273.447**

1249. Frumvarp til laga [402. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Eftir 2. umr., 25. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „56%“ í a-lið 1. mgr. kemur: 82%.
b. B-liður 1. mgr. fellur brott.
c. D-liður 1. mgr. fellur brott.
d. 4. mgr. orðast svo:

Sinfóníuhljómsveitin og Ríkisútvarpið skulu gera með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: menntamálaráðuneytinu.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar er heimilt að skipa verkefnavalsnefnd um verkefni hljómsveitarinnar. Stjórnin ákveður nánar um skipulag og hlutverk nefndarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1250. Breytingartillaga [794. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni, Ögmundi Jónassyni, Þuríði Backman, Jóni Bjarnasyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Við bætist ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara og 4,5% sem renna til að efla almenningssamgöngur og til að auka hlut vistvænna orkugjafa í samgöngum.

1251. Framhaldsnefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um Ríkisútvarpið hf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir í leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til almennrar umræðu um Ríkisútvarpið og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Það frumvarp um Ríkisútvarpið hf. sem lagt var fram í desember er haldið alvarlegum göllum. Þessir ágallar varða meðal annars stjórnarskrá og Evrópurétt, hlutverk Ríkisútvarpsins og skil almannaútvarps og samkeppnisrekstrar, flokkspólitísk ítök og inngrip, menningararfleifð í söfnum Ríkisútvarpsins og aðgang að safnefni þess, réttindi starfsmanna, þar á meðal stjórnarskrárvarin eignarréttindi, virðingu gagnvart höfundarrétti, framtíð Rásar tvö, fjárhagsgrunn Ríkisútvarpsins, vægi auglýsinga og kostunar í heildartekjum þess, nefskatt sem fjármögnunarleið, og nú síðast samhengi við nýtt fjölmiðlafrumvarp sem unnið var að

algerlega óháð væntanlegum breytingum á Ríkisútvarpinu. Þessum alvarlegu annmörkum og ýmsum fleiri hafa stjórnarandstæðingar gert ítarleg skil og stutt sjónarmið sín fram komnum gögnum afstöðu sérfræðinga.

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi fjórum sinnum (við lok þingstarfa síðasta vetur, í sumar þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar og nú enn með breytingartillögum við 3. umræðu) er ólíklegt að friður skapist um rekstur Ríkisútvarpsins verði frumvarpið að lögum, hvorki meðal almennings, annarra útvarpsstöðva, milli stjórnmálaflokkanna eða gagnvart Evrópureglum, að ógleymdum nýframkomnum efasemdum um stöðu fyrirhugaðrar fjölmiðlalöggjafar gagnvart stjórnarskránni.

Störf menntamálanefndar að frumvarpinu eftir 2. umræðu sýndu skýrt að málið var tekið vanbúið úr nefndinni áður en sú umræða hófst. Við meðferð málsins nú hafa nokkur atriði í frumvarpinu og í tengslum við það skýrst en önnur álitamál komið í ljós. Langt er í frá að svör hafi fengist við brýnum spurningum sem meðal annars varða tengsl við stjórnarskrá og Evrópurétt. Þá hefur ekkert þokast við að bæta úr óljósri skiptingu á starfsemi fyrirtækisins í almannaútvarp og samkeppnisrekstur, stjórnarháttum sem ýta undir flokkspólitísk ítök og inngrip, uppnámi um meðferð safneignar Ríkisútvarpsins og ófullnægjandi ákvæðum um réttindamál starfsmanna.

Um hið síðastnefnda er skylt að vekja athygli á því að nefndinni bárust nýjar umsagnir frá BSRB, BHM og LSR þar sem fram koma veigamikil rök fyrir því að með frumvarpinu sé brotið gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum starfsmanna, þ.e. lífeyrisréttindum þeirra og biðlaunum, auk þess sem starfsöryggi þeirra og starfskjör séu alvarlega skert. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að sinna þessu ekki, þrátt fyrir beinar breytingartillögur sem frá samtökunum bárust.

Meiri hluti nefndarinnar hefur nú ákveðið að leggja fram nokkrar breytingartillögur, sem allar eiga rót að rekja til gagnrýni stjórnarandstæðinga. Ein þeirra varðar upplýsingalög sem ná eiga yfir Ríkisútvarpið að tillögu minni hlutans sem hefur frá upphafi lagt áherslu á að þau giltu um starfsemi RÚV óháð rekstrarformi. Aðrir gallar hlutafélagsformsins standa hins vegar eftir.

Öðrum breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að lappa upp á frumvarpið og mæta í einhverju mikilli gagnrýni á einstaka þætti þess. Þær leysa þó ekki vandann sem við er að fást í hverju tilviki. Tillagan um safnefni kann vissulega að koma í veg fyrir að helstu dýrmæti Ríkisútvarpsins séu seld en gefur þó í engu svör við spurningum um stöðu safnefnisins, svo sem um vörslu þess, rækt sem því beri að sýna, aðgang annarra en RÚV hf. að því, notkun þess í samkeppnisrekstri og hvort með þessum heimanmundi felist brot á samkeppnisreglum. Tillögunni um þjónustusamning við menntamálaráðherra er ætlað að lögfesta þátt í skipulagi Ríkisútvarpsins sem áður var ekki minnst á í frumvarpinu, og ekki heldur í athugasemdunum en mátti lesa út úr bréfi frá ESA til fjármálaráðuneytisins 30. janúar þ.á. Slík efnisatriði ber vissulega að leiða í lög þannig að þau séu ekki komin undir duttlungum handhafa framkvæmdarvaldsins. Hins vegar er ljóst að með tillögunni er ekki ætlunin að tempra þau miklu völd sem menntamálaráðherra hefur með þessum hætti um dagskrárefni Ríkisútvarpsins, t.d. með því að eftirlitsráði væri falið að fara yfir slíkan samning.

Ein tillagna meiri hlutans á ættir að rekja til nýs fjölmiðlafrumvarps sem menntamálaráðherra kynnti og lét útbýta á Alþingi meðan á störfum menntamálanefndar stóð eftir 2. umræðu. Í því frumvarpi eru sérstök ákvæði sem eiga að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Síðan segir að þau ákvæði eigi ekki við um Ríkisútvarpið, og að Ríkisútvarpið skuli ekki eiga hlut í félögum sem reka útvarp og gefa út dagblað. Er skynugt hjá meiri hlutanum að taka

mark á ábendingum um að slík ákvæði eigi betur heima í lögum um Ríkisútvarpið en í almennum lögum. Á hinn bóginn komu fram alvarlegar athugasemdir frá lögfræðingum, m.a. Sigurði Líndal, um þennan kafla fjölmiðlafrumvarpsins. Talin var hætta á að hann bryti í bága við stjórnarskrá, og í bréfi frá Dagsbrún hf. er efast um að ákvæðin standist samkeppnisreglur EES-samningsins. Minni hluti menntamálanefndar óskaði því eftir að sérstaklega væri farið yfir þessi álitamál. Voru kallaðir til tveir lögfræðingar til umræðu um RÚV-ákvæðin og stjórnarskrána, Sigurður Líndal og Páll Hreinsson, annar aðalhöfunda fjölmiðlafrumvarpsins. Sigurður hvatti til þess að vandað yrði til verka, frumvörpin yrðu samlesin og samhæfð, og benti meðal annars á að í greininni í fjölmiðlafrumvarpinu væru ekki taldar allar fjölmiðlunarleiðir. Hjá Páli kom fram að forsenda fyrir þessum ákvæðum um RÚV í fjölmiðlafrumvarpinu væri að Ríkisútvarpið teldist almannaútvarp. Höfundarnir hefðu við vinnu sína að fjölmiðlafrumvarpinu ekki haft neina hliðsjón af frumvarpstextum um Ríkisútvarpið enda beinlínis verið sagt að Ríkisútvarpið væri utan verksviðs þeirra. Er því ljóst að ekki var af hálfu menntamálaráðherra hugsað fyrir samræmi milli fjölmiðlafrumvarpsins og RÚV-frumvarpsins, og hefur því skapast óvissa um stöðu frumvarpanna hvors gagnvart öðru annars vegar og hins vegar beggja saman gagnvart stjórnarskrá og Evrópurétti. Óskum minni hlutans um frekari könnun á stöðu frumvarpanna gagnvart Evrópurétti og stjórnarskrá var hafnað. Þá var ekki nú fremur en við fyrri umfjöllun menntamálanefndar sinnt óskum minni hlutans um að bera RÚV-frumvarpið saman við samþykktir og tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp frá 1994 og 1996.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins í fjölmiðlanefndinni síðari lögðu fram þegar hún skilaði af sér 7. apríl í fyrra. „Við erum þeirrar skoðunar," sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf." Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar". Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins".

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar því bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem lagðar voru fram tillögur um framhaldsvinnu við málið. Í bréfinu var að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja sett fram boð um verklag „sem leitt gæti til samstöðu milli stjórnmálaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins" og var þar gert ráð fyrir því að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf., og í öðrum átta liðum tiltekin þau álitaefni sem brýnt væri að menntamálanefnd skoðaði strax þar sem málið hefði verið afgreitt vanbúið úr nefndinni til annarrar umræðu. – Rétt er að taka fram að

enginn samanburður hefur verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagaramma og hlutafélagsforminu. Horft hefur verið fram hjá því að RÚV er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. Óbreytt rekstrarform kemur í veg fyrir þau stjórnarskrárbrot sem kunna að felast í frumvarpinu og yrði síður bitbein í samkeppnisdeilum.

Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Minni hlutinn harmar þau viðbrögð. Frumvarpið um Ríkisútvarpið hefur mætt verulegri andstöðu utan þings og innan og í umfjöllun um það hefur verið bent á fjölmarga galla, stóra og smá. Einmitt í sumar hefði gefist gott tækifæri til að fara yfir málið að nýju þar sem fram er komið hið nýja almenna frumvarp um fjölmiðla sem undirbúið var með allt öðrum hætti en frumvörpin um Ríkisútvarpið, sf. í fyrra og hf. nú, og hefði verið ákjósanlegt að sumarnefndin færi yfir bæði málin, í samræmi við bókunina frá 7. apríl 2005.

Stjórnarandstæðingar í menntamálanefnd lögðu til við 2. umræðu að frumvarpinu yrði vísað frá. Sú tillaga var afturkölluð áður en til atkvæðagreiðslu kom í þeirri von að samstaða næðist um önnur vinnubrögð við framtíðarstefnu um Ríkisútvarpið en þangað til höfðu tíðkast. Það gekk ekki eftir. Því er nú flutt eftirfarandi tillaga:

Þar sem

a. fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
b. vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins standast reglur Evrópuréttar,
c. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,
e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almannasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,
g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er enn í óvissu og ráðgert hlutafé of lítið til að tryggja bærilegt upphaf Ríkisútvarpsins við nýjar aðstæður,
k. enn er óljóst um ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og óljóst hvort og þá hvernig þau skuli nýta í samkeppnisrekstri,
l. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði hérlendis og á EES-vettvangi,
m. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 2006.

Mörður Árnason, frsm. Atli Gíslason. Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Már Sigurðarson.

1252. Breytingartillögur [793. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá Atla Gíslasyni, Ögmundi Jónassyni, Steingrími J. Sigfússyni, Jóni Bjarnasyni og Þuríði Backman.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Í stað „3.721.542 kr.“ í 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna kemur: 5.225.045 kr., og í stað „6.169.097 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 8.661.412 kr.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2006 vegna tekjuársins 2005. 2. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árunum 2006, 2007, 2008 og 2009 á tekjur rekstraráranna 2005, 2006, 2007 og 2008.

1253. Tillaga til þingsályktunar [796. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 4. maí 2006 til 30. maí 2006.

1254. Svar [521. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um nefndir á vegum ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir störfuðu á vegum hvers ráðuneytis fyrir sig á sl. ári, hve margar þeirra voru virkar og hver voru verkefni þeirra?*
2. *Hver var kostnaður hvers ráðuneytis sl. ár við störf nefnda sem þóknananefnd ákveður laun fyrir annars vegar og fyrir sérfræðistörf sem ekki falla undir starfssvið þóknananefndar hins vegar?*
3. *Hver var fjöldi nefndarmanna á vegum hvers ráðuneytis árin 2004–2005?*
4. *Hver var árlegur heildarkostnaður við nefndarstörf á vegum hvers ráðuneytis árin 2004 og 2005?*
5. *Hvaða reglur gilda um nefndarþóknanir og greiðslur fyrir þá sem sitja í nefndum eða ráðum á vegum ríkisins en vinna í stjórnsýslunni eða á löggjafarþinginu?*

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öllum ráðuneytum varðandi nefndir á þeirra vegum. Fjárhæðir, tölfræði og aðrar upplýsingar um nefndir hér á eftir byggjast á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum. Til að tryggja samræmi er litið svo á að orðið nefndir eigi eingöngu við verkefnanefndir og nefndir sem eiga sér stoð í lögum en öll ráð og stjórnir stofnana og sjóða eru ekki með í svarinu. Hvað varðar 2. lið fyrirspurnarinnar er til samræmingar litið svo á að einvörðungu sé átt við nefndarlaun þótt spurt sé um sérfræðistörf þar sem í 4. lið er spurt um heildarkostnað. Undir sérfræðistörf í töflu hér á eftir færast því laun og launatengd gjöld nefndarmanna sem ekki eru ákveðin af þóknananefnd. Sé hins vegar um að ræða annan kostnað vegna sérfræðistarfa fyrir viðkomandi nefnd færist hann á heildarkostnað.

Um 5. lið fyrirspurnarinnar er það að segja að á árinu 2004 gaf fjármálaráðuneytið út leiðbeinandi vinnureglur til ráðuneyta varðandi greiðslur fyrir störf í nefndum, starfshópum og ráðum þar sem gætt er jafnræðis meðal starfsfólks, bæði innan ráðuneyta og stofnana og milli þeirra. Almennt gildir að starfsmönnum er ekki greitt sérstaklega fyrir nefndir og starfshópa sem skipaðir eru af ráðuneytum. Frá því geta þó verið vissar undantekningar þegar sérstaklega stendur á. Ekki hefur verið litið svo á að reglur þessar nái yfir fulltrúa á löggjafarþingi. Í reglum þessum segir einnig: „Margar nefndir eru þess eðlis að það er ýmist í hlutverki viðkomandi aðila að þeir sinni verkefnum nefndanna, eða þeir hafa ákveðinna hagsmuna að gæta“. Í slíkum tilvikum er yfirleitt ekki greitt fyrir nefndarstörfin og skiptir þá engu hvort um er að ræða fulltrúa ráðuneyta, stofnana, fyrirtækja eða hagsmunasamtaka.

Nefndarlaun árið 2005 sem þóknananefnd ákveður og greiðslur fyrir sérfræðistörf sem ekki falla undir þóknananefnd.

Ráðuneyti	Skv. úrskurði þóknananefndar	Sérfræðistörf	Heildarþóknun
Forsætisráðuneyti	9.073.703	20.010.089	29.083.792
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	23.199.050	27.803.730	51.002.780
Félagsmálaráðuneyti	46.512.729	0	46.512.729
Fjármálaráðuneyti	43.000.000	12.000.000	55.000.000
Hagstofa Íslands	0	0	0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	32.427.197	6.442.078	38.869.275
Iðnaðarráðuneyti			7.164.048
Viðskiptaráðuneyti			15.110.071

Ráðuneyti	Skv. úrskurði þóknananefndar	Sérfræðistörf	Heildarþóknun
Landbúnaðarráðuneyti	1.482.919	1.126.000	2.608.919
Menntamálaráðuneyti	11.915.370	641.562	12.556.932
Samgönguráðuneyti	2.389.584	6.753.520	9.143.104
Sjávarútvegsráðuneyti	1.542.306		1.542.306
Umhverfisráðuneyti	15.446.078	3.754.858	19.200.936
Utanríkisráðuneyti	13.001.842	12.766.055	25.767.897

Heildarkostnaður við nefndarstörf árin 2004 og 2005.

Ráðuneyti	Heildarkostnaður 2004	Heildarkostnaður 2005
Forsætisráðuneyti*	145.731.199	876.364.635
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	208.826.005	215.736.968
Félagsmálaráðuneyti	55.100.325	56.176.589
Fjármálaráðuneyti	58.000.000	75.000.000
Hagstofa Íslands	428.000	0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	91.747.480	105.781.286
Iðnaðarráðuneyti	12.702.713	7.372.234
Viðskiptaráðuneyti	16.401.514	20.654.910
Landbúnaðarráðuneyti**	10.108.835	8.965.979
Menntamálaráðuneyti	16.509.176	12.556.932
Samgönguráðuneyti	2.427.589	10.480.419
Sjávarútvegsráðuneyti	4.243.603	1.542.306
Umhverfisráðuneyti	75.164.787	66.831.441
Utanríkisráðuneyti	13.893.084	25.941.176

* Af heildarkostnaði forsætisráðuneytisins árið 2005 nemur kostnaður af einkavæðingarnefnd og sölu Símans rúmlega 760 millj. kr.

** Laun fastanefnda hjá landbúnaðarráðuneyti eru skráð undir heildarkostnað skv. lið 4 en eru ekki færð með launum skv. lið 2.

Fjöldi nefndarmanna árin 2004–2005.

Ráðuneyti	Fjöldi nefndarmanna
Forsætisráðuneyti	208
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	169
Félagsmálaráðuneyti	331
Fjármálaráðuneyti	179
Hagstofa Íslands	3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	497
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	341
Landbúnaðarráðuneyti	258
Menntamálaráðuneyti	2.052
Samgönguráðuneyti	69
Sjávarútvegsráðuneyti	102
Umhverfisráðuneyti	387
Utanríkisráðuneyti	72

Nefndir árið 2005 og verkefni þeirra.

Forsætisráðuneyti.

Lögbundnar nefndir.

Óbyggðanefnd (virk)

Hlutverk óbyggðanefndar skal vera: a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda. b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur. d) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Orðunefnd (virk)

Fimm manna orðunefnd ræður málefnum hinnar íslensku fálkaorðu og gerir tillögur til stórmeistara orðunnar, sem er forseti Íslands, um veitingu hennar.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur (virk)

Til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna Verkefnum nefndarinnar má skipta í fernt: 1) Taka eftirlitsreglur eða framkvæmd tiltekinnar eftirlitsstarfsemi til athugunar í heild eða að hluta. Athuganir nefndarinnar skulu vera almenns eðlis og mega ekki grípa inn í meðferð einstakra mála, sem eftirlitsstjórnvöld hafa til úrlausnar. 2) Veita umsagnir um lagafrumvörp og drög að stjórnvaldsfyrirmælum um eftirlitsreglur. 3) Fylgjast með að endurskoðun eftirlitsreglna sé í samræmi við lög nr. 27/1999 og setja fram ábendingar um endurskoðun eftir því sem við á. 4) Veita stjórnvöldum ráðgjöf um endurskoðun eftirlitsreglna og framkvæmd eftirlits í samræmi við markmið laga nr. 27/1999.

Samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna (ekki virk)

Samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Jafnframt skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna, sbr. 4. mgr. 3. gr. l. nr. 58/1998.

Nefndin kom ekki saman árið 2005 því engin mál lágu fyrir til afgreiðslu hjá nefndinni.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál 2005–2008 (virk)

Samkvæmt 15. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 ber að skipa úrskurðarnefnd um upplýsingamál til að starfa samkvæmt V. kafla sömu laga. Í nefndina skal skipa þrjá menn til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir nefndarmenn og varamenn þeirra uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara og skal annar þeirra vera formaður og hinn varaformaður.

Verkefnanefndir.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (virk)

Að annast samræmingu og umsjón einkavæðingar ríkisfyrirtækja þ.m.t. sölu eignarhluta ríkisins í félögum. Í störfum sínum fari nefndin eftir verklagsreglum við framkvæmd einkavæðingar sem ríkisstjórnin samþykkir. Einnig skal nefndin hvetja til útboða á rekstri og þjónustu sem ríkið hefur staðið að og færa þannig verkefni frá ríki til einkaaðila og fara í kerfisbundna athugun á eignum ríkisins, einkum fasteignum, lóðum, löndum og bújörðum, og gera tillögur um stefnu ríkisins varðandi sölu á hluta þessara eigna, með það að markmiði að lækka umsýslu- og rekstrarkostnað og afla ríkissjóði tekna.

Nefnd um alþjóðlega fjármálastarfsemi (virk)

Nefndin skal fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og samkeppnishæfni landsins á því sviði. Nefndinni er falið að reifa þau tækifæri sem slík starfsemi skapar og þann ávinning sem af henni kann að hljótast fyrir efnahags- og atvinnulíf í landinu. Nefndin hefur það verkefni að skoða lög og reglur um fjármálastarfsemi, fjármagnsmarkað, skattheimtu og félagaumsvif út frá því sjónarmiði hvort gera þurfi umbætur á löggjöf til að ýta undir alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi án þess að slaka á kröfum um eðlilegt aðhald og eftirlit. Nefndinni er einnig ætlað að undirbúa lagafrumvarp ef störf hennar leiða í ljós þörf á laga- og reglugerðarumbótum. Þá er henni falið að efna til faglegrar umræðu um alþjóðlega fjármálastarfsemi og kynna nýjustu viðhorf í þeim efnum á opinberum vettvangi.

Nefnd um Evrópumál (virk)

Nefndin skal greina umræðu og helstu staðreyndir um tengsl Íslands við Evrópusambandið og um hugsanlega aðild Íslands að ESB. Áhersla er m.a. lögð á að könnuð verði framkvæmd EES-samningsins, hvort og þá hvers konar undanþágur séu veittar í aðildarsamningum að Evrópusambandinu, hvað aðild myndi kosta ríkissjóð til lengri og skemmri tíma litið og hverjir væru kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland. Auk þess sem skilgreind verði staða Íslands miðað við hina nýsamþykktu stjórnarskrá ESB. Þá verði á vettvangi nefndarinnar rædd þau álitaefni önnur að því er tengsl Íslands og Evrópusambandsins varða og nefndin telur til þess fallin að skýra stöðu Íslands sérstaklega í þessu samhengi. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok kjörtímabilsins.

Nefnd um heildstæða stefnumótum í málefnum barna og unglinga (virk)

Að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunarinnar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Á grundvelli stefnumótunar nefndarinnar skuli gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtökum unglinga.

Nefnd um hollara mataræði (virk)

Alþingi ályktaði hinn 11. maí 2005 að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Í ályktuninni segir að faghópur á vegum forsætisráðuneytisins skuli settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Við mat á afleiðingunum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn. Lýðheilsustöð verður nefndinni til ráðgjafar og aðstoðar við öflun upplýsinga og gagna og er þeim tilmælum jafnframt beint til nefndarinnar að hún óski eftir samstarfi við þau ráðuneyti sem koma að þeim málaflokkum sem snerta störf hennar. Nefndin skili tillögum um samræmdar aðgerðir framkvæmdaáætlun í apríl 2006.

Nefnd um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi (virk)

Nefndin skal fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Við störf sín mun nefndin meðal annars hafa til hliðsjónar skýrslu forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi sem lögð var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi.

Nefnd um stöðu íslensku fjölskyldunnar (virk)

Hinn 11. janúar 2005 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu forsætisráðherra, að skipa nefnd til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar og koma með tillögur í því augnamiði að styrkja stöðu hennar.

Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum (virk)

Nefndin skal annars vegar fjalla um stjórnvaldssektir við efnahagsbrotum og hins vegar önnur viðurlög. Þá skal nefndin fjalla um hlutverk eftirlitsaðila og verkaskiptingu þeirra á milli, þar á meðal skil á milli þeirra, sem heimilt er að beita stjórnvaldssektum og lögreglu og ákæruvalds. Markmið tillagna nefndarinnar skal vera að eyða óvissu um verkaskiptingu og stuðla að virkum rannsóknarúrræðum til að uppræta efnahagsbrot.

Ráðgjafarnefnd um innleiðingu EES-gerða (ekki virk)

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 16. febrúar 2001 var samþykkt að ráðast í ýmsar umbætur á innleiðingu EES-gerða, þ. á m. að koma fót nefnd til að fylgja þeim eftir og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitaefni, er upp koma við innleiðingu slíkra gerða. Nefndin kom ekki saman árið 2005 því engin mál lágu fyrir til afgreiðslu hjá nefndinni.

Samráðsnefnd ráðuneyta í málefnum upplýsingasamfélagsins 2003–2005 (virk)

Að fylgja eftir þróun rafrænnar stjórnsýslu og samræma innleiðingu og notkun nýjunga í upplýsingatækni í ráðuneytunum þar með talin verkefni sem tengjast málaskrá og öryggi rafrænna upplýsinga.

Samráðsnefnd um málefni aldraðra (virk)

Nefndin hefur til umfjöllunar breytingar á lögum og önnur helstu atriði sem varða hag aldraðra sérstaklega. Í nefndinni mun einnig gefast tækifæri til að fjalla um stefnu stjórnvalda í málefnum aldraðra og fulltrúar aldraðra geta með reglubundnum hætti komið stefnu sinni á framfæri við stjórnvöld. Samráðsnefndin getur stofnað undirnefndir til að fjalla um einstaka málaflokka.

Sérfræðinganefnd um stjórnarskrána (virk)

Fjögurra manna sérfræðinganefnd til að starfa náið með stjórnarskrárnefndinni við að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Endurskoðunin verður einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla. Stefnt skal að því að frumvarp til breytinga á stjórnarskránni liggi fyrir svo tímanlega að unnt verði að samþykkja það á Alþingi fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar sem fram eiga að fara vorið 2007.

Starfshópur til að endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu (virkur)

Starfshópurinn skal endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu. Ákvörðun um þetta var tekin í tilefni af tilmælum umboðsmanns Alþingis í áliti frá 12. apríl 2002 um ráðstöfun fjár af greiðslumiðlunarreikningum til hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, en óhjákvæmilegt þótti að slík endurskoðun tæki jafnframt til sams konar gjaldtöku í þágu félagasamtaka í öðrum atvinnugreinum.

Starfshópur til að endurskoða starfsskipulag opinberra rannsóknarstofnana (virkur)

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir að endurskilgreina skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana með það að markmiði að sameina krafta þeirra og tengja starfsemi þeirra betur við háskólana og atvinnulífið í landinu. Í fyrsta áfanga er starfshópnum ætlað að annast greiningu á núverandi starfsemi og fyrirkomulagi opinberra rannsóknastofnana. Í þeirri vinnu verði m.a. reynt að greina hvar unnt er að finna samstarfsvettvang og setja fram tillögur að breytingum sem lagðar verða fram á fundi Vísinda- og tækniráðs. Starfshópnum ber að leitast við að greina störf að eðli stofnananna, m.a. út frá fagsviðum, umfangi og eðli starfseminnar, stjórnsýslu og tengslum við atvinnulífið o.fl. Tillögugerðin nái í fyrsta áfanga til allra rannsóknastofnana á starfssviði sjávarútvegsráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis.

Starfshópur um „Einfaldara Ísland“ (virkur)

Starfshópur með fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins skal undirbúa aðgerðaáætlun sem hlotið hefur vinnuheitið „Einfaldara Ísland“. Meginmarkmið aðgerðaáætlunarinnar verði einföldun laga og reglna, ekki síst til þess að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Er starfshópnum ætlað að gera tillögur um hvernig best sé að standa að slíkri einföldun á meðan ábyrgð á því að hrinda áætluninni sjálfri í framkvæmd yrði fyrst og fremst verkefni einstakra ráðuneyta.

Starfshópur um endurskoðun verklagsreglna um einkavæðingu (virkur)

Starfshópur fjögurra ráðuneyta til að kanna þörfina á því, í samráði við framkvæmdanefnd um einkavæðingu, að endurskoða verklagsreglur um útboð og sölu ríkisfyrirtækja frá 1996, og hvort ástæða sé til að lögfesta meginatriði á þessu sviði.

Starfshópur um sameiningu matvælarannsókna á Íslandi (virkur)

Starfshópurinn skal undirbúi sameiningu matvælarannsókna í eina stofnun. Starfshópnum er einnig ætlað að undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þar sem m.a. verði kveðið á um rekstrarform og stjórn sameiginlegrar matvælarannsóknastofnunar, tengsl hennar við háskólana og aðkomu samtaka atvinnulífsins að slíkri stofnun.

Starfshópur um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga (virkur)

Starfshópurinn skal undirbúa lagasetningu um verðlagningu og aðgengi opinberra upplýsinga sem byggir á niðurstöðum nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 6. febrúar 2001 til að móta almenna stefnu um verðlagningu opinberra upplýsinga. Skýrsla nefndarinnar var kynnt í ríkisstjórn 13. desember 2002. Starfshópnum er jafnframt ætlað að útbúa almennar leiðbeiningar um verðlagningu upplýsinga.

Stjórnarskrárnefnd (virk)

Stjórnarskrárnefnd skal endurskoða Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Endurskoðunin verður einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla. Stefnt skal að því að frumvarp til breytinga á stjórnarskránni liggi fyrir svo tímanlega að unnt verði að samþykkja það á Alþingi fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar sem fram eiga að fara vorið 2007.

Verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu (virk)

Verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu hefur það verkefni árin 2004–2007 að aðstoða og hvetja opinberar stofnanir, bæði ríki og sveitarfélög, til að leggja áherslu á rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu. Helstu verkefni verkefnisstjórnar um rafræna stjórnsýslu eru eftirfarandi: a) Hafa frumkvæði um, skilgreina og hrinda í framkvæmd verkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu og hafa samráð við ráðuneyti, ríkisstofnanir og hagsmunaaðila utan stjórnsýslunnar, atvinnulíf og sveitarfélög eins og við á. b) Móta tillögur og skipuleggja verkefnið um rafræna þjónustuveitu. c) vinna að stöðlun og samræmingu í rafrænum samskiptum stjórnsýslunnar. d) Verða tengiliður stjórnsýslunnar við verkefnið um tilraunasamfélagið. e) Gera tillögur um stofnun vinnuhópa um afmörkuð viðfangsefni. f) Gera tillögur um endurskoðun laga og reglugerða þar sem eru hindranir fyrir rafrænum viðskiptum í lögum, reglugerðum og starfsháttum opinberra aðila.

Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið (virk)
Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið skal fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2005. Helstu verkefni verkefnisstjórnar eru eftirfarandi: a) Að fylgja eftir heildarstefnu ríkisstjórnarinnar um málefni upplýsingasamfélagsins. b) Að stuðla að því að íslensk stjórnvöld, atvinnulíf og almenningur hagnýti sér kosti sem leiða af örri framþróun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. c) Að vera vettvangur fyrir og leiða samstarf ráðuneytanna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. d) Að leita eftir samstarfi við aðila utan ríkiskerfisins, einkum sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök, um málefni upplýsingasamfélagsins. e) Að fylgja eftir sérstökum áherslum ríkisstjórnar á þessu sviði. f) Að vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórn um fjárveitingar til þessara mála. Verkefnisstjórnin mun jafnframt f.h. íslenskra stjórnvalda taka þátt í ýmsu erlendu samstarfi varðandi málefni upplýsingasamfélagsins.

Dómsmálaráðuneyti.

Bótanefnd (virk)
Tekur ákvörðun um greiðslu bóta.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala (virk)
Hefur eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga þessara, siðareglur félagsins og góðar venjur í fasteignasölu.

Gjafsóknarnefnd (virk)
Veitir umsögn um umsóknir um gjafsókn.

Mannanafnanefnd (virk)
Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem teljast heimil, að vera til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn, að skera úr öðrum álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Matsnefnd eignarnámsbóta (virk)
Starfar skv. lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Skv. 1. mgr. 2. gr. nefndra laga sker nefndin úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Nauðasamninganefnd (virk)
Starfar á grundvelli laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga nr. 65, 1996.

Náðunarnefnd (virk)
Lætur ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

Nefnd til að fjalla um hæfi umsækjenda um embætti héraðsdómara (virk)
Lætur dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara.

Nefnd um dómarastörf (virk)
Nefndin fjallar um störf dómara og setur almennar reglur þar um.

Nefnd um eftirlit með málskostnaði í opinberum málum (virk)
Að hafa eftirlit með kostnaði, sem heimfærður er á fjárlagaliðinn málskostnaður í opinberum málum.

Nefnd um samræmda neyðarsímsvörun (virk)
Er til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga um samræmda neyðarsímsvörun

Nefnd um skráningu trúfélaga (virk)
Veitir álit um leyfi til skráningar trúfélags

Prófnefnd fasteigna-, fyrirtækja og skipasala (virk)
Stendur fyrir prófi fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu sem fasteigna-, fyrirtækja og skipasalar.

Prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður (virk)
Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun og geriri tilllögur um reglugerð um framkvæmd prófraunar.

Prófnefnd um réttindi til að verða hæstaréttarlögmaður (virk)
Setur almennar reglur um framkvæmd prófraunar.

Refsiréttarnefnd (virk)
Veitir ráðherra álit um málefni á sviði refsiréttar, semur lagafrumvörp á sínu sviði og gætir að því að samræmis sé gætt í setningu laga og reglna.

Réttarfarsnefnd (virk)
Lætur ráðherra í té álit um málefni á sviði réttarfars, semur lagafrumvörp á sínu sviði og gætir að því að samræmis sé gætt í setningu laga og reglna.

Samstarfshópur um upplýsingakerfi sýslumannsembætta (virk)
Stefnumótun varðandi upplýsingakerfi sýslumannsembætta.
Sifjalaganefnd (virk)
Lætur ráðherra í té álit um málefni á sviði sifjamála, semur lagafrumvörp á sínu sviði og gætir að því að samræmis sé gætt í setningu laga og reglna.
Úrskurðarnefnd um áfengismál (virk)
Úrskurðar um ágreiningi um ákvarðanir sveitarstjórnar samkvæmt áfengislögum
Valnefnd Lögregluskóla ríkisins (virk)
Metur hvort umsækjendur fullnægi inntökuskilyrðum og ákveður hverjir skulu hefja nám við skólann sem lögreglunemar.
Ættleiðingarnefnd (virk)
Að veita sérfræðilega umsögn varðandi umsóknir, sem ráðuneytið óskar álits um, einkum að því er varðar hæfi umsækjenda eða aðstæður þeirra til að ættleiða barn, eftir að lögboðin umsögn viðkomandi barnaverndarnefndar hefur borist ráðuneytinu.
Örorkunefnd (virk)
Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. skaðabótalaga, sem meta þarf til þess að uppgjör bóta geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitið undir örorkunefnd.
Lífkenni í íslensk vegabréf og útgáfa kennivottorða (virk)
Að gera tillögur að innleiðingu lífkenna í íslensk vegabréf í samræmi við alþjóðlegar kröfur
Nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta (virk)
Að fá betri sýn yfir fjárþörf embættanna, stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumannsembætta og kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli embætta.
Nefnd vegna könnunar á forsjár- og umgengnismálum (virk)
Kanna stöðu forjár- og umgenginsmála og gefa dómsmálaráðherra skýrslu um niðurstöður þeirra kannana
Viðræðuhópur um löggæslumálefni í Reykjavík (virkur)
Hugað að eftirfarandi þáttum: að gera löggæsluna sýnilegri; Miðborgardeild í samvinnu við félagasamtök og hagsmunaaðila; löggæslu í úthverfum borgarinnar og upprætingu fíkniefnavandans
Nefnd til að fylgjast með framkvæmd laga um mannanöfn (virk)
Fylgjast með framkvæmd laga um mannanöfn og gerir tillögur um breytingar á lögunum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt.
Verkefnisstjórn til að fjalla um nýskipan lögreglumála (virk)
Að semja tillögur um nýskipan lögreglumála.
Nefnd til að kanna innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins 2004/48/EB um fullnustu réttarbrota gegn hugverkaréttindum (virk)
Kannar innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins 2004/48/EB um fullnustu réttarbrota gegn hugverkaréttindum.
Starfshópur sem kynni sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu (virkur)
Kannar reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu.
Nefnd sem endurskoða á starfsemi og reglugerðir um útfararþjónustu (virk)
Endurskoðar starfsemi og reglugerðir um útfararþjónustu.
Starfshópur um málskostnað og gjafsóknarkostnað (virkur)
Að skoða sakarkostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð.
Nefnd sem kanna á hvaða áhrif núverandi samsetning fangavarða m.t.t. menntunar og aldurssamsetningar hefur á framtíðaskipan fangelsismála (virk)
Kannar áhrif núverandi samsetning fangavarða m.t.t. menntunar og aldurssamsetningar hefur á framtíðaskipan fangelsismála.
Nefnd til að gera tillögur um úrbætur vegna fyrirkomulags og framkvæmdar símhlerana í þágu rannsóknar opinbers máls (virk)
Gerir tillögur um úrbætur vegna fyrirkomulags og framkvæmdar símhlerana í þágu rannsóknar opinbers máls.

Starfshópur sem vera skal almannavarnadeild ríkislögreglustjóra til aðstoðar við gerð landfræðilegs kortagrunns með upplýsingum um búsetu og mannvirki á því svæði sem kann að vera í hættu vegna væntanlegs eldgoss í Mýrdalsjökli (virkur)

Er almannavarnadeild ríkislögreglustjóra til aðstoðar við gerð landfræðilegs kortagrunns með upplýsingum um búsetu og mannvirki á því svæði sem kann að vera í hættu vegna væntanlegs eldgoss í Mýrdalsjökli.

Starfshópur vegna flutnings útgáfu atvinnuleyfa frá félagsmálaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins (virkur)

Vinnur að flutningi útgáfu atvinnuleyfa frá félagsmálaráðuneytinu til dómsmálaráðuneytisins.

Framkvæmdanefnd um nýskipan lögreglumála (virk)

Að útfæra nánar tillögur verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála, í samræmi við þær umræður sem um málið hafa skapast á vettvangi lögreglumanna og sýslumanna.

Undirbúningsnefnd, sem hefur það hlutverk að undirbúa og skipuleggja uppsetningu innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi (virk)

Að undirbúa og skipuleggja uppsetningu innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi.

Starfshópur um endurskoðun á lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt (virkur)

Endurskoðun laga nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

Nefnd um verkskil milli lögreglu og einkarekinna öryggisfyrirtækja (virk)

Að fjalla um verkskil milli lögreglu og einkarekinna öryggisfyrirtækja

Félagsmálaráðuneyti.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (virk)

Að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga, þ.e. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum, bera saman viðmiðanir og hafa eftirlit með að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög.

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES (virk)

Að hafa eftirlit með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, nr. 47/1993.

Félagsdómur (virkur)

Að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, o.fl.

Fjölskylduráð (virkt)

Að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar.

Flóttamannaráð (virkt)

Að leggja til við ríkisstjórnina heildarstefnu og skipulag er varðar móttöku á flóttamönnum, hafa yfirumsjón með framkvæmd á móttöku flóttamanna og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er.

Innflytjendaráð (virkt)

Að fjalla um helstu atriði er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi.

Jafnréttisráð (virkt)

Að stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðnum.

Kærunefnd barnaverndarmála (virk)

Að kveða upp úr um gildi úrskurða barnaverndarnefnda og einstakar ákvarðanir þeirra.

Kærunefnd fjöleignarhúsamála (virk)

Að fjalla um ágreining milli eigenda í fjöleignarhúsum.

Kærunefnd húsaleigumála (virk)

Að fjalla um ágreining milli leigjenda og leigusala um framkvæmd og/eða gerð leigusamnings.

Kærunefnd húsnæðismála (virk)

Að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda.

Kærunefnd jafnréttismála (virk)

Að gefa einstaklingum og félagsamtökum sem þess óska álit á því hvort ákvæði jafnréttislaga hafi verið brotin á þeim.

Nefnd til að endurskoða málefni er varða atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir (virk)

Að endurskoða lög og reglur er varða atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

Nefnd til að endurskoða starfsgrundvöll Lánatryggingasjóðs kvenna (virk)
Að endurskoða starfsgrundvöll sjóðsins, gera tillögu um samræmingu á störfum þeirra aðila sem vinna að sömu eða samsvarandi verkefnum og athuga kosti þess að færa sjóðinn og styrkveitingar til atvinnumála kvenna í einn farveg.

Nefnd til að kanna stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum (virk)
Að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi.

Nefnd um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga og breytta verkaskiptingu (virk)
Að meta fjárhagsleg áhrif af hugsanlegum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að meta fjárhagsleg áhrif af breytingum á sveitarfélagaskipan og að setja fram hugmyndir um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga út frá breytingum á sveitarfélagaskipan og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Nefnd um endurskoðun III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga (virk)
Að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga og gera tillögur um hugsanlegar breytingar á reglugerðum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar eftir.

Nefnd um endurskoðun laga um gatnagerðargjald (virk)
Að endurskoða lög um gatnagerðargjald og meta þá reynslu sem fengist hefur af beitingu laganna, gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar og um breytingar á reglugerð um gatnagerðargjald.

Nefnd um endurskoðun reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga (virk)
Að aðlaga ákvæði reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga að fyrirhuguðum breytingum á starfsumhverfi og gjaldtökuheimildum vatnsveitna sveitarfélaga samkvæmt frumvarpi til nýrra laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Nefnd um flóttafólk og hælisleitendur (virk)
Að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um móttöku kvótaflóttafólks og hafa umsjón með aðstoð og þjónustu við það, sem og að taka til athugunar aðstæður flóttamanna og annarra sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum og vinna í nánu samráði við Útlendingastofnun.

Nefnd um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra (ekki virk)
Að kanna aðgengi fatlaðra að opinberum byggingum.

Nefnd um jafnréttisumsagnir vegna stjórnarfrumvarpa (ekki virk)
Að koma á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna.

Nefnd um sameiningu sveitarfélaga (virk)
Að undirbúa og leggja fram tillögu um breytta sveitarfélagaskipan með það að markmiði að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.

Nefnd um velferðarþjónustu í dreifbýli (virk)
Að skoða stöðu íbúa í dreifbýli með tilliti til þeirrar velferðarþjónustu sem veitt er fyrir tilstuðlan ríkis og sveitarfélaga.

Nefnd vegna málefna langveikra barna (virk)
Að tryggja betur en nú er rétt foreldra til launa í fjarveru frá vinnu og rétt til sjúkradagpeninga vegna veikinda barns.

Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga (virk)
Að standa fyrir námskeiði og prófi til undirbúnings fyrir þá sem þreyta vilja eignaskiptayfirlýsingapróf.

Prófnefnd leigumiðlunar (virk)
Að hafa yfirumsjón með prófum sem staðfesta að einstaklingar hafi góða þekkingu á húsaleigulögum, lögum um húsaleigubætur, fjöleignarhúsalögum, kunnáttu í bókhaldi o.fl.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (virk)
Að gera tillögur til félagsmálaráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en bundin framlög.

Ráðgjafarnefnd Varasjóðs húsnæðismála (virk)
Að veita framlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða, sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða, hafa umsýslu með varasjóðnum og Tryggingasjóði vegna byggingargalla, veita ráðgjöf og leiðbeiningar o.fl.

Reikningsskila- og upplýsinganefnd (virk)
Að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum upplýsingum, semja reglur um þau atriði reikningsskila sveitarfélaga sem eru sérstök fyrir þau o.fl.

Samráðshópur til að fjalla um aðstæður heimilislausra á höfuðborgarsvæðinu (virk)
Að komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu á hugtakinu heimilisleysi, taka saman yfirlit yfir þann fjölda einstaklinga sem fellur undir skilgreininguna og við hvaða aðstæður þeir búa.

Samráðshópur til að undirbúa vottun jafnra launa (virk)
Að móta verklag og kerfi til að gera úttekt á launakerfi fyrirtækja og stofnana m.t.t. launajafnréttis kynjanna.

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði vegna EES-samningsins (virk)
Að fjalla m.a. um gildistöku og framkvæmd tilskipana á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði félagsmála, vinnuverndar, vinnuréttar, jafnréttis kynjanna, samþættingu fjölskyldulífs og vinnumarkaðar og frjálsrar farar launþega.

Samráðsnefnd um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum (virk)
Að samhæfa aðgerðir stjórnvalda á ólíkum fagsviðum sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum.

Samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur (virk)
Að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerðar um húsaleigubætur.

Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði
Að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna, almennings og umhverfis þegar stórslys í iðnaði ber að höndum.

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga (virk)
Að fjalla um almenn atvinnumál varðandi útgáfu atvinnuleyfa og umsóknir um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (virk)
Að fjalla um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og aðild Íslands að henni.

Samstarfsráð um meðferð barna og unglinga með vímuefnavanda (ekki virkt)
Að gera tillögur um framtíðarskipan um meðferð mála barna og unglinga með hegðunar- og geðraskanir.

Starfshópur er geri úttekt á álagningu og innheimtu sveitarfélaga á þjónustugjöldum (ekki virkur)
Að starfa í samræmi við tillögur sem nefnd um endurskoðun tekjustofnalaga skilaði til ráðherra 2001, þar sem m.a. kemur fram að nefndin telji þörf á heildarúttekt á því hvernig sveitarfélög standa að innheimtu þjónustugjalda.

Starfshópur sem fjalla skal um reglugerðardrög um daggæslu barna í heimahúsum (virkur)
Að fjalla um reglugerðardrög um daggæslu barna í heimahúsum.

Starfshópur sem ætlað er að fjalla um stöðu starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði (virkur)
Að fjalla um stöðu starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði, skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleiga sem hafa staðfestu í öðru ríki innan EES en kjósa að veita þjónustu hér á landi, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, um útsenda starfsmenn í tengslum við veitingu þjónustu og 36.–39. gr. samningsins um EES, og kanna nauðsyn þess að sett verði sérlög um starfsemi starfsmannaleiga er eiga sér staðfestu hér á landi.

Starfshópur til að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 varðandi búsetu í frístundabyggð á þjónustuhlutverk sveitarfélaga (virkur)
Að fara yfir tengsl lögheimilislaga við ákvæði annarra laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarfélaga gagnvart íbúum sínum, kröfur til mannvirkja og skipulag búsetu.

Starfshópur um aðgengi fyrir alla (virkur)
Að semja framkvæmdaáætlun sem hefur það markmið að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.

Starfshópur um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna (virkur)
Að fjalla um heildarkostnað við viðveru fatlaðra grunnskólabarna, fara yfir kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þessa, skoða samspil umönnunargreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins vegna fatlaðra barna, skoða samspil greiðslna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra barna og að lokum leggja fram tillögur um hvernig málum þessum skuli fyrir komið.

Starfshópur um mat á þörf fyrir sérhæfða meðferð fyrir fatlaða áfengissjúklinga (virkur)
Að meta þörf fyrir sérhæfða meðferð fyrir fatlaða áfengissjúklinga.

Starfshópur um mörk sveitarfélaga til hafsins (ekki virkur)
Að gera tillögur um stefnumótun og nauðsynlegar lagabreytingar varðandi lögsögu sveitarfélaga til hafsins.

Starfshópur um tillögur er varða félagslega þjónustu við útlendinga á Íslandi (virkur)
Að útfæra tillögur er kynntar voru í ríkisstjórn og varða félagslega þjónustu við útlendinga á Íslandi og skilgreina nánar verkefni slíkrar miðstöðvar, skipulag og rekstur.

Starfsmenntaráð (virkt)
Að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Stjórnarnefnd málefna fatlaðra (virk)
Að vera félagsmálaráðuneyti til ráðgjafar um málefni fatlaðra og fjalla um umsóknir um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta (virk)
Að kveða upp úrskurði um hvort ákvörðun úthlutunarnefnda um atvinnuleysisbætur hafi verið réttmæt.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga (virk)
Að kveða upp úrskurði um tiltekin ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála (virk)
Að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000.

Verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að greina orsakir langtímaatvinnuleysis og atvinnuleysis ungs fólks (virk)
Að greina orsakir langtímaatvinnuleysis og atvinnuleysis ungs fólks og setja af stað staðbundin verkefni sem eiga að treysta stöðu viðkomandi hópa á vinnumarkaði.

Verkefnisstjórn um framkvæmdaáætlun yfir þjónustu við geðfatlað fólk (virk)
Að setja fram áætlun fyrir félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er snýr að búsetuúrræðum sem og stoðþjónustu, til dæmis atvinnu, hæfingu, starfsendurhæfingu eða annarri dagþjónustu fyrir geðfatlað fólk ásamt því að draga úr biðtíma eftir þjónustuúrræðum fyrir geðfatlað fólk utan hefðbundinna geðheilbrigðisstofnana.

Verkefnisstjórn um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði (virk)
Að gera tillögur um hvernig styrkja megi stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, meðal annars með því að skapa jákvæða umræðu hér á landi, bæta ímynd þeirra og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu til þessa hóps.

Verkefnisstjórn vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga (virk)
Að hafa yfirumsjón með starfi nefndar um sameiningu sveitarfélaga og nefndar um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan, tryggja nauðsynlegt upplýsingastreymi milli þessara verkefna og leggja fram tillögur til ráðherra um breytingar á sveitarfélagaskipan og tekjustofnum sveitarfélaga á grundvelli þess sem nefndirnar leggja til.

Vinnuhópur vegna fulltrúa þeirra sem koma að framkvæmd þjónustunnar og málefnum starfsmanna (virk)
Að móta stefnu í málefnum fatlaðra í þeim málaflokki er snýr að fulltrúum þeirra er koma að framkvæmd þjónustunnar og málefnum starfsmanna.

Vinnuhópur vegna notenda/aðstandenda fatlaðra á aldrinum 18 ára og eldri (virkur)
Að móta stefnu í málefnum fatlaðra í þeim málaflokki er snýr að notendum og aðstandendum fatlaðra 18 ára og eldri.

Vinnuhópur vegna notenda/aðstandenda fatlaðra barna og unglinga á aldrinum 0–18 ára (virkur)
Að móta stefnu í málefnum fatlaðra í þeim málaflokki er snýr að notendum og aðstandendum fatlaðra barna og unglinga að 18 ára aldri.

Fjármálaráðuneyti.

Afskriftanefnd (virk)
Ákvarðanir varðandi afskriftir skattkrafna.

Endurskoðendaráð (virkt)
Fjallar um meint brot starfandi endurskoðenda, bæði kvartanir og að eigin frumkvæði.

Ferðakostnaðarnefnd (virk)
Að ákveða dagpeninga og aksturspeninga ríkisstarfsmanna.

Framkvæmdanefnd um stofnanakerfi og rekstur verkefna ríkisins (virk)
Starfar í umboði sérstakrar ráðherranefndar sem í eiga sæti forsætisráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra. Ætlað að gera tillögur til ráðherrarefndarinnar um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi verkefna og þjónustu sem ríkið stendur að og um enduskoðun á stofnanakerfi ríkisins út frá markmiðum um aukna skilvirkni og hagkvæmni og betri þjónustu við borgarana, sem og að hafa umsjón með framkvæmd breytinga sem ákveðið verður að gera.

Kjaranefnd (virk)
Að ákveða laun og önnur starfskjör embættismanna, annarra en lögreglumanna og tollvarða, svo og þeirra sem Kjaradómur ákveður laun; að ákveða laun og önnur starfskjör prófessora; að úrskurða hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna – KOS (virk)
Að annast kjararannsóknir og aðra upplýsingaöflun vegna kjarasamninga á vegum aðila sem lög um hana taka til.

Kærunefnd útboðsmála (virk)
Að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup, og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefnd til að meta lausn um stundarsakir (virk)
Nefnd sérfróðra manna sem rannsaka skal mál embættismanns sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu.

Nefnd um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara (virk)
Skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, má skjóta ágreiningi er verður um útreikning á réttindahlutfalli samkvæmt lögunum til þriggja manna nefndar.

Nefnd um endurskoðun laga um bókhald og ársreikninga (virk)
Að endurskoða lög nr. 144/1994 og 145/1994, um ársreikninga og bókhald, með hliðsjón af þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, m.a. á vettvangi ESB. Í starfi sínu skal nefndin einnig taka mið af tillögum nefndar um verðbólgureikningsskil.

Nefnd um endurskoðun reiknaðs endurgjalds (virk)
Að yfirfara forsendur sem lagðar hafa verið til grundvallar í reglum um reiknað endurgjald.

Nefnd um húsnæðismál tollstjórans í Reykjavík (virk)
Úttekt á húsnæðismálum tollstjórans í Reykjavík.

Nefnd um innkaup sveitarfélaga (virk)
Móta tillögur til fjármálaráðherra um breytingar á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

Prófnefnd bókara (virk)
Prófnefnd skv. 4. mgr. 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Prófnefnd til að annast verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa (virk)
Að annast verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Reikningsskilaráð (virkt)
Að samræma reglur um góðar reikningsskilavenjur.

Ríkisfjármálanefnd (virk)
Nefndin fjallar um fjárlög og framkvæmd þeirra. Óformleg samskipti milli fjárlaganefndar Alþingis og fjármálaráðuneytis.

Ríkisreikningsnefnd (virk)
Að vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars sem þýðingu hefur fyrir reikningshald ríkisins.

Ríkistollanefnd (virk)
Fer með úrskurðarvald í tollamálum.

Samninganefnd ríkisins (virk)
Að annast gerð kjarasamninga við viðsemjendur ríkisins.

Samráðshópur um útbreiðslu rafrænna skilríkja (virkur)
Samstarf fjármálaráðuneytisins og SBV um útbreiðslu rafrænna skilríkja með vísun til vinnu banka og sparisjóða að útgáfu nýrrar tegundar greiðslukorta með innbyggðum örgjörva.

Samráðsnefnd fjármálaráðuneytisins og Alþingis um fjárlagagerð (virk)
Samráðsnefnd um þá þætti fjárlagagerðar sem snúa að Alþingi, svo sem verkaskiptingu, vinnulag og samskiptareglur milli fjármálaráðuneytis og Alþingis, framsetningu þingskjala, skiptingu kostnaðar milli aðila og birtingu fjárlagarita á vefnum.

Samráðsnefnd fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins um lánsfjármál ríkissjóðs (virk)
Nefndin skal vera vettvangur skoðanaskipta um stöðu og horfur á fjármagnsmörkuðum og um lánamál og lántökuáform ríkissjóðs innanlands og erlendis. Jafnframt skal nefndin stuðla að umbótum á innlendum lánamarkaði, eftir því sem hún telur tilefni til.

Samráðsnefnd um veikindarétt (virk)
Skipuð samkvæmt kafla 2.9 í samkomulagi Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands, launanefndar sveitarfélaga, kjaraþróunardeildar Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins frá 24. október 2000.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (virk)
Að framfylgja lögum um opinberar framkvæmdir.

Starfshópur um endurskipulagningu afskriftarferlis útistandandi krafna (virkur)
Að endurskipuleggja afskriftarferli útistandandi krafna hjá ríkissjóði, þ.e. að endurskoða gildandi verklagsreglur um framkvæmd afskrifta og setja fram tillögur um hvernig haga beri eftirliti með afskriftum einstakra innheimtuembætta af hálfu tollstjórans í Reykjavík, sem og innra eftirliti hjá embættinu sjálfu.

Starfshópur um umfang skattsvika (virkur)
Að gera útekt á umfangi skattsvika, skattasniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

Tvísköttunarnefnd (virk)
Að undirbúa og annast viðræður við erlend ríki um gerð og endurskoðun samninga til að komast hjá tvísköttun, sem og frágang samninga. Að endurskoða reglulega fordæmissamning Íslands og gera á honum breytingar í samræmi við fordæmissamning OECD og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda. Loks að annast útgáfu á kynningarefni um gildi og gagnsemi tvísköttunarsamninga.

Yfirfasteignamatsnefnd (virk)
Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt.

Þóknananefnd (virk)
Að ákveða þóknanir fyrir nefndarstörf á vegum ríkisins.

Hagstofa Íslands.

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs (virk)
Nefndin starfar samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og skal hún vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölunnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Hjúkrunarráð skv. 2. gr. hjúkrunarlaga 8/1974 (virkt)
Hjúkrunarráð skal skipað þremur mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands. Hjúkrunarráð metur umsóknir um hjúkrunarleyfi.

Nefnd um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.
Kvartananefnd (virk)
Sinnir kvörtunum sem varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustu.

Lyfjagreiðslunefnd, samkvæmt 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, fimm manna nefnd (virk)
Ákveður lyfjaverð

Lyfjanefnd ríkisins, skv. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum (virk)
Metur gæði, öryggi og virkni lyfja hjá Lyfjastofnun

Matsnefnd skv. 30. gr laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 (virk)
Verkefni nefndarinnar eru að meta hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu skal nefndin einnig meta umsækjendur um stöður framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva, sem gegna a.m.k. hálfu starfi og skipaðir eru af ráðherra. Nefndin skal einnig fjalla um framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana, þ.e. stofnana þar sem sjúkrahús, heilsugæsla og eftir atvikum önnur heilbrigðisþjónusta er rekin sem ein stofnun. Þá getur ráðherra falið nefndinni að meta hæfni annarra forstöðumanna stofnana sem undir ráðuneytið heyra.

Samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt (virk)

Samninganefndin er skipuð með vísan til 4. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Um hlutverk og starfshætti nefndarinnar er vísað til laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Nefndin skal hafa náið samráð við ráðherra í störfum sínum

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 1. gr. laga nr. 38/2004 um breytingu á lögum um málefni aldraðra (virk)

Samstarfsnefnd skv. 2. mgr. 11. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 (virk)

Verkefni nefndarinnar er að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu þegar dýr, matvæli, starfsemi, vatn, skolplagnir, loftæsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum sem ógna heilsu manna

Sérfræðinefnd skv. reglugerð nr. 555/1999 um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (virk)

Þriggja manna sérfræðinefnd sem ráðherra skipar. Í nefndinni skal einn tilnefndur af Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, einn fulltrúi félagsráðgjafar við Háskóla Íslands og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Sérfræðinefnd skal setja sér vinnureglur um aðfararnám, handleiðslu, fræðilegt nám og nýjar undirgreinar. Sérfræðinefndinni til ráðgjafar er 3ja manna matsnefnd. Hún skal skipuð tveimur fulltrúum frá Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og fulltrúa félagsráðgjafar við Háskóla Íslands og er hann formaður matsnefndarinnar. Sérfræðinefndin metur starfsemi stofnana og hæfni leiðbeinenda og handleiðara

Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga nr. 158/1990 (virk)

Þriggja manna sérfræðinefnd, sem ráðherra skipar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og skal hann gegna formennsku í nefndinni. Annar skal vera prófessor í sálfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og sá þriðji skal vera formaður námsmatsnefndar Sálfræðingafélags Íslands. Námsmatsnefnd Sálfræðingafélags Íslands er sérfræðinefndinni til ráðuneytis

Sérfræðinefnd skv. reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun nr. 318/2001 (virk)

Nefnd skv. 2. gr. læknalaga nr. 53/1988, sem hefur það hlutverk að meta umsóknir um almennt lækningaleyfi (virk)

Sérfræðinefnd, sem starfar skv. 10. gr. reglugerðar nr. 305/1997 um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 340/1999 (virk)

Sérfræðinefnd tannlækna sem starfar skv. 5. gr. laga um tannlækningar nr. 38/1985 (virk)

Nefnd skipuð skv. 5. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar fjallar um reglur um nám sérfræðinga og umsóknir um sérfræðileyfi á sviði tannlækninga. Skipa skal varamenn í nefndina á þann hátt að í stað deildarforseta komi varadeildarforseti og heilbrigðisráðuneyti og Tannlæknafélag Íslands tilnefni hvort fyrir sig hina tvo

Stöðunefnd, skv. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingu (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að meta hæfni umsækjenda um stöður lækna.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga, skv. 7. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 2. gr. laga nr. 60/1999 (virk)

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögum þessum leggur sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið

Úrskurðarnefnd samkvæmt 28. grein laga nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (virk)

Rísi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð nefndar, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna

Úrskurðarnefnd skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun (virk)

Vísindasiðanefnd skv. 1 gr. reglugerðar nr. 552/1999 (virk)

Helsta hlutverk Vísindasiðanefndar er að meta umsóknir um rannsóknir sem fyrirhugað er að gera á mönnum og sem varða heilsu þeirra á einn eða annan hátt. Sem dæmi má hér nefna rannsóknir sem varða erfðir sjúkdóma hjá mönnum, tilraunir með ný lyf eða nýjar meðferðir til að lina þjáningar og lækna sjúkdóma, auk rannsókna sem lúta að söfnun og/eða úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga, m.a. úr sjúkraskrám og spurninga- eða viðtalskönnunum. Mat Vísindasiðanefndar lýtur bæði að vísindalegum og siðferðilegum þáttum fyrirhugaðra rannsókna.

Nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu skv. rg. nr. 791/2001 (virk)
RAI-matsnefnd skv. 2. gr. reglugerðar nr. 546/1995 um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum (virk)
NOSOSKO. Norræna hagsýslunefndin (virk)
Meginverkefni er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagsýslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þátttökulöndunum.
Nefnd vegna líffæraflutninga, bæði vegna líffæragjafar og ígræðslu. Líffæraígræðslunefnd (virk)
Nefnd til að endurskoða lög og reglur um sálfræðinga (virk)
Nefnd vegna samninga Íslands við erlend ríki á sviði heilbrigðis- og tryggingamála (ekki virk)
Nefndinni er ætlað að hafa umsjón með og skipuleggja gerð slíkra samninga. Gert er ráð fyrir að nefndinni verði skipt í undirhópa eftir þeim verkefnum sem til úrlausnar eru hverju sinni og að nefndin geti leitað utanaðkomandi ráðgjafar eftir því sem þörf krefur
NOMESCO. Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (virk)
Meginmarkmið er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilegum upplýsingum um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum.
Nefnd fjögurra ráðuneyta; heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis er fylgja skal eftir stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sjá um að samræma aðgerðir sem falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og vera tengiliður við hlutaðeigandi aðila (virk)
Verkefnisstjórn fyrir heilbrigðisnetið (virk)
Helstu verkefni verkefnisstjórnar eru: Umfjöllun umsókna um verkefni og forgangsröðun þeirra. Framkvæmd þróunarverkefna og þróun heilbrigðisnetsins. Samræming verkþátta og vinnu einstakra vinnuhópa. Samskipti við heilbrigðisstofnanir, fagstéttir og hugbúnaðarhús. Eftirlit með daglegum rekstri. Gerð samninga við rekstraraðila og aðra aðila sem þjónusta heilbrigðisnetið. Gerð verk- og fjárhagsáætlunar
Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna (virk)
Hlutverk nefndarinnar var að kanna breytingar á heilsufari kvenna og skila tillögum um úrbætur væri talin þörf á því
Samráðshópur um inntöku vistmanna á Hjúkrunarheimilið Sóltún Reykjavík (virk)
Nefnd sem ætlað er að meta ástæður þess vaxandi skorts á sjúkraliðum til starfa sem heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir nú og gera tillögur um með hvaða hætti bregðast skuli við vandanum (hefur lokið störfum)
Nefndinni var ætlað að skila tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en í september 2002 og hefur lokið störfum.
Starfshópur um starfsendurhæfingu í samræmi við samþykktir málþings um starfsendurhæfingu. Skipaður 5. júní 2002 (virkur)
Tillögur hópsins ættu að lúta að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og hafa að leiðarljósi þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa aðstoð við að fóta sig á nýjum eða breyttum starfsvettvangi.
Starfshópur sem staðfesta á mörkin milli þess hvað Tryggingastofnun ríkisins og stofnanir ber að greiða af hjálpartækjum hverju sinni (virkur)
Nefnd til að annast skipulagningu húsnæðis fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús á Hringbrautarsvæðinu (hefur lokið störfum)
Nefndin starfaði á grundvelli nefndarálits starfsnefndar um „Framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss“ sem skilað var til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í janúar 2002. Nefndin lauk störfum í nóv. 2005
Stýrihópur til að vinna að átaki í lyfjamálum heilbrigðisstofnana (virkur)
Stýrihópnum er ætlað að vinna að sparnaði og hagræðingu í innkaupum lyfja, lyfjavali og réttri notkun þeirra
Nefnd til að sjá um undirbúning verks samkvæmt 1. gr. rammasamnings um viðbyggingu við Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri (virk)
Samráðsnefnd um málefni öldrunarstofnana (virk)
Nefndinni er ætlað að fara yfir rekstur og afkomu öldrunarstofnana og skila skýrslu þar um fyrir 1. júlí nk. Nefndinni er einnig falið að fara yfir fjármálaleg samskipti ríkis og rekstraraðila öldrunarstofnana með það að leiðarljósi að þeim verði komið í fastara form en nú er

Nefnd til að endurskoða áform um byggingu hjúkrunarrýma í Bolungarvík (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða áform um byggingu hjúkrunarrýma í Bolungarvík, sbr. áætlanir og teikningar frá árunum 1993 og 1995. Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. október 2003.
Starfshópur til þess að móta innkaupastefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess í samræmi við áherslur og markmið innkaupastefnu ríkisins (virkur)
Nefnd sem gera á tillögur til ráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglinga með geðraskanir (lauk störfum nýverið)
Nefndinni er m.a. ætlað að skila tillögum um hvernig haga skuli þessari þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, hvernig best megi tryggja samspil þjónustuþáttanna, hvaða þjónustuform og rekstarform séu heppilegust og fleira er varðar heildarskipulag heilbrigðisþjónustu við þennan hóp skjólstæðinga. Nefndinni er ætlað að kalla á sinn fund einstaklinga og hópa sem hafa þekkingu á málaflokknum.
Nefnd til að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 (virk)
Í störfum sínum skal formaður nefndarinnar hafa samvinnu við ráðuneytisstjóra og formenn annarra nefnda sem starfa samtímis að tengdum verkefnum til þess að tryggja yfirsýn, samræmingu, skilvirka gagnaöflun og forðast tvíverknað. Stefnt er að því að nefndin skili ráðherra tillögum sínum um frumvarp til ráðherra í apríl.
Nefnd til þess að gera tillögur til ráðherra um hvernig endurskilgreina megi verksvið Landspítala – háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna (virk)
Nefnd um tilflutning á verkefnum á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga (virk)
Samstarfshópur um byggingu þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða í sveitarfélaginu Árborg (virkur)
Samráðshópur til að tryggja heildaryfirsýn og samræmi og koma í veg fyrir tvíverknað í gagnaöflun sem skipaður skal formönnum eftirtalinna nefnda er fjalla um stór stefnumarkandi verkefni á sviði heilbrigðismála (virkur)
Nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir tillögur hjálpartækjanefndar Tryggingastofnunar ríkisins um greiðsluþátttöku í hjálpartækjum og breytingar á reglugerð um hjálpartæki. Nefndin skal hittast tvisvar á ári (virk)
Samráðsnefnd til að semja drög að lyfjastefnu og nýjum lyfjalögum (virk)
Samráðshópur til að fylgja eftir samkomulags ráðuneytisins og FÍS, frá 29. júlí 2004, um lækkun lyfjaverðs á næstu 2 árum (virkur)
Innanhússnefnd ráðuneytisins til að meta umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi í öldrunarþjónustu (virk)
Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 305/1997 um veitingu læknaleyfa og sérfræðileyfa (virk)
Starfshópur um endurskoðun reglugerðar nr. 638/1987 um menntun, réttindi og skyldur tannfræðinga (virkur)
Verkefni starfshópsins er meðal annars að skilgreina verksvið tannfræðinga samkvæmt þeirri menntun er þeir hafa hlotið
Starfshópur, sem ætlað er að meta þörf fyrir þjónustu við aldraða á norðanverðum Vestfjörðum, nánar tiltekið í Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi (virkur)
Nefnd um sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun (virk)
Vegna breytinga á lögum nr. 19/1997 og reglugerð nr. 129/1999 sem gerðar voru á árinu 2004 er nauðsynlegt að endurskoða gildissvið nefndarinnar. Framvegis verður því hlutverk nefndarinnar að vera sóttvarnalækni og öðrum er málið varðar til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og öðru sem að gagni má koma til að hindra myndun ónæmis sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi.
Nefnd um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins (virk)
Nefndin starfar skv. bókun 6 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra, með aðild heilbrigðisráðuneytisins frá 21. nóvember 2001. Hlutverk nefndarinnar er að ganga frá og skila niðurstöðu af því verkefni sem tilgreint í bókuninni
Nefnd til að fjalla um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga og semja frumvarp til laga um stofnfrumurannsóknir (virk)
Nefnd sem ætlað er að koma með tillögur um uppbyggingu heildrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði í samvinnu við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði (lauk störfum nýverið)
Framkvæmdanefnd vegna byggingar nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss (virk)
Nefndin starfar í umboði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og verður henni sett sérstakt erindisbréf þar að lútandi

Faghópur til að koma með ábendingar um hvernig bæta má geðheilbrigðisþjónustu við aldraða hér á landi (virkur)

Hópnum er ætlað að skila ráðherra stuttri greinargerð í síðasta lagi 31. mars 2006

Nefndir sem lokið hafa störfum.

Nefnd um öldrunarrými á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (Landakoti) o.fl. (ekki virk)

Nefndin var skipuð til að gera tillögur um hvernig unnt er að tengja betur saman greiðslur fyrir rými sem ætluð eru öldruðum sjúkum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (Landakoti) og nýtingu þeirra sömu rýma. Jafnframt var nefndinni falið að athuga hvort fyrir því kynnu að vera fjárhagsleg og fagleg rök að skilja rekstur öldrunarsviðsins á Landakoti frá öðrum rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss. Nefndin skyldi hafa náið samráð við nefnd sem skipuð hefur verið til að gera tillögur til ráðherra um hvernig endurskilgreina megi verksvið Landspítala – háskólasjúkrahúss. Nefndin var skipuð 29. desember 2003. Hún lauk störfum í febrúar 2005 og skilaði greinargerð o.fl. til ráðherra

Vinnuhópur til að fylgja eftir framkvæmd fjárlaga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi á árinu 2004 (ekki virkur)

Skipaður 23. desember 2003. Lauk störfum skv. bréfi 21. mars 2005.

Starfshópur til að fara yfir og fjalla um þá starfsemi og þá skjólstæðinga, sem nú vistast í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð þess í Kópavogi og í Arnarholti (ekki virk)

Skipaður 12. febrúar 2004. Starfshópurinn skili tillögum sínum til ráðherra eigi síðar en 1. september 2004. Starfshópurinn lauk störfum skv. bréfi formanns 21. mars 2005

Nefnd um ómæmi fyrir sýklalyfjum (ekki virk)

Nefnd til að vakta ómæmi fyrir sýklalyfjum meðal sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi. Einnig fylgjast með notkun sýklalyfja og vera til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja o.fl. Skipuð 20. september 2000. Felld niður 26. apríl 2005, um leið og önnur var skipuð vegna breytinga á reglugerð og lögum.

Vinnuhópur til að fara yfir skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fjölgun öryrkja (ekki virkur)

Hópurinn skili tillögum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en 15. júní 2005. Skipaður 7. júní 2005. Lauk störfum 8. júlí 2005.

Nefnd um stöðu óhefðbundinna lækninga (ekki virk)

Nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálastungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), nudd o.fl. Skipuð 12. desember 2002. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003. – Nefndin skilaði skýrslu: Græðarar og starfsemi þeirra á Íslandi. Skýrsla heilbrigðisráðherra lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.

Stýrihópur um skipulag og tæknilega útfærslu lyfjagagnagrunna (ekki virkur)

Hópurinn var skipaður 21. janúar 2004 til 1. janúar 2005 og lauk störfum í mars 2005. – Á vorþingi árið 2003 var samþykkt lagafrumvarp um breytingar á lyfjalögum nr. 93/1994 með síðari breytingum, þar sem gert var ráð fyrir að komið yrði á fót tveimur gagnagrunnum, tölfræðigagnagrunni og lyfjagagnagrunni, á grundvelli upplýsinga, sem fást af lyfseðlum, sem afgreiddir eru í apótekum landsins og sendir TR með rafrænum hætti. Markmiðið með rekstri þessara gagnagrunna er að gera TR, landlækni og Lyfjastofnun kleift að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með ávana- og fíknilyfjum og lyfjaávísunum almennt, auk þess að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa stýrihóp til að greiða úr álitamálum sem upp kunna að koma, vinna að tæknilegri útfærslu, drög að samningi milli aðila, verklagsreglum og öðrum nauðsynlegum breytingum sem lögin gera ráð fyrir að unnin séu á aðlögunartíma að gildistöku laganna fram til 1. janúar 2005.

Dómnefnd vegna skipulagsssamkeppni til undirbúnings deiliskipulagi á lóð sem ætluð er fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús við Hringbraut (ekki virk)

Dómnefndinni er ætlað að fara yfir samkeppnisgögn sem verið hafa í undirbúningi af hálfu Landspítala – háskólasjúkrahúss og Framkvæmdasýslu ríkisins, en ætlunin er að afhenda fulltrúum þeirra sjö hópa sem valdir voru í forvali þessi gögn þann 20. apríl næstkomandi. Er þess vænst að dómnefndin leggi af mörkum vinnu næstu daga við að yfirfara samkeppnisgögnin og koma á framfæri sjónarmiðum sínum og athugasemdum þannig að gögnin megi vera sem best úr garði gerð. Hóparnir sjö munu síðan gera tillögur á grundvelli samkeppnisgagnanna og skila þeim til dómnefndarinnar 1. september þessa árs. Dómnefndinni er ætlað að skila ráðherra niðurstöðum sínum þann 30. september nk. Skal dómnefndin skila stuttri greinargerð um hverja tillögu með rökstuddu mati á því hvernig tillagan falli að áherslum dómnefndar ásamt því að raða tillögum eftir gæðum þeirra að mati dómnefndar. – Skipuð 13. apríl 2005. Dómnefndinni er ætlað að skila ráðherra niðurstöðum sínum þann 30. september nk. Lauk störfum 12. október 2005.

Nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu (ekki virk)

Skipuð í lok árs 1990. Lögð niður þegar endurskipað var í nefndina 21. nóvember 2005.

Nefnd sem annast undirbúning á innri mælingum á þörfum hjúkrunarheimila aldraðra (ekki virk)

Skipuð 3. ágúst 1993. Nefndin lögð niður 29. nóvember 2005 þegar RAI-matsnefndin var skipuð.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 4. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra (ekki virk)

Skipuð 1. nóvember 2003 til næstu alþingiskosninga. Lokið störfum um leið og endurskipað var í nefndina frá 1. desember 2005 skv. nýjum lögum um málefni aldraðra.

Samráðshópur samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar að efna til formlegs samráðs við Landssamband eldri borgara um stöðu samkomulags um aðbúnað og skipulag öldrunarþjónustu og hækkun á greiðslum almannatrygginga frá 19. nóvember 2002 (ekki virkur)

Samráðshópurinn er skipaður fulltrúum frá ráðuneytum heilbrigðis- og tryggingamála, félagsmála og fjármála og Landssambandi eldri borgara og skal hópurinn einnig fjalla um þjónustu við aldraða og skila áliti um skipulag þjónustunnar í framtíðinni. – Skipaður 31. maí 2005. Lagður niður með bréfi dags. 28. desember 2005.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Nefnd um erlenda fjárfestingu – 2003–2007 (virk)

Nefndin starfar skv. 12. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Nefnd um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga (virk)

Nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, sbr. lög nr. 41/2001.

Prófnefnd bifreiðasala – 2004–2006 (virk)

Nefndin starfar í samræmi við 1. gr. reglugerðar nr. 407/1994 um námskeið og próf til að öðlast leyfi til sölu notaðra ökutækja,

Prófnefnd verðbréfaviðskipta – 2004–2008 (virk)

Hafa umsjón með prófum í verðbréfaviðskiptum.

Ráðgjafanefnd Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins – 2001–2005 (virk)

Fylgjast með rekstri Rb og vera tengiliður milli hennar og byggingariðnaðarins

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda – 2003–2006 (virk)

Úrskurða í ágreiningsmálum.

Áfrýjunarnefnd neytendamála – 2005–2009 (virk)

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – 2002–2006 (virk)

Starfaði til 1. júlí 2005, þegar ný samkeppnislög tóku gildi.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – 2005–2009 (virk)

Starfar á grundvelli nýrra samkeppnislaga nr. 44/2005.

Auglýsinganefnd – ráðgjafanefnd Samkeppnisráðs – 2002–2006 (virk)

Lauk störfum 1. júlí 2005 með tilkomu nýrra samkeppnislaga.

Kærunefnd um lausafjár- og þjónustukaup 2001–2005 (virk)

Veita aðilum lausafjár- og þjónustukaupa álit í ágreiningsmálum um réttindi og skyldur.

Kærunefnd v. ákvarðana Fjármálaeftirlits 2003–2006 (virk)

Skjóta má ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins til kærunefndarinnar.

Úrskurðarnefnd raforkumála 2003–2007 (virk)

Úrskurða um kærur sem henni berast vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga.

Úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands (virk)
Úrskurðar um ágreining um ákvarðanir stjórnar Viðlagatryggingar Íslands.
Endurgreiðslur v. kvikmynda og sjónvarpsefnis (virk)
Nefndin starfar skv. 3. gr. laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi,
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila 2002–2005 (virk)
Nefndin starfar í tengslum við Fjármálaeftirlitið og er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins. Hún lauk störfum 18.05.2005.
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila 2005–2007 (virk)
Nefndin starfar í tengslum við Fjármálaeftirlitið og er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins. Hún hóf störf 18.05.2005.
Byggðaáætlun 2002–2005, verkefnisstjórn um framkvæmd og framvindu byggðaáætlunar (virk)
Verkefnisstjórn um framkvæmd og framvindu byggðaáætlunar 2002–2005.
Byggðaáætlun fyrir Vestfirði – verkefnisstjórn (virk)
Gera tillögu til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum fyrir Vestfirði fyrir næstu þrjú ár.
Dómnefnd : Norræn samkeppni um besta kennsluefni til neytendafræðslu (virk)
Dómnefnd vegna norrænnar samkeppni um besta kennsluefni til neytendafræðslu
Endurskoðun á sameignarsamningi eignaraðila að Landsvirkjun – ný eigendanefnd (virk)
Skoða fjárhagsstöðu og fjármögnun Landsvirkjunar og skoða stöðu fyrirtækisins í breyttu umhverfi raforkumála.
Kauphallarlaganefnd (virk)
Fara yfir þau ákvæði kauphallarlaga sem ekki verða hluti af nýjum verðbréfaviðskiptalögum, m.a. ákvæði um stjórnvaldshlutverk kauphalla.
Nefnd til að fara yfir lög og reglur sem móta starfsskilyrði skipasmíðaiðnaðarins (virk)
Fara yfir lög og reglugerðir sem varða skipasmíðaiðnaðinn og gera tillögur að úrbótum þar sem þurfa þykir.
Nefnd um fjarsölu á sviði fjármálaþjónustu (virk)
Innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins um fjarsölu á fjármálaþjónustu.
Nefnd um Geimstofnun Evrópu: European Space Agency (virk)
Taka upp samskipti við ESA til að undirbúa hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni.
Nefnd um konur og stjórnun fyrirtækja (virk)
Skoða hvernig auka megi tækifæri kvenna í forystu íslenskra fyrirtækja.
Nefnd um reglugerð um starfsemi fjármálafyrirtækja á milli landa (virk)
Leggja drög að nýrri reglugerð um heimildir erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi og innlendra fjármálafyrirtækja erlendis.
Nefnd um samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga (virk)
Leggja drög að samkomulagi um lánveitingar, t.d. um greiðslumat, upplýsingaskyldu, skilmálabreytingar, ábyrgðarmenn o.fl.
Nefnd um útboðslýsingar (virk)
Innleiða tilskipanir um útboðslýsingar á 1. og 2. stigi Lamfallussy-ferlisins.
Nefnd vegna sameiningar ITÍ og Rb (virk)
Gera tillögu um verkefni og innra skipulag nýrrar stofnunar um tæknirannsóknir.
Neyslustaðlar um framfærslukostnað heimila (virk)
Semja neysluviðmiðun, hverjir séu kostir hennar og gallar miðað við íslenskar aðstæður
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 2. áfangi 2004–2006 (virk)
Rannsóknir og upplýsingaöflun.
Starfshópur til að kanna rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar (virkur)
Kanna þróun fasteignaverðs á landsbyggðinni í samanburði við höfuðborgarsvæðið sl. 10 ár.
Starfshópur um bættar svæðisbundnar tölfræðiupplýsingar (virk)
Starfshópur vegna endurskoðunar raforkulaga (virkur)
Skilgreina þarf á ný hugtök og samræma nýjum raforkulögum.

Stefnumörkun um rannsóknir og vöktun á vatnafari landsins (virk)
Kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að samræma eða sameina starfsemi á þessu sviði betur en gert er í dag.
Undirbúningsnefnd v. stofnunar Samkeppniseftirlitsins (virk)
Vinna að undirbúningi stofnunar Samkeppniseftirlitsins
Vátryggingamiðlun: nefnd til að endurskoða lög nr. 60/1994 (virk)
Endurskoðun laga nr. 60/1994
Vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið (virk)
Verkefnisstjórn um stefnumörkun í byggðamálum á Austurlandi (virk)
Verkefnisstjórn um stefnumörkun í byggðamálum á Suðurlandi (virk)
Vettvangur um vistvænt eldsneyti (virk)
Afla stjórnvöldum þekkingar og aðstoða þau við stefnumótun og æskilega forystu á þessu sviði.
Nefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti (virk)
Nefnd um verðtryggingar lánssamninga (ekki virk)
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila samkvæmt 24. gr. raforkulaga (virk)
Orkustofnun hefur samráð við eftirlitsskylda aðila um framkvæmd og þróun eftirlits sem fram fer á grundvelli laganna.
Samráðsnefnd um EES-mál á sviði fjármálaþjónustu (virk)
Samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaganna – skv. bráðabirgðaákvæði VI (virk)
Stuðla að greiðari framkvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst.
Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál (virk)
Gæta íslenskra hagsmuna á sviði olíu- og landgrunnsmála.
Samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands(virk)
Nefnd skv. 15. gr. laga nr.131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Fjallar um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands í tengslum við frágang viðskipta
Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs 2003–2006 (virk)
Undirbúa stefnu ríkisstjórnarinnar er lýtur að tækniþróun og nýsköpun.

Landbúnaðarráðuneyti.

Nefnd er starfi með Útflutningsráði v/ísl. hestsins (virk)
Nefnd er starfi með Útflutningsráði og fái það hlutverk, annars vegar að marka stefnu um hvernig auka megi útflutning á hrossum, framleiðsluvörum sem tengjast íslenska hestinum og hestatengdri ferðaþjónustu og hins vegar að taka ákvörðun um hvernig þeim fjármunum sem varið er til markaðsmála í þágu greinarinnar, verður varið.
Nefnd um uppruna og ræktun íslenska hestsins (virk)
Samkvæmt ákvæðum 7. gr. reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins, nr. 948/2002, skal landbúnaðarráðherra skipa þriggja manna nefnd til að vera ráðgefandi við mótun, framkvæmd og breytingar á þeim reglum sem fram koma í viðauka I með reglugerðinni og varða ræktunarmarkmið og reglur um mat íslenskra kynbótahrossa. Skal nefndin hafa það að leiðarljósi að tryggja fagleg vinnubrögð og alþjóðlega sátt um reglurnar. Nefndin er samráðsvettvangur íslenskra stjórnvalda, Bændasamtaka Íslands og alþjóðasamfélagsins um ræktun íslenska hestsins. Nefndin er einnig til ráðgjafar um önnur atriði sem tengjast reglugerðinni. Í nefndinni eiga sæti; landsráðunautur í hrossarækt, ræktunarfulltrúi FEIF auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.
Nefnd til að endurskoða rg. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki (virk)
Nefnd til þess að endurskoða reglugerð nr. 638/1997 um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki.
Starfshópur um eftirlit með búrekstri og tengdri starfsemi (í biðstöðu)
Landbúnaðarráðherra hefur, að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti, skipað starfshóp sem hefur það verkefni að leita leiða til þess að einfalda og samræma það eftirlit sem hafa þarf með búrekstri og tengdri starfsemi, með það að markmiði að eftirlitið verði eins skilvirkt og ódýrt og kostur er.
Faghópur sérfræðinga um rannsókn á íslenska kúastofninum (virkur)
Sjö ára rannsókn á íslenska kúastofninum.

Verkefnisstjórn um nýtingu upplýsingasamfélagsins í sveitum landsins (virk)

Með bréfi dagsettu 5. júní 2001, tilkynnti landbúnaðarráðherra ákvörðun um að efna til sérstaks verkefnis með það að markmiði að nýta möguleika upplýsingasamfélagsins til að auka þekkingu, atvinnumöguleika og samkeppnishæfni í sveitum landsins. Til verkefnisins, sem hlaut nafnið Upplýsingatækni í dreifbýli, var skipuð stjórn til þriggja ára, en að loknum tveimur árum skyldi verkefnisstjórnin skila álitsgerð um árangur og framhald starfa sinna. Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að framlengja störf verkefnisstjórnarinnar til ársloka 2006 og er það meðal annars gert í ljósi góðs árangurs af starfi hennar, en einnig vegna áríðandi viðfangsefna í tengslum við innleiðingu miðlægra gagnagrunna fyrir búfjárrækt og bætts gagnaflutningssambands bænda um land allt. Að öðru leyti skal meginviðfangsefni verkefnisstjórnarinnar vera að gangast fyrir rannsóknum, samstarfi, leiðbeiningum og kennslu, með það að markmiði að nýta kosti upplýsingasamfélagsins til að auka hæfni karla og kvenna í sveitum landsins til atvinnuþátttöku og nýsköpunar.

Nefnd um sýningarstjórn íslenska hestsins (ekki virk)

Þriggja manna sýningastjórn er hafi það hlutverk að velja sýningastjóra og fylgja eftir gæðakröfum.

Verkefnisstjórn átaks um sumarexem í hrossum (virk)

Fimm manna verkefnisstjórn til þess að fylgjast með framvindu rannsóknarátaks sem fyrst og fremst verði unnið af sérfræðingum á Keldum í samstarfi við rannsóknarhóp í Bern í Sviss.

Starfshópur um hrossarækt á árunum 2006–2009 (virkur)

Starfshóp til þess að úthluta 25 millj. kr. árlegu framlagi til þróunarverkefna í hrossarækt, á árunum 2006–2009.

Nefnd v/innleiðingar á ESB 2001/19/EB (virk)

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa innleiðningu tilskipunar ESB 2001/19/EB og aðrar tilskipanir er varða málið á EES svæðinu.

Nefnd til að endurskoða reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa (virk)

Landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til þess að endurskoða reglugerð nr. 132/1999 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa.

Nefnd um endurheimt votlendis. Votlendisnefnd (virk)

Gera tilraunir til að endurheimta votlendi

Starfshópur um fjárstuðning við hestamennskuna (virkur)

Starfshóp til þess að fjalla um skipulag á fjárstuðningi ríkisins við hestamennskuna í landinu og gera tillögur um hvernig að þeim málum skuli staðið.

Nefnd um mat á æðardún (virk)

Endurskoða lög um gæðamat á æðardún, nr. 39/1970

Nefnd til að endurskoða lög um innflutning dýra, nr. 54/1990 (virk)

Landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til þess að endurskoða lög um innflutning dýra, nr. 54/1990, sbr. ályktun Alþingis frá 10. mars 2003.

Nefnd um hestamennsku á landsbyggðinni (virk)

Gera úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggja fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar, sbr. ályktun Alþingis 15. mars 2003.

Plöntusjúkdómaráð (virkt)

Hlutverk plöntusjúkdómaráðs er m.a. eftirfarandi:

1. Endurskoðun reglugerðar nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.
2. Gerð tillagna að reglugerð um varnir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum er valda skaða á plöntum.
3. Gera tillögur til ráðuneytisins um útrýmingaraðgerðir og nauðsynlegar fjárveitingar í því sambandi.

Erfðanefnd landbúnaðarins (virk)

Með lögum nr. 53/2003, um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, er heiti erfðanefndar búfjár skv. 16. gr. laganna breytt í erfðanefnd landbúnaðarins og skipan hennar og hlutverki breytt. Samkvæmt hinum nýju ákvæðum eru helstu verkefni nefndarinnar: að annast samráð innanlands um verðveislu erfðauðlinda í landbúnaði, að hvetja til rannsókna á sviði erfðaauðlinda í landbúnaði, að stuðla að miðlun þekkingar um erfðaauðlindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings, að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði, að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Fisksjúkdómanefnd (virk)
Lögbundin ráðgjafanefnd
Framkvæmdanefnd búvörusamninga (virk)
l. 99/1993
Kartöfluútsæðisnefnd (virk)
Samkvæmt reglugerð nr. 66/1987 um kartöfluútsæði skal landbúnaðarráðherra skipa þrjá menn í útsæðisnefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, annar eftir tilnefningu stjórnar Bændasamtakanna og sá þriðji án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar er: Að beita sér fyrir því að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu innlendu útsæði af þeim afbrigðum sem hér henta best til ræktunar. Skal nefndin stuðla að því að heimild fáist til útsæðisframleiðslu á eftirsóttum afbrigðum, þegar slík framleiðsla er háð samkomulagi við handhafa kynbótaréttar. Að ákveða hvaða afbrigði skulu tekin með í stofnræktun og einnig að ákveða hvaða framleiðendur skulu teljast stofnræktendur og gera við þá ræktunarsamninga samkvæmt ákvæðum 16. gr. reglugerðar nr. 66/1987. Að fylgjast með framkvæmd framangreindrar reglugerðar.
Markanefnd um afréttamál, fjallskil o.fl. (virk)
Skv. 69. gr. laga nr 6/1986 skipar landbúnaðarráðherra þrjá menn í markanefnd til átta ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands, annar eftir tilnefningu yfirdýralæknis og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn með sama hætti. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og samþykkta um mörk og markaskrár og vera til ráðuneytis um þau mál.
Veiðimálanefnd (virk)
Samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum, skal landbúnaðarráðherra skipa sex menn í veiðimálanefnd til fjögurra ára í senn
Verðlagsnefnd búvara (virk)
l. 99/1993
Smáverkefnasjóður (virkur)
Úthlutunarnefnd
Úrskurðarnefnd um greiðslumark o.fl. (virk)
Úrskurðar og/eða kærunefnd l. 99/19993
Úrskurðarnefnd um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu (virk)
Úrskurðar og/eða kærunefnd
Yfirmatsnefnd skv. ábúðarlögum (virk)
Úrskurðar og/eða kærunefnd, 43. gr. 80/2004
Yfirmatsnefnd um lax- og silungsveiði (virk)
Úrskurðar og/eða kærunefnd l. 76/1970
Búfræðsluráð (virk)
Ráðgjafanefnd
Dýralæknaráð (virk)
Ráðgjafanefnd
Fiskeldisnefnd (virk)
Ráðgjafanefnd
Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða (virk)
Ráðgjafanefnd l. 99/1993

Menntamálaráðuneyti.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema (virk)
Að úrskurða í málum, þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum sbr. ákvæði reglna nr. 73/1999 um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema skv. 5. gr. laga nr. 136/1997.
Bologna – yfirlýsingar (virk)
Nefndinni er ætlað að vera menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um breytingar sem til álita koma á lögum, reglum og verklagi á íslenska háskólastiginu í tenglsum við Bologna-ferlið, auk annarra tilfallandi viðfangsefna sem ferlinu tengjast og ráðuneytið ákveður að fela nefndinni.

Byggingarnefnd Háskólans á Akureyri (virk)

Byggingarnefnd skal hafa með höndum stjórnun þess verkefnis sem samkomulagið tekur til. Framkvæmdir þessar skulu lúta ákvæðum laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir, með áorðnum breytingum. Framkvæmdasýsla ríkisins er nefndinni til ráðgjafar og sér um útboð og eftirlit með verkinu. Ennfremur skulu byggingarnefndin og Framkvæmdasýslan sjá um að gert sé skilamat við lok hvers áfanga verksins og heildarskilamat við lok verksins alls.

Byggingarnefnd Þjóðminjasafns (virk)

Bygginganefnd Þjóðminjasafnsins fer með stjórn og undirbúning framkvæmda við endurbætur Þjóðminjasafnsins ásamt því að leita lausna á húsnæðismálum safnsins.

Dómnefnd sem hefur það hlutverk að efna til lokaðrar samkeppni um hátíðarbúning fyrir íslenska knapa (virk)

Að efna til lokaðrar samkeppni um hátíðarbúning fyrir íslenska knapa. Dómnefndinni verður síðan falið að velja einn hönnuð til að vinna áfram að útfærslu búningsins.

Dómnefnd um Evrópumerkið 2005 (virk)

Verkefnið er evrópskt samstarfsverkefni og felst í veitingu viðurkenningar fyrir nýbreytni á sviði náms og kennslu í erlendum tungumálum. Hlutverk dómnefndarinnar er að leggja mat á umsóknir um viðurkenninguna og gera tillögu um veitingu hennar. Einnig er dómnefndin ráðgefandi um ýmsa framkvæmd samstafsverkefnisins hér á landi. Auk þess mun ráðuneytið í samræmi við reglur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins kalla til erlendan dómnefndarfulltrúa til að vinna með nefndinni við lokamat á umsóknum um viðurkenninguna.

Fagráð til að fjalla um umsóknir í markáætlun á sviði erfðafræða í þágu heilbrigðis og örtækni (virk)

Hlutverk fagráðs er að skila mati sínu til stjórnar markáætlunarinnar sem tekur endanlegar ákvarðanir um forgangsröðun og úthlutanir. Í stjórn markáætlunarinnar sitja: Rúnar Bachmann, Rafteikning hf. (formaður), Dr. Þorgeir Þorgeirsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Dr. Fjóla Jónsdóttir, Háskóli Íslands. Rannsóknamiðstöð Íslands – RANNÍS annast umsjón með framkvæmd áætlunarinnar og veitir fagráðinu aðstoð og starfssaðstöðu.

Framkvæmdastjórn vegna vinnu við breytingar á námskrám og skilum leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar sbr. skýrslu ráðuneytisins Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi (virk)

Hlutverk framkvæmdastjórnarinnar er að meta tillögur vinnuhópa um breytingar á greinanámskrám og hafa umsjón með og vinna að útgáfu endurskoðaðra námskráa þ.m.t. almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eftir því sem þörf verður á. Auk þess skal framkvæmdastjórnin fylgjast með kostnaðarhlið vinnunnar, skipulagi framboðs á endurmenntun fyrir kennara, endurskoðun námsgagna og sjá um kynningarfundi. Framkvæmdastjórnin skal vinna í nánu samráði við ráðgjafahóp hagsmunaaðila sem ráðuneytið hefur skipað svo og aðra aðila eftir því sem upp kann að koma. Unnið skal á grundvelli framkvæmdaáætlunar sem stjórnin gerir og skal hún hafa hlotið samþykki menntamálaráðherra

Háskólaráð Háskóla Íslands (virkt)

Með vísan til 5. tl. l. mgr. 4. gr. sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 41/1999

Háskólaráð Háskólans á Akureyri (virkt)

Með vísan til ákvæða 5. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri

Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands (virkt)

Sbr. e. lið bráðabirgðaákvæðis laga nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands. Háskólaráðið skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands og tryggja framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr. en þar segir: „Lög þessi sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, öðlast gildi 1. janúar 1998 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en 31. júlí 1999."

Heimsminjanefnd Íslands (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs um framfylgd samnings UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleið heimsins, sem staðfestur var af Íslands hálfu 19. desember 1995, hér á landi, þar á meðal undirbúning að tilnefningu íslenskra staða á heimsminjaskrá.

Húsafriðunarnefnd (virk)

Sbr. ákvæði 2. gr. laga nr. 104/2001 um húsafriðun

Höfundaréttarnefnd (virk)

Starfar skv. 58. gr. höfundalaga „[Til ráðuneytis menntamálaráðherra um höfundaréttarmál skal vera nefnd fimm sérfróðra manna á sviði höfundaréttar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Við skipun nefndarinnar skal haft samráð við helstu höfundaréttarsamtök landsins. Enn fremur skal koma á fót höfundaréttarráði. Í ráðinu skulu kynnt og rædd höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af þeim samtökum sem hlotið hafa lögformlega viðurkenningu ráðuneytisins til meðferðar höfundaréttar, svo og annarra helstu höfundaréttarsamtaka í landinu. Enn fremur fulltrúar útvarpsstofnana og annarra hagsmunaaðila. Menn, sem skipa höfundaréttarnefnd, skulu og eiga sæti í ráðinu, svo og þeir aðilar sem ráðherra skipar sérstaklega í ráðið. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum ráðsins. Ráðherra setur nánari reglur um höfundaréttarnefnd og höfundaréttarráð.]1)“

Íslensk málnefnd (virk)

Sbr. 6. gr. laga nr. 2/1990

Íslenska Unesco-nefndin (virk)

Nefndin starfar skv. reglum um íslensku Unesco-nefndina dags. 18.02.2003 nr. 151/2003.

Íslenska vatnafræðinefndin (virk)

Hlutverk Íslensku vatnafræðinefndarinnar er að fara með alþjóðasamstarf á sviði vatnafræði innan vébanda Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Íþróttanefnd ríkisins (virk)

Samkvæmt nýjum íþróttalögum, nr. 64/1998, skipar menntamálaráðherra íþróttanefnd til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

Jafnréttisnefnd (virk)

Helstu verkefni nefndarinnar eru: Eftirlit með að farið sé að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætlunum sé fylgt eftir m.a. með því að safna og birta reglulega upplýsingar um stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess. Vera til ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlana, ef þess er óskað, um hvernig rétta skuli hlut kynja þar sem það á við. Fylgjast með framgangi verkefna ráðuneytisins sem kveðið er á um í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Jafnframt skal nefndin fylgjast með umræðu um jafnréttismál eftir því sem við verður komið. Standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og annað starfsfólk. Önnur verkefni á sviði jafnréttismála s.s. að halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

Kvikmyndaráð (virkt)

sbr.ákvæði.2.gr kvikmyndalaga nr.137/2001.

Kvikmyndaskoðun (virk)

Skv. 2. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 47/1995.

Landsnefnd Evrópuárs fræðslu og íþrótta (virk)

Landsnefndin er skipuð á grundvelli ályktunar Evrópuþingsins og ákvörðunar Evrópusambandsins um að árið 2004 verði „Evrópuár fræðslu og íþrótta“. Markmið með Evrópuárinu er að hvetja til samstarfs milli aðila og stofnana á sviði mennta- og íþróttamála til að stuðla að auknu heilbrigði og aukinni fræðslu um gildi hreyfingar. Megin hlutverk landsnefndar er að meta og velja umsóknir frá einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum er sækja um styrk til ESB vegna einstakra verkefna, hvort heldur er verkefni á landsvísu eða svæðisbundið.

Landsnefnd um konur og vísindi (virk)
Að fylgja eftir niðurstöðum Helsinki nefndarinnar, um konur í vísindum, sem starfar á vegum Evrópusambandsins og hefur það að markmiði að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum í löndunum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókna- og vísindastarfi. Að hafa umsjón með verkefninu Konur í vísindum sem er hluti af jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar 2004–2008, en í því felst m.a. söfnun nýrra tölfræðilegra upplýsinga, sambærilegra við þær sem komu fram í skýrslunni Konur í vísindum á Íslandi og mat á þróun mála á tímabilinu. Að safna saman sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum fyrir Ísland og fram koma í skýrslu ESB um konur í rannsóknum í iðnaði (Women in industrial research).Að greina niðurstöður þeirra tölfræðilegu gagna sem safnað verður skv. ofangreindu, skilgreina þær hindranir sem standa í vegi fyrir jafnræði á milli kynja, hvort sem um er að ræða námsval eða framgang í starfi og koma með tillögur um aðgerðir á grundvelli þeirrar greiningar.

Landsnefnd ungmennaáætlunar Evrópusambandsins (Youth) (virk)
Landsnefndin skal stuðla að árangursríkri framkvæmd YOUTH – ungmennaáætlunar Evrópusambandsins á Íslandi.

Leiklistarráð (virkt)
Skipað sbr. 17. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998.

Markáætlun um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni (virk)
Áætlunin verður framkvæmd sem ein markáætlun á tveimur sviðum undir einni þriggja manna stjórn. Auglýst verður eftir verkefnum sem metin verða faglega á grundvelli vísindalegra gæða, hæfni og aðstöðu þátttakenda, áætluðum árangri og afrakstri, sem og væntanlegum ávinningi fyrir íslenskt þjóðfélag. Verkefnin skulu vera vísindalega og tæknilega framsækin og fela í sér náið samstarf og samþættingu sprota í stofnunum og fyrirtækjum á viðkomandi sviði. Sérstaklega verður tekið tillit til þess á hvern hátt verkefnið muni stuðla að framförum í íslensku þjóðlífi á komandi árum og á hvern hátt það styrkir íslenskt vísinda- og tæknisamfélag.

Matsnefnd framhaldsskóla (virk)
Skipuð sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Matsnefnd grunnskóla (virk)
Að uppfylltum faglegum gæðakröfum að mati fagráðs munu þau verkefni njóta forgangs;

Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna (virk)
Með vísan til 5. gr. a. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með áorðnum breytingum sbr. lög nr. 67/1997

Menningarsjóður félagsheimila (virkur)
Með vísan til 2. gr. reglna nr. 296/1990 um Menningarsjóð félagsheimila sem annast úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Námsefnisnefnd (virk)
Að gera tillögur um veitingu styrkja til námsgagnagerðar samkvæmt umsóknum en árlega er á fjárlögum gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis,.önnur verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni og varða útgáfu og/eða öflun náms- og kennslugagna handa framhaldsskólum.

Námsgagnastjórn (stjórn Námsgagnastofnunar) (virk)
Skipuð skv. 2. gr. laga um Námsgagnastofnun nr. 23/1990 til þriggja ára.

Námsstyrkjanefnd (virk)
Nefnd til þess að annast árlega úthlutun styrkja í samræmi við markmið laga nr. 69/1972 (23/1989) um jöfnun námskostnaðar

Nefnd er vinni að þarfagreiningu og frumathugun á sérhæfðri nýbyggingu fyrir starfsemi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði (virk)
Vinna að þarfagreiningu og frumathugun á sérhæfðri nýbyggingu fyrir starfsemi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði. Skal frumathugunin vera í samræmi við ákvæði laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Nefnd sem falið er að fjalla um vinnuumhverfi kennara í framhaldsskólum (virk)
Nefndin skal skoða eftirtalda þætti:kennarastarfið, sérkenni þess og álagsþætti; starfsþróun kennara; tækifæri til endurmenntunar, boðleiðir innan framhaldsskóla; samskipti og meðferð ágreiningsmála á vinnustað,ástæður aukinna veikindaforfalla starfsfólks framhaldsskóla, tillögur um fræðslu á sviði vinnuverndar fyrir framhaldsskóla.

Nefnd sem fjalla skal um endurbætur og uppbyggingu Þjóðleikhússins (virk)
Að skipuleggja m.a. framhald þess uppbyggingarstarfs sem staðið hefur um skeið, gera áætlanir um kostnað og tillögur um leiðir og verklag.

Nefnd sem fjalla skal um endurbætur og uppbyggingu Þjóðskjalasafns Íslands (virk)
Að skipuleggja framhald þess uppbyggingarstarfs, sem staðið hefur um skeið, gera áætlanir um kostnað og tillögur um leiðir og verklag.

Nefnd sem fjalla skal um húsnæðismál og uppbyggingu Menntaskólans í Reykjavík (virk)
Hlutverk nefndarinnar verður meðal annars:, að fjalla um skipulag á lóð skólans og framtíðarhlutverk einstakra húsa, að meta hugmyndir um endurbætur núverandi húsa og nýbyggingar, að gera tillögur um einstakar framkvæmdir og framkvæmdaröð, að gera drög að kostnaðaráætlunum vegna helstu valkosta á hverjum tíma.

Nefnd sem fylgjast skal með því að ekki verði misræmi í kennslu og kennsluaðstöðu við framkvæmd námskeiða fyrir vélgæslumenn (VM) (virk)
Fylgjast með því að ekki verði misræmi í kennslu og kennsluaðstöðu við framkvæmd námskeiða fyrir vélgæslumenn (VM)

Nefnd sem hefur það hlutverk að vinna að stöðlun og þróun blindraleturs (virk)
Að vinna að stöðlun og þróun blindraleturs. Í starfi sínu skal nefndin hafa til hliðsjónar skýrslu menntamálaráðuneytisins frá 2004 um bætt aðgengi blindra og sjónskertra að menntakerfinu.

Nefnd sem hefur það verkefni að gera tillögu til menntamálaráðherra um lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands (virk)
Að gera tillögu til menntamálaráðherra um lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands

Nefnd sem ætlað er að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum og semja frumvarp til nýrra laga um tónlistarskóla er komi í stað fyrrgreindra laga (virk)
Endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum og semja frumvarp til nýrra laga um tónlistarskóla er komi í stað fyrrgreindra laga.

Nefnd til að gera tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja til kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum sbr. reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara nr. 331/1997 (virk)
að gera tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja til kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum sbr. reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara nr. 331/1997.

Nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti verði minnst 200 ára fæðingarafmælis þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar (virk)
Að fenginni afstöðu menntamálaráðherra til tillagnanna er ráð fyrir því gert að nefndin annist og hafi umsjón með þeirri dagskrá sem efnt verður til að hennar frumkvæði, bæði hér á landi og erlendis. Skal að því stefnt að nefndin eigi samstarf við þá sem vilja vinna að því að Jónasar Halllgrímssonar verði minnst með góðum og viðeigandi hætti.

Nefnd til þess að fjalla um tæknileg og lagaleg álitamál tengd varðveislu rafrænna gagna, eftir atvikum með það fyrir augum að endurskoða lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands (virk)
Að fjalla um tæknileg og lagaleg álitamál tengd varðveislu rafrænna gagna, eftir atvikum með það fyrir augum að endurskoða lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Nefnd til þess að gera tillögur um notkun European Language Portfolio (virk)
Gera tillögur um notkun European Language Portfolio (ELP) hér á landi – fyrst sem tilraunaverkefni. Jafnframt er nefndinni falið að vinna að framkvæmd verkefnisins og kynningu á því í samræmi við ákvarðanir ráðuneytisins þar um og í samstarfi við það. Nefndinni er einnig falið að afla upplýsinga hjá Evrópuráðinu um Portfolio, þ.m.t. sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins, European Validation Committee, vegna hugsamlegar íslenskrar útgáfu á European Language Portfolio og framkvæmdar. Fyrsta verkefni nefndarinnar verður að gera verk- og kostnaðaráætlun ráðuneytisins.

Nefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (virk)
Fjalla um endurmenntun framhaldsskólakennara og ákvarða um námskeið fyrir þá. Ennfremur skal nefndin úthluta styrkjum til kennarafélaga eða kennara til að sækja námskeið eða ráðstefnur erlendis eða hér á landi.

Nefnd um heildarendurskoðun á lögum nr. 136/1997, um háskóla (virk)

Nefndinni er falið að gera tillögur um breytingar á gildandi háskólalögum, ásamt gildandi sérlögum um ríkisháskóla eftir því sem ástæða þykir til. Skal nefndin taka mið af þeirri þróun og breytingum sem átt hafa sér stað undanfarin ár á umhverfi háskólastarfs, kennslu og rannsóknum hér á landi og í öðrum OECD ríkjum. Tillögur nefndarinnar skulu vera til þess fallnar að efla íslenskt menntakerfi og gæði háskólamenntunar á Íslandi.

Nefnd um lög um bókasöfn (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort hagkvæmt sé að stja heildarlög sem taki til allra tegunda bókasafna og skilgreina hlutverk og stöðu þeirra í safnakerfi landsins. Nefndini er einnig falið að skilgreina stöðu landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem forystusafns allra bókasafna landsins og fjalla um lög um almenningsbókasöfn með tilliti til þessa.

Nefnd um samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum framhaldsskóla í Reykjavík (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi yfirlýsingarinnar þar sem m.a. segir að nefndin vinni tillögur um forgangsröðun þeirra verkefna sem brýnast og hagkvæmast er að ráðast í og annist jafnframt áætlanagerð og undirbúning fyrir sérhverja framkvæmd, eftir því sem við á, fjalli um fjárhagslegar forsendur eignaskipta, þar sem um þau er að ræða, o.s.frv.

Nefnd um stefnu stjórnvalda í byggingarlist (virk)

Er þess óskað að nefndin skili menntamálaráðherra greinargerð sem verði þannig úr garði gerð að hægt verði að gefa hana út sem almenna stefnumörkun stjórnvalda um byggingarlist og hönnun opinberra bygginga. Í þessu skyni skal nefndin m.a.: a. skilgreina markmið og tilgang byggingarlistastefnu, bæði út frá samfélagslegum, nýtingarlegum og fjárhagslegum forsendum; b. skilgreina hlutverk og skyldur ríkisins og opinberra aðila við að tryggja gæði í byggingarlist og hönnun opinberra bygginga og skal þar bæði horft til (a) bygginga og skipulags sem eru til nú þegar, verndar og viðhalds, og (b) hvernig gæði verði best tryggð í nýjum verkefnum og til framtíðar; c. gera tillögur um hvernig best verði staðið að upplýsingagjöf, fræðslu og menntun sem varðar byggingararf og byggingarlist.

Nefnd um úthlutun styrkja á vegum ERASMUS-áætlunarinnar (virk)

Að móta reglur um úthlutanir styrkja og vera Alþjóðaskrifstofu Háskólans til stuðnings við úthlutun á vegum ERASMUS-áætlunarinnar.

Nefnd um þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta (virk)

Þessi nefnd er skipuð til að hrinda tillögum í framkvæmd sem koma fram í skýrslu nefndar sem menntamálaráðherra skipaði í maí 2003 til að fjalla um aðgengi blindra og sjónskertra að menntakerfinu og með hvaða hætti væri best að samhæfa og bæta þjónustu menntakerfisins við blinda og sjónskerta nemendur.

Nefnd um öryggismál íþróttasvæða (virk)

Með hliðsjón af 14. gr. íþróttalaga hefur það hlutverk að skoða þörf á reglusetningu um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, jafnframt því að forgangsraða reglusetningu miðað við mannvirki og gera tillögur að öryggisreglum. Nefndinni er heimilt að kalla til sín viðkomandi fagaðila til upplýsinga og ráðagerða í einstökum málum.

Nemaleyfisnefnd í bakaraiðn (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í bakaraiðn, í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nemaleyfisnefnd í bókbandi (virk)

Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni. Prenttæknistofnun mun kalla nefndina saman til fyrsta fundar og leggja til fundar- og skrifstofuaðstöðu.

Nemaleyfisnefnd í framreiðslu (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í framreiðslu, í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nemaleyfisnefnd í grafiskri miðlun (virk)

Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni. Prenttæknistofnun mun kalla nefndina saman til fyrsta fundar og leggja til fundar- og skrifstofuaðstöðu.

Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í hársnyrtiiðn, í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nemaleyfisnefnd í húsasmíði (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í húsgagnasmíð (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í kjötiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í kjötiðn, í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nemaleyfisnefnd í ljósmyndun (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni. Prenttæknistofnun mun kalla nefndina saman til fyrsta fundar og leggja til fundar- og skrifstofuaðstöðu. Nefndin kýs sé formann.

Nemaleyfisnefnd í matreiðslu (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í matreiðslu, í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nemaleyfisnefnd í málaraiðn (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í múraraiðn (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í pípulögnum (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í prentun (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni. Prenttæknistofnun mun kalla nefndina saman til fyrsta fundar og leggja til fundar- og skrifstofuaðstöðu.

Nemaleyfisnefnd í snyrtifræði (virk)
Hlutverk nenfdarinnar er að fjalla um umsóknir frá snyrtistofum er æskja þess að taka nemendur í starfsþjálfun í snyrtifræðir, sbr. skilyrði 11. greinar reglugerðar nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun með áorðnum breytingum. Um störf nemaleyfisnefnda fer skv. ákvæðum meðfylgjandi erindisbréfs.

Nemaleyfisnefnd í stálsmíði (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í veggfóðrun (virk)
Hlutverk hennar er að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Nemaleyfisnefnd í vélvirkjun (virk)
Að gera tillögur til ráðuneytisins um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nemendur í starfsþjálfun í iðngreininni.

Ráðgjafahópur um listnám í leik-, grunn- og framhaldsskólum (virk)

1. Að hafa yfirsýn yfir námsframboð á sviði listgreina í leik-, grunn- og framhaldsskólum og áherslur í þeim greinum skv. aðalnámskrám þessara skólastiga.
2. Að meta stöðu náms skv. 1. lið með hliðsjón af skilgreiningu gildandi laga um hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla (2. gr. laga).
3. Að gera tillögur til umbóta ef þurfa þykir að því er varðar námskrár, námsmat eða aðra þætti er varða inntak og tilhögun listnáms á viðkomandi skólastigum.

Ráðgjafahópur vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs, námskrárbreytingar og breytingar á skilum leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar (virkur)

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framvindu vinnunnar og setja fram ábendingar og athugasemdir eftir því sem þurfa þykir. Gengið er út frá því að fulltrúar hópsins upplýsi reglulega um framgang málsins innan síns baklands. Hópurinn vinnur á grundvelli áðurnefndrar skýrslu svo og þeirra ákvarðana sem ráðherra hefur þegar tekið í málinu. Jafnframt verður unnið á grundvelli tillagna vinnuhópa sem falið var að endurskoða námskrár grunnskóla og framhaldsskóla og skoða breytingar sem kunna að verða á skilum skólastiganna.

Ráðgjafanefnd um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu (virk)

Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna (virk)

Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er samkvæmt 13. gr. laga nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn, að veita umsögn um erindi sem menntamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, einstakar sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir eða forstöðumenn almenningsbókasafna vísa til hennar. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til þessara aðila. Þá er nefndinni og ætlað að gera tillögur um úthlutun framlaga af því fé sem samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna skal verja úr ríkissjóði á næstu fimm árum til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í starfrænt upplýsinganet. Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og hinn þriðji af Bókavarðafélagi Íslands. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Ráðgjafarnefndin veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, einstakar sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir eða forstöðumenn almenningsbókasafna vísa til hennar. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til þessara aðila.

Ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla (virk)

Ráðgjafarnefndin starfar samkvæmt reglum nr. 675/1996 um Þróunarsjóð grunnskóla. Verkefni nefndarinnar eru einkum að gera tillögur til menntamálaráðherra um ráðstöfun sjóðsins til þróunarverkefna í grunnskólum. Þessu hlutverki gegnir nefndin með því að skilgreina og lýsa nýjungum og tilraunum sem þykja horfa til framfara í grunnskólum, áætla umfang þeirra og tímamörk og kostnað við að hrinda þeim í framkvæmd og/eða með því að meta innkomnar umsóknir um auglýsta styrki.

Safnaráð (virkt)

Starfar samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra safna og safnmanna, í safnaráð sbr. 2. gr. safnalaga nr. 106/2001.

Safnráð Listasafns Íslands (virkt)

Skipað 8.01.98 til þriggja ára skv. 6. gr. laga nr. 58/1988 um Listasafn Íslands

Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (virk)

að vera umræðu- og samráðsvetvangur Sambands íslenskra sveitarfélaga, samtaka skólastjóra og kennara og menntamálaráðuneytisins um málefni grunnskólans

Samráðsnefnd um leikskóla (virk)

Nefndinni er ætlað að vera umræðu- og samstarfsvettvangur aðila um ýmis fagleg málefni leikskóla, vettvangur fyrir samráð og umræður þar sem hægt er að taka fyrir einstök mál, skiptast á skoðunum og veita upplýsingar, skýra mismunandi sjónarmið, vekja athygli á málum og finna ýmsum úrlausnarefnum réttan farveg.

Samráðsnefnd vegna lestrarerfiðleika nemenda í grunnskólum (virk)

Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa breytingar á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla. Enn fremur skal nefndin ræða hvaða leiðir skuli standa nemum í framhaldsskólum til boða þegar lestrarerfiðleikar greinast.

Samráðsnefnd vegna samnings menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins (virk)

Samkvæmt samningi við Alþjóðaskrifstofuna.

Samstarfsnefnd Félags framhaldsskólakennara og menntamálaráðunetisins (virk)

Að vera samráðs-, upplýsinga- og umræðuvettvangur menntamálaráðuneytisins og félags framhaldsskólakennara og að vera ráðgefandi fyrir menntamálaráðuneytið. Báðir aðilar geta haft frumkvæði að því taka upp mál í nefndinni. Umfjöllun um einstök mál getur bæði verið formleg og óformleg. Formleg erindi frá nefndinni skulu lögð fram skriflega. Fulltrúar ráðuneytisins í nefndinni fylgja þeim eftir innan ráðuneytisins og gera eftir atvikum, grein fyrir þeim í nefndinni.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi (virk)

að auknu samstarfi framhaldsskóla á Austurlandi til eflingar náms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum. Nefndin ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamnings skólanna 1997–2000 samanber erindisbréf.

Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar (virk)

Lög nr. 75/1985. Að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstraf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla. Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólastjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi (virk)

Nefndin er skipuð í samræmi við ákvæði 26. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Skipunin gildir frá dagsetningu þessa bréfs að telja til 2. desember 2000, en þá lýkur starfstímabili nefndarinnar. Helstu verkefni nefndarinnar eins og þau eru tilgreind í 27. grein laganna eru að:

- stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs,
- vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms,
- gera tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokka,
- gera tillögur um forgangsröðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn.

Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: fimm frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal einn vera fulltrúi nema, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fimm frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af samtökum kennara og skólastjórnenda, og skal annar þeirra vera starfsmenntakennari en hinn stjórnandi starfsmenntaskóla, og þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Starfshópur til að vinna að undirbúningi stækkunar Fjölbrautaskólans í Garðabæ (virkur)

Starfshópnum er ætlað að afla upplýsinga um fyrirsjáanlega nemendaþróun og skilgreina húsrýmisþörf til næstu ára. Kanna leiðir og kosti við framkvæmdir þ.m.t. áfangaskiptingu verksins. Starfshópurinn kynnir niðurstöður fyrir ráðuneyti og bæjarstjórnum Garðabæjar og Álftaness.

Skólanefnd Borgarholtsskóla (virk)

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (virk)

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga (virk)

Um skipan og störf nefndarinnar vísast til 6. og 7. greina fyrrnefndra laga svo og reglugerðar um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997. Sjá heimasíðu ráðuneytisins, lög og reglugerðir, veffang: www.menntamalaraduneyti.is.

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi (virk)

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja (virk)

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Breiðholti (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Flensborgarskóla í Hafnarfirði (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (virk)
Skv.7. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla.
Skólanefnd Iðnskólans í Hafnarfirði (virk)
Störf nefndarinnar vísast til 6. og 7. gr. fyrrnefndra laga svo og reglugerðar um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.
Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996
Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði (virk)
Með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 80/1990.
Skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Menntaskólans við Sund (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri (virk)
Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla
Skólastjórn Skákskóla Íslands (virk)
Samkvæmt lögum nr. 76/1990, um Skákskóla Íslands, skal skólastjórn Skákskólans skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra skipar einn og Skáksamband Íslands tvo, þar af annan í samráði við Félag íslenskra stórmeistara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.
Starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina (virkt)
Starfsgreinaráð fyrir uppeldis- og tómstundagreinar (virkt)
Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina (virkt)
Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagreinum (virkt)
Starfsgreinaráð í farartækja- og flutningsgreinum (virkt)

Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum (virkt)
Starfsgreinaráð í málm-, véltækni og framleiðslugreinum (virkt)
Starfsgreinaráð í náttúrunýtingu (virkt)
Starfsgreinaráð í rafiðngreinum (virkt)
Starfsgreinaráð í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum (virkt)
Starfsgreinaráð í öryggisvörslu, björgun og löggæslu (virkt)
Starfsgreinaráð sjávarútvegs og siglingagreina (virkt)
Starfsgreinaráð snyrtigreina (virkt)
Starfsgreinaráð um heilbrigðis- og félagslega þjónustu (virkt)

Helstu verkefni starfsgreinaráða eins og þau eru tilgreind í 29. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, eru:

- að skilgreina þarfir fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms,
- gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis,
- gera tillögur um skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning,
- hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Starfshópur fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í gamla skólahúsinu í Reykholti (virkur)

Hlutverk starfshópsins era að meta ástand húsnæðis fyrir varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í gamla skólahúsinu í Reykholti. Kanna á hvort óhætt sé að geyma safnið í húsnæðinu og þá jafnframt að gera tillögur til úrbóta.

Starfshópur sem falið er að endurskoða lög nr. 23/1990 um Námsgagnastofnun (virkur)

Hlutverk starfshópsins er að endurskoða lög nr. 23/1990 um Námsgagnastofnun. Sjá og 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Starfshópur til að vinna að tillögum um aukið samstarf Námsgagnastofnunar og Blindrabókasafns (virkur)

Vinni að tillögum um aukið samstarf Blindrabókasafns Íslands og Námsgagnastofnunar á sviði útgáfu námsgagna fyrir blinda, sjónskerta og nemendur með dyslexíu til að fjármagn þessara stofnana nýtist sem best.

Starfshópur til undirbúnings stofnunar háskólaseturs og þekkingarnets á Austurlandi (virkur)

Hópurinn geri tillögur um hvernig staðið verði að stofnun háskólaseturs, skipulagi starfsemi þess og fjármögnun. Gengið er út frá því að allt nám sem í boði verður sé á ábyrgð viðurkenndra háskóla og að þeir eigi jafnframt beina aðild að stjórn háskólasetursins. Hvað varðar aðild rannsóknarstofnana að háskólasetrinu skal tekið mið af endurskipulagningu rannsóknarstarfsemi á landsbyggðinni á vegum vísinda- og tækniráðs. Lögð verði áhersla á að tengja starfsemi háskólaseturs háskólamenntun, rannsóknum og þróun á Austurlandi sem heild

Starfshópur til þess að endurskoða þjóðminjalög í nánu samhengi við safnalög, lög um húsafriðun og lög um flutninga meningarverðmæta úr landi (virkur)

Hlutverk starfshópsins er að endurskoða þjóðminjalög í nánu samhengi við safnalög, lög um húsafriðun og lög um flutninga meningarverðmæta úr landi. Stefnt að því að lagafrumvarp verði lagt fram eigi síðar en haustið 2006.

Starfshópur til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu (virk)

Starfshópnum er ætlað að fara yfir það hlutverk sem ríki, sveitarfélög og frjáls félagasamtök gegna í íþróttamálum með það að markmiði að fá skýra mynd af þeirri verkaskiptingu sem nú er uppi og meta út frá því hvernig stuðningur ríkisins nýtist sem best íþróttalífi í landinu. Í því sambandi skal starfshópurinn meðal annars skoða sérstaklega skipulag íþróttahreyfingarinnar. Ræða stöðu keppnisíþrótta og almenningsíþrótta og hvernig best verði hlúð að þessum tveimur stoðum íþróttaiðkunar á Íslandi. Meta hin efnahagslegu áhrif íþróttastarfsins á Íslandi. Fara yfir gildi íþrótta í forvarnarskyni í ljósi rannsókna á sviði forvarna og reyna að meta þann árangur sem náðst hefur hér á landi. Kynna sér þau markmið er önnur Evrópuríki hafa sett sér varðandi íþróttastefnu. Sérstaklega skal huga að stefnumörkun er átt hefur sér stað á vettvangi Evrópuráðsins.

Starfshópur til þess að gera tillögur um framtíðarskipan Stofnunar Gunnars Gunnarssonar (virk)
Starfshópnum er ætlað að skoða stofnun sjálfseignarstofnunar, endurskoða reglur stofnunarinnar og skipun stjórnar, mál er varða forræði jarðarinnar Skriðuklausturs og samning menntamálaráðuneytis og Stofnunar Gunnars Gunnarssonar frá 2. nóvember 2001.

Starfshópur um aðgerðir til fjölgunar nemenda í raunvísindum og raungreinum (virk)
Hlutverk hópsins er að gera tillögur um leiðir til að glæða áhuga nemenda í grunn- og framhaldsskólum á rannsóknatengdu háskólanámi. Í því samhengi skal nefndin fjalla um þætti sem hafa áhrif á námsval, – gera tillögur um það hvernig hinar mismunandi háskóladeildir sem stunda kennslu í raunvísindum og verkfræði geti kynnt fræðasvið sitt á aðgengilegan hátt með það að markmiði að vekja áhuga beggja kynja á náminu og störfum á sviði raunvísinda, – kanna leiðir til að hvetja stofnanir og fyrirtæki sem sinna rannsóknum og tækniþróun til að láta sig varða menntun og fræðslu almennings og nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi og grípa til aðgerða til að vekja áhuga sömu aðila á starfsemi sinni, – kanna leiðir til að auka fjölbreytni og gæði kennsluefnis í raungreinum í grunn- og framhaldsskólum, – standa fyrir mati á gæðum námskrár, kennslu og kennsluaðstöðu raungreina í grunn- og framhaldsskólum.

Starfshópur um gerð skýrslu til Alþingis um stofnun sædýrasafns (virk)
Hlutverk starfshópsins er að kannaðir verði kostir og hagkvæmni þess, með tilliti til ferðaþjónustu og almannafræðslu um lífríki hafsins, að byggt verði upp veglegt sædýrasafn sem yrði í senn lifandi fiskasafn og fróðleiksnáma um lífríki Norður-Atlantshafsins, rannsóknir og vísindi, verndun og nýtingu fiskstofnanna og umgengni um hafið. Fyrirhuguðu sædýrasafni yrði ætlað að vinna að mörgum viðamiklum verkefnum sem falla undir verksvið Náttúruminjasafns Íslands, sem skv. safnalögum er höfuðsafn á sviði náttúruminja. Stefnt er að því í menntamálaráðuneyti að leggja fyrir frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands á næsta þingi.

Starfshópur um stöðu íslenska táknmálsins, eflingu þess og varðveislu (virk)
Hlutverk hennar yrði m.a. koma með tillögur um hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi t.d. í lögum, í stjórnsýslunni og í umhverfi þeirra stofnana sem þegar hafa með íslenskt táknmál að gera og taka afstöðu til þess hvort heppilegt gæti verið að undirbúa stofnun formlegrar málnefndar fyrir íslenska táknmálið og þá hvernig slík málnefnd yrði samsett.

Starfshópur um þróun starfsnáms í framleiðslutækni (virk)
1. meta hugmyndir um námsbraut fyrir framleiðslugreinar í iðnaði sem unnar hafa verið í Verkmenntaskóla Austurlands, 2. kynna valin dæmi um starfsnám í framleiðsluiðnaði í menntakerfum austanhafs og vestan, 3. setja fram hugmyndir um námsáfanga á námsbraut í framleiðslutækni, bæði í grunnnámi og í sérnámi. Byrjunaráfangar miðist við að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi með viðunandi árangri. Einnig yrði hugað að mati á raunfærni fólks með mismunandi starfsreynslu. Í þessu sambandi þarf að tryggja tengsl við aðrar námsbrautir framhaldsskólans. Námið mætti bjóða fram hvort heldur sem er í staðnámi eða fjarnámi.

Starfshópur vegna starfsnáms á vinnustað (virk)
Hlutverk hópsins er að hafa yfirumsjón með tilraun um vinnustaðanám sem ráðuneytið hefur ákveðið að gera og skipuleggja framkvæmd hennar á grundvelli skýrslu sem unnin var af sérstökum starfshópi og skilað til ráðherra með bréfi, dags. 5. júlí 2002. Fjalla á breiðum grundvelli um æskilegt fyrirkomulag vinnustaðanáms til frambúðar, ábyrgð á náminu og eftirlit með því, fjármögnun og skiptingu kostnaðar. Í þessu sambandi skal hópurinn huga að því hvort nauðsynlegt sé að kveða sérstaklega á um einhverja þætti þessa máls í lögum eða reglugerðum.

Stjórn Barnamenningarsjóðs (virk)
Sbr. reglur nr. 246/1994

Stjórn Blindrabókasafns Íslands (virk)
Skipuð skv. 3. gr. 1 um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982 til 4ra ára.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda (virk)
Sbr. 6. gr. laga nr. 33/1997 um Bókasafnssjóð höfunda. Menntamálaráðherra skipar 5 menn í stjórn Bókasafnssjóðs höfunda til fjögurra ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands og einn án tilnefningar sem verður jafnframt formaður stjórnarinnar.

Stjórn Bókmenntakynningarsjóðs (virk)
Sbr. 3. gr. reglna nr. 456/1982 um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskólakennara (virk)
Stjórn sjóðsins er falið að starfa samkvæmt reglum um Endurmenntunarsjóð grunnskólakennara og gera tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Í stjórn skulu eiga sæti: Einn fulltrúi menntamálaráðherra og er hann formaður. Einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara og skólastjóra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn fornleifasjóðs (virk)
Sbr. 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkilisjóður) (virk)
Sjóðurinn var stofnaður 3. apríl 1759. Verkefnið er að styðja börn í Kjalarnesþingi til barnafræðslu. Með tilskipun 11. maí 1928 var ákveðið að yfirumsjón skyldi vera hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en síðar var ákveðið að sjóðurinn skyldi heyra undir menntamálaráðuneytið. Starfar skv. skipulagsskrá. Nefndarmenn sitja skv. stöðu sinni og hófu því starf í nefndinni samtímis því að þeir tóku við störfum sínum

Stjórn Gunnarsstofnunar (virk)
sbr. 3. gr. reglna nr. 702/1997 með breytingum skv. reglum nr. 836/1999 um Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri

Stjórn Innu – upplýsingakerfis framhaldsskóla (virk)
Hlutverk stjórnarinnar er eftirfarandi: Gera árlega kostnaðaráætlun um rekstur og þróun Innu og leita samþykkis aðila kerfisins um greiðslur til þess. Vinna úr og forgangsraða óskum notenda um þróun Innu. Skapa vettvang fyrir notendur Innu til að miðla reynslu og þekkingu á kerfinu. Gera tillögu að samningum um rekstur og þróun Innu og vinna að útboðum vegna þeirra í samvinnu við Ríkiskaup. Vera tengiliður við menntamálaráðuneytið vegna málefna Innu.

Stjórn Íslenska dansflokksins (virk)
Stjórn Íslenska dansflokksins fjallar almennt um starfsemi dansflokksins og skulu allar meiriháttar ákvarðanir í þeim efnum bornar undir stjórnina til umsagnar. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun sem listdansstjóri vinnur og leggur fram, skal borin undir stjórnina til umsagnar.

Stjórn Íslenskra getrauna (virk)
Skipuð til þriggja ára með skírskotun til 4. gr. laga nr. 59/1972 um Íslenskar getraunir,

Stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (virk)
Skipuð skv. 2.gr. laga nr. 71/1994

Stjórn landsskrifstofu Leonardo da Vinci (virk)
Stuðla að árangursríkari framkvæmd Leonardo da Vinci

Stjórn landsskrifstofu Sókratesar (virk)
Stjórnin skal stuðla að árangursríkri framkvæmd Sókratesar, menntamálaáætlunar Evrópusambandsins á Íslandi og eru helstu verkefni hennar: 1. Almenn stefnumörkun fyrir starf landsskrifsofunnar í samræmi við ákvæði um réttindi og skyldur framkvæmdastjórnar ESB og stjórnvalda í þátttökulöndunum „Provisions relating to the responsibilities of the Member States and of the Commission regarding the Socrates National Agencies", sem fylgir samningi þessum sem viðauki I. 2. Forgangsröðun viðfangsefna landsskrifstofunnar með hliðsjón af forgangsröðun framkvæmdastjórnar ESB. 3. Umsjón með mati á umsóknum með aðstoð dókmnefnda, sem stjórnin skipar og samþykkt almennra úthlutunarreglna vegna greiðslu styrkja, sem úthlutað er hér á landi. 4. Eftirlit með því að landsskrifstofan sinni nauðsynlegum verkefnum, sem ákveðin eru í samningum við menntamálaráðuneytið og framkvæmdastjórn ESB.

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda (virk)
Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 268/1999 um sjóðinn.

Stjórn launasjóðs stórmeistara í skák (virk)
Helstu verkefni stjórnarinnar er að gera tillögu um reglugerð að framkvæmd laga um launasjóð stórmeistara þar sem m.a. er kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir úr honum sbr. 7. gr. laganna, til ráðgjafar menntamálaráðherra við úthlutun og önnur verkefni sem ráðherra felur henni eða sem stjórnin gerir að eigin frumkvæði.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (virk)
Skv. 4. gr. laga nr. 21/1992, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1997.

Stjórn Listamannalauna (virk)
3. gr. laga nr. 35/1991 um listamannalaun.

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins (virk)
Skv. 4. gr. laga nr. 46/1998.
Stjórn Menningarsjóðs (virk)
Skv. 2. gr. laga nr. 79/1993 um Menningarsjóð.
Stjórn Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna (Fulbright) (virk)
Skipunin er skv. 4. gr. samnings frá 13. febrúar 1964 milli Íslands og Bandaríkjanna um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarmálum með breytingu er tók gildi 1. september 1985.
Stjórn Námsmatsstofnunar (virk)
Að staðfesta starfsáætlanir stofnunarinnar og fylgjast með framkvæmd þeirra. Einnig veitir stjórnin menntamálaráðherra umsögn um ráðningu forstöðumanns.
Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna (virk)
Skv. reglum fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna, dags. 1. mars 1996.
Stjórn Rannsóknarnámssjóðs (virk)
Styrkja rannsóknatengt framhaldsnám til meistaraprófs.
Stjórn Rannsóknasjóðs (virk)
Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda– og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati. Stjórn Rannsóknasjóðs er heimilt, að tillögu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs. Stjórn Rannsóknasjóðs fer jafnframt með stjórn Tækjasjóðs.
Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (virk)
Samkvæmt lögum nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands skal stjórn stöðvarinnar skipuð sjö fulltrúum.
Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands (virk)
Nefnd skipuð með vísan til 4. gr. laga nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Stjórn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi (virk)
Skipuð skv. 4. gr. laga nr. 70/1972 um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
Stjórn Styrktarsjóðs Blindrabókasafns Íslands (virk)
Skv. reglum um Styrktarsjóð Blindrabókasafns Íslands nr.290/1989.
Stjórn Verðlaunasjóðs dr. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts (virk)
Sjóðurinn er stofnaður af Svanhildi Ólafsdóttur, stjórnarráðsfulltrúa, með skipulagsskrá nr. 22/1954, til minningar um föður hennar og eiginmann. Hlutverk sjóðsins er að verðlauna íslenskan stærðfræðing, stjörnufræðing eða eðlisfræðing; að verðlauna teikningar íslenskra arkitekta að nytsömum byggingum í landinu eða skipulagningu innanbæjar í Reykjavík. Veita má aukaverðlaun úr sjóðnum,til að styrkja stúdent úr stærðfræðideild MR. Stjórn sjóðsins skipa prófessor í stærðfræði við HÍ, rektor MR og ráðuneytisstjóri MRN. Nefndarmenn sitja skv. stöðu sinni og hófu því starf í nefndinni samtímis því að þeir tóku við störfum sínum.
Stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands, Akureyri (virk)
Nefnd skipuð samkvæmt reglugerð nr. 362/1995.
Stjórn Þýðingarsjóðs (virk)
Sbr.4. gr laga um Þýðingarsjóð 35/1981.
Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns (virk)
Skipuð til fjögurra ára skv. lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Nefndin hefur yfirumsjón með rekstri safnsins.
Stofnun Sigurðar Nordals / stjórn Snorrastofu (virk)
Með vísun til 4. gr. skipulagsskrár fyrir Snorrastofu í Reykholti nr. 535/1995.
Stýrihópur til þess að gera þarfagreiningu á Sarpi, gagnagrunni minjavörslunnar (virk)
Hlutverk stýrihópsins er m.a. að skilgreina hvernig staðið skuli að þarfagreiningunni og hvaða atriði skuli könnuð ásamt því að gera kostnaðaráætlun og finna aðila til að vinna verkið.

Sveinsprófsnefnd í bakaraiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í bifreiðasmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í bifvélavirkjun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan ti reglugerðar nr.525/2000.

Sveinsprófsnefnd í bílamálun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í blikksmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í bókbandi (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í flugvélavirkjun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í framreiðslu (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í gull- og silfursmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í hársnyrtiiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninn fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau vekrfni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í húsasmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í húsgagnabólstrun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr.525/2000.

Sveinsprófsnefnd í húsgagnasmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr.525/2000.

Sveinsprófsnefnd í kjólasaumi (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í kjötiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í klæðskurði karla (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í ljósmyndun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í matreiðslu (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kanna að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í málaraiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í málmsteypu (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt,þar með talið mat ía úrlausnum svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr.525/2000.

Sveinsprófsnefnd í mótasmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000 í löggiltum iðngreinum.

Sveinsprófsnefnd í múraraiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í netagerð (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sviensþróf. Með vísan í reglugerð nr. 525/2000 um sveinspróf í löggiltum iðngreinum.

Sveinsprófsnefnd í pípulögnum (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kanna að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í prentsmíð (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í prentun (virk)
Að annast sveinspróf í iðninni fyrir landið allt, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kallar nefndina til sérstaklega, allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr.57/1988 með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í rafiðngreinum – sterkstraumi (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kanna að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar. nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í rafiðngreinum – veikstraumi (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan til reglugerðar nr. 525/2000.

Sveinsprófsnefnd í rennismíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf. Með vísan ti reglugerðar nr. 525/2000

Sveinsprófsnefnd í skósmíðaiðn (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í skrúðgarðyrkju (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í snyrtifræði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í stálsmíði og málmsuðu (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf.

Sveinsprófsnefnd í söðlasmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í tannsmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varða sveinspróf.

Sveinsprófsnefnd í úrsmíði (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa fyrir landið allt í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 80/1996 og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Sveinsprófsnefnd í vélvirkjun (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að sjá um framkvæmd sveinsprófs í iðninni fyrir landið allt, þar með talið mat á úrlausnum, svo og þau verkefni sem ráðuneytið kann að fela nefndinni sérstaklega og varð sveinspróf. Með vísan til reglugerðar 525/2000 um sveinspróf í löggiltum iðngreinum.

Tónlist fyrir alla (virk)
Skv. 4. gr. reglna um Tónlist fyrir alla nr. 149/2002, skipar ráðherra sjö manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Félagi íslenskra tónlistarmanna í sameiningu, einn af Sinfóníuhljómsveit Íslands, einn af Tónmenntakennarafélagi Íslands og tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára og ráðherra ákveður þóknun stjórnamanna.

Tónlistarráð (virkt)
Meginhlutverk tónlistarráðs skv. tónlistarlögum er að gera tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr tónlistarsjóði. Skv. 1. gr. laganna skal ráðherra setja reglur um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði. Þessar reglur hafa ekki verið settar, enda telur ráðuneytið eðlilegt að þær verði unnar í samráði við nýtt tónlistarráð.

Tónmenntasjóður kirkjunnar (virk)
Tilgangur sjóðsins er að efla kirkjulega tónlist og textagerð við slíka tónlist.

Undanþágunefnd framhaldsskóla (virk)
sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nefndin skal úrskurða um beiðnir skólameistara um heimild til að ráða kennara að framhaldsskóla sem ekki uppfyllir ákvæði um að bera starfsheitið framhaldsskólakennari.

Undanþágunefnd grunnskóla (virk)
Starfar skv. 10. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði myndlistarmanna (virk)
Skipuð skv. lögum nr. 35/1991 um listamannalaun.

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði rithöfunda (virk)
Sbr. heimild í 12. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991.

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Tónskáldasjóði (virk)
Sbr. lög nr. 35/1991 um listamannalaun með síðari breytingum.
Úthlutunarnefnd styrkja Snorra Sturlusonar (virk)
Skv. 3. gr. reglna nr. 263/1992 um styrkina.
Útvarpsráð (virkt)
Kosið af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar, sbr. lög nr. 68/1985. Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.
Útvarpsréttarnefnd (virk)
Kosin í sameinuðu Alþingi, skv. 2. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, sbr. 2. mgr. ákvæða til bráðabirgða. Skipunartími 4 ár.
Verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitar Íslands (virk)
Skipuð skv. 7. gr. laga nr. 36/1982.
Verkefnisstjórn um símenntun (virk)
Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að:
- athuga hvort ástæða sé til að setja sérstök lög um fullorðinsfræðslu,
- leita leiða til þess að þeir sem hafa litla eða enga formlega menntun geti hafið nám á ný og gera tillögur um annað tækifæri til náms,
- kanna leiðir í samráði við skóla, sveitarfélög og atvinnulíf um eflingu náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna,
- ákveða áhersluatriði Viku símenntunar hverju sinni og huga að leiðum til að vekja athygli á henni og gera tillögur um framkvæmd hennar,
- standa fyrir kynningarfundum og ráðstefnum um símenntunarmál með aðild þeirra sem vinna að símenntun og fullorðinsfræðslu,
- leita leiða til að auka samráð og samstarf skóla og atvinnulífs um símenntun,
- gera tillögur til ráðuneytisins um önnur verkefni á sviði símenntunar sem verkefnisstjórnin telur æskilegt að unnin verði.

Verkefnisstjórn um styttingu námstíma til stúdentsprófs (virk)
Hlutverk verkefnisstjórnar er að fylgja eftir niðurstöðum í skýrslu um styttingu námstíma til stúdentsprófs frá því í desember 2002, meta þær tillögur sem þar eru settar fram og setja fram heildstæðar tillögur um styttingu námstímans. Auk þess skal verkefnisstjórn gera framkvæmdaáætlun fyrir styttinguna. Verkefnisstjórn skal leita eftir athugasemdum hagsmunaaðila og almennings og hafa þær til hliðsjónar í störfum sínum eftir því sem tök eru á. Ráðuneytið mun jafnframt skipa þrjá starfshópa til að fjalla um einstaka þætti málsins, þ.e. fjármál, námskrármál og starfsmannamál, og skal verkefnisstjórn m.a. samræma störf þessara hópa eftir því sem þörf er á.
Vinnuhópur sem falið er að setja fram tillögur um skil leikskóla og grunnskóla (virkur)
Hlutverk vinnuhópsins er ætlað að setja fram tillögur um aðgerðir til að tengja betur skólastarf, nám og kennslu á leik- og grunnskólastigi og draga fram fagleg áhersluatriði sem máli skipta fyrir farsælt starf á skilum þessara skólastiga. Hópurinn skal fara yfir aðalnámskrá leikskóla og almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla á grundvelli tillagna sem fram koma í skýrslu ráðuneytisins, Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi. Hópurinn skal koma með tillögur um með hvaða hætti aðalnámskrá leikskóla skuli uppbyggð og endurskoðuð. Hópurinn skal í vinnu sinni m.a. hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamtökin heimili og skóla.
Vinnuhópur um námskrárgerð fyrir danskjörsvið á listnámsbraut framhaldsskóla (virkur)
Hlutverk vinnuhópsins er:
1. að setja fram skilyrði til innritunar á danskjörsvið listnámsbrautar framhaldsskóla,
2. að skilgreina lokamarkmið náms af danskjörsviði listnámsbrautar framhaldsskóla,
3. að setja fram tillögur um uppbyggingu náms í klassískum listdansi, nútímalistdansi og dansfræðigreinum miðað við 45 eininga nám á kjörsviði og 9 einingar í vali, sbr. aðalnámskrá í listum fyrir framhaldsskóla 1999,
4. að setja fram áfangalýsingar og áfangamarkmið fyrir einstaka áfanga, tilgreina helstu efnis- eða áhersluatriði og kjarnahugtök og lýsa stuttlega æskilegri tilhögun námsmats í áföngum.

Vísindanefnd vísinda- og tækniráðs (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum sem mörkuð er af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Nefndin skal hafa náið samráð við tækninefnd Vísinda- og tækniráðs um málstök og samræmingu á tillögum sínum til ráðsins. Vísindanefndinni er ennfremur falið að marka úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs skv. lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og skipa í fagráð á helstu sviðum vísinda sem eru stjórn Rannsóknasjóðs til ráðgjafar við úthlutanir úr sjóðnum. Vísindanefndin getur gert tillögur til stjórnar Rannsóknasjóðs um viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum er greiðist af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs.

Þjóðbúningaráð (virkt)
Með vísun til þingsályktunar um stofnun þjóðbúningaráðs, sem Alþingi samþykkti 10. mars 1999.

Þjóðleikhúsráð (virkt)
Skv. nýjum leiklistarlögum nr. 138/1998.

Æskulýðsráð ríkisins (virkt)
Sbr. 2. gr. laga nr. 24/1970, um æskulýðsmál. Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.

Örnefnanefnd (virk)
Skipuð með vísun til 2. gr. laga nr. 35/1953 um bæjarnöfn, með síðari breytingum (lög nr.40/1998).

Öryggisnefnd menntamálaráðuneytisins (virk)
Sbr. 6. gr. laga nr. 46/1980: Hlutverk Öryggisnefndar er að skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Samgönguráðuneyti.

Endurkröfunefnd (virk)
Endurkröfur vegna tjónabóta tryggingafélaga.

Farbannsnefnd skipa (virk)
Farbann skipa.

Mönnunarnefnd (virk)
Mönnun skipa.

Nefnd um eflingu ferðaþjónustu í Vestmanneyjum (virk)
efling ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

Nefnd um skipulag Vatnsmýrar m.t.t. framtíðar flugstarfsemi (virk)
Skipulag Vatnsmýrar m.t.t. Framtíðar flugstarfsemi.

Prófnefnd kafara (virk)
Námsmat vegna menntunar / þjálfunar kafara.

Prófnefnd um útgáfu vottorða til flutninga á hættulegum farmi (virk)
Námsmat vegna menntunar / þjálfunar bifreiðarstjóra sem flytja hættulegan farm.

Skólanefnd slysavarnaskóla sjómanna (virk)
Rekstur slysavarnaskóla sjómanna.

Stýrihópur vegna kynningarátaks í Norður-Ameríku, Iceland Naturally (virk)
Kynning Íslands sem ferðamannalands í Norður Ameríku.

Undanþágunefnd frá atvinnuréttindum vélstjóra og skipstjórnarmanna (virk)
Undanþágur frá atvinnuréttindum.

Úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála (virk)
Úrskurður vegna kærumála.

Úrskurðarnefnd siglingamála (virk)
Úrskurður vegna kærumála.

Verkefnisstjórn langtímaáætlunar um öryggismál sjómanna (virk)
Efling öryggis sjómanna.

Vinnuhópur um framtíðarskipan eignarhalds og reksturs vita (virkur)
Framtíðaskipan eignarhalds og reksturs vita.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Úrskurðarnefnd vegna álagningar gjalds af ólöglegum sjávarafla (virk)
Úrskurðarnefnd vegna álagningar gjalds af ólöglegum sjávarafla.

Umgengnisnefnd um auðlindir sjávar (virk)
Tilgangurinn er að fjalla um hvernig megi bæta umgengni um auðlindir sjávar.

Starfsfræðslunefnd (virk)
Sinna starfsfræðslu fiskvinnslufólks.

Fjareftirlitsnefnd (ekki virk)
Nefnd er kanni möguleika á fjareftirliti með fiskiskipum og gera tillögur um upptöku slíks eftirlits hér á landi.

Verkefnastjórn um rekstur skólaskips (virk)
Yfirstjórn með rekstri Drafnar sem skólaskip.

Stjórn rekstrarfélags Matvælaseturs Háskólans á Akureyri (virk)
Rekstrarfélag.

AVS – Rannsóknasjóður – stjórn (virk)
Standa að 5 ára átaki til að auka virði íslenskra sjávarafurða. Hlutverk sjóðsins er að styrkja og stuðla að rannsóknum á margs konar verkefnum sem tengjast sjávarútvegi, svo sem fiskeldi, líftækni, markaðsmálum, vinnslu sjávarfangs, meðferð hráefnis, fræðslu og menntun.

Nefnd um úthlutun byggðakvóta (virk)
Nefnd er hafi það hlutverk að gera tillögur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2004/2005, sbr. l. mgr. 9. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, eins og henni var breytt með a-lið 2. gr. laga nr. 147 20. desember 2003.

Nefnd um starfsumhverfi sjávarútvegsins (virk)
Nefnd er skoði hvort hægt sé að minnka álögur, einfalda og samhæfa ýmsa þjónustu og eftirlit sem ríkið innir af hendi í þeim tilgangi sérstaklega að lækka rekstrarkostnað og gera kerfið skilvirkara.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sjávarútvegi (virk)
Nefnd til að skapa vettvang til gagnkvæmra skoðanaskipta og umræðu um starfshætti og rekstur Fiskistofu, umræðu og kynningar á nýjungum og breytingum.

Nefnd um forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða (virk)
Nefnd er kanni forsendur fyrir friðun viðkvæmra hafsvæða.

Nefnd um sjávarútveg og hágengi (virk)
Nefndinni er ætlað að gera úttekt á stöðu sjávarútvegsins í ljósi þeirrar hækkunar sem orðið hefur á gengi íslensku krónunnar og væntinga um að gengið haldist áfram hátt um nokkurn tíma. Einnig að fjalla um áhrif mismunandi hagstjórnaraðgera á stöðu sjávarútvegsins og hvort ástæða sé fyrir stjórnvöld að bregðast með einhverjum hætti við þeirri stöðu sem atvinnugreinin verður í.

Nefnd um stöðu kvenna í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum (virk)
Nefnd er kanni við hvers konar störf konur eru í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi en konur hafa ekki verið áberandi í forystu í greininni. Kanna skal hvað veldur því og hvernig hægt er að laða þær til þátttöku. Verkefnið er eitt af verkefnum sjávarútvegsráðuneytisins í áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið 2004–2008.

Verkefnisstjórn um öryggi útflutningstekna (virk)
Verkefnisstjórn vegna öryggis útflutningstekna sem starfar til aðstoðar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Starfshópur um stöðu og horfur í rækjuiðnaði á Íslandi (virk)
Starfshópur til að kanna stöðu og horfur í rækjuiðnaði á Íslandi.

Nefnd um viðurlög í lögum sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið (virk)
Nefnd er fjalli um ákvæði um viðurlög í lögum sem heyra undir starfssvið sjávarútvegsráðuneytisins. Er þar einkum átt við lög um stjórn fiskveiða, lög um fiskveiðar í landhelgi Íslands, lög um umgengni við auðlindir sjávar og lög um veiðar utan efnahagslögsögu Íslands.

Umhverfisráðuneyti.

Íslenska matvælarannsóknanefndin (virk)
Nefndin skal vinna að þróun, vali og útgáfu rannsóknaraðgerða á sviði matvælarannsókna, ásamt leiðbeiningum vegna gæðastýringar á rannsóknastofum og skyldum verkefnum.

Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika (virk)
Hlutverk er m.a. að: 1. gera tillögur til ráðuneytisins um þátttöku í þróun samningsins og áherslur íslenskra stjórnvalda á því sviði. 2. fylgjast með umræðum og tillögugerð innan samningsins og gera tillögur um afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra 3. gera tillögur um nauðsynlega þátttöku í alþjóðlegu starfi sem tengist samningnum 4. fara yfir ákvarðanir sem eru teknar innan samningsins og gera tillögur um framfylgd þeirra hér á landi.

Umhverfisfræðsluráð (virk)
Stuðla að aukinni fræðslu um umhverfismál og sjálfbæra þróun til almennings og skóla. Hvetja til aðgerða, koma á samvinnu, samræma og stuðla að aukinni umhverfismennt í samvinnu við sveitarfélög, samtök áhugamanna um umhverfismá, samtök almennings, aðila vinnumarkaðarins og stofnanir.

Samráðsnefnd um framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs (virk)
Nefndin er skipuð skv. II. ákvæði til bráðab. í l. nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Nefndin skal m.a. fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu og hvernig markmiðum laganna er náð.

Starfshópur um gildistöku laga um varnir gegn mengun hafs og stranda (virkur)
Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögunum.

Tilraunadýranefnd (virk)
Starfar samkvæmt 16. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar við umsjón þeirra mála sem tekur til tilrauna á dýrum og meðferðar á tilraunadýrum. Jafnframt skal nefndin tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra.

Breiðafjarðarnefnd (virk)
Nefndin hefur það hlutverk að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um það sem lýtur að framkvæmd laga nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

Fráveitunefnd (virk)
Starfar skv. 5. gr. laga nr 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum og er hlutverk m.a. að fjalla um styrkumsóknir og framkvæmda – og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum og áætla styrkhæfni hverrar áætlaðrar framkvæmdar. Gera í framhaldi tillögu til umhverfisráðherra um framlag til fréveitumála sveitarfélaga á fjárlögum næsta árs.

Ofanflóðanefnd (virk)
Starfar skv. 9. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og er hlutverk m.a. að fjalla um tillögur sveitarstjórna um kaup eða flutning húseigna í stað annarra varnaraðgerða, að gera tillögur til umhverfisráðherra um úthlutun úr Ofanflóðasjóði vegna kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki.

Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnarmála (virk)
Nefndin er skipuð skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hlutverk nefndarinnar er að úrskurða í ágreiningsmálum um farmkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda.

Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur (virk)
Nefndin er skipuð skv. 6.gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Hún skal veita umsagnir samkvæmt lögunum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna og beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Þá ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í málaflokki þessum.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála (virk)
Úrskurðarnefnd er skipuð skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Nefndin kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt þessum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal hún kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem henni er falið að skera úr um á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingum.

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (virk)
Skv. lögum nr 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Prófnefnd mannvirkjahönnuða (virk)
Nefndin er skipuð skv. 48. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með breytingu nr. 135/1997, sbr og reglugerð um störf prófnefndar mannvirkjahönnuða frá 29. desember 1997. Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með og ákveða tilhögun námskeiða fyrir væntanlega mannvirkjahönnuði, þ.m.t. að ákveða námsgreinar og prófkröfur, semja kennsluskrá, útbúa kennsluefni og ráða leiðbeinendur. Hún skal einnig fjalla um umsókn mannvirkjahönnuðar um löggildingur áður en hún er veitt.

Samvinnunefnd miðhálendisins (virk)
Annast gerð svæðisskipulags miðhálendisins.

Sérfræðinganefnd um framandi lífverur (virk)
Nefndin er skipuð skv. 41. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, til fjögurra ára í senn. Hún skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar og Umhverfisstofnunar áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera.

Ráðgjafarnefnd fyrir Skaftafellsþjóðgarð (virk)
Nefndin er skipuð í samræmi við 51. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og reglugerð nr. 879/2004 um Skaftafellsþjóðgarð. Ráðgjafarnefndin skal vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins og beita umsögn um helstu mál er þjóðgarðinn varða.

Ráðgjafarnefnd um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum (virk)
Samkvæmt 51. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og 1. gr. reglugerðar nr. 285/2001 um breytingu á reglugerð nr. 359/1993, um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Ráðgjafarnefndin skal vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins og veita umsögn um helstu mál er þjóðgarðinn varða.

Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (virk)
Skipuð í samræmi við 51. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og 2. gr. reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, með síðari breytingu nr. 928/2005. Ráðgjafarnefndin er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni er varða rekstur og skipulag þjóðgarðsins.

Starfshópur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun (ekki virkur)
Hafa umsjón með framkvæmdum vegna þingsályktunar um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun hér á landi og fylgjast með þróun hans á alþjóðavettvangi.

Starfshópur um reglugerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit (ekki virkur)
Semja reglugerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerð um valdssvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa.

Samstarfsnefnd um matarsjúkdóma (ekki virk)
Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að fjalla um viðbrögð við matarsjúkdómum (þ.m.t. viðbragðsáætlanir) og samhæfingu aðgerða þegar upp koma bráð og alvarleg matarsýkingartilvik. Þá er gert ráð fyrir að samstarfsnefndin verði ráðherra til ráðgjafar um matarsýkingar.

Nefnd um kaup ríkisins á Geysissvæðinu (virk)
Semja um kaup ríkisins á Geysissvæðinu í Haukadal ásamt þeim jarðhitaréttindum sem nauðsynleg teljast til að tryggja vernd svæðisins.

Starfshópur um rammatilskipun um vatn (virk)
Fara yfir og meta kostnað við upplýsingaöflun vegna hugsanlegrar lögleiðingar rammatilskipunar um vatn nr. 2000/60/EB hér á landi

Íslandsnefnd Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS) (virk)
Helsta hlutverk IUGS er að efla almennt jarðfræðilegar rannsóknir og auka skilning manna á jarðfræðilegum fyrirbærum.

Hættumatsnefnd Ísafjarðar (virk)
Vinna hættumat fyrir Ísafjörð skv. reglugerð nr 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats

Nefnd um endurskoðun ákvæða í skipulags- og byggingarlögum er varða byggingar- og brunamál (virk)
Nefndinni er falið að endurskoða byggingarþátt skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum

Nefnd um heildarskoðun skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum (virk)
Nefndinni er falið að endurskoða skipulagsþátt skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Starfshópur um rykmengun í höfuðborginni (virkur)
Fara yfir stöðu og tillögur um aðgerðir til að draga úr rykmengun vegna aukinnar umferðar á höfuðborgarsvæðinu

Framkvæmdanefnd um varnir gegn mengun sjávar frá landi (virk)
Sjá um framkvæmd áætlunar um varnir gegn mengun sjávar frá landi frá 2001

Samráðshópur um lögleiðingu tilskipunar um umhverfismat áætlana (virkur)
að undirbúa lögleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins 2001/42/EC um umhverfismat áætlana

Hættumatsnefnd fyrir Ólafsfjörð (virk)
Vinna hættumat fyrir Ólafsfjörð skv. reglugerð nr 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats

Starfshópur um fjármálafyrirtæki og umhverfismál (virk)
Vinna tillögur um áhersluatriði varðandi ný viðhorf fjármálafyrirtækja í tengslum við umhverfismál.

Nefnd um aðgerðir til að styrkja rjúpnastofninn (virk)
Gera tillögur um aðgerðir til þess að styrkja rjúpnastofninn í framtíðinni og loknu banni við rjúpnaveiðum.

Nefnd um endurskoðun reglugerðar um slátrun búfjár og reglugerðar um meðferð búfjár við rekstur og flutning (virk)
Endurskoða reglugerð nr. 198/1957 um slátrun búfjár, og reglugerð nr 127/1958 um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum.

Samráðsnefnd um líffræðilega fjölbreytni (virk)
Nefndinni er falið það hlutverk að undirbúa opinbera stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

Stýrihópur um norræna ráðstefnu um þjóðgarða og friðlýst svæði (virkur)
Stýrihópnum er ætlað að stjórna vinnu og sjá um framkvæmd norrænnar ráðstefnu sem halda á á Íslandi þar sem kannað verði hvða þýðingu þjóðgarðar og friðlýst svæði hafa fyrir afkomu, útivist og almennt heilbrigði, svo og hvernig samræma megi náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Starfshópur um utanvegaakstur (virkur)
Starfshópurinn hefur það hlutverk að gera tillögur um hvaða vegir og slóðar í óbyggðum skuli teljast til vega með hliðsjón af ákvæðum í náttúruverndarlögum um bann við akstri utan vega.

Nefnd um endurskoðun laga um landmælingar og kortagerð (virk)
Nefndinni hefur verið falið að endurskoða lög nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð, með síðari breytingum og einkanlega í því sambandi að skilgreina hvert eigi að vera hlutverk hins opinbera í landmælingum og kortagerð.

Starfshópur um gerð reglugerða um hávaða (virk)
Starfshópnum er ætlað að vinna að gerð reglugerða um hávaða, sem munu koma í stað reglugerðar nr. 933/1999, um hávaða, með síðari breytingum.

Nefnd um ákvæði Árósasamningsins (virk)
Hlutverk nefndarinnar er að greina efni Árósasamningsins, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, m.a. með hliðsjón af þeim tilskipunum Evrópusambandsins sem samþykktar hafa verið á grundvelli samningsins og munu væntanlega verða hluti af samningnum um Evrópska efnahagsvæðið og greina hvaða opinberar leyfisveitingar falla undir hann. Þá skal nefndin fara yfir hvaða breytingar á lögum þarf að gera vegna framangreindra tilskipana og ennfremur hvaða breytingar þurfi að gera á lögum ef Ísland fullgildir samninginn.

Nefnd um framkvæmd móttöku á pappa og plastumbúðum (virk)
Nefndin skal undirbúa framkvæmd móttöku á pappa og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Hættumatsnefnd fyrir Súðavík (virk)
Vinna hættumat fyrir Súðavík skv. reglugerð nr 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Nefnd um umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins (virk)
Nefndin skal vera umhverfisráðherra til aðstoðar við ákvörðun á umhverfisviðurkenningu ráðuneytisins til fyrirtækja.

Samráðshópur um undirbúning Umhverfisþings 2005 (virkur)
Samráðshópurinn skal vera umhverfisráðherra til ráðgjafar um efni og undirbúning þingsins og hvernig megi nýta þingið til að efla áhuga og umræðu í samfélaginu um sjálfbæra þróun.

Nefnd um verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga (virk)
Nefndinni er ætlað að gera tillögur um skýra verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga um þær tegundir úrgangs sem falla undir úrvinnslugjald.

Nefnd um innleiðingu tilskipunar um raf- og rafeindaúrgang (virk)
Nefndin hefur það hlutvrk að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og rafeindaúrgang 2002/96/EB.

Samráðsnefnd um neysluvatn (virk)
Nefndin skal fara yfir tillögur neysluvatnsstarfshóps dags. 3. mars 2004 (0203-14) og gera tillögur til ríkisstjórnar um endanlega afgreiðslu á þeim tillögum sbr. samykkt ríkisstjórnarinnar dags. 1. október 2004.

Nefnd um takmarkanir á losun grúðurhúsalofttegunda (virk)
„Nefndin hefur það hlutverk að semja drög að frumvarpi um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda."

Starfshópur um málflutning Íslands og kynningar á CDS 14 og 15 (virkur)
Starfshópurinn hefur það hlutverk að undirbúa málflutning Íslands og hugsanlegar kynningar á CSD 14 og 15. Honum er einnig falið að skoða möguleika á kynningu á stefnu Íslands í orkumálum og loftslagsmálum á öðrum alþjóðlegum vettvangi samhliða kynningu á CSD 14 og 15.

Ráðgjafarnefnd um undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs (virk)
Nefndin á að vera ráðuneytinu til ráðgjafar við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hættumatsnefnd Austurbyggðar (virk)
Vinna hættumat fyrir Austurbyggð skv. reglugerð nr 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Utanríkisráðuneyti.

Starfshópur til að vinna greinargerð til landgrunnsnefndar S.þ. (virkur)
Vinnur að greinargerð til landgrunnsnefndar S.þ.

Varnarmálanefnd (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951.

Kaupskrárnefnd (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra til að ákveða ráðningarkjör og vinnuskilyrði starfsmanna varnarliðsins skv. 6. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, og reglugerð um kaupskrárnefnd varnarsvæða, nr. 284/1999.

Kærunefnd kaupskrárnefndar (virk)
Tekur til úrskurðar niðurstöðu kaupskrárnefndar varnarsvæða í sérstökum tilvikum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, og 14. gr. reglugerðar um kaupskrárnefnd varnarsvæða, nr. 284/1999.

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra samkvæmt reglugerð um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, nr. 471/1999.

Kostnaðarlækkunarnefnd (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra til að draga úr kostnaði við rekstur varnarliðsins.

Forvalsnefnd (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra skv. 7. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna nr. 82/2000, og reglugerð um forval og skilgreiningu íslenskra fyrirtækja vegna útboðs á grundvelli sjóflutningasamningsins nr. 493/2003.

Skaðabótanefnd (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra samkvæmt 2. tölul. 12. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Tengslanefnd (virk)
Tengslanefnd er skipuð af utanríkisráðherra til að auka tengsl varnarliðsmanna við íslenskt þjóðlíf og menningu. Nefndin stendur fyrir fundum og skoðunarferðum þar sem varnarliðsmönnum er kynnt land og þjóð.

Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar S.þ. (virk)
Samráðsnefnd um málefni Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð (virk)
Skipuð af utanríkisráðherra skv. lögum nr. 160/2002, sem samráðsvettvangur um starfsemi Útflutningsráðs Íslands. Í nefndinni eiga sæti auk formanns 27 fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda.

1255. Skýrsla [797. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um 115. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 17.–25. janúar 2005, alþjóðaheilbrigðisdaginn 7. apríl 2005, 58. alþjóðaheilbrigðisþingið í Genf 16.–25. maí 2005, 116. fund framkvæmdastjórnar WHO í Genf 26.–28. maí 2005 og fund svæðisnefndar WHO í Evrópu í Rúmeníu 12.–15. september 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

STARFSEMI ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISMÁLASTOFNUNARINNAR

Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var samþykkt 22. júlí 1946 á sérstöku alþjóðlegu heilbrigðismálaþingi. Stofnunin sjálf tók ekki til starfa fyrr en 7. apríl 1948 þegar 26 af 61 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna höfðu staðfest stofnskrána. Aðildarríki WHO eru nú 192.

Höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í Genf en auk þess fer stór hluti starfseminnar fram í sex svæðisnefndum og skrifstofum þeirra. Svæðisskrifstofurnar eru í eftirtöldum löndum:

- Kongó (Brazzaville).
- Bandaríkjunum (Washington).
- Egyptalandi (Alexandríu).
- Danmörku (Kaupmannahöfn).
- Indlandi (Nýju-Delhi).
- Filippseyjum (Maníla).

Alþjóðaheilbrigðisþingið, sem haldið er einu sinni á ári, er sá vettvangur sem tekur helstu ákvarðanir varðandi starfsemi WHO og markar stefnu stofnunarinnar á hverjum tíma. Framkvæmdastjórnin, sem kemur saman tvisvar á ári, er hins vegar framkvæmdanefnd þingsins. Svæðisnefndir WHO koma saman einu sinni á ári, í 1–2 vikur hverju sinni. Þess á milli starfa fastanefndir svæðisskrifstofanna.

Meginmarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er að stuðla að sem bestu heilsufari allra jarðarbúa. Heilbrigði er skilgreint í stofnskrá WHO sem svo að það feli í sér fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferði, ekki einungis firð sjúkdóma og vanheilinda.

Helstu viðfangsefni WHO eru:

- Leiðsögn í heilbrigðismálum á heimsvísu.
- Samvinna við ríkisstjórnir á sviði áætlanagerðar, stjórnunar og mats á framkvæmd aðgerða í heilbrigðismálum.
- Þróun og miðlun viðeigandi heilbrigðistækni, upplýsinga og gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfar í nánu samstarfi við aðildarríkin, alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir og samtök, frjáls félagasamtök og sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Jafnframt tengist starfsemi WHO viðfangsefnum margra annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna.

WHO hefur einkum náð árangri á sviði smitsjúkdóma og með lækkun dánartíðni og lengingu lífs, dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja og aðgerðum til þess að bæta heilsufarið í borgum heimsins. Verkefnin fram undan eru hins vegar óþrjótandi og má þar m.a. nefna aðgerðir til þess að tryggja heilbrigði allra, hefta útbreiðslu nýrra og eldri sjúkdóma, koma á nánari samvinnu þeirra sem vinna að heilbrigðismálum, bæta umhverfið og stuðla að heilsusamlegum lífsháttum fólks.

Starfsemi stofnunarinnar hafa verið sett skýr markmið og eru þau:

- Að draga úr dánartíðni, sýkingum og fötlunum, þá sérstaklega í þróunarríkjunum.
- Að stuðla að heilbrigðum lífsstíl og draga úr umhverfis-, efnahags- og félagslegum áhættuþáttum.
- Að þróa heilbrigðisþjónustu sem er skilvirk, bregst við eftirspurn neytenda og er fjárhagslega sanngjörn/réttlát.
- Að styðja við uppbyggingu heilbrigðisstofnana, að mynda stuðningsramma fyrir heilbrigðisstefnu og að hvetja til þess að tekið sé tillit til heilbrigðismála við stefnumótun í félags-, efnahags-, umhverfis- og þróunarmálum.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gegnt forustuhlutverki á sviði heilbrigðismála í heiminum um áratugaskeið. Á síðustu árum hafa hins vegar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðabankinn, Heimssjóðurinn í baráttu gegn alnæmi, berklum og malaríu (e. The Global Fund to Fight AIDS, Tuberculosis and Malaria) og svæðisbundnir fjárfestingarbankar orðið æ meira áberandi á heilbrigðissviðinu. Hefur það aðallega komið til af því að fjárhagslegur stuðningur og lánafyrirgreiðsla við einstök lönd hefur í vaxandi mæli tengst ákveðnum aðgerðum í heilbrigðismálum.

FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 17.–25. JANÚAR 2005.

1. Inngangur.

Framkvæmdastjórnin hittist að venju tvisvar á ári. Fyrri fundurinn er haldinn í janúar og sá seinni í maí í beinu framhaldi af alþjóðaheilbrigðisþinginu sem haldið er ár hvert. Framkvæmdastjórnin fer með æðsta vald í málefnum stofnunarinnar en í henni sitja 32 fulltrúar. Fyrir framkvæmdastjórnina eru lagðar fram skýrslur frá skrifstofu framkvæmdastjóra stofnunarinnar, eins konar greinargerðir með tillögum. Þegar þær hafa verið afgreiddar fara þær til endanlegrar staðfestingar á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ásamt fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar sækja fundina áheyrnarfulltrúar margra aðildarríkja.

Ísland var formlega kosið í framkvæmdastjórn á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2003 en 17 ár voru þá liðin frá því að Ísland átti þar síðast sæti og er fulltrúi Íslands Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þetta var í 115. sinn sem stofnunin heldur framkvæmdastjórnarfund en á 114. fundi stjórnarinnar var Davíð Á. að auki kosinn formaður framkvæmdastjórnar til eins árs.

Sæti stjórnarinnar skiptast milli svæða á eftirfarandi hátt: Evrópa hefur sjö sæti, Afríka sjö sæti, Norður- og Suður-Ameríka sex sæti, Austur-Miðjarðarhaf fimm sæti, Vestur-Kyrrahaf fjögur sæti og Suðaustur-Asía þrjú sæti.

Með aðild að framkvæmdastjórninni svo og formannssetunni hefur Ísland fengið tækifæri til þess að koma að mikilvægum ákvörðunum um starfsemi og stefnu WHO. Ísland hefur í stjórnartíð sinni lagt megináherslu á málefni kvenna, barna og ungmenna sem víða um heim búa við bág kjör. Ísland hefur að auki lagt áherslu á eflingu heilsusamlegra lífsháttа, svo sem stuðla að aukinni hreyfingu, réttu mataræði og lagt baráttunni gegn ofneyslu áfengis lið. Að endingu hefur Ísland lagt áherslu á málefni fatlaðra og hreyfihamlaðra og stutt skynsamlega

ávísun og notkun sýklalyfja. Alls hefur Ísland staðið fyrir gerð fjögurra ályktana og unnið í samstarfi við önnur aðildarríki að gerð fjölda annarra.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og formaður framkvæmdastjórnar WHO, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Haraldur Briem sóttvarnarlæknir ríkisins, Einar Magnússon skrifstofustjóri, Hrönn Ottósdóttir deildarstjóri, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

Á þessum fundi framkvæmdastjórnarinnar voru á dagskrá 17 heilbrigðismál, 7 mál tengd fjármálum, 6 stjórnunarmál og 2 starfsmannamál. Umræður um afleiðingar náttúruhamfaranna í Indlandshafi lituðu allan fundinn. Þar voru menn þó á einu máli.

2. Ræða framkvæmdastjóra.

Í ræðu sinni sagði dr. Lee Jong-wook, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, að flóðbylgjan sem skall á Indlandshafi í lok árs 2004 hefði komið þeim löndum sem liggja að Indlandshafi algjörlega á óvart og um 160 þúsund manns hefðu farist. Þó að sjónum hefði verið beint að þeim löndum sem urðu fyrir hve mestum skaða hefðu mörg önnur lönd fjarri Indlandshafi einnig orðið fyrir miklum skaða. Dr. Lee sagði að hann hefði í heimsókn sinni til Sri Lanka orðið snortinn af því að sjá atorku þeirra sem höfðu lifað af náttúruhamfarirnar við að hlúa að slösuðum og hversu margir sem lifað hefðu af væru farnir að endurbyggja heimili sín og samfélög.

Alþjóðasamfélagið hefði áorkað miklu. Stofnunin hafði sett upp eftirlits- og viðbragðskerfi við smitsjúkdómum en engin tilfelli hefðu enn komið upp. Verið væri að meta heilbrigðisþarfir þeirra landa sem urðu fyrir náttúruhamförunum. Einnig væri stofnunin að meta þörf fyrir áfallahjálp og geðhjálp til handa eftirlifendum og stofnunin hefði staðið við hlið stjórnvalda við að skipuleggja vinnu þeirra sem sæju um viðbrögð við náttúruhamförum, þ.e. staðbundins mannskaps, aðkomins starfsfólks og heilbrigðisstarfsfólks frá stjórnvöldum og frjálsum félagasamtökum. Hlé var gert á ræðu framkvæmdastjórans vegna myndfundar með sérfræðingum sem lýstu aðstoð sinni við fórnarlömb náttúruhamfaranna.

Framkvæmdastjórinn sagði langtímamarkmiðið vera að tryggja vörn gegn heilsuvá sem þessari með því að innleitt yrði skilvirkt alþjóðaviðvörunar- og viðbúnaðarkerfi. Hlúa þyrfti betur að aðlögunarferlinu frá fyrstu aðstoð til loka enduruppbyggingar svo að samfélög þyrftu ekki að vera háð aðstoð meðan á þessum tíma stæði því enduruppbygging gæti tekið mörg ár. Nauðsynlegt væri að fjárfesta í mannauð á hamfarasvæðunum við Indlandshaf, þar sem þúsundir heilbrigðisstarfsfólks og annarra opinberra starfsmanna hefðu týnt lífi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bað um 67 millj. bandaríkjadala sem hluta af heildarákalli Sameinuðu þjóðanna eftir framlögum og hafði stofnunin náð að safna tveimur þriðja af þeirri upphæð þegar framkvæmdastjórnarfundurinn var haldinn. Það hversu örlátt alþjóðasamfélagið hafði verið gæfi von um skjóta enduruppbyggingu. Það væri hins vegar mikilvæg tað fjármagninu væri vel varið og að ekki yrði dregið úr aðstoð við önnur svæði í heiminum sem einnig þyrftu aðstoð. Áætlun Sameinuðu þjóðanna um hvernig hægt væri að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ fyrir árið 2015 mundi hvetja alþjóðasamfélagið að beina sjónum sínum að öðrum brýnum málefnum.

Dr. Lee nefndi að nýútkomin skýrsla aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um ógnir, áskoranir og breytingar í heiminum legði áherslu á hversu mikilvæg Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin væri við að tryggja alþjóðaöryggi og bað hann alþjóðaheilbrigðisþingið að íhuga að auka fjármagn til alþjóðaeftirlits- og viðbragðskerfis til að bregðast við smitsjúk-

dómum og tryggja þyrfti stofnuninni næg föst framlög. Þörf fyrir alþjóðlegt átak gegn smitsjúkdómum og ekki síður öðrum sjúkdómum hefði vaxið hratt síðustu árin. Ógnin sem stafaði að faröldrum eins og HABL (SARS), fuglaflensu eða inflúensu krefðist skilvirks viðbragðskerfis. Þörfin að takast á við félagslega áhrifaþætti á heilsufar hefði einnig aukist. En auk alls þessa þyrfti stofnunin einnig að vera tilbúin að takast á við náttúruhamfarir á borð við flóðbylgjuna á Indlandshafi.

Vegna alls þessa sagði dr. Lee að hann færi fram á 12,8% hækkun á fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 2006–2007 þar sem farið væri fram á 9% aukningu á fjárframlögum aðildarríkjanna. Fjárhagsáætlunin innihéldi leiðir til að minnka kostnað með aukinni hagræðingu en ekki væri hægt að komast hjá því að óska eftir auknum frjálsum framlögum sem væru orðin mestur hluti þess fjármagns sem stofnunin hefur úr að moða.

Því næst vakti dr. Lee athygli á því að nefnd um einkaleyfi, nýsköpun og lýðheilsu mundi ljúka vinnu sinni árið 2006. Nefnd um félagslega áhrifaþætti á heilsufar yrði stofnuð í Santiago í mars 2005. Heilbrigðisstarfsfólk og þáttur þess í þróun og endurbótum á heilbrigðiskerfum yrði svo í brennidepli árið 2005 og það yrði einnig þema alþjóðaheilbrigðisdagsins 2006 svo og alþjóðaheilbrigðisskýrslu stofnunarinnar sama ár.

Að lokum sagði dr. Lee að stofnunin yrði ekki einungis að bregðast fljótt við neyðartilvikum heldur yrði einnig að leggja áherslu á fyrirbyggingu og meðhöndlun heilbrigðisvandamála. En til að uppfylla skyldu sína þyrftu aðildarríki að gera stofnunin kleift að breytast til að endurspegla breytt heilsufar í heiminum.

Davíð Á. Gunnarsson ávarpaði framkvæmdastjórann og sagði að skjót viðbrögð stofnunarinnar við hamförunum við Indlandshaf hefðu sýnt hversu mikilvægt það væri að hafa sterka stofnun sem gæti brugðist fljótt við neyðartilvikum sem þessu.

3. Helstu umræðuefni fundarins.

3.1 Viðbúnaður við hamförum og hamfarirnar á Indlandshafi.

Formaður framkvæmdastjórnarinnar hafði einnar mínútu þögn í ljósi þeirra hörmunga sem urðu á Indlandshafi í lok árs 2004. Að auki lagði hann til að dagskrárliðurinn yrði færður fram í dagskránni og tekinn fyrstur fyrir. Umræðan hófst á því að svæðastjóri fyrir Suðaustur-Asíu skýrði frá ástandinu í þeim löndum sem urðu fyrir flóðbylgjunni og greindi frá aðstoð WHO. Fulltrúi Taílands sem sæti átti í framkvæmdastjórninni gagnrýndi eigin framkvæmd á björgunaraðgerðunum og sagði að honum kæmi á óvart það lofsorð sem mörg vestræn ríki og WHO höfðu um frammistöðu taílenskra stjórnvalda og almennings þar. Hann gagnrýndi einnig störf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Taílandi. Yfirmaður neyðaraðgerða á vegum WHO kynnti vinnu stofnunarinnar á hamfarasvæðinu og fjallaði meðal annars nokkuð um gagnrýni fulltrúa Taílands og þann vanda sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur frammi fyrir þegar grípa þarf til jafnumfangsmikilla aðgerða þegar í stað. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á alþjóðasamfélagið að halda hjálparstarfi áfram af fullum krafti og sinna um leið afleiðingum náttúruhamfara annars staðar í heiminum. Í ályktuninni er einnig skorað á aðildarríki að taka þátt í hjálparstarfinu og skipuleggja svæðisbundnar og alþjóðlegar áætlanir um viðbrögð við hamförum og heilsuógn.

3.2 Endurskoðun reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2003 var samþykkt ályktun sem kvað á um endurskoðun á reglugerðum stofnunarinnar sem miða að viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við smitsjúkdómum, sérstaklega í ljósi þess hve smitsjúkdómar á borð við HABL (SARS) og fuglaflensu geta haft miklar og snöggar afleiðingar bæði á heilsu og efnahag þjóða og hversu erfitt er að

einangra útbreiðslu þeirra vegna aukinna samgangna ríkja á milli. Í ályktuninni var lögð áhersla á að endurskoðuninni yrði lokið fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2005 þar sem áætlað væri að aðildarríki samþykktu endurskoðunina. Endurskoðunarnefndin hittist í nóvember 2004 þar sem aðildarríki lögðu sitt mark á samningstextann en þó nokkuð bar á milli svo ákveðið var að halda annan fund í febrúar 2005 til að reyna að ná samstöðu um endurskoðunina í heild sinni.

Ísland studdi endurskoðunina og lagði áherslu á að tryggt yrði sem allra mest öryggi gegn smitsjúkdómum, auk þess sem leitast þyrfti við að hafa sem minnst áhrif á viðskipti og ferðaþjónustu. HABL-faraldurinn hafði gert mönnum það ljóst að reglurnar þörfnuðust endurskoðunar svo að stofnunin og aðildarríki gætu betur brugðist við nýjum áskorunum og mikilvægt væri að ljúka þessari vinnu fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2005 og hvatti Ísland því aðildarríki að ná samstöðu á febrúarfundinum 2005.

3.3 Framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem snúa að heilbrigðismálum: skýrsla um stöðu mála.

Í skýrslunni var tekin fyrir stefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snúa að heilbrigði. Lögð var áhersla á að samræma þyrfti aðstoð aðildarríkjanna, styrkja þyrfti heilbrigðiskerfi og finna leiðir til að rekja betur árangur af því starfi sem unnið er. Talsmaður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sagði að 11. framkvæmdaáætlun stofnunarinnar næði yfir tímabilið 2006–2015 eða til lokaárs átaks um þúsaldarmarkmið SÞ. Hann sagði enn fremur að árið 2005 markaði 5 ára afmæli þúsaldarmarkmiðanna og að haldinn yrði fundur háttsettra embættismanna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september sama ár og mundi WHO tilkynna þar hvernig stofnunin gæti aðstoðað við að ná markmiðunum.

Ísland benti á að nefnd háttsettra embættismanna um þúsaldarmarkmið SÞ sem haldinn var í Abuja í desember 2005 lagði áherslu á að hægt væri að ná markmiðunum ef meira fjármagni yrði varið til þessa málaflokks og veitt yrði skilvirkari aðstoð. Það væri nauðsynlegt að styrkja heilbrigðiskerfi þróunarlandanna og þá sérstaklega að hlúa að heilbrigðisstarfsfólki. Skortur á heilbrigðisstarfsfólki í mörgum þróunarríkjum væri ein aðalhindrunin á veginum til bættra heilbrigðiskerfa. Sérstaklega vantaði heilbrigðisstarfsfólk í samfélögum með mikla sjúkdómsbyrði af völdum alnæmis. Ráðast yrði til atlögu á öllum vígstöðum, bæði á alþjóðavísu og í þeim löndum þar sem markmiðunum skyldi ná. Stofnunin yrði að vera í samstarfi við aðildarríki, Alþjóðabankann og Heimssjóðinn í baráttunni gegn alnæmi, berklum og malaríu við að móta stefnu til þess að takast á við þessi flóknu málefni.

Engin ályktun var lögð fram undir þessum dagskrárlið en ákveðið var að framkvæmdastjóri legði fram drög að ályktun fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí sama ár.

3.4 Fæða kornabarna og ungra barna.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2004 var ákveðið að ályktun sem lögð var fram á þinginu af Míkrónesíu, Marshalleyjum, Nepal, Kíribatí, Fídjieyjum og Palá yrði ekki tekin fyrir þá, heldur yrði hún lögð fyrir þennan framkvæmdastjórnarfund þar sem mörgum aðildarríkjum fannst á þinginu ekki nægur tími gefinn til að fara yfir ályktunina. Ályktunin lýsti áhyggjum fyrrgreindra aðildarríkja af því hversu auðvelt aðgengi og mikil markaðssetning í sumum þróunarríkjum væri á næringu ungbarna sem væri ætluð í stað brjóstamjólkur og nýlegar uppgötvanir varðandi Enterobacter sakazakii og aðrar örverur í þurrmjólk. Iðnaðurinn sem framleiðir þurrmjólk var áberandi í umræðunni og vildi ekki merkingar á vöru sína sem gæfi til kynna að varan væri ekki sótthreinsuð og var fullyrt því til staðfestingar að engin fæða

flokkaðist sem eða væri talin sótthreinsuð. Iðnaðurinn vildi frekar merkingar sem gæfu til kynna að meðhöndla ætti vöruna rétt og með vargætni. Ágreiningur kom upp um það hvort nægileg þekking væri fyrir hendi til að merkja þurrmjólk með þessum hætti. Það sem flest aðildarríkin vildu helst var að setja alþjóðlegar reglur um áletranir á umbúðir, þar sem varað væri við hættunni af örverumengun í mjólkurduftinu. Það hafðist ekki fram í þessari lotu að krefjast þess að framleiðendur settu aðvaranir á umbúðir. Í ályktun fundarins var því hvatt til þess að settar yrðu reglur um framleiðslu og meðferð á barnamat og þess sérstaklega krafist að flýtt yrði rannsóknum varðandi hættumörk örverumengunar í þurrmjólk.

3.5 Heilbrigðistryggingar.

Ríki Afríku og Suður-Ameríku lögðu fram þennan dagskrárlið á fundi framkvæmdastjórnarinnar árinu áður og óskuðu með því eftir leiðbeiningum frá WHO um hvaða valkostum þróunarríkin stæðu frammi fyrir hvað varðar framsetningu á löggjöf um heilbrigðistryggingar. Á fundinum árið áður var ákveðið að WHO þyrfti að ræða nánar við aðildarríkin um hvaða leiðir þau færu í þessum efnum og var umræðunni því frestað þar til nú á fundinum. Niðurstaða umræðnanna var sú að ekki væri hægt að benda á eina leið sem hæfði öllum. Skýrslan og ályktunin innihéldu margar mismunandi leiðir sem tóku bæði tillit til ríkis- og einkavæddra fyrirtækja á heilbrigðissviði. Bandaríkin gagnrýndu skýrsluna og sögðu hana hlutdræga því hún væri hliðhollari ríkisreknum heilbrigðiskerfum en einkavæddum.

3.6 Öruggar blóðgjafir: tillaga að stofnun alþjóðlegs blóðgjafadags.

Alþjóðaheilbrigðisþingið hefur samþykkt fjölda ályktana um gæði og öryggi blóðgjafa en þrátt fyrir það er talið að um 30% aðildarríkja hafi engar reglur varðandi gæði og öryggi blóðgjafa. Að auki hafa framfarir í blóðskimun ekki skilað sér til margra landa og því er ekki hægt að koma í veg fyrir að veirur á borð við HIV og lifrarbólgu berist manna á milli með blóð- eða blóðhlutagjöfum. Árið 2004 var í fyrsta skiptið haldið upp á alþjóðlegan blóðgjafadag en nú var lögð fram ályktun þar sem ákveðið var að festa þennan dag í sessi og halda árlega upp á hann. Ákveðið var að halda upp á daginn 14. júní ár hvert en það er afmælisdagur nóbelsverðlaunahafans Karl Landsteiner sem uppgötvaði ABO-blóðflokkakerfið árið 1900.

Ísland lagði áherslu á að óöruggar blóðgjafir væru óásættanlegar þar sem mikil vitneskja væri til um leiðir til að meðhöndla blóð og blóðgjafir á öruggan máta. Alþjóðadagur tileinkaður blóðgjöfum yrði vonandi til þess að vekja athygli á mikilvægi blóðgjafa og framlagi þeirra sem gefa blóð.

3.7 Alþjóðleg samheiti lyfja: endurskoðaðar reglur.

Á 112. fundi framkvæmdastjórnarinnar var lögð fram áætlun um endurskoðun á þeim aðferðum sem viðhafðar eru við val á alþjóðlegum samheitum lyfja. Nú fyrir fundinn lauk þessari vinnu og tillaga að nýrri aðferð var samþykkt af framkvæmdastjórninni.

3.8 Geðhrifalyf: viðbótarreglur.

Í skýrslunni sem fyrir lá bregst lyfjasérfræðihópur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við spurningum aðildarríkja um það hvernig flokka skal ný efni sem heyra undir geðvirk efni eða fíkniefni. Fyrir liggja tveir alþjóðasamningar, annar um fíkniefni frá árinu 1961 og hinn um geðvirk efni frá árinu 1971. Ákveðið var að setja saman viðbótarreglur við þessa tvo samninga og voru þær reglur lagðar fyrir framkvæmdastjórnina til samþykktar á fundi stjórnarinnar í maí 2004. Þar sem nokkur aðildarríki töldu reglurnar geta valdið misskilningi var ákveðið að láta lyfjasérfræðihóp WHO fara aftur yfir viðbótarreglurnar með tilliti til þeirra

athugasemda sem framkvæmdastjórnin hafði. Viðbótarreglurnar voru svo lagðar fyrir framkvæmdastjórnarfundinn nú en ekki náðist samstaða um þær og var ákveðið að biðja lyfjasérfræðihóp WHO um að halda vinnu sinni áfram.

3.9 Alþjóðlegar bóluefnabirgðir gegn bólusótt.

Undanfarin ár hefur oft komið til álita að útrýma bólusóttarveirunni en henni hefur verið haldið í rannsóknarskyni. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti á sínum tíma að bólusóttarveirunni skyldi eytt eigi síðar en árið 2002 og studdi Ísland þá samþykkt. Þegar kom að því að útrýma veirunni var hins vegar mælt með því að nýta til rannsóknar þá stofna hennar sem enn væru til svo bæta mætti greiningu á veirunni og þróa virkari og öruggari bóluefni sérstaklega í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar. Í ljósi þessa studdi Ísland að frestað yrði eyðingu á fyrirliggjandi birgðum enn um sinn. Árið 1979 voru bóluefnabirgðir heimsins 200 milljónir skammta en árið 1986 var ákveðið að fækka birgðunum niður í 2,5 milljónir skammta. Aðildarríki hafa eins og fyrr greinir óttast að veiran kynni að koma aftur fram og var því ákveðið á framkvæmdastjórnarfundinum nú að auka birgðirnar aftur í 200 milljónir skammta og að auki að auðkenna tvo staði í heiminum sem ættu auðvelt með að framleiða um 20 milljónir skammta hvor ef neyðarástand skapaðist. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en aðildarríki voru sammála um að auka skyldi birgðir bóluefnanna.

3.10 Alnæmislyf og þróunarríkin.

Alnæmi er einn stærsti heilbrigðisvandinn sem aðildarríki glíma við. Um 250 milljónir manna eru sýktar og um 3 milljónir látast úr sjúkdómnum á ári hverju. Það hefur verið vandi hversu dýr þau lyf eru sem notuð eru gegn eyðniveirunni og til að halda í skefjum afleiðingum smits. Þetta hefur orðið til þess að lyfin eru ekki notuð í fátækustu aðildarríkjunum þar sem þörfin er mest. Á fundi framkvæmdastjórnarinnar í maí 2004 var lögð fyrir stjórnina skýrsla um framleiðslu alnæmislyfja í þróunarlöndunum og skýrt frá þeim áskorunum sem þróunarlönd standa frammi fyrir hvað framleiðsluna varðar.

Mikil umræða skapaðist á framkvæmdastjórnarfundinum um þennan dagskrárlið og skýrsluna sem lögð var fram fyrir fundinn en hún lagði áherslu á einkaleyfi og skyld ákvæði í alþjóðaeinkaleyfasamningum sem áhrif hafa á hversu hagkvæm og efnahagslega sjálfbær framleiðsla lyfja er í þróunarlöndunum. Skýrslan gaf einnig mynd af stuðningi stofnunarinnar við framleiðslu hágæða alnæmislyfja í þróunarlöndunum. WHO hefur aðstoðað þessi ríki á tvo vegu, annars vegar við að stuðla að auknum gæðum þeirra lyfja sem framleidd eru í þessum löndum og hins vegar aðstoðað þau við að notfæra sér til fullnustu sveigjanleika TRIPS-samningsins og ákvörðunina um innleiðingu málsgreinar 6 í Doha-yfirlýsingunni sem kveður á um aðgang þróunarríkja að nauðsynlegum lyfjum. Yfirlýsingin felur m.a. í sér viðurkenningu á rétti aðildarríkja til að veita leyfi til tímabundinnar framleiðslu á lyfjum sem háð eru einkaleyfum fram hjá einkaleyfishafa.

3.11 Drög að áætlun um ónæmisaðgerðir á alþjóðavísu.

WHO og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hafa ákveðið að útbúa áætlun um ónæmisaðgerðir á alþjóðavísu og lögðu fram drög að áætluninni á fundinum og leituðu eftir stuðningi aðildarríkja. Áætluninni er ætlað að ná yfir tímabilið 2006–2015 og er ætlað að styðja við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna svo og aðstoða við að ná markmiðum sem sett voru á sérstökum fundi allsherjarþings SÞ um börn árið 2002. Engin ákvörðun eða ályktun var lögð fram undir þessum lið.

3.12 Malaría.

Árið 1998 setti framkvæmdastjóri stofnunarinnar fram átak gegn malaríu. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var svo ákveðið að tileinka áratuginn 2001–2010 átaki til að minnka tíðni malaríutilfella í þróunarlöndunum, sérstaklega í Afríku, og það aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðannna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um að meta þær framkvæmdir sem í gangi væru og miðuðu að því að draga úr malaríutilfellum. Talið er að malaría valdi um 20% dauðsfalla hjá börnum undir 5 ára í Afríku og er talið að rúm milljón manna látist af völdum malaríu í Afríku á ári hverju. Með tilkomu Heimssjóðsins gegn alnæmi, berklum og malaríu var talið að það fjármagn sem áður vantaði til þessa málaflokks hefði skilað sér en geta margra þróunarríkja til að framkvæma áætlanirnar væri takmörkuð. Bakslag komi í herferðina þegar eftirspurn jókst snögglega eftir malaríulyfjum. Aukin eftirspurn varð til þess að skortur varð á malaríulyfjum á markaðinum því framleiðsluferli lyfjanna er mjög langt og framleiðendur fáir. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett það markmið að dregið verði úr malaríutilfellum um helming árið 2010 og um 75% fimm árum síðar. Augljóst var á umræðunni að aðildarríki eru einhuga í baráttunni gegn malaríu.

3.13 Heilbrigðisvandi af völdum skaðlegrar notkunar áfengis.

Þessi málaflokkur varð einn erfiðasti málaflokkur fundarins. En fulltrúum Norðurlandanna var mikið í mun að fá samþykkta harðorða ályktun um skaðsemi áfengis, en ekki höfðu allir framkvæmdastjórnarmenn sömu sýn á málið og skiptust viðhorfin í þrjá hópa. Norðurlöndin með stranga áfengisstefnu og sérstakt drykkjumynstur, múslimalöndin þar sem áfengisneysla er bönnuð og þriðji hópurinn skipaður löndum sem hingað til hafa ekki skilgreint mikla drykkju sem heilbrigðisvanda. Þess má svo einnig geta að þessi umræða skaraðist í mörgum löndum á við viðskiptahagsmuni þar sem framleiðsla áfengis er meðal aðalatvinnu- og útflutningsgreina. Niðurstaðan varð sú að aðildarríki gátu ekki lengur horft fram hjá skaðlegum afleiðingum áfengisneyslu og samþykktu ályktun sem kveður á um að styrkja og styðja allt það sem dregið getur úr skaðlegri notkun áfengis.

3.14 Upplýsingatækni og heilbrigðismál.

Upplýsinga- og fjarskiptatækni á heilbrigðissviði er ekki nýr málaflokkur innan stofnunarinnar þar sem WHO hefur til að mynda efnt til samráðs undir yfirskriftinni: „Notkun fjarvirknibúnaðar við heilsueflingu á tuttugustu öldinni.“ Stofnunin hefur einnig lagt fram ályktun um auglýsingar, markaðssetningu og sölu á vörum til lækninga á veraldarvefnum. Rafræn heilsuefling var tekin fyrir á alþjóðaráðstefnu um upplýsingasamfélagið sem haldið var í Genf árið 2003 og margar stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa lagt fram áætlanir um notkun upplýsinga og fjarskiptatækni á sínu sviði. Í ljósi þessa lagði WHO fram drög að áætlun um upplýsingatækni og heilbrigðismál sem var ætlað að samhæfa alþjóðareglur um þessa tegund upplýsingatækni svo og starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Samþykkt var að efla hlut upplýsingatækninnar eftir mætti, bæði í heilsugæslunni sjálfri og í upplýsingaþjónustu inn á við sem út á við. Málin voru rædd með það að leiðarljósi að efla heilbrigðisþjónustu fátækra þjóða ekki síður en þeirra ríku.

Ísland sagði að þó að upplýsingatæknin hefði nú þegar áhrif á heilbrigðiskerfi margra aðildarríkja með því að gera heilbrigðisþjónustuna skilvirkari og auka aðgengi að henni þá væru heimshlutar sem hefðu litla möguleika á að notfæra sér þessa rafrænu þekkingu. Stofnunin ætti að einbeita sér að því að stuðla að jafnrétti og gæðum þessarar tegundar þjónustu og grundvalla hana á stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin ætti að einbeita sér að því að styðja aðildarríki við að nota upplýsingatækni á öruggan hátt við heilsueflingu. Tillaga

stofnunarinnar að alþjóðaeftirlitskerfi gæti spilað mikilvægt hlutverk en hafa þyrfti samráð við einkageirann. Ísland sagðist að lokum styðja ályktunina sem lögð var fyrir framkvæmdastjórnina.

3.15 Skynsamleg ávísun og notkun lyfja.

Sýkingar og vandamál tengd sýklalyfjum er orðið mikið heilbrigðisvandamál. Á undanförnum árum hefur verið reynt að draga sem mest úr notkun sýklalyfja og hafa menn talað um „skynsamlega" ávísun og notkun í því sambandi. Óhófleg neysla sýklalyfja getur valdið ónæmi og kallað fram bakteríur sem sýklalyfin duga ekki gegn. Því ber brýna nauðsyn til þess að koma böndum á neyslu sýklalyfja. Ályktun var lögð fram fyrir atbeina Norðurlandanna og var hún samþykkt með þónokkrum breytingum. Ályktunin gengur út á aðgerðir til þess að koma böndum á neyslu sýklalyfja meðal annars með því að halda betur utan um aðgengi fólks að sýklalyfjum.

3.16 Alþjóðaöldrunaráætlun: innleiðing.

Framkvæmdastjórnin tók fyrir ályktun um sérstakar aðgerðir til þess að tryggja eldra fólki heilbrigðari og hamingjusamari efri ár. Í ályktuninni er sérstaklega minnt á áralangt framlag aldraðra til samfélags síns og haldið fram rétti þeirra til heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu. Einnig var minnst á að brýn nauðsyn væri á að koma í veg fyrir misnotkun á öldruðum einstaklingum.

3.17 Ráðherraráðstefna um heilbrigðisrannsóknir sem haldin var í Mexíkóborg 16.–20. nóvember 2004.

Ráðstefnuna sóttu 58 aðildarríki og var samþykkt svokölluð Mexíkóyfirlýsing um heilbrigðisrannsóknir en alþjóðaheilbrigðisskýrsla stofnunarinnar frá árinu 2004 um mikilvægi þekkingar fyrir bætta heilsu var hvatinn að þessari ráðstefnu. Á framkvæmdastjórnarfundinum var svo lögð fram ályktun þar sem aðildarríki eru beðin um að íhuga yfirlýsinguna sem var afrakstur fundarins í Mexíkó. Þar sem nokkur aðildarríki töldu að yfirlýsingin hefði ekki verið samþykkt einróma á fundinum í Mexíkó og þar sem fundargögnin höfðu verið gefin út mjög seint var ákveðið að þessi umræða færi fram á veraldarvefnum og afraksturinn lagður fram fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí 2005.

3.18 Viðbúnaður og viðbrögð við inflúensufaraldri.

Margir óttast að til verði veira sem smitast ekki aðeins frá fuglum til manna, heldur milli manna og þar með brjótist út heimsfaraldur. Ef slík skæð flensa fer af stað er óttast að faraldurinn verði ekki minni en Spænska veikin á sínum tíma, en hún lagði stóra hluta þjóða að velli. Talið er að dánartíðni fuglaflensunnar geti orðið allt að 70%. Vestrænar þjóðir eru betur undir slíkan faraldur búin en aðrar þjóðir og var því lögð mikil áhersla á það í ályktun fundarins að tryggja fátækum löndum ódýr lyf gegn flensunni. Enn fremur lýstu margir ótta yfir að slíkur faraldur mundi lama bæði heilbrigðis- og efnahagskerfi landa.

3.19 Fjárhagsáætlun fyrir tímabilið 2006–2007.

Framkvæmdastjórinn lagði fram áætlun um 12% aukningu á föstum framlögum stofnunarinnar. Hann benti á að fjármál stofnunarinnar hefðu þróast þannig að fyrir nokkrum árum voru 60% af fé stofnunarinnar föst framlög, sem aðildarríkin greiða samkvæmt reglum Sameinuðu þjóðanna, og 40% frjáls framlög. Nú stefnir í að frjáls framlög verði rúmlega 70% af heildarfjárhagsramma stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2007. Ekki tókst að afgreiða

hækkunina og var ákveðið að reyna að finna sátt fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið í maí sama ár. Mörg aðildarríki sögðust óttast að ef hlutfall frjálsu framlaganna ykist yrði stofnunin sífellt háðari frjálsum framlögum ríkra þjóða, stofnana og fyrirtækja. Þetta gerir stofnuninni erfiðara fyrir um að stýra sjálf starfsemi sinni og tryggja það að hún sé sjálfstæð og óháð. Það var því rætt hvort nú væri svo komið að setja þyrfti reglur um með hvaða hætti stofnunin geti þegið frjáls framlög þannig að tryggt yrði að þeir sem leggja fram fé gætu ekki haft óeðlilega mikil áhrif á störf stofnunarinnar.

3.20 Grundvallarreglur um skiptingu fjármagns milli svæðisskrifstofa WHO.

Aðildarríkjum voru kynnt drög að grundvallarreglum um skiptingu fjármagns milli svæðisskrifstofa WHO á svæðisfundum árið áður. Að því loknu var aðildarríkjum gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir og voru þær lagðar fram fyrir framkvæmdastjórnarfundinn nú. Þörf þótti fyrir frekara samráði WHO við aðildarríkin og var ákveðið að niðurstöður samráðsins yrðu lagðar fram fyrir næsta framkvæmdastjórnarfund.

3.21 Framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015: yfirlit yfir framvindu og drög að skipulagi.

Þetta er í ellefta sinn sem stofnunin leggur fram framkvæmdaáætlun og nær hún yfir 10 ára tímabil. Drög að áætluninni voru lögð fyrir framkvæmdastjórnarfundinn en dagskrárliðurinn var einungis ætlaður til upplýsingar þar sem taka átti drögin til umfjöllunar af svæðisskrifstofum stofnunarinnar seinna á árinu.

3.22 Fasteignasjóður.

WHO áætlar að gera 10 ára áætlun varðandi fasteignir stofnunarinnar og mun hún vera lögð fyrir framkvæmdastjórnina í janúar 2006. Vakin var athygli á því að öryggisráðstafanir væru ekki teknar fyrir í skýrslunni sem nú var lögð fram en margar stofnanir SÞ hafa hert öryggi starfsmanna sinna. WHO svaraði því til að tekið væri tillit til öryggisráðstafana í fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2007.

4. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir tuttugu ályktanir, sbr. fylgiskjal I.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISDAGURINN 2005

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stendur á hverju ári fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi sem haldið er upp á hinn 7. apríl. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á mikilvægum heilbrigðismálum og hvetja til umræðu. Í ár var dagurinn tileinkaður heilsufari mæðra og barna og gekk undir yfirskriftinni „Sérhver móðir – sérhvert barn". Á ári hverju deyja um 11 milljónir barna fimm ára og yngri. Um 3–4 milljónir barna deyja á fyrstu fjórum vikum ævinnar og flest þeirra strax á fyrstu viku. Talið er að um 7 milljónir barna deyi árlega fyrir fimm ára aldur af völdum sjúkdóma sem hægt er að lækna á einfaldan hátt, eins og t.d. af völdum lungnabólgu, niðurgangs og mislinga. Enn fremur lætur árlega hálf milljón mæðra lífið í tengslum við þungun og fæðingar. Mörg aðildarríki notuðu þennan dag til að auka vitund þegna sinna og stóðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið, Miðstöð heilsuverndar barna, Miðstöð mæðraverndar, Lýðheilsustöð, Heilsugæslan í Reykjavík og Landspítali – háskólasjúkrahús að morgunverðafundi þar sem fjallað var um heilsufar mæðra og barna hérlendis og í alþjóðlegu samhengi og um þá félagslegu þætti sem hafa áhrif þar á.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISÞINGIÐ 2005

1. Inngangur.

Að venju var alþjóðaheilbrigðisþingið haldið í Þjóðabandalagshöllinni í Genf dagana 16.–25. maí 2005. Þetta var í fimmtugasta og áttunda skiptið sem þingið var haldið og var það fjölsótt að venju. Yfir tvö þúsund og tvö hundruð fulltrúar sóttu þingið að þessu sinni en öll 192 aðildarríki WHO sendu fulltrúa sína á þingið, þar af fóru ráðherrar fyrir um 124 sendinefndum aðildarríkja.

Forseti þingsins var kosinn Elena Salgado, heilbrigðis- og neytendaráðherra Spánar. Varaforsetar voru kosnir Saley Key frá Erítreu, dr. M. Fikri frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, dr. Annette King frá Nýja-Sjálandi, prófessor Suchai Charoenratanaul frá Taílandi og dr. Miguel Fernandez Galeano frá Úrúgvæ en þeir sáu um fundarstjórnina í sameinaðri málstofu þingsins. Að auki var dr. Bijan Sadrizadeh frá Íran kosinn formaður nefndar A og dr. Jermoe Walcott frá Barbados formaður nefndar B.

Þingið starfar að hluta í sameinaðri málstofu en meginstarfið fer fram í fyrrnefndum nefndum, nefnd A og nefnd B. Nefnd A fjallar um stöðu heilbrigðismála, áhersluþætti í forvarnastarfi, sérhæfð verkefni stofnunarinnar og áætlanir hennar, svo og fjárlagatillögur tengdar sérstökum verkefnum. Á dagskrá nefndar B eru hins vegar aðallega stjórnunarleg, fjárhagsleg og lögfræðileg málefni. Enn fremur eru á alþjóðaheilbrigðisþinginu haldnir fræðslu- og umræðufundir um einstök efni.

Sendinefnd Íslands í ár skipuðu eftirfarandi: Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og formaður sendinefndar, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Sveinn Magnússon skrifstofustjóri, Sólveig Guðmundsdóttir yfirlögfræðingur, Hrönn Ottósdóttir deildarstjóri, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir ríkisins, og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

Dagskrá þingsins að þessu sinni var umfangsmikil. Á dagskránni voru meðal annars tæknileg málefni með 21 undirflokki og málefni er vörðuðu stjórnun, fjármál og starfsmannamál stofnunarinnar. Alls voru 34 ályktanir og 2 ákvarðanir samþykktar af þinginu, sbr. fylgiskjal II með yfirliti yfir ályktanir.

2. Ræða aðalframkvæmdastjóra.

Dr. Lee Jong-wook, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, hóf ræðu sína á því að minnast á þúsaldarmarkmið SÞ og sagði að þjóðir heims ættu enn langt í land með að ná markmiðunum. Ólíklegt væri að þau tímamörk sem sett höfðu verið stæðust nema að kæmi til herts átaks þjóða heims.

Dr. Lee tók næst fyrir fjárhagsramma stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2007 og sagði brýnt að hækka föst framlög stofnunarinnar og færi hann því fram á 4% hækkun þeirra. Aukið fjármagn yrði lagt í viðbrögð og viðbúnað við faröldrum, heilsu mæðra og barna, sjúkdóma aðra en smitsjúkdóma, tóbaksvarnir og viðbúnað við neyðarástandi.

Dr. Lee benti á að samningaviðræður væru öflug leið til að tryggja að þekking leiddi til framkvæmdar. Tóbaksvarnasamningurinn væri augljóst dæmi þess efnis og hefðu 64 aðildarríki nú þegar fullgilt samninginn og væri markmiðið að fá sem flest aðildarríki til að fullgilda hann. Samningaviðræður hefðu einnig nýverið staðið yfir um endurskoðun á reglugerð stofnunarinnar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma. Hann sagði að samþykktin markaði þáttaskil og mikilvægi hennar mundi verða öllum ljóst þegar hún tæki gildi sem væri tveimur árum eftir samþykktina.

WHO setti upp svokallaða neyðarmiðstöð árið 2004. Tilgangurinn með henni er að gera stofnunin kleift að bregðast skjótt við neyðarástandi og auðvelda bein samskipti milli aðildarríkja og sérfræðinga.

Dr. Lee tók því næst fyrir afleiðingar flóðbylgjunnar á Indlandshafi í lok árs 2004 og þakkaði bæði heilbrigðisstarfsfólki og hjálparstarfsmönnum fyrir að hafa staðið að skjótum og skilvirkum viðbrögðum eftir hamfarirnar. Getuna til að bregðast skjótt og skipulega við heilsuvá sagði hann nauðsynlega fyrir lýðheilsu á tuttugustu og fyrstu öldinni. Þessi geta yxi hratt og hefði WHO sett upp viðvarana- og viðbragðskerfi við faröldrum. Kerfið hafði verið sett upp fyrir fimm árum og hefði nú þegar brugðist við meira en 50 heilsuvártilfellum.

Framkvæmdastjórinn lagði í ræðu sinni sérstaka áherslu á að þjóðir heims stæðu frammi fyrir mikilli ógn hvað varðaði fuglaflensuna. Hann ítrekaði það sem hann hafði áður sagt að brýnt væri að vera á varðbergi gagnvart flensunni og búa sig undir að hún gæti brotist út.

3. Ræða formanns framkvæmdastjórnar.

Davíð Á. Gunnarsson, formaður framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, flutti ræðu fyrir hönd stjórnarinnar og gerði grein fyrir áherslum hennar á liðnu starfsári. Davíð fjallaði sérstaklega um hörmungarnar sem urðu við Indlandshaf þegar flóðbylgja skall þar á í kjölfar neðansjávarjarðskjálfta annan í jólum, en hann setti stuttu fyrir þingið ráðstefnu um afleiðingar og uppbyggingu á flóðasvæðunum í Phuket fyrir hönd WHO. Davíð sagði þörfina mikla fyrir alþjóðlegt viðvörunarkerfi gegn hamförum. Einnig væri vert að skoða hvort hægt væri að einfalda og flýta fyrir aðstoð. Það hefði tekið mjög langan tíma vegna pappírsvinnu fyrir stjórnvöld að þiggja aðstoð og svo enn meiri tíma og pappírsvinnu að veita aðstoðina við þau lönd sem urðu fyrir flóðbylgjunni.

Að lokum minntist Davíð á að framkvæmdastjórnin hefði sótt málstofu á Íslandi í desember 2004. Þar hefði stjórninni verið gefinn kostur á að ræða opinskátt við dr. Lee og stjórn hans um framtíðarsýn í heilbrigðismálum.

4. Ávörp gesta.

4.1 Ávarp Maumoon Abdul Gayoom, forseta Maldíveyja.

Maumoon Abdul Gayoom talaði um þá miklu eyðileggingu sem flóðbylgjan á Indlandshafi olli og vinnuna við að endurbyggja heimili, samfélög og líf þolenda. Hann fjallaði sérstaklega um ástandið í heimalandi sínu og sagði að flóðbylgjan hefði haft bein áhrif á einn þriðja samlanda sinna. Þá sagði hann að tveggja áratuga uppbygging og 62% af vergri þjóðarframleiðslu hefði skolast burt á svipstundu. Hann þakkaði öllum þeim sem veitt höfðu þjóð hans aðstoð og þeim sem höfðu lofað aðstoð en einhver töf hefði orðið á því að lofuð aðstoð bærist. Mikið verk væri fyrir höndum að hreinsa og byggja upp vatns- og skolplagnir á eyjunum. Uppsöfnun á úrgangi og rusli væri einnig að verða mikið vandamál á eyjunum.

4.2 Ávarp Bill Gates, stofnanda Bill & Melinda Gates sjóðsins.

Í ávarpi sínu lagði Bill Gates áherslu á þá sjúkdóma sem hrjá þróunarríkin og tók sterkt til orða og sagði að heimurinn væri að bregðast milljörðum manna þar sem ríkar ríkisstjórnir gerðu lítið til að bregðast við mörgum alvarlegustu sjúkdómum heims þar sem að þessa sjúkdóma væri ekki að finna hjá ríkum þjóðum. Einkageirinn þróaði ekki bóluefni eða lyf fyrir þessa sjúkdóma því þróunarríkin hefðu ekki efni á að kaupa þau og að lokum sagði hann að þróunarríkin sjálf gerðu ekki nærri nóg til að auka heilbrigði þegna sinna.

Hann sagði það auðvelt fyrir ríkar þjóðir heims að horfa í hina áttina þar sem þær þyrftu ekki að horfast í augu við þá sem þjást í þróunarríkjunum. Hann sagðist fyrst hafa gert sér

grein fyrir þessum ójöfnuði þegar hann einn daginn las um sjúkdóm af völdum „rotavírus“ sem deyddi hálfa milljón barna á ári hverju í þróunarríkjunum og furðaði sig mjög á því að hafa aldrei fyrr heyrt minnst á þennan sjúkdóm sem deyddi svo mörg börn á ári hverju. Hann kynnti sér málið enn frekar og komst að því að mörg börn deyja á ári hverju úr sjúkdómum sem hefur verið eytt eða eru ekki til í löndum ríkari þjóða. Það að svo virtist sem sumum lífum væri vert að bjarga en öðrum ekki sagði Bill Gates hafa verið kveikjuna að stofnun sjóðsins.

Bill Gates tilkynnti að lokum að ákveðið hefði verið að auka framlög Bill & Melinda Gates sjóðsins til verkefnisins „Stórar áskoranir“ úr 200 í 450 millj. bandaríkjadala. Þetta verkefni miðast við að styrkja heilbrigðisvísindamenn og hvetja til uppgötvana á heilbrigðissviði sem gagnast mega allri heimsbyggðinni en sérstaklega þróunarríkjunum.

5. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd A.

5.1 Endurskoðun reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2003 var samþykkt ályktun sem kvað á um endurskoðun á reglugerð stofnunarinnar sem miðar að viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við smitsjúkdómum (IHR), sérstaklega í ljósi þess hve smitsjúkdómar á borð við HABL (SARS) og fuglaflensu geta haft miklar og snöggar afleiðingar bæði á heilsu og efnahag þjóða og hversu erfitt er að einangra útbreiðslu þeirra vegna aukinna samgangna ríkja á milli. Reglugerðin hefur það að markmiði að hindra alþjóðlega útbreiðslu smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eitur- og geislavirkra efna án þess að valda ónauðsynlegri röskun á umferð manna um heiminn og í viðskiptum. Nýmæli í henni byggjast á reynslunni sem menn hafa af þróun mála á liðnum þremur áratugum og tekur til allra sótta sem breiðst geta út og ógnað þjóðum heims. Áætlað var að ljúka endurskoðuninni fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið nú sem tókst að lokum eftir erfiðar samningaviðræður en endurskoðunin mun ekki taka gildi fyrr en eftir tvö ár.

Ísland hvatti á þinginu til þess að endurskoðunin yrði samþykkt. Að auki þakkaði Ísland formanni vinnuhópsins svo og framkvæmdastjóra WHO fyrir að hafa náð að sameina mismunandi sjónarmið aðildarríkjanna.

5.2 Viðbúnaður við hamförum og hamfarirnar á Indlandshafi.

Minnst var á að þessi dagskrárliður hefði verið ræddur á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2005 og hefði stjórnin lagt áherslu á mikilvægi hraðrar enduruppbyggingar heilbrigðiskerfa og nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu eftir að hamfarir eiga sér stað. Þörf væri á því að aðildarríki fjárfestu í auknum viðbúnaði og þörf væri á að hlúa að heilbrigðisstarfsfólki. Framkvæmdastjórnin bað WHO um að auka stuðning sinn við samfélög sem verða fyrir hamförum, sérstaklega við eftirlit með smitsjúkdómum, vatni, hreinlæti, geðheilsu, lyfjum, vinna meira með fjölmiðlum til að koma í veg fyrir misskilning eða sögusagnir, að vinna nánar með ríkisstofnunum og alþjóðastofnunum og að aðstoða við að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustu svæða sem verða fyrir hamförum.

Ályktunin sem samþykkt var af framkvæmdastjórninni í janúar fyrr á árinu var samþykkt nú á þinginu með nokkrum breytingum en ályktunin skorar m.a. á aðildarríkin að skipuleggja svæðisbundnar og alþjóðlegar áætlanir um viðbrögð við hamförum og heilsuógn.

5.3 Fjárhagstillögur fyrir tímabilið 2006–2007.

Tillögur til fjárveitinga á fjárhagstímabilinu 2006–2007 voru eitt af viðfangsefnum nefndar A. Aðalframkvæmdastjóri WHO lagði upphaflega til á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar að föstu fjárlögin mundu hækka um 9%. Mörg aðildarríki voru ósátt við þessa hækkun

því hér er um töluverða aukningu að ræða. Sátt náðist að lokum á þinginu um að fjárhæðin yrði 915.315.000 dalir sem er hækkun um 4% frá síðasta tímabili 2004–2005. Af þessari upphæð falla 893.115.000 bandaríkjadalir í hlut aðildarríkjanna sem föst framlög. Þess ber að geta að föst framlög eru aðeins rúmlega einn fjórði af heildarfjárhagsramma WHO.

Aðalframkvæmdastjórinn benti á að föst framlög aðildarríkjanna hefðu lítið hækkað seinustu árin og væri því þörf á að hækka þau sérstaklega í ljósi þess hversu lítill hluti þau væru orðin af heildarfjármagni stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar taldi að ekki væri hægt að hagræða og skera endalaust niður og væri svo komið að stofnunin þyrfti aukið fjármagn. Þess má geta að hlutfall Íslands er 0,0340% eða um 304 þús. bandaríkjadalir tímabilið 2006–2007.

Í fjárhagsáætlun WHO er gert ráð fyrir að hin frjálsu framlög hækki úr 1.944.000.000 bandaríkjadölum fyrir fjárhagstímabilið 2004–2005 í 2.398.126.000 dali fjárhagstímabilið 2006–2007 eða um 23,4%. Heildarfjárhagsramminn hækkar því úr 2.824.111.000 dölum í 3.313.441.000 dali eða um 17,3%, sbr. töflu:

		2004–2005 (bandaríkjadalir)	2006–2007 (bandaríkjadalir)
Fastur hluti	a) föst framlög aðildarríkja	858.475.000	893.115.000
	b) aðrar tekjur	21.636.000	22.200.000
Fastur hluti alls		880.111.000	915.315.000
Frjáls hluti		1.944.000.000	2.398.126.000
	Alls	**2.824.111.0000**	**3.313.441.000**

Norðurlöndin fögnuðu hækkun fastra framlaga stofnunarinnar svo og hækkun heildarfjárhagsrammans sem mundi aðstoða stofnunina við að takast á við heilbrigðisverkefni á alþjóðavísu. Stofnunin þyrfti einnig að hafa nægt fjármagn til að geta unnið að þúsaldarmarkmiðum SÞ. Norðurlöndin lýstu yfir áhyggjum sínum varðandi vaxandi hlutfall frjálsra hluta heildarfjárhagsramma stofnunarinnar og hvöttu þá sem veita stofnuninni frjáls framlög að sérmerkja ekki þá fjármuni heldur treysta stofnuninni til að verja þeim til forgangsverkefna. Að lokum fögnuðu Norðurlöndin þeirri stefnu WHO að færa fjármuni frá höfuðstöðvum stofnunarinnar til svæðisskrifstofanna en áætlað er að á tímabilinu 2006–2007 muni 75% af heildarfjármunum stofnunarinnar renna til svæðisskrifstofanna. Til samanburðar má benda á að árið 2004 runnu 58% heildarfjármunanna til svæðisskrifstofanna.

5.4 Lömunarveiki.

Á alþjóðaheilbrigðisþingi WHO árið 1988 var sett það markmið að útrýma lömunarveiki fyrir árslok 2000. Vegna þess að venjubundnar ónæmisaðgerðir í sumum löndum hefðu ekki náð nægilegri þekju, til að ná og viðhalda hjarðónæmi, þá hafði verið lögð aukin áhersla á ónæmisaðgerðir. Árið 2000 hafði ekki náðst að útrýma lömunarveiki í 20 löndum en árið 2003 hafði þeim fækkað í 6 og var þá ákveðið að endurvekja markmiðið frá 1988 og stefna að því að útrýma lömunarveiki fyrir árslok 2005. Tilkynnt var nú á þinginu að enn ætti eftir að útrýma lömunarveiki í 6 löndum og að auki hafði nýlega komið upp tilfelli í 16 löndum sem höfðu verið laus við mænusótt. Tíu þessara landa hafði tekist að ráða niðurlögum sjúkdómsins en hann var aftur orðinn landlægur í sex þeirra. Lögð var áhersla á hert átak gegn lömunarveiki ef takast ætti að útrýma henni alls staðar. Engin ályktun var lögð fram undir þessum dagskrárlið.

5.5 Fjármagn til meðhöndlunar berkla.

Davíð Á. Gunnarsson kynnti þennan lið fyrir framkvæmdastjórnina. Hann sagði að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefði lagt áherslu á að ef þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna ættu að ná fram að ganga væri mjög mikilvægt að ráðist yrði gegn sjúkdómum á borð við berkla. Hann sagði að framkvæmdastjórnin hefði rætt það sín á milli hvernig hægt væri að tryggja að berklasjúklingar hefðu aðgang að umönnun sem samræmdist DOTS-meðferðinni, meðferð þróaðri á vegum WHO sem leggur áherslu á að fylgst sé náið með meðferð og tryggt að sjúklingar hafi verið greindir með ræktun og að þeir fái og taki lyf, og hvernig hægt væri að efla fyrirbyggingu gegn berklum. Hann sagðist sjálfur hafa haft tækifæri sem formaður framkvæmdastjórnarinnar að heimsækja berklaspítala sem hefði sýnt honum hversu mikilvægt það væri að ná niðurlögum sjúkdómsins og hvatti hann því aðildarríki að samþykkja ályktunina sem fyrir lá.

Ályktun var samþykkt af þinginu sem m.a. hvatti aðildarríki til að verja nægum fjármunum í meðhöndlun berkla og tryggja að berklasjúklingar ættu kost á greiningu, meðferð og umönnun.

5.6 Malaría.

Árið 1998 setti framkvæmdastjóri stofnunarinnar fram átak gegn malaríu. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var svo ákveðið að tileinka áratuginn 2001–2010 átaki til að minnka tíðni malaríutilfella í þróunarlöndunum, sérstaklega í Afríku, og bað aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um að meta þær framkvæmdir sem í gangi væru og miðuðu að því að draga úr malaríutilfellum. Talið er að malaría valdi um 20% dauðsfalla hjá börnum undir 5 ára í Afríku og að rúm milljón manna látist af völdum malaríu í Afríku á ári hverju. Með tilkomu Heimssjóðsins gegn alnæmi, berklum og malaríu var talið að það fjármagn sem áður vantaði til þessa málaflokks hefði skilað sér en geta margra þróunarríkja til að framkvæma áætlanir til að minnka tíðni malaríutilfella væri takmörkuð. Bakslag komi í herferðina þegar eftirspurn jókst eftir malaríulyfjum vegna skorts því framleiðsluferli lyfjanna er mjög langt svo og framleiðendur vantar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett það mark að dregið verði úr malaríutilfellum um helming árið 2010 og um 75% fimm árum síðar.

Davíð Á. Gunnarsson, sem talaði fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, sagði að þegar stjórnin hefði rætt þessi mál fyrr á árinu hefðu nokkrir stjórnarmenn bent á það að malaríu væri ekki einungis að finna í Afríku heldur einnig í Asíu, Ameríku og löndum Kyrrahafs. Stjórnin hvatti Heimssjóðinn gegn alnæmi, berklum og malaríu til að auka áherslu á malaríu og að tryggja nægar birgðir af lyfjum og lækningavörum, þ.m.t. ódýrum greiningartækjum. Hann bað aðildarríki að hafa það í huga sem Bill Gates hefði minnst á í ræðu sinni, þ.e. að ef malaría væri landlægur sjúkdómur hjá ríkum þjóðum heimsins væri fyrir löngu búið að finna upp bóluefni eða ódýr lyf gegn sjúkdómnum.

Augljóst var á þinginu að aðildarríkin voru einhuga í baráttunni gegn malaríu og samþykktu einhuga ályktunina sem fyrir lá.

5.7 Bólusótt: útrýming bóluefnabirgða.

Undanfarin ár hefur oft komið til álita að útrýma bólusóttarveirunni en henni hefur verið haldið í rannsóknarskyni. Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti á sínum tíma að bólusóttarveirunni skyldi eytt eigi síðar en árið 2002 og studdi Ísland þá samþykkt. Þegar kom að því að útrýma veirunni var hins vegar mælt með því að nýta til rannsóknar þá stofna hennar sem enn væru til svo bæta mætti greiningu á veirunni og þróa virkari og öruggari bóluefni, sér-

staklega í ljósi vaxandi hryðjuverkaógnar. Í ljósi þessa studdi Ísland að frestað yrði eyðingu á fyrirliggjandi birgðum enn um sinn. Árið 1979 voru bóluefnabirgðir heimsins 200 milljónir skammta en árið 1986 var ákveðið að minnka birgðirnar í 2,5 milljónir skammta. Aðildarríki hafa eins og fyrr greinir óttast að veiran kynni að koma aftur fram og var því ákveðið að auka birgðirnar aftur í 200 milljónir skammta og að auki að auðkenna tvo staði í heiminum sem ættu auðvelt með að framleiða um 20 milljónir skammta hvor ef neyðarástand skapaðist. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en aðildarríki voru sammála um að auka skyldi birgðir bóluefnanna.

5.8 Drög að áætlun um ónæmisaðgerðir á alþjóðavísu.

WHO og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) lögðu fram drög að áætlun um ónæmisaðgerðir á alþjóðavísu á þinginu og leituðu eftir stuðningi aðildarríkja. Áætluninni er ætlað að ná yfir tímabilið 2006–2015 og er ætlað að styðja við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna svo og aðstoða við að ná markmiðum sem sett voru á sérstökum fundi allsherjarþings SÞ um börn árið 2002.

Davíð Á. Gunnarsson kynnti þennan dagskrárlið fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar og sagði að þessi áætlun væri eflaust einn mikilvægasti dagskrárliður ræddur á þinginu. Það væri bólusetningum að þakka að bólusótt hefði verið útrýmt og það væri von manna að hægt yrði að útrýma fleiri sjúkdómum með þessum hætti.

Norðurlöndin studdu drögin og að WHO færi með leiðtogahlutverk í að koma í veg fyrir smitsjúkdóma í heiminum. Þau töldu að áætlunin hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að samræma aðgerðir hinna ýmsu aðila sem miðuðu að því að útrýma smitsjúkdómum. Enn fremur töldu Norðurlöndin að áætlanir aðildarríkja væru ekki síður mikilvægar til að styrkja heilbrigðiskerfi og að vinna að því að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ. Því miður væru enn mörg aðildarríki sem ekki hefðu nægjanlega löggjöf til að framkvæma nauðsynlegar ónæmisaðgerðir.

Samþykkt var ályktun á þinginu þar sem aðildarríkin samþykktu áætlunina og tók hún strax gildi.

5.9 Aukinn viðbúnaður og viðbrögð við inflúensufaraldri.

Margir óttast að til verði veira sem smitist ekki aðeins frá fuglum til manna, heldur milli manna og að þar með brjótist út heimsfaraldur. Ef slík skæð flensa fer af stað er óttast um að faraldurinn yrði ekki minni en Spænska veikin á sínum tíma, en hún lagði stóra hluta þjóða að velli. Talið er að dánartíðni fuglaflensunnar sé um 70%. Vestrænar þjóðir eru betur undir slíkan faraldur búin en aðrar þjóðir og var því lögð mikil áhersla á það í ályktun fundarins að tryggja fátækum löndum ódýr lyf gegn flensunni. Enn fremur lýstu margir ótta yfir að slíkur faraldur mundi lama bæði heilbrigðis- og efnahagskerfi landa.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd framkvæmdastjórnar og sagði að stjórninni væri ljóst hversu alvarleg ógn stafaði af hugsanlegum inflúensufaraldri. Á fundi stjórnarinnar hafði því verið lögð áhersla á þörfina fyrir aukinn viðbúnað og samvinnu alþjóðasamfélagsins. Áhyggjuefni væri hversu lítið magn væri til af bóluefnum og veirulyfjum og hversu dýr þau væru en erfitt væri fyrir WHO að hafa áhrif á verðlagningu einkageirans. Enn fremur hafði WHO verið beðið um að styrkja eftirlitskerfi sitt og aðstoða aðildarríki við að útbúa viðbúnaðaráætlanir.

Lagðar voru fram tvær ályktanir undir þessum lið, önnur um aukinn viðbúnað og viðbrögð við inflúensufaraldri og hin um öryggi á rannsóknastofum við meðhöndlun lífefna og voru þær báðar samþykktar af þinginu.

5.10 Þol gegn sýklalyfjum: ógn við alþjóðaöryggi.

Sýkingar og vandamál tengd sýklalyfjum eru orðin mikið heilbrigðisvandamál. Á undanförnum árum hefur verið reynt að draga sem mest úr notkun sýklalyfja og hafa menn talað um „skynsamlega“ ávísun og notkun í því sambandi. Óhófleg neysla sýklalyfja getur valdið ónæmi og kallað fram bakteríur, sem sýklalyfin duga ekki gegn. Talið er að ónæmir stofnar baktería séu að myndast hraðar en ný lyf koma fram. Ályktun var lögð fram fyrir atbeina Norðurlandanna og hóf Ísland umræðuna með því að kynna ályktunina. Vegna þess hve mörg aðildarríki höfðu eitthvað til málanna að leggja var stofnaður vinnuhópur um ályktunina og var hún að lokum samþykkt af þinginu. Ályktunin gengur út á aðgerðir til þess að koma böndum á neyslu sýklalyfja, m.a. með því að halda betur utan um aðgengi fólks að sýklalyfjum.

5.11 Fæða kornabarna og ungra barna.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2004 var ákveðið að ályktun sem lögð hafði verið fram á þinginu af Míkrónesíu, Marshalleyjum, Nepal, Kíribatí, Fídjieyjum og Palá yrði ekki tekin fyrir þá heldur lögð fyrir framkvæmdastjórnina sem samþykkti ályktunina og var hún því lögð fyrir þingið. Ályktunin lýsti áhyggjum yfir því hversu auðvelt aðgengi og mikil markaðssetning væri í sumum þróunarríkjum á næringu ungbarna sem væri ætluð í stað brjóstamjólkur og nýlegar uppgötvanir varðandi Enterobacter sakazakii og aðrar örverur í þurrmjólk. Iðnaðurinn sem framleiðir þurrmjólk var áberandi á þinginu og vildi ekki merkingar á vöru sína sem gæfi til kynna að varan væri ekki sótthreinsuð og var fullyrt því til staðfestingar að engin fæða gæti talist sótthreinsuð. Iðnaðurinn vildi frekar merkingar sem gæfu til kynna að meðhöndla ætti vöruna rétt og með vargætni. Ágreiningur kom upp um það hvort nægileg þekking væri fyrir hendi til að merkja þurrmjólk með þessum hætti. Það sem flest aðildarríkin vildu helst var að setja alþjóðlegar reglur um áletranir á umbúðir, þar sem varað væri við hættunni af örverumengun í mjólkurduftinu. Það hafðist ekki fram í þessari lotu að krefjast þess að framleiðendur settu aðvaranir á umbúðir. Í ályktun þingsins var því hvatt til þess að settar yrðu reglur um framleiðslu og meðferð á barnamat og þess sérstaklega krafist að flýtt yrði rannsóknum varðandi hættumörk örverumengunar í þurrmjólk.

Norðurlöndin lögðu áherslu á að fyrst og fremst skyldi hvetja mæður til að hafa börn á brjósti. En hins vegar ef litið væri á fæðu aðra en brjóstamjólk ætlaða kornabörnum eða ungum börnum þá væri mjög mikilvægt fyrir WHO og fæðustaðlanefnd SÞ að einbeita sér að stöðlum sem varða hreinlæti og merkingar þessarar vöru. Nýlegt tilfelli sýkinga hjá kornabörnum í Frakklandi sem rekja mátti til þurrmjólkur gæfi til kynna að örverusýkingar í mjólkurdufti geta stofnað lífi kornabarna í hættu. Það væri því augljóslega þörf fyrir aukna leiðsögn og upplýsingar.

5.12 Heilbrigðistryggingar.

Afríku- og Suður-Ameríkuríkin óskuðu eftir þessari umræðu og vildu með henni fá leiðbeiningar frá WHO um hvaða valkostum þróunarríki stæðu frammi fyrir hvað varðaði framsetningu á löggjöf um heilbrigðistryggingar. Þessi dagskrárliður var lagður fram á framkvæmdastjórnarfundinum árinu áður en ákveðið var þá að WHO þyrfti að ræða nánar við aðildarríki um hvaða leiðir þau færu í þessum efnum og var umræðunni því frestað þar til nú. Niðurstaðan var sú að ekki væri hægt að benda á eina leið sem hæfði öllum. Innihéldu því skýrslan og ályktunin margar mismunandi leiðir sem tóku bæði tillit til ríkis- og einkavæddra fyrirtækja á heilbrigðissviði. Erfitt var að ná samstöðu um texta ályktunarinnar og var að endingu stofnaður vinnuhópur sem komst að þeirri niðurstöðu að betra hefði verið heima

setið en af stað farið og var upprunalega ályktunin samþykkt með þeim breytingum að framkvæmdastjórnin mundi fara yfir þær áhyggjur sem aðildarríkin höfðu nú á fundinum og málefnið yrði lagt fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið árið 2006.

5.13. Upplýsingatækni og heilbrigðismál.

Lögð voru fram drög að áætlun um upplýsingatækni og heilbrigðismál sem var ætlað að samhæfa alþjóðareglur um þessa tegund upplýsingatækni svo og starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Samþykkt var ályktun sem kvað á um að efla hlut upplýsingatækninnar eftir mætti, bæði í heilsugæslu og í upplýsingaþjónustu inn á við sem út á við. Málin voru rædd með það að leiðarljósi að efla heilbrigðisþjónustu fátækra þjóða ekki síður en þeirra ríku.

5.14 Ráðherraráðstefna um heilbrigðisrannsóknir sem haldin var í Mexíkóborg 16.–20. nóvember 2004.

Ráðstefnuna sóttu 58 aðildarríki og var samþykkt svokölluð Mexíkóyfirlýsing um heilbrigðisrannsóknir en alþjóðaheilbrigðisskýrsla stofnunarinnar frá árinu 2004 um mikilvægi þekkingar fyrir bætta heilsu var kveikjan að þessari ráðstefnu. Á framkvæmdastjórnarfundinum var svo lögð fram ályktun þar sem aðildarríki eru beðin um að íhuga Mexíkóyfirlýsinguna. Þennan dagskrárlið átti að taka fyrir á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar sama ár en þar sem nokkur aðildarríki töldu að yfirlýsingin hefði ekki verið samþykkt einróma á fundinum í Mexíkó og þar sem fundargögnin höfðu verið gefin út mjög seint fyrir framkvæmdastjórnarfundinn var ákveðið að þessi umræða færi fram á veraldarvefnum og afrakstur inn lagður fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið.

Norðurlöndin sögðu að Mexíkóráðstefnunni hefði tekist að beina sjónum manna að mikilvægi heilbrigðisrannsókna. Frekari rannsóknir þyrfti til að byggja upp þekkingu fyrir ákvarðanatöku innan heilbrigðisþjónustunnar. Norðurlöndin sögðust að lokum vonast til þess að samkomulag næðist um ályktunina sem varð niðurstaðan að lokum.

6. Ályktanir og helstu umræðuefni tekin fyrir í nefnd B.

6.1 Heilsuástand og aðstoð við araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Miðausturlöndum.

Fyrsta verk nefndarinnar var að taka fyrir ályktun um heilsuástand og aðstoð við araba sem búa á hernumdum landsvæðum í Miðausturlöndum, þ.m.t. Palestínu, sem Barein, Egyptaland, Jórdanía, Kúveit, Óman, Katar, Túnis og Sameinuðu furstadæmin lögðu fram. Segja má að þetta sé orðinn árlegur viðburður á þinginu og er yfirleitt eitt af hitamálum þingsins. Aðildarríki töldu að ályktunin í ár væri mildilegar orðuð en oft áður en að venju mótmæltu Ísraelar harðlega ályktuninni og sögðu að pólitískar ástæður lægju að baki henni en ekki ásetningur um að bæta heilsu Ísraela og Palestínumanna. Að endingu óskuðu Bandaríkin eftir atkvæðagreiðslu um ályktunina og varð niðurstaðan sú að ályktunin var samþykkt með 95 atkvæðum, 8 ríki greiddu atkvæði gegn henni og 11 ríki sátu hjá.

6.2 Aðildarríki sem misstu kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu vegna vanskila framlaga.

Þau ríki sem ekki höfðu kosningarétt á alþjóðaheilbrigðisþinginu í ár voru Afganistan, Argentína, Antígva og Barbúda, Armenía, Mið-Afríkulýðveldið, Kómoreyjar, Dóminíska lýðveldið, Georgía, Gínea-Bissá, Írak, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger, Moldavía, Sómalía, Súrínam, Tadsjikistan og Túrkmenistan.

6.3 Útreikningur fastra framlaga aðildarríkjanna fyrir tímabilið 2006–2007.

Ákveðið var á alþjóðaheilbrigðisþinginu í maí 2003 að nota reikniformúlu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2003 sem lá fyrir við útreikning á föstum framlögum aðildarríkjanna fyrir tímabilið 2004–2005. Í lok árs 2003 kynntu Sameinuðu þjóðirnar nýja reikniformúlu og var ákveðið á þinginu nú að hana skyldi nota við útreikninga á föstum framlögum fyrir árið 2005. Hlutfall Íslands hækkar þá úr 0,0325% í 0,0340% og verður framlag Íslands árið 2005 því um 145 þús. bandaríkjadalir í stað um 140 þús. dala samkvæmt fyrri reikniformúlunni.

6.4 Tillaga að stofnun alþjóðlegs blóðgjafadags.

Árið 2004 var í fyrsta skipti haldið upp á alþjóðlegan blóðgjafadag en nú var lögð fram ályktun þar sem ákveðið var að festa daginn í sessi og halda upp á hann 14. júní ár hvert. Er það afmælisdagur nóbelsverðlaunahafans Karl Landsteiner en hann uppgötvaði ABO-blóðflokkakerfið árið 1900. Auk WHO standa Alþjóða Rauði krossinn, Alþjóðasamtök blóðgjafafélaga og Alþjóðasamtök blóðgjafar að alþjóðlega blóðgjafadeginum. Ályktunin fékk ekki mikla umræðu á þinginu en var samþykkt einróma.

6.5 Innleiðing fjöltyngi í WHO.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur undanfarið lagt áherslu á að efni sem kemur frá henni sé aðgengilegt á öllum sex opinberu tungumálum stofnunarinnar, þ.e. ensku, frönsku, spænsku, rússnesku, kínversku og arabísku. Á þinginu nú var lögð fram skýrsla til upplýsinga um stöðu mála og kom þar meðal annars fram að stofnunin mun halda áfram að bæta vefsíðu sína svo hún sé aðgengileg á öllum opinberum tungumálum stofnunarinnar. Þess má geta að árið 2005 var alþjóðaheilbrigðisskýrsla stofnunarinnar í fyrsta sinn gefin út á öllum þessum fyrrnefndu sex tungumálum.

Aðildarríki hvöttu WHO til að innleiða fjöltyngi einnig í svæðisskrifstofum stofnunarinnar. Enn fremur lögðu margir áherslu á að komið væri í veg fyrir töf á þýðingu efnis sem lagt væri fyrir framkvæmdastjórnarfundi og alþjóðaheilbrigðisþingið. Að lokum hvöttu mörg aðildarríki stofnunina til að veita túlkaþjónustu á samningafundum stofnunarinnar en sú þjónusta hefur ekki verið í boði hingað til. Engin ályktun var lögð fram undir þessum lið en þessi umfjöllun verður lögð fyrir framkvæmdastjórnarfundinn í janúar 2006 þegar sérstakur vinnuhópur hefur farið yfir umfang og kostnað við að innleiða fjöltyngi í WHO.

6.6 Meðhöndlun krabbameina.

Þessi umræða var í upphafi sett á dagskrá að beiðni Kanada á framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar sem haldinn var í maí 2004. Kanada lagði einnig fram ályktun undir þessum lið um meðhöndlun krabbameina. Mikil umræða skapaðist um ályktunina og var hún því orðin mjög yfirgripsmikil þegar hún fékk loks samþykki á þinginu.

Norðurlöndin sögðu að með hækkandi lífsaldri og óheilbrigðum lífsstíl ykjust líkurnar á langvinnum sjúkdómum, þ.m.t. krabbameinum. Þótt hægt væri að áorka miklu með skilvirkri meðferð og endurhæfingu hvöttu Norðurlöndin WHO til að einbeita sér að fyrirbyggingu og heilsueflingu. Fyrirbygging væri bæði skilvirk og hagkvæm og kæmi í veg fyrir þjáningu. Hún krefðist samstarfs allra geira samfélagsins, þ.m.t. heilsugæslunnar. Framkvæma þyrfti fleiri rannsóknir á orsökum og meingerð krabbameina, en árangur fyrirbyggingar væri sannreyndur. Sumir orsakavaldar sjúkdóma væru vel þekktir, s.s. tóbaksnotkun, mataræði, hreyfingarleysi og skaðleg áfengisneysla, og styddi það enn frekar að áhersla yrði lögð á fyrirbyggingu.

6.7 Fatlanir; fyrirbygging, meðhöndlun og endurhæfing.

Talið er að um 600 milljónir manna búi við fötlun af einhverju tagi og eiga fæstir þeirra kost á grunnheilbrigðisþjónustu og endurhæfingu. Vegna fjölda verkefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hefur þessi hópur fengið minni athygli en skyldi og ákvað Ísland því með stuðningi Ástralíu, Kína, Ekvador, Gana, Rússlands og Taílands að leggja fram tillögu að ályktun um aukna áherslu WHO á réttindi fatlaðra á heilbrigðisþjónustu. Ályktunin var lögð fram á framkvæmdastjórnarfundi stofnunarinnar í maí 2004 og fékk mikinn stuðning aðildarríkja sem lögðu áherslu á að átt væri bæði við andlega og líkamlega fötlun. Mörg aðildarríki lýstu yfir áhyggjum sínum varðandi stöðu aldraðra sem væru fatlaðir og hversu einangraður sá hópur væri.

Ályktunin var samþykkt nú á þinginu en í henni var m.a. farið fram á að aðalframkvæmdastjóri WHO aðstoðaði aðildarríki að safna gagnreyndum upplýsingum um hagkvæm inngrip, endurhæfingu og umönnun fatlaðra.

Norðurlöndin sögðu að stefnur stjórnvalda á Norðurlöndunum varðandi fatlaða miðuðu að því að auðvelda fötluðum að taka fullan þátt í samfélaginu. Taka þyrfti tillit til fatlaðra í öllum stefnum stjórnvalda. Heilbrigðiskerfi og þá sérstaklega heilsugæslan ættu að tryggja að fatlaðir nytu nauðsynlegrar þjónustu og gæti WHO leikið mikilvægt hlutverk með því að stuðla að jöfnum rétti allra að heilbrigðisþjónustu. Norðurlöndin styddu þróun sérhæfðrar endurhæfingarþjónustu fyrir fatlaða og samþættingu hennar við núverandi þjónustu veitta af heilsugæslunni, þ.m.t. félagslegan stuðning og aðgang að hjálpartækjum.

6.8 Alþjóðaöldrunaráætlun: innleiðing.

Talið er að árið 2025 muni meira en milljarður manna vera yfir 60 ára og er áætlað að þessi tala hafi tvöfaldast árið 2050. Framkvæmdastjórnin tók fyrir ályktun um sérstakar aðgerðir til þess að tryggja eldra fólki heilbrigðari og hamingjusamari efri ár. Í ályktuninni er sérstaklega minnt á áralangt framlag aldraðra til samfélags síns og haldið fram rétti þess til heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu.

Ísland sagði að með hækkandi lífaldri væri þrennt sem þyrfti að huga að, þ.e. aukinn fjöldi athafnasamra aldraðra einstaklinga kallaði á nýja formgerð samfélagsins, aukinn fjöldi fatlaðra aldraðra einstaklinga þyrfti aukna félags- og heilbrigðisþjónustu sem krefðist aukinna fjárútláta og að lokum stæði samfélag með hækkandi lífaldri frammi fyrir nýjum tæknilegum, fjárhagslegum, skipulagslegum og félagslegum vandamálum sem finna þyrfti nýstárlegar lausnir á. Að lokum sagðist Ísland styðja ályktunina sem fyrir lá og var hún samþykkt af þinginu.

6.9 Heilsuvandi af völdum skaðlegrar notkunar áfengis.

Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti ályktun þess efnis að aðildarríkin beindu sjónum sínum sérstaklega að heilsuspillandi áhrifum áfengisneyslu á næstunni. Ályktunin er fram komin að frumkvæði Norðurlandanna. Það kom í hlut Davíðs Á. Gunnarssonar, fráfarandi formanns framkvæmdastjórnar WHO, að leiða málið til lykta og skapa samstöðu milli þjóðanna á þinginu um ályktunina, en hagsmunir aðildarþjóðanna eru afar mismunandi. Í ályktuninni er lögð áhersla á að þjóðir heims þurfi að bregðast við aukinni áfengisneyslu í heiminum, einkum meðal ungmenna, og hafa hugfast að ofneysla áfengis er að verða einn af þeim þáttum sem spillir heilsu manna mest.

Samþykkt WHO markar nokkur tímamót en áfengismálin hafa ekki verið á dagskrá stofnunarinnar með þeim hætti sem þau voru nú frá árinu 1983. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin metur það svo að um 4% af sjúkdómsbyrði nútímans megi rekja til ofneyslu áfengis. Er hér

átt við þátt áfengisneyslu í t.d. hjartasjúkdómum, geðsjúkdómum og umferðarslysum svo fátt eitt sé nefnt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur aðildarríki til að setja skýr markmið á þessu sviði til að draga úr skaðlegri notkun áfengis í því skyni að bæta almennt heilsufar þjóða sinna.

6.10 Flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum.

Flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum var ræddur á þinginu en þetta er að hluta til þema alþjóðaheilbrigðisdagsins 2006. Þetta var mikið hitamál fyrir þróunarríkin, þá sérstaklega Afríkuríkin, sem vildu láta í ljós áhyggjur sínar af því hversu erfiðlega þeim gengi að halda í heilbrigðisstarfsfólk í heimalöndum sínum þar sem betri kjör og aðstaða byðist í mörgum öðrum ríkjum. Afríkuríkin bentu á að þjálfun heilbrigðisstarfsfólks væri kostnaðarsöm, sérstaklega ef illa gengi að halda í starfsfólk eftir að það lyki námi. Afríkuríkin lögðu fram ályktun undir þessum lið sem var samþykkt af þinginu.

6.11 Framkvæmd þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem snúa að heilbrigðismálum.

Í skýrslunni var tekin fyrir stefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snúa að heilbrigði. Lögð var áhersla á að samræma þyrfti aðstoð aðildarríkjanna, styrkja þyrfti heilbrigðiskerfi og finna þyrfti leiðir svo að rekja mætti betur árangurinn af því starfi sem unnið væri. Þegar þingið hófst lágu fyrir tvær ályktanir undir þessum lið, önnur frá framkvæmdastjóra stofnunarinnar um framkvæmd þúsaldarmarkmiða SÞ sem snúa að heilbrigðismálum og hin lögð fram af nokkrum aðildarríkjum um hvernig tryggja skyldi alhliða heilbrigðisþjónustu fyrir mæður, nýbura og börn, en báðar þessar ályktanir voru samþykktar af þinginu.

6.12 Samstarf við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir.

Á hverju þingi er lögð fram skýrsla um samstarf WHO við aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna og alþjóðastofnanir og var í ár engin breyting þar á. Nokkur aðildarríki tóku sig saman og lögðu á þinginu fram ályktun sem fer fram á að WHO taki af fullum krafti þátt í þeim umbætum sem hafnar eru í starfi og uppbyggingu Sameinuðu þjóðanna. Í ályktuninni er mælst til þess að WHO hugi að vinnu sinni í aðildarríkjunum með tilliti til vinnu annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna til að fyrirbyggja skörun á starfssviðum og til að auka skilvirkni. Ályktunin var samþykkt einróma og samkvæmt henni skal stofnunin skila inn skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007.

7. Fræðslu- og umræðufundir.

7.1 Ráðherraráðstefna um heilbrigðisrannsóknir.

Fulltrúar 58 aðildarríkja sóttu ráðstefnuna sem haldin var í Mexíkóborg í nóvember 2004 og var á henni samþykkt Mexíkóyfirlýsing um heilbrigðisrannsóknir en alþjóðaheilbrigðisskýrsla stofnunarinnar frá árinu 2004 um mikilvægi þekkingar fyrir bætta heilsu var kveikjan að þessari ráðstefnu. Fræðslufundurinn fór yfir niðurstöður ráðstefnunnar. Umræðan á fundinum einkenndist af því að flestir voru sammála um að auka þyrfti fé til heilbrigðisrannsókna, auka þyrfti áreiðanleika rannsóknanna og traust almennings á vísindum svo og nýta betur þekkingu til að auka heilbrigði heimsbyggðarinnar. Auk þessa var rædd þörfin á því að útbúa skráningarkerfi fyrir lyfjarannsóknir þar sem rannsakendum væri skylt að greina frá öllum niðurstöðum, þ.m.t. þeim sem væru þeim í óhag, en hingað til hefur rannsakendum ekki verið skylt að greina frá óhagstæðum niðurstöðum rannsókna.

7.2 Að styrkja viðbragðsstöðu og viðbúnað við inflúensufaraldri.

Farið var yfir viðbúnað í Asíu við inflúensufaraldri. Samtök sem kenna sig við alþjóðaheilbrigðisvarnir (GHSI) ræddu starfssvið sitt varðandi viðbúnað og WHO lýsti hlutverki sínu við að fylgjast með inflúensufaröldrum og skýrði frá samstarfi sínu við aðildarríki, þá sérstaklega varðandi viðbúnað.

7.3 Heilsa mæðra og barna.

Helsta umræðuefnið hér var alþjóðaheilbrigðisskýrslan um heilbrigði mæðra og barna sem gefin var út sama ár í tilefni af alþjóðaheilbrigðisdeginum 7. apríl 2005. Rætt var hlutverk stjórnvalda og samstarfsaðila við að tryggja rétt mæðra og barna til heilbrigðisþjónustu.

7.4 Fyrirbygging alnæmis með lyfjameðferð.

Í baráttu við HIV og alnæmi hafa miklar framfarir orðið hjá aðildarríkjum við auka aðgang að meðferð, umönnun og stuðningi við fólk sem lifir við HIV og alnæmi og má hér nefna áætlun stofnunarinnar um að tryggja þremur milljónum alnæmissjúkra í Afríku aðgang að alnæmislyfjum fyrir árslok 2005. WHO hefur alltaf lagt áherslu á heilsugæslunálgun við meðferð á HIV og alnæmi en það tryggir skjótari þjónustu og kemur einnig til móts við skort á heilbrigðisstarfsfólki með því að koma venjubundnum klínískum verkum frá læknum til hjúkrunarfræðinga, annars heilbrigðisstarfsfólks eða heilsugæslu. Þessi heilsugæslunálgun felur í sér grunnforvarnaþjónustu sem heilbrigðisstarfsfólk á vettvangi getur veitt. WHO hefur einnig aðstoðað aðildarríki við að setja upp áætlanir til að auka forvarnir.

7.5 Alþjóðlegt samstarfsverkefni um heilbrigðismælikvarða.

Upplýsingafundurinn var haldinn til að kynna samstarfsverkefni um heilbrigðiskvarða (HMN) fyrir aðildarríkjum og áhugasömum aðilum og þeim boðið að taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfsverkefni. Á fundinum kom fram að vinnan sem viðkemur samstarfsverkefninu verður sífellt flóknari í framkvæmd en það verða einnig áskoranir heilbrigðisþjónustunnar. Þó að síðasti áratugur hafi aukið aðgengi og aukið gæði upplýsinga þá er enn mikið ósamræmi milli eftirspurnar og framboðs á upplýsingum fyrir ákvarðanatöku innan heilbrigðisþjónustunnar. Aukin heilbrigðisaðföng kalla á skjótari og áreiðanlegri upplýsingar. HMN er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem leiðir saman stjórnvöld, góðgerðasamtök, ráðamenn innan heilbrigðisþjónustunnar, tölfræðisérfræðinga og þá sem veita heilbrigðisþjónustu og hafa það sameiginlega markmið að styrkja heilbrigðiskerfi og koma fram með og nota traustar heilbrigðisupplýsingar.

7.6 Hvernig bregðast skal við óskynsamlegri notkun lyfja og sóun á aðföngum.

Fundurinn tók saman hið alþjóðlega vandamál sem óskynsamleg notkun lyfja getur haft í för með sér og tók sérstaklega fyrir mikilvægi þess að aðildarríki tækju skipulega á því að bæta notkun lyfja. Farið var yfir það hvernig aðildarríki gætu tryggt skynsamlega notkun lyfja. Rannsóknir hafa sýnt að yfir helmingur allra lyfja eru ávísuð, dreifð eða seld á rangan eða óskynsamlegan hátt og að auki er hátt hlutfall sjúklinga sem ekki taka lyfin á réttan hátt. Óskynsamleg notkun lyfja er sóun á aðföngum og leiðir til lakari útkomu fyrir sjúklinga, veldur óæskilegum viðbrögðum við lyfjum og eykur líkur á ónæmi sem er meiri háttar ógn við alþjóðaheilbrigði. Rannsóknir hafa sýnt að misnotkun lyfja er mjög algeng og getur haft alvarlegar heilbrigðis- og efnahagslegar afleiðingar.

8. Samráðsfundir.

8.1 Norðurlandahópurinn.

Á hverjum morgni hittust fulltrúar Norðurlandanna og fóru yfir stöðu mála. Ísland stjórnaði þessum fundum þar sem Ísland situr í framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Á fundunum var farið yfir dagskrá þingsins og sameiginleg innlegg Norðurlandanna sem lágu fyrir.

8.2 Vestur-Evrópski hópurinn og aðrir (WEOG).

Sömuleiðis héldu lönd Vestur-Evrópu og fleiri (e. Western European and Other Groups) samráðsfund á hverjum morgni. Þar var einnig farið yfir stöðu og horfur mála á þinginu. Fundir þessir voru undir forsæti Ástralíu.

9. Dagskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 2006.

Ákveðið var að halda 117. fund framkvæmdastjórnarinnar 23.–28. janúar og 118. fund framkvæmdastjórnarinnar 29. maí–1. júní. Alþjóðaheilbrigðisdagurinn verður að venju 7. apríl og er hann tileinkaður samstarfi í þágu heilbrigðis. 59. alþjóðaheilbrigðisþingið verður 22.–27. maí og fundur Evrópudeildar WHO verður í Kaupmannahöfn 11.–14. september.

116. FUNDUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR WHO Í GENF 26.–28. MAÍ 2005

1. Inngangur.

Dagana 26.–28. maí 2005, í beinu framhaldi af 58. alþjóðaheilbrigðisþinginu, var haldinn 116. fundur framkvæmdastjórnar WHO í Genf. Var þetta fimmti fundur Íslands í stjórnarsetu sinni og lét fulltrúi Íslands, Davíð Á. Gunnarsson, af stjórnarformennsku sinni á fundinum en hann hafði verið kosinn á 114. fundi stjórnarinnar sem formaður hennar til eins árs. Ísland mun sitja áfram í framkvæmdastjórninni næsta árið.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri og fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórn, Ingimar Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins, og Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í Genf.

2. Stjórnarformennska Íslands.

Fulltrúi Íslands í framkvæmdastjórninni, Davíð Á. Gunnarsson, lét eins og áður segir af formennsku sinni í framkvæmdastjórn á þessum fundi en hann mun láta af störfum sínum í framkvæmdastjórninni að ári liðnu þar sem hver framkvæmdastjórnarmaður er kosinn til þriggja ára í senn. Eftirmaður hans var kosinn M.N. Khan, heilbrigðisráðherra Pakistan, en formaður stjórnarinnar er kosinn til eins árs en er ekki endurkjósanlegur að því loknu.

Á fundinum þakkaði Davíð Á. Gunnarsson fyrir það traust sem fulltrúa Íslands hafði verið sýnt á formennskutímanum. Hann sagði að það hefði bæði verið heiður og auðgandi reynsla að fá að starfa sem formaður framkvæmdastjórnarinnar. Einnig hefðu það verið forréttindi að vinna með aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar og starfsliði hans við að leiða starf stofnunarinnar áfram á tímum þar sem landslagið í heilbrigðismálum á heimsvísu hefði breyst mikið að undanförnu og nýjar áskoranir væru sífellt að líta dagsins ljós.

Heilbrigðisráðherra Pakistan þakkaði Davíð Á. Gunnarsyni fyrir alla þá vinnu og hollustu sem hann hefði sýnt stofnuninni síðasta árið. Varaformenn framkvæmdastjórnarinnar voru kosnir dr. K. Shangula frá Namibíu, dr. D. Hansen-Koenig frá Lúxemborg, dr. H.N. Acharya frá Nepal og J. Halton frá Ástralíu. Þá var Bailón Gonzalez frá Mexíkó kosinn skýrslugjafi.

3. Helstu ákvarðanir og umræðuefni fundarins.

3.1 Niðurstöður alþjóðaheilbrigðisþingsins 2005.

Dagskrá alþjóðaheilbrigðisþingsins var mjög þung og meðal þeirra málefna sem tekin voru fyrir voru fjárhagsáætlunin fyrir tímabilið 2006–2007, endurskoðun á reglugerð um hindrun útbreiðslu sjúkdóma og tekin voru fyrir rúmlega tuttugu tæknilegt málefni. Þingið samþykkti 34 ályktanir og tók tvær ákvarðanir en litið er á samþykkt endurskoðunar á reglugerð um hindrun útbreiðslu sjúkdóma sem mjög mikilvægt skref í átt að bættri heilsu heimsbyggðarinnar.

Fráfarandi formaður framkvæmdastjórnarinnar, Davíð Á. Gunnarsson, taldi að á alþjóðaheilbrigðisþinginu í ár hefði ríkt samstarfsvilji milli aðildarríkjanna þrátt fyrir að dagskrá þingsins hefði verið veigamikil og þung á köflum. Þó að dagskráin hefði verið umfangsmikil þá hefði ákvörðunin um að færa umræðuna í vinnuhópa skilað árangri og samkomulag náðst um öll málefnin.

3.2 Meðhöndlun erfðasjúkdóma.

Alþjóðaheilbrigðisþingið hefur aldrei tekið fyrir meðhöndlun erfðasjúkdóma en nokkrar skýrslur hafa verið gefnar út af stofnuninni þar sem sjúkdómsbyrði þessara sjúkdóma hefur verið könnuð svo og leiðir til fyrirbyggingar og meðhöndlunar. Ein af þeim er skýrsla ráðgjafahóps stofnunarinnar um heilbrigðisrannsóknir sem tekur fyrir áhrif framfara í erfðafræði á alþjóðaheilbrigði. Skýrslan kom út í apríl 2002 og greinir hún m.a. frá nýjustu framförum innan greinarinnar og hvernig þessi þekking gæti leitt til framfara innan læknavísindanna og þar með stuðlað að betri meðhöndlun sjúkdóma. Á sama tíma er bent á að margar siðferðilegar spurningar geti vaknað samfara þessari þróun. Þó svo að þekking á genamengjum sé enn að þróast er talið að hún geti lagt mikið til við að bæta heilsu manna. Vegna þess hve litla umfjöllun þetta málefni hefur fengið innan stofnunarinnar hefur ekki verið mynduð nein stefna um hlutverk WHO varðandi erfðasjúkdóma og er það ástæðan fyrir því að þessi dagskrárliður var tekinn fyrir á fundinum að beiðni nokkurra framkvæmdastjórnarmanna. Engin ályktun var samþykkt undir þessum lið og nokkuð óljóst með framhald mála.

Davíð Á. Gunnarsson talaði fyrir hönd Íslands og sagði að þekkingin á erfðasjúkdómum hefði aukist gríðarlega síðustu tvo áratugi sem vakið hefði upp margar flóknar siðfræðilegar, lögfræðilegar, félagslegar og réttindaspurningar sem enn væri ósvarað. Hann sagði að enn færu fram umræður á Íslandi um erfðafyrirtæki sem stofnað hefði verið fyrir 10 árum. Stærsta áskorunin væri að veita sérfræði heilbrigðisþjónustu til eins margra og hægt væri en um leið að gæta trúnaðar og standa vörð um frjálst val einstaklinga og að minnka misskilning og stigma sem oft fylgdu erfðasjúkdómum. Meginmarkmið varðandi erfðarannsóknir ætti að vera að auka valkosti fyrir einstaklinga með erfðasjúkdóma frekar en að reyna að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma.

3.3 Alþjóðaviðskipti og heilbrigði.

Taíland lagði fram drög að ályktun á framkvæmdastjórnarfundi árinu áður en í ljósi fjölda athugasemda sem komu frá framkvæmdastjórninni var ákveðið að fresta umræðunni þar til á fundinum nú og gefa þannig stjórninni tíma til að fara yfir þær breytingartillögur sem fyrir lágu. Ekki náðist samstaða um ályktunina á fundinum nú og var aftur ákveðið að fresta umræðunni þar til á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2006. Athugasemdir hafa komið fram um það að samkvæmt eðli stofnunarinnar vanti hana sérfræðiþekkingu um viðskipti til þess að geta tekið þessi mál almennilega fyrir. Bent hefur verið á að yfirskrift þessa málaflokks sé of víðtæk og ekki sé ljóst hvert sé markmið umfjöllunarinnar. Að lokum hafa

margir lagt áherslu á að þessi umræða eigi að fara fram í samráði við aðrar alþjóðastofnanir sem koma að viðskiptum, svo sem Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Ísland sagði á fundinum að aukin samskipti og umræða þyrfti að fara fram á milli þeirra sem móta stefnu á heilbrigðis- og viðskiptasviði. Það væri augljóst að þörf væri fyrir viðskiptaþekkingu á heilbrigðissviði og WHO ætti að starfa í samstarfi við stofnanir sem starfa á þessu sviði. Að lokum væri þörf á að skilgreina betur markmið þessarar umfjöllunar.

3.4 Næring og alnæmi.

WHO og Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO), matvælaáætlun SÞ (WFP), sameiginleg áætlun SÞ gegn alnæmi (UNAIDS), Flóttamannastofnun SÞ (UNHCR), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Alþjóðabankinn, Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna og heilbrigðisráðuneyti Suður-Afríku héldu samráðsfund um næringu og alnæmi í Durban í Suður-Afríku 10.–13. apríl 2005. Markmið fundarins var að skýra frá nýjustu rannsóknum um samband milli alnæmis og næringar en fullnægjandi næring er forsenda fyrir því að halda uppi öflugu ónæmiskerfi alnæmissjúkra. Að auki var farið yfir það hvernig Afríkuríkjum hefði tekist til við að veita þegnum sínum næg matvæli svo og farið yfir gildi næringar við alnæmislyfjameðferðir og að endingu var íhugað að útbúa hagnýtar leiðbeiningar um það hvernig best væri að standa að matvælainngripum í áætlunum aðildarríkja sem miða að því að fyrirbyggja og meðhöndla alnæmi. Tillögur fyrrnefnds samráðs voru lagðar fram til upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina og munu tillögurnar grundvalla vinnu stofnunarinnar varðandi næringu og alnæmi. Ákveðið var því að taka þetta málefni aftur til umfjöllunar á næsta fundi framkvæmdastjórnarinnar í janúar 2006.

3.5 Innleiðing kynja- og jafnréttissjónarmiða í reglur og reglugerðir WHO.

Afríkuríkin fóru fram á að þessi dagskrárliður yrði tekinn upp af framkvæmdastjórninni, og studdi Ísland þá tillögu á sínum tíma, til að vekja athygli á því að 10 ár voru liðin frá því að haldin var fjórða alþjóðaráðstefnan um konur í Beijing árið 1995 þar sem ríki heims voru hvött til að innleiða kynja- og jafnréttissjónarmið í öllum aðgerðum sínum. Skýrslan sem lögð var fram fyrir fundinn greindi frá áætlun WHO við að virða meginreglur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í allri vinnu sinni.

Davíð Á. Gunnarsson fagnaði átakinu og því að WHO hefði hafist handa við að þróa yfirgripsmikla framkvæmdaáætlun til að taka kynja- og jafnréttissjónarmið inn í allar aðgerðir stofnunarinnar. Með þessu væri mikilvægt skref stigið við að hvetja aðildarríki til að taka upp þetta sjónarmið. Með kynja- og jafnréttissjónarmiðum væri ekki einungis átt við heilbrigði kvenna og stúlkna heldur einnig karla og drengja.

3.6 Grundvallarreglur um skiptingu fjármagns milli svæðisskrifstofa WHO.

Fundur framkvæmdastjórnarinnar í janúar sama ár óskaði eftir nánari upplýsingum um grundvallarreglurnar og var þessari umræðu því frestað þar til nú. Framkvæmdastjórnin taldi að drögin sem lágu fyrir væru enn ekki nógu ýtarleg og bað WHO um að halda áfram að ræða við aðildarríki og leggja þetta mál aftur fyrir framkvæmdastjórnina í janúar 2006.

3.7 Aðildarríkjaskrifstofur WHO og áhersla aðildarríkja.

WHO starfrækir skrifstofur í 144 aðildarríkjum og er markmið þeirra að aðstoða WHO að sníða betur aðstoð sína við þarfir aðildarríkjanna. Skrifstofurnar gegna mjög ólíku hlutverki en vegna kröfu aðildarríkja um aukna skilvirkni stofnunarinnar hefur WHO tekist á við það verkefni að útbúa matskerfi sem meta á starfsemi og árangur þessara skrifstofa. Mats-

kerfinu er einnig ætlað að aðstoða WHO við að skipuleggja vinnu aðildarríkjaskrifstofanna svo þær nýtist betur. Matskerfið var nú lagt fram til upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina.

Þar sem samþykkt var ályktun á alþjóðaheilbrigðisþinginu sama ár, um umbætur innan Sameinuðu þjóðanna og hlutverk WHO við að samhæfa starfsemi í aðildarríkjum sínum, óskaði Ísland eftir því að tillögum ályktunarinnar yrði bætt við forgangsverkefni nefnd í skýrslunni sem nú var lögð fram undir þessum lið.

3.8 Næstu fundir framkvæmdastjórnarinnar og alþjóðaheilbrigðisþingið.

Ákveðið var að halda 117. fund framkvæmdastjórnarinnar 23.–28. janúar 2006 og 59. fund alþjóðaheilbrigðisþingsins 22.–27. maí sama ár.

3.9 Innleiðing ályktunar um alþjóðaviðbrögð við útbreiðslu eiturefna, þ.m.t. lífrænna og geislavirkra efna sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna.

Á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2002 var samþykkt ályktun WHA55.16 um þörf á styrkingu heilbrigðiskerfa svo þau gætu betur tekist á við afleiðingar útbreiðslu eiturefna. Farið var yfir þær afleiðingar sem þessi efni gætu valdið og lögð áhersla á hert eftirlit og viðbúnað. Frá því að ályktunin var samþykkt árið 2002 hefur verið stofnuð sérstök upplýsingaskrifstofa í aðalstöðvum WHO um þessi mál. Í skýrslunni sem nú var lögð fram á fundinum um framvindu mála segir m.a. að flest aðildarríki hafi farið yfir viðbragðsáætlanir sínar þegar ógnin um HABL (SARS) faraldurinn kom upp árið 2003 og þar með gert aðildarríki tilbúnari til að bregðast við ógnunum á borð við útbreiðslu smitsjúkdóma svo og útbreiðslu eiturefna.

3.10 Nefnd um hugverkarétt, nýsköpun og lýðheilsu: framvinduskýrsla.

Þessum dagskrárlið var einungis ætlað að vera til upplýsingar. En í febrúar 2004 var stofnuð nefnd um hugverkarétt, nýsköpun og lýðheilsu sem safna átti upplýsingum og tillögum frá hinum ýmsu aðilum og búa til skýrslu um þennan málaflokk, svo og greina fjármögnunarþörf og hvernig hægt væri að hvetja til þróunar nýrra eða endurbættari lyfja og lækningavara við sjúkdómum sem hrjá þróunarlöndin sérstaklega. Áætlað var að leggja skýrslu nefndarinnar fram á 115. fundi framkvæmdastjórnarinnar en vegna flókinna málefna sem nefndin þurfti að skoða betur ákvað 58. alþjóðaheilbrigðisþingið að framlengja frest til skýrsluskila til janúar 2006.

4. Ákvarðanir og ályktanir fundarins.

Á fundinum voru teknar fimm ákvarðanir en engin ályktun samþykkt.

FUNDUR SVÆÐISNEFNDAR WHO Í EVRÓPU Í BÚKAREST 12.–15. SEPTEMBER 2005

1. Inngangur.

55. fundur svæðisnefndar Evrópu var haldinn í Búkarest 12.–15. september 2005. Fundurinn var vel sóttur að venju og sendu öll 52 aðildarríki svæðisskrifstofunnar fulltrúa sína á fundinn. Fulltrúar alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana sóttu einnig fundinn.

Eugen Nicolaescu, heilbrigðisráðherra Rúmeníu, var kjörinn forseti fundarins, dr. Godfried Thiers frá Belgíu og dr. Jens Kristian Gøtrik frá Danmörk varafundarstjórar og dr. Klara Yadgarova frá Úsbekistan skýrslugjafi.

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri, Sigurður Guðmundsson landlæknir, Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra, Ingimar

Einarsson skrifstofustjóri, Vilborg Ingólfsdóttir deildarstjóri, Helgi Már Arthúrsson upplýsingafulltrúi og dr. Ásgeir Haraldsson, faglegur ráðgjafi um málefni barna.

Á fundinum voru samþykktar átta ályktanir en helstu tæknilegu málefnin sem tekin voru fyrir voru: Evrópuáætlun um heilsu og þroska barna og ungmenna, Heilbrigðisáætlanir byggðar á markmiðum WHO um *Heilbrigði fyrir alla,* Rammi fyrir áfengisstefnu á Evrópusvæðinu, Slysatíðni á Evrópusvæðinu, Næstu skref varðandi stuðning Evrópuskrifstofunnar við aðildarríki og 11. aðgerðaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2015.

2. Ræða aðalframkvæmdastjóra WHO.

Aðalframkvæmdastjóri WHO, dr. Lee, hóf ræðu sína á því að tilkynna um ný samtök, Alþjóðasamtök um fjárveitingar fyrir ónæmisaðgerðir (IFFIm), sem stofnuð voru 9. september sama ár með stuðningi nokkurra Evrópuríkja. Hann sagði að stofnun samtakanna markaði tímamót ekki einungis vegna þess að nú munu enn fleiri börn hafa aðgang að bóluefnum heldur sýnir þetta samstöðu ríkja við að vernda heilsu og heilbrigði á alþjóðavísu. Hann sagði enn fremur að það væri mikilvægt fyrir heilbrigðisráðherra að vinna með samstarfsaðilum á öðrum sviðum ef takast ætti að vinna bug á þeim þáttum sem ógna heilsu manna.

Dr. Lee sagði að það hefði komið berlega í ljós fyrr á árinu hversu mikilvægt það væri fyrir stofnunina að vera tilbúna að bregðast við neyðarástandi. Rúmenía hefði til að mynda orðið fyrir flóðum svo og önnur ríki Evrópusvæðisins. Fuglaflensa hefði greinst í Kasakstan og Rússlandi og hefði stofnunin nýlega gefið út leiðbeiningar til að aðstoða lönd við að búa sig undir inflúensufaraldur. Nú þegar miklar líkur væru á faraldri væri mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir smit til manna, að styrkja viðvörunaráætlanir og að gera bestu hugsanlegu viðbúnaðarráðstafanir. Ef upp kæmi faraldur væri nauðsynlegt að hafa auðvelt aðgengi að fjármunum, þjálfuðu heilbrigðisstarfsfólki, lyfjum og bóluefnum gegn inflúensu sem og leiðir til að greina smitaðan fiðurfénað. Þörf væri á alþjóðasamstarfi við að byggja upp veirulyfjabirgðir og þróa bóluefni við faraldri. Fiðurfénaðarbændur sem yrðu fyrir skaða mundu þurfa bæði aðstoð og bætur. Það væri því mikilvægt fyrir ráðamenn á heilbrigðissviði að hafa samráð við ráðamenn á öðrum sviðum til að deila upplýsingum og útbúa viðbragðsáætlun.

Hann sagði því næst að aðgangur allrar heimsbyggðarinnar að meðferðum væri aðalmarkmið stofnunarinnar í baráttu sinni við sjúkdóma. Aukin tíðni sjúkdóma í einu landi væri áhyggjuefna allra landa eins og viðurkennt hefði verið við endurskoðun reglugerðar stofnunarinnar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma sem samþykkt var fyrr á árinu 2005.

Framkvæmdastjórinn sagði að Evrópa væri laus við mænusótt en ný tilfelli greindust enn í Afríku og á Austur-Miðjarðarhafssvæðinu svo mikilvægt væri að viðhalda ónæmisaðgerðum og vera á varðbergi gegn uppteknum smitum. Öruggt og tímanlegt upplýsingaflæði væri mikilvægt til að koma í veg fyrir ný smit en það væri einnig leiðin til að hafa stjórn á berklum en þeir eru valdur að mikilli sjúkdómsbyrði, sérstaklega í löndum Mið-Asíu og Austur-Evrópu.

Að lokum sagði dr. Lee að offita og skyldir króníska sjúkdómar hefðu aukist á Evrópusvæðinu og ofdrykkja væri einnig vaxandi vandamál. Notkun unglinga á áfengi og fíkniefnum leiddi til lífshættulegra athafna, s.s. ölvunaraksturs og óöruggs kynlífs. Fjöldi þeirra sem lifir við alnæmi í Austur-Evrópu hefur aukist, sérstaklega meðal sprautufíkla. Þá hefði Austur-Evrópa hæstu slysatíðni í heimi en önnur ríki Evrópusvæðisins gætu státað af lægstu slysatíðni í heimi og væri hér því grundvöllur fyrir miðlun þekkingar á milli landa. Þekkingarmiðlun væri mikilvæg ekki einungis hvað þetta varðaði heldur væri hún altæk í öllum þáttum sem koma að því að viðhalda heilsu manna.

Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ávarpaði fundinn í tengslum við ræðu forstjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Fjallaði ráðherra meðal annars um heilsufarslegar afleiðingar þeirra náttúruhamfara sem dunið hefðu yfir margar þjóðir síðustu missirin. Hvatti hann aðildarþjóðirnar til að gera viðbúnaðaráætlanir til að geta mætt hugsanlegum afleiðingum náttúruhamfara.

3. Ræða framkvæmdastjóra Evrópuskrifstofu.

Dr. Marc Danzon, framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofunnar, hóf ræðu sína á því að einkenna þrjá leiðarvísa í vinnu skrifstofunnar, þ.e. framkvæmdaáætlunina fyrir 2004–2005 samþykkta af svæðanefndinni, sýn hans á þróun skrifstofunnar og í þriðja lagi framtak skrifstofunnar við að para saman þjónustu við þarfir landa sem væri kjarni starfsemi svæðisskrifstofunnar.

Skrifstofan hefði einbeitt sér að því að aðstoða lönd við að bregðast við neyðarástandi, einnig hefði verið unnið að markmiðum alþjóðlegra áætlana. Skrifstofan hefði einnig unnið að sérstökum verkefnum sniðnum að Evrópusvæðinu og gert stuðning sinn skilvirkari og aukið samstarf við aðrar stofnanir og félög.

Dr. Danzon sagði að hægt væri að skipta starfsemi Evrópuskrifstofunnar á liðnu ári í fimm svið. Í fyrsta lagi hefði skrifstofan í samstarfi við Evrópusambandið brugðist við flóðbylgjunni í Asíu og aðstoðað lönd á Evrópusvæðinu að bregðast við náttúruhamförum, svo sem flóðum, eldum og jarðskjálftum. Evrópuskrifstofan ynni einnig með höfuðstöðvum WHO svo og öðrum svæðisskrifstofum við að undirbúa viðbrögð við hugsanlegum inflúensufaraldri.

Í öðru lagi starfaði Evrópuskrifstofan með sameiginlegri áætlun Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS) við að ná því markmiði að 100 þúsund fleiri alnæmissjúklingar á Evrópusvæðinu fái aðgang að meðferð fyrir árs lok 2005 en höfðu aðgang árið 2003 þegar átakið hófst. Einnig hefur skrifstofan unnið að því að allir hafi jafnan aðgang að meðferð. Skrifstofan hefur aðstoðað lönd við að sækja um styrki til Heimssjóðsins gegn alnæmi, berklum og malaríu og við að lækka lyfjakostnað og styrkja heilbrigðiskerfi landa. Skrifstofan hefði einnig aðstoðað við innleiðingu á tóbaksvarnasamningi stofnunarinnar og lagt sitt af mörkum við endurskoðun á reglugerðum stofnunarinnar um viðbrögð við sjúkdómum fyrr á árinu og aðstoðað við markmiðssetningu hvað varðar þúsaldarmarkmið SÞ.

Í þriðja lagi hefði svæðisskrifstofan haldið árangursríka ráðherraráðstefnu um geðheilbrigðismál, fylgt eftir tilmælum ráðstefnunnar um umhverfi og heilsu frá árinu 2004 og gert ráðherrum grein fyrir ástandi berkla í álfunni. Skrifstofan væri að búa sig undir að halda í fyrsta sinn svokallaða bólusetningarviku í október 2005 svo og að undirbúa ráðstefnu um offitu í nóvember sama ár.

Í fjórða lagi sagði dr. Danzon að skrifstofan hefði þjálfað 245 vettvangsstarfsmenn. Stofnuð hefði verið ný tegund landaskrifstofu í Þýskalandi. Hann óskaði eftir 1 milljón bandaríkjadala til að aðstoða fólk í Kosovo við að flytja frá búðum sem mengaðar væru af blýi.

Í fimmta lagi sagði hann að skrifstofan hefði eflt samstarf sitt við Alþjóðabankann, Evrópusambandið, aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna, einkum Barnahjálp SÞ (UNICEF), og við þróunarstofnanir í aðildarríkjum og þá sérstaklega á Norðurlöndunum, Þýskalandi og Bretlandi. Evrópuskrifstofan hygðist styrkja samstarf sitt við aðalstöðvar WHO svo og aðrar svæðisskrifstofur. Að lokum sagði hann að skipuð hefði verið nefnd sem mundi leggja fram tillögur að framtíðaráformum Evrópuskrifstofunnar.

4. Ályktanir og helstu málefni tekin fyrir á fundinum.

4.1 Ályktanir og ákvarðanir teknar á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2005.

Minnst var á að þótt allar 34 ályktanir og 11 ákvarðanir alþjóðaheilbrigðisþingsins væru mikilvægar setti aukinn fjöldi þeirra svo og sérhæfing mikla ábyrgð á stofnunina svo og aðildarríki. Finna þyrfti leið til að leggja meiri áherslu á forgangsverkefni stofnunarinnar til að tryggja framgang þeirra. Tvær ályktanir þingsins mörkuðu tímamót í sögu stofnunarinnar og var önnur þeirra samþykkt endurskoðun reglugerðar stofnunarinnar um viðbrögð við sjúkdómum þar sem pólitískur ágreiningur hefði að lokum þurft að lúta í lægra haldi fyrir heilbrigðissjónarmiðum. Seinni ályktunin varðaði fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2007 þar sem ákveðið var að auka föst framlög aðildarríkjanna um 4% eftir 10 ára tímabil án hækkana.

4.2 Evrópuáætlun um heilsu og þroska barna og ungmenna, þ.m.t. efling ónæmisaðgerða með það að markmiði að útrýma mislingum og rauðum hundum og koma í veg fyrir smit rauðra hunda á meðgöngu á Evrópusvæðinu.

Evrópuáætlun um heilsu og þroska barna og ungmenna var fyrst kynnt á fundi svæðisnefndarinnar árið 2003. Mikill munur er á stöðu mála eftir aðildarríkjum í Evrópu og má í því samhengi nefna að munur á barna- og ungbarnadauða getur verið tífaldur milli landa. Munur á milli landa virðist vera að aukast og var minnst á að ekkert Evrópuríki gæti tryggt að öll börn hefðu jafnan rétt til heilsu. Markmið áætlunarinnar er að minnka tíðni sjúkdóma og dauðsfalla og tryggja börnum og unglingum sem besta heilsu og aðstæður til að þroskast og dafna. Engin ein leið er talin henta öllum aðildarríkjunum og innihélt áætlunin mismunandi leiðir og upplýsingar fyrir framkvæmd og mat. Áætlunin inniheldur að auki sjö forgangsverkefni og eru þau: i) smitsjúkdómar, en þar er sérstök áhersla lögð á alnæmi og bólusetningar og ónæmisaðgerðir, ii) næring og er áhersla þar á vannæringu og offitu, iii) ofbeldi og áverkar, iv) geðheilsa, v) heilsa mæðra og nýbura, vi) heilsa ungmenna, og að lokum vii) áhrif umhverfisþátta á heilsu.

Í skýrslunni kemur fram að síðustu sex árin hafa flest ný tilfelli alnæmissmita innan Evrópu verið í henni austanverðri og eru um 80% þeirra sem hafa smitast undir 30 ára aldri. Því næst var tekin fyrir næring og talað um hinn hljóðláta offitufaraldur sem hefði gengið um álfuna en mikill munur væri á milli Evrópulandanna og í sumum þeirra væru allt að 30% barna vannærð. Tíðni ofbeldis og áverka á börnum er einnig mjög mismunandi eftir löndum álfunnar. Áætlað er að útrýma mislingum og rauðum hundum í Evrópu fyrir árið 2010. Talið er að 4% barna á aldrinum 12–17 ára eigi við þunglyndi að stríða og 9% þeirra sem eru 19 ára og eru sjálfsmorð þriðji algengasti dánarvaldurinn meðal ungs fólks.

4.3 Heilbrigðisáætlanir byggðar á markmiðum WHO um Heilbrigði fyrir alla: uppfærsla árið 2005.

Heilbrigðisáætlanir byggðar á markmiðum WHO um *Heilbrigði fyrir alla* voru eitt af meginumræðuefnum á fundi svæðisskrifstofunnar. Mikill meiri hluti aðildarþjóða hefur gert heilbrigðisáætlanir til lengri tíma sem endurskoðaðar eru með reglulegu millibili. Áætlanirnar byggjast á mælanlegum markmiðum sem bæta eiga almennt heilsufar þjóðanna. Fastanefnd svæðisskrifstofunnar óskaði eftir því á sínum tíma að ekki yrði gerð ný áætlun um *Heilbrigði fyrir alla* heldur yrði sú sem fyrir væri uppfærð. Uppfærslan er í fjórum hlutum. Sá fyrsti er byggður á rannsókn á heilbrigðiskerfum og áætlunum aðildarríkjanna sem sýna að áætlunin *Heilbrigði fyrir alla* hefur haft áhrif á heilbrigðisáætlanir margra aðildarríkja og að gildi hennar væri viðurkennt af þeim flestum. Annar hlutinn leggur áherslu á þrjú

atriði, sanngirni, samstöðu og þátttöku. Þriðji hlutinn mælir með úrlausnum fyrir þá sem móta stefnu í heilbrigðismálum og sá fjórði inniheldur spurningar sem þeir sem móta stefnu í heilbrigðismálum geta notað til að tryggja að innihald og innleiðing reglnanna sé í samræmi við ríkjandi gildi.

Jón Kristjánsson lagði áherslu í ræðu sinni á að brýnt væri að halda fast við heilbrigðisáætlanir Evrópuþjóðanna í Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem byggjast á stefnu samtakanna um *Heilbrigði fyrir alla*. Stefnan hefði nýst vel á Íslandi við að bæta heilbrigðisáætlun landsins og gagnlegt yrði að fá yfirlit frá skrifstofunni um það hvernig aðildarríkjum hefði tekist að ná markmiðum stefnunnar um *Heilbrigði fyrir alla*. Enn fremur sagði hann að taka þyrfti mark á stefnunni í aðgerðaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2015.

4.4 Rammi fyrir áfengisstefnu á Evrópusvæðinu.

Áfengisneysla er hvergi meiri en í Evrópu, eða tvisvar sinnum meiri en meðaltalsneyslan í heiminum mælt í neyslu á mann. Evrópuskrifstofan leitaði samþykkis aðildarríkja sinna fyrir áætlun sem miðar að því að styrkja reglur um áfengi í álfunni og auka tengsl milli áætlana Evrópuskrifstofunnar og áætlana í aðildarríkjum. Áætlunin var samþykkt á fundinum.

Norðurlöndin hvöttu til enn frekari vinnu Evrópuskrifstofunnar að áfengismálum því þörf væri á auknum stuðningi Evrópuskrifstofunnar svo og höfuðstöðva stofnunarinnar ef takast ætti að ná þeim markmiðum sem fram komu í ályktun alþjóðaheilbrigðisþingsins um áfengi sem var samþykkt fyrr á árinu. Fulltrúar Norðurlandanna hvöttu einnig aðildarþjóðir WHO til að viðurkenna hvarvetna að áfengi væri ekki eins og hver önnur neysluvara heldur vara sem gæti haft alvarlegar heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar.

Ísland sagði að munur væri milli landa hvernig litið væri á áfengisneyslu. Þrátt fyrir ólík viðhorf væri ekki hægt að líta fram hjá sjúkdómsbyrðinni sem hlýst af áfengisneyslu. Neysla áfengis í Evrópu væri tvöfalt meiri en í öðrum heimshlutum og því mikilvægt fyrir Evrópu að taka þetta málefni upp. Samþykkt hafði verið ályktun sem Norðurlöndin stóðu fyrir á alþjóðaheilbrigðisþingi WHO fyrr á árinu um heilsuvanda af völdum skaðlegrar notkunar áfengis. Þessi ályktun, starf Evrópuskrifstofunnar síðustu árin, áhugi Evrópusambandsins svo og Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu málefni hefði greitt leiðina fyrir framkvæmd á þessu sviði. Að lokum sagðist Ísland styðja ályktunina sem fyrir lá.

4.5 Slysatíðni á Evrópusvæðinu.

Slys valda á ári hverju um 800 þúsund dauðsföllum í álfunni og teljast til um 8,3% allra dauðsfalla í álfunni. Dauðsföllin eru aðeins yfirborðið á þeim skaða sem slys valda og er t.d. talið að á ári hverju séu innlagnir á bráðamóttökur um 240 milljónir vegna slysa í álfunni. Slysatíðni er mismunandi milli svæða Evrópu þar sem hætta á dauðsfalli af völdum slysa er allt að átta sinnum meiri í austanverðri Evrópu en í henni vestanverðri. Kostnaður samfélagsins af völdum slysa er gríðarlegur og er talið að umferðarslys ein kosti hverja þjóða að meðaltali 2% af vergri þjóðarframleiðslu. Talið er að hægt sé að koma í veg fyrir tvö af hverjum þremur dauðsföllum af völdum slysa með inngripum yfirvalda og að fyrir hverja evru sem lögð er í barnastóla sparist samfélaginu 32 evrur og hver evra sem lögð er í brunavara spari samfélaginu 69 evrur. Lögð var áhersla á að slysavarnir ættu að vera hornsteinn í starfi heilbrigðiskerfa en stofna þyrfti til samstarfs við aðra geira samfélagsins.

Á Íslandi, eins og í mörgum öðrum Vestur-Evrópuríkjum, hefði slysatíðni lækkað síðustu árin. Tíðni mótorhjólaslysa á Íslandi hefði til að mynda lækkað um 40% á síðustu 25 árum og slysatíðni barna á heimilum og í tómstundum lækkað um 50% síðustu 10 árin. Ísland hefði nú þegar sett upp eftirlitskerfi með slysum eins og kveðið var á um í ályktuninni sem nú var

lögð fram af Evrópuskrifstofunni. Síðustu þrjú árin hefði slysaskráin á Íslandi verið rekin sem miðlægur gagnabanki og sagðist Ísland vera tilbúið að veita áhugasömum nánari upplýsingar um skrána.

4.6 Næstu skref varðandi stuðning Evrópuskrifstofunnar við aðildarríki: styrking heilbrigðiskerfa.

Sérstök ályktun var samþykkt árið 2000 sem kvað á um að stuðningur Evrópuskrifstofunnar við aðildarríki yrði endurskoðaður og endurskipulagður. Mikill hluti undirbúningsvinnunnar hefði farið í að útbúa mælitæki til að mæla hvernig stuðningurinn hefur skilað sér í hverju aðildarríki fyrir sig en þeirri vinnu er hvergi nærri lokið. Í þetta sinn var tekið fyrir hvernig styrkja mætti heilbrigðiskerfi aðildarríkjanna. Talað var um það að skilvirkari heilbrigðiskerfi gætu bjargað mörgum mannslífum. Margir líta á Evrópu sem ríka heimsálfu en þrátt fyrir það er þetta eina heimsálfan sem hefur lækkandi lífslíkur en hins vegar hefur ungbarnadauði minnkað í álfunni. Tækniframfarir hafa sýnt lækkun dánartíðni af völdum sumra sjúkdóma sem sannar mikilvægi skilvirks heilbrigðiskerfis. Núorðið er það viðurkennt að fátækt er ekki eini þátturinn sem hefur áhrif á heilsu manna heldur einnig til að mynda efnahagsþróun, lýðræði, samfélagsleg gildi og skilvirkni heilbrigðiskerfa. Minnst var á að ekki vantaði þekkingu á hinum ýmsu sjúkdómum heldur væri um kerfisbundin vandamál að ræða þar sem aukna samvinnu þyrfti til að nýta þekkingu sem skyldi.

Norðurlöndin lögðu áherslu á mikilvægi heilsueflingar og það að koma í veg fyrir sjúkdóma svo og áherslu á mikilvægi heilsugæslunnar til að styrkja heilbrigðiskerfi aðildarríkjanna. Málefni heilbrigðisstarfsfólks væri einnig mjög mikilvægt þegar litið væri á öryggi sjúklinga og ætti við öll aðildarríkin. Mörg flókin atriði hefðu áhrif á stöðu og ástand heilbrigðiskerfa og væru mörg þessara atriða fyrir utan svið heilbrigðisráðherra. Aukið samstarf mismunandi geira samfélagsins væri því nauðsynlegt.

4.7 Ellefta aðgerðaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2006–2015.

Undirbúningur að gerð áætlunarinnar hófst í maí 2004. Víðtækt samráð var haft við gerð áætlunarinnar og lýkur því með fullútfærðri áætlun sem kynnt verður framkvæmdastjórninni í janúar 2006 og alþjóðaheilbrigðisþinginu sama ár. Markmið áætlunarinnar er að leiðbeina aðildarríkjum, WHO og öðrum sem koma að heilbrigðismálum að greina forgangsverkefni og finna úrræði við áskorunum og vekja athygli á leiðum til samstarfs. Mörg Evrópuríki töldu að þörf væri á frekara samráði við aðildarríkin áður en áætlunin yrði endanlega kynnt fyrir framkvæmdastjórninni í janúar 2006.

4.8 Málefni rædd á fyrri fundum svæðisnefndarinnar.

Eitt af þeim málefnum sem rædd voru undir þessum lið var ráðherraráðstefna heilbrigðisráðherra í aðildarríkjum Evrópudeildar WHO um geðheilbrigðismál sem haldin var Helsinki í janúar 2005. Minnst var á að áskorun næstu fimm ára væri að bæta geðheilsu og andlega vellíðan meðal einstaklinga, fjölskyldna, samfélaga og þjóða. Á fundinum var samþykkt yfirlýsing um geðheilbrigðismál og var þar lögð áhersla á fimm forgangsverkefni: i) að stuðla að skilningi á mikilvægi góðrar geðheilsu, ii) að takast sameiginlega á við fordóma, mismunun og ójafnræði, og hvetja og styðja fólk með geðraskanir sem og fjölskyldur þess til að taka virkan þátt í því starfi, iii) að móta og innleiða samþætt og skilvirkt heildarkerfi í geðheilbrigðismálum sem nær til kynningarstarfs, forvarna, meðferðar og endurhæfingar, umönnunar og bata, iv) að mæta þörfinni á hæfu starfsfólki sem sé skilvirkt á öllum sviðum og v) að viðurkenna að við skipulagningu og þróun geðheilbrigðisþjónustu sé mikilvægt að

byggja á reynslu og þekkingu þjónustuþega og umönnunaraðila. Aðildarríki ásettu sér að auki að ná vissum markmiðum fyrir árið 2010 og munu þá gera WHO grein fyrir framvindu mála við innleiðingu yfirlýsingarinnar í aðildarríkjunum.

Aðildarríki voru á fundinum nú sammála því að ráðherraráðstefnan hefði einungis verið fyrsta skrefið í átt að eflingu geðheilbrigðismála og komið hefði berlega í ljós að innleiða þyrfti heildarstefnu um geðheilbrigðismál á sviði heilbrigðismála.

5. Ályktanir fundarins.

Á fundinum voru samþykktar eins og fyrr greinir átta ályktanir, sbr. fylgiskjal III.

Fylgiskjal I.

Ályktanir 115. framkvæmdastjórnarfundarins.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB115.R1	Tilnefning framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Afríku	AFR/RC54/R1	Dr. Luis Gomes Sambo var kosinn framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Afríku til næstu 5 ára frá og með 1. febrúar 2005.
EB115.R2	Dr. Ebrahim M. Samba tjáðar þakkir		Dr. Ebrahim M. Samba, fráfarandi framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Afríku, þakkað fyrir 10 ára starf.
EB115.R3	Tilnefning framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu Evrópu	EUR/RC54/R2	Dr. Marc Danzon var endurkjörinn framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu Evrópu til næstu 5 ára frá og með 1. febrúar 2005.
EB115.R4	Alþjóðleg samheiti lyfja: endurskoðaðar reglur	EB115/11	Framkvæmdastjórnin samþykkti endurskoðaðar reglur um alþjóðleg samheiti lyfja.
EB115.R5	Heilsuvandi af völdum skaðlegrar notkunar áfengis	EB115/37, EB115/37 Corr.1., WHA32.40, WHA36.12, WHA42.30, Wha55.10, WHA57.10, WHA57.16.	WHO hvött til: – að styrkja getu sína til að aðstoða aðildarríki við að fylgjast með skaða af völdum áfengisneyslu. – að stuðla að auknu alþjóðasamstarfi og bjóða fram aðstoð við að draga úr heilbrigðisvandamálum af völdum skaðlegrar notkunar áfengis. – að útbúa leiðbeiningar um skilvirka stefnu og aðferðir til að minnka skaða af völdum áfengisneyslu. – að styrkja alþjóðleg og svæðisbundin upplýsingakerfi með því að safna saman og greina upplýsingar um áfengisneyslu, s.s. félagsleg og heilsuspillandi áhrif hennar, og veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að hvetja til og styðja við greiningu og meðferð við áfengissýki innan heilbrigðisgeirans og auka getu heilbrigðisstarfsfólks til að takast á við vandamál sjúklinga sinna sem rekja má til skaðlegrar notkunar áfengis. – að vinna með aðildarríkjum, stofnunum, heilbrigðis-starfsfólki, frjálsum félagasamtökum og öðrum sem að málinu koma við að hvetja til innleiðingar skil-virkra áætlana til að minnka skaðlega áfengisneyslu. – að standa fyrir samráði við aðila frá áfengisiðnaðinum, landbúnaðinum og dreifingarfyrirtækjum með það að leiðarljósi að minnka áhrif skaðlegrar notkunar áfengis á heilsu. – að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóða-heilbrigðisþinginu árið 2007.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			Aðildarríki hvött til: – að útbúa, innleiða og meta áætlanir sem miða að því að draga úr neikvæðum afleiðingum skaðlegrar notkunar áfengis á heilsu. – að efla samstarf við hina ýmsu aðila til að minnka skaðlega notkun áfengis. – að styðja WHO í þessari vinnu, þ.m.t. með frjálsum framlögum.
EB115.R6	Þol gegn sýklalyfjum: ógn við alþjóðaöryggi	EB115/40, WHA39.27, WHA47.13, WHA51.17, WHA54.14.	WHO hvött til: – að styrkja forustuhlutverk sitt við að fyrirbyggja sýklalyfjaþol. – að flýta innleiðingu ályktana WHA51.17 og WHA54.14. – að styðja við aðrar áætlanir sem ýta undir skynsamlega notkun sýklalyfja. – að tryggja að upplýsingum og reynslu sé deilt um árangursríkustu leiðir til að tryggja skynsamlega notkun sýklalyfja. – að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2007 og svo reglulega eftir það. Aðildarríki hvött til: – að innleiða áætlunina um fyrirbyggingu sýklalyfjaþols. – að styrkja löggjöf sína varðandi aðgengi að lyfjum, sérstaklega að sýklalyfjum. – að verja fjármunum og starfsfólki við að fyrirbyggja og draga úr þoli gegn sýklalyfjum. – að fylgjast reglulega með notkun sýklalyfja og umfangi sýklalyfjaþols. – að deila þekkingu og reynslu varðandi bestu starfsvenjur um hvernig hægt er að ýta undir skynsamlega notkun sýklalyfja.
EB115.R7	Styrking virkrar og heilbrigðrar öldrunar	EB115/29, WHA52.7, UNGA58/234, UNGA59/150	WHO hvött til: – að vinna með aðildarríkjum, frjálsum félagasamtökum og einkageiranum við að auka vitund um þær áskoranir sem mæta samfélögum með hækkandi lífaldur, s.s. heilbrigðis- og félagslegar þarfir aldraðra, svo og auka vitund um framlag aldraðra til samfélagsins. – að aðstoða aðildarríki við að standa við skuldbindingar sínar varðandi markmið og niðurstöður funda og ráðstefna SÞ, sérstaklega hvað varðar Annað alþjóðaþingið um öldrun, sem við koma heilbrigðis- og félagslegum þörfum aldraðra. – að leggja áfram áherslu, þar sem við á, á heilsugæslu sem kemur á móts við þarfir aldraðra, þ.m.t. aðstoð við að halda mikilvægri stöðu sinni innan fjölskyldunnar, í atvinnulífinu og félagslega svo lengi og hægt er. – að styðja við aðildarríki við að stuðla að rannsóknum, auka getu til heilsueflingar og koma í veg fyrir sjúkdóma, við að veita samþætta umönnun og aðstoð við aðstandendur. – að auka aðgengi aldraðra að upplýsingu, heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu, með það sérstaklega í huga að koma í veg fyrir alnæmissmit, og að aðstoða aldraða við að hugsa um alnæmissjúka fjölskyldumeðlimi eða munaðarlaus barnabörn sín.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að aðstoða aðildarríki sem þess óska að safna, nota og viðhalda upplýsingum um heilbrigðisástand svo og áhrifavalda á heilsu eftir kyni og aldri almennings sem gagnast við gerð gagnreyndra heilbrigðisáætlana fyrir aldraða. – að styrkja getu WHO til að innleiða málefni aldraðra í vinnu stofnunarinnar og að aðstoða svæðisskrifstofur stofnunarinnar að innleiða svæðaáætlanir SÞ um virka og heilbrigða öldrun. – að vinna í samstarfi við aðrar stofnanir SÞ. – að leggja fram skýrslu fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið árið 2007 um stöðu mála. Aðildarríki hvött til: – að þróa, innleiða og meta stefnu og áætlanir sem stuðla að virkri öldrun og sem bestri heilsu og velferð eldri borgara. – að líta á stöðu aldraðra sem hluta af því markmiði að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og að veita pólitískan stuðning og fjármuni fyrir þennan málaflokk. – að stuðla að því að virt séu jafnréttissjónarmið í heilbrigðisstefnu og áætlunum. – að veita hlutverki eldri borgara sérstaka athygli, sérstaklega kvenna, sem umönnunaraðila í fjölskyldum eða samfélögum, sérstaklega í samfélögum með háa tíðni alnæmissjúkra. – að íhuga innleiðingu laga eða reglugerða sem miða að því að útrýma ofbeldi á öldruðum. – að safna upplýsingum um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. – að stuðla að menntun og starfshvetjandi umhverfi, með sérstakri áherslu á aðstæður í þróunarlöndunum, til að tryggja nægt heilbrigðisstarfsfólk til að annast aldraða. – að styðja við innleiðingu alþjóðaáætlunar um öldrun sem samþykkt var í Madríd árið 2002 svo og aðrar svæðisáætlanir tengdar heilbrigði og öldrun. – að útbúa framvinduskýrslu um stöðu aldraðra og um áætlanir um heilbrigði og öldrun við gerð landaskýrslna. – að styðja sjónarmið WHO um virka og heilbrigða öldrun í gegnum nýtt samstarf við stofnanir, frjáls félagasamtök, einkageirann og sjálfboðaliðastofnanir.
EB115.R8	Aðferð við útreikninga á framlögum aðildarríkja fyrir tímabilið 2006–2007	EB115/17	Viðurkennd var nýjasta aðferð Sameinuðu þjóðanna við útreikning á framlögum.
EB115.R9	Breytingar á fjármálareglum stofnunarinnar	EB115/43	Alþjóðaheilbrigðisþingið hvatt til: – að samþykkja breytingar á fjármálareglum stofnunarinnar eins og fram kemur í viðauka 1 í skýrslunni frá og með 1. janúar 2006. – að leyfa við enda tímabilsins 2006–2007 að öllum óinnleystum skuldbindingum frá tímabilinu 2004–2005 verði sagt upp eða þær lagðar saman við aðra innkomu stofnunarinnar. – að staðfesta skv. fjármálareglu 16.3 þær breytingar sem koma fram í viðauka 2 í skýrslunni ef breytingarnar í viðauka 1 eru samþykktar frá og með 1. janúar 2006.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
EB115.R10	Samvinna við frjáls félagasamtök	EB115/22	Framkvæmdastjórnin ákvað að staðfesta samvinnu við fjögur samtök, gerði hlé á samvinnu við ein samtök og sleit samvinnu við sex samtök.
EB115.R11	Viðbúnaður við hamförum og hamfarirnar við Indlandshaf.	EB115/6	WHO hvött til: – að auka stuðning sinn við lönd sem urðu fyrir flóðbylgjunni á Indlandshafi. – að veita fjölmiðlum skjótar og nákvæmar upplýsingar um neyðarástand til að koma í veg fyrir misskilning. – að starfa í samstarfi við aðrar stofnanir að hjálparstarfi. – að koma að heilsuþættinum í áætlunum sem miða að því að styðja við einstaklinga sem urðu fyrir flóðbylgjunni. – að vinna að viðbrögðum við neyðarástandi. – að auka getu WHO til að veita aðstoð undir hatti SÞ við neyðarástandi. – að hafa boðskiptaleiðir skýrar innan WHO svo hægt sé að bregðast fljótt og skilvirklega við neyðarástandi. – að finna sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar sem auðvelt er að nálgast ef neyðarástand skapast. – að starfa í samstarfi við *Samtök um alþjóðaáætlun til að hindra hamfarir* og þar með leggja áherslu á heilbrigðistengdar áskoranir við innleiðingu niðurstöðu alþjóðaráðstefnunnar um neyðarástand sem haldin var í Kobe, Hyogo í Japan í janúar 2005. – að tryggja að WHO aðstoði við viðbúnað, viðbragð og uppbyggingu. – að styrkja núverandi birgða- og flutningsþjónustu innan WHO í samstarfi við aðrar hjálparstofnanir til að aðildarríki geti fengið skjóta aðstoð þegar þau verða fyrir neyðarástandi. Aðildarríki hvött til: – að veita löndum sem urðu fyrir flóðbylgjunni aðstoð. – að taka þátt í gerð alþjóðlegra undirbúningsáætlana til að bregðast við neyðarástandi. – að útbúa viðbúnaðaráætlun í heimalandi. – að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að kennslu um viðbúnað. – að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu þegar neyðarástand skapast. – að styðja WHO við að finna fjármuni í fjárhagsáætlun sinni við neyðarástandi. – að hlú að starfsfólki sem veitt getur aðstoð við neyðarástandi.
EB115.R12	Fæða kornabarna og ungra barna	EB115/7, WHA34.22, WHA39.28, WHA41.11, WHA46.7, WHA47.5, WHA49.15, WHA54.2, WHA55.25, WHA56.23, WHA57.17.	WHO hvött til: – að vinna með Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) við gerð leiðbeininga fyrir umönnunaraðila um rétta meðhöndlun þurrmjólkur með sérstakar þarfir aðildarríkjanna í huga. – að hvetja til óháðrar rannsóknar og söfnunar upplýsinga til að fá betri skilning á vistfræði, flokkunarfræði, meinvirkni og annarra einkenna e. sakazakii, í samræmi við tilmæli sérfræðifundar FAO/WHO um e. sakazakii, og að kanna hvernig hægt sé að lækka magn örveranna í þurrmjólk. – að veita upplýsingar um vinnu fæðustaðlanefndarinnar.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að gera alþjóðaheilbrigðisþinginu reglulega grein fyrir þeim málum sem fæðustaðlanefndin tekur fyrir.
			Aðildarríki hvött til: – að halda áfram að styðja og hvetja til þess að börn fái eingöngu brjóstamjólk fyrstu 6 mánuði lífsins og að brjóstagjöfinni sé svo haldið áfram allt til 2 ára aldurs eða lengur. – að tryggja að næringar- eða heilsuauglýsingar séu ekki leyfðar á matvælapakkningum fyrir kornabörn eða ung börn nema þar sem löggjöf fæðustaðla-nefndarinnar eða landslög mæla svo fyrir. – að tryggja að umönnunaraðilar þeirra barna sem ekki fá brjóstamjólk fái upplýsingar og þjálfun í því hvernig blanda skuli þurrmjólkina, séu upplýstir um að þurrmjólkin geti innihaldið sjúkdómsvaldandi örverur og að þessar upplýsingar verði settar á pakkningar þar sem við á. – að tryggja að fjárstuðningur við sérfræðinga sem koma að heilsu kornabarna og ungra barna leiði ekki til hagsmunaárekstra. – að tryggja að rannsóknir á þessu sviði séu alltaf skoðaðar af óháðum aðilum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. – að vinna í samvinnu við viðkomandi aðila við að minnka líkurnar á sjúkdómsvaldandi örverum í þurr-mjólk, þ.m.t. Enterobacter sakazakii. – að tryggja áfram að framleiðendur þurrmjólkur fari eftir stöðlum og reglum fæðustaðlanefndarinnar og þeim stöðlum og reglum sem ríkja í hverju að-ildarríki. – að tryggja samstíga reglur í aðildarríkjum með því að stuðla að samstarfi heilbrigðisyfirvalda og matvælaeftirlits. – að taka virkan þátt í starfi fæðustaðlanefndarinnar. – að tryggja að allar stofnanir innan lands sem koma að því að mynda afstöðu til lýðheilsumála hafi þekkingu og skilning á heilbrigðisreglum samþykktum af alþjóðaheilbrigðisþingi WHO.
EB115.R13	Sjálfbær fjármögnun heilbrigðiskerfa, jafnt aðgengi og heilbrigðistryggingar	EB115/8.	WHO hvött til: – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að veita aðildarríkjum upplýsingar um hugsanleg áhrif utanaðkomandi fjármagns á stöðuleika hagkerfa þjóða. – að útbúa sjálfbærar og áframhaldandi leiðir til að deila reynslu af mismunandi heilbrigðistryggingakerfum. – að veita tækniaðstoð við að greina upplýsingar og leiðir til að mæla og greina kosti mismunandi leiða til fjáröflunar heilbrigðiskerfa. – að styðja við aðildarríki við að meta áhrif breyttrar fjármögnunar heilbrigðiskerfa við innleiðingu alhliða heilbrigðistryggingakerfis.
			Aðildarríki hvött til: – að tryggja að fjármögnun heilbrigðiskerfa feli í sér fyrirframgreiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að deila ábyrgð með samfélagsþegnum og að komið sé í veg fyrir gríðarleg útgjöld einstaklinga sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. – að tryggja nægan og jafnan aðgang að heilbrigðis-þjónustu og heilbrigðisstarfsfólki.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að tryggja að utanaðkomandi fjármunir séu meðhöndlaðir þannig að þeir aðstoði við þróun sjálfbærrar fjármögnunartilhögunar fyrir allt heilbrigðiskerfið. – að stuðla að því að allir þegnar njóti heilbrigðisþjónustu. – að hvert og eitt land þarf að huga að sínum sértæku aðstæðum þegar kemur að því að breyta heilbrigðisþjónustunni þannig að allir þegnar hafi aðgang að henni. – að nýta sér tækifæri til samvinnu. – að deila reynslu sinni af mismunandi leiðum til fjármögunar heilbrigðiskerfa.
EB115.R14	Malaría	EB115/10, UNGA59/256, UNGA55/284.	WHO hvött til: – að styrkja og auka við starf WHO við að aðstoða aðildarríki til að nota að fullu og á hagkvæman hátt það fjármagn varið hefur verið í átakið. – að vinna með löndum þar sem malaría er landlæg. – að vinna með aðilum og stofnunum sem koma að átakinu til að tryggja nægt magn moskítóneta og lyfja. – að veita aðildarríkjum gagnreynd ráð um hvernig nota eigi skordýrsúða innanhúss. – að styrkja samvinnu við samstarfsaðila iðnaðarins og innan menntastofnana við að þróa ódýr hágæða úrræði fyrir malaríumeðferð, þ.m.t. greiningartæki, bóluefni, lyf og dreifingarkerfi til að koma þessum úrræðum til þeirra sem þurfa. – að styðja við samstarf aðildarríkjanna. – að hvetja til alhliða samstarfs til að tryggja að fjármunum sem varið á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.
			Aðildarríki hvött til: – að útbúa stefnu og framkvæmdaáætlanir til að tryggja að 80% þeirra sem stafar hætta af malaríu eða eru smitaðir njóti fyrirbyggjandi eða læknandi meðferða fyrir árið 2010 svo tryggt verði að sjúkdómsbyrði minnki um a.m.k. 50% fyrir árið 2010 og 75% fyrir árið 2015. – að meta og bregðast við þörf fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að hægt verði að ná markmiðum Abuja-yfirlýsingarinnar um að fækka malaríutilfellum í Afríku og þúsaldarmarkmiðum SÞ. – að veita átakinu frekari fjárstuðning. – að tryggja meðferð við malaríu þar sem sjúkdómurinn er landlægur. – að auka fyrirbyggingu. – að styðja við notkun skordýrsúða innanhúss. – að stuðla að og styrkja samvinnu aðildarríkja við að koma í veg fyrir smit milli landa. – að hvetja til samstarfs milli áætlana innan lands sem og einkageirans og menntastofnana. – að stuðla að auknu aðgengi að meðferð. – að styðja við þróun nýrra lyfja gegn malaríu. – að styðja samstarf til að bæta eftirlit og mat á átakinu gegn malaríu og hvaða áhrif það hefur á tíðni malaríusmita.
EB115.R15	Öruggar blóðgjafir: tillaga að stofnun alþjóðlegs blóðgjafadags	EB115/9, WHA28.72	WHO hvött til: – að vinna með öðrum stofnunum SÞ og öðrum stofnunum og samtökum við að auglýsa daginn.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að styðja aðildarríki við skimun blóðs fyrir smitsjúkdómum og við að tryggja öruggar blóðgjafir.
			Aðildarríki hvött til: – að auglýsa og styðja við að haldið sé árlega upp á þennan dag. – að stofna eða styrkja leiðir til að finna og halda í sjálfboðaliða sem gefa blóð. – að innleiða löggjöf, þar sem við á, sem miðar að því að leggja niður greiðslur fyrir blóðgjafir. – að veita nægu fjármagni til hátækni blóðgjafabanka. – að stuðla að samstarfi við að hvetja til blóðgjafa. – að tryggja viðeigandi notkun blóðs til að tryggja að ekki verði skortur á birgðum. – að styðja innleiðingu vel skipulagðra áætlana um blóðgjafir. – að innleiða gæðakerfi við áætlanagerð um blóðgjafir og birgðir. – að deila upplýsingum um tæknilegan, efnahagslega og félagslegan grundvöll fyrir áætlunum um blóðgjafir. – að styrkja samstarf.
EB115.R16	Styrking viðbragða og viðbúnaðar við inflúensufaraldri	EB115/44, WHA22.47, WHA48.13, WHA56.19, WHA56.28	WHO hvött til: – að halda áfram að styrkja alþjóðlegt eftirlit með inflúensu. – að leita leiða við að auka birgðir af inflúensubóluefnum og veirulyfjum, þ.m.t. mótefni. – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og þjálfun við að þróa áætlanir um heilsueflingu sem viðbúnað við eða á meðan að á inflúensufaraldri stendur. – að stofna og skipuleggja, í samvinnu við ríkisstofnanir og einkageirann, alþjóðlega rannsóknaráætlun á inflúensufaröldrum. – að athuga hversu hagkvæmt það er að nota varabirgðir veirulyfja til að hafa stjórn á frumstigi inflúensufaraldurs og til að koma í veg fyrir útbreiðslu á alþjóðavísu og þar sem við á að þróa áætlun fyrir nýtingu þeirra. – að meta hugsanlega kosti varnarráðstafana, s.s. notkun andlitsmaska/gríma. – að halda áfram að þróa WHO-áætlanir og getu til að bregðast við inflúensufaraldri og að tryggja skýrar samskiptaleiðir við aðildarríki. – að hvetja til samstarfs. – að leggja fram framvinduskýrslu á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2006.
			Aðildarríki hvött til: – að þróa og innleiða áætlanir fyrir viðbúnað og viðbrögð við inflúensufaraldri með það að markmiði að minnka áhrif á heilsu manna svo og efnahagsleg og félagsleg áhrif. – að þróa og styrkja eftirlit og rannsóknargetu við manna- og dýrainflúensu. – að ná markmiðum settum fram í ályktun WHA56.19. – að íhuga alvarlega að framleiða bóluefni gegn inflúensu, grundvallaða á árlegri bóluefnaþörf, eða að vinna með nágrannaríkjum að því að innleiða framleiðsluáætlun fyrir bóluefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að tryggja skjótar og gagnsæjar tilkynningar ef inflúensa í mönnum eða dýrum brýst út, sérstaklega þegar um ræðir nýja gerð inflúensuveirunnar, og að auðvelda skjóta miðlun veirusýna til WHO. – að gera heilbrigðisstarfsfólki og þegnum skýra grein fyrir hugsanlegri hættu á inflúensufaraldri og að kenna almenningi leiðir til að minnka líkur á að verða fyrir inflúensusmiti. – að styrkja tengsl og samvinnu ráðamanna. – að styðja við alþjóðlegar rannsóknir sem miða að því að minnka smit og áhrif inflúensufaraldurs, að þróa áhrifaríkari bóluefni og veirulyf og að styðja og styrkja bólusetningaráætlanir fyrir almenning með þá sérstaklega í huga sem hafa bælt eða veikt ónæmiskerfi. – að veita sérfræðiaðstoð eða önnur aðföng til áætlana sem miða að viðbúnaði við inflúensufaraldri. – að gera nauðsynlegar ráðstafanir, meðan á heimsfaraldri stendur, til að tryggja skjótar og nægar birgðir af bóluefnum og veirulyfjum, m.a. að nota til fullnustu sveigjanleika TRIPS-samnings WTO.
EB115.R17	Laun starfsmanna í óflokkuðum störfum og laun aðalframkvæmdastjóra		Framkvæmdastjórnin fer fram á það við alþjóðaheilbrigðisþingið: – að það staðfesti laun aðstoðarframkvæmdastjóra og svæðastjóra sem 172.860 bandaríkjadalir á ári fyrir starfsmannamat frá og með 1. janúar 2005. – að það staðfesti laun aðalframkvæmdastjóra sem 233.006 bandaríkjadalir á ári fyrir starfsmannamat, frá og með 1. janúar 2005.
EB115.R18	Staðfesting á breytingum á starfsmannareglum		Framkvæmdastjórnin samþykkir, skv. starfsmannareglu 12.2, breytingar á reglunni hvað varðar launakjör sérfræðinga, feðraorlof, launaákvarðanir, launaáætlanir, makabætur, námsstyrki og sérstaka námsstyrki fyrir fötluð börn, ferðastyrki, laun og launaskerðingar, launahækkanir, leyfi frá störfum, veikindaleyfi og stuld.
EB115.R19	Staðfesting á breytingum á starfsmannareglum		Framkvæmdastjórnin samþykkir breytingar á starfsmannareglu 12.2. um stöðuhækkanir vegna endurskilgreiningar á störfum, frá og með 1. janúar 2005.
EB115.R20	Upplýsingatækni og heilbrigðismál	EB115/39, WHA51.9	WHO hvött til: – að hvetja til samstarfs um lausnir á upplýsinga- og fjarskiptatækni í heilbrigðisþjónustu. – að skrá og skýra frá notkun þessarar tækni í heiminum. – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að aðstoða aðildarríki við að innleiða þessa tækni. – að styðja við frumkvöðlastarf á þessu sviði. – að aðstoða aðildarríki við að deila upplýsingum um þessa tækni. – að styðja við áætlanir, s.s. Heilsuskólann sem vinnur að vakningarvitund um heilsueflingu með notkun veraldarvefsins.
			Aðildarríki hvött til: – að íhuga að útbúa langtímaáætlun um innleiðingu upplýsinga- og fjarskiptatækni í heilbrigðisþjónustu sína. – að skapa aðstöðu fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni sem hefur það að leiðarljósi að veita öllum jafnt aðgengi að tækninni. – að vinna í samstarfi við einkageirann og sjálfboðastofnanir.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Niðurstaða
			– að ná til samfélagshópa, sérstaklega þeirra sem eru illa settir, og sérsníða tæknina að þeirra þörfum. – að koma á samstarfi til að deila þekkingu um tæknina. – að setja upp upplýsingamiðstöð um bestu vinnureglur fyrir upplýsingatækni á heilbrigðissviði. – að íhuga stofnun og innleiðingu rafræns upplýsingakerfis fyrir eftirlit og viðbrögð við sjúkdómum og neyðarástandi.

Fylgiskjal II.

Ályktanir 58. alþjóðaheilbrigðisþingsins.

1. Tæknileg málefni.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA58.1	Viðbúnaður við hamförum og hamfarirnar við Indlandshaf 26. desember 2004	WHA58/6, WHA58/6 Add.1.	– að auka stuðning sinn við lönd sem urðu fyrir flóðbylgjunni á Indlandshafi. – að veita fjölmiðlum skjótar og nákvæmar upplýsingar um neyðarástand til að koma í veg fyrir misskilning. – að starfa í samstarfi við aðrar stofnanir að hjálparstarfi. – að koma að heilsuþættinum í áætlunum sem miða að því að styðja við einstaklinga sem urðu fyrir flóðbylgjunni. – að vinna að viðbrögðum við neyðarástandi. – að auka getu WHO til að veita aðstoð undir hatti SÞ í neyðarástandi. – að hafa boðskiptaleiðir skýrar innan WHO svo hægt sé að bregðast fljótt og skilvirklega við neyðarástandi. – að finna sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar sem auðvelt er að nálgast ef neyðarástand skapast. – að starfa í samstarfi við *Samtök um alþjóðaáætlun til að hindra hamfarir* og þar með leggja áherslu á heilbrigðistengdar áskoranir við innleiðingu niðurstöðu alþjóðaráðstefnunnar um neyðarástand sem haldin var í Kobe, Hyogo, Japan í janúar 2005.	– að veita löndum sem urðu fyrir flóðbylgjunni aðstoð. – að taka þátt í gerð alþjóðlegra undirbúningsáætlana til að bregðast við neyðarástandi. – að útbúa viðbúnaðaráætlun í heimalandi. – að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að kennslu um viðbúnað. – að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu þegar neyðarástand skapast. – að styðja WHO við að finna fjármuni í fjárhagsáætlun sinni við neyðarástandi. – að hlú að starfsfólki sem veitt getur aðstoð í neyðarástandi.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að tryggja að WHO aðstoði við viðbúnað, viðbragð og uppbyggingu. – að styrkja núverandi birgða- og flutningsþjónustu innan WHO í samstarfi við aðrar hjálparstofnanir til að aðildarríki geti fengið skjóta aðstoð þegar þau verða fyrir neyðarástandi.	
WHA58.2	Malaría	WHA58/8, UNGA59/256, UNGA55/284.	– að styrkja og auka við starf WHO við að aðstoða aðildarríki til að nota að fullu og á hagkvæman hátt það fjármagn varið hefur verið í átakið. – að vinna með löndum þar sem malaría er landlæg. – að vinna með aðilum og stofnunum sem koma að átakinu til að tryggja nægt magn moskítóneta og lyfja. – að veita aðildarríkjum gagnreynd ráð um hvernig nota eigi skordýrsúða innanhúss. – að styrkja samvinnu við samstarfsaðila iðnaðarins og innan menntastofnana við að þróa ódýr hágæða úrræði fyrir malaríumeðferð, þ.m.t. greiningartæki, bóluefni, lyf og dreifingarkerfi til að koma þessum úrræðum til þeirra sem þurfa. – að styðja við samstarf aðildarríkjanna. – að hvetja til alhliða samstarfs til að tryggja að fjármunum sem varið á skilvirkan og áhrifaríkan hátt.	– að útbúa stefnu og framkvæmdaáætlanir til að tryggja að 80% þeirra sem stafar hætta af malaríu eða eru smitaðir njóti fyrirbyggjandi eða læknandi meðferða fyrir árið 2010 svo tryggt verði að sjúkdómsbyrði minnki um a.m.k. 50% fyrir árið 2010 og 75% fyrir árið 2015. – að meta og bregðast við þörf fyrir heilbrigðisstarfsfólk svo að markmið Abuja-yfirlýsingarinnar um að fækka malaríutilfellum í Afríku og þúsaldarmarkmið SÞ náist. – að veita átakinu frekari fjárstuðning – að tryggja meðferð við malaríu þar sem sjúkdómurinn er landlægur. – að auka fyrirbyggingu. – að styðja við notkun skordýrsúða innan húss. – að stuðla að og styrkja samvinnu aðildarríkja við að hindra smit milli landa. – að hvetja til samstarfs milli áætlana innan lands sem og einkageirans og menntastofnana. – að stuðla að auknu aðgengi að meðferð. – að styðja við þróun nýrra lyfja gegn malaríu. – að styðja samstarf til að bæta eftirlit og mat á átakinu gegn malaríu og hvaða áhrif það hefur á tíðni malaríusmita.
WHA58.3	Endurskoðun reglugerðar um hindrun útbreiðslu sjúkdóma (IHR)	WHA58/4, WHA58/41 Add.2., WHA48.7, WHA54.12, WHA55.16, WHA56.28, WHA56.29, UNGA58/3.	– að tilkynna innleiðingu reglugerðarinnar eins fljótt og auðið er. – að gera öðrum stofnunum og samtökum grein fyrir innleiðingunni. – að gera Alþjóðaflugmálastofnuninni grein fyrir ákvæðum endurskoðunarinnar sem hana varðar.	– að byggja upp, styrkja og viðhalda getunni til að fylgja reglugerðinni. – að starfa með WHO og öðrum aðildarríkjum. – að styðja þróunarríkin og lönd á aðlögunartíma. – að undirbúa innleiðingu reglugerðarinnar.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að byggja upp getu WHO til fylgja eftir reglugerðinni. – að vinna í samvinnu við aðildarríki. – að búa til leiðbeiningar í samvinnu við aðildarríki um framkvæmd við landamæri. – að stofna endurskoðunarnefnd um reglugerðina. – að útbúa strax leiðbeiningar um innleiðingu og mat á ákvæðum reglugerðarinnar. – að útbúa skrá um sérfræðinga.	
WHA58.5	Styrking viðbragða og viðbúnaðar við inflúensufaraldri	WHA58/13, WHA22.47, WHA48.13, WHA56.19, WHA56.28.	– að halda áfram að styrkja alþjóðlegt eftirlit með inflúensu. – að leita leiða við að auka birgðir af inflúensubóluefnum og veirulyfjum, þ.m.t. mótefni. – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og þjálfun við að þróa áætlanir um heilsueflingu sem viðbúnað við eða á meðan að á inflúensufaraldri stendur. – að stofna og skipuleggja, í samvinnu við ríkisstofnanir og einkageirann, alþjóðlega rannsóknaráætlun á inflúensufaröldrum. – að athuga hversu hagkvæmt það er að nota varabirgðir veirulyfja til að hafa stjórn á frumstigi inflúensufaraldurs og til að koma í veg fyrir útbreiðslu á alþjóðavísu og þar sem við á að þróa áætlun fyrir nýtingu þeirra. – að meta hugsanlega kosti varnarráðstafana, s.s. notkun andlitsmaska/gríma. – að halda áfram að þróa WHO áætlanir og getu til að bregðast við inflúensufaraldri og að tryggja skýrar samskiptaleiðir við aðildarríki. – að hvetja til samstarfs. – að leggja fram framvinduskýrslu á alþjóðaheilbrigðisþinginu árið 2006.	– að þróa og innleiða áætlanir fyrir viðbúnað og viðbrögð við inflúensufaraldri með það að markmiði að minnka áhrif á heilsu manna svo og efnahagsleg og félagsleg áhrif. – að þróa og styrkja eftirlit og rannsóknargetu við manna- og dýrainflúensu. – að ná markmiðum settum fram í ályktun WHA56.19. – að íhuga alvarlega að framleiða bóluefni gegn inflúensu, grundvallaða á árlegri bóluefnaþörf, eða að vinna með nágrannaríkjum að því að innleiða framleiðsluáætlun fyrir bóluefni. – að tryggja skjótar og gagnsæjar tilkynningar ef inflúensa í mönnum eða dýrum brýst út, sérstaklega þegar um ræðir nýja gerð inflúensuveirunnar, og að auðvelda skjóta miðlun veirusýna til WHO. – að gera heilbrigðisstarfsfólki og þegnum skýra grein fyrir hugsanlegri hættu á inflúensufaraldri og að kenna almenningi leiðir til að minnka líkur á inflúensusmiti. – að styrkja tengsl og samvinnu ráðamanna. – að styðja við alþjóðlegar rannsóknir sem miða að því að minnka smit og áhrif inflúensufaraldurs, að þróa áhrifaríkari bóluefni og veirulyf og að styðja og styrkja bólusetningaráætlanir fyrir almenning með þá sérstaklega í huga sem hafa bælt eða veikt ónæmiskerfi. – að veita sérfræðiaðstoð eða önnur aðföng til áætlana sem miða að viðbúnaði við inflúensufaraldri.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
				– að gera nauðsynlegar ráðstafanir í heimsfaraldri til að tryggja skjótar og nægar birgðir af bóluefnum og veirulyfjum m.a. að nota til fullnustu sveigjanleika TRIPS-samnings WTO.
WHA58.13	Öruggar blóðgjafir: tillaga að stofnun alþjóðlegs blóðgjafadags	WHA58/38, WHA28.72.	– að vinna með öðrum stofnunum SÞ og öðrum stofnunum og samtökum við að auglýsa daginn. – að styðja aðildarríki við skimun blóðs fyrir smitsjúkdómum og við að tryggja öruggar blóðgjafir.	– að auglýsa og styðja við að haldið sé árlega upp á þennan dag. – að stofna eða styrkja leiðir til að finna og halda í sjálfboðaliða sem gefa blóð. – að innleiða löggjöf, þar sem við á, sem miðar að því að leggja niður greiðslur fyrir blóðgjafir. – að veita nægu fjármagni til hátækni blóðgjafabanka. – að stuðla að samstarfi við að hvetja til blóðgjafa. – að tryggja viðeigandi notkun blóðs til að tryggja að ekki verði skortur á birgðum. – að styðja innleiðingu vel skipulagðra áætlana um blóðgjafir. – að innleiða gæðakerfi við áætlanagerð um blóðgjafir og birgðir. – að deila upplýsingum um tæknilegan, efnahagslega og félagslegan grundvöll fyrir áætlunum um blóðgjafir. – að styrkja samstarf.
WHA58.14	Fjármögnun fyrir meðhöndlun berkla	WHA58/7, WHA51.13, WHA53.1.	– að auka stuðning við áætlanir aðildarríkja við að styrkja heilbrigðiskerfi sín. – að styrkja samstarf við aðildarríki með það að markmiði að auka samstarf milli berkla- og alnæmismeðferðar. – að innleiða og styrkja áætlanir fyrir skilvirkt eftirlit með ónæmum berklastofnum. – að aðstoða heilbrigðisyfirvöld landa að tryggja fjármagn til berklaeftirlits. – að tryggja stuðning við berklasamstarfið (e. TB Partnership) til að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ.	– að standa við skuldbindingar sínar í fyrri ályktunum, í Amsterdam-yfirlýsingunni og í þúsaldarmarkmiðum SÞ sem viðkoma berklum. – að tryggja berklasjúklingum alþjóðlega staðlaða heilbrigðisþjónustu. – að styrkja fyrirbyggingu berkla.
WHA58.15	Styrking viðbragða og viðbúnaðar við inflúensufaraldri	UNGA S-27/2, WHO/IVB/ 05.05, WHA22.47, WHA48.13, WHA56.19, WHA56.28.	– að halda áfram að styrkja alþjóðlegt eftirlit með inflúensu. – að leita leiða við að auka birgðir af inflúensubóluefnum og veirulyfjum, þ.m.t. mótefni.	– að þróa og innleiða áætlanir fyrir viðbúnað og viðbrögð við inflúensufaraldri með það að markmiði að minnka áhrif á heilsu manna svo og efnahagsleg og félagsleg áhrif.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að veita aðildarríkjum tækni-aðstoð og þjálfun við að þróa áætlanir um heilsueflingu sem viðbúnað við eða á meðan að á inflúensufaraldri stendur. – að stofna og skipuleggja, í samvinnu við ríkisstofnanir og einkageirann, alþjóðlega rannsóknaráætlun á inflúensufaröldrum. – að athuga hversu hagkvæmt það er að nota varabirgðir veirulyfja til að hafa stjórn á frumstigi inflúensufaraldurs og til að koma í veg fyrir útbreiðslu á alþjóðavísu og þar sem við á að þróa áætlun fyrir nýtingu þeirra. – að meta hugsanlega kosti varnarráðstafana, s.s. notkun andlitsmaska/gríma. – að halda áfram að þróa WHO-áætlanir og getu til að bregðast við inflúensufaraldri og að tryggja skýrar samskiptaleiðir við aðildarríki. – að hvetja til samstarfs. – að leggja fram framvindu-skýrslu á alþjóðaheilbrigðis-þinginu árið 2006.	– að þróa og styrkja eftirlit og rannsóknargetu við manna- og dýrainflúensu. – að ná markmiðum settum fram í ályktun WHA56.19. – að íhuga alvarlega að framleiða bóluefni gegn inflúensu, grundvallaða á árlegri bóluefnaþörf, eða að vinna með nágrannaríkjum að því að innleiða framleiðsluáætlun fyrir bóluefni. – að tryggja skjótar og gagnsæjar tilkynningar ef inflúensa í mönnum eða dýrum brýst út, sérstaklega þegar um ræðir nýja gerð inflúensuveirunnar, og að auðvelda skjóta miðlun veirusýna til WHO. – að gera heilbrigðisstarfsfólki og þegnum skýra grein fyrir hugsanlegri hættu á inflú-ensufaraldri og að kenna almenningi leiðir til að minnka líkur á að verða fyrir inflúensusmiti. – að styrkja tengsl og samvinnu ráðamanna. – að styðja við alþjóðlegar rann-sóknir sem miða að því að minnka smit og áhrif inflúensufaraldurs, að þróa áhrifaríkari bóluefni og veiru-lyf og að styðja og styrkja bólusetningaráætlanir fyrir almenning með þá sérstaklega í huga sem hafa bælt eða veikt ónæmiskerfi. – að veita sérfræðiaðstoð eða önnur aðföng til áætlana sem miða að viðbúnaði við inflúensufaraldri. – að gera nauðsynlegar ráð-stafanir í heimsfaraldri til að tryggja skjótar og nægar birgðir af bóluefnum og veirulyfjum, m.a. að nota til fullnustu sveigjanleika TRIPS-samnings WTO.
WHA58.16	Styrking virkrar og heilbrigðrar öldrunar	WHA58/19, WHA52.7, UNGA58/234, UNGA59/150.	– að auka ásamt aðildarríkjum, frjálsum félagasamtökum og einkageiranum vitund um þau viðfangsefni sem mæta sam-félögum með hækkandi lífaldur, s.s. heilbrigðis- og félagslegar þarfir aldraðra, svo og auka vitund um framlag aldraðra til samfélagsins.	– að þróa, innleiða og meta stefnu og áætlanir sem stuðla að virkri öldrun og sem bestri heilsu og velferð eldri borgara. – að líta á stöðu aldraðra sem hluta af því markmiði að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ og að veita pólitíska stuðning og fjármuni fyrir þennan málaflokk.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að aðstoða aðildarríki við að standa við skuldbindingar sínar varðandi markmið og niðurstöður funda og ráðstefna SÞ, sérstaklega hvað varðar Annað alþjóðaþingið um öldrun, sem við koma heilbrigðis- og félagslegum þörfum aldraðra. – að leggja áfram áherslu, þar sem við á, á heilsugæslu sem sinnir þörfum aldraðra, þ.m.t. aðstoð við að halda mikilvægri stöðu innan fjölskyldunnar, í atvinnulífi og félagslega svo lengi sem hægt er. – að styðja við aðildarríki við að stuðla að rannsóknum, auka getu til heilsueflingar og koma í veg fyrir sjúkdóma, við að veita samþætta umönnun og aðstoð við aðstandendur. – að auka aðgengi aldraðra að upplýsingu, heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, í því skyni einkum að koma í veg fyrir alnæmissmit, og að aðstoða aldraða við að hugsa um alnæmissjúka fjölskyldumeðlimi eða munaðarlaus barnabörn sín. – að aðstoða aðildarríki sem þess óska að safna, nota og viðhalda upplýsingum um heilbrigðisástand svo og áhrifavalda á heilsu eftir kyni og aldri almennings sem gagnast við gerð gagnreyndra heilbrigðisáætlana fyrir aldraða. – að styrkja getu WHO til að innleiða málefni aldraðra í vinnu stofnunarinnar og að aðstoða svæðisskrifstofur við að innleiða svæðaáætlanir SÞ um virka og heilbrigða öldrun. – að vinna í samstarfi við aðrar stofnanir SÞ. – að leggja fram skýrslu fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið árið 2007 um stöðu mála.	– að stuðla að því að virt séu jafnréttissjónarmið í heilbrigðisstefnu og áætlunum. – að veita hlutverki eldri borgara sérstaka athygli, sérstaklega kvenna, sem umönnunaraðila í fjölskyldum eða samfélögum, sérstaklega í samfélögum með háa tíðni alnæmissjúkra. – að íhuga innleiðingu laga eða reglugerða sem miða að því að útrýma ofbeldi á öldruðum. – að safna upplýsingum um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. – að stuðla að menntun og starfshvetjandi umhverfi, með sérstakri áherslu á aðstæður í þróunarlöndunum, til að tryggja nægt heilbrigðisstarfsfólk til að annast aldraða. – að styðja við innleiðingu alþjóðaáætlunar um öldrun sem samþykkt var í Madríd árið 2002 svo og aðrar svæðisáætlanir tengdar heilbrigði og öldrun. – að útbúa framvinduskýrslu um stöðu aldraðra og um áætlanir um heilbrigði og öldrun við gerð landaskýrslna. – að styðja sjónarmið WHO um virka og heilbrigða öldrun í gegnum nýtt samstarf við stofnanir, frjáls félagasamtök, einkageirann og sjálfboðaliðastofnanir.
WHA58.17	Flutningur heilbrigðisstarfsfólks frá þróunarríkjunum	WHA58/23.	– að hraða innleiðingu ályktunar WHA58.19. – að styrkja vinnu stofnunarinnar sem viðkemur heilbrigðistarfsfólki. – að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.	– að leggja fram dagskrárlið um þetta efni á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA58.22	Fyrirbygging og meðhöndlun krabbameina	WHA58/16, WHA51.18, WHA53.17, WHA56.1, WHA57.12, WHA57.16, WHA57.17.	– að auka samstarf við aðildarríki, aðrar stofnanir SÞ og aðra hagsmunaaðila við meðhöndlun krabbameina. – að byggja upp áætlanir fyrir fyrirbyggingu og meðferð krabbameina með því að safna og greina upplýsingar um reynslu aðildarríkja. – að styrkja rannsóknir á kostnaðarlitlum inngripum sem fátækari ríki geta nýtt sér. – að veita leiðbeiningar um umönnun dauðvona krabbameinssjúklinga. – að aðstoða aðildarríki, sérstaklega þróunarríki, við yfirlit og skráningu á krabbameinum.	– að starfa með WHO við að þróa og styrkja eftirlit með krabbameinum svo og leiðir til að fyrirbyggja, greina og meðhöndla krabbamein. – að innlima meðhöndlun krabbameina inn í heilbrigðiskerfi sín. – að móta stefnu sem tryggir aðgengi að greiningar- og meðferðartækjum við krabbameinum á heilbrigðisstofnunum. – að veita krabbameinum með þekktan uppruna sérstaka athygli, s.s. krabbameini af völdum efna, sýkinga, sólargeisla eða annarra geisla. – að rannsaka byrði krabbameina á samfélagið og fylgjast vel með krabbameinum sem hægt er að grípa inn í með kostnaðarlitlum aðgerðum ef þau eru greind fljótt eins og blöðruhálskirtilskrabbamein. – að fullgilda tóbaksvarnasamning WHO.
WHA58.23	Fatlanir; fyrirbygging, stjórnun og endurhæfing	WHA58/17, UNGA48/96, UNGA56/168, UNGA57/229, UNGA58/246.	– að leggja aukna áherslu á málefni fatlaðra og auka samstarf við aðildarríkin, innan SÞ, við menntastofnanir, einkageirann, frjáls félagasamtök og samtök fatlaðra. – að styðja aðildarríki við að safna upplýsingum um kostnaðarlítil inngrip fyrir fyrirbyggingu, endurhæfingu og umönnun fatlaðra í heiminum. – að skipuleggja fund sérfræðinga til að fara yfir endurhæfingarþörf og heilsu fatlaðra. – að útbúa alþjóðaskýrslu um fatlanir og endurhæfingu byggða á bestu fáanlegum upplýsingum. – að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2007.	– að styrkja stefnu og áætlanir með það að markmiði að innleiða reglur SÞ um útjöfnun tækifæra fyrir fatlaða. – að tryggja réttindi, reisn og virka þátttöku fatlaðra í samfélaginu. – að tryggja tímanlega greiningu á fötlun, sérstaklega hjá börnum, og endurhæfingu. – að styrkja og hvetja til endurhæfingarmeðferða úti í samfélaginu fyrir fatlaða einstaklinga. – að tryggja að tekið sé tillit til fatlaðra í heilbrigðisþjónustu.
WHA58.24	Útrýming joðsskorts	WHA49.13, WHA52.24, WHA57.17, UNGA S-27/2.	– að styrkja samvinnu við aðildarríki, alþjóðastofnanir, UNICEF og hjálparstofnanir. – að endurnýja skuldbindingar um að útrýma joðskorti. – að leggja fram skýrslu um stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu þriðja hvert ár.	– að halda áfram að útrýma joðskorti sem hluta af heilbrigðisáætlunum sínum með því að setja joð í salt. – að ná til þess hluta mannkyns sem er hvað fátækastur. – að notkun salts með joði verði staðall.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
				– að stuðla að samvinnu við m.a. saltiðnaðinn til þess að fylgjast með joðskorti í heiminum og gera WHO grein fyrir stöðunni á þriggja ára fresti.
WHA58.26	Heilsuvandi af völdum skaðlegrar notkunar áfengis	WHA58/18, WHA32.40, WHA36.12, WHA42.30, Wha55.10, WHA57.10, WHA57.16.	– að styrkja getu sína til að aðstoða aðildarríki við að fylgjast með skaða af völdum áfengisneyslu. – að stuðla að auknu alþjóða-samstarfi og bjóða fram aðstoð við að draga úr heilbrigðis-vandamálum af völdum skaðlegrar notkunar áfengis. – að útbúa leiðbeiningar um skilvirka stefnu og aðferðir til að minnka skaða af völdum áfengisneyslu. – að styrkja alþjóðleg og svæðisbundin upplýsingakerfi með því að safna saman og greina upplýsingar um áfengis-neyslu, s.s félagsleg og heilsuspillandi áhrif hennar og veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að hvetja til og styðja við greiningar og meðferð við áfengissýki innan heilbrigðis-geirans og auka getu heil-brigðisstarfsfólks til að takast á við vandamál sjúklinga sinna sem rekja má til skaðlegrar notkunar áfengis. – að vinna með aðildarríkjum, stofnunum, heilbrigðisstarfs-fólki, frjálsum félagasamtökum og öðrum sem að málinu koma við að hvetja til innleiðingar skilvirkra áætlana til að minnka skaðlega áfengisneyslu. – að standa fyrir samráði við aðila frá áfengisiðnaðinum, landbúnaðinum og dreifingar-fyrirtækjum með það að leiðarljósi að minnka áhrif skaðlegrar notkunar áfengis á heilsu. – að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóða-heilbrigðisþinginu árið 2007.	– að útbúa, innleiða og meta áætlanir sem miða að því að draga úr neikvæðum afleiðingum skaðlegrar notkunar áfengis á heilsu. – að efla samstarf við hina ýmsu aðila til að minnka skaðlega notkun áfengis. – að styðja WHO í þessari vinnu, þ.m.t. með frjálsum framlögum.
WHA58.27	Að koma í veg fyrir þol gegn sýklalyfjum	WHA58/14, WHA39.27, WHA47.13, WHA51.17, WHA54.14.	– að styrkja forustuhlutverk sitt við að fyrirbyggja sýklalyfjaþol. – að flýta innleiðingu ályktana WHA51.17 og WHA54.14. – að styðja við aðrar áætlanir sem ýta undir skynsamlega notkun sýklalyfja.	– að innleiða áætlunina um fyrirbyggingu sýklalyfjaþols. – að styrkja löggjöf sína varðandi aðgengi að lyfjum, sérstaklega að sýklalyfjum. – að verja fjármunum og starfsfólki við að fyrirbyggja og draga úr þoli gegn sýklalyfjum.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að tryggja að upplýsingum og reynslu sé deilt um árangurs-ríkustu leiðir til að tryggja skynsamlega notkun sýklalyfja. – að leggja fram skýrslu um framgang mála á alþjóða-heilbrigðisþinginu árið 2007 og svo reglulega eftir það.	– að fylgjast reglulega með notkun sýklalyfja og umfangi sýklalyfjaþols. – að deila þekkingu og reynslu varðandi bestu starfsvenjur um hvernig hægt er að ýta undir skynsamlega notkun sýklalyfja.
WHA58.28	Upplýsingatækni og heilbrigðismál	WHA58/21, WHA51.9.	– að hvetja til samstarfs um lausnir á upplýsinga- og fjarskiptatækni í heilbrigðis-þjónustu. – að skrá og skýra frá notkun þessarar tækni í heiminum. – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að aðstoða aðildarríki við að innleiða þessa tækni. – að styðja við frumkvöðlastarf á þessu sviði. – að aðstoða aðildarríki við að deila upplýsingum um þessa tækni. – að styðja við áætlanir, s.s. Heilsuskólann sem vinnur að vakningarvitund um heilsu-eflingu með notkun veraldar-vefsins.	– að íhuga að útbúa langtíma-áætlun um innleiðingu upplýsinga- og fjarskiptatækni í heilbrigðisþjónustu sína. – að skapa aðstöðu fyrir upplýs-inga- og fjarskiptatækni með það að leiðarljósi að veita öll-um jafnt aðgengi að tækninni. – að vinna í samstarfi við einka-geirann og sjálfboðastofnanir. – að ná til samfélagshópa, sérstaklega þeirra sem eru illa settir, og sérsníða tæknina að þeirra þörfum. – að koma á samstarfi til að deila þekkingu um tæknina. – að setja upp upplýsingamiðstöð um bestu vinnureglur fyrir upplýsingatækni á heilbrigðissviði. – að íhuga stofnun og innleið-ingu rafræns upplýsingakerfis fyrir eftirlit og viðbrögð við sjúkdómum og neyðarástandi.
WHA58.29	Aukið öryggi á rannsóknastofum við meðhöndlun lífefna	–	– að tryggja að WHO taki virkan þátt í að auka öryggi á rannsóknarstofum. – að veita aðstoð við að auka öryggi rannsóknarstofa. – að aðstoð við að deila upplýsingum og reynslu. – að veita þeim aðildarríkjum sem þess óska tækniaðstoð. – að greina framkvæmda-stjórninni reglulega frá innleiðingu ályktunarinnar.	– að skoða öryggi rannsóknastofa sinna. – að innleiða áætlanir sem miða að því að auka öryggi rannsóknastofa sinna. – að útbúa viðbúnaðaráætlanir. – að veita fjármunum og starfs-fólki til að bæta öryggi rannsóknastofa. – að starfa með öðrum aðildar-ríkjum til að auðvelda aðgengi að útbúnaði sem eykur öryggi rannsóknastofa. – að hvetja til þjálfunar starfs-manna rannsóknarstofa sem miðar að því að bæta öryggi.
WHA58.30	Aukin áhersla á að ná alþjóðaþró-unarmarkmiðum, þ.m.t. þúsaldarmark-miðum SÞ	WHA58/5, UNGA55/2, A56/326, WHA55.19.	– að tryggja að gert sé ráð fyrir stuðningi WHO við aðildarríki í fjárhagsáætlun stofnunarinnar. – að aðstoða þau aðildarríki sem þess óska. – að tryggja að nægri athygli sé beint að löndum sem orðið hafa fyrir átökum eða áföllum. – að taka fullan þátt í umbótum SÞ.	– að endurstaðfesta alþjóðaþróunarmarkmið, þ.m.t. þúsaldarmarkmið SÞ. – að þróa og innleiða í núverandi landaáætlanir leiðir til að ná alþjóðaþróunarmarkmiðum, þ.m.t. þúsaldarmarkmiðum SÞ.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
			– að stuðla að samvinnu við þróunaraðstoð. – að taka þátt í fundi háttsettra embættismanna á allsherjarþingi SÞ um útkomu þúsaldarmarkmiðanna, í september 2005.	
WHA58.31	Alhliða heilbrigðisþjónusta fyrir mæður, nýbura og börn	WHA56.21, WHA57.12, WHA55.19.	– að auka skipulag og samvinnu mismunandi verkefna WHO. – að tryggja að WHO taki þátt í vinnu SÞ að þessum málefnum. – að styðja við aðildarríki. – að auka samvinnu. – að veita aðildarríkjum aukna tæknilega aðstoð. – að tileinka átakinu dag sem haldið verður árlega upp á. – að leggja annað hvert ár fram skýrslu um framvindu mála fyrir alþjóðaheilbrigðisþingið.	– að veita þessu málefni stuðning. – að útbúa eða viðhalda markmiðum sem snúa að alhliða heilbrigðisþjónustu fyrir mæður, nýbura og börn í heimalandi. – að stuðla að samvinnu. – að auka gæði og umfang skráningar á dánartíðni. – að innleiða löggjöf um alhliða heilbrigðisþjónustu mæðra, nýbura og barna. – að virða og innleiða alþjóðasamninga sem snúa að þessum markmiðum. – að tryggja að settar séu áætlanir og fjármagn til þessa málaflokks.
WHA58.32	Fæða kornabarna og ungra barna	WHA58/15, WHA34.22, WHA39.28, WHA41.11, WHA46.7, WHA47.5, WHA49.15, WHA54.2, WHA55.25, WHA56.23, WHA57.17.	– að vinna með Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) við gerð leiðbeininga fyrir umönnunaraðila um rétta meðhöndlun þurrmjólkur með sérstakar þarfir aðildarríkjanna í huga. – að hvetja til óháðrar rannsóknar og söfnunar upplýsinga til að fá betri skilning á vistfræði, flokkunarfræði, meinvirkni og öðrum einkennum E. Sakazakii, í samræmi við tilmæli sérfræðifundar FAO/WHO um E. sakazakii, og að kanna hvernig hægt sé að minnka magn örveranna í þurrmjólk. – að veita upplýsingar um vinnu fæðustaðlanefndarinnar. – að gera alþjóðaheilbrigðisþinginu reglulega grein fyrir þeim málum sem fæðustaðlanefndin tekur fyrir.	– að styðja áfram og hvetja til þess að börn fái eingöngu brjóstamjólk fyrstu 6 mánuði ævinnar og að brjóstagjöfinni sé haldið áfram allt til 2 ára aldurs eða lengur. – að tryggja að næringar- eða heilsuauglýsingar séu ekki leyfðar á matvælapakkningum fyrir kornabörn eða ung börn nema þar sem löggjöf fæðustaðlanefndarinnar eða landslög mæla svo fyrir. – að tryggja að umönnunaraðilar þeirra barna sem ekki fá brjóstamjólk fái upplýsingar og þjálfun í því hvernig blanda skuli þurrmjólkina, séu upplýstir um að þurrmjólkin geti innihaldið sjúkdómsvaldandi örverur og að þessar upplýsingar verði settar á pakkningar þar sem við á. – að tryggja að fjárstuðningur við sérfræðinga sem koma að heilsu kornabarna og ungra barna leiði ekki til hagsmunaárekstra. – að tryggja að rannsóknir á þessu sviði séu alltaf skoðaðar af óháðum aðilum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
				– að vinna í samvinnu við viðkomandi aðila við að minnka líkurnar á sjúkdómsvaldandi örverum í þurrmjólk, þ.m.t. Enterobacter sakazakii. – að tryggja áfram að framleiðendur þurrmjólkur fari eftir stöðlum og reglum fæðustaðlanefndarinnar og þeim stöðlum og reglum sem ríkja í hverju aðildarríki. – að tryggja samstíga reglur í aðildarríkjum með því að stuðla að samstarfi heilbrigðisyfirvalda og matvælaeftirlits. – að taka virkan þátt í starfi fæðustaðlanefndarinnar – að tryggja að allar stofnanir innan lands sem koma að því að mynda afstöðu til lýðheilsumála hafi þekkingu og skilning á heilbrigðisreglum samþykktum af alþjóðaheilbrigðisþingi WHO.
WHA58.33	Sjálfbær fjármögnun heilbrigðiskerfa, jafnt aðgengi og heilbrigðistryggingar.	WHA58/20.	– að veita aðildarríkjum tækniaðstoð. – að veita aðildarríkjum upplýsingar um hugsanleg áhrif utanaðkomandi fjármagns á stöðuleika hagkerfa þjóða. – að útbúa sjálfbærar og áframhaldandi leiðir til að deila reynslu af mismunandi heilbrigðistryggingakerfum. – að veita tækniaðstoð við að greina upplýsingar og leiðir til að mæla og greina kosti mismunandi leiða til fjáröflunar heilbrigðiskerfa. – að styðja við aðildarríki við að meta áhrif breyttrar fjármögnunar heilbrigðiskerfa við innleiðingu alhliða heilbrigðistryggingakerfis.	– að tryggja að fjármögnun heilbrigðiskerfa feli í sér fyrirframgreiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að deila ábyrgð með samfélagsþegnum og að komið sé í veg fyrir gríðarleg útgjöld einstaklinga sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. – að tryggja nægan og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki. – að tryggja að utanaðkomandi fjármunir séu meðhöndlaðir þannig að þeir aðstoði við þróun sjálfbærrar fjármögnunartilhögunar fyrir allt heilbrigðiskerfið. – að stuðla að því að allir þegnar njóti heilbrigðisþjónustu. – að hvert og eitt land þarf að huga að sínum sértæku aðstæðum þegar kemur að því að breyta heilbrigðisþjónustunni þannig að allir þegnar hafi aðgang að henni. – að nýta sér tækifæri til samvinnu. – að deila reynslu sinni af mismunandi leiðum til fjármögnunar heilbrigðiskerfa.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunns-skjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:	Aðildarríkin hvött til:
WHA58.34	Ráðherraráð-stefna um heilbrigðis-rannsóknir	WHA58/22.	– að gera úttekt á starfi sínu sem viðkemur heilbrigðis-rannsóknum. – að taka þátt í umræðum um hvort stofna eigi sérstakt verkefni um heilbrigðis-rannsóknir sem stutt geti alþjóðleg þróunarmarkmið, þ.m.t. þúsaldarmarkmið SÞ. – að þróa gagnagrunn fyrir lyfjarannsóknir. – að reyna að minnka bilið á milli þess hvernig þekkingu er aflað og hvernig hún er notuð. – að athuga hvort æskilegt sé að halda alþjóðaráðstefnu um rannsóknir tengdar mönnun heilbrigðisþjónustunnar árið 2008. – að tryggja að fundir aðildar-ríkja WHO um heilbrigðis-rannsóknir séu leiðtogafundir eða ráðherrafundir og séu samþykktir af alþjóða-heilbrigðisþinginu.	– að íhuga að innleiða tillögur nefndar um heilbrigðis-rannsóknir frá árinu 1990. – að innleiða eða styrkja heilbrigðisrannsóknaáætlanir sínar. – að stuðla að samvinnu þeirra sem standa að heilbrigðisrannsóknum. – að stuðla að auknum heilbrigðisrannsóknum. – að deila gagnreyndri þekkingu. – að styrkja alþjóða rannsóknastofnanir á heilbrigðissviði. – að hvetja til umræðu um siðfræði og félagsleg áhrif rannsókna á heilbrigðissviði.

2. Fjármál.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA58.4	Fjárveitingar fyrir tímabilið 2006–2007	–	Ákveðið var að veita 995.315 þúsund bandaríkjadölum til sex málaflokka.
WHA58.7	Aðildarríki sem ekki hafa greitt nægan hluta framlaga sinna og missa þar með kosningarétt sinn á alþjóðaheilbrigðisþinginu eins og kveður á um í grein 7 í stjórnarskrá WHO	WHA58/43Rev.1.	Þau lönd sem höfðu ekki kosningarétt á WHA57 voru Afganistan, Antígva og Barbúda, Argentína, Armenía, Mið-Afríkulýðveldið, Kómoreyjar, Dóminíska lýðveldið, Gínea-Bissá, Kirgisistan, Líbería, Nárú, Níger, Moldavía, Sómalía, Súrínam, Tadsjikistan og Túrkmenistan.
WHA58.8	Vanskil á framlögum: Georgía	WHA58/43.Rev.1.	Georgía fær aftur kosningarétt þar sem samkomulag hefur náðst við Georgíu um greiðslu á skuld þeirra sem nemur 4.439.163 bandaríkjadölum á næstu 15 árum. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.
WHA58.9	Vanskil á framlögum: Írak	WHA58/43.Rev.1.	Írak fær aftur kosningarétt þar sem samkomulag hefur náðst við Írak um greiðslu á skuld þeirra sem nemur 6.398.801 bandaríkjadölum á næstu 15 árum. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.
WHA58.10	Vanskil á framlögum: Moldavía	WHA58/43.Rev.1.	Moldavía fær aftur kosningarétt þar sem samkomulag hefur náðst við Georgíu um greiðslu á skuld þeirra sem nemur 2.950.023 bandaríkjadölum á næstu 15 árum. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
WHA58.11	Vanskil á framlögum: Tadsjikistan	WHA58/43.Rev.1.	Tadsjikistan fær aftur kosningarétt þar sem samkomulag hefur náðst við Tadsjikistan um greiðslu á skuld þeirra sem nemur 514.604 bandaríkjadölum á næstu 15 árum. Aðalframkvæmdastjóri beðinn um að greina frá stöðu mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.
WHA58.12	Laun starfsmanna í óflokkuðum störfum og laun aðalframkvæmdastjóra		Framkvæmdastjórnin fer fram á það við alþjóðaheibrigðisþingiðalþjóðaheilbrigðisþingið: – að það staðfesti laun aðstoðarframkvæmdastjóra og svæðastjóra sem 172.860 bandaríkjadalir á ári fyrir starfsmannamat frá og með 1. janúar 2005. – að það staðfesti laun aðalframkvæmdastjóra sem 233.006 bandaríkjadalir á ári fyrir starfsmannamat, frá og með 1. janúar 2005.
WHA58.18	Óendurskoðuð fjármálaskýrsla WHO fyrr árið 2004	WHA58/26, WHA58/26.Add.1, WHA58/27.	Alþjóðaheilbrigðisþingið samþykkti óendurskoðaða fjármálaskýrslu WHO fyrir árið 2004.
WHA58.19	Aðferð við útreikninga á framlögum aðildarríkja fyrir tímabilið 2006–2007	WHA58/30.	Viðurkennd var nýjasta aðferð Sameinuðu þjóðanna við útreikning á framlögum.
WHA58.20	Breytingar á fjármálareglum	WHA58/32, EB115/2005/REC/1.	Samþykktar voru breytingar á fjármálareglum.
WHA58.21	Fasteignasjóður	WHA58/33	Framkvæmdastjóri beðinn um að finna húsnæði fyrir skrifstofur WHO í Írak, Jórdaníu og Túnis. Framkvæmdastjóra gefin heimild fyrir 1,5 milljón bandaríkjadala til að festa kaup á fyrrnefndu húsnæði.

3. Önnur mál.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Aðalskrifstofa WHO hvött til:
WHA58.6	Heilsuástand á hernumdum svæðum Palestínu, svo og í Austur-Jerúsalem og á Gólanhæðum	WHA58/24, Fyrri ályktanir um heilsuástand á hernumdum svæðum í Miðausturlöndum	– að leggja fram skýrslu um heilbrigðis- og efnahagsástand á hernumdum svæðum Palestínu. – að skoða áhrif röntgentækja notaðra af Ísraelsmönnum á landamærum við Palestínu. – að veita stuðning við heilbrigðisráðuneyti Palestínu. – að veita tækniaðstoð þeim aröbum sem búa á Gólanhæðum. – að stuðla að þróun heilbrigðiskerfis í Palestínu. – að leggja fram skýrslu um gang mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.
WHA58.25	Endurbætur innan Sameinuðu þjóðanna og hlutverk WHO við að samhæfa starf skrifstofa aðildarríkjanna	WHA58/40, UNGA59/250, WHA57.14.	– að tryggja að starfsemi skrifstofa stofnunarinnar í aðildarríkjum sé í takt við forgangsröðun verkefna stofnunarinnar. – að tryggja að starfsfólk stofnunarinnar vinni að forgangsverkefnum stofnunarinnar. – að leggja fram skýrslu um gagn mála á alþjóðaheilbrigðisþinginu 2006.

Fylgiskjal III.

Ályktanir 55. fundar svæðisnefndar WHO í Evrópu.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EUR/RC55/R1	Rammi fyrir áfengisstefnu á Evrópusvæðinu	EUR/RC55/11, EUR/RC42/R8, EUR/RC51/R4, WHA58.26	Aðildarríki hvött til: – að nota áfengisáætlunarrammann. – að hvetja til samvinnu og veita málefninu pólitískan stuðning. – að stuðla að gerð stefnu sem bannar áfengisnotkun á hinum ýmsu stöðum og við hinar ýmsu aðstæður Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til: – að styðja við að áfengisáætlanarammanum sé fylgt eftir innan Evrópu. – að vinna með aðildarríkjum. – að virkja aðrar alþjóðastofnanir í þessari vinnu. – að halda áfram að endurskoða og uppfæra evrópska áfengisupplýsingakerfið. – að skýra svæðisnefndinni frá stöðu mála á þriggja ára fresti.
EUR/RC55/R2	Ráðherraráðstefna um geðheilbrigðismál	EUR/RC55/13 EB109.R8, WHA55.10, EUR/RC53/R4	Aðildarríki hvött til: – að framfylgja yfirlýsingu ráðstefnunnar. – að ná markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árið 2010. – að þróa, innleiða og viðhalda geðheilbrigðisstefnu. Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til: – að fylgja eftir yfirlýsingunni og framkvæmdaáætluninni.
EUR/RC55/R3	Dagsetningar og staðsetningar næstu funda Evrópusvæðisnefndar WHO	EUR/RC54/R7	– að 56. fundur svæðisnefndarinnar verði haldinn dagana 11.–14. september 2006 í Kaupmannahöfn. – að 57. fundur svæðisnefndar Evrópu verði haldinn í svæðisskrifstofunni í Kaupmannahöfn dagana 17.–20. september 2007 nema að boð komi frá aðildarríkjum fyrir 1. janúar 2006 um að halda fundinn.
EUR/RC55/R4	Heilbrigðisáætlanir byggðar á markmiðum WHO um *Heilbrigði fyrir alla:* uppfærsla árið 2005	EUR/RC48/R5, EUR/RC55/8	Aðildarríki hvött til: – að nota uppfærða áætlunina. – að virða áætlunina og taka upp gildi hennar. – að taka tillit til hennar við ákvarðanatöku. – að veita svæðisskrifstofunni upplýsingar um gang mála. Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til að styðja aðildarríki: – að kynna áætlunina fyrir öðrum stofnunum. – að safna saman upplýsingum um gang mála í aðildarríkjunum. – að leggja skýrslu um tölfræðiupplýsingar fram á fundi svæðisnefndarinnar 2006 í samvinnu við höfuðstöðvar WHO, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og hagstofu Evrópubandalaganna (EUROSTAT). – að meta áhrif uppfærslunnar í aðildarríkjum og greina frá niðurstöðum á fundi svæðisnefndarinnar árið 2008.

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
EUR/RC55/R5	Skýrsla fastanefndar svæðisnefndarinnar	EUR/RC55/4, EUR/RC55/4Add.1	Skýrsla nefndarinnar samþykkt. Evrópuskrifstofan beðið um að taka mið af niðurstöðum og tillögum skýrslunnar
EUR/RC55/R6	Evrópuáætlun fyrir heilsu og þroska barna og ungmenna	EUR/RC55/6, WHA56.21, EUR/RC53/R7, EUR/RC52/R9, EUR/RC54/R3	Aðildarríki hvött til: – að innleiða áætlunina. – að gera það að forgangsverkefni að bæta heilsu og þroska barna og ungmenna. Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til: – að veita aðildarríkjunum stuðning. – að leggja fram skýrslu um gang mála á fundi svæðisnefndarinnar árið 2008.
EUR/RC55/R7	Efling ónæmisaðgerða með það að markmiði að útrýma mislingum og rauðum hundum og koma í veg fyrir smit rauðra hunda á meðgöngu á Evrópusvæðinu	EUR/RC55/6, EUR/RC55.7, WHA56.20, WHA56.21, WHA58.15	Aðildarríki hvött til: – að veita því forgang að ná markmiðunum fyrir árið 2010. – að veita venjubundnar ónæmisaðgerðir, viðhalda viðtækri ónæmisþekju og veita jafnan aðgang allra barna og ungmenna að bólusetningum. – að styðja innleiðingu ónæmisviku innan Evrópusvæðisins þar sem við á. – að hvetja til samstarfs. Framkvæmdastjórinn hvattur til: – að hvetja til samstarfs. – að veita aðildarríkjum leiðbeiningar og tækniaðstoð. – að vinna í samstarfi við aðrar svæðisskrifstofur WHO. – að leggja fram framvinduskýrslu á fundi svæðisnefndarinnar árið 2008.
EUR/RC55/R8	Næstu skref varðandi stuðning Evrópuskrifstofunnar við aðildarríki: styrking heilbrigðiskerfa	EUR/RC50/R5, EB111/33, WHA58.34, WHA58.30, WHA58.33, WHA57.16, WHA57.19, EUR/RC55.9Rev.1	Aðildarríki hvött til: – að tryggja menntað og þjálfað heilbrigðisstarfsfólk. – að veita fjármunum til heilbrigðiskerfa sinna og tryggja aðgang allra að þeim. – að heilbrigðisstefna þeirra sé byggð á gildum WHO og sé fylgt eftir með gagnsæju mats- og eftirlitskerfi. Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til: – að veita aðildarríkjum stuðning við að styrkja heilbrigðiskerfi sín. – að skipuleggja evrópska ráðherraráðstefnu um styrkingu heilbrigðiskerfa árið 2007 eða 2008. – að leggja fram framvinduskýrslu á fundi svæðisskrifstofunnar árið 2007 og árið 2009.
EUR/RC55/R8	Fyrirbygging slysa á Evrópusvæðinu	EUR/RC55/10 WHA49.25, WHA56.24, WHA57.10, WHA57.12, UNGA 58/289, EUR/RC49/R4, EUR/RC49/R8, EUR/RC51/R4, EUR/RC53/R7, EUR/RC54/R3	Aðildarríki hvött til: – að búa til framkvæmdaáætlun sem miðar að því að koma í veg fyrir slys og ofbeldi. – að setja upp eftirlit með slysum. – að styrkja tækjakost og stofnanir til að geta betur tekið á slysum. – að rannsaka slys og kynna sér úrræði. – að kortleggja aðstoð og stuðla að fækkun slysa og ofbeldis á Evrópusvæðinu. Framkvæmdastjóri Evrópu hvattur til: – að aðstoða aðildarríki við fyrirbyggingu

Nr.	Efni ályktunar	Bakgrunnsskjöl	Niðurstaða
			– að aðstoða við að greina og koma á framfæri góðum starfsvenjum. – að styðja við tengiliði í aðildarríkjum. – að veita aðildarríkjum tækniaðstoð og byggja um tæknilega getu þeirra. – að stuðla að samstarfi. – að leggja fram framvinduskýrslu á fundi svæðisnefndarinnar árið 2008.

Fylgiskjal IV.

Dagskrár funda.

Dagskrá EB115: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB115/B115_1R1-en.pdf
Dagskrá WHA58: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/WHA58/A58_1Rev1-en.pdf
Dagskrá EB116: http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB116/B116_1R1-en.pdf
Dagskrá EURO55: http://www.euro.who.int/document/rc55/edoc02rev1.pdf

1256. Fyrirspurn [798. mál]

til viðskiptaráðherra um neysluviðmiðun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvað líður störfum starfshóps sem skipaður var til þess að hafa umsjón með forkönnun á framkvæmd neysluviðmiðunar og ljúka átti störfum í árslok 2005?
2. Hvenær verða lagðar fyrir Alþingi niðurstöður könnunar á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga ásamt mati á því hvort ástæða sé til þess að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, sbr. ályktun Alþingis frá 19. maí 2001?

Skriflegt svar óskast.

1257. Fyrirspurn [799. mál]

til heilbrigðisráðherra um sumarlokanir deilda og biðlista á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Eru fyrirhugaðar sumarlokanir deilda, og þá hverra, á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Ef svo er, hvaða áhrif mun það hafa á biðlista og þjónustu við sjúklinga, skipt eftir deildum?

Skriflegt svar óskast.

1258. Fyrirspurn [800. mál]

til fjármálaráðherra um persónuafslátt til greiðslu útsvars.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hversu háa fjárhæð greiddi ríkissjóður sveitarfélögum árin 2002–2005 vegna persónuafsláttar til greiðslu útsvars og hvernig skiptist fjárhæðin milli sveitarfélaga ár hvert?
2. Hversu háu hlutfalli af útsvarstekjum hvers sveitarfélags námu þessar greiðslur ríkissjóðs árið 2005?

Skriflegt svar óskast.

1259. Nefndarálit [594. mál]

um frv. til l. um evrópsk samvinnufélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og Jóhann Albertsson lögfræðing. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra, Félagi löggiltra endurskoðenda og Fjármálaeftirlitinu.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Reglugerðin var kynnt Alþingi í tillögu utanríkisráðherra til þingsályktunar á 130. löggjafarþingi 2003–2004. Er hún í megindráttum byggð upp eins og reglugerðin um Evrópufélög, þ.e. evrópsk hlutafélög, en á grundvelli þeirrar reglugerðar voru sett lög nr. 26/2004, um Evrópufélög.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að gefa samvinnufélögum, sem vilja starfa í fleiri en einu ríki Evrópska efnahagssvæðisins, kost á að stofna evrópskt samvinnufélag sem starfar

þá á grundvelli reglugerðarinnar, nokkurra viðbótarákvæða í landslögum skráningarríkis og félagssamþykkta sinna, í stað þess að félögin stofni útibú í viðkomandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu sem þurfa þá að starfa á grundvelli mismunandi landslaga. Þessi kostur er talinn leiða til minni stjórnunarkostnaðar og skriffinnsku og meiri samkeppnishæfni samvinnufélaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin vekur athygli á því að lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum hafa ekki verið sett, sbr. tilvísun 4. gr. frumvarpsins í slík lög.

Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um umsókn evrópsks samvinnufélags um flutningsleyfi hjá samvinnufélagaskrá og í 14. gr. um meðferð slíks flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá. Í 1. mgr. síðarnefndu greinarinnar kemur fram að hafi samvinnufélagaskrá tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 13. gr. til athugunar skuli hún gefa út „áskorun“ til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags og birta hana í Lögbirtingablaði. Skv. 3. mgr. sömu greinar skal samvinnufélagaskrá senda sérstaka „tilkynningu um áskorun“ skv. 1. mgr. til sýslumanns í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er. Í umsögn Sýslumannafélags Íslands er bent á að ekki komi fram í frumvarpstextanum í hvaða tilgangi senda skuli umrædda tilkynningu né til hvaða aðgerða sýslumanns er mælst af því tilefni. Með hliðsjón af þessari athugasemd leggur nefndin til að 3. mgr. 14. gr. verði felld brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. mgr. 14. gr. falli brott.

Alþingi, 2. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.	Ögmundur Jónasson.	Lúðvík Bergvinsson.

1260. Nefndarálit [388. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sólveigu Guðmundsdóttur, Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Guðmundsson landlækni, Önnu Elísabetu Ólafsdóttur og Jakobínu Árnadóttur frá Lýðheilsustöð, Lilju Sigrúnu Jónsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur frá Félagi lækna gegn tóbaki, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Þorvald Örnólfsson.

Umsagnir bárust frá Félagi íslenskra heimilislækna, Hjartaheillum, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, landlækni, Sambandi íslenskra trygg-

ingafélaga, Heimili og skóla, Hjartavernd, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Lýðheilsustöð, Krabbameinsfélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, talsmanni neytenda, Félagi íslenskra lungnalækna, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum heilbrigðisstétta, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Brunamálastofnun, Matvæla- og veitingasambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Alþýðusambandi Íslands, Vinnueftirlitinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Hjartasjúkdómafélagi íslenskra lækna, umboðsmanni barna, Félagi eldri borgara í Reykjavík, Landssambandi eldri borgara, félagsmálanefnd Alþingis, Læknafélagi Íslands, Félagi lækna gegn tóbaki, Persónuvernd, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Umhverfisstofnun, Samtökum lungnasjúklinga og Barnaheillum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að auka vinnuvernd starfsmanna á veitinga- og skemmtistöðum með því að afnumið er undanþáguákvæði gildandi laga um að leyfa megi reykingar þar á afmörkuðum svæðum og er lagt til að reykingar í þjónusturými á veitinga- og skemmtistöðum verði bannaðar með öllu frá og með 1. júní 2007. Með frumvarpinu er lögð áhersla á að tryggja þeim sem starfa á veitinga- og skemmtistöðum sömu vinnuvernd og öðrum og þann rétt að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af annarra völdum. Leggur nefndin áherslu á mikilvægi þessa auk forvarnagildis þess að fækka stöðum sem heimilt er að reykja á.

Nefndin ræddi fjölmörg atriði frumvarpsins á fundum sínum. Eitt af því sem kom fram var að umræðan um skaðsemi reykinga hefði síðustu ár meira snúist um skaðsemi óbeinna reykinga heldur beinna. Skaðsemi beinna reykinga er ótvírætt viðurkennd og til marks um það munu reykingamenn greiða 5–30% hærri iðgjöld í líftryggingum og 10–60% hærri iðgjöld í sjúkratryggingum. Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom jafnframt fram að síðustu 20 ár hefðu verið gerðar um 50 rannsóknir á skaðsemi óbeinna reykinga og mun meðal annars hafa verið sýnt fram á að hætta á lungnakrabbameini ykist um 20% hjá konum en 16% hjá körlum við óbeinar reykingar. Við 1. umræðu um frumvarpið var vakið máls á starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar varðandi óbeinar reykingar og á tiltekinni rannsókn sem gerð var af hálfu stofnunarinnar. Meðal þess sem haldið var fram var að sú rannsókn hefði ekki leitt í ljós vísbendingar um tengsl óbeinna reykinga og lungnakrabbameins. Sem viðbrögð við þessari umræðu barst nefndinni bréf frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni þar sem þessum staðhæfingum er andmælt og áréttað að umrædd rannsókn hafi í raun sýnt aukna hættu á lungnakrabbameini af völdum óbeinna reykinga. Í kjölfar rannsóknarinnar hafi hins vegar tóbaksiðnaðurinn hafið mikla herferð í fjölmiðlum þar sem þessum rannsóknarniðurstöðum var andmælt sem vísindalegum grunni lagasetningar til verndar þeim sem ekki reykja. Loks var það jafnframt áréttað í bréfi stofnunarinnar að jafnvel óbeinar reykingar í meðallagi gætu valdið lungnakrabbameini hjá þeim sem ekki reykja.

Eitt af því sem nefndin ræddi var að fara sömu leið og Svíar og heimila að á veitinga- og gististöðum væru sérstök reykherbergi sem tryggðu að hvorki gestir né starfsmenn yrðu fyrir óbeinum reykingum. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri tilefni til þeirrar undanþágu, annars vegar vegna vinnuverndarsjónarmiða gagnvart þeim starfsmönnum sem hefðu þrif þar með höndum og hins vegar þar sem Samtök ferðaþjónustunnar styðja óundanþægt reykingabann og eru ekki hlynnt því að heimila sérstök reykherbergi. Framkvæmdastjóri samtakanna lýsti á fundi nefndarinnar miklum stuðningi við frumvarpið og vísaði til samþykktar á aðalfundi samtakanna í apríl 2005 um að ganga til viðræðna við stjórnvöld um reykleysi veitinga- og skemmtistaða frá 1. júní 2007.

Nefndin ræddi sérstaklega um skilgreiningu á þjónusturými og um ákvæði frumvarpsins um þjónustusvæði utan húss. Eins og ákvæðið er orðað telur nefndin að ekki sé nægilega

skýrt hvort átt sé við svæði utan húss þar sem þjónusta er veitt eða ekki og er þá einungis afdrep fyrir þá sem reykja, t.d. tjald eða gámur eins og dæmi eru um. Nefndin telur til samræmis við markmið frumvarpsins ekki tilefni til að gera greinarmun á því hvort um þjónustu utan húss í mat eða drykk er að ræða eða ekki og bendir á að undir öllum kringumstæðum krefjist aðstaðan ræstingar sem sé ein tegund þjónustu. Nefndin leggur því til breytingu á ákvæði 2. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að bann við reykingum geti, auk þjónusturýma innan húss, einnig náð til tilsvarandi svæða utan húss, þ.e. svæða sem tengjast þjónustu við almenning, enda séu þau „ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi“ að þeim og frá. Í breytingartillögu nefndarinnar felst að frekari leiðbeiningar um hvers konar skjól eða aðbúnaður sé heimill til að verja reykingamenn fyrir veðri og vindum verði settar í reglugerð, svo sem um hámarkslokun reyksvæða t.d. með þaki eða skjólveggjum, með tilliti til kröfunnar um loftstreymi. Nefndin bendir á að orðið „viðunandi“ beri í þessu sambandi að túlka með hliðsjón af 1. gr. laga um tóbaksvarnir, sbr. og III. kafla laganna almennt og meginregluna um réttinn til reykleysis.

Með lögum nr. 95/2001 var breytt lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, og tóku breytingarnar m.a. til II. kafla laganna sem fjallaði um sölu og auglýsingar á tóbaki. Í 7. gr. var eftir breytingarnar kveðið nánar en áður á um hvað félli undir auglýsingar á tóbaki og reykfærum sem eru bannaðar hér á landi og jafnframt tekið fram að til auglýsinga teldist hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi tóbaksreykinga. Þá var bætt inn í greinina ákvæði um að tóbaki og vörumerkjum tóbaks skyldi komið þannig fyrir á útsölustöðum að það væri ekki sýnilegt viðskiptavinum. Þessi breyting varð tilefni ágreinings milli tóbaksframleiðenda og íslenska ríkisins sem var skorið úr um í Hæstaréttí í málunum nr. 220/2005 og 462/2005. Niðurstaða Hæstaréttar snerist um réttmæti þeirra breytinga sem gerðar voru árið 2001 með því að setja annars vegar auglýsingabann á tóbak og reykfæri og hins vegar bann við því að hafa tóbak og vörumerki þess sýnileg. Í forsendum Hæstaréttar í málunum er fallist á það að viss hvatning til að kaupa tóbak geti verið í því fólgin að stilla vörunni upp á sölustað. Hæstiréttur féllst ekki á þá dómkröfu tóbaksframleiðenda að almennt væri heimilt að hafa tóbak eða vörumerki tóbaks sýnilegt viðskiptavinum á útsölustöðum, enda yrði að telja að það samrýmdist ákvæðum 75. og 73. gr. stjórnarskrárinnar að setja skorður við því að heilsuspillandi vörur á borð við tóbak væru í augsýn annarra viðskiptavina en þeirra sem vildu kaupa þær. Hins vegar taldi Hæstiréttur að með því að ekki hafi verið gerður greinarmunur á sérverslunum með tóbak og öðrum verslunum sem selja tóbak meðal annars varnings m.t.t. sýnileikabannsins hafi löggjafinn farið út fyrir þau mörk sem fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnar setja. Að öllu öðru leyti fóru bæði málin íslenska ríkinu í vil.

Með hliðsjón af framangreindum dómum Hæstaréttar leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þess efnis að gerð verði undantekning frá banni 6. mgr. 7. gr. laganna við að sýna tóbak á sölustöðum þegar í hlut eiga sérverslanir með tóbak og skilgreinir sérverslun með tóbak sem verslun sem einkum hefur tóbak og reykfæri á boðstólum. Til að tryggja virkt eftirlit og koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þessarar undantekningar felur breytingartillaga nefndarinnar í sér að til reksturs sérverslunar með tóbak þurfi, auk almenns leyfis til smásölu, sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Mat á því hvort umsækjandi uppfylli skilyrði laganna og reglugerða til að reka sérverslun sé jafnframt í höndum heilbrigðisnefndar, þ.m.t. taki nefndin afstöðu til þess hvort verslun uppfylli það skilyrði að hafa (einkum) tóbak og reykfæri á boðstólum. Þannig er ætlunin að tryggja að tóbak og vörumerki tóbaks sé eingöngu sýnilegt þeim sem gagngert vilja kynna sér tóbak og kaupa það, sbr. fyrrgreindar forsendur Hæstaréttar. Í breytingartillögu nefndarinnar felst að

einungis sé heimilt að koma tóbaki og vörumerkjum þess þannig fyrir innan sérverslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið. Þannig sé óheimilt að koma tóbaki og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslana, t.d. í búðargluggum eða á annan hátt, að það verði sýnilegt þeim sem ekki eiga erindi í viðkomandi verslun. Þá er gert ráð fyrir að sérverslanir með tóbak skuli auðkenna sérstaklega samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Loks bendir nefndin á að reglugerðarheimild ráðherra skv. 11. mgr. 8. gr. laganna er í breytingartillögunni útfærð nánar þannig að ráðherra er heimilt að kveða nánar á um veitingu leyfa til reksturs sérverslana, m.a. um umbúnað sérverslana með tóbak, hvernig þær skuli auðkenndar.og hvernig koma megi tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérverslunum. Reglugerðarheimild ráðherra er einkum veitt til að unnt sé að kveða nánar á um hugsanleg takmarkatilvik að þessu leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón Ólafur Jónsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara sem hann mun gera grein fyrir við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2006.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Þuríður Backman.

1261. Breytingartillögur [388. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Við 6. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sérverslunum með tóbak, þ.e. verslunum sem einkum hafa tóbak og reykfæri á boðstólum, er þó heimilt að koma tóbaki og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið.
   b. (3. gr.)
      11. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
      Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Til reksturs sérverslunar með tóbak þarf jafnframt sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Auðkenna skal sérverslun með tóbak sérstaklega. Leyfi samkvæmt þessari grein skulu veitt til fjögurra ára í senn og verða einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga

um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer samkvæmt lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti. Ráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt þessari grein, m.a. um umbúnað sérverslana með tóbak, hvernig þær skuli auðkenndar og hvernig koma megi tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérverslunum.

2. Við 2. gr.
   a. Síðari málsliður a-liðar orðist svo: Sama gildir um tilsvarandi svæði utan húss séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.
   b. C-liður orðist svo: 6. mgr. orðast svo:

      Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum, m.a. hvað varðar svæði utan dyra, sbr. 1. mgr.

1262. Nefndarálit [614. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Sigfús Inga Sigfússon frá iðnaðarráðuneytinu.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Samorku, Rafmagnsveitum ríkisins, Norðurorku, Byggðastofnun, Skagafjarðarveitum, Orkustofnun, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæðum III. kafla laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, um stofnun nýrra hitaveitna. Lagt er til að heimilað verði að veita styrki til einkaleyfishitaveitna sem yfirtaka starfsemi einkahitaveitna. Tvö skilyrði eru fyrir því að veita styrki til einkaleyfishitaveitna. Annars vegar er þess krafist að um sé að ræða samruna eða yfirtöku hitaveitu með einkaleyfi á dreifikerfi einkahitaveitu. Hins vegar er gerð krafa um að einkahitaveitan standi frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu og lýtur hún að því að bæta við einu skilyrði fyrir því að heimilt verði að veita styrki til einkaleyfishitaveitna. Skilyrðið lýtur að því að dreifikerfi einkahitaveitu dreifi heitu vatni um dreifikerfi sitt til a.m.k. 5 aðgreindra húsveitna. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til starfandi hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og stækka veitusvæði sitt með yfirtöku á hitaveitum sem

ekki hafa slíkt einkaleyfi, dreifa heitu vatni um dreifikerfi sitt til a.m.k. 5 aðgreindra húsveitna og standa frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Ráðherra er heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð.

Sigurjón Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Guðjón Hjörleifsson.
Helgi Hjörvar.	Jóhann Ársælsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Gunnar Örlygsson.		Katrín Júlíusdóttir.

1263. Svar [659. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Fannýjar Gunnarsdóttur um loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík.

1. Hver er stefna ráðuneytisins hvað varðar loftmengun af völdum svifryks í Reykjavík?

Stefna stjórnvalda um þetta atriði kemur m.a. fram í gildandi reglugerð nr. 251/2002, um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að viðunandi og samræmdar mælingar á styrk svifryks í andrúmsloftinu séu gerðar og að miðla upplýsingum til almennings um styrk þess í andrúmslofti. Jafnframt eru í reglugerðinni sett umhverfismörk, gróðurverndarmörk og heilsuverndarmörk og viðvörunarmörk fyrir svifryk og önnur efni, sem miða að því að komast hjá, fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild. Loks er það markmið reglugerðarinnar að viðhalda gæðum andrúmslofts þar sem þau eru mikil en bæta þau ella að því er varðar svifryk og önnur efni sem falla undir reglugerðina og halda loftmengun af völdum þessara efna í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Reglugerðin gildir um eftirlit, mælingar, upplýsingaskipti og viðvaranir til almennings vegna m.a. svifryks í andrúmslofti. Reglugerðin var sett með hliðsjón af EB-gerðum um þessi efni sem eru hluti EES-samningsins. Frá síðasta ári hafa að viðmiðunarmörk fyrir meðalsólarhringsgildi PM10 verið 50mg/m3 og má gildið ekki fara yfir viðmiðunarmörk oftar en 35 sinnum á ári. Frá og með 2010 má ekki fara oftar en sjö sinnum yfir viðmiðunarmörk.

Talið er að loftmengunar af völdum svifryks hér á landi gæti einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Af þeim sökum og í samvinnu við Reykjavíkurborg ákvað ráðuneytið árið 2001 að setja á laggirnar starfshóp um svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk starfshópsins er að fara yfir stöðu mála og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr svifryksmengun vegna aukinnar umferðar á höfuðborgarsvæðinu til þess að ná settum markmiðum sem tóku gildi 2005, og þó sérstaklega 2010. Fyrstu niðurstöður úr greiningu á svifryki eftir uppsprettum sem unnið var að á vegum Iðntæknistofnunar voru kynntar á ráðstefnu í nóvember 2003. Í framhaldi af því ákvað starfshópurinn að ráðast í frekari greiningu, sérstaklega

með athugun á tengslum veðurfars og svifryksmengunar í Reykjavík, og var gerður samningur við Umhverfisstofnun sem vann verkið í samvinnu við umhverfissvið Reykjavíkurborgar. Skýrslu var skilað til starfshóps um svifryk í byrjun mars sl. og ákvað starfshópurinn að efna til málþings þar sem niðurstöður skýrslunnar yrðu kynntar og málin rædd í heild. Málþingið var haldið 24. apríl sl. og mun starfshópurinn nú í framhaldi skila tillögum til umhverfisráðherra.

2. *Með hvaða úrræðum mæla sérfræðingar ráðuneytisins?*

Framangreind nefnd um svifmengun á höfuðborgarsvæðinu hefur, eins og fram hefur komið, ekki skilað tillögum til ráðherra. Ljóst er að svifryksmengun er að miklu leyti háð veðurfari og eykst svifryksmengun á köldum stillum vetrardögum en dregur úr henni eftir því sem úrkoma er meiri. Ýmis úrræði sem koma til greina og hafa helst verið nefnd hvatning til að draga úr notkun nagladekkja, betri stilling bifreiða, hreinsun gatna, sótsíur á dísilbifreiðar, svo nokkuð sé nefnt. Málið verður tekið til frekari umfjöllunar í ráðuneytinu þegar tillögur svifryksstarfshópsins liggja fyrir.

3. *Hvort eru aðgerðir á ábyrgð umhverfisráðuneytis eða borgaryfirvalda?*

Almennt annast heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eftirlit með framkvæmd reglugerða um loftmengun í þéttbýli og gera eftir því sem við á ráðstafanir til að dregið verði úr loftmengun og umhverfismörk virt. Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma fari mengun verulega yfir gildandi umhverfismörk, t.d. vegna ófyrirséðra atvika eða ef óþæginda gætir af völdum annarra mengandi efna en þeirra sem sérstakar reglur gilda um. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um loftgæði skal viðkomandi heilbrigðisnefnd semja aðgerðaráætlun sem gildir um skammtímaráðstafanir sem fylgja skal ef hætta er á að farið verði yfir umhverfismörk og/eða viðvörunarmörk og til að draga úr þeirri hættu sem slík atvik skapa og stytta tímann sem þau vara.

1264. Nefndarálit [714. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarna Lárusson frá ríkisskattstjóra, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bryndísi Skúladóttur fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins, Hörð Davíð Harðarson frá embætti tollstjórans í Reykjavík, Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti og Guðlaug Sverrisson frá Úrvinnslusjóði.

Lagt er til í frumvarpinu að það verði hlutverk Úrvinnslusjóðs en ekki sveitarfélaga að ná tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappír og plastumbúðaúrgangs sem skal fara í endurnýtingu og endurvinnslu. Í 5. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, eru ákvæði þar sem kveðið er á um markmið um úrvinnslu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs, úr sér genginna ökutækja og raf- og rafeindaúrgangs.

Þá eru lagðar til breytingar vegna margnota flutnings- og safnumbúða. Einnig er lagt til að ábyrgð á greiðslu úrvinnslugjalds færist frá innflytjendum og framleiðendum til kaupanda. Auk þess er lagt til að skattstjóra sé heimilt að gefa út svokallað úrvinnslugjaldsskírteini en

því svipar til vörugjaldsskírteinis og er ætlað að liðka fyrir innheimtu og álagningu gjaldsins. Þá eru gerðar lagfæringar á lögunum sem lúta að tilvísunum í ný tollalög, nr. 88/2005.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Nefndin leggur til breytingar á 1. gr. og 1. efnismgr. a-liðar 3. gr. frumvarpsins með því að skjóta inn tilvísunum í önnur ákvæði laganna til nánari skýringar. Þá er lögð til breyting á 1. málsl. 2. efnismgr. e-liðar með því að skipta orðinu „reikningur“ út fyrir orðið „sölureikningur“. Einnig er lögð til breyting á 3. efnismgr. e-liðar 3. gr. í því skyni að heimilt verði að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappa, pappír eða plasti en í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir að innflytjendur umbúða geti fengið slíkt skírteini. Að lokum skal getið breytingar á 9. gr. frumvarpsins en hún lýtur að tilvísunum í ákvæði. Breyting nefndarinnar lýtur að því að vísa í ákvæði frumvarpsins en ekki laganna eins og þau verða verði frumvarpið að lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Mörður Árnason.	Kjartan Ólafsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Rannveig Guðmundsdóttir.

1265. Breytingartillögur [714. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „tölulegum markmiðum“ bætist: 3. mgr. 15. gr.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „sbr. 3. mgr.“ í 1. efnismgr. a-liðar bætist: 3. gr.
   b. Í stað orðsins „reiknings“ í 1. málsl. 2. efnismgr. e-liðar komi: sölureiknings.
   c. 3. efnismgr. e-liðar orðist svo:
      Skattstjóra er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappír, pappa eða plasti, sbr. 6. mgr. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi, framleiðslu eða sölu úrvinnslugjaldsskyldra umbúða. Skírteinið veitir handhafa þess heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
3. Við 6. gr. D-liður orðist svo: Í stað orðanna „101. gr. tollalaga nr. 55/1987“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.

4. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 8. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „tollalaga, nr. 55/1987“ í 20. gr. laganna kemur: tollalaga, nr. 88/2005.
5. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „9. og 10. mgr. 7. gr. a“ komi: 3. og 4. mgr. e-liðar 3. gr.
   b. Í stað „1. júní 2006“ komi: 1. ágúst 2006.

1266. Nefndarálit [695. mál]

um frv. til l. um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Barnaverndarstofu, Ríkisútvarpinu, Smáís – samtökum myndréttarhafa á Íslandi, SVÞ – samtökum verslunar og þjónustu og Heimili og skóla – landssamtökum foreldra.

Í frumvarpinu er lagt til að Kvikmyndaskoðun ríkisins verði lögð niður og að ábyrgðaraðilar, þ.e. framleiðendur, útgefendur, sýningaraðilar og smásöluaðilar kvikmynda og tölvuleikja, beri sjálfir kostnað af að koma upp og reka skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Gert er ráð fyrir að ábyrgðaraðilarnir setji sér verklagsreglur að fyrirmynd erlendra skoðunarkerfa og að verklagsreglurnar taki til stjórnunar aðgangs að kvikmyndahúsum og afhendingar kvikmynda og tölvuleikja á sölustöðum og í myndbandaleigum. Einnig verður Barnaverndarstofu falið töluvert hlutverk við framkvæmd laganna.

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um eftirlit, stöðvunarúrræði og endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu. Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á greininni sem lúta einkum að uppröðun málsgreina og orðalagsbreytingum til að varpa skýrara ljósi á hlutverk Barnaverndarstofu og samspil hennar við lögreglu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist svo:

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt. Í því skyni er Barnaverndarstofu heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum skv. 1. mgr. 3. gr. og framkvæmd þeirra. Slík úttekt skal vera á kostnað þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr., óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi ekki farið fram og er henni þá heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa, með tilkynningu til ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofu er heimilt að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks.

Á meðan sýningar- og dreifingarbann varir skal fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Ef ágrein-

ingur er um niðurstöðu endurmats ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Sú ákvörðun telst endanleg og verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Leiði endurmat til þess að sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks skuli takmarkast við eldri áhorfendur en upphaflegt mat kvað á um gildir sýningar- og dreifingarbann skv. 2. mgr. Barnaverndarstofu er heimilt að veita ábyrgðaraðila allt að vikufrest til að innkalla og endurmerkja öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir og kynningarefni til samræmis við niðurstöðu endurmatsins.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála. Þegar lögreglu hefur borist kæra fyrir brot gegn 1. eða 2. mgr. 2. gr. laga þessara skal lögregla þegar í stað tilkynna Barnaverndarstofu um málavexti. Barnaverndarstofa leggur sjálfstætt mat á hvort beita beri stöðvunarheimild 2. mgr.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd eða tölvuleik ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

Björgvin G. Sigurðsson, Hjálmar Árnason og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form., frsm.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.	Dagný Jónsdóttir.
Kjartan Ólafsson.	Einar Már Sigurðarson.	Atli Gíslason.

1267. Svar [705. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Adolfs H. Berndsen um fjölda ríkisstarfsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir ríkisstarfsmenn eru í hverju sveitarfélagi landsins með 300 íbúa eða fleiri og hvert er hlutfall þeirra af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags?

Í töflunni er listi yfir sveitarfélög með yfir 300 íbúa og fjölda starfsmanna ríkisins í hverju þeirra. Einnig er íbúatala þeirra birt ásamt hlutfalli starfsmannanna af íbúafjölda. Stuðst er við sveitarfélagalista með íbúatölum frá Hagstofu Íslands frá desember 2005. Launagögn eru fjöldi ársverka í dagvinnu greidd sem almenn mánaðarlaun úr launakerfi Fjársýslu ríkisins 2005 auk sambærilegra gagna frá heilbrigðisstofnunum utan Reykjavíkur.

Sveitarfélag	Íbúar alls	Fjöldi ríkis-starfsmanna	Hlutfall af íbúum
Reykjavík	114.968	10.224	8,89%
Kópavogur	26.512	587	2,21%
Seltjarnarnes	4.471	28	0,63%
Garðabær	9.444	87	0,92%
Hafnarfjörður	22.498	314	1,39%
Sveitarfélagið Álftanes	2.205	0	0,00%
Mosfellsbær	7.165	24	0,33%
Reykjanesbær	11.367	301	2,65%
Grindavíkurbær	2.614	2	0,07%
Sandgerði	1.538	0	0,00%
Sveitarfélagið Garður	1.377	1	0,07%
Sveitarfélagið Vogar	1.019	0	0,00%
Akranes	5.786	125	2,16%
Borgarfjarðarsveit	736	7	0,99%
Borgarbyggð	2.720	85	3,12%
Grundarfjarðarbær	975	26	2,69%
Stykkishólmur	1.166	22	1,90%
Snæfellsbær	1.731	6	0,35%
Dalabyggð	639	13	2,07%
Bolungarvík	920	7	0,77%
Ísafjarðarbær	4.108	120	2,91%
Tálknafjarðarhreppur	302	0	0,00%
Vesturbyggð	964	15	1,55%
Hólmavíkurhreppur (eftir 2001)	446	8	1,89%
Siglufjörður	1.352	16	1,18%
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.106	125	3,04%
Húnaþing vestra	1.174	3	0,28%
Blönduóssbær	903	16	1,77%
Höfðahreppur	545	1	0,18%
Húnavatnshreppur	405	1	0,25%
Akureyri	16.756	456	2,72%
Húsavíkurbær	2.370	41	1,73%
Ólafsfjarðarbær	944	6	0,64%
Dalvíkurbyggð	1.924	14	0,71%
Eyjafjarðarsveit	981	4	0,41%
Hörgárbyggð	397	0	0,00%
Svalbarðsstrandarhreppur	383	0	0,00%
Grýtubakkahreppur	367	1	0,27%
Skútustaðahreppur	429	2	0,47%
Þingeyjarsveit	687	9	1,27%
Öxarfjarðarhreppur	328	2	0,61%
Þórshafnarhreppur	417	2	0,48%
Seyðisfjörður	736	17	2,25%
Fjarðabyggð	3.907	38	0,98%
Vopnafjarðarhreppur	726	4	0,58%

Sveitarfélag	Íbúar alls	Fjöldi ríkis-starfsmanna	Hlutfall af íbúum
Fljótsdalshreppur	376	1	0,27%
Djúpavogshreppur	454	1	0,27%
Austurbyggð	859	10	1,13%
Fljótsdalshérað	3.990	121	3,03%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.181	17	0,77%
Vestmannaeyjar	4.172	66	1,58%
Sveitarfélagið Árborg	6.987	260	3,72%
Mýrdalshreppur	504	8	1,53%
Skaftárhreppur	491	2	0,45%
Rangárþing eystra	1.669	16	0,93%
Rangárþing ytra	1.454	49	3,39%
Hrunamannahreppur	766	1	0,13%
Hveragerði	2.084	2	0,08%
Sveitarfélagið Ölfus	1.794	1	0,07%
Grímsnes- og Grafningshreppur	358	1	0,28%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	1	0,19%
Bláskógabyggð	924	25	2,73%
	295.092	13.342	4,52%

1268. Frumvarp til laga [801. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

Orðin „og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi“ í 7. tölul. 2. mgr. 61. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 61. gr. laganna kemur ný grein, 61. gr. a, svohljóðandi:

Við slit á sparisjóði, eða þegar sparisjóður breytir rekstrarformi sínu, skal ráðstafa eigin fé hans, öðru en stofnfé, til sveitarfélags þar sem sjóðurinn hefur starfsstöð eða stjórn eða samþykktir hafa skilgreint sem viðskiptasvæði hans. Ef starfs- eða viðskiptasvæði sjóðsins tekur yfir fleiri sveitarfélög en eitt skal stjórn sjóðsins kjósa þriggja manna skilanefnd, sem skiptir eigin fé sjóðsins hlutfallslega eftir íbúatölu sveitarfélaganna og gengur frá uppgjöri við sveitarfélögin. Kveði samþykktir sjóðsins á um aðra skiptingu á eignum sjóðsins en að miðað sé við íbúatölu sveitarfélaga skulu ákvæði samþykkta ganga framar.

Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag eða annað rekstrarform er sveitarstjórn heimilt að taka við hlutabréfum eða öðrum eignarheimildum ef þau jafngilda verðmæti annars eigin fjár sjóðsins sem fellur í hlut þess. Sveitarstjórn verður að samþykkja þá ráðstöfun sérstaklega.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði í samþykktum“ í 1. mgr. kemur: þar sem m.a. skal kveðið á um að öllum viðskiptamönnum sparisjóðsins skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni, auk stofnfjáreigenda og einstaklinga á viðskiptasvæði sjóðsins að hluta.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ekki er heimilt að veita stofnfjáreigendum forkaupsrétt að stofnfjárhlutum þegar stofnfé er aukið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hafa staðið átök um rekstur og starfsemi sparisjóðanna í landinu. Sparisjóðirnir eru í eðli sínu sjálfseignarstofnanir, þótt stofnfé sé í eigu einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga. Með starfsemi sinni hafa sjóðirnir byggt upp eigið fé sitt. Eigin fé sjóðanna má skipta í tvennt. Annars vegar stofnfé, sem er í eigu stofnfjáreigenda, og hins vegar annað eigið fé. Stofnféð er jafnan lítill hluti eigin fjár sjóðanna þótt á því séu undantekningar. Yfirráð og eignarhald á öðru eigin fé sjóðanna en stofnfé virðist flutningsmönnum uppspretta átaka og deilna sem staðið hafa um sjóðina undanfarin missiri.

Þegar sjóðirnir voru stofnaðir var yfirlýstur tilgangur þeirra að taka virkan þátt í uppbyggingu og fjármálaþjónustu á sínu svæði. Sú hugmynd gekk eftir. Til að undirstrika enn frekar tilgang sinn var víða kveðið á um í samþykktum að eignir sjóðanna skyldu renna til menningar- og líknarmála í sveitarfélögum hættu þeir starfsemi. Þá tilnefndu sveitarfélögin einstaklinga til setu í stjórnum sjóðanna. Mismunandi var þó hversu marga þau tilnefndu. Víða hefur verið fallið frá þessu fyrirkomulagi.

Tímarnir hafa breyst frá því að sjóðirnir voru stofnaðir. Eins og áður hefur komið fram er það mat flutningsmanna að hugmyndir einstaklinga um að eignarhald á öðru eigin fé sjóðanna en stofnfé sé óljóst hafi leitt til uppkaupa á stofnbréfum og kapphlaupi um völd. Flutningsmenn telja því afar brýnt að kveðið verði skýrt á um í lögum hvernig fara skuli með þessa eign hætti þeir að starfa sem sparisjóðir og/eða breyti um rekstrarform.

Flutningsmenn eru undrandi á að stjórnvöld hafi ekki enn lagt fram hugmyndir eða gripið til aðgerða í ljósi þess umróts sem verið hefur undanfarin missiri og leggja því sjálfir fram þetta frumvarp. Flutningsmenn leggja til að eignir sjóðanna renni til sveitarfélaga þar sem starfsstöðvar sparisjóðanna eru eða stjórn eða samþykktir þeirra hafa skilgreint sem viðskiptasvæði sjóðanna. Flutningsmenn telja eðlilegt í þessu samhengi að sveitarfélög, sem eru samnefnari fyrir fólkið í þessum sveitarfélögum taki við þessum eignum. Fleiri leiðir eru þó færar standi vilji manna til þess.

Íslandssagan geymir dæmi þess að aðilar hafi komist yfir fé við sambærilegar aðstæður án þess að hafa átt skýra kröfu til þess. Ýmsir hafa kallað eignir þar sem eignarhald er óljóst „fé án hirðis“ og jafnvel talið möguleika á að komast yfir slíkt fé.

Sveitarfélögin munu ekki njóta ávaxtanna, eins og til var ætlast í upphafi, nema tekin verði af öll tvímæli um hvert annað eigið fé skuli renna hætti sjóðirnir störfum og/eða breyti um rekstrarform. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að upphafleg markmið með stofnun sjóðanna nái fram að ganga.

Ein meginforsenda þess að hægt sé að vernda eignarréttinn er að menn geri sér almennt grein fyrir því hvað þeir eiga ekki og hegði sér samkvæmt því. Geri menn það ekki er eignarréttur lítils virði. Frumvarpinu er ætlað að vernda eignarrétt almennings í landinu á öðru eigin fé sparisjóðanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Meginbreytingin er sú, eins og þegar hefur verið rakið, að ef sparisjóður hættir að starfa sem sparisjóður, samkvæmt skilgreiningu laganna, skuli annað eigið fé sjóðsins en stofnfé renna til sveitarfélags eða sveitarfélaga á starfssvæði eða viðskiptasvæði sjóðsins.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að að stofnfjáreigendum, viðskiptamönnum og einstaklingum á starfssvæði hans skuli boðið að kaupa stofnbréf þegar sjóður ákveður að auka við stofnfé sitt. Þannig megi tryggja að sjóðurinn geti alltaf eflt sig með útgáfu nýs stofnfjár. Enn fremur er lagt til að óheimilt verði að veita stofnfjáreigendum forkaupsrétt að nýju stofnfé. Það er í samræmi við tilgang sjóðanna að allir á starfssvæði hans eigi kost á því að gerast stofnfjáreigendur og á þann hátt lagt uppbyggingu samfélagsins lið, auk þess sem kaup á stofnfé verður álitlegur fjárfestingarkostur fyrir einstaklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið leiðir af þeim breytingum sem lagðar eru til í 2. gr. þessa frumvarps.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að annað eigið fé sparisjóðs renni til sveitarfélags á starfssvæði eða viðskiptasvæði sjóðsins, eins og sjóðurinn skilgreinir það, þegar sjóður hættir starfsemi eða breytir rekstrarformi sínu, þ.e. er breytt í hlutafélag eða annars konar félag eða af öðrum orsökum hættir starfsemi. Í greininni er gert ráð fyrir þeim möguleika að sveitarfélög taki við hlutafé eða öðrum eignarheimildum sem jafngildi verðmæti þess fjár sem það ella hefði fengið samkvæmt þessu ákvæði.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 66. gr. laganna. Annars vegar er kveðið á um rétt viðskiptamanna, stofnfjáreigenda og einstaklinga á starfssvæði eða viðskiptasvæði sjóðsins til að taka þátt í útboði á nýju stofnfé. Stofnfé skal skipt jafnt milli þeirra sem óska að kaupa stofnbréf. Í ljósi tengsla sparisjóða við starfssvæði sín er nauðsynlegt að hverfa frá því að handvalið sé í flokka stofnfjáreigenda. Rétt þykir að festa það í lög þannig að einstaklingum og viðskiptamönnum sé ekki mismunað þegar valið er í þennan hóp.

Hins vegar er hér lagt til að kveðið verði skýrt á um að ekki sé heimilt að veita stofnfjáreigendum forkaupsrétt að nýju stofnfé. Með þessu er tryggt að allir eigi aðgang að nýju stofnfé.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

1269. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Eimskipafélagi Íslands ehf., Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, tollstjóranum í Reykjavík og talsmanni neytenda.

Með frumvarpinu er lagt til að reglugerð ráðsins 2679/98/EB, sem tekur til starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli landa, verði tekin upp í innlendan rétt. Í reglugerðinni er annars vegar mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Hins vegar að komið verði á fót kerfi upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eða eftir atvikum Eftirlitsstofnunar EFTA ef slíkra hindrana verður vart.

Nefndin telur rétt að taka fram að reglugerðin nær aðeins til hindrana sem hafa í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum, valda einstaklingum sem þær bitna á alvarlegu tjóni og fela í sér skyldu til að krefjast tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir að röskunin eða tjónið sem um ræðir verði viðvarandi, breiðist út eða magnist. Þá er skýrt tekið fram í 2. gr. reglugerðarinnar að hún hafi ekki áhrif á grundvallarréttindi, svo sem verkfallsrétt. Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98

frá 7. desember 1998

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.

2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.

3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.

4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.

5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.

6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.

7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.

8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundnum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.

9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.

10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:

a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun

a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og

b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.

2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða

það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og

b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.

4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða

— leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.36. gr. sáttmálans.

5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

Atli Gíslason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.
Björgvin G. Sigurðsson og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Birgir Ármannsson.	Kjartan Ólafsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1270. Breytingartillögur [794. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Lúðvík Bergvinssyni.

1. 4. gr. orðist svo:
   Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. lög nr. 70/2005 og 126/2005, orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð olíugjalds vera 35 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2006.
2. Á undan 1. gr. komi ný kaflafyrirsögn, I. kafli, **Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.**
3. Við bætist nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum**, með einni grein, 6. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 3,28 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá 1. júlí 2006 til 31. desember 2006.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða sem varða bensíngjald og olíugjald.

Greinargerð.

Með þessum breytingartillögum er lagt til að olíugjald verði lækkað um 6 kr. umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir eða úr 41 kr. í 35 kr. frá 1. júlí til 31. desember nk. Jafnframt er lögð til tímabundin lækkun á bensíni um 6 kr. yfir sama tímabil. Með þessum breytingum mundi útsöluverð á bensíni og olíu lækka um tæpar 7,50 kr. þegar virðisaukaskattur hefur verið lagður á. Þótt tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytingar verði 600 millj. kr. á tímabilinu vegna bensínlækkunar og 385 millj. kr. vegna olíulækkunar umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru viðbótartekjur ríkissjóðs á heilu ári engu að síður verulega umfram þessar fjárhæðir. Áhrifin á vísitöluna við þessa breytingu eru 0,4% sem vinna mundi gegn áhrifum vaxandi verðbólgu. Með breytingunni yrði dregið úr útgjöldum heimilanna um 750 millj. kr. á seinni helmingi ársins eingöngu vegna þessarar tímabundnu bensínlækkunar en aukin útgjöld vegna þróunar bensínsverðs fyrir meðalbílinn eru yfir 40 þús. kr. á einu ári. Þetta er sama leiðin og valin var af stjórnvöldum árið 2002, en þá var lögð til tímabundin lækkun á almenna vörugjaldinu með þeim rökstuðningi að áhrif hækkunar á bensínverði væru umtalsverð og gætu stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu.

1271. Svar [593. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu.

1. *Liggur fyrir skýrsla eða viðbragðsáætlun eftir tveggja ára óformlegt samráð forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytisins, Fjámálaeftirlitsins og Seðla-*

banka Íslands um viðbúnað og viðbrögð ef upp kemur fjármálakreppa eða alvarleg áföll verða í fjármálakerfinu?

2. *Ef svo er, verður þessi skýrsla gerð opinber? Ef ekki, mun ráðherra verða við ósk um að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis verði kynnt efni hennar?*
3. *Hver er skilgreind verkefnalýsing í því formlega samráði sem komið var á um miðjan febrúar sl. á milli fyrrgreindra aðila, sbr. 1. tölul.?*

Vinnuhópur undir forystu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins sem skipaður var í ársbyrjun 2004 til að skoða viðbúnað stjórnvalda við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfum skilaði skýrslu 17. febrúar sl. Skýrslan er á vef forsætisráðuneytis. Meðal tillagna vinnuhópsins var að skipaður yrði sérstakur samráðshópur fulltrúa Fjármálaeftirlits, Seðlabankans, fjármálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins sem jafnframt stýrði hópnum. Helstu verkefni þessa samráðshóps eru að fjalla um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, og fylgjast með meiri háttar breytingum á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn, ásamt því að fara með álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES. Samráðshópurinn verður vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann verður ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir. Samráðshópurinn útbýr og heldur við lista yfir helstu tengiliði. Hann getur staðið að og tekið þátt í viðlagaæfingum eins og þeim sem hafa farið fram í samvinnu Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar.

4. *Hafa verið mótaðar reglur um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu og hvert er megininntak þeirra reglna?*
5. *Hvaða reglur gilda annars staðar á Norðurlöndum um viðbúnað við fjármálakreppu eða alvarlegum áföllum í fjármálakerfinu?*

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 er kveðið á um heimild hans til þess að gegna hlutverki lánveitanda til þrautavara. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hefur bankinn mótað eigin reglur, innanhússreglur, um viðbúnað sinn til þess að bregðast við lausafjárerfiðleikum í samræmi við þessa heimild. Reglurnar varða viðbrögð, fyrirkomulag og meðhöndlun Seðlabankans í slíkum tilvikum. Þær hafa ekki verið birtar opinberlega. Annars staðar á Norðurlöndunum hefur hver seðlabanki mótað eigin reglur um viðbrögð í lausafjárþrengingum banka. Á árinu 2003 gerðu norrænu seðlabankarnir með sér samkomulag um viðbrögð við lausafjárerfiðleikum banka sem starfa í fleiri en einu landanna. Það samkomulag var birt á heimasíðu bankanna á sínum tíma.

Í ritinu Fjármálastöðugleiki 2006 sem nýkomið er út hjá Seðlabanka Íslands er m.a. fjallað um viðbúnað við áföllum í fjármálakerfinu hér á landi, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu og tengslum Íslands við þá vinnu sem þar fer fram.

1272. Svar [759. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um upptöku evru.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir upptöku evrunnar á Íslandi á næstu árum?

Tilefni fyrirspurnarinnar er væntanlega pistill um Ísland og evruna sem ráðherra ritaði fyrir nokkru.

Þar var þeirri spurningu velt upp hvort Íslendingar gætu til langframa verið hluti af stóru hagkerfi sem er innri markaður Evrópu þar sem ríkir frelsi í flutningum á fjármagni en samt haldið sjálfstæðri mynt með þeim takmörkunum sem það hefur í för með sér. Jafnframt var þeirri spurningu velt upp hvort hagsmunum Íslands yrði best þjónað með aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu.

Í framhaldi af þessum pistli leitaði sendiherra ESB á Íslandi, Percy Westerlund, að eigin frumkvæði svara hjá Evrópusambandinu við því hvort mögulegt væri fyrir Ísland að gerast aðili að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (EMU) án aðildar að ESB. Eins og kunnugt er var svar starfsmanna framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins neikvætt.

Burtséð frá öllu þessu er okkur hollt að hugleiða af fullri alvöru hvort lítill gjaldmiðill hjá þjóð sem á jafnmikið og við Íslendingar undir utanríkisviðskiptum og er jafnháð sveiflum, bæði í verði afurða sem og af náttúrulegum ástæðum, geti tryggt þá festu sem við viljum búa við.

Það er ekki á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi. Hins vegar telur ráðherra það skyldu sína að velta fyrir sér öllum valkostum um starfsumhverfi íslensks atvinnulífs til framtíðar.

1273. Svar [550. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um kaup Eglu hf. á Búnaðarbankanum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Getur viðskiptaráðherra upplýst með óyggjandi hætti, m.a. á grundvelli upplýsinga sem aflað verði frá Fjármálaeftirlitinu hérlendis og sambærilegri stofnun í Þýskalandi, hvort þýski bankinn Hauck & Aufhauser var eins og haldið hefur verið fram meðal raunverulegra kaupenda og síðan eigenda Búnaðarbankans sem hluti af Eglu hf. þegar einkavæðingu Búnaðarbankans lauk, sbr. tilkynningu 16. janúar 2003?*
2. *Ef í ljós kemur að hinn erlendi banki var ekki meðal raunverulega kaupenda og upplýsingar þar um voru rangar, hvaða afleiðingar mun það hafa í för með sér gagnvart:*
   a. *öðrum bjóðendum í Búnaðarbankann sem gengið var fram hjá með vísan til hins erlenda banka sem þátttakanda í tilboði Eglu hf.,*
   b. *einkavæðingarnefnd,*
   c. *ráðherranefnd um einkavæðingu,*
   d. *Kauphöll Íslands vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,*
   e. *Fjármálaeftirlitinu vegna rangrar upplýsingagjafar eða mistaka við eftirlit,*
   f. *Ríkisendurskoðun, sbr. skýrslu þeirrar stofnunar um einkavæðinguna,*
   g. *kaupandanum Eglu hf.?*

Ráðuneytið ritaði Fjármálaeftirlitinu (FME) erindi hinn 2. mars sl. og óskaði eftir því að stofnunin veitti því þær upplýsingar sem nauðsynlegar væru til að unnt væri að svara fyrirspurninni eftir því sem stofnunin teldi sig hafa heimildir til vegna þagnarskylduákvæða og

aðgengis. Svar Fjármálaeftirlitsins barst ráðuneytinu í tvennu lagi, með bréfum dags. 3. apríl sl. og 2. maí sl., og er svar ráðuneytisins byggt á upplýsingum stofnunarinnar.

Ráðuneytið ritaði forseta Alþingis bréf hinn 13. mars sl. og tilkynnti um væntanlega töf á svari. Á þeim tíma reiknaði ráðuneytið með að stofnunin mundi leita til Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin), systurstofnunar FME í Þýskalandi, um staðfestingu á því að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hefði verið „raunverulegur eigandi" hlutafjár í Eglu hf., sbr. orðalag fyrirspurnar háttvirts þingmanns. Því væri svars ekki að vænta innan þess tímafrests sem áskilinn er í þingskapalögum. Við nákvæma yfirferð þeirra gagna sem FME hafði tiltæk þróuðust mál hins vegar á þann veg að stofnunin sá ekki tilefni til þess að leita til BaFin.

Í svari FME kemur fram að hinn 16. janúar 2003 hefðu Egla hf., Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn og Vátryggingafélag Íslands hf. lagt fram umsókn til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við 40. gr. laga nr. 161/2002, um samþykki stofnunarinnar fyrir kaupum þessara aðila á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Við athugun á umsókninni aflaði FME upplýsinga og gagna um umsækjendur til þess að geta lagt mat á hæfi þeirra. Upplýsingaöflun þessi varðaði m.a. hluthafa Eglu hf., þ.m.t. þýska bankann Hauck & Aufhäuser. Við upplýsingaöflun um þýska eignaraðilann var FME í samskiptum við systurstofnun sína í Þýskalandi. FME fékk staðfest að þýski bankinn hefði starfsleyfi sem viðskiptabanki í Þýskalandi og lyti eftirliti BaFin. Enn fremur óskaði FME eftir upplýsingum BaFin um það hvort sú stofnun gerði athugasemdir við fyrirhuguð viðskipti Hauck & Aufhäuser og fékk staðfest að svo væri ekki. Á grundvelli þess að FME hafði þegar átt samskipti við þýsku systurstofnunina um þátttöku Hauck & Aufhäuser í hlutafélaginu Eglu hf. og kaupum á Búnaðarbankanum og fengið staðfestingu á því að BaFin gerði ekki athugasemdir við viðskiptin taldi FME ekki tilefni til að leita aftur til BaFin. Í svari Fjármálaráðuneytisins til ráðuneytisins kemur fram að miðað við þær upplýsingar sem stofnunin hefur aflað sér, sbr. þær skyldur sem VI. kafli laga nr. 161/2002 leggur á hana, sé ekkert sem bendi til annars en að Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. í samræmi við veittar upplýsingar í tengslum við sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. í janúar 2003.

Í svarbréfi FME kemur enn fremur fram að stofnunin hafi m.a. farið yfir ársreikning Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, aflað upplýsinga frá Eglu hf. um hlutafjárþátttöku þýska bankans í Eglu hf. í upphafi árs 2003 og breytingar á eignarhaldi hluthafa frá sama tíma. Að mati FME kemur ekkert fram í gögnum sem aflað hefur verið og í þeim upplýsingum sem stofnuninni hafa verið veittar sem gefur tilefni til að ætla að Hauck & Aufhäuser hafi ekki verið hluthafi í Eglu hf. frá janúar 2003 og allt til 17. mars 2005. FME lætur þess enn fremur getið í svari sínu til ráðuneytisins að fyrir liggi staðfesting endurskoðanda Hauck & Aufhäuser í Þýskalandi, KPMG í Frankfurt, að eignarhlutur bankans í Eglu hf. hafi verið hluti af verðbréfaeign bankans árið 2004. Með tilvísun til framangreindra upplýsinga telur FME, eins og áður er getið, ekki nauðsyn á að afla sérstakrar staðfestingar BaFin, systurstofnunar sinnar í Þýskalandi, á því að Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að fyrirliggjandi upplýsingar lögbærra yfirvalda, í þessu tilviki FME og BaFin, og staðfesting virts endurskoðunarfirma, samanber og sjálfstæða athugun Ríkisendurskoðunar, gefi ekki tilefni til þess að efast um að Hauck & Aufhäuser hafi verið meðal hluthafa í Eglu hf. frá 16. janúar 2003 til 17. mars 2005.

Í bréfi FME til ráðuneytisins, dags. 2. maí sl., segir orðrétt: „Með vísan til ofangreindra gagna og efnis bréfs Fjármálaeftirlitsins frá 3. apríl sl. eru engar forsendur til að ætla annað en að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Eglu hf. og þátttakandi í einkavæðingu Búnaðarbankans í janúar 2003."

Ráðuneytið fór þess á leit við FME að stofnunin gæfi ráðuneytinu skrá yfir þau gögn sem farið var yfir og lágu til grundvallar mati FME á því að ekki væri tilefni til að efast um að Hauck & Aufhäuser hafi verið raunverulegir eigendur eignarhluta í Eglu hf. Er skrá þessi birt hér á eftir.

Með tilvísun til þess sem fram kemur í svari við fyrri hluta fyrirspurnarinnar þar sem fram kemur að mati ráðuneytisins fullnægjandi vissa fyrir því að upplýsingar um eignaraðild Hauck & Aufhäuser hafi reynst réttar, telst ekki tilefni til að fjalla um annan hluta fyrirspurnarinnar.

Gögn sem FME fór yfir vegna fyrirspurnar á þskj. 798:

1. Yfirlýsing frá KPMG í Frankfurt, dags. 17. mars 2006, ljósrit úr gögnum Ríkisendurskoðunar.
2. Fulltingi hf., Eignarhald í Eglu hf. Bréf dags. 3. mars 2006.
3. Ársreikningur Eglu hf. fyrir árið 2004, útg. 20. júní 2005.
4. Fundargerð hluthafafundar Eglu hf., dags. 29. desember 2004.
5. Fundargerð stjórnar Eglu hf., dags. 14. október 2004.
6. Fulltingi ehf. Bréf dags. 1. júní 2004.
7. Share purchase agreement, fax dags. 14. maí 2004.
8. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, bréf dags. 8. mars 2004.
9. Ársreikningur Eglu hf. fyrir árið 2003, útg. 27. febrúar 2004.
10. Fulltingi ehf. Beiðni um samþykki fyrir sölu hluta í Eglu hf., dags. 27. febrúar 2004.
11. Fundargerð hluthafafundar Eglu hf., dags. 12. desember 2003.
12. Hauck & Aufhäuser, fax dags. 12. desember 2003.
13. Hauck & Aufhäuser, Power of Attorney, dags. 12. desember 2003.
14. Fulltingi ehf. réf til Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KgaA, dags. 12. maí 2003.
15. Minutes of shareholders´meeting, Egla hf. dags. 9. apríl 2003.
16. Egla ehf. Bréf til Hauck & Aufhäuser, dags. 31. mars 2003.
17. Fundargerð hluthafafundar Eglu hf., dags. 25. mars 2003.
18. Hauck & Aufhäuser, Power of Attorney/umboð, dags. 25. mars 2003.
19. Endurrit hluthafafundar í Eglu hf., dags. 16. janúar 2003.
20. Samþykktir fyrir Eglu hf., dags. 16. janúar 2003.
21. Hauck & Aufhäuser, Share purchase agreement, dags. 15. janúar 2003.
22. Hauck & Aufhäuser, Vollmacht/Power of Attorney, dags. 14. janúar 2003.
23. Hauck & Aufhäuser, Power of Attorney, dags. 14. janúar 2003.
24. Egla ehf. Bréf til Hagstofu Íslands/hlutafélagaskrár, dags. 10. janúar 2003.

1274. Nefndarálit [795. mál]

um frv. til l. um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Geir H. Haarde utanríkisráðherra, Jón Egil Egilsson og Veturliða Þór Stefánsson frá utanríkisráðuneyti, Björn Inga Knútsson, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli, Vernharð Guðnason frá Landssambandi slökkviliðs-

og sjúkraflutningamanna og Kristján Gunnarsson og Guðjón H. Arngrímsson frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Hlutverk hennar verði að annast stjórn, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samráði við ákvæði loftferðalaga og annarra laga. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hefur hingað til starfað á grundvelli reglugerðar sem sett er með stoð í lögum nr. 110/1952, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna. Vegna ákvörðunar Bandaríkjastjórnar um breytingar á starfsemi Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að taka yfir þá starfsemi og þann rekstur Keflavíkurflugvallar sem Bandaríkjamenn hafa annast hingað til og er m.a. bætt úr því með sérstökum lögum um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

Með ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þegar verði hafist handa um að ráða starfsfólk til stofnunarinnar. Þar sem sérstaklega stendur á er lagt til að heimilt verði að víkja frá ákvæðum um auglýsingu opinberra starfa í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin fjallaði sérstaklega um bráðabirgðaákvæðið þar sem segir að eftir því sem við verði komið verði því starfsfólki sem hafi starfað hjá tilgreindum deildum varnarliðsins boðið starf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar. Nefndin leggur til að ákvæðið verði gert afdráttarlaust um að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði gert skylt að bjóða öllu viðkomandi starfsfólki störf.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem verða með yfirfærslu verkefna frá varnarliðinu til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Af þessari ástæðu er ekki kveðið á um það í frumvarpinu að sú skylda hvíli á Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar að bjóða öllum starfsmönnum sambærileg störf við þau sem þeir hafa áður gegnt fyrir fyrri vinnuveitanda þótt leitast verði við að gera það, sbr. skýringar við ákvæði til bráðabirgða.

Eftir breytinguna munu starfsmenn Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar verða starfsmenn íslenska ríkisins og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn.

Nefndin ræddi sérstaklega stöðu starfsmanna snjóruðnings- og brautadeildar en vinnuskyldu hluta þeirra lýkur 31. maí nk. Ráðningarsambandi annarra starfsmanna sem tilgreindir eru í ákvæði til bráðabirgða lýkur hins vegar 30. september nk. Fram kom á fundi nefndarinnar að þeir starfsmenn sem hafa vinnuskyldu til 31. maí muni halda óbreyttum kjörum hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fram til 30. september.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Eftir því sem við verður komið skal bjóða“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: Bjóða skal.

Alþingi, 4. maí 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Bjarni Benediktsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Jónína Bjartmarz.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1275. Nefndarálit [651. mál]

um frv. til l. um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Emblu Einarsdóttur og Sigfús I. Sigfússon frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, SÍB – Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Kauphöll Íslands hf., Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/60/EB. Tilskipuninni er ætlað að taka á vandamálum peningaþvættis sem er fylgifiskur aukinnar alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaviðskipta, mansals og hryðjuverka. Í athugasemdum við frumvarpið segir að vegna þess hve umfangsmiklar breytingar hafa orðið á alþjóðlegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti hafi verið farin sú leið að semja frumvarp til nýrra heildarlaga. Vísast nánar til þess sem fram kemur í athugasemdunum.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 4. gr. Annars vegar að orðinu „viðvarandi“ verði bætt við a-lið til að undirstrika að átt sé við samninga sem ætlað er að gildi til lengri tíma. Hins vegar er lagt til að á eftir b-lið 1. mgr. komi nýr stafliður um að kanna þurfi áreiðanleika viðskiptamanns fari gjaldeyrisviðskipti hans yfir 1.000 evrur. Þetta er sett inn til að nálgast sjónarmið SBV, sbr. umsögn þeirra.
2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi bæði við um viðvarandi samningssamband og einstök viðskipti. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. mgr. til að taka af öll tvímæli um hvernig kennsl skuli borin á þriðja mann með því að vísa í a- og b-lið 1. mgr.
3. Lagt er til að bætt verði við tilvísun til III. og IV. kafla í 1. málsl. 7. gr. til frekari skýringar á gildissviði ákvæðisins.
4. Lagðar eru til breytingar á 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi bæði við um viðvarandi samningssamband og einstök viðskipti.
5. Lagt er til að á eftir 15. gr. komi ný grein. Ákvæði hennar eru í samræmi við heimildarákvæði í 14.–16. gr. tilskipunar 2005/60/EB. Þegar frumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir reglugerðarheimild til að heimila tilkynningarskyldum aðila að reiða sig á áreiðanleikakönnun þriðja aðila. Markmið ákvæðisins er að auðvelda tilkynningarskyldum aðilum að mæta auknum kröfum laganna með því að veita þeim heimild til að nýta sér upplýsingar sem þegar hefur verið aflað um viðskiptamann. Nefndin telur rétt að hafa ákvæðið í lagatextanum sjálfum.
6. Lögð er til breyting á fyrri málslið 3. mgr. 16. gr. til að taka af allan vafa um að ákvæðið eigi jafnframt við þegar lögmaður veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli. Tillaga þessi tekur mið af ábendingu Lögmannafélags Íslands um að gæta samræmis við 2. mgr. 9. gr.
7. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 26. gr. Sú fyrri lýtur að því að bæta við tilvísun til III. kafla í 1. mgr. en við umfjöllun málsins var bent á að þá tilvísun vantaði. Sú síðari

lýtur að því að undirstrika að til að gera megi lögaðila sekt þurfi brot að hafa verið framið í þágu hans.

8. Lagt er til að 3. tölul. 27. gr. verði felldur brott þar sem efnisatriði hans koma fram í nýrri grein sem bætist við á eftir 15. gr.
9. Lögð er til breyting á 29. gr. um að gildistöku 12. gr. verði frestað til að koma til móts við beiðni SBV um aðlögunartíma til að undirbúa framkvæmd samkvæmt þessu ákvæði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Birgir Ármannsson.	Ingvi Hrafn Óskarsson.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.		Lúðvík Bergvinsson.

1276. Breytingartillögur [651. mál]

við frv. til l. um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr.
   a. A-liður orðist svo: Við upphaf viðvarandi samningssambands.
   b. Á eftir b-lið 1. mgr. 4. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi: Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
2. Eftirfarandi breytingar verði á 5. gr.:
   a. 1. málsl. 1. mgr. verði svohljóðandi: Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með eftirfarandi hætti.
   b. 3. mgr. verði svohljóðandi:
      Hafi einstaklingur eða starfsmaður tilkynningarskylds aðila vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.
3. 1. málsl. 7. gr. verði svohljóðandi: Tilkynningarskyldum aðilum er heimilt að beita ákvæðum 5. og 6. gr. og ákvæðum III. og IV. kafla á grundvelli áhættumats þar sem um-

fang upplýsingaöflunar og annarra ráðstafana samkvæmt lögum þessum gagnvart hverjum viðskiptamanni byggist á mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. Fyrri málsliður 1. mgr. 9. gr. verði svohljóðandi: Hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi.
5. Á eftir 15. gr. kemur ný grein, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Upplýsingar frá þriðja aðila.

Tilkynningarskyldur aðili þarf ekki að kanna áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.-3. mgr. 5. gr. ef samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika hans koma fram fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis sem hlotið hefur starfsleyfi á Íslandi eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskyldrar lána- eða fjármálastofnunar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum. Endanleg ábyrgð á könnun á áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.–3. mgr. 5. gr. hvílir á viðtakanda upplýsinganna.

Þriðji aðili sem veitir upplýsingar skv. 1. mgr. skal, ef viðtakandi upplýsinganna óskar eftir því, án tafar gera upplýsingarnar aðgengilegar eða áframsenda afrit af viðeigandi persónuupplýsingum og öðrum viðeigandi gögnum sem sanna hver viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi er.

6. Fyrri málsliður 3. mgr. 16. gr. verði svohljóðandi: 1. mgr. gildir ekki um upplýsingar sem lögmenn öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli, eða upplýsingar sem þeir öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við dómsmálið.
7. Eftirfarandi breytingar verði á 26. gr.:
   a. Í stað tilvísunarinnar „skv. II. kafla“ í 1. mgr. komi: skv. II. og III. kafla.
   b. 2. mgr. verði svohljóðandi:

      Þegar brot á lögum þessum er framið í starfsemi lögaðila, og í þágu hans, má gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.
8. 3. tölul. 27. gr. falli brott.
9. Á eftir 1. málsl. 29. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 12. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007.

1277. Svar [786. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um veðurathuganir á Stórasandi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvenær hóf Vegagerðin veðurathuganir á Stórasandi með tilliti til vegagerðar um sandinn og hvaða upplýsingar liggja nú fyrir?

Tveimur litlum sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum var komið fyrir á „Stórasandsleið“ seint í september árið 2004. Önnur stöðin er á Stórasandi, skammt norðaustur af Bláfelli –

norðan Langjökuls. Hin stöðin er upp af Gilhagadal í Skagafirði, sunnan við Háheiði. Fyrstu gögn frá henni komu um tveimur vikum síðar.

Mældir eru nokkrir veðurfarsþættir: vindstefna og styrkur, og lofthiti og raki. Úr gagnasafninu verður unnið þegar fyrir liggja upplýsingar um nógu langan tíma, reynist gæði gagnanna viðunandi. Hingað til hefur eingöngu verið unnið að gagnasöfnun en stefnt er að frekari úrvinnslu og að koma gögnunum á frambærilegt form á þessu ári.

1278. Svar [752. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um birgðastöð eldsneytis fyrir höfuðborgarsvæðið.

Samgönguráðuneytið fékk umsagnir nokkurra aðila um málið, þar á meðal olíufélaganna. Þar sem fyrirspurnin gerir ráð fyrir að í bígerð sé að flytja eldsneytisgeymslur til Helguvíkur er rétt að benda á að starfsleyfi birgðageymslu í Örfirisey gildir til 2024 og eru ekki uppi áform um að hætta geymslu eldsneytis þar.

1. *Hve miklir verða eldsneytisflutningar til höfuðborgarsvæðisins í tonnum talið ef af áformum verður um flutning birgðastöðvar eldsneytis úr Örfirisey til Helguvíkur?*

Áform um flutning birgðastöðvar eldsneytis úr Örfirisey til Helguvíkur ná eingöngu til þotueldsneytis. Heildarinnflutningur þotueldsneytis nemur nú um 20% alls olíuinnflunings til landsins, eða sem svarar 140 þús. tonnum. Um 7.000 tonn flugeldsneytis eða sem svarar 1% alls olíuinnflutnings til landsins er notað utan Keflavíkurflugvallar og yrði flutt frá Helguvík, þ.e.ef allur innflutningur þotueldsneytis færi þar um.

2. *Hve margir tankbílar með eldsneyti færu þá um Reykjanesbraut á dag annars vegar og á ári hins vegar? Hve mikið mundi umferð slíkra bíla aukast miðað við núverandi aðstæður?*

Gangi það eftir að allur innflutningur þotueldnseytis til landsins flytjist frá Örfirisey til Helguvíkur munu flutningar flugeldsneytis um Reykjanesbraut dragast saman um sem svarar 95% og fjöldi ferða verða um 200 á ári í stað 4.000. Umfang annarra eldsneytisflutninga frá Örfirisey til Suðurnesja yrði óbreytt en þeir nema alls um 37 þús. tonnum, eða um 22% af heildarnotkun eldsneytis á Suðurnesjum. Að hluta fara þessir flutningar sjóleiðina og að hluta til með bílum.

3. *Hvaða öryggisráðstafanir þarf að gera hvað varðar umferð um Reykjanesbraut ef eldsneyti verður dreift frá Helguvík?*

Þar sem ekki er á dagskrá að flytja inn annað eldsneyti en flugeldsneyti til Helguvíkur og stórlega mun draga úr flutningum um Reykjanesbraut er ekki þörf á sérstökum öryggisráðstöfunum, umfram það sem nú er.

Vegagerðin greindi frá því í sinni umsögn að Garðskagavegur frá Helguvík að Reykjanesbraut og þaðan til höfuðborgarsvæðisins, uppfylli þær kröfur sem tíðkast að gera til slíkra flutninga. Þá tók stofnunin einnig fram að álag er langt innan við hættumörk, sérstaklega eftir breikkun Reykjanesbrautar.

4. *Eru nýjar úrlausnir mögulegar varðandi geymslu eldsneytis og dreifingu á höfuðborgarsvæðinu eða í Helguvík?*
   Engar nýjar úrlausnir eru fyrirhugaðar umfram það sem notað er í dag.

5. *Hve mikið eykst kostnaður við dreifingu á eldsneyti um höfuðborgarsvæðið ef birgðastöð verður í Helguvík?*
   Vísar er til áðurframkominna upplýsinga. Beinn innflutningur flugeldsneytis til Helguvíkur hefur ekki áhrif á dreifingarkostnað um höfuðborgarsvæðið fyrir aðrar tegundir eldsneytis.

6. *Telur ráðherra rétt með tilliti til öryggis að ein stór birgðastöð eldsneytis sé starfrækt fyrir höfuðborgarsvæðið?*
   Innflutningur eldsneytis fyrir höfuðborgarsvæðið fer nú um þrjá birgðastöðvar, eina í Hafnarfirði og tvær í Örfirirsey. Auk þess fer fram beinn innflutningur í vaxandi mæli til birgðastöðva utan höfuðborgarsvæðisins. Á liðnum árum hefur birgðastöðvum fækkað af skipulags-, hagkvæmnis- og umhverfisástæðum. Þær birgðastöðvar sem nú eru í rekstri eru af þeim sökum stærri og öflugri vegna aukins magns sem um þær fer og bættra mengunarvarna. Skeljungur tekur það fram í sinni umsögn að undanfarin ár hafi öryggi aukist í rekstri birgðastöðvar fyrir eldsneyti.

1279. Fyrirspurn [802. mál]

til samgönguráðherra um öryggisgæslu við erlend kaupskip.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hvernig er öryggisgæslu háttað við erlend kaupskip sem liggja við Korngarð, Vogabakka, Ártúnshöfða og Vesturhöfn í Reykjavík?
2. Hafa orðið breytingar á tilhögun og framkvæmd öryggisgæslu á þessum stöðum á undanförnum mánuðum og ef svo er, hvaða breytingar hafa verið gerðar?

1280. Þingsályktun [796. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1253.

1281. Frumvarp til laga [795. mál]

um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er sérstök stofnun sem annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar í samræmi við ákvæði loftferðalaga og annarra laga eftir því sem við á. Aðsetur stofnunarinnar er þar sem utanríkisráðherra ákveður.

Flugmálastjórn Íslands annast eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli.

Sérstakur flugvallarstjóri stjórnar starfsemi og rekstri Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

Utanríkisráðherra setur reglugerð þar sem kveðið er nánar á um skipulag og starfsemi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

2. gr.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar ber ábyrgð á að starfrækt sé slökkvilið á Keflavíkurflugvelli og annast framkvæmd eldvarnaeftirlits. Um starfsemi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli gilda ákvæði laga nr. 75/2000, um brunavarnir, eftir því sem við getur átt.

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar er heimilt að semja við sveitarfélag eða byggðasamlag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi slökkviliðs Keflavíkurflugvallar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006 fyrir utan ákvæði til bráðabirgða sem öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga um loftferðir, nr. 60 10. júní 1998:

a. Við 1. mgr. 71. gr. a, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000 og 1. gr. laga nr. 88/2004, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli renna til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 71. gr. b, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000 og 2. gr. laga nr. 88/2004, kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Öryggisgjald vegna vopna- og öryggisleitar á Keflavíkurflugvelli skal þó greiðast til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bjóða skal því starfsfólki störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar sem unnið hefur á árinu 2006 hjá eftirtöldum deildum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli: Slökkviliði, snjóruðnings- og brautadeild, rafeindadeild, voltadeild og verkfræðideild.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli undirbýr og annast ráðningar í framangreind störf hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

1282. Lög [711. mál]

um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1047.

1283. Lög [795. mál]

um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1281.

1284. Tillaga til þingsályktunar [803. mál]

um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

Flm.: Forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða í samráði við forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti frjálsan aðgang fræðimanna að þeim.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að tillögu forsætisráðherra, utanríkisráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra að fela forsætisráðherra að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

Nokkrar umræður hafa orðið um nauðsyn þess að rannsökuð séu opinber gögn að því er varðar innra öryggi íslenska ríkisins á tímum kalda stríðsins, til þess að fá úr því skorið hvort þar sé að finna upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga eða dæmi um ólögmæta upplýsingaöflun. Rannsókn af þessu tagi ber ekki árangur nema gögn séu gerð aðgengileg þeim sem að henni vinna.

Nauðsynlegt er að opinber skjalasöfn séu opnuð í þessu skyni og veittur verði aðgangur að þeim til að taka af öll tvímæli um það sem þar er að finna. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

Í hópi nefndarmanna samkvæmt tillögunni er að finna hæfa sérfræðinga til að vinna að þessu verki í samráði við þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli og skulu opna skjalasöfn sín

til að tillagan nái tilgangi sínum. Undir opinbera aðila í tillögunni falla Landssími Íslands, dómstólar og lögregluyfirvöld.

Nefndin skal ljúka störfum með skýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 2006.

1285. Nefndarálit [610. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Teit Gylfason frá Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 16. janúar sl.

Í samningnum er, líkt og í samningi sömu aðila á síðasta ári, kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2006/2007 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Kveðið er á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2006 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2006 auk ákvæðis um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Sem fyrr er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2006. Samningurinn kveður því á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil. Loks er rétt að geta þess að sjávarútvegsráðherra er falið að taka til athugunar og ákvörðunar fyrir 20. júní 2006 hvort takmörkunum á vinnslu á loðnu um borð í færeyskum skipun og löndun hennar verði aflétt.

Loks getur nefndin þess að veiðiheimildir á grundvelli samnings landanna frá 1976 um botnfiskveiðar verða óbreyttar á milli ára eða 5.600 lestir af botnfiski.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 3. maí 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Bjarni Benediktsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1286. Nefndarálit [692. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um tölvubrot.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Ragnheiði Ýr Karlsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning um tölvubrot (e. Convention on Cybercrime) sem gerður var í Búdapest 23. nóvember 2001 og undirritaður af Íslands hálfu 30. nóvember sama ár.

Samningur um tölvubrot er gerður á vegum Evrópuráðsins og er fyrsti alþjóðasamningurinn sem fjallar um glæpi sem framdir eru um alnetið eða önnur tölvunet. Nær efni hans sérstaklega til höfundaréttar, fölsunar og svika sem tengjast tölvum, barnakláms og brota gegn öryggi tölvukerfa, tölvuneta og tölvugagna.

Dómsmálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum til að aðlaga ákvæði íslenskrar löggjafar efni samningsins (þskj. 609, 619. mál).

Nefndin ræddi ítarlega skilgreiningu á hugtakinu barnaklám sem er að finna í 2. mgr. 9. gr. samningsins og þá heimild sem aðildarríkjunum er veitt til að gera undanþágur frá b- og c-lið 2. mgr. 9. gr. Í nefndinni kom fram það sjónarmið að ekki skyldi nýta heimild til fyrirvara við b- og c-lið 2. mgr. 9. gr. Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara varðandi það atriði.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 3. maí 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Bjarni Benediktsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Jónína Bjartmarz.		Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

1287. Svar [674. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skerðingu á vaxtabótum.

1. *Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 vegna breytinga á fasteignamati á sl. ári og hvaða áhrif hefur skerðingin á greiðslu vaxtabóta í ágúst næstkomandi? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af breytingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar.*

Um greiðslu vaxtabóta fer samkvæmt lögum um tekjuskatt. Samkvæmt þeim veita skilgreind vaxtagjöld vegna öflunar eigin húsnæðis skattskyldum einstaklingum rétt á sérstökum

bótum, vaxtabótum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði tiltaka 5% hámarksvexti sem hlutfall af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta þó aldrei verið umfram tiltekið hámark, eða sem nemur 495 þús. kr. á ári hjá einstaklingi, 650 þús. kr. á ári hjá einstæðu foreldri og 804 þús. kr. á ári hjá hjónum. Þá skerðist réttur til vaxtabóta einnig vegna skattskyldra tekna þannig að 6% af heildartekjum eru dregin frá vaxtagjöldum áður en vaxtabætur eru ákvarðaðar. Því næst er horft til nettóeignar hjá rétthafa vaxtabóta og er þá tekið mið af heildareignum að frádregnum heildarskuldum. Til heildareignar teljast auk íbúðarhúsnæðis m.a. bifreiðar, bankainnstæður og hvers kyns verðbréf, þar á meðal hlutabréf á nafnverði. Heildarskuldir taka til allra skulda, jafnt lána vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði sem annarra, svo sem námslána eða neyslulána.

Við ákvörðun vaxtabóta í ár vegna vaxtagjalda á árinu 2005 hefst hlutfallsleg skerðing vaxtabóta vegna nettóeignar við 3,7 millj. kr. hjá einstaklingi og einstæðu foreldri uns þær falla alveg niður við tæplega 6 millj. kr. nettóeign. Sambærilegar fjárhæðir fyrir hjón og sambýlisfólk eru 6,2 millj. kr. sem neðri mörk og tæpar 10 millj. kr. sem efri mörk. Að lokum er þak á vaxtabótunum, eða 170 þús. kr. hjá einstaklingi, 218 þús. kr. hjá einstæðu foreldri og 280 þús. kr. hjá hjónum og sambýlisfólki.

Reglur um ákvörðun vaxtabóta eru nokkuð flóknar eins og að framan er lýst og ekki alltaf auðvelt að meta fyrir fram hvaða áhrif beiting þeirra muni hafa. Þá hafa einstakar reglur mismikil áhrif. Þannig hafa vaxtagreiðslur fólks sem hefur nýlega keypt íbúð gjarnan verið hærri en heimilað þak á vöxtum í heild. Þá skerða viðbótartekjur, hvort heldur er um að ræða launatekjur eða fjármagnstekjur, þau vaxtagjöld sem veita rétt til vaxtabóta um 6%, en tekjuviðmiðunin er sá þáttur sem vegur einna þyngst í ákvörðun vaxtabóta. Vægi eignaviðmiðunarinnar hefur farið vaxandi á undanförnum árum, m.a. vegna hækkandi fasteignamats, en á móti vegur vaxandi skuldasöfnun heimilanna á sama tíma.

Alls nutu rúmlega 36.000 aðilar (einhleypingar og samskattaðir) vaxtabóta tekjuárið 2004, en tæplega 70.000 fjölskyldur töldu fram vaxtagjöld vegna íbúðarkaupa á því ári. Það samsvarar því að 52% þeirra fjölskyldna sem greiða vexti af íbúðalánum njóti stuðnings hins opinbera í formi vaxtabóta. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra námu ákvarðaðar vaxtabætur liðlega 5 milljörðum á árinu 2005. Það þýðir að meðalvaxtabætur á hverja fjölskyldu sem þeirra njóta voru kringum 145 þús. kr. Algengast var að vaxtabætur næmu 100–150 þús. kr. á hvern einstakling og voru tæplega 11.000 aðilar í þeirri stöðu en tæplega 9.000 aðilar fengu innan við 50.000 kr. í vaxtabætur á mann.

Úrvinnsla skattframtala vegna tekjuársins 2005 liggur ekki fyrir og því er ekki hægt að segja fyrir um hvort þær miklu skuldbreytingar sem margir réðust í það ár hafi orðið til þess að greiddir vextir hafi orðið lægri en hámark leyfðra vaxtagreiðslna. Hins vegar er ljóst að skuldbreytingar hafa lækkað greiðslubyrði og vaxtakjör mjög margra og af þeim orsökum hefur tilefni til vaxtabóta minnkað. Breytingar á fasteignamati og þar með nettóeign milli áranna 2004 og 2005 munu án efa einnig hafa nokkur áhrif á þær vaxtabætur sem verða gerðar upp í ágúst fyrir síðasta ár og þá til lækkunar. Sama má segja um þá tekjuaukningu sem átt hefur sér stað milli áranna 2004 og 2005, en hún er talin vera kringum 7%. Miklar nýbyggingar og þar með fjölgun íbúðareigenda hafa einnig áhrif.

Það skal tekið fram að vegna hinna umfangsmiklu sviptinga sem orðið hafa á fasteignalánamarkaði er að vænta óvenjumikilla breytinga varðandi þær stærðir sem áhrif hafa á vaxtabætur. Ekki er því unnt að meta sérstaklega áhrif einstakra breytinga.

2. *Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 við álagningu nú í ágúst vegna breytinga sem gerðar hafa verið á ákvæðum um vaxtabætur í tekjuskattslögum á árunum 2004 og 2005? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af skerðingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar. Þá er óskað eftir að útreikningar í 1. og 2. lið nái til sömu tekju- og eignahópa og að sýnd verði einnig samandregin niðurstaða á áhrifum skerðingar fyrir þessa hópa.*

Sú breyting var gerð frá tekjuárinu 2004 til 2005 að hámark vaxtaprósentu af höfuðstól var lækkuð úr 5,5% í 5% annars vegar en hins vegar var 5% skerðing á útreiknuðum vaxtabótum felld niður. Ekki er marktækur munur á heildargreiðslum vaxtabóta hvort sem notaðar eru reglur sem giltu um tekjuárið 2004 eða 2005. Heildargreiðslur vaxtabóta hefðu verið um 1% hærri, vaxtabótaþegar verið rúmlega 2% fleiri, en meðalupphæð hvers um sig lækkað um 1% ef eldri reglunum væri beitt við ákvörðun vaxtabóta vegna vaxtagjalda árið 2005. Þessi mismunur er viðlíka fyrir einhleypa og samskattaða en ítrekað er að mismunurinn er innan skekkjumarka. Þá þarf einnig að horfa til þess að þessir útreikningar byggjast á fyrirliggjandi gögnum við ákvörðun vaxtabóta á síðasta ári en eins og áður var bent á liggur úrvinnsla úr skattframtölum yfirstandandi árs enn ekki fyrir. Hér er því eingöngu verið að horfa á áhrif umræddra lagabreytinga í einangrun.

3. *Hvað áhrif hefur skerðing vaxtabóta álagningarárin 2005 og 2006 á tekjur ríkissjóðs?*

Eins og fram kom í svari við 2. lið eru áhrif af breyttum lagareglum við ákvörðun vaxtabóta hverfandi. Á hinn bóginn er allsendis óljóst hvaða áhrif undangengin þróun ytri þátta, svo sem tekjuþróun, hækkun fasteignamats, aukin skuldasöfnun heimilanna, fjölgun rétthafa á vaxtabótum o.fl. kemur til með að hafa á endanlega ákvörðun vaxtabóta á álagningarárinu 2006. Þar munu þær miklu sviptingar sem orðið hafa á lánamarkaði undanfarin missiri væntanlega hafa töluverða þýðingu. Hins vegar er ekki ljóst að hve miklu leyti skuldbreytingar, og þá sérstaklega auknar skuldir, sem ekki eru beinlínis til komnar vegna fjármögnunar á kaupum á íbúðarhúsnæði, koma til með að hafa áhrif á rétt til vaxtabóta. M.a. dreifist aukningin yfir árið og gefur því ekki rétt til fullra vaxtabóta. Skuldir heimilanna við lánakerfið jukust úr 877 milljörðum kr. í árslok 2004 í 1.082 milljarða í árslok 2005, sem er 23,4% hækkun. Af þessu sést að útilokað er að segja til með einhverri vissu fyrir fram hverjar vaxtabæturnar verða á þessu ári fyrr en endanleg úrvinnsla skattframtala liggur fyrir í ágústbyrjun.

4. *Eru fyrirhugaðar breytingar á vaxtabótakerfinu? Ef svo er, hvaða breytingar eru það og hvenær má vænta þeirra?*

Vaxtabótakerfið hefur verið við lýði um alllangt árabil. Megingerð þess hefur verið óbreytt og er tilgangurinn að aðstoða fólk við að eignast eigið húsnæði. Stærstan hluta þessa tímabils hefur lánsfé til íbúðakaupa verið af skornum skammti og íbúðakaupendur hafa því í mörgum tilvikum búið við óhagstæð vaxtakjör við fjármögnun á íbúðakaupum. Vaxtabætur hafa að mestum hluta gengið til þeirra þjóðfélagsþegna sem ætlunin var að ná til þótt alltaf megi finna undantekningar frá því. Þær hafa létt vaxtakostnaði af fólki meðan það er að koma sér upp húsnæði. Umtalsverður hluti vaxtabótanna fer til yngri hluta íbúðareigenda eins og ætlast er til. Gagnrýni á vaxtabæturnar hefur m.a. beinst að því að í þeim felist hvatning til þess að skulda með því að létta á óhjákvæmilegum kostnaði við að taka fé að láni.

Á allra síðustu árum hefur landslagið gjörbreyst á íbúðalánamarkaði. Íbúðakaupendum standa nú til boða lán fyrir allt að 90% af markaðsvirði þeirra eigna sem þeir ætla að kaupa og jafnvel enn hærra hlutfall í einhverjum tilvikum. Þessi lán eru til allt að 40 ára og til

skamms tíma hafa þau verið með lægri vöxtum en þekkst hafa hér á landi um alllangt skeið. Þessi breyting hefur létt greiðslubyrði vegna íbúðakaupa umtalsvert, bæði hjá þeim sem eru á íbúðamarkaðinum um þessar mundir en einnig í umtalsverðum mæli hjá þeim sem hafa notað tækifærið og skuldbreytt lánum sínum. Forsendurnar fyrir vaxtabótakerfinu hafa því gjörbreyst og því er tilefni til þess að taka það til endurskoðunar. Ekki er hins vegar á þessu stigi unnt að segja ákveðið til um það í hverju breytingar gætu verið fólgnar.

1288. Svar [800. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um persónuafslátt til greiðslu útsvars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háa fjárhæð greiddi ríkissjóður sveitarfélögum árin 2002–2005 vegna persónuafsláttar til greiðslu útsvars og hvernig skiptist fjárhæðin milli sveitarfélaga ár hvert?*
2. *Hversu háu hlutfalli af útsvarstekjum hvers sveitarfélags námu þessar greiðslur ríkissjóðs árið 2005?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nýttist persónuafsláttur til greiðslu útsvars með eftirfarandi hætti undanfarin ár:

Tekjuár/Álagningarár	millj. kr.
2001/2002	4.115,8
2002/2003	4.284,3
2003/2004	4.225,3
2004/2005	4.053,0

Skipting upphæðarinnar eftir sveitarfélögum er sýnd í eftirfarandi töflu. Hlutfall persónuafsláttar til greiðslu útsvars af útsvarstekjum hvers sveitarfélags er sýnt í aftasta dálki töflunnar. Skipting landsins í sveitarfélög er eins og hún var á hverjum tíma.

Persónuafsláttur til greiðslu útsvars eftir sveitarfélögum og álagningarárum, millj. kr.

	2002	2003	2004	2005	Hlutfall af álögðu útsvari 2005
Reykjavík	1.520,4	1.560,6	1.582,5	1.469,5	5,3%
Kópavogur	303,2	325,8	323,3	315,3	5,0%
Seltjarnarnes	60,2	61,6	58,4	59,1	4,9%
Garðabær	106,2	114,3	116,0	120,0	5,0%
Hafnarfjörður	271,1	284,9	279,7	281,1	5,6%
Bessastaðahreppur	22,1	25,5	24,8	25,3	5,4%
Mosfellsbær	74,4	78,4	80,8	79,2	5,2%
Kjósarhreppur	2,8	3,3	3,1	2,9	9,9%
Reykjanesbær	136,3	146,1	142,1	144,5	6,2%
Grindavík	35,2	38,0	37,7	38,5	7,5%
Sandgerði	18,8	19,7	20,7	20,7	7,6%
Gerðahreppur	17,9	18,8	18,5	17,6	6,9%

	2002	2003	2004	2005	Hlutfall af álögðu útsvari 2005
Vatnsleysustrandarhreppur	10,9	11,2	11,5	11,9	6,6%
Akranes	80,2	86,9	83,1	81,3	6,4%
Hvalfjarðarstrandarhreppur	1,9	2,1	2,0	1,9	6,9%
Skilmannahreppur	2,0	2,0	1,7	2,1	7,9%
Innri-Akraneshreppur	1,9	1,2	1,6	1,6	6,0%
Leirár- og Melahreppur	2,5	2,5	2,6	2,6	12,3%
Skorradalshreppur	1,1	1,3	1,0	1,2	9,7%
Sveitarfélagið Borgarfjörður	13,8	14,7	13,9	15,2	12,8%
Hvítársíðuhreppur	2,1	2,5	1,6	1,8	14,8%
Borgarbyggð	45,8	48,9	47,7	45,3	9,0%
Kolbeinsstaðahreppur	3,7	4,1	3,3	3,6	26,6%
Eyrarsveit	16,4	16,6	17,6	16,4	8,8%
Helgafellssveit	1,9	2,1	1,6	1,4	21,8%
Stykkishólmur	20,6	22,5	19,7	17,2	6,8%
Eyja- og Miklaholtshreppur	2,9	2,8	3,1	2,8	11,4%
Snæfellsbær	32,4	33,2	31,5	30,0	7,9%
Saurbæjarhreppur	2,9	2,7	2,7	2,6	22,0%
Dalabyggð	18,2	17,2	16,6	16,0	13,6%
Bolungarvík	15,8	16,9	16,8	15,3	7,4%
Ísafjarðarbær	61,1	64,5	66,1	62,0	6,9%
Reykhólahreppur	6,2	6,2	6,6	4,6	8,7%
Tálknafjarðarhreppur	5,0	5,3	6,2	6,4	10,5%
Vesturbyggð	20,3	20,1	20,3	20,0	9,4%
Súðavíkurhreppur	4,2	3,7	3,2	3,5	6,7%
Árneshreppur	1,7	1,6	1,8	1,4	11,7%
Kaldrananeshreppur	3,8	3,8	4,2	2,7	10,9%
Hólmavíkurhreppur	7,5	8,7	8,3	8,3	9,1%
Kirkjubólshreppur	1,4				
Bæjarhreppur	2,7	2,8	2,7	2,3	14,7%
Broddaneshreppur	2,5	2,1	1,5	1,5	16,1%
Siglufjörður	24,6	23,3	20,8	20,6	6,8%
Sveitarfélagið Skagafjörður	76,6	80,6	74,3	69,2	8,2%
Húnaþing vestra	27,5	25,7	23,6	22,3	10,3%
Áshreppur	2,5	1,9	1,5	1,3	11,8%
Sveinsstaðahreppur	2,4	2,1	2,5	2,7	18,9%
Torfalækjarhreppur	1,8	2,2	2,0	1,9	11,6%
Blönduós	14,8	17,2	15,7	13,9	6,9%
Svínavatnshreppur	3,1	3,2	3,0	2,7	15,0%
Bólstaðarhlíðarhreppur	3,5	3,2	2,9	2,9	19,7%
Engihlíðarhreppur	1,4				
Vindhælishreppur	1,3				
Höfðahreppur	9,1	8,6	7,7	7,9	6,0%
Skagahreppur	1,9				
Skagabyggð	0,0	2,8	2,6	2,4	19,9%
Akrahreppur	6,0	6,0	5,5	5,8	16,3%
Akureyri	224,1	238,9	226,3	231,5	6,6%
Húsavík	36,0	40,5	39,4	36,8	7,2%
Ólafsfjörður	16,5	18,4	17,1	17,1	7,5%
Dalvíkurbyggð	32,7	33,5	32,7	32,1	8,5%
Grímseyjarhreppur	1,5	1,9	1,4	1,6	6,9%
Hríseyjarhreppur	3,6	3,3	3,3	0,0	
Arnarneshreppur	3,6	3,0	2,8	3,4	9,2%
Eyjafjarðarsveit	19,5	19,2	16,9	15,1	8,0%

	2002	2003	2004	2005	Hlutfall af álögðu útsvari 2005
Hörgárbyggð	8,0	7,9	7,3	7,5	11,3%
Svalbarðsstrandarhreppur	5,9	6,9	6,9	6,0	8,7%
Grýtubakkahreppur	7,3	6,8	6,7	6,8	8,0%
Hálshreppur	4,3				
Ljósavatnshreppur	6,5				
Bárðdælahreppur	2,7				
Skútustaðahreppur	8,2	8,0	8,6	7,3	8,2%
Reykdælahreppur	5,6				
Aðaldælahreppur	6,9	7,4	7,1	5,8	11,8%
Reykjahreppur	2,3				
Tjörneshreppur	2,2	2,1	2,1	2,2	19,6%
Keldunesshreppur	3,2	3,3	2,9	2,3	10,1%
Þingeyjarsveit	0,0	17,7	16,7	15,5	13,6%
Öxarfjarðarhreppur	7,9	7,9	7,4	6,2	10,4%
Raufarhafnarhreppur	4,8	4,1	4,1	3,1	6,3%
Svalbarðshreppur	3,4	3,7	3,5	3,1	16,0%
Þórshafnarhreppur	6,6	6,7	6,5	6,5	6,3%
Seyðisfjörður	11,8	13,4	12,9	11,2	6,7%
Fjarðabyggð	48,1	50,2	47,1	46,6	6,0%
Skeggjastaðahreppur	2,9	2,8	2,5	2,6	9,4%
Vopnafjarðarhreppur	13,4	13,1	13,1	10,2	6,3%
Fljótsdalshreppur	3,0	2,1	2,0	2,6	4,4%
Fellahreppur	7,4	7,5	6,9		
Borgarfjarðarhreppur	3,7	3,3	3,5	3,5	13,9%
Norður-Hérað	8,7	8,5	8,1	0,0	
Mjóafjarðarhreppur	0,9	1,1	0,9	0,6	5,9%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	2,1	1,7	1,8	1,1	12,8%
Búðahreppur	7,9	8,2			
Stöðvarhreppur	4,4	4,8			
Breiðdalshreppur	5,8	6,4	6,7	5,1	10,4%
Djúpavogshreppur	9,4	10,9	9,1	8,4	7,9%
Austur-Hérað	32,7	33,3	33,1		
Austurbyggð			12,3	11,7	6,0%
Fljótsdalshérað				43,4	4,5%
Sveitarfélagið Hornafjörður	38,4	40,2	36,4	36,7	8,1%
Vestmannaeyjar	65,3	68,9	69,5	67,8	7,0%
Árborg	88,0	91,7	90,0	87,6	6,3%
Mýrdalshreppur	11,5	11,1	10,9	11,2	11,2%
Skaftárhreppur	15,7	14,7	13,8	12,8	12,6%
Austur-Eyjafjallahreppur	4,5				
Vestur-Eyjafjallahreppur	4,8				
Austur-Landeyjahreppur	4,6				
Vestur-Landeyjahreppur	3,6				
Fljótshlíðarhreppur	4,9				
Hvolhreppur	12,0				
Rangárvallahreppur	11,5	0,0			
Ásahreppur	3,3	2,9	3,2	2,4	9,3%
Djúpárhreppur	4,9	0,0	0,0	0,0	
Holta- og Landssveit	8,7	0,0	0,0	0,0	
Rangárþing eystra	0,0	37,1	34,6	33,5	11,3%
Rangárþing ytra	0,0	27,1	24,7	23,9	8,8%
Gaulverjabæjarhreppur	3,3	3,3	3,1	3,3	15,2%
Hraungerðishreppur	3,4	4,5	4,4	3,9	11,2%

	2002	2003	2004	2005	Hlutfall af álögðu útsvari 2005
Villingaholtshreppur	4,9	3,8	4,3	3,4	11,2%
Skeiðahreppur	5,0				
Gnúpverjahreppur	6,5				
Hrunamannahreppur	12,8	13,8	12,6	11,5	9,2%
Biskupstungnahreppur	10,7				
Laugardalshreppur	4,9				
Þingvallahreppur	1,0				
Hveragerði	29,7	32,6	29,3	30,9	7,9%
Sveitarfélagið Ölfus	20,8	25,1	25,1	26,9	7,4%
Grímsnes- og Grafningshreppur	6,7	6,5	5,7	5,0	7,4%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,0	11,2	11,2	9,1	9,3%
Bláskógabyggð	0,0	17,6	16,7	16,2	9,7%
Samtals	**4.115,8**	**4.284,3**	**4.225,3**	**4.053,0**	**6,0%**

1289. Svar [798. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um neysluviðmiðun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað líður störfum starfshóps sem skipaður var til þess að hafa umsjón með forkönnun á framkvæmd neysluviðmiðunar og ljúka átti störfum í árslok 2005?*
2. *Hvenær verða lagðar fyrir Alþingi niðurstöður könnunar á notkun neysluviðmiðana í nágrannalöndum Íslendinga ásamt mati á því hvort ástæða sé til þess að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, sbr. ályktun Alþingis frá 19. maí 2001?*

Á undanförnum árum hefur viðskiptaráðherra tekið þátt í umræðum á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála um reynslu annarra Norðurlanda af notkun neysluviðmiða eða neyslustaðla. Árið 1991 veitti t.d. norræna embættismannanefndin um neytendamál styrk til Neytendasamtakanna til að taka saman skýrslu um hvort unnt væri að setja saman neysluviðmið á Íslandi og var sú skýrsla gefin út af norrænu ráðherranefndinni (nr. 1993:525 viðmiðunarneysla fyrir íslensk heimili). Mál þetta náði þó ekki lengra að sinni.

Reynslan hefur sýnt að ýmsir opinberir aðilar reikna út neysluviðmið í tengslum við þá starfsemi sem þeir veita, t.d. Ráðgjafastofa um fjármál heimila, Atvinnuleysistryggingasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Félagsaðstoð sveitarfélaganna, Íbúðalánasjóður og Tryggingastofnun. Auk þess styðjast einkaaðilar, t.d. viðskiptabankar og sparisjóðir, við eigin viðmiðanir í starfsemi sinni. Framangreind staða sýnir glöggt að æskilegt er að eitt almennt neysluviðmið verði sett fram hér á landi.

Í skýrslu nefndar um könnun á kostum og göllum þess að taka upp fjölþrepa tekjuskatt hjá einstaklingum sem skilaði áliti árið 2003 kom fram að nefndin taldi brýna þörf á viðmiðunarreglum sem nota mætti m.a. við útreikning á greiðslubyrði, félagslegum bótum o.fl. og lagði til að unnin yrði neysluviðmiðun fyrir Ísland og setti fram hugmyndir um hvernig standa ætti að slíku starfi.

Á formennskuári Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2004 ákvað viðskiptaráðherra að hér á landi yrði haldið norrænt málþing um reynslu Norðurlanda af neysluviðmiðun.

Framangreint málþing var haldið 30.–31. ágúst 2004 og sóttu málþingið liðlega 30 innlendir og erlendir sérfræðingar.

Í ljósi umræðna og áhuga hér á landi fyrir því að áfram væri unnið að athugun á því hvort ekki væri unnt að semja og setja í framkvæmd neysluviðmið hér á landi skipaði viðskiptaráðherra hinn 7. desember 2004 nefnd á grundvelli samþykktar í ríkisstjórn um að veita 2 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu til að hefja verkið. Í skipunarbréfi nefndarinnar frá 7. desember 2004 segir m.a.:

„Á liðnum árum hafa neytendamálaráðherrar Norðurlandanna rætt um gagnsemi s.n. neyslustaðla (standard budgeter) fyrir heimili og aðra aðila sem þarfnast upplýsinga um raunverulegan framfærslukostnað heimila. Nágrannaríki okkar hafa þróað slíkar neysluviðmiðanir fyrir neytendur.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að viðskiptaráðherra skipi starfshóp er skuli hafa umsjón með gerð forkönnunar á því hvort framkvæmanlegt er á Íslandi að semja slíka neysluviðmiðun, hverjir séu kostir þess og gallar miðað við íslenskar aðstæður. Einnig skal metið hvaða kostnaður kunni að fylgja því að viðhalda slíkum grunni þannig að hann haldi áfram að gefa raunhæfa mynd varðandi þá þætti framfærslukostnaðar sem eðlilegt er að séu í íslenskri útgáfu neysluviðmiðunarinnar.

Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og viðskiptaráðuneytis.“

Jafnframt segir í skipunarbréfinu:

„Lögð er áhersla á að starfshópurinn nýti sér þær rannsóknir og vinnu sem önnur Norðurlönd hafa lagt í á þessu sviði, en SIFO í Noregi (norska neytendarannsóknastofnunin) hefur boðið fram aðstoð við þetta starf hér á landi.

Gert er ráð fyrir að með starfshópnum muni starfa sérfræðingur við rannsóknastofnun háskóla sem faglegur ráðgjafi og starfsmaður. Starfshópurinn skal skila skýrslu til viðskiptaráðherra eigi síðar en 31. desember 2005.“

Samkvæmt skipunarbréfi ráðherrra var óskað eftir því að starfshópurinn skilaði áliti sínu eigi síðar en 31. desember 2005. Ýmsar ástæður leiddu til þess að ekki tókst að ljúka starfinu á tilskildum tíma. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér frá formanni starfshópsins hefur að undanförnu verið unnið samkvæmt ákveðinni tímaáætlun og er þar miðað við að endanlegu áliti verði skilað til viðskiptaráðherra eigi síðar en 10. júní 2006. Þegar skýrsla starfshópsins liggur fyrir verður tekin ákvörðun um frekari framvindu málsins.

1290. Fyrirspurn [804. mál]

til félagsmálaráðherra um nýbyggingar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margar nýbyggingar, sérbýli annars vegar og fjölbýli hins vegar, voru byggðar árlega árin 2000–2005, að báðum árum meðtöldum, og hvað má áætla að margar verði byggðar á yfirstandandi ári?
2. Hver hefur þróunin orðið á verði nýbygginga, sérbýla annars vegar og fjölbýla hins vegar, á þessu tímabili?

3. Hver hefur þróunin orðið á verði eldra húsnæðis, sérbýla annars vegar og fjölbýla hins vegar, á þessu tímabili?
4. Hver var áætluð þörf fyrir nýbyggingar árin 2000–2006, að báðum árum meðtöldum, annars vegar sérbýli og hins vegar fjölbýli, og hvað liggur fyrir um áætlaða þörf fyrir nýbyggingar árlega fram til ársins 2010?

Skriflegt svar óskast.

1291. Svar [781. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um útgáfu krónubréfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert er heildarnafnvirði útgefinna skuldabréfa í íslenskum krónum frá upphafi til 10. apríl sl., sundurliðað eftir útgefanda, landi, starfsemi, upphæð, útgáfudegi, gjalddaga og gengisvísitölu?*
2. *Hverjir eru 15 stærstu útgefendur krónubréfa og hvert er heildarnafnvirði bréfa sem hver og einn hefur gefið út?*
3. *Hversu há upphæð gjaldfellur mánaðarlega héðan í frá?*

Leitað var upplýsinga hjá Seðlabanka Íslands. Svör bankans voru svohljóðandi:

1. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands er heildarnafnverð útgefinna krónuskuldabréfa frá því í lok ágúst 2005, er erlendir aðilar hófu slíkar útgáfur, 226,6 milljarðar kr.

Útgefendur bréfanna eru fyrst og fremst fjármálastofnanir í Evrópu en tvær undantekningar eru á því. Austurríska ríkið hefur gefið út 23 milljarða kr. og Toyota Motor Credit Corporation hefur gefið út 10 milljarða kr.

Sundurliðun á einstökum útgáfum þar sem fram kemur fjárhæð, útgáfudagur og gjalddagi kemur fram í eftirfarandi töflu.

Útgefandi	Fjárhæð	Dagur viðskipta	Greiðsludagur	Gjalddagi
EKSPORTFINANS ASA	3.000.000.000	25/08/2005	07/09/2005	07/09/2007
EKSPORTFINANS ASA	1.500.000.000	25/08/2005	07/09/2005	07/09/2007
EKSPORTFINANS ASA	1.500.000.000	25/08/2005	07/09/2005	07/09/2007
EKSPORTFINANS ASA	3.000.000.000	30/08/2005	07/09/2005	07/09/2007
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	31/08/2005	21/09/2005	22/03/2007
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	31/08/2005	21/09/2005	22/03/2007
REPUBLIC OF AUSTRIA	3.000.000.000	01/09/2005	15/09/2005	15/09/2006
DRESDNER BANK	3.000.000.000	05/09/2005	15/09/2005	15/09/2006
REPUBLIC OF AUSTRIA	3.000.000.000	06/09/2005	15/09/2005	15/09/2006
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	07/09/2005	20/09/2005	20/09/2007
Barclays Bank	1.500.000.000	08/09/2005	15/09/2005	15/09/2006
DRESDNER BANK	2.000.000.000	09/09/2005	15/09/2005	15/09/2006
Deutsche Bank AG	2.500.000.000	15/09/2005	29/09/2005	29/09/2006
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	15/09/2005	21/09/2005	22/03/2007
Deutsche Bank AG	1.000.000.000	9/19/2005	29/09/2005	29/09/2006

Útgefandi	Fjárhæð	Dagur viðskipta	Greiðsludagur	Gjalddagi
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	9/19/2005	06/10/2005	06/10/2008
Islandsbanki	2.000.000.000	9/19/2005	04/10/2005	04/10/2006
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	9/21/2005	06/10/2005	06/10/2008
REPUBLIC OF AUSTRIA	3.000.000.000	9/22/2005	30/09/2005	15/09/2006
Kaupthing Bank	3.000.000.000	9/22/2005	12/10/2005	13/04/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	9/23/2005		10/04/2007
Deutsche Bank AG	1.500.000.000	9/26/2005	29/09/2005	29/09/2006
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	9/27/2005	12/10/2005	20/09/2007
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	9/28/2005	12/10/2005	22/03/2007
Depfa Bank	3.000.000.000	9/29/2005	13/10/2005	16/04/2007
Dexia BIL	750.000.000	10/3/2005	26/10/2005	26/04/2007
Deutsche Bank AG	1.500.000.000	10/4/2005	17/10/2005	29/09/2006
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	10/4/2005	20/10/2005	20/10/2006
Swedish Export Credit	3.000.000.000	10/5/2005		17/10/2006
REPUBLIC OF AUSTRIA	3.000.000.000	10/10/2005	20/10/2005	15/09/2006
Deutsche Bank AG	2.000.000.000	10/10/2005	17/10/2005	29/09/2006
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	10/11/2005	20/10/2005	20/10/2006
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	10/12/2005	27/10/2005	06/10/2008
KfW (Federal Republic of Germany)	2.000.000.000	10/13/2005	20/10/2005	10/04/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	10/18/2005	03/11/2005	20/09/2007
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	10/19/2005	03/11/2005	12/07/2007
RABOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	10/19/2005	31/10/2005	22/03/2007
International Bank for Reconstruction and Development	3.000.000.000	10/26/2005	09/11/2005	09/11/2007
Kommunalbanken AS	3.000.000.000	11/1/2005	15/11/2005	15/11/2010
REPUBLIC OF AUSTRIA	8.000.000.000	11/2/2005	14/11/2005	15/09/2006
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	11/10/2005	23/11/2005	20/09/2007
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	11/11/2005	22/11/2005	06/10/2008
Deutsche Bank AG	1.000.000.000	11/22/2005	29/11/2005	29/09/2006
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	11/23/2005	09/12/2005	20/09/2007
Toyota Motor Credit Corporation	5.000.000.000	11/30/2005	15/12/2005	20/06/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	12/5/2005	09/12/2005	20/09/2007
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	12/6/2005	16/12/2005	06/10/2008
Deutsche Bank AG	1.000.000.000	12/6/2005	15/12/2005	29/09/2006
Inter-American Development Bank	3.000.000.000	12/6/2005	20/12/2005	04/01/2007
Inter-American Development Bank	2.000.000.000	12/7/2005	20/12/2005	04/01/2007
Toyota Motor Credit Corporation	5.000.000.000	12/13/2005	22/12/2005	20/06/2008
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	12/13/2005	09/01/2005	09/01/2008
KfW (Federal Republic of Germany)	5.000.000.000	12/14/2005	22/12/2005	20/09/2007
REPUBLIC OF AUSTRIA	3.000.000.000	1/4/2006	11/01/2006	15/09/2006
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	1/5/2006	20/01/2006	06/10/2008
RABOBANK NEDERLAND	5.000.000.000	1/6/2006	23/01/2006	23/01/2008
European Investment Bank (EIB)	1.500.000.000	1/9/2006	16/01/2006	12/07/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	2.500.000.000	1/16/2006	20/01/2006	10/04/2007
Rentenbank (Germany's Agency for Agriculture)	3.000.000.000	1/17/2006	08/02/2006	08/05/2007
Kommunalbanken AS	3.000.000.000	1/19/2006	02/02/2006	02/02/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	10.000.000.000	1/20/2006	27/01/2006	20/09/2007
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	1/26/2006	14/02/2006	14/02/2011
EKSPORTFINANS ASA	2.000.000.000	1/31/2006	14/03/2006	14/03/2008
Eurohypo AG	2.000.000.000	1/31/2006	14/02/2006	14/08/2007
European Investment Bank (EIB)	5.000.000.000	2/2/2006	17/02/2006	06/10/2008
RaBOBANK NEDERLAND	3.000.000.000	2/2/2006	13/02/2006	23/01/2008

Útgefandi	Fjárhæð	Dagur viðskipta	Greiðsludagur	Gjalddagi
Landesbank Baden-wurttemberg	375.000.000		06/02/2006	06/02/2007
European Investment Bank (EIB)	1.500.000.000	2/7/2006	17/02/2006	12/07/2007
Deutsche Bank AG	2.000.000.000	2/10/2006	01/03/2006	02/03/2007
KfW (Federal Republic of Germany)	10.000.000.000	2/16/2006	01/03/2006	20/09/2007
Deutsche Bank AG	1.500.000.000	2/20/2006	01/03/2006	02/03/2007
RABOBANK NEDERLAND	5.000.000.000	2/27/2006	15/03/2006	15/07/2007
European Investment Bank (EIB)	1.500.000.000	2/28/2006	22/03/2006	12/07/2007
Rentenbank (Germany's Agency for Agriculture)	2.000.000.000	3/15/2006	08/05/2006	08/05/2008
European Investment Bank (EIB)	3.000.000.000	4/7/2006	21/04/2006	06/10/2008
KfW (Federal Republic of Germany)	3.000.000.000	5/10/2006	26/05/2006	20/09/2007
European Investment Bank (EIB)	2.000.000.000	5/10/2006	02/06/2006	02/06/2009

Þar sem útgáfurnar eru í íslenskum krónum eru þær ekki bundnar ákveðinni gengisvísitölu.

2. Eftirfarandi tafla sýnir 15 stærstu útgefendur krónubréfa og heildarnafnverð þeirra bréfa sem hver og einn þeirra hefur gefið út:

Útgefandi	Fjárhæð
KfW (Federal Republic of Germany)	53.500.000.000
European Investment Bank (EIB)	41.500.000.000
RABOBANK NEDERLAND	34.000.000.000
REPUBLIC OF AUSTRIA	23.000.000.000
Deutsche Bank AG	14.000.000.000
EKSPORTFINANS ASA	11.000.000.000
Toyota Motor Credit Corporation	10.000.000.000
Kommunalbanken AS	6.000.000.000
DRESDNER BANK	5.000.000.000
Inter-American Development Bank	5.000.000.000
Rentenbank (Germany's Agency for Agriculture)	5.000.000.000
Depfa Bank	3.000.000.000
International Bank for Reconstruction and Developm	3.000.000.000
Kauphting Bank	3.000.000.000
Swedish Export Credit	3.000.000.000

3. Súluritið hér á eftir sýnir hvernig gjalddagar krónubréfa falla á komandi mánuði til október 2008. Eftir október 2008 falla samtals 8 milljarðar kr. í þrem hlutum, 2 milljarðar kr. í júní 2009, 3 milljarðar kr. í nóvember 2010 og að lokum 3 milljarðar kr. í febrúar 2011.



1292. Svar [660. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Fannýjar Gunnarsdóttur um nemendur í grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku.

1. *Hefur verið kannað hvernig nemendum í grunnskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar í samræmdum prófum í 10. bekk? Hvaða samræmd próf taka þessir nemendur?*

Námsmatsstofnun hefur gert rannsókn byggða á samræmdum prófum í 10. bekk árið 2005 og PISA-rannsókninni sem lögð var fyrir árið 2003. Spurningalistar fylgdu báðum prófunum þar sem nemendur voru m.a. spurðir hvort fyrsta tungumál sem þeir lærðu hefði verið íslenska og hve oft þeir töluðu íslensku heima hjá sér. Almennt eru nemendur þó ekki flokkaðir eftir þjóðerni í könnunum sem lagðar eru fyrir í grunn- og framhaldsskólum.

Á samræmdu prófi vorið 2005 reyndust nemendur með annað móðurmál en íslensku standa sig nokkuð lakar í íslensku en nemendur almennt miðað við landsmeðaltal. Þegar litið er á árangur þessa nemendahóps út frá niðurstöðum í PISA-rannsókninni 2003 reyndist frammistaða þeirra í íslensku einnig vera lakari en hjá öðrum nemendum, sem ekki kemur á óvart.

Niðurstöðum úr PISA-rannsókninni 2003 og samræmdum prófum árið 2005 ber hins vegar ekki saman þegar skoðuð er frammistaða þessara nemenda í stærðfræði. Samræmt próf vorið 2005 benti til svipaðrar færni í stærðfræði í 10. bekk hjá báðum nemendahópunum. Niðurstöður í PISA 2003 bentu hins vegar til lakari frammistöðu nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Rétt er að benda á að frá því vorið 2001 hafa samræmd próf í 10. bekk verið valfrjáls fyrir nemendur og jafnframt að árið 2002 urðu prófin sex í stað fjögurra áður. Með þessu fyrirkomulagi er ekki ólíklegt að nemendur sem dvalið hafa á landinu í stuttan tíma kjósi síður að þreyta samræmd próf en jafnaldrar þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli.

Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hvaða samræmd próf nemendur með annað móðurmál en íslensku þreyta.

2. *Hversu margir af þessum nemendum fara í frekara nám þegar grunnskóla lýkur og hversu margir út á vinnumarkaðinn? Í hvers konar nám hafa nemendurnir farið?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessi atriði en fyrirhugað er að kanna þau.

3. *Er nemendum með annað móðurmál en íslensku tryggður sérstakur stuðningur í framhaldsskólum landsins?*

Nemendur í framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og reglugerð nr. 329/1997. Í reglugerðinni segir m.a. að menntamálaráðherra geti heimilað framhaldsskóla að stofna til sérstaks grunnnáms í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Miða skuli námið að því að treysta kunnáttu nemenda í íslensku og efla skilning þeirra á hugtökum í námsgreinum til undirbúnings námi í framhaldsskóla.

Eftirfarandi framhaldsskólar bjóða nemendum með annað móðurmál en íslensku svokallaða ÍSA-áfanga (íslenska sem annað móðurmál):

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn í Kópavogi og Iðnskólinn í Reykjavík, en við þann skóla er starfrækt sérstök nýbúabraut. Á undanförnum árum hafa verið fjölmargir nemendur af erlendum uppruna við Iðnskólann í Reykjavík.

Nú á vorönn 2006 eru nemendurnir 84 talsins af 35 þjóðernum. Flestir koma frá Taílandi eins og undanfarnar annir, ellefu talsins; átta nemendur eru frá Víetnam, sjö frá Litháen og Póllandi, sex frá Filippseyjum og fimm frá Rússlandi. Frá öðrum löndum er ýmist þrír, tveir eða einn nemandi. Þá má nefna að nú á vorönn 2006 er unnið að sérstöku tilraunaverkefni í Iðnskólanum í Reykjavík sem hluti af verkefninu Framtíð í nýju landi og nær til ungra Víetnama. Þrír víetnamskir nemendur fá sérstakan stuðning í fjórum bóklegum greinum, samtals þrjár kennslustundir á viku. Þarna er um að ræða nemendur sem áður höfðu gefist upp á framhaldsskólanámi vegna ónógrar íslenskukunnáttu. Ráðuneytið greiðir þessa stuðningskennslu sem ef til vill gæti orðið fyrirmynd að því hvernig hægt væri að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum.

4. *Hefur verið kannað hvort marktækur munur er eftir kyni á skólasókn og árangri umræddra nemenda í grunn- og framhaldsskólum?*

Ráðuneytið hefur ekki látið kanna sérstaklega hvort marktækur munur sé eftir kyni á skólasókn og árangri nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum. Ekki er sérstaklega leitað upplýsinga um stöðu þessara nemenda í reglulegri gagnasöfnun um starfsemi íslenskra skóla af Hagstofu Íslands. Ráðuneytið telur eigi að síður mikilvægt að þeir sem annast fræðslu barna og ungmenna séu vakandi fyrir stöðu þessa hóps og geri það sem í þeirra valdi stendur til að gera honum kleift að nýta sér það sem skólakefið hefur að bjóða. Til athugunar er að Hagstofa Íslands, sem safnar reglulega gögnum um skólahald, hugi sérstaklega að stöðu þessa hóps í framtíðinni. Einnig er hægt að upplýsa að staða um-

ræddra nemenda hefur verið til umræðu á samstarfsnefndarfundum sem ráðuneytið á reglulega með skólameisturum framhaldsskólanna. Þá hefur verið lögð áhersla á þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku í samningum sem ráðuneytið gerir við alla framhaldsskólana um áherslur og markmið í skólastarfinu.

5. *Hefur staða þessa hóps verið skoðuð sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða styttingu náms til stúdentsprófs?*

Í tengslum við vinnu við breytta námsskipan til stúdentsprófs hefur sérstaklega verið hugað að þessum hópi. Í fyrsta lagi er verið að endurskoða námskrá fyrir nemendur með annað tungumál, Íslenska sem annað tungumál, og mun sú námskrá taka gildi bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla þegar breytt námsskipan hefst. Í öðru lagi er að hefjast vinna við endurskoðun á almennri námsbraut framhaldsskólans í samræmi við samkomulag á milli ráðuneytisins og Kennarasambands Íslands og í þeirri endurskoðun mun sérstaklega hugað að stöðu þeirra sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Í þriðja lagi má nefna að Námsgagnastofnun er að vinna að nýju námsefni fyrir þennan nemendahóp á grunnskólastigi.

1293. Svar [754. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um samráðsfund með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ.

1. *Hefur verið haldinn samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ eins og ráðherra boðaði að yrði gert árlega í svari við fyrirspurn í 803. máli á 130. löggjafarþingi, 31. mars 2004?*

Fyrsti samráðsfundur með forsvarsmönnum sérsambanda ÍSÍ og fulltrúum ÍSÍ var haldinn 19. nóvember 2004. Fundinn sat ráðherra ásamt fulltrúum ráðuneytisins og fulltrúum frá 21 sérsambandi ÍSÍ auk forystumanna ÍSÍ. Formlegur samráðsfundur var ekki haldinn með fyrrgreindum aðilum á árinu 2005 en ráðuneytið hélt óformlega fundi með forystu ÍSÍ á því ári.

2. *Ef fundur hefur verið haldinn, skilaði hann einhverjum árangri?*

Eins og fram kom í svari við sambærilegri fyrirspurn háttvirts þingmanns á 131. löggjafarþingi, sbr. þskj. 516, 408. mál, þá er megintilgangurinn með þessum samráðsfundum að forystumenn íþróttahreyfingarinnar geti komið á framfæri þeim málum sem þeir telja brýn, auk almennra upplýsinga um stöðu íþróttamála. Fundir sem þessir eru því mikilvægur vettvangur fyrir frjálsar umræður og skoðanaskipti og þá ekki síst fyrir ráðherra íþróttamála. Á þessum fyrsta samráðsfundi flutti þáverandi forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram, inngang að þeim þremur erindum sem lágu fyrir, þ.e. fjármál íþróttahreyfingarinnar, útbreiðslu- og fræðslumál og afreksmál. Frummælendurnir þrír gáfu góða yfirsýn yfir stöðu sérsambandanna almennt. Fram kom að stórauknar kröfur eru gerðar til sérsambandanna á öllum sviðum. Var það eindregin skoðun sérsambandanna og ÍSÍ að afar mikilvægt væri að veita sérsamböndum stuðning með framlagi á hverju ári á fjárlögum ríkisins og styrkja þannig rekstrargrundvöll þeirra. Að þessu vann ráðherra á síðasta ári, þ.e. að tryggja framlag á fjárlögum 2006, eyrnamerkt sérsamböndum ÍSÍ. Á fjárlögum fyrir árið 2006 var 30 millj. kr. úthlutað til starfsemi sérsambanda ÍSÍ. Ráðherra hefur beitt sér fyrir fjárveitingum til þeirra málaflokka sem falla undir ráðuneytið eftir því sem ástæða er til og eru málefni íþrótta þar ekki undanskilin.

3. *Ef fundur hefur ekki verið haldinn, hvenær verður hann haldinn?*

Fyrirhugað er að boða til samráðsfundar með forystumönnum ÍSÍ og forsvarsmönnum sérsambanda á haustmánuðum.

1294. Svar [653. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Kr. Ólafssonar um Menntaskólann í Kópavogi og ógreiddar verðbætur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa verið teknar ákvarðanir af hálfu ráðuneytisins um að greiða Kópavogsbæ uppsafnaðar ógreiddar verðbætur að fjárhæð 48.100.000 kr. vegna Menntaskólans í Kópavogi sem rekja má til fjögurra samninga um byggingu verknámshúss við skólann?

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um neinar uppsafnaðar og ógreiddar verðbætur vegna samninga ríkisins við Kópavogskaupstað um nýbyggingar Menntaskólans í Kópavogi. Engar kröfur þar að lútandi hafa borist frá Kópavogsbæ, enda talið að allur umsaminn kostnaðarhlutur ríkisins sé að fullu greiddur. Komi hins vegar í ljós að einhvers konar mistök hafi orðið í uppgjöri vegna bygginga skólans verður að sjálfsögðu brugðist við því.

1295. Svar [477. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir.

1. *Hvað líður athugun ráðuneytisins á tillögum sem fram koma í skýrslu Kristjáns Más Magnússonar frá 31. ágúst 2004 um „skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar“?*
2. *Hefur ráðuneytið mótað afstöðu sína til þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni?*

Menntamálaráðuneytið fagnar skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins „Samhæfing í málefnum barna og unglinga með hegðunarvanda og geðraskanir. Tillaga um skilgreiningu þriggja þjónustustiga í málefnum barna og unglinga með geðraskanir og aðgerðir til að auka samþættingu þjónustunnar.“ Ráðuneytið er sammála greiningu Kristjáns Más Magnússonar verkefnisstjóra á vandanum og mikilvægi þess að auka samhæfingu á þessu sviði til að auka samþættingu þjónustunnar. Einnig er ráðuneytið sammála tillögu um skilgreiningu á þremur þjónustustigum, þ.e. grunnþjónustu, ýtarþjónustu og sérþjónustu. Menntamálaráðuneytið telur að skýrsla Kristjáns Más Magnússonar sé greinargóð og tekur undir skilgreiningu hans á málaflokknum. Menntamálaráðuneytið hefur sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu bréf þar sem afstaða ráðuneytisins til skýrslunnar og tillagna hennar kemur fram.

Í skýrslunni er dregin upp sú mynd af umfangi vandans að 80–85% barna séu ekki í neinni sérstakri þjónustuþörf en 12–15% séu með vægari geðraskanir og að 2–5% eigi við alvar-

legar geðraskanir að stríða og séu í mjög mikilli þjónustuþörf. Síðasttaldi hópurinn er talinn eiga í alvarlegum örðugleikum í lífinu.

Ráðuneytið leggur mikla áherslu á almennar aðgerðir í tengslum við skipulag skóla og vinnubrögð og starfshætti sem miðist að því að tryggja velferð og vellíðan nemenda í nánu samstarfi við foreldra. Nánari lýsingar á almennum starfsháttum skóla koma fram í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Einnig leggur ráðuneytið sérstaka áherslu á að skólar vinni skipulega gegn einelti og hefur undanfarin ár haft frumkvæði að innleiðingu Olweusaráætlunar gegn einelti sem nú tekur til rúmlega helmings grunnskólanemenda. Stefnt er að því að bjóða öllum grunnskólum að taka þátt í verkefninu á næstu árum en verulega hefur dregið úr einelti í þátttökuskólum. Ráðuneytið leggur einnig áherslu á hvers konar forvarnastarf í grunn- og framhaldsskólum. 1999 var skilgreind ný námsgrein, lífsleikni, í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla til að beina sjónum sérstaklega að nemendum sjálfum, persónuþroska, sjálfsstyrkingu þeirra og almennri lífsleikni. Endurskoðun á aðalnámskrám stendur nú yfir og verður lífsleikninámskráin endurskoðuð í ljósi reynslunnar en mikið þróunarstarf hefur farið fram í skólum. Loks má nefna að ráðuneytið leggur mikla áherslu á foreldrasamstarf og gagnkvæm tengsl og upplýsingamiðlun og virka þátttöku foreldra, m.a. til að byggja upp sem bestan skólabrag og heilbrigt skólasamfélag.

Þótt öll almenn umgjörð skólasamfélagsins sé eins og best verður á kosið þá má alltaf gera ráð fyrir erfiðleikum vegna ákveðins hluta nemenda með hegðunarvanda og geðraskanir. Mikilvægt er að öll þjónusta sé skilvirk, aðgengileg og vel samþætt til þess að hægt sé að bregðast við vandanum með viðeigandi hætti. Í þessu sambandi vill ráðuneytið draga fram eftirfarandi atriði úr skýrslunni, sem beint lúta að starfssviði menntamálaráðuneytisins.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla, nr. 386/1996.

Í skýrslunni er lagt til að meðferðar- eða íhlutunarþáttur sérfræðiþjónustu við skóla verði efldur og hlutverk hans gagnvart börnum og unglingum með geðraskanir verði skýrt. Eins og fram kemur í skýrslunni á bls. 10 var í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga dregið úr hlutverki stofnana á vegum sveitarfélaga og menntakerfis á sviði meðferðar og íhlutunar. Var gert ráð fyrir að sú starfsemi flyttist til heilbrigðisyfirvalda. Engu að síður hefur sérfræðiþjónusta skóla víða um land sinnt nemendum með hegðunarvanda og geðraskanir umfram ákvæði reglugerðar, en yfirlit liggur ekki fyrir um umfang þeirrar þjónustu. Í tengslum við heildarendurskoðun á grunnskólalögunum sem stendur fyrir dyrum þarf að skoða ákvæði laganna um sérfræðiþjónustu skóla, m.a. í ljósi skýrslunnar. Ljóst er að ef auka á íhlutun sérfræðiþjónustu skóla eins og lagt er til í skýrslunni þarf bæði laga- og reglugerðarbreytingu og aukið fjármagn til sérfræðiþjónustunnar. Ekki liggur fyrir kostnaðarmat en slíkar breytingar verða ekki gerðar nema fyrir liggi með hvaða hætti staðið verði að slíkum kostnaðarauka í ljósi verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Í framhaldi af setningu nýrra grunnskólalaga þarf að endurskoða reglugerðir við lögin, þ.m.t. reglugerð um sérfræðiþjónustu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytið standi að rannsóknum og kerfisbundnu eftirliti með starfsemi sérfræðiþjónustu skóla. Ráðuneytið er reiðubúið að vinna að úttekt á starfsemi sérfræðiþjónustu skóla í samvinnu við Sambandið.

Reglugerðir um sérfræðiþjónustu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Í skýrslunni er lagt til á bls. 12 að reglugerðir um sérfræðiþjónustu skóla fyrir öll skólastig, frá leikskóla til framhaldsskóla, verði samhæfðar og skilgreindur þar réttur barna og unglinga, frá 0–18 ára, með hvers konar sérþarfir til greiningar og íhlutunar. Menntamála-

ráðuneytið telur að í tengslum við áform um breytta námsskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu í skólastarfi, sbr. skýrslu menntamálaráðuneytisins frá því í ágúst 2004, þurfi að kanna hvort sérfræðiþjónustan sé betur sett ef hún er skipulögð heildstætt fyrir öll þessi skólastig. Eðlilegast er að skipa nefnd með fulltrúum þeirra ráðuneyta sem málið varðar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir þessa hugmynd og skilgreina sérstaklega hlut ríkisins varðandi sérfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla, en víða reka sveitarfélög saman sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskóla.

Skólaheilsugæsla.

Lagt er til að hlutverk skólaheilsugæslu verði endurskoðað, með nýjum starfsreglum og verklýsingu. Menntamálaráðuneytið tekur undir tillögur sem lúta að eflingu skólaheilsugæslunnar og telur að sérstaklega þurfi að huga að eflingu skólaheilsugæslu fyrir framhaldsskólanemendur.

Íhlutunar- og meðferðarstarf í sérdeildum og sérskólum.

Menntamálaráðuneytið telur eðlilegt að sérdeildir og sérskólar á vegum sveitarfélaga á grunnskólastigi og ríkisins á framhaldsskólastigi geti sinnt ákveðinni íhlutun í málefnum barna og unglinga með vægari geðraskanir. Sérdeildir hafa verið stofnaðar við marga framhaldsskóla og hefur starfsemin eflst mjög og fjárframlög aukist. Á grunnskólastigi hafa orðið breytingar á fyrirkomulagi, m.a. með stofnun Brúarskóla og Gaulverjaskóla, og breytingar hafa orðið á sérdeildum í ljósi stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Eðlilegt er í því sambandi að endurskoða úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gagnvart nemendum á grunnskólastigi annars vegar og framlög menntamálaráðuneytisins til sérdeilda á framhaldsskólastigi hins vegar.

Efling rannsókna og endurmenntunar.

Ráðuneytið tekur undir tillögur í skýrslunni um íslenskrar rannsóknir um algengi og eðli geðraskana og árangur íhlutunar. Einnig tekur ráðuneytið undir nauðsyn þess að huga vel að endurmenntun starfsmanna sem sinna börnum og unglingum á þessu sviði þannig að starfið verði sem markvissast. Hægt er að sækja um styrki úr Endurmenntunarsjóðum grunnskóla og framhaldsskóla til ýmiss konar endurmenntunar.

Nemendaverndarráð grunnskóla.

Í gildandi grunnskólalögum frá 1995 er heimildarákvæði um nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Á undanförnum árum hefur starfsemi nemendaverndarráða eflst til muna. Í tengslum við fyrirhugaða heildarendurskoðun á grunnskólalögum kemur vel til greina að víkka hlutverk nemendaverndarráða til þess að hægt sé að tryggja meiri samhæfingu í málefnum einstakra nemenda í samstarfi við sérfræðiþjónustu og heilsugæslu. Að mati ráðuneytisins þurfa úrræði innan skóla að vera markviss og samhæfð og myndu öflug nemendaverndarráð stuðla að því.

Ráðuneytið telur mikilvægt í framhaldi þessarar vinnu að hafa einnig til hliðsjónar „Skýrslu nefndar forsætisráðherra um stefnu í málefnum barna og ungmenna“ sem lögð var fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005. Nefndin var skipuð til að undirbúa opinbera stefnu í málefnum barna og ungmenna og markmiðin lúta t.d. að forvörnum, greiningu og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum og heilsugæslu í skólum.

Ráðuneytið hefur fylgst með umræðum hér á landi um svokallaða MST-meðferð, þ.e. fjölþáttameðferð (multisystemic treatment) sem er hnitmiðuð meðferð sem beinist að gervöllu félagslegu umhverfi barns/unglings, fjölskyldu, vinahópi, skóla, tómstundum o.s.frv. Meðferðin er þróuð í Bandaríkjunum og hefur t.d. náð mikilli útbreiðslu í Noregi. Þessi meðferðarkostur er lítillega kynntur í skýrslu Kristjáns en var kynntur sérstaklega á ráðstefnu á vegum Barnaverndarstofu 12. maí 2005. Menntamálaráðuneytið telur æskilegt að huga að tilraunaverkefni hér á landi með MS-fjölþáttameðferð. Slíkt geti verið góður valkostur fyrir börn og ungmenni með geðraskanir. Mikilvægt er að auka valkosti í meðferð barna og ungmenna með hegðunar- og geðraskanir og gera tilraunir í þeim efnum. Ráðuneytið er tilbúið til frekari viðræðna við önnur ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um með hvaða hætti unnt sé að auka valkosti í meðferð.

Ráðuneytið hvetur til þess að mikilvægar samhæfingaraðgerðir í kjölfar skýrslu um málefni barna og unglinga með geðraskanir og hegðunarvanda séu undir einni stjórn til að taka heildstætt á málefninu. Þær hugmyndir sem lagðar eru fram í skýrslunni eru innlegg í þá vinnu og verður að fara fram í samhengi við þá stefnu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tekur í framhaldinu. Mikilvægt er að setja upp framkvæmda- og fjárhagsáætlun til nokkurra ára til að unnt verði að bæta markvisst samhæfinguna á þessu sviði. Menntamálaráðuneytið er reiðubúið að taka þátt í þeirri vinnu.

3. *Ef nefnd hefur verið sett í málið, hverjir eiga sæti í henni, hvenær hóf hún störf og hvenær á hún að ljúka störfum?*

Ekki hefur verið skipuð formleg nefnd til áframhaldandi vinnu í kjölfar skýrslu Kristjáns Más en aðstoðarmenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra hafa myndað óformlegan starfshóp til að vinna áfram að málinu milli ráðuneytanna.

1296. Svar [493. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ágústs Ólafs Ágústssonar, Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um tæknifrjóvgun.

1. *Hversu margar tæknifrjóvgunarmeðferðir voru niðurgreiddar árið 2005 og hversu margar verða niðurgreiddar árið 2006?*

Upplýsingasöfnun vegna tæknifrjóvgana er í þróun og því ekki mögulegt að gefa eins nákvæmar upplýsingar og æskilegt væri. Samningstímabil og tiltækar upplýsingar um fjölda tæknifrjóvgunarmeðferða falla ekki að almanaksárinu. Upplýsingar í svari þessu miðast því við þá samninga um tæknifrjóvgun sem næst komast þeim árum sem spurt er um. Þjónustan er veitt á grundvelli samninga milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Art Medica (IVF Iceland), talning miðast við hafnar meðferðir.

Frá byrjun október 2004 til loka janúar 2006 voru hafnar 418 niðurgreiddar meðferðir á grundvelli samninga um þessa þjónustu. Samningur sem gildir frá 1. febrúar 2006 og er til eins árs, kveður á um að á samningstímanum skuli veita 320 niðurgreiddar meðferðir.

2. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef eftirspurn eftir tæknifrjóvgun verður meiri en gert er ráð fyrir í samningi Landspítala – háskólasjúkrahús og Art Medica?*

Gert er ráð fyrir að fjöldi meðferða verði í samræmi við samning milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Art Medica. Í viðauka með samningnum er tilgreindur fjöldi og tegund meðferða. Einnig kemur þar fram að fjöldi meðferða skuli endurskoðaður við endurnýjun samningsins og er endurnýjun samnings því vettvangur til að taka til umfjöllunar breytingar á magni þjónustunnar.

3. *Hyggst ráðherra mæta aukinni eftirspurn eftir tæknifrjóvgun vegna réttar samkynhneigðra til tæknifrjóvgunar, verði hann lögfestur á þessu ári?*

Í núgildandi samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Art Medica er bókun sem kveður á um að fái samkynhneigðir rétt til tæknifrjóvgunar í samræmi við frumvarp þar að lútandi sem liggur fyrir Alþingi séu aðilar samningsins sammála um að taka umsaminn meðferðafjölda til endurskoðunar. Þar kemur einnig fram að fjölgunin sé háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ráðherra mun taka þetta atriði til skoðunar verði réttur samkynhneigðra til tæknifrjóvgana lögfestur.

1297. Svar [561. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um einstaklinga með eiturlyf innvortis.

1. *Hefur bráðamóttaka Landspítala eða aðrar sjúkrastofnanir synjað óskum um að koma einstaklingi til aðstoðar við að losna við eiturlyf sem hann hefur haft innvortis? Ef svo er, hversu oft hefur það hent?*

Ekki er kunnugt um að nein sjúkrastofnun hafi synjað óskum um slíka aðstoð, og þykir afar ólíklegt að svo sé. Skráningarkerfi heilbrigðisstofnana gefur ekki kost á að kalla svör við þessari spurningu fram með einföldum hætti, en fullyrða má á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja að slík tilvik þekkist ekki.

2. *Hversu margir komu árlega undanfarin fimm ár sjálfviljugir á heilbrigðisstofnun til að fá slíka aðstoð?*

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni koma einstaklingar nánast aldrei sjálfviljugir vegna þessara aðstæðna til heilbrigðisstofnana. Á undanförnum fimm árum var aðeins eitt tilvik af þessu tagi á Landspítalanum. Var sá einstaklingur að reyna að komast hjá handtöku.

3. *Hversu margir komu á sama tíma fyrir tilstilli lögreglu eða í fylgd hennar í þessum erindagjörðum og hversu oft vildi lögregla fá aðstoð við að kanna hvort viðkomandi væri svokallað burðardýr, þ.e. með eiturlyf innvortis?*

Nær allir eða allir leita til heilbrigðisþjónustunnar fyrir tilstilli lögreglu við þessar aðstæður. Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum er leitað að eiturlyfjum innvortis hjá 30–40 manns á ári hverju, 7–10 tilvik finnast. Annars staðar á landinu, einkum á Seyðisfirði, er leitað hjá innan við 10 manns á ári að eiturlyfjum innvortis, og hafa engin fundist enn þá.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið skoða nú lagaákvæði sem fjalla um þagnarskyldu, tilkynningaskyldu og vitnaskyldu. Má þar nefna læknalög, lög um réttindi sjúklinga, almenn hegningarlög og lög um meðferð opinberra mála. Í ljósi þess

að þeim fjölgar sem koma hingað til lands með eiturlyf innvortis er mikilvægt að tryggja að ákvæði laga og reglna um framkvæmd leitar og viðbrögð við fundi eiturlyfja séu skýr, þannig að heilbrigðisstarfsmenn þurfi ekki að velkjast í vafa um hvernig taka skuli á slíkum málum.

1298. Svar [579. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um styrki úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu háir styrkir hafa verið veittir til verkefna er tengjast öldrunarmálum úr Framkvæmdasjóði aldraðra og hverjir hafa hlotið þá, sbr. svar ráðherra í máli 367, þskj. 686, á yfirstandandi þingi, sundurliðað eftir árum, styrkþegum á hverju ári og upphæðum til hvers þeirra?*
2. *Hversu miklir fjármunir eru í sjóðnum nú?*

Tafir hafa orðið á að svara fyrirspurninni þar sem bókhaldsgögn Tryggingastofnunar ríkisins frá árinu 1999 til ársins 2002 eru komin í geymslu í Kópavogi og veruleg fyrirhöfn að nálgast þau. Ráðuneytið getur ekki veitt upplýsingar um veitta styrki frá árinu 1998 og eldri þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur eytt þeim bókhaldsgögnum en lögum samkvæmt þarf ekki að geyma bókhaldsgögn lengur en 7 ár.

Í eftirfarandi töflu er listi yfir greidda styrki á árunum 1999–2004. Hér er um að ræða framlög og styrki sem ekki teljast til stofnkostnaðar né til endurbóta.

Fjárveitingar Framkvæmdasjóðs aldraðra til stofnframkvæmda og endurbóta er 582,5 millj. kr. í fjárlögum fyrir árið 2006.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði aldraðra á árunum 1999–2004.

Styrkþegar	Ár	Fjárhæð
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili aldraðra, Kópavogi	2004	50.000
Blaðið Málefni aldraðra	2004	30.000
Höfn í Hafnarfirði	2004	500.000
Gunnar Kvaran	2004	240.000
Haukur Guðlaugsson	2004	210.000
Óperukórinn í Reykjavík	2004	500.000
Félag eldri borgara Vopnafirði	2004	500.000
Ellimálaráð Þjóðkirkjunnar	2004	300.000
Boði, Svavar Sigurðsson	2004	100.000
Hrafn Pálsson	2004	100.000
Hjúkrunar- og dvalarheimilið Silfurtún	2004	75.000
Lionsklúbbur Búðardals, Reykhóladeild	2004	500.000
Bryndís Erlingsdóttir	2004	135.000
Rannsóknastofa HÍ og LSH í öldrunarfræðum	2004	1.000.000
Háskóli Íslands	2004	4.485.800
Margrét Sigurðardóttir	2004	7.000
LHS Rannsóknastofa í öldrunarfræðum	2004	1.550.200
Djúpivogur	2004	500.000
Samtals styrkir 2004		**10.783.000**

Styrkþegar	Ár	Fjárhæð
Dr. Milkman	2003	103.450
Margrét Sigurðardóttir	2003	100.000
Berglind Magnúsdóttir, Guðrún Ragnarsóttir, Þórunn Björnsdóttir	2003	300.000
Lovísa Einardóttir	2003	45.000
Helga Björk Haraldsdóttir	2003	336.000
Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar	2003	160.000
Tónaljón	2003	30.000
Háskóli Íslands	2003	4.222.000
Jón Hermannsson, Tefra Film	2003	1.000.000
Haukur Guðlaugsson og Gunnar	2003	1.000.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2003	2.000.000
LHS Rannsóknastofa í öldrunarfræðum	2003	1.500.000
Samtals styrkir 2003		**10.796.450**
Utanríkisráðuneytið	2002	500.000
Sólvellir, dvalarheimili	2002	2.000.000
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	2002	150.000
Helgi Hjálmsson	2002	150.000
Markarholt	2002	1.000.000
Landssamband eldri borgara	2002	180.000
Þórir Guðbergsson	2002	150.000
Háskóli Íslands	2002	4.222.000
Nefnd um breytta ímynd	2002	3.000.000
Landspítali – háskólasjúkrahús	2002	400.000
Gunnar Kvaran	2002	150.000
Haukur Guðlaugsson	2002	150.000
Söngskólinn í Reykjavík	2002	150.000
Svavar Sigurðsson	2002	10.000
Samtals styrkir 2002		**12.212.000**
Kvennréttindafélag Íslands	2001	100.000
Svavar Sigurðsson	2001	100.000
Dvalarheimilið Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	2001	2.500.000
Manneldisráð	2001	250.000
Emelía Gunnlaugsdóttir	2001	130.000
Bjarnheiður Jóhannsdóttir	2001	100.000
Þórir S. Guðbergsson	2001	45.000
Margrét Sigurðardóttir	2001	50.000
Nefnd um breytta ímynd	2001	1.500.000
Sjálfseignarstofnunin Markarholt	2001	2.000.000
Halldór Guðmundsson	2001	140.000
Reykhólahreppur	2001	16.000.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2001	220.000
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	2001	650.000
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	2001	225.000
Stefán Þórarinsson	2001	250.000
Pálmi V. Jónsson	2001	48.482
Háskóli Íslands	2001	800.000
Ungmennafélag Íslands	2001	600.000
Öldrunarlækningasjúkrahúsið Landakoti	2001	1.500.000
Samtals styrkir 2001		**27.208.482**

Styrkþegar	Ár	Fjárhæð
Laufey Steingrímsdóttir	2000	1.000.000
Landssambandið „Þak yfir höfuðið“	2000	250.000
Olga Gunnarsdóttir	2000	100.000
HUMAN – hópur um mönnunarþörf í öldrunarþjónustu	2000	1.000.000
Friðarboðinn í Hafnarfirði	2000	100.000
Hjörleifur Pálsson	2000	900.000
Háskóli Íslands	2000	800.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	2000	220.000
Bálind Boda	2000	10.000
Öldrunarlækningasjúkrahúsið Landakoti	2000	1.500.000
Samtals styrkir 2000		**5.880.000**
Eygló Stefánsdóttir	1999	70.000
Sigurður Harðarson	1999	200.000
Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Stefán Ólafsson	1999	700.000
Frístundahópurinn Hana-nú	1999	100.000
Öldrunarþjónusta Reykjavíkurborgar	1999	1.500.000
Þórarinn Stefánsson	1999	150.000
Þórunn Björnsdóttir	1999	60.000
FAAS	1999	100.000
Öldrunarfræðafélag Íslands	1999	50.000
Landlæknisembættið, Sigurður Guðmundsson	1999	100.000
Finnbogi Hermannson	1999	190.000
Bandalag kvenna í Rvk og Hafnarfirði	1999	100.000
Klausturhólar	1999	258.419
Heilsustofnun NLFÍ	1999	5.000.000
Guðrún Hjaltadóttir	1999	60.000
Bryndís Erlingsdóttir	1999	85.000
Dvalarheimilið Kirkjuhvoll	1999	2.500.000
Háskóli Íslands	1999	800.000
Daufblindraheimilið	1999	250.000
Ólafur Laufdal	1999	167.000
Samtals styrkir 1999		**12.440.419**

1299. Svar [649. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um kostnað við hjúkrun aldraðra.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. *Hve margir aldraðir hafa lokið meðferð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru á biðlista eftir úrræðum utan sjúkrahússins? Á hvaða sviðum sjúkrahússins liggja þeir og hver er meðalkostnaður á dag vegna umönnunar þeirra skipt eftir sviðum?*

Svör við þessu eru byggð á gögnum úr DRG-gagnagrunni Landspítala – háskólasjúkrahúss frá 26. apríl sl. Samkvæmt því bíða nú 97 aldraðir einstaklingar eftir hjúkrunarheimilisplássi á LSH og skiptast þeir þannig eftir sviðum: Á geðsviði bíða fimm, á lyflækningasviði I bíða

14, á lyflækningasviði II bíður einn, á skurðlækningasviði bíða átta, á endurhæfingarsviði fjórir og öldrunarsviði 65.

Taflan hér á eftir sýnir áætlaðan meðalkostnað á legudag fyrir sjúkling í bið. Tekið er meðaltal þeirra sem hafa dvalið 30 daga eða lengur og eru 75 ára.

Áætlaður meðalkostnaður legudaga, aldraðir sjúklingar í bið.

Svið og heiti	Kostnaður
A Skurðlækningasvið	80.651 kr.
C Lyflækningasvið 1	52.279 kr.
E Geðsvið	24.067 kr.
N Endurhæfing	30.282 kr.
O Öldrunarsvið	35.823 kr.

2. *Hver er meðalkostnaður við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar í Norðvesturkjördæmi?*

Ráðuneytið bað um rekstrarupplýsingar fyrir árið 2005 og rekstraráætlun fyrir árið 2006 frá hjúkrunarheimilum og var skilafrestur 27. mars sl. Flest hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu hafa skilað rekstrarupplýsingum, en einungis eitt hjúkrunarheimili í Norðvesturkjördæmi. Samanburður á rekstrartölum fyrir árið 2005 er því óraunhæfur og verður því að miða við rekstrartölur fyrir árið 2004 og reikna meðalkostnað út frá þeim. Við samanburð ber að hafa í huga að umönnunarþyngd vistmanna samkvæmt RAI-mælingum hjá þeim heimilum sem skiluðu rekstrarupplýsingum var 1,02 á höfuðborgarsvæðinu en 0,97 í Norðvesturkjördæmi.

Meðalkostnaður á legudag árið 2004 við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu og í Norðvesturkjördæmi var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Meðalkostnaður legudaga á hjúkrunarheimilum 2004.

Rekstrarliðir	Höfuðborgarsvæði, kr.	Norðvesturkjördæmi, kr.	Mismunur, kr.
Daggjöld og húsnæðisgjald	13.654	12.393	1.261
Aðrar tekjur	541	456	85
Tekjur samtals	**14.195**	**12.849**	**1.346**
Launakostnaður við umönnun	7.988	6.589	1.399
Annar launakostnaður	2.506	3.592	-1.086
Annar rekstrarkostnaður	3.583	2.741	843
Gjöld samtals	**14.078**	**12.921**	**1.156**
Afkoma	**117**	**-72**	**190**

1300. Svar [665. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Fannýjar Gunnarsdóttur um barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Hvernig standa byggingarmál barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, sér fyrir endann á framkvæmdum?*

Með bréfi dags. 2. mars sl. óskaði ráðuneytið heimildar fjármálaráðuneytis til fullnaðarhönnunar á fyrsta áfanga stækkunar húsnæðis BUGL við Dalbraut. Heimildin fékkst 31. mars sl. og er gert ráð fyrir að hönnunarvinnan taki nokkra mánuði. Verður þá leitað heimildar fjármálaráðuneytis til útboðs verkframkvæmda.

2. *Fjölgar stöðugildum við deildina eftir stækkun hennar?*

Stöðugildum mun ekki fjölga mikið þegar fyrsti áfangi verður tekinn í notkun því að með honum er fyrst og fremst ætlunin að bæta aðstöðu fyrir núverandi starfsemi. Hins vegar má gera ráð fyrir einhverri fjölgun starfsfólks þegar byggingu nýja húsnæðisins lýkur, en ekki er unnt að áætla hver hún verður að svo stöddu.

3. *Er ætlunin að vinna fljótt upp biðlista, auka og efla þjónustuna, t.d. með því að fjölga innlögnum, auka göngudeildarþjónustu, efla aðstoð við foreldra og systkini og auka eftirfylgd, t.d. út í skólana?*

Markmiðið með stækkun deildarinnar er að efla alla þætti sem hér eru nefndir og búa starfseminni betri umgjörð sem er meira í samræmi við eðli þjónustunnar. Allir þessir þættir ráðast fyrst og fremst af hæfu, vel menntuðu og reyndu starfsfólki, og því er nauðsynlegt að vinna jafnframt að því að tryggja mannaflann. Betri vinnuaðstæður geta jafnframt haft góð áhrif á mönnun.

4. *Má eiga von á því að alltaf verði um einhverja biðlista að ræða?*

Reynslan sýnir að rétt er að gera ráð fyrir að einhverjir biðlistar séu til staðar. Í sumum tilvikum hefur verið greint á milli biðlista og svokallaðra vinnulista, en það eru listar yfir þá sem eiga pantaða tíma og eiga að sækja þjónustu innan tilskilinna tímamarka. Biðlistar á BUGL taka annars vegar til viðtala og hins vegar til innlagna. Mikilvægt er að unnið sé að því að stytta báða biðlistana á BUGL.

1301. Svar [700. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um endurhæfingu á Reykjalundi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að endurhæfingu sem fólk hefur fengið á Reykjalundi verði fylgt eftir í heimahéraði með sérstöku samkomulagi þar um, þar sem fjármagn fylgir?*
2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að stækka og efla Reykjalund með það fyrir augum að biðlistar þar, sem m.a. er talið að séu allt upp í 5–7 ár á gigtar- og verkjasviði, styttist eða leggist af?*

Á Reykjalundi fer fram mikilvægt endurhæfingarstarf. Innan ráðuneytisins er verið að skoða málefni endurhæfingar sérstaklega; hver þörfin er fyrir endurhæfingu og hvernig best sé að mæta þeirri þörf. Meðal annars er í athugun hvort er hvort nýta megi betur almennar heilbrigðisstofnanir í þessu skyni. Með bættum samgöngum hefur bráðahlutverk ýmissa heilbrigðisstofnana minnkað verulega og víða má finna ágætis aðstöðu til þjálfunar. Fyrirhugað

er að kanna hvort heilbrigðisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins geti axlað stærra hlutverk í endurhæfingarmálum almennt og í því skyni hefur m.a. verið veitt heimild til þess að ráða endurhæfingarlækni í hlutastöðu við heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

Hvað varðar síðari hluta fyrirspurnarinnar þá var í lok síðasta árs, við gerð þjónustusamnings til ársloka 2008 milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Reykjalundar, ákveðið að auka fjárframlög til stofnunarinnar og bæta við þjónustu. Um er að ræða aukningu sem nemur 15 millj. kr. til göngudeildarstarfsemi og 45 millj. kr. til næringarsviðs á samningstímanum. Auk þess voru greiddar 20 millj. kr. á síðasta ári vegna aukinnar starfsemi á næringarsviði. Samtals mun rekstrargrunnur hækka um 60 millj. kr. á tímabilinu og kemur til framkvæmda á eftirfarandi hátt:

- Vegna næringarsviðs verður rekstrargrunnur hækkaður um 15 millj. kr. árið 2006 og um 30 millj. kr. árið 2007. Um er að ræða verulega aukningu á þjónustu því hægt verður að veita 90–110 sjúklingum þjónustu á ári hverju frá 2007 í stað 25 árið 2004. Gert er ráð fyrir að með þessu verði hægt að stytta biðlista verulega.
- Vegna göngudeildar verður rekstrargrunnur hækkaður um 5 millj. kr. árið 2006 og um 10 millj. kr. árið 2007, samtals 15 millj. kr. Gert er ráð fyrir að komur á göngudeild verði allt að 4.500 á ári en þær voru árið 2004 rúmlega 2.100. Vonast er til að þessi aukning muni létta á þeim biðlistum sem eru nú eftir innlögn á Reykjalund.

Í fyrirspurninni er sérstaklega vísað til biðlista á gigtar- og verkjasviði, sem fyrirspyrjandi hefur fengið upplýsingar um að geti orðið allt að 5–7 ár. Bið eftir innlögn á gigtarsvið Reykjalundar hefur verið talin nema um tveimur árum samkvæmt biðlista stofnunarinnar og meðalbiðtími á verkjasviði er rúmlega hálft ár. Nú stendur yfir endurskoðun á skráningu biðlista á gigtarsviði þar sem sjórnendur Reykjalundar telja að bilistinn gefi ekki rétta mynd af stöðunni og búast þeir við að niðurstaða þeirrar endurskoðunar muni sýna fram á talsvert styttri biðtíma og talsverða fækkun þeirra sem bíða.

1302. Svar [749. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um hjúkrunarrými í Suðurkjördæmi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg hjúkrunarrými eru í notkun í Suðurkjördæmi og hversu mörg hjúkrunarrými er áætlað að verði tekin í notkun í kjördæminu á næstu fjórum árum?

Hornafjörður	26
Klaustur	17
Vík	12
Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum	16
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	30
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	11
Lundur, Hellu	25
Blesastaðir, Skeiðum	3
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ljósheimar	26
Kumbaravogur, Stokkseyri	42

Sólvellir, Eyrarbakka	3
Ás, Hveragerði	26

Samanlagt eru þetta því 237 hjúkrunarrými.

Í Reykjanesbæ er áætlað að byggja hjúkrunarheimili með 30 hjúkrunarrýmum og mun það fela í sér aukningu um 10 hjúkrunarrými. Þá er í byggingu á Selfossi hjúkrunarheimili með um það bil 40 hjúkrunarrýmum, en 26 verða lögð niður á Ljósheimum, þannig að fjölgunin nemur um 12 rýmum. Samtals er því áætlað að fjölga hjúkrunarrýmum í kjördæminu um 24 á næstu árum.

1303. Svar [750. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um daggjöld á Sóltúni.

1. *Hver voru daggjöld á hjúkrunarheimilinu Sóltúni árin 2003, 2004 og 2005, sundurgreint, og hver voru meðaldaggjöld til annarra hjúkrunarheimila sömu ár?*

Áður en daggjöld Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila eru borin saman ber að hafa í huga að daggjaldi Sóltúns er ætlað til að standa undir kostnaði við að byggja og reka hjúkrunarheimili, en daggjöldum annarra hjúkrunarheimila er ætlað til að mæta kostnaði við reka þau. Beinn samanburður sem gerður er án þess að taka tillit til þessa eðlismunar á samningsbundnum greiðslum til langs tíma og daggjöldum er marklaus.

Daggjöld Sóltúns eru reiknuð út frá RUG 34 fl. RAI-kerfi, en daggjald annarra hjúkrunarheimila er reiknað út frá RUG 44 fl. RAI-kerfi. Auk þess er daggjald Sóltúns óbreytt miðað við bilið RAI = 1,05 til RAI = 1,20. Í þeim samanburði sem hér fer á eftir eru daggjöld til annarra hjúkrunarheimila miðuð við RAI = 1,01 og breytist það hlutfallslega miðað við hækkandi RAI.

Lögð skal áhersla á og dregið sérstaklega fram að kostnaður við að byggja Sóltún er reiknaður inn í daggjald Sóltúns í formi húsnæðisgjalds, en hvorki byggingarkostnaður né húsnæðisgjald er innifalið í daggjaldi annarra hjúkrunarheimila. Þá er rétt að taka fram að Sóltún á, eðli samningsins vegna sem gerður var um rekstur heimilisins, ekki rétt á framlögum úr Framkvæmdasjóði.

Í eftirfarandi yfirliti eru daggjöld Sóltúns og daggjöld annarra hjúkrunarheimila árin 2003–2005. Daggjald annarra hjúkrunarheimila árið 2004 er meðaltal af daggjaldi sem tók gildi 1. janúar 2004 og daggjaldi sem tók gildi 1. mars 2004. Daggjöld Sóltúns eru reiknuð að hluta út frá upplýsingum um meðallaun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna birtir. Kjararannsóknarnefnd hefur ekki birt upplýsingar um laun þessara stétta fyrir árið 2005 og eru daggjöld fyrir það ár áætluð og ekki endanleg.

Daggjöld Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila.

Hjúkrunarheimili	Rug	RAI	2003	2004	2005
Sóltún	34 fl.	1,05–1,20	20.044	20.588	21.691
Önnur hjúkrunarheimili	44 fl.	1,01	12.360	13.042	13.754

2. *Hver var greiðsla húsnæðiskostnaðar á fermetra sömu ár og af hve mörgum fermetrum var greitt? Hve stórt er hjúkrunarheimilið í fermetrum talið?*

Húsnæðisgjald Sóltúns á ári var 14.270 kr. á m^2 fyrir árið 2003, 14.759 kr. á m^2 árið 2004 og er áætlað 15.309 kr. á m^2 árið 2005. Innifalið í húsnæðisgjaldi Sóltúns er húsaleiga, viðhald o.fl. Viðhaldshluti húsnæðisgjalds Sóltúns á ári var 1.573 kr. á m^2 fyrir árið 2003, 1.626 kr. á m^2 árið 2004 og áætlað viðhald er 1.687 kr. á m^2 fyrir árið 2005.

Greitt var húsnæðisgjald fyrir 6.731 m^2 árið 2003, 6.749 m^2 árið 2004 og fyrir 6.796 m^2 árið 2005. Hjúkrunarheimilið Sóltún er 6.800 m^2.

3. *Hver var greiðsla húsnæðiskostnaðar á fermetra til annarra hjúkrunarheimila?*

Húsnæðisgjaldi sem greitt er til annarra hjúkrunarheimila er eingöngu ætlað að mæta kostnaði við almennt viðhald á húsnæði hjúkrunarheimila. Húsnæðisgjald á ári til annarra hjúkrunarheimila var 2.000 kr. á m^2 fyrir árið 2003, 2.050 kr. á m^2 fyrir árið 2004 og 2.114 kr. á m^2 fyrir árið 2005.

4. *Er húsnæðisgjald greitt eftir sömu viðmiðum til Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila?*

Nei, húsnæðisgjald er ekki greitt eftir sömu viðmiðum til Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila. Hins vegar er viðhaldsþáttur húsnæðisgjalds Sóltúns sambærilegur við húsnæðisgjald annarra hjúkrunarheimila, sbr. svar við 2. lið fyrirspurnarinnar.

5. *Hver var þátttaka ráðuneytisins í magnleiðréttingum lyfjakaupa samkvæmt kafla 0.1.53 í samningi milli ráðuneytis og Sóltúns árin 2003, 2004 og 2005? Njóta önnur hjúkrunarheimili sambærilegra leiðréttinga vegna lyfjakaupa?*

Þátttaka í lyfjakostnaði samkvæmt kafla 0.1.53 í samningi milli ráðuneytisins og Sóltúns var 4.312.828 kr. fyrir árið 2003, 2.969.370 kr. fyrir árið 2004. Umsókn frá Sóltúni um þátttöku í lyfjakostnaði fyrir árið 2005 liggur ekki fyrir.

Önnur hjúkrunarheimili njóta ekki sambærilegra leiðréttinga vegna lyfjakaupa. Hins vegar geta lítil öldrunarheimili sótt um framlög úr sjóði sem er í umsjá ráðuneytisins þegar lyfjakostnaður þeirra er talsvert umfram það sem gert er ráð fyrir í daggjöldum öldrunarheimila.

1304. Svar [760. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Valdimars L. Friðrikssonar um blóðgjafir og Blóðbankann.

1. *Hversu margir blóðgjafar komu á ári í Blóðbankann árin 2000–2005, hversu mikið blóð var gefið á þessum árum og hver var mesti fjöldi blóðgjafa á einum degi á tímabilinu?*

Samanlagður fjöldi heimsókna í Blóðbankann var á þessu tímabili 18–20 þúsund á hverju ári. Samanlagt var safnað u.þ.b. 13.500–15.000 einingum heilblóðs á hverju ári á þessu tímabili. Minna má á að í hverri einingu eru 450 ml, þannig að um er að ræða allt að 6.750 lítra af heilblóði sem safnað er á hverju ári. Árlega eru notaðar um 13.500–15.000 einingar af rauðkornaþykkni, árleg notkun af blóðvökva var 3.000–5.000 einingar og einingar af framleiddu blóðflöguþykkni voru 1.200–1.400 árlega.

Mesti fjöldi heimsókna blóðgjafa á einum degi í Blóðbankann við Barónsstíg var 228 blóðgjafar þann 28. nóvember 2002 og 222 blóðgjafar þann 25. nóvember 2004. Í báðum tilvikum varð að snúa blóðgjöfum frá vegna þess að eigi hafðist undan. Í þeim tilvikum hafði skapast mikil eftirspurn eftir blóðhlutum á skömmum tíma.

2. *Hversu mörg stöðugildi voru hjá Blóðbankanum á árunum 2000–2005?*
Á þessu tímabili voru að meðaltali 40–42 stöðugildi í Blóðbankanum, starfsmenn um 50.

3. *Hversu marga fermetra hefur Blóðbankinn undir starfsemi sína?*
Núverandi húsnæði Blóðbankans er um 650 fermetrar að brúttóstærð.

4. *Er fyrirhugað að endurbæta húsnæði Blóðbankans eða flytja hann í nýtt húsnæði og þá hvenær?*
Endurnýjun á húsnæði Blóðbankans hefur verið til skoðunar undanfarin ár. Hefur þar bæði verið til skoðunar að byggja nýtt húsnæði sem og að leigja. Þarfalýsing fyrir leiguhúsnæði er í lokagerð og er þar gert ráð fyrir u.þ.b. tvöföldun á húsnæði. Óskað hefur verið eftir heimild fjármálaráðuneytisins til að auglýsa eftir húsnæði, en svar hefur ekki borist enn.

1305. Svar [767. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið fé var veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs hjúkrunarheimila árin 2003, 2004 og 2005 og til hvaða hjúkrunarheimila var það?*
2. *Hvaða skuldbindingar hvíla nú á sjóðnum?*

Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs hjúkrunarheimila var 276,5 millj. kr. á árinu 2003, 231,5 millj. kr. á árinu 2004 og 231,5 millj. kr. á árinu 2005.

Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra er reiknað inn í daggjöld hjúkrunarheimila og greitt til allra hjúkrunarheimila sem fá greidd daggjöld skv. A-lið 1. gr. reglugerðar nr. 1162/2005, um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2006. Daggjald fyrir hjúkrunarrými er reiknað út frá framlagi frá ríkissjóði, framlagi frá Framkvæmdasjóði aldraðra og áætlaðri þátttöku vistmanna í rekstri hjúkrunarrýma. Fjárhæð Framkvæmdasjóðs til einstaks hjúkrunarheimilis er því misjafnt og fer eftir fjölda rýma sem greitt er fyrir og eftir RAI-mati heimilisins.

Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra sem hlutfall af daggjaldi miðað við RAI = 1,01 var 3,93% eða 486 kr. á árinu 2003. Á árinu 2004 var hlutfallið 2,73% eða 350 kr. og árið 2005 var hlutfall framlags Framkvæmdasjóðs aldraðra í daggjaldi 2,44% eða 335 kr.

Skuldbindingar Framkvæmdasjóðs aldraðra ná einungis til þeirra úthlutana sem ráðherra samþykkir að greiddar verði úr sjóðnum á hverju ári. Við úthlutun úr sjóðnum er farið yfir umsóknir um framlög vegna nýrra og eldri framkvæmda sem ýmist er lokið eða enn í vinnslu og metið að hve miklu leyti sjóðurinn greiði í þessum verkum samkvæmt lögum og reglugerðum um Framkvæmdasjóð aldraðra.

1306. Svar [776. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um bið eftir endurhæfingu.

Fyrispurnin hljóðar svo:

Hversu margir bíða nú eftir endurhæfingu á heilbrigðisstofnunum, flokkað eftir stofnunum? Hve lengi hafa þeir sjúklingar beðið sem beðið hafa lengst og hversu löng er biðin nú?

Samkvæmt upplýsingum sem safnað var um mánaðarmótin apríl/mars sl. voru biðlistar eftir endurhæfingu á fjórum heilbrigðisstofnunum á landinu.

Á endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri á Kristnesi eru 195 á biðlista. Sá sem lengst hefur verið á listanum hefur verið þar í rúmlega þrjú ár. Meðalbiðtími er tæpir átta mánuðir. Ekki eru taldir með þeir sem koma beint af öðrum deildum sjúkrahússins og fara ekki á biðlista.

Á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði eru 538 á biðlista. Lengsta bið er tæplega fjórir mánuðir en meðalbiðtími rúmlega tveir og hálfur mánuður.

Biðlistar á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

	Á biðlista	Biðtími, vikur
Öldrunarlína	138	12–16
Stuðningslína	71	2–4
Gigtarlína	63	12–16
Bæklunarlína	59	4–12
O–lína	53	12–16
Verkjalína	50	12–16
Hjartalína	40	12–16
Heilsuefling	30	12–16
Krabbameinslína	20	2
Liðskiptalína	14	2
Samtals á biðlista	**538**	

Eftir endurhæfingu á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi bíða 95. Meðalbiðtími er um sjö og hálfur mánuður. Inni í þessari tölu eru um 30 manns sem hefur verið boðin innlögn en hafa óskað eftir að fresta komu og vera áfram á biðlista. Þetta skekkir töluna nokkuð og því er ekki raunhæft að setja fram tölur um lengsta biðtíma.

Á Reykjalundi eru 1.225 manns á biðlista. Lengsti biðtími er á gigtarsviði, 114 vikur, eða um það bil 26 mánuðir. Verið er að endurskoða þann biðlista og búist er við að hann styttist töluvert við það. Bið eftir þjónustu annarra sviða er 6–43 vikur, mismunandi eftir sviðum. Ekki tókst innan þess frests sem gefinn var til að svara fyrirspurninni að fá upplýsingar um meðalbiðtíma eftir þjónustu Reykjalundar.

Biðlistar á Reykjalundi.

	Á biðlista	Biðtími, vikur
Atvinnuendurhæfing	11	
Gigtarsvið	243	114
Lungnasvið	93	27,3
Hjartasvið	78	22

	Á biðlista	Biðtími, vikur
Verkjasvið	212	27
Næringarsvið	376	64
Taugasvið	54	6,1–43
Geðsvið	158	39
	1.225	

Ekki hefur enn gefist ráðrúm til að fara yfir biðlistana með tilliti til þess hvort einhverjir eru á lista hjá fleiri en einni stofnun en það verður gert innan skamms.

1307. Svar [770. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um þjónustu við psoriasis- og exemsjúklinga og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar.

1. *Hvar hafa psoriasis- og exemsjúklingar fengið meðferð eftir að göngudeild Sjálfsbjargar á Bjargi lokaði um síðustu áramót?*

Eftir að göngudeild Sjálfsbjargar á Bjargi lokaði hafa þeir sjúklingar sem þurfa á slíkri meðferð að halda þurft að leita hennar til höfðuborgarsvæðisins.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að þjónustu við psoriasis- og exemsjúklinga verði komið á fót á Akureyri?*

Heilbrigðisráðherra hefur fullan hug á að þjónusta við þennan sjúklingahóp verði bætt með auknum meðferðarmöguleikum á Akureyri og ráðuneytið hefur verið í sambandi við stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins til að leita lausna við þeim vanda sem lokun göngudeildarinnar hefur skapað.

3. *Hafa farið fram viðræður við húðsjúkdómalækna, FSA, Sjálfsbjörg eða Spoex varðandi undirbúning eða rekstur göngudeildar/húðdeildar á Akureyri?*

Stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins hafa átt í viðræðum við ýmsa aðila um að vinna að bættri þjónustu við sjúklinga með húðsjúkdóma. Meðal annarra hafa sérfræðingar í húðsjúkdómum komið til viðræðna við stjórnendur sjúkrahússins, sem hafa fullan hug á að leysa þennan vanda. Einnig er mikilvægt að heilsugæslan á svæðinu eigi þátt í verkefninu og fleiri aðila hefur verið rætt við.

4. *Hvenær væri hugsanlegt að slík starfsemi hæfist þar og hvernig yrði þjónustunni háttað?*

Málið er allt í skoðun af hálfu stjórnenda Fjórðungssjúkrahússins. Meðan slíkur undirbúningur og viðtöl við tengda aðila fer fram er ekki hægt að segja til um hvenær þjónustan sem komið verður á laggirnar hefst eða hvert fyrirkomulag hennar verður.

5. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að psoriasis- og exemsjúklingar sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins fái greiddan óhjákvæmilegan ferðakostnað vegna ítrekaðrar meðferðar í Bláa lóninu, eins og þeir sjúklingar sem leggjast inn á húðdeild LSH?*

6. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir greiðslu ferðastyrks til sjúklinga af höfuðborgarsvæðinu sem nýta göngudeildarmeðferð Bláa lónsins?*

Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um hversu margir fá meðferð í Bláa lóninu skipt eftir búsetu sjúklinganna. Áætla þarf viðbótarútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins af því að greiða ferðakostnað vegna ítrekaðra meðferða í Bláa lóninu og hefur ráðuneytið það til athugunar.

7. *Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna meðferðar barna með psoriasis og exem og kostnaðar foreldra þeirra af þeim sökum?*

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í meðferð barna með psoriasis og exem er eins og þegar um er að ræða meðferð barna með aðra sambærilega sjúkdóma. Ekki eru áform um að taka þennan sjúklingahóp út úr og gera breytingar vegna hans á greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar.

8. *Við hvaða erlendu meðferðarstofnun eða stofnanir hefur Tryggingastofnun gert samninga um loftslagsmeðferð fyrir psoriasissjúklinga?*

Tryggingastofnun ríkisins er með samning við Rikshospitalet í Ósló um meðferð á Vale Marina á Kanaríeyjum.

9. *Hve margir sjúklingar sóttu um loftslagsmeðferð erlendis á tímabilinu 2000–2005 og hve margir fengu jákvæðan úrskurð?*

Nefnd samkvæmt 35. gr. laga um almannatryggingar afgreiðir umsóknir um meðferð erlendis. Á árunum 2000–2005 afgreiddi nefndin umsóknir vegna meðferðar psoriasissjúklinga eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Afgreiddar umsóknir psoriasissjúklinga um loftslagsmeðferð.

Ár	Fjöldi sjúklinga	Samþykktir sjúklingar	Samþykktar ferðir	Synjað
2005	9	5	7	4
2004	14	13	15	1 (vísað frá)
2003	15	8	9	7
2002	12	7	7	5 (þar af 1 vísað frá)
2001	13	8	8	5 (þar af 1 vísað frá)
2000	12	9	9	3
Samtals	**75**	**50**	**55**	**25 (þar af 3 vísað frá)**

1308. Svar [768. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um störf í álverum.

Svör við 1.–3. tölul. fyrirspurnarinnar byggjast á upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

1. *Hve mörgum störfum er gert ráð fyrir við álver við Húsavík og hve mörgum störfum við stækkun álversins í Straumsvík, ef af verður?*

Samkvæmt áætlun Alcoa er gert ráð fyrir að í nýju álveri við Húsavík með um 250.000

tonna ársframleiðslugetu muni starfa um 300 manns: 17% háskólamenntaðir, 21% iðnmenntaðir og 62% með almenna menntun með sérhæfða fagþjálfun í rekstri álvers.

Samkvæmt upplýsingum frá Alcan á Íslandi er gert ráð fyrir að við framleiðsluaukningu álversins í Straumsvík um 280.000 tonn á ári þurfi að fjölga starfsmönnum um 300 manns.

2. *Hve mörg störf má ætla að tapist vegna ruðningsáhrifa og verri skilyrða í öðrum greinum?*

Engar rannsóknir liggja fyrir um störf sem kynnu að færast frá öðrum atvinnugreinum vegna umræddra álvera. Störf í nýjum álverum eru viðbót við þau störf sem fyrir eru á vinnumarkaði. Ef atvinnuleysi er lítið í þjóðfélaginu á þeirri stundu sem ráðningar í ný álver eiga sér stað má gera ráð fyrir að margir þeirra sem ráðnir verða komi úr öðrum störfum. Fræðilega séð mundu því jafn mörg störf losna annars staðar. Hins vegar verður endurnýjun og fjölgun á vinnumarkaði, sem árlega nemur um 1.500 störfum á landsvísu (meðaltal áranna 1991–2004). Árleg fjölgun fólks á vinnumarkaði er því miklu meiri en nemur áætluðum störfum í umræddum álverum, sbr. svar við 1. tölulið.

3. *Er gert ráð fyrir að afleidd störf séu fleiri í tengslum við álframleiðslu en í öðrum greinum, svo sem sjávarútvegi, heilsutengdri ferðaþjónustu, rannsóknum og hátæknistarfsemi?*

Í skýrslu Nýsis hf. um samfélagsleg áhrif af álveri á Norðurlandi eru áætlanir um afleidd störf byggðar á reynslu og rannsóknum erlendis frá. Þannig er áætlað að afleidd störf af álveri við Húsavík með 300 starfsmönnum verði 600–750. Þar af verði 150–200 störf til á og í nánd við Húsavík, 150–200 störf annars staðar á Norðurlandi og 300–350 störf utan Norðurlands. Alls muni því álverið skapa umsvif sem samsvara 900–1.050 störfum. Þetta jafngildir margfeldisáhrifum sem nemur 2,0–2,5.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju Fjarðaáls í Reyðarfirði er beitt svonefndri aðfanga-afurðagreiningu til að kanna langtímaáhrif álversins. Niðurstaðan gerir ráð fyrir 383 föstum langtímastörfum og 548 óbeinum og afleiddum störfum, samtals 931 starfi. Margfeldisáhrifin nema þannig 1,43.

Eins og þessar tölur bera með sér er nokkur óvissa um margfeldisáhrif af starfsemi álvera og má gera ráð fyrir að svipaða sögu sé að segja um aðra atvinnustarfsemi. Engin greining hefur átt sér stað á raunverulegum margfeldisáhrifum af rekstri þeirra álvera sem nú starfa á Íslandi, svo kunnugt sé, né heldur í öðrum atvinnugreinum, og því ekki hægt að segja til um hvort afleidd störf eru fleiri í tengslum við álframleiðslu en í öðrum atvinnugreinum.

4. *Á hvaða forsendum hvíla fullyrðingar ráðherra um að hagvöxtur verði 5–6% meiri en ella og tekjur ríkissjóðs 10–15 milljörðum kr. meiri ef af fyrrnefndum álversframkvæmdum verður?*

Byggt er á upplýsingum frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

1309. Nefndarálit [733. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá tollstjóranum í Reykjavík, ríkisskattstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Tollvarðafélagi Íslands og Seðlabanka Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, (520. mál) sem kveður á um breytta skipan lögreglustjórnar á landsvísu. Felst hún m.a. í fækkun lögregluumdæma. Líkt og hjá löggæsluembættum hafa orðið ýmsar breytingar á starfsumhverfi tollstjóra sem kalla á fækkun og stækkun umdæma. Tollafgreiðsla er í auknum mæli orðin rafræn, dregið hefur úr beinu eftirliti við afgreiðslu á vörum en aukin áhersla lögð á tollendurskoðun og sérþekkingu tollstarfsmanna á ýmsum sviðum. Helsta breytingin samkvæmt frumvarpi þessu snýr því að skipulagi tollyfirvalda eftir umdæmum en lagt er til að tollumdæmum verði fækkað úr 26 í 8 í því skyni að gera yfirstjórnina markvissari á landsvísu. Vísast nánar til almennra athugasemda við frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 30. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1310. Breytingartillaga [388. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við bætist ný grein sem verði 2. gr. og orðist svo:

3. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

1311. Nefndarálit [709. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Viðskiptaráði Íslands, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu og Neytendasamtökunum.

Markmiðið með frumvarpinu er að kveða varanlega á um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa í lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000, um þjónustukaup, og lögum nr. 48/2003, um neytendakaup.

Í ákvæðum til bráðabirgða, sem falla brott verði frumvarp þetta samþykkt, kemur fram að kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Í frumvarpi þessu er ekki að finna samsvarandi ákvæði um greiðslu úr ríkissjóði. Það er því skilningur nefndarinnar að þeir sem leita munu til nefndarinnar standi straum af þeim kostnaði sem af henni hlýst en ekki hinn almenni skattgreiðandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 30. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1312. Nefndarálit [684. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

Frá efnhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og Jóhann Albertsson lögfræðing. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Landssamtökum lífeyrissjóða, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Samtökum atvinnulífsins.

Meginefni frumvarpsins er að setja ítarlegri ákvæði um samlagshlutafélög í lög um hlutafélög en í gildandi lögum er aðeins minnst á þau í einni grein, þ.e. 159. gr. Lagt er til að sam-

lagshlutafélögum sem stunda fjárfestingarstarfsemi verði veitt frelsi til að víkja frá tilteknum ákvæðum laganna. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ákvæðum um arðgreiðslur.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð er til breyting á b-lið 1. gr. vegna framkominna umsagna þannig að arðgreiðsluákvæði frumvarpsins nái til allra hlutafélaga en ekki aðeins þeirra hlutafélaga sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað.

Þá er lagt til að 5. mgr. a-liðar 2. gr. verði felld brott enda er tilvísun hennar í viðkomandi reglur og lög allt of víðtæk og óljós að mati nefndarinnar auk þess sem hún getur ekki talist nauðsynleg.

Fjallað var sérstaklega um heimildir skv. c- og d-lið 2. gr., þ.e. að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag og öfugt. Nefndin telur rétt með tilliti til minnihlutaverndar að leggja til breytingu á 1. málsl. 1. mgr. fyrrnefnds c-liðar þannig að gerðar séu strangari kröfur en gerðar eru í frumvarpinu í þeim hugsanlegu tilvikum er vilji stendur til að breyta hlutafélagi í samlagshlutafélag. Þannig þurfi ekki aðeins samþykki með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum heldur samþykki allra hluthafa eins og fordæmi er fyrir í 94. gr. laganna í ákveðnum veigamiklum tilvikum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1313. Breytingartillögur [684. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Efnismálsliður b-liðar 1. gr. orðist svo: Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Ef um er að ræða hlutafélög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, skal slík tilkynning send viðkomandi markaði fyrir aðalfund.
2. Við 2. gr.
   a. 5. mgr. a-liðar falli brott.
   b. 1. málsl. 1. mgr. c-liðar orðist svo: Samþykki allra hluthafa þarf til að breyta félagssamþykktum ef breyta á hlutafélagi í samlagshlutafélag.

1314. Nefndarálit [655. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðbrefaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja (SBV), Félagi löggiltra endurskoðenda og Félagi viðskiptalögfræðinga og ríkisskattstjóra.

Með frumvarpinu er gerð tillaga að breytingum á tilteknum þáttum laga um verðbréfaviðskipti er lúta að útboðs- og skráningarlýsingum. M.a. er hugtakið „fagfjárfestir“ skilgreint nánar en gert er í gildandi lögum.

Með hliðsjón af umsögn ríkisskattstjóra eru lagðar til tvær breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að við b-lið 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem kveði á um að fjárhæðir í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna taki mið af breytingum á gengi evru eins og gildir um fjárhæðir í IV. kafla laganna en í báðum tilvikum er um að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB. Er það gert til að fjárhæðir í íslenskum krónum í lögunum séu í samræmi við fjárhæðir tilskipunarinnar í evrum. Í öðru lagi er lagt til að í stað orðsins „fyrirtæki“ í 2. málsl. f-liðar a-liðar 1. gr. komi „félög“. Til nánari skýringar er rétt að geta ensks texta tilskipunarinnar en hann er svohljóðandi: „Small and medium-sized *enterprises* means *companies*, which, according to their last annual or consolidated accounts, meet at least two of the following three criteria ...“ Með hliðsjón af þessu verður íslenski textinn svohljóðandi: „Með litlum og meðalstórum *fyrirtækjum* er átt við *félög* sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum ...“ Hér er því „small and medium-sized enterprises“ þýtt sem „lítil og meðalstór fyrirtæki“ (enda málvenja að tala um lítil og meðalstór fyrirtæki) og „companies“ sem „félög“.

Í umsögn SBV eru m.a. gerðar athugasemdir við þýðingu á tveimur hugtökum. Af þeirri ástæðu telur nefndin rétt að taka fram að með hugtakinu „innborgun“ í d-lið 3. gr. frumvarpsins er átt við enska orðið „deposit“ úr tilskipuninni og að með orðunum „markaðssett og/eða seld“ í a-lið 4. gr. frumvarpsins er vísað til enska hugtaksins „placing“ í tilskipuninni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1315. Breytingartillaga [655. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr.:

a. Í stað orðanna „þar sem tilgangur fyrirtækjanna er einungis að fjárfesta í verðbréfum“ í b-lið a-liðar komi: hafa einungis þann tilgang að fjárfesta í verðbréfum.
b. Í stað orðanna „er átt við fyrirtæki“ í 2. málsl. f-liðar a-liðar komi: er átt við félög.
c. Við b-lið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Fjárhæðir í 7. tölul. 1. mgr. eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

1316. Nefndarálit [556. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Harald Örn Ólafsson frá viðskiptaráðuneyti og Jónas Jónsson, Þórarin Þorgeirsson, Guðbjörgu Bjarnadóttur og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Ríkisendurskoðun, Verðbréfaskráningu Íslands hf., Kauphöll Íslands hf., ríkisskattstjóra, Vátryggingafélagi Íslands hf., Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT), Viðskiptaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Sjóvá – Almennum tryggingum hf., Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja (SBV), Sambandi íslenskra sparisjóða, Félagi löggiltra endurskoðenda, Lögmannafélagi Íslands og Persónuvernd.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta að því að útvíkka gildissvið laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 37/1998, að styrkja almenna eftirlitsákvæðið í 9. gr. þeirra laga, að gera ákvæði um þvingunarúrræði skýrari, að skilgreina hvað sé átt við með „óbeinni hlutdeild“ og að fella niður kærunefnd skv. 18. gr. laganna.

Í 3. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um upplýsingagjöf sem einstaklingum og lögaðilum er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum sérlaga. Fram kemur að ekki skipti máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varði þann aðila sem beiðni um upplýsingar er beint til eða „þau skipti annarra aðila við hann“ sem hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Nefndin varar við síaukinni tilhneigingu löggjafans til að ganga á persónurétt einstaklinga, þó vissulega megi færa rök fyrir því í ákveðnum tilvikum. Til að sporna við óþarfa upplýsingaöflun íhugaði nefndin að leggja til að sett yrði svohljóðandi ákvæði í frumvarpið: „Nú fær Fjármálaeftirlitið upplýsingar um einstakling eða lögaðila skv. 3. mgr. [9. gr.] án þess að honum sé kunnugt um það og skal þá upplýsa hann um það strax og rannsóknarhagsmunir leyfa og eigi síðar en fimm árum eftir að upplýsinga var aflað.“ Það varð þó niðurstaða nefndarinnar að heppilegra væri að slík breyting yrði gerð á samræmdan hátt um öll þau eftirlitsstjórnvöld sem heimild hafa til slíkr-

ar upplýsingaöflunar. Þess ber að geta að í 88. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, er að finna ákvæði af þessu tagi varðandi hleranir.

Nefndin ræddi ítarlega tillögu frumvarpsins um að fella niður kærunefndina samkvæmt 18. gr. laga um opinber eftirlit með fjármálastarfsemi. Í umsögnum og við umfjöllun málsins voru færð rök bæði með og á móti niðurfellingu nefndarinnar. Helstu rökin gegn niðurfellingu hennar voru þau að um algengt úrræði í stjórnsýslunni væri að ræða, slíkt fyrirkomulag stuðlaði að auknu réttaröryggi og gæti aukið málshraða auk þess sem sérþekking myndist á viðkomandi sviði. Þá færi málsmeðferð síður fram opinberlega og hindraði jafnframt óþarfa opinbera umræðu. Hvað síðastnefnda atriðið varðar vill nefndin taka fram að mörkuð hefur verið sú stefna í þessum málaflokki að auka gegnsæi með upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins og birtingu úrskurða kærunefndar. Mundu mál þessi því ekki fara eins leynt í framtíðinni og verið hefur hingað til héldi kærunefndin áfram að starfa. Helstu rökin sem mæltu með niðurfellingu nefndarinnar voru þau að til hennar hafi fyrst og fremst leitað mjög sterkir aðilar sem hefðu alla burði til að reka mál sín fyrir dómstólum. Því væri unnt að fá niðurstöðu dómstóla í stærstu álitamálum. Í þessu sambandi vill nefndin undirstrika að þeir aðilar sem heyra undir Fjármálaeftirlitið eru almennt sterkir aðilar og að nauðsynlegt geti verið að fá fordæmisgefandi niðurstöðu dómstóla í stærri málum. Þá telja sumir fræðimenn að heppilegra sé að stærri stjórnsýsludeilur af þessum toga fari beint til dómstóla og er sú leið notuð víða í nágrannalöndunum. Nefndin telur, með hliðsjón af framangreindu, að rökin sem mæla með því að leggja kærunefnina niður vegi þyngra en þær athugasemdir sem mæltu gegn því. Þá ber að geta þess að sú leið að Fjármálaeftirlitið gæti skotið niðurstöðu kærunefndar til dómstóla var enn fremur rædd en ekki talin heppileg vegna þyngri málsmeðferðar og aukins kostnaðar.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í lokamálsl. 3. efnismálsgr. 3. gr. frumvarpsins segir að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við sem kveði á um að þetta gildi þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið. Má í því sambandi hafa hliðsjón af 3. mgr. 16. gr. frumvarps til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (651. mál).
2. Í 1. efnismálsl. 4. gr. er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að krefjast þess að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eftirlitsskyldra aðila láti af störfum, uppfylli þeir ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila gilda. Til samræmis við það sem fram kemur í athugasemdum frumvarpsins um greinina er lagt til að skyldunni verði breytt í heimild, sbr. einnig umsögn Seðlabanka Íslands.
3. Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að í stað orðanna „ekki auðkenndir“ í 2. efnismgr. 7. gr. komi „ópersónugreinanlegir“, sbr. umsögn SBV, en þar kemur fram að breytingin sé til samræmis við hugtakanotkun í lögum um persónuvernd og sambærilegum lögum.
5. Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í umsögn SÍT er bent á að umrætt ákvæði sé efnislega samhljóða 3. málsl. 1. mgr. 39. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Með hliðsjón af þessu telur nefndin rétt að lögð sé til sams konar breyting á þeirri grein.
6. Lagt er til að 3. efnismgr. 17. gr. falli brott þar sem um tvítekningu er að ræða, sbr. 4. efnismgr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu málsins og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1317. Breytingartillögur [556. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. efnismgr. 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.
2. Í stað orðanna „skal Fjármálaeftirlitið krefjast“ í 1. efnismálsl. 4. gr. komi: getur Fjármálaeftirlitið krafist.
3. Í stað orðsins „framkvæma“ í fyrri málslið 1. efnismgr. 6. gr. komi: framfylgja.
4. Í stað orðanna „ekki auðkenndir“ í 2. efnismgr. 7. gr. komi: ópersónugreinanlegir.
5. Á undan 17. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   3. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.
6. 3. efnismgr. 17. gr. falli brott.

1318. Skýrsla [396. mál]

fjármálaráðherra um viðskipti með aflaheimildir, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Með beiðni (á þskj. 495) frá Jóhanni Ársælssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um viðskipti með aflaheimildir á síðustu fjórum árum. Í skýrslunni skyldi koma skýrt fram hvaða viðskiptahættir hafi tíðkast með aflahlutdeildir og aflamark og hvernig skattalega meðferð verðmæti fái í þeim viðskiptum. Verði í þeim tilgangi leitað eldri upplýsinga ef þörf krefur.

Auk þess sem að framan er getið er í beiðni þingmannanna jafnframt að finna nánari lýsingu á því sem fram á að koma í skýrslu fjármálaráðherra og er skýrslan unnin í samræmi við þá skiptingu.

Leitað var eftir upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu svo og embætti ríkisskattstjóra um vinnslu skýrslunnar og fylgja svör þessara aðila með skýrslunni sem fylgiskjöl. Jafnframt var horft til svars sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003/2003 og 2004/2005 sem lögð var fram fyrr á þessu löggjafarþingi (272. mál).

Við vinnslu skýrslunnar kom fljótlega í ljós að ýmsum vandkvæðum var bundið að afla þeirra upplýsinga sem um var beðið eins og nánar er vikið að síðar. Jafnframt virðist gæta ákveðins misskilnings um hlutverk skattyfirvalda í þessu tilliti. Þrátt fyrir það er leitast við að svara þeim spurningum sem fyrir fjármálaráðherra voru lagðar í umræddri fyrirspurn.

1. *Fram komi með hvaða hætti sjávarútvegsráðuneyti, Fiskistofa og aðrar opinberar stofnanir koma að þessum viðskiptum og hvernig milliganga Fiskistofu um viðskipti með þessi verðmæti nýtist skattyfirvöldum til eftirlits. Fyrir liggur það mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa er óskað. Ætla má að sama regla gildi um flutning aflahlutdeildar. Lagt verði mat á hvort starfshættir Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum auðveldi útgerðum að stunda viðskiptahætti sem ekki samrýmast skattalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum og reglum sem gilda um reikningshald fyrirtækja og ef svo reynist, hvernig úr megi bæta.*

Í grófum dráttum má skipta framangreindum lið skýrslubeiðninnar í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er spurt um aðkomu opinberra aðila, svo sem sjávarútvegsráðuneytis, Fiskistofu og annarra opinberra aðila, að viðskiptum með aflaheimildir. Í öðru lagi er spurt um nýtingu skattyfirvalda á upplýsingum frá Fiskistofu um aflaheimildir við skatteftirlit. Í þriðja lagi er vitnað í „mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks“. Í fjórða lagi er óskað eftir mati á starfsháttum Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum frá sjónarhóli skattalaga og laga um reikningshald fyrirtækja.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, annast Fiskistofa flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli fiskiskipa, sbr. 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna, sem finna má í fylgiskjölum með skýrslunni. Sá aðili sem óskar eftir flutningi lætur Fiskistofu í té upplýsingar um magn aflamarks, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila. Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Flutningur aflamarks öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Fiskistofa birtir daglega aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á. Skylda til að tilkynna verð aflamarks var sett með lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna o.fl., og tók gildi 1. júní árið 2001. Sé verð, í tilkynningu um færslu aflamarks milli skipa í eigu tveggja eigenda, langt undir því sem almennt gerist, óskar Fiskistofa eftir skriflegum útskýringum áður en flutningur aflamarks er staðfestur. Ekkert ákvæði í gildandi lögum heimilar Fiskistofu að hafna flutningi aflamarks á þeim grundvelli að verð sé með einhverjum hætti óeðlilegt. Af þessari lýsingu sést að eini opinberi aðilinn sem hefur beina aðkomu að viðskiptum með aflaheimildir er Fiskistofa á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en þau lög eru á ábyrgð sjávarútvegsráðherra.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nýtast þau gögn sem Fiskistofa aflar um viðskipti með aflaverðmæti skattyfirvöldum sjaldnast með beinum hætti til eftirlits. Skatteftirlit byggist alla jafna á úrtaki fyrirtækja, þ.e. völdu safni af kennitölum lögaðila í atvinnurekstri, þar sem skattyfirvöld óska eftir upplýsingum, m.a. í formi bókhalds og fylgiskjala, með beinum hætti frá þeim aðila sem eftirlitið beinist að.

Rétt þykir að leiðrétta þann misskilning sem gætir í þriðja hluta þessa liðar skýrslubeiðninnar um að það sé mat ríkisskattstjóra „að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa sé óskað“. Þessi ályktun er dregin af efni ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra til skattstjóra frá 30. júlí 2002, sbr. fylgiskjal III. Í því bréfi er embætti ríkisskattstjóra einungis að árétta hinar almennu reglur skattalaga varðandi reikningshald hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, að viðskipti, þ.m.t. viðskipti með aflaverðmæti, séu færð til bókar á eðlilegu verði, þ.e. gangverði eins og það gerist í viðskiptum óháðra aðila. Í bréfinu bendir embættið skattstjórum m.a. á þann möguleika að nota upplýsingaveitu Fiskistofu við mat á eðlilegu gangverði, enda sé skylt að tilkynna þeirri stofnun, þ.e. Fiskistofu, flutning aflamarks og verð þess. Jafnframt er bent á kvótamiðlun LÍÚ í sama tilgangi. Með öðrum orðum, tilkynningarskylda aðila um verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa er óskað, byggist ekki á áliti ríkisskattstjóra, heldur lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna o.fl., sem tóku gildi 1. júlí 2001, eins og áður var bent á.

Að lokum er óskað eftir mati á því hvort starfshættir Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum auðveldi útgerðum að stunda viðskiptahætti sem ekki samrýmast skattalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum og reglum sem gilda um reikningshald fyrirtækja. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð en starfshættir Fiskistofu samrýmist fyllilega því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt gildandi lögum, sem er að annast flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli skipa, jafnframt því að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og aflaheimilda óháð þörf annarra aðila, s.s. skattyfirvalda, um gangverð í slíkum viðskiptum. Eins og bent hefur verið á geta upplýsingar Fiskistofu um verð í viðskiptum með aflaverðmæti verið leiðbeinandi fyrir skattyfirvöld við mat á því hvað sé eðlilegt gangverð í slíkum viðskiptum. Út frá því sjónarhorni er vitaskuld brýnt að þær upplýsingar sem fyrir liggja hjá Fiskistofu gefi glögga mynd af stöðu þessara mála. Á hinn bóginn dregur upplýsingaskylda sjávarútvegsfyrirtækja gagnvart Fiskistofu ekkert úr þeirri sjálfstæðu upplýsingaskyldu sem sömu aðilar hafa gagnvart skattyfirvöldum á grundvelli skattalaga og laga um bókhald og gerð ársreikninga, hvort heldur um er að ræða álagningu skatta eða skatteftirlit.

2. *Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflahlutdeilda í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflahlutdeildir séu fluttar milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði. Ef svo reynist verði leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmist lögum.*

Samkvæmt svörum frá embætti ríkisskattstjóra er ekki að finna í gögnum skattyfirvalda upplýsingar af því tagi sem hér er beðið um. Til þess að hægt væri að upplýsa nánar um þær matsaðferðir sem útgerðarfyrirtæki beita gagnvart einstökum tegundum þyrfti aðgang að og könnun á bókhaldi og fylgiskjölum þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Slíkt er ekki á færi ráðuneytisins. Sama gildir um það atriði hvort aflahlutdeildir séu fluttar milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði. Af því leiðir að engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um það hvort og þá hversu mikið vanti á að heildarverðmæti umræddra viðskipta séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmist lögum.

Þess má þó geta að í eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra fyrir árið 2004 sem lögð er til grundvallar við skatteftirlit einstakra skattstjóra eru eftirliti með sjávarútvegsfyrirtækjum gerð nokkur skil. Þar er m.a. lagt til að viðskipti með aflamark og aflahlutdeild verði könnuð sérstaklega, með hliðsjón af áðurnefndu bréfi ríkisskattstjóra um viðskipti með sjávarafla og aflamark frá 30. júlí 2002. Framkvæmd þessarar áætlunar hefur hins vegar dregist nokkuð, enda afar umfangsmikil, og liggja niðurstöður hennar því enn ekki fyrir.

Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að skattyfirvöld hafa víðtækar lagaheimildir til að víkja til hliðar formlegum gjörningum uppfylli þeir ekki skilyrði skattalaga um eðlilegt gangverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um óvenjuleg skipti í fjármálum.* Þessar heimildir ná jafnt yfir fyrirtæki í sjávarútvegi sem og fyrirtæki í annarri starfsemi. Í þeim tilvikum ákveða skattstjórar skattverð viðskiptanna og getur sú ákvörðun haft veruleg áhrif á skattheimtu, einkum tekjuskatt. Áhrif slíkrar ráðstöfunar eru alla jafna minni hvað virðisaukaskattinn varðar, enda fæst innskattur fiskvinnslu sem myndar útskatt hjá útgerðinni endurgreiddur að langmestu leyti vegna vsk-undanþágu útflutnings.

3. *Skoðað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflahlutdeildir sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk, skip eða búnað, og hvort markaðsverð aflahlutdeilda, fisks eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á hve mikið vanti á að heildarverðmæti sé rétt skráð í þessum viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.*

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þarf að aðgreina viðskipti með aflahlutdeild frá öðrum viðskiptum, eins og kaupum á skipi eða búnaði. Ástæðan er sú að kaup á aflahlutdeild er ófyrnanleg eign, sbr. 48. gr. umræddra laga, en fjárfestingar í formi skipa

---

* 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

eða búnaðar ber að fyrna samkvæmt ákvæðum sömu laga. Viðskipti með hvorn þátt um sig skal færa á markaðsvirði og miða skattuppgjör við það.

Frá embætti ríkisskattstjóra fást þau svör að upplýsingar af því tagi sem hér er beðið um sé ekki að finna í gögnum skattyfirvalda. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. lið skýrslubeiðninnar, sbr. umfjöllun hér að framan.

4. *Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflamarks í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflamark sé flutt milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði þeirra. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmast lögum.*

Hér er spurt um sambærileg atriði og í 2. lið skýrslubeiðninnar að öðru leyti en því að hér er horft á viðskipti með aflamark en ekki aflahlutdeild.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu er skilgreining hugtaksins *aflamark* aflaheimild skips í tegund á tilteknu veiðitímabili en hugtakið *aflahlutdeild* er hlutfall af leyfilegum afla fiskveiðiárs sem kemur til úthlutunar. Flutningur aflamarks á skip eykur aflaheimildir þess á því veiðitímabili sem stendur yfir þegar flutningurinn á sér stað. Fluttar aflaheimildir á skip auka hins vegar aflaheimildir skipsins varanlega frá og með næsta veiðitímabili eftir að aflahlutdeildin er flutt á skipið.

Samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er Fiskistofu falið að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og magn aflaheimilda til þess að ná því markmiði með stjórn fiskveiða að laga aflann að afrakstursgetu fiskstofna. Verð aflaheimilda var hins vegar aðeins skráð að hluta í stuttan tíma eða á meðan Kvótaþing starfaði á tímabilinu 1. september 1998 til 31. maí 2001. Eftir að Kvótaþingið var lagt af hefur verið skylt að gefa upp verð *aflamarks* í viðskiptum og annast Fiskistofa skráningu þess. Engin opinber skráning er hins vegar í dag á verðum og verðmæti í viðskiptum með *aflahlutdeild*.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. lið skýrslubeiðninnar, sbr. umfjöllun hér að framan.

5. *Skoðað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflamark sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk eða önnur verðmæti, og hvort markaðsverð aflamarks, fisks eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð í þessum viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.*

Hér er spurt um sambærileg atriði og í 3. lið skýrslubeiðninnar að öðru leyti en því að hér er horft á viðskipti með aflamark en ekki aflahlutdeild. Varðandi frekari skýringar er því vísað til athugasemda við 3. lið, sbr. umfjöllun hér að framan.

Fylgiskjal I.

Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 2006.

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar frá 30. janúar 2006 vegna beiðni sem lögð hefur verið fram á Alþingi um skýrslu um viðskipti með aflaheimildir (þskj. 495-396. mál) Í bréfi fjármálaráðuneytisins er þess farið á leit við ráðuneytið að það láti í té upplýsingar um þá viðskiptahætti sem tíðkast hafa með aflahlutdeildir og aflamark árin 2002-2005.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, annast Fiskistofa flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli fiskiskipa, sbr. 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna. Var Fiskistofu falið að gera minnisblað um framkvæmd flutninga aflamarks og aflahlutdeildar og fylgir það hér með. Framkvæmd Fiskistofu hefur verið óbreytt síðan í júní 2001.

F.h.r.

Minnisblað

Fiskistofa
26. janúar 2006

Með það að markmiði að laga afla íslenskra skipa að afrakstursgetu fiskstofna hefur Alþingi sett lög um stjórn fiskveiða. Í megindráttum gera lögin ráð fyrir að réttur til veiða hlutgerist í aflamarki sem leiðir af aflahlutdeildum sem bundnar eru skipum. Sjávarútvegsráðherra ákveður leyfilegan afla aflamarksbundinna fisktegunda á hverju veiðitímabili. Aflahlutdeild skips í fisktegund ákvarðar svo hlut þess í leyfilegum afla tegundarinnar á því veiðitímabili. Aflaheimild skips í tegund á veiðitímabili nefnist aflamark.

Heimilt er að flytja aflahlutdeild og aflamark að hluta eða að öllu leyti af einu skipi á annað. Flutningur aflamarks á skip eykur aflaheimildir þess á því veiðitímabili sem stendur þegar flutningurinn á sér stað. Fluttar aflahlutdeildir á skip auka hins vegar aflaheimildir skipsins varanlega frá og með næsta veiðitímabili eftir að aflahlutdeildin er flutt á skipið. (Eykur úthlutað aflamark á næstu veiðitímabilum um sem svarar fluttri aflahlutdeild að því gefnu að leyfilegur afli sem kemur til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar breytist ekki.)

Alþingi fól Fiskistofu að hafa eftirlit með að afli verði ekki meiri en leyfilegur er á hverju veiðitímabili. Í því skyni safnar Fiskistofa upplýsingum um afla íslenskra skipa og skráir hann. Jafnframt skráir Fiskistofa aflaheimildastöðu íslenskra skipa, sér um úthlutun aflamarks til skipanna í upphafi hvers veiðitímabils og framkvæmir tilfærslur aflamarks og aflahlutdeilda milli skipanna. Tilfærsla aflahlutdeilda og aflamarks milli skipa getur ekki átt sér stað án milligöngu Fiskistofu.

Með eftirliti sem Alþingi fól Fiskistofu er stefnt að því að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og magn aflaheimilda til þess að ná því markmiði með stjórn fiskveiða að laga aflann að afrakstursgetu fiskstofna. Verð aflaheimilda hefur hinsvegar aðeins verið skráð að hluta í stuttan tíma eða frá því Kvótaþing starfaði sem var á tímabilinu 1. september 1998 – 31. maí 2001. Á Kvótaþingi áttu aðilar viðskipti með aflamark flestra helstu aflamarksbundinna tegunda á opinberum tilboðsmarkaði. Eftir að Kvótaþing var lagt af hefur verið skylt að gefa upp verð aflamarks í viðskiptum og Fiskistofa skráir það. Viðskipti með aflamark fara nú fram á frjálsum markaði. Það eru því til upplýsingar hjá Fiskistofu um verð og verðmæti aflamarks á framangreindu tímabili[1] og síðan en engin opinber skráning er eða hefur verið á verðum og verðmæti í viðskiptum með aflahlutdeild.

1. Flutningur aflamarks milli skipa er flokkaður í 4 flokka. Millifærslur aflamarks sem um er fjallað í meðfylgjandi skjölum eru B- og D-færslur sbr. eftirfarandi skilgreiningar:
   1.1. A = Flutningur milli skipa í eigu sama aðila
   1.2. B = Flutningur milli aðila á sama svæði
   1.3. C = Jöfn skipti á tegundum
   1.4. D = Flutningur milli aðila á ólíkum svæðum.
2. Aflahlutdeild er hlutfall af leyfilegum afla fiskveiðiárs sem kemur til úthlutunar, þ.e. % af x-stærð

Rétt er að vekja sérstaka athygli á aflahlutdeild og aflamark sem lögaðili eignast með kaupum á skipi. Aflahlutdeild og aflamark sem lögaðilinn eignast með slíkum hætti kemur ekki fram í skráningum Fiskistofu sem millifærsla aflaheimilda. Sama gildir að sjálfsögðu þegar skip með aflaheimildir sem áður voru skráð á mismunandi lögaðila sameinast hjá einum lögaðila undir einni kennitölu o.s.frv.

Núgildandi reglur um flutning aflahlutdeilda milli fiskisipa er að finna í neðangreindum laga- og reglugerðatilvitnunum.

[1] Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er ákveðið að skrá verð aflamarks í viðskiptum.

11. gr. laga nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum:

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.

11. gr. reglugerðar nr. 724/2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/206:

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila: a. aðila er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991, b. aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa, c. þinglýst samþykki þeirra aðila, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2006. Berist umsókn eftir 31. júlí 2006, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2006/2007.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur 12%, karfi 35%, ýsa, ufsi, grálúða, síld, loðna og úthafsrækja 20%. Um takmörkun á yfirráðum einstakra aðila yfir aflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990.

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða kr. 1.800,-.

Í ofangreindum laga- og reglugerðartilvitnunum er ekki kveðið á um að þeir aðilar sem tilkynna flutning aflahlutdeilda til Fiskistofu skuli tilgreina verðmæti þeirra aflahlutdeilda sem fluttar skuli.

Núgildandi reglur um flutning aflamarks milli fiskisipa er að finna í neðangreindum laga- og reglugerðatilvitnunum.

12 . gr laga nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 19. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

Teflist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.

Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

10. gr. reglugerðar nr. 724/2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/206:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem skipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti viðkomandi útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir skv. ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000,- með hverri tilkynningu. Þá skal útgerð greiða kr. 4.500,- hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1996, með síðari breytingum. Gjalddagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva fekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Skylda til tilkynningar um verð aflamarks var sett með lögum 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, og tók gildi 1. júní 2001.

Fiskistofa lítur svo á að hlutverk hennar sé fyrst og fremst að skrá upplýsingar um verð aflamarks sem fram kemur frá tilkynnanda og birta upplýsingar á vef stofnunarinnar eftir því sem heimilt er samkvæmt upplýsingalögum.

Sé verð, í tilkynningu um færslu aflamarks milli skipa í eigu tveggja eigenda, bersýnilega langt undir því sem almennt er, ekkert eða örfáar krónur, er óskað eftir skriflegum útsýringum og að þeim fengnum er flutningur aflamarks staðfestur. Tekið skal fram að Fiskistofu er ekki heimilt samkvæmt lögum að hafna flutningi aflamarks á þeim grundvelli að verð sé með einhverjum hætti óeðlilegt.

Fylgiskjal II.

Bréf frá ríkisskattstjóra, 28. febrúar 2006.

Skýrsla um viðskipti með aflaheimildir

Með bréfi dags. 30. janúar sl. er óskað eftir svörum og greinargerð frá embætti ríkisskattstjóra um þær skattareglur sem lúta að viðskiptum með aflaheimildir og um þau atriði önnur sem snerta starfsemi skattyfirvalda og fram koma í beiðni um skýrslu um viðskipti með aflaheimildir, sem komið hefur fram á Alþingi. (þskj. 495-396. mál.)

Áður en vikið er að einstökum liðum í skýrslubeiðninni skal vikið að ákvæðum skattalaga sem snerta kaup og sölu á aflaheimildum. Í lögum um tekju- og eignaskatt eru engin sérstök ákvæði sem að þessu lúta önnur en þau sem um getur í 48. gr. tekjuskattslaganna, sem kveða á um að með kaup á varanlegri aflaheimild og sambærilegum réttindum skuli fara sem kaup á ófyrnanlegum réttindum. Samkvæmt því ákvæði er ekki heimild að fyrna kaupa á aflahlutdeild en við sölu á fyrnanlegum réttindum telst til skattlskyldra tekna mismunur á söluverði þeirra og því verði sem gefið var við kaupin. Að öðru leyti gilda um þessi viðskipti almenn ákvæði skattalaganna m.a. um verð og verðákveðnar í samskiptum tengdra aðila þar sem meginreglan er sú að í slíkum viðskiptum skuli miðað við almennt gangverð. Í lögum um virðisaukaskatt eru ekki sérstök ákvæði að þessu leyti en öll almenn ákvæði þeirra laga eiga við um þessi viðskipti m.a. ákvæði um skattverð. Að lokum skal minnst á lög um bókhald og ársreikninga en samkvæmt þeim lögum skal ársreikningur félags sýna glögga og rétta mynd af starfsemi félagsins og verður að álíta að undir það falli að verðlagning í viðskiptum tengdra aðila sé færð til baka með eðlilegum hætti.

Í fyrsta lið skýrslubeiðninnar er óskað eftir upplýsingum um það með hvaða hætti opinberir aðilar koma að viðskiptum með aflaheimildir og hvernig milliganga Fiskistofu með þessi viðskipti nýtist skattayfirvöldum til eftirlits. Er m.a. tekið svo til orða að fyrir liggi það mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli fiskistofu um verð aflamarks ef flutning milli skipa sé óskað.

Við þennan lið skal fyrst bent á að skylda til að tilkynna flutning á aflamarki á milli skipa byggir ekki á kröfu skattyfirvalda heldur á ákvæðum laga um fiskveiðistjórnun. Hvað varðar afskipti skattyfirvalda af viðskiptum með aflaheimildir þá eru þau í engu frábrugðin afskiptum skattyfirvalda af annarri starfsemi fyrirtækja. Skattyfirvöld gera kröfu um að þau viðskipti séu talin fram og gefin upp til skatts eftir sömu reglum og almennt gilda um starfsemi fyrirtækja. Við eftirlit með framkvæmdum er sömuleiðis beitt almennum reglum og er þá m.a. leitað upplýsinga hjá fyrirtækjunum og eftir atvikum öðrum aðilum svo sem

Fiskistofu um þau atriði er þurfa þykir að upplýsa.

Þá er í skýrslubeiðninni einnig farið fram á að leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra aflahlutdeild í einstökum tegundum og hvort brögð séu á því að aflahlutirnir séu fluttir milli útgerða á verði sem víkur frá gildandi markaðsverði. Ennfremur að leitast verði við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti sé skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin standist lög.

Hvað aðkomu skattyfirvalda að þessum lið skal benda á að upplýsingar um þau atriði sem um er spurt er ekki að finna í gögnum skattyfirvalda. Þau fá í hendur og til úrvinnslu skattframtöl fyrirtækja og ársreikninga þeirra. Þessi gögn bera ekki með sér þær upplýsingar sem eftir er leitað. Til þess að upplýsa um það þyrfti að kalla eftir bókhaldi og fylgiskjölum allra viðkomandi fyrirtækja. Augljóst er að slíkt verkefni er langtum umfangsmeira en svo að skattyfirvöld geti sinnt því. Ennfremur verður að draga í efa heimildir skattyfirvalda til að krefjast slíkra upplýsinga og framkvæma slíka vinnu sé hún ekki beinlínis í þeim tilgangi að kanna réttmæti skattskila.

Eftirlit skattyfirvalda með þessum fyrirtækjum er með sama hætti og annarri atvinnustarfsemi eins og að framan getur. Þess má geta að í eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra 2004 sem liggja til grundvallar eftirlitsstörfum skattstjóra, er eftirlit með sjávarútvegsfyrirtækjum gerð nokkur skil. Í þeirri áætlun var lagt fyrir að kanna sérstaklega aflaverðmæti og viðskipti með aflamark og aflahlutdeild m.a. með hliðsjón af bréfi ríkisskattstjóra um viðskipti með sjávarafla og aflamark frá 30. júlí 2002. Vegna umfangs áætlunarinnar dróst framkvæmd hennar nokkuð og var framlengd til ársins 2005 og liggja endanlegar niðurstöður því ekki fyrir.

Hvað varðar þá spurningu hvort verð í viðskiptum samræmist lögum skal bent á að virðisaukaskattlögin kveða allnáið um tilhögun bókhalds auk þess sem að í þeim er kveðið á um að viðskipti milli tengdra milli aðila skuli miða við almennt gangverð í viðskiptum. Hafa skattstjórar heimild til að víkja formlegum gjörningum til hliðar uppfylli þeir ekki þau skilyrði og ákveða skattverð í viðskiptum á grundvelli laganna. Þess skal þó getið að hvað varðar virðisaukaskatt hefur það í flestum tilvikum lítil áhrif á skattheimtu af viðskiptunum á hvaða verði þau eru færð þar sem kaup fiskvinnslu af útgerð veitir fiskvinnslunni rétt til innskatts

Hvað varðar 3. 4. og 5. lið skýrslubeiðninnar er vísað til athugsemda við 2. lið hennar. Ennfremur skal benda á að samkvæmt skattalögunum þarf að aðgreina viðskipti með aflahlutdeild frá öðrum viðskiptum svo sem kaup á skipum af þeirri ástæðu að kaup á aflahlutdeild eru ekki fyrnanlegarleg. Eftirliti með þessu atriði lítur almennum reglum skatteftirlits sbr. hér að framan.

Virðingarfyllst

Indriði H Þorláksson

Fylgiskjal III.

Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra.
(Dags. 30. júlí 2002, G-Ákv. 02-1017.)

Efni: Viðskipti með sjávarafla og aflamark

Bréf þetta er ritað skattstjórum á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Athygli ríkisskattstjóra hefur verið vakin á viðskiptum af tilteknum toga með sjávarafla og aflaheimildir milli útgerða og fiskvinnslufyrirtækja. Samkvæmt frásögnum eru viðskiptin með eftirgreindum hætti:

Samið er um kauprétt fiskvinnslu á tilteknum afla. Fyrir aflann skal fiskvinnslan greiða tiltekna fjárhæð í peningum, en jafnframt skal hún leggja útgerðinni til tiltekið aflamark (leigukvóta). Aflamarkið getur verið almennt aflamark, krókaaflamark, þorskaflahámark eða sóknardagar eftir því sem veiðileyfi viðkomandi skips eða báts stendur til. Algengt er að fyrir hvert tonn af óslægðum þorski leggi fiskvinnslan til aflamark fyrir tonn af þorski (tonn á móti tonni).

Af framangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

Við færslu viðskiptanna til bókar og í skattskilum verður að líta á viðskiptin í heild. Ljóst er að útgerðin fær fyrir afla, ekki aðeins þá greiðslu sem reidd er fram í peningum, heldur einnig aflamark. Heildarverð aflans er því samtala þeirrar fjárhæðar sem greidd er í peningum og verðmætis þess aflamarks sem lagt er til. Til tekna hjá útgerðinni, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, ber að færa heildarverðið og telst það til virðisaukaskattsskyldrar veltu hennar, sbr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Útgerðinni ber að tilgreina á sölureikningi heildarverð afla og virðisaukaskatt af því verði, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988. Fiskvinnslan byggir síðan gjaldfærslu og innskattsfærslu vegna kaupa á afla á sölureikningi útgerðar.

Aflamark eru bundið við tiltekið skip eða bát, sem veiðileyfi hefur. Fiskvinnsla getur ekki haft yfirráð aflamarks nema að eiga slíkt fley til að vista aflamark á. Dæmi eru um slíkt og er þá aflamark flutt af skipi fiskvinnslunnar til skips útgerðar. Algengara er þó í umræddum viðskiptum að fiskvinnslan eigi ekki skip og þar af leiðandi ekki aflamark. Gerast kaupin þá þannig að fiskvinnsla greiðir fyrir aflamark sem flutt eru af skipi seljanda þeirra yfir á skip útgerðar. Fiskvinnslan eignast þannig að formi til aldrei heimildina heldur leggur út fyrir henni.

Í síðarnefnda tilvikinu má ljóst vera að fé það sem fiskvinnslan reiðir fram við kaup aflamarks myndar, ásamt beinu fjárgreiðslunni fyrir aflann, heildarverð hans. Í fyrrnefnda tilvikinu, þ.e. þegar fiskvinnslan hefur yfir að ráða úthlutuðu aflamarki, kann hins vegar að vera að verðmæti aflamarks liggi ekki fyrir með jafn óyggjandi hætti. Í slíkum tilvikum er rétt að miða verðmæti við almennt gangverð, sbr. skattverðsreglu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1988. Þar er kveðið á um að við skipti á vörum og þjónustu beri að miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Við að leiða fram almennt gangverð aflamarks má leita fanga hjá Fiskistofu þar sem skylt er að tilkynna henni flutning aflamarks og verð þess. Einnig er rétt að kanna gangverð aflamarks hjá kvótasölum, t.d. kvótamiðlun LÍÚ. Um gangverð á afla er hægt að afla upplýsinga hjá fiskmörkuðum og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í þeim tilvikum að fiskvinnsla framselur til útgerðar eigið aflamark er um sölu að ræða. Tekjur af slíkri sölu ber fiskvinnslunni að sjálfsögðu að færa sér til tekna í bókhaldi sínu og

skattskilum. Í þessu sambandi skal ítrekað að um er að ræða sölu aflamarks (kvótaleigu), en ekki sölu aflahlutdeildar (kvótasölu), sem kaupanda bæri að eignfæra. Söluverð aflamarks telst til veltu undanþeginnar virðisaukaskatti, skv. 6. tl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, eins og ákvæðið hefur verið túlkað í skattframkvæmd.

Aflamark, sem útgerðin kaupir með framangreindum hætti, hvort heldur er af fiskvinnslunni eða þriðja aðila fyrir milligöngu fiskvinnslunar, er henni heimilt að gjaldfæra. Sem tekjur af viðskiptunum ber að færa eins og að framan greinir heildarverðið sem fæst fyrir aflann í formi peningagreiðslu og aflaheimildar. Ekki er útgerðinni heimilt að færa aðeins þann hluta sem greiddur er í peningum til tekna. Slíkt samræmist hvorki ákvæðum laga nr. 50/1988 varðandi skattskylda veltu og skattverð, eins og að framan er rakið, né samræmist það ákvæði 6. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994 um að bókhaldi skuli haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna.

Sé aflamark flutt á skip útgerðar áður en gagngjaldið (aflinn) er afhent, þá verður að líta á flutninginn sem fyrirframgreiðslu sem útgerðinni ber að standa skil á virðisaukaskatti af, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988.

Virðingarfyllst

Bragi Gunnarsson.
Ingibjörg Ingvadóttir.

1319. Svar [785. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um snjóflóðavarnir í Ólafsfjarðarmúla.

Fyrirspurnin hjóðar svo:

Hvað líður rannsóknum á snjóflóðavörnum ofan vegarins um Ólafsfjarðarmúla og hvaða úrræði koma helst til greina til að tryggja öryggi vegfarenda þar?

Vegagerðin hefur látið gera úttekt á snjóflóðastöðum á Ólafsfjarðarvegi frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Nú er unnið að ítarlegri greinargerð um málið ásamt tillögum til úrbóta. Gert er ráð fyrir að greinargerðin verði lögð fram á næstu vikum.

Fram kemur í fyrirliggjandi drögum að greinargerð að skráð hafa verið 260 snjóflóð úr 13 farvegum frá árinu 1976. Á kaflanum frá Dalvík að gangamunna eru skráð 172 snjóflóð úr 10 farvegum á þessu árabili og á kaflanum frá gangamunna að Ólafsfirði eru skráð 88 snjóflóð úr 3 farvegum. Flest snjóflóð falla niður á veginn við Sauðanes og skammt utan þess og við gangamunnann við Ólafsfjörð.

Í frumdrögum varnarkosta, sem unnin voru á árunum 2000–2001, kemur fram að á svæðinu utan við Sauðanes, undir Rípli, eru snjóflóðafarvegir það nálægt hver öðrum að nauðsynlegt er að reikna þá sem einn farveg, um 800 m breiðan, þegar áhætta vegfarenda við að lenda í snjóflóði er skoðuð. Hins vegar er viðvera við gangamunna Ólafsfjarðar megin lítil þar sem svæðið er frekar stutt en afleiðingar slyss geta verið mjög alvarlegar.

Nokkrar tillögur að varnarmannvirkjum hafa verið settar fram og taka þær mið af aðstæðum á hverjum stað. Hér er bæði um að ræða leiðigarða og breiðar vegrásir eða vegskápa með þvergörðum við veginn. Þá er einnig möguleiki á því að lengja gangamunnann Ólafsfjarðar megin.

Kostnaður við þessar aðgerðir hefur ekki verið metinn enn þá en flest bendir til þess að hann geti numið nokkrum hundruðum milljóna króna.

1320. Svar [787. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um styttingu þjóðleiðarinnar milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvaða vegaframkvæmdir eru nú í athugun við endurskoðun samgönguáætlunar til styttingar á þjóðleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur?

Á Hringveginum á milli Akureyrar og Reykjavíkur hefur verið gerð mjög lausleg yfirlitsáætlun yfir fjóra styttingarmöguleika. Þriggja þeirra er getið á verkefnalista sem gerður hefur verið til undirbúnings vinnu við samgönguáætlun (2007–2018). Einn þeirra er sýnu vænstur. Er það leið um Svínavatn, sunnan Blönduóss, en þar mætti stytta leiðina um 13–15 km, eftir leiðavali. Aðrir möguleikar til styttingar eru: Leið sunnan Varmahlíðar, 3–4 km stytting. Yfir Grunnafjörð norðan Akrafjalls, 1 km stytting. Einnig hefur verið nefnd leið austan Holtavörðuheiðar, um Vesturár- og Fitjárdal, um 9 km stytting, en til þess þyrfti að leggja rúmlega 60 km langan kafla af Hringveginum. Óvíst er á þessu stigi hvaða verk koma til framkvæmda á næstu samgönguáætlun og hvort eða hvenær verður ráðist í einhver þessara verkefna.

1321. Fyrirspurn [805. mál]

til utanríkisráðherra um heilsufarsupplýsingar starfsmanna varnarliðsins.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Er ráðherra kunnugt um að varnarliðið hefur safnað heilsufarsupplýsingum um starfsmenn sína með reglubundnum hætti?
2. Er ráðherra kunnugt um að til standi að senda þessar nafngreinanlegu upplýsingar á skjalasafn í Bandaríkjunum?
3. Hyggst ráðherra hafa áhrif á hvað verður um þessar persónuupplýsingar nú við brotthvarf varnarliðsins?
4. Hyggst ráðherra gera kröfu um að upplýsingarnar verði afhentar viðkomandi starfsmanni, færðar í innlenda sjúkraskrá viðkomandi, óski hann þess, eða þeim eytt að kröfu starfsmanns?

Skriflegt svar óskast.

1322. Nefndarálit [744. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Orkustofnun, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssambandi Vestfjarða, Samtökum atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að verksvið núverandi Vísinda- og tækniráðs samkvæmt lögum nr. 2/2003 verði víkkað svo að það nái einnig til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Jafnframt er lagt til að nafni ráðsins verði breytt í Vísinda- og nýsköpunarráð og að tækninefnd þess verði kölluð nýsköpunarnefnd í samræmi við víkkað svið auk þess sem lagt er til að fjölgað verði í ráðinu um tvo fulltrúa.

Á fundum nefndarinnar kom fram að af frumkvæði Vísinda- og tækniráðs hefði verið unnið að sameiningu rannsóknastofnana og að afrakstur þess væri tvö frumvörp sem lægju fyrir þinginu. Hið fyrra um stofnun Matvælarannsókna hf. og hið síðara um stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Kom fram að með sameiningu rannsóknastofnananna væri verið að stíga skref til að sameina og samþætta tæknirannsóknir og stuðningsumhverfi atvinnulífsins. Þá kom einnig fram að í ljósi reynslunnar af starfi Vísinda- og tækniráðs væri talið rétt að útvíkka starfsemi ráðsins og fela því einnig að fjalla um atvinnuþróunarmál, þ.e. málefni er tengjast vexti og viðgangi atvinnulífs og þá þætti sem hafa áhrif á þróun þess. Telur meiri hlutinn að með því skapist heildarsýn sem er mikilvæg við stefnumörkun stjórnvalda í þessum málefnum.

Meiri hlutinn fellst á markmið frumvarpsins og leggur til að það verði **samþykkt.**

Alþingi, 30. maí 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Birgir Ármannsson.
Kjartan Ólafsson.		Sigurður Kári Kristjánsson.

1323. Nefndarálit [595. mál]

um frv. til l. um eldi vatnafiska.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson, lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá

Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson, formann veiðifélags Andakílsár, Sigvalda Ásgeirsson, formann veiðifélags Reykjadalsár, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður-Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Borgarfjarðarsveit, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Laxfiskum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Landvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um eldi vatnafiska en ákvæði um slíkt eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um fiskrækt og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Lögð er til breyting á 27. tölul. 3. gr. á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Framangreind breyting er til samræmis við þá skilgreiningu sem kemur fram í frumvarpinu um lax- og silungsveiði.

Fyrr á þessu löggjafarþingi voru lögfest ný lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006, og þarf því að leiðrétta tilvísun í 14. gr. frumvarpsins en þar er vísað til eldri laga þar sem ákvæði um faggildingu voru í lögum um vog, mál og faggildingu.

Í nefndinni var rætt um eldisbúnað skv. 21. gr. og komu fram ábendingar um að hafa ætti fortakslaust bann á innflutningi á notuðum eldisbúnaði. Nefndin telur afar mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að innflutningur sé bannaður en leggur þó til að gerð verði breyting á undantekningarákvæðinu á þá vegu að eingöngu verði heimilt að flytja inn vísindatæki og tæknibúnað með ákveðnum frekari skilyrðum um sótthreinsun o.fl. Leyfi um innflutning skuli beina til Landbúnaðarstofnunar sem getur heimilað slíkan innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar.

Þá eru lagðar til breytingar á 24. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á gildistöku frumvarpsins. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar, varðandi fiskeldisnefnd en skv. 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fulltrúi frá Landssambandi fiskeldisstöðva fái sæti í nefndinni. Þá er lagt til að felld verði brott tilvísun í gildandi lax- og silungsveiðilög.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabrigða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Gunnar Örlygsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Valdimar L. Friðriksson.	

1324. Breytingartillögur [595. mál]

við frv. til l. um eldi vatnafiska.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. 27. tölul. orðist svo: *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
2. Við 14. gr. Í stað orðanna „vog, mál og faggildingu“ í 4. mgr. komi: faggildingu o.fl.
3. Við 21. gr. Í stað 1. og 2. málsl. komi fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrar, fiskidælur og tæki til flutnings á fiski. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati fisksjúkdómanefndar. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísinda- og tæknibúnaði til Landbúnaðarstofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar.
4. Við 24. gr.
   a. Í stað „1. júní“ komi: 1. júlí.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar:
      1. 4. gr. orðast svo:
         Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í fiskeldisnefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera stjórnvöldum og hagsmunaaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó.
      2. Orðin „sbr. 78. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum“ í 5. gr. falla brott.
5. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað „tíu“ í 3. málsl. komi: ellefu.
   b. Á undan orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 3. málsl. komi: Félagi eigenda sjávarjarða.

1325. Nefndarálit [596. mál]

um frv. til l. um varnir gegn fisksjúkdómum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson, lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson, formann veiðifélags Andakílsár, Sigvalda Ásgeirsson, formann veiðifélags Reykjadalsár, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður- Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Borgarfjarðarsveit, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fisksjúkdómanefnd, Umhverfisstofnun og Landvernd.

Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á lax- og silungsveiðilögunum en með frumvarpinu er verið að setja í sérlög ákvæði um varnir gegn fisksjúkdómum sem nú eru í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 70/1976, en ekki eru þó gerðar neinar verulegar efnisbreytingar á þeim. Hlutverki fisksjúkdómanefndar er þó nokkuð breytt þar sem henni er nú ætlað ráðgjafarhlutverk en samkvæmt núgildandi lögum er nefndin sjálfstætt stjórnvald. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Við umfjöllun nefndarinnar var rætt um forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir. Samkvæmt núgildandi lögum skal fisksjúkdómanefnd hafa forgöngu um fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varna gegn útbreiðslu fisksjúkdóma og annað er að fisksjúkdómum lýtur. Með þeirri breytingu sem gerð er á hlutverki og stjórnsýslustöðu fisksjúkdómanefndar tekur Landbúnaðarstofnun við því hlutverki að hafa forgöngu um framangreindar rannsóknir.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. þannig að tekið sé fram í markmiðsgreininni að markmið laganna sé einnig að vernda lífríki lagardýra. Nefndin telur þó að taka verði sérstaklega fram að eingöngu er um að ræða lagardýr sem eru alin upp í eldisstöð á landi eða í sjó.
2. Þá leggur nefndin til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 10. tölul. um hafbeit. Misræmi var á milli skilgreiningarinnar annars vegar og hins vegar skýringa á hugtakinu. Breytingin er eingöngu orðalagsbreyting á skilgreiningunni. Í öðru lagi er lögð til breyting á 22. tölul. á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Framangreind breyting er til samræmis við þá skilgreiningu sem kemur fram í frumvarpinu um lax- og silungsveiði.

3. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 2. mgr. að fellt sé brott að „rannsóknardeild fisksjúkdóma“ í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum tilnefni einn aðila í fisksjúkdómanefnd. Breytingin lýtur eingöngu að því að ekki sé tilgreind nein deild heldur eingöngu tilvísun til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Í öðru lagi leggur nefndin til að 3. mgr. um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna falli brott. Telja verður að ákvæðið sé óþarft þar sem í 11. gr. er almennt ákvæði um reglugerðarheimildir og nægilegt að kveðið sé á um það í þeirri grein.
4. Þá leggur nefndin til að bætt verði við 10. gr. sem fjallar um viðbrögð við sjúkdómum og sníkjudýrum í veiðivatni eða fiskeldisstöð að hafa verði hliðsjón af lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þau lög taka til eldisfiska og getur landbúnaðarráðherra samkvæmt þeim lögum að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir í ákveðnum tilvikum vegna dýrasjúkdóma. Enn fremur eru þar mun ítarlegri ákvæði m.a. um refsingar ef fyrirmælum laganna er ekki fylgt og um bótarétt til handa þeim er verða fyrir tjóni. Nefndin bendir því á að skoða verði framangreint ákvæði með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma, nr. 25/1993. Ákvæði 10. gr. getur þó átt við þar sem um er að ræða minni háttar tilvik sem ekki þarfnast eins mikilla ráðstafana og áskilið er í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
5. Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. verði bætt að haft verði samráð við Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins við gerð reglugerðar. Þar sem komið geta upp tilvik þar sem framangreindar stofnanir eða þær sem nú eru nefndar í 11. gr. frumvarpsins tengist ekkert þeirri reglugerð sem á að setja er því æskilegt að setja inn í greinina orðalagið „eftir því sem við á“.
6. Lagðar eru til breytingar á 13. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí 2006 í stað 1. júní 2006 og í öðru lagi að gerðar verði breytingar á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, og lögum um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986, til að lagfæra tilvísanir í lögunum og samræma þau við breytt hlutverk fisksjúkdómanefndar.
7. Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Gunnar Örlygsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason.
Guðjón Ólafur Jónsson.		Valdimar L. Friðriksson.

1326. Breytingartillögur [596. mál]

við frv. til l. um varnir gegn fisksjúkdómum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og vatnafisk“ komi: vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó.
2. Við 3. gr.
   a. 10. tölul. orðist svo: *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
   b. 22. tölul. orðist svo: *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „rannsóknardeildar fisksjúkdóma í Tilraunastöð“ í 2. mgr. komi: Tilraunastöðvar.
   b. 3. mgr. falli brott.
4. Við 10. gr. Á eftir orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 1. málsl. komi: og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
5. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skal, að höfðu samráði við Landbúnaðarstofnun, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.
6. Við 13. gr.
   a. Í stað „1. júní“ í 1. málsl. komi: 1. júlí.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:
      1. *Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005:* Í stað orðanna „lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði“ í a-lið 2. gr. kemur: lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.
      2. *Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986:*
         a. Í stað „nr. 76/1970“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: um varnir gegn fisksjúkdómum.
         b. Í stað orðsins „fisksjúkdómanefndar“ í 5. tölul. 5. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.
7. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað „tíu“ í 3. málsl. komi: ellefu.
   b. Á undan orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 3. málsl. komi: Félagi eigenda sjávarjarða.

1327. Nefndarálit [607. mál]

um frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson formann veiðifélags Andakílsár og Sigvalda Ásgeirsson formann veiðifélags Reykjadalsár, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður-Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Flókadal, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Aroni Jóhannssyni, eigendum jarðarinnar Skóga í Flókadal, formönnum nokkurra veiðifélaga á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði, Tjörneshreppi, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Helga Þorsteinssyni, Landhelgisgæslu Íslands, Bændasamtökum Íslands, Orra Vigfússyni, Veiðimálastofnun, Svalbarðsstrandarhreppi, Félagi eigenda sjávarjarða, Þórshafnarhreppi, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi, Laxfiskum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, formönnum veiðifélaga við bergvatnsár í Borgarfirði, Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun, Grýtubakkahreppi, Landvernd og Stangaveiðifélagi Ísafjarðar.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun laga um lax- og silungsveiði, nr. 70/1976. Ætlunin er að einfalda löggjöfina og gera hana skýrari og aðgengilegri. Samhliða frumvarpi þessu eru til meðferðar fjögur frumvörp sem fjalla um málaflokka sem nú eru hluti af lögum um lax- og silungsveiði en talið er að fari betur að hafa í sérstökum lögum, eftir efni og innihaldi. Frumvarp til nýrra laga um lax- og silungsveiði er þungamiðja framangreindra frumvarpa en frumvörp til laga um fiskrækt, eldi vatnafiska, Veiðimálastofnun og varnir gegn fisksjúkdómum koma því til fyllingar og stuðnings.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frumvarpinu að teknu tilliti til gagnlegra athugasemda frá umsagnaraðilum.

Mikil umræða var í nefndinni um netaveiði og sjónarmið um hvort banna ætti netaveiði í straumvatni eða í byrjun veiðitímans eða takmarka hana í hverri viku. Nefndinni bárust nokkrar ábendingar og tillögur um breytingar á frumvarpinu í þá veru. Í þessu sambandi bendir nefndin á að mikil vinna fór fram hjá þeirri nefnd sem kom að samningu frumvarpsins. Í þeirri vinnu var mikil áhersla lögð á að finna málamiðlanir og ná sátt varðandi helstu ágreiningsatriði. Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á reglum um netaveiði frá því sem nú er. Netaveiði er hverfandi en fara verður með gát og telur nefndin mikilvægt að hagsmunaaðilar komist sjálfir að samkomulagi um hvernig best sé að haga reglum um netaveiði og leggur því til breytingar á ákvæði til bráðabirgða I, um samráðsnefnd sem skipuð er til fimm ára. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að fjalla um framkvæmd laganna og fylgifrum-

varpanna og vera samstarfs- og samráðsvettvangur þeirra aðila sem lagaframkvæmdin helst varðar og fylgjast með og stuðla að greiðri lagaframkvæmd og virkum skoðanaskiptum. Nefndin leggur áherslu á að samkomulag náist um netaveiði meðal hagsmunaðila og tillögur komi frá þeim fremur en að löggjafinn setji slíkar takmarkanir á eignaréttindum með hugsanlegri bótaskyldu ríkisins.

Nefndin ræddi þó nokkuð um 40. gr. frumvarpsins, er varðar atkvæðisrétt í veiðifélögum, og ólík sjónarmið sem komu fram á fundum nefndarinnar. Við samningu frumvarpsins var reynt að koma á víðtækri sátt um fyrirkomulag atkvæðisréttar og gerir nefndin ekki tillögur um breytingar. Nefndin telur þó mikilvægt að árétta að þrátt fyrir að heimilt sé að kveða á um í samþykktum veiðifélags að ákvarðanataka fari eftir einingu í arðskrá þá gildir ávallt meginreglan í 1. mgr. um að eitt atkvæði gildi fyrir hverja jörð þegar um er að ræða breytingar á samþykktum. Þannig er minnihlutaverndin sem í meginreglunni felst áfram tryggð.

Nefndin áréttar að ekki er um tæmandi talningu að ræða í ákvæði 2. mgr. 41. gr. á þeim atriðum sem taka má tillit til við arðskrárgerð og útilokar ákvæðið því ekki að líta megi til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Í þessu sambandi mætti nefna að hægt er að taka tillit til friðunarsvæða skv. 3. mgr. 15. gr. Helstu atriðin eru nefnd sérstaklega í 2. mgr. 41. gr. en önnur atriði eru háð mati hverju sinni. Ekki er heppilegt að niðurnjörva í lagatexta öll sjónarmið sem geta komið upp þar sem afstaða manna getur breyst og ný sjónarmið komið til sögunnar.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr.
2. Nefndin leggur til að bætt verði við 3. gr. skilgreiningu á framkvæmd í veiðivatni. Einnig er lögð til breyting á skilgreiningunni á hafbeit í 22. tölul. en misræmi er á milli skilgreiningarinnar og þess sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu. Ekki er um að ræða efnislega breytingu.
3. Lögð er til breyting á 5. gr. á þá leið að tekið verði út að með ábúð á jörð fylgi heimild til „ráðstöfunar“ veiðiréttar. Breytingin er til samræmis við 37. gr. þar sem kveðið er skýrt á um að ráðstöfun veiðiréttar er á hendi veiðifélags eftir að það hefur verið stofnað og að öllum sé óheimil veiði í vatninu á félagssvæðinu nema með heimild frá félaginu.
4. Nefndin leggur þá til orðalagsbreytingu við lokamálslið 2. mgr. 11. gr. um ófriðun sels að notað verði orðalagið „ófriðun selláturs“ eins og gert í núgildandi lögum í stað „eyðingu selláturs“ eins og gert er í frumvarpinu.
5. Lagt er til að við 13. gr. verði því bætt að upplýsingar úr veiðiskýrslu skuli einnig vera aðgengilegar öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum en ekki Veiðimálastofnun eingöngu. Nefndin telur æskilegt að aðrir rannsóknar- og ráðgjafaraðilar hafi einnig aðgang að þessum gögnum.
6. Lagðar eru til breytingar á 15. gr. Í fyrsta lagi er sú breyting lögð til á 3. mgr. að í stað þess að miða við 2.000 metra frá ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, án tillits til rennslismagns, skuli viðmiðunin vera 1.500 metrar frá ósi straumvatns þar sem meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metrar ef vatnsmagn er meira. Einnig megi ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 1.500 metrum frá hafbeitarstöð. Framangreindar breytingar eru til samræmis við núgildandi lög. Nefndin leggur þó til að gangi lax í straumvatn megi þó aldrei leggja net né hafa ádrátt nær ósi en 2.000 metra. Í öðru lagi er lögð til breyting á 5. mgr. þannig að bætt verði við orðunum „þar sem ekki eru veiðifélög“ á eftir veiðiréttarhafa. Nefndin telur framangreinda breytingu vera í samræmi við önnur ákvæði í frumvarpinu og taka af allan vafa um að einstakir

rétthafar geti ekki sett fram beiðni til Landbúnaðarstofnunar um takmörkun eða bann samkvæmt ákvæðinu nema ekki sé starfandi veiðifélag á svæðinu.

7. Þá er lögð til sú breyting á 17. gr. að almenna reglan um veiðitíma lax verði 105 dagar í stað 90 daga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Samkvæmt núgildandi lögum er almenna reglan 105 dagar og leggur nefndin til að hún verði óbreytt. Nefndinni bárust margar ábendingar þess efnis og telur rétt að koma til móts við þær.
8. Nefndin leggur til að við 23. gr. bætist nýr málsliður um að veiðifélagi sé heimilt, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi. Nefndin telur mikilvægt að meginreglan sé skýr um að ekki megi veiða eða styggja fisk í fiskvegi innan ákveðinnar fjarlægðar. Framangreind breyting verður því undantekning þar sem eðlilegt getur verið að sérstök sjónarmið eigi við um tiltekið veiðivatn vegna aðstæðna þar. Jafnframt er þessi breyting í anda þeirrar stefnu að veita veiðifélögum meira forræði í eigin málefnum.
9. Lagt er til að 55. gr. frumvarpsins falli brott. Ákvæðið er óþarft þar sem almenn ákvæði laga um Landhelgisgæslu Íslands fjalla um þetta, sbr. a-lið 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.
10. Þá er lagt til að frumvarpið taki gildi 1. júlí 2006 í stað 1. júní.
11. Lögð er til viðbót við 58. gr. frumvarpsins er varðar breytingar á lögum um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005, lögum um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002, og lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973. Með breytingunum eru lagfærðar tilvísanir til laganna þar sem ekki er lengur um að ræða ein heildarlög.
12. Að lokum eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða I. Í fyrsta lagi er lagt til að ný málsgrein bætist við ákvæðið á þá leið að samráðsnefndin skuli innan 18 mánaða frá gildistöku laganna, og í samráði við hagsmunaaðila, móta framtíðarstefnu um netaveiði á laxi og silungi og skila tillögum þar að lútandi til landbúnaðarráðherra eftir atvikum í formi lagafrumvarps. Í öðru lagi leggur nefndin til að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt í samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Gunnar Örlygsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason.
Guðjón Ólafur Jónsson.		Valdimar L. Friðriksson.

1328. Breytingartillögur [607. mál]

við frv. til l. um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „eignarhald veiðiréttar“ komi: veiðirétt.
2. Við 3. gr.
   a. Við bætist nýr töluliður sem verði 19. tölul. og orðist svo: *Framkvæmd í veiðivatni:* Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.
   b. 22. tölul. orðist svo: *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „heimild til ráðstöfunar veiðiréttar“ í 3. mgr. komi: veiðiréttur.
4. Við 11. gr. Í stað orðsins „eyðingu“ í 2. mgr. komi: ófriðun.
5. Við 13. gr. Á eftir orðinu „Veiðimálastofnun“ í 3. mgr. komi: og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum.
6. Við 15. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira. Gangi lax í straumvatn má þó aldrei leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 2.000 metra. Á framangreindu tímabili má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær hafbeitarstöð í starfrækslu en 1.500 metra.
   b. Á eftir orðinu „veiðiréttarhafa“ í 5. mgr. komi: þar sem ekki eru veiðifélög.
7. Við 17. gr. Í stað orðsins „níutíu“ í 1. mgr. komi: 105.
8. Við 23. gr. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Veiðifélagi er þó heimilt, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi.
9. 55. gr. falli brott.
10. Við 57. gr. Í stað „1. júní“ í 1. mgr. komi: 1. júlí.
11. Við 58. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005:*
   a. E-liður 2. gr. fellur brott.
   b. Á eftir 4. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
      Landbúnaðarstofnun skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Landbúnaðarstofnun eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.
      Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi.

Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

2. *Lög um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002:* Í stað orðanna „sbr. lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. kemur: eða Landbúnaðarstofnun ef ekki er starfandi veiðifélag, sbr. lög um lax- og silungsveiði og lög um fiskrækt.
3. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973:* Orðin „nr. 76/1970“ í 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. falla brott.

12. Við ákvæði til bráðabirgða I.
   a. Í stað „10“ í 3. málsl. komi: ellefu.
   b. Á undan orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 3. málsl. komi: Félagi eigenda sjávarjarða.
   c. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:

Samráðsnefnd skv. 1. mgr. skal innan 18 mánaða frá gildistöku laga þessara og í samráði við hagsmunaaðila móta framtíðarstefnu um netaveiði á laxi og silungi og skila tillögum þar að lútandi til landbúnaðarráðherra, eftir atvikum í formi lagafrumvarps.

1329. Nefndarálit [612. mál]

um frv. til l. um Veiðimálastofnun.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson, formann veiðifélags Andakílsár, Sigvalda Ásgeirsson, formann veiðifélags Reykjadalsár, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður-Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Borgarfjarðarsveit, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi, Laxfiskum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Viðskiptaráði Íslands og Landvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um Veiðimálastofnun en ákvæði um hana eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði. Helstu breytingar í frumvarpinu eru þær að hlutverk Veiðimálastofnunar er betur skýrt og stjórn stofnunarinnar lögð af en í staðinn lagt til að ráðgjafarnefnd verði stofnuð.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram athugasemdir varðandi 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um að Veiðimálastofnun leitist við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögunum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins. Nefndin telur óþarft að kveða á um slíkt í lögum. Leggur því nefndin til að málsgreinin falli brott.

Nefndin leggur til að 4. mgr. 5. gr. falli brott en hún kveður á um að Veiðimálastofnun sé heimilt að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum. Nefndinni bárust ýmsar athugasemdir um að rannsóknarhlutverk stofnunarinnar færi ekki saman við það að samkeppnisaðilar þyrftu að leita til hennar um leyfi, umsagnir o.fl. Nefndinni bárust einnig þær upplýsingar að fara ætti fram endurskoðun á Veiðimálastofnun og taldi nefndin því ekki tilefni til að gera miklar breytingar á frumvarpinu heldur skyldi áhersla lögð á að endurskoðunin færi fram sem fyrst.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Gunnar Örlygsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Guðjón Ólafur Jónsson.		Valdimar L. Friðriksson.

1330. Breytingartillögur [612. mál]

við frv. til l. um Veiðimálastofnun.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. mgr. 1. gr. falli brott.
2. 4. mgr. 5. gr. falli brott.
3. Í stað „1. júní“ í 8. gr. komi: 1. júlí.
4. Við ákvæði til bráðabirgða I.
   a. Í stað „tíu“ í 3. málsl. komi: ellefu.
   b. Á undan orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 3. málsl. komi: Félagi eigenda sjávarjarða.

1331. Nefndarálit [613. mál]

um frv. til l. um fiskrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Má Ingólfsson lögfræðing frá landbúnaðarráðuneyti, Karl Axelsson hrl., Sigurð Guðjónsson frá Veiðimálastofnun, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Ingólf Þorbjörnsson og Hans Unnþór Ólason frá Landssambandi stangaveiðifélaga, Sigurjón Valdimarsson, formann veiðifélags Norðurár, Sigurð Jakobsson frá veiðifélaginu Flóka, Pétur Jónsson, formann veiðifélags Andakílsár, Sigvalda Ásgeirsson, formann veiðifélags Reykjadalsár, Bjarna Júlíusson frá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Jón Gíslason og Árna Ísaksson frá Landbúnaðarstofnun, Sigurbjörgu Gísladóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Orra Vigfússon, Höllu Björnsdóttur og Steingrím Eiríksson frá Norður- Atlantshafslaxasjóðnum, Matthías Á. Mathiesen, fulltrúa eigenda jarðarinnar Skóga í Borgarfjarðarsveit, Aron Jóhannsson, Helga Þorsteinsson, Hauk Halldórsson frá Félagi eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð og Sigurgeir Þorgeirsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Laxfiskum ehf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Landvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérlög um fiskrækt, en ákvæði um fiskrækt eru nú í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Ákvæði um fiskræktarsjóð verða þó áfram í lögum um lax- og silungsveiði. Frumvarpið er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um Veiðimálastofnun, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Nefndin leggur til að orðin „þ.m.t. hafbeitar“ í 2. gr. falli brott þar sem orðalagið er villandi að því leyti að ályktað má að hafbeit sé hluti af fiskrækt, en í athugasemdum í frumvarpinu kemur fram að slepping gönguseiða í veiðivötn teljist ekki til hafbeitar, heldur fiskræktar. Um er að ræða tvær skilgreiningar, þ.e. hafbeit og fiskrækt, og leggur nefndin því til að framangreind orð falli brott.

Nefndin leggur til tvær breytingar á 3. gr. Annars vegar breytingu á 11. tölul. er lýtur að skilgreiningunni á hafbeit. Misræmi er á milli skilgreiningarinnar og skýringar með henni og því er orðalagi breytt. Ekki er um að ræða efnislega breytingu. Hins vegar er lögð til breyting á 26. tölul. á þá leið að villtur fiskstofn verði skilgreindur sem fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum. Sú breyting er til samræmis við skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpi um lax- og silungsveiði.

Einnig leggur nefndin til að gildistakan verði færð til 1. júlí 2006 í stað 1. júní og enn fremur að lagfærð verði tilvísun í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005.

Að lokum er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða þannig að einum fulltrúa frá Félagi eigenda sjávarjarða verði bætt við samráðsnefndina og með því komi fleiri hagsmunaaðilar að henni

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Margrét Frímannsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Anna Kristín Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Gunnar Örlygsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Bjarnason.
Guðjón Ólafur Jónsson.		Valdimar L. Friðriksson.

1332. Breytingartillögur [613. mál]

við frv. til l. um fiskrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „þ.m.t. hafbeitar“ falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. 11. tölul. orðist svo: *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
   b. 26. tölul. orðist svo: *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
3. Við 15. gr.
   a. Í stað „1. júní“ í 1. málsl. komi: 1. júlí.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005: Í stað orðanna „lax- og silungsveiði“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. kemur: fiskrækt.
4. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Í stað „tíu“ í 3. málsl. komi: ellefu.
   b. Á undan orðinu „fisksjúkdómanefnd“ í 3. málsl. komi: Félagi eigenda sjávarjarða.

1333. Nefndarálit [794. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ásu Ögmundsdóttur og Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti, Jón Gunnarsson og Kristin Ólafsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins (sameiginleg), Viðskiptaráði

Íslands, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Seðlabanka Íslands, Vegagerðinni, Samtökum ferðaþjónustunnar, Olíufélaginu ehf., talsmanni neytenda, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Með frumvarpinu er lagt til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd um hálft ár til viðbótar við það sem samþykkt var með lögum nr. 87/2004 og 126/2005, eða fram til 31. desember 2006 þar sem heimsmarkaðsverð á dísilolíu er ennþá óvenju hátt miðað við bensín. Sömu tillögu er að finna í frumvarpinu varðandi sérstaka kílómetragjaldið til samræmis við olíugjaldið. Í frumvarpinu er einnig lagt til að björgunarsveitum verði heimilt að nota litaða gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín en í staðinn greiði þær sérstakt kílómetragjald af akstri þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðjón Ólafur Jónsson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.		Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

1334. Nefndarálit [710. mál]

um frv. til l. um kjararáð.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá Dómarafélagi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Baldur Guðlaugsson og Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Jón Sigurðsson, formann nefndar sem skipuð var af ríkisstjórninni 30. janúar 2005 til að fara yfir lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, Skúla Eggert Þórðarson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Guðrúnu Zoëga frá kjaranefnd, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Halldóru Friðjónsdóttur frá BHM, Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands, Birgi Björn Sigurjónsson frá Reykjavíkurborg, Guðmund Sophusson frá Sýslumannafélagi Íslands, Garðar Garðarsson frá Kjaradómi, Hallgrím Snorrason og Eirík Hilmarsson frá Hagstofu Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Viðskiptaráði Íslands, Kjaradómi, Alþýðusambandi Íslands, Prestafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, kjaranefnd, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Reykjavíkurborg, Hagstofu Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Félagi prófessora við Háskóla Íslands, Dómarafélagi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót kjararáði sem leysi af hólmi Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Skv. 1. gr. frumvarpsins er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

Í athugasemdum við 1. gr. segir m.a.: „Ráðið ákveður með bindandi hætti laun og starfskjör æðstu handhafa ríkisvalds og þeirra ríkisstarfsmanna sem svo háttar til um vegna eðlis starfa þeirra eða samningsstöðu að launakjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt.“ Tekið er fram að þessa undantekningu fyrir ríkisstarfsmenn verði að skýra þröngt. Nefndin tekur undir það sjónarmið og telur að ýmsir hópar ríkisstarfsmanna sem nú heyra undir kjaranefnd ættu að hafa möguleika á að semja sjálfir um laun sín og starfskjör. Það er og mat nefndarinnar að löggjafinn þurfi að fara mjög varlega í því að afnema veigamikil réttindi fólks til að semja um kjör sín. Eingöngu þeir ríkisstarfsmenn sem illmögulega geti samið um kjör sín skuli ekki njóta þessara réttinda.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að greinarmunur á „embættismönnum“ og „öðrum ríkisstarfsmönnum“ í 4. gr. frumvarpsins verði afnuminn. Samkvæmt greininni eiga allir embættismenn aðrir en þeir sem um ræðir í 3. gr. að falla undir kjararáð, þó að frátöldum nánar tilteknum hópi. Með öðrum orðum ekki er um neitt mat að ræða hvað embættismennina varðar eins og á við um aðra ríkisstarfsmenn, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. Nefndin telur aðgreininguna ástæðulausa; annaðhvort geta menn samið um kjör sín eða ekki, sbr. umsögn kjaranefndar. Því til stuðnings áréttar nefndin að embættismenn, sbr. 22. gr. starfsmannalaga, teljast til ríkisstarfsmanna.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 4. mgr. 9. gr. þannig að kjararáð skuli ekki aðeins taka tillit til kvaða og hlunninda sem fylgja starfinu heldur leggja mat á verðmæti þessara atriða, t.d. lífeyrisréttinda og þess starfsóöryggis sem fylgir t.d. þingmannsstarfi. Slíkt mat auðveldar raunhæfan samanburð á launum þingmanna og annarra í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem lýtur að því að taka út sjálfvirka vísitölubindingu launa. Bent hefur verið á að vafasamt getur verið að lögbinda vísitölubundnar hækkanir. Í því sambandi tekur nefndin fram að kjararáði er í lófa lagið að hittast oft, jafnvel mánaðarlega, og taka ákvörðun um breytingar á launum með hliðsjón af slíkri vísitölu án þess að um sjálfvirka hækkun sé að ræða.

Í fyrrnefndri 2. mgr. 10. gr. kemur fram í 2. málsl. að kjararáð geti ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár. Eins og hefð er fyrir í kjarasamningum er það skilningur nefndarinnar að ráðið geti ákvarðað laun fram í tímann. Þannig gæti það t.d. ári fyrir kosningar tekið stefnumarkandi ákvörðun um laun þingmanna sem gilda ætti fyrir næsta kjörtímabil.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. júní 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðjón Ólafur Jónsson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Ásta Möller.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

1335. Breytingartillögur [710. mál]

við frv. til l. um kjararáð.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
   Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. Þetta ákvæði á ekki við um lögreglumenn, tollverði og fangaverði, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
2. 4. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Kjararáð skal meta og taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.
3. 2. mgr. 10. gr. orðist svo:
   Eigi sjaldnar en árlega skal kjararáð meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem það ákveður. Kjararáð getur þó ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár.

1336. Breytingartillaga [388. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

Frá Birgi Ármannssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni, Bjarna Benediktssyni og Björgvini G. Sigurðssyni.

2. gr. orðist svo:

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum. Þessi rými skulu aðgreind frá öðru rými staðanna

með þeim hætti að loftstreymi á milli sé í lágmarki, t.d. með veggjum eða gleri, og tryggja skal fullnægjandi loftræstingu í samræmi við reglur sem heilbrigðisráðherra setur, sbr. 6. mgr. Sala eða afgreiðsla veitinga er ekki heimil á svæðum þar sem reykingar eru leyfðar samkvæmt þessari málsgrein.

1337. Nefndarálit [793. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Guðmundsson og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti og Guðmund Guðjarnason frá ríkisskattstjóra. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Kauphöll Íslands hf., Viðskiptaráði Íslands, Íbúðalánasjóði, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi löggiltra endurskoðenda og sameiginleg umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila að fresta tekjufærslu gengishagnaðar umfram gengistap og þar með álagningu tekjuskatts á þá tekjufærslu vegna rekstrarársins 2005. Jafnframt verði tekjufærslunni dreift jafnt á næstu þrjú rekstrarár. Hér er um að ræða frestun á tekjufærslu gengismunar og þar með frestun á skattgreiðslu í ríkissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 30. maí 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
Dagný Jónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Ásta Möller.		Ögmundur Jónasson.

1338. Nefndarálit [731. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Svein Þorgrímsson frá iðnaðarráðuneytinu, Aðalstein Þorsteinsson og Herdísi Sæmundsdóttur frá Byggðastofnun, Magnús Friðgeirsson, stjórnarformann Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Ingólf Þorbjörnsson frá Iðntæknistofnun, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Halldór Jónsson frá Háskóla Ís-

lands, Bjarka Brynjarsson og Þorkel Sigurlaugsson frá Háskólanum í Reykjavík, Aðalstein Óskarsson frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Tryggva Finnsson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Róbert Jónsson og Örn Þórðarson frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Geir Guðmundsson, Pál Árnason, Höllu Jónsdóttur og Ingibjörgu Óskarsdóttur frá Iðntæknistofnun, Hafstein Pálsson, Benedikt Jónsson og Atla Hjartarson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Berglindi Hallgrímsdóttur frá Impru, Ögmund Knútsson frá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Hans Guðmundsson frá Rannís, Guðmar Guðmundsson frá Sambandi upplýsingatæknifyrirtækja, Elinoru Sigurðardóttur frá Landssambandi hugvitsmanna, Hilmar Pétursson frá CCP hf., Stefán Úlfarsson frá Alþýðusambandi Íslands, Davíð Þorláksson frá Viðskiptaráði Íslands, Jón Steindór Valdimarsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Berg Ágústsson frá Nýsköpunarstofu Vestmannaeyja, Runólf Ágústsson frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Júlíus Kristinsson frá ORF–líftækni, Loga Kristjánsson frá Verkfræðingafélagi Íslands, Björn Karlsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands og Jón Ágúst Þorsteinsson frá Samtökum sprotafyrirtækja og Marorku.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., verkfræðingum hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Reykjavíkurborg, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, verkfræðingum hjá Iðntæknistofnun, Verkfræðingafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Rannsóknarmiðstöð Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Iðntæknistofnun og sameiginleg umsögn frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samorku og Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði. Einnig komu umsagnir frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Tæknifræðingafélagi Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Viðskiptaráði Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Orkustofnun, Nýsköpunarstofu Vestmannaeyja, Landsvirkjun, Bændasamtökum Íslands, Vegagerðinni, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Háskóla Íslands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Hólaskóla, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, talsmanni neytenda, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs, ORF-líftækni.

Í frumvarpinu er lagt til að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina stofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stofnanirnar sem sameinaðar verða eru Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Öll aðkoma iðnaðarráðuneytisins að tæknirannsóknum, nýsköpun og atvinnuþróun verður þar með samræmd og felld í eina stofnun í þeim tilgangi að efla sóknarkraft og tryggja hámarksárangur starfseminnar.

Meiri hlutinn leggur áherslu á meginmarkmið frumvarpsins sem er að auka árangur þeirrar starfsemi iðnaðarráðuneytisins sem rekin er í þágu nýsköpunar og þróunar íslensks atvinnulífs.

Breyttar aðstæður í atvinnulífinu gera það að verkum að nauðsynlegt er að endurskoða skipulag þeirra stofnana sem hafa það verkefni að stuðla að nýsköpun og atvinnuþróun í landinu. Hin síharðnandi krafa um aukna samkeppnishæfni og meiri árangur gerir það að verkum að óhjákvæmilegt er að endurmeta starfsemi og aðferðir í þessum málaflokki. Með því að þrjár stofnanir verði sameinaðar í eina verður stuðningur við atvinnuþróun efldur. Verkefnin eru fjölþætt og krefjast þess að við þau starfi fólk með víðtæka þekkingu og reynslu á þessu sviði. Stærri og öflugri stofnun með breiðari þekkingu starfsmanna er líklegri

til að ná betri árangri en fleiri og minni einingar. Við breytinguna verða tæknirannsóknir endurskipulagðar með nýjum áherslum. Þeim er ætlað að mynda hið faglega bakland nýsköpunarstarfs í þágu fyrirtækja og þróunar atvinnulífsins. Þjónusta Impru hjá Iðntæknistofnun fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki á skýra samleið með þjónustu Byggðastofnunar fyrir atvinnuþróunarfélögin víðs vegar um landið og er ætlunin að efling þeirrar þjónustu greiði fyrir yfirfærslu þekkingar frá vísinda- og rannsóknarsamfélaginu til fyrirtækja hvarvetna á landinu. Þetta mun leiða til aukins jöfnuðar þar sem aðgengi að stuðningsþjónustu fyrir þróun atvinnulífsins verður hin sama um allt land.

Sameining þessarar grunnþjónustu iðnaðarráðuneytisins í kjarnastarfsemi í þekkingarsetrum kallar á mun víðtækari samþættingu á stuðningsumhverfi atvinnulífsins. Þar mun samstarf við háskólakennslu, háskólarannsóknir, starfsemi tæknifyrirtækja og hvers konar nýsköpunarfyrirtækja gegna veigamiklu hlutverki svo og samstarf við aðra stoðþjónustu eins og atvinnuþróunarfélög og ráðgjafa, t.d. tengda ferðaþjónustu og landbúnaði.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

1. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 3. gr. Með breytingunni er komið til móts við ábendingar sem komið hafa fram varðandi skipulag stofnunarinnar.
2. Þá er lagt til að við bætist ný grein sem verði 6. gr. Í greininni er fjallað um ráðgjafarnefnd við Íslenskar tæknirannsóknir. Mikilvægt er að fag- og hagsmunaaðilar geti haft áhrif á faglega stefnumótun og faglegar áherslur fyrir tæknirannsóknir stofnunarinnar.
3. Einnig er lagt til að í stað þess að Tækniþróunarsjóður sé vistaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands þá heyri hann beint undir iðnaðarráðherra eins og nú er. Í umsögnum var m.a. bent á að hætt væri við hagsmunaárekstrum ef sjóðurinn heyrði beint undir Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Með breytingunni er lagt til að stjórnsýsluleg tengsl verði ekki á milli Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Tækniþróunarsjóðs.
4. Lagt er til að breytingar verði gerðar á 18. gr. Bent hefur verið á að mikilvægt sé að auðvelda flutning verkefna frá stofnuninni á almennan markað. Það verður best gert með því að veita stofnuninni heimild til að eiga (t.d. tímabundið) í fyrirtækjum sem taka við verkefnum hennar.
5. Loks er lagt til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í ákvæðinu er fjallað um nefnd sem fjalla skal um rekstrarform Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Nefndin getur kannað hvort hlutafélagaformið henti betur fyrir rekstur stofnunarinnar allrar eða hluta hennar en ábendingar hafa komið fram um þann kost sem heppilegt rekstrarform fyrir stofnunina.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. maí 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Bjarni Benediktsson, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.		Ásta Möller, með fyrirvara.

1339. Breytingartillögur [731. mál]

við frv. til l. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (BJJ, DrH, BjarnB, SKK, ÁMöl).

1. Við 3. gr. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Nýsköpunarmiðstöð Íslands skal skiptast í tvö megin fagsvið, tækniþróunarsvið sem fer með málefni Íslenskra tæknirannsókna, sbr. 5. gr., og ráðgjafarsvið sem fer með önnur málefni stofnunarinnar. Ábyrgð á faglegum málefnum þessara sviða skal vera á hendi framkvæmdastjóra sem forstjóri ræður til fimm ára í senn.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Ráðgjafarnefnd.

   Við Íslenskar tæknirannsóknir skal vera starfandi ráðgjafarnefnd sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu vera fulltrúar íslensks iðnaðar og tilnefndir af Samtökum iðnaðarins, tveir skulu vera fulltrúar annarra atvinnugreina sem tengsl hafa við lögboðna starfsemi Íslenskra tæknirannsókna, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins, tveir skulu vera fulltrúar tæknirannsókna innan háskóla og tilnefndir af samstarfsnefnd háskólastigsins, tveir skulu vera fulltrúar iðnaðarmanna og tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn skal tilnefndur af nýsköpunarnefnd Vísinda- og nýsköpunarráðs, einn tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands, einn tilnefndur af menntamálaráðherra og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin kýs sér formann. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skal sitja fundi nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra og forstjóra ráðgefandi um fagleg málefni sem tengjast stefnumótun í tæknirannsóknum, vali á helstu verkefnum og vera tengiliður hennar við hagsmunaaðila.
3. Við 9. gr. (er verði 10. gr.). Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra.
4. Við 18. gr. (er verði 19. gr.). Greinin orðist svo:
   Nýsköpunarmiðstöð Íslands er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga eignarhluti í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, svo og fyrirtækjum er starfa að sérhæfðri ráðgjöf, rannsóknum og þróun, sem rekin eru í formi hlutafélaga eða annars konar formi með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna.
5. Við 19. gr. (er verði 20. gr.). Orðið „Tækniþróunarsjóðs“ falli brott.
6. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, IV, svohljóðandi:
   Iðnaðarráðherra skal skipa nefnd sem meta skal rekstrarform Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, þ.e. hvort annað rekstrarform en beinn ríkisrekstur kunni að vera heppilegra fyrir starfsemi stofnunarinnar í heild eða að hluta. Nefndin skal ljúka störfum fyrir árslok 2008.

1340. Nefndarálit [742. og 788. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar og frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málin og fengið á sinn fund Magnús Norðdahl frá ASÍ, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Ernu Guðmundsdóttur frá BSRB, Sigurð Bessason og Þráin Hallgrímsson frá Eflingu, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, Ragnhildi Arnljótsdóttur og Sturlaug Tómasson frá félagsmálaráðuneyti, Kristján Valdimarsson frá Hlutverki – samtökum um vinnu og verkþjálfun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Karl Steinar Guðnason og Sigríði Lillý Baldursdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Árna Leósson og Gunnar Pál Pálsson frá VR og Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun. Nefndinni bárust einnig umsagnir um málin.

Atvinnuleysistryggingar.

Helsta breytingin með frumvarpinu lýtur að því að þeir sem teljast tryggðir eigi rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í allt að þrjá mánuði. Getur mánaðarleg greiðsla numið 70% af heildarlaunum viðkomandi, en hámarksgreiðsla á mánuði samkvæmt frumvarpinu verður 180 þús. kr. miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu. Að þessu þriggja mánaða tímabili loknu getur viðkomandi átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum. Tímabilið sem unnt er að fá greiddar atvinnuleysisbætur verður samkvæmt frumvarpinu stytt úr fimm árum í þrjú.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á skipulagi atvinnuleysistryggingakerfisins. Í núverandi kerfi eru sérstakar úthlutunarnefndir sem annast framkvæmd þess en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun taki við því hlutverki. Stofnunin mun ákvarða um réttindi og skyldur launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar á meðal um rétt þeirra til atvinnuleysisbóta og um missi þeirra. Hins vegar mun ein framangreindra nefnda starfa áfram og mun Vinnumálastofnun skipa í hana. Hlutverk þessarar nefndar er einkum að hafa eftirlit með því að samræmis sé gætt hvað varðar ákvarðanir um atvinnuleysistryggingar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2003 sem ber heitið „Greiðsla atvinnuleysisbóta – innra eftirlit“ er fjallað um úthlutunarnefndirnar sem starfa í núverandi kerfi. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að vart hafi orðið mismunandi viðhorfa hjá úthlutunarnefndum, nefndirnar túlki lög og reglugerðir á misjafnan hátt og að hætta sé á að fólki sé mismunað eftir því hvar á landinu það býr.

Bæði launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta átt rétt til bóta samkvæmt frumvarpinu og er það ekki breyting frá gildandi kerfi. Það sem er nýtt hvað þetta varðar er að í frumvarpinu er kveðið á um skilyrði bótaréttar sjálfstætt starfandi einstaklinga en í gildandi kerfi er kveðið á um þessi skilyrði í reglugerð. Tveir aðskildir kaflar frumvarpsins fjalla um skilyrði, annars vegar launamanna til atvinnuleysisbóta og hins vegar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Áfram er gert að skilyrði að einstaklingur sé í virkri atvinnuleit til að geta talist tryggður samkvæmt frumvarpinu. Hugtakið „virk atvinnuleit“ er skilgreint í 14. gr. frumvarpsins. Framlagning vottorðs frá vinnuveitanda er gerð að skilyrði fyrir rétti til bóta samkvæmt frumvarpinu. Slík vottorð hafa verið talin eitt af þeim grundvallaratriðum sem litið er til við ákvörðun á rétti atvinnuleitanda innan kerfisins en ekki hefur verið kveðið á um það í lögum að slíkt vottorð skuli lagt fram. Það er nýmæli að sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur þarf, verði frumvarpið að lögum, ekki að skrá sig reglulega hjá vinnumiðlun. Hins vegar verður atvinnuleitendum gert að hafa regluleg samskipti við ráðgjafa innan vinnumarkaðs-

kerfisins. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er fjallað um rétt þeirra sem þegar hafa skráð sig án atvinnu.

Vinnumarkaðsaðgerðir.

Með frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er lagt til breytt skipulag á vinnumarkaðsaðgerðum en með vinnumarkaðsaðgerðum er átt vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni og þörfum þess sem leitar eftir atvinnu. Lagt til að mismunandi tegundir vinnumarkaðsúrræða verði fyrir hendi, svo sem afmörkuð þjónusta eða öflug og víðtæk hjálp.

Samkvæmt frumvarpinu skal Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna þannig að betri yfirsýn fáist yfir þau úrræði sem eru í boði. Það er mat nefndarinnar að hafi aðrir aðilar vilja og getu til að sinna því hlutverki sem Vinnumálastofnun er fengið samkvæmt frumvarpinu þá skuli félagsmálaráðherra heimilt að gera samninga við þá aðila um framkvæmd verkefna sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Hvað varðar kostnað við vinnumarkaðsaðgerðir þá kemur fram í 4. gr. frumvarpsins að kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hvers árs. Nefndin telur eðlilegt að aðrir aðilar kunni að koma að fjármögnun einstakra vinnumarkaðsúrræða eða verkefna. Má þar til dæmis nefna lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins sem hafa nú þegar ýmis verkefni á sínum snærum.

Í 17. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis að Vinnumálastofnun afli upplýsinga um atvinnuástandið í landinu. Nefndin leggur til breytingu á þessari grein þannig að bætt verði við nýrri málsgrein þar sem kveðið verður á um að stofnunin skuli kanna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum. Þannig verður unnt að meta atvinnumöguleika þeirra sem stunda nám. Byggist þessi tillaga á þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur á þskj. 67. Með þessu móti verður Vinnumálastofnun kleift að byggja upp þekkingu og yfirsýn sem yrði grundvöllur heildarstefnumótunar á sviði vinnumarkaðsmála hér á landi. Þar yrði tekið tillit til breytinga í atvinnulífinu samfara aukinni tækniþróun og alþjóðavæðingu. Meðal annars yrði horft til mikilvægis frumkvöðlastarfs og nýsköpunar og aukinna krafna til menntunar á sviði bóknáms-, iðn-, tækni- eða starfsnáms í þekkingarsamfélagi nútímans. Nefndin telur eðlilegt að Vinnumálastofnun leiti eftir samvinnu við Samtök atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjafa í háskólum og Félag náms- og starfsráðgjafa við uppbyggingu þessa verkefnis. Með því móti verður samvinna við atvinnulífið tryggð og ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi verður efld þannig að byggja megi upp samkeppnishæft samfélag hér á landi til frambúðar.

Helsta markmið vinnumarkaðsaðgerða er að stuðla að atvinnuþátttöku fólks. Úrræði laga um atvinnuleysistryggingar verða virk þegar einstaklingur missir starf sitt og þarf á tímabundinni aðstoð að halda.

Nefndin hefur fjallað um ýmsar hliðar málsins og eins og að framan greinir fengið ýmsa gesti á sinn fund. Nefndarmenn ræddu einkum um samhengi þessara frumvarpa við aðra þjónustuþætti svo sem heilbrigðisþjónustu, atvinnumál fatlaðra o.fl. Nefndin telur mikilvægt að þau úrræði sem eru og verða til staðar skarist ekki heldur virki saman. Hvað varðar atvinnumál fatlaðra er að því stefnt að þjónusta við fatlaða verði með sama hætti og fyrir aðra hópa. Má í þessu sambandi benda á f-lið 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þó má gera ráð fyrir að það kunni að taka tíma að færa atvinnumál fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra en hafist verður handa við flutninginn verði frumvarpið samþykkt á Alþingi á yfirstandandi þingi.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram athugasemd þess efnis að BHM og BSRB skuli samkvæmt frumvörpum þessum eiga sameiginlegan fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumálastofnunar. Nefndin telur rétt að eftir sem áður verði stjórnin skipuð níu fulltrúum þannig að framangreind félög haldi sínum fulltrúanum hvort.

Nefndin telur mikilvægt að þegar leitað er vinnumarkaðsúrræða fyrir einstakling sem misst hefur starf sitt skuli hugað að þeim hæfileikum og getu sem hann býr yfir en ekki einblína á þau störf eða verkefni sem hann er ekki fær um að sinna. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem vinnufærni atvinnuleitanda verði metin sem fyrst og hafist verði handa við að aðstoða hann í atvinnuleit sinni með virkum hætti.

Svo að þetta megi ganga eftir leggur nefndin ríka áherslu á það grundvallaratriði að til frambúðar verði tryggð fjármögnun virkra vinnumarkaðsaðgerða og starfsendurhæfingarúrræða. Nefndin vísar í því sambandi sérstaklega til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins, sem aðilar vinnumarkaðarins eiga m.a. aðild að, fjallar nú um leiðir til að efla starfsendurhæfingu innan ramma nýrra laga um vinnumarkaðsaðgerðir og munu þær grundvallast á þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 kemur skýrt fram að ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins muni koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða. Nefndin leggur áherslu á að fjármunir til vinnumarkaðsaðgerða komi að meginhluta til úr ríkissjóði en aðrir aðilar geti með samningum lagt til fjármuni til vinnumarkaðsaðgerða eins og fram kemur í skýrslu nefndar um atvinnuleysistryggingar sem skilaði tillögum til félagsmálaráðherra í nóvember 2005.

Þá skiptir verulegu máli að góð tengsl séu höfð við atvinnulífið og þá ekki hvað síst verkalýðshreyfinguna svo unnt sé að veita launafólki á íslenskum vinnumarkaði sem besta þjónustu á þessu sviði. Nefndin hvetur til þess að leitað verði liðstyrks stéttarfélaganna við skipulagningu vinnumarkaðsúrræða. Er mikilvægt að nýta þá reynslu sem stéttarfélögin og aðrir þjónustuaðilar búa yfir en frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir gerir ráð fyrir að þjónustuaðilar annist einstök vinnumarkaðsúrræði.

Nefndin hvetur til þess að reynsla þeirra sem starfa í gildandi kerfi verði nýtt en samkvæmt frumvarpinu sinna einstök stéttarfélög ekki sama hlutverki og þau hafa gert hingað til. Með öðrum orðum hætta einstök stéttarfélög að sinna skráningar- eða útgreiðsluþjónustu. Þær skipulagsbreytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu fela í sér nýja nálgun og þar með ný tækifæri. Til dæmis geta umrædd félög fremur beint kröftum sínum að vinnumarkaðsaðgerðum.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar, sumar efnislegar en aðrar lúta að málfari. Þær efnislegu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi má nefna breytingu á ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins um skipun í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði það sama og á grundvelli gildandi laga þannig að fulltrúar í stjórn verði áfram níu og að Bandalag háskólamanna og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eigi hvort sinn fulltrúann í stjórninni. Þá er lagt til að til nánari skýringar verði tekið fram í lagatextanum að átt sé við vottorð fyrrverandi vinnuveitanda í þeim ákvæðum þar sem kveðið er á um að skila skuli vottorði vinnuveitanda, enda hefur sá sem er atvinnulaus engan vinnuveitanda. Nefndin leggur jafnframt til breytingu á mótframlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð. Lagt er til að framlagið verði 8% en ekki 6%. Hins vegar verður gerð tillaga um nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að til 31. desember 2006 verði mótframlagið 7%. Þá má nefna breytt orðalag í X. og XI. kafla frumvarpsins þar sem talað er um „40 virka daga“. Nefndin leggur til að í stað þess

orðalags komi „40 daga sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir“. Með þessu móti reiknast einnig svokallaðir „rauðir dagar“ inn í umrætt tímabil. Þá má nefna framangreint bráðabirgðaákvæði sem kveður á um 7% mótframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð til 31. desember 2006.

Nefndin leggur einnig til breytingar á frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og eru eftirtaldar breytingar þær helstu: Lagt er til að stjórn Vinnumálastofnunar verði skipuð tíu fulltrúum í stað sex samkvæmt frumvarpinu. Munu Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga hvert sinn fulltrúann í stjórninni. Fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins fjölgar að sama skapi úr einum í tvo. Þá leggur nefndin til breytingu á 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þannig að félagsmálaráðherra verði heimilt að leita til annarra aðila en Vinnumálastofnunar við framkvæmd á ákvæðum laganna. Nefndin leggur jafnframt til að auk framlags úr ríkissjóði verði leitað til annarra aðila um fjármögnun vinnumarkaðsaðgerða og má þar nefna lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins. Að lokum má nefna breytingu á 17. gr. þannig að Vinnumálastofnun kanni mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum. Breyting þessi byggist á þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur eins og að framan greinir.

Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Pétur Blöndal og Valdimar L. Friðriksson voru fjarverandi við afgreiðslu málanna.

Ögmundur Jónasson situr fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvörpin verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 1. júní 2006.

Dagný Jónsdóttir, form., frsm.	Guðjón Hjörleifsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Hjálmar Árnason.

1341. Breytingartillögur [742. mál]

við frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar

og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

2. Við 8. gr. Í stað orðsins „rekstraráætlanir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: áætlanir.
3. Við 9. gr. Á eftir orðinu „vottorð“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: fyrrverandi.
4. Við 13. gr. Á eftir orðinu „vottorð“ í f-lið 1. mgr. komi: fyrrverandi.
5. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðunum „greitt er“ í b-lið 1. mgr. komi: fyrir.
   b. Í stað orðsins „tengdum“ í 4. mgr. komi: sem tengjast.
6. Við 16. gr. Á eftir orðinu „vottorð“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: fyrrverandi.
7. Við 37. gr. Í stað „6%“ í 1. mgr. komi: 8%.
8. Í stað orðanna „virkum dögum liðnum“ í fyrri málslið 1. mgr. 54. gr., fyrri málslið 1. mgr. 55. gr., fyrri málslið 1. mgr. 56. gr., fyrri málslið 1. mgr. 57. gr., 1. mgr. 58. gr. og fyrri málslið 1. mgr. 59. gr. komi: dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir.
9. Við 55. gr. Í stað orðanna „d-lið 3. gr.“ í 1. mgr. komi: c-lið 3. gr.
10. Við 57. gr. Í stað orðsins „tengdum“ í 4. mgr. komi: sem tengjast.
11. Við 61. gr.
   a. Í stað orðanna „biðtíma skv. 54. og 55. gr. hafa“ í 2. mgr. komi: biðtími skv. 54. og 55. gr. hefur.
   b. Í stað orðanna „að því er hann varðar“ í 3. mgr. komi: um.
12. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 37. gr. um 8% mótframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs í lífeyrissjóð verður mótframlag sjóðsins 7% til 31. desember 2006.

1342. Breytingartillögur [788. mál]

við frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag. Vinnumálastofnun annast jafnframt önnur þau verkefni sem henni eru falin með sérlögum.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Vinnumálastofnun skal reka þjónustustöðvar. Félagsmálaráðherra ákveður hvar á landinu þær skulu vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.
   c. Við 4. mgr. bætist: Leita skal eftir samstarfi við aðra aðila um fjármögnun, svo sem lífeyrissjóði.
2. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Félagsmálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur

af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar stofnunarinnar og hinn varaformaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

b. Á eftir orðunum „sem forstjóri leggur fyrir“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: hana.

c. Í stað orðanna „um atvinnuástandið“ í 5. málsl. 2. mgr. komi: við mat á atvinnuástandi.

3. Við 6. gr.

a. Í stað orðanna „á svæðinu“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: á hverju svæði.

b. Í stað orðanna „sveitarfélögunum á svæðinu“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: sveitarfélögum á hverju svæði.

c. Orðin „á svæðinu“ í 2. mgr. og 4. mgr. falli brott.

4. Við 7. gr. Í stað orðsins „rökstuddar“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: studdar.

5. Við 8. gr. Í stað orðanna „vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum“ komi: gerð með sannanlegum hætti.

6. Við 10. gr. Í stað orðsins „starfið“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: starf.

7. Við 17. gr.

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vinnumálastofnun skal jafnframt reglubundið kanna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi þar að lútandi.

b. Í stað orðsins „atvinnuástandið“ í fyrirsögn greinarinnar komi: atvinnuástand.

1343. Breytingartillögur [742. mál]

við frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 32. gr. Í stað orðanna „X. kafla“ í 9. mgr. komi: 55. og 56. gr.

2. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði, 34. gr., sem hefur fyrirsögnina *Desemberuppbót og orlofsuppbót*, svohljóðandi:

Á bætur sem greiðast vegna atvinnuleysis í júlímánuði greiðist 30% uppbót.

Á bætur sem greiðast vegna atvinnuleysis í desembermánuði greiðist 30% uppbót.

3. Við 54. gr.

a. Í stað orðanna „40 virkum dögum liðnum“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 40 dögum liðnum sem ella hefðu verið greiddar atvinnuleysisbætur fyrir.

b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að þeim tíma liðnum skal réttur hins tryggða til atvinnuleysisbóta, sbr. 32. og 33. gr., reiknast eins og hann hefði notið bóta frá móttöku umsóknar.

1344. Nefndarálit [713. mál]

um frv. til l. um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Huga Ólafsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti. Auk þess bárust nefndinni umsagnir.

Frumvarpinu er ætlað að gera íslenskum stjórnvöldum kleift að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og einkum Kyoto-bókuninni við hann. Markmið Kyoto-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og er í henni kveðið á um að aðildarríki skuli takmarka losun þeirra miðað við losun árið 1990. Þær gróðurhúsalofttegundir sem bókunin tekur til eru tilgreindar í 2. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði ákvæði um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi. Í öðru lagi er lagt til að sett verði ákvæði um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir. Í þriðja lagi er mælt fyrir um upplýsingaskyldu fyrirtækja sem hafa starfsleyfi fyrir losun á meira en 30.000 tonnum á ári af ígildi koldíoxíðs.

Ákveðnum fyrirtækjum ber samkvæmt gildandi lögum að skila inn hluta af þeim upplýsingum sem frumvarpi þessu er ætlað að ná til. Má í þessu sambandi nefna reglugerð um grænt bókhald (nr. 851/2002) og reglugerð um útstreymisbókhald (nr. 322/2002). Gildandi reglur heimila stjórnvöldum hins vegar ekki að krefjast nákvæmra upplýsinga um losun í atvinnurekstri sem losar mikið magn af gróðurhúsalofttegundum. Þá eru ekki heldur til staðar heimildir fyrir Umhverfisstofnun til að fara yfir innsendar tölur og staðfesta þær. Til þess að unnt sé að standa við alþjóðlegar skuldbindingar um bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt að hafa sem nákvæmastar upplýsingar um losun og einnig að unnt sé að staðreyna uppgefnar tölur um losun með endurteknum útreikningum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda og fær stofnunin upplýsingar frá Landbúnaðarháskólanum, Orkustofnun, Hagstofu og þeim fyrirtækjum sem falla undir lögin. Nauðsynlegt er að það sé einn aðili sem beri ábyrgð á útreikningum í samræmi við kröfur loftslagssamningsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild Umhverfisstofnunar til að beita dagsektum sé upplýsingum ekki skilað inn í samræmi við 6. gr. laganna. Um málsmeðferð í slíkum málum gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem gerðar eru lágmarkskröfur til stjórnsýslunnar. Má í þessu sambandi einkum nefna meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga og IV. kafla laganna um andmælarétt.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** en leggur þó til nokkrar breytingar á frumvarpinu en þær eru ekki efnislegar heldur lúta að málfari. Nefndin leggur auk þess til breytt heiti lagabálksins. Gerð er grein fyrir breytingunum í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. júní 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ásta Möller.	Mörður Árnason, með fyrirvara.	Drífa Hjartardóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Sigurrós Þorgrímsdóttir.

1345. Breytingartillögur [713. mál]

við frv. til l. um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „vegna losunar“ í 2. mgr. komi: um losun.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „nituroxíð “ í skilgreiningu á hugtakinu „gróðurhúsalofttegundir“ komi: díköfnunarefnisoxíð.
   b. Skilgreining hugtaksins „ígildi koldíoxíðs“ orðist svo: Eining sem losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í. Magn annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs er umreiknað eftir stuðlum sem mæla hlýnunaráhrif þeirra í hlutfalli við koldíoxíð.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði“ í 2. mgr. komi: losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „fyrir heimilidir Íslands vegna losunar“ í 1. mgr. komi: um heimildir Íslands til losunar.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „frá atvinnurekstrinum“ í 1. mgr. komi: í atvinnurekstrinum.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

1346. Nefndarálit [792. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Minni hluti heilbrigðis- og trygginganefndar telur að með þessu frumvarpi sé farið inn á varhugaverða braut til að festa í sessi tvöfalt heilbrigðiskerfi, eitt fyrir hina efnameiri og annað fyrir þá efnaminni. Þetta getur minni hlutinn ekki sætt sig við.

Eins og segir í greinargerð frumvarpsins er þetta frumvarp lagt fram í beinu sambandi við þá stöðu sem blasti við þegar hjartalæknar sögðu sig frá samningi við Tryggingastofnun ríkisins og í tengslum við hið nýja tilvísanakerfi sem heilbrigðisráðherra setti á fót í kjölfar þess 1. apríl sl.

Útfærslan á því tilvísanakerfi sem heilbrigðisráðherra setti á fót með reglugerð 1. apríl sl. er hins vegar óskynsamleg og ósanngjörn. Fjölmargir hafa lýst yfir efasemdum sínum um þetta nýja fyrirkomulag.

Nýja kerfi ríkisstjórnarflokkanna, sem hér er verið að festa enn betur í sessi, gerir ráð fyrir að viðkomandi sjúklingur geti fengið niðurgreiðslu ríkisins á heilbrigðisþjónustu hjartalækna leiti hann til heimilislæknis áður en hann fer til hjartalæknis. Ólíkt öðrum hugmyndum sem hafa heyrst í gegnum árin um tilvísanakerfi er hér ekki um að ræða samningsbundna lækna. Hér er sömuleiðis gert ráð fyrir læknastétt sem mun búa við frjálsa gjaldskrá.

Það eru því margs konar gallar og hættur við hið nýja fyrirkomulag ríkisstjórnarflokkanna í heilbrigðismálum.

Tvöfalt kerfi.

Í fyrsta lagi mismunar þetta kerfi sjúklingum eftir efnahag og skerðir aðgengi þeirra að nauðsynlegri þjónustu hjartalækna. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi geta efnameiri sjúklingar farið beint til hjartalæknis og fengið þjónustuna strax með því að greiða sjálfir fyrir hana fullu verði. Þar sem hjartalæknar eru samningslausir hafa þeir frjálsa gjaldskrá og geta því rukkað það verð sem þeir kjósa. Því er ekkert sem kemur í veg fyrir að efnameiri sjúklingar séu teknir fram fyrir í röðinni eftir þjónustu á kostnað hinna efnaminni.

Sömuleiðis eru vissar líkur á því að svipuð staða skapist í þjónustu hjartalækna og er í tannlæknaþjónustu við börn og eldri borgara. Í tannlæknaþjónustunni verða til tvenns konar gjaldskrár, þar sem við höfum annars vegar svokallaða ráðherragjaldskrá, sem er sú niðurgreiðsla sem ráðherra er tilbúinn að veita í málaflokkinn og hins vegar hin raunverulega gjaldskrá, sem læknirinn rukkar eftir. Mismuninn, sem getur aukist með tímanum, greiða síðan sjúklingar.

Vert er að muna að hér er um að ræða heila stétt sérfræðilækna sem er án samnings og býr við þetta nýja fyrirkomulag en ekki einstaka lækni, eins og hefur stundum tíðkast, þannig að sjúklingar hafa ekkert val.

Forsvarsmenn sjúklinga hjá Hjartaheillum, landssamtökum hjartasjúklinga, og SÍBS, ásamt Félagi eldri borgara í Reykjavík og formanni félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa allir talið að þetta nýja fyrirkomulag ríkisstjórnarflokkanna leiði til tvöfalds kerfis í heilbrigðiskerfinu sem mismunar eftir efnahag.

Eykur kostnað og óhagræði sjúklinga.

Í öðru lagi eykur þetta nýja fyrirkomulag kostnað og óhagræði fyrir þorra sjúklinga og sérstaklega þá efnaminni. Þeir sjúklingar sem fara tilvísanaleiðina þurfa að fara á þrjá staði til að fá þjónustu hjartalækna en hinum efnameiri, sem vilja greiða fyrir þjónustuna að fullu, nægir að fara á einn stað.

Til að njóta þjónustu hjartalækna þarf almenningur að fara fyrst til heimilislæknis til að fá tilvísun á hjartalækni, síðan að fara til hjartalæknisins og loks til Tryggingastofnunar ríkisins til að fá endurgreiðsluna. Hefji sjúklingur leiðangur sinn hjá öðrum sérfræðilækni verður hann að fara á fjóra staði til að geta nálgast þjónustu hjartalæknis, þar sem aðrir sérfræðilæknar en heimilislæknar mega ekki vísa sínum sjúklingum á hjartalækni.

Í þessu ferli verður sjúklingurinn því fyrir auknum kostnaði og óþægindum. Hjartaheill hafa bent á að fyrir eldri borgara, öryrkja og einstaklinga án bíls getur þetta þýtt að taka þurfi sex til átta leigubíla til að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og niðurgreiðslu. Einnig var bent á að þetta fyrirkomulag gæti jafnvel leitt til þess að fólk veigraði sér við að sækja sér þjónustu hjartalækna.

Jafnframt þurfa króníska hjartasjúklingar að leita eftir nýrri tilvísun frá heilsugæslulækni á fjögurra mánaða fresti, sem aftur eykur óhagræðið fyrir alla aðila.

Eykur tvítekningu.

Í þriðja lagi hefur verið bent á að þetta nýja kerfi muni auka skriffinnsku, kostnað og tvítekningu í kerfinu. Það er að segja að ákveðnar rannsóknir og hluti viðtala verði nú bæði framkvæmdar hjá viðkomandi heilsugæslulækni og hjá hjartalækni þegar þangað er komið. Þetta mun að sjálfsögðu auka heildarkostnaðinn í kerfinu. Formaður Félags hjartalækna hefur sagt að þetta nýja kerfi verði án vafa dýrara fyrir hið opinbera.

Bara bundið við heilsugæslulækna.

Í fjórða lagi er einungis gert ráð fyrir að heilsugæslulæknir geti vísað á hjartalækna. Hins vegar eru fjölmargir aðrir sérfræðilæknar sem hafa getu, þekkingu, þörf og aðstöðu til að vísa viðkomandi sjúklingum áfram til hjartalæknis. Í því sambandi hafa verið nefndir lungnalæknar, taugalæknar, öldrunarlæknar, lyflæknar og svæfingalæknar. Þetta eru allt læknar sem gætu sinnt hjartasjúklingum en hafa hins vegar samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi ríkisstjórnarflokkanna ekki rétt til að vísa sínum sjúklingum til hjartalækna.

Forsvarsmaður Læknafélags Reykjavíkur benti á fundi nefndarinnar á að með þessu nýja kerfi væri verið að skerða hluta af lækningaleyfi sérfræðilækna með því að takmarka þeirra rétt til að vísa sínum sjúklingum til hjartalækna.

Aukið álag á heilsugæsluna.

Í fimmta lagi hafa heyrst vissar efasemdir um getu heilsugæslunnar til að taka við þessu nýja hlutverki. Fyrir einu ári voru um 10.000–12.000 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu án heimilislæknis. Nú telur forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu að þessi fjöldi sé um 5.000 manns.

Það er því ljóst að mjög stór hópur fólks er án heimilislæknis og sömuleiðis er ljóst að margar heilsugæslustöðvar eru nú þegar undir miklu álagi og í raun sprungnar. En þrátt fyrir það ætlar ráðherrann sér ekkert að mæta nýju hlutverki heilsugæslunnar með því að styrkja hana með einhverjum hætti.

Beint inn á dýrasta þjónustustigið.

Í sjötta lagi bentu forsvarsmenn Landspítalans á fundi nefndarinnar á að hið nýja fyrirkomulag gæti haft áhrif á streymi sjúklinga á bráðasvið Landspítalans, þ.e. að sjúklingar mundu hugsanlega leita beint til spítalans eftir þjónustunni í stað þess að fara allt tilvísanaferlið. Þá kæmi upp sú staða að sjúklingar leituðu á dýrasta svið þjónustunnar, sem allir eru sammála um að þurfi að draga úr.

Engar samningsskyldur.

Í sjöunda lagi er ekki gert ráð fyrir neinu samningssambandi milli læknanna og hins opinbera. Við það verða ýmsar samningsskyldur hins opinbera gagnvart læknunum ekki fyrir hendi. Samningsbundinn læknir getur t.d. ekki rukkað sjúkling um hvaða upphæð sem er eigi niðurgreiðsla hins opinbera að vera fyrir hendi. Samningslaus læknir getur hins vegar gert það. Samningsbundinn læknir hefur sömuleiðis verið bundinn ákveðnum kröfum um eftirlit og upplýsingagjöf til Tryggingastofnunar, ásamt skyldum um að senda læknabréf o.s.frv.

Drepur samningahvatann.

Í áttunda lagi mun þetta frumvarp, sem á að sníða meintan agnúa af hinu vonda tilvísanakerfi heilbrigðisráðherra, draga allverulega úr hvata samningsaðila til að semja. Í ljós hefur komið að eftir að þetta kerfi var sett á fót 1. apríl sl. hefur enginn samningafundur verið haldinn á milli hjartalækna og samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins.

Fordæmi fyrir aðrar stéttir.

Í níunda lagi hefur verið bent á að þetta mál muni skapa fordæmi fyrir aðrar sérfræðistéttir. Hjartalæknar voru samningsbundnir þegar ríkjandi ástand skapaðist en kusu að segja sig frá þeim samningi, enda höfðu þeir umsaminn þriggja mánaða uppsagnarfrest. Með því að festa þetta kerfi í sessi erum við því að bjóða þeirri hættu heim að aðrar sérfræðilæknastéttir fari sömu leið þegar þeirra einingamarki er náð í haust. Við getum því staðið uppi með fjöldann allan af sérfræðigreinum sem verða ekki samningsbundnar við hið opinbera, hafi frjálsa gjaldskrá, geti rukkað hvaða verð sem er og tekið sjúklinga í hvaða röð sem er án nokkurra samningsskuldbindinga.

Heildarkostnaður hins opinbera eykst.

Í tíunda lagi má ætla að heildarkostnaður hins opinbera hækki við þetta fyrirkomulag. Á meðan stuðst var við samningaleiðina gat ráðherra ákveðið þá heildarupphæð sem átti að fara í niðurgreiðslu þjónustunnar og mynduðust afsláttarkjör þegar ákveðnum einingafjölda var náð.

Í þessu kerfi ráðherrans getur sjúklingur hins vegar aðeins valið tilvísanaleiðina til að eiga rétt á niðurgreiðslu frá hinu opinbera. Þar sem eftirspurnin eftir þjónustu hjartalækna verður áfram til staðar mun hið opinberra vera skyldugt til að greiða fyrir alla þá þjónustu sem hjartasjúklingar leita sér, svo fremi sem þeir fara fyrst til heilsugæslunnar og fá tilvísun. Sú upphæð getur verið talsvert hærri en sú sem samningaleiðin mundi kosta hið opinbera. Þetta nýja kerfi er sömuleiðis stjórnlausara en sú leið að semja við sérfræðistéttirnar í heilbrigðiskerfinu.

Aðrar leiðir færar.

Að lokum hefur verið bent á að svipuð staða, þar sem sérfræðilæknar segja sig af samningi við Tryggingastofnun, hefur komið upp áður. Hins vegar hefur slíkum deilum ætíð lokið

með samningum og hefur greiðsluréttur almennings verið tryggður með afturvirkri reglugerð ráðherra. Það er óskiljanlegt að nýr heilbrigðisráðherra skuli ekki reyna samningsleiðina til þrautar eins og fyrirrennarar hans hafa allir gert og leysi síðan vandann með reglugerð þegar samningar eru í höfn. Í stað þess ákveða ríkisstjórnarflokkarnir að fara í vanhugsaða tilraunastarfsemi með almannatryggingakerfi sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér og erfitt getur reynst að snúa við.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru með þessu frumvarpi að festa í sessi kerfi sem mismunar fólki eftir efnahag og eykur heildarkostnaðinn fyrir hið opinbera og sérhvern einstakling.

Auk þess eru áhöld um að reglugerð ráðherra um kerfi þetta hafi raunverulega stoð í lögum.

Alþingi, 1. júní 2006.

Ágúst Ólafur Ágústsson, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Guðrún Ögmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Stjórnir SÍBS og Hjartaheilla mótmæla. Varhugaverð reglugerð.

(7. apríl 2006.)

Stjórnir SÍBS og Hjartaheilla mótmæla harðlega ákvæðum reglugerðar frá 31. mars 2006 um tilvísunarskyldu til greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum. Jafnframt er eindregið hvatt til að gengið verði til samninga við sjálfstætt starfandi hjartalækna nú þegar.

Þessi áskorun var send heilbrigðisráðherra og öðrum viðkomandi 6. apríl sl.

Hér á eftir fer rökstuðningur formanna félaganna fyrir málinu:

Ofangreind reglugerð hefur það í för með sér að ef sjúklingur vill fá heimsókn til hjartasérfræðings greidda þarf hann fyrst að heimsækja heimilislækni. Hann metur þörf viðkomandi sjúklings fyrir aðstoð hjartasérfræðings og gefur út tilvísun ef hann telur að þörf sé á heimsókn til sérfræðingsins. Ef sjúklingurinn fer hins vegar beint til sérfræðings þarf hann að greiða heimsóknina að fullu sjálfur.

Við teljum að öryggi hjartasjúklinga geti verið stefnt í hættu með tilkomu reglugerðarinnar. Þá skapast af þessari breytingu óhagræði þar sem heimilislæknirinn verður milliliður yfir í heimsókn til hjartasérfræðings. Í þessu sambandi má benda á að margra daga bið getur verið á viðtalstíma hjá heimilislækni og nokkuð skortir á að allir hafi heimilislækna. Þá teljum við hættu á að framkvæmd reglugerðarinnar leiði af sér kostnaðarauka bæði fyrir sjúklinga og ríkisvaldið.

Stór hluti samskipta hjartalækna og sjúklinga þeirra felst í reglubundnu og nauðsynlegu eftirliti án milligöngu annarra lækna. Reglugerðin er hamlandi fyrir þessi samskipti.

1347. Breytingartillaga [503. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 9. gr.

a. Á eftir orðunum „Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er“ í 2. efnismgr. komi: í samstarfi við lögreglu.

b. 4. efnismgr. orðist svo:

Ökumanni farmflutninga- eða hópbifreiðar er skylt að stöðva ökutæki þegar stöðvunarmerki er gefið, sbr. 2. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður Vegagerðarinnar í samstarfi við lögreglu skoði stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og veita skal aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti.

1348. Þingsályktun [297. mál]

um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 318.

1349. Þingsályktun [298. mál]

um átak í rannsóknum á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 319.

1350. Þingsályktun [299. mál]

um eflingu samstarfs vestnorrænna landa í orkumálum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 320.

1351. Þingsályktun [541. mál]

um að styðja stofnun og fjármögnun vestnorrænna rithöfundanámskeiða.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 788.

1352. Þingsályktun [542. mál]

um samstarf til að styrkja rannsóknir á hvalastofnum í Norður-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 789.

1353. Þingsályktun [543. mál]

um samstarf Vestur-Norðurlanda í alþjóðlegri baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 790.

1354. Þingsályktun [685. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1002.

1355. Þingsályktun [686. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1003.

1356. Þingsályktun [687. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2005, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1004.

1357. Þingsályktun [671. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Suður-Kóreu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 981.

1358. Þingsályktun [662. mál]

um staðfestingu samnings milli Ríkjasambandsins Sviss, lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í Sviss, á Íslandi eða í Noregi.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 970.

1359. Þingsályktun [609. mál]

um staðfestingu Norðurlandasamnings um almannaskráningu.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 893.

1360. Þingsályktun [610. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2006.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 894.

1361. Frumvarp til laga [622. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

I. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Heiti, hlutverk, stjórn, aðild, iðgjöld og innheimta,** orðast svo:

a. (1. gr.)

Heiti og hlutverk.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérákvæðum í lögum þessum og samþykktum fyrir sjóðinn.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykkta sjóðsins.

b. (2. gr.)

Stjórn.

Fjármálaráðherra skipar stjórn lífeyrissjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnar-

innar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

c. (3. gr.)

Sjóðsaðild.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri. Bóndi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri.

Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal sjóðstjórn veita honum aðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess skriflega. Iðgjald bónda skv. 2. mgr. 4. gr. skal þá skiptast milli hans og maka hans eða sambúðaraðila í þeim hlutföllum sem hann hefur óskað eftir skriflega og skal hlutur makans ganga til myndunar sjálfstæðra lífeyrisréttinda hans.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum sem stunda búrekstur utan lögbýla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða iðgjald, sem launþegi, af öðrum atvinnutekjum en búrekstri ef þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

d. (4. gr.)

Iðgjaldsstofn, iðgjald og réttindi.

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. og 4. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 6% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 3. og 5. mgr. 3. gr. skal að lágmarki vera 10% af heildarlaunum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjald skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal hvert almanaksár umreiknað til lífeyrisréttinda með jafnri og/eða aldurstengdri réttindaávinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

e. (5. gr.)

Innheimta.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. 4. gr. skal fara fram mánaðarlega. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. málsl. 3. mgr. þessarar greinar. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. 4. gr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Leiði eftirlit ríkisskattstjóra skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, í ljós að iðgjald bónda hefur verið vangreitt eða ofgreitt skal sjóðstjórn innheimta vangreidd iðgjöld eða úrskurða um bakfærslu og endurgreiðslu ofgreiddra iðgjalda. Iðgjald sem flutt hefur verið í annan lífeyrissjóð, lán verið veitt út á eða lífeyrir verið úrskurðaður og greiddur út á skal hvorki endurgreitt né réttindi sem af því leiðir bakfærð. Sjóðfélagi getur enn fremur óskað eftir því að iðgjaldsstofn hans sé reiknað endurgjald í staðgreiðslu sé það hærra en reiknuð laun hans, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 4. gr., samkvæmt álagningu að liðnu tekjuári. Vextir skulu reiknaðir á endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Um innheimtu iðgjalda og framlaga fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og nánari ákvæðum í samþykktum fyrir sjóðinn.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtuþóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

f. (6. gr.)

Sérákvæði.

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í samþykktum til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum réttindum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt.

g. (7. gr.)

Samþykktir.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk ákvæða um iðgjald, mótframlag og lífeyrisréttindi í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Komi til breytinga á samþykktum sjóðsins skal fjármálaráðherra stað-

festa þær að nýju að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

2. gr.

II. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda,** orðast svo:

a. (8. gr.)

Réttindatími.

Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 9. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. með áframhaldandi réttindaávinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 9. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Óvígð sambúð eða staðfest samvist veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954 reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögbýli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbýlis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða býlum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbýla.

b. (9. gr.)

Lífeyrir.

Fjárhæð elli- og makalífeyris sem veittur er skv. 8. gr. miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 8. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 10. gr. og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341% að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt fyrir hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 8. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir samkvæmt samþykktum fyrir Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri samkvæmt samþykktum en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir sem hann ella hefði átt rétt á dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur ¼ af grundvallarlaunum eða meira á almanaksári, og skal þá skerða lífeyrinn um 1/12 fyrir hvern 1/12 hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en ¾ skal hann felldur niður með öllu.

c. (10. gr.)

Grundvallarlaun og greiðslutilhögun.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9. gr. eru 51.113 kr. í janúar 1998. Fjárhæðin breytist mánaðarlega eða að lágmarki 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 8. og 9. gr. skulu borin af ríkissjóði.

d. (11. gr.)

Umsókn og tilkynningarskylda.

Þeir bændur, eða eftirlifandi makar, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 9. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn lífeyrissjóðsins úrskurðar um lífeyri skv. 9. gr.

Þeim er nýtur lífeyris skv. 9. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

3. gr.

III. kafli laganna, **Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda,** 15.–18. gr., fellur brott.

4. gr.

19.–22. gr. laganna falla brott og 23. gr. laganna verður 12. gr.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1362. Frumvarp til laga [623. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Skráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum, svo og samlagshlutafélögum, enda sé þess óskað við skráningu að samlagshlutafélagið sé sjálfstæður skattaðili. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað samlagshlutafélag er sé sjálfstæður skattaðili.
b. Á eftir „5.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: og 6.
c. Á eftir orðinu „samlagsfélags“ í 3. mgr. kemur: samlagshlutafélags.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

6. Lífeyrissjóðir sem starfa skv. III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3. gr.

Í stað „og 6. tölul.“ í 1. málsl. 4. mgr. 71. gr. laganna kemur: 6. og 7. tölul.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1363. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna kemur ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tilsetts frests úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 70. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

3. gr.

Á eftir 79. gr. laganna kemur ný grein, 79. gr. a, sem orðast svo:

Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum m.a. í formi:

1. Afhendingar hluta.
2. Árangurstengdra greiðslna.
3. Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
4. Lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum.
5. Lífeyrissamninga.
6. Starfslokasamninga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. 3. tölul. 1. mgr. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta starfs-

kjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykktrar starfskjarastefnu.

Ef félagsstjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

4. gr.

Á eftir 80. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 80. gr. a og 80. gr. b, sem orðast svo:

a. (80. gr. a.)

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félags getur félagsstjórn ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Félögum, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, er þó skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Í ákvörðuninni skal koma fram hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í hluthafafundinum. Ákvörðunina skal taka upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Félagsstjórn ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til nota á hluthafafundum sem haldnir eru rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

Skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa auk niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengjast hluthafafundinum, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Ákvörðun hluthafafundar skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um hluthafafundi eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi.

b. (80. gr. b.)

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl, rituð á pappír. Unnt er að nota rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa þess þrátt fyrir formkröfur sem gerðar hafa verið í ákvörðunum varðandi viðkomandi skjöl og tilkynningar.

Í ákvörðun á grundvelli 1. mgr. skal koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skal koma

fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar.

Ákvörðun hluthafafundar á grundvelli 1. og 2. mgr. skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 93. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Þótt hluthafafundur hafi ekki tekið ákvörðun um að taka upp rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa á grundvelli 1. mgr. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það.

Þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði geta rafrænar tilkynningar á grundvelli 1. mgr. ekki komið í stað þess.

5. gr.

Á eftir b-lið 2. mgr. 84. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo: Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 79. gr. a, varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna.

6. gr.

Við 87. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 80. gr. a getur ráðherra ákveðið að halda skuli hluthafafund, sem ráðherra boðar til skv. 2. mgr., á hefðbundinn hátt.

7. gr.

Í stað orðanna „eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 79. gr. a, sé um aðalfund að ræða.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 80. gr. a og 3. mgr. 80. gr. b, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykkta að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

9. gr.

Í stað „¼“ í 2. málsl. 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: $\frac{1}{10}$.

10. gr.

2. málsl. 1. mgr. 123. gr. laganna orðast svo: Einnig skal samtímis senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr., sbr. 124. gr.

11. gr.

4. mgr. 124. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 122. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar

samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka skv. 1. málsl. telst samrunaáætlunin fallin.

12. gr.

Í stað „⅕“ í 1. málsl. 2. mgr. 135. gr. laganna kemur: 1/10.

13. gr.

Við 153. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

3. Að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði.
4. Að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti.

14. gr.

Á eftir 159. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þar sem lög þessi mæla fyrir um eða gera ráð fyrir að skjal sé undirritað verður skilyrði þetta uppfyllt með notkun rafrænnar undirskriftar.

15. gr.

Lög þessi byggjast að hluta til á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/913/EB frá 14. desember 2004 um að stuðla að viðeigandi fyrirkomulagi að því er varðar starfskjör stjórnenda í markaðsskráðum félögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2006.

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 80. gr. a laganna um skyldu hlutafélaga, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt skulu þó koma til framkvæmdar í síðasta lagi 1. júlí 2007.

1364. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 46. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Unnt er að halda stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um stjórnarfundi og notkun rafrænna skjala eftir því sem við á um rafræna stjórnarfundi og samskipti í tengslum við þá.

2. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, 54. gr. a, sem orðast svo:

Félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal samþykkja starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félags varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum, m.a. í formi:

a. afhendingar hluta;
b. árangurstengdra greiðslna;
c. hluta, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutum í félaginu eða þróun verðs á hlutum í félaginu;
d. lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum;
e. lífeyrissamninga;
f. starfslokasamninga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. c-lið 1. mgr. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi. Félagsstjórnin skal birta starfskjarastefnuna í tengslum við aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd samþykktrar starfskjarastefnu.

Ef félagsstjórn víkur frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar.

3. gr.

Á eftir 55. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 55. gr. a og 55. gr. b, sem orðast svo:

a. (55. gr. a.)

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum félags getur félagsstjórn ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Í ákvörðuninni skal koma fram hvernig nota á rafræna miðla í tengslum við þátttöku í hluthafafundinum. Ákvörðunina skal taka upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Félagsstjórn ákveður hvaða kröfur skuli gerðar til tæknibúnaðar til nota á hluthafafundum sem haldnir eru rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Í fundarboði til hluthafafundar skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geta nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í hluthafafundi.

Skilyrði þess að haldinn verði rafrænn hluthafafundur er að félagsstjórn sjái til þess að fundurinn geti farið fram á öruggan hátt. Skulu þau tæki, sem notuð eru, vera þannig gerð að

tryggt sé að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar, þ.m.t. réttur hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Tæknibúnaðurinn skal jafnframt gera það kleift að staðfesta með öruggum hætti hvaða hluthafar sækja fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hafa auk niðurstöðu atkvæðagreiðslna.

Hluthafafundur getur ákveðið að hluthafar, sem taka þátt í rafrænum hluthafafundi, skuli leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl., sem tengjast hluthafafundinum, innan frests sem ákveðinn skal í samþykktum. Ákvörðun hluthafafundar skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um hluthafafundi eftir því sem við á um rafræna hluthafafundi.

b. (55. gr. b.)

Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Unnt er að nota rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa þess þrátt fyrir formkröfur sem gerðar hafa verið í ákvörðunum varðandi viðkomandi skjöl og tilkynningar.

Í ákvörðun á grundvelli 1. mgr. skal koma fram til hvaða tilkynninga og samskipta ákvörðunin nær og hvernig heimilt eða skylt er að nota rafræn samskipti. Einnig skal koma fram í ákvörðuninni hvar hluthafar geta fundið upplýsingar um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til tæknibúnaðar.

Ákvörðun hluthafafundar á grundvelli 1. og 2. mgr. skal tekin upp í samþykktir félagsins. Ákvæði 68. gr. gilda um ákvörðunina og breytingar á henni.

Þótt hluthafafundur hafi ekki tekið ákvörðun um að taka upp rafræn samskipti milli félagsins og hluthafa á grundvelli 1. mgr. er heimilt að nota rafræn samskipti á milli félagsins og þeirra hluthafa sem samið hafa um það.

Þar sem lög kveða á um að tilkynningar félagsins, m.a. til hluthafa, skuli vera með opinberri innköllun eða tilkynningu í Lögbirtingablaði geta rafrænar tilkynningar á grundvelli 1. mgr. ekki komið í stað þess.

4. gr.

Í stað b-liðar 2. mgr. 59. gr. laganna koma tveir stafliðir er orðast svo:

b. hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu;
c. tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 54. gr. a, varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna.

5. gr.

Við 62. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 55. gr. a getur ráðherra ákveðið að halda skuli hluthafafund, sem ráðherra boðar til skv. 2. mgr., á hefðbundinn hátt.

6. gr.

Í stað orðanna „eða skoðunarmanna sé um aðalfund að ræða“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu í félögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda, sbr. 54. gr. a, sé um aðalfund að ræða.

7. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Í þeim tilvikum, sem fjallað er um í 2. mgr. 55. gr. a og 3. mgr. 55. gr. b, er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykkta að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutafjárins, greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

8. gr.

Í stað „¼“ í 2. málsl. 1. mgr. 72. gr. laganna kemur: ⅒.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 98. gr. laganna orðast svo: Einnig skal samtímis senda hlutafélagaskrá yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr., sbr. 99. gr.

10. gr.

4. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hluthafafund má í fyrsta lagi halda mánuði eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 98. gr. og yfirlýsingu endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 4. mgr. 97. gr. og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Sé samruninn ekki samþykktur á grundvelli slíkrar samrunaáætlunar eða fundurinn ekki haldinn innan tímamarka skv. 1. málsl. telst samrunaáætlunin fallin.

11. gr.

Í stað „⅕“ í 1. málsl. 2. mgr. 109. gr. laganna kemur: ⅒.

12. gr.

Við 127. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir er orðast svo:

3. að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að vera viðstaddur eða taka þátt í rafrænum stjórnarfundi eða rafrænum hluthafafundi, þ.m.t. greiða atkvæði;
4. að afhenda án heimildar eða nota aðgangsorð eða annað sambærilegt til að lesa, breyta eða senda rafræn skilaboð o.fl. sem fellur undir ákvæði laganna um rafræn samskipti.

13. gr.

Á eftir 135. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Þar sem lög þessi mæla fyrir um eða gera ráð fyrir að skjal sé undirritað verður skilyrði þetta uppfyllt með notkun rafrænnar undirskriftar.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2006.

1365. Frumvarp til laga [594. mál]

um evrópsk samvinnufélög.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1435/2003 frá 22. júlí 2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE), skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

Í samræmi við reglugerð um evrópsk samvinnufélög eru í lögum þessum sett nánari ákvæði um þau félög. Ná þau ákvæði aðeins til evrópskra samvinnufélaga sem skráð eru á Íslandi nema annað sé tekið fram.

2. gr.
Bókhald og ársreikningar.

Um evrópskt samvinnufélag, sem skráð er hér á landi, gilda lög um bókhald og lög um ársreikninga sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög. Evrópskt samvinnufélag getur fengið heimild ársreikningaskrár, sem ríkisskattstjóri starfrækir, til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga um bókhald og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við lög um ársreikninga.

Flytji evrópskt samvinnufélag skráða skrifstofu sína til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja skal stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins gera sérstakan rekstrarreikning fyrir tímabilið frá lokum síðasta ársreiknings til þess dags er flutningur skráðrar skrifstofu hefur öðlast gildi skv. 10. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Taki samvinnufélag þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna skv. 19. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög og evrópska samvinnufélagið verður með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skal stjórn samvinnufélagsins gera sérstakan ársreikning frá lokum síðasta ársreiknings til þess dags er evrópska samvinnufélagið er skráð skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Ársreikningurinn skal afhentur samvinnufélagaskrá innan mánaðar frá lokum þess tímabils sem reikningurinn tekur til.

Stundi evrópskt samvinnufélag, með skráða skrifstofu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, starfsemi hér á landi í formi útibús skal bókhald og ársreikningur útibúsins vera í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga. Heimild 2. málsl. 1. mgr. gildir einnig um þessi útibú.

3. gr.
Heiti.

Evrópsku samvinnufélagi er skylt að hafa skammstöfunina SCE í heiti sínu. Auk þess er félagi heimilt að hafa orðin „evrópskt samvinnufélag“ í heitinu, svo og að nota skammstöfunina SCE/esvf. Heitið skal greina glöggt frá heiti annarra samvinnufélaga sem skráð hafa verið í samvinnufélagaskrá, sbr. 9. gr.

4. gr.
Aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum gilda samnefnd lög.

II. KAFLI
Stofnun evrópsks samvinnufélags.

5. gr.
Þátttaka í stofnun evrópsks samvinnufélags.

Samvinnufélagi eða félagi í samsvarandi lagalegu formi, sem hefur aðalskrifstofu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, er heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags ef félagið:

1. er stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja;
2. hefur skráða skrifstofu í ríki skv. 1. tölul. og
3. hefur raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við stofnun evrópsks samvinnufélags með öðrum hætti en samruna eða breytingu skulu ákvæði 1. mgr. um samvinnufélag eða félag í samsvarandi lagalegu formi einnig gilda um þá lögaðila sem kveðið er á um í 34. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.
Þátttaka fjármálafyrirtækja í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með er ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum með samruna ef Fjármálaeftirlitið leggst gegn því að lokinni athugun vegna hættu á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfi eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti, enda leggist stofnunin gegn því fyrir útgáfu vottorðs skv. 7. gr. þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Fyrirtækið skal leggja inn umsókn um athugun Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. Mæli eitthvað gegn því að athugunin fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirtækinu kost á að tjá sig eða bæta úr annmörkum innan tiltekins frests. Geri fyrirtækið það ekki skal vísa umsókn þess frá. Fjármálaeftirlitið skal taka ákvörðun innan mánaðar frá móttöku umsóknar eða lokum frests.

Samvinnufélagaskrá skal hafna umsókn um leyfi til að hrinda í framkvæmd samrunaáætlun sem gerir ráð fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna hafi athugun Fjármálaeftirlitsins ekki farið fram, sbr. 2. mgr., eða stofnunin lagst gegn samruna á grundvelli slíkrar athugunar.

7. gr.

Útgáfa vottorðs við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

Samvinnufélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna þegar skráin hefur gefið samvinnufélagi leyfi til að hrinda í framkvæmd annaðhvort lögmætri ákvörðun félagsfundar eða ákvörðun stjórnar um að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna skv. X. kafla laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, eða XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eftir því sem við á.

8. gr.

Réttur til úrsagnar úr yfirtökufélagi.

Hafi félagsmaður í félagi lagst gegn stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna getur hann sagt sig úr yfirtökufélaginu leiði samruninn til þess að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði utan Íslands. Skal úrsögn fara fram innan þeirra tímamarka og með þeim skilyrðum sem getið er í 5. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

III. KAFLI
Skráning evrópskra samvinnufélaga o.fl.

9. gr.

Skráningaryfirvald.

Samvinnufélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skráir evrópsk samvinnufélög. Um skráningu félaganna hjá samvinnufélagaskrá gilda ákvæði laga um samvinnufélög og eftir atvikum önnur lagaákvæði, m.a. um gjaldmiðil stofnfjár, sbr. 3. gr. og 1. mgr. 77. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög. Um evrópsk samvinnufélög, sem stunda starfsemi á sviði fjármagnsmarkaðar, gilda ákvæði laga á því sviði og eftir atvikum önnur lagaákvæði við skráningu félaganna.

Um gjald fyrir skráningu evrópskra samvinnufélaga fer eftir þeim ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs er varða samvinnufélög. Um aukatilkynningar o.fl. fer eftir ákvæðum sömu laga. Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um skráningu evrópskra samvinnufélaga, önnur en almennt gilda um samvinnufélög, þ.m.t. um skipulag skráningarinnar, rekstur skrár, aðgang að skrá og gjaldtöku, m.a. fyrir úgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráin hefur á tölvutæku formi. Skráin innheimtir gjöld vegna birtingar í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi, svo og gjöld vegna birtingar upplýsinga um skráningu og afskráningu evrópskra samvinnufélaga í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, sbr. 13. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

10. gr.

Birting tillagna að ýmsum ákvörðunum.

Framkvæmdastjórn í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættri stjórn eða stjórn í evrópsku samvinnufélagi með einþættri stjórn skal afhenda samvinnufélagaskrá tillögur að ákvörðunum eða upplýsingar skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, um flutning skráðrar skrifstofu, skv. 3. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar um breytingu starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag og skv. 3. mgr. 76. gr. reglugerðarinnar um breytingu evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag í því ríki þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Upplýsingar um skráningu skal án dráttar láta birta á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði. Sé tillaga ekki birt í heild skal greina frá því í tilkynningu hvar hana megi nálgast.

IV. KAFLI
Flutningur skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags.

11. gr.
Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggjast gegn flutningi.

Evrópsku samvinnufélagi, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, er ekki heimilt að flytja skráða skrifstofu frá Íslandi til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja leggist stofnunin gegn flutningnum innan tveggja mánaða frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, sbr. 6. mgr. sömu greinar.

Í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögunnar skal evrópskt samvinnufélag, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, leggja inn umsókn um athugun á því hvort stofnunin leggst gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 1. mgr. Berist umsókn ekki innan frestsins skal henni vísað frá. Fjármálaeftirlitið getur lagst gegn flutningnum sé hætta á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfi eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti.

Mæli eitthvað gegn því að athugun skv. 2. mgr. fari fram skal Fjármálaeftirlitið gefa félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri félagið það ekki skal vísa umsókn þess frá.

12. gr.
Upplýsingar til kröfuhafa um flutning.

Samþykki félagsfundur evrópsks samvinnufélags að flytja skráða skrifstofu félagsins til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja, sbr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, skal félagið tilkynna þekktum kröfuhöfum félagsins ákvörðunina skriflega.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skulu vera upplýsingar um rétt kröfuhafa félagsins á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög til að skoða flutningstillöguna auk skýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Í tilkynningunni skulu enn fremur vera upplýsingar um rétt kröfuhafa skv. 14. gr. laga þessara til að leggjast gegn flutningnum.

13. gr.
Umsókn um flutningsleyfi.

Evrópskt samvinnufélag skal sækja um leyfi hjá samvinnufélagaskrá til flutnings skráðrar skrifstofu skv. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Leggja skal inn umsókn innan mánaðar frá ákvörðun félagsfundar um flutning.

Umsókn skal fylgja:

1. eitt afrit fundargerðar frá félagsfundi þar sem ákvörðun um flutning var tekin;
2. eitt afrit flutningstillögu;
3. eitt afrit skýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög;
4. vottorð frá framkvæmdastjórn evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi, stjórn evrópsks samvinnufélags með einþættu stjórnkerfi eða framkvæmdastjóra evrópsks samvinnufélags um að þekktum kröfuhöfum félagsins hafi verið veittar upplýsingar skv. 12. gr. og
5. staðfesting frá Fjármálaeftirlitinu varðandi fyrirtæki skv. 11. gr. þess efnis að stofnunin hafi athugað umsókn samkvæmt þeirri grein og ekki lagst gegn flutningi.

Hafi evrópskt samvinnufélag látið undir höfuð leggjast að láta skjöl skv. 2. mgr. fylgja umsókn eða annað tálmar athugun á umsókn skal samvinnufélagaskrá gefa félaginu kost á að tjá sig innan tiltekins frests eða bæta úr annmörkum. Geri félagið það ekki skal samvinnufélagaskrá vísa umsókn þess frá.

Hafi dómstóll staðfest ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 11. gr. um að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 28. gr., skal samvinnufélagaskrá vísa umsókninni frá.

14. gr.

Meðferð flutningsmáls hjá samvinnufélagaskrá.

Hafi samvinnufélagaskrá tekið umsókn um flutningsleyfi skv. 13. gr. til athugunar skal hún gefa út áskorun til kröfuhafa evrópsks samvinnufélags og birta hana í Lögbirtingablaði.

Í áskorun skv. 1. mgr. skal kveða á um að þeir kröfuhafar sem leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu skuli í síðasta lagi tveimur vikum eftir birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði tilkynna það skriflega.

15. gr.

Leggist kröfuhafi, sem fengið hefur áskorun skv. 14. gr., gegn því innan tiltekins frests að evrópskt samvinnufélag flytji skráða skrifstofu skal samvinnufélagaskrá senda erindið héraðsdómi í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Hafi enginn kröfuhafi lagst gegn flutningnum skal samvinnufélagaskrá veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

16. gr.

Meðferð flutningsmáls fyrir héraðsdómi.

Hafi erindi um flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja verið sent héraðsdómi skal dómurinn veita félaginu flutningsleyfi sýni það fram á að þeir kröfuhafar sem lagst hafa gegn flutningnum hafi fengið fulla greiðslu á kröfum sínum eða fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra krafna sem orðið hafa til innan frestsins sem tilgreindur er í 2. mgr. 14. gr. Að öðrum kosti skal dómurinn hafna umsókn félagsins.

Héraðsdómur skal að eigin frumkvæði upplýsa samvinnufélagaskrá um niðurstöðu flutningsmáls fyrir dóminum.

17. gr.

Útgáfa vottorðs vegna flutnings.

Samvinnufélagaskrá skal gefa út vottorð skv. 8. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög varðandi lok gerninga og formsatriða fyrir flutningi þegar:

1. skráin hefur veitt flutningsleyfi skv. 15. gr. eða
2. héraðsdómur hefur veitt flutningsleyfi skv. 16. gr.

Samvinnufélagaskráin skal þó ekki gefa út vottorð í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 15. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

V. KAFLI

Skipulag evrópskra samvinnufélaga.

18. gr.

Evrópsk samvinnufélög með tvíþættu stjórnkerfi.

Um evrópsk samvinnufélög með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög skulu ákvæði um stjórn eða stjórnarmenn í lögum um samvinnufélög, og eftir atvikum í öðrum lögum, einnig gilda um framkvæmdastjórn eða framkvæmdastjórnarmenn þessara evrópsku samvinnufélaga, svo og eftirlitsstjórn eða eftirlitsstjórnarmenn eftir því sem við á.
2. Auk skyldna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skal eftirlitsstjórn gefa aðalfundi skýrslu með upplýsingum um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.

Í 23. gr. laga þessara er að finna nánari ákvæði um störf eftirlitsstjórnar.

19. gr.

Sé eftirlitsstjórnarmaður valinn til setu í framkvæmdastjórn skv. 3. mgr. 37. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skal valið eigi vera til lengri tíma en þriggja mánaða.

20. gr.

Evrópsk samvinnufélög með einþættu stjórnkerfi.

Sé eigi kveðið á um annað í reglugerð um evrópsk samvinnufélög skulu ákvæði um stjórn eða stjórnarmenn í lögum um samvinnufélög, og eftir atvikum öðrum lögum, einnig gilda um stjórn eða stjórnarmenn evrópskra samvinnufélaga með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðarinnar.

21. gr.

Fjöldi manna í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga.

Sé evrópskt samvinnufélag með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu minnst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn og minnst þrír menn í eftirlitsstjórn.

Sé evrópskt samvinnufélag með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu minnst þrír menn sitja í stjórn félagsins.

22. gr.

Framkvæmdastjóri evrópsks samvinnufélags.

Evrópskt samvinnufélag skal hafa framkvæmdastjóra.

Sé stjórnkerfi félagsins tvíþætt, sbr. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, skal framkvæmdastjórn ráða framkvæmdastjóra. Í því tilviki getur framkvæmdastjórinn ekki átt sæti í eftirlitsstjórn. Sé stjórnkerfi félagsins einþætt, sbr. 42.–44. gr. reglugerðarinnar, skal stjórn ráða framkvæmdastjóra.

Nánar er kveðið á um framkvæmdastjóra og verksvið hans í lögum um samvinnufélög.

23. gr.

Eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með tvíþættu stjórnkerfi.

Í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi skv. 37.–41. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skulu bæði eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra. Ákvæði 39.–40. gr. reglugerðarinnar um eftirlit eftirlitsstjórnar með störfum framkvæmdastjórnar og rétt til upplýsinga gilda einnig um eftirlit eftirlitsstjórnar og framkvæmdastjórnar með störfum framkvæmdastjórans.

Sérhver eftirlitsstjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum framkvæmdastjórnar skv. 3. mgr. 40. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, svo og eftirlit með framkvæmdastjóra

skv. 1. mgr. Sérhver framkvæmdastjórnarmaður á rétt á að fá frá framkvæmdastjóra nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft eftirlit með störfum hans.

Endurskoðandi félags skal tilkynna eftirlitsstjórn um athugasemdir sem hann hefur komið á framfæri við framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra.

24. gr.

Eftirlit í evrópskum samvinnufélögum með einþættu stjórnkerfi.

Ákvæði 23. gr. um eftirlit framkvæmdastjórnar í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi með störfum framkvæmdastjóra og rétt hennar til að fá upplýsingar frá honum gilda um eftirlit stjórnar með framkvæmdastjóra í evrópsku samvinnufélagi með einþættu stjórnkerfi skv. 42.–44. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

25. gr.

Tillöguréttur félagsmanna.

Hver félagsmaður á rétt á að fá mál tekið til meðferðar á félagsfundi ef hann gerir um það skriflega kröfu með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Krafa skv. 1. mgr. skal send til framkvæmdastjórnar evrópsks samvinnufélags með tvíþættu stjórnkerfi eða stjórnar evrópsks samvinnufélags með einþættu stjórnkerfi.

26. gr.

Stjórnvald boðar til félagsfundar.

Sé eigi boðað til félagsfundar í evrópsku samvinnufélagi samkvæmt reglugerð um evrópsk samvinnufélög, félagssamþykktum eða ákvörðun félagsfundar skal viðkomandi stjórnvald boða til félagsfundar skv. 19. gr. laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, hafi krafa þar að lútandi borist frá framkvæmdastjórnarmanni eða eftirlitsstjórnarmanni í evrópsku samvinnufélagi með tvíþættu stjórnkerfi, stjórnarmanni í evrópsku samvinnufélagi með einþættu stjórnkerfi, framkvæmdastjóra, endurskoðanda, skoðunarmanni eða félagsmanni.

27. gr.

Ráðstafanir gagnvart evrópsku samvinnufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum.

Fullnægi evrópskt samvinnufélag ekki skyldum sínum skv. 6. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög um að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa félagsins séu í sama ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamnings Evrópu eða í Færeyjum skal samvinnufélagaskrá staðfesta það með sérstakri ákvörðun. Skráin skal síðan gefa félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests. Í fyrirmælunum skal felast viðvörun um að krafist verði skipta á félaginu bæti það eigi úr annmarkanum.

Fari evrópskt samvinnufélag ekki að fyrirmælum skv. 1. mgr. skal ráðherra gera kröfu um að félagið verði tekið til skipta skv. 62. gr. a laga nr. 22/1991, um samvinnufélög.

28. gr.

Málskot.

Ákvörðun samvinnufélagaskrár varðandi skráningu evrópsks samvinnufélags er heimilt að leggja fyrir héraðsdóm innan tveggja mánaða frá ákvörðunardegi. Sama gildir um ákvörðun skrárinnar um að vísa frá umsókn félags um flutningsleyfi, sbr. 13. gr.

Ákvörðun samvinnufélagaskrár skv. 1. mgr. 27. gr. um staðsetningu skrifstofu evrópsks samvinnufélags má leggja fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá þeim degi er félagið fékk vitneskju um ákvörðunina. Leggja má ákvörðun stjórnvalds skv. 2. mgr. 27. gr. fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá ákvörðunardegi.

Leggja má ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins skv. 6. gr. varðandi samruna og 11. gr. varðandi flutning fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá því að félagið fékk vitneskju um ákvörðunina.

29. gr.

Viðurlög.

Ákvæði XIV. kafla laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, varðandi refsingar o.fl. gilda m.a. um stjórnendur evrópskra samvinnufélaga sem skráð eru hér á landi.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 18. ágúst 2006.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1435/2003

frá 22. júlí 2003

um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópuþingið samþykkti 13. apríl 1983 ályktun um samvinnufélög í Evrópubandalaginu ([4]), 9. júlí 1987 ályktun um framlag samvinnufélaga til byggðaþróunar ([5]), 26. maí 1989 ályktun um hlutverk kvenna í samvinnufélögum og staðbundnum framtaksverkefnum í atvinnumálum ([6]), 11. febrúar 1994 um framlag samvinnufélaga til byggðaþróunar ([7]) og 18. september 1998 um hlutverk samvinnufélaga í aukinni atvinnuþátttöku kvenna ([8]).

2) Tilkoma innri markaðarins og þær efnahagslegu og félagslegu framfarir sem hann hefur í för með sér í gervöllu Bandalaginu leiðir ekki einungis til þess að ryðja þarf viðskiptahindrunum úr vegi, heldur einnig að laga verður skipulag framleiðslu að aðstæðum í Bandalaginu almennt. Þess vegna skiptir það miklu máli að félög, hvers konar, þar sem starfsemin takmarkast ekki við að sinna þörfum á hverjum stað, geti gert áætlanir og endurskipulagt starfsemi sína á Bandalagsvísu.

([1]) Stjtíð. EB C 99, 21.4.1992, bls. 17 og Stjtíð. EB C 236, 31.8.1993, bls. 17.
([2]) Stjtíð. EB C 42, 15.2.1993, bls. 75 og álit sem var skilað 14. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
([3]) Stjtíð. EB C 223, 31.8.1992, bls. 42.
([4]) Stjtíð. EB C 128, 16.5.1983, bls. 51.
([5]) Stjtíð. EB C 246, 14.9.1987, bls. 94.
([6]) Stjtíð. EB C 158, 26.6.1989, bls. 380.
([7]) Stjtíð. EB C 61, 28.2.1994, bls. 231.
([8]) Stjtíð. EB C 313, 12.10.1998, bls. 234.

3) Lagarammi viðskipta í Bandalaginu byggist enn að miklum hluta á innlendum lögum og samsvarar því ekki þeim efnahagsramma sem þarf að vera um þróun viðskipta ef markmiðin, sem sett eru fram í 18. gr. sáttmálans, eiga að nást. Slíkt ástand er veruleg hindrun í vegi fyrir því að myndaðir séu hópar félaga frá mismunandi aðildarríkjum.

4) Ráðið hefur samþykkt reglugerð (EB) nr. 2157/2001 ([9]) þar sem rekstrarform Evrópufélaga (SE) að lögum er ákveðið í samræmi við meginreglur um hlutafélög. Sú reglugerð er þó ekki sniðin að séreinkennum samvinnufélaga.

5) Þótt evrópsk, fjárhagsleg hagsmunafélög (EEIG), sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2137/85 ([10]), veiti fyrirtækjum möguleika á því að styðja sameiginlega við tiltekinn hluta af starfseminni, en varðveita um leið sjálfstæði sitt, uppfylla þau ekki þau sérstöku skilyrði sem gilda um samvinnufélög.

6) Evrópubandalaginu er mikið í mun að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og stuðla að efnahagsþróun í Bandalaginu sjálfu og skal það sjá til þess að viðeigandi löggerningar séu til fyrir samvinnufélög, sem eru almennt viðurkennt félagsform í öllum aðildarríkjunum, sem auðvelda þeim að þróa starfsemi sína yfir landamæri. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt ríkisstjórnir allra ríkja til að tryggja hagstætt umhverfi þar sem samvinnufélög geta starfað á sama grundvelli og fyrirtæki með öðru rekstrarformi ([11]).

7) Samvinnufélög eru fyrst og fremst hópar aðila eða lögaðila sem starfa eftir sérstökum rekstrarreglum sem eru frábrugðnar reglum annarra aðila atvinnulífsins. Þar á meðal eru meginreglur um lýðræðislegt skipulag og stjórn og réttláta úthlutun á hreinum hagnaði á fjárhagsárinu.

8) Þessar sérstöku meginreglur byggjast einkum á því að megináhersla er lögð á einstaklinginn og endurspeglast það í sérstökum reglum um félagsaðild, úrsögn og brottvísun þar sem mælt er fyrir um regluna um „eitt atkvæði á mann“ og að atkvæðisréttur sé bundinn við einstaklinginn, sem hefur þau áhrif að félagsaðilar hafa engan rétt yfir eignum samvinnufélagsins.

9) Stofnfé samvinnufélaga er í formi hluta og félagsaðilar geta verið hvort heldur sem er einstaklingar eða fyrirtæki. Þessir félagsaðilar geta verið, að öllu leyti eða að hluta til, viðskiptamenn, starfsmenn eða birgjar. Þegar félagsaðilar, sem eru sjálfir fyrirtæki í formi samvinnufélags, stofna samvinnufélag telst það vera „afleitt“ eða „annars stigs“ samvinnufélag. Í sumum tilvikum getur þó tiltekið hlutfall af félagsaðilum samvinnufélags verið fjárfestar, sem nýta sér ekki þjónustu þess, eða þriðju aðilar sem njóta góðs af starfsemi þess eða vinna fyrir það.

10) Evrópskt samvinnufélag skal hafa það að meginmarkmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna og/eða að þróa atvinnustarfsemi þeirra og/eða félagsstörf í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

— starfsemi félagsins skal rekin á grundvelli gagnkvæms ávinnings félagsaðila þannig að ávinningur hvers félagsaðila af starfsemi félagsins sé í samræmi við þátttöku hans,

— félagsaðilar í evrópska samvinnufélaginu skulu einnig vera viðskiptamenn, starfsmenn eða birgjar eða þeir sem koma að starfsemi þess með öðrum hætti,

— stjórn skal skiptast að jöfnu á milli félagsaðila en þó eru vegin atkvæði við atkvæðagreiðslu leyfileg til að endurspegla framlag félagsaðilanna til evrópska samvinnufélagsins,

— vextir af lánum og hlutafé skulu vera takmarkaðir,

— hagnaði skal úthlutað í hlutfalli við viðskipti við evrópska samvinnufélagið eða hann notaður til að mæta þörfum félagsaðila,

— engar tilbúnar takmarkanir skulu vera á félagsaðild,

— við félagsslit skal úthluta hreinni eign og varasjóðum samkvæmt meginreglunni um óvilhalla úthlutun, þ.e. til annars samvinnufélags sem hefur svipuð markmið eða með almannahagsmuni að leiðarljósi.

11) Eins og sakir standa er samvinna yfir landamæri á milli samvinnufélaga í Bandalaginu

([9]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 199, 31.7.1985, bls. 1.
([11]) Ályktun sem allsherjarþingið samþykkti á 88. allsherjarfundi Sameinuðu þjóðanna 19. desember 2001 (A/RES/56/114).

erfiðleikum bundin vegna lagalegra og stjórnsýslulegra vandkvæða sem ber að uppræta á markaði án landamæra.

12) Innleiðing á evrópsku rekstrarformi að lögum fyrir samvinnufélög, sem byggt er á sameiginlegum meginreglum en tekur tillit til séreinkenna þeirra, ætti að gera þeim kleift að starfa utan landamæra síns eigin lands á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins eða hluta þess.

13) Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum, eða lögaðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Það skapar einnig þann möguleika að koma á fót evrópsku samvinnufélagi með samruna tveggja samvinnufélaga, sem fyrir eru, eða með því að breyta innlendu samvinnufélagi yfir í nýja formið án þess að slíta því fyrst ef það samvinnufélag hefur skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í einu aðildarríki og staðfestu eða dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki.

14) Þar eð evrópsk samvinnufélög eru sérkennandi fyrir Bandalagið hafa ákvæði þessarar reglugerðar um raunverulegt aðsetur evrópskra samvinnufélaga hvorki áhrif á lög aðildarríkjanna né forgang fram yfir aðrar heimildir Bandalagsins um félagarétt sem hugsanlega þarf að velja um.

15) Þegar talað er um stofnfé í þessari reglugerð er eingöngu átt við skráð stofnfé. Það hefur ekki áhrif á óskiptar, sameiginlegar eignir eða hlutafé evrópska samvinnufélagsins.

16) Þessi reglugerð tekur ekki til laga á öðrum sviðum svo sem skattalaga, samkeppnislaga, hugverkaréttar eða gjaldþrotalaga. Ákvæði í lögum aðildarríkjanna og Bandalagsins gilda því á framangreindum sviðum og á öðrum sviðum sem þessi reglugerð tekur ekki til.

17) Í tilskipun 2003/72/EB ([12]) er mælt fyrir um reglur um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum og eru þau ákvæði óaðskiljanleg viðbót við þessa reglugerð og skal beita þeim samhliða henni.

18) Svo vel hefur miðað áleiðis við samræmingu innlends félagaréttar að á sumum sviðum, þar sem ekki er þörf á samræmdum Bandalagsreglum um starfsemi evrópsku samvinnufélaganna, er unnt að vísa til tiltekinna lagaákvæða á hliðstæðan hátt í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, sem hafa verið samþykkt til framkvæmdar eftirfarandi tilskipunum um félög, þar eð þessi ákvæði eru sniðin að því fyrirkomulagi sem gildir fyrir evrópsk samvinnufélög, einkum:

— fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([13]),

— fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([14]),

— sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([15]),

— áttundu tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna ([16]),

— elleftu tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til ([17]).

19) Sett hafa verið lög um starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, einkum að því er varðar lánastofnanir og vátryggingafélög, á grundvelli eftirfarandi tilskipana:

— tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ([18]),

— tilskipunar ráðsins 92/49/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmæl-

([12]) Stjtíð. EB L 207, 18.8.2003, bls. 25.

([13]) Stjtíð. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

([14]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

([15]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

([16]) Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

([17]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

([18]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

um varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([19]).

20) Samþykktir fyrir þetta félagsform skulu vera valkvæðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Form evrópska samvinnufélagsins

1. Heimilt er að stofna samvinnufélag á yfirráðasvæði Bandalagsins í formi evrópsks samvinnufélags með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Skráð stofnfé evrópsks samvinnufélags skal skiptast í eignarhluti.

Í evrópsku samvinnufélagi er félagatala óbundin og stofnfé ekki föst fjárhæð.

Enginn félagsaðili skal vera ábyrgur fyrir hærri fjárhæð en hann er skráður fyrir, nema kveðið sé á um annað í samþykktum evrópska samvinnufélagsins þegar það er stofnað. Ef félagsaðilar í evrópska samvinnufélaginu bera takmarkaða ábyrgð skal nafn félagsins enda á hf.

3. Evrópskt samvinnufélag skal hafa það að meginmarkmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna og/eða að þróa atvinnustarfsemi þeirra og/eða félagsstörf, einkum með gerð samninga við þá um að sjá félaginu fyrir vörum eða þjónustu eða vinna verk innan ramma þeirrar starfsemi sem samvinnufélagið stundar sjálft eða felur öðrum. Evrópskt samvinnufélag getur einnig haft það að markmiði að uppfylla þarfir félagsaðila sinna með því að stuðla að þátttöku þeirra, á þann hátt sem segir hér að framan, í atvinnustarfsemi innan eins eða fleiri evrópskra samvinnufélaga og/eða innlendra samvinnufélaga. Evrópskt samvinnufélag getur stundað starfsemi sína gegnum dótturfyrirtæki.

4. Evrópsku samvinnufélagi er óheimilt að láta aðra en þá, sem eiga félagsaðild, njóta góðs af starfsemi sinni eða leyfa þeim að taka þátt í viðskiptum sínum, nema kveðið sé á um annað í samþykktum félagsins.

5. Evrópskt samvinnufélag skal hafa réttarstöðu lögaðila.

6. Um aðild starfsmanna að evrópsku samvinnufélagi gilda ákvæði tilskipunar 2003/72/EB.

2. gr.

Stofnun

1. Stofna má evrópskt samvinnufélag á eftirfarandi hátt:

— af fimm eða fleiri einstaklingum sem eru búsettir í a.m.k. tveimur aðildarríkjum,

— af fimm eða fleiri einstaklingum, félögum og fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum sem heyra undir opinberan rétt eða einkamálarétt, hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa aðsetur í eða heyra undir lög a.m.k. tveggja mismunandi aðildarríkja,

— af félögum og fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans og öðrum lögaðilum sem heyra undir opinberan rétt eða einkamálarétt, hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og heyra undir lög a.m.k. tveggja mismunandi aðildarríkja,

— með samruna samvinnufélaga sem hafa verið stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis með skráðar skrifstofur og aðalskrifstofur innan Bandalagsins, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lög mismunandi aðildarríkja,

— með breytingu á samvinnufélagi sem stofnað hefur verið samkvæmt lögum aðildarríkis, er með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu innan Bandalagsins, hafi það í a.m.k. tvö ár haft þar staðfestu eða dótturfyrirtæki sem heyrir undir lög annars aðildarríkis.

2. Aðildarríki getur kveðið á um að lögaðila, sem hefur aðalskrifstofu utan Bandalagsins, skuli heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, að því tilskildu að lögaðilinn sé stofnaður samkvæmt lögum aðildarríkis, að hann hafi skráða skrifstofu í viðkomandi aðildarríki og hafi raunveruleg og stöðug tengsl við atvinnulíf aðildarríkis.

3. gr.

Lágmarksstofnfé

1. Stofnfé evrópsks samvinnufélags skal gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig gefið upp stofnfé sitt í evrum.

([19]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

2. Skráð stofnfé skal vera minnst 30 000 evrur.

3. Krefjist lög aðildarríkis þess að skráð stofnfé lögaðila, sem sinna tilteknum tegundum starfsemi, sé hærri fjárhæð skulu þau lög gilda um evrópsk samvinnufélög með skráðar skrifstofur í því aðildarríki.

4. Í samþykktunum skal mæla fyrir um lágmarksfjárhæð sem skráð stofnfé má ekki fara niður fyrir þegar hlutir félagsaðila, sem hætta aðild að evrópska samvinnufélaginu, eru endurgreiddir. Þessi fjárhæð má ekki vera lægri en sú sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Frestur til að endurgreiða þeim félagsaðilum, sem hætta aðild að evrópska samvinnufélaginu og eiga rétt á endurgreiðslu skv. 16. gr., skal framlengdur svo lengi sem endurgreiðsla hefði það í för með sér að skráð stofnfé færi niður fyrir sett mörk.

5. Auka má stofnfé með síðari kaupum félagsaðila á eignarhlutum eða með viðtöku nýrra félagsaðila og það má minnka með því að endurgreiða eignarhluti að fullu eða að hluta til með fyrirvara um 4. mgr.

Þótt magni stofnfjárupphæðar sé breytt krefst það ekki breytinga á samþykktum né heldur að þær séu gerðar opinberar.

4. gr.

Stofnfé evrópska samvinnufélagsins

1. Skráð stofnfé evrópsks samvinnufélags skal vera í formi eignarhluta félagsaðila og gefið upp í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig gefið upp hluti sína í evrum. Gefa má út fleiri en einn flokk eignarhluta.

Í samþykktunum má kveða á um að mismunandi flokkar eignarhluta skuli veita mismunandi rétt að því er varðar skiptingu tekjuafgangs. Hlutir, sem veita sama rétt, skulu vera í einum flokki.

2. Stofnfé getur einungis verið í formi eigna sem unnt er að meta til verðs. Ekki má gefa út hluti til félagsaðila gegn skuldbindingu um að taka að sér verk eða veita þjónustu.

3. Hlutir skulu skráðir á nafn. Nafnverð hluta í sama flokki skal vera það sama. Mæla skal fyrir um það í samþykktunum. Ekki má gefa út hluti á lægra verði en nafnverði þeirra.

4. Þegar hlutir eru gefnir út gegn staðgreiðslu skulu a.m.k. 25% af nafnverði þeirra greidd sama dag og þeir eru skráðir. Það sem eftir stendur skal greiða innan fimm ára nema kveðið sé á um styttra tímabil í samþykktunum.

5. Hluti, sem eru gefnir út gegn annars konar greiðslu en staðgreiðslu, skal greiða að fullu við skráningu.

6. Að því er varðar tilnefningu sérfræðinga og mat á hvers konar endurgjaldi öðru en staðgreiðslu skulu gildandi lög um hlutafélög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið.

7. Í samþykktunum skal mæla fyrir um lágmarksfjölda hluta sem þarf að skrá sig fyrir til að fá félagsaðild. Ef í samþykktum er mælt fyrir um að einstaklingar skuli mynda meiri hluta félagsaðila á félagsfundi og ef krafa er gerð um að félagsaðilar, sem vilja taka þátt í starfsemi evrópska samvinnufélagsins, séu skráðir fyrir hlut er ekki hægt að krefjast þess að þeir skrái sig fyrir meira en einum hlut til að félagsaðild fáist.

8. Þegar aðalfundur samþykkir reikningsskil fjárhagsársins skal í ályktun hans tilgreina fjárhæð eigin fjár í lok fjárhagsársins og breytingar sem hafa orðið frá síðasta fjárhagsári.

Að tillögu stjórnar eða framkvæmdastjórnar má auka skráð stofnfé með því að eignfæra, að öllu leyti eða að hluta, varasjóði, sem ætlaðir voru til úthlutunar, með ákvörðun félagsfundar sem tekin er samkvæmt reglum um ályktunarhæfi og meiri hluta við breytingu á samþykktum. Úthluta skal nýjum hlutum til félagsaðila í hlutfalli við fyrri stofnfjáreign þeirra.

9. Auka má nafnverð hluta með því að sameina útgefna hluti. Ef slík aukning gerir það að verkum að fara þarf fram á viðbótargreiðslur frá félagsaðilum samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum skal það gert með ákvörðun félagsfundar sem tekin er samkvæmt reglum um ályktunarhæfi og meiri hluta við breytingu á samþykktum.

10. Draga má úr nafnverði hluta með því skipta útgefnum hlutum.

11. Framselja má hluti eða selja þá félagsaðila eða hverjum þeim sem fær félagsaðild í samræmi við samþykktirnar og með samþykki annaðhvort félagsfundar eða framkvæmdastjórnar eða stjórnar.

12. Evrópskt samvinnufélag getur ekki skráð sig fyrir sínum eigin hlutum, keypt þá eða tekið við þeim sem tryggingu, hvorki beint né með milligöngu aðila sem starfar undir eigin nafni en fyrir hönd félagsins.

Í venjulegum viðskiptum evrópskra samvinnufélaga, sem eru lánastofnanir, má þó taka eigin hluti sem tryggingu.

5. gr.

Samþykktir

1. Í þessari reglugerð merkir hugtakið „samþykktir evrópsks samvinnufélags“ hvort tveggja, stofnsamninginn og sjálfar samþykktir evrópska samvinnufélagsins, þegar þær eru efni sérstaks skjals.

2. Stofnfélagar skulu semja samþykktir evrópska samvinnufélagsins í samræmi við ákvæði um stofnun samvinnufélaga sem mælt er fyrir um í lögum aðildarfélagsins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Samþykktirnar skulu vera skriflegar og undirritaðar af stofnfélögunum.

3. Lög, sem gilda um fyrirbyggjandi eftirlit við stofnun almennra hlutafélaga í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um eftirlit með stofnun evrópska samvinnufélagsins.

4. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram:

— heiti evrópska samvinnufélagsins og framan eða aftan við skammstöfunin fyrir evrópskt samvinnufélag, „SCE“, og skammstöfunin „hf.“ ef við á,

— yfirlýsing um markmið,

— nöfn þeirra einstaklinga og lögaðila sem eru stofnfélagar evrópska samvinnufélagsins og skal, í síðara tilvikinu, tilgreina markmið þeirra og skráða skrifstofu,

— heimilisfang skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

— skilyrði og málsmeðferð við félagsaðild, brottvísun og úrsögn félagsaðila,

— réttindi og skyldur félagsaðila, mismunandi flokka félagsaðila, ef um slíkt er að ræða, og réttindi og skyldur félagsaðila í hverjum flokki,

— nafnvirði skráðra hluta, fjárhæð skráðs stofnfjár og upplýsingar um að stofnfé sé ekki föst fjárhæð,

— sérstakar reglur um það hve háa fjárhæð af tekjuafgangi skuli, ef við á, leggja í lögbundinn varasjóð,

— vald og ábyrgð stjórnarmanna hverrar stjórnar um sig,

— ákvæði um tilnefningu og brottvikningu stjórnarmanna hverrar stjórnar um sig,

— reglur um meiri hluta og ályktunarhæfi,

— líftími félagsins ef það á að starfa tímabundið.

6. gr.

Skráð skrifstofa

Skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags skal vera innan Bandalagsins og í sama aðildarríki og aðalskrifstofa þess. Auk þess getur aðildarríki lagt þá skyldu á evrópsk samvinnufélög, sem eru skráð á yfirráðasvæði þess, að þau staðsetji aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu á sama stað.

7. gr.

Flutningur skráðrar skrifstofu

1. Flytja má skráða skrifstofu evrópsks samvinnufélags til annars aðildarríkis í samræmi við 2.–16. mgr. Slíkur flutningur skal ekki leiða til þess að evrópska samvinnufélaginu sé slitið né heldur til stofnunar nýs lögaðila.

2. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal semja tillögu um flutning og birta hana í samræmi við 12. gr. án þess þó að það hafi áhrif á önnur form birtingar sem aðildarríkið, þar sem skráða skrifstofan hefur aðsetur, kann að kveða á um til viðbótar. Í tillögunni skulu koma fram gildandi heiti, skráð skrifstofa og númer evrópska samvinnufélagsins og skal hún ná yfir eftirtalin atriði:

a) fyrirhugaða staðsetningu skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

b) fyrirhugaðar samþykktir evrópska samvinnufélagsins, þ.m.t., þar sem við á, nýtt heiti þess,

c) fyrirhugaða tímaáætlun fyrir flutninginn,

d) breytingar sem flutningurinn kann að hafa í för með sér varðandi áhrif starfsmanna í félaginu,

e) hvers konar réttindi sem eiga að tryggja vernd félagsaðila, lánardrottna og annarra rétthafa.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins skal taka saman skýrslu þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir flutningsins eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif sem varða starfsmenn, og skýrt hverjar afleiðingar flutningurinn hefur fyrir félagsaðila, lánardrottna, starfsmenn og aðra rétthafa.

4. Félagsaðilar, lánardrottnar og aðrir rétthafar evrópsks samvinnufélags, svo og allir aðrir aðilar sem samkvæmt landslögum geta neytt þess réttar, skulu hafa heimild til að skoða flutningstillöguna og skýrsluna, sem tekin er saman skv. 3. mgr., á skráðri skrifstofu evrópska samvinnufélagsins, minnst einum mánuði fyrir félagsfundinn, sem er haldinn til að

taka ákvörðun um flutninginn, og að fá afrit af þeim skjölum endurgjaldslaust.

5. Hver sá félagsaðili, sem hefur andmælt ákvörðun um flutning á félagsfundi eða á deildar- eða svæðafundi, getur lagt fram úrsögn sína úr félaginu innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin á aðalfundi. Félagsaðild lýkur við lok fjárhagsársins þegar úrsögn er lögð fram; flutningurinn gildir ekki að því er varðar hlutaðeigandi félagsaðila. Úrsögn veitir viðkomandi félagsaðila rétt til að fá hluti sína endurgreidda með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 4. gr. og 16. gr.

6. Ekki má ákveða flutning í tvo mánuði eftir að tillagan hefur verið birt. Slík ákvörðun skal tekin eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 62. gr.

7. Áður en lögbært yfirvald gefur út vottorðið sem um getur í 8. mgr. skal evrópska samvinnufélagið fullvissa það um, að því er varðar skuldir sem verða til fyrir birtingu flutningstillögunnar, að hagsmuna lánardrottna og annarra rétthafa, að því er varðar evrópska samvinnufélagið (þ.m.t. opinberir aðilar), hafi verið gætt með fullnægjandi hætti í samræmi við kröfur aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu fyrir flutninginn.

Aðildarríki er heimilt að rýmka gildissvið fyrstu undirgreinar þannig að hún taki einnig til skulda sem verða til eða kunna að verða til áður en flutningurinn á sér stað.

Fyrsta og önnur undirgrein gildir með fyrirvara um beitingu innlendrar löggjafar aðildarríkja um lúkningu skulda eða tryggingu greiðslna til opinberra aðila gagnvart evrópskum samvinnufélögum.

8. Dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal gefa út vottorð sem staðfestir að gerningum og formsatriðum, sem krafist er, sé lokið áður en flutningurinn á sér stað.

9. Nýja skráningin má ekki koma til framkvæmda fyrr en vottorðið, sem um getur í 8. mgr., hefur verið lagt fram ásamt gögnum sem sanna að formsatriðum, sem krafist er við skráningu í landinu þar sem nýja, skráða skrifstofan er, hafi verið fullnægt.

10. Flutningur skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags, ásamt þeim breytingum á samþykktum þess sem fylgja í kjölfarið, öðlast gildi þann dag sem evrópska samvinnufélagið er, í samræmi við 1. mgr. 11. gr., skráð í skrá hinnar nýju, skráðu skrifstofu.

11. Að lokinni nýrri skráningu evrópska samvinnufélagsins skal skráningarskrifstofa hinnar nýju, skráðu skrifstofu tilkynna það skráningarskrifstofu hinnar fyrri skráðu skrifstofu. Afskrá skal félagið úr eldri skránni þegar framangreind tilkynning hefur borist en eigi fyrr.

12. Í samræmi við 12. gr. skal birta nýju skráninguna og afskráningu úr gömlu skránni í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

13. Þegar ný skráning evrópsks samvinnufélags hefur verið birt má byggja rétt á því gagnvart þriðja aðila að skráð skrifstofa félagsins sé hin nýja skrifstofa. Meðan afskráning af skrá hinnar fyrri skráðu skrifstofu evrópska samvinnufélagsins hefur ekki verið birt getur þriðji aðili þó enn borið það fyrir sig að skráð skrifstofa þess sé hin fyrri skráða skrifstofa nema félagið sanni að honum hafi verið kunnugt um nýju, skráðu skrifstofuna.

14. Í lögum aðildarríkis má kveða á um, að því er varðar evrópsk samvinnufélög sem eru skráð í því aðildarríki, að flutningur skráðrar skrifstofu, sem myndi hafa í för með sér að önnur lög giltu, öðlist ekki gildi ef lögbært yfirvald í því aðildarríki andmælir því innan þess tveggja mánaða frests sem um getur í 6. mgr. Slík andmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að þau varði hagsmuni almennings.

Ef evrópskt samvinnufélag er undir eftirliti innlends fjármálaeftirlits samkvæmt tilskipunum Bandalagsins skal það eftirlitsyfirvald einnig hafa rétt til þess að andmæla flutningi skráðrar skrifstofu félagsins.

Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

15. Evrópsku samvinnufélagi skal óheimilt að flytja skráða skrifstofu sína hafi mál verið höfðað á hendur því til félagsslita, þ.m.t. slit að eigin frumkvæði, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta, greiðslustöðvunar eða annarrar ámóta meðferðar.

16. Hafi evrópskt samvinnufélag flutt skráða skrifstofu sína til annars aðildarríkis skal eigi að síður litið svo á, að því er varðar mál sem rísa áður en flutningurinn á sér stað, eins og ákvarðað er í 10. mgr., að skráð skrifstofa þess sé í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið var skráð fyrir flutninginn, eins þótt kæran á hendur evrópska samvinnufélaginu sé lögð fram eftir flutninginn.

8. gr.

Gildandi lög

1. Eftirtalin ákvæði skulu gilda um evrópsk samvinnufélög:

a) ákvæði þessarar reglugerðar,

b) ákvæði samþykkta þeirra ef bein heimild er fyrir því í þessari reglugerð,

c) þegar um er að ræða málefni, sem reglugerð þessi gildir ekki um, eða ekki nema að hluta til, skal eftirfarandi gilda um þá þætti sem reglugerð þessi tekur ekki til:

i) lög sem aðildarríkin samþykkja um framkvæmd þeirra ráðstafana Bandalagsins sem varða evrópsk samvinnufélög sérstaklega,

ii) lög aðildarríkjanna sem myndu gilda um samvinnufélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu,

iii) ákvæði í samþykktum evrópska samvinnufélagsins, á sama hátt og ætti við um samvinnufélag sem stofnað væri í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu.

2. Ef kveðið er á um sérstakar reglur og/eða takmarkanir í landslögum í tengslum við þá tegund starfsemi, sem evrópskt samvinnufélag sinnir, eða um eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalds gilda þau lög að fullu um evrópska samvinnufélagið.

9. gr.

Meginregla um bann við mismunun

Sé ekki kveðið á um annað í þessari reglugerð skal um evrópskt samvinnufélag fara í öllum aðildarríkjunum eins og um samvinnufélag væri að ræða sem hefur verið stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu.

10. gr.

Atriði sem þurfa að koma fram í skjölunum

1. Gildandi hlutafélagalög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, um innihald bréfa og skjala, sem eru send þriðju aðilum, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið. Bæta skal skammstöfuninni „SCE“ framan við eða aftan við heiti evrópska samvinnufélagsins og skammstöfuninni „hf.“ ef við á.

2. Einungis evrópsk samvinnufélög mega nota skammstöfunina „SCE“ á undan eða eftir heiti sínu til að gefa til kynna rekstrarform sitt að lögum.

3. Félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum, sem hafa verið skráðir í aðildarríki áður en reglugerð þessi kemur til framkvæmda og hafa skammstöfunina „SCE“ í heiti sínu, skal þó ekki gert að breyta því.

11. gr.

Kröfur um skráningu og afhendingu

1. Sérhvert evrópskt samvinnufélag skal skráð í því aðildarríki, þar sem það hefur skráða skrifstofu, í skrá sem er tilgreind í lögum þess aðildaríkis í samræmi við gildandi lög um hlutafélög.

2. Óheimilt er að skrá evrópskt samvinnufélag, nema því aðeins að tekist hafi samkomulag um tilhögun á aðild starfsmanna að félaginu skv. 4. gr. tilskipunar 2003/72/EB eða tekin hafi verið ákvörðun skv. 6. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar eða að frestur til samningaviðræðna skv. 5. gr. sömu tilskipunar hafi runnið út án þess að samkomulag hafi náðst.

3. Til að unnt sé að skrá evrópskt samvinnufélag sem komið er á fót með samruna í aðildarríki, sem hefur nýtt sér þann kost sem um getur í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/72/EB, verður annaðhvort að hafa náðst samkomulag skv. 4. gr. tilskipunarinnar um tilhögun á aðild starfsmanna, þ.m.t. um þátttöku þeirra, eða ekkert af samvinnufélögunum, sem taka þátt, hafi heyrt undir þátttökureglur áður en evrópska samvinnufélagið var skráð.

4. Samþykktir evrópska samvinnufélagsins mega aldrei stríða gegn þeirri tilhögun á aðild starfsmanna sem þannig hefur verið ákveðin. Stríði nýtt fyrirkomulag, sem er ákvarðað samkvæmt tilskipun 2003/72/EB, gegn gildandi samþykktum skal breyta samþykktunum eins og þörf krefur.

Þegar þannig stendur á má kveða á um, í lögum aðildarríkis, að framkvæmdastjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins megi breyta samþykktunum án frekari ákvarðana félagsfundar.

5. Að því er varðar kröfur um afhendingu skjala og upplýsinga skulu gildandi hlutafélagalög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gilda á hliðstæðan hátt um evrópska samvinnufélagið.

12. gr.

Birting skjala í aðildarríkjunum

1. Birting skjala og upplýsinga um evrópskt samvinnufélag, sem birta skal samkvæmt reglugerð þessari, skal vera með þeim hætti sem mælt fyrir um í hlutafélagalögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

2. Innlendar reglur, sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 89/666/EBE, gilda um útibú evrópsks samvinnufélags sem er opnað í öðru aðildarríki en því þar sem það hefur skráða skrifstofu. Aðildarríki geta þó kveðið á um undanþágur frá innlendum ákvæðum

til framkvæmdar þeirri tilskipun svo að tekið sé tillit til séreinkenna samvinnufélaga.

13. gr.

Tilkynning í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins

1. Birta skal tilkynningu um skráningu evrópsks samvinnufélags og afskráningu þess í upplýsingaskyni í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eftir birtingu í samræmi við 12. gr. Í þeirri tilkynningu skal koma fram heiti, skráningarnúmer, skráningardagur og skráningarstaður evrópska samvinnufélagsins, birtingardagur, birtingarstaður og titill birtingarrits, skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins og starfssvið.

2. Ef skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er flutt í samræmi við 7. gr. skal birta um það tilkynningu með þeim upplýsingum, sem kveðið er á um 1. mgr., ásamt upplýsingum um nýju skráninguna.

3. Upplýsingar þær, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna innan eins mánaðar frá þeirri birtingu sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

14. gr.

Félagsaðild

1. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. 33. gr. skal framkvæmdastjórn eða stjórn samþykkja félagsaðild að evrópsku samvinnufélagi. Umsækjendur, sem er synjað um félagsaðild, geta skotið málinu til næsta félagsfundar eftir umsóknina.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa er hægt að kveða á um það í samþykktunum að skrá megi aðila, sem reikna ekki með því að nota eða framleiða vörur og þjónustu evrópsks samvinnufélags, sem fjárfestingaraðila (óvirka aðila). Þeir sem fá slíka félagsaðild verða að fá samþykki félagsfundar eða einhverrar annarrar stofnunar sem hefur fengið umboð til þess á félagsfundi eða í samþykktunum.

Félagsaðilar, sem eru lögaðilar, verða að vera notendur vegna þess að þeir eru fulltrúar sinna eigin félagsaðila, að því tilskildu að félagsaðilar þeirra, sem eru einstaklingar, séu notendur.

Sé ekki kveðið á um annað í samþykktunum geta einstaklingar og lögaðilar fengið félagsaðild að evrópsku samvinnufélagi.

2. Í samþykktunum má mæla fyrir um önnur skilyrði fyrir félagsaðild, einkum:

— að viðkomandi skrái sig fyrir tilteknu lágmarki stofnfjár,

— skilyrði er tengjast markmiðum evrópska samvinnufélagsins.

3. Ef kveðið er á um það í samþykktunum er heimilt að senda félagsaðilum beiðni um að leggja fram aukið stofnfé.

4. Á skráðri skrifstofu evrópsks samvinnufélags skal geyma skrá yfir alla félagsaðila í stafrófsröð þar sem fram koma heimilisföng þeirra og fjöldi hluta í eigu þeirra ásamt því í hvaða flokki hlutirnir eru, ef við á. Hverjum þeim sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta er heimilt að skoða skrána, ef hann biður um það, og fá afrit af henni allri eða hvaða hluta hennar sem er á verði sem er ekki hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

5. Öll viðskipti, sem hafa áhrif á það hvernig stofnfé er skráð eða því úthlutað, það aukið eða minnkað, skulu færð í félagsaðilaskrána sem kveðið er á um í 4. mgr. eigi síðar en mánuði eftir breytinguna.

6. Viðskiptin, sem um getur í 5. mgr., skulu hvorki öðlast gildi gagnvart evrópska samvinnufélaginu né þriðju aðilum, sem eiga beinna, lögmætra hagsmuna að gæta, fyrr en þau hafa verið færð inn í skrána sem um getur í 4. mgr.

7. Félagsaðilar skulu fá skriflega yfirlýsingu um að breytingin hafi verið færð inn ef þeir óska eftir því.

15. gr.

Lok félagsaðildar

1. Félagsaðild lýkur:

— við úrsögn,

— við brottvísun, ef félagsaðili hefur vanrækt alvarlega skyldur sínar eða unnið gegn hagsmunum evrópska samvinnufélagsins,

— við yfirfærslu félagsaðila á öllum hlutum sínum til annars félagsaðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur fengið félagsaðild, ef það er heimilað í samþykktunum,

— við félagsslit, þegar um er að ræða félagsaðila sem er ekki einstaklingur,

— við gjaldþrotaskipti,

— við andlát,

— við aðrar aðstæður, sem kveðið er á um í samþykktunum eða í lögum um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

2. Félagsaðili í minnihluta sem andmælir breytingu á samþykktunum á félagsfundi þar sem:

i) lagðar eru á nýjar skuldbindingar varðandi greiðslur eða annað framlag, eða

ii) skuldbindingar félagsaðila, sem fyrir eru, eru auknar verulega, eða

iii) frestur til að tilkynna úrsögn úr evrópska samvinnufélaginu er lengdur í meira en fimm ár,

getur tilkynnt úrsögn sína innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun er tekin á félagsfundi.

Félagsaðild lýkur við lok yfirstandandi fjárhagsárs í tilvikunum, sem um getur í i- og ii-lið fyrstu undirgreinar, og við lok uppsagnarfrestsins, sem gilti áður en samþykktunum var breytt, í tilvikinu sem um getur í iii-lið hennar. Breytingin á samþykktunum öðlast ekki gildi að því er varðar þann félagsaðila. Úrsögn veitir viðkomandi félagsaðila rétt til að fá hluti sína endurgreidda með skilyrðum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 3. gr og 16. gr.

3. Framkvæmdastjórnin eða stjórnin skal taka ákvörðun um brottvísun félagsaðila eftir að félagsaðilinn hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt. Félagsaðilinn getur áfrýjað slíkri ákvörðun til félagsfundar.

16. gr.

Fjárhagsleg réttindi félagsaðila við úrsögn eða brottvísun

1. Ef félagsaðild félagsaðila lýkur á hann, nema um sé að ræða yfirfærslu hluta og með fyrirvara um 3. gr., rétt á endurgreiðslu á sínum hluta skráðs stofnfjár að frádregnu réttu hlutfalli af því tapi sem hefur verið jafnað á móti stofnfé evrópska samvinnufélagsins.

2. Fjárhæðirnar, sem eru dregnar frá skv. 1. mgr., skulu reiknaðar með hliðsjón af efnahagsreikningi fjárhagsársins þegar réttur til endurgreiðslu myndaðist.

3. Í samþykktunum skal mæla fyrir um málsmeðferð og skilyrði fyrir því að neyta megi réttarins til úrsagnar og ákveða frest til endurgreiðslu sem má ekki vera lengri er þrjú ár. Evrópska samvinnufélaginu ber ekki í neinum tilvikum skylda til endurgreiðslu fyrr en sex mánuðum eftir að næsti efnahagsreikningur, eftir að félagsaðild lýkur, er samþykktur.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda einnig þegar einungis þarf að endurgreiða hluta af eignarhlut félagsaðila.

II. KAFLI

STOFNUN

1. þáttur

Almennt

17. gr.

Gildandi lög við stofnun

1. Sé ekki kveðið á um annað í reglugerð þessari skal stofnun evrópsks samvinnufélags heyra undir gildandi lög um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið kemur á fót skráðri skrifstofu.

2. Skráning evrópsks samvinnufélags skal birt í samræmi við 12. gr.

18. gr.

Réttarstaða lögaðila

1. Evrópskt samvinnufélag skal fá réttarstöðu lögaðila daginn sem það er skráð í skrána, sem tilgreind er í lögum aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu, í samræmi við 1. mgr. 11. gr.

2. Ef aðhafst er í nafni evrópsks samvinnufélags áður en það er skráð skv. 11. gr., en félagið tekur ekki á sig skuldbindingar eftir skráninguna sem eiga rætur að rekja til þessarar athafnar, bera þeir einstaklingar, félög, fyrirtæki eða aðrir lögaðilar, sem stóðu að athöfninni, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á henni ef ekki hefur verið samið um annað.

2. þáttur

Stofnun með samruna

19. gr.

Málsmeðferð um stofnun með samruna

Heimilt er að stofna evrópskt samvinnufélag með samruna í samræmi við:

— málsmeðferð um samruna með yfirtöku,

— málsmeðferð um samruna með stofnun nýs lögaðila.

Þegar um er að ræða samruna með yfirtöku skal samvinnufélagið, sem tekur yfir, taka upp form evrópsks samvinnufélags við samrunann. Þegar um er að ræða samruna með stofnun nýs lögaðila skal hið síðarnefnda taka upp form evrópsks samvinnufélags.

20. gr.

Gildandi lög við samruna

Að því er varðar málefni, sem þessi þáttur gildir ekki um, eða, ef hann gildir einungis að hluta til um eitthvert málefni, að því er varðar atriði sem hann gildir ekki um, skal hvert það samvinnufélag, sem á hlut að stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna, lúta ákvæðum um samruna samvinnufélaga í lögum þess aðildarríkis sem það heyrir undir en að öðrum kosti gildandi ákvæðum um innri samruna hlutafélaga í lögum þess aðildarríkis.

21. gr.

Ástæður fyrir því að mótmæla samruna

Í lögum aðildarríkis er hægt að kveða á um að samvinnufélagi, sem lýtur lögum þess aðildarríkis, sé ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna ef því er mótmælt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu áður en vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 29. gr., er gefið út.

Slík mótmæli verða aðeins sett fram á þeim forsendum að almannahagsmunir krefjist. Gefa skal kost á dómsmeðferð fyrir rétti.

22. gr.

Forsendur samruna

1. Framkvæmdastjórnir eða stjórnir samrunafélaganna skulu semja samrunaáætlun. Í samrunaáætluninni skal eftirfarandi tilgreint:

a) heiti og skráð skrifstofa hvers samrunasamvinnufélags auk fyrirhugaðs heitis og skráðrar skrifstofu evrópska samvinnufélagsins,

b) skiptihlutfall hluta í skráðu stofnfé og staðgreiðslufjárhæð. Ef hlutir eru ekki fyrir hendi þá nákvæm skipting eigna og jafnviði þeirra í hlutum,

c) skilmálar varðandi úthlutun hluta í evrópska samvinnufélaginu,

d) frá hvaða degi réttur hluthafa í evrópska samvinnufélaginu til hlutdeildar í tekjuafgangi myndast og sérstök skilyrði varðandi þann rétt,

e) frá hvaða degi viðskipti samrunasamvinnufélaganna skuli færð í bókhaldi sem viðskipti evrópska samvinnufélagsins,

f) sérstök skilyrði eða kjör í tengslum við skuldabréf eða önnur verðbréf en hluti sem, skv. 66. gr., veita ekki stöðu félagsaðila,

g) hvaða réttindi evrópska samvinnufélagið veitir eigendum þeirra hluta sem sérstök réttindi fylgja og eigendum annarra verðbréfa en hluta eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi,

h) á hvern hátt megi vernda réttindi lánardrottna samrunasamvinnufélaga,

i) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðist þeim sérfræðingum sem skoða samrunaáætlunina eða þeim sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunasamvinnufélaganna,

j) samþykktir evrópska samvinnufélagsins,

k) upplýsingar um málsmeðferð við ákvörðun tilhögunar á aðild starfsmanna samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

2. Samrunasamvinnufélögin geta tilgreint fleiri atriði í samrunaáætluninni.

3. Lögin, sem gilda um hlutafélög, að því er varðar samrunaáætlanir, gilda á hliðstæðan hátt um samruna samvinnufélaga yfir landamæri við myndun evrópsks samvinnufélags.

23. gr.

Skýringar og rök fyrir samrunaáætluninni

Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunasamvinnufyrirtækis skal semja nákvæma, skriflega skýrslu þar sem samrunaáætlunin er útskýrð og rökstudd frá lagalegu og efnahagslegu sjónarmiði, einkum að því er varðar skiptihlutfall hluta. Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamat skal einnig fjallað um þau í skýrslunni.

24. gr.

Birting

1. Lög, sem gilda um hlutafélög, að því er varðar kröfur um að gera samrunaáætlun opinbera, gilda á hliðstæðan hátt um öll samrunasamvinnufélög með fyrirvara um viðbótarkröfur aðildarríkisins sem viðkomandi samvinnufélag heyrir undir.

2. Við birtingu samrunaáætluninnar í lögbirtingablaði skulu þó eftirfarandi atriði koma fram varðandi hvert samrunasamvinnufélag:

a) tegund, heiti og skráð skrifstofa hvers samrunasamvinnufélags,

b) heimilisfang staðarins eða staðsetning skrárinnar sem er geymslustaður fyrir samþykktirnar og öll önnur skjöl og upplýsingar varðandi hvert samrunasamvinnufélag og færslunúmer í þeirri skrá,

c) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 28. gr. til að lánardrottnar viðkomandi félags geti neytt réttar síns og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir án endurgjalds,

d) upplýsingar um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í samræmi við 28. gr. til að félagsaðilar viðkomandi samvinnufélags geti neytt réttar síns og heimilisfangið þar sem fá má allar upplýsingar um þær ráðstafanir án endurgjalds,

e) fyrirhugað heiti og skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins,

f) skilyrðin sem ákvarða hvaða dag samruninn tekur gildi skv. 31. gr.

25. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Hver félagsaðili skal eiga rétt á að skoða eftirfarandi skjöl á skráðu skrifstofunni a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn þar sem taka á ákvörðun um samrunann:

a) samrunaáætlunina sem getið er um í 22. gr.,

b) árleg reikningsskil og skýrslur framkvæmdastjórnar samrunasamvinnufélaganna frá þremur undangengnum fjárhagsárum,

c) fjárhagsskýrslu sem er samin í samræmi við gildandi ákvæði um innri samruna hlutafélaga að svo miklu leyti sem slíkrar skýrslu er krafist í þessum ákvæðum,

d) sérfræðiskýrslu um verðgildi hluta sem úthluta á í skiptum fyrir eignir í samrunasamvinnufélögunum eða skiptihlutfallið eins og kveðið er á um í 26. gr.,

e) skýrslu stjórnar eða framkvæmdastjórnar samvinnufélagsins eins og kveðið er á um í 23. gr.

2. Hver félagsaðili getur, samkvæmt beiðni og án endurgjalds, fengið afrit af skjölunum, sem um getur í 1. gr., eða úrdrátt úr þeim ef hann óskar eftir því.

26. gr.

Skýrsla óháðra sérfræðinga

1. Einn eða fleiri óháðir sérfræðingar, tilnefndir af samrunasamvinnufélagi, skulu rannsaka samrunaáætlunina að því er varðar hvert samrunasamvinnufélag í samræmi við ákvæði 6. mgr. 4. gr. og afhenda félagsaðilunum skriflega skýrslu.

2. Heimilt er að semja eina skýrslu fyrir öll samrunasamvinnufélög ef lög aðildarríkjanna, sem þau heyra undir, leyfa það.

3. Lögin, sem gilda um samruna hlutafélaga varðandi réttindi og skyldur sérfræðinga, gilda á hliðstæðan hátt um samrunasamvinnufélög.

27. gr.

Samþykki samrunaáætlunarinnar

1. Félagsfundur í hverju samrunasamvinnufélagi skal samþykkja samrunaáætlunina.

2. Tilhögun á aðild starfsmanna að evrópska samvinnufélaginu skal ákvörðuð í samræmi við tilskipun 2003/72/EB. Félagsfundur hvers samvinnufélags, sem tekur þátt í samrunanum, getur áskilið sér rétt til að binda skráningu evrópska samvinnufélagsins því skilyrði að tilhögun sú, sem þannig er ákveðin, sé staðfest með skýlausum hætti.

28. gr.

Gildandi lög um stofnun með samruna

1. Að teknu tilliti til þess að samruninn nær yfir landamæri gilda lög aðildarríkjanna, sem hvert samrunasamvinnufélag fellur undir, eins og um samruna hlutafélaga væri að ræða, að því er varðar gæslu hagsmuna eftirtalinna aðila:

— lánardrottna samrunasamvinnufélaga,

— eigenda skuldabréfa í samrunasamvinnufélaginu.

2. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar samrunasamvinnufélög sem lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði í því skyni að vernda með viðeigandi hætti félagsaðila sem leggjast gegn samrunanum.

29. gr.

Athugun á málsmeðferð við samruna

1. Grannskoða skal hvort samruninn sé lögmætur, að því er varðar þá þætti málsmeðferðarinnar sem snerta hvert samrunasamvinnufélag, í samræmi við lög um samruna samvinnufélaga í aðildarríkinu sem samrunasamvinnufélagið heyrir undir og, að öðrum kosti, gildandi ákvæði í lögum þess aðildarríkis um innri samruna hlutafélaga.

2. Í hverju hlutaðeigandi aðildarríki skal dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefa út vottorð til staðfestingar á því að öllum viðeigandi gerningum og formsatriðum sé lokið fyrir samrunann.

3. Ef kveðið er á um málsmeðferð í lögum aðildarríkis, sem samrunasamvinnufélag heyrir undir, um hvernig standa beri að athugun og breytingum á

skiptihlutfalli hluta eða um jöfnunargreiðslur til félagsaðila sem eru í minni hluta, án þess að komið sé í veg fyrir skráningu samrunans, skal því aðeins beita slíkri málsmeðferð að hin samrunasamvinnufélögin í aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um slíka málsmeðferð, staðfesti ótvírætt, um leið og þau samþykkja samrunaáætlunina í samræmi við 1. mgr. 27. gr., að félagsaðilar þess samrunasamvinnufélags skuli eiga þess kost að nýta sér slíka málsmeðferð. Í slíkum tilvikum getur dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald gefið út vottorðið, sem um getur í 2. mgr., jafnvel þótt slík málsmeðferð sé hafin. Í vottorðinu skal þó koma fram að málsmeðferðinni sé ekki lokið. Ákvörðun sú, sem er niðurstaða málsmeðferðarinnar, skal vera bindandi fyrir yfirtökusamvinnufélagið og alla félagsaðila þess.

30. gr.

Athugun á lögmæti samruna

1. Lögmæti samrunans, að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir framkvæmd samrunans og stofnun evrópska samvinnufélagsins, skal grannskoðað af dómstóli, lögbókanda eða öðru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem fyrirhugað er að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði, sem er þar til bært að grannskoða lögmæti samruna samvinnufélaga með tilliti til þess þáttar og, að öðrum kosti, samruna hlutafélaga.

2. Í þessu skyni skal hvert samrunasamvinnufélag senda lögbæra yfirvaldinu vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 29. gr., innan sex mánaða frá því að það er gefið út ásamt afriti af samrunaáætluninni sem viðkomandi samvinnufélag hefur samþykkt.

3. Einkum skal yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., sjá til þess að samrunafélögin hafi samþykkt samrunaáætlun með sama orðalagi og að tilhögun á aðild starfsmanna hafi verið ákveðin samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

4. Sama yfirvald skal jafnframt ganga úr skugga um að evrópska samvinnufélagið hafi verið stofnað í samræmi við kröfur í lögum aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu.

31. gr.

Skráning samruna

1. Samruni félaga og stofnun evrópsks samvinnufélags í kjölfarið skal koma til framkvæmda daginn sem evrópska samvinnufélagið er skráð í samræmi við 1. mgr. 11. gr.

2. Evrópska samvinnufélagið skal ekki skráð fyrr en gengið hefur verið frá öllum formsatriðum sem um getur í 29. og 30. gr.

32. gr.

Birting

Birta skal tilkynningu fyrir hvert samrunasamvinnufélag um samrunann eins og mælt er fyrir um í lögum viðkomandi aðildarríkis í samræmi við lög um samruna hlutafélaga.

33. gr.

Áhrif samruna

1. Samruni, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í fyrsta undirlið fyrstu undirgreinar í 19. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir hvers samvinnufélags, sem tekið er yfir, færast til lögaðilans sem yfirtekur það,

b) félagsaðilar samvinnufélagsins, sem tekið er yfir, verða félagsaðilar í félagi yfirtökuaðilans,

c) samvinnufélögin, sem tekin eru yfir, verða ekki lengur til,

d) yfirtökulögaðilinn tekur upp form evrópsks samvinnufélags.

2. Samruni, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar í 19. gr., hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) allar eignir og skuldir samrunasamvinnufélaganna færast til evrópska samvinnufélagsins,

b) félagsaðilar samrunasamvinnufélaganna verða félagsaðilar evrópska samvinnufélagsins,

c) samrunasamvinnufélögin verða ekki lengur til.

3. Þegar um er að ræða samruna samvinnufélaga og lög aðildarríkis kveða á um að fullnægja þurfi tilteknum formsatriðum til að yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda eða skuldbindinga af hálfu samrunasamvinnufélaganna taki gildi gagnvart þriðja aðila gilda þau formsatriði og þeim skal fullnægt annaðhvort af hálfu samrunasamvinnufélaganna eða evrópska samvinnufélagsins þegar það hefur verið skráð.

4. Réttindi og skyldur þeirra samvinnufélaga, sem eru þátttakendur, bæði að því er varðar einstaka og sameiginlega ráðningarskilmála og skilyrði, sem byggjast á landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í

gildi þegar skráningin fer fram, skulu færast til evrópska samvinnufélagsins við slíka skráningu.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um rétt fulltrúa starfsmanna til að taka þátt í aðalfundum, svæða- eða deildarfundum sem kveðið er á um í 4. mgr. 59. gr.

5. Þegar samruninn hefur verið skráður skal evrópska samvinnufélagið þegar í stað tilkynna félagsaðilunum samvinnufélagsins, sem er yfirtekið, um að þeir hafi verið skráðir í félagsaðilaskrána og hve marga hluti þeir eiga.

34. gr.

Lögmæti samrunans

1. Ekki er heimilt að lýsa samruna, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., ógildan eftir að evrópska samvinnufélagið hefur verið skráð.

2. Hafi lögmæti samrunans ekki verið grannskoðað skv. 29. og 30. gr. getur það talist meðal gildra ástæðna til slita á evrópsku samvinnufélagi í samræmi við ákvæði 74. gr.

3. þáttur

Breyting starfandi samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag

35. gr.

Málsmeðferð um stofnun með breytingu

1. Með fyrirvara um 11. gr. skal breyting samvinnufélags í evrópskt samvinnufélag ekki hafa í för með sér slit samvinnufélagsins eða tilurð nýs lögaðila.

2. Ekki má flytja skráða skrifstofu frá einu aðildarríki til annars skv. 7. gr. um leið og breytingin kemur til framkvæmda.

3. Stjórn eða framkvæmdastjórn samvinnufélagsins skal semja breytingaáætlun og skýrslu þar sem lagalegir og efnahagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif hennar í atvinnumálum, og tilgreint hvaða afleiðingar það hafi fyrir félagsaðila og starfsmenn að taka upp form evrópsks samvinnufélags.

4. Birta skal breytingaáætlunina á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytinguna.

5. Fyrir félagsfundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í aðildarríkinu, sem evrópska samvinnufélagið sem breyta á í hlutafélag heyrir undir, votta, að breyttu breytanda, að reglurnar í b-lið 1. mgr. 22. gr. hafi verið virtar.

6. Félagsfundur samvinnufélagsins skal samþykkja breytingaráætlunina ásamt samþykktum evrópska samvinnufélagsins.

7. Aðildarríkin geta bundið breytinguna því skilyrði að hún njóti stuðnings aukins meiri hluta atkvæða eða sé samþykkt samhljóða í stjórnarstofnun samvinnufélagsins sem verið er að breyta þar sem þátttaka starfsmanna er skipulögð.

8. Réttindi og skyldur samvinnufélagsins, sem breyta á, bæði að því er varðar einstaka og sameiginlega ráðningarskilmála og -skilyrði, sem leiðir af landslögum, venju og einstökum ráðningarsamningum eða ráðningarsamböndum og eru í gildi þegar skráningin fer fram, skulu á grundvelli slíkrar skráningar færast til evrópska samvinnufélagsins.

III. KAFLI

SKIPULAG EVRÓPSKA SAMVINNUFÉLAGSINS

36. gr.

Skipulag stofnana

Með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu eftirfarandi stofnanir vera í evrópsku samvinnufélagi:

a) félagsfundur, og

b) annaðhvort eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn (tvíþætt kerfi) eða stjórn (einþætt kerfi) eftir því hvaða form hefur verið ákveðið í samþykktum félagsins.

1. þáttur

Tvíþætt kerfi

37. gr.

Verkefni framkvæmdastjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Framkvæmdastjórnin skal annast rekstur evrópska samvinnufélagsins og koma fram fyrir þess hönd gagnvart þriðju aðilum og í málarekstri. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Eftirlitsstjórnin skal annast tilnefningu og brottvikningu stjórnarmanns eða -manna í framkvæmdastjórn.

Aðildarríki getur hins vegar krafist þess eða leyft að í samþykktum félagsins séu ákvæði um að stjórnarmaður eða menn í framkvæmdastjórninni séu tilnefndir eða þeim vikið frá á félagsfundi og á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem eru með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

3. Sami aðili má ekki samtímis eiga sæti í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn sama evrópska samvinnufélags. Eftirlitsstjórnin getur hins vegar útnefnt einn úr sínum röðum til að taka sæti í framkvæmdastjórn komi til forfalla. Sá skal þá víkja sæti í eftirlitsstjórninni á meðan. Aðildarríki getur takmarkað gildistíma slíkrar ráðstöfunar.

4. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skal mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna í framkvæmdastjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarks- og/eða hámarksfjölda þeirra.

5. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um tvíþætt kerfi að því er varðar samvinnufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar evrópsk samvinnufélög.

38. gr.

Formennska og fundarboðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin kýs sér formann úr eigin röðum í samræmi við samþykktirnar.

2. Formaðurinn skal boða til fundar í framkvæmdastjórninni samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni einhvers stjórnarmanns. Í slíkri beiðni skal ætíð tilgreina ástæður fyrir boðun fundarins. Ef ekki hefur verið brugðist við slíkri beiðni innan 15 daga getur stjórnarmaður eða menn, sem óskuðu eftir fundinum, boðað til hans.

39. gr.

Verkefni eftirlitsstjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Eftirlitsstjórnin hefur eftirlit með störfum framkvæmdastjórnarinnar. Henni er, fyrir sitt leyti, ekki heimilt að stjórna evrópska samvinnufélaginu. Eftirlitsstjórninni er óheimilt að koma fram fyrir hönd evrópska samvinnufélagsins gagnvart þriðju aðilum. Hún skal koma fram fyrir hönd evrópska samvinnufélagsins gagnvart framkvæmdastjórninni eða stjórnarmönnum hennar í tengslum við málssókn eða samningagerð.

2. Stjórnarmenn eftirlitsstjórnarinnar skulu tilnefndir eða þeim vikið frá á félagsfundi. Í samþykktunum má hins vegar tilnefna menn í fyrstu eftirlitsstjórnina. Þetta gildir með fyrirvara um tilhögun á þátttöku starfsmanna sem ákveðin er samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

3. Óvirkir aðilar mega ekki skipa meira en einn fjórða hluta sæta í eftirlitsstjórn.

4. Í samþykktunum skal mæla fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórninni eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki getur hins vegar mælt fyrir um fjölda þeirra sem sitja í eftirlitsstjórn evrópsks samvinnufélags, sem hefur skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þess, og samsetningu hennar eða um lágmarks- og/eða hámarksfjölda stjórnarmanna.

40. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal gefa eftirlitsstjórninni skýrslu a.m.k. þriðja hvern mánuð um framvindu og horfur í viðskiptum evrópska samvinnufélagsins með hliðsjón af hvers konar upplýsingum um fyrirtæki undir stjórn evrópska samvinnufélagsins sem gætu haft veruleg áhrif á framvindu í viðskiptum þess.

2. Auk þeirra reglulegu upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin tafarlaust koma á framfæri við eftirlitsstjórnina hvers konar upplýsingum um atburði sem ætla má að hafi umtalsverð áhrif á evrópska samvinnufélagið.

3. Eftirlitsstjórnin getur krafið framkvæmdastjórnina um hverjar þær upplýsingar sem hún þarf á að halda til að sinna eftirliti í samræmi við 1. mgr. 39. gr. Aðildarríki getur kveðið á um að sérhver stjórnarmaður eftirlitsstjórnarinnar skuli einnig eiga kost á því.

4. Eftirlitsstjórninni er heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hverjar þær rannsóknir sem kunna að reynast nauðsynlegar til að hún geti sinnt skyldum sínum.

5. Sérhver aðili í eftirlitsstjórninni skal hafa rétt til að skoða allar upplýsingar sem henni berast.

41. gr.

Formennska og fundarboðun eftirlitsstjórnarinnar

1. Eftirlitsstjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir á félagsfundi.

2. Formaðurinn skal boða til fundar í eftirlitsstjórninni samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Í beiðninni skulu koma fram ástæðurnar fyrir henni. Ef engin viðbrögð hafa orðið við slíkri beiðni innan 15 daga geta þeir sem óskuðu eftir fundi boðað til hans.

2. þáttur

Einþætt kerfi

42. gr.

Verkefni stjórnar, tilnefning stjórnarmanna

1. Stjórnin skal stýra evrópska samvinnufélaginu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart þriðju aðilum og í málarekstri. Aðildarríki getur kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli bera ábyrgð á daglegri stjórn félagsins á sömu forsendum og gilda um samvinnufélög sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

2. Í samþykktum evrópska samvinnufélagsins skal mæla fyrir um fjölda stjórnarmanna eða um reglur til að ákvarða þann fjölda. Aðildarríki er hins vegar heimilt að ákvarða lágmarksfjölda og, ef þörf krefur, hámarksfjölda stjórnarmanna. Óvirkir aðilar mega ekki skipa meira en einn fjórða hluta sæta í stjórninni.

Í stjórninni skulu hins vegar vera a.m.k. þrír stjórnarmenn ef reglur um þátttöku starfsmanna eru í samræmi við tilskipun 2003/72/EB.

3. Á félagsfundi skal tilnefna menn til setu í stjórn og, ef kveðið er á um það í samþykktunum, í varastjórn. Í samþykktunum má hins vegar tilnefna menn í fyrstu stjórnina. Þetta gildir með fyrirvara um tilhögun á þátttöku starfsmanna sem ákveðin er samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

4. Ef ekki er kveðið sérstaklega á um einþætt kerfi að því er varðar samvinnufélög með skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði aðildarríkis getur viðkomandi aðildarríki samþykkt viðeigandi ráðstafanir að því er varðar evrópsk samvinnufélög.

43. gr.

Bil á milli funda og réttur til upplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal koma saman a.m.k. þriðja hvern mánuð með millibili sem kveðið er á um í samþykktunum til að ræða framvindu og horfur í viðskiptum evrópska samvinnufélagsins, að teknu tilliti til hvers konar upplýsinga um fyrirtæki undir stjórn evrópska samvinnufélagsins sem gætu haft veruleg áhrif á framvindu í viðskiptum þess ef við á.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa rétt til að skoða allar skýrslur, skjöl og upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórnina.

44. gr.

Formennska og fundarboðun stjórnarinnar

1. Stjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Hafi helmingur stjórnarmanna verið tilnefndur af starfsmönnum má einungis kjósa formann úr röðum þeirra sem hafa verið tilnefndir á félagsfundi.

2. Formaðurinn skal boða til stjórnarfundar samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni a.m.k. eins þriðja hluta stjórnarmanna. Í beiðninni skulu koma fram ástæðurnar fyrir henni. Ef engin viðbrögð hafa orðið við slíkri beiðni innan 15 daga geta þeir sem óskuðu eftir fundi boðað til hans.

3. þáttur

Reglur sem eru sameiginlegar í einþætta og tvíþætta kerfinu

45. gr.

Skipunartími

1. Stjórnarmenn í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga skulu tilnefndir til ákveðins tíma sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins, þó eigi lengur en til sex ára.

2. Með fyrirvara um takmarkanir, sem kann að vera mælt fyrir um í samþykktunum, skal heimilt að endurtilnefna aðila, einu sinni eða oftar, til ákveðins tíma sem ákvarðaður er í samræmi við 1. mgr.

46. gr.

Skilyrði fyrir setu í stjórnarstofnun

1. Samþykktir evrópsks samvinnufélags geta heimilað félagi, í skilningi 48. gr. sáttmálans, að eiga sæti í einhverri af stjórnarstofnunum þess, að því tilskildu að slíkt stríði ekki gegn ákvæðum laga um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

Það félag skal tilnefna einstakling sem fulltrúa sinn til að gegna skyldum sínum í viðkomandi stjórn. Fulltrúinn skal hlíta sömu skilyrðum og hafa sömu skyldur og ef hann ætti persónulega sæti í stjórninni.

2. Enginn aðili má eiga sæti í stjórnarstofnun evrópsks samvinnufélags eða vera fulltrúi félagsaðila í skilningi 1. mgr. ef hann telst:

— vanhæfur, samkvæmt lögum aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, til að starfa í samsvarandi stjórn samvinnufélags sem heyrir undir lög þess aðildarríkis, eða

— vanhæfur, á grundvelli dómsúrskurðar eða stjórnvaldsákvörðunar í aðildarríki, til að starfa í samsvarandi stjórn samvinnufélags sem heyrir undir lög aðildarríkis.

3. Í samþykktum evrópska samvinnufélags er hægt, í samræmi við lög um samvinnufélög í aðildarríkinu, að mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir kjörgengi félagsaðila sem eru fulltrúar stjórnarinnar.

47. gr.

Umboð fulltrúa og ábyrgð evrópska samvinnufélagsins

1. Ef tveimur eða fleiri félagsaðilum er veitt heimild til að vera fulltrúar evrópska samvinnufélagsins gagnvart þriðja aðila í samræmi við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 42. gr. skulu þessir félagsaðilar fara með þá heimild sameiginlega, nema lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfi að kveðið sé á um annað í samþykktunum, en í því tilviki er unnt að bera fyrir sig slíkt ákvæði gagnvart þriðju aðilum ef það hefur verið gert opinbert í samræmi við 5. mgr. 11. gr. og 12. gr.

2. Gerningar stjórna evrópskra samvinnufélaga eru bindandi fyrir það gagnvart þriðju aðilum, einnig þegar þessir gerningar eru ekki í samræmi við markmið evrópska samvinnufélagsins, nema þessir gerningar séu utan ramma þeirra heimilda sem stjórnirnar hafa eða mega hafa samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Aðildarríkin geta þó kveðið á um að evrópska samvinnufélagið sé ekki bundið af slíkum gerningum séu þeir utan ramma markmiða evrópska samvinnufélagsins ef félagið færir sönnur á að þriðji aðili hafi vitað að gerningurinn væri utan ramma markmiðanna eða gæti ekki, miðað við aðstæður, hafa verið ókunnugt um það; birting samþykkta, ein og sér, er ekki nægileg sönnun þess.

3. Aldrei má bera fyrir sig, gagnvart þriðja aðila, takmarkanir á valdi stjórna evrópska samvinnufélagsins sem eiga rót sína í samþykktum þess eða ákvörðunum lögbærra stjórna þess jafnvel þótt þær hafi verið gerðar opinberar.

4. Aðildarríki getur mælt fyrir um að í samþykktum megi veita einum aðila, eða nokkrum saman, umboð til að koma fram fyrir hönd evrópsks samvinnufélags. Slík löggjöf getur mælt fyrir um að unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði í samþykktunum gagnvart þriðja aðila að því tilskildu að það varði almenna fyrirsvarsheimild. Ákvæði 12. gr. skulu gilda um það hvort unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði gagnvart þriðja aðila eða ekki.

48. gr.

Aðgerðir sem krafist er heimildar fyrir

1. Í samþykktum evrópsks samvinnufélags skal vera skrá yfir þær tegundir viðskipta þar sem krafist er:

— í tvíþætta kerfinu, heimildar sem framkvæmdastjórnin fær frá eftirlitsstjórn eða félagsfundi,

— í einþætta kerfinu, ótvíræðrar ákvörðunar stjórnarinnar eða heimildar frá félagsfundi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um 47. gr.

3. Aðildarríki getur þó ákveðið fyrir hvaða tegundir viðskipta þurfi heimild og hvaða stjórnarstofnun skuli veita heimildina og verður það að koma fram í samþykktum evrópskra samvinnufélaga sem eru skráð á yfirráðasvæði þess og/eða kveðið á um það að í tvíþætta kerfinu geti eftirlitsstjórnin sjálf ákveðið fyrir hvaða tegundir viðskipta hafa þurfi heimild.

49. gr.

Trúnaðarkvöð

Þeir sem sitja í stjórnarstofnunum evrópsks samvinnufélags eru bundnir þeirri skyldu, jafnvel eftir að þeir hafa látið af störfum, að láta ekki uppi neina vitneskju sem þeir kunna að búa yfir varðandi evrópska samvinnufélagið sem gæti skaðað hagsmuni félagsins eða félagsaðila þess, nema því aðeins að ákvæði landslaga um samvinnufélög krefjist þess eða leyfi að slíkar upplýsingar séu látnar í té eða það sé í þágu almannahagsmuna.

50. gr.

Starfshættir stjórnarstofnana

1. Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari eða í samþykktunum skulu innri reglur um ályktunarhæfi og ákvarðanatöku í stjórnarstofnunum evrópskra samvinnufélaga vera sem hér segir:

a) ályktunarhæfi: a.m.k. helmingur þeirra, sem sitja í stjórn og hafa atkvæðisrétt, skal vera viðstaddur eða eiga fulltrúa á fundinum,

b) ákvarðanataka: meiri hluti þeirra, sem sitja í stjórn, hafa atkvæðisrétt og eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á fundinum.

Fjarverandi stjórnarmenn geta átt hlut að ákvarðanatöku með því veita öðrum í stjórninni eða staðgenglum, sem tilnefndir voru í hana á sama tíma, umboð sitt.

2. Ef engin ákvæði þar að lútandi eru í samþykktum félagsins skal formaður hverrar stjórnar fara með oddaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Engin ákvæði gagnstæð þessu mega vera í samþykktunum ef helmingur þeirra sem eiga sæti í eftirlitsstjórninni eru fulltrúar starfsmanna.

3. Þegar kveðið er á um þátttöku starfsmanna í samræmi við tilskipun 2003/72/EB getur aðildarríki kveðið á um að ályktunarhæfi funda og ákvarðanataka á fundum eftirlitsstjórnarinnar skuli, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., háð gildandi reglum um samvinnufélög í lögum hlutaðeigandi aðildarríkis og með sömu skilyrðum.

51. gr.

Einkaréttarábyrgð

Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu skulu þeir sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, eftirlitsstjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins bera ábyrgð á tapi eða skaða sem félagið verður fyrir vegna þess að þeir hafa ekki sinnt lagaskyldum, samþykktum eða öðrum skuldbindingum sem fylgja störfum þeirra.

4. þáttur

Félagsfundur

52. gr.

Valdsvið

Félagsfundur skal taka ákvarðanir um málefni sem hann ber einn ábyrgð á samkvæmt:

a) þessari reglugerð, eða

b) löggjöf aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu og sem hefur verið samþykkt samkvæmt tilskipun 2003/72/EB.

Enn fremur skal félagsfundur taka ákvarðanir um mál sem eru á ábyrgð aðalfundar samvinnufélags, sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu, annaðhvort samkvæmt lögum þess aðildarríkis eða samþykktum evrópska samvinnufélagsins í samræmi við þau lög.

53. gr.

Framkvæmd félagsfunda

Með fyrirvara um reglur þær, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, gilda lög um samvinnufélög í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, um skipulag og framkvæmd félagsfunda og atkvæðagreiðslur á þeim.

54. gr.

Félagsfundir

1. Halda skal félagsfund í evrópsku samvinnufélagi minnst einu sinni á hverju almanaksári, innan sex mánaða frá lokum fjárhagsárs þess nema lög um samvinnufélög sem sinna sams konar starfsemi í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu, kveði á um tíðari fundi. Aðildarríki getur hins vegar kveðið á um að halda megi fyrsta félagsfund hvenær sem er á fyrstu 18 mánuðunum eftir stofnun evrópsks samvinnufélags.

2. Framkvæmdastjórn, stjórn, eftirlitsstjórn eða aðrar stjórnarstofnanir eða lögbær yfirvöld geta hvenær sem er boðað til félagsfundar í samræmi við landslög um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Framkvæmdastjórninni er skylt að boða til félagsfundar ef eftirlitsstjórnin fer fram á það.

3. Á dagskrá félagsfundar, sem haldinn er eftir að fjárhagsári lýkur, skal a.m.k. vera samþykkt árlegra reikningsskila og ráðstöfun hagnaðar.

4. Á félagsfundinum er hægt að ákveða að boðað verði til annars fundar og ákveða dagsetningu og dagskrá þess fundar.

55. gr.

Fundur boðaður af minni hluta félagsaðila

Félagsaðilar evrópsks samvinnufélags, samanlagt fleiri en 5000, eða sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarfjölda atkvæða, geta krafist þess að boðað verði til félagsfundar í evrópska samvinnufélaginu og samið dagskrá fundarins. Í samþykktunum er heimilt að lækka framangreinda hlutfallstölu.

56. gr.

Fundarboð

1. Boða skal til félagsfundar með skriflegu fundarboði sem sent er eftir tiltækum leiðum til allra sem eiga rétt á að sitja aðalfund evrópska samvinnufélagsins í samræmi við 1. og 2. mgr. 58. gr. og

ákvæði samþykktanna. Boða má til fundarins með því að birta fundarboð í opinberu útgáfuriti evrópska samvinnufélagsins.

2. Í fundarboði félagsfundar skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— heiti og skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins,

— fundarstaður, dagsetning og fundartími,

— ef við á, um hvers konar félagsfund er að ræða,

— dagskrá þar sem fundarefni eru tilgreind ásamt tillögum að ákvörðunum.

3. Að minnsta kosti 30 dagar skulu líða frá deginum þegar fundarboðið, sem um getur í 1. mgr., er sent til dagsins þegar fundurinn er haldinn. Þennan tíma má stytta í 15 daga þegar mikið liggur við. Þegar 4. mgr. 61. gr. er beitt, að því er varðar kröfur um ályktunarhæfi, má stytta tímann milli fyrsta og annars fundar, sem haldinn er til að ræða sömu dagskrármál, í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu.

57. gr.

Viðbætur við dagskrá

Félagsaðilar evrópsks samvinnufélags, samanlagt fleiri en 5000, eða sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarfjölda atkvæða, geta krafist þess að viðbótarliðir, einn eða fleiri, séu teknir á dagskrá félagsfundar. Í samþykktunum er heimilt að lækka framangreinda hlutfallstölu.

58. gr.

Fundarmenn og þeir sem fara með umboð

1. Allir félagsaðilar hafa rétt til að taka til máls og greiða atkvæði á félagsfundum um efnisatriðin sem eru á dagskrá.

2. Þeir sem eiga sæti í stofnunum evrópsks samvinnufélags, eigendur verðbréfa, annarra en hluta og skuldabréfa í skilningi 64. gr., og, ef heimild er fyrir því í samþykktunum, hver sá aðili annar sem á rétt á því samkvæmt lögum ríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, má sitja félagsfund án atkvæðisréttar.

3. Aðili, sem hefur atkvæðisrétt, skal eiga rétt á því að tilnefna mann til að fara með umboð sitt á félagsfundi í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samþykktunum.

Í samþykktunum skal mæla fyrir um hámarksfjölda aðila sem einn maður getur farið með umboð fyrir.

4. Í samþykktunum er hægt að heimila atkvæðagreiðslu með pósti eða rafræna atkvæðagreiðslu en í því tilviki skal mæla fyrir um nauðsynlega málsmeðferð.

59. gr.

Atkvæðisréttur

1. Hver félagsaðili í evrópsku samvinnufélagi skal hafa eitt atkvæði án tillits til þess hve marga hluti hann á.

2. Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa er hægt að kveða á um það í samþykktunum að fjöldi atkvæða, sem félagsaðili ræður yfir, skuli ákvarðast af annarri aðild hans að starfsemi samvinnufélagsins en stofnfjárframlagi hans. Þetta atkvæðamagn getur verið mest fimm atkvæði á félagsaðila eða 30% af heildaratkvæðisrétti, hvort heldur er lægra.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa getur evrópskt samvinnufélag, sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi, kveðið á um það í samþykktum sínum að atkvæðafjöldi félagsaðila skuli ákvarðast af þátttöku þeirra í starfsemi samvinnufélagsins, þ.m.t. hlutur þeirra í stofnfé evrópska samvinnufélagsins. Þetta atkvæðamagn getur mest verið fimm atkvæði á félagsaðila eða 20% af heildaratkvæðisrétti, hvort heldur er lægra.

Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa geta evrópsk samvinnufélög, þar sem meiri hluti félagsaðila eru samvinnufélög, kveðið á um það í samþykktum sínum, að atkvæðafjöldi félagsaðila skuli ákvarðast af þátttöku þeirra í starfsemi samvinnufélagsins, þ.m.t. hlutur þeirra í stofnfé evrópska samvinnufélagsins og/eða fjöldi félagsaðila í hverri einingu þess.

3. Að því er varðar atkvæðisrétt sem úthluta má í samþykktum til óvirkra félagsaðila (fjárfesta) skal evrópska samvinnufélagið hlíta lögum aðildarríkisins þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu. Óvirkir félagsaðilar (fjárfestar) geta þó ekki ráðið samanlagt yfir meira en 25% af heildaratkvæðisrétti.

4. Ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélag hefur skráða skrifstofu, leyfa, við gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að kveða á um það í samþykktum evrópska samvinnufélagsins hvernig þátttöku fulltrúa starfsmanna á félagsfundum skuli háttað eða á svæða- eða deildarfundum, að því tilskildu að fulltrúar starfsmanna ráði ekki samanlagt yfir meira en 15% af heildaratkvæðisrétti. Sá réttur fellur niður um leið og skráð skrifstofa evrópska

samvinnufélagsins er flutt til aðildarríkis þar sem ekki er kveðið á um slíka þátttöku í landslögum.

60. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Allir félagsaðilar, sem óska eftir því á aðalfundi, skulu eiga rétt á upplýsingum frá framkvæmdastjórninni eða stjórninni um málefni evrópska samvinnufélagsins varðandi þá liði sem félagsfundur hefur heimild til að taka ákvörðun um í samræmi við 1. mgr. 61. gr. Upplýsingar skulu veittar á viðkomandi félagsfundi eftir því sem unnt er.

2. Framkvæmdastjórnin eða stjórnin getur því aðeins neitað að veita slíkar upplýsingar að:

— líkur séu á því að það skaði evrópska samvinnufélagið verulega,

— það samrýmist ekki lagaskyldu um trúnaðarkvaðir að láta þær uppi.

3. Félagsaðili, sem synjað er um upplýsingar, getur krafist þess að beiðni hans og ástæður fyrir synjuninni séu skráð í fundargerð félagsfundarins.

4. Félagsaðilar skulu, í 10 daga fyrir félagsfundinn þar sem tekin verður ákvörðun um lok fjárhagsársins, hafa aðgang að efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og athugasemdum með þeim, skýrslu framkvæmdastjórnar, niðurstöðum endurskoðunar viðeigandi aðila á reikningunum og, þegar um er að ræða móðurfyrirtæki í skilningi tilskipunar 83/349/EBE, samstæðureikningsskilum.

61. gr.

Ákvarðanir

1. Félagsfundur getur ályktað um liði á dagskrá fundarins. Félagsfundur getur einnig fjallað um og samþykkt ályktanir um liði sem minni hluti félagsaðila hefur bætt við dagskrá fundarins í samræmi við 57. gr.

2. Félagsfundur tekur ákvarðanir með meiri hluta greiddra og gildra atkvæða félagsaðila sem sitja fundinn eða fulltrúa þeirra.

3. Í samþykktunum skal mæla fyrir um reglur um ályktunarhæfi og meiri hluta sem gilda skulu á félagsfundum.

Ef sá möguleiki er gefinn í samþykktum evrópska samvinnufélagsins að veita fjárfestum (óvirkum aðilum) félagsaðild eða úthluta atkvæðum samkvæmt stofnfjárframlagi í evrópsku samvinnufélagi sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi, skal einnig mæla fyrir um sérstakar reglur um ályktunarhæfi í samþykktunum að því er varðar aðra félagsaðila en fjárfesta (óvirka aðila) eða félagsaðila sem hafa atkvæðisrétt samkvæmt hlutafjáreign í evrópsku samvinnufélagi sem stundar fjármála- eða vátryggingastarfsemi. Aðildarríkjunum er frjálst að setja lágmarksviðmiðun fyrir slíkar sérstakar reglur um ályktunarhæfi fyrir evrópsk samvinnufélög sem hafa skráða skrifstofu á yfirráðasvæði þeirra.

4. Félagsfundur getur því aðeins breytt samþykktunum í fyrsta skipti sem hann kemur saman að félagsaðilar, sem sitja fundinn eða eiga þar fulltrúa, séu a.m.k. helmingur allra félagsaðila á þeim degi sem aðafundurinn er haldinn og, sé boðað til annars fundar með sömu dagskrá, er ekki gerð krafa um ályktunarhæfi.

Í tilvikum, sem um getur í fyrstu undirgrein, verða a.m.k. tveir þriðju hlutar gildra og greiddra atkvæða að vera meðatkvæði, nema þess sé krafist í gildandi lögum um samvinnufélög í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu að meiri hluti atkvæða sé hærra hlutfall.

62. gr.

Fundargerð

1. Rita skal fundarferð á öllum félagsfundum. Í fundargerðinni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— fundarstaður og dagsetning fundarins,

— ályktanir sem samþykktar voru,

— niðurstöður atkvæðagreiðslu.

2. Með fundargerðinni skal fylgja skrá yfir fundarmenn, skjöl varðandi fundarboð til félagsfundar og skýrslur sem félagsaðilum eru afhentar í tengslum við dagskrárliði.

3. Geyma skal fundargerðina og fylgiskjöl hennar í a.m.k. fimm ár. Allir félagsaðilar geta fengið afrit af fundargerðinni og fylgiskjölunum, ef þeir óska eftir því, gegn greiðslu umsýslukostnaðar.

4. Fundarstjóri skal undirrita fundargerðina.

63. gr.

Deildar- eða svæðafundir

1. Ef evrópska samvinnufélagið stundar mismunandi starfsemi eða stundar starfsemi á fleiri en einu landsvæði eða hefur margar starfsstöðvar eða ef félagsaðilar eru fleiri en 500 er hægt að kveða á um það í samþykktunum að haldnir séu deildar- eða svæðafundir ef landslög viðkomandi aðildarríkis leyfa. Í samþykktunum skal kveðið á um skiptingu í deildir eða svæði og fulltrúafjölda þeirra.

2. Á deildar- eða svæðafundum skal kjósa fulltrúa til fjögurra ára að hámarki nema umboðið sé afturkallað áður en sá tími er liðinn. Fulltrúar, sem þannig eru kjörnir, skulu sitja aðalfund evrópska samvinnufélagsins fyrir hönd þeirrar deildar eða þess svæðis sem þeir eru fulltrúar fyrir og skulu þeir gefa umbjóðendum sínum skýrslu um niðurstöður félagsfundarins. Ákvæðin í 4. þætti III. kafla gilda um framkvæmd deildar- og svæðafunda.

IV. KAFLI

ÚTGÁFA HLUTA SEM VEITA SÉRSTÖK KJÖR

64. gr.

Verðbréf, önnur en hlutir og skuldabréf, sem veita sérstök kjör

1. Í samþykktum evrópska samvinnufélags er hægt að kveða á um útgáfu skuldabréfa eða annarra verðbréfa en hluta, en eigendur slíkra bréfa skulu ekki hafa atkvæðisrétt. Jafnt félagsaðilar sem aðrir geta skráð sig fyrir þeim. Kaup á þeim veitir ekki stöðu félagsaðila. Í samþykktunum skal einnig mæla fyrir um málsmeðferð við innlausn.

2. Heimilt er að láta eigendur verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., njóta sérstakra kjara í samræmi við samþykktirnar eða skilyrði sem mælt er fyrir um þegar þau eru gefin út.

3. Heildarnafnvirði verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., má ekki vera hærra en sú tala sem mælt er fyrir um í samþykktunum.

4. Í samþykktunum er hægt að kveða á um sérstaka fundi eigenda verðbréfa eða skuldabréfa, sem um getur í 1. mgr., með fyrirvara um rétt þeirra til að sitja félagsfundinn sem kveðið er á um í 2. mgr. 58. gr. Slíkur fundur getur skilað áliti varðandi ákvarðanir, sem á að taka á félagsfundi um réttindi og hagsmuni slíkra eigenda, og tilnefnt fulltrúa til að kynna það á félagsfundi.

Álitið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal skráð í fundargerð félagsfundar.

V. KAFLI

RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

65. gr.

Lögbundinn varasjóður

1. Með fyrirvara um ófrávíkjanleg lagaákvæði skal í samþykktum mæla fyrir um reglur um ráðstöfun tekjuafgangs fyrir hvert fjárhagsár.

2. Í samþykktunum skal gerð krafa um að hluti af slíkum tekjuafgangi sé lagður í lögboðinn varasjóð, er komið verði á fót, áður en afgangi er ráðstafað á nýjan leik.

Þangað til lögbundinn varasjóður nemur sömu fjárhæð og stofnfénu, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., verður fjárhæðin, sem lögð er í hann, að nema a.m.k. 15% af tekjuafgangi fjárhagsársins, að frádregnu tapi sem hefur verið flutt frá fyrra ári.

3. Aðilar, sem segja sig úr evrópska samvinnufélaginu, skulu ekki eiga neina kröfu til fjár sem lagt hefur verið í lögbundna varasjóðinn með þessum hætti.

66. gr.

Arður

Heimilt er að kveða á um það í samþykktunum að arður sé greiddur til félagsaðila í hlutfalli við viðskipti þeirra við evrópska samvinnufélagið eða þá þjónustu sem þeir hafa innt af hendi fyrir það.

67. gr.

Ráðstöfun tekjuafgangs

1. Hagnaður til úthlutunar er sú fjárhæð sem eftir stendur þegar búið er að draga frá greiðslu í lögbundinn varasjóð, arðgreiðslur og yfirfært tap frá fyrri árum að viðbættum tekjuafgangi, sem hefur verið yfirfærður frá fyrra ári, og fjárhæðum sem hafa verið úr varasjóðum.

2. Á félagsfundi, þar sem reikningar fjárhagsársins eru lagðir fram, má ráðstafa tekjuafgangi á þann hátt og í þeim hlutföllum sem mælt er fyrir um í samþykktunum, einkum:

— að færa hann yfir á næsta fjárhagsár,

— leggja hann í lögbundinn varasjóð eða annan skyldubundinn varasjóð,

— að veita arði af innborguðu stofnfé og ígildi stofnfjár, sem staðgreiddur er eða greiddur í hlutum.

3. Í samþykktunum má einnig kveða á um bann við úthlutun.

VI. KAFLI

ÁRLEG REIKNINGSSKIL OG SAMSTÆÐUREIKNINGSSKIL

68. gr.

Gerð árlegra reikningsskila og samstæðureikningsskila

1. Að því er varðar gerð árlegra reikningsskila og, eftir atvikum, gerð samstæðureikningsskila, ásamt

meðfylgjandi ársskýrslu, svo og um endurskoðun þeirra og birtingu, skal evrópskt samvinnufélag heyra undir lagaákvæði aðildarríkisins, þar sem félagið er með skráða skrifstofu, sem sett eru til framkvæmdar tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE. Aðildarríki geta þó kveðið á um breytingar á ákvæðum landslaga til framkvæmdar þeim tilskipunum svo að tekið sé tillit til séreinkenna samvinnufélaga.

2. Ef evrópsku samvinnufélagi ber ekki skylda til, samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem félagið hefur skráða skrifstofu, að birta reikningsskil, eins og kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 68/151/EBE, skal evrópska samvinnufélagið a.m.k. sjá til þess að almenningur hafi aðgang að skjölum, tengdum árlegum reikningsskilum, á skráðri skrifstofu sinni. Afrit af þessum skjölum skulu afhent ef óskað er eftir því. Gjald fyrir slík afrit skal ekki vera hærra en sem nemur umsýslukostnaði.

3. Evrópskt samvinnufélag skal setja fram árleg reikningsskil sín og, eftir atvikum, samstæðureikningsskil í innlendum gjaldmiðli. Evrópskt samvinnufélag, sem hefur skráða skrifstofu utan gildissvæðis evrunnar, getur einnig sett fram árleg reikningsskil sín og, eftir atvikum, samstæðureikningsskil í evrum. Í því tilviki skal tilgreina, í athugasemdum með reikningsskilunum, hvernig þeir liðir í reikningsskilunum, sem eru eða voru upphaflega tilgreindir í öðrum gjaldmiðli, hafa verið umreiknaðir í evrur.

69. gr.

Reikningsskil evrópskra samvinnufélaga sem stunda lána- eða fjármálastarfsemi

1. Við gerð árlegra reikningsskila, og eftir atvikum, samstæðureikningsskila ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og við endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal evrópskt samvinnufélag, sem er lána- eða fjármálastofnun, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í landslögum aðildarríkisins, þar sem það hefur skráða skrifstofu, samkvæmt tilskipunum sem tengjast stofnun og rekstri lánastofnana.

2. Við gerð árlegra reikningsskila og, eftir atvikum, samstæðureikningsskila ásamt meðfylgjandi ársskýrslu svo og við endurskoðun og birtingu þessara reikninga skal evrópskt samvinnufélag, sem er vátryggingafélag, fara eftir reglum sem mælt hefur verið fyrir um í landslögum aðildarríkisins, þar sem það hefur skráða skrifstofu, samkvæmt tilskipunum um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga.

70. gr.

Endurskoðun

Lögboðin endurskoðun árlegra reikningsskila evrópsks samvinnufélags og, eftir atvikum, samstæðureikningsskila þess skal vera í höndum eins eða fleiri aðila, sem hafa til þess heimild í aðildarríkinu þar sem það hefur skráða skrifstofu, í samræmi við ráðstafanir sem það ríki hefur samþykkt í samræmi við tilskipanir 84/253/EBE og 89/48/EBE.

71. gr.

Endurskoðunarkerfi

Ef þess er krafist í lögum aðildarríkis að öll samvinnufélög eða samvinnufélög af tiltekinni gerð, sem heyra undir lög þess ríkis, tengist annarri stofnun, sem hlotið hefur heimild að lögum, og gangist undir tiltekið endurskoðunarkerfi sem sú stofnun starfrækir, skal sú tilhögun sjálfkrafa gilda um evrópskt samvinnufélag sem hefur skráða skrifstofu í því aðildarríki, að því tilskildu að aðilinn uppfylli kröfur tilskipunar 84/253/EBE.

VII. KAFLI

FÉLAGSSLIT, SKIPTAMEÐFERÐ, GJALDÞROT OG GREIÐSLUSTÖÐVUN

72. gr.

Félagsslit, skiptameðferð og ámóta málsmeðferð

Evrópskt samvinnufélag skal, að því er varðar félagsslit, skiptameðferð, gjaldþrot, greiðslustöðvun og ámóta málsmeðferð, heyra undir lagaákvæði sem myndu gilda um hlutafélag, stofnað í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa þess er, þ.m.t. ákvæði um ákvarðanir funda.

73. gr.

Félagsslit samkvæmt ákvörðun dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu

1. Að beiðni aðila, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, eða að beiðni lögbærs yfirvalds skal dómstóll eða annað lögbært stjórnvald í aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, gefa fyrirmæli um félagsslit evrópska samvinnufélagsins ef í ljós kemur að ákvæði 1. mgr. 2. gr. og/eða 2. mgr. 3. gr. hafi verið brotin og einnig í tilvikum eins og um getur í 34. gr. Dómstóllinn eða lögbæra stjórnvaldið getur veitt evrópska samvinnu-

félaginu frest til úrbóta. Hafi félagið ekki gert það innan tiltekins frests skal dómstóllinn eða lögbæra stjórnvaldið gefa fyrirmæli um að slíta því.

2. Þegar evrópskt samvinnufélag uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir í 6. gr. skal aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, knýja evrópska samvinnufélagið með viðeigandi ráðstöfunum til að koma reglu á málefni sín innan tiltekins tíma:

— annaðhvort með því að flytja aðalskrifstofu sína aftur til aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu, eða

— með því að flytja skráðu skrifstofuna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

3. Aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal tryggja með nauðsynlegum ráðstöfunum að evrópskt samvinnufélag, sem lætur undir höfuð leggjast að koma lagi á málefni sín í samræmi við 2. mgr., sé tekið til skiptameðferðar.

4. Aðildarríkið, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, skal leita eftir réttarúrræðum eða öðrum úrræðum vegna allra staðfestra brota á ákvæðum 6. gr. Slíkt úrræði skal hafa áhrif til frestunar á málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

5. Ef staðfest er, annaðhvort að frumkvæði yfirvalda eða einhvers hagsmunaaðila, að evrópskt samvinnufélag sé með aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæði aðildarríkis, andstætt ákvæðum 6. gr., skulu yfirvöld þess aðildarríkis þegar í stað gera aðildarríkinu, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, grein fyrir því.

74. gr.

Birting félagsslita

Með fyrirvara um ákvæði í landslögum, sem krefjast frekari birtingar, skal, í samræmi við 12. gr., birta tilkynningar um upphaf og lok félagsslita, þ.m.t. slit að eigin frumkvæði, skiptameðferðar, gjaldþrotaskipta og greiðslustöðvun svo og um ákvarðanir um að halda áfram rekstri.

75. gr.

Úthlutun

Úthluta skal hreinni eign í samræmi við meginregluna um óvilhalla úthlutun eða, ef lög aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, leyfa það, í samræmi við annað fyrirkomulag sem kemur fram í samþykktum evrópska samvinnufélagsins. Í þessari grein merkir hrein eign þá eign sem eftir stendur þegar búið er að greiða allar skuldir við lánardrottna og endurgreiða félagsaðilum stofnfjárframlög.

76. gr.

Breyting yfir í samvinnufélag

1. Breyta má evrópsku samvinnufélagi í samvinnufélag sem heyrir undir lög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Ekki má taka ákvörðun um breytingu félags fyrr en tvö ár eru liðin frá skráningu þess eða tvö fyrstu, árlegu reikningsskilin hafa verið samþykkt.

2. Breyting evrópsks samvinnufélags í samvinnufélag skal ekki hafa í för með sér félagsslit félagsins eða tilurð nýs lögaðila.

3. Framkvæmdastjórn eða stjórn evrópska samvinnufélagsins skal semja breytingaáætlun og skýrslu þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir breytingarinnar eru skýrðir og rökstuddir, svo og áhrif hennar í atvinnumálum, og tilgreint hvaða afleiðingar það hafi fyrir félagsaðila og hluthafa, sem um getur í 14. gr., sem og starfsmenn, að taka upp form samvinnufélags.

4. Breytingaáætlunin skal gerð aðgengileg almenningi á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis a.m.k. einum mánuði fyrir félagsfundinn sem er boðaður til að taka ákvörðun um breytinguna.

5. Fyrir félagsfundinn, sem um getur í 6. mgr., skulu óháðir sérfræðingar, einn eða fleiri, sem hafa verið tilnefndir eða samþykktir af yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í samræmi við landslög í aðildarríkinu, sem evrópska samvinnufélagið sem breyta á í samvinnufélag heyrir undir, votta að eignir félagsins séu a.m.k. jafngildi stofnfjár þess.

6. Félagsfundur evrópska samvinnufélagsins skal samþykkja breytingaráætlunina ásamt samþykktum samvinnufélagsins. Ákvörðun félagsfundarins skal tekin eins og mælt er fyrir um í ákvæðum landslaga.

VIII. KAFLI

VIÐBÓTARÁKVÆÐI OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

77. gr.

Efnahags- og myntbandalagið

1. Á meðan þriðji áfangi Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) gildir ekki fyrir eitthvert aðildarríki getur það aðildarríki beitt sömu ákvæðum gagnvart evrópskum samvinnufélögum, sem hafa skráðar skrifstofur á yfirráðasvæði þess, og þeim sem gilda um samvinnufélög eða hlutafélög sem heyra undir

lög þess að því er varðar gjaldmiðilinn sem stofnfé þeirra er gefið upp í. Samt sem áður getur evrópskt samvinnufélag einnig gefið upp stofnfé sitt í evrum. Þegar svo ber undir skal umreikningsgengi innlends gjaldmiðils gagnvart evru vera það sama og síðasta dag síðasta mánaðar fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

2. Á meðan þriðji áfangi Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU) gildir ekki fyrir aðildarríkið þar sem evrópskt samvinnufélag hefur skráða skrifstofu er evrópska samvinnufélaginu þó heimilt að semja og birta árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í evrum. Aðildarríkið getur krafist þess að evrópska samvinnufélagið semji og birti árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í innlendum gjaldmiðli og á sömu forsendum og við eiga um samvinnufélög og hlutafélög sem heyra undir lög þess aðildarríkis. Evrópska samvinnufélagið skal þó einnig eiga þess kost að birta árleg reikningsskil sín og, þegar við á, samstæðureikningsskil í evrum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í ekum (ECU) ([20]).

IX. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

78. gr.

Innlendar framkvæmdarreglur

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbær yfirvöld í skilningi 7., 21., 29., 30., 54. og 73. gr. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki þar um.

79. gr.

Endurskoðun reglugerðarinnar

Eigi síðar en fimm árum eftir að reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu reglugerðarinnar og tillögur um breytingar ef við á. Í skýrslunni skal einkum athuga hvort heppilegt sé:

a) að heimila að aðalskrifstofa og skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags séu sín í hvoru aðildarríkinu,

b) að leyfa, í samþykktum evrópsks samvinnufélags, ákvæði sem aðildarríki hefur samþykkt til framkvæmdar heimildum, sem aðildarríkjunum eru veittar með þessari reglugerð eða með lögum sem samþykkt hafa verið til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar evrópska samvinnufélagið, sem víkja frá eða eru til fyllingar þessum lögum jafnvel þótt slík ákvæði yrðu ekki leyfð í samþykktum samvinnufélags sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríkinu,

c) að leyfa ákvæði sem gera það kleift að skipta evrópska samvinnufélaginu í tvö eða fleiri innlend samvinnufélög,

d) að hafa sérstök lagaúrræði þegar misferli eða mistök eiga sér stað við skráningu evrópsks samvinnufélags sem komið er á fót með samruna.

80. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 18. ágúst 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

([20]) Stjtíð. EB L 317, 16.11.1990, bls. 57.

1366. Frumvarp til laga [651. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til bærra yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögmæta starfsemi.

2. gr.
Gildissvið.

Undir lög þessi falla eftirtaldir aðilar:

a. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
b. Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.
c. Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
d. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
e. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.
f. Lögmenn og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
   i. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
   ii. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekkum aðilum.
g. Endurskoðendur.
h. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.
i. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.
j. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
k. Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
l. Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að aðilar sem falla undir a–d-lið 1. mgr. og taka þátt í fjármálastarfsemi aðeins stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og starfsemin felur í sér litla hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka séu undanþegnir ákvæðum laga þessara.

Skylt er þeim sem falla undir ákvæði þessara laga að veita alla nauðsynlega aðstoð til að ákvæðum laganna verði framfylgt.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Peningaþvætti:* Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða meiri háttar skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma, dylja eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.
2. *Fjármögnun hryðjuverka:* Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a almennra hegningarlaga.
3. *Ávinningur:* Hvers kyns hagnaður og eignir hverju nafni sem nefnast, þ.m.t. skjöl sem ætlað er að tryggja rétthafa aðgang að eignum eða öðrum réttindum sem meta má til fjár.
4. *Raunverulegur eigandi:* Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:
   a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
   b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.
5. *Tilkynningarskyldir aðilar:* Aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr.
6. *Þjónustuaðili á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu:* Einstaklingur eða lögaðili sem veitir eftirfarandi þjónustu gegn gjaldi:
   a. stofnun fyrirtækja eða annarra lögaðila,
   b. gegnir eða útvegar annan aðila til að gegna stöðu forstjóra eða framkvæmdastjóra fyrirtækis, stöðu meðeiganda í félagi eða sambærilegri stöðu hjá annarri tegund lögaðila,
   c. útvegar lögheimili eða annað skráð heimilisfang sem á svipaðan hátt er notað til að hafa samband við fyrirtækið, eða aðra tengda þjónustu,
   d. starfar sem eða útvegar annan einstakling til að starfa sem fjárvörsluaðili sjóðs eða annars löglegs fyrirkomulags,
   e. starfar sem eða fær annan einstakling til að starfa sem tilnefndur hluthafi fyrir annan aðila en fyrirtæki sem skráð er á skipulegum markaði.

II. KAFLI
Könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

4. gr.
Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna í samræmi við ákvæði þessa kafla í eftirfarandi tilvikum:

a. Við upphaf viðvarandi samningssambands.
b. Vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
c. Vegna gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri.
d. Þegar grunur leikur á um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi.
e. Þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

5. gr.
Upplýsingaöflun tilkynningarskyldra aðila.

Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal tilkynningarskyldur aðili gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili með eftirfarandi hætti:

a. Einstaklingar: með framvísun persónuskilríkja sem gefin eru út af opinberum aðila.
b. Lögaðilar: með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Tilkynningarskyldur aðili skal jafnframt gera kröfu um að fullnægjandi upplýsingar séu veittar um raunverulegan eiganda, sbr. 3. gr. Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og greinir í a-lið.

Afla skal upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum hjá verðandi viðskiptamanni.

Hafi einstaklingur eða starfsmaður tilkynningarskylds aðila vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu varðveita ljósrit af persónuskilríkjum og öðrum gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum lýkur.

6. gr.
Reglubundið eftirlit tilkynningarskyldra aðila.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu hafa reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn sína til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um þá, t.d. með athugun á viðskiptum sem eiga sér stað á meðan á samningssambandinu stendur. Upplýsingar um viðskiptamenn skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað í samræmi við lög þessi eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Áhættumat.

Tilkynningarskyldum aðilum er heimilt að beita ákvæðum 5. og 6. gr. og ákvæðum III. og IV. kafla á grundvelli áhættumats þar sem umfang upplýsingaöflunar og annarra ráðstafana samkvæmt lögum þessum gagnvart hverjum viðskiptamanni byggist á mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nýti þeir sér slíka heimild er þeim skylt að setja sér reglur um framkvæmd þess og ber aðilum sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. að fá reglurnar samþykktar af Fjármálaeftirlitinu og aðilum sem tilgreindir eru í e–l-lið 1. mgr. 2. gr. að fá reglurnar samþykktar af lögreglu.

8. gr.

Tímabundin frestun upplýsingaöflunar.

Nýr viðskiptamaður skal sanna á sér deili í samræmi við 5. gr. áður en samningssambandi er komið á. Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má þó fresta því þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hætta er talin á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Viðskiptamaður skal í slíkum tilvikum sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við.

Heimilt er að opna bankareikning fyrir viðskiptamann þrátt fyrir að skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að færslur á hann verði ekki framkvæmdar fyrr en hann hefur sannað á sér deili skv. 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt þegar um viðskipti með líftryggingar er að ræða að rétthafi samkvæmt líftryggingarsamningnum sanni á sér deili þegar samningssambandi við viðskiptamann hefur verið komið á. Í slíkum tilvikum skal rétthafi sanna deili á sér eigi síðar en þegar líftrygging er greidd út eða áður en rétthafi hyggst nýta sér rétt þann sem felst í tryggingunni.

9. gr.

Skilyrði könnunar á áreiðanleika upplýsinga ekki uppfyllt.

Hafi ekki reynst mögulegt að fullnægja skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi. Skal jafnframt metið hvort ástæða sé til að senda lögreglu tilkynningu skv. 17. gr.

1. mgr. gildir ekki um störf lögmanna við athugun þeirra á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir hönd þeirra í dómsmáli eða í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli.

III. KAFLI

Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann.

10. gr.

Fjarsala.

Við upphaf viðskipta með fjarsölu, stofnun samninga með notkun fjarskiptaaðferða eða á annan sambærilegan hátt þar sem viðskiptamaðurinn er ekki á staðnum til að sanna á sér deili ber að afla viðbótargagna um viðskiptamann ef nauðsyn krefur svo og krefjast þess að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki.

Í reglum sem tilkynningarskyldum aðilum er skylt að setja um innra eftirlit fyrir starfsemina, sbr. 1. mgr. 23. gr., skal þegar það á við kveða nánar á um viðskipti með notkun fjarskiptaaðferða og varðveislu gagna um slík viðskipti.

11. gr.

Millibankaviðskipti.

Í millibankaviðskiptum yfir landamæri, við aðila frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu fjármálafyrirtæki sem lög þessi gilda um uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. afla upplýsinga um starfsemi gagnaðilans og meta út frá opinberum gögnum orðstír viðkomandi og gæði eftirlits hjá honum,
b. leggja mat á eftirlit gagnaðilans með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
c. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en millibankaviðskiptum er komið á,
d. skrásetja skyldur hvors aðila fyrir sig samkvæmt lögum þessum, og
e. fá staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðilinn viti deili á viðskiptamanni og meti reglulega upplýsingar um viðskiptamenn sem hafa beinan aðgang að reikningum hjá fjármálafyrirtæki sem lög þessi gilda um, og geti veitt viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sé þess óskað.

12. gr.

Einstaklingar í áhættuhópi.

Ef samningssamband eða viðskipti eru við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna og eru búsettir í öðru landi skulu tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum fullnægja eftirtöldum skilyrðum, auk skilyrða II. kafla:

a. meta hvort viðskiptamaður telst vera í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna, en til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu og nánasta fjölskylda þeirra eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra,
b. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta við þá,
c. grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum,
d. hafa reglubundið aukið eftirlit með samningssambandinu.

13. gr.

Millibankaviðskipti við lánastofnun án raunverulegrar starfsemi.

Lánastofnunum sem lög þessi gilda um er óheimilt að stofna til eða halda áfram millibankaviðskiptum við lánastofnun eða annan aðila með sambærilega starfsemi sem stofnaður er innan lögsögu þar sem hann hefur enga raunverulega starfsemi eða stjórn og er ótengdur eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu. Þeim er jafnframt óheimilt að eiga í millibankaviðskiptum við banka sem heimilar slíkri lánastofnun að nota reikninga sína.

14. gr.

Nafnleynd í viðskiptum.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu sýna sérstaka varúð þegar um er að ræða vöru eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar og skulu ef þörf krefur gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slík viðskipti séu notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

IV. KAFLI
Undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.

15. gr.
Aðilar sem undanþegnir eru ákvæðum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

5. og 6. gr. laga þessara um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna gilda ekki um eftirtalda aðila:

a. Lögaðila sem taldir eru upp í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. og samsvarandi lögaðila sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um eftirlitsskyldar lána- eða fjármálastofnanir frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum.
b. Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
c. Íslensk stjórnvöld.

Áður en undanþága skv. 1. mgr. er veitt skal afla fullnægjandi upplýsinga um viðskiptamann til að ganga úr skugga um að hann falli undir a-, b- eða c-lið 1. mgr.

16. gr.
Upplýsingar frá þriðja aðila.

Tilkynningarskyldur aðili þarf ekki að kanna áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.–3. mgr. 5. gr. ef samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika hans koma fram fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis sem hlotið hefur starfsleyfi á Íslandi eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskyldrar lána- eða fjármálastofnunar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gerðar eru sambærilegar kröfur til og í lögum þessum. Endanleg ábyrgð á könnun á áreiðanleika viðskiptamanns skv. 1.–3. mgr. 5. gr. hvílir á viðtakanda upplýsinganna.

Þriðji aðili sem veitir upplýsingar skv. 1. mgr. skal, ef viðtakandi upplýsinganna óskar eftir því, án tafar gera upplýsingarnar aðgengilegar eða áframsenda afrit af viðeigandi persónuupplýsingum og öðrum viðeigandi gögnum sem sanna hver viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi er.

V. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur aðila.

17. gr.
Almenn tilkynningarskylda.

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.

Samkvæmt beiðni lögreglu, sem rannsakar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu tilkynningarskyldir aðilar láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningarinnar.

1. mgr. gildir ekki um upplýsingar sem lögmenn öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli, eða upplýsingar sem þeir öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við dómsmálið. Sama gildir um upplýsingar sem aðilar skv. g–i-lið

1. mgr. 2. gr. öðlast þegar þeir veita lögmanni sérfræðiráðgjöf fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls.

18. gr.

Skylda til að forðast viðskipti.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Skal tilkynna um þau til lögreglu og taka fram í tilkynningunni innan hvaða frests tilkynningarskyldum aðilum er skylt að framkvæma viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

19. gr.

Meðferð tilkynninga o.fl.

Lögreglu ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar skv. 17. og 18. gr. Lögreglu er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um skv. 17. og 18. gr. verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Lögregla skal tafarlaust gera tilkynnanda viðvart telji hún ekki þörf á hindrun viðskipta.

Nánar skal mælt fyrir um móttöku tilkynninga, greiningu og miðlun upplýsinga um hugsanlegt peningaþvætti í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

20. gr.

Bann við upplýsingagjöf.

Tilkynningarskyldum aðilum og stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu þeirra er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að lögreglu hafi verið sendar upplýsingar skv. 17. og 18. gr. um að rannsókn sé hafin vegna gruns um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða að slíkri rannsókn kunni að verða hrundið af stað.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er miðlun framangreindra upplýsinga heimil til eftirtalinna aðila:

a. til Fjármálaeftirlitsins,
b. innan samstæðu eins og hún er skilgreind í lögum um ársreikninga,
c. milli aðila sem nefndir eru í f- og g-lið 1. mgr. 2. gr. og sinna starfi sínu hjá sama lögaðila eða sama neti fyrirtækja,
d. milli aðila sem nefndir eru í a–g-lið 1. mgr. 2. gr. að því tilskildu að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
    1. að báðir aðilar tilheyri sömu starfsgrein,
    2. að málið varði einstakling eða lögaðila sem er viðskiptavinur hjá báðum aðilum,
    3. að upplýsingarnar varði viðskipti sem snerta báða aðila,
    4. að báðir aðilar hafi sambærilegar skyldur hvað varðar þagnarskyldu og vernd persónuupplýsinga, og
    5. að upplýsingarnar séu eingöngu notaðar í þeim tilgangi að hindra peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Eingöngu er heimilt að miðla upplýsingum skv. 2. mgr. til einstaklings eða lögaðila með heimili í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef einstaklingurinn eða lögaðilinn er bundinn af sambærilegum reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög þessi mæla fyrir um.

Aðilar nefndir í f- og g-lið 1. mgr. 2. gr. sem ráða viðskiptavinum sínum frá því að taka þátt í ólöglegu athæfi teljast ekki hafa brotið 1. mgr. um bann við upplýsingagjöf.

21. gr.

Undantekning frá þagnarskyldu.

Þegar tilkynningarskyldur aðili veitir lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum telst það ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn lögum samkvæmt eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsi- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum þeirra.

22. gr.

Tilnefning ábyrgðarmanns.

Tilkynningarskyldir aðilar bera ábyrgð á því að ákvæðum laga þessara og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna. Lögreglu skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

23. gr.

Innra eftirlit o.fl.

Tilkynningarskyldum aðilum ber skylda til þess að setja sér skriflegar innri reglur og hafa innra eftirlit sem miðar að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Skulu þeir m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í þeim tilgangi.

Tilkynningarskyldum aðilum ber skylda til þess að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra. Um varðveislu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Lögaðilar sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. skulu búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum. Um varðveislu slíkra gagna, þ.m.t. upplýsinga um einstök viðskipti viðskiptamanna, fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Lögaðilum sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. ber við ráðningu starfsfólks að setja sérstakar reglur um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

24. gr.

Útibú og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu tryggja að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins kanni áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína með sambærilegum hætti og mælt er fyrir um í lögum þessum eða eins sambærilegum hætti og lög viðkomandi ríkis heimila.

Ef löggjöf ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem útibú eða dótturfélag er staðsett heimilar ekki sambærilega könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og mælt er fyrir um í lögum þessum skal viðkomandi aðili senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um það. Jafnframt skal viðkomandi aðili tryggja að hlutaðeigandi útibú eða dótturfélag bregðist við hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eftir öðrum leiðum.

Aðilar sem tilgreindir eru í a–c-lið 1. mgr. 2. gr. skulu sjá til þess að útibú þeirra og dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins setji sér skriflegar innri reglur sambærilegar þeim sem krafist er í 1. mgr. 23. gr. eða eins sambærilegar reglur og lög viðkomandi ríkis heimila.

VI. KAFLI
Eftirlit o.fl.

25. gr.
Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að aðilar sem tilgreindir eru í a–d-lið 1. mgr. 2. gr. fari að ákvæðum laga þessara og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og þeim sérlögum sem um starfsemi eftirlitsskyldra aðila gilda.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita eftirlitsúrræðum sem kveðið er á um í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi við eftirlit samkvæmt lögum þessum.

26. gr.
Tilkynningar eftirlitsaðila.

Fái Fjármálaeftirlitið, önnur stjórnvöld eða aðrir fagaðilar sem hafa eftirlit með starfsemi tilkynningarskyldra aðila í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka skal það tilkynnt til lögreglu.

Fjármálaeftirlitið gefur út tilkynningar og leiðbeiningar ef þörf er á sérstakri varúð í viðskiptum við ríki eða ríkjasvæði sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti. Tilkynningarskyldum aðilum ber jafnframt að gefa sérstakan gaum að ríkjum eða ríkjasvæðum sem ekki fylgja alþjóðlegum tilmælum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti.

VII. KAFLI
Viðurlög.

27. gr.
Viðurlög.

Vanræki tilkynningarskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína skv. II. og III. kafla, tilkynningarskyldu eða aðrar skyldur skv. V. kafla eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem kveðið er á um í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum.

Þegar brot á lögum þessum er framið í starfsemi lögaðila, og í þágu hans, má gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.
Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal:

1. frekari ákvæði um undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika skv. 15. gr.,
2. nánari ákvæði um framkvæmd tilkynningarskyldu skv. 17. gr.,
3. nánari ákvæði um hvaða upplýsingar um sendanda skuli fylgja millifærslum,
4. sérstakar reglur um tilkynningar á millifærslum til eða í þágu einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki er með viðunandi reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
5. sérstakar reglur um bann eða takmarkanir á heimildum tilkynningarskyldra aðila til að stofna til samningssambands eða framkvæma millifærslur til einstaklinga eða lögaðila sem hafa tengsl við ríki eða ríkjasvæði sem ekki er með viðunandi reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

29. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 12. gr. öðlast gildi 1. janúar 2007. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, með síðari breytingum.

1367. Frumvarp til laga [684. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa“ í 3. málsl. kemur: án framvísunar hlutabréfa.
b. Við bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Ef um er að ræða hlutafélög, sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað, skal slík tilkynning send viðkomandi markaði fyrir aðalfund.

2. gr.

Í stað 159. gr. laganna kemur nýr kafli, XX. kafli, **Samlagshlutafélög**, með fjórum nýjum greinum sem orðast svo:

a. (159. gr.)

Lög þessi taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í lögunum.

Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar.

Samlagshlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf.

Í samþykktum skulu auk annarra viðeigandi atriða vera upplýsingar um:

1. nafn, kennitölu, stöðu og heimilisfang ábyrgðaraðila,
2. hvort ábyrgðaraðila sé skylt að leggja fram hlutafé og, ef svo er, hversu mikið,
3. reglur um áhrif ábyrgðaraðila í málefnum félagsins og þátt hans í skiptingu hagnaðar og taps og
4. hvort einhver félagsmanna njóti sérstakra réttinda eða skyldna í félaginu.

Í samþykktum samlagshlutafélags skulu m.a. vera reglur um innbyrðis réttarsamband félagsmanna, þ.e. ábyrgðaraðila og hluthafa.

b. (160. gr.)

Í samþykktum samlagshlutafélaga, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, má víkja frá ákvæðum laga þessara svo sem hér er kveðið á um.

Ábyrgðaraðili, einn eða fleiri sameiginlega, getur gegnt hlutverki stjórnar sé hún ekki kosin, svo og störfum framkvæmdastjóra eða falið öðrum það, og ritað firma félagsins. Sé ábyrgðaraðilinn lögaðili kemur tiltekinn einstaklingur fram fyrir hönd hans. Ábyrgðaraðili skal ávallt eiga sæti í stjórn sé hún kosin.

Framselja má vald hluthafafundar til ábyrgðaraðila. Breytingar á félagssamþykktum skulu þó bornar undir hluthafafund. Kveða má þar sérstaklega á um form atkvæðagreiðslu á hluthafafundi og hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslur og atkvæðahlutföll, m.a. gera áskilnað um einróma samþykki. Þá skal unnt að halda hluthafafundi ef talið er að samþykktir séu brotnar. Halda skal aðalfund og m.a. samþykkja ársreikning.

Í félagssamþykktum má einnig kveða sérstaklega á um framsal og veðsetningu hluta, innlausnarskyldu og arðgreiðslur, m.a. tíðni arðgreiðslna, svo og slit félaganna, t.d. um ákveðinn líftíma þeirra.

c. (161. gr.)

Samþykki allra hluthafa þarf til að breyta félagssamþykktum ef breyta á hlutafélagi í samlagshlutafélag. Við breytinguna tekur samlagshlutafélagið við öllum eignum og skuldum hlutafélagsins og þarf ekki samþykki lánardrottna að koma til.

Tilkynningu um ákvörðun skv. 1. mgr. skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum, svo og ábyrgðaraðilum.

Breyting hlutafélags í samlagshlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að kröfum XX. kafla sé fullnægt enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði.

Þegar breytingin hefur átt sér stað teljast hlutabréf, sem hlutafélag hefur gefið út, ógilt.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi tilkynnt sig til skráningar á hlutaskrá í samlagshlutafélaginu getur stjórn samlagshlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að senda slíka tilkynningu innan sex mánaða. Ef frestur inn er liðinn án þess að tilkynning hafi borist getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutina í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slíka

hluti. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

d. (162. gr.)

Hluthafafundur í samlagshlutafélagi getur, með þeim fjölda atkvæða sem krafist er til breytinga á félagssamþykktum og samþykki ábyrgðaraðila, samþykkt að breyta samlagshlutafélagi í hlutafélag. Ákvæði 6.–8. gr. gilda eftir því sem við á. Framlagning skýrslu og útsending hennar fer þó eftir 4. mgr. 88. gr. Við breytinguna tekur hlutafélagið við öllum eignum og skuldum samlagshlutafélagsins án þess að samþykki lánardrottna þurfi að koma til.

Tilkynningu um ákvörðun skv. 1. mgr. skal innan tveggja vikna senda öllum skráðum hluthöfum, svo og ábyrgðaraðilum.

Breyting samlagshlutafélags í hlutafélag telst hafa átt sér stað þegar félagssamþykktum hefur verið breytt á þann veg að það fullnægi kröfum laga þessara enda hafi breytingar á samþykktunum verið skráðar og tilkynning þar að lútandi birt í Lögbirtingablaði. Ábyrgðaraðilar bera þó áfram ábyrgð á skuldbindingum frá því fyrir breytinguna á félaginu.

Gefa skal út hlutabréf í hlutafélagi áður en ár er liðið frá breytingunni. Óheimilt er að gefa þau út fyrir breytinguna.

Ef liðin eru fimm ár frá breytingunni án þess að allir réttbærir aðilar hafi sett fram beiðni um að fá hlutabréf sín í hlutafélaginu afhent getur stjórn hlutafélagsins með auglýsingu í Lögbirtingablaði skorað á aðila að vitja hlutabréfanna innan sex mánaða. Þegar fresturinn er liðinn og enginn hefur gefið sig fram getur stjórnin á kostnað viðkomandi hluthafa selt hlutabréfin í hlutafélaginu fyrir milligöngu aðila sem að lögum er heimilt að versla með slík bréf. Frá söluandvirðinu getur félagið dregið kostnað við auglýsinguna og söluna. Hafi söluandvirðið ekki verið sótt innan fimm ára frá sölu rennur fjárhæðin til félagsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1368. Frumvarp til laga [655. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 7. tölul. verður svohljóðandi: *Fagfjárfestar:*
   a. Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, önnur fjármálafyrirtæki sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi, vátryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á og hrávörumiðlanir.
   b. Lögaðilar sem hvorki hafa starfsleyfi né sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, en hafa einungis þann tilgang að fjárfesta í verðbréfum.

c. Ríkisstjórnir og sveitarstjórnir, seðlabankar, alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
d. Aðrir lögaðilar sem uppfylla ekki tvö af þeim þremur skilyrðum sem sett eru fram í f-lið.
e. Einstaklingar búsettir á Íslandi, óski þeir skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkenndir sem fagfjárfestar og uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
   i. fjárfestir hefur átt umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,
   ii. verðgildi verðbréfaeignar fjárfestis nemur meira en 41,8 millj. kr.,
   iii. fjárfestir gegnir eða hefur gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.
f. Lítil og meðalstór fyrirtæki með skráða skrifstofu á Íslandi, óski þau skriflega eftir því við Fjármálaeftirlitið að vera viðurkennd sem fagfjárfestar. Með litlum og meðalstórum fyrirtækjum er átt við félög sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi þremur skilyrðum:
   i. meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu var innan við 250,
   ii. niðurstöðutala efnahagsreiknings fór ekki yfir 3,6 milljarða króna,
   iii. hrein ársvelta fór ekki yfir 4,2 milljarða króna.

b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir þá einstaklinga og þau litlu og meðalstóru fyrirtæki sem það hefur viðurkennt sem fagfjárfesta. Skráin skal vera aðgengileg útgefendum verðbréfa.

Einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem skráð eru sem fagfjárfestar hjá Fjármálaeftirlitinu er hvenær sem er heimilt að láta taka sig af skránni.

Einstaklingar og lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru á skrá sem fagfjárfestar hjá lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu teljast einnig fagfjárfestar á Íslandi.

Fjárhæðir í 7. tölul. 1. mgr. eru bundnar við gengi evru (EUR) miðað við gengi hennar 4. janúar 2005 (83,54 kr.).

2. gr.

Í stað „24. gr." í 8. gr. laganna kemur: 28. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Ákvæði kafla þessa taka til almennra útboða verðbréfa og skráningar verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

b. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórnum" í 2. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðaryfirvöldum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
c. Í stað orðanna „héraðs- eða sveitarstjórna" í 4. tölul. 2. mgr. kemur: svæðis- eða staðaryfirvalda ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.
d. Á eftir orðinu „endurgreiðslu" í c-lið 6. tölul. 2. mgr. kemur: innborgunar.
e. 7. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: verðbréf boðin í útboði þar sem heildarfjárhæð útboðsins er lægri en 210 millj. kr., sbr. þó 73. gr. laga þessara; heildarfjárhæð útboðsins skal miðuð við 12 mánaða tímabil.

f. Í stað „2., 4., 6. eða 7. tölul. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 2., 4., 7. eða 8. tölul. 2. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sett eru á markað“ í lokamálslið 1. tölul. kemur: eru markaðsett og/eða seld.
b. 3. tölul. verður svohljóðandi: *Grunnlýsing:* Lýsing sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf sem boðin eru almenningi eða sem ætlunin er að skrá á skipulegan verðbréfamarkað, og að vali útgefanda, endanlega skilmála útboðs.
c. Í stað orðsins „umsjónaraðila“ í 6. tölul. kemur: ábyrgðaraðilum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Þegar um er að ræða lýsingu vegna skráningar á skipulegan verðbréfamarkað á verðbréfum sem eru ekki hlutabréfatengd og sem eru í einingum sem nema að lágmarki 4,2 millj. kr. að nafnverði er ekki skylda að útbúa samantekt.

b. B-liður 6. mgr. verður svohljóðandi: þegar verðbréf sem eru ekki hlutabréfatengd eru gefin út með samfelldum og endurteknum hætti af lánastofnunum,
   i. þar sem andvirði útgáfu verðbréfanna er samkvæmt landslögum bundið í eignum sem veita nægjanlega tryggingu fram að gjalddaga vegna skuldbindinga samkvæmt verðbréfunum,
   ii. þar sem andvirði bréfanna er fyrst og fremst ætlað að greiða upp gjaldfallinn höfuðstól og vexti ef lánastofnun verður ógjaldfær, sbr. þó XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

6. gr.

Í stað „1. mgr. 26. gr.“ í 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: 1. mgr. 24. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. B-liður 1. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf eru boðin færri en 100 aðilum, öðrum en fagfjárfestum, í hverju ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.
b. Við d-lið 1. tölul. bætist: hver eining.
c. Við e-lið 1. tölul. bætist: og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil.
d. Á undan orðinu „seld“ í 2. málsl. 1. tölul. kemur: markaðssett og/eða.
e. Í stað orðsins „Útboð“ í 2. tölul. kemur: Almenn útboð.
f. E-liður 2. tölul. verður svohljóðandi: verðbréf sem vinnuveitandi eða félag tengt honum býður, úthlutar eða mun úthluta núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða stjórnarmönnum félaganna; að því gefnu að verðbréfin sem boðin eru séu í sama flokki og þau verðbréf sem þegar hafa verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði; skjal skal vera fyrirliggjandi þar sem fram koma upplýsingar um fjölda og eðli fyrrgreindra verðbréfa ásamt ástæðum fyrir útboðinu og upplýsingum um útboðið sjálft.
g. Í stað orðanna „skráður á skipulegum verðbréfamarkaði“ í a-lið 3. tölul. kemur: skráður á sama skipulega verðbréfamarkaði.
h. Orðið „fastráðnum“ í f-lið 3. tölul. fellur brott.

i. Í stað orðanna „eðli hlutanna“ í f-lið 3. tölul. kemur: eðli verðbréfanna.
j. Á undan orðunum „skipulegum verðbréfamarkaði“ í i. lið h-liðar 3. tölul. kemur: viðkomandi.
k. ii. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: þegar um er að ræða verðbréf sem fyrst eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað eftir gildistöku þessara laga skulu verðbréfin hafa verið skráð á viðkomandi skipulegan verðbréfamarkað á grundvelli staðfestrar lýsingar sem birt hefur verið í samræmi við sambærilegar reglur og eru í lögum þessum og reglugerð, sbr. 73. gr.
l. iv. liður h-liðar 3. tölul. verður svohljóðandi: viðvarandi skyldum fyrir viðskiptum með bréfin á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði hefur verið fullnægt.

8. gr.

Í stað „29. gr.“ í 2. og 3. mgr. 32. gr. laganna kemur: 33. gr.

9. gr.

Í stað „28. gr.“ tvívegis í 34. gr., í 1. mgr. 35. gr. og í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 32. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 76. gr. laganna:
a. Í stað „2. mgr. 21. gr.“ í 1. tölul. kemur: 1. mgr. 22. gr.
b. 2. tölul. verður svohljóðandi: upplýsingar í lýsingu skv. 23. gr. og.
c. Í stað „26. gr.“ í 3. tölul. kemur: 30. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1369. Nefndarálit [792. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Kristján Guðjónsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Jóhannes Gunnarsson og Magnús Pétursson frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Lúðvík Ólafsson frá Heilsugæslunni í Reykjavík, Sigurbjörn Sveinsson og Gunnar Ármannsson frá Læknafélagi Íslands, Sigurð Böðvarsson frá Læknafélagi Reykjavíkur, Stefaníu Björnsdóttur og Margréti Margeirsdóttur frá Félagi eldri borgara, Harald Finnsson frá Hjartaheillum og Helga Hróðmarsson frá SÍBS.

Umsagnir bárust frá Læknafélagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins, Læknafélagi Reykjavíkur, Æðaskurðlæknafélagi Íslands, Félagi íslenskra öldrunarlækna og Félagi eldri borgara.

Að meginefni felst í frumvarpinu breyting á skilgreiningu laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, á sjúkratryggingu og gerir það ráð fyrir að hún sé skilgreind þannig að hún taki til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem sé veitt á kostnað ríkisins samkvæmt lögum eða reglugerðum eða með greiðsluþátttöku ríkisins samkvæmt samningum. Ákvæði 36. gr. laganna hefur verið túlkað með þeim hætti í tilvikum þjónustu sérgreinalækna og eftir atvikum annarra heilbrigðisstétta að forsenda sjúkratryggingar (og greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins) sé gildur samningur um slíka þjónustu milli ríkisins og sérgreinalækna. Frumvarpinu er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir þá túlkun að eingöngu sé um greiðsluþátttöku ríkisins að ræða þegar samningur við viðkomandi lækni sé fyrir hendi.

Þá er lagt til að aldursmörk barna sem sjúkratryggð eru með foreldrum sínum verði miðuð við börn yngri en 18 ára í stað barna yngri en 16 ára samkvæmt gildandi lögum sem er til samræmis við raunverulega framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt reglugerðum þar um frá því að lögræðisaldur var hækkaður í 18 ár.

Tillögur meginefnis frumvarpsins tengjast aðgerðum sem gripið var til í því skyni að tryggja rétt almennings til sjúkratrygginga við uppsögn sérfræðinga í hjartalækningum á samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem m.a. tekur til verka sem unnin eru á einkastofum sérfræðinga sem taka verktakagreiðslur fyrir unnin verk og Tryggingastofnun ríkisins sér um að greiða. Til að tryggja sjúkratryggingaréttinn og endurgreiðslu kostnaðar sjúklinga við þjónustu sérfræðinga í hjartalækningum, þó að samningur sé ekki fyrir hendi, greip heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til þeirrar aðgerðar, með stoð í lokamálsgrein 36. gr. almannatryggingalaga, að setja reglugerð um valfrjálst endurgreiðslukerfi. Í því felst að sjúklingum er beint á heilsugæslustöðvar og til heimilislækna sem gefa út beiðnir ef sjúklingar þurfa á þjónustu sérfræðinga í hjartalækningum að halda. Beiðnin tryggir endurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og greiðslur til sjúklinga í samræmi við þann samning sem sérfræðingar í hjartalækningum störfuðu eftir en engin greiðsluþátttaka fæst samkvæmt reglugerðinni án beiðni.

Þar sem frumvarpið tengist því að hjartalæknar sögðu sig frá gildandi samningi ræddi nefndin ítarlega á fundum sínum og við gesti aðgerðirnar sem gripið var til og fyrirkomulag reglugerðarinnar, sem tryggir sjúkratryggingarétt almennings við þessar aðstæður, og afleiðingar og áhrif aðgerðanna. Í þessu samhengi er vert að minna á að við sams konar aðstæður

áður er sérfræðingar hafa sagt upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins hafa sjúklingar borið kostnað vegna þjónustu viðkomandi sérfræðinga að fullu en fengið endurgreiddan hluta sjúkratryggingar þegar samningar milli viðkomandi lækna og Tryggingastofnunar hafa komist á samkvæmt sérstakri afturvirkri ákvörðun ráðherra. Með reglugerðinni er leitast við að milda áhrif ástandsins á sjúklinga og fá þeir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum endurgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins þegar reikningar eru lagðir fram. Loks vill meiri hlutinn í þessu samhengi árétta að reglugerð ráðherra er fyrst og fremst hugsuð sem tímabundin viðbrögð við erfiðar aðstæður.

Meðal annars komu fram þau sjónarmið, sérstaklega varðandi eldri borgara, að breytingin hefði í för með sér aukinn kostnað, tíma og fyrirhöfn fyrir sjúklinga sem þurfa á þjónustu hjartalækna að halda þar sem þeir þurfa að leita fyrst til heimilislækna til þess að fá beiðni, síðan til hjartalæknis og loks til Tryggingastofnunar ríkisins vegna endurgreiðslu sjúklingahlutans. Í því sambandi var m.a. bent á hagræðið sem af því hlytist ef unnt væri að fá beiðni á hjartalækni í gegnum síma án komu til heimilislæknis þegar það ætti við og ef sérfræðingarnir póstlegðu eða sendu með rafrænum hætti gögn vegna greiðsluþátttöku fyrir sjúklinga til Tryggingastofnunar ríkisins og endurgreiðsla til sjúklinga yrði að sama skapi rafræn.

Þá var á það bent að með því að heimila eingöngu heimilislæknum að gefa út tilvísanir á hjartalækna væri verið að mismuna læknum og jafnvel rýra lækningaleyfi annarra sérfræðinga auk þess sem þessi takmörkun leiddi til enn lengra ferils sjúklinga þeirra, fleiri ferða og aukins kostnaðar.

Auknu álagi á heilsugæsluna og heimilislækna var sérstakur gaumur gefinn í þessu sambandi svo og fjölda sjúklinga á höfuðborgarsvæðinu sem er án heimilislæknis og þeirri bið sem sums staðar er eftir tíma og dæmi eru jafnvel um að sé nokkrir dagar. Fram kom þó að álag hefði aukist minna en ráð var fyrir gert og að heilsugæslan annaði því vel.

Þá voru ræddir þeir hagsmunir sem eru fyrir borð bornir með því að greiðsluþátttaka ríkisins í kostnaði sjúklinga af þjónustu hjartalækna byggist ekki á samningi. Þannig ber Tryggingastofnun ríkisins ekki ábyrgð á faglegu jafnt og fjárhagslegu eftirliti með þjónustunni. Þá er ótvíræð skylda til að senda heimilislækni læknabréf ekki heldur fyrir hendi án samnings. Það getur leitt til þess að yfirsýn yfir læknismeðferð sjúklings og á heilsufar hans glatist, það eykur hættu á tvíverknaði og getur stefnt öryggi sjúklinga í voða. Á sama hátt eru hjartalæknar utan samnings óbundnir við gjaldtöku af sjúklingum og frjálsir af því hvernig þeir verðleggja þjónustu sína. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins munu þeir hafa hækkað taxta sinn fyrir eina tiltekna rannsókn um rúman helming en nota að öðru leyti svipaða gjaldskrá og meðan þeir voru á samningi en endurgreiðsluhlutur sjúklinga þeirra takmarkast við samninginn. Í þessu samhengi bendir meiri hlutinn á þörfina fyrir að endurskoða ákvæði laga sem banna heilbrigðisstéttum að auglýsa þjónustu sína. Þegar svo er komið að heilu starfsstéttir hjartalækna til viðbótar tannlæknum starfa utan samninga og verðleggja þjónustu sína með mismunandi hætti er ljóst að neytendur þjónustunnar verða að eiga aðgang að upplýsingum m.a. um verðlagningu hennar.

Þegar lengra líður á árið og frá gildistöku reglugerðarinnar verður að ætla að fyrir liggi þær upplýsingar um komufjölda til hjartalækna og útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins að hægt sé að gera nauðsynlegan samanburð og komast að því hver fjárhagsleg áhrif hafi orðið af aðgerðunum í kjölfar uppsagnar hjartalæknanna.

Öllum framangreindum atriðum telur meiri hlutinn vert að gefa ríkan gaum, ekki síst þar sem ýmis teikn eru á lofti um að fleiri sérfræðingar kunni að segja sig frá samningum. Meiri hlutinn áréttar jafnframt það sjónarmið sitt að það fyrirkomulag um sjúkratryggingavernd almennings sem reglugerðin kveður á um eru viðbrögð við og afleiðing af uppsögn eins hóps

sérfræðinga á samningi og leggur í þessu samhengi áherslu á gildi samningssambandsins og á samning sem meginreglu um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði vegna þjónustu sérfræðilækna. Í þeim tilgangi telur meiri hlutinn vert að árétta aðrar leiðir til að koma á samningi svo sem þá, að undangenginni faglegri og raunhæfri þarfagreiningu, að auglýsa eftir læknum sem áhuga hafa á að starfa á samningi eða bjóða þjónustuna út.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 1. júní 2006.

Jónína Bjartmarz, form., frsm. | Arnbjörg Sveinsdóttir. | Pétur H. Blöndal.

Gunnar Örlygsson. | Guðjón Ólafur Jónsson.

1370. Breytingartillögur [340. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „sambúð“ komi: sambúðarslit.
2. Við 5. gr. Efnismálsliður orðist svo: Sama gildir um bótarétt einstaklinga af sama kyni í sambúð.
3. Við 12. gr. Efnismálsliður orðist svo: Sama gildir um framtal einstaklinga af sama kyni í sambúð sem óskað hafa samsköttunar.
4. B-liður 25. gr. falli brott.
5. 33. gr. orðist svo:
   Í stað orðsins „konu“ í 2. mgr. og „Kona“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: móður, og: Móðir.

1371. Frumvarp til laga [342. mál]

um umhverfismat áætlana.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Almenningur:* Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar.
2. *Framkvæmdaáætlun:* Áætlun stjórnvalds sem markar stefnu um tilteknar framkvæmdir á ákveðnu svæði.
3. *Skipulagsáætlun:* Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum er stefnt að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði og lýsir forsendum þeirra ákvarðana.
4. *Umhverfi:* Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.
5. *Umhverfisáhrif áætlana:* Áhrif af framkvæmd skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið.
6. *Umhverfismat áætlana:* Mat á áhrifum áætlana á umhverfið, gerð umhverfisskýrslu, samráð og kynning fyrir almenningi á tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu og því hvernig höfð var hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum við afgreiðslu áætlunar.
7. *Umhverfisskýrsla:* Sá hluti gagna viðkomandi áætlunar þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar eins og mælt er fyrir um í 6. gr.

3. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Lög þessi gilda ekki um skipulags- og framkvæmdaáætlanir sem gerðar eru í þeim eina tilgangi að þjóna öryggi eða vörnum ríkisins eða almannavörnum. Þá gilda lög þessi ekki um fjárhags- og fjárlagaáætlanir.

Ef vafi leikur á hvort skipulags- eða framkvæmdaáætlun sé háð ákvæðum laganna getur almenningur eða sá sem ber ábyrgð á áætlanagerð óskað eftir að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort áætlunin falli undir lög þessi. Skipulagsstofnun skal auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að ákvörðun liggi fyrir. Heimilt er að kæra slíkar ákvarðanir til umhverfisráðherra. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu tilkynningar um ákvörðun stofnunarinnar.

4. gr.

Yfirstjórn.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum þessum er:

a. að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu og taka ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga þessara um umhverfismat áætlana þegar vafi leikur á því,

b. að fylgjast með framkvæmd umhverfismats áætlana og taka saman skýrslu um framkvæmdina til umhverfisráðherra á fimm ára fresti með það að markmiði að tryggja gæði umhverfismats.

5. gr.

Ábyrgð og tímasetning.

Sá sem ábyrgð ber á áætlanagerð er fellur undir lög þessi ber ábyrgð á umhverfismati áætlunarinnar og kostnaði af gerð þess. Hann skal vinna umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á áhrifum áætlunar á umhverfið og annast kynningu og samráð í því skyni.

Mat á áhrifum áætlunarinnar á umhverfið skal vinna samhliða áætlanagerðinni og liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi eða lögð fyrir Alþingi.

6. gr.

Umhverfisskýrsla.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þá skal í umhverfisskýrslu koma fram að hve miklu leyti betur á við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar til að forðast endurtekningar sama mats.

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfisskýrslu sem verið getur hluti af greinargerð með áætluninni. Í umhverfisskýrslu skal gera grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslunni. Í umhverfisskýrslu skal koma fram:

a. yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
b. lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar,
c. lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
d. lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi,
e. upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar,
f. skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar,
g. upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
h. yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,
i. hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda,
j. samantekt stafliða a–i.

7. gr.

Kynning áætlunar og umhverfisskýrslu.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar skal kynna almenningi tillögu að áætluninni ásamt umhverfisskýrslu. Almenningi skal gefinn sex vikna frestur til að kynna sér tillöguna og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar, áður en áætlunin er afgreidd af viðkomandi stjórnvaldi eða lögð fyrir Alþingi.

Heimilt er að víkja frá kynningartíma skv. 1. mgr. ef kveðið er á um annan kynningartíma lögum samkvæmt.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunarinnar skal senda Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum og öðrum aðilum, eftir því sem við á, tillögu að áætluninni og umhverfisskýrslu og gefa þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar, áður en áætlunin er afgreidd eða lögð fyrir Alþingi.

Að lágmarki skal kynning skv. 1. mgr. felast í auglýsingu í Lögbirtingablaði og einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu ásamt kynningu á netinu. Tillaga að áætlun og umhverfisskýrsla skulu jafnframt liggja frammi og vera aðgengilegar, auk þess sem gögn sem áætlunin byggist á séu aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar eða framkvæmdaaðila.

8. gr.

Umhverfisáhrif áætlana á önnur ríki.

Sé talið líklegt að áætlun hafi veruleg umhverfisáhrif á önnur ríki, eða ef annað ríki telur líklegt að það verði fyrir verulegum áhrifum af áætlun sem unnið er að og fer fram á það, skal umhverfisráðherra sjá til þess að kynna viðkomandi ríki tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu hennar og leita eftir áliti þess innan hæfilegs frests.

9. gr.

Afgreiðsla áætlunar.

Sá sem ber ábyrgð á umhverfismati áætlunar skal við afgreiðslu áætlunar hafa hliðsjón af umhverfisskýrslu og þeim athugasemdum sem borist hafa við tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu, sem og ef borist hafa athugasemdir frá öðrum ríkjum vegna áhrifa þar.

Eftir afgreiðslu áætlunar skulu eftirtalin gögn kynnt þeim sem hafa fengið tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar og skulu þau varðveitt á aðgengilegan hátt:

a. Endanleg áætlun.
b. Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
c. Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

10. gr.

Mat á vægi umhverfisáhrifa.

Þegar metið er hvort líklegt er að umhverfisáhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana verði veruleg skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum:

a. Eiginleikum áætlunar, sérstaklega:

1. hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur fyrir tilteknum framkvæmdum, svo sem með stefnumiðum eða skilmálum um staðsetningu framkvæmda, eðli framkvæmda, stærð þeirra eða starfsemi eða um nýtingu tiltekinna auðlinda,
2. hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur annarri áætlanagerð sem fylgir í kjölfar hennar,
3. mikilvægi áætlunarinnar við að samþætta umhverfissjónarmið, sérstaklega með tilliti til sjálfbærrar þróunar,
4. umhverfisvandamálum sem varða áætlunina,
5. mikilvægi áætlunarinnar við að framfylgja stefnumörkun um umhverfismál.

b. Eiginleikum áhrifa og þeirra svæða sem verða fyrir áhrifum, sérstaklega varðandi:
1. líkur, tíðni og varanleika áhrifa,
2. samlegð og sammögnun áhrifa,
3. hvort áhrifa gætir yfir landamæri,
4. hættur fyrir heilbrigði manna eða umhverfi, svo sem vegna slysa,
5. stærð og landfræðilegt umfang áhrifa, svo sem stærð landsvæðis og fjölda fólks sem líklegt er að verði fyrir áhrifum,
6. gildi og eiginleika þess svæðis sem verður fyrir áhrifum vegna sérstaks náttúrufars eða menningarminja, vegna umhverfis- eða viðmiðunarmarka eða vegna umfangs landnýtingar,
7. áhrif á svæði eða landslag sem viðurkennt er að hafi verndargildi á landsvísu eða alþjóðavettvangi.

11. gr.

Reglugerð og leiðbeiningar.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar með talið um:

a. umfang, efni og framsetningu umhverfisskýrslu,
b. kynningu og afgreiðslu umhverfisskýrslu.

Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, m.a. um:

a. umfang og áherslur umhverfismats áætlana,
b. efni og framsetningu umhverfisskýrslu,
c. kynningu og samráð við umhverfismat áætlana,
d. viðmið við umhverfismat áætlana,
e. framsetningu vöktunaráætlunar.

12. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001, um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið, sem vísað er til í lið 2i í XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2002.

13. gr.

Gildistaka og lagaskil.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga þessara taka einnig til þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana sem hafin er vinna við fyrir gildistöku laga þessara hljóti þær endanlega afgreiðslu eftir 21. júlí 2006.

Þegar sérstaklega stendur á er umhverfisráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. mgr. og skal sú ákvörðun þá kynnt almenningi.

1372. Frumvarp til laga [714. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Úrvinnslugjald sem lagt er á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum 3. mgr. 15. gr. um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna framangreindra umbúða.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Fjárhæð úrvinnslugjalds vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða skal taka mið af áætlun Úrvinnslusjóðs um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, sbr. 3. mgr. 3. gr., svo og greiðslur vegna flutninga umbúðaúrgangs innan lands.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

   Úrvinnslusjóður ákveður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, sbr. 3. mgr. 3. gr., hann greiðir.

   Margnota flutnings- og safnumbúðir sem fluttar eru úr landi til endurnotkunar hjá birgjum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður, að umbúðirnar verði sannanlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu, sbr. 3. mgr., um að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.

d. Við 4. mgr. bætast eftirfarandi tollskrárnúmer: 3919.1000, 3920.1009.

e. Á eftir 4. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem verða 7.–10. mgr. og orðast svo:

   Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem notaðar eru utan um vörur sem sannanlega eru fluttar úr landi, sbr. 6. mgr.

   Framleiðendur og innflytjendur skulu við útgáfu sölureiknings tilgreina með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi skal staðfesta með móttökukvittun á viðkomandi reikningi að keyptar umbúðir fari til útflutnings. Endanleg

yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Kaupandi er ábyrgur, gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

Skattstjóra er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappír, pappa eða plasti, sbr. 6. mgr. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi, framleiðslu eða sölu úrvinnslugjaldsskyldra umbúða. Skírteinið veitir handhafa þess heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ef handhafi úrvinnslugjaldsskírteinis tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið fellt niður af á grundvelli skírteinisins skal hann á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sín á milli“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: við Úrvinnslusjóð.
b. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal umhverfisráðherra staðfesta samninginn.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Aðilar sem eru gjaldskyldir skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en úrvinnslugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðili hefur lögheimili.
b. Á eftir orðinu „innheimtu“ í 4. mgr. kemur: gjaldskyldu, tilhögun bókhalds.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „30“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 60.
b. Á eftir orðinu „skýrsla“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: vegna innlendrar framleiðslu.
c. Í stað orðsins „kærufrests“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: gagnaöflunar.
d. Í stað orðanna „101. gr. tollalaga, nr. 55/1987“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 118. gr. tollalaga, nr. 88/2005.

7. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Úrvinnslusjóði ber að ná á landsvísu tölulegum markmiðum um hlutfall pappa-, pappírs- og plastumbúðaúrgangs sem fara skal í endurnýtingu og endurvinnslu.

8. gr.

Í stað orðanna „tollalaga, nr. 55/1987“ í 20. gr. laganna kemur: tollalaga, nr. 88/2005.

9. gr.

Við 21. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um nánari útfærslu á greiðslu kostnaðar við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Úrvinnslusjóðs setja reglugerð um hvernig standa skuli að greiðslum til að ná þeim tölulegu markmiðum sem sett eru um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða, sbr. 3. mgr. 3. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. og 4. mgr. e-liðar 3. gr., er varða úrvinnslugjaldsskírteini, öðlast þó gildi 1. ágúst 2006.

1373. Frumvarp til laga [555. mál]

um landshlutaverkefni í skógrækt.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Tilgangur og markmið.

Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Fjölnytjaskógrækt.* Ræktun skógar að teknu tilliti til fjölþætts efnahagslegs, félagslegs og náttúrufarslegs hlutverks skógarins.

   Meginmarkmið fjölnytjaskógræktar er tvenns konar, nytjaskógrækt og landbótaskógrækt.
2. *Nytjaskógrækt.* Ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota.
3. *Landbótaskógrækt.* Ræktun skógar á illa förnu eða eyddu landi með það að meginmarkmiði að auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja.
4. *Skjólbelti.* Raðir eða þyrping trjáa og runna sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði eða sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Landshlutaverkefni í skógrækt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni að starfrækja sérstök landshlutaverkefni í skógrækt. Landshlutaverkefnin eru: Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Héraðs- og Austurlandsskógar.

Verkefnin heyra undir landbúnaðarráðuneytið og skulu þau veita framlög til fjölnytjaskógræktar og skjólbeltaræktar á lögbýlum.

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við Skógrækt ríkisins, falið stjórn landshlutaverkefnanna umsjón annarra tengdra verkefna í skógrækt og landbótum.

4. gr.

Landshlutaáætlanir.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal ná yfir 40 ár og taka mið af bæði skógræktarlegum og hagrænum forsendum. Áætlunina, eða einstaka þætti hennar, skal endurskoða á 10 ára fresti, eða oftar ef ljóst er að forsendur áætlunar bresta, og leiðrétta ef afgerandi frávik verða.

Landshlutaáætlun skal taka mið af þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ætlað landshlutaverkefnunum í sérstakri þingsályktun þar um sem landbúnaðarráðherra leggur fram og ná skal til 10 ára í senn.

5. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir hvert landshlutaverkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félagi skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir þess. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin. Landbúnaðarráðherra setur stjórnum landshlutaverkefnanna starfsreglur.

6. gr.

Samningar.

Landshlutaverkefni á hverju svæði skal gera samning um þátttöku í skógræktarverkefni við hvern skógarbónda sem fær framlag samkvæmt ákvæðum þessara laga. Samningur skal taka mið af gildandi landshlutaáætlun hverju sinni, sbr. 4. gr., og skal þar tekið fram hvers konar fjölnytjaskógrækt og/eða skjólbeltarækt stefnt er að.

Samningurinn skal hið minnsta vera til 40 ára og vera á formi sem landbúnaðarráðherra hefur staðfest, að fengnu áliti Skógræktar ríkisins og Landssamtaka skógareigenda.

Ef annar en landeigandi, eða eftir atvikum annar en rétthafi, undirritar samning um skógræktarverkefni skal landeigandi samþykkja hann með áritun sinni. Samningnum skal þinglýst á þá fasteign sem hann tekur til.

7. gr.

Uppsögn samnings og endurgreiðsla framlaga.

Óski skógarbóndi eða landeigandi eftir því að losa land sitt undan kvöðum samkvæmt samningi um þátttöku í skógræktarverkefni áður en samningstíma er lokið skal hann endur-

greiða framlög ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Endurgreiðslufjárhæðin lækkar hlutfallslega út samningstímann og fyrnist um 2,5% á almanaksári, hafi samningur verið virkur í a.m.k. 10 ár, og fellur skuldin niður eftir 40 ár. Framlög sem veitt eru síðustu 10 ár fyrir uppsögn fyrnast þó ekki.

Óski verkefnisstjórn eftir því að losna undan skuldbindingum samnings um þátttöku í skógræktarverkefni skal skógarbónda og landeiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti. Uppsögn samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynnt fyrir 1. október og tekur gildi frá og með næstu áramótum. Ekki skal endurgreiða samningsbundin framlög vegna uppsagnar samkvæmt þessari málsgrein. Eftir að samningur um þátttöku fellur niður gilda ákvæði skógræktarlaga um skóginn að öðru leyti.

8. gr.

Um samningsbrot.

Skýri þátttakandi rangt frá staðreyndum sem máli skipta við skógræktarverkefni á samningslandi eða vanefni að öðru leyti skyldur sínar ítrekað eða í veigamiklum atriðum er verkefnisstjórn heimilt að rifta samningi og endurheimta framlög.

Áður en verkefnisstjórn tekur ákvörðun skv. 1. mgr. skal skógarbónda, og landeiganda, sé hann annar, með sannanlegum hætti gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri. Ákvörðun verkefnisstjórnar skal rökstudd og má skjóta henni til landbúnaðarráðherra innan 30 daga frá því að hún var kynnt hlutaðeigandi. Kæra frestar því að ákvörðun verði virk.

9. gr.

Þátttaka í kostnaði.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau allt að 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt.

10. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar landshlutaverkefna skulu samþykktir af viðkomandi stjórn. Þar skal koma fram staða framkvæmda og verkefnisins í heild á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna. Landshlutaverkefnin skulu skila ársskýrslu sinni til Skógræktar ríkisins.

11. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga sem ræktaðir eru fyrir tilstuðlan landshlutaverkefna í skógrækt samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Gildistaka og brottfall eldri laga.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um Héraðsskóga, nr. 32/1991, lög um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, og lög um landshlutabundin skógræktarverkefni, nr. 56/1999. Skógræktarsamningar sem gerðir voru með stoð í þeim lögum halda gildi

sínu. Ákvæði laga þessara gilda um eldri skógræktarsamninga eftir gildistöku þeirra, eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir núverandi skógræktarverkefna halda umboði sínu þar til ný stjórn hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum laga þessara. Skógræktarverkefni samkvæmt lögum þessum taka við réttindum og skyldum eldri skógræktarverkefna.

1374. Nefndarálit [748. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur, Stefán Eiríksson og Fanneyju Óskarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Happdrætti SÍBS, Happdrætti DAS, Íslenskri getspá sf., Rannsóknamiðstöð Íslands, Happdrætti Háskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að Happdrætti DAS og Happdrætti SÍBS verði heimilt að greiða út peningavinninga í flokkahappdrættum án þess að fellt sé niður einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands. Lagt er til að sett verði hámark á greiðslu happdrættisins vegna einkaleyfisins til ríkissjóðs til þess að koma til móts við þessa breytingu.

Nefndin telur að með breytingunni sem lögð er til í frumvarpinu sé í reynd ekki lengur um einkaleyfi að ræða til reksturs Happdrættis Háskóla Íslands heldur leyfi eða leyfisgjald vegna rekstursins og leggur því til breytingu á frumvarpinu sem og lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðsins „einkaleyfi“ í inngangsmálslið, 1. málsl. e-liðar 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: leyfi.
2. Í stað orðsins „einkaleyfisgjald“ í 1. gr. komi: leyfisgjald.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. maí 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Jónína Bjartmarz.
Birgir Ármannsson.	Kjartan Ólafsson.	Sigurjón Þórðarson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	

1375. Þingsályktun [455. mál]

um þjóðarblóm Íslendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 679.

1376. Frumvarp til laga [667. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
   Nú er beiðni um aðstoð lögð fram á grundvelli samnings Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókunar við hann frá 16. október 2001 og skal þá fylgja þeirri málsmeðferð sem það ríki sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að það brjóti ekki í bága við íslensk lög. Verða skal við beiðnum um skýrslutöku vitna eða sérfræðinga í síma eða á myndfundi eftir því sem unnt er. Yfirheyrsla í síma skal einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir.
b. Í stað tilvísananna „6. mgr.“ í 2. mgr. og „2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 7. mgr., og: 3. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1377. Frumvarp til laga [615. mál]

um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Útlendingastofnun gefur út vegabréf fyrir útlendinga og ferðaskilríki fyrir flóttamenn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002:

a. Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Sýslumenn, lögregla og önnur stjórnvöld taka við umsóknum um vegabréf eftir því sem ráðherra ákveður.
Þjóðskrá getur falið öðrum að annast einstök verkefni við framleiðslu og skráningu upplýsinga í vegabréfabók.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Tekin skal stafræn mynd af umsækjanda sem varðveitt skal í vegabréfinu. Heimilt er að nota mynd sem umsækjandi leggur fram sjálfur á rafrænu formi, enda uppfylli hún kröfur sem gerðar eru til stafrænna mynda í vegabréfum. Umsækjandi skal jafnframt leggja fram önnur nauðsynleg gögn.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur ákveðið að fingraför umsækjanda skuli skönnuð og varðveitt í vegabréfinu.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að gefa út vegabréf samkvæmt umsókn annars forsjárforeldris þegar hitt forsjárforeldrið er ófært um að veita samþykki sitt vegna sjúkdóms, fjarvistar eða annarra sérstakra aðstæðna að undangenginni athugun á umræddum aðstæðum og mati á því hvort hætta sé á að barn verði fært úr landi með ólögmætum hætti.

5. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Gildistími almenns vegabréfs skal vera fimm ár frá útgáfudegi en heimilt er að lengja þann tíma eftir því sem ákveðið skal í reglugerð. Gildistími annarra vegabréfa skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 1. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

7. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, orðast svo:
Þjóðskrá heldur skrá, skilríkjaskrá, um öll útgefin vegabréf og önnur skilríki sem Þjóðskrá er falið að annast útgáfu eða framleiðslu á. Í skilríkjaskrá eru skráðar og varðveittar þær upplýsingar sem safnað er til útgáfu á skilríkjum, þ.m.t. upplýsingar um lífkenni skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. Í skilríkjaskrá eru einnig skráðar upplýsingar um útgefin, glötuð og stolin skilríki og heimilt er að skrá þar einfaldar tilvísanir til annarra gagna vegna þeirra aðstæðna sem fjallað er um í 7. gr.
Opinberum stofnunum er heimilt að nota skilríkjaskrá við skilríkjaútgáfu. Þjóðskrá og lögreglu er heimilt að nota skilríkjaskrá til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann sé sá sem hann kveðst vera.
Stjórnvöldum er heimilt að birta erlendum stjórnvöldum upplýsingar úr skránni sem varða glötuð og stolin skilríki.

8. gr.

Í stað orðsins „Útlendingastofnun“ í 9. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 96 15. maí 2002, kemur: Þjóðskrá.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 15 14. apríl 2000:

a. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: kröfur sem gerðar eru til varðveislu, aldurs og forms stafrænna mynda af umsækjanda vegabréfs og skannaðra fingrafara hans, þar á meðal þau skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.
b. E-liður, er verður f-liður, fellur brott og breytist röð annarra liða samkvæmt því.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1378. Frumvarp til laga [669. mál]

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98

frá 7. desember 1998

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.

2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.

3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.

4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.

5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.

6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.

7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.

8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundnum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.

9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.

10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er

kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:

a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða með öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun

a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og

b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.

2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og

b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.

4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða

— leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.–36. gr. sáttmálans.

5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

1379. Frumvarp til laga [340. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Karl og kona sem eru samvistum og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá. Sama gildir um fólk af sama kyni, sbr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Fólk í skráðri sambúð á sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram.

II. KAFLI
Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir orðunum „karl og konu“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða tvo einstaklinga af sama kyni.

III. KAFLI
Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

3. gr.

Við 100. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

V. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

5. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

VI. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994.

6. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði í lögum þessum um hjón og maka eiga einnig við um karl og konu í óvígðri sambúð eða sambúð af öðru tagi sem staðið hefur samfleytt í eitt ár. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman, von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í eitt ár samfellt hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

7. gr.

Á eftir 2. málsl. 7. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998.

9. gr.

Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

X. KAFLI

Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir 2. málsl. 5. mgr. 11. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

11. gr.

3. mgr. 62. gr. laganna orðast svo:

Karl og kona í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá enda eigi þau barn saman eða von á barni saman eða sambúðin hefur verið skráð í samfellt eitt ár hið skemmsta. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

12. gr.

Við 1. mgr. 80. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni.

XII. KAFLI
Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

13. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. greiða engan erfðafjárskatt maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda og sambúðarmaki sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við arfleifanda og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambúðarmaka arfleifanda er ótvírætt getið.

XIII. KAFLI
Breyting á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

14. gr.

Orðin „sem hefur fasta búsetu hér á landi“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

15. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

XIV. KAFLI
Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa“ í 1. mgr. kemur: Hjón, einstaklingar í staðfestri samvist eða einstaklingar sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu standa saman.
b. Í stað orðanna „Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð“ í 2. og 3. mgr. kemur: Öðru hjóna eða einstaklingi í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.
c. Í stað orðanna „sambúð karls og konu“ í 5. mgr. kemur: sambúð tveggja einstaklinga.

XV. KAFLI
Breyting á lögum um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. A-liður 1. mgr. orðast svo: konan, sem undirgengst aðgerðina, sé í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem staðið hefur samfellt í þrjú ár hið skemmsta enda hafi báðir aðilar samþykkt aðgerðina skriflega og við votta.
b. Á eftir a-lið kemur nýr stafliður, svohljóðandi: ætla megi að barninu sem til verður við aðgerðina verði tryggð þroskavænleg uppeldisskilyrði.
c. Við d-lið 1. mgr. bætist: eða um sé að ræða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið.

18. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Tæknisæðingu með gjafasæði má því aðeins framkvæma að frjósemi karlsins sé skert, hann haldinn alvarlegum erfðasjúkdómi, aðrar læknisfræðilegar ástæður mæli með notkun gjafasæðis eða um sé að ræða konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr.

19. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Eingöngu skal heimilt að nota gjafakynfrumur við glasafrjóvgun ef frjósemi er skert, um er að ræða alvarlegan erfðasjúkdóm eða aðrar læknisfræðilegar ástæður mæla með notkun gjafakynfrumna. Sé um að ræða konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr., er þó ætíð heimilt að nota gjafasæði.

20. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Geymsla fósturvísa er háð því skilyrði að karlmaður sá og kona, sem leggja kynfrumurnar til, eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, veiti skriflegt samþykki fyrir geymslunni í samræmi við tilgang hennar, enda hafi þeim áður verið veittar upplýsingar um áhrif geymslunnar á fósturvísana og hin almennu skilyrði sem sett eru fyrir geymslu kynfrumna og fósturvísa í lögum þessum og reglum samkvæmt þeim.

21. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Nú er hámarksgeymslutími fósturvísa ekki liðinn en karlmaður sá og kona, sem lögðu kynfrumurnar til, slíta hjúskap eða óvígðri sambúð eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð slíta henni, og skal þá eyða fósturvísunum. Sama gildir ef annar aðilinn andast nema um gjöf kynfrumna til notkunar við tæknifrjóvgun hafi verið að ræða.

XVI. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003.

22. gr.

Við síðari málslið 1. gr. laganna bætist: sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um barn konu í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem getið er við tæknifrjóvgun samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr.
b. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: *o.fl.*

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun er kjörmóðir barns sem þannig er getið.

b. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 3. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Foreldri barns við tæknifrjóvgun.*

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um yfirlýsingu móður þegar 2. mgr. 6. gr. laganna á við.
b. Í stað „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
c. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skráning barns í þjóðskrá.*

26. gr.

Heiti I. kafla laganna verður: **Foreldrar barns.**

27. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: eða kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:
a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Hið sama á við að breyttu breytanda um kröfu um að viðurkennt verði að kona í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með móður teljist ekki kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr.
b. Við fyrirsögn greinarinnar bætist: *o.fl.*

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
a. Á eftir orðunum „föður barns“ í 1. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.
b. Á eftir orðinu „barnsföður“ í 2. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.
c. Á eftir orðinu „mann“ í 3. mgr. kemur: eða kjörmóður skv. 2. mgr. 6. gr.

XVII. KAFLI
Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

30. gr.

3. tölul. 1. gr. laganna orðast svo: Foreldrar hvors foreldris arfleifanda um sig og börn þeirra.

31. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Sömu reglur og kveðið er á um í 1. mgr. gilda að breyttu breytanda þegar foreldrar hvors foreldris arfláta eru af sama kyni.

XVIII. KAFLI
Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað orðanna „bæði við föður og móður“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: við báða foreldra.

33. gr.

Í stað orðsins „Kona“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Móðir.

34. gr.

3. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins.

35. gr.

3. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi foreldrum, enda fari þeir báðir með forsjá barnsins.

XIX. KAFLI

Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 2006.

1380. Frumvarp til laga [566. mál]

um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum, útgáfu vottorða og skilríkja og annað það er lög mæla fyrir um.

Dómsmálaráðherra fer með stjórn Þjóðskrár og skal hún rekin sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu. Fjárreiður Þjóðskrár skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum ráðuneytisins.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Auk Þjóðskrár starfa sveitarstjórnir að almannaskráningu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðið „þjóðskráin“ skal ritað með hástaf og sama orð með sama hætti hvarvetna annars staðar í lögunum (í viðeigandi beygingarfalli og án greinis).
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 3. tölul. kemur: dómsmálaráðuneytis.
c. 6. tölul. orðast svo: að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofu Íslands, sbr. 4. mgr. 19. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Tilkynningar ljósmæðra til Þjóðskrár um fæðingar. Skýrslur presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna eða presta skráðra trúfélaga til Þjóðskrár um nafngjafir við skírnir eða nafngjafir án skírna, hjónavígslur og mannslát.
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. kemur: Þjóðskrár.
c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Gögn dómsmálaráðuneytis um ættleiðingarleyfi, breytingar á ríkisfangi o.fl. í því sambandi.
d. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, presta þjóðkirkjunnar, forstöðumanna eða presta skráðra trúfélaga, Útlendingastofnunar og annarra opinberra aðila um menn.
e. Í stað orðsins „Hagstofan“ í 2. mgr. kemur: Þjóðskrá.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá getur krafist þess af opinberum aðilum að þeir láti henni í té skýrslur og upplýsingar sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, enda séu þær á reiðum höndum. Þjóðskrá er heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

6. gr.

Í stað orðsins „Hagstofan“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú kemur það í ljós að prestur þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Þjóðskrár um nafngjöf við skírn eða nafngjöf án skírnar, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt.

b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í janúarmánuði ár hvert sendir Þjóðskrá sveitarstjórnum og skattyfirvöldum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórnir skulu fara yfir íbúaskrána eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni samkvæmt nánari fyrirmælum Þjóðskrár. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn Þjóðskrá athugasemdir sínar um oftalda og vantalda einstaklinga.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þjóðskrá sendir hlutaðeigandi skattyfirvaldi afrit af tilkynningum þeim sem hún sendir sveitarstjórn skv. 11.–13. gr. og breyta þessir aðilar íbúaskránni til samræmis. Sama gildir um aðrar breytingar sem Þjóðskrá tilkynnir þessum aðilum.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sveitarstjórn skal tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi allar breytingar á íbúaskrá sem hún gerir skv. 4. mgr. 10. gr. og rita þessir aðilar þær á íbúaskrá.

10. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld til almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, og sóknargjöld samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekjuskattur er á lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 89. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

12. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Þjóðskrá veitir upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skrám sínum og gögnum eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Þjóðskrá annast útgáfu fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, svo sem um búsetu, hjúskaparstöðu, sambúðarskráningu og staðfestingu á dánardegi.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal ákvæði um skráningu og rekstur þjóðskrár, aðgang að skránni og innheimtu gjalds, svo sem fyrir útgáfu vottorða og skilríkja, aðgang að skránni og afnot af upplýsingum hennar.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta þjóðskrá og gögn hennar til hagskýrslugerðar. Þjóðskrá skal láta Hagstofunni í té afrit af skránni og upplýsingar úr henni eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Þjóðskrá skal jafnframt aðstoða Hagstofuna eftir föngum við að finna nöfn og heimilisföng þátttakenda í úrtaksathugunum hennar. Hagstofunni er skylt að fara með skrána og önnur gögn tengd henni sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.

13. gr.

Í stað orðsins „vélspjöldum“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: gögnum.

14. gr.

22. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

1381. Frumvarp til laga [567. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með auglýsingu að um flutning manns á lögheimili sínu hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna eða flutning manns á lögheimili sínu héðan til einhvers Norðurlandanna skuli gilda Norðurlandasamningur um almannaskráningu eins og hann er á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „þ.e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk“ í 2. mgr. falla brott.
b. 5. mgr. fellur brott.

3. gr.

1. málsl. 10. gr. laganna orðast svo: Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á prentuðum eða rafrænum eyðublöðum sem Þjóðskrá lætur gera.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. 2. mgr. orðast svo:

Þjóðskrá ákveður tilhögun á sendingu aðseturstilkynninga og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

5. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðsins „Hagstofan“ í 3. mgr. kemur: Þjóðskrá.
c. Í stað orðsins „allsherjarspjaldskránni“ í 4. mgr. kemur: þjóðskrá.
d. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 5. mgr. kemur: Þjóðskrár.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða Þjóðskrá og hlutaðeigandi sveitarstjórnir eftir föngum við hana.

II. KAFLI
Breyting á lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina, nr. 25/1965, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands fyrir hönd þjóðskrárinnar“ í 1. mgr. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðsins „Hagstofunni“ í 6. mgr. kemur: Þjóðskrá.

9. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Í stað orðsins „Hagstofan“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

III. KAFLI
Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað orðanna „þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

V. KAFLI
Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, með síðari breytingu.

13. gr.

Orðin „Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

14. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara fram eftir reglum sem dómsmálaráðherra setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd. Hver maður getur aðeins fengið slíka breytingu gerða einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

15. gr.

Í stað orðanna „Hagstofunni, dómsmálaráðherra“ í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 25. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands, Þjóðskrá“ í 1. málsl. kemur: Þjóðskrá.
b. Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 2. málsl. kemur: dómsmálaráðherra.

17. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum fellur brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

18. gr.

Í stað orðanna „Hagstofa Íslands (þjóðskrá)“ í 4. og 6. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingu.

19. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands“ í 1. málsl., „Hagstofan“ í 3. og 5. málsl. og „Hagstofunni“ í 4. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

20. gr.

Í stað orðanna „Hagstofa Íslands (þjóðskrá)“ í 22. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

21. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands (þjóðskrá)“ og „Hagstofunni“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: Þjóðskrá.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, með síðari breytingu.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skrá Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: bannskrá Þjóðskrár.
b. Í stað orðanna „skrár Hagstofu Íslands“ í 3. mgr. kemur: bannskrár Þjóðskrár.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þjóðskrá skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Dómsmálaráðherra setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.
b. Í stað orðsins „Hagstofunnar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Þjóðskrár.

c. Í stað orðsins „Hagstofuna“ í 4. tölul. 5. mgr. kemur: Þjóðskrá.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Þjóðskrár.*

X. KAFLI
Breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „Hagstofu Íslands, þjóðskrár“ í 2. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: Þjóðskrár.

XI. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingu.

25. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Dómsmálaráðherra.

26. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:
Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um feðrun barns á eyðublaði sem hún leggur til.

27. gr.

6. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:
Dómari skal senda Þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu máls um forsjá barns á eyðublaði sem hún leggur til.

XII. KAFLI
Breyting á ábúðarlögum, nr. 80/2004.

28. gr.

Í stað orðanna „hjá Hagstofu Íslands“ í 27. gr. laganna kemur: í þjóðskrá.

XIII. KAFLI
Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingu.

29. gr.

Orðin „Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

1382. Frumvarp til laga [331. mál]

um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin hefur náin tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greinir í lögum þessum og er hluti af fræðasamfélagi hans.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands er verndari handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Gögn þessi mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og er hún falin Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til varðveislu og umsjónar.

3. gr.

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:

a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning;
b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum og verkefnum á sviði tungutækni;
c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði;
d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefni og orða- og nafnabækur.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar.

Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar.

Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar.

Menntamálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og húsþings.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn án tilnefningar.

Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fer eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

6. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

Starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands.

7. gr.

Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Forstöðumaður getur að fenginni umsögn húsþings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar.

8. gr.

Við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skal fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Þriggja manna dómnefnd sem forstöðumaður skipar metur hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra. Forstöðumaður skal leita umsagnar húsþings við ráðningu til rannsóknarstarfa.

Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.

Stofnunin setur sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

10. gr.

Kostnaður við rekstur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum, fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérunnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaraðstöðu, fyrir veitta sérfræðiþjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, lög nr. 2/1990, um Íslenskra málnefnd, og lög nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 3. málsl. 1. mgr. og 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1953 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
2. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í 6. tölul. 4. gr. laga nr. 95/1997 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
3. Í stað orðanna „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“ í lokamálslið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 105/2001 kemur: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, lögð niður. Þeir skulu þó vera forstöðumanni sem skipaður verður skv. 4. mgr. til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá og með 1. nóvember 2006 og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara skal hugvísindadeild Háskóla Íslands, í stað húsþings, tilnefna einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna skipunar hans í embætti skv. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal stjórn skv. 4. gr. skipuð eigi síðar en 1. júní 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 5. gr. Dómnefnd skv. 5. gr. skal einnig skipuð eigi síðar en 1. júní 2006, til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns. Gengið skal frá skipun forstöðumanns skv. 5. gr. eigi síðar en 1. september 2006.

Ónýttar fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renna til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1383. Frumvarp til laga [695. mál]

um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Skilgreining hugtaka.

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Ábyrgðaraðili:* Aðili sem framleiðir kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu hér á landi, eða hefur kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, í atvinnuskyni hér á landi.
2. *Kvikmynd:* Hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þ.m.t. leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi, tölvum eða öðrum myndflutningstækjum.
3. *Tölvuleikur:* Tölvuforrit sem hefur að geyma gagnvirka leiki.
4. *Ofbeldiskvikmynd eða -tölvuleikur:* Kvikmynd eða tölvuleikur þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum sem teljast geta haft skaðleg áhrif á sálarlíf barna.
5. *Kvikmynd eða tölvuleikur sem ógnar velferð barna:* Kvikmynd eða tölvuleikur þar sem inntak, efnistök eða siðferðisboðskapur getur vegna orðfæris eða athafna haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám.

2. gr.

Aldursmörk og matsskylda.

Bannað er að sýna börnum undir lögræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og -tölvuleiki, sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra. Bönnuð er sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni til barna sem hafa ekki náð lögræðisaldri.

Meta skal allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar, sölu eða annarrar dreifingar hér á landi fyrir börn undir lögræðisaldri með tilliti til þess hvort leyfa beri eða takmarka sýningu, notkun eða afhendingu á slíku efni við tiltekið aldursskeið innan lögræðisaldurs. Sama gildir um ítarefni sem dreift er með kvikmyndum og tölvuleikjum og kynningarefni fyrir kvikmyndir og tölvuleiki.

Skylda skv. 2. mgr. hvílir á þeim aðilum sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu hér á landi, eða hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, í atvinnuskyni hér á landi. Sömu aðilar skulu gæta þess að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum og tölvuleikjum sé í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Framkvæmd mats og merkingar á kvikmyndum og tölvuleikjum.

Ábyrgðaraðili skal setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats skv. 2. mgr. 2. gr. og aldurstakmörkunar skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Í verklagsreglunum skal tekið mið af barnaverndarsjónarmiðum og einkum litið til eftirtalinna atriða og hvernig með þau er farið hverju sinni: söguefni, orðfæri, beiting ofbeldis, sýning nektar og kynlífs og neysla fíkniefna. Matið skal vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum sem kunna að skipta máli. Ábyrgðaraðili skal birta verklagsreglurnar opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að og sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja. Þar skal og tilgreina nafn matsstjóra ábyrgðaraðila og veita almenningi leiðbeiningar um móttöku erinda sem lúta að framkvæmd reglnanna og afgreiðslu slíkra erinda. Ábyrgðaraðili skal færa niðurstöður um mat á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að.

Hafi mat skv. 2. mgr. 2. gr. farið fram á kvikmynd eða tölvuleik er heimilt að láta það mat gilda um kvikmynd eða tölvuleik sem gefinn er út á öðru formi, enda teljist ótvírætt um sömu útgáfu kvikmyndar eða tölvuleiks að ræða.

Öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir skulu greinilega merktar upplýsingum um aldurstakmörk skv. 2. mgr. 2. gr., sem og um það ef kvikmynd eða tölvuleikur er aðeins ætlaður til sýningar fyrir einstaklinga sem náð hafa lögræðisaldri.

Í öllum auglýsingum og annarri kynningu á kvikmynd eða tölvuleik skal getið um aldurstakmörk skv. 2. mgr. 2. gr., sem og ef mynd eða leikur er aðeins ætlaður til sýningar eða notkunar fyrir einstaklinga sem náð hafa lögræðisaldri. Þegar birting auglýsingar eða annarrar kynningar á kvikmynd eða tölvuleik fer fram samhliða opinberri sýningu kvikmyndar eða er dreift með eintaki kvikmyndar eða tölvuleiks ber að fylgja 1. mgr. 2. gr.

Allar kvikmyndir má hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa 14 ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða forsjáraðila.

4. gr.

Undantekningar frá mati og ákvörðun aldursmarka.

Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis. Um mat á sýningarhæfni annars dagskrárefnis í sjónvarpi en fellur undir 2. tölul. 1. gr. fer eftir ákvæðum útvarpslaga.

5. gr.

Eftirlit, stöðvunarúrræði og endurmat.

Barnaverndarstofa hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt. Í því skyni er Barnaverndarstofu heimilt að láta fara fram úttekt á verklagsreglum skv. 1. mgr. 3. gr. og framkvæmd þeirra. Slík úttekt skal vera á kostnað þess ábyrgðaraðila sem í hlut á hverju sinni.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að niðurstaða mats á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks sé í andstöðu við 1. mgr. 2. gr. eða óásættanleg með hliðsjón af barnaverndarsjónarmiðum skv. 1. mgr. 3. gr. eða mat skv. 2. mgr. 2. gr. hafi

ekki farið fram og er henni þá heimilt að mæla fyrir um stöðvun sýningar og dreifingar kvikmyndarinnar eða tölvuleiksins tímabundið í þrjá sólarhringa með tilkynningu til ábyrgðaraðila. Barnaverndarstofu er heimilt að kveðja til lögreglu til að veita aðstoð við að framfylgja banni við sýningu og dreifingu kvikmyndar eða tölvuleiks.

Á meðan sýningar- og dreifingarbann varir skal fara fram sameiginlegt endurmat ábyrgðaraðila og Barnaverndarstofu á sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks. Ef ágreiningur er um niðurstöðu endurmats ræður afstaða fulltrúa Barnaverndarstofu. Sú ákvörðun telst endanleg og verður ekki kærð til æðra stjórnvalds.

Leiði endurmat til þess að sýningarhæfni kvikmyndar eða tölvuleiks skuli takmarkast við eldri áhorfendur en upphaflegt mat kvað á um gildir sýningar- og dreifingarbann skv. 2. mgr. Barnaverndarstofu er heimilt að veita ábyrgðaraðila allt að vikufrest til að innkalla og endurmerkja öll eintök kvikmyndar eða tölvuleiks og hvers konar umbúðir og kynningarefni til samræmis við niðurstöðu endurmatsins.

Brot gegn 2. gr. laga þessara varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála. Þegar lögreglu hefur borist kæra fyrir brot gegn 1. eða 2. mgr. 2. gr. laga þessara skal lögregla þegar í stað tilkynna Barnaverndarstofu um málavexti. Barnaverndarstofa leggur sjálfstætt mat á hvort beita beri stöðvunarheimild 2. mgr.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd eða tölvuleik ef sýning, sala eða dreifing hans fer í bága við ákvæði laga þessara. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

6. gr.

Reglugerð.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um opinbera birtingu verklagsreglna ábyrgðaraðila skv. 1. mgr. 3. gr. og mats á sýningarhæfni kvikmynda og tölvuleikja skv. 2. mgr. 2. gr.

7. gr.

Gildistaka og brottfelld lög.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt eru felld úr gildi lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Enn fremur er felldur úr gildi 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun nefndarmanna Kvikmyndaskoðunar og ráðning forstöðumanns samkvæmt lögum um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995, fellur niður við gildistöku laga þessara.

1384. Frumvarp til laga [614. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til starfandi hitaveitna sem hafa einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni og stækka veitusvæði sitt með yfirtöku á hitaveitum sem ekki hafa slíkt einkaleyfi, dreifa heitu vatni um dreifikerfi sitt til a.m.k. 5 aðgreindra húsveitna og standa frammi fyrir kostnaðarsömum aðgerðum vegna endurnýjunar dreifikerfis. Ráðherra er heimilt að setja nánari skilyrði í reglugerð.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar um er að ræða styrki á grundvelli 3. tölul. 11. gr. skal miðað við 20.000 kWst ársnotkun á hverja íbúð sem tengd er veitunni. Við ákvörðun styrkfjárhæðar skal miðað við fjárhæð niðurgreiðslu í dreifbýli á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Styrkir til hitaveitu á grundvelli 3. tölul. 11. gr. skulu renna óskertir til hitaveitunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1385. Frumvarp til laga [376. mál]

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

238. gr. laganna orðast svo:

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Sömu refsingu skal sá hljóta sem reynir að stjórna skipi, stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða og verður valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna skipi, stjórna skipaferðum eða veita öryggisþjónustu vegna skipaferða, ef hann vegna neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna, vegna sjúkdóms eða þreytu eða af öðrum orsökum, er óhæfur til að rækja starfann á fullnægjandi hátt. Brot gegn ákvæði þessu varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Nú er vínandamagn í blóði skipverja eða þeirra sem nánar greinir í 2. mgr. yfir 0,5‰ eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts eða meira og telst hann þá undir áhrifum áfengis og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr. Það leysir viðkomandi ekki undan sök þótt hann ætli vínandamagn í blóði sínu minna en hér um ræðir. Nú hefur skipverji eða sá annar sem nánar greinir í 2. mgr. neytt áfengis við eða fyrir þann starfa sem nánar greinir í 2. mgr. þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að skipstjórn lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við starfann. Mælist ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim í blóði eða þvagi skipverja eða þess annars sem nánar greinir í 2. mgr. telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og ekki hæfur til þess starfa sem getur í 2. mgr.

Skipverja og/eða þeim sem stjórnar skipaferðum eða veitir öryggisþjónustu vegna skipaferða er skylt, að kröfu lögreglu eða Landhelgisgæslu Íslands, að gangast undir rannsókn á öndunar-, munnvatns- eða svitasýni, blóð- eða þvagrannsókn með þeim hætti sem lögregla ákveður þegar ástæða er til að ætla að viðkomandi hafi brotið gegn ákvæðum þessarar greinar. Honum er jafnframt skylt að hlíta kröfu sömu aðila um að láta flytja sig til læknis til rannsóknar, þar á meðal til blóð- og þvagrannsóknar, og að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

Skip merkir í þessari grein sérhvert fljótandi far, óháð lengd eða knúningsmáta.

2. gr.

Á eftir 238. gr. laganna kemur ný grein, 238. gr. a, sem orðast svo:

Í refsidómi skv. 238. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða að dómfelldi skuli sviptur starfsréttindum ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

Sé um skipstjórnarréttindi að ræða skal þá jafnframt tekið fram í dóminum hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum. Að sama skapi skal ákveðið hvort stýrimenn, vélstjórar eða aðrir sem ákveðið er að skuli sviptir starfsréttindum megi gegna öðrum réttindaminni störfum. Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda samgönguráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og atvinnuskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna annarri stöðu lætur ráðuneytið honum í té skírteini þar að lútandi.

Hafi dómfelldi verið sviptur atvinnuréttindum tímabundið og tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögu og sérstakar ástæður mæla með því getur samgönguráðherra veitt dómfellda aftur atvinnuréttindi enda þótt sá tími, sem tilgreindur er í dóminum, sé eigi liðinn. Hafi dómfelldi verið sviptur atvinnuréttindum ævilangt getur samgönguráðherra, með sama skilorði og fyrr greinir, veitt honum aftur atvinnuréttindi þegar a.m.k. þrjú ár eru liðin frá dómsuppsögu.

Áfrýjun dóms frestar ekki framkvæmd réttindasviptingar. Nú telur meiri hluti dómenda í sjóprófi að aðili hafi unnið til réttindasviptingar og að brýna nauðsyn beri til þeirrar sviptingar og getur hann þá svipt hann atvinnuréttindum til bráðabirgða með úrskurði en dómstóll sá, er fer með viðkomandi refsimál, getur þó hvenær sem er hrundið þeirri ákvörðun hans þannig að viðkomandi haldi réttindum sínum þar til dómur gengur.

Hafi meiri hluti dómenda í sjóprófi eigi beitt fyrrgreindri heimild sinni hefur viðkomandi dómstóll heimild til að ákvarða réttindasviptingu til bráðabirgða með sama skilorði og fyrr greinir.

Hafi skipverji verið sviptur atvinnuréttindum til bráðabirgða samkvæmt því sem fyrr segir skal ákveðið í dómi hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1386. Lög [353. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1124.

1387. Lög [382. mál]

um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 442.

1388. Lög [448. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1125 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða I hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. málsl. 5. mgr. 12. gr. skal úthlutað aflamark í úthafsrækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 ekki leiða til þess að fiskiskip missi aflahlutdeild í úthafsrækju eða öðrum tegundum.

Þrátt fyrir lokamálslið 1. mgr. 23. gr. skal endurgreiða útgerð gjald vegna úthlutaðs aflamarks í úthafsrækju á fiskveiðiárinu 2005/2006. Veiðigjald skv. V. kafla laganna vegna úthafsrækju fiskveiðiárin 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 skal innheimt í lok hvers fiskveiðiárs miðað við landaðan úthafsrækjuafla fiskiskips á því fiskveiðiári. Þá skal endurgreiða gjald vegna úthlutunar aflaheimilda í rækju á Flæmingjagrunni fyrir árið 2006 og skal veiðigjald fyrir árin 2006, 2007 og 2008 innheimt í lok hvers árs miðað við rækjuafla hvers skips á því ári.

1389. Lög [616. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla..

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1126.

1390. Breytingartillaga [331. mál]

við frv. til l. um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „1. júní“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. komi: 1. júlí.

1391. Svar [701. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um verð dýralyfja og dýralæknakostnað.

1. *Hversu mikið hafa tollar á dýralyf fyrir húsdýr hækkað sl. 10 ár og hversu mikið hefur meðalkostnaður við lyfin hækkað samkvæmt búreikningum?*

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóraembættinu eru ekki lagðir innflutningstollar á lyf.

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um hækkun á verði dýralyfja sérstaklega þar sem lyfjakostnaður er ekki sérgreindur í búreikningum. Í búreikningum er hins vegar að finna upplýsingar um lyfja- og dýralæknakostnað samtals fyrir sérhæfð sauðfjárbú og sérhæfð kúabú. Samkvæmt þessum upplýsingum hefur meðallyfja- og dýralæknakostnaður á sérhæfðum kúabúum á 10 ára tímabilinu 1995–2004 hækkað um 83,6% á föstu verðlagi. Hafa ber til hliðsjónar að meðalkúabúið í uppgjöri búreikninga hefur stækkað úr 26 mjólkurkúm 1995 í 33,6 mjólkurkýr 2004. Reiknað á mjólkurkú var lyfja- og dýralæknakostnaður 5.916 kr./kú árið 1995 samanborið við 8.404 kr./kú árið 2004. Hækkun nemur 42,1% á verðlagi ársins 2004.

Lyfja- og dýralæknakostnaður á sérhæfðum sauðfjárbúum á sama tímabili og samkvæmt sömu forsendum lækkaði um 1,9% á föstu verðlagi. Hafa ber til hliðsjónar að meðalsauðfjárbúið í uppgjöri búreikninga hefur stækkað úr 281,5 vetrarfóðruðum kindum árið 1995 í 319,8 vetrarfóðraðar kindur árið 2004. Reiknað á vetrarfóðraða kind var lyfja- og dýralæknakostnaður 183 kr./kind árið 1995 samanborið við 158 kr./kind árið 2004. Lækkun nemur 13,7% á verðlagi ársins 2004.

2. *Hafa áhrif af hækkun lyfjaverðs á mjólkurverð verið greind?*

Frá febrúar 2000 til febrúar 2006 hefur hlutur lyfja í verðlagsgrundvelli kúabúa hækkað um 24,4% samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Hver áhrif þessa kostnaðar eru á verð mjólkur hefur ekki verið greint, sbr. svar við 1. lið.

3. *Hvernig hefur aksturskostnaður dýralækna þróast og er þróunin í samræmi við gjaldskrár ríkisins?*

Aksturskostnaður dýralækna fylgir aksturstöxtum ferðakostnaðarnefndar en samkvæmt samkomulagi landbúnaðarráðuneytisins og Dýralæknafélags Íslands er greitt 15% álag á þá taxta.

4. *Telur ráðherra að lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þar sem eftirlitsstörf og almennar dýralækningar voru m.a. greind að, hafi orðið bændum til hagsbóta?*

Með lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, voru eftirlitsstörf og dýralækningar að fullu aðskilin í þremur umdæmum, þ.e. í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi, Gullbringu- og Kjósarumdæmi og í Suðurlandsumdæmi. Telja má að þetta hafi orðið bændum til hagsbóta í þessum umdæmum m.a. vegna þess að eftirlitsstörf urðu samræmdari í umdæmunum miðað við þá skipan sem áður gilti, þegar eftirlitið var útfært af mörgum héraðsdýralæknum, t.d. í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og í Suðurlandsumdæmi. Breytingin hafði einnig í för með sér að komið var á svokölluðu vaktakerfi dýralækna sem tryggði bændum aðgang að dýralækni á vakt allan sólarhringinn alla daga ársins. Í þessu sambandi má einnig benda á að ekki fer saman, frá sjónarmiðum stjórnsýslu, að sömu aðilar og sinna þjónustu og ráðgjöf fyrir bændur annist jafnframt eftirlit með búum þeirra.

5. *Hversu mikið hafa greiðslur bænda vegna lögboðins eftirlits dýralækna- og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga aukist sl. 10 ár?*

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

1392. Nefndarálit [682. mál]

um frv. til l. um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson frá utanríkisráðuneyti.

Hinn 31. ágúst 2005 var undirritaður í Hoyvík í Færeyjum samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar. Markmið samningsins er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Samningurinn nær til vöruviðskipta, þjónustuviðskipta, frjálsrar farar fólks og búseturéttar, fjármagnsflutninga og fjárfestinga, staðfesturéttar, samkeppni, ríkiseinkasölu, ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa. Jafnframt tekur samningurinn til fullrar fríverslunar með landbúnaðarvörur sem er nýmæli í samningum Íslands við önnur ríki. Grunnregla samningsins er bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs, staðfestustaðar eða upprunastaðar vöru en hann felur þó ekki í sér samræmingu löggjafar á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Til að innleiða samninginn þarf að gera margvíslegar breytingar á löggjöf og er frumvarp þetta lagt fram í því skyni. Breytingarnar sem lagðar eru til lúta að atriðum í löggjöf sem fjalla um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar fyrirtækja

hér á landi. Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar á lögum til að standa undir skuldbindingum Íslands samkvæmt nýjum stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Vaduz-samningnum svokallaða.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að smávægilegar lagfæringar þurfti að gera á frumvarpinu en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða. Í fyrsta lagi er um lagfæringu á orðalagi að ræða en í öðru lagi er lagt til að 107. og 108. gr. frumvarpsins falli brott enda varða þær greinar breytingar á lagaákvæðum sem felld voru brott með lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Magnús Stefánsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jón Gunnarsson.	Bjarni Benediktsson.

1393. Breytingartillögur [682. mál]

við frv. til l. breyt. á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „Færeyja“ komi: Færeyinga.
2. Við 39. gr. Í stað orðsins „Færeyja“ komi: Færeyingar.
3. 107. og 108. gr. falli brott.

1394. Fyrirspurn [806. mál]

til viðskiptaráðherra um kröfur tryggingafélaga um upplýsingar.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Telur ráðherra að bregðast þurfi við því að tryggingafélög leggi hærri iðgjöld á þá sem eiga foreldra eða systkini sem hafa fengið ákveðna sjúkdóma og mismuni þannig neytendum á grundvelli persónuupplýsinga um aðra en tryggingartaka?
2. Kemur til greina að mati ráðherra að gera lagabreytingar þannig að tryggingafélögum verði ekki heimilt að krefja umsækjendur um tryggingar upplýsinga um heilsufar foreldra og systkina?

Skriflegt svar óskast.

1395. Nefndarálit [447. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Með frumvarpinu eru gerðar nokkrar breytingar á grunnskólalögum, nr. 66/1995, m.a. varðandi grunnskóla sem ekki eru reknir af sveitarfélögum. Umsagnir bárust frá ýmsum aðilum, m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem gerir mjög alvarlegar athugasemdir við 23. gr. frumvarpsins en þar er m.a. lagt til að lögfest verði lágmarksframlag sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla. Með framangreindri grein er gerð breyting á 56. gr. grunnskólalaganna en í henni kemur m.a. fram að einkaskólar eigi ekki rétt til styrks af almannafé. Verði frumvarpið að lögum skal framangreint lágmarksframlag vera 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Minni hlutinn telur að framangreind breyting geti haft í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin.

Minni hlutinn telur að lögbinding á lágmarksframlagi til einkaskóla gangi gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga og brjóti í bága við markmið sveitarstjórnarlaga. Þá er þessi lagasetning í hrópandi andstöðu við þróun undanfarinna ára varðandi löggjöf um verkefni sveitarfélaga, því slíkar íhlutanir í starfsemi og rekstur sveitarfélaga mátti áður finna en hafa nú nánast allar verið aflagðar.

Minni hlutinn telur einnig að frumvarpið feli í sér breytingar sem leiða til aukinnar miðstýringar á skólastarfi. Þess í stað væri æskilegra að lög um grunnskóla væru rammalöggjöf líkt og á við um framhaldsskóla.

Skipuð hefur verið nefnd til að gera tillögu að heildarendurskoðun á grunnskólalögunum. Nefndinni er ætlað að skila menntamálaráðherra stuttri áfangaskýrslu í september 2006 og fullunnu frumvarpi eigi síðar en í lok desember 2006. Minni hlutinn telur löngu tímabært að sú endurskoðun eigi sér stað og eðlilegt að þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu verði hluti af þeirri heildarendurskoðun. Með slíkum vinnubrögðum er mun líklegra að náist víðtæk sátt um breytingar á jafnmikilvægri löggjöf. Það vekur ugg að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir skuli fram lagðar gegn vilja Sambands íslenskra sveitarfélaga í ljósi þess að sveitarfélögunum hefur verið falin ábyrgð á rekstri grunnskólans.

Af framansögðu leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Þór Hafsteinsson var áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 2. júní 2006.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Björgvin G. Sigurðsson. Mörður Árnason.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1396. Framhaldsnefndarálit [651. mál]

um frv. til l. um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Í 16. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um skyldu tilkynningarskyldra aðila til að láta lögreglu í té upplýsingar. Í tengslum við þá grein íhugaði nefndin að setja inn sambærilegt ákvæði og um getur í áliti nefndarinnar í 556. máli (frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit) sem lýtur að því að hafi upplýsinga verið aflað um aðila án þess að honum sé kunnugt um það skuli upplýsa hann um það strax og rannsóknarhagsmunir leyfi og eigi síðar en fimm árum eftir að upplýsinga var aflað. Eins og fram kemur í umræddu áliti var það þó niðurstaða nefndarinnar að heppilegra væri að slík breyting yrði gerð á samræmdan hátt um öll eftirlitsstjórnvöld sem heimild hafa til slíkrar upplýsingaöflunar. Þá var þess getið að í 88. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, væri að finna ákvæði af þessu tagi varðandi hleranir. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin eindregið til að farið verði í heildarendurskoðun hvað þetta atriði varðar við fyrsta tækifæri.

Þá er nefndin sammála um að nauðsynlegt sé að fram fari endurskoðun á skilgreiningu hugtaksins „hryðjuverk“ eins og það er nú skilgreint í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Bent hefur verið á að núverandi skilgreining sé of víð. Mikilvægt sé að hún taki á engan hátt til lýðræðislegs andófs og verði þannig á kostnað almennra mannréttinda.

Alþingi, 2. júní 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðjón Ólafur Jónsson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

1397. Skýrsla [807. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2005 (siglingamálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Með lögum nr. 71 8. maí 2002 er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2005 var í gildi slík áætlun fyrir árin 2003–2014.

Hins vegar kveða lögin á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðað eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Árið 2005 var í gildi fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Í lögunum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

Stefnumörkun stjórnvalda.

Í samgönguáætlun áranna 2003–2014 eru auk framkvæmdaáætlunar sett fram og sérstaklega sundurliðuð eftirfarandi meginmarkmið:

- Um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).
- Um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
- Um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Um öryggi í samgöngum.

Í gildandi fjögurra ára áætlun sem nær til áranna 2005–2008 er mælt fyrir um að unnið skuli að tilteknum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum er falla undir framangreind meginmarkmið, ásamt með því sem gerð er grein fyrir framkvæmdum þessara ára.

Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar.

Á árinu 2005 var lokið við mótun framtíðarsýnar til næstu 5 ára og var hún og stuðningsskjöl hennar, að lokinni kynningu í samgönguráðuneyti, staðfest af yfirstjórn 18. apríl sem hornsteinar starfseminnar á komandi árum.

Stefnan er þessi:

Leiðarljós.

Í örugga höfn.

Hlutverk.

Siglingstofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

Gildi.

Samvinna, þjónusta, frumkvæði og heilindi.

Framtíðarsýn.

Siglingastofnun Íslands mun:

- Vinna að öryggi og aukinni velferð sjófarenda.
- Vinna að hagkvæmni í siglingum, sjávarútvegi og samgöngum.
- Reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu í N-Atlantshafi.
- Starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála.
- Veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar.
- Vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.
- Vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Meginmarkmið.

- Að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.
- Hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfsliði.
- Að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni.
- Að innra starf stofnunarinnar sé skilvirkt.
- Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu fyrir skip.
- Stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir.
- Að sinna eftirlitshlutverki sínu með prýði.
- Að vinna að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum stofnunarinnar.
- Tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum.

Til stuðnings framtíðarsýninni og til nánari leiðbeiningar í dagsins önn voru auk þess samþykkt eftirgreind stefnuskjöl:

- Starfsmannastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Siðareglur.
- Reksturs- og fjármálastefna.
- Innkaupastefna.
- Upplýsingastefna.
- Gæðastefna.
- Öryggisstefna.

Fjármál.

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2005–2008, tölum úr fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2005 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2005. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2005	Rauntölur 2005
Tekjur og framlög		
Markaðar tekjur		
Vitagjald	103,5	135,2
Markaðar tekjur alls	**103,5**	**135,2**
Framlag úr ríkissjóði	1.628,0	1.443,8
Aðrar ríkistekjur:		
Vottorð	1,3	0,9
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,9
Aðrar ríkistekjur alls:	2,6	2,8
Sértekjur	132,1	204,3
Til ráðstöfunar alls	**1.866,2**	**1.786,1**
Rekstrargjöld:		
Yfirstjórn	80,9	68,4
Vitar og leiðsögukerfi	103,5	108,6
Skipaskoðun	74,0	76,5
Hafnarríkiseftirlit	18,0	21,0
Áætlun um öryggi sjófarenda	16,0	11,1

	Samgönguáætlun 2005	Rauntölur 2005
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	20,0	14,1
Rannsóknir og þróun	46,0	41,5
Minjavernd og saga	5,0	3,5
Siglingavernd	8,0	14,5
Þjónustuverkefni	132,1	204,3
Vaktstöð siglinga	185,8	184,0
Rekstrargjöld alls:	**689,3**	**747,5**
Stofnkostnaður:		
Tæki og búnaður	10,5	22,8
Vitar og leiðsögukerfi	20,4	0,6
Hafnir í grunnneti, ríkisstyrktar	957,5	860,2
Hafnir utan grunnnets, ríkisstyrktar	67,1	49,7
Lendingarbætur	6,3	5,3
Ferjubryggjur	8,5	6,7
Sjóvarnargarðar	106,6	61,6
Stofnkostnaður alls:	**1.176,9**	**1.006,9**
Gjöld alls	**1.866,2**	**1.754,4**

Rekstur og þjónusta.

Inngangur.

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast og kemur í stað þriggja þingsályktana. Hér er átt við ályktanir um framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir og öryggi sjófarenda sem stofnuninni var falin framkvæmd á. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til áranna 2005–2008, sjá nr. 91/2005 í A-deild Stjórnartíðinda.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð.

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Í hafnaráði sitja:

Nafn	*Tilnefning*
Sigríður Finsen, formaður	samgönguráðherra
Brynjar Pálsson	samgönguráðherra
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	samgönguráðherra
Már Sveinbjörnsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Ólafur M. Kristinsson	Hafnasamband sveitarfélaga
Friðrik J. Arngrímsson	Samtök atvinnulífsins

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Árið 2005 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Daði Jóhannesson, formaður	samgönguráðherra
Guðmundur Hallvarðsson	samgönguráðherra
Ásbjörn Óttarsson	samgönguráðherra
Guðjón Ármann Einarsson	Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Ingólfur Sverrisson	Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði
Guðfinnur G. Johnsen	Landssamband íslenskra útvegsmanna
Örn Pálsson	Landssamband smábátaeigenda
Ólafur J. Briem	Samband íslenskra kaupskipaútgerða
Sævar Gunnarsson	Sjómannasamband Íslands
Hilmar Snorrason	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Helgi Laxdal Magnússon	Vélstjórafélag Íslands

Innra skipulag og starfshættir.

Í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2004 var í allnokkru máli gerð grein fyrir umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem hófst árið 2003. Stefnan var síðan staðfest á fundi yfirstjórnar 18. apríl 2005 að lokinni ítarlegri kynningu í samgönguráðuneyti og á starfsmannafundum. Þar eru staðfest þau gildi sem stofnunin og starfsmenn vilja standa fyrir og jafnframt mótuð framtíðarsýn og meginmarkmið. Jafnframt hafa stofnuninni og einstökum sviðum hennar verið sett skýr deilimarkmið.

Hin almennu deilimarkmið eru:

- Að þekking, fagmennska og þjónustulund sé höfð að leiðarljósi við úrlausn verkefna.
- Að 75% viðskiptavina séu ánægð með þjónustu Siglingastofnunar.
- Að 80% viðskiptavina telji þjónustu Siglingastofnunar áreiðanlega.
- Að uppitími tölvukerfa sé 99,7% á ársgrundvelli.
- Að 90% erinda almenns eðlis sem berast stofnuninni sé svarað innan 14 daga.
- Að einkunnin starfsandi verði 4,0 af 5,0.
- Að einkunnin trúverðugleiki stjórnenda verði 3,6 af 5,0.
- Að markvisst sé unnið að skráningu og meðferð kvartana sem stofnuninni berast og að 65% viðskiptavina verði ánægð með úrlausn þeirra.
- Að í daglegum störfum noti starfsmenn að jafnaði skjalavistunarhugbúnað stofnunarinnar.
- Að ferðareikningum sé skilað samþykktum til bókhaldsins innan 7 daga frá ferðalokum.
- Að greinargerðum vegna funda erlendis sé skilað innan 14 daga frá ferðalokum.

Deilimarkmið einstakra sviða verða hér ekki rakin, en þar er starfsemi hvers um sig fundin markmiðssetning við hæfi.

Stefnumörkunin var unnin á fundum yfirstjórnar, í vinnuhópum, sameiginlegum starfsmannafundum og í margvíslegu samráði við sérfræðinga og kunnáttumenn, en af öllum þeim gögnum sem að verkinu drógust þykir ástæða til að nefna sérstaklega eftirfarandi kannanir:

- Viðhorfskönnun meðal almennings, unnin af IBM.
- Spurningavagn Gallup.

Helstu niðurstöður:
- 80,3% höfðu heyrt um stofnunina,
- 35% voru jákvæðir í garð hennar, 35% hlutlausir, 25% höfðu enga skoðun, en 3% voru neikvæðir.

• Mat starfsmanna á starfsumhverfi sínu, unnið af Félagsvísindastofnun. Póstkönnun. Sams konar og VR-könnunin. Skali 1–5.

Helstu niðurstöður:
- Vinnuskilyrði 4,38.
- Sjálfstæði í starfi 4,06.
- Sveigjanleiki í vinnu 3,93.
- Starfsandi 3,86.
- Launakjör 2,79.
- Trúverðugleiki stjórnenda 3,10.

• Þjónustukönnun sem náði til viðskiptavina, unnin af IBM. Hringt í úrtak úr viðskiptamannaskrá alls staðar af á landinu.

Helstu niðurstöður:
- 68% ánægðir með þjónustuna.
- 63% telja ímynd stofnunarinnar jákvæða.
- 76% telja þjónustuna áreiðanlega.
- 77% segja tímasetningar standast vel.
- 74% segja þjónustuþekkingu mjög eða frekar mikla.
- 85% treysta starfsfólki.

Með framangreindum hætti var lagður vandaður grunnur að endurbótum á innra skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar á næstu árum.

Árangursstjórnunarsamningur Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytisins frá árinu 2000 var endurskoðaður í ljósi hinnar ítarlegu stefnumótunarvinnu og undirrituðu siglingamálastjóri og samgönguráðherra nýjan samning þann 9. desember 2005 og er honum ætlað að gilda til ársloka 2009.

Starfsmannafjöldi stofnunarinnar í árslok 2005 er 67 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og eru störfin alls 75 í ársverkum talið.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Innan Siglingastofnunar var á árinu 2005 unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála, t.d breytingu á reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar og breytingu á reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa. Hér á eftir er listi yfir reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglingamál á árinu 2005.

Reglugerðir:

Hafnarreglugerð yfir Þórshafnarhöfn, nr. 1191/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarhöfn, nr. 1190/2005.
Reglugerð um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar, nr. 1078/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 1073/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 94/2004, um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, nr. 1060/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997, nr. 1045/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Kópaskershöfn, nr. 992/2005.
Hafnarreglugerð fyrir hafnir Vesturbyggð, nr. 989/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Kópavogshöfn, nr. 983/2005.

Hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn, nr. 982/2005.
Hafnareglugerð fyrir Vopnafjarðarhöfn, nr. 981/2005.
Reglugerð um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar í skip, nr. 824/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn, nr. 798/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 610/2003, nr. 784/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Súðavík, nr. 788/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Bakkafjarðarhöfn, nr. 713/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 671/2005.
Hafnarreglugerð fyrir hafnir Austurbyggðar, nr. 634/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn, nr. 633/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Hornafjarðarhöfn, nr. 584/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn, nr. 583/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarhöfn, nr. 582/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 739/2004, nr. 581/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, nr. 594/2004, nr. 577/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu, nr. 564/2005.
Reglugerð um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa, nr. 551/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa nr. 310/2003, nr. 507/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, nr. 442/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003, nr. 430/2005.
Hafnarreglugerð fyrir hafnir Hafnarsjóðs Skagafjarðar, nr. 425/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, nr. 423/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Borgarfjarðarhöfn, nr. 295/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Grindavíkurhöfn, nr. 294/2005.
Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar, nr. 293/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn, nr. 292/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Þorlákshöfn, nr. 290/2005.
Hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs., nr. 287/2005.
Reglur um Lánasjóð nemenda í skipstjórn og vélstjórn, nr. 141/2005.
Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001, nr. 17/2005.

Gjaldskrár:

Gjaldskrá fyrir Borgarfjarðarhöfn, nr. 786/2005.
Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar, nr. 732/2005.
Gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn, nr. 575/2005.
Gjaldskrá fyrir Vopnafjarðarhöfn, nr. 250/2005.
Gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðar, nr. 205/2005.

Gjaldskrá fyrir Sauðárkrókshöfn, Hofsóshöfn og Haganesvíkurhöfn, nr. 203/2005.
Gjaldskrá Hafnasamlags Norðurlands (HN), nr. 158/2005.
Auglýsing um hækkun gjaldskrár Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar, nr. 159/2005.
Gjaldskrá hafna í Austurbyggð; Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn, nr. 109/2005.

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar.

Á vegum SLF-undirnefndar IMO, sem fjallar um málefni er varða stöðugleika og hleðslu skipa og öryggi fiskiskipa, er nú unnið að gerð viðmiðunarreglna um öryggi lítilla fiskiskipa 12 m og styttri. Ísland tók að sér að semja kaflann um siglingatæki fyrir væntanlegt rit og sér auk þess um upplýsingavef um öryggi lítilla fiskiskipa.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu ásamt með verklagsreglum þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréf hennar, *Til sjávar,* mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Fréttabréfið kom út fjórum sinnum árið 2005. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um það helsta sem gerist á vettvangi stofnunarinnar.

Haldið er úti öflugri vefsíðu þar sem birtast fréttir og ítarlegar upplýsingar. Þar má nefna laga- og reglugerðaskrá, útgáfuskrár, gjaldskrár, rafræn eyðublöð, upplýsingar um veður og sjólag og flest það annað sem auðvelda má almenningi og viðskiptavinum samband við stofnunina.

Hér að framan var minnst á upplýsingar um veður og sjólag, sem byggjast á afar víðfeðmu og merkilegu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Sértæk söfnun upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands, sem og áralöng athugun á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til rauntímafræðslu um veður til fiskimanna og annarra sæfarenda við strendur landsins. Nytsemi upplýsinganna birtist ekki síður í nýtingu þeirra við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Þá heldur stofnunin rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærra mælt stafna á milli. Hún hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi, vegna eftirlits með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnum, skipseigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Landskerfi bókasafna og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur.

Vitar og leiðsögukerfi.

Siglingastofnun annast rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Einnig rekur stofnunin leiðsögu- og eftirlitskerfi fyrir siglingar sem eru DGPS-kerfið og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa er komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Efnahagsbandalagsins auk Noregs og Íslands eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist Safe Sea Net. Samkvæmt sömu tilskipun skal velja eða útnefna ákveðnar hafnir hér á landi sem neyðarhafnir. Neyðarhafnir eru skilgreindar sem hafnir eða skjól þangað sem hægt er að vísa skipum sem eiga í erfiðleikum eða eru í hættu af ýmsum orsökum. Vinna við neyðarhafnir er í gangi hjá Siglingastofnun í samvinnu við Landhelgisgæslu og fleiri aðila.

Á árinu voru settar upp sex AIS-stöðvar til viðbótar því sem komið var. Segja má að um 80% af siglingaleiðum umhverfis landið séu innan sviðs AIS-kerfisins en eftir er að loka hringnum á Mið-Norðurlandi. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km). Gert er ráð fyrir að ljúka uppsetningu kerfisins á árinu 2006.

Til að reka vita og leiðsögukerfi, þ.m.t. rekstur AIS-kerfisins, fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt íslenskum vitalögum er lagður á íslensk skip og erlend skip sem taka íslenska höfn. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með búnaði og viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2005 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 19 vitabyggingum og fóru í um 60 vita til eftirlits og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar.

Rekstur upplýsingakerfis Siglingastofnunar um veður og sjólag gekk vel á árinu. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundarfresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara og á árinu hófst birting ölduhæðarmælinga í textavarpi ríkissjónvarpsins.

Skipaeftirlit.

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2005 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga.

Áfram var unnið að undirbúningi B-faggildingar fyrir skoðunarstofur einstakra hluta búnaðar skipa en Siglingastofnun mun sjá um útgáfu starfsleyfa til þeirra.

Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi A- og B-faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa, framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað og útbýr og viðheldur nauðsynlegum skoðunarhandbókum vegna þess.

Skoðunaraðilar.

Skoðunaraðili	2004	2005	2006
Skoðunarstofur		2.165	2.160
Siglingastofnun Íslands	2.211	31	32
Bureau Veritas (BV)	9	8	8
Germanischer Loyd (GL)	7	6	6
Loyd's Register of Shipping (LR)	56	53	49
Det Norske Veritas (NV)	82	81	76
Samtals	**2.365**	**2.344**	**2.311**

Fjöldi skipa og báta.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Árlega gefur stofnunin út rafræna skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Samtals 2.311 skip voru á skipaskrá 1. janúar og brúttótonnatala þeirra var 226.954 brúttótonn. Skipum á íslenskri skipaskrá fækkaði fjórða árið í röð og að þessu sinni um samtals 33 skip. Heildarbrúttótonnatala skipastólsins lækkaði um rúm 11.000 brúttótonn frá árinu áður.

Á aðalskipaskrá 1. janúar 2006 voru 1.128 þilfarsskip og brúttótonnatala þeirra var 219.234. Opnir bátar voru samtals 1.183 og brúttótonnatala þeirra var 7.020.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, *Keilir,* samtals 4.342 brúttótonn.

Tölurnar í töflunni hér á eftir eru miðaðar við 1. janúar ár hvert.

Fjöldi og stærð í brúttótonnum.

Fjöldi og stærð	2004	2005	2006
Þilfarsskip	1.128	1.135	1.128
Brúttótonn	226.081	230.881	219.234
Opnir bátar	1.237	1.209	1.183
Brúttótonn	7.322	7.199	7.020
Heildarfjöldi	**2.365**	**2.344**	**2.311**
Heildarbrúttótonnatala	**233.403**	**238.081**	**226.954**

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2005 voru gefin út 51 alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW), 13 skírteini fyrir atvinnukafara, 4 hafnsögumannsskírteini og 3 skírteini fyrir leiðsögumenn. Siglingastofnun gaf einnig út 40 starfsleyfi til farþegaflutninga, 5 starfsleyfi fyrir bátaleigur og 4 leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að var farið að banna skipum að koma til hafnar aðildarríkja Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Farin var skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins þar sem áhersla var lögð á að kanna GMDSS-fjarskiptakerfið. Hið svokallaða GMDSS (Global Maritime Distress and Safety System) fjarskiptakerfi fyrir skip hefur verið í gildi frá 1. janúar 1999. Kerfið er fyrst og fremst hugsað sem neyðarfjarskiptakerfi en nýtist einnig fyrir almenn fjarskipti.

Tilkynnt var um komu 356 erlendra skipa til Íslands en mörg þeirra komu þó oftar en einu sinni. Af þeim voru 104 skoðuð eða um 29%. Skipin 104 sem voru skoðuð voru frá 25 fánaríkjum. Flest voru skipin frá Antígva eða 17 og næstflest frá Bahamaeyjum eða 11.

Tvö skip voru sett í farbann, 93 athugasemdir voru gerðar og teknar út 250 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum.

Skoðuð voru 15 af þeim skemmtiferðaskipum sem komu til Reykjavíkur í sumar.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga og rannsóknir um öryggismál.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis. Í júlí 2005 gaf verkefnisstjórn út myndisk um öryggi farþega í skipum og var honum dreift um borð í öll skip á skrá. Innan ramma áætlunarinnar hófst einnig á árinu 2005 röð málfunda víða um land sem ætlað var að vekja athygli á einstökum þáttum í öryggismálum sjómanna.

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Á árinu hófust líkantilraunir á ferjuhöfn við Bakkafjöru.

Rannsóknir og þróun.

Heildarkostnaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands var 45,6 millj. kr. árið 2005. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Heildarkostnaður hafna- og strandrannsókna árið 2005 var 23,2 millj. kr. Lögð var sérstök áhersla á verkefni sem tengjast suðurströnd Íslands þar sem framlög til þeirra rannsókna voru aukin um 10 millj. kr. Unnið var að öldufarsrannsóknum við suðurströndina, einkum tengslum við siglingaleiðina frá Vestmannaeyjum upp á Bakkafjöru. Í skýrslu starfshóps samgönguráðherra um samgöngur við Vestmannaeyjar sem lokið var við í mars 2003 voru

unnar rannsóknir og tillögur um hugsanlegt ferjulægi á Bakkafjöru ásamt frumkostnaðarmati og tillögum að frekari rannsóknum. Unnið var að öldufarsreikningum vegna leiðastjórnunarverkefnis sem miðar að afmörkun á siglingaleiðum olíu- og flutningaskipa með kortlagningu á öldu á siglingaleiðum fyrir Suðvesturlandi. Einnig var hafinn undirbúningur að öldufarsreikningum fyrir Hornafjarðarós og Breiðamerkursand en síðara verkefnið er unnið í samvinnu við Vegagerðina.

Heildarkostnaður umhverfisrannsókna árið 2005 var 7,1 millj. kr. Í tengslum við rannsóknir á öryggi skipa á siglingaleiðum var á árinu 2003 þróaður búnaður sem getur mælt krafta vegna hröðunar þriggja grunnhreyfinga skipa á rúmsjó. Þessar hreyfingar eru velta, dýfa og lyfting. Þessum búnaði var komið fyrir í tveimur skipum, gámaflutningaskipinu ms Arnarfelli, sem siglir reglulega fyrir Suðvesturland, og varðskipinu Ægi, sem sigldi um Reykjaneshrygg, til að hægt yrði að gera samanburð á kröftum á skipi og hreyfingum skipa eftir mismunandi siglingaleiðum fyrir Reykjanes. Haldið var áfram að fylgjast með og kanna botnbreytingar á Grynnslunum framan við Hornafjarðarós. Unnið var að stafrænum gagnagrunni með sjávardýpi í Breiðafirði. Haldið var áfram uppsetningu sjávarfallalíkans og þróað áfram reklíkan fyrir olíu og rek hluta. Jafnframt var unnið að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa og framsetningu stöðugleikagagna og smíði og þróun andveltugeyma skipa.

Heildarkostnaður skiparannsókna árið 2005 var 10,4 millj. kr. Áhersla var lögð á lögbundna afgreiðslu tillagna rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt þar sem Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum. Unnið var að rannsóknum á vatnsþéttleika skipa sem tekur mið af niðurhólfun þeirra og ástandsgreining nokkurra flokka valinna fiskiskipa. Einnig voru rannsóknir á hávaða í skipum, loftgæðum um borð í skipum, ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla framhaldið á árinu 2005.

Alþjóðleg ráðstefna á Höfn í Hornafirði. Lokaundirbúningur alþjóðlegu ráðstefnunnar á Höfn í Hornafirði um rannsóknir á náttúrufari hafs og strandar, öryggi sjófarenda og mannvirki á ströndinni fór fram fyrri hluta árs. Að ráðstefnunni, sem var haldin 6.–8. júní, stóðu Hornafjarðarbær, Siglingastofnun Íslands, Háskóli Íslands og samgönguráðuneytið, en fagleg umsjón var í höndum Siglingastofnunar Íslands. Þátttakendur voru 123 frá 18 þjóðum, og voru meðal þeirra tveir ritstjórar þekktra erlendra fagtímarita á sviði strandrannsókna, þeir Charles W. Finkl við bandaríska tímaritið Journal of Coastal Research og H.F. Burcharth við hollenska tímaritið Journal of Coastal Engineering. Á ráðstefnunni var megináhersla lögð á hönnun og viðhald innsiglinga, efnisflutninga við strendur, brimvarnargarða og sjóvarnir, öldufar og öryggismál sjófarenda. Meðal þess efnis sem íslenskir fræðimenn fjölluðu um var hönnun og bygging bermugarða, rof við Jökulsá á Breiðamerkursandi og varnir við því, ásamt öryggismálum sjófarenda. Alls voru fluttir um 85 fyrirlestrar á ráðstefnunni og áttu sérfræðingar á rannsókna- og þróunarsviði og hafnarsviði Siglingastofnunar þátt í sjö greinum og fyrirlestrum. Útdráttur úr öllum faggreinum var gefinn út í bók og allar greinar einnig látnar fylgja ráðstefnugögnum á diski.

Háskóli Íslands og Siglingastofnun. Í október var undirritaður samstarfssamningur verkfræðideildar Háskóla Íslands og Siglingastofnunar um að Siglingastofnun tæki að sér kennslu í námskeiðinu *Hafnargerð* í umhverfis- og byggingaverkfræðiskor háskólans. Hafnargerð er námskeið á meistarastigi sem kennt er á haustmissiri og stendur í 15 vikur og er stefnt að því að það verði kennt annað hvert ár. Kennsla hófst í byrjun september og voru þátttakendur á fyrsta námskeiðinu níu talsins. Sérfræðingar á rannsókna- og þróunarsviði og hafnarsviði stofnunarinnar önnuðust kennsluna. Í námskeiðinu var farið yfir grunnatriði strandverkfræðinnar, s.s. mismunandi öldugerðir, öldumyndun, ölduhreyfingar og öldujöfnur. Skoðuð áhrif

botns á öldur, öldubrot, öldusveigju og -speglun. Enn fremur var fjallað um öldumælingar og langtímaölduspár og kynntar mismunandi gerðir brimbrjóta og hönnun þeirra.

Rannsóknir á Bakkafjöru. Áfram var haldið rannsóknum á siglingaleiðinni milli Bakkafjöru og Vestmannaeyja. Gerðir voru öldufarsreikningar, unnin langtímaölduspá úr gögnum frá ölduduflum og spápunktum á hafi og í nágrenni siglingaleiðarinnar, m.a. sem grunnur að rannsóknum á efnisflutningum.

Kostnaður við rannsóknarverkefni 2005.

	millj.kr.
Almennar rannsóknir, óskipt	2,9
Kennsla í strandverkfræði	1,9
Forgangsröðun samgangna	1,1
Stjórnvaldsverkefni	4,6
Erlend samskipti	0,9
Alþjóðleg ráðstefna á Höfn	6,0
Skiparannsóknir, óskipt	5,7
Vatnsþéttleiki skipa – rannsóknarverkefni	3,1
Hávaðarannsóknir um borð í skipum	1,6
Umhverfisrannsóknir, óskipt	3,4
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	1,1
Siglingaleiðir	0,8
Skipaafdrep	0,5
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,3
Rannsóknir í höfnum, óskipt	1,0
Rannsóknir við suðurströndina, óskipt	0,2
Höfn í Hornafirði – Hornafjarðarós	1,3
Rof við Vík í Mýrdal	0,6
Ferjulægi við Bakkafjöru	8,5
Samtals	**45,6**

Rannsókn sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi eru formlegar afgreiðslur Siglingastofnunar til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2005:

Nr. 009/04 (Þerney RE-101 (sknr. 2203), óhapp verður við sjósetningu léttbáts).

Nr. 031/04 (Mánafoss (nr. 11083), tekur niðri í innsiglingunni til Vestmannaeyja).

Nr. 043/04 (Baldvin Þorsteinsson EA-10 (sknr. 2212), fær nótina í skrúfuna og strandar).

Nr. 059/04 (Snorri Sturluson VE-28 (skrnr. 1328), þrír skipverjar hætt komnir í léttbát).

Nr. 061/04 (Polar Siglir GR-650, skipverji slasast við fall um borð).

Nr. 081/04 (Kiran Pacific, strandar út af Straumsvík).

Nr. 012/05 (Grímsnes GK-555 (sknr. 1849), eldur verður laus í lúkar).

Nr. 065/05 (Hrund BA-87 (sknr. 7403), eldur kemur upp um borð og skipið sekkur).

Allar afgreiðslur til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is.

Dauðaslys á fiskiskipum 1997–2005.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Skip < 12 m	2	1	2	1				1	
Skip 12–24 m					3	2			
Skip > 24 m					4			1	1
Samtals	**2**	**1**	**2**	**1**	**7**	**2**	**1**	**2**[1]	**1**

[1] Auk þess drukknaði sjómaður er hann féll milli skips og bryggju á Ísafirði.

Fiskiskip sem fórust 1997–2005.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Skip < 12 m	6	3	3	8			4	3	3
Skip 12–24 m	1			1	1	3		4	1
Skip > 24 m	2			1	2	1	3	1	
Samtals	**9**	**3**	**3**	**10**	**3**	**4**	**7**	**8**	**4**

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1996–2005.

1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
434	**460**	**378**	**381**	**361**	**348**	**413**	**379**	**309**	**366**

Minjavernd og saga.

Stofnunin hefur látið rita sögu íslenskra vitabygginga sem gefið var út árið 2002. Þá hefur um hríð verið safnað saman efni til undirbúnings ritunar sögu hafnargerðar. Verkið er afar viðamikið, en stefnt er að útgáfu síðla árs 2007. Hugað hefur verið að skrásetningu annarra verkefna svo sem skipaeftirlits og almennra öryggismála til sjávar.

Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tók gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Í dag eru 29 vottaðar hafnir með hafnaraðstöðu á 79 stöðum á Íslandi. Siglingastofnun hefur reglulega framkvæmt úttektir á hafnaraðstöðu og skipum síðan siglingaverndin kom til framkvæmda. Engin skip skráð á Íslandi þurfa nú að uppfylla kröfur um siglingavernd.

Siglingaverndin hefur kallað á miklar og kostnaðarsamar aðgerðir fyrir hafnir, útgerðarfélög og fyrirtæki sem bera sjálf kostnað af siglingaverndinni sem og stofnanir vegna undirbúnings, innleiðingar, viðhalds, námskeiða, eftirlits og úttekta á siglingavernd.

Í samstarfi við aðrar stofnanir heldur Siglingastofnun regluleg námskeið fyrir verndarfulltrúa og starfsmenn með sérstakt hlutverk í siglingavernd viðkomandi hafnar.

Siglingastofnun tekur þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni og Evrópusambandinu þar sem haldnir eru reglulegir fundir vegna siglingaverndar. Fyrirséð er að þetta samstarf muni aukast á komandi árum, m.a. með þátttöku og eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA og Evrópusambandsins með siglingaverndinni.

Siglingavernd hefur verið vaxandi málaflokkur og má gera ráð fyrir að kostnaður við hann aukist. Siglingastofnun hefur reynt eftir fremsta megni að halda öllum kostnaði í lágmarki fyrir hafnir landsins. Stefnan er að íslensk skip og hafnir uppfylli kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Evrópusambandsins á sviði siglingaverndar. Það er gert til að gera íslenskum höfnum kleift að taka á móti og þjónusta skip sem falla undir ákvæði siglingavernd-

arinnar og gera íslenskum skipum unnt að stunda siglingar til og frá löndum og höfnum þeirra sem gera kröfu um siglingavernd.

Framkvæmd siglingaverndar hefur gengið vel en fyrirséð er að kröfur og vinna við siglingaverndina muni aukast á næstu árum og er fylgst náið með þróun krafna og reglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Evrópusambandsins á þessu sviði.

Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina og Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Í samvinnu við Vaktstöð siglinga var hafist handa við innleiðingu rafræns tilkynningarkerfis skipa, *Safe Sea Net,* og er áætlað að ljúka því verki í byrjun árs 2007.

Stofnkostnaður.

Árið 2005 var fjárfest í tækjum og búnaði fyrir samtals 23,3 millj. kr. Stærstur hluti stofnkostnaðar voru innkaup á búnaði í AIS-stöðvar en einnig ölduduflog annar búnaður svo sem tölvur og tæki fyrir almennan rekstur.

Hafnir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttorðar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2005 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Árið 2005 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2005 millj. kr.	2004 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.753,7	1.876,6
Ferjubryggjur	7,7	0,4
Lendingarbætur	6,6	4,1
Samtals	**1.768,0**	**1.881,1**

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi. Lokið var smávægilegri frágangsvinnu við uppsátur. Er uppsátursverkinu lokið. Bygging ljósamasturs og vatnshúss var boðin út ásamt uppsátrinu og þekju og lögnum í Rifshöfn.

Rifshöfn. Við áramót var ólokið uppgjöri við verktaka vegna þekju og lagna á Norðurþili, auk þess sem eftir var að raða grjóti meðfram steinsteyptri akstursbraut, ganga endanlega frá raflögnum og ýmsu fleiru smálegu.

Unnið var við lokaáfanga í endurbyggingu trébryggju. Keypt var efni, asobe-harðviður og boltar og smíði bryggjunnar boðin út í júlímánuði. Tvö tilboð bárust og voru þau bæði yfir kostnaðaráætlun. Hið lægra var frá Elinn ehf. og hljóðaði það upp á 18,9 millj. kr. sem var 110% af áætlun og var því tilboði tekið. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Ólafsvík. Harðviðarbryggja var endurbyggð. Verkið var boðið út um miðjan ágúst 2004 og samið við lægstbjóðanda, Elinn ehf. frá Sauðárkróki, sem bauð 29,918 millj. kr. í verkið sem nam 95,2% af kostnaðaráætlun. Í verkinu felst að skipta um bryggjudekk, kanttré, bita og þybbuklæðningu. Þegar farið var að hrófla við bryggjunni kom í ljós að hún var meira skemmd af fúa en talið var, m.a. var efri hluti staura allfúinn. Þurfti því að skipta um 24 staura, mörg þybbulangbönd og nokkuð af töngum. Hefur þessi viðgerðarvinna reynst tímafrek og kostnaðarsöm. Er því ljóst að upphaflegar áætlanir um kostnað vegna verksins munu ekki standast. Verkið stóð enn yfir við árslok 2005.

Lokið var frágangi á stigum á flotbryggjur í Rifi og Ólafsvík sem keyptir voru árið 2004.

Unnið var að útboði viðhaldsdýpkana í Rifi og Ólafsvík og verkið boðið út í nóvember. Lægst bauð Gáma og tækjaleiga Austurlands ehf., 16,89 millj. kr., sem var 72% af áætlun. Verkið var ekki hafið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 61,6 millj. kr.

Grundarfjörður.

Ákveðið var að fresta gerð upptökubrautar fyrir smábáta til ársins 2006.

Byggð verður ný stálþilsbryggja sunnan við Litlubryggju og dýpkað við hana. Teikningar liggja fyrir og stálþilsefni hefur verið boðið út. Botnrannsóknir og dýptarmælingar á byggingarsvæðinu hafa farið fram og munu framkvæmdir hefjast vorið 2006.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 7,6 millj. kr.

Stykkishólmur.

Í samgönguáætlun 2005 var fyrirhugað að steypa þekju við Súgandisey og reisa ljósamasturs- og vatnshús en þessu var frestað.

Áformað er að reisa ljósamastur og vatnshús í Skipavík. Þessu verki hefur verið frestað til ársins 2006.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2005.

Dalabyggð.

Gert var ráð fyrir að lagfæra gömlu bryggjuna í Búðardal, endurbyggja kanttré o.fl., en verkinu var frestað til 2006.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2005.

Reykhólar.

Unnið var að undirbúningi fyrir dýpkun innsiglingar. Gerð var dýptarmæling á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði og sótt um heimild til vörpunar á dýpkunarefni í sjó til Umhverfisstofnunar. Það mál var enn í biðstöðu um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1,1 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur. Til stóð að færa flotbryggjuna og endurbyggja legufæri hennar en heimamenn ákváðu að slá því á frest.

Patreksfjörður. Þar átti samkvæmt áætlun að lagfæra innsiglingu, dýpka og grjótverja Oddann, en því verki var slegið á frest.

Bíldudalur. Þar lauk verktakinn KNH við gerð landfyllingar og fyrirstöðugarðs vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju. Boðin voru út í janúar niðurrekstur stálþils, fylling og kantsteypa á 80 m stálþilsbakka. Einnig lítils háttar dýpkun við þilið. Átti KNH lægsta

boð í verkið, 42,5 millj. kr., sem var 89% af kostnaðaráætlun. Samið var við KNH og lauk verktakinn verkinu í nóvember. Eftir er að ganga frá lögnum við þilið og steypa þekju.

Framkvæmdakostnaður: 50,4 millj. kr.

Tálknafjörður.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að lagfæra stiga á stálþili og setja í þá lýsingu en því var frestað.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2005.

Bolungarvík.

Í lok febrúar lauk dýpkun sem hófst haustið 2004. Dýpkað var í –8,7 m innan hafnar að væntanlegu stálþili við Grundargarð. Alls voru fjarlægðir um 100.000 m^3 efnis sem fluttir voru út í Djúp. Í ljós kom að botn reyndist erfiðari viðfangs en skýrsla jarðfræðings gaf til kynna og varð dýpkunin því fyrirhafnarsamari og tímafrekari en við var búist. Hlaut verktaki nokkrar aukagreiðslur vegna þessa. Einnig reyndist flutningur efnisins um 4 sjómílur út fyrir hafnarmynnið kostnaðarsamur.

Framkvæmdakostnaður: 57,8 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri. Þar var í áætlun gert ráð fyrir að rífa trébryggju við ytri hafnargarð og einnig að dýpka í smábátahöfn. Báðum þessum verkefnum var frestað.

Suðureyri. Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir stækkun smábátahafnar, dýpkun og flotbryggju, en því var slegið á frest.

Flateyri. Samþykkt var að veita þar ríkisstyrk í nýtt verkefni, endurbyggingu þekju, í stað verkefna sem frestað var á Þingeyri og Suðureyri. Malbikaður var hluti þekjunnar framan við fiskmarkaðinn, 2.542 m^2 að flatarmáli. Hlaðbær Colas ehf. sá um verkið en Græðir ehf. á Flateyri annaðist undirbúning þess. Verkið var unnið í ágústmánuði.

Ísafjörður. Áfram var unnið að smíði á nýjum hafnsögubáti. Eftir að samningi var rift við Ósey ehf. í framhaldi af gjaldþroti þess fyrirtækis tókust samningar við pólsku skipasmíðastöðina Christ um að ljúka smíði bátsins og var báturinn afhentur í byrjun október.

Dýpkun var gerð í Sundahöfn. Samið var við Björgun án útboðs á grundvelli fyrri verðtilboða. Verkið hófst í júní og lauk þann 5. júlí.

Gengið var frá raflögnum í fyrri áfanga Ásgeirsbakka. Rafverkfræðistofan Tera sá um verklýsingu og teikningar en Póllinn ehf. á Ísafirði gerði kostnaðarmat. Í verkinu fólst að aðalrafbúnaður á Ásgeirsbakka var endurnýjaður en það verk hófst 2004 er raflagnir voru endurnýjaðar að hluta. Samið var við Pólinn um verkið og ákveðið að vinna það í áföngum jafnhliða framkvæmdum í hafnarhúsi þar sem aðaltaflan er. Unnið var að undirbúningi annars áfanga í endurnýjun Ásgeirsbakka. Áformað er að bjóða verkið út í apríl 2006.

Gengið var frá þekju og lögnum í Sundahöfn. Verkið var ekki boðið út þar sem það var unnið í beinu framhaldi af öðru verki sem var útboðsverk og tók verktakinn, Ásel ehf., þetta verkefni að sér fyrir sömu verð og útboðsverkið þar sem Ásel varð hlutskarpast. Í verkinu fólst hefðbundinn frágangur á þekju og lögnum. Steypt var 365 m^2 þekja og malbikuð var 2.245 m^2 þekja. Gengið var frá lögnum, rafmagnsbrunni og lýsingu og rafmagnstafla var endurnýjuð.

Í áætlun var enn fremur gert ráð fyrir endurbyggingu flotbryggju í Sundahöfn, nýrri 40 flotbryggju í Sundahöfn og uppsátri fyrir smábáta. Lítils háttar var unnið að undirbúningi fyrir tvö fyrsttöldu verkefnin en að öðru leyti var þessum verkum frestað.

Framkvæmdakostnaður: 162,7 millj. kr.

Súðavík.

Þar var steypt ofan á þekju á aðalhafnargarðinum en sú þekja var steypt 1974. Brunnar voru hækkaðir upp, kanttré á gafli endurnýjað auk þess sem steypt var þekja 10 cm þykk og 1.313 m^2 að flatarmáli. Verkið var unnið af KNH-verktökum á Ísafirði á tímabilinu ágúst til október.

Framkvæmdakostnaður: 10,5 millj. kr.

Norðurfjörður.

Tígur ehf. frá Súðavík vann að dýpkun smábátahafnar. Verkið hófst í ágústlok og lauk í endaðan september. Í því fólst að hreinsa allt laust efni upp úr smábátahöfninni á um 240 m^2 fleti, heildarmagn um 250 m^3. Verkið gekk fram eins og áætlað var og geta nú þrjár raðir báta legið við bryggjuna í stað tveggja áður. Auk þessa var grjót sem til féll við dýpkunina notað í sjóvarnargarð, sjá kafla um sjóvarnir.

Framkvæmdakostnaður: 2,2 millj. kr.

Drangsnes.

Endurbyggt var uppsátur smábáta samkvæmt samgönguáætlun. Upptökubrautin var endurbyggð með minni halla en verið hafði. Þar sem um smáverk var að ræða var það ekki boðið út heldur samið við verktakana KNH og Grundarás ehf. sem unnu verkið á tímabilinu júlí til september.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

Hólmavík.

Þar átti samkvæmt áætlun að framkvæma endurbætur á smábátaaðstöðu en því var slegið á frest.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2005.

Hvammstangi.

Suðurbryggja var endurbyggð í samræmi við samgönguáætlun. Í verkinu fólst að skipta um alla burðarviði, framhlið og dekk á 15 m kafla við vesturenda Suðurbryggju. Verkið var lítið og því ekki boðið út. Samið var við verktakann Tvo smiði ehf. á Hvammstanga á grundvelli einingarverða. Verkið hófst í október og því var lokið um miðjan desember að frátöldum lítils háttar frágangi.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar og veittur styrkur til þeirra framkvæmda af óskiptu fé til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 6,2 millj. kr.

Blönduós.

Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2005.

Skagaströnd.

Unnið var að dýpkun snúningssvæðis. Verkið var boðið út. Í því fólst dýpkun á 11.500 m^2 svæði suður af enda svokallaðs Skúffugarðs. Var áformað að dýpka þar í –6,5 m og í –4,0 m á 1.096 m^2 svæði inn af Miðgarði.

Að loknu útboði var samið við Hagtak hf. um verkið. Verktakinn hóf verkið í september og var því lokið um miðjan nóvember. Botn reyndist erfiðari viðfangs en skýrsla jarðfræðings gaf til kynna og varð dýpkunin því fyrirhafnarsamari og tímafrekari en við var búist. Hlaut verktaki nokkrar aukagreiðslur vegna þessa. Heildargreiðsla til hans nam tæplega 34,8 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 37,5 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur. Þar var unnið að lengingu sandfangara. Verkið var boðið út en aðeins eitt tilboð barst, frá Víðimelsbræðrum ehf., og var gengið til samninga við þann aðila. Í verkinu felst að taka upp 450 m^3 af grjóti af núverandi enda sandfangarans og flokka og vinna í námu 3.200 m^3 af sprengdum kjarna og 2.580 m^3 af flokkuðu grjóti. Dýptarmæling sem gerð var áður en verk hófst leiddi í ljós að magn af flokkuðu grjóti verður heldur minna en magn kjarna nokkru meira. Náma fyrir flokkað grjót er í Flatatungu í 45 km fjarlægð en náma fyrir sprengdan kjarna er í Hegranesi í um 7 km fjarlægð. Verktaki hóf störf í síðari hluta júní og var verki lokið 7. okt. 2005.

Gerð var upptökubraut fyrir smábáta 5 x 15 m milli Sandeyrar og Norðurgarðs samkvæmt samgönguáætlun. Víðimelsbræður ehf. og Ás ehf. unnu verkið.

Áætlað var að byggja 35 m þvergarð innan á Norðurgarð í því skyni að draga úr ölduhreyfingu sem leiðir inn með bryggjunni. Hugmyndir eru um að gera líkantilraunir af höfninni áður en farið verður í þessa framkvæmd og var henni því frestað um ár.

Hofsós. Gerð var upptökubraut fyrir báta, 5 x 15 m í fjörunni austan við Vesturfarasetrið. Verkið var unnið í september af Víðimelsbræðrum ehf. og Ási ehf.

Flotbryggja út frá Árgarði var áætluð. Lítils háttar var unnið í undirbúningi en að öðru leyti var framkvæmdinni frestað.

Haganesvík. Þar var unnið að árlegri viðhaldsdýpkun en á hverju vori þarf að grafa frá bryggjunni 300–400 m^3 af sandi sem berst að henni.

Framkvæmdakostnaður: 237 millj. kr.

Siglufjörður.

Grjótvörnin norðan við Brjót var hækkuð og styrkt á um 170 m kafla. Bætt var 3.400 m^3 af grjóti í garðinn og 2.000 m^3 af grjóti endurraðað. Efni var sótt í Selskál í um 2 km fjarlægð frá bænum. Verktaki var KNH ehf. Verkið var unnið á tímabilinu 7. mars til 8. apríl.

Unnið var að frágangi viðlegubryggju við vesturkant smábátahafnar sem ekki var lokið á síðasta ári því efni vantaði.

Samkvæmt ósk heimamanna var frestað um tvö ár dýpkun við Óskarsbryggju og kaupum og niðurrifi á SR-bryggju.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar og veittur styrkur til þeirra framkvæmda af óskiptu fé til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 7,0 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður. Steypt var ný þekja 976 m^2 og endurbyggð 128 m^2 þekja, byggt ljósamastur og vatnshús, lagðar lagnir að einum vatnsbrunni og einum rafmagnsbrunni og gert við vatnsbrunn í gömlu þekjunni. Enn fremur voru lagðar lagnir frá eldra mastursúsi í það nýja. Samið var við Steypustöðina á Dalvík um verkið. Vinna hófst í endaðan ágúst. Því var ekki lokið um áramót.

Lokið var uppgjöri á kostnaði vegna upptökubrautar sem steypt var af heimamönnum árið 2003.

Dalvík. Unnið var að dýpkun smábátahafnar samkvæmt óskum heimamanna sem óskuðu eftir því að framkvæmdin fengi forgang þar sem bátar höfðu tekið niðri í smábátahöfninni. Dalverk ehf., sem var að störfum við gerð sjóvarnar á staðnum, var fengið til dýpkunarverksins án útboðs. Grundvöllur kostnaðarmats voru nýlegar tölur frá því dýpkað var vegna trébryggju við smábátagarð.

Ákveðið var að fresta tveimur verkefnum sem áætluð voru á árinu, styrkingu grjótvarnar á Suðurgarði og endurbyggingu timburbryggju við Suðurgarð. Í staðinn var samþykkt að ríkið styrkti dýpkun smábátahafnarinnar sem að framan er lýst.

Framkvæmdakostnaður: 26,7 millj. kr.

Grímsey.

Þar átti samkvæmt samgönguáætlun að halda áfram styrkingu á grjótvörn hafnargarðsins. Unnið var að undirbúningi en ákveðið var að geyma þetta verk um sinn og leita færis næst þegar grjótvinnsla yrði í landi, t.d. á Dalvík.

Unnið var við þybbur og fríholt á aðalhafnargarði. Steypustöð Dalvíkur sá um verkið sem var ekki á áætlun en á það var fallist af hafnaráði. Verktakakostnaður var í heild um 3,5 millj. kr. Ráðgert var að flytja um 300 stóra steina úr landi út í Grímsey en því var frestað þar sem heppilegt stórgrýti fannst ekki.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri. Í Krossanesi var steypt þekja og gengið frá lögnum. Verkið var unnið af Arnarfelli ehf. en Siglingastofnun annaðist gerð verklýsingar og útboðsgagna. Heildarkostnaðaráætlun nam 24.350.900 kr. en samningsverð í verksamningi var 15.468.930 kr. sem nam 63,5% af kostnaðaráætlun hönnuða. Í verkinu fólst að steypt var þekja, 2.232 m^2, byggðir 2 brunnar fyrir raflagnir og tengingar og 2 vatnsbrunnar ásamt tilheyrandi lögnum. Gengið var frá vatnslögnum í vatnshúsi. Verkið hófst þann 23. ágúst og því lauk hinn 21. desember er gerð var lokaúttekt. Nokkur aukaverk voru unnin við byggingu ljósamasturs og vatnshúss. Um það sáu Þ.J. verktakar á Svalbarðseyri. Í heild gekk verkið samkvæmt áætlun þrátt fyrir nokkrar tafir sem urðu af völdum veðurs.

Í Sandgerðisbót var steypt hefðbundin upptökubraut, 5 m löng og 18 m löng. Verkið hófst í desember 2005 og stóð fram í janúar 2006. Það var unnið af Kötlu ehf. á Árskógssandi.

Lengt var stálþil Tangabryggju neðst á Oddeyri. Í verkinu felst að taka upp núverandi grjótvörn, dæla upp fyllingarpúða, alls 13.00 m^3, reka 96 plötur er mynda 100 m kant og 22 m gafl, fylla í þilið alls 13. 200 m^3, dýpka framan við þar sem fjarlægðir verða 1.800 m^3 efnis, steypa kant 122 m að lengd og leggja frárennslislagnir. Verkið var boðið út og tekið tilboði frá Gáma- og tækjaleigu Austurlands. Samningsverð er 53.652.780 kr. sem nemur 86,8% af kostnaðaráætlun hönnuða. Keypt hefur verið stálþil AZ 26, alls 324 tonn og 64,4 tonn af festingum frá Guðmundi Arasyni ehf. Verkið hófst um áramót 2005/2006.

Framkvæmd sem áætluð var við Ísbryggju ÚA var frestað um sinn að ósk heimamanna.

Grenivík. Frestað var gerð uppsáturs fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 65,7 millj. kr.

Húsavík.

Sett var stálþilsbryggja með steyptum kanti við Bökugarð. Í verkinu felst að taka grjót á Bökugarði, alls um 260 m^3, keyra fram kjarnafyllingu og reka 150 stálþilsplötur, 25 m í landgafl, 130 m í viðlegukant og 37 m í útgafl. Fylla á í þilið með kjarnaefni, alls 41.000 m^3, og steypa kant með pollum alls 190 m að lengd. Verksamningur var gerður við Árna Helgason ehf. á Ólafsfirði og Ísar ehf. í Hafnarfirði. Keypt voru um 548 tonn af stálþilsefni AZ 26 og um 100 tonn af festingaefni frá Guðmundi Arasyni ehf. Kjarnaefni í þilið er tekið úr Katlanámu við Húsavík. Ankerssteinar, 68 talsins, voru steyptir á Akureyri og fyllingarefni sótt að Þverá í Reykjahverfi.

Verkið hófst í lok september 2004 og var stefnt að verklokum í lok þess árs. Óhagstætt tíðarfar á síðustu mánuðum ársins 2004 olli talsverðum töfum á vinnu við stálþil. Á aðfanga-

dag varð það óhapp að framgaflinn lagðist út og ein plata rifnaði niður úr og olli það bæði verktöfum og fjárhagstjóni. Verki var þó að mestu lokið í októberbyrjun 2005.

Framkvæmdakostnaður: 70,1 millj. kr.

Kópasker.

Komið var fyrir flotbryggju, 20 m langri og 2,4 m breiðri. Verkið var boðið út og var tekið boði lægstbjóðanda, Króla ehf., sem bauð sænska flotbryggju. Sá Kristján Óli Hjaltason um uppsetningu en Vökvaþjónusta Kópaskers annaðist gerð landstöpuls. Viðbótarverk við útboðsverk fólst í að bætt var við tveimur pollum á bryggjuna og steypt 20 m^2 þekja frá landstöpli að bryggju. Verkið var unnið í apríl og maí.

Dýpkað var í smábátahöfn meðfram grjótgarði og inni við landkant þar sem flotbryggja er. Flatarmál dýpkunarsvæðis var um 1.000 m^2, brottflutt efni um 900 m^3. Samið var við Vökvaþjónustuna ehf. á Kópaskeri um verkið án útboðs enda var það smátt í sniðum. Verkið var unnið í febrúar og mars.

Framkvæmdakostnaður: 64,6 millj. kr.

Raufarhöfn.

Þar var þremur verkefnum sem voru á áætlun frestað til næsta árs. Heimamenn óskuðu eftir að bryggja fyrir björgunarskipið yrði endurbætt og var samþykkt að sú framkvæmd nyti ríkisstyrks en ekki var byrjað á verkinu fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Þórshöfn.

Raftó ehf. lauk verki sem samið var um á síðasta ári við raflagnir og lýsingu á nýja stálþilið og við smábátaaðstöðuna.

Löndunarbryggja var endurbyggð. Í verkinu, sem unnið var samkvæmt samgönguáætlun, fólst að trébryggja úr asobe-harðviði með basralocus-staurum, 35,3 m að lengd, var breikkuð í norðurenda um 3,3 m og um 4,6 m í suðurenda. Suður af harðviðarbryggjunni var rekið stálþil af gerðinni Larsen 755, alls 37 plötur með fullu dýpi og 10 plötur í gafl. Á mótum trébryggju og stálþils voru reknar 9 plötur í gafl sem nær inn fyrir landvegg. Rifin var gömul og úr sér gengin furubryggja sem lenti innan þils og fyllt upp innan við þilið með 4.648 m^3 af efni. Steyptur var 71,4 m langur kantbiti á þil.

Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf. Verkið hófst um miðjan júní og var enn nokkuð eftir af því við áramót.

Lengingu Norðurgarðs var frestað um sinn og hafa heimamenn farið fram á að gerðar verði líkantilraunir svo tryggja megi að framkvæmdin skili þeim árangri sem til er ætlast.

Framkvæmdakostnaður: 57,9 millj. kr.

Bakkafjörður.

Unnið var að frágangi við Löndunarbryggju, sett upp lýsing og fyllt við stoðvegg. Ekki náðist að ganga frá slitlagi við bryggjuna og bíður það næsta árs.

Gengið var frá landrafmagni á flotbryggju, keyptir tenglastólpar frá Króla ehf. og settir upp. Kostnaður við þetta var verulega minni en áætlað var.

Samkvæmt samgönguáætlun var gert ráð fyrir lengingu á steyptri skábraut en heimamenn fóru fram á að því yrði frestað og í staðinn farið í námufrágang sem áætlað var að framkvæma árið 2007. Fallist var á þetta. Unnið var við jöfnun og snyrtingu í námunni en enn er eftir að ganga frá töluverðu svæði vestast.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

Vopnafjörður.

Lokið var uppgjöri við Sæþór ehf. vegna dýpkunar við vesturenda Löndunarbryggju og rif á Lýsisbryggju.

Í júní var boðið út stálþil við Miðbryggju / löndunarbryggju ásamt dýpkun við þilið. Samið var við lægstbjóðanda, Hagtak hf., um framkvæmd verksins. Tilboð í dýpkun og flutning graftækja hljóðaði upp á 39,4 millj. kr. sem var 194% af kostnaðaráætlun þess verkhluta. Tilboð í þilrekstur var 57,8 millj. kr. sem var 81% af áætlun. Heimamenn lögðu áherslu á að dýpi við þilið yrði 10 m í stað 9 m sem gert var ráð fyrir í áætlun og rökstuddu breytingartillöguna með því að ný og stærri uppsjávarveiðiskip þyrftu á þessu dýpi að halda. Fallist var á þetta og verður kostnaður við dýpkunina því rúmlega þrefalt meiri en áætlun gerði ráð fyrir en kostnaður við stálþilið svipaður og gert var ráð fyrir.

Keypt var stálþil af gerðinni AZ 18 frá Guðmundi Arasyni ehf., alls um 266 tonn af þili og festingaefni.

Framkvæmdir við dýpkun hófust í septemberlok. Sprengd var klöpp á um 2.800 m² svæði og grafið niður á 10 m dýpi. Dýpkun var lokið um áramót en þá var eftir að taka verkið út.

Rekstur á 108 m löngu stálþili milli Löndunarbryggju og Miðbryggju hófst ekki fyrr en eftir áramótin en gert er ráð fyrir að í maímánuði 2006 verði lokið niðurrekstri, fyllingu innan þils og steypu kantbita.

Framkvæmdakostnaður: 91,3 millj. kr.

Borgafjörður eystri.

Þar var unnið að lengingu Nýjubryggju um 12 m. Keyptur var asobe-harðviður frá Superbygg og samið við heimamenn um smíði á bryggjunni. Reiknað er með að verkinu ljúki næsta vor.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var að frágangi við ferjuhöfn. Samstarfsnefnd um byggingu ferjulægis kom saman um vorið og ákvað að gera skyldi nokkrar úrbætur, m.a. á hliðum tollgirðingar o.fl. Ekki hefur tekist að ráða bót á þakleka í þjónustuhúsinu og standa yfir viðræður við verktaka um það mál.

Í desember kom í ljós að grafist hefur frá stálþilinu á 20–30 m kafla nærri austurenda. Fylling hefur farið þar undan þekjunni og kanturinn sigið. Flest bendir til að ferjan Norröna hafi valdið þessu með ótæpilegri beitingu bógskrúfu við kantinn. Strax var hafist handa við að fylla fyrir framan þilið með grófu efni og er ljóst að viðgerð mun kosta töluverða fjárhæð.

Boðin var út í júlí endurbygging á hluta af löndunarbryggju við bræðslu, 40 m kafli austast, og endurbygging Bæjarbryggju. Tvö tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf., sem bauð 48,5 millj. kr. í verkið.

Timbur í báðar bryggjur var keypt frá Superbygg og boltar frá Ísól að undangengnu útboði.

Framkvæmdir hófust við löndunarbryggju hjá bræðslu í októbermánuði og var bygging hennar langt komin um áramót.

Boðin var út í október lýsing og raflögn við smábátahöfnina og samið um verkið við lægstbjóðanda, Kristján Jónsson rafverktaka á Seyðisfirði, sem bauð 4,8 millj. kr. er nam 75% af kostnaðaráætlun. Áformað er að verkinu ljúki vorið 2006.

Framkvæmdakostnaður: 49,8 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður. Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir styrkingu og endurbyggingu á trébryggju en verkinu var frestað til 2006.

Neskaupstaður. Þar var unnið samkvæmt samgönguáætlun við gerð skjólgarðs norðan hafnar. Skjólgarðurinn er byggður í áföngum úr efni sem til fellur við dýpkunarframkvæmdir og úr sjávarmöl. Einnig var unnið að lengingu stálþils Togarabryggju og dýpkun að því. Tilboð í dýpkunina við Togarabryggju ásamt fyllingu undir skjólgarð austan við Bræðslu-

bryggju voru opnuð í mars. Lægstbjóðandi var Björgun sem bauð 37,3 millj. kr. í báða verkáfangana. Fyllt verður undir skjólgarð í þremur áföngum og var öðrum áfanga lokið á síðasta ári. Þá var unnið fyrir um 26,4 millj. kr. Efni í 100 m lengingu Togarabryggju var keypt að undangengnu útboði. Stálþilsefni og festingar, alls um 230 tonn, var keypt af Guðmundi Arasyni ehf. Í júní voru stálþilsrekstur og kantbitagerð á lengingu Togarabryggjunnar boðin út. Lægstbjóðandi var Gáma- og tækjaleiga Austurlands sem bauð 31,3 millj. kr. Í lok ársins var verktakinn hálfnaður með verkið.

Eskifjörður. Tré og steypa ehf. vann að frágangi stálþils við bræðslu, lagði vatns- og raflagnir að kanti, steypti kantbita og þekju. Verkið var unnið samkvæmt útboði sem fór fram við lok árs 2004 og hljóðaði tilboð verktaka á 36,9 millj. kr. Heildarverktakakostnaður varð um 37 millj. kr. Verkinu lauk í júní.

Reyðarfjörður. Þar var haldið áfram byggingu stóriðjuhafnar við Hraun sem gerð er vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Meginþættir verksins eru bygging stálþilsbakka sem er 384 m að lengd með tveimur 30 m löngum göflum og dýpkun fyrir framan þar sem fjarlægðir eru alls um 91.000 m^3 efnis. Lokið var við að fylla innan þils með um 260.000 m^3 og fyrir framan þil um 20 m breiðan púða í –14,3 m dýpi, alls um 80.000 m^3. Arnarfell ehf. sá um að reka þil, steypa kantbita og fylla innan við og framan við þilið. Verki lauk í september að undanskilinni endanlegri dýpkun framan þils. Verktakakostnaður verður um 313 millj. kr. en samningsupphæð var upphaflega 261 millj. kr. Er kostnaðaraukinn aðallega til kominn vegna þess að erfiðara reyndist að grunda þilið í austurenda en ætlað var og að ákveðið var að fylla til viðbótar um 10.000 m^2 svæði. Í júní var opnað tilboð í þjónustuhús og ídráttarlagnir. Lægstbjóðandi var Héraðsfjörður ehf. sem bauð 44,6 millj. kr. Verkið fólst í að steypa upp þjónustuhús og leggja ídráttarlagnir um hafnarsvæðið. Um ⅔ kostnaðar við verkið taldist styrkhæfur en ⅓ féll á hafnarsjóð. Verkinu lauk í desember. Samhliða þessum verkum var unnið að því að leggja regnvatnslagnir á hafnarsvæðinu og steypa undirstöður fyrir uppskipunarkrana. Í lok ársins var smíði hafnsögubáts boðin út. Tilboð voru opnuð í desember og að svo búnu gengið til samninga við lægstbjóðanda, Damen-skipasmíðastöðina, sem hefur starfsaðstöðu víða um heim. Samningsupphæðin er 1.950.600 evrur. Báturinn mun hafa togkraft upp á tæp 27 tonn, hann verður 20 m langur og 7 m breiður og áætlaður 135 DWT. Gert er ráð fyrir að báturinn komi fullsmíðaður í mars 2007.

Framkvæmdakostnaður: 342,2 millj. kr.

Austurbyggð.

Fáskrúðsfjörður. Lokið var dýpkun við Bæjarbryggju, Fiskeyrarbryggju og Hafskipabryggju. Samið var sl. haust við Sæþór ehf. um þetta verk á grundvelli einingaverða. Verkinu lauk í janúar 2005. Alls voru grafnir upp um 4.000 m^3.

Stöðvarfjörður. Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að klæða hlið gömlu bryggju á 30 m kafla við löndunarstað smábáta en heimamenn ákváðu að hætta við framkvæmdina. Efni það sem þegar hafði verið keypt var selt til Djúpavogs í væntanlega endurnýjun trébryggju þar.

Framkvæmdakostnaður: 4,6 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar og veittur styrkur til þeirra framkvæmda af óskiptu fé til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 0,9 millj. kr.

Djúpivogur.

Þar átti samkvæmt samgönguáætlun að lengja stálþil 25 m inn á voginn. Efni í lenginguna, stálþil og festingaefni, var keypt á síðasta ári. Vegna breytinga í útgerð á staðnum tóku heimamenn þá ákvörðun að hætta við þessa framkvæmd og verður stálþilsefnið selt annað.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir stækkun og endurbótum á smábátaaðstöðu með uppsetningu á 40 m flotbryggju. Heimamenn fóru fram á að velja frekar dýrari lausn sem fólst í að endurbyggja gömlu trébryggjuna og lengja hana. Fallist var á þetta og verður fjármagn sem nota átti í lengingu stálþils fært yfir í þessa framkvæmd. Pantað var efni, asobe-harðviður, hjá Superbygg og bryggjan hönnuð. Bryggjusmíðin verður boðin út eftir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1,9 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Lokið var endurbyggingu Krosseyjarbakka með því að ljúka vinnu við lagnir og þekju. Samið var um verkið við Svein Sighvatsson í desember 2004 og hófst þá vinna við það.

Gáma- og tækjaleiga Austurlands hóf vinnu við stofndýpkun á Grynnslunum í ágúst 2005. Verkinu var lokið í nóvember. Dýpkunarskipið Scandia fjarlægði um 55.000 m^3 efnis.

Stálþilsbryggja sem áætluð var breyttist í Bátstangabryggju sem er trébryggja framan við netagerðina. Boðin var út í nóvember smíði á bryggjunni ásamt dýpkun með sprengingum framan við hana. Þrjú tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Svein Sighvatsson ehf., sem bauð 43,4 millj. kr. og var tilboðið 5% undir kostnaðaráætlun hönnuða. Timbur í bryggjuna var keypt frá Superbygg og boltar frá Ísól að undangengnu útboði. Framkvæmdir við verkið munu hefjast eftir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 79,3 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Þekjusteypu við norður- og austurkant í Friðarhöfn var ekki lokið um áramótin 2004/2005 og féllu því nokkrir reikningar vegna þessa verks á árið 2005. Enn er eftir að ganga frá endanlegu uppgjöri við verktaka.

Unnið var að raflögnum í norður- og austurkant. Eftir verðkönnun hjá þremur fyrirtækjum var samið við lægstbjóðanda, Watt ehf., í Vestmannaeyjum. Verkinu er að fullu lokið.

Haldið var áfram dýpkun sem hófst árið 2004. Í desemberbyrjun það ár var gerður samningur við Sæþór ehf. um viðbótardýpkun fyrir 25,6 millj. kr. sem fól í sér að fjarlægðir voru 60.650 m^3 af efni. Auk dýpkunar Sæþórs ehf. fjarlægði dýpkunarskip Vestmannaeyjahafnar tæplega 6.360 m^3 frá Nausthamarsbrygggju, Löngu og Friðarhafnarbryggju.

Unnið var að þekju og lögnum við vesturkant í Friðarhöfn. Verkið var boðið út í lok apríl og tilboð opnuð þann 19. maí 2005. Þrjú tilboð bárust. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Steina og Olla ehf., sem buðu 48,4 millj. kr. er nam 76,4% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið fólst í því að leggja ídráttarrör fyrir raflagnir og ganga frá jöfnunarlagi og steypa síðan 7.200 m^2 þekju. Einnig var skipt um undirlag á síðasta hluta þekjunnar og var það verk utan útboðs. Verkinu lauk fyrir áramót utan smávægilegra verka við frágang og lagfæringar. Lokauppgjör hefur ekki farið fram.

Undirbúningur að endurbyggingu stálþils við Básaskersbryggju var hafinn. Áformað er að framkvæmdir hefjist vorið 2006. Hönnun stálþils er lokið og útboð efnis einnig. Framkvæmdir munu hefjast vorið 2006.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum hafnarinnar og veittur styrkur til þeirra framkvæmda af óskiptu fé til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 130,9 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Lokið uppgjöri vegna dýpkunar innsiglingar á síðasta ári.

Stálþil norðan Svartaskers var boðið út um miðjan maí og tilboð opnuð hinn 9. júní. Alls bárust sex tilboð. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf., sem bauð 80,3 millj. kr. er nam 91,1% af kostnaðaráætlun hönnuða. Vinna við verkið hófst um

miðjan október. Keypt var stálþil, 725 tonn, og festingaefni, 132 tonn, af Guðmundi Arasyni ehf.

Unnið var að gerð grjótgarða á nokkrum stöðum á hafnarsvæði Þorlákshafnar. Vinnu við Austurgarð lauk á árinu 2005 og samið var við verktakann, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., um byggingu þvergarðs á Svartaskersgarð sem skýlir innri hluta vesturhafnarinnar og enn fremur um mótun smábátahafnar innst í austurhöfn og sjóvörn við Malir. Lauk þessum verkum öllum í maílok 2005. Heildarmagn af kjarna og grjóti sem fór í þessar framkvæmdir var 259.500 m^3.

Unnið var að undirbúningi að útboði dýpkunar í austur- og vesturhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 143,0 millj. kr.

Grindavík.

Unnið var að endurbyggingu stálþils við Svíragarð samkvæmt samgönguáætlun. Dýpkunin var boðin út seinni hluta marsmánaðar og tilboð opnuð þann 5. apríl. Þrjú tilboð bárust og var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Hagtak ehf., sem bauð 75,7 millj. kr. er nam 76,2% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í því að sprengja fyrir 173 stálþilsplötum (214 m), reka þær niður, steypa kant á þilið, koma fyrir stigum, þybbum og kanttré ásamt því að steypa upp þrjú ljósamastursbús. Verkinu lauk í lok nóvember.

Í ársbyrjun 2005 var enn ólokið dýptarmælingu vegna dýpkunar við Svíragarð og vegna ótíðar varð bið á að hún kæmist í kring. Niðurstöður hennar voru að aftur þyrfti að fara yfir hluta svæðisins og lauk verktaki því á tilsettum tíma. Dýpkun við Svíragarð er lokið.

Í desember 2004 var samið við Hagtak ehf. um viðbótardýpkun í smábátahöfn þar sem ný flotbryggja mun koma. Var dýpkað í –2,0 m á 2.300 m^2 svæði. Þessu verki er lokið.

Dýpkað var vestan Miðgarðs. Upphaflega var gert ráð fyrir endurbyggingu Miðgarðsbryggju en áætlunum um það var breytt að ósk heimamanna og ákveðið að ráðast í framkvæmdir við nýja stálþilsbryggju vestan Miðgarðs. Dýpkun við hina væntanlegu bryggju var boðin út í febrúarbyrjun og tilboð opnuð 22. þ.m. Tvö tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda, Sæþór ehf., sem bauð 53,9 millj. kr. sem nam 77,8% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkinu lauk á árinu 2005.

Undirbúningur vegna nýrrar stálþilsbryggju vestan Miðgarðs stendur yfir. Framkvæmdir munu hefjast vorið 2006.

Framkvæmdakostnaður: 223,1 millj. kr.

Sandgerði.

Þekjusteypa og lagnir við stálþil á Norðurgarði var boðið út í júní. Tvö tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda, Nesmúr ehf. í Sandgerði, sem bauð 12.631.250 kr. í verkið og var tilboðið 86% af kostnaðaráætlun. Í verkinu fólst að jafna undir og steypa 1.390 m^2 þekju og koma fyrir tengibrunnum. Verkið hófst í ágúst og var því að fullu lokið í október. Lokaúttekt hefur farið fram.

Framkvæmdakostnaður: 16,2 millj. kr.

Hafnarframkvæmdir sem ekki voru ríkisstyrktar.

Ekki bárust upplýsingar frá Faxaflóahöfnum og Hafnarfjarðarhöfn um hafnarframkvæmdir á þeirra vegum.

Kópavogur.

Þekjusteypa og lagnir við stálþil á Norðurgarði var boðið út. Eitt tilboð barst og var því hafnað. Gengið var til samninga við Bræðratungu ehf. á grundvelli kostnaðaráætlunar og var samningsupphæðin 16,6 millj. kr. Verkið hófst í júní og var því að mestu lokið í október.

Framkvæmdakostnaður: 20 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Unnið var að rannsóknum vegna ferjuhafnar á Bakkafjöru sem hugsanlegt er að byggð verði. Gerðar voru líkantilraunir í rannsóknarstöð Siglingastofnunar í Kópavogi og ýmiss konar athuganir og úrvinnsla á gögnum fór fram. Í febrúar birtist skýrsla um niðurstöður tilrauna og athugana.

Unnið var að viðhaldi á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp. Á *Bæjum á Snæfjallaströnd* var m.a. steypt ofan á gamla kerið, gert við timburdekk milli búkka og sett ný fríholt. Á *Reykjanesi* var unnið við fríholt og settur nýr stigi. Í *Vigur* var unnið við stiga, fríholt og bauju.

Sjóvarnargarðar.

Seltjarnarnes. Borgarvirki ehf. annaðist endurgerð og lengingu sjóvarnargarða við Tjarnarstíg, Steinavör og Nesvöll. Við Tjarnarstíg var grjóti í sjógarði endurraðað og garðurinn styrktur og lengdur um 65 m. Við Steinavör var lagður nýr garður 180 m langur. Við Nesvöll var lagður nýr sjóvarnargarður.

Akranes. Lokið var framkvæmdum við sjóvarnargarða á Breiðinni, í Krókalóni og við Presthúsavör sem samið var um við Borgarvirki ehf. í desember 2004.

Snæfellsbær. Lokið var við sjóvörn við verbúðir við Snoppuveg í Ólafsvík sem Stafnafell ehf. vann.

Grundarfjarðarbær. Gerð var sjóvörn við Nýjubúð sem samið hafði verið um við Tígur ehf. árið áður.

Vesturbyggð. Frestað var framkvæmdum við sjóvörn við Brunna.

Ísafjarðarbær. Lokið var við sjóvörn í Hnífsdal. Um var að ræða alls 25 m langan garð í fjörunni við Stekkjargötu hjá húsi rækjustöðvarinnar. Í þetta fóru 530 m^3 efnis. Græðir ehf. á Flateyri annaðist verkið. Við mjölverksmiðjuna í Hnífsdal var grjóti í sjóvörn endurraðað og hún styrkt á um 60 m kafla. Í það voru notaðir um 750 m^3 efnis. Græðir ehf. sá um þetta verk. Grjótið var sótt í námu á Ísafirði. Tækniþjónusta Vestfjarða sá um eftirlit en Siglingastofnun hafði verkumsjón.

Norðurfjörður. Byggð var 25 m löng sjóvörn við vesturenda verslunarhúsa Árneshrepps á Norðurfirði. Tígur ehf. vann þetta verk í september í framhaldi af dýpkun smábátahafnarinnar. Verkefnið var ekki á samgönguáætlun en ákveðið var að veita í það styrk af óskiptri fjárveitingu til sjóvarna.

Broddaneshreppur. Sjóvörn við Óspakseyri var boðin út ásamt sjóvörn á Drangsnesi og Hólmavík í október 2004. Byrjað var á verkinu skömmu eftir áramótin 2005 og lauk því í byrjun febrúar 2006. Sjóvörnin er 95 m að lengd og er norðan og sunnan til á eyrinni. Efni í sjóvörnina, 575 m^3, var tekið úr vegskeringu um 3 km norðan Óspakseyrar.

Blönduós. Til stóð að lengja sjóvörn norðan Blöndu í báða enda, alls um 258 m. Verkið var boðið út í september ásamt sjóvörnum í Skagafirði. Eitt tilboð barst, frá Víðimelsbræðrum ehf., og var samið við þá um framkvæmdina. Verkið var ekki hafið um áramót.

Skagafjörður. Í byrjun október var samið við Víðimelsbræður ehf. um gerð sjóvarna í Skagafirði og á Blönduósi. Byrjað var á sjóvörn við Stakkgarðshólma hjá bænum Hrauni í Fljótum 21. október og var henni lokið skömmu fyrir jól. Gerð var tæplega 190 m löng sjóvörn og fóru í hana um 2.200 m^3 efnis. Um 1.700 m^3 af grjóti var tekið úr skriðu við Siglufjarðarveg í grennd við Kóngsnef en afgangurinn kom úr fjöru við Stakkgarðshólma og var það grjót sem bóndinn hafði flutt þangað á undanförnum árum. Byrjað var á gerð sjóvarnar við Haganesvík um miðjan desember en því verki lauk ekki á árinu.

Dalvík. Haldið var áfram með sjóvarnargarð sunnan hafnar og alls flutt í hann 2.712 m^3. Sjóvarnargarðurinn er nú 453 m að lengd og er honum lokið. Grjót var sótt í námu í Ólafs-

fjarðarmúla og einnig var nýtt grjót sem féll til við aðrar framkvæmdir verktakans. Eftir er sjóvarnargarður við Brimnes sem áformað er að gera 2006.

Sveitarfélagið Ölfus. Í Þorlákshöfn var unnið að sjóvörn við Malir. Op milli flóðvarnargarðs og sjóvarnargarðs við Malir var þrengt og garður lengdur um 50 m. Verkið var unnið af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða.

Sveitarfélagið Árborg. Boðin var út 2.100 m löng sjóvörn austan við Stokkseyri. Að útboðinu stóðu Siglingastofnun og Vegagerðin og skiptist kostnaður til helminga milli þessara stofnana. Alls bárust 5 tilboð í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, sem bauð 29,6 millj. kr. eða 75% af kostnaðaráætlun. Framkvæmdir hófust seint á árinu 2005 og munu standa fram á árið 2006.

Sandgerði. Sjóvarnir við Fuglavík og Norðurkot sem eru á sjóvarnaráætlun ársins 2005 verða boðnar út með öðrum sams konar framkvæmdum í Gerðahreppi og Vatnsleysustrandarhreppi á árinu 2006.

Álftanes. Boðnar voru út sjóvarnir á Álftanesi, alls um 620 m. Þrjú tilboð bárust og samið var við lægstbjóðanda, Jarðvélar ehf., sem bauð 9,5 millj. kr. er nam 56% af kostnaðaráætlun hönnuða. Vinna að verkinu hófst um áramótin 2005/2006 og mun henni ljúka á fyrri hluta ársins 2006.

Tafla I. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2005 (fjárhæðir í millj. kr.).

Staður	Verkefni	Styrk-hlutf.	Heildar-kostn.	Styrk-hæft	Ríkis-hluti
I. Innan grunnnets					
Af óskiptu fé til	Vestmannaeyjar, öryggisbúnaður	60%	1,1	0,9	0,5
öryggismála	Siglufjörður, öryggisbúnaður	100%	1,0	0,8	0,8
	Leiðrétting v/2004	100%	–0,2	–0,2	–0,2
Snæfellsbær	Rif, norðurþil, staurakista rifin, stálþilsbr. við aðalhafnargarð	60%	4,5	3,6	2,2
	Ólafsvík, endurbygging trébryggju	60%	40,5	32,5	19,5
	Stigar á flotbryggjur (Ólafsvík 19, Rif 3 stk.)	60%			
	Ólafsvík, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	60%	0,5	0,4	0,3
	Rif, endurbygging trébryggju, lokafrágangur	75%	11,6	9,3	5,6
	Rif, viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	75%	1,5	1,2	0,9
Grundarfjörður	Öryggismál, stigar á flotbr., laga og setja ljós í stiga Stórubr.	60%	2,5	2,0	1,2
	Dýpkun hafnar	75%	0,1	0,1	
	Ný bryggja sunnan Litlubryggju	60%	5,0	4,0	2,4
Stykkishólmur	Stálþil næst brúarbás í Súgandisey, lagnir, lýsing og þekja	60%			
Bolungarvík	Dýpkun hafnar og innsiglingar	75%	57,8	46,4	34,8
Ísafjörður	Ísafjörður, endurbyggja flotbryggju Sundahöfn	60%	0,1	0,1	
	Ísafjörður, endurbygging Ágeirsbakka	60%	44,6	35,8	21,5
	Ísafjörður, hafnsögubátur	75%	72,6	58,3	43,7
	Ísafjörður, ný flotbryggja Sundahöfn	60%			
	Ísafjörður, Sundahöfn, lagnir, lýsing og þekja	60%	24,0	19,3	11,6
	Ísafjörður, dýpkun við Sundahöfn og viðhaldsdýpkun	75%	16,4	13,2	9,9
	Ísafjörður, ferðamannabryggja, 1 flotholt og lenging 15 m	60%			
	Flateyri, malbik ofan á þekju á eldri hluta	60%	5,0	4,0	2,4
Skagaströnd	Dýpka snúningssvæði	75%	37,5	30,1	22,6
Skagafjörður	Grjótgarður innan Norðurgarðs, þvergarður	75%			
	Sandfangari, lenging um 30 m	75%	16,7	13,4	10,0
	Uppsátur fyrir smábáta	60%	2,6	2,1	1,3
	Smábátahöfn, trébryggja	60%	0,9	0,7	0,4
Siglufjörður	Smábátahöfn, viðlegubryggja við vesturkant	60%	0,6	0,5	0,3
	Styrking á grjótvörn norðan við Brjót	75%	6,0	4,8	3,6
	Dýpkun við Óskarsbryggju	75%	0,4	0,3	0,2
	SR-bryggja, kaup og niðurrif	60%			
Hafnasamlag	Ólafsfjörður, togarabryggja, 40 m stálþil	60%	17,4	14,0	8,4
Eyjafjarðar	Ólafsfjörður, upptökubraut	60%	0,7	0,6	0,4
	Dalvík, dýpkun smábátahafnar	75%	8,6	6,9	5,2

Staður	Verkefni	Styrk-hlutf.	Heildar-kostn.	Styrk-hæft	Ríkis-hluti
Hafnasamlag	Akureyri, stálþil við Krossanes 2. áfangi	60%	25,8	20,7	12,4
Norðurlands	Akureyri, upptökubraut Sandgerðisbraut	60%	1,6	1,3	0,8
	Akureyri, Tangabryggja	60%	38,2	30,7	18,4
Húsavík	Brimvarnargarður við Böku	75%	1,4	1,1	0,8
	Bökugarður stálþil	60%	68,7	55,2	33,1
Raufarhöfn	Frágangur vegna niðurrifs grjóthleðslu við hótel	60%			
Þórshöfn	Stálþil (95 m dýpi 8 m, 40 m dýpi 6 m)	60%	3,5	2,8	1,7
	Smábátaaðstaða, færa núverandi flotbryggju og ný eining	60%	0,2	0,2	0,1
	Endurbygging löndunarbryggju, stálþil og trébryggja	60%	54,2	43,5	26,1
	Lenging Norðurgarðs	75%			
Vopnafjörður	Dýpkun við vesturenda Löndunarbryggju, sprengt og grafið	75%	2,5	2,0	1,5
	Bryggjurif, rífa Lýsisbryggju	60%	0,1	0,1	0,1
	Miðbryggja-Löndunarbryggja, stálþil	60%	53,5	43,0	25,8
	Dýpkað í 9 m að Miðbryggju eftir endurbyggingu og stækkun	75%	35,2	28,3	21,2
Seyðisfjörður	Sérbúnaður v. ferjulægi, þjónustuhús, landgangur, bílabrú o.fl.	75%	0,9	0,7	0,6
	Bæjarbryggja endurbygging	60%	21,3	17,1	10,3
	Löndunarbryggja við SR-mjöl endurbygging	60%	27,6	22,2	13,3
	Smábátahöfn lagnir lýsing	60%			
Fjarðabyggð	Reyðarfjörður, stálþilsbakki við Hraun	60%	208,0	167,1	100,3
	Eskifjörður, stálþil við bræðslu 80 m, dýpi 9 m, lagnir og þekja	60%	42,6	34,2	20,5
	Neskaupstaður, skjólgarður norðan hafnar	75%	19,2	15,4	11,5
	Reyðarfjörður, dýpkun við stálþilsbakka Hrauni	75%	11,0	8,8	6,6
	Neskaupstaður, dýpkun stálþil togarabryggju	75%	12,2	9,8	7,4
	Neskaupstaður, stálþil togarabryggju lengt	60%	47,6	38,2	22,9
	Reyðarfjörður, hafnsögubátur fyrir Stóriðjuhöfn	75%	1,6	1,3	1,0
Austurbyggð	Dýpkun við Bæjar-, Hafskipa- og Fiskeyrarbryggju	75%	4,5	3,6	2,7
Djúpivogur	Trébryggja smábátahöfn	60%	1,9	1,5	0,9
Hornafjörður	Viðhaldsdýpkun	75%	0,4	0,3	0,2
	Grynnslin, stofndýpkun/viðhaldsdýpkun	75%	17,9	14,4	10,8
	Endurbygging Krosseyjarbakka	60%	51,8	41,6	24,9
	Bátstangabryggja, staurabryggja	60%	1,9	1,5	0,9
	Stofndýpkun innan hafnar	75%	7,3	5,9	4,4
Vestmannaeyjar	Friðarhöfn, norður/austurkantur, endurbyggja stálþil	60%	7,8	6,6	3,8
	Dýpkun hafnar	75%	54,7	43,9	32,9
	Friðarhöfn, stálþil vesturkantur	60%	66,4	53,3	32,0
	Friðarhöfn, stálþil Ískantur/Suðurkantur	60%	0,9	0,7	0,4
	Básaskersbryggja endurbygging	60%	1,1	0,9	0,5
Þorlákshöfn	Austurgarður	75%	15,9	12,8	9,6
	Dýpkun innsiglingar	75%	0,1	0,1	0,1
	Dýpkun í austur og vesturhöfn	75%	1,1	0,9	0,7
	Skjólgarður fyrir smábáta í austurhöfn	75%	9,3	7,5	5,6
	Svartaskersgarður, þvergarður	75%	17,9	14,4	10,8
	Þil norðan Svartaskers	60%	98,7	79,3	47,6
Grindavík	Svíragarður, endurbygging	60%	140,1	112,5	67,5
	Dýpkun hafnar við Svíragarð	75%	25,1	20,2	15,2
	Ytri-bauja	75%			
	Dýpkun vestan Miðgarðs	75%	57,5	46,2	34,7
	Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs	60%	0,4	0,3	0,2
Sandgerði	Stálþil Norðurgarði lagnir þekja	60%	16,2	13,0	7,8
Alls innan grunnnets			**1.655,8**	**1.329,9**	**860,1**
II. Utan grunnnets					
Af óskiptu fé til	Hvammstangi, öryggisbúnaður	60%	0,2	0,2	0,1
öryggismála	Breiðdalshreppur, öryggisbúnaður	60%	0,9	0,7	0,4
Snæfellsbær	Arnarstapi, uppsátur fyrir smábáta endurbyggt	60%			
	Arnarstapi, ljósamasturs- og vatnshús	60%	3,0	2,4	1,4
Reykhólar	Dýpkun innsiglingar	75%	1,1	0,9	0,7
Vesturbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn	60%	49,9	40,1	24,1
	Bíldudalur, dýpkun við þil	75%	0,5	0,4	0,4

Staður	Verkefni	Styrk-hlutf.	Heildar-kostn.	Styrk-hæft	Ríkis-hluti
Súðavík	Endurbygging, þekja Norðurgarði	60%	10,5	8,4	5,0
Norðurfjörður	Dýpka í -2 metra í smábátahöfn	75%	2,2	1,8	1,3
Drangsnes	Uppsátur fyrir smábáta	60%	1,5	1,2	0,7
Hvammstangi	Endurbygging Suðurbryggju	60%	6,2	5,0	3,0
Skagafjörður	Hofsós, flotbryggja út frá Árgarði	60%			
	Hofsós, uppsátur fyrir smábáta	60%	3,0	2,4	1,5
	Haganesvík, viðhaldsdýpkun	75%	0,5	0,4	0,3
Grímsey	Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi	75%	0,1	0,1	0,1
Hafnasamlag Norðurlands	Grenivík, uppsátur fyrir smábáta	60%	0,1	0,1	0,1
Öxafjarðarhreppur	Viðlegubryggja fyrir smábáta	60%	5,1	4,1	2,4
	Smábátaaðstaða, dýpkun vegna flotbryggju	75%	1,0	0,8	0,6
Bakkafjörður	Landrafmagn á flotbryggju og uppsátur	60%	1,1	0,9	0,5
	Námufrágangur	60%	1,5	1,2	0,7
	Löndunarbryggja frágangur og uppgjör	60%	0,9	0,7	0,4
Borgarfjörður eystri	Lenging Nýjubryggju	60%	3,0	2,4	1,4
Fjarðabyggð	Mjóifjörður, styrkja og endurbyggja trébryggju	60%			
Austurbyggð	Stöðvarfjörður, klæðning gömlu bryggju	60%	0,1	0,1	0,1
Bakkafjara	Bakkafjara ferjulægi	100%	5,5	4,4	4,4
Alls utan grunnnets			**97,9**	**78,7**	**49,6**
III. Ferjubryggjur					
	Skáleyjar, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
	Staður, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
	Vigur, ferjubryggja	100%	0,6	0,5	0,5
	Ögur, ferjubryggja	100%	0,9	0,7	0,7
	Flatey, ferjubryggja	100%			
	Reykjanes, ferjubryggja	100%	2,1	1,7	1,7
	Æðey, ferjubryggja	100%	0,1	0,1	0,1
	Bæir, ferjubryggja	100%	3,6	2,9	2,9
	Mjóifjörður, ferjubryggja	100%	0,2	0,2	0,2
Alls ferjubryggjur			**7,7**	**6,3**	**6,3**
IV. Lendingarbætur					
	Lendingarbætur óskipt	100%	1,1	0,9	0,9
	Legufæri við Galtarvita	100%	0,1	0,1	0,1
	Höfðaströnd, Ísafjarðarbæ	100%	0,5	0,4	0,4
	Gjögur, Karlshöfn	100%	1,0	0,8	0,8
	Kolbeinsá Bæjarhreppi	100%	0,5	0,4	0,4
	Broddanes	100%	0,6	0,5	0,5
	Reykir	100%	1,4	1,1	1,1
	Lagarfljót lendingarbætur	100%	1,4	1,1	1,1
Alls lendingarbætur			**6,6**	**5,3**	**5,3**

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2005 (millj. kr.).

	Heildarkostnaður	Ríkishluti
Innri-Akraneshreppur	0,1	0,1
Akranes	14,7	12,8
Snæfellsbær	5,7	5,0
Grundarfjörður	3,4	3,0
Vesturbyggð	8,6	7,5
Ísafjarðarbær	5,1	4,5
Norðurfjörður	0,5	0,5
Hólmavíkurhreppur	0,2	0,2
Broddaneshreppur	1,8	1,6
Bæjarhreppur	0,1	0,1
Blönduós	0,4	0,4
Skagafjörður	8,0	7,0
Dalvíkurbyggð	3,9	3,4

	Heildarkostnaður	Ríkishluti
Borgarfjörður eystri	0,2	0,1
Ölfus	0,2	0,1
Árborg	1,3	1,1
Reykjanesbær	0,1	0,1
Sandgerði	0,4	0,4
Gerðahreppur	0,2	0,2
Vatnsleysustrandarhreppur	0,3	0,2
Álftanes	1,4	1,2
Seltjarnarnes	13,2	11,6
Óskipt	0,6	0,6
Samtals	**70,3**	**61,6**

Tafla III. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2005 (millj. kr.).

	Staða ríkissjóðs í árslok 2004		Ríkishluti framkvæmda	Tilfærsla og úthlutun skv. samgönguáætlun	Flutt til
Höfn	**Vantar**	**Ónotað**	**2005**	**2005**	**2006**
Akranes		30,3	0,0	–30,3	0,0
Borgarnes	0,6	0,0	0,0	0,6	0,0
Snæfellsbær		12,2	29,9	21,0	3,3
Grundarfjörður		10,6	3,6	20,2	27,2
Stykkishólmur		16,7	0,0	–4,9	11,8
Búðardalur		1,5	0,0	0,2	1,7
Reykhólahöfn		0,4	0,7	7,0	6,7
Vesturbyggð		32,7	24,5	23,4	31,6
Tálknafjörður		0,2	0,0	0,8	1,0
Bolungarvík		34,8	34,8	25,6	25,6
Ísafjarðarbær		55,6	89,1	67,6	34,1
Súðavík	2,0		5,0	7,0	0,0
Norðurfjörður	0,4		1,3	1,9	0,2
Drangsnes		0,8	0,7	0,5	0,6
Hólmavík		3,3	0,0	0,1	3,4
Húnaþing vestra		0,1	3,0	2,9	0,0
Blönduós		0,9	0,0	–0,1	0,9
Skagaströnd	0,6		22,6	67,5	44,3
Skagafjörður		0,9	13,5	22,4	9,8
Siglufjörður		10,3	4,1	23,0	29,2
Hafnasamlag Eyjafjarðar		51,0	14,0	0,0	37,0
Grímsey		8,7	0,1	0,0	8,6
Hafnasamlag Norðurlands		23,9	31,7	66,4	58,6
Húsavík		30,8	33,9	29,6	26,5
Kópasker		2,4	3,0	1,3	0,7
Raufarhöfn		21,7	0,0	–11,7	10,0
Þórshöfn		45,9	27,9	9,4	27,4
Bakkafjörður	0,4		1,7	4,0	1,9
Vopnafjörður		29,0	48,6	32,5	12,9
Borgarfjörður eystri		0,0	1,4	4,6	3,2
Seyðisfjörður		21,0	24,2	37,2	34,0
Fjarðabyggð		104,2	170,2	90,0	24,0
Austurbyggð	1,5		2,7	6,7	
Breiðdalsvík		0,8	0,0	0,0	0,8
Djúpivogur		20,8	0,9	0,0	19,9
Hornafjarðarbær		56,1	41,2	46,3	61,2
Vestmannaeyjar		108,4	69,6	42,3	81,1
Bakkafjara – ferjulægi		0,0	4,4	10,0	5,6
Eyrarbakki		1,0	0,0	–1,1	–0,1
Þorlákshöfn		1,8	74,3	174,0	101,5
Grindavík		52,2	117,6	166,8	101,4

	Staða ríkissjóðs í árslok 2004		Ríkishluti framkvæmda	Tilfærsla og úthlutun skv. samgönguáætlun	Flutt til
Höfn	**Vantar**	**Ónotað**	**2005**	**2005**	**2006**
Sandgerði	1,9		7,8	23,6	13,9
Reykjaneshöfn		1,7	0,0	0,3	2,0
Óskipt til viðhaldsdýpkana/skjólgarða		0,0	0,0	35,9	35,9
Óskipt til slysavarna		21,8	1,6	0,0	20,2
Lendingarbætur		3,9	5,3	6,3	4,9
Ferjubryggjur		11,4	6,3	8,5	13,6
Samtals	**7,4**	**829,6**	**921,3**	**1.039,4**	**937,8**

Tafla IV. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2005 (millj. kr.).

Hafnir í grunnneti samgangna	946,8
Hafnir utan grunnnets samgangna	77,8
Lendingarbætur	6,3
Ferjubryggjur	8,5
Samtals	**1.039,4**

Tafla V. Fjárveitingar til sjóvarna 2005.

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-335)	
Snæfellsbær	3.100.000
Vesturbyggð	3.200.000
Ísafjarðarbær	4.700.000
Árneshreppur	800.000
Kaldrananeshreppur	400.000
Hólmavíkurhreppur	100.000
Blönduósbær	10.800.000
Höfðahreppur	1.000.000
Skagafjörður	15.100.000
Siglufjörður	300.000
Ólafsfjörður	5.000.000
Grímsey	500.000
Svalbarðsstrandarhreppur	4.000.000
Árborg	17.000.000
Ölfus	7.400.000
Sandgerði	5.300.000
Gerðahreppur	500.000
Vatnsleysustrandarhreppur	300.000
Álftanes	16.500.000
Seltjarnarnes	10.600.000
Samtals	**106.600.000**

Tafla VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2005.

Styrkir	
Styrkir til nýframkvæmda	
Grundarfjörður	7.470.000
Dalabyggð	530.000
Reykhólar	1.440.000
Vesturbyggð	6.530.000
Tálknafjörður	260.000
Bolungarvík	5.100.000
Súðavík	1.400.000
Norðurfjörður	290.000
Drangsnes	100.000
Hólmavík	650.000
Húnaþing vestra	750.000
Skagaströnd	15.510.000
Kópasker	800.000
Raufarhöfn	2.070.000
Þórshöfn	4.560.000
Bakkafjörður	860.000

Styrkir	
Vopnafjörður	9.960.000
Borgarfjörður eystri	1.150.000
Seyðisfjörður	8.820.000
Sandgerði	5.520.000
Styrkir alls	**73.770.000**

Lán
Engin lán voru veitt á árinu

1398. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir fjalla margar um aukið umferðaröryggi og er minni hlutinn sammála þeim flestum og telur þær skref í rétta átt, margar hverjar löngu tímabærar.

Í 9. gr. frumvarpsins er hins vegar byggt undir heimildir Vegagerðarinnar til að viðhafa aukið eftirlit með ökutækjum o.fl. Lagt er til að eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar verði veitt aukið vald til að stöðva akstur farmflutninga- og hópbifreiða, banna frekari för þeirra og krefjast upplýsinga og gagna, án aðkomu lögreglunnar, og kalla til lögreglu til frekari úrvinnslu málsins síðar.

Minni hlutinn er á móti þessum auknu heimildum Vegagerðarinnar og tvöfalda flókna kerfi sem hér er verið að auka og festa í sessi. Þetta kerfi mun verða flókið og þunglamalegt í framkvæmd. Minni hlutinn telur frekar þörf á að einfalda kerfið og gera það skilvirkara.

Bæði í umsögnum um frumvarpið og hjá gestum sem komu á fundi nefndarinnar voru gerðar verulegar athugasemdir við það fyrirkomulag sem 9. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Jafnframt bárust nefndinni undirskriftalistar frá aðilum í verktaka- og þungaflutningastarfsemi þar sem breytingunum er mótmælt.

Í störfum nefndarinnar kom fram að fram undan er heildarendurskoðun á umferðarlögum. Minni hlutinn leggur mikla áherslu á að við þá endurskoðun verði þessi mál skoðuð afar vel. Tryggt verði að umferðareftirlit á vegum landsins verði einfaldað og dregið úr hinu tvöfalda eftirliti sem nú ríkir og verið er að auka með samþykkt 9. gr. frumvarpsins.

Fram til þess tíma að heildarendurskoðun laganna fer fram leggur minni hlutinn áherslu á að ríkislögreglustjóri og Vegagerðin hafi mikla og góða samvinnu um umferðareftirlit á vegum landsins. Horft verði til þess fyrirkomulags sem áður gilti í þeim efnum.

Einnig er í frumvarpinu lögð til 100% hækkun á umferðaröryggisgjaldi. Minni hlutinn telur að skattheimta ríkissjóðs á bifreiðaeigendum sé þegar allt of mikil og leggst því enn fremur gegn þessari auknu skattheimtu ríkisstjórnarinnar á bifreiðaeigendur.

Alþingi, 2. júní 2006.

Kristján L. Möller, frsm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Guðjón A. Kristjánsson

1399. Nefndarálit [668. mál]

um frv. til l. um landmælingar og grunnkortagerð.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Svavarsson og Örn Sigurðsson frá Eddu útgáfu hf., Ólaf Arnalds frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Örn Ingólfsson frá Loftmyndum ehf., Huga Ólafsson, Ingibjörgu Halldórsdóttur og Magnús Jóhannesson frá umhverfisráðuneyti og Svavar Sigmundsson frá Örnefnastofnun. Auk þess bárust nefndinni umsagnir um málið.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði 11. október 2004 og var falið það hlutverk að endurskoða gildandi lög um landmælingar og kortagerð.

Mikil þróun hefur orðið í tækni á sviði landupplýsinga á undanförnum árum og hefur starfsemi einkaaðila á þessu sviði vaxið ört. Með frumvarpi þessu er hlutverk Landmælinga Íslands skilgreint ítarlegar en í gildandi lögum og gert ráð fyrir því að stofnunin dragi sig út úr rekstri sem nú er í samkeppni við aðila á almennum markaði. Mun stofnunin hins vegar áfram sinna verkefnum sem óvíst er að einkaaðilar ráðist í að sinna en þó geta einkaaðilar komið að slíkum grunnverkefnum í heild eða að hluta.

Í 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins er skilgreint það verkefni við grunnkortagerð sem Landmælingum Íslands er ætlað að sjá um, þ.e. gerð, viðhald og miðlun tiltekinna stafrænna þekja í mælikvarðanum 1:50.000. Þetta eru upplýsingar (þekjur) á stafrænu formi um vatnafar, yfirborð, vegi og samgöngur, mannvirki, örnefni, stjórnsýslumörk og hæðarlínur. Markmið þessa er að tryggja að tiltekin stafræn gögn af öllu landinu séu ávallt til og þeim viðhaldið.

Til umfjöllunar í þinginu er frumvarp forsætisráðherra um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996. Stefnumörkun þess frumvarps byggist á hóflegri verðlagningu opinberra upplýsinga. Skal því almennt ekki taka gjald fyrir söfnun eða framleiðslu gagna sem aflað er í opinberum tilgangi af stjórnvöldum. Af þessari stefnumörkun leiðir að hið opinbera taki almennt ekki sérstaka þóknun fyrir endurnot á upplýsingum sem hið opinbera á höfundarétt að eða rétt skv. 50. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Hins vegar eru í gildi sérlög og reglugerðir sem kveða á um rýmri heimildir einstakra stofnana til gjaldtöku fyrir aðgang að opinberum skrám. Framangreindu frumvarpi er ekki ætlað að hnekkja þeim reglum. Auk Landmælinga Íslands má nefna Fasteignamat ríkisins og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Nefndin leggur áherslu á að þegar fram líða stundir verði gögn Landmælinga Íslands öllum aðgengileg án sérstakrar greiðslu eða heimildar til samræmis við frumvarp forsætisráðherra. Gögn stofnunarinnar muni því teljast til almannaeignar (e. public domain).

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar að við skilgreiningar í 2. gr. frumvarpsins bætist skilgreining á hugtakinu „örnefni“. Er þessi tillaga í samræmi við athugasemdir forstöðumanns Örnefnastofnunar. Þá leggur nefndin til að í d-lið 4. tölul. 4. gr. verði heiti Örnefnastofnunar breytt í „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“ í samræmi við frumvarp menntamálaráðherra (331. mál) sem er til meðferðar í þinginu og breytingu menntamálanefndar á því (á þingskjali 1147).

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. bætist ný skilgreining, svohljóðandi: *Örnefni:* Nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „Örnefnastofnun Íslands“ í d-lið 4. tölul. komi: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Gunnar Örlygsson.	Mörður Árnason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Sigurrós Þorgrímsdóttir.

1400. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigurð Ármann Þráinsson frá umhverfisráðuneyti. Samhljóða frumvarp var lagt fram á 131. löggjafarþingi og barst þá fjöldi umsagna sem nefndin hefur haft til hliðsjónar við umfjöllun sína.

Frumvarpið byggist á tillögum starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði til að gera tillögur um það með hvaða hætti unnt væri að binda leyfum töku efna úr eldri námum. Með eldri námum er átt við námur sem starfræktar voru fyrir 1. maí 1994 þegar ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi, og fyrir 1. janúar 1998 þegar skipulags- og byggingarlög tóku gildi.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Ný ákvæði um efnistöku voru tekin upp við setningu þeirra. Fjallar VI. kafli laganna um nám jarðefna og er í 2. mgr. 47. gr. þeirra kveðið á um að öll efnistaka sé háð framkvæmdaleyfi

sveitarstjórnar. Verði frumvarp þetta að lögum verður efnistaka á eldri efnistökusvæðum gerð framkvæmdaleyfisskyld í tveimur áföngum.

Er í fyrri áfanga gert ráð fyrir að eftir 1. júlí 2008 þurfi framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn fyrir efnistöku úr eldri námum þegar þau skilyrði eru uppfyllt sem talin eru upp í a–d-lið í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í þessum áfanga er sjónum beint að þeim námum sem væru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef um nýja efnistöku væri að ræða.

Í seinni áfanga er gert ráð fyrir að eftir 1. september 2012 hafi allar starfandi námur fengið framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn. Eftir framangreint tímamark skulu sömu reglur gilda um allar námur í landinu og verður efnistaka þá samræmd með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og öll efnistaka framkvæmdaleyfisskyld.

Megintilgangur frumvarpsins er að koma á eftirliti með efnistöku í landinu þannig að hún fari fram í sátt við umhverfið. Auk þess liggja samkeppnissjónarmið að baki því að þeir sem vinni efni úr námum lúti sömu reglum. Hins vegar eru tímamörkin höfð rúm af tillitssemi við þá sem lögin gilda um, verði frumvarpið að lögum. Þeim sem stunda efnistöku er með þessum hætti veittur sanngjarn frestur til að sækja um framkvæmdaleyfi og laga sig að breyttu lagaumhverfi.

Í c-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að framkvæmdaleyfi þurfi fyrir framkvæmd ef áætluð er stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m^2 eða meira. Um það var rætt í nefndinni hvort hugtakið „sama svæði“ í þessu ákvæði væri of óljóst og gæti valdið túlkunarvandkvæðum. Erfitt getur verið að skilgreina þetta nákvæmar og hægt að halda því fram að þetta hugtak kalli á túlkun. Hins vegar samræmist hugtakið lögum um mat á umhverfisáhrifum og ekki kæmu síður upp túlkunarvandkvæði ef mismunandi hugtök yrðu notuð í lögunum. Þá var einnig um það rætt í nefndinni hvort ákvæði frumvarpsins ættu fremur heima í skipulags- og byggingarlöggjöf. Má í því sambandi benda á það sem nefnt er hér að framan að ný ákvæði um efnistöku voru tekin upp við setningu gildandi laga um náttúruvernd. Telja verður að það sé eðlilegt framhald að ákvæði þessa frumvarps verði lögfest í sama lagabálki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form., frsm.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Gunnar Örlygsson.	Mörður Árnason.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.

1401. Skýrsla [808. mál]

um samgönguráðherra um stöðu umferðaröryggismála fyrir árið 2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

1. Almennt.

Samgönguráðherra tók við umferðaröryggismálum 1. janúar 2004 og er þessi skýrsla lögð fram í hans nafni. Hér er einkum fjallað um stöðu umferðaröryggismála eins og hún var í árslok 2005 og hvernig miðað hefur í átt að settu markmiði.

Með þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 30. maí 2005 var umferðaröryggisáætlun felld inn í samgönguáætlun. Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum. Einnig að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferð lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016.

Í umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar var jafnframt sett fram sérstök framkvæmdaáætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar slysakostnaðar. Til grundvallar á vali aðgerða var stuðst við tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012, markmið og aðgerðir. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þá sérstaklega að nefna handbók Transportøkonomisk Institut í Noregi um virkni umferðaröryggisaðgerða.

Aðgerðir sem teknar voru til sérstakrar skoðunar skiptast í eftirtalda flokka:

- minni ökuhraði,
- öruggari vegir,
- betri ökumenn,
- öryggisbúnaður farartækja,
- löggæsla/forvarnir.

1.1 Umferðaröryggisráð.

Samgönguráðherra skipaði sérstakt umferðaröryggisráð sem ætlað er að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Í ráðinu sitja Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og er hún formaður ráðsins, Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

1.2 Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar.

Samgönguráðherra skipaði einnig samráðshóp umferðaröryggisáætlunar. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun um framgang umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Samráðshópinn skipuðu árið 2005 Hlynur Hreinsson, hagfræðingur í samgönguráðuneytinu, Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu, Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni, og Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóraembættinu.

2. Staða.

2.1 Slysaskýrsla.

Yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda á sviði umferðaröryggis er að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum og að

látnum og alvarlega slösuðum í umferð fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016. Ljóst er að nokkuð miðar í þá átt. Látnum og alvarlega slösuðum hefur fækkað umtalsvert undanfarin ár í samanburði við meðaltal undanfarins áratugar, þrátt fyrir aukna umferð. Fimm til sex látnir á ári á hverja 100.000 íbúa er það sem best gerist í heiminum og færumst við Íslendingar nær því takmarki með árunum. Á mynd 1 sést hvernig fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni á Íslandi hefur þróast undanfarin ár og markmið til ársins 2016.

Mynd 1. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra 1991–2005 og markmið umferðaröryggisáætlunar.



(Heimild: Umferðarstofa.)

Árið 2005 létust 19 í 16 umferðarslysum hér á landi og 129 slösuðust alvarlega. Árið 2004 létust 23 í 20 slysum og 115 slösuðust alvarlega. Samkvæmt því náum við markmiðum umferðaröryggisáætlunar fimmta árið í röð, þ.e. fjöldi alvarlega slasaðra og látinna er innan viðmiðunarmarka.

Tafla 1. Látnir og alvarlega slasaðir 1991–2005, samanburður milli ára.

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Látnir og alvarlega slasaðir
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256

Ár	Látnir	Alvarlega slasaðir	Látnir og alvarlega slasaðir
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	145	168
2004	23	115	138
2005	19	129	148

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
Karlar	13	68,42%
Konur	6	31,58%

Tafla 3. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
0–14 ára	0	0,00%
15–24 ára	8	42,11%
25–34 ára	0	0,00%
35–44 ára	2	10,53%
45–54 ára	4	21,05%
55–64 ára	3	15,79%
65 ára og eldri	2	10,53%

Tafla 4. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
janúar–mars	5	26,32%
apríl–júní	8	42,11%
júlí–september	4	21,05%
október–desember	2	10,53%

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
Dreifbýli	16	84,21%
Þéttbýli	3	15,79%

Mynd 2. Þróun fjölda látinna í umferðarslysum í dreifbýli, sem hlutfall af heildarfjölda látinna árin 1971–2000, og 2001–2005.



(Heimild: Umferðarstofa.)

Samkvæmt mynd 2 er þróunin sú að mun fleiri látast nú í umferðarslysum í dreifbýli en í þéttbýli. Þetta er umhugsunarvert, m.a. í ljósi þess að meiri hluti aksturs fer fram í þéttbýli. Ökuhraði hefur hins vegar aukist á undanförnum árum, eins og sést á mynd 6, og má án efa að hluta til rekja þessa þróun til þeirrar staðreyndar, og þess að slysum í þéttbýli hefur fækkað meira en slysum í dreifbýli.

Tafla 6. Flokkun látinna.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
Ökumenn	14	73,68%
Farþegar	4	21,05%
Fótgangandi	1	5,26%

Tafla 7. Tegund banaslysa.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
Árekstur	9	47,37%
Útafakstur	7	36,84%
Ekið á fótgangandi	1	5,26%
Ekið á brúarstólpa	1	5,26%
Ekið fram af brú	1	5,26%

Tafla 8. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum.

2005	Fjöldi látinna	Hlutfall
Reykjavík	3	15,79%
Vesturland/Vestfirðir	3	15,79%
Norðurland	7	36,84%
Austurland	3	15,79%
Suðurland	3	15,79%

Slysaskýrslu ársins 2005 er að finna í heild sinni á heimasíðu Umferðarstofu, *www.us.is*.

2.2 Viðhorfsrannsókn á akurshegðun almennings.

Í september og október 2005 framkvæmdi Gallup viðhorfsrannsókn á akurshegðun almennings fyrir Umferðarstofu, Vegagerðina og ríkislögreglustjóra. Sambærileg könnun var framkvæmd árið 2001. Úrtakið í könnuninni var 2.000 manns á aldrinum 17–75 ára og var svarhlutfallið 62,6%. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, en könnunina í heild sinni er að finna m.a. á heimasíðu Umferðarstofu.

97,2% svarenda höfðu bílpróf og tæp 18% voru með svokallað meirapróf. Tæpur þriðjungur er meira en klukkustund á dag í umferðinni sem ökumenn, fjórðungur ver klukkustund á dag í umferðinni og annar fjórðungur ½–1 klukkustund á dag að meðaltali.

Syfja er vaxandi vandamál í umferðinni og kom í ljós í könnuninni að rúm 37% ökumanna hafa oft, stundum eða sjaldan orðið syfjaðir á meðan á akstri stóð. Jafnframt höfðu 8,3% ökumanna dottað undir stýri á síðastliðnum sex mánuðum.

Notkun GSM-síma við akstur án handfrjáls búnaðar hefur vaxið á undanförnum árum sé tekið mið af niðurstöðu könnunarinnar. Í könnuninni 2001 svöruðu 36% ökumanna því til að þeir töluðu aldrei í síma án handfrjáls búnaðar við akstur en hlutfallið hafði fallið niður í 30% árið 2005. Hins vegar tala færri oft án handfrjáls búnaðar við akstur árið 2005, eða 11,5%, í stað 28% árið 2001.

Þegar spurt var um ökuhraða við mismunandi leyfðan hámarkshraða kom í ljós að um 57% aðspurðra aka á löglegum hraða þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. eða 60 km/klst., en hlutfallið minnkar allverulega þegar ekið er á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Þá aka aðeins 47% ökumanna á löglegum hraða.

Munur á hegðun karla og kvenna kemur fram á mynd 3.

Mynd 3. Ökuhraði á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst., eftir kyni.



Í svörum við spurningum um notkun öryggisbelta kom í ljós að 31% notuðu ekki öryggisbelti sem ökumenn innan bæjar og 8% utan bæjar, 21% notuðu ekki öryggisbelti sem farþegar í framsæti innan bæjar og 7% utan bæjar og 35% notuðu ekki öryggisbelti sem farþegar í aftursæti innan bæjar og 16% utan bæjar. Það er sem sagt líklegra að farþegi í aftursæti noti belti utan bæjar en farþegi í framsæti innan bæjar!

Samanburður á notkun kynjanna á öryggisbeltum innan bæjar kemur fram á mynd 4. Spurt var hvort það hefði komið oft, stundum, sjaldan eða aldrei fyrir á síðustu sex mánuðum að ökumaður notaði ekki öryggisbelti í innanbæjarakstri.

Mynd 4. Notkun á öryggisbeltum innan bæjar, eftir kyni.



Svipaður kynjamunur var á notkun öryggisbelta í utanbæjarakstri.

Þegar litið er til aksturs og áfengisneyslu kemur í ljós að 26% aðspurðra höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir neyslu eins áfengs drykkjar á síðastliðnum sex mánuðum, en 12% höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk. Einstaklingar með meirapróf eru ólíklegri en aðrir til að aka eftir neyslu áfengis. Einstaklingar með meiri menntun og hærri tekjur reyndust líklegri en aðrir til að hafa ekið eftir neyslu eins áfengs drykkjar. Hins vegar voru einstaklingar með minni menntun og lægri tekjur líklegri en aðrir til að aka eftir neyslu meira en eins áfengs drykkjar.

Í könnuninni var einnig spurt um akstur á móti rauðu ljósi en 97,5% ökumanna fara sjaldan eða aldrei yfir á rauðu ljósi. Rúmlega 20% fara sjaldan yfir á rauðu ljósi.

Þegar spurt var um umferðarlagabrot höfðu 92% ökumanna ekki fengið sekt fyrir umferðarlagabrot síðastliðna sex mánuði, um 6% einu sinni og 2% tvisvar eða oftar. Tæp 99% ökumanna höfðu ekki fengið sektir vegna umferðarlagabrota úr sjálfvirkum eftirlitsmyndavélum síðastliðna sex mánuði. Er það töluvert minna en í nágrannalöndum okkar.

Mun fleiri urðu varir við eftirlit lögreglu á þjóðvegum í könnuninni árið 2005 en þegar könnunin var gerð árið 2001. Samræmist það aðgerðum í umferðaröryggisáætlun um aukið umferðareftirlit á þjóðvegum landsins sem ráðist var í síðastliðið sumar og haust. Rúmlega 63% aðspurðra telja að eftirlit lögreglu hafi mikil áhrif á hegðun sína í umferðinni.

Rúmlega 40% telja að auglýsingar í ljósvakamiðlum og dagblöðum um bætta hegðun í umferðinni hafi mikil áhrif á hegðun sína í umferðinni.

Um 70% aðspurðra höfðu orðið vör við leiðbeinandi hraðamerkingar sem Vegagerðin setti upp við þjóðvegi landsins síðastliðið sumar, samkvæmt aðgerðum í umferðaröryggisáætlun. Tæplega 60% töldu að þessar leiðbeinandi hraðamerkingar hefðu mikil áhrif á aksturslag sitt.

3. Aðgerðir og verkefni á árinu 2005.

3.1 Framkvæmdaáætlun.

Við val á aðgerðum til aukins umferðaröryggis er byggt á áætlaðri arðsemi einstakra aðgerða. Gert er ráð fyrir 1.540 millj. kr. í útgjöld á sviði umferðaröryggismála á fjögurra ára tímabili, sbr. töflur 9 og 10, sem fengnar eru úr umferðaröryggisáætlunarhluta þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 (þskj. 1079 í 721. máli 131. löggjafarþings).

Tafla 9. Tekjur. Áætlun um fjáröflun.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Frá vegaáætlun	200	300	300	300
Umferðaröryggisgjald	35	35	35	35
Sérstök fjárveiting til umferðaröryggismála	150	50	50	50
Til ráðstöfunar alls:	**385**	**385**	**385**	**385**

Tafla 10. Gjöld. Rekstur og stofnkostnaður.

Verðlag fjárlaga 2005, millj. kr.	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**
Ökumaður og farartæki	170	185	153	150
Áróður og fræðsla	79	89	100	100
Svartblettir, merkingar o.fl	137	111	132	135
Samtals:	**385**	**385**	**385**	**385**

Á árinu 2005 var eftirtöldum fjármunum varið í einstök verkefni:

Heiti verkefnis:		**millj. kr**
3.1.1	Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla	85
3.1.2	Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum	8
3.1.3	Eyðing svartbletta	105
3.1.4	Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla	19
3.1.5	Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja	2
3.1.6	Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla	5
3.1.7	Öryggisbeltanotkun í hópbílum	0
3.1.8	Forvarnir erlendra ökumanna	3
3.1.9	Takmörkun á lausagöngu búfjár	30
3.1.10	Annað	2
Kostnaður alls		**259**

3.1.1 Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.

Hraðakstur er algengasta orsök banaslysa í umferðinni. Stefnt er að því að fækka dauðaslysum sem rekja má til hraðakstur eða þess að bílbelti var ekki notað um að meðaltali 2,5 á ári og alvarlega slösuðum af sömu orsökum um 4,8 að meðaltali á ári.

Aðgerðir sem ætlað er að skili mestum árangri eru aukið eftirlit lögreglu um allt að helming, einkum á þekktum slysaköflum. Aðrar aðgerðir sem unnið verður að til að draga úr hraðakstri eru fastir myndavélapunktar, meðalhraðaeftirlit á löngum vegköflum, færanlegar

myndavélar og enn meira eftirlit lögreglu á þekktum slysastöðum yfir sumarmánuðina, auk áróðurs og fræðslu.

Á árinu 2005 var gerður sérstakur samningur á milli Umferðarstofu, f.h. samgönguráðuneytisins, Umferðarstofu og Vegagerðarinnar, og ríkislögreglustjóra um aukið umferðareftirlit á þjóðvegum landsins. Samningurinn fól í sér kaup og ísetningu á sex ratsjártækjum með myndavél (Eyewitness-búnaði) í lögreglubíla, auk greiðslu vegna eftirlitsstunda lögreglumanna og aksturs lögreglubifreiða. Samtals var samningurinn að upphæð 34 millj. kr. Eftirlitið fór fram á þjóðvegi 1, frá Hvolsvelli til austurs og að Ljósavatnsskarði til norðurs, og stóð frá 28. júní til 30. september. Fjöldi slysa á umræddum vegarkafla á fyrrgreindu tímabili samanborið við árið á undan og meðaltal fimm síðustu ára má sjá í töflu 11.

Tafla 11. Slys á þjóðvegi 1, frá Hvolsvelli norður að Ljósavatnsskarði.

Tímabil	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls
2000–2004	5,4	8,2	38,2	51,8
2004	1	7	34	42
2005	0	5	28	33

Samhliða auknu eftirliti var Umferðarstofa með áróður um hraðakstur og bílbeltanotkun allt árið.

Ökuhraði á þjóðvegum landsins er enn þá alltof mikill. Þó bendir ýmislegt til að heldur hafi dregið úr honum á síðustu fjórum árum frá tímabilinu þar á undan. Enn þarf hraðinn að minnka til að ná því takmarki að 85% ökumanna aki undir hámarkshraða. Rétt er að geta þess að sú staðreynd að frávik við mælingar hér á landi eru mun meiri en annars staðar á Norðurlöndum leiðir að öllum líkindum til þess að menn virði hraðamörkin síður og fari yfir þau að vikmörkum.

Mynd 5. Fjöldi hraðakstursbrota og annarra umferðarlagabrota samkvæmt málaskrá lögreglu 1999–2004.



Mynd 6. Þróun hraða á þjóðvegum 1988–2005.[1]



Varðandi notkun bílbelta er erfitt að meta hvort árangur hafi náðst á öllu landinu yfir árið í heild sinni þar sem skráningu lögreglunnar á bílbeltanotkun er mjög ábótavant. Af 129 alvarlegum slysum er í 73 tilfellum ekki vitað um bílbeltanotkun. Að auki er erfitt að fullyrða hvort hraðakstur hafi verið orsök tiltekins slyss eftir á. En í heild má segja að nokkur árangur hafi náðst.

Árvekni, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Umferðarstofa könnuðu notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum eins og undanfarin ár. Þá kom í ljós að 5,3% barna voru ekki með neinn öryggisbúnað, 10,6% voru eingöngu með bílbelti, sem er ekki fullnægjandi, en 84,1% barna voru í öryggisbúnaði sem hæfði stærð þeirra og aldri.

[1] Línuritið sýnir þróun ökuhraða á þjóðvegum á tímabilinu 1988–2005. Engar mælingar fóru fram 1994 og 1995 og mjög fáar árið 1997 og er þeim árum því sleppt. Sjá má að ökuhraði hefur aukist umtalsvert á tímabilinu. Þó eru vísbendingar um að síðustu fjögur ár, þ.e. árin 2002, 2003, 2004 og 2005, hafi dregið úr öðuhraða miðað við árin þar á undan.

Mynd 7. Samanburður á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum árin 1996–2005.



3.1.2 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.

Sett verða upp allt að 500 skilti með leiðbeinandi upplýsingum um ökuhraða á tiltekna staði á öllum stofnvegum og helstu tengivegum. Merkin verða sett upp þar sem ástæða þykir til að vekja athygli á að akstur á leyfðum hámarkshraða sé óráðlegur vegna aðstæðna, svo sem vegna krappra beygja, blindhæða eða hættulegra brattra brekkna. Tilgangurinn er að upplýsa vegfarendur um öruggan ökuhraða en gert er ráð fyrir að skiltin gagnist mest óreyndum ökumönnum. Vænst er að látnum fækki um að meðaltali 0,3 og alvarlega slösuðum um að meðaltali 0,9 á ári.

Sumarið 2005 hófst Vegagerðin handa við að setja niður merki með upplýsingum um leiðbeinandi hraða. Á árinu var lokið við að merkja þjóðveg 1, Snæfellsnesveg, Seyðisfjarðarveg, Norðfjarðarveg og hluta Vestfjarðavegar með þessum hætti.

Talið er að leiðbeinandi hraðamerkingar nýtist erlendum ferðamönnum sérstaklega vel þar sem þeir þekkja ekki eins vel til íslenskra akstursaðstæðna og íslenskir ríkisborgarar. Slysum á erlendum ferðamönnum fækkaði um 42% á milli áranna 2004 og 2005, eða úr 112 í 65.

3.1.3 Eyðing svartbletta.

Á árinu 2005 var unnið að lagfæringum á 25 hættulegum stöðum samkvæmt fyrirliggjandi áætlun. Meðal annars voru vegrið sett upp eða lengd á 15 stöðum en jafnframt voru sett upp viðvörunarljós við þrjár einbreiðar brýr, þrenn vegamót lagfærð og merkingar bættar á nokkrum stöðum.

Væntingar um árangur eru fækkun látinna um að meðaltali 0,5 á ári og fækkun alvarlegra slysa um að meðaltali 2,3 á ári.

3.1.4 Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla.

Í 10% banaslysa er aðalorsökin sú að ökumaður er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og má rekja 2,4% allra umferðarslysa til ölvunaraksturs. Til að stemma stigu við þessu er stefnt að því að auka afskipti lögreglu af ökumönnum sem næst 100%. Væntanlegur árangur er fækkun látinna um 0,5 og fækkun alvarlega slasaðra um 2,7 að meðaltali á ári.

Í samningi Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra var kveðið á um kaup á tveimur öndunarsýnamælum, en slík tæki auka mjög nákvæmni við mat á áfengismagni í blóði ökumanna. Jafnframt var Umferðarstofa með áróður gegn ölvunarakstri, m.a. í samstarfi við Vínbúðir.

Á árinu 2005 mátti rekja sex banaslys í umferðinni til ölvunaraksturs, sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal undafarinna fimm ára, sem var 2,2 banaslys. Hins vegar fækkaði alvarlegum slysum úr 11,2 að meðaltali árin 2000–2004 í fjögur alvarleg slys vegna ölvunaraksturs á árinu 2005.

Rúmlega 200 fleiri ölvunarakstursmál komu upp á árinu 2005 en 2004. Þá liggur fyrir að ölvun kom við sögu í sex af sextán banaslysum í umferðinni á árinu 2005. Ekki er ólíklegt að fjöldi handtekinna í þessum málum endurspegli umfang eftirlits lögreglu, en í rannsókn á áfengis- og vímuefnaneyslu Íslendinga (Gallup 2005) kemur í ljós að rúmlega 20% aðspurðra á aldrinum 18–75 ára segjast hafa ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa neytt áfengis. Þá kemur fram í annarri rannsókn að 25% fólks á aldrinum 17–30 ára hafi ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa neytt áfengis, en einungis 4% þeirra höfðu verið tekin af lögreglu. (Haukur Freyr Gylfason, Rannveig Þórisdóttir og Marius Peersen, 2004: *Akstursheğun ungmenna*).

Tafla 12. Fjöldi kærða, handtekinna sakborninga í ölvunarakstursbrotum.

Ár	Grunaðir um ölvun við akstur
1999	1959
2000	2482
2001	2081
2002	1859
2003	1764
2004	1772
2005	1985*

*Tölur fyrir 2005 eru bráðabirgðatölur.

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn.)

3.1.5 Umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja.

Umferðin er snar þáttur í lífi flestra. Margir stunda störf sem fela í sér að þeir eru í umferðinni frá morgni til kvölds árið um kring. Mikilvægt er að skapa þeim eins traust og öruggt starfsumhverfi og kostur er. Með hliðsjón af þessu hefur Umferðarstofa hafið kynningu á aðferðarfræði til að auka umferðaröryggi á meðal atvinnubílstjóra. Aðferðafræðin, sem ber yfirskriftina „Vel á vegi stödd í vinnunni“, miðar að góðu samstarfi starfsfólks annars vegar og forráðamanna fyrirtækja hins vegar til að ná sameiginlegum markmiðum beggja um aukið öryggi í umferðinni.

Verkefninu var hleypt af stokkunum 7. mars 2005, en árið 2005 voru undirritaðir samstarfssamningar við fjögur fyrirtæki um þátttöku þeirra í verkefninu. Þau eru Ölgerðin Egill

Skallagrímsson, Hafnarfjarðarbær, Hagvagnar og Hópbílar. Á árinu 2006 er reiknað með 15–20 fyrirtækjum til viðbótar.

Ávinningur aðgerðanna er talinn vera fækkun látinna um 0,1 og fækkun alvarlega slasaðra um 0,6 að meðaltali á ári. Þar sem verkefnið er svo skammt á veg komið er ekki unnt að meta ávinninginn að svo stöddu.

3.1.6 Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.

Á undanförnum missirum hefur umferðarfræðslu í grunnskólum landsins verið mjög áfátt. Í umferðaröryggisáætlun er fyrirhugað að efla þá fræðslu til muna með því að gera hana að föstum lið í námskrá leikskóla og grunnskóla. Í því sambandi var gerður sérstakur samningur á milli Umferðarstofu og Grundaskóla á Akranesi um eflingu umferðarfræðslu á grunnskólastigi. Grundaskóli verður móðurskóli í umferðarfræðslu og þannig öðrum grunnskólum á Íslandi til fyrirmyndar og ráðgjafar á þessu sviði. Samningurinn gerir ráð fyrir því að Umferðarstofa greiði heilt stöðugildi við Grundaskóla og hljóðar samningurinn upp á 5 millj. kr. á ári.

Jafnframt var unnið að gerð fræðsluvefs í samvinnu við Námsgagnastofnun, sem var formlega opnaður í janúar 2006. Fræðsluvefinn er að finna á *www.umferd.is*.

Markmið þessara aðgerða er að fækka slysum á börnum um 10% og að fækkun látinna verði um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra verði um 1,0 að meðaltali á ári. Þar sem verkefnið er enn á undirbúningsstigi og raunveruleg fræðsla fer ekki fram fyrr en skólaárið 2006–2007 er ekki hægt að meta ávinning aðgerðanna fyrir árið 2005.

3.1.7 Öryggisbeltanotkun í hópbílum.

Umræddu verkefni var frestað til ársins 2006.

3.1.8 Forvarnir erlendra ökumanna.

Umferðaróhöpp þar sem erlendir ökumenn eru orsakavaldar eru 5% allra umferðarslysa á landinu. Markmið aðgerða er að fækka slysum þar sem erlendir ferðamenn eru orsakavaldar um 10%, þ.e. fækkun látinna um 0,2 og fækkun alvarlega slasaðra um 1,2 að meðaltali á ári

Umferðarstofa lét framleiða myndband fyrir erlenda ferðamenn. Myndbandið er á fjórum tungumálum, ensku, frönsku, spænsku og þýsku, og er það að finna á heimasíðu Umferðarstofu, *www.us.is-English*. Í myndbandinu er farið yfir helstu hættur sem að erlendum ferðamönnum steðja á ferðum um þjóðvegi landsins. Myndbandið er einnig að finna á heimasíðu Ferðamálaráðs og hjá mörgum bílaleigum. Umferðarstofa lét setja myndbandið á DVD-diska fyrir bílaleigur til dreifingar til viðskiptavina sinna.

Jafnframt rituðu starfsmenn umferðaröryggissviðs Umferðarstofu fjölda greina í tímarit og bækur sem ætluð eru erlendum ferðamönnum til að benda á hættur á þjóðvegum.

Eins og að framan var getið fækkaði slysum á erlendum ferðamönnum um 42% á milli áranna 2004 og 2005, úr 112 í 65.

3.1.9 Takmörkun á lausagöngu búfjár.

Aukin áhersla verður lögð á að girða af vegi þar sem hætta vegfarenda af lausagöngu búfjár er mest. Áætlað er að girða við rúmlega 300 km vega á tímabilinu 2005–2008 þar sem um 30% slysa og óhappa af þessu tagi verða. Væntanlegur ávinningur aðgerða er fækkun látinna um 0,1 á ári og fækkun alvarlega slasaðra um 0,7 að meðaltali á ári.

Á árinu 2005 girti Vegagerðin með fram vegum á 27 vegarköflum í þeim tilgangi að fækka slysum af völdum búfjár. Ljóst er að Vegagerðin, sveitarfélög og eigendur búfjár verða að vinna saman að þessu markmiði um fækkun slysa svo að árangur verði sem mestur.

3.1.10 Annað.

Undir þennan lið fellur viðhorfsrannsókn á akstursheðun almennings sem Gallup framkvæmdi fyrir Umferðarstofu, Vegagerðina og ríkislögreglustjóra í október 2005. Hluti könnunarinnar var gerður opinber við endurnýjun samnings Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra í febrúar 2006. Gerð er grein fyrir hluta könnunarinnar í kafla 2.2, en gera má ráð fyrir að könnunin verði birt í heild sinni á heimasíðu Umferðarstofu í apríl 2006.

3.2 Lög og reglur um umferðarmál á árinu 2005.

3.2.1 Reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni.

Hinn 21. febrúar var gefin út reglugerð nr. 252/2005, um breytingu á reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 257/2000. Breytingin lýtur að því að einungis megi veita leyfi til aksturskeppni annars vegar Vélhjóla- og vélsleðaíþróttanefnd ÍSÍ, vegna keppni ökutækja með þrjú hjól eða færri, og hins vegar Landssambandi íslenskra akstursfélaga, vegna keppni ökutækja með fjögur hjól eða fleiri. Skilyrði leyfis er þrengt en áður var kveðið á um að leyfi til aksturskeppni skyldi einungis veita skipulagsbundnum samtökum er hafa akstursíþróttir á verkefnaskrá sinni.

3.2.2 Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Hinn 22. júní var gefin út ný reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 688/2005, sem kom í stað reglugerðar nr. 528/1998. Í nýju reglugerðinni eru vagnlest og tengitæki skilgreind og breyting gerð á leyfilegri lengd vagnlestar, þ.e. bifreiðar, annarrar en hópbifreiðar, með festi- eða tengivagni eða samsvarandi tengitæki.

Heimild um undanþágu frá reglum um lengd vagnlestar, um að lengdin megi vera allt að 25,25 m, er framlengd í tvö ár, eða allt til 15. maí 2007.

Uppsetningu og orðalagi reglugerðarinnar og viðauka er breytt frá eldri reglugerð til að gera ákvæðin skýrari. Þá fylgja viðaukunum skýringarmyndir af ökutækjum varðandi stærð og þyngd.

3.2.3 Reglugerð um ökuskírteini.

Hinn 15. ágúst var gefin út reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501/1997, sem að mestu lýtur að ákvæðum sem varða nám og próf til að öðlast réttindi samkvæmt flokkum C1 og D1.

Í umferðaröryggisáætlun frá árinu 2000 er því lýst að æskilegt sé að setja reglur um nám og ökupróf sem veiti réttindi til að stjórna ökutæki í flokki C1 og D1 fyrir þá sem vilja öðlast réttindi til að aka bifreið sem er 7.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd (C1) eða bifreið fyrir að hámarki 16 farþega (D1), án þess að um sé að ræða fólks- eða vöruflutninga í atvinnuskyni. (Sjá um flokkun ökuréttinda í 5.–13. gr. reglugerðar nr. 501/1997.)

B-réttindi (sem veita rétt til að stjórna fólksbifreið) eru mismunandi eftir því hvenær ökupróf var tekið. Sá sem tók próf fyrir 1. mars 1988 (á nú við um ökumenn 35 ára og eldri) má aka hópbifreið fyrir að hámarki 16 farþega án gjaldtöku (flokkur D1 á ökuskírteini). Sá sem tók próf fyrir 1. júní 1993 (á nú við um ökumenn 30 ára og eldri) má aka vörubifreið sem er skráð fyrir að hámarki 5 tonna farm (flokkur C1 á ökuskírteini). Reglugerðarbreytingin var byggð á því að ætla mætti að töluverð eftirspurn væri hjá ökumönnum, sem eru yngri en að

framan greinir, eftir því að öðlast ökuréttindi C1 og D1 án þess að þurfa að fara í nám sem miðað er við vörubifreið (sem ekki eru bundin við tiltekna leyfða heildarþyngd bifreiðar) eða hópbifreiðar (sem ekki eru bundin við tiltekinn farþegafjölda). Þess má vænta að kostnaður yrði töluvert minni við nám til að fá réttindi C1 en nám vegna réttinda C og D. Einnig tók breytingin mið af því að framboð hefur aukist hin síðari ár á bifreiðum, þyngri en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, einkum litlum vörubifreiðum (svo nefndum pick-up bifreiðum).

3.2.4 Reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Hinn 30. nóvember 2005 var gefin út reglugerð nr. 1070/2005, um breytingu á reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi. Breytingin lýtur að því að innleiða tilskipun nr. 2003/28/EB og tilskipun 2004/111/EB, sem hafa að geyma breytingar á viðaukum við tilskipun 94/55/EB, varðandi Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum, sbr. svonefndar ADR-reglur.

3.2.5 Reglugerð um skráningu ökutækja.

Reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, var breytt tvisvar á árinu. Hinn 23. maí var gefin út reglugerð nr. 506/2005. Auk orðalagsbreytinga er í reglugerðinni breyting á reglum um skammtímaskráningarmerki sem nota má tímabundið í sambandi við akstur vegna skráningar ökutækis.

Hinn 23. júní var gefin út reglugerð nr. 656/2005. Þar er breytt 19. gr. reglugerðar nr. 751/2003 þannig að orðið „námuökutæki“ kemur í stað „námubifreiðar“. Breytingin tengist breytingu á skilgreiningu í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

3.2.6 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja var breytt fjórum sinnum árinu. Hinn 29. mars 2005 var gefin úr reglugerð nr. 375/2005 þar sem eru innleiddar eftirgreindar EES-gerðir: tilskipanir nr. 2003/37/EB, 2003/97/EB, 2004/11/EB og 2004/78/EB.

Hinn 22. júní var gefin út reglugerð nr. 647/2005. Þar er „námuökutæki“ skilgreint. Í breytingu á gildandi reglu felst að í stað „námubifreið“ er „námuökutæki“ skilgreint sem ökutæki sem er vörubifreið eða eftirvagn, sbr. 1. gr. draganna. Tilefni breytingarinnar er úrskurður samgönguráðuneytisins frá 22. mars 2004 í stjórnsýslumálinu nr. 21/2004: Impregilo S.p.A gegn Umferðarstofu. Í niðurstöðu úrskurðarins er tekið fram að skráning námubifreiða miðist við að ökutæki séu notuð með tilteknum hætti á tilteknum svæðum eingöngu. Sömu sjónarmið eigi við um eftirvagna sem notaðir séu utan vegakerfisins á afmörkuðu vinnusvæði.

Hinn 28. október var gefin út reglugerð nr. 986/2005 þar sem eru innleiddar eftirgreindar EES-gerðir: tilskipanir nr. 2003/102/EB, 2004/3/EB, 2004/104/EB og 204/66 EB, svo og ákvörðun nr. 2003/138/EB.

Hinn 30. nóvember var gefin út reglugerð nr. 1071/2005 þar sem er innleidd tilskipun nr. 2005/27/EB.

3.2.7 Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995, var breytt tvisvar á árinu. Hinn 2. febrúar var gefin út reglugerð nr. 230/2005 þar sem eru ákvæði um nýtt viðvörunarmerki vegna lausagöngu hreindýra. Þar er einnig breyting á skilgreiningu ásþunga vegna bannmerkis varðandi takmarkaðan ásþunga. Þá eru í reglugerðinni nýtt upplýsingamerki varðandi bifreiðastæði fyrir fólksbifreiðar, 14 ný þjónustumerki og nýr vegvísir.

Hinn 22. júní var gefin út reglugerð nr. 617/2005 þar sem eru ákvæði um tvö ný þjónustumerki og nýtt undirmerki, leiðbeinandi hámarkshraði, sem nota skal með nokkrum viðvörunarmerkjum. Merkið sýnir þann hámarksökuhraða sem er ráðlagður á þeim vegarkafla sem viðvörun nær yfir. Breytingar eru einnig gerðar varðandi yfirborðsmerkingu á vegum.

3.3 Sektir.

Nýjar reglur um sektir gengu í gildi árið 2001, sbr. reglugerð nr. 575/2001, um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Þá voru sektir hækkaðar verulega, einkum við brotum sem geta haft verulega hættu í för með sér. Má þar nefna hraðakstur og ölvunarakstur. Á þeim tíma var talið að sýnt hefði verið fram á að háar sektir hefðu áhrif á ökumenn.

Menn hafa velt fyrir sér áhrifum þessarar ráðstöfunar og komist að þeirri niðurstöðu að hugsanlega megi álykta á þann veg að hærri sektir hafi haft áhrif til að fækka alvarlegum umferðarslysum. Þannig hefur alvarlega slösuðum fækkað um 18% frá árinu 2001 og hafa markmið umferðaröryggisáætlunar náðst hingað til.

Mál sem lögreglustjórum er heimilt að ljúka skv. 115. gr. og 115 gr. a. laga um meðferð opinberra mála, nr. 199/1991, með síðari breytingum, eru afgreidd á tvennan hátt. Annars vegar er heimilt að ljúka málum með sektarboði og hins vegar með sektargerð sem sakborningur gengst undir með undirskrift sinni. Ákveði lögreglustjóri að gefa kost á að ljúka máli með greiðslu sektar og niðurstaða færist ekki í sakaskrá sendir hann sakborningi greiðsluseðil með sektarboði. Ákveði lögreglustjóri hins vegar að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með sektargerð sendir hann honum boð um að mæta og viðkomandi samþykkir niðurstöðuna með undirskrift.

Þannig má segja að minni málum ljúki með sektarboði en stærri málum, þar sem viðurlög eru innan þeirra marka sem lögreglustjórar mega ljúka með lögreglustjórasátt, sé lokið með sektargerð.

Tafla 13. Útsend sektarboð og hlutfall greiddra og afgreiddra sektarboða 1999–2004.

Ár	Útsend sektarboð	Greidd sektarboð, %	Afgreidd af gjaldföllnum sektarboðum, %
1999	35.933	76,7	93,0
2000	36.687	75,0	93,0
2001	38.080	77,4	92,0
2002	42.193	76,6	93,0
2003	37.823	80,2	94,2
2004	35.719	82,3	94,0

Tafla 14. Útsendar sektargerðir og hlutfall greiddra og afgreiddra sektargerða 1999–2004.

Ár	Útsendar sektargerðir	Greiddar sektargerðir, %	Afgreiddar af gjaldföllnum sektargerðum, %
1999	3.183	63,9	91,1
2000	3.836	61,1	89,6
2001	3.123	55,7	89,1
2002	2.839	56,1	89,1
2003	2.929	58,6	87,0
2004	2.949	55,5	91,6

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn.)

3.4 Ökunám, ökukennsla og ökupróf.

3.4.1 Ökunám.

Samgönguráðherra staðfesti nýja námskrá fyrir ökukennaranám til almennra ökuréttinda í lok janúar 2005 og í febrúar var undirritaður samstarfssamningur á milli Kennaraháskóla Íslands og Umferðarstofu um ökukennaranám. Bæði er um að ræða nám fyrir verðandi ökukennara og endurmenntun fyrir starfandi ökukennara. 25 nemendur hófu nám til ökukennararéttinda í júní og er gert ráð fyrir námslokum í desember 2006.

Í janúar staðfesti ráðherra sömuleiðis nýjar námskrár til aukinna ökuréttinda og tóku þær gildi 1. apríl. Námskrárnar eru unnar í samstarfi Ökukennarafélags Íslands og Umferðarstofu.

Í september var brugðist við aukinni eftirspurn og þörf landsmanna til að mega aka millistærðir „vöru-" og hópbifreiða, þ.e. vörubifreiða að hámarki 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiða með sæti fyrir 16 farþega eða færri.

Á árinu var hafinn undirbúningur að innleiðingu tilskipunar 2003/59/EB, um hæfni og starfsþjálfun hóp- og vörubifreiðastjóra sem stunda atvinnuflutninga á vegum, tölvuvæðingu fræðilegra ökuprófa o.fl.

3.4.2 Ökukennsla.

Árið 2005 störfuðu rúmlega 30 ökuskólar á landinu. Starf þeirra var hefðbundið nema hvað umsvif skóla til aukinna ökuréttinda voru áfram mikil samtímis því að þeir voru að laga sig að og taka upp kennslu í samræmi við nýja námskrá.

4.847 einstaklingar luku prófi til almennra ökuréttinda á árinu, bæði nýliðar í umferð sem og einstaklingar sem þurftu að endurtaka ökupróf vegna þess að þeir höfðu verið án réttinda í meira en 12 mánuði.

Tafla 15. Almenn ökuréttindi. Fjöldi þeirra sem standast verkleg próf.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Bifreið	4.665	4.872	4.642	4.448	4.253	4.214	4.266	4.847

Á árinu var unnið með Frumherja að samræmingu í fyrirlagningu, framkvæmd og mati á verklegum ökuprófum til almennra ökuréttinda, sem og annarra ökuréttinda. Hlutfall nemenda sem stóðust ekki verklegt ökupróf til almennra ökuréttinda var á árinu um 6% en var

7 % árið 2004. 7.970 skrifleg próf voru lögð fyrir til almennra réttinda og var fallprósenta á þeim prófum um 38% yfir landið í heild.

Á árinu 2005 hélt áfram sú mikla sókn nema í nám til aukinna ökuréttinda sem hófst árinu áður. Hún tengist beint því að nýja námskráin var auglýst með miklum fyrirvara og sumir ökuskólar auglýstu að í vændum væru miklar breytingar sem mundu gera námið dýrara. Umferðarstofa var í samstarfi við alla ökuskóla til aukinna ökuréttinda um skipulag þeirra á námskeiðum til aukinna ökuréttinda í tengslum við hina nýju námskrá.

Tafla 16. Aukin ökuréttindi. Fjöldi þeirra sem standast verkleg próf.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Vörubifreið	477	439	535	603	567	579	997	768
Hópbifreið	343	379	400	404	412	368	678	579
Eftirvagn C/D	289	302	313	381	417	424	661	659
Leigubifreið	369	389	474	451	476	378	685	526

Gífurleg aukning var í bifhjólaprófum á árinu, en 724 einstaklingar luku prófi til bifhjólaréttinda. Fáir tóku próf í öðrum flokkum. Aðeins 56 unglingar luku prófi til að mega aka léttu bifhjóli.

Tafla 17. Fjöldi þeirra sem standast verkleg próf.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Bifhjól	206	243	241	258	247	313	438	724
Létt bifhjól	83	77	59	70	65	51	54	56
Dráttarvél	3	6	4	5	8	13	4	9
Eftivagn B	1	3	4	4	4	7	8	7

Spölur hf. býður öllum ökunemum sem eru í námi til almennra ökuréttinda eina ókeypis ferð fram og aftur um Hvalfjarðargöng. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan í ágúst 2000 og stuðlar að því að ökunemar fái að reyna akstur við fjölbreyttar aðstæður. Jafnframt því að öðlast reynslu í akstri um þetta sérstaka umferðarmannvirki og þjóðvegaakstri fá nemar á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að kynnst akstri í dreifbýli og nemar með búsetu fjarri borginni fá tækifæri til að kynnast akstri í borgarumhverfi.

Tafla 18. Akstur ökunema um Hvalfjarðargöng.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005
janúar		157	79	65	72	71
febrúar		87	101	74	97	101
mars		106	86	101	121	89
apríl		107	71	79	101	104
maí		128	98	105	95	118
júní		102	107	104	79	120
júlí		139	152	109	132	108
ágúst	146	99	108	107	105	116
september	139	104	175	110	125	89
október	118	64	117	70	99	86
nóvember	121	65	111	93	82	90
desember	77	37	61	47	74	67
Samtals	**601**	**1.195**	**1.266**	**1.064**	**1.182**	**1.159**

4. Verkefni ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja og félagasamtaka.

4.1 Ráðuneyti og stofnanir.

4.1.1 Samgönguráðuneyti.

Umferðarmál fluttust frá dómsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis 1. janúar 2004. Í kjölfarið hófst vinna við endurskoðun umferðaröryggisáætlunar og var hún samþykkt sem hluti af samgönguáætlun á vorþingi 2005. Í fyrsta skipti er umferðaröryggisaðgerðum forgangsraðað með tilliti til arðsemi þeirra. Arðsemi er reiknuð miðað við áætlaða fækkun slysa og óhappa út frá forsendum um kostnað við hvert slys og fjölda atvika sem skráð eru í lögregluskýrslur. Reiknaður heildarkostnaður vegna umferðarslysa og óhappa er um 10 milljarðar kr. á ári. Fjárveiting til umferðaröryggisaðgerða er 1.540 millj. kr. á fjögurra ára tímabili en heildararðsemi aðgerða, miðað við rekstur í 10 ár og 7% ávöxtunarkröfu, er rúmlega 3 milljarðar kr. Mælikvarðarnir eru tveir:

1. Fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði sambærilegur við það sem lægst gerist í heiminum árið 2016, mælt sem meðaltal fimm ára.
2. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra lækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016.

Í umferðaröryggisáætlun eru settar fram aðgerðir sem unnið verður að á tímabilinu 2005–2008 og greint hefur verið frá í kafla 3.1.

Samgönguráðherra stóð að því að efla rannsóknarnefnd umferðarslysa og rýmka rannsóknarheimildir hennar. Samkvæmt lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 24/2005, er markmiðið með störfum nefndarinnar að leiða í ljós orsakir umferðarslysa og koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur og stuðla með því að auknu öryggi í umferðinni hér á landi.

4.1.2 Umferðarstofa.

Störf Umferðarstofu á sviði umferðaröryggismála á árinu 2005 byggðust í meginatriðum á markmiðum umferðaröryggisáætlunar samgönguáætlunar til ársins 2008, en nánar hefur verið gerð grein fyrir þeim verkefnum í kafla 3.1. Aðgerðir til að draga úr ökuhraða, koma í veg fyrir ölvunarakstur og til að auka notkun öryggisbúnaðar í bílum skipuðu þar einna stærstan sess.

Auglýsingar Umferðarstofu hafa vakið verðskuldaða athygli og óhætt er að segja að umræður um umferðarmál hafi sjaldan eða aldrei verið meiri. Umferðarstofa lætur Gallup gera viðhorfskannanir eftir hverja auglýsingaherferð til að meta áhrif þeirra. Tvær af auglýsingum Umferðarstofu hafa fengið hæstu einkunn sem mælst hefur hjá Gallup á Íslandi. Aðrar auglýsingaherferðir Umferðarstofu standa þeim ekki langt að baki. Í langflestum tilfellum (80–90%) hafa skilaboðin komist vel til skila, rétt um helmingur aðspurðra telur að auglýsingarnar hafi tilætluð áhrif á hegðun sína í umferðinni og mikill meiri hluti (65–80%) telur að Umferðarstofa gangi hæfilega langt í að koma boðskapnum til skila. Auglýsingin „Hægðu á þér" hlaut viðurkenningu sem besta auglýsingin á Íslandi árið 2004 í flokki almannaheilla-auglýsinga. Jafnframt hlaut auglýsingin gullverðlaun á Eurobest 2004 í flokknum „Public health and safety" sem eru æðstu auglýsingaverðlaun í Evrópu.

Undanfarinn áratug hefur umferðarfræðslu í grunnskólum landsins verði áfátt. Til að bæta úr því hefur Umferðarstofa gert samning við Grundaskóla á Akranesi um að vera móðurskóli umferðarfræðslu á Íslandi. Liður í því var gerð sérstaks fræðsluvefs sem unninn var í samvinnu Umferðarstofu, Grundaskóla og Námsgagnastofnunar.

Umferðarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu var starfandi allt árið í stað þriggja mánaða áður. Hann vann að almennu umferðaröryggi, m.a. með fræðslu, könnunum, samstarfi við aðra o.fl. Um sumarið skoðaði hann hálendið, með tilliti til öryggis þeirra sem um það fara.

Eins og mörg undanfarin ár stóð Umferðarstofa fyrir könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum í samstarfi við Árvekni og Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Gerð er grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í kafla 3.1.1. Notkun öryggisbúnaðar fyrir börn hefur aukist ár frá ári, en leggja þarf áherslu á rétta notkun.

Endurskoðun fræðsluefnis umferðarskólans Ungir vegfarendur hefur staðið yfir undafarin ár og lýkur á árinu 2007.

Umferðarskóli fyrir 5 og 6 ára börn fór fram á árinu með hefðbundnum hætti en þó varð sú breyting á að í stað þess að fræðslan færi fram í grunnskólum fór hún fram í leikskólunum sjálfum. Með þessu móti jókst fjöldi heimsókna úr 60% á höfuðborgarsvæðinu í um 90%. Að auki hófst fræðslan að nýju á Akureyri, en hún hafði legið niðri um nokkurra ára skeið, og í fyrsta skipti voru leikskólabörn í Reykjanesbæ heimsótt.

Slysaskráning Umferðarstofu hefur verið efld og á árinu 2005 náði hún þeim áfanga að vera uppfærð til dagsins í dag, en þegar Umferðarstofa tók við verkefninu árið 2002 var slysaskráningin um tveimur árum á eftir í rauntíma.

Umferðarstofa og Félaga íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) gerðu með sér samning um að FÍB framkvæmdi úttekt á vegum landsins út frá stöðlum EuroRAP, en EuroRAP-verkefnið byggist á samvinnu neytenda, vegagerða og hönnuða um flokkun vega og stjörnugjöf út frá öryggi. Stjörnugjöfin er unnin með sjónrænni athugun á samgöngumannvirkjum og umhverfi vega, að teknu tilliti til umferðarhraða, umferðarþunga og slysagagna.

Umferðarstofa hefur innleitt stefnumiðað árangursmat (e. Balanced Score Card) sem miðar að því að mæla virkni í starfseminni og árangur hennar.

4.1.3 Vegagerðin.

Vegagerðin tók virkan þátt í starfi samráðshóps sem sér um að útfæra og halda utan um framkvæmd gildandi umferðaröryggisáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2005. Eitt af verkefnum umferðaröryggisáætlunar er að fækka hættulegum stöðum í vegakerfinu og á árinu 2005 var unnið að lagfæringum á 25 hættulegum stöðum samkvæmt fyrirliggjandi áætlun. M.a. voru vegrið sett upp eða lengd á 15 stöðum, en jafnframt voru sett upp viðvörunar-

ljós við þrjár einbreiðar brýr, þrenn gatnamót lagfærð og merkingar bættar á nokkrum stöðum. Girt var með fram vegum á 27 vegarköflum í þeim tilgangi að fækka slysum af völdum búfjár.

Sumarið 2005 var byrjað að setja niður merki með upplýsingum um leiðbeinandi hraða, þ.e. öruggan hraða, á tilteknum stöðum, t.d. í kröppum beygjum, miðað við akstursskilyrði á auðum og blautum vegi. Á árinu var lokið við að merkja hringveg, Snæfellsnesveg, Seyðisfjarðarveg, Norðfjarðarveg og hluta Vestfjarðavegar með þessum hætti.

Reistar voru tvíbreiðar brýr eða lögð ræsi í staðinn fyrir einbreiðar brýr á 14 stöðum.

Lokið var við gerð margra nýrra vegarkafla á árinu sem bæta munu umferðaröryggi verulega. M.a. var lokið við tvöföldun hringvegar milli Víkurvegar og Skarhólabrautar og byggður nýr 2+1 vegur um Svínahraun með mislægum vegamótum við Þrengslaveg. Á hinum nýja 2+1 vegi eru aksturssteinur skildar að með víravegriði. Tvenn jarðgöng, göng undir Almannaskarð og Fáskrúðsfjarðargöng, voru opnuð á árinu.

4.1.4 Umferðarráð.

Hinn 1. október 2002 tók Umferðarstofa við stjórnsýsluverkefnum á sviði umferðaröryggismála sem áður heyrðu undir Umferðarráð, þ.e. umferðarfræðslu, slysaskráningu og umsjón og eftirliti með ökunámi og ökuprófum. Við þau tímamót lauk starfsemi Umferðarráðs sem stofnunar, en fulltrúaráðið Umferðarráð hélt starfsemi sinni áfram. Í því sitja nú 22 fulltrúar jafnmargra stofnana, félagasamtaka, ráðuneyta og annarra sem koma að álefnum með einum eða öðrum hætti, auk formanns og varaformanns, sem skipaðir eru af ráðherra. Umferðarráð fær mörg mál til umsagnar, m.a. frá Alþingi og samgönguráðuneytinu, og kemur saman til funda nokkrum sinnum á ári. Meðal dagskrárefna að undanförnu má nefna áfengismörk í ölvunarakstri, áfengiskaupaaldur, hraðatakmarkarar í fólksbifreiðir, vélknúin hjól/torfærubifhjól: réttindaleysi, vanskráning og ólöglegur akstur, hert hjálmaskylda hjólreiðafólks, umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja, nýr vegarkafli Suðurlandsvegar í Svínahrauni, Sundabraut, Reykjanesbraut, vegaskoðun, Vegagerðin og umferðaröryggismál, hámarkshraði á tveggja akreina þjóðvegum, umferðaröryggismál í samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, leiðsögubílstjórar og æfingasvæði/ökugerði fyrir ökunema og ökumenn.

Meðal ályktana sem Umferðarráð sendi frá sér á árunum 2004–2005 er ályktun um sumarumferðina 2005, auglýsingar Umferðarstofu, ályktun um ölvunarakstur, bílbelti, farsímanotkun ökumanna, og um að Suðurlandsvegur verði svokallaður 2+1 vegur með vegriði á milli aksturssteina. Í kjölfar síðastnefndu ályktunarinnar ákvað samgönguráðherra að á nýjum kafla vegarins í Svínahrauni yrði vegrið í vegmiðju. Fagnaði Umferðarráð þeirri ákvörðun og sendi frá sér fréttatilkynningu þar að lútandi.

4.1.5 Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Árið 2005 fékk Rannsóknarnefnd umferðarslysa til rannsóknar 19 banaslys í umferðinni og á þriðja tug annarra alvarlegra umferðarslysa. Fór nefndin yfir þessi slys með ábendingar og forvarnir í huga og er niðurstöðu þeirrar greiningar að vænta í skýrslu á árinu 2006. Árið 2006 stefnir rannsóknarnefndin að því að rannsaka öll slys þar sem meiðsli á fólki eru mikil, auk þess sem nefndin hyggst gefa út skýrslur um einstök slys þegar ástæða þykir til, eða varnaðarskýrslur um tiltekin öryggisatriði sem verða byggðar á niðurstöðum rannsókna eins eða fleiri slysa. Er þetta í samræmi við hlutverk nefndarinnar sem kveðið er á um í lögum og reglugerð frá árinu 2005, nánar tiltekið lögum nr. 24/2005 og reglugerð nr. 702/2005.

Í skýrslu um banaslys í umferðinni 2004 (útgefin 2005) lagði rannsóknarnefndin mesta áherslu á áhættuhegðun ungra ökumanna, ofsaakstur og endurskoðun viðurlaga við ofsaakstri

og beindi til samgönguráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Aðrar ábendingar í skýrslu nefndarinnar sem vert er að nefna varða viðbrögð leikmanna á slysavettvangi, afskiptaleysi og tillitsleysi gagnvart fólki í neyð á slysavettvangi og notkun hættuljósa og viðvörunarþríhyrninga, sem nefndin telur verulega ábótavant á Íslandi. Lagði nefndin til við Umferðarstofu að meiri áhersla yrði lögð á áróður um notkun viðvörunarþríhyrninga og hættuljósa. Í skýrslu um slys 2004 er einnig fjallað um vélsleðaslys, skráningu þeirra og forvarnir, en RNU og Slysavarnafélagið Landsbjörg rannsökuðu í sameiningu orsakir vélsleðaslysa og gaf Slysavarnafélagið út bækling í samstarfi við Landssamband íslenskra vélsleðamanna um forvarnir í kjölfar þeirrar vinnu. Þá gaf rannsóknarnefndin út skýrslu um umferðarslys erlendra ferðamanna, sem send var öllum bílaleigum á landinu, og var skýrslan liður í auknum forvörnum á því sviði.

4.1.6 Rannsóknarráð umferðaröryggismála (Rannum).

Rannum, sem er samstarfsvettvangur Vegagerðarinnar, Rauða kross Íslands, Umferðarráðs, Landspítala – háskólasjúkrahúss og 13 annarra aðila veitti á árinu 2005 samtals um 11 millj. kr. til 14 rannsóknarverkefna á sviði umferðaröryggismála. Verkefnin voru fjölbreytt og tengjast umferðaröryggismálum frá nokkrum hliðum. Um þriðjungur styrkupphæðar ársins fór til verkefna sem tengjast ýmiss konar tölfræði og um fimmtungur til verkefna sem tengjast sálfræði og hegðun ökumanna. M.a. var unnið að verkefnum sem tengjast öryggi elstu og yngstu borgaranna í umferðinni. Samstarf innan Rannum hófst árið 2000 og stóð yfir í fimm ár. Á þessum árum hafa verið veittir styrkir til alls 92 verkefna, að upphæð 88 millj. kr., en auk þess hefur komið til vinnuframlag í verkefnum frá aðilum sem tengdust samstarfinu. Reiknað er með því að yfirlit um starfsemi Rannum og einstök rannsóknarverkefni verði kynnt á Umferðarþingi haustið 2006.

4.1.7 Dómsmálaráðuneyti.

Í samræmi við 1. og 4. gr. laga nr. 90/1996 er áhersla lögð á gerð árangursstjórnunarsamninga við lögreglustjórana, stefnumótun og markmiðasetningu. Kemur ráðuneytið að gerð samninga og langtímaáætlana hjá lögreglustjórunum, leggur mat á markmið og áherslur, auk þess sem farið er markvisst yfir túlkun árangurs í ársskýrslum embættanna. Hafa embættin unnið langtímaáætlanir til nokkurra ára í senn þar sem m.a. eru sett fram meginmarkmið og leiðir að markmiðum. Þá hafa embætti unnið stefnumörkun til eins árs í senn þar sem tilgreind eru nánar forgangsatriði í löggæslueftirliti, deilimarkmið og árangursmælikvarðar. Í áætlunum embætta hefur m.a. verið lögð áhersla á forvarnir, eftirlit með ástandi ökutækja og ökumanna og fækkun umferðaróhappa og slysa. Sérstök áhersla er lögð á eftirlit með ökuhraða, notkun öryggisbúnaðar, ölvunarakstri, umferð um gatnamót, og umferð í og við skóla. Þá er þung áhersla á frumkvæðisvinnu lögreglu í eftirliti vegna ávana- og fíkniefnamála.

4.1.8 Ríkislögreglustjórinn.

Áhersla var lögð á skipulagt samstarf lögregluliðanna í landinu, á sviði umferðaröryggis. Stærsta verkefnið var samstarfssamningur ríkislögreglustjórans (RLS) við Umferðarstofu (US), í umboði samgönguráðuneytisins. Samningurinn hljóðaði upp á samstarf lögregluembættanna frá Hvolsvelli í austri, vestur og norður um til Húsavíkur. Tímabilið var frá júní til október 2005. Kostnaður var greiddur af samgönguráðuneytinu sem einnig kostaði mynd- og hljóðupptökubúnað í sex lögreglubifreiðir. Samningurinn kom sem hrein viðbót við annað eftirlit hjá viðkomandi embættum. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og var jafnframt unnið að því að koma á svipuðum samningi fyrir árið 2006. Sumarið kallaði á frekara

umferðareftirlit og var ríkislögreglustjórinn lögreglustjórum til aðstoðar í þeim efnum, þá sérstaklega yfir verslunarmannahelgina. Unnið var að gerð verklagsreglna um vinnu lögreglumanna á vettvangi.

4.1.9 Lögregluskóli ríkisins.

Í grunnnámi Lögregluskólans er fjallað um umferðarfræði með það að markmiði að nemendur kynnist málaflokknum þannig að þeir þekki umferðarmálefni nægilega vel til að geta sinnt umferðareftirliti í samræmi við lög og reglur. Auk þess sem fastráðinn starfsmaður skólans kennir málaflokkinn er leitað til sérfræðinga utan lögreglunnar með fræðslu og fá nemendur rækilega kynningu á gildandi umferðaröryggisáætlun. Starfandi lögreglumönnum gefst einnig kostur á að sækja ýmis námskeið í framhaldsdeild skólans þar sem umferðarmál eru til skoðunar, t.d. símenntunarnámskeið og sérnámskeið um umferðarmál. Stjórnendur, nemendur í stjórnunarnámi skólans, fá upplýsingar um markmiðasetningu og æfa sig í að setja markmið, t.d. í umferðarmálum, og þeir sem sækja það nám á yfirstandandi skólaári hafa unnið verkefni sem fólst í því að skoða skýrslur rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU) og meta hvaða lærdóm lögreglan getur dregið af þeim. Verkefni þeirra voru metin af formanni RNU þannig að þekking og reynsla færðist á milli skólans, lögreglunnar í landinu og RNU. Unnið hefur verið að uppfærslu kennsluefnis í umferðarfræði í skólanum og er nú á lokastigi. Lokið er endurskoðun kennslu um rannsóknir umferðarslysa og þær kenndar eftir nýju fyrirkomulagi.

4.1.10 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í heilbrigðisáætlun, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001 og gildir til ársins 2010, er það eitt af forgangsmarkmiðunum sjö að draga úr slysum um 25%. Við endurskoðun á þessu markmiði hefur verið ákveðið að það standi, en frá og með árinu 2003 verði miðað við tölur úr Slysaskrá Íslands. Slysaskrá Íslands hefur verið að byggjast upp á síðustu árum, en hún er meðal þeirra leiða sem fara á til að ná þessu markmiði. Jafnframt er ætlast til að stofnanir ráðuneytisins vinni skipulega að framgangi þessa markmiðs.

4.1.11 Landlæknir – slysavarnaráð.

Landlæknisembættið og slysavarnaráð hafa haft frumkvæði að samræmdri skráningu slysa með þróun og gerð gagnabankans Slysaskrár Íslands. Samkvæmt lögum nr. 18/2003 er þessi skrá varðveitt hjá landlæknisembættinu. Skráning í Slysaskrá Íslands hófst árið 2002 með þátttöku fjögurra aðila: ríkislögreglustjóra, slysadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, Tryggingamiðstöðvarinnar og Vinnueftirlits ríkisins. Síðan hafa fleiri skráningaraðilar bæst við. Heilbrigðisstofnun Austurlands byrjaði að skrá á árinu 2003 og á síðasta ári bættust við aðilar heilsugæslunnar hjá Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík. Á árinu 2005 voru enn fremur hafnar viðræður við fleiri heilsugæslustöðvar sem og tryggingafélög. Markmiðið er að í Slysaskrá Íslands skrái allir sem meðhöndla upplýsingar um slys. Þar með mun skráning slysa á landinu verða samræmd og betra yfirlit fást yfir fjölda slysa, orsakir þeirra og afleiðingar. Slysaskrá Íslands er því mikilvæg þegar kemur að slysaforvörnum og rannsóknum á slysum. Á vef landlæknisembættisins (*http://www.landlaeknir.is*) eru reglulega birtar tölfræðilegar upplýsingar úr Slysaskrá Íslands og er þar á meðal að finna upplýsingar um umferðarslys.

4.1.12 Lýðheilsustöð.

Helsta framlag Lýðheilsustöðvar til umferðarslysavarna árið 2005 var þátttaka í könnuninni *Öryggi barna í bílum*. Þetta er umfangsmikil könnun á öryggi barna í bílum fyrir utan leikskóla landsins og hefur verið gerð árlega frá árinu 1996. Niðurstöður könnunarinnar hafa jafnan verið vel kynntar. Þegar könnunin var gerð í aprílmánuði 2005 voru 5% barna laus í bílum, en voru 32% þegar hún var fyrst gerð. Brugðist hefur verið við niðurstöðum, m.a. með aukinni fræðslu til foreldra og heilsusgæsluhjúkrunarfræðinga. Samstarfsaðilar hafa verið Slysavarnafélagið Landsbjörg og Umferðarstofa.

4.1.13 Landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneytið hefur ekki unnið sérstaklega að umferðaröryggismálum á árinu 2005 umfram það sem ráðuneytið hefur gert á undanförnum árum. Sú vinna hefur tengst friðun vegsvæða fyrir búfé.

Ráðuneytið telur að þar hafi mál þokast í réttan farveg. Helstu vegir hafa verið girtir af Vegagerðinni og jafnframt auglýst bann við lausagöngu búfjár á viðkomandi svæði. Enn þarf að halda áfram á sömu braut.

4.1.14 Umhverfisráðuneytið.

Á árinu 2005 gaf ráðuneytið út reglugerð nr. 528/2005, um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands. Í reglugerðinni er áréttuð sú meginregla að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands. Í framhaldi af því var gefinn út á vegum Umhverfisstofnunar bæklingurinn „Akstur utan vega“ sem ætlaður er til kynningar fyrir alla ferðamenn, innlenda jafnt og erlenda. Í bæklingnum eru kynnt lög og reglugerðir sem snerta utanvegaakstur og fjallað um ástæðu þess að akstur utan vega er bannaður á Íslandi og hverjar afleiðingar utanvegaakstur hefur á náttúruna.

Bæklinginn má nálgast á heimasíðu Umferðarstofu: *http://www.ust.is*

4.2 Sveitarfélög.

4.2.1 Reykjavíkurborg.

Á árinu 2005 var varið um 50 millj. kr. til úrbóta á ýmsum stöðum í gatnakerfinu í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi (endurbætur vástaða) og einnig var varið 10 millj. kr. í ný gangbrautarljós. Á árinu var einnig leyfður hámarkshraði minnkaður í 30 km/klst. (30 km hverfi) í sjö íbúðahverfum með hefðbundnum aðgerðum (hliðum og hraðahindrunum). Heildarkostnaður við þær framkvæmdir er áætlaður um 50 millj. kr. og er áætlun um gerð 30 km hverfa nú vel á veg komin. Auk þessara aðgerða var unnið að bættu öryggi á gönguleiðum skólabarna að sex grunnskólum borgarinnar og er heildarkostnaður við þessar aðgerðir áætlaður um 25 millj. kr. Samtals hefur því á árinu 2005 verið varið um 135 millj. kr. sérstaklega til þessa málaflokks.

4.2.2 Seltjarnarneskaupstaður.

Helstu aðgerðir sem unnið var að á síðastliðnu ári til þess að auka öryggi vegfarenda í bæjarfélaginu voru þær að aukin áhersla var lögð á að vera úti í umferðinni með færanlegan hraðamæli sem upplýsir ökumenn um á hvaða hraða þeir aka. Virðist notkun hans gefa góða raun. Á árinu 2005 var unnið að almennu viðhaldi og endurbótum á umferðarmerkjum, gatnamálun og ýmsum lagfæringum á gatna- og göngustígakerfinu til aukins öryggis fyrir vegfarendur. „Öryggi barna allra ábyrgð“ er árlegt verkefni sem framkvæmt hefur verið tvisvar á ári, að haustlagi og síðla vetrar. Um er að ræða samstarf við Mýrarhúsaskóla, for-

eldrafélag skólans, íþrótta- og æskulýðsráð og Slysavarnadeild kvenna á Seltjarnarnesi um hvernig örva megi á öruggan hátt börn á Seltjarnarnesi til að ganga frá heimili sínu í skólann á morgnana.

Ótalinn er hér þáttur lögreglunnar eða félagasamtaka við störf að umferðaröryggi í bæjarfélaginu. Þess má geta að í gegnum árin hefur verið fátt um alvarleg óhöpp í umferðinni á Seltjarnarnesi og ekki hægt að benda á sérstaka staði með hárri slysatíðni.

4.2.3 Kópavogsbær.

Árið 2001 var samþykkt áætlun um 30 km aðgerðir í íbúðahverfum í Kópavogi. Á árinu 2005 hafði að mestu verið uppfyllt það markmið að 30 km hámarkshraði væri í öllum húsagötum í bæjarfélaginu. Helstu verkefni síðasta árs voru uppsetning þrenginga þar sem ekið er inn á 30 km svæði í Vatnsendahverfi. Jafnframt voru settar níu hellulagðar upphækkanir með gangbraut í hverfinu. Í eldri hverfum bæjarins voru settar upp fjórar hraðahindranir.

Árið 2004 var gerð ný úttekt á umferðaröryggi í bæjarfélaginu. Á grundvelli hennar voru samþykktar tillögur um aðgerðir til að auka umferðaröryggi á nokkrum stöðum og hófust framkvæmdir við þær aðgerðir á árinu 2005. Áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki á árinu 2006.

4.2.4 Garðabær.

Helstu aðgerðir í umferðaröryggismálum á liðnu ári var rekstur færanlegs hraðaviðvörunartækis sem segir ökumönnum til um aksturshraða þeirra, en skráir hann ekki.

Vegna kvartana um mikinn umferðarhraða var ráðist í tölfræðilega marktækar hraðamælingar með radar og niðurstöðurnar notaðar til ákvarðanatöku um hraðahindrandi aðgerðir. Niðurstöðunum hefur einnig verið miðlað til lögreglunnar. Settar hafa verið allmargar hraðahindranir, einkum í safngötum nálægt íbúðabyggð. Einnig á gatnamótum nýrrar gönguleiðar að nýjum Sjálandsskóla. Gert var hringtorg, sem aðkoma að nýjum Sjálandsskóla, og undirgöng undir Vífilsstaðaveg við nýjan Sjálandsskóla. Gert var hringtorg í samvinnu við Vegagerðina á gatnamótum Arnarnesvegar/Bæjarbrautar/Fífuhvammsvegar til að leysa umferðarvandamál þar. Haldið var áfram vinnu við gerð göngustíga í bænum til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Lokið var vinnu við úttekt á hægri forgangi í bænum. Auk þessa voru ýmsar smærri aðgerðir í umferðarmálum.

4.2.5 Hafnarfjarðarbær.

Árið 2000 var samþykkt áætlun um gerð 30 km hverfa í Hafnarfirði og hefur síðan verið unnið markvist að uppbyggingu þeirra. Helstu verkefni síðasta árs voru áframhaldandi vinna við að gera Suðurbæinn að 30 km hverfi, ný hringtorg á gatnamótum Arnarhrauns og Reykjavíkurvegar, sem og gatnamótum Herjólfsgötu og Vesturgötu, bætt umferðaröryggi í Hlíðarbergi og Vesturgötu, unnið að nýjum hraðahindrandi aðgerðum, ásamt ýmsum lagfæringum á gatnakerfinu. Á síðasta ári var lokið við breytingar á Reykjanesbraut frá Kaplakrika fram fyrir Hvammabraut, en samhliða breytingum í gatnakerfinu var gert átak í göngu- og hjólaleiðum við brautina. Á síðasta ári var haldin sérstök umferðarvika í Hafnarfirði, en efnt hefur verið til umferðarviku í Hafnarfirði allt frá árinu 1999, með víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í bænum.

4.2.6 Reykjanesbær.

Sérstakt umferðaröryggisátak var viku áður en skólar hófust haustið 2005, farið var í skólana með fræðslu um öryggismál. Farið yfir gangbrautir og annað aðgengi og stóð þetta átak

yfir í fjórar vikur. Þá voru settir upp fánar á ljósastaura og fánar á skólabíla til áréttingar á átakinu. Svæði með 30 km hámarkshraða voru sett við alla skóla, leikskóla, sundlaugar og íþróttahús. Einnig hefur miðbærinn verið hannaður frekar fyrir gangandi vegfarendur og þungaumferð þar bönnuð. Hraðahindrandi aðgerðir til viðbótar voru eftirfarandi: sex hringtorg, tuttugu hraðahindranir og fimm þrengingar. Umferðarbreyting var gerð í Höfnum í samvinnu við Vegagerðina þannig að þjóðvegur út á Reykjanes var færður út fyrir byggðarlagið. Að síðustu má nefna að komið hefur verið upp æfingasvæði fyrir verðandi ökumenn bifreiða og bifhjóla.

4.2.7 Mosfellsbær.

Á árinu var framhaldið hraðatakmarkandi aðgerðum í íbúðahverfum, en Mosfellsbær samþykkti á árinu 2003 að hámarkshraði í íbúðabyggð skyldi vera 30 km/klst. og að unnið yrði á næstu þremur árum, þ.e. 2004, 2005 og 2006, að uppsetningu á hraðahindrunum og uppsetningu á skiltum í samræmi við úttekt og tillögur frá Línuhönnun.

Jafnframt var unnið við niðurtektir á gangstéttum þar sem farið er yfir götur til að bæta öryggi fatlaðra og hjólreiðafólks. Unnið hefur verið markvisst að því á síðustu fimm árum og er ástandið orðið nokkuð gott á fjölförnustu leiðum að og frá skólum og miðbæ.

Gerð var úttekt á helstu óhappastöðum í bænum miðað við óhöpp á síðustu tíu árum samkvæmt gögnum frá Umferðarstofu. Óhöpp í Mosfellsbæ hafa verið frá 30–94 á ári síðustu tíu árin. Lítið hefur verið um alvarleg slys, eða frá engu til fjögurra á ári. Þrjú banaslys urðu á tímabilinu og öll á Vesturlandsvegi. Flest óhöpp eru á Vesturlandsvegi.

4.2.8 Akraneskaupstaður.

Umferðarmannvirki:

Í samstarf við Vegagerðina var ráðist í gerð nýs hringtorgs á mótum Innnesvegar og Garðagrundar með nýrri tengingu inn í Flatahverfi.

Minnkun leyfðs hámarkshraða:

Tekin var ákvörðum um að minnka leyfðan hámarkshraða við grunnskóla bæjarins og í völdum íbúðahverfum og verður ákvörðuninni komið til framkvæmda árið 2006.

Aðgerðir í nágrenni skóla:

Við upphaf skólastarfs á haustdögum 2005 voru áletraðir borðar hengdir upp í grennd við grunnskóla bæjarins þar sem athygli ökumanna var vakin á umferð skólabarna. Jafnframt var lögð sérstök áhersla á gangbrautamerkingar.

Stæði fyrir flutningabíla og vinnuvélar:

Nokkuð hafði borið á því að bifreiðarstjórar vörubifreiða og vinnuvéla legðu ökutækjum sínum í íbúðahverfum, þrátt fyrir að lögreglusamþykkt banni slíkt. Lögregla taldi sig eiga erfitt með að framfylgja banninu þar sem ekki væri hægt að benda á viðeigandi geymslustað fyrir slík farartæki. Útbúið var sérstakt bílastæði á iðnaðarsvæði í bænum þannig að unnt yrði að framfylgja gildandi reglum og þannig dregið úr ónauðsynlegri umferð stórra farartækja um íbúðargötur.

4.2.9 Ísafjarðarbær.

Ísafjarðarkaupstað er hálfpartinn skipt í tvennt. Annars vegar er eyrin og hlíðin fyrir ofan hana og svo hins vegar byggð í botni Skutulsfjarðar, Holtahverfi og nýtt hverfi, Tunguhverfi, sem er í u.þ.b. 3 km fjarlægð frá eyrinni. Síðastliðið sumar var lagður göngustígur frá Holtahverfi að Eyrinni þannig að hjólandi og gangandi umferð er ekki lengur um Skutulsfjarðarbraut sem er þjóðvegur 61.

Lagfærð voru gatnamót Aðalstrætis/Mjósunda/Pollgötu. Pollgata er þjóðvegur í þéttbýli, sem mikil þungaumferð fer um. Fyrir voru gatnamót Aðalstræti/Pollgata og Mjósund/Pollgata, sem voru með stuttu millibili. Gatnamótin Aðalstræti/Pollgata voru mjög óheppileg þar sem Aðalstræti kom ekki inn á Pollgötuna með 90° horni. Gatnamótunum var breytt þannig að nú kemur Aðalstræti inn í Mjósund og Mjósund inn á Pollgötu. Gatnamótin voru víkkuð og radíusar stækkaðir, og gert er ráð fyrir dropa til að aðgreina umferð enn frekar. Inni í Tunguhverfi er verið að byggja upp nýtt hverfi. Þar er einnig iðnaður, verslun og bensínstöð. Gatnamótin voru víkkuð, settur dropi á Tungubraut við Skutulsfjarðarbraut og verið er að vinna við lýsingu á þessu svæði. Ákveðið hefur verið að breyta gatnamótum Fjarðarstrætis/Sólgötu/Eyrargötu, (Hrannargata). Þessi gatnamót eru svo gott sem krossgatnamót. Umferð frá Hnífsdal og Bolungarvík fer um þessar götur. Umhverfisnefnd hefur samþykkt að breyta þessum gatnamótum á þann hátt að Fjarðarstrætið verður einstefna og Eyrargata verður botnlangi. Við þessa framkvæmd var Fjarðarstrætið fært til um hálfa breidd sína.

4.2.10 Sveitarfélagið Skagafjörður.

Í tengslum við vinnu við gerð aðalskipulags fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð 2005–2017, sem nú er á lokastigi, er markvisst unnið að flokkun gatnakerfisins og skráningu á óhöppum og slysum. Í undirbúningi er að gera öll íbúðarsvæði í þéttbýli að 30 km svæðum, en það hefur ekki enn komið til framkvæmda. Helstu úrbætur á gatnakerfinu hvað varðar umferðaröryggi hafa falist í betri merkingu gatna og gatnamóta og bættri aðkomu að bílastæðum. Markvisst hefur verið unnið að gerð göngustíga og gangbrauta á þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins til þess að aðskilja sem mest gangandi umferð frá þeirri vélknúnu. Þá er yfir vetrartímann stöðugt aukinn snjómokstur og hreinsun á götum og gangbrautum til að stuðla að auknu öryggi í umferðinni.

4.2.11 Akureyrarbær.

Umferðaröryggisáætlun fyrir Akureyri hefur ekki verið gerð, en bærinn er markvisst að gera íbúðahverfi að 30 km hverfum og er áætlað til þeirra framkvæmda 15 millj. kr. á hverju ári. Til stendur að ljúka hönnun 30 km hverfa nú í vetur og er þá hægt að ljúka þessari áætlun í framhaldi að þeirri hönnun.

4.2.12 Fjarðabyggð.

Áfram hefur verið unnið að úrbótum til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Er það gert með þrengingum og betri afmörkun gatnamóta, lagfæringu á gangstéttum, merkingum og bættri lýsingu. Umferðarsamþykkt Fjarðabyggðar frá 2000 hefur verið tekin upp og endurbætt. Þar er m.a. gert ráð fyrir bættum merkingum, minnkun á leyfðum hámarkshraða í húsagötum niður í 30 km á nokkrum götum til viðbótar þeim sem fyrir voru með slíka takmörkun og ýmsum fleiri úrbótum til að auka öryggi í umferðinni. Vinnulag við snjómokstur er í endurskoðun og þar á að leggja áherslu á betri snjóhreinsun og hálkueyðingu gangstétta til að auðvelda umferð gangandi vegfarenda.

Sett hefur verið upp hraðaviðvörunarskilti með blikkljósi við innkeyrslu að þéttbýlinu á Reyðarfirði þegar komið er úr austri. Hringtorg sem sett var við innkeyrslu að þéttbýlinu úr vestri í tengslum við gerð hjáleiðar hefur dregið mjög úr hraðakstri þar.

Fyrir liggur að gera úttekt á götulýsingu við innkeyrslur í alla þéttbýliskjarna Fjarðabyggðar.

4.2.13 Vestmannaeyjabær.

Helstu aðgerðir til að auka umferðaröryggi í Vestmannaeyjabæ árið 2005 voru eftirfarandi: Unnið var að því að auka öryggi gangandi vegfarenda með því að leggja áherslu á betri stíga og lýsingu þeirra. Unnið var að því að lagfæra umferðarmerkingar þar sem það átti við. Víða um bæinn var unnið að lagfæringum á götum, ýmist með því að lagfæra holur eða leggja yfirlag, hraðatakmarkandi aðgerðir voru á stöku stað. Samstarf bæjarins við verktaka og lögreglu var bætt vegna merkinga við vinnusvæði og annarra umferðaröryggismála. Sérstakur vinnuhópur var skipaður um umferðarmál og hefur hann skoðað helstu hættusvæðin í umferðinni og komið með tillögur um að minnka leyfðan hámarkshraða í íbúðahverfum og við skóla.

Umferðarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Umferðarstofu kom á staðinn og fór yfir tillögur vinnuhópsins um umferðarmál, og verður unnið að því að koma tillögunum í framkvæmd á næstu missirum.

4.2.14 Sveitarfélagið Árborg.

Undanfarin ár hefur verið unnið að umferðarskipulagi fyrir Selfoss. Árið 2005 var verkefnið víkkað út og nær núna auk þess til þéttbýlisstaðanna við ströndina, þ.e. Eyrarbakka og Stokkseyrar. Fyrir liggur tillaga að umferðarskipulagi fyrir þessa þéttbýlisstaði. Tillagan hefur verið tekin til umfjöllunar í umferðarnefnd sveitarfélagsins og leitað hefur verið eftir áliti hagsmunaaðila eins og lögreglu, ökukennara og framkvæmda- og veitusviðs. Einnig hefur vinnuhópur umferðarnefndar, sem samanstendur af tveimur fulltrúum úr nefndinni og yfirlögregluþjóni, yfirfarið tillögurnar og sent frá sér álit. Nú liggur fyrir álit hagsmunaaðila og hefur umferðarnefndin fjallað um tillöguna og þær athugasemdir sem komnar eru frá hagsmunaaðilum. Stefnt er að því að afgreiða tillögu að nýju umferðarskipulagi fyrir sveitarfélagið til bæjarstjórnar í marsmánuði 2006. Þegar umferðarskipulagið verður samþykkt endanlega í bæjarstjórn Árborgar verður því væntanlega hrint í framkvæmd í áföngum, með tímasettri framkvæmdaáætlun. Skipulagið tekur á umferðaröryggismálum eins og hraðahindrunum, 50 km götum, 30 km götum o.fl., þannig að eftir því sem framkvæmd þess miðar áfram má gera ráð fyrir því að umferðaröryggi aukist í sveitarfélaginu. Á árinu 2005 var unnið að gerð nokkurra hraðahindrana og voru þær staðsettar í samræmi við fyrirliggjandi skipulagstillögur. Einnig hefur verið skilgreind og gerð 30 km gata við nýjan skóla á Selfossi, Sunnulækjarskóla.

4.3 Vátryggingafélög.

4.3.1 Samband íslenskra tryggingafélaga.

Samband íslenskra tryggingafélaga hefur venju samkvæmt komið að ýmsum verkefnum á síðasta ári, sem hafa að markmiði að auka öryggi í umferðinni og fækka slysum. Áhersla að þessu sinni hefur verið lögð á öryggi hjólreiðamanna og hjálmanotkun þeirra, auk áróðurs gegn ölvunarakstri og hraðakstri. Þá hefur allmikilli vinnu verið varið í að hlutast til um að reglum sé fylgt er snúa að öryggi ökutækjanna sjálfra, t.d. varðandi skráningar-, vátryggingar- og skoðunarskyldu ökutækja, en í því efni er pottur brotinn. Af hálfu Sambands íslenskra tryggingafélaga er á næstunni ætlunin að leggja sérstaka áherslu á styrkingu ökunámsins hér á landi og fræðslu ungra ökumanna.

4.3.2 Sjóvá.

Haldin voru námskeið um land allt fyrir ökumenn á aldrinum 17–20 ára, með mjög góðum árangri. Tjónatíðni var að meðaltali þrefalt minni hjá þeim sem mæta og óhöpp þeirra yfirleitt

minni háttar. Aukin áhersla var á árinu 2005 á að auka umferðaröryggi innan fyrirtækja með fundum, námskeiðum, stormviðvörunum og fleiri leiðum. Sjóvá tekur á móti nemendum úr ökuskólum víða um land og kemur að fræðslu til aukinna ökuréttinda með ýmsum hætti. Heimsóttir eru margir skólar þar sem umferðarfræðsla er val í 10. bekk, yngri bekkir hafa verið heimsóttir og boðið upp á fræðslu tengda reiðhjólum og hjálmanotkun. Fjöldi framhaldsskóla var heimsóttur og aðallega komið inn í lífsleiknikennsluna á fyrsta ári með umferðartengda fræðslu. Sjóvá var í samstarfi við lögregluna og Landssamband íslenskra vélsleðamanna (LÍV) um fækkun slysa á vélsleðum og um nauðsyn þess að hafa sleðana skyldutryggða. Samstarf var við Brautina, bindindisfélag ökumanna, um ökuleikni milli framhaldsskólanema. Skólarnir voru heimsóttir og fundir haldnir með nemendum um umferðarmál. Öflug fræðsla er á heimasíðu félagsins fyrir ýmsa hópa vegfarenda.

Veltibíllinn er í eigu Sjóvár, Brautarinnar og Umferðarstofu. Sjóvá hefur nýtt veltibílinn vel til fræðslu og boðið hópum að prófa, bæði í Tjónaskoðunarstöðinni og víða um land. Starfsmenn Brautarinnar hafa haft umsjón með bílnum.

Reglulega hefur Sjóvá vakið athygli vegfarenda á ýmsum vanda í umferðinni, svo sem að tala í síma án handfrjáls búnaðar, of stuttu bili milli bíla, búnaði bíla, ölvunarakstri o.fl.

Samstarf var við ÍTR um fræðslu fyrir hjólreiðamenn. Lögð var áhersla á reglur og hjálmanotkun. Efnt var til forvarnadaga vítt og breitt um landið þar sem m.a. var bent á varhugaverða staði, fundir haldnir með eldri borgurum o.fl. Þúsundir endurskinsvesta voru afhentar í leikskólum víða um land til vettvangsferða með leikskólabörn.

Sjóvá hefur undanfarin ár gefið endurskinsmerki, en notkunin verið sáralítil. Því voru útbúin smellibönd sem auðveld eru í notkun og krökkum þykja flott. Auk ofangreindra verkefna hefur fjöldinn allur af smærri verkefnum verið unninn, svo sem svartblettagreining o.fl.

4.3.3 Tryggingamiðstöðin hf.

Á árinu 2005 stóð TM fyrir fjölda fræðslufunda hjá fyrirtækjum þar sem umferðaröryggismál voru sett á oddinn. Naut félagið þar liðsinnis Snorra Bjarnasonar ökukennara sem er í hópi reyndustu manna landsins á þessu sviði. Sérstök áhersla var lögð á fræðslu fyrir fyrirtæki á sviði þungaflutninga, en sem kunnugt er hafa slíkir flutningar aukist mikið á þjóðvegum landsins undanfarið. Í þessu samhengi má nefna að TM hafði frumkvæði að því að koma á samstarfi Flytjanda og Veðurstofunnar þar sem Veðurstofan útvegar nú Flytjanda daglega veðurspár sem sérstaklega eru útfærðar með tilliti til þeirra leiða sem bílar á vegum fyrirtækisins aka. Þetta verkefni er í þróun, í samstarfi við Símann, og eru bundnar miklar vonir við að þessar upplýsingar muni í nánustu framtíð auka öryggi vegfarenda til mikilla muna.

Þá átti félagið farsælt samstarf við önnur þungaflutningafyrirtæki m.t.t. þess að bæta akstursslag atvinnubílstjóra. Að venju styrkti félagið með fjárframlögum ýmsa aðila sem láta sig umferðaröryggi varða en einnig má geta þess að félagið hefur átt gott samstarf við aðila sem tryggt hafa viðskiptavinum félagsins aðgang að barnabílstólum af bestu gerð, bæði til leigu og kaups.

Þessu til viðbótar má geta umferðarátaks með Flytjanda um verslunarmannahelgina þar sem áhersla var lögð á að glaðir ökumenn væru betri ökumenn. Í því skyni stóð TM ásamt Flytjanda að flutningi 20 gamansagna eða brandara í útvarpi yfir þessa mestu umferðarhelgi ársins til að létta geð ökumanna.

Loks gaf TM viðskiptavinum sínum endurskinsmerki sl. haust til að auka sýnileika yngstu þátttakendanna í umferðinni og þeirra sem eru á ferðinni þegar rökkva tekur.

4.3.4 Vátryggingafélag Íslands hf.

VÍS hélt fjölmarga umferðarfundi meðal nýnema í framhaldsskólum landsins árið 2005. Þar var fjallað um afleiðingar umferðarslysa fyrir ungt fólk í máli og myndum. Auk þess heldur VÍS opna umferðarfundi í þjónustumiðstöð félagsins á tveggja vikna fresti í samstarfi við þrjá af stærstu ökuskólum landsins. Þá heimsækir félagið eldri borgara og fjallar um tjóna- og slysavarnir.

Yngstu bekkir grunnskóla og elstu börn leikskóla heimsóttu VÍS á árinu og fengu fræðslu um öryggi í umferð. VÍS gekkst á árinu fyrir nokkrum fundum með þungaflutningabílstjórum, auk þess sem boðið er upp á umferðaröryggisfræðslu í fyrirtækjum sem tryggð eru hjá félaginu.

Árið 2005 boðaði VÍS til þjóðarátaks gegn umferðarslysum og birti m.a. sérstakar forvarnaauglýsingar í fjölmiðlum. Forvarnafulltrúi VÍS var reglulegur gestur í morgunsjónvarpi Stöðvar 2 og helgarútvarpi Rásar 2, þar sem fjallað var um umferðaröryggismál.

VÍS leigir út einhverja öruggustu barnabílstóla sem völ er á í heiminum, og veitir reglulega ráðgjöf og fræðslu um þá.

Árið 2005 stóð VÍS fyrir tilraunaverkefni um þriggja mánaða skeið meðal ungra ökumanna sem notuðu Saga-ökuritann. Það var í fyrsta skipti hér á landi sem kannaður var árangur slíks búnaðar meðal einstaklinga. Árangurinn var mjög góður, m.a. umtalsvert minni ökuhraði þátttakenda.

VÍS stóð fyrir sérstöku eftirvagnaátaki í vikunni fyrir verslunarmannahelgina í samstarfi við Frumherja þar sem boðið var upp á endurgjaldslausa skoðun á eftirvögnum og búnaði þeirra.

4.4 Ýmis félagasamtök.

4.4.1 Brautin – bindindisfélag ökumanna.

Meginþungi starfs félagsins á árinu 2005 var ökuleikni framhaldsskólanema. Um tilraunaverkefni var að ræða og voru heimsóttir tíu framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu, auk VMA á Akureyri og Menntaskólans á Egilsstöðum. Fyrir keppni var boðið upp á fræðslu þar sem athyglinni var beint að því hvernig er að vera nýliði í umferðinni, með sérstaka áherslu á áhrif áfengis. Alls tóku 65 nemendur þátt í undankeppnum og hefur um helmingur þeirra áunnið sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, sem haldin verður í ársbyrjun 2006. Verkefnið var unnið í samvinnu við Sjóvá, OgVodafone, Gámaþjónustuna, KSÍ og Heklu, sem lánaði bíl til verkefnisins.

Veltibíllinn var mikið notaður á árinu og var stór stund þegar nýr bíll var afhentur 5. október. Við sama tækifæri var fyrsti íslenski veltibíllinn afhentur Samgönguminjasafninu á Skógum. Þá var bíll númer tvö nýttur til þess að vekja athygli á aftanákeyrslum með því að láta hann falla úr krana. Þannig var líkt eftir árekstri á 50 km hraða.

Í desember var svo athygli vakin á óáfengum drykkjum þar sem kaffibarþjónar kynntu Baróninn, hátíðardrykk 2006.

4.4.2 Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda er aðili að EuroRAP, sem eru fjölþjóðleg samtök bifreiðaeigendafélaga og vegayfirvalda. EuroRAP-verkefnið er byggt á samvinnu neytenda, vegagerða og hönnuða um flokkun vega og stjörnugjöf út frá öryggi. Stjörnugjöfin er unnin með sjónrænni athugun á samgöngumannvirkjum og umhverfi vega, að teknu tilliti til umferðarhraða, umferðarþunga og slysagagna. EuroRAP er systurverkefni EuroNCAP. Á árinu 2005

var unnið að innleiðingu EuroRAP á Íslandi. Búið er að tækjavæða nýjan bíl og sækja nokkra fundi sérfræðinga EuroRAP.

Umferðaröryggismál voru veigamikill efnisþáttur í FÍB-blaðinu. Þrjú tölublöð voru gefin út árið 2005 í um 17 þúsund eintökum hvert. Á heimasíðu FÍB eru umferðaröryggismál reglulega til umfjöllunar. Á liðnu ári var oft vitnað í umferðaröryggisefni FÍB í öðrum fjölmiðlum.

Námskeið um akstur erlendis, þar sem m.a. er fjallað um umferðarreglur og umferðarmenningu, eru reglulegur þáttur í starfsemi FÍB.

Skrifstofa FÍB miðlar upplýsingum um akstur og umferðaröryggi á Íslandi til erlendra systurklúbba og til FIA, alþjóðasamtaka bifreiðaeigenda.

4.4.3 Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Félagið var með umferðarfulltrúa sem starfaði allt árið. Hann vann að almennu umferðaröryggi, m.a. með fræðslu, könnunum, samstarfi við aðra o.fl. Um sumarið skoðaði hann hálendið m.t.t. öryggis þeirra sem um það fara.

Árleg könnun um öryggisbúnað barna í bílum var gerð, skoðaður fjöldi jeppa í umferð, beltanotkun ökumanna o.fl. Margar slysavarnadeildir félagsins unnu að auknu öryggi í heimabæ sínum, eins og að gefa endurskinsmerki, halda hjóladag, gefa hjálma, gera kannanir o.fl.

Fræðsluefni sem til er hjá félaginu tengt umferðarmálum:

- Námsefni í lífsleikni fyrir 4., 5. og 6. bekk sem byggist á sex þemaheftum og er eitt þeirra um umferðina.
- *Núm á ferð og flugi* og *Lært og leikið með Núma*, brúðusýning og námsefni fyrir leikskólabörn og börn í 1. og 2. bekk grunnskólans þar sem m.a. er komið inn á umferð.
- Bæklingur „Have a safe journey“ um öryggi ferðamanna þar sem m.a. er komið inn á umferðina. Bæklingurinn er á þremur tungumálum og á sex tungumálum á netinu.
- Bæklingurinn *Hjólreiðar*, fyrir börn og foreldra þeirra.
- Bæklingurinn *Hlífðu þér*, um hlaupahjól, línuskauta og hjólabretti, fyrir börn og foreldra þeirra.
- Bæklingur um vélsleðaöryggi.
- Veggspjald um banaslys erlendra ferðamanna á sex tungumálum.
- Öryggishandbók fyrir ferðalanga um flest það sem við kemur bifreiðum og ferðalögum tengdum þeim.
- Bæklingurinn *Örugg efri ár*, ætlaður öldruðum í umferðinni.
- Ýmsir fyrirlestrar fyrir grunnskóla tengdir umferð sem starfsmenn félagsins halda.

4.4.4 Ökukennarafélag Íslands.

Ökukennarafélagið hefur sem fyrr haft á boðstólum kennsluefni fyrir öll stig ökunáms. Kennslubók til almennra ökuréttinda býðst jafnframt sem margmiðlunardiskur. Einnig lét félagið semja nýja kennsluskrá fyrir ökuskóla til aukinna ökuréttinda.

Áfram hefur verið unnið að markaðssetningu vistakstursnámskeiða fyrir ökumenn. Mikið hefur áunnist og hafa mörg fyrirtæki sem stunda fólksflutninga og fyrirtæki með stóran bílaflota sent ökumenn sína á slík námskeið. Telja bæði fyrirtækin og ökumennirnir sjálfir að námskeiðin hafi skilað miklum árangri, m.a. í auknu umferðaröryggi sem afleiðing af vistakstursmenningu ökumanns.

Félagið hefur haldið nokkur slík námskeið fyrir ökukennara „Sálræn skyndihjálp í ökukennslu“, með leiðbeinendum frá RKÍ og „Nýjungar í bíltækni og Kraftar og hemlun“, með leiðbeinanda frá Fræðslumiðstöð Bílgreinasambandsins.

Þá hefur félagið gerst virkur aðili að Evrópusambandi ökukennara, EFA, og bætist það starf við margra ára norrænt samstarf.

Félagið hefur unnið markvisst að því að aksturskennslusvæði verði að veruleika á Íslandi. Félagið er tilbúið að standa fyrir uppbyggingu og fjármögnun slíks svæðis strax og yfirvöld hafa gert ráðstafanir til að tryggja rekstrargrundvöllinn.

Fylgiskjal I.

Samanburður á fjölda látinna í umferðinni miðað við 100.000 íbúa í nokkrum viðmiðunarlöndum 1970–2005.



Traffic deaths per 100,000 population in individual representations since 1970

Source: IRTAD 30/2005

Heimild: IRTAD-International Road Traffic and Accident Database (Alþjóðlegur grunnur með upplýsingum um umferð og slys á vegum): Gagnagrunnurinn er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Fylgiskjal II.

Samanburður á fjölda látinna í umferðinni miðað við 1 billjón ekna kílómetra í nokkrum viðmiðunarlöndum frá 1970.



Traffic deaths per 1 billion vehicle kilometres in individual representations since 1970

Source: IRTAD 30/2005

Heimild: IRTAD-International Road Traffic and Accident Database (Alþjóðlegur grunnur með upplýsingum um umferð og slys á vegum): Gagnagrunnurinn er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

1402. Breytingartillaga [668. mál]

við frv. til l. um landmælingar og grunnkortagerð.

Frá Merði Árnasyni.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Gjaldskrá um sölu á þjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. og afgreiðslu gagna skv. 3. tölul. 1. mgr. skal taka mið af kostnaði við þjónustuna og framkvæmd einstakra verkefna þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst. Gjaldskrá um afnot af efni og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 1. tölul. 1. mgr., skal taka mið af þeim kostnaði sem til fellur við varðveislu efnisins og afgreiðslu þess.

1403. Nefndarálit [731. mál]

um frv. til l. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru af meiri hlutanum við afgreiðslu málsins úr nefnd til annarrar umræðu. Haldinn var fundur utan hefðbundins fundartíma og var það skilningur minni hlutans að til þess fundar væri boðað til þess að ljúka móttöku gesta áður en efnisleg umræða hæfist um málið í nefndinni. Þegar síðasti gesturinn hafði kvatt kynnti formaður nefndarinnar breytingartillögur frá meiri hlutanum og tilkynnti nefndarmönnum að málið yrði afgreitt úr nefnd þennan sama dag. Óskuðu fulltrúar minni hlutans þá eftir því að fá að kalla nokkra aðila fyrir nefndina aftur til að ræða breytingartillögurnar en þeirri ósk var hafnað af formanni nefndarinnar. Telur minni hlutinn þessi vinnubrögð ámælisverð af því að það er hlutverk þingnefnda að fara vel yfir mál áður en þau eru afgreidd til umræðu. Ljóst er að nánast allir umsagnaraðilar settu fram verulega gagnrýni á frumvarpið og fjölmargir þeirra óskuðu eftir því að málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi sökum þess hversu gallað það væri. Við þessari ósk varð meiri hlutinn ekki heldur kaus að afgreiða það úr nefndinni með hraði og í ósamkomulagi við aðra nefndarmenn.

Við yfirferð nefndarinnar hafa komið fram verulegar athugasemdir við frumvarp þetta. Nánast allir gestir sem komið hafa fyrir nefndina hafa gagnrýnt málið harðlega, sem og þeir sem hafa sent nefndinni umsagnir. Minni hlutinn hefur í störfum nefndarinnar einnig gert grein fyrir verulegum efasemdum um að stigið sé heillavænlegt skref með því að steypa saman Byggðastofnun og rannsóknaraðilum, auk þriggja sjóða í Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá telur minni hlutinn það einkennilegt að ekki skuli vera nein skilgreind kjarnastarfsemi hjá stofnuninni en skv. 2. gr. frumvarpsins getur Nýsköpunarmiðstöðin „úthýst“ allri starfsemi sinni. Það undirstrikar enn frekar á hversu veikum grunni frumvarpið er byggt og hversu óljós markmið stofnunarinnar eru. Minni hlutinn er andsnúinn frumvarpinu eins og það er sett fram, telur að málið sé vanreifað og leggur til að því verði vísað frá og það unnið á ný frá grunni.

Forsaga málsins.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var í rúmt ár unnið skipulega að því að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun. Í september á síðasta ári var þeirri vinnu lokið. Á þeim tíma sem leið frá því að þeirri vinnu lauk og þar til frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð Íslands kom fram hefur Byggðastofnun og þrír sjóðir, Byggðasjóður, Tækniþróunarsjóður og Tryggingarsjóður útflutnings, verið tekin með í fyrirhugaða sameiningu án nokkurra skýringa. Í viðtölum iðnaðarnefndar við þá gesti sem komu frá áður nefndum rannsóknastofnunum kom fram að ekkert samráð var haft við þá sem unnu að sameiningu þessara tveggja stofnana þegar sú ákvörðun var tekin að hafa sjóðina og Byggðastofnun með í sameiningunni. Í ljós kom einnig að enginn þeirra gesta sem til nefndarinnar komu hafði nokkra vitneskju um annað en að einungis stæði til að sameina rannsóknastofnanirnar tvær. Þessi viðbót virðist því hafa dottið af himnum ofan og gerbreytir öllum forsendum sameiningarinnar. Minni hlutinn undrast þessi vinnubrögð og vandséð er hvað fyrir ráðherra og meiri hlutanum vakir.

Samráð nauðsynlegt.

Það er skoðun minni hlutans að efla þurfi tæknirannsóknir og stuðning við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Það er þó alveg ljóst að slíkt verður að gera í samráði við þá aðila sem munu nýta sér stuðning ríkisvaldsins svo almennilegt gagn verði að. Það kom skýrt fram í vinnu nefndarinnar að enginn þeirra gesta eða umsagnaraðila sem starfa að byggðamálum, við rannsóknir eða hjá nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sá neitt í þessu frumvarpi sem styrkti aðkomu ríkisvaldsins að þessum efnum umfram núverandi fyrirkomulag. Þvert á móti komu fram verulegar áhyggjur af því að verði frumvarpið að lögum gæti það haft slæm áhrif á þróun þessara mála. Þó ber að nefna að allgóð sátt virtist vera orðin um fyrirhugaða sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar Íslands. Enda hafði verið vandað til undirbúnings hennar, eins og áður er getið. Minni hlutinn telur að miklir kostir geti falist í því að byggja upp öflugar rannsóknareiningar sem eru í góðum tengslum við háskóla landsins og að byggja beri upp öflugar rannsóknareiningar þvert á ráðuneyti og í samræmi við atvinnulífið. Því er það miður að málið sé komið í þennan umdeilda farveg.

Engin stjórn – pólitískt skipaður forstjóri.

Minni hlutinn gagnrýnir það stjórnskipulag sem stofnuninni er ætlað. Samkvæmt frumvarpinu skipar iðnaðarráðherra forstjóra sem fer með öll völd án þess að stjórn sé skipuð yfir stofnuninni. Er hér um beina pólitíska stjórnun á stofnuninni að ræða. Var þetta gagnrýnt af nokkrum umsagnaraðilum og gestum sem fyrir nefndina komu. Lýstu gestir undrun sinni á því að ekki væri fagleg stjórn yfir slíkri stofnun þar sem atvinnulífið og háskólarnir skipuðu fulltrúa sína. Pólitísk stjórn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er því afar óheppileg og getur gert stofnunina ótrúverðuga en þar eiga að fara fram óháðar rannsóknir. Þetta fyrirkomulag er í engu samræmi við nútímalega stjórnunarhætti rannsóknastofnana. Athyglisvert er að ekkert skipurit er til fyrir hina væntanlegu stofnun og líklega er miklum erfiðleikum bundið að setja slíkt skipurit upp.

Byggðastofnun lögð niður – hlutur byggðamála óljós.

Minni hlutinn telur að sá hluti sem snýr að byggðamálum sé óljós og illa komið fyrir í frumvarpinu. Minni hlutinn er andvígur þeirri leið sem farin er í frumvarpinu þar sem málefnum sem snúa beint að byggðaþróun og stuðningi við dreifðari byggðir landsins er blandað saman við uppbyggingu rannsókna og nýsköpunarstarf sem heyra undir iðnaðarráðuneytið og öllu steypt saman í eina stofnun. Byggðamál eru þverfagleg og snýr byggðaþróun að mun fleiri þáttum en eingöngu þróun atvinnumála á sviðum nýsköpunar og tæknirannsókna. Minni hlutinn telur að farin sé vafasöm krókaleið að því að leggja niður Byggðastofnun með frumvarpi þessu og afar óljóst hvernig verkefnum hennar verður komið fyrir í nýrri stofnun. Minni hlutinn telur alveg ljóst að skýr teikn séu á lofti um að báðar þær stoðir sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, þ.e. tæknirannsóknir og nýsköpun annars vegar og byggðamál hins vegar, muni veikjast verulega vegna þessarar ráðstöfunar og því sé ekki rétt að steypa þeim saman. Mikil hætta er á því að upp komi veruleg togstreita milli þeirra ólíku hlutverka sem stofnuninni eru ætlaðar. Sinnuleysi ríkisstjórnarinnar í byggðamálum verður ekki leyst með því að leggja niður Byggðastofnun, svo sem sem hér er gert ráð fyrir.

Fjölmargir aðilar sem fyrir nefndina komu og sendu inn umsagnir lýstu andstöðu sinni og verulegum efasemdum um að rétt væri að steypa Byggðastofnun inn í sameiningu rannsóknastofnananna tveggja svo sem gert er í frumvarpinu. Má þar m.a. nefna: Eyþing – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, stjórn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Alþýðusamband Íslands, Samband íslenskra

sveitarfélaga, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, stjórn Tæknifræðingafélags Íslands, stjórn Verkfræðingafélags Íslands og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Í umsögnum lýstu jafnframt fjölmargir þeirri skoðun sinni að sá hluti frumvarpins sem snýr að starfsemi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins væri skilmerkilegur en staða byggðamála í hinni nýju stofnun væri óljós. Undir þetta tekur minni hlutinn, frumvarpið ber þess skýr merki að málefnum byggðastofnunar var skellt með fljótfærnislegum og vanhugsuðum hætti inn í áður tilbúið og óskylt mál, þ.e. sameiningu rannsóknastofnana. Staða byggðamálanna innan stofnunarinnar og framkvæmd byggðaverkefna er með öllu óljós.

Atvinnuþróunarfélögin.

Aðkoma Nýsköpunarmiðstöðvar að starfsemi atvinnuþróunarfélaga sem rekin eru víða um land er óskýr í þessu frumvarpi. Er hér um að ræða eitt þeirra hlutverka sem Byggðastofnun hefur haft með höndum og ekki hefur verið hugsað fyrir í óðagotinu við að leggja stofnunina niður. Atvinnuþróunarfélögin hafa að hluta verið fjármögnuð með samstarfssamningum við Byggðastofnun en ekkert er getið um hvað verður um þá samninga þegar hún verður lögð niður. Atvinnuþróunarfélögin gegna mikilvægu hlutverki fyrir landsbyggðina og mikilvægt að tryggja þeim fjármagn. Þá er í frumvarpinu einungis getið um að samráð skuli haft við atvinnuþróunarfélög um staðbundna starfsemi en ekki hvernig samstarfi þeirra og Nýsköpunarmiðstöðvar skuli háttað að öðru leyti.

Ólík hlutverk.

Minni hlutinn telur það afar óheppilegt hvernig áðurnefndum samkeppnissjóðum er komið fyrir samkvæmt frumvarpinu. Hýsa á sjóðina hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands en samt skulu sérstakar stjórnir skipaðar yfir sjóðunum. Þetta fyrirkomulag er afar gagnrýnisvert af því að það er augljóst að séu samkeppnissjóðir hýstir undir sama þaki og rannsóknaraðilar sem sækja í sjóðina með sama hætti og rannsóknaraðilar utan stofnunarinnar getur skapast mikil tortryggni um úthlutanir sjóðanna. Gæti þetta valdið stofnuninni miklum ímyndarvanda og gert hlutverk hennar enn óskýrara. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta iðnaðarnefndar er Tækniþróunarsjóður tekinn út úr stofnuninni og er það vel. Engu að síður eru enn tveir sjóðir eftir innan stofnunarinnar, Byggðasjóður og Tryggingarsjóður útflutnings, verði frumvarpið að lögum.

Takmörkuð úrræði Byggðasjóðs.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að takmarka eigi heimildir Byggðasjóðs við að veita ábyrgðir á lán til starfsemi á landsbyggðinni. Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að einungis eigi að veita ábyrgðir á lán til endurnýjunar, þróunar, nýsköpunar, eigendaskipta, stofnunar fyrirtækja og fjárfestinga. Minni hlutinn telur að með þessu séu skertir möguleikar fyrirtækja á landsbyggðinni og alveg ljóst að þrengt sé verulega að aðgengi margra fyrirtækja, svo sem í sjávarútvegi, að þolinmóðu fjármagni. Byggðasjóður mun því ekki hafa möguleika á því að bregðast við byggðaþróun með beinum aðgerðum verði þetta frumvarp að lögum. Minni hlutinn telur heppilegra að fara fjölbreyttar leiðir í stuðningi við byggðir landsins í stað þess að einskorða heimildir sjóðsins við ábyrgðir á lán frá lánastofnunum.

Tækniþróunarsjóður – stuðningur við sprotafyrirtæki.

Minni hlutinn leggur áherslu á að veitt verði verulega aukið fé til Tækniþróunarsjóðs og hann efldur til muna frá því sem nú er. Þá vill minni hlutinn vekja athygli á því að fram kom í störfum nefndarinnar að úthlutanir til fyrirtækja úr sjóðnum eru einungis u.þ.b 16% en u.þ.b 84% fara til rannsóknastofnana ríkisins og háskólanna. Það er því alveg ljóst að efla verður stuðning við fyrirtæki sem stunda þróunar- og rannsóknarstarf. Margar leiðir eru færar í því sambandi og má þar m.a. nefna endurgreiðslur á rannsóknarkostnaði fyrirtækja. Það hefur verið gert með afar áhrifaríkum hætti, t.d. í Kanada og Noregi. Minni hlutinn leggur áherslu á að fyrirtæki á þessu sviði séu studd á þeim árum sem þau eru að byggjast upp. Miðað hefur verið við að það taki sprotafyrirtæki 10–15 ár að komast á legg. Þessi ár geta verið fyrirtækjunum verulega erfið á meðan uppbyggingin hvílir á þróuninni og hagstætt skattaumhverfi gagnast þeim ekki. Íslenskt atvinnulíf er því í varnarbaráttu til að missa þessi fyrirtæki ekki til landa þar sem umhverfi er þessum fyrirtækjum hagstæðara. Slík þróun yrði íslensku samfélagi afar þungbær og hefði mjög slæm áhrif á fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og á atvinnutækifæri hér á landi.

Minni hlutinn leggur til frávísun.

Mat minni hlutans er að þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til gangi hvergi nærri nógu langt í ljósi hinnar miklu gagnrýni sem fram hefur komið á frumvarpið og þær séu því ekki til þess fallnar að skapa sátt um málið. Slíkar breytingartillögur eru einungis plástur á meingallað frumvarp þar sem nálgunin er í grundvallaratriðum röng.

Til viðbótar því sem nefnt er hér að framan er ýmsu fleiru ábótavant í frumvarpinu og vísar minni hlutinn í meðfylgjandi umsagnir þar að lútandi.

Að lokinni móttöku gesta til nefndarinnar og eftir yfirferð umsagna er niðurstaða minni hlutans sú að hvorki byggðamálum né nýsköpunarmálum sé veittur nægur styrkur með fyrirhugaðri sameiningu. Því beri að fara ítarlega yfir málið í heild í samráði við þá aðila sem málið varðar.

Minni hlutinn leggur til að málinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að:

a. málið sé vanreifað þar sem ekki hafa verið færð gild rök fyrir því að taka Byggðastofnun, Byggðasjóð og Tryggingasjóð útflutnings með við sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar Íslands,
b. ekki liggi fyrir hvað verði um önnur verkefni Byggðastofnunar en þau sem snúa að ábyrgðum lána þannig að ekki er ljóst hvernig styðja eigi atvinnustarfsemi í dreifðari byggðum landsins,
c. frumvarpið nær ekki þeim tilgangi sínum að efla stuðning við rannsóknir og þróun né heldur að auka stuðning við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki og sporna þannig við flutningi þeirra úr landi, sem hefði veruleg áhrif á atvinnutækifæri hér á landi til framtíðar,

samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Steingrímur J. Sigfússon, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 2. júní 2006.

Katrín Júlíusdóttir, frsm.	Helgi Hjörvar.	Jóhann Ársælsson.

Sigurjón Þórðarson.

Með nefndarálitinu voru eftirtalin fylgiskjöl:

I. Umsögn frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. (24. apríl 2006.)
II. Umsögn frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. (24. apríl 2006.)
III. Umsögn frá verkfræðingum hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. (24. apríl 2006.)
IV. Umsögn frá Reykjavíkurborg. (24. apríl 2006.)
V. Umsögn frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands. (24. apríl 2006.)
VI. Umsögn frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. (24. apríl 2006.)
VII. Umsögn frá Byggðastofnun. (24. apríl 2006.)
VIII. Umsögn frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. (24. apríl 2006.)
IX. Umsögn frá verkfræðingum á Iðntæknistofnun. (24. apríl 2006.)
X. Umsögn frá Verkfræðingafélagi Íslands. (24. apríl 2006.)
XI. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (24. apríl 2006.)
XII. Umsögn frá Rannsóknamiðstöð Íslands. (24. apríl 2006.)
XIII. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (24. apríl 2006.)
XIV. Umsögn frá Iðntæknistofnun. (24. apríl 2006.)
XV. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins o.fl. (24. apríl 2006.)
XVI. Umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. (24. apríl 2006.)
XVII. Umsögn frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. (24. apríl 2006.)
XVIII. Umsögn frá Tæknifræðingafélagi Íslands. (24. apríl 2006.)
XIX. Umsögn frá Háskólanum í Reykjavík. (24. apríl 2006.)
XX. Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. (24. apríl 2006.)
XXI. Umsögn frá Orkustofnun. (24. apríl 2006.)
XXII. Umsögn frá Bændasamtökum Íslands. (26. apríl 2006.)
XXIII. Umsögn frá Vegagerðinni. (27. apríl 2006.)
XXIV. Umsögn frá Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. (2. maí 2006.)
XXV. Umsögn frá Háskóla Íslands. (27. apríl 2006.)
XXVI. Umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. (28. apríl 2006.)
XXVII. Athugasemd frá rektor Hólaskóla. (3. maí 2006.)
XXVIII. Umsögn frá tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. (3. maí 2006.)
XXIX. Umsögn frá ORF-líftækni. (4. maí 2006.)

1404. Nefndarálit [732. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 24. nóvember 2005 í máli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn íslenskum stjórnvöldum vegna ákvörðunar ESA frá 25. febrúar 2005 um að íslensk lagaákvæði um skattahagræði sem alþjóðleg viðskiptafélög njóta samræmist ekki reglum EES-samningsins. Samkvæmt frumvarpinu verða skattaívilnanir til alþjóðlegra viðskiptafélaga afnumdar nema að því leyti að heimilt verður að veita aðstoð að fjárhæð 100.000 evrur til slíkra félaga á hverju þriggja ára tímabili, eða sem svarar til um 8,5 millj. kr. á núverandi gengi. Lögfesting slíkrar reglu felur í sér nokkra takmörkun á því skattahagræði sem þessi félög hefðu annars notið til ársloka 2007.

Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnar ESB, nr. 69/2001, um *de minimis* ríkisaðstoð, að kveðið verði skýrt á um að hvers konar önnur ríkisaðstoð sem alþjóðlegt viðskiptafélag kann hugsanlega að hafa notið komi til viðbótar þegar metið er hvort mismunur á skattgreiðslum viðkomandi félags fari yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili. Er þessi breyting lögð til vegna athugasemda sem bárust frá ESA eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Í öðru lagi er lagt til að fella brott 2. mgr. 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, enda fellst nefndin ekki á að lög geti verið afturvirk. Með slíkri lagasetningu væri vegið að grundvelli réttarríkisins, þ.e. þeirri grundvallarhugsun að borgarinn geti treyst lögum sem eru í gildi á hverjum tíma og starfað samkvæmt þeim. Lög um alþjóðleg viðskiptafélög voru sett til að hvetja fjárfesta til að stofna félög og starfa í íslensku lagaumhverfi. Nefndin bendir á að ekki gengur að ráðstafanir sem menn voru hvattir til að gera með lögum séu gerðar ólögmætar með afturvirkum hætti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðjón Ólafur Jónsson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Guðjón Hjörleifsson.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

1405. Breytingartillögur [732. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar.
   b. 2. efnismgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við“ í 3. mgr. komi: Ákvæði 1. mgr. á ekki við.
2. Við 2. gr.
   a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar.
   b. 2. efnismgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við“ í 3. mgr. komi: Ákvæði 1. mgr. á ekki við.
3. Við 3. gr.
   a. Við fyrri málslið 1. efnismgr. bætist: að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar.
   b. 2. efnismgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við“ í 3. mgr. komi: Ákvæði 1. mgr. á ekki við.

1406. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um stofnun Matvælarannsókna hf.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti, Hinrik Greipsson og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti, Þorstein Tómasson frá landbúnaðarráðuneyti og Sjöfn Sigurgísladóttur frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hallgrím Jónasson frá Iðntæknistofnun, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Magnús Guðmundsson frá Matvælarannsóknum Keldnaholti, Davíð Egilsson, Elínu Guðmundsdóttur og Viggó Marteinsson frá Umhverfisstofnun, Sigurð Örn Hansson frá Matvælaráði, Guðjón Gunnarsson og Svein Víking Árnason frá starfsmannaráði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ingu Þórsdóttur frá Rannsóknastofu í næringarfræði, Ágústu Guðmundsdóttur og Tryggva Þorhallsson frá Háskóla Íslands, Benedikt Sigurðarson og Halldór Jóhannsson frá KEA og Snorra Þórisson og Kristinn Bjarnason frá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf.

Umsagnir og erindi bárust frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Fiskistofu, raunvísindadeild Háskóla Íslands, Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf., Landbúnaðarstofnun, Matvælarannsóknum Keldnaholti, Bænda-

samtökum Íslands, heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs, Iðntæknistofnun, Viðskiptaráði Íslands, starfsmannaráði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Samtökum iðnaðarins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum atvinnulífsins, Háskólanum á Akureyri, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Lýðheilsustöð, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Háskóla Íslands, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Rannsóknaþjónustunni ProMat ehf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna, SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Umhverfisstofnun, Háskólanum á Akureyri, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, talsmanni neytenda og forsætisráðuneytinu.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði einkahlutafélag í eigu ríkisins um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og Matvælarannsókna Keldnaholti, sem jafnframt verði lagðar niður. Hlutverk félagsins verði að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og sinna fræðslu á sviði matvælarannsókna.

Á fundum ræddi nefndin um verksvið núverandi stofnana og tillögur frumvarpsins um stofnun einkahlutafélags um rekstur þeirra. Kom fram að matvælarannsóknir eru afar mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf og að mikilvægt er að stórefla þær. Kom fram að þessi kostur hefði verið lengi í umræðunni en með sameiningunni er komið á fót stórri rannsóknareiningu í einu öflugu fyrirtæki sem byggt er á styrk þeirra stofnana sem lagðar verða niður og hefur sameinuð meiri burði til rannsókna en hver um sig áður. Telur meiri hlutinn að í því felist miklir möguleikar til að efla matvælarannsóknir hér á landi og telur það nauðsynlegt þegar litið er til öryggis matvæla og mikilvægis þeirra fyrir neytendur. Þá er matvælaframleiðsla, beint eða óbeint, langumsvifamesta svið íslensks atvinnulífs og vinnumarkaðar og öflugar rannsóknir því grundvallaratriði í samkeppnishæfi þess í evrópsku samhengi.

Kom fram á fundum að það væri stefna á alþjóðavísu, m.a. innan ESB, að skilja rannsóknir á matvælum frá eftirliti með slíkri framleiðslu. Samkvæmt frumvarpinu eiga Matvælarannsóknir hf. ekki að sinna neinu opinberu eftirliti heldur verður það hjá Fiskistofu, Umhverfisstofnun, landbúnaðarstofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Þá ræddi nefndin hlutverk félagsins sem er tvíþætt, þ.e. annars vegar er þróunarhluti og hins vegar öryggishluti, svonefndur vöktunar- og mælingarhluti. Kom fram að stofnanirnar hafa verið að draga sig út úr vöktun- og mælingum síðustu ár og að vöxtur sjálfstæðra aðila í þeirri grein hefði verið talsverður. Kom fram á fundum að ætlunin væri ekki að félagið mundi auka þá starfsemi en jafnframt að það væri mikilvægt að halda ákveðinni þekkingu hér til þess að geta tekist á við fjölbreytileg verkefni sem varða öryggi matvæla og ná að skipa Íslendingum á bekk meðal matvælaþjóða.

Þá var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að þetta tvíþætta hlutverk gæti haft áhrif á samkeppnisstöðu félagsins gagnvart öðrum fyrirtækjum þar sem það væri háð ríkisframlögum að hluta en þyrfti að fjármagna þróunarhluta verkefnanna. Leggur meiri hlutinn áherslu á að samkeppnislög gilda um starfsemi hlutafélagsins eins og önnur fyrirtæki á markaði. Þá kom fram á fundum að stjórnvöld mundu tryggja með sérstökum samningi að öryggismælingar sem fara fram hjá hlutafélaginu stofnuðu ekki hlutleysi eða trúverðugleika þess í hættu og telur nefndin það sérstaklega mikilvægt í alþjóðlegu tilliti.

Nefndin ræddi hlutverk stjórnar félagsins og kom fram að meðal verkefna nýrrar stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins verði að skilgreina nánar framtíðarstefnu félagsins, hlutverk þess til framtíðar við prófanir, skilgreina þau verkefni á sviði matvælarannsókna sem brýnt er að félagið sinni, útfæra og efla samstarf við aðra rannsóknaraðila, háskólastofnanir og atvinnulíf, huga að framtíðaruppbyggingu starfseminnar og húsnæðismálum og tryggja fjárhagslegan

grundvöll starfseminnar til framtíðar. Meiri hlutinn telur að í sameiningunni felist tækifæri til að styrkja nýsköpun og tengja saman háskólann og atvinnulífið.

Þá kom fram að við undirbúning breytinganna sem lagðar eru til í frumvarpinu hefði verið unnið með starfsmönnum stofnana og telur nefndin rétt að taka fram að staða starfsmanna við breytingar er tryggð samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Þá er ákvæði í frumvarpinu um að öllum starfsmönnum stofnananna skuli boðin störf hjá hlutafélaginu.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að stofnanirnar hafa fengið mótframlag vegna umsókna um styrki á fjárlögum. Meiri hlutinn telur að það verði eitt af verkefnum nýrrar stjórnar í samvinnu við forsætisráðuneytið að finna örugga leið til að tryggja mótframlög.

Þá ræddi nefndin um stöðu Tækjasjóðs. Hlutverk sjóðsins er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr sjóðnum skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, geta eingöngu stofnanir sótt um styrk til að endurnýja tæki til rannsókna en ekki fyrirtæki, óháð því hvernig eignarhaldi er háttað. Telur meiri hlutinn mikilvægt þegar litið er til öryggis rannsókna að ráðuneytið kanni hvernig unnt er að stuðla að endurnýjun tækja og komi til móts við það.

Jafnframt ræddi nefndin að í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að vegna aðgengis að gögnum, gagnaskilaskyldu og öryggisþjónustu er gert ráð fyrir að samhliða frumvarpinu leggi umhverfisráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/1995, um matvæli, en af því varð ekki. Með yfirfærslu á rannsóknum stofnunarinnar til Matvælarannsókna hf. hefur stofnunin ekki beinan aðgang að gögnum um matvælarannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlits í landinu. Tryggja þarf skil til stofnunarinnar á slíkum gögnum eigi hún að geta sinnt hlutverki sínu, svo sem við öryggisþjónustu, og gripið til ráðstafana þegar matarsýkingar koma upp. Telur meiri hlutinn nauðsynlegt að tryggja að Umhverfisstofnun hafi ávallt undir höndum upplýsingar um niðurstöður úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna þegar afskiptum Umhverfisstofnunar af rannsóknum lýkur og leggur nefndin því til breytingu á lögum um matvæli til að tryggja það.

Þá var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að breytingarnar sem verða við að stofna hlutafélag á grunni stofnananna verði til þess að breyta aðgangi þriðja aðila að gögnum, þar sem lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda gilda ekki um félagið. Telur meiri hlutinn þegar litið er til þess að stjórnvöld eru stærsti kaupandi og samningsaðili rannsókna á þessu sviði og að upplýsingarnar verða hjá stjórnvöldum, án tillits til þess hver sér um að framkvæma þær, að engin breyting verði á aðgangi þriðja aðila að gögnum á þessu sviði á grundvelli upplýsingalaga.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar sem varða m.a. gildistöku frumvarpsins og hvenær félagið skuli hefja rekstur og telur að með því gefist rýmri tími til undirbúnings stofnunar félagsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.

Sigríður Ingvarsdóttir.

1407. Breytingartillögur [387. mál]

við frv. til l. um stofnun Matvælarannsókna hf.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 8. gr. Í stað „1. ágúst 2006“ komi: 1. janúar 2007.
2. 9. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Við 10. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Umhverfisstofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.
4. Við ákvæði til bráðabirgða I: Í stað „1. febrúar“ komi: 1. júlí.
5. Við ákvæði til bráðabirgða II: Í stað „20. júlí“ komi: 1. nóvember.
6. Við ákvæði til bráðabirgða IV: Í stað „1. ágúst 2006“ komi: 1. janúar 2007.

1408. Nefndarálit [694. mál]

um frv. til l. um Landhelgisgæslu Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Georg Lárusson og Dagmar Sigurðardóttur frá Landhelgisgæslu Íslands, Guðmund H. Guðmundsson frá launaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Jakob Ólafsson, Jóhannes Bjarna Guðmundsson, Halldór Þ. Sigurðsson, Kjartan Norðdahl og Sigurð Wiium frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Davíð Egilson og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun.

Umsagnir um málið bárust frá Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, Læknafélagi Íslands, Flugmálastjórn, ríkislögreglustjóra, Siglingastofnun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi skipstjórnarmanna, Landssambandi lögreglumanna, Flugvirkjafélagi Íslands, Umhverfisstofnun og tollstjóranum í Reykjavík.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um ríkisstofnunina Landhelgisgæslu Íslands og er markmiðið með því að skapa nýja umgjörð um starfsemina og tilgreina þau verkefni sem hún sinnir í lögum ásamt því að heimila stofnuninni að gera þjónustusamninga um lögbundin verkefni og semja um að taka að sér ólögbundin verkefni.

Á fundum sínum ræddi nefndin fjölþætt hlutverk Landhelgisgæslunnar. Þá ræddi nefndin þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða starfsmannamál. Kom fram að Landhelgisgæslan stæði nú frammi fyrir breyttum aðstæðum með endurnýjun skipa- og flugflota, auk annarra aðstæðna sem kalla á að sveigjanleiki hennar sé sá sami og stofnana ríkisins almennt. Kom fram það sjónarmið að tenging sú við kjarasamninga stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði sem nú kemur fram í 10. gr. gildandi laga hefði á undanförnum árum valdið erfiðleikum við að ná fram skipulagsbreytingum og hagræðingu hjá Landhelgisgæslunni til jafns við forsendur launabreytinga á almennum markaði. Á móti þessu sjónarmiði kom fram að launatengingar fyrir ákveðnar stéttir í lögum tryggðu viðunandi starfsöryggi og þannig væri jafnframt stuðlað að því að starfsemi stofnunarinnar stæðist gæðakröfur í alþjóðlegum samanburði.

Engin lagaákvæði er að finna um launatengingu þeirra hópa ríkisstarfsmanna sem óheimilt er að gera verkfall, fyrir utan almenn viðmið sem finna má í lögum um kjaranefnd og Kjaradóm. Í kjarasamningum þeirra sem óheimilt er að gera verkfall eru oft einhvers konar ákvæði um samanburð á launaþróun annarra hópa hjá ríki. Þau hafa þó orðið vægari með tímanum og ákvæði um úrskurðaraðila eru horfin. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar að það sé óeðlilegt að annar samningsaðila, ríkið, verði bundið af því sem hefur verið samið um af þriðja aðila. Sérstaklega þegar horft er til þeirrar reynslu sem fengist hefur af ákvæðinu sem leitt hefur til vandkvæða þar sem þriðji aðili hefur samið út frá öðrum rekstrarforsendum en gilda hjá ríkinu. Telur meiri hlutinn að slík ákvæði séu of mikil höft á starfsemi stofnunarinnar þar sem um rekstur stofnana og fyrirtækja í almennum rekstri gilda ekki sömu sjónarmið. Þá telur meiri hlutinn rétt að minna á í þessu sambandi að réttindi þessara starfsmanna jukust verulega árið 1996 þar sem þeir falla frá þeim tíma undir ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um kjaraviðræður við starfsmenn stofnunarinnar mun í framtíðinni fara eftir lögum um opinbera starfsmenn með þeirri undantekningu að kjaraviðræður við þau stéttarfélög sem falla undir lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, munu fara fram á grundvelli þeirra laga. Í báðum tilvikum munu kjaraviðræður fara fram án beintengingar við kjarasamninga á hinum almenna markaði þótt ganga megi út frá því að horft verði til þeirra.

Nefndin ræddi einnig þær breytingar sem frumvarpið felur í sér á björgunarlaunum, en breytingin er sambærileg við ákvæði siglingalaga um björgunarlaun sem kveða á um að milli skipshafnar skuli skipta að réttri tiltölu miðað við föst laun hvers og eins, eða hlutaskiptareglur, eftir því sem við á. Hlutur skipstjóra skal þó aldrei vera minni en tvöfaldur hlutur þess skipverja er hæstan fær. Kom fram það sjónarmið að skipverjar hefðu litið á björgunarlaun sem hluta af heildarlaunakjörum og að breytingarnar fælu í sér aukinn hlut skipstjóra á kostnað annarra í áhöfn. Telur meiri hlutinn eðlilegt að um skiptingu björgunarlauna hjá stofnuninni gildi almennar reglur siglingalaga og fellst því á tillögu frumvarpsins.

Þá ræddi nefndin refsiákvæði frumvarpsins, en þar er lagt til að brot gegn banni við verkföllum starfsmanna Landhelgisgæslunnar sem sinna löggæslustörfum varði eins árs fangelsi eða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Telur meiri hlutinn að sambærilegt eigi að gilda um þessa starfsmenn Landhelgisgæslunnar eins og lögreglumenn, en samkvæmt lögreglulögum er þeim óheimilt að fara í verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun. Við því broti liggur þó ekki sérstök refsing samkvæmt lögreglulögum. Telur meiri hlutinn að þegar litið er til eðlis starfanna eigi ekki að gilda strangari regla um starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem fara með lögregluvald en lögreglumenn og leggur því til breytingu á frumvarpinu til að samræma reglurnar.

Nefndin ræddi einnig heimildir starfsmanna til vopnaburðar. Ljóst er að ekki eru í frumvarpinu víðtækari heimildir til vopnaburðar en fyrir eru í lögum. Í reglum sem ráðherra setur skv. 8. gr. frumvarpsins verður nánar fjallað um nauðsynlega fræðslu og þjálfun þeirra starfsmanna sem heimild hafa til að beita skotvopnum.

Nefndin ræddi á fundum sínum það nýmæli frumvarpsins að heimilt sé að bjóða út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu Landhelgisgæslu Íslands með skilyrðum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stofnunarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að heimildin verði nýtt til að treysta rekstrargrundvöll stofnunarinnar og nýta tækjabúnað hennar til fjölbreyttari verkefna í framtíðinni. Telur meiri hlutinn mikilvægt að hafa í huga að útboð eða stofnun hlutafélags mun eingöngu lúta að rekstrarfyrirkomulagi á tækjakosti og að með því er verið að gefa svigrúm til að þróa rekstur Landhelgisgæslunnar. Ætlunin er ekki að breyta því fyrirkomulagi að áhafnir skipa og loftfara verði áfram starfsmenn Landhelgisgæslunnar.

Þá var athygli nefndarinnar vakin á því að íslensk löggjöf tekur eingöngu til borgaralegs flugs og að ekki eru í gildi kröfur um tegundarskírteini loftfara sem starfrækt eru til ríkisflugs. Beinir meiri hlutinn því til samgönguráðherra að rétt sé að huga að endurskoðun á loftferðalögum varðandi ríkisflug.

Á fundum nefndarinnar kom fram að hlutverk Landhelgisgæslunnar mun aukast í framtíðinni, sérstaklega vegna umferðar um norðurheimskautaleiðina og eftirlits með henni. Fyrir liggur að verið er að endurskipuleggja flugreksturinn og fjölga starfsmönnum til þess að mæta auknum verkefnum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tilvísun í 22. gr. laganna í 29. gr. falli brott.

Alþingi, 2. júní 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. | Jónína Bjartmarz. | Birgir Ármannsson.

Kjartan Ólafsson. | Sigríður Ingvarsdóttir.

1409. Frumvarp til laga [809. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Cédric Etienne E. Hannedouche, f. 21. ágúst 1979 í Frakklandi.
2. Charin Thaiprasert, f. 9. febrúar 1979 í Taílandi.
3. Dariusz Bosak, f. 27. desember 1961 í Póllandi.
4. Dejan Rackov, f. 6. mars 1973 í Júgóslavíu.
5. Dmitrijis Devjatovs, f. 5. febrúar 1982 í Lettlandi.
6. Guðrún Hansen Bedrosian, f. 28. maí 1949 á Íslandi.
7. John Olav Silness, f. 30. nóvember 1975 í Noregi.
8. Jón Marvin Jónsson, f. 22. mars 1928 í Bandaríkjunum.
9. Marija Boskovic, f. 5. febrúar 1974 í Júgóslavíu.
10. Marina Stojanovic, f. 4. október 1975 í Serbíu og Svartfjallalandi.
11. Maritza Teresa Sepulveda Benner, f. 10. ágúst 1954 í Chile.
12. Mary Ann Enos, f. 3. desember 1962 í Bandaríkjunum.
13. Mihajlo Biberdzic, f. 23. september 1968 í Júgóslavíu.
14. Minaya Multykh, f. 30. október 1965 í Úkraínu.
15. Predrag Bojovic, f. 30. janúar 1978 í Júgóslavíu.
16. Renáta Pétursson, f. 23. mars 1969 í Tékklandi.
17. Richard Scobie, f. 15. nóvember 1960 á Íslandi.
18. Sólveig Anspach, f. 8. desember 1960 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 29 umsóknir um ríkisborgararétt á 132. löggjafarþingi en skv. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Nefndin leggur til að 18 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1410. Svar [799. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sumarlokanir deilda og biðlista á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru fyrirhugaðar sumarlokanir deilda, og þá hverra, á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Ef svo er, hvaða áhrif mun það hafa á biðlista og þjónustu við sjúklinga, skipt eftir deildum?

Eins og undanfarin ár mun verða samdráttur í starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í sumar og hefst hann um mánaðamótin maí/júní. Ástæðurnar eru eins og áður fyrst og fremst vegna lögboðinna, eða samningsbundinna sumarleyfa starfsmanna LSH. Áætlun hefur verið gerð um sumarlokanir en þess ber að geta að mögulegt er að einhver frávik verði frá þeirri áætlun vegna skorts á starfsfólki yfir hásumarið. Í töflu 1 er yfirlit um fyrirhugaðar lokanir deilda og í töflu 2 er yfirlit um fjölda rúma á spítalanum árið 2005. Unnið er að því að ráða starfsfólk svo að ekki þurfi að koma til frekari lokana.

Þess ber að geta að samdráttur í starfsemi spítalans verður minni í ár en hann hefur verið undanfarin ár. Samdráttur á lyflækningasviði 1 var 14% árið 2005 en verður 7% nú í sumar. Á öldrunarsviði var samdráttur 15% sumarið 2005 en verður nú 8%. Á öðrum sviðum verður samdráttur sambærilegur við það sem var á síðasta ári.

Biðlistar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru nú styttri en þeir hafa verið um langa hríð en lengjast ávallt eitthvað yfir sumarið. Birtar verða tölur um breytingar á biðlistum í sumarlok. Gera má ráð fyrir að bið muni helst lengjast hjá sjúklingum sem bíða eftir liðskiptaaðgerðum og almennum skurðaðgerðum. Hvað varðar þjónustu við sjúklinga almennt þá mun LSH að sjálfsögðu sinna allri bráðaþjónustu eins og endranær.

Tafla 1. Lokanir deilda á LSH 2006.

Svið og deildir	Samdráttur í starfsemi deilda
Barnasvið	
Dagdeild 23E	17/7–13/8 verður deildin lokuð
Barnadeild 22E, barnaskurðdeild 22D	3/7–7/8 verða deildirnar sameinaðar
Barnaskurðdeild B5	3/7–24/7 verða engar valkvæðar aðgerðir
Kvennasvið	
Kvenlækningadeild 21A	6/6–1/9 verða 13 rúm opin
Lyflækningasvið I	
Hjartadeild 14E og 14G	19/6–18/8 verða 3 rúm af 5 fyrir hjartaþræðingar – rannsóknir og valaðgerðir lokuð
Meltingar- og nýrnadeild 13E	Lokuð v/húsnæðisbreytinga, starfsemin verður á 14G og A7 í sumar
Taugalækningadeild B2	24/7–27/8 verða 12 rúm opin
Lungnadeild A6	17/6–21/7 verða 14–16 rúm opin
Húðlækningadeild Kópavogi	19/6–26/8 verður deildin lokuð
Geðsvið	
Legudeildir barna- og unglingageðdeild	7/7–14/8 verða deildirnar samreknar

Svið og deildir	Samdráttur í starfsemi deilda
Endurhæfingarsvið	
Starfsemi deilda R-2 og R-3	29/6–9/8 verður starfsemi sameinuð á deild R-3 og deild R-2 lokað
Skurðlækningasvið	
Bæklunarskurðdeild og háls-, nef- og eyrnadeild, B5 og A5	16/6–14/8 verða deildir B5 og A5 sameinaðar, 20 rúm opin fyrir hvora sérgrein
Dagdeild A5	16/6–21/8 verður deildin lokuð
Heila-, tauga- og æðaskurðdeild B6	9/6–21/8 verða 18 rúm opin á deildinni
Almennar skurðlækningar, 12G og 13G	23/6–21/8 verður hvor deild með 16 rúm opin
Þvagfæraskurðdeild 13D	23/6 til 28/8 verða 15 rúm opin
Lýtalækningadeild A4	16/6–21/8 verða 8 rúm opin
Hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12E	23/6–14/7 og 8/8 til 28/8 verða 15 rúm opin, 14/7– 7/8 verða 8 rúm opin
Þvagfærarannsóknir 11A	24/7–7/8 verður deildin lokuð
Dagdeild augndeildar	24/7–7/8 verður deildin lokuð
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	
Skurðstofur Fossvogi	26/6–18/8 verða 3 skurðstofur opnar
Skurðstofur Hringbraut	04/6–16/6 verða 5 skurðstofur opnar
	19/6–18/8 verða 4 skurðstofur opnar
	21/8–1/9 verða 5 skurðstofur opnar
Skurðstofur kvenna Hringbraut	4/6–2/9 verða 2 skurðstofur opnar
Augnskurðstofur Þorfinnsgötu	23/7–7/8 verður augnskurðstofu Þorfinnsgötu lokað vegna viðgerða
Gjörgæsludeild E6 og vöknun Fossvogi	12/6–2/9 verða 5–6 rúm opin
Gjörgæsludeild 12B og vöknun, Hringbraut	12/6–2/9 verða 5–6 rúm opin
Öldrunarsvið	
Deild L2	2/6–17/7 verður deildin lokuð
Deild L3	14/7–28/8 verður deildin lokuð

Tafla 2. Rúmaskrá LSH fyrir árið 2005.

Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm	Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm
Lyflækningasvið I		*Öldrunarsvið*	
Deild A6	25	Deild B4	20
Deild A7	23	Landakot K1	18
B7 Gigtar- og almenn lyflækningadeild	22	Landakot K2	20
14G Hjarta- og nýrnadeild	21	Landakot L1	18
14E Hjartadeild	21	Landakot L2 (5d)	20
Taugalækningadeild (B2)	22	Landakot L3 (5d)	20
13E Innkirtla- og lungnadeild (5d)	13	Landakot L4	18
Húðlækningadeild Kópavogi	11	Landakot L5	9
Samtals lyflækningasvið I	**158**	**Samtals öldrunarsvið**	**143**

Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm
Skurðlækningasvið	
12G Almenn skurðdeild	22
13D Þvagfæraskurðdeild	20
13A Lýtalækningadeild síðar Deild A4 Fv	11
13G Almenn skurðdeild	21
Deild A4 síðar B5	18
Deild A5	18
12E Hjarta-, lungna og augnskurðdeild	17
Deild B6	24
Samtals skurðlækningasvið	**151**
Lyflækningasvið II	
11E Krabbameinslækningadeild	12
11G Blóðsjúkdómadeild	13
Líknardeild	8
Samtals lyflækningasvið II	**33**
Barnasvið	2005
Barnadeild 22E	13
Deild B5	6
Barnaskurðdeild 22D	13
Vökudeild 23D	18
Samtals barnasvið	**50**
Kvennasvið	
21A Kvenlækningadeild	18
22A Sængurkvennadeild	18
22B Meðgöngudeild	13
23B Hreiðrið	6
Samtals kvennasvið	**55**
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	
Gjörgæsla – Fossvogur	11
12B Gjörgæsla – Hringbraut	10
Samtals SGS	**21**

* Rúm skilgreind sem dagdeildarrúm eru ekki talin með.

Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm
Geðsvið	
Geðdeild 11 – endurhæfing	11
Geðdeild 12 – bráðameðferð	12
Geðdeild 13 – endurhæfing	12
Geðdeild 14 – meðferðardeild	12
Geðdeild 15 – meðferðardeild	11
Geðdeild 32A – bráðameðferðardeild	15
Bráðamóttaka Geðdeilda 32CB	2
Geðdeild 32C – bráðameðferð	15
Fjölkvilladeild 33A	15
Geðdeild 33C – bráðameðferð	15
Deild 34	
Meðferðarheimili Hátúni	12
Meðferðarheimili Reynimelur	5
Meðferðarheimili Laugarásvegi	8
Sambýlið – 29	6
Sambýlið – 31	6
Barnageðdeild Dalbraut	5
Unglingageðdeild Dalbraut	7
Læknisbústaður Kleppi	6
Samtals geðsvið	**175**
Endurhæfingarsvið	
Grensás R2	24
Grensás R3	14
Deild 20	8
Deild 18	9
Deild 19	7
Samtals endurhæfingarsvið	**62**
Heildarlegudeilda- og SGS-rúmafjöldi	
Legudeildarúm	827
Svæfinga-, gjörgæslu og skurðstofurúm	21
Heildarfjöldi rúma	**848**

1411. Svar [777. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um legurými og starfsmannafjölda á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg legurými voru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi við lok sameiningarferlis spítalanna og hve margir starfsmenn hafa verið í hverri starfsstétt, flokkað eftir sviðum, árlega frá sameiningu?*
2. *Hver hefur áætluð starfsmannaþörf sjúkrahússins verið eftir árum, flokkuð eftir starfsstéttum og sviðum, á þessu tímabili?*

Leitaði var upplýsinga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og fylgja töflur með samantekt spítalans svari þessu.

1. Eftirfarandi tafla A varpar ljósi á fjölda legurýma, en bent er á að dagdeildarrúm eru ekki talin með. Enginn ákveðinn tímapunktur afmarkar lok sameiningar spítalanna, en hér er miðað við árin 2004 og 2005.

Starfsstéttir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru fjölmargar eins og sjá má á töflum B, C, D og E, en upplýsingar fylgja um flokkun stéttarfélaganna. Þar sem beðið er um mjög miklar upplýsingar er í svari þessu miðað við árin 2003–2005, en talið er að meiri ónákvæmni gæti í eldri tölum þar sem mikið var um flutninga starfsmanna milli deilda og sviða þau ár. Frestur sem gefinn er til að svara skriflegri fyrirspurn setur gagnasöfnun lengra aftur í tímann skorður.

2. Ekki liggja fyrir upplýsingar um starfsmannaþörf spítalans á þessu árabili, flokkað eftir starfsstéttum og sviðum. Spítalinn áætlar mannafla með tilliti til þeirra fjárveitinga sem hann fær, og hagar skipulagi og ráðningu starfsmanna í samræmi við það. Mat á þörf fyrir starfsmenn er unnin innan hvers sviðs á spítalanum og við það mat er einnig tekið mið af fjárveitingum. Í fjárlagatillögum og áætlunum sviða og deilda er þörfin að sjálfsögðu oft metin meiri en unnt er að mæta, en ekki liggur fyrir nein heildstæð samantekt um þetta.

Unnt er að áætla mannaflaþörf í sumum starfsstéttum miðað við það umfang þjónustu sem veitt er eða þyrfti að veita á hverjum tíma, og byggjast þær áætlanir t.d. á svokallaðri hjúkrunarþyngd og sjúklingaflokkunarkerfum. Enn sem komið er nær slíkt mat ekki nema yfir hluta starfseminnar.

Með nýjum upplýsingakerfum spítalans mun gefast tækifæri til að skoða rafrænar upplýsingar um æskilega mönnun á legudeildum spítalans miðað við veitta þjónustu frá upphafi árs 2004.

Tafla A. Rúmaskrá LSH fyrir árin 2004–2005.

	Rúm	
Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	**2004**	**2005**
Lyflækningasvið I		
Deild A6	25	25
Deild A7	23	23
B7 Gigtar- og almenn lyflækningadeild	22	22
14G Hjarta- og nýrnadeild	21	21
14E Hjartadeild	21	21
Taugalækningadeild (B2)	22	22
13E Innkirtla- og lungnadeild (5d)	13	13
Húðlækningadeild Kópavogi	11	11
Samtals lyflækningasvið I	**158**	**158**
Skurðlækningasvið		
12G Almenn skurðdeild	22	22
13D Þvagfæraskurðdeild	20	20
13A Lýtalækningadeild, síðar Deild A4 Fv	11	11
13G Almenn skurðdeild	21	21
Deild A4 síðar B5	22	18
Deild A5	18	18
12E Hjarta-, lungna og augnskurðdeild	17	17
Deild B6	27	24
Samtals skurðlækningasvið	**158**	**151**
Lyflækningasvið II		
11E Krabbameinslækningadeild	12	12
11G Blóðsjúkdómadeild	13	13
Líknardeild	8	8
Samtals lyflækningasvið II	**33**	**33**
Barnasvið		
Barnadeild 22E	13	13
Deild B5	6	6
Barnaskurðdeild 22D	13	13
Vökudeild 23D	18	18
Samtals barnasvið	**50**	**50**
Kvennasvið		
21A Kvenlækningadeild	18	18
22A Sængurkvennadeild	18	18
22B Meðgöngudeild	13	13
23B Hreiðrið	6	6
Samtals kvennasvið	**55**	**55**
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið		
Gjörgæsla, Fossvogur	11	11
12B Gjörgæsla, Hringbraut	10	10
Samtals svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	**21**	**21**
Öldrunarsvið		
Deild B4	20	20
Landakot K1	18	18
Landakot K2		20
Landakot L1	18	18
Landakot L2 (5d)	20	20
Landakot L3 (5d)	20	20

Legudeildir og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofudeildir*	Rúm 2004	2005
Landakot L4	18	18
Landakot L5	9	9
Samtals öldrunarsvið	**123**	**143**
Geðsvið		
Geðdeild 11-endurhæfing	11	11
Geðdeild 12-bráðameðferð	12	12
Geðdeild 13-endurhæfing	12	12
Geðdeild 14-meðferðardeild	12	12
Geðdeild 15-meðferðardeild	11	11
Geðdeild 32A-bráðameðferðardeild	15	15
Bráðamóttaka geðdeilda 32CB	2	2
Geðdeild 32C-bráðameðferð	15	15
Fjölkvilladeild 33A	15	15
Geðdeild 33C-bráðameðferð	15	15
Deild 34	36	
Meðferðarheimili Hátúni	12	12
Meðferðarheimili Reynimelur	5	5
Meðferðarheimili Laugarásvegi	8	8
Sambýlið -29		6
Sambýlið -31		6
Barnageðdeild Dalbraut	5	5
Unglingageðdeild Dalbraut	7	7
Læknisbústaður Kleppi	6	6
Samtals geðsvið	**199**	**175**
Endurhæfingarsvið		
Grensás R2	24	24
Grensás R3	14	14
Deild 20	8	8
Deild 18	9	9
Deild 19	7	7
Samtals endurhæfingarsvið	**62**	**62**
Heildarlegudagar og svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofurúmafjöldi		
Legudeildarúm	838	827
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofurúm	21	21
Heildarfjöldi rúma	**859**	**848**

* ATH. rúm skilgreind sem dagdeildarrúm eru ekki talin með.

Tafla B. Fjöldi dagvinnustg. eftir stéttarfélögum og sviðum, 2002.

Unnið úr launakerfum LSH. Sjá flokkun stéttarfélaga í eftirfarandi lista.

	Efling, SFR, Starfsmannafélög Reykjavíkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráð-gjafar og sál-fræð-ingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðn-aðar-menn og verk-stjórar	Utan félaga	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kenn-arar og frétta-menn	Kjara-nefnd	Alls
Barnasvið	23,7	60,8	28,6	28,5		0,5							3,8		145,8
Blóðbanki/RíM	21,5	10,5	15,1		15,5	1,7			21,3					0	85,6
Bókasafns- og upplýsingasvið	6,2					12,3									18,5
Byggingasvið	28,6					2				41,5	4,4	1			77,5
Endurhæfing	102,5	13,1	4,7	18		9,1	68,5	28			0,7		0,3	0	245
Fjárhagslega sjálfstæðar einingar	59	2													61
Fjármálasvið	32,7	1				8,3									42,1
Geðsvið	238,6	83,4	42,2	57		8,4	14,2	33,7	0		11,2		1	1	490,6
Hag- og upplýsingasvið		2,6				3									5,6
Heilbrigðistæknisvið	2,4		1,9		0,4					8,8		5,2			18,7
Innkaupa- og vörustjórnunar-svið	8,4	1,4		1		0,4		1			0,5	2			14,7
Kennslu- og fræðasvið	1,3	5,1	1			0,3									7,7
Krabbameinsmiðstöð LSH	1	0,8	0,8					0,7				0,9			4,2
Kvennasvið	34,9	100,5	16,8	11,4		0,5								1	165,1
Lyflækningasvið 1	75,7	130,3	99,4	77,7	8,9	3,8	0,6		1		0,2			1	398,5
Lyflækningasvið 2	27,9	57,2	14,8	20,5	3,2	0,5						2,3	0		126,5
Myndgreiningarsvið	59,7	6,8	23,3	1	42,4	3			0		0	1		-2,1	135,1
Rannsóknasvið LSH	34,2	2,6	21	6,8	108	1,6			24,5		0,2	0,5			199,3
Reikningshaldssvið	21					12,3									33,2
Rekstur á vegum SKVÞ	2,8	1						0,3	1,5						5,6
Rekstur á vegum STE	285,8					2,6					0,4	3,2			292
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	2,7		0,8			1,9			1						6,4
Skurðlækningasvið	74,9	109,8	89,1	71	0,9	7,5			0,5		0,3			1	355
Slysa- og bráðasvið	63	86,2	25,9	18		0,6					0,1				193,8

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljósmæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskólamenn	Þjálf-arar	Ráð-gjafar og sál-fræð-ingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Utan félaga	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kenn-arar og frétta-menn	Kjara-nefnd	Alls
Sæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	60,7	160,3	38,9	23,3		1									284,2
Upplýsingatæknisvið	63,7	1,3				4						2,5			71,4
Utan sviða – óreglulegir liðir	1,5	2,6	2,7		2,8				0,8						10,5
Verkefni á vegum yfirstjórnar	1,9	6	4,3	0			0,2		1,3						13,7
Yfirstjórn	15,8	12	6,5			6,8		2,5	-0,5		4,6			1,9	49,5
Öldrunarsvið	60,8	58,6	18,7	57,5		0,9	0,8							0	197,4
Alls	**1.412,8**	**916**	**456,5**	**391,7**	**182,2**	**93,1**	**84,3**	**66,2**	**51,3**	**50,3**	**22,5**	**18,6**	**5**	**3,8**	**3.754,3**

Tafla C. Fjöldi dagvinnustg. eftir stéttarfélögum og sviðum, 2003.

Unnið úr launakerfum LSH. Sjá flokkun stéttarfélaga í eftirfarandi lista.

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kjara-nefnd	Utan félaga	Kennarar og frétta-menn	Alls
Barnasvið	25,8	73,5	32	28		0,8								3	163,2
Blóðbanki/RíM	20,9	10,5	15,6		16,9	1,3			22						87,2
Bókasafns- og upplýsingasvið	5,8					12,3									18,2
Byggingasvið	27,8					2				40,4	1		0		71,5
Endurhæfing	102,9	18	6,1	26,7		8,8	68,7	29,5					1		261,3
Fjárhagslega sjálfstæðar einingar	57,5	2		0											59,6
Fjármálasvið	5,5	1				7,9									14,4
Geðsvið	230,5	86,6	44,3	63,9		8,4	17	37,1				1	0	1	489,8
Hag- og upplýsingasvið		2,7				3,9									6,6
Heilbrigðistæknisvið	1,5		1		0					9,7	5,5				17,7
Innkaupa- og vörustjórnunarsvið	7,6	2		1		1		1			2				14,6
Kennslu- og fræðasvið	2,3	4,9	0,7			0,7		0,1							8,6
Krabbameinsmiðstöð LSH	1	1	0,8			0,1		1			1				4,9
Kvennasvið	36,5	103,9	16,4	12,3		0,4						1			170,6
Lyfjaþjónusta LSH	27		0,6			0,8			13,5						41,9
Lyflækningasvið 1	83,2	123,5	91,8	84,8	7,7	3,4			1,5			1	0		397,1
Lyflækningasvið 2	29,9	59,6	15,1	22,2	4,4	0					2,7			0	133,9
Myndgreiningarsvið	61,1	4,6	20	1	44,4	3					1				135,1
Rannsóknasvið LSH	33,1	3,3	21,1	7,2	109	1,6			26,1		0				201,3
Reikningshaldssvið	48,3					18,4									66,7
Rekstur á vegum SKVÞ	2,9	1	0,5					0,9	1						6,3
Rekstur á vegum STE	283,6					2,6					4				290,2
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	1		1,2			0			0,3						2,4
Skurðlækningasvið	76,7	116,3	90,5	76,3	0,8	6,9			0,5			1	0		368,9
Slysa- og bráðasvið	66,5	86	26,6	19,8		0,8									199,7

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kjara-nefnd	Utan félaga	Kennarar og frétta-menn	Alls
Sæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	62,2	174	39,3	22,5		1									298,9
Upplýsingatæknisvið	62,7	1,3				5,2					3,7				72,8
Utan sviða – óreglulegir liðir	0,9	2,6	2,6		2,1				0,9						9
Verkefni á vegum yfirstjórnar	0,9	6,3	2,6						0,4						10,1
Yfirstjórn	17	12,1	6,9			8,3		1,8				1,9	4		52
Öldrunarsvið	58,6	61,4	20,1	56,1		0,9	0,8						0		198
Alls	**1.441,3**	**957,9**	**455,8**	**421,8**	**185,3**	**100,5**	**86,6**	**71,4**	**66,1**	**50,1**	**20,9**	**5,9**	**5**	**4**	**3.872**

Tafla D. Fjöldi dagvinnustg. eftir stéttarfélögum og sviðum, 2004.

Unnið úr launakerfum LSH. Sjá flokkun stéttarfélaga í eftirfarandi lista.

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og rönt gen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kjara-nefnd	Utan félaga	Kenn-arar og frétta-menn	Alls
Barnasvið	28,3	74,1	32,7	22,6	0	0,9								3	161,5
Blóðbanki/RíM	18,5	10,4	14,8		15,7	1,5			23,3				0		84
Bókasafns- og upplýsingasvið	4					10,7									14,7
Byggingasvið	23					2				39,6	1				65,6
Endurhæfing	87,2	20,1	5,1	26,2		7,4	64,5	27,3					0,5		238,3
Fjárhagslega sjálfstæðar einingar	55,3	2		1											58,3
Fjármálasvið	3,9	1,2				7,5									12,5
Geðsvið	218,4	90,3	46,7	66,3		8,5	15,8	40,4		0,8		1		1	489,2
Hag- og upplýsingasvið		2,8				1,5									4,3
Heilbrigðistæknisvið	1,3		1							9,4	4,5				16,2
Innkaupa- og vörustjórnunarsvið	7,4	2				0,8		1			2				13,3
Kennslu- og fræðasvið	1,4	4,3	0,8			0,6		1							8,1
Krabbameinsmiðstöð LSH	0,7	0,9	0,7			0,3		1			1				4,4
Kvennasvið	33,7	91,3	17,9	11,8		0,5						0,6			155,8
Lyfjaþjónusta LSH	36,5	0	1			1,5			16						55
Lyflækningasvið 1	85	138,7	94,1	94,9	7,1	1,9			1,8			1	0		424,5
Lyflækningasvið 2	30,1	64,1	14,3	23,5	3,1	0,4					2,5				137,9
Myndgreiningarsvið	56,6	0,8	20	0,3	41,8	2,1					1				122,6
Rannsóknasvið LSH	31	4,5	19,7	8	111,7	1,7			24,2						200,8
Reikningshaldssvið	45,5	0,1				18,1									63,6
Rekstur á vegum SKVÞ	2,6	1	0,5						0,8						4,8
Rekstur á vegum STE	269					4,4					3,6		0,1		277
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	1		0,5			0,5									2
Skurðlækningasvið	73,7	111,1	87,8	74,7	0,9	7,5			0,5			1	0		357
Slysa- og bráðasvið	64,2	79	26,6	19,7		0,8		0,4	0,7				0,5		191,9

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Kjara-nefnd	Utan félaga	Kenn-arar og frétta-menn	Alls
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	60	200,2	39,2	27,2		1							0,1		327,7
Upplýsingatæknisvið	58,2	1,3				6					2,8				68,3
Utan sviða – óreglulegir liðir	0,3	2	1,5		1,5				0,4						5,7
Verkefni á vegum yfirstjórnar		3,9	1,1						0,5						5,5
Yfirstjórn	16,7	11,7	8,2			9,4		1,6				1,9	4		53,6
Öldrunarsvið	57,3	63	19,8	58,1		1	0,8						0		200
Alls	**1.370,6**	**980,5**	**453,9**	**434,1**	**181,7**	**98,3**	**81,2**	**72,6**	**68,1**	**49,7**	**18,5**	**5,5**	**5,3**	**4**	**3.824**

Tafla E. Fjöldi dagvinnustg. eftir stéttarfélögum og sviðum, 2005.

Unnið úr launakerfum LSH. Sjá flokkun stéttarfélaga í eftirfarandi lista.

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Utan félaga	Kjara-nefnd	Kenn-arar og frétta-menn	Alls
Barnasvið	26,7	71,9	31,8	21,4		3,7								-0,2	155,2
Blóðbanki/RíM	16,7	10,4	15,5	0,4	12,1	1,2			22,3						78,6
Bókasafns- og upplýsingasvið	3,8					10									13,8
Byggingasvið	21,8					2				33,5	1				58,3
Endurhæfing	83,9	20,6	5,9	28,1		7	29,3	63,2				0,5			238,4
Fjárhagslega sjálfstæðar einingar	55,1	2		1											58,1
Fjármálasvið	28,8	0,5				14,2									43,5
Geðsvið	224,3	93,8	47,7	64,2		8,9	48,6	17,7		1			0,8	-0,1	506,9
Hag- og upplýsingasvið	0,6	3,2				6,7									10,5
Heilbrigðistæknisvið	1,3		0,4							9,8	6,6				18
Innkaupa- og vörustjórnunarsvið	7,5	3		0,2		0,8	1				1,7				14,3
Kennslu- og fræðasvið	2,3	4,4	2			1,3	0,5								10,6
Krabbameinsmiðstöð LSH	0,9	0	1,5			0,1	1				1				4,5
Kvennasvið	30,7	93,8	18,9	11,6		0,5									155,5
Lyfjaþjónusta LSH	37,9		1			1,1			16,5						56,6
Lyflækningasvið 1	81,7	144,6	91,1	93	7,1	1,3			3,1				1		422,9
Lyflækningasvið 2	31,5	70	15,8	22,2	3,9	0,1			0,3		2				145,7
Myndgreiningarsvið	54,2		20,5		41,9	2,4					1				120
Rannsóknasvið LSH	30,6	4,3	19,7	10,3	118,1	2			25,6						210,7
Reikningshaldssvið	15	0,1				6,6									21,7
Rekstur á vegum SKVÞ	1,8	1,1	0,5												3,4
Rekstur á vegum STE	262,3					5,1					3	0,2			270,6
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga	1,2	0,2	0,3			3									4,5
Skurðlækningasvið	74	118,5	88	79,1	1,8	8,6			0,5		0,1		1		371,5
Slysa- og bráðasvið	71,2	80,6	31,1	19,7		0,7	0,9		0,7						204,9

	Efling, SFR, Starfsmanna-félög Reykja-víkur og Reykjavíkur-borgar	FÍH og ljós-mæður	Læknar	Sjúkra-liðar	Meina-tæknar og röntgen-tæknar	Viðskipta-, hagfræð-ingar, aðrir háskóla-menn	Þjálf-arar	Ráðgjafar og sál-fræðingar	Lyfja- og náttúru-fræð-ingar	Iðnaðar-menn og verk-stjórar	Verk- og tækni-fræð-ingar	Utan félaga	Kjara-nefnd	Kenn-arar og frétta-menn	Alls
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið	62,4	193,1	41,1	27,9		1									325,5
Upplýsingatæknisvið	57,3	1,3		0,1		6,3					2,2				67,2
Utan sviða – óreglulegir liðir		0,1			0,1										0,2
Verkefni á vegum yfirstjórnar			0,3						0,5						0,8
Yfirstjórn	15,7	10,1	8,7			8,5	0,8				0,2	5,3	1,9		51,3
Öldrunarsvið	61,1	66,2	20,1	59,9		0,6		0,9							208,8
Alls	**1.362,5**	**993,8**	**461,9**	**439,2**	**184,9**	**103,7**	**82,1**	**81,8**	**69,5**	**44,4**	**18,8**	**6**	**4,7**	**-0,3**	**3.852,7**

Flokkun stéttarfélaga.

Efling, SFR, Starfsmannafélög Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar
Efling
Starfsmannafélag ríkisstofnana
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Starfsmannafélag Reykjavíkur
FÍH og ljósmæður
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Ljósmæðrafélag Íslands
Læknar
Læknafélag Íslands
Sjúkraliðar
Sjúkraliðafélag Íslands
Meina- og röntgentæknar
Meinatæknifélag Íslands
Röntgentæknifélag Íslands
Viðskipta- og hagfræðingar og aðrir háskólamenn
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga
Stéttarfélag HMN
Stéttarfélag bóka- og upplýsingafræða
Útgarður
Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins
Þjálfarar
Iðjuþjálfarafélag Íslands
Stéttarfélag sjúkraþjálfara
Þroskaþjálfafélag Íslands
Ráðgjafar og sálfræðingar
Kjaradeild félags íslenskra félagsvísinda
Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa
Lyfja- og náttúrufræðingar
Félag íslenskra náttúrufræðinga
Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga
Iðnaðarmenn og verkstjórar
Félag iðn- og tæknigreina
Félag rafeindavirkja
Félag íslenskra rafvirkja
Málarafélag Reykjavíkur
Múrarafélag Reykjavíkur
Sveinafélag pípulagningarmanna
Trésmiðafélag Reykjavíkur
Verkstjórafélag

Utan félaga
Utan félaga
Utan félaga, eftirlaunaþegar
Utan félaga, sjúklingavinna
Utan félaga, unglingar
Utan félaga, ráðherraröðun
Verk- og tæknifræðingar
Kjarafélag tæknifræðinga
Stéttarfélag verkfræðinga
Kennarar og fréttamenn
Félag fréttamanna
Félag háskólakennara
Félag íslenskra leikskólakennara
Kennarafélag Íslands
Kjaranefnd
Kjaranefnd, prestar
Kjaranefnd, prófessorar
Kjaranefnd, heilsugæslulæknar
Kjaranefnd, ýmsir
Aðrir
Starfsmannafélag sinfóníunar
Starfsmannafélag Kópavogsbæjar
Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar

1412. Svar [698. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar um framkvæmdir á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær er áætlað að ljúka framkvæmdum á 3. hæð í suðurálmu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, en framkvæmdum í austurálmunni lauk 2004?*
2. *Hver er áætlaður kostnaður við verkið?*
3. *Hver var kostnaður við þær framkvæmdir sem þegar er lokið, en í upphafi voru áætlaðar 150 millj. kr. í framkvæmdir á hæðinni?*

Samið var um endurbætur á Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum í mars 2001. Tók sá samningur til endurbóta á 2. og 3. hæð hússins en framkvæmdum í kjallara var frestað. Umsamið verk skyldi unnið á árunum 2001 til og með 2003. Á verktímanum varð ljóst að gera þurfti endurbætur í kjallara til að koma þar fyrir nýju loftræstikerfi. Vegna þeirra framkvæmda var dregið úr framkvæmdum á 3. hæð hússins. Verkið var unnið í tveimur áföngum og var lokaúttekt seinni áfanga í júlí 2004.

Þar sem ekki liggja fyrir ákvarðanir um fjárveitingar til framhalds verksins er ekki unnt að svara því hvenær lokið verður við framkvæmdir.

Áætlaður kostnaður við að ljúka framkvæmdum á 3. hæð er um 45 millj. kr. en lokaframkvæmdir í kjallara eru taldar kosta um 15 millj. kr. eða samtals um 60 millj. kr.

Heildarkostnaður við þær endurbætur sem þegar hafa verið gerðar er 152 millj. kr.

1413. Tillaga til þingsályktunar [810. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 3. júní 2006 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1414. Nefndarálit [619. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Róbert Ragnar Spanó frá refsiréttarnefnd, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Rán Ingvarsdóttur og Hrönn Þormóðsdóttur frá Barnaheillum, Hrefnu Friðriksdóttur frá Barnaverndarstofu, Helga Magnús Gunnarsson frá ríkissaksóknara, Arnar Þór Sævarsson frá Símanum, Dóru Sif Tynes frá Dagsbrún, Katrínu H. Hallgrímsdóttur frá laganefnd Lögmannafélags Íslands og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd.

Umsagnir bárust um málið frá Barnaverndarstofu, Myndstefi, ríkissaksóknara, talsmanni neytenda, Sýslumannafélagi Íslands, Dagsbrún hf., Símanum hf., Lögmannafélagi Íslands, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, Barnaheillum og Sambandi íslenskra myndlistarmanna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga á grundvelli samnings Evrópuráðsins um tölvubrot frá 23. nóvember 2001 sem undirritaður var fyrir Íslands hönd þann 30. sama mánaðar. Frumvarpið miðar annars vegar að því að samræma almenn efnisskilyrði í refsilöggjöf og tengdri löggjöf að landsrétti á sviði tölvubrota og hins vegar að því að innleiða réttarfarsreglur svo hægt sé að rannsaka og saksækja einstaklinga fyrir slík afbrot auk annarra afbrota sem framin eru í gegnum tölvukerfi eða með rafrænum hætti.

Nefndin ræddi á fundum sínum refsiréttarleg álitaefni frumvarpsins og m.a. þá leið sem lögð er til í frumvarpinu að setja almennt ákvæði um refsiábyrgð lögaðila vegna brota á almennum hegningarlögum. Kom fram á fundum að samkvæmt samningnum væri aðildarríkjunum skylt að gera kleift að leggja refsiábyrgð á lögaðila vegna ákvæða samningsins. Var talið að þar sem brot sem ákvæði 2.–9. gr. samningsins taka til væru þegar refsiverð í almennum hegningarlögum væri réttast að leggja til að almennt ákvæði um refsiábyrgð lög-

aðila vegna brota á almennum hegningarlögum bættist við lögin að fyrirmynd Dana og fellst nefndin á það sjónarmið. Þá kom einnig fram á fundum að það væri að verða mun algengara að alþjóðasamningar kvæðu á um skyldu aðildarríkja til að taka upp ákvæði er heimila refsiábyrgð lögaðila. Telur nefndin rétt að taka skýrt fram að refsiábyrgð lögaðila er bundin almennum skilyrðum II. kafla A almennra hegningarlaga en þar kemur fram að refsiábyrgðin sé almennt háð persónulegri refsiábyrgð, þ.e. að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað.

Nefndin ræddi einnig skilgreiningu 9. gr. samningsins á barnaklámi. Í frumvarpinu er lagt til að skilgreining barnakláms nái ekki yfir tilbúið efni, svo sem teiknimyndir og efni sem sýnir einstakling, sem lítur út fyrir að vera ólögráða barn, í kynferðislegum athöfnum, sbr. 4. mgr. 9. gr. samningsins sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja m.a. þessi efnisákvæði samningsins. Var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að ganga hefði átt lengra í að skilgreina barnaklám en gert er í frumvarpinu og að ekki hefði átt að nýta heimildir samningsins til að undanþiggja nein ákvæði samningsins þar sem slíkt klámefni væri tilvísun í barnaklám og til þess fallið að ýta undir kynferðislegar hneigðir til barna. Telur nefndin að í ljósi þeirra markmiða sem liggja til grundvallar refsiákvæðum um barnaklám og lúta að því að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun séu ekki nægileg refsiréttarleg rök til að gera t.d. refsivert að hafa í fórum sínum slíkt efni. Þá telur nefndin einnig skipta máli hversu erfitt sé að skilgreina hvað átt er við með þessum ákvæðum og því sé erfitt að framfylgja slíku og telur því ekki ástæðu til að útvíkka ákvæðin að þessu leyti. Kom fram að Danir hafa einnig gert þessa fyrirvara. Auk þess sem á fundum nefndarinnar kom fram að í viðbótarbókun við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem gengur lengst í að uppræta barnaklám, kemur fram bann við hvers kyns framsetningu á barni sem tekur þátt í kynferðislegum athöfnum og gengur út frá því að barnið sé þátttakandi í brotinu. Nefndin telur rétt að taka fram að unnt er að afturkalla þá fyrirvara sem samningurinn heimilar aðildarríkjunum að gera hvenær sem er og telur nauðsynlegt að fylgst verði með þróun löggjafar í öðrum löndum á næstu árum og því hvernig aðildarríkin aðlaga sína refsilöggjöf að skilgreiningu samningsins.

Nefndin ræddi einnig réttarfarsleg ákvæði frumvarpsins um varðveisluskyldu fjarskiptafyrirtækja sem heimilar lögreglu í þágu rannsóknar að gefa fyrirmæli um varðveislu tölvugagna, þ.m.t. tölvusamskipti. Kom fram að þær röksemdir sem búa að baki ákvæðunum væru þau að auðvelt væri að eyða gögnum og því nauðsynlegt að hafa fljótvirk og skilvirk úrræði til að tryggja varðveislu þeirra og fellst nefndin á það. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að varðveisluskyldan vari í eins stuttan tíma og unnt er og ekki lengur en í 90 daga. Var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að þessi tími væri óþarflega langur. Kom fram á fundum að tímamörk frumvarpsins væru í samræmi við samninginn og því ekki unnt að stytta tímann og uppfylla einnig þær skyldur er samningurinn felur í sér. Þá leggur nefndin einnig áherslu á að samkvæmt þeim málsmeðferðarákvæðum sem gilda um starfsemi lögreglu þurfa fyrirmæli lögreglu að vera ákveðin, skýr og rökstudd og að henni er skylt að fylgja meðalhófsreglu og aflétta varðveisluskyldu strax og unnt er. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að lögregla þurfi að afla dómsúrskurðar til þess að fá gögnin afhent frá fjarskiptafyrirtækjunum.

Þá ræddi nefndin um ákvæði frumvarpsins um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptafyrirtækis um allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls. Samkvæmt frumvarpinu skulu tilmæli lögreglu styðjast við lagaheimild eða dómsúrskurð. Var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að ákvæðið væri óþarft þar sem kveðið er á um þagnarskyldu í öðrum lögum. Telur nefndin því rétt að taka fram að ákvæði

frumvarpsins um þagnarskyldu starfsmanna varða aðgerðir lögreglu sem lagðar eru til í frumvarpinu og fellst því á nauðsyn þess að lögfesta sérstakt ákvæði um þá skyldu.

Þá ræddi nefndin ákvæði frumvarpsins um hlerun og telur nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtæki setji sér verklagsreglur m.a. um meðferð beiðna, aðgang að upplýsingum um hlerun o.fl. í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Loks tekur nefndin fram að markmið frumvarpsins er að uppfylla þjóðréttarlegar skyldur. Nefndin telur að gera þurfi heildarendurskoðun á ákvæðum hegningarlaga um tölvubrot. Í þeirri endurskoðun ætti að huga að því hvort ákvæði á borð við 228. gr. hegningarlaga verði undirorpið ákæru samkvæmt kröfu þess sem misgert hefur verið við eins og fram kom á fundum nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi og er með fyrirvara við álitið.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ágúst Ólafur Ágústsson, með fyrirvara.
Birgir Ármannsson.	Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Sigurjón Þórðarson.		Sigríður Ingvarsdóttir.

1415. Breytingartillögur [714. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Á eftir orðunum „tölulegum markmiðum“ í 1. gr. komi: sbr.
2. Við 3. gr.
   a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. komi: 4. mgr.
   b. Á eftir orðunum „innheimtumönnum ríkissjóðs“ í 2. efnismgr. e-liðar komi: fyrir því.
3. A-liður 6. gr. orðist svo: 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 60 daga frá gjalddaga gjaldsins vegna innlendrar framleiðslu en tollafgreiðsludegi ef um innflutning er að ræða.

1416. Nefndarálit [620. mál]

um frv. til l. um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Trygga Axelsson og Gísla Friðgeirsson frá Neytendastofu. Þá bárust nefndinni umsagnir frá SVÞ – Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands, Fiskistofu, Neytendastofu, Samorku, Frumherja hf. og talsmanni neytenda.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja að á Íslandi hafi mælifræðin þá umgjörð að hún njóti trausts jafnt hér á landi sem á alþjóðlegum vettvangi. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af ákvæðum tilskipunar 2004/22/ESB. Í frumvarpinu er m.a. fjallað um sölu og markaðssetningu mælitækja, gildissvið og hlutverk stjórnsýslu, mælieiningar, mæligrunna, niðurstöður mælinga og framkvæmd eftirlits.

Umfjöllun nefndarinnar snerist að mestu leyti um IX. kafla frumvarpsins en í þeim kafla er lögð til skattlagning, 250 kr. á hvert mælitæki. Andlag skattlagningarinnar eru mælitæki allt frá sjússamælum sem kosta 3.000 kr. til hafnarvoga sem kosta tugi milljóna. Eftirlitið sem greiða skal með skattinum fer fram mörgum sinnum á ári í sumum tilfellum en á 17 ára fresti í öðrum. Skattlagningin er því ekki í neinum tengslum við þá umsýslu sem hún á að standa straum af. Slík skattlagning með svo lágri upphæð, 250 kr., sem leggst á 270.000 tæki og gefur einungis 60 millj. kr. í skatttekjur er í andstöðu við hefðbundna stefnu í skattlagningu. Vegna þessa leggur nefndin til að 250 kr. eftirlitsgjaldið í IX. kafla frumvarpsins verði fellt brott. Upplýst hefur verið að núverandi gjaldtaka fyrir löggildingar nemi um 8,5 millj. kr. árlega og er miðað við að þeirri gjaldtöku verði fram haldið. Leggur nefndin til að heimildin verði lögfest, sbr. 5. lið breytingartillagna nefndarinnar. Lagt er til að þeir fjármunir sem upp á vantar til að náð sé 66 millj. kr. markinu, sem að var stefnt með 250 kr. skattinum, verði fengnir beint úr ríkissjóði af fjárlögum, þ.e. 57,5 millj. kr. árlega. Í þessu sambandi skal nefnt að heildarkostnaður vegna mælifræðisviðs er 71 millj. kr. en áætlað er að um 5 millj. kr. komi sem sértekjur til kvörðunarþjónustunnar, sbr. ákvæði í 30. gr. frumvarpsins. Til að mæta tekjutapi fyrir árið 2006 leggur nefndin til að veittar verði 20 millj. kr. af fjáraukalögum fyrir árið 2006.

Nefndin leggur til að skilgreiningar í 3. gr. verði samræmdar skilgreiningum í nýlega samþykktum lögum um faggildingu o.fl. og að orðalag d-liðar 2. mgr. 4. gr. verði gert skýrara. Nefndin lagði til þá grundvallarbreytingu á frumvarpinu að hætt yrði við þá sérstöku skattlagningu sem upphaflega var í frumvarpinu, en áfram er gert ráð fyrir að innheimt verði svonefnt löggildingargjald þegar endurlöggilding mælitækja fer fram, svo sem verið hefur. Ákvæði um þetta efni er að finna í 31. gr. frumvarpsins. Á grundvelli gildandi laga hefur verið gefin út gjaldskrá um löggildingargjald, sbr. gjaldskrá nr. 245/1998, og verður hún endurútgefin á grundvelli hinna nýju laga. Af framangreindri breytingu leiðir einnig að kveða verður á um innheimtu gjaldsins, gjalddaga, dráttarvexti og skýrslur, sbr. ákvæði í 33. og 34. gr. sem einnig hafa nú verið aðlöguð að þeim breytingum sem nefndin hefur lagt til. Í upphaflegri útgáfu frumvarpsins var að finna upptalningu í 32. gr. á þeim mælitækjum sem falla eiga undir eftirlitsskyldu, sbr. ákvæði í tilskipun ESB nr. 2004/22/ESB. Af þeirri ástæðu sem hér á undan er rakin um niðurfellingu skattlagningarákvæðis frumvarpsins er lagt til að framangreind upptalning á eftirlitsskyldum mælitækjum verði felld inn í 13. gr. Jafnframt verður að tryggja nauðsynlega lagastoð fyrir reglugerðir sem settar hafa verið um vogarlóð,

sbr. reglugerð nr. 136/1994 og 137/1994 svo og reglugerð um mælitæki fyrir loftþrýsting í hjólbörðum, sbr. reglugerð nr. 130/1994, en framangreindar reglugerðir eru innleiðing á tilskipunum Evrópusambandsins um sama efni. Í 14. gr. frumvarpsins er að finna það nýmæli að unnt verður að bjóða atvinnurekendum sem nota löggildingarskyld mælitæki í rekstri sínum að í stað löggildingar verði unnt að afla samþykkis Neytendastofu á gæðkerfum hlutaðeigandi aðila sem tryggja að mælingar séu ávallt innan skilgreindra nákvæmnismarka samkvæmt lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt eru í VI. kafla að finna ákvæði um að þeir aðilar sem forpakka vörum í neytendaumbúðir geti valið að nota sér það kerfi til e-merkinga sem kveðið er á um í reglum Evrópusambandsins. Ekki er lögskylt að fylgja þeim reglum en ljóst er að mikið hagræði er af því fyrir seljendur á forpökkuðum vörum að nýta sér slíkar aðferðir, og er það til þess fallið að koma í veg fyrir yfirpökkun í pakkningar í neytendaumbúðir með tilheyrandi sóun verðmæta. Auk þess tryggja slíkar aðferðir að neytendur geta verið öruggir um að magn forpakkaðrar vöru sé ávallt innan tilskilinna vikmarka. Framangreind tilhögun er nýmæli og er eðlilegt að þeir sem velja að notfæra sér slíkar aðferðir greiði þann kostnað sem fylgir því að fá samþykki stjórnsýsluaðilans á gæðakerfum sínum. Í 32. gr. er því að finna ákvæði um gjaldtökuheimildir Neytendastofu vegna þessara nýmæla en mikilvægt er að þau séu eins nákvæm og unnt er og hefur hér verið tekið mið af ákvæðum um svipað efni í nýlega samþykktum lögum um faggildingu o.fl. Loks eru lagðar til nokkrar lagatæknilegar breytingar og breytingar til samræmis við faggildingarfrumvarpið (361. mál).

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi við afgreiðslu þess og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 2. júní 2006.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðjón Ólafur Jónsson.
Birgir Ármannsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Ögmundur Jónasson.		Lúðvík Bergvinsson.

1417. Breytingartillögur [620. mál]

við frv. til l. um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Skilgreining eftirfarandi hugtaka verði svohljóðandi:
   a. *Faggilding:* Formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat.

b. *Samræmismat:* Mat á því hvort vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.
c. *Skoðun:* Athugun á vöruhönnun, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

2. D-liður 2. mgr. 4. gr. verði svohljóðandi: að annast markaðseftirlit og samskipti við önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. III. kafla laga þessara, og yfireftirlit á sviði mælifræði í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.
3. 13. gr. verði svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sérkröfur um mælitæki og mælingar til ákveðinna nota.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að mælitæki og mælingar til ákveðinna nota skuli uppfylla ítarlegri kröfur en almennt eru gerðar til mælinga og mælitækja og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað, sbr. 14. gr. og VI. kafla um framkvæmd eftirlits með mælitækjum.

Eftirlitsskyld mælitæki í notkun eru:

1. Vatnsmælar.
2. Gasmælar.
3. Raforkumælar fyrir raunorku.
4. Varmaorkumælar.
5. Mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.
6. Vogir.
7. Gjaldmælar leigubifreiða.
8. Mæliáhöld fyrir lengd og rúmmál.
9. Víddamælitæki.
10. Greiningartæki fyrir útblástursloft.
11. Vogarlóð.
12. Mælitæki fyrir loftþrýsting í hjólbörðum.

Neytendastofa setur reglur sem gilda skulu um slík mælitæki. Þá getur Neytendastofa sett reglur um nákvæmnisflokka mælitækja ef nauðsyn krefur.

Mælitæki önnur en þau sem getið er um í 2. mgr. skulu eigi að síður uppfylla þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til mælitækis sem er á sama stað, ef unnt er að nota þau í sama tilgangi.

Neytendastofa skal birta á aðgengilegan hátt og uppfæra reglulega nánari upplýsingar um hvaða mælitæki eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum og reglum sem gilda hér á landi.

4. Við 14. gr.
   a. Á eftir orðunum „Eigandi mælitækja“ í 2. mgr. komi: eða ábyrgðaraðili mælinga.
   b. Fyrirsögn greinarinnar verði svohljóðandi: *Staðfesting á að mælitæki í notkun og mælingar uppfylli skilyrði laga og reglna.*
5. 31. gr. verði svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Löggildingargjald.

Í gjaldskrá sem ráðherra setur skal kveða á um löggildingargjald sem innheimta skal þegar Neytendastofa eða aðili sem fengið hefur umboð hennar til löggildingar framkvæmir löggildingu mælitækis. Aðili sem annast löggildingu skal innheimta löggildingargjald af eigendum mælitækis þegar innheimt er greiðsla fyrir veitta þjónustu við mælitækið. Löggildingargjald skal greiða af mælitækjum sem um getur í 5.–8. og 11. tölul. 2. mgr. 13. gr.

Löggildingargjald skal nema 15–25% af því þjónustugjaldi sem innheimt er af eiganda mælitækis þegar löggilding fer fram.

Í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir skal kveðið nánar á um löggildingargjald fyrir einstakar tegundir mælitækja samkvæmt þessari grein.

6. 32. gr. verði svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Eftirlitsgjald með gæðakerfum og forpökkuðum vörum.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu skiptast í eftirfarandi flokka:

a. *Umsóknargjald:* Gjald fyrir móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar og fylgiskjala, auk álitsgerðar um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.

b. *Leyfisgjald:* Gjald fyrir formlegt samþykki Neytendastofu á gæðakerfum eða kerfum til forpakkningar á vörum en það felur í sér kostnað vegna mats á kerfum, gerðar verk- og tímaáætlunar, mats á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerðar og leyfisveitingar.

c. *Eftirlitsgjald:* Gjald vegna vinnu við árlegt eftirlit með kerfum samkvæmt þessari grein en það felur í sér gerð verk- og tímaáætlunar, vinnu við reglubundið mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð og endurútgáfu leyfis.

7. 33. gr. verði svohljóðandi:

Löggildingargjald skv. 31. gr. skal aðili sem annast framkvæmd eftirlits með mælitækjum í notkun, sbr. 17. gr., innheimta þegar eftirlit fer fram með löggildingu mælitækis. Um uppgjörstímabil og gjalddaga á eftirlitsgjöldum til Neytendastofu samkvæmt þessari grein fer nánar eftir ákvæði 34. gr.

8. 34. gr. verði svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Um gjalddaga, dráttarvexti og skýrslu.

Aðili sem annast framkvæmd löggildingar í umboði Neytendastofu innheimtir löggildingargjald af eigendum mælitækja, sbr. 31. gr. Löggildingargjaldi skal skila inn til Neytendastofu ársþriðjungslega þannig að gjalddagi fyrsta ársþriðjungs er 1. maí, gjalddagi annars ársþriðjungs er 1. september og gjalddagi þriðja ársþriðjungs er 1. febrúar.

Sé eftirlitsgjald skv. 32. gr. ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða í ríkissjóð dráttarvexti í samræmi við vaxtalög, svo og innheimtukostnað.

Gjaldskyldir aðilar skv. 33. gr. skulu við uppgjör á eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum þessum og eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila ótilkvaddir skýrslu í því formi sem Neytendastofa ákveður vegna mælitækja sem bera gjald á uppgjörstímabilinu.

9. Heiti IX. kafla verði: **Löggildingargjald og eftirlitsgjald með gæðakerfum og forpökkuðum vörum.**

10. Fyrri málsliður 45. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

1418. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 76 27. mars 2003, með síðari breytingu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Foreldrar skulu ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumaður skal tilkynna þjóðskrá hjá hvoru foreldra barnið eigi lögheimili. Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.

b. Orðin „sameiginleg eða“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

3. og 4. málsl. 2. mgr. 48. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Fyrri málsliður 54. gr. laganna orðast svo: Meðlagsgreiðslur með barni skal ávallt ákveða við skilnað foreldra að borði og sæng og við lögskilnað, svo og við ákvörðun um forsjá barns eða lögheimili vegna slita foreldra á sambúð sem skráð hefur verið í þjóðskrá.

4. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ef ákvörðun um meðlag skv. IX. kafla hefur verið tekin hér á landi og meðlagsgreiðandi er búsettur hér á landi.

II. KAFLI
Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130 31. desember 1999.

5. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um leyfi til að ættleiða barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu ættleiðingarleyfis séu ekki uppfyllt.

6. gr.

Orðið „öðrum“ í 1. mgr. 18. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar um umsókn um forsamþykki til að ættleiða erlent barn nema augljóst sé að skilyrði fyrir útgáfu forsamþykkis séu ekki uppfyllt.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Orðið „öðrum“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er þó að framlengja gildistíma forsamþykkis einu sinni í allt að 12 mánuði ef sérstaklega stendur á.

9. gr.

Við 41. gr. laganna bætist: þar á meðal um þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla.

III. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Við VII. kafla laganna bætist ný grein, 52. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

C. Fjárnámsheimild.

Gera má fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu skv. 49. gr. og lífeyri skv. 51. gr. á grundvelli úrskurðar sýslumanns. Sýslumaður getur staðfest samning milli hjóna um fjárframlag til framfærslu. Fyrir slíkum fjárframlögum og lífeyri, sem samningur staðfestur af sýslumanni tekur til, má einnig gera fjárnám.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Útgáfa skilnaðarleyfis, hvort sem um er að ræða leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar, verður þó ekki kærð til ráðuneytisins.
b. 3. mgr. fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1419. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með þjónusturými er í lögum þessum átt við öll húsakynni undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, svo og samkomutjöld og sýningartjöld, sem almenningur hefur aðgang að vegna viðskipta og veittrar þjónustu og þátttöku í menningar- og félagsstarfsemi, þ.m.t. áhorfendasvæði, biðstofur, gestamóttaka, forstofur, gangar, snyrtiherbergi o.fl.

2. gr.

Við 6. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sérverslunum með tóbak, þ.e. verslunum sem einkum hafa tóbak og reykfæri á boðstólum, er þó heimilt að koma tóbaki og vörumerkjum tóbaks þannig fyrir innan verslunar að það sé sýnilegt viðskiptavinum þegar inn í verslunina er komið.

3. gr.

11. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Til reksturs sérverslunar með tóbak þarf jafnframt sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Auðkenna skal sérverslun með tóbak sérstaklega. Leyfi samkvæmt þessari grein skulu veitt til fjögurra ára í senn og verða einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu. Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Um gjaldtöku fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ráðherra er heimilt í samráði við umhverfisráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um leyfisveitingu samkvæmt þessari grein, m.a. um umbúnað sérverslana með tóbak, hvernig þær skuli auðkenndar og hvernig koma megi tóbaki og vörumerkjum tóbaks fyrir á útsölustöðum og í sérverslunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Tóbaksreykingar eru óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, svo sem á veitinga- og skemmtistöðum og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram, þ.m.t. íþrótta- og tómstundastarf. Sama gildir um tilsvarandi svæði utan húss séu þau ekki nægilega opin til að tryggja viðunandi loftstreymi.

b. 2. og 5. mgr. falla brott.

c. 6. mgr. orðast svo:

   Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, í samráði við samgönguráðherra og umhverfisráðherra, nánari ákvæði um reykingar á gististöðum og um framkvæmd banns við reykingum á veitinga- og skemmtistöðum, m.a. hvað varðar svæði utan dyra, sbr. 1. mgr.

5. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 3. mgr. 9. gr. skal hver maður eiga rétt á reyklausu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi hans sjá til þess að hann njóti þess réttar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. og 5. gr. koma til framkvæmda 1. júní 2007.

1420. Frumvarp til laga [433. mál]

um háskóla.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI
Gildissvið. Hlutverk háskóla.

1. gr.

Lög þessi taka til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi og hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, sbr. 3. gr.

2. gr.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Háskólar hafa sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra. Háskólar skulu setja sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

II. KAFLI
Viðurkenning háskóla.

3. gr.

Háskóla má reka sem ríkisstofnun, sjálfseignarstofnun, hlutafélag eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi. Ríkisrekinn háskóli er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hennar sé falin öðrum ráðherra að lögum.

Menntamálaráðherra veitir háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laga þessara.

Menntamálaráðherra gefur út reglur um viðurkenningu háskóla sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um háskólastarfsemi. Í þeim skulu tilgreind skilyrði sem háskólar skulu fullnægja til að öðlast viðurkenningu. Skilyrðin lúta að eftirtöldum þáttum:

a. hlutverki og markmiðum háskóla,
b. stjórnskipan og skipulagi,
c. fyrirkomulagi kennslu og rannsókna,
d. hæfisskilyrðum starfsmanna,
e. inntökuskilyrðum og réttindum og skyldum nemenda,
f. aðstöðu kennara og nemenda og þjónustu við þá, þ.m.t. fatlaðra nemenda,
g. innra gæðakerfi,
h. lýsingu á inntaki náms út frá þekkingu, hæfni og færni við námslok,
i. fjárhag.

Viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið.

Háskóli skal sækja um heimild til menntamálaráðherra óski hann eftir viðurkenningu til að stunda kennslu eða rannsóknir á öðru fræðasviði en viðurkenning hans nær þegar til. Háskólar geta eingöngu starfað á fræðasviðum sem viðurkenning þeirra nær til.

Menntamálaráðherra skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um umsóknir um viðurkenningu er taki til einstakra fræðasviða.

Hyggist háskóli láta af kennslu eða rannsóknum á tilteknu fræðasviði skal menntamálaráðuneyti tilkynnt um það. Hafi ekki verið stunduð kennsla eða rannsóknir í tvö ár samfleytt á fræðasviði, sem viðurkenning háskóla nær til, fellur viðurkenning háskólans á því fræðasviði úr gildi.

Í viðurkenningu háskóla felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi háskóla sé í samræmi við lög þessi og reglur sem settar kunna að vera með stoð í þeim. Viðurkenning felur ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla.

Menntamálaráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu.

4. gr.

Uppfylli háskóli, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki ákvæði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra eða þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna getur menntamálaráðherra afturkallað viðurkenningu á einstökum fræðasviðum eða að fullu.

5. gr.

Menntamálaráðherra gefur út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður. Viðmið um æðri menntun og prófgráður eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Í þeim skulu koma fram þau skilyrði sem háskólum ber að uppfylla á hverju námsstigi. Háskólum ber að birta sambærilegar lýsingar fyrir hverja námsleið á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir við námslok. Birta skal viðmiðin á íslensku og ensku.

III. KAFLI
Námsframboð og prófgráður.

6. gr.

Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í stöðluðum námseiningum. Að jafnaði svara 60 námseiningar til fulls náms á ársgrundvelli og endurspegla alla námsvinnu nemenda. Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu eða öðru lokaprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem áskilin eru. Við útskrift skulu nemendur fá viðauka með prófskírteinum.

7. gr.

Háskólar ákveða fyrirkomulag kennslu, rannsókna, náms og námsmats.

Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs. Viðurkenndar prófgráður og lokapróf, sem háskólar miða við, eru:

a. diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30–120 stöðluðum námseiningum,
b. bakkalárpróf sem jafngildir a.m.k. 180–240 stöðluðum námseiningum,

c. meistara- eða kandídatspróf sem jafngildir a.m.k. 90–120 stöðluðum námseiningum til viðbótar bakkalárprófi eða jafngildi þess,
d. doktorspróf sem jafngildir að lágmarki 180 stöðluðum námseiningum til viðbótar tilskildum einingafjölda til meistara- eða kandídatsprófs.

Ráðherra getur heimilað háskólum, þegar sérstaklega stendur á, að víkja frá námseiningafjölda skv. 2. mgr. Háskólar geta skilgreint nám sem felur í sér starfsþjálfun til námseininga á námsstigum skv. 2. mgr.

Háskólar skulu leita heimildar menntamálaráðherra til að bjóða nám til doktorsprófs. Skal sýnt fram á að viðkomandi háskóli uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði sem tilgreind eru í reglum um doktorsnám í háskólum. Menntamálaráðherra skipar þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður.

Ráðherra getur heimilað háskólum að veita doktorsgráðu án þess að byggt sé á stöðluðum einingum.

8. gr.

Háskólar skulu reglulega gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt er að það nám, sem þeir bjóða, uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.

Við undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða skal háskóli birta upplýsingar um hvernig námið uppfyllir þau skilyrði og kröfur sem fram koma í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.

9. gr.

Háskólar, sem starfa á grundvelli laga þessara, skulu gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Þeir skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Háskólum er heimilt að veita prófgráður skv. 7. gr. í samstarfi við aðra háskóla, innlenda sem erlenda.

10. gr.

Heimilt er háskólum að meta til eininga nám sem fram fer í öðrum háskólum. Jafnframt er háskólum heimilt að meta til eininga nám sem fram fer við aðra skóla og rannsóknastofnanir enda ábyrgist þeir að námið uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru á grundvelli laga þessara.

IV. KAFLI
Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

11. gr.

Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er:

a. að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,
b. að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,
c. að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt,
d. að stuðla að aukinni ábyrgð háskóla á eigin starfi,
e. að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna fer annars vegar fram með innra mati háskóla og hins vegar með reglubundnu ytra mati. Menntamálaráðherra setur reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.

12. gr.

Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Innra mat háskóla og eininga innan hans skal vera reglubundið og snúa að stefnu og markmiðum, inntaki náms, kennslu, kennsluháttum, námsmati, rannsóknum, árangri rannsókna, aðbúnaði, stjórnun og ytri tengslum. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna og nemenda í innra gæðastarfi háskóla, eftir því sem við á.

Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans.

13. gr.

Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur menntamálaráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

Ytra matið getur náð til háskóla í heild, einstakra vísinda- og fræðasviða, deilda, námsbrauta eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi háskóla. Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn.

Samráð skal haft við viðkomandi háskóla um ytra mat og skulu háskólar leggja fram þá aðstoð og þau gögn sem matið útheimtir. Matsskýrslur, sem unnar eru samkvæmt lögum þessum, skulu birtar, auk greinargerðar um hvernig viðkomandi háskóli hyggst bregðast við niðurstöðum matsins.

14. gr.

Menntamálaráðherra getur falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati á kennslu og rannsóknum.

Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. Að því mati skulu að jafnaði koma bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og fulltrúi nemenda.

V. KAFLI
Stjórnskipan háskóla.

15. gr.

Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar er kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum háskóla. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum, sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

Að öðru leyti fer um stjórnskipan háskóla eftir sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða stofnskjölum háskóla.

16. gr.

Í hverjum háskóla skal haldinn háskólafundur a.m.k. einu sinni á ári. Háskólafundur er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Háskólaráð ákveður nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar. Háskólaráð skal tryggja að fulltrúar kennara, nemenda og annars starfsliðs eigi rétt til setu á háskólafundi. Rektor stýrir háskólafundi.

VI. KAFLI
Starfslið háskóla.
17. gr.

Starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og aðjunkt. Háskólaráð getur sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota.

18. gr.

Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Þeir sem bera starfsheiti skv. 17. gr. skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla eða jafngildu námi og skal formaður dómnefndar hafa sama eða æðra hæfi og um er fjallað, verði því við komið. Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við viðkomandi háskóla.

Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfi þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög, samþykktir, skipulagsskrár eða stofnskjal háskóla.

VII. KAFLI
Nemendur.
19. gr.

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Heimilt er háskólum að innrita nemendur sem búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Heimilt er að ákveða sérstök inntökuskilyrði til að hefja nám í háskóla, þar á meðal að láta nemendur, sem uppfylla skilyrði 1. mgr., gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Háskólum er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla.

Að fenginni umsögn samtaka nemenda í viðkomandi háskóla setur háskólaráð reglur um réttindi og skyldur nemenda, þ.m.t. um málskotsrétt þeirra innan háskólans.

20. gr.

Menntamálaráðherra skipar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema sem í eiga sæti þrír menn skipaðir til tveggja ára í senn; einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Um málskot til áfrýjunarnefndar gilda ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga. Máli háskólanema verður þannig ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggi endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemandans. Þó er nemanda heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti, og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni.

Áfrýjunarnefndin endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf áfrýjunarnefndar.

VIII. KAFLI
Fjárhagsmálefni.

21. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögum þessum. Slíkir samningar eru skilyrði fyrir veitingu fjárframlaga til viðkomandi háskóla.

Í samningum skal kveðið á um eftirfarandi:

a. skilmála sem menntamálaráðuneyti setur fyrir veitingu fjárframlaga til háskólans,
b. skilgreiningu á þeirri kennslu- og rannsóknastarfsemi sem ríkissjóður greiðir fyrir,
c. helstu áherslur í starfi háskólans og sameiginleg markmið samningsaðila,
d. önnur verkefni sem háskólinn innir af hendi samkvæmt samningnum,
e. fjárframlög og greiðslur úr ríkissjóði fyrir nám sem skilgreint er sem sí- og endurmenntun.

Ráðherra er heimilt að kveða sérstaklega á um greiðslur úr ríkissjóði til háskóla fyrir nám einstaklinga sem ekki hafa ríkisfang innan Evrópska efnahagssvæðisins.

22. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um fjárframlög til háskóla. Skal þar kveðið á um nám og rannsóknir sem fjárveitingar renna til, vægi námsgreina, umfang rannsókna og aðra þætti sem fjárveitingar skulu taka mið af.

Kveðið skal á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum, sem heyra undir menntamálaráðherra, í sérlögum sem um þá gilda.

23. gr.

Árlega skal hver háskóli, sem nýtur fjárframlaga úr ríkissjóði, halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

IX. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Menntamálaráðuneyti heldur skrá um þær prófgráður sem í boði eru við háskóla sem ráðuneytið hefur viðurkennt. Háskóli skal gefa út kennsluskrá fyrir hvert kennsluár þar sem birt er yfirlit og upplýsingar um öll einingabær námskeið og prófgráður sem skólinn veitir.

25. gr.

Háskóla ber að varðveita upplýsingar um námsferil þeirra sem þar stunda eða hafa stundað nám. Þeim ber einnig að láta í té þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna opinberrar tölfræðivinnu og hagskýrslugerðar.

26. gr.

Rektorar háskóla, sem hafa fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytis, skipa sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni er varða starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi háskóla. Nefndin skal veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað. Nefndin setur sér nánari starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfestir.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um háskóla, nr. 136/1997.

28. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum:*

   Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er hljóða svo:

   Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

   Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

2. *Á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum:*

   a. Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er hljóða svo:

      Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

      Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

   b. Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

      Kennaraháskóla Íslands er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

3. *Á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum:*

   a. Við 7. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er hljóða svo:

      Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors án auglýsingar.

      Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

      Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörð-

unarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

b. Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Háskólanum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólar, sem starfa samkvæmt starfsleyfi menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, sem starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa öðlast viðurkenningu, sbr. 3. gr., er nái til þeirra fræðasviða sem starfsemi þeirra tekur til.

Endurskoða skal lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara til að samræma og auka samvinnu við gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.

1421. Frumvarp til laga [447. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 til 16 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Verði misbrestur á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið.

b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Takist það ekki vísar skólastjóri málinu til úrlausnar skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðingaþjónustu á vegum sveitarfélaga. Jafnframt getur forráðamaður barns kært ákvörðun skólastjóra til skólanefndar.

Ákvörðun skv. 2. mgr. er kæranleg til menntamálaráðuneytisins. Fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga.

4. gr.

Í stað orðanna „viðurkennda einkaskóla“ í a-lið 7. gr. laganna kemur: sjálfstætt rekna grunnskóla.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Forráðamaður getur kært synjun skólastjóra um undanþágu frá skólasókn til skólanefndar.

6. gr.

Á eftir orðinu „sveitarfélög“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: og sjálfstætt reknir grunnskólar.

7. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

8. gr.

Við 3. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldraráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa nemendaráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Í nemendaráði situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 6.–10. bekk sem nemendur úr þessum bekkjardeildum velja sjálfir. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð skal fá skólanámskrá til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Nemendaráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: og foreldraráð.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi.

11. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Orðin „(30 kennslustundir)“, „(35 kennslustundir)“ og „(37 kennslustundir)“ í 2. mgr. falla brott.
b. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „kyns“ í 4. mgr. kemur: kynhneigðar.
c. Í stað orðanna „eða fötlunar“ í 4. mgr. kemur: fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „kjarnagreinar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: skyldunámsgreinar.
b. D-liður 2. mgr. orðast svo: list- og verkgreinar.
c. Í stað orðanna „umhverfis- og tæknimennt“ í e-lið 2. mgr. kemur: og umhverfismennt.
d. G-liður 2. mgr. orðast svo: íþróttir, líkams- og heilsurækt.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   j. lífsleikni,
   k. upplýsinga- og tæknimennt.

15. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Í skólanámskrá skal m.a. gerð grein fyrir starfsáætlun skólans, skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, skólaheilsugæslu og slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans, svo sem mati og úttektum á skólastarfi. Skólanámskrá skal lögð fyrir foreldraráð og nemendaráð til umsagnar ár hvert. Að loknu umsagnarferli skal skólanámskráin lögð fyrir skólanefnd sem skal staðfesta gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla, kjarasamninga og almennar ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

16. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Í 8., 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla. Forráðamaður getur kært synjun um mat á námi

til skólanefndar. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.

17. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Skólaakstur skv. 4. gr. skal vera nemendum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:
   Allir nemendur grunnskólans eiga rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskólinn skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna.
b. Í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: Skólastjóra.
c. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: skólastjóra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar sérfróðra ráðgjafa skólans og skólastjóra sem leitar leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.
b. 3. og 4. mgr. orðast svo:
   Meðan mál skv. 2. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Slíkri ákvörðun skal fylgja skýr leiðbeining um málsmeðferð og kærurétt forráðamanns nemanda. Óheimilt er að víkja nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Takist ekki að leysa málið innan skólans vísar skólastjóri málinu til skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga.
   Ákvörðun skólanefndar skv. 3. mgr. er kæranleg til menntamálaráðuneytisins. Fer um kæru og meðferð hennar að ákvæðum stjórnsýslulaga.

20. gr.

Í stað orðsins „kjarnagreinum“ í 1. mgr. 46. gr. laganna kemur: skyldunámsgreinum.

21. gr.

Í stað orðsins „einkaskólum“ í 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: sjálfstætt reknum grunnskólum.

22. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda.

Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr. eftir því sem við á.

Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.

23. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Sjálfstætt reknir grunnskólar.**

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Grunnskólar sem þegar eru starfandi á grundvelli 56. gr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði skv. 22. gr. laga þessara án sérstakrar viðurkenningar menntamálaráðuneytisins skv. 1. mgr. sömu greinar. Sveitarfélagi er þó heimilt að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda.

1422. Frumvarp til laga [520. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Eftir 2. umr., 2. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 29 8. apríl 1998:

a. B-liður 2. mgr. orðast svo: að starfrækja lögregluransóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

b. 4. mgr. orðast svo:

Ríkislögreglustjóra til aðstoðar eru aðstoðarríkislögreglustjórar. Einn þeirra skal vera staðgengill ríkislögreglustjóra.

2. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

Landið skiptist í 15 lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar og sýslumenn sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Sveitarfélagið Álftanes.
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, fer með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, Sandgerði, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.
3. Sýslumenn með aðsetur á Akranesi, í Borgarnesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Eskifirði, Hvolsvelli, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Búðardal fer sýslumaðurinn í Borgarnesi, með lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík fer sýslumaðurinn á Ísafirði, með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði fer sýslumaðurinn á Akureyri, með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins á Höfn fer sýslumaðurinn á Eskifirði og með lögreglustjórn í umdæmi sýslumannsins í Vík fer sýslumaðurinn á Hvolsvelli. Umdæmi lögreglustjóra samkvæmt þessum tölulið skulu að öðru leyti ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórna.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum skulu starfa aðstoðarlögreglustjórar.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Vaktskipulag og almenn löggæsla í lögregluumdæmum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi skal í hverjum fjórðungi samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag samvinnu og til hvaða umdæma hún skuli ná.

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

3. gr.

8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 56 1. júní 2004, ásamt fyrirsögn orðast svo:

Lögregluransóknir.

Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

Við embætti eftirtalinna lögreglustjóra skulu vera sérstakar rannsóknardeildir:

1. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir umdæmi hans,
2. lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi og Stykkishólmi,
3. lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans,
4. lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi, á Sauðárkróki og á Húsavík,
5. lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Seyðisfirði,
6. lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum,
7. lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir umdæmi hans.

Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum skv. 2. mgr. Önnur brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr. Jafnframt setur ráðherra reglur um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og um rannsóknaraðstoð.

Sá lögreglustjóri sem rannsóknardeild á undir fer með forræði á rannsókn máls sem til rannsóknar er hjá sérstakri rannsóknardeild.

Ráðherra er heimilt að ákveða að við einstök embætti lögreglustjóra starfi, undir eftirliti ríkislögreglustjóra, greiningardeildir til að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

4. gr.

Í stað orðsins „vararíkislögreglustjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: aðstoðarríkislögreglustjórar; og í stað orðanna „varalögreglustjórinn í Reykjavík“ í sömu málsgrein kemur: aðstoðarlögreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

5. gr.

28. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 83 27. maí 1997 og 5. gr. laga nr. 29 8. apríl 1998, ásamt fyrirsögn orðast svo:

Veiting starfa í lögreglu.

Ráðherra skipar til fimm ára í senn ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra, lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar skulu fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og sýslumenn til skipunar í embætti. Sama gildir um staðgengla þeirra.

Aðstoðarríkislögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkislögreglustjóri til skipunar í embætti, en eftirtalin skilyrði gilda um menntun og starfsreynslu þeirra:

a. hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi;
b. hefur í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

Ráðherra skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 49 16. maí 2000 og 5. gr. laga nr. 56 6. maí 2002:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20–40 ára,
b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið,
c. vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirliggjandi kröfum,
d. hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, hafa gott vald á íslensku og ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs og vera synd,
e. standast inntökupróf samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Valnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði skv. b- og c-lið 2. mgr. og um val á nemum í lögregluskólann.

II. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

7. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í 24 stjórnsýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis, sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Akureyri, 14. Húsavík, 15. Seyðisfjörður, 16. Eskifjörður, 17. Höfn, 18. Vík, 19. Hvolsvöllur, 20. Vestmannaeyjar, 21. Selfoss, 22. Reykjanesbær, 23. Keflavíkurflugvöllur, 24. Hafnarfjörður, 25. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–25. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnsýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

8. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Með þau verkefni sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum fara lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, tollstjórinn í Reykjavík og sýslumennirnir í Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli, í Kópavogi, í Reykjanesbæ og í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum fara með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaeftirlit, ásamt störfum sem þeim eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga, hvor í sínu umdæmi.
2. Tollstjórinn í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. og 2. tölul. fer sýslumaðurinn í Reykjavík í sínu umdæmi. Með önnur störf en þau sem falla innan marka 1. tölul. fara sýslu-

mennirnir í Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli, í Kópavogi og í Reykjanesbæ, hver í sínu umdæmi.

Um lögreglustjórn í umdæmum sýslumannanna í Búðardal, á Patreksfirði, í Bolungarvík, á Hólmavík, Siglufirði, Höfn og í Vík fer samkvæmt lögreglulögum.

Dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra setja sér sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem varða verksvið lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Skulu reglur þessar birtar.

Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007, fyrir utan 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem öðlast þegar gildi.

10. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

a. Í stað orðanna „vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70 11. júní 1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kemur: aðstoðarríkislögreglustjórar, lögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar.
b. Í stað orðanna „lögreglustjórinn í Reykjavík“ í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 43 24. mars 2003, um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, kemur: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsmenn lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu skulu hafa forgang að störfum hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þeir skulu við þann flutning njóta áunninna réttinda sinna.

Dómsmálaráðherra skal eigi síðar en 1. júlí 2006 skipa lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk hans er að undirbúa stofnun lögregluembættis á höfuðborgarsvæðinu. Skal hann í því starfi hafa samráð við sveitarfélög á svæðinu.

Dómsmálaráðherra skal jafnframt skipa nefnd til ráðgjafar við stofnun nýs embættis á höfuðborgarsvæðinu og flutning starfsmanna til þess. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu tilnefndir af Landssambandi lögreglumanna, Stéttarfélagi í almannaþjónustu, Stéttarfélagi lögfræðinga í ríkisþjónustu og þremur fulltrúum starfsmanna embættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu.

Dómsmálaráðherra skipar enn fremur nefnd þriggja manna til að fylgjast með endurskipulagningu lögregluumdæma. Skal hún skila ráðherra eigi síðar en einu ári frá gildistöku laganna greinargerð um breytingarnar þar sem sérstök áhersla verður lögð á að meta með hvaða hætti markmið um aukna og eflda löggæslu hafa náð fram að ganga.

1423. Lokafjárlög [575. mál]

fyrir árið 2004.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 833.

1424. Lög [624. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum..

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 917.

1425. Lög [622. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1361.

1426. Lög [403. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 519.

1427. Lög [623. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1362.

1428. Lög [733. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1069.

1429. Lög [444. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1363.

1430. Lög [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1364.

1431. Lög [594. mál]

um evrópsk samvinnufélög.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1365.

1432. Lög [647. mál]

um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 954.

1433. Lög [651. mál]

um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1366.

1434. Lög [684. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (samlagshlutafélög o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1367.

1435. Lög [655. mál]

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1368.

1436. Lög [709. mál]

um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1045.

1437. Lög [342. mál]

um umhverfismat áætlana.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1371.

1438. Lög [714. mál]

um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1372 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Úrvinnslugjald sem lagt er á pappa-, pappírs- og plastumbúðir skal standa undir greiðslum við að ná tölulegum markmiðum, sbr. 3. mgr. 15. gr., um endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem fellur til vegna framangreindra umbúða.

3. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna:

a. Í stað „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. mgr.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

   Úrvinnslusjóður ákveður, í samræmi við áætlun sína um að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu og endurvinnslu, fyrir hvaða tegundir umbúðaúrgangs sem úrvinnslugjald er lagt á, sbr. 3. mgr. 3. gr., hann greiðir.

   Margnota flutnings- og safnumbúðir sem fluttar eru úr landi til endurnotkunar hjá birgjum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Undanþágan er bundin því skilyrði að innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, með þeim hætti sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður, að umbúðirnar verði sannanlega fluttar úr landi til endurnotkunar hjá birgjum og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.
c. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
d. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Pappa-, pappírs- og plastumbúðir í eftirtöldum tollskrárnúmerum eru undanþegnar úrvinnslugjaldi að því skilyrði uppfylltu að innflytjandi gefi yfirlýsingu í aðflutningsskýrslu, sbr. 3. mgr., um að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi.
e. Við 4. mgr. bætast eftirfarandi tollskrárnúmer: 3919.1000, 3920.1009.
f. Á eftir 4. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem verða 7.–10. mgr. og orðast svo:

   Innlendir framleiðendur greiða ekki úrvinnslugjald vegna gjaldskyldra umbúða sem notaðar eru utan um vörur sem sannanlega eru fluttar úr landi, sbr. 6. mgr.

Framleiðendur og innflytjendur skulu við útgáfu sölureiknings tilgreina með skýrum hætti ef umbúðir eru undanþegnar úrvinnslugjaldi. Kaupandi skal staðfesta með móttökukvittun á viðkomandi reikningi að keyptar umbúðir fari til útflutnings. Endanleg yfirlýsing kaupanda er staðfest við greiðslu reiknings. Kaupandi er ábyrgur, gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs, fyrir því að umbúðir keyptar án úrvinnslugjalds fari til útflutnings.

Skattstjóra er heimilt að gefa út úrvinnslugjaldsskírteini til framleiðanda, innflytjanda og seljanda umbúða úr pappír, pappa eða plasti, sbr. 6. mgr. Forsenda heimildar er að umbúðirnar séu utan um vörur til útflutnings eða til nota utan um vörur er fara á innanlandsmarkað og að umsækjandi hafi atvinnu af innflutningi, framleiðslu eða sölu úrvinnslugjaldsskyldra umbúða. Skírteinið veitir handhafa þess heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands umbúðir án úrvinnslugjalds. Sækja þarf um úrvinnslugjaldsskírteini á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ef handhafi úrvinnslugjaldsskírteinis tekur til eigin nota vörur sem úrvinnslugjald hefur verið fellt niður af á grundvelli skírteinisins skal hann á næsta gjalddaga almenns uppgjörstímabils standa skil á úrvinnslugjaldi vegna þeirra nota.

6. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er að kæra álagningu gjalds innan 60 daga frá gjalddaga gjaldsins vegna innlendrar framleiðslu en tollafgreiðsludegi ef um innflutning er að ræða.
b. Á eftir orðinu „skýrsla“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: vegna innlendrar framleiðslu.
c. Í stað orðsins „kærufrests“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: gagnaöflunar.
d. Í stað orðanna „101. gr. tollalaga, nr. 55/1987“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 118. gr. tollalaga, nr. 88/2005.

1439. Lög [555. mál]

um landshlutaverkefni í skógrækt.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1373.

1440. Lög [210. mál]

um breytingu á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 210.

1441. Lög [667. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1376.

1442. Lög [675. mál]

um breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 991.

1443. Lög [615. mál]

um breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1377.

1444. Lög [669. mál]

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1378.

1445. Lög [340. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjóvgun).

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1379 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Við 100. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambúðarslit einstaklinga af sama kyni.

5. gr. hljóðar svo:
Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 44. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um bótarétt einstaklinga af sama kyni í sambúð.

12. gr. hljóðar svo:
Við 1. mgr. 80. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um framtal einstaklinga af sama kyni í sambúð sem óskað hafa samsköttunar.

25. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um yfirlýsingu móður þegar 2. mgr. 6. gr. laganna á við.
b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skráning barns í þjóðskrá.*

33. gr. hljóðar svo:
Í stað orðsins „konu“ í 2. mgr. og „Kona“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: móður, og: Móðir.

1446. Lög [566. mál]

um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1380.

1447. Lög [567. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings á þjóðskrá og almannaskráningu frá Hagstofu Íslands til dómsmálaráðuneytis.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1381.

1448. Lög [331. mál]

um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1382 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Við gildistöku laga þessara tekur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, lögð niður. Þeir skulu þó vera forstöðumanni sem skipaður verður skv. 4. mgr. til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá og með 1. nóvember 2006 og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrra starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara skal hugvísindadeild Háskóla Íslands, í stað húsþings, tilnefna einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna skipunar hans í embætti skv. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal stjórn skv. 4. gr. skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 5. gr. Dómnefnd skv. 5. gr. skal einnig skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns. Gengið skal frá skipun forstöðumanns skv. 5. gr. eigi síðar en 1. september 2006.

Ónýttar fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renna til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1449. Lög [664. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 974.

1450. Lög [695. mál]

um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1383.

1451. Lög [463. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 690.

1452. Breytingartillaga [447. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá Dagnýju Jónsdóttur.

Í stað „1. júlí 2006“ í 24. gr. komi: 1. janúar 2007.

1453. Lög [614. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1384.

1454. Lög [480. mál]

um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 708.

1455. Lög [376. mál]

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1385.

1456. Lög [279. mál]

um breyting á nokkrum lögum á sviði sifjaréttar.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1418.

1457. Lög [328. mál]

um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 360.

1458. Lög [520. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1422.

1459. Lög [388. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1419.

1460. Lög [433. mál]

um háskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1420.

1461. Lög [447. mál]

um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. júní.)

Samhljóða þskj. 1421 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

1462. Breytingartillaga [794. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá Kristjáni L. Möller.

2. gr. falli brott.

1463. Nefndarálit [391. mál]

um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Svein Þorgrímsson, Baldur Pétursson og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu, Aðalstein Þorsteinsson, Snorra Björn Sigurðsson og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Helgu Jónsdóttur frá Reykjavíkurborg, Ársæl Guðmundsson, Jakob Björnsson og Adolf Berndsen frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Ólaf Sveinsson frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Gunnar Þorgeirsson frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sigurð Jónsson, Hörð Guðbrandsson og Guðjón Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Aðalstein Óskarsson og Guðna Geir Jóhannesson frá Fjórðungssambandi Vestfjarða, Pétur Þór Jónsson frá Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Þorvald Jóhannsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Orkustofnun, Íbúðalánasjóði, Landsvirkjun, Ísafjarðarbæ, Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Þekkingarsetri Þingeyinga, Vegagerðinni, Öxarfjarðarhreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Húnavatnshreppi, Fræðsluneti Austurlands, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., Byggðastofnun, Blönduósbæ, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Alþýðusambandi Íslands, Háskólanum á Akureyri, Bændasamtökum Íslands, Húnaþingi vestra, Akraneskaupstað, Mýrdalshreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Reykjavíkurborg, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sveitarfélaginu Hornafirði, Húsavíkurbæ, talsmanni neytenda, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Dalvíkurbyggð.

Nefndin tekur undir þau þrjú meginmarkmið sem lögð eru til grundvallar í tillögunni. Þá tekur nefndin undir þær tuttugu og þrjár aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að því að meginmarkmiðum tillögunnar verði náð. Með aðgerðunum er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Aðgerðirnar tuttugu og þrjár eru listaðar upp í tillögunni sjálfri en nánar útfærðar í athugasemdum með henni. Þar er jafnframt greint frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsanlegum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna.

Listinn í tillögunni yfir markmið og aðgerðir stjórnvalda er ekki tæmandi fyrir aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum á gildistíma byggðaáætlunar.

Aðgerðirnar tuttugu og þrjár marka í flestum tilvikum ákveðinn ramma en gert er ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti skilgreini nánar í samstarfi við önnur ráðuneyti og fleiri aðila tiltekin samstarfsverkefni innan rammans. Einnig getur verið um að ræða samstarf ráðuneyta og annarra aðila án beinnar aðkomu iðnaðarráðuneytisins.

Nefndin leggur til viðbót í nýrri málsgrein, þrjú meginatriði sem verði leiðarljós stjórnvalda á gildistíma byggðaáætlunarinnar:

A. Að stórefla menntun á landsbyggðinni:

Háskólinn á Akureyri verði efldur og gegni áfram lykilhlutverki í uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni. Jafnframt verði áfram unnið að því að háskólasetur á landsbyggðinni verði stórefld. Auknum fjárframlögum verði varið til að efla og jafna aðstöðu þekkingar- og fræðslumiðstöðva (dreif- og símenntunar) og til að jafna námskostnað. Starfsmenntun á landsbyggðinni verði styrkt í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

Það var álit flestra umsagnaraðila og gesta sem á fundi nefndarinnar komu að nauðsynlegt væri að efla menntastofnanir á landsbyggðinni. Menntamál eru byggðamál og því leggur nefndin til að uppbygging menntunar á landsbyggðinni verði forgangsatriði í stefnumótandi byggðaáætlun áranna 2006–2009.

Háskólinn á Akureyri hefur verið í fararbroddi við uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni. Reynslan sýnir að nemendur sem stunda nám við skólann eru mun líklegri til að setjast að á landsbyggðinni en nemendur annarra háskóla. Fjarnám er mikilvægur hluti af starfsemi Háskólans á Akureyri sem hefur gefið íbúum í mörgum byggðarlögum landsbyggðarinnar kost á háskólanámi í heimabyggð. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld efli enn frekar starf skólans í þessum efnum og þá jafnframt símenntunarmiðstöðvarnar í landinu.

Uppbygging háskólasetra á landsbyggðinni er mikilvæg. Stjórnvöld hafa sett á fót háskólasetur á Vestfjörðum og á Austurlandi. Mikilvægt er að þessum menntastofnunum verði veitt svigrúm til þess að bjóða upp á fjölbreytt háskólanám og þannig veita íbúum á þessum svæðum möguleika á að auka við menntun sína í heimabyggð.

Þá þarf að huga að stöðu þekkingarsetra á landsbyggðinni og mikilvægt er að skilgreint verði hver stjórnsýsluleg staða þessara stofnana sé. Með öflugum þekkingarsetrum er hægt að samhæfa þekkingar-, nýsköpunar- og rannsóknarstarfsemi í viðkomandi byggðarlögum.

Ábyrgð á framkvæmd liðarins verður í höndum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Aukin fjárframlög til þessa liðar umfram það sem gert er ráð fyrir í tengslum við tillöguna sjálfa skulu koma af fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins.

B. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni:

Því markmiði verði náð með því að staðsetja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtæka sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti skal gera Alþingi árlega grein fyrir þróun opinberra starfa.

Opinberum störfum hefur nær ekkert fjölgað á landsbyggðinni á síðustu tíu árum. Á sama tímabili hefur opinberum störfum fjölgað um 3.000 á höfuðborgarsvæðinu. Þessi varhugaverða þróun er staðreynd þrátt fyrir að í fyrri byggðaáætlunum hafi verið kveðið sérstaklega á um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

Nefndin leggur áherslu á að þessari þróun verði snúið við og opinberum störfum verði verulega fjölgað á landsbyggðinni á því tímabili sem byggðaáætlunin nær til. Til þess að tryggja að þetta markmið náist er hert á eftirlitshlutverki Alþingis í þessum efnum og hverju ráðuneyti gert að gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála og framtíðaráformum.

Ábyrgð á framkvæmd þessa liðar verður í höndum forsætisráðuneytisins í samvinnu við önnur ráðuneyti.

C. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála:

a. Að gera sérstaka athugun að stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun, meta styrkleika þeirra og veikleika og greina möguleika til eflingar þeirra sbr. aðgerð númer 7 í tillögunni.
b. Að efla atvinnuþróunarfélög og nýsköpunarmiðstöðvar sem hluta af stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni.
c. Að taka þátt í gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Stofnunin meti árangur af samningunum reglulega, sbr. aðgerð númer 4 í tillögunni.
d. Að hefja á þessu ári skipulagða söfnun tölfræðilegra gagna um byggðaþróun þannig að úrvinnsla þeirra geti hafist í upphafi árs 2007, sbr. aðgerð númer 5 í tillögunni.
e. Að undirbúa í samvinnu við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög gerð landshlutaáætlana sem verði ætlað að ná yfir landið allt, sbr. aðgerð númer 6 í tillögunni.
f. Að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni, sbr. aðgerð númer 14 í tillögunni.
g. Að hafa fyrir Íslands hönd forgöngu um þátttöku í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norrænu Atlantsnefndinni (NORA), sbr. aðgerðir númer 22 og 23 í tillögunni.

Mikilvægt er að Byggðastofnun, sem ber mikla ábyrgð á framkvæmd byggðaáætlunar, verði gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki. Nefndin leggur því áherslu á að skerpt verði á hlutverki og ábyrgð Byggðastofnunar í byggðaáætlun áranna 2006–2009. Í því felst að Byggðastofnun verði tryggðir fjármunir í fjárlögum til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Miklir erfiðleikar steðja að ákveðnum landsvæðum. Í því ljósi er mikilvægt að auka opinber fjárframlög til þeirra svæða sem glímt hafa við mikla erfiðleika á borð við hrun rækjuiðn-

aðarins og þar sem veiðiheimildir hafa horfið snögglega. Byggðastofnun ætti að vera í lykilhlutverki í því að efla þau byggðarlög.

Nefndin leggur enn fremur til eftirfarandi breytingar á þingsályktunartillögunni.

1. Aðgerð númer 1 í tillögunni breytist lítillega. Sú efnislega breyting er þar gerð að Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á verkefni í samgöngumálum sem miða að eflingu byggða og atvinnulífs í landinu.
2. Einnig er lögð til lítils háttar breyting á aðgerð númer 2 í tillögunni. Nefndin leggur áherslu á eflingu sveitarstjórnarstigsins þannig að sveitarfélögin í landinu verði hvoru tveggja í senn betur í stakk búin að sinna núverandi verkefnum og tilbúin að taka við verkefnum frá ríkinu.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhann Ársælsson, Katrín Júlíusdóttir og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitið með fyrirvara og lýtur hann einkum að því að staða Byggðastofnunar verði tryggð og stjórnsýslu byggðamála fyrir komið með fullnægjandi hætti á komandi árum.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en hefur uppi sömu fyrirvara og fyrrgreindir nefndarmenn.

Sigurður Kári Kristjánsson og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. júní 2006.

Birkir J. Jónsson, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Kjartan Ólafsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.	Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara.

Gunnar Örlygsson.

1464. Breytingartillögur [391. mál]

við till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Á eftir orðinu „Miðausturlands“ í 2. mgr. komi: og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.
2. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
   Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:
   a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
   b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
   c. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

3. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
   a. 1. tölul. orðist svo: *Bættar samgöngur:* Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.
   b. 2. tölul. orðist svo: *Efling sveitarstjórnarstigsins:* Hafið verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.

1465. Nefndarálit [707. mál]

um frv. til l. um Flugmálastjórn Íslands.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Jón Eðvald Malmquist frá samgönguráðuneytinu, Hilmar B. Baldursson, viðskiptafræðing og flugstjóra, Gunnar Finnsson rekstrarhagfræðing, Ólaf Sveinsson hagverkfræðing, Andra Árnason hæstaréttarlögmann, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Loft Jóhannsson og Ástráð Haraldsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra og Hallgrím Hallgrímsson frá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Byggðastofnun, Flugmálastjórn, Icelandair og Félagi íslenskra flugumferðarstjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að skipulagi flugmála hér á landi verði breytt. Skilið verði á milli þjónustu og reksturs annars vegar og stjórnsýslu og eftirlits hins vegar til samræmis við alþjóðlega þróun á þessu sviði, m.a. annars staðar á Norðurlöndum. Sérstök lög verði sett um Flugmálastjórn Íslands sem komi í stað núgildandi II. kafla laga um loftferðir, nr. 60/1998. Markmið frumvarpsins er að styrkja Flugmálastjórn í breyttu umhverfi og skilgreina betur hlutverk og starfsemi stofnunarinnar en gert er í núgildandi loftferðalögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum í starfsemi Flugmálastjórnar Íslands sem fela m.a. í sér að verkefni Flugmálastjórnar verði á sviði stjórnsýslu loftferða en önnur verkefni flytjist til hlutafélags. Verkefni Flugmálastjórnar Íslands verður því að fara með stjórnsýslu á sviði loftferða, hafa eftirlit með loftferðastarfsemi og stuðla að öryggi í flugi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 2. júní 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. Hjálmar Árnason. Guðjón Hjörleifsson.

Sigurrós Þorgrímsdóttir. Guðjón Ólafur Jónsson.

1466. Nefndarálit [708. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Jón Eðvald Malmquist frá samgönguráðuneytinu, Hilmar B. Baldursson, viðskiptafræðing og flugstjóra, Gunnar Finnsson rekstrarhagfræðing, Ólaf Sveinsson hagverkfræðing, Andra Árnason hæstaréttarlögmann, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Loft Jóhannsson og Ástráð Haraldsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Þóreyju Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Hallgrím Hallgrímsson frá Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins.

Jafnframt bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Byggðastofnun, Flugmálastjórn, Icelandair, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Alþýðusambandi Íslands, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að stofna hlutafélag um þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands, þ.e. svokallaða flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfi, svo og flugvallarekstur Flugmálastjórnar. Gert er ráð fyrir að félagið taki yfir þær eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar sem tilheyra flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstri Flugmálastjórnar.

Á fundi nefndarinnar kom fram að við undirbúning frumvarpsins hefði verið leitað eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum, flugrekendum og stéttarfélögum, ásamt Flugmálastjórn. Haldnir hefðu verið nokkrir fundir með starfsmönnum, stéttarfélögum og fulltrúum lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins þar sem málið hefði verið kynnt. Þá hefur flugráð fjallað um málið á öllum stigum þess og tekið það fyrir í ráðinu.

Breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir hafa því verið afar vel kynntar og kallað hefur verið eftir sjónarmiðum ólíkra aðila sem málið varðar.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að hlutafélagaformið henti vel nú því að fyrir liggur að flugstjórnarmiðstöðvar beggja vegna Atlantshafsins munu sækjast eftir að taka yfir flugumferðarstjórn á Norður-Atlantshafi sem sinnt hefur verið frá Íslandi. Mikilvægt er að unnt sé að veita sem besta flugumferðarþjónustu hér á landi sem sé samkeppnishæf og hafi öryggi að leiðarljósi. Að öðrum kosti kann að vera hætta á að alþjóðaflugþjónustan hverfi úr landi. Um leið mundu tapast mörg störf íslenskra flugumferðarstjóra.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur orðalagsbreytingu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Síðari málsliður 1. mgr. 3. gr. orðist svo: Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða að félagið yfirtaki réttindi, skuldir og skuldbindingar vegna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstrar við stofnun þess.

Alþingi, 2. júní 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. Hjálmar Árnason. Guðjón Hjörleifsson.

Sigurrós Þorgrímsdóttir. Guðjón Ólafur Jónsson.

1467. Nefndarálit [803. mál]

um till. til þál. um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Með tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd til að annast skoðun gagna í vörslu opinberra aðila sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991. Markmiðið er að leiða í ljós hvort í opinberum gagnasöfnum sé að finna upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga eða dæmi um ólögmæta upplýsingaöflun.

Samkvæmt tillögunni er lagt til að nefndin verði skipuð stjórnarformanni Persónuverndar, þjóðskjalaverði, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanni stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Enn fremur segir að nefndin skuli í samráði við forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti ákveða aðgang fræðimanna að gögnunum og skila Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

Allsherjarnefnd telur rétt að forseti Alþingis og formenn þingflokka eigi þess kost að fylgjast með framgangi starfsins og leggur til breytingar í þá veru. Óþarft er að tekið sé fram í tillögugreininni að samráð skuli haft við stjórnarráðið en engu að síður er ljóst að ráðuneytin þurfa að leggja nefndinni lið við gagnaöflun. Lagt er til grundvallar að nefndin byggi niðurstöður sínar um aðgang á mikilvægi gagnanna fyrir fræðilegar rannsóknir og gildandi lögum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns Persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim.

Formaður nefndarinnar skal á starfstíma hennar gera forseta Alþingis og formönnum þingflokka grein fyrir framvindu verksins. Nefndin skili Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. júní 2006.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Sigurrós Þorgrímsdóttir.
Guðjón Ólafur Jónsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Björgvin G. Sigurðsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

1468. Breytingartillaga [404. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

Frá Jónínu Bjartmarz.

Efnismálsliður 2. gr. orðist svo: Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

1469. Breytingartillögur [710. mál]

við frv. til l. um kjararáð.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 4. gr. Í stað orðanna „skipaður af Alþingi“ í síðari málslið 2. mgr. komi: kosinn af Alþingi.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár“ í síðari málslið 2. mgr. komi: allt að fjórða hvert ár.
3. Við 12. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal skipun kjararáðsmanna skv. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. lokið áður en lögin öðlast gildi að öðru leyti.

Greinargerð.

Í breytingartillögum þessum felst ein efnisbreyting, að lögin öðlist gildi 1. júlí 2006 í stað þess að þau öðlist gildi við birtingu. Þykja það skýrari skil milli nýrri og eldri laga, auk þess sem rýmri tími fæst til að ljúka starfsemi Kjaradóms og kjaranefndar og til þess að undirbúa hina nýju skipan samkvæmt lögunum. Í 4. lið felst jafnframt ákvæði um að Hæstiréttur og fjármálaráðherra skipi kjararáðsmenn þegar lögin hafa verið birt, en Alþingi kýs, venju samkvæmt, í ráðið þegar það hefur afgreitt lögin. Þannig verður ráðið fullskipað 1. júlí 2006 er lögin öðlast gildi og koma til framkvæmda.

Í 1. og 2. lið breytingartillagnanna felast aðeins orðalagsbreytingar.

1470. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Liðurinn *Bifhjól* orðast svo:
   Bifhjól:
   a. Vélknúið ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
   b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma, sé það rafknúið.
b. Við bætast tveir nýir liðir í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:
   Farstarfsmaður:
   Starfsmaður flytjanda, það er ökumaður og aðrir í áhöfn hóp- eða vörubifreiðar sem aðstoða ökumann við önnur störf en akstur og einnig sá sem er í bifreið til þess að leysa ökumanninn af þegar hann tekur hvíld.
   Flytjandi:
   Skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar það til fólks- eða vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd um akstur utan vega.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

3. gr.

44. gr. a laganna orðast svo:

Ráðherra setur reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni, ökurita o.fl., þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. lágmarksaldur ökumanna sem sjá um þá flutninga sem reglurnar taka til,
c. aksturstíma ökumanns hvern dag, hverja viku og hálfsmánaðarlega, skyldu ökumanns til að gera hlé á akstri og til að taka daglega og vikulega hvíld frá akstri,
d. skyldu til notkunar ökurita sem er búnaður ökutækis þar sem m.a. eru skráðar og geymdar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns auk hraða ökutækis,
e. skyldu til að varðveita í ökurita, á ökuritakorti eða með öðrum hætti upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma,
f. skyldu til afhendingar gagna með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. d- og e-lið,
g. útgáfu, efni og form ökuritakorts sem er lykill að rafrænum ökurita og í eru varðveittar rafrænar upplýsingar um aksturs- og hvíldartíma ökumanns,
h. skyldu flytjanda til að leita til viðurkenndra viðgerðarmanna eða verkstæða til uppsetningar ökurita,
i. gjald fyrir ökuritakort,
j. skyldu ökumanns og flytjanda til að fylgja reglum sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein.

Ökumaður og flytjandi skulu sjá til þess að ökuriti sé notaður og fylgt sé reglum um notkun hans og um varðveislu gagna sem varða aksturs- og hvíldartíma.

Óheimilt er að miða laun ökumanns, sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni samkvæmt þessari grein, við ekna vegalengd eða flutt magn af farmi séu greiðslur þess eðlis að þær geti stofnað umferðaröryggi í hættu. Jafnframt er óheimilt að veita ökumanni kaupauka eða launauppbót í framangreindum tilvikum.

Ráðherra setur reglur um viðurkennda viðgerðarmenn eða verkstæði til uppsetningar ökurita.

4. gr.

Á eftir 44. gr. a laganna kemur ný grein, 44. gr. b, sem orðast svo:

Ráðherra setur reglur um skipulag vinnutíma farstarfsmanna sem annast fólks- og vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni, sbr. 1. mgr. 44. gr. a. Í reglunum skal m.a. kveðið á um:

a. ökutæki og þá flutninga sem reglurnar taka til,
b. skilgreiningu vinnustaðar, vinnutíma og hvíldartíma,
c. heimilaðan hámarksfjölda vinnustunda á viku og skyldu til að vinna ekki umfram hann,
d. skyldu til að gera hlé á vinnu og til að taka daglegan og vikulegan hvíldartíma,
e. skyldu til skráningar vinnutíma og
f. skyldu til varðveislu gagna í a.m.k. tvö ár frá því að viðkomandi tímabili lýkur.

Farstarfsmönnum er skylt að haga vinnutíma og vinnutilhögun í samræmi við reglur sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein. Flytjandi skal bera ábyrgð á því að skrá vinnutíma farstarfsmanna.

5. gr.

Á eftir 45. gr. laganna kemur ný grein, 45. gr. a, sem orðast svo:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Mælist ávana- og fíkniefni skv. 1. mgr. í blóði eða þvagi ökumanns telst hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Enginn má hjóla eða reyna að hjóla eða stjórna eða reyna að stjórna hesti ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr.

Eigi má fela manni sem er undir áhrifum ávana- og fíkniefna skv. 1. mgr. stjórn ökutækis.

6. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Ökumanni vélknúins ökutækis er skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef:

a. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., sbr. 45. gr. og 45. gr. a,
b. ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim, enda sé þar kveðið á um heimild til töku öndunar-, svita- eða munnvatnssýna,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

Lögreglan getur fært ökumann til rannsóknar á öndunar-, svita- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. eða 4. mgr. 44. gr., 45. gr. eða 45. gr. a eða hann neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða er ófær um það. Liggi fyrir grunur um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglan auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.

Lögregla annast töku öndunar-, svita- og munnvatnssýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur annast töku blóðsýnis og eftir atvikum munnvatns-, svita- og þvagsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.

Ráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn skv. 1., 2. og 3. mgr. Vegna töku og rannsóknar öndunarsýnis skal sá sem sakfelldur er greiða 15.000 kr. gjald sem telst til sakarkostnaðar.

7. gr.

A-liður 2. mgr. 50. gr. laganna orðast svo: bifreið til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni.

8. gr.

B-liður 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þar á meðal um ökupróf, akstursmat og um endurmenntun ökumanna sem stjórna hópbifreið til farþegaflutninga og vörubifreið til vöruflutninga á vegum í atvinnuskyni.

9. gr.

Í stað orðanna „fullra 13 ára“ í 3. málsl. 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: fullra 15 ára.

10. gr.

Við 3. mgr. 59. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Verði starfsmaður verkstæðis þess var að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis sem þar er til viðgerðar eða breytinga sé áfátt skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því. Skal yfirmaður verkstæðis gera eiganda ökutækisins viðvart og tilkynna til lögreglu, verði eigi úr bætt.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „bifreið“ í 1. mgr. kemur: bifhjól.
b. Orðin „bifhjól og“ í 3. mgr. falla brott.

12. gr.

68. gr. laganna orðast svo:

Lögreglu er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða ástand þess og hleðslu. Henni er einnig heimilt að skoða upplýsingar sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti eða með öðrum hætti. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess að það skuli fært til sérstakrar skoðunar.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd hvenær sem er til þess að sinna eftirliti með:

a. aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita,
b. stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja,
c. hleðslu, frágangi og merkingu farms.

Ökumaður og flytjandi skulu hlíta þeim reglum sem ráðherra setur um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 1. mgr. 76. gr.

Ökumanni vöruflutninga- eða hópbifreiðar er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki, sbr. 2. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður skoði stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og skal veita honum aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti, eða með öðrum hætti. Ef við eftirlit vaknar grunur um brot á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og ásþunga ökutækja, eða hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 2. mgr., er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta banni eftirlitsmanns um frekari för þar til því hefur verið aflétt. Óhlýðnist ökumaður banni eftirlitsmanns skal það þegar tilkynnt til lögreglu.

Ökumaður eða flytjandi skal, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, afhenda eftirlitsaðila gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. d- og e-lið 1. mgr. 44. gr. a. Þetta gildir jafnt um eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn skal það tilkynnt til lögreglu.

Ráðherra setur reglur um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki og um framkvæmd eftirlits.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur frekari reglur um gerð og notkun viðurkennds öryggis- og verndarbúnaðar fyrir ökumann og farþega ökutækis þar sem m.a. skal kveðið á um skyldu til að tilkynna farþegum um skyldubundna notkun öryggisbelta. Ráðherra setur jafnframt reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað, m.a. við sérstakan akstur.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður í ökutæki.*

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hver sá sem situr í sæti bifhjóls sem búið er öryggisbelti skal nota beltið þegar bifhjólið er á ferð.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Öryggisbelti og annar öryggis- og verndarbúnaður við akstur bifhjóla.*

15. gr.

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur sett frekari reglur um hleðslu og frágang farms, skyldu til að breiða yfir farm, svo og hvernig auðkenna skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Vegamálastjóri ákveður hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast aðalbrautir þar sem umferð hefur forgang, sbr. 2. mgr. 25. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Vegamálastjóri ákveður hraðamörk skv. 3. og 4. mgr. 37. gr. ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

17. gr.

3. mgr. 100. gr. laganna orðast svo:

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi skal honum einnig refsað fyrir brotið. Gera má lögaðila sekt samkvæmt reglum II. kafla A almennra hegningarlaga fyrir brot gegn 2. mgr. 44. gr. a, 2. mgr. 44. gr. b, auk 3. og 5. mgr. 68. gr., enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

18. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa

sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 2. mgr. þeirrar greinar, eða 45. gr. a.

Neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og vínandamagni í blóði ökumanns eða vínandamagni í lofti sem hann andar frá sér.

Hafi stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 45. gr. a skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjá mánuði og allt að tveimur árum eftir alvarleika brots og magni ávana- og fíkniefna í blóði eða þvagi ökumanns.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts og skal hann þá sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. eða 45. gr. a eða neitað að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 47. gr. og hann gerist sekur um eitthvert þessara brota og skal svipting ökuréttar þá eigi vara skemur en tvö ár og allt að fimm árum eftir alvarleika brots og magni vínanda eða ávana- og fíkniefna í ökumanni við síðara brotið. Varði síðara brotið við 3. mgr. 45. gr. skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en þrjú ár.

Ökumaður skal ekki beittur viðurlögum skv. 1. mgr., sbr. 4. mgr., ef:

a. hann hefur meðferðis við stjórnun ökutækis vottorð læknis er sýnir fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði eða þvagi hans mælast og
b. hann sýnir fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjakort frá Tryggingastofnun ríkisins vegna neyslu þeirra efna sem í blóði eða þvagi hans mælast og
c. sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

Tekið skal fram í vottorði læknis skv. a-lið að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um stjórnun ökutækis.

19. gr.

Orðin „og rannsóknir á orsökum umferðarslysa“ í h-lið 1. mgr. 112. gr. laganna falla brott.

20. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „200 kr.“ í 2. mgr. 114. gr. laganna kemur: 400 kr.

21. gr.

Lög þessi endurinnleiða í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir ESB sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Reglugerð ráðsins um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, nr. 3820/85/EBE (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 20 í viðauka XIII).
b. Reglugerð ráðsins um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, nr. 3821/85/EBE, með síðari breytingum (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 21 í viðauka XIII).

c. Tilskipun ráðsins um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og 3821/85 (tekin upp í lokagerð EES-samningsins, sjá lið 23 í viðauka XIII).

Lög þessi innleiða í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir ESB sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum, nr. 2002/15/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2003.
b. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins, nr. 91/671/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn, nr. 2003/20/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2003.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1471. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Opinbert hlutafélag merkir í lögum þessum félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í opinberum hlutafélögum skulu gefa stjórninni skýrslu um eign sína í félögum skipti það máli varðandi starf þeirra.

4. gr.

Við 4. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Starfsreglur stjórna opinberra hlutafélaga skal birta á vef félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu.

5. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund opinbers hlutafélags. Kjörnum fulltrúum eigenda, þingmönnum ef ríkið er eigandi og viðkomandi sveitarstjórnarmönnum ef sveitarfélag er eigandi, er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

6. gr.

Við 2. mgr. 88. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Í samþykktum opinbers hlutafélags skal kveðið á um að ætíð skuli boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund.

7. gr.

Við 6. mgr. 90. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Fulltrúar fjölmiðla skulu í síðasta lagi fjórtán dögum eftir aðalfund eiga aðgang að fundargerðabók vegna aðalfundar opinbers hlutafélags eða staðfestu endurriti fundargerðar aðalfundar á skrifstofu félagsins.

8. gr.

Við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar, sem lagðar eru fram í opinberum hlutafélögum, geta m.a. byggst á spurningum hluthafa til félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

9. gr.

2. mgr. 149. gr. laganna orðast svo:

Opinber hlutafélög skulu birta samþykktir félagsins á vef sínum ef til er en ella annars staðar á netinu. Jafnframt skal birta þar ársreikning, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning opinbers hlutafélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1472. Frumvarp til laga [595. mál]

um eldi vatnafiska.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til eldis vatnafisks á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um varnir gegn fisksjúkdómum og laga um eldi nytjastofna sjávar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Heilsárseldi:* Hefðbundið eldi í sjókvíum frá 50 gramma göngustærð upp í markaðsstærð.
12. *Kvíaeldi:* Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.
13. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
14. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
15. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
16. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
17. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
18. *Skiptieldi:* Eldi á fiski í strandeldi upp í 250–1.000 grömm og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.
19. *Strandeldi:* Eldi fiska til slátrunar í tönkum eða kerum á landi.
20. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
21. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
22. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
23. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

24. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss))*, áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
25. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
26. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
27. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
28. *Örmerkingar:* Merkingar á fiski með málmflísum í trjónuna.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Starfa skal sérstök nefnd sem nefnist fiskeldisnefnd. Hún skal vera stjórnvöldum og hagsmunaaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Í nefndinni eiga sæti fimm menn sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar og Veiðimálastofnunar.

Fiskeldisstöðvar skulu hafa með sér samtök, Landssamband fiskeldisstöðva, sem gæta sameiginlegra hagsmuna fiskeldismanna.

5. gr.
Svæðaskipting fiskeldis.

Landbúnaðarráðherra skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra afla umsagnar umhverfisráðuneytis, Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga og Veiðimálastofnunar.

6. gr.
Staðbundið bann við starfsemi.

Landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Landbúnaðarstofnunar, fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á landsvæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta laxfiskastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjar-

lægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 19. gr.

III. KAFLI
Rekstrarleyfi til fiskeldis.

7. gr.
Rekstrarleyfi.

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi sem Landbúnaðarstofnun veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Landbúnaðarstofnun afla umsagnar fisksjúkdómanefndar og Fiskistofu. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

8. gr.
Umsókn um rekstrarleyfi.

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjenda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði, stærð stöðvar, framleiðslumagn hennar, eldistegundir og eldisaðferðir, matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umsókn skulu fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skulu einnig fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar, rekstraráætlun, leyfi til mannvirkjagerðar, leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur, svo og önnur gögn sem Landbúnaðarstofnun eru nauðsynleg til að meta hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

9. gr.
Málsmeðferð umsóknar.

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Landbúnaðarstofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirliggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Landbúnaðarstofnun lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt. Í því skyni getur stofnunin lagt fyrir hann að rannsaka á eigin kostnað hvort fyrirhuguð starfsemi fiskeldisstöðvar feli í sér aukna hættu á fisksjúkdómum eða hvort um neikvæð vistfræðileg áhrif geti orðið að ræða.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum, samantekt um aðra hagsmuni í veiðimálum og fiskeldi á svæðinu, mat á stöðu fiskstofna í helstu ám á svæðinu og mat á göngu laxfiska í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar. Ráðherra getur í reglugerð mælt nánar fyrir um þau atriði sem rannsókn lýtur að.

10. gr.

Efni og útgáfa rekstrarleyfis.

Telji Landbúnaðarstofnun að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptieldi eða heilsárseldi. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.

Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í rekstrarleyfi. Slík skilyrði geta m.a. falið í sér skyldu leyfishafa til að standa að rannsóknum sambærilegum þeim sem greinir í 2. og 3. mgr. 9. gr. og skyldu til vöktunar á nærliggjandi veiðivötnum, vöktunar á kynþroska og heilbrigði fiska í eldi o.fl.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI
Starfræksla fiskeldisstöðva.

11. gr.

Upphaf starfsemi.

Rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum tekur þá fyrst gildi þegar Landbúnaðarstofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis.

Fiskeldisstöðvum er óheimilt að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og úttekt hefur farið fram.

12. gr.

Friðunarsvæði í sjó.

Til að tryggja eftir föngum að sem minnst röskun verði á starfsemi rekstrarleyfishafa samkvæmt lögum þessum er Landbúnaðarstofnun heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðva með sömu skilyrðum og kveðið er á um í 5. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Ef sannað þykir að veiðitakmarkanir skv. 1. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Veiðar fisks sem sleppur.

Rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum, sem missir vatnafisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Landbúnaðarstofnunar.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til

að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um hvernig að slíkum veiðum skal staðið.

Skylda til veiða skv. 2. mgr. takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að ljóst er að fiskur hafi sloppið út, ef slíkur atburður gerist á göngutíma laxfiska, en veiðitíminn í slíkum tilvikum skal að öðru leyti háður ákvörðun Landbúnaðarstofnunar. Veiðar þær sem hér um ræðir skulu ávallt fara fram í samráði við fulltrúa Landbúnaðarstofnunar.

Ef rekstrarleyfishafi hefur ekki hafið aðgerðir skv. 2. mgr. innan tólf klukkustunda frá því að ljóst er að eldisfiskur slapp út getur Landbúnaðarstofnun, ef þörf krefur, gefið út almenna heimild til veiða á svæðinu með sömu skilyrðum og fram koma í 2. mgr.

Allan kostnað Landbúnaðarstofnunar og annarra stjórnvalda vegna nauðsynlegra aðgerða samkvæmt þessari grein skal rekstrarleyfishafi greiða.

14. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf.

Landbúnaðarstofnun skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.

Í því skyni skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Landbúnaðarstofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Eftirlitsaðilum skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

Ráðherra skal í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlitshlutverk Landbúnaðarstofnunar.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fyrir eftirlit Landbúnaðarstofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Landbúnaðarstofnun skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

V. KAFLI

Niðurfelling rekstrarleyfis.

15. gr.

Forsendubrestur.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, sem umsókn fylgdi í samræmi við ákvæði 8. gr., er Landbúnaðarstofnun heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi.

Áður en gripið er til niðurfellingar leyfis skv. 1. mgr. skal Landbúnaðarstofnun ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Niðurfelling rekstrarleyfis.

Landbúnaðarstofnun getur fellt niður rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að fella leyfi niður ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að fella rekstrarleyfi niður ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

Áður en gripið er til niðurfellingar leyfis skv. 1. mgr. skal Landbúnaðarstofnun ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Framsal.

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Landbúnaðarstofnunar er óheimil. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

18. gr.

Eldi annarra lagardýra en ferskvatnsfiska.

Eldi annarra lagardýra en þeirra sem falla undir ákvæði laga þessara eða annarra laga, í kvía- og strandeldi, skal hlíta sömu reglum og eldi vatnafiska, eftir því sem við getur átt.

19. gr.

Skaðabætur.

Ef rekstrarleyfishafi samkvæmt lögum þessum verður umfram aðra fyrir tjóni vegna þess að tekin er ákvörðun um bann eða takmörkun á starfsemi með heimild í 6. gr. laga þessara skal slíkt tjón bætt úr ríkissjóði. Um ákvörðun bóta fer samkvæmt almennum reglum.

Ef sannað þykir að missir eldisfisks úr fiskeldisstöð valdi tjóni á hagsmunum veiðiréttarhafa, sem verndar njóta samkvæmt lax- og silungsveiðilögum, skal viðkomandi rekstrarleyfishafi bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Hið sama á við um tjón annarra þeirra sem hafbeit, fiskeldi eða fiskrækt stunda.

Ef sannað þykir að starfsemi samkvæmt lögum þessum valdi tjóni í veiðivatni samkvæmt lax- og silungsveiðilögum í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 2. mgr. skal það tjón bætt eftir mati skv. VII. kafla þeirra laga, ef eigi semur.

20. gr.

Tilflutningur eldisfisks.

Kynbættan eldislax er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Þó getur Landbúnaðarstofnun veitt rannsóknaraðila undanþágu til sleppitilrauna í óverulegum mæli, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar eða annarra fagaðila, sé Veiðimálastofnun umsækjandi.

Flutningur eldistegunda, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flutningur og sleppingar lifandi fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða, er óheimill.

Að fenginni umsögn fisksjúkdómanefndar getur Landbúnaðarstofnun veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til flutnings á eldistegundum, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Landbúnaðarstofnun skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða vatnasvæði gefa tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

21. gr.

Eldisbúnaður.

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fóðrar, fiskidælur og tæki til flutnings á fiski. Þó er heimilt að flytja inn notuð vísindatæki og tæknibúnað sem sannanlega er hægt að sótthreinsa að mati fisksjúkdómanefndar. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísinda- og tæknibúnaði til Landbúnaðarstofnunar sem getur heimilað innflutning að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar. Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um notkun flutningstækja og búnaðar sem notaður er í starfsemi rekstrarleyfishafa.

VII. KAFLI
Reglugerðarheimild, refsiákvæði o.fl.

22. gr.

Reglugerðarheimild o.fl.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu rekstrarleyfa, merkingar á seiðum í kvíaeldi, fóðurnotkun, endurnýjun eldisbúnaðar, úttekt á fiskeldisstöðvum, eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva, flutning eldistegunda milli fiskeldisstöðva, flutning fisks og frjóvgaðra hrogna milli ótengdra vatnasvæða o.fl.

Landbúnaðarstofnun er, eftir því sem þörf krefur, heimilt að setja svæðis- eða tímabundnar reglur á grundvelli slíkra reglugerða.

23. gr.

Um refsingar.

Það varðar stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar, ef eldisfiskur sleppur úr fiskeldisstöð þar sem umbúnaði við fiskeldið hefur verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis þeirra sem framið hefur verið af ásetningi eða gáleysi.

Sömu refsingu varðar það stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarleyfishafa ef þeir brjóta gegn ákvæðum 1. eða 2. mgr. 13. gr. laga þessara af ásetningi eða gáleysi.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.

24. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið falla úr gildi 62.–77. gr., 93. gr. og 97. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar:

1. 4. gr. orðast svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í fiskeldisnefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera stjórnvöldum og hagsmunaaðilum til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó.
2. Orðin „sbr. 78. gr. laga nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum“ í 5. gr. falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

1473. Frumvarp til laga [596. mál]

um varnir gegn fisksjúkdómum.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnsýsla.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hrogna á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
7. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
8. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
9. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
10. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
11. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
12. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
13. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
14. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
15. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
16. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
17. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
18. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
19. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
20. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
21. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
22. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Landbúnaðarstofnun skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

II. KAFLI
Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

5. gr.
Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.

Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnaplöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

6. gr.
Um innflutning skrautfiska.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hrogna þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli þar að lútandi.

7. gr.
Tímabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.

Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti Landbúnaðarstofnunar og hlíta þeim fyrirmælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

8. gr.
Sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

Skylt er að sótthreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að flytja hann inn í landið, enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati Landbúnaðarstofnunar, um að búnaðurinn hafi verið sótthreinsaður erlendis. Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd og eftirlit með sótthreinsun samkvæmt grein þessari. Landbúnaðarráðherra getur falið tollyfirvöldum framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein.

9. gr.
Innflutningur á dauðum fiski.

Landbúnaðarstofnun er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyrirmæli Landbúnaðarstofnunar skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.

Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er Landbúnaðarstofnun heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar.

11. gr.
Setning reglugerða.

Ráðherra skal, að höfðu samráði við Landbúnaðarstofnun, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sótthreinsun hrogna, íláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sótthreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem Landbúnaðarstofnun getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski.

IV. KAFLI
Refsi- og gildistökuákvæði.

12. gr.
Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjóti hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjóti maður af ásetningi eða gáleysi fyrirmæli Landbúnaðarstofnunar skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

13. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið falla úr gildi 78.–84. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005:* Í stað orðanna „lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði“ í a-lið 2. gr. kemur: lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.
2. *Lög um Rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986:*
   a. Í stað „nr. 76/1970“ í 2. mgr. 2. gr. kemur: um varnir gegn fisksjúkdómum.
   b. Í stað orðsins „fisksjúkdómanefndar“ í 5. tölul. 5. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um eldi vatnafiska. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

1474. Frumvarp til laga [607. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um alla veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema aðra skipan leiði af ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.
2. *Almenningur í stöðuvatni:* Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.
3. *Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.
4. *Áll:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru álar fleiri en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.
5. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
6. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

7. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
8. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
9. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
10. *Ferskvatnsvistkerfi:* Tiltekið svæði þar sem vatnadýr tengjast hvert öðru og umhverfi sínu á einn eða annan hátt.
11. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
12. *Fiskför:* För fisks um veiðivatn.
13. *Fiskigengd:* Sá fjöldi fiska sem gengur í veiðivatn eða elst upp í veiðistærð í veiðivatni.
14. *Fiskihverfi:* Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.
15. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða arð af veiðivatni.
16. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
17. *Fiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla og Anguilla rostrata)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
18. *Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.
19. *Framkvæmd í veiðivatni:* Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.
20. *Föst veiðivél:* Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet og girðing.
21. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
22. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
23. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
24. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og þegar auð er jörð.
25. *Jörð:* Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.
26. *Kvísl:* Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.
27. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
28. *Lögn:* Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.
29. *Merkivatn:* Vatn það sem landamerkjum ræður.
30. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
31. *Ós í á:* Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.
32. *Ós í sjó:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.
33. *Ós í stöðuvatn:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.
34. *Ós úr stöðuvatni:* Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

35. *Ósasvæði:* Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.
36. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.
37. *Sjálfbær nýting fiskstofna:* Nýting þar sem ekki er gengið á fiskstofn. Eftir veiði er hrygningarstofn nægilega stór til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins.
38. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
39. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
40. *Straumlína (strengur):* Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.
41. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
42. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
43. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
44. *Vatnafiskur:* Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
45. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
46. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
47. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.
48. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.
49. *Vatnsmiðlun:* Geymsla og miðlun vatns til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til þess að stýra rennsli vatns.
50. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.
51. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.
52. *Vatnsvirki:* Mannvirki umhverfis vatn, í eða yfir vatni eða við það.
53. *Veiðifélag:* Félag allra veiðiréttarhafa í sama fiskihverfi, veiðivatni eða landsvæði, sbr. 38. gr.
54. *Veiðihlutur:* Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.
55. *Veiðimagn:* Samanlögð þyngd veiddra fiska.
56. *Veiðimál:* Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.
57. *Veiðiréttarhafi:* Sá einstaklingur sem á hverjum tíma fer með rétt fasteignar til veiði, sbr. fyrirmæli II. kafla laga þessara.
58. *Veiðitala:* Tala veiddra fiska.
59. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
60. *Veiðivél:* Sjá föst veiðivél.
61. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
62. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.
63. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

Í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara er ráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.

Þegar talað er um reglur í lögum þessum er átt við svæðis- og tímabundnar reglur sem Landbúnaðarstofnun setur á grundvelli laganna eða reglugerða ráðherra sem settar eru með stoð í lögum þessum.

Við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum skal leita faglegra umsagna eftir því sem við kann að eiga, þar með talið frá viðkomandi veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum.

Öll veiðifélög samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

II. KAFLI
Um veiðirétt.

5. gr.

Veiðiréttur.

Eignarlandi hverju fylgir veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum.

Í þjóðlendum er íslenska ríkið eigandi veiðiréttar samkvæmt lögum þessum með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda, sbr. ákvæði 7. gr.

Ábúð á jörð fylgir veiðiréttur sem jörðinni tilheyrir, nema á annan veg semjist milli jarðeiganda og ábúanda.

Þegar vatn skilur fasteignir, sem veiðiréttur fylgir, er landeiganda einum heimil veiði fyrir landi sínu. Mönnum er þó ævinlega heimil för í annarra land til þess að koma í veg fyrir missi afla eða koma í veg fyrir tjón á veiðibúnaði. Ávallt skulu þeir gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum nágranna og bæta tjón ella á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

Ef farvegur straumvatns breytist eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg færist veiðiréttur til eigenda þeirra fasteigna er land eiga undir, sbr. þó 7. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

6. gr.

Veiðiréttur í almenningi stöðuvatns.

Fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þar með talin dorgveiði um ís, og er hún þeim öllum jafnheimil. Ef forn venja er til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum fasteignum gildir sú skipan mála.

7. gr.

Veiðiréttur á afrétti í þjóðlendu.

Þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Veiðifélag fer að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slíkum vötnum.

8. gr.

Veiðiréttur í óskiptri sameign.

Ef fasteign eða veiðiréttur samkvæmt lögum þessum er í óskiptri sameign er sameigendum öllum veiði jafnheimil.

Rétt er þeim er telur sig vanhaldinn að krefjast skipta á veiði, annaðhvort þannig að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða vikur, í samræmi við eignarhluta sinn. Skal skorið úr um skiptinguna með mati skv. VII. kafla laga þessara náist samkomulag ekki.

9. gr.

Aðskilnaður veiðiréttar frá fasteign.

Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma. Ráðherra getur þó, að fenginni jákvæðri umsögn Landbúnaðarstofnunar, veitt undanþágu frá banni þessu. Á lögbýlum, þar sem stundaður er landbúnaður, skal þess gætt við veitingu undanþágu að aðskilnaður valdi því ekki að torvelt verði eftirleiðis að stunda þar landbúnað. Þá má slíkur aðskilnaður ekki valda hættu á því að fiskstofnar viðkomandi veiðivatns verði ofnýttir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, allt að tíu árum. Ef ekki er á annan veg samið felst í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á umsömdu tímabili.

10. gr.

Innlausnarréttur.

Veiðiréttindi ein og sér, sem skilin hafa verið frá fasteign fyrir gildistöku laga þessara, er eigendum fasteigna þeirra sem rétturinn hefði ella fylgt, sbr. 5. gr., rétt að leysa til sín, hverjum á og fyrir sínu landi að fengnu leyfi ráðherra. Áður en afstaða er tekin til slíkrar leyfisveitingar skal leita umsagnar Landbúnaðarstofnunar og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað.

Ef hinn fráskildi veiðiréttur liggur um eða fyrir landi fleiri en einnar fasteignar þarf hið minnsta samþykki ¾ hluta þeirra er veiðiréttur upphaflega tilheyrði. Um vægi atkvæða fer samkvæmt reglum þeim er gilda um atkvæðisrétt í veiðifélagi eftir því sem við á, í samræmi við fyrirmæli VI. kafla laga þessara.

Þegar innlausnar er krafist, en þó ekki af hálfu allra þeirra fasteignareigenda er innlausnarrétt eiga, getur eigandi veiðiréttarins krafist þess að þeir landeigendur sem innlausnar krefjast leysi jafnframt til sín veiðirétt þeirra sem ekki vilja innleysa.

Ef ágreiningur er um verðmæti innleysts veiðiréttar fer um mat skv. VII. kafla laga þessara.

Ef innlausnar samkvæmt grein þessari er ekki krafist innan fimm ára frá gildistöku laganna fellur innlausnarrétturinn niður.

11. gr.

Ófriðun sels.

Ef selur er í veiðivatni, ósi þess eða ósasvæði er þeim er veiðirétt eiga samkvæmt lögum þessum heimilt að styggja hann og skjóta.

Nú fara ekki saman nytjar sellátra og selalagna annars vegar og nýting og viðkoma lax og göngusilungs í veiðivatni hins vegar. Getur Landbúnaðarstofnun þá, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa og að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands,

heimilað ófriðun sellátursins og upptöku allra selalagna í eða við það veiðivatn eða fiskihverfi.

Ef sannað þykir að aðgerðir þær sem Landbúnaðarstofnun heimilar skv. 2. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum þeirra er sellátur eiga eða nytja skulu veiðiréttarhafar þeir er aðgerðanna óska bæta tjónið. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI
Um veiðistjórn.

12. gr.
Skráning veiðivatna.

Skrá skal öll veiðivötn og veiðiréttarhafa og annast Landbúnaðarstofnun þá skráningu.

Við gerð og frágang skrár skv. 1. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli hennar og annarra skráa sem haldnar eru lögum samkvæmt af opinberum aðilum og geyma upplýsingar um eiginleika og eignarhald fasteigna.

Veiðiréttarhöfum er skylt að veita Landbúnaðarstofnun þær upplýsingar sem hún óskar eftir og nauðsynlegar eru skráningarinnar vegna.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu veiðivatna og þær upplýsingar sem við slíka skráningu skulu liggja fyrir.

13. gr.
Veiðiskýrslur.

Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.

Skýrslugjöf skal vera samræmd fyrir landið allt og í formi sem Landbúnaðarstofnun útbýr og leggur til.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Landbúnaðarstofnunar. Upplýsingar úr skýrslum skulu aðgengilegar Veiðimálastofnun og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

14. gr.
Laxveiðar í sjó.

Ekki má veiða lax í sjó. Veiðist lax í veiðitæki í sjó skal sleppa honum strax aftur.

15. gr.
Veiðar göngusilungs í sjó.

Ekki má veiða göngusilung í sjó. Slíkar veiðar eru þó heimilar í netlögum sjávarjarða og skulu þær hlíta sömu reglum og veiði silungs í ósöltu vatni eftir því sem við getur átt.

Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957. Landbúnaðarstofnun skal halda skrá um framangreindan rétt sjávarjarða til netaveiði í netlögum og sinna eftirliti með þeim veiðum í samræmi við ákvæði laga þessara.

Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3

á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira. Gangi lax í straumvatn má þó aldrei leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 2.000 metra. Á framangreindu tímabili má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær hafbeitarstöð í starfrækslu en 1.500 metra.

Ef stangveiði er stunduð í netlögum sjávarjarða á svæðum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. er eiganda sjávarjarðar skylt að hafa fullt samráð við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, og eigendur viðkomandi hafbeitarstöðvar.

Landbúnaðarstofnun er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, sem hagsmuna eiga að gæta heimilt með reglum að takmarka eða banna á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs samkvæmt grein þessari, ef slíkt er nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn.

Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 5. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

Landbúnaðarstofnun setur nánari reglur um netaveiði göngusilungs í sjó.

16. gr.

Takmarkanir á veiði sjávarfiska.

Að fenginni heimild sjávarútvegsráðuneytisins getur Landbúnaðarstofnun að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa takmarkað eða bannað veiði sjávarfiska framan við árósa straumvatna ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Áður en gripið er til slíkrar takmörkunar eða banns skal leita umsagnar Veiðimálastofnunar.

Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 1. mgr. á veiðum innan netlaga hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum tiltekins landeiganda skulu þeir bæta tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákvarðaðar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

17. gr.

Veiðitími lax.

Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í 105 daga innan þess tímabils. Landbúnaðarstofnun er heimilt, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilt að lengja um allt að fimmtán daga veiðitímabil skv. 1. málsl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt.

Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

18. gr.

Veiðitími göngusilungs.

Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr. vegna dorgveiði,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

19. gr.

Veiðitími vatnasilungs.

Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
a. alfriðun veiðivatns um tiltekið tímabil,
b. tímabundna friðun innan veiðitímabils, t.d. um ákveðinn daga- eða vikufjölda,
c. takmarkaðar veiðar til heimilisþarfa á friðunartíma,
d. friðun vatnasilungs á hrygningarstöðvum,
e. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

20. gr.

Álaveiðar.

Álaveiðar eru heimilar allt árið. Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal

Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tíma- eða staðbundnar friðanir áls og gerð og frágang heimilla veiðitækja.

21. gr.

Ósaveiðar.

Eigi má veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

Landbúnaðarstofnun getur, að ósk hlutaðeigandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, bannað eða takmarkað umfram það sem greinir í 1. mgr. alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir, þar með talið stangveiði, upp eða niður frá ósi, enda þyki slíkt nauðsynlegt vegna fiskigengdar og viðhalds veiði í vatninu.

Bann eða takmörkun veiði skv. 2. mgr. skal vera tímabundin, sé þess kostur. Ef sannað þykir að slíkt bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

22. gr.

Gönguhelgi.

Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi.

Gönguhelgi tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik og ósasvæði skv. 1. mgr. 21. gr. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemur þriðjungi af breidd vatns.

Nú rennur straumvatn í kvíslum og skal þá haga veiði í hverri kvísl sem hún væri sérstakt vatn.

Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og skal þá skorið úr með mati skv. VII. kafla laga þessara.

23. gr.

Veiðar við fiskvegi.

Ekki má veiða eða styggja fisk í fiskvegi eða fiskteljara nær neðra mynni þeirra en 30 metrum og ekki nær efra mynni þeirra en 20 metrum. Ekki má spilla fiskvegum eða fiskteljurum eða tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá. Veiðifélagi er þó heimilt, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi.

24. gr.

Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.

Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur Landbúnaðarstofnun sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn Veiðimálastofnunar. Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Landbúnaðarstofnun heimilt að setja reglur um friðun tiltekinna svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, enda sé það mat Veiðimálastofnunar að veiði á þeim stöðum sé skaðleg fiskstofnum vatnsins.

Friðun skv. 2. mgr. getur ýmist verið bundin við tiltekinn tíma eða ótímabundin. Ef sannað þykir að bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Ef eigi semst skal ákveða bætur með mati skv. VII. kafla laga þessara.

25. gr.

Eyðing fisks.

Ef rétt þykir að eyða fiski eða lagardýrum úr veiðivatni vegna sjúkdóma eða sníkjudýra getur Landbúnaðarstofnun heimilað slíkt. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, Veiðimálastofnunar, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fisksjúkdómanefndar. Ef nauðsyn ber til skal kveða á um notkun tiltekinna efna við eyðingu fiskstofnsins, með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

26. gr.

Veiðar í klak- og vísindaskyni og merkingar vatnafiska.

Heimilt er veiðifélögum að veiða lax eða silung til hrognatöku vegna fiskræktar enda liggi fyrir samþykkt fiskræktaráætlun, sbr. lög um fiskrækt. Þá getur Landbúnaðarstofnun heimilað veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að veiða lax eða silung til hrognatöku í sama skyni. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara en um nánari framkvæmd þeirra fer eftir lögum um fiskrækt.

Landbúnaðarstofnun getur heimilað þeim er rannsóknir stunda á lífríki ferskvatns veiðar ferskvatnsfiska í vísindaskyni, þar með talið í eignarlöndum. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. kafla laga þessara um veiðistjórn og ákvæðum IV. kafla um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Til veiða í vísindaskyni þarf veiðiskírteini sem Landbúnaðarstofnun gefur út á nafn einstaklings, eða stofnunar ef rannsóknir eru stundaðar á hennar vegum. Landbúnaðarstofnun er heimilt að gera ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu þeirra sem óska eftir veiðiskírteini. Skal skírteinið gilda tímabundið. Að jafnaði skal tiltekið til hverra veiðivatna rannsókn tekur. Ef sérstaklega stendur á, t.d. þar sem rannsóknir eru stundaðar á landsvísu eða afmörkuðum svæðum landsins, er ekki þörf slíkrar tilgreiningar. Veiðar í vísindaskyni skulu, eftir því sem kostur er, stundaðar í samráði við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög.

Handhafa veiðiskírteinis er ekki heimilt að hagnýta sér í eigin þágu þann fisk sem veiddur er í vísindaskyni. Veiðiréttarhafa er heimilt að hagnýta sér aflann, en ber að öðru leyti ekki endurgjald vegna slíkrar veiði.

Landbúnaðarstofnun veitir heimildir til merkinga á vatnafiskum með skilyrðum sem hún setur og heldur gagnabanka um merkingar. Eigendur veiðiréttar og þeir sem veiði stunda skulu skila merkjum til Landbúnaðarstofnunar, í samræmi við reglur sem stofnunin setur.

Landbúnaðarstofnun getur sett reglur um upprunamerkingu á þeim laxi sem boðinn er til sölu og gert sérstakar kröfur um merkingar á stangveiddum slátruðum laxi sem veiddur er í ám. Landbúnaðarstofnun leggur þá til slík merki, hagsmunaaðilum að kostnaðarlausu.

IV. KAFLI
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.
Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.

Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.

Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks. Landbúnaðarstofnun er einnig heimilt að leyfa veiði með girðingum og kistum þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hún með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það sem segir í lögum þessum.

Ekki er heimilt að stunda samhliða veiði á stöng og veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti á sama svæði í straumvatni eða svæði stöðuvatns þar sem göngufiskur fer um.

28. gr.
Fastar veiðivélar í straumvatni.

Lagnet og króknet skulu liggja frá bakka eða garði er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Ekki má leggja lagnet svo að af verði gildra, og ekki má nota tvöföld net.

Á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert mega net þau er í 1. mgr. greinir, á þeim svæðum sem lax gengur um, ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum.

Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar.

Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömum megin í straumvatni eða ekki, skal jafnan vera hundrað metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Til fastrar veiðivélar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, svo og leiðari.

Ekki má fjölga föstum veiðivélum frá því sem var síðustu fimm árin fyrir gildistöku laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarstofnun getur þó, ef sérstaklega stendur á, heimilað fjölgun lagna, enda mæli Veiðimálastofnun ekki gegn slíku.

Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja, að mati Veiðimálastofnunar, stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu, er Landbúnaðarstofnun heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Ef sannað þykir að ákvarðanir Landbúnaðarstofnunar skv. 5. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra veiðiréttarhafa í sama veiðivatni skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

29. gr.

Stangveiði í straumvatni.

Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu sem gilda skulu í a.m.k. átta ár. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda stanga sem á má veiða hverju sinni,
b. aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

Ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að krefjast mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

30. gr.

Veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum.

Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.

Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. undanþágu til notkunar annarra veiðitækja en greinir í 1. mgr.,
b. fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja sem leyfð eru,
c. lágmarksstærð fisks sem veiða má,
d. fjarlægð stangveiði frá föstum veiðivélum,
e. undanþágu frá banni við ádrætti í almenningi stöðuvatns.

Fari lax og göngusilungur um stöðuvatn skulu gilda um það sömu reglur og um straumvötn með tilliti til staðsetningar fastra veiðivéla og gönguhelgi. Að öðru leyti gilda reglur laga þessara um veiði í straumvötnum um veiði í stöðuvötnum eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Tæki og aðferðir við veiðar göngusilungs í sjó.

Veiða má göngusilung í netlögum sjávarjarða á færi, stöng og í lagnet. Við þær veiðar má ekki nota nein þau veiðitæki sem ætluð eru til laxveiða.

32. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um veiðitæki og veiðiaðferðir samkvæmt kafla þessum, þ.m.t. um merkingu fastra veiðivéla.

Landbúnaðarstofnun getur með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en greinir í kafla þessum, enda telji Veiðimálastofnun að slíkt skaði hvorki lífríki vatns, fiskigengd né fiskför.

V. KAFLI
Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.

33. gr.
Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Landbúnaðarstofnunar um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Landbúnaðarstofnunar skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

Ef sérstök ástæða þykir til getur Landbúnaðarstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. Landbúnaðarstofnun getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.

34. gr.
Fiskvegir.

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirki í vatni eða meðfram vatni. Þar sem ekki er starfandi veiðifélag þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. ⅔ veiðiréttarhafa.

Ráðherra getur heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum skv. 1. mgr. að taka eignarnámi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns sem með þarf til gerðar, starfrækslu og viðhalds fiskvegar eða annarra sambærilegra mannvirkja. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. getur Landbúnaðarstofnun heimilað lokun fiskvegar, tímabundið eða ótímabundið.

Ef sannað þykir að beiting heimilda skv. 1. og 3. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

35. gr.
Önnur mannvirkjagerð.

Ef heimiluð er á grundvelli annarra laga gerð mannvirkis sem tálmar fiskför í eða við veiðivatn er þeim sem heimild fær skylt að kosta gerð og viðhald fullnægjandi fiskvegar samkvæmt ákvæðum 34. gr.

Skylda til gerðar fiskvegar skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef sýnt er fram á með mati skv. VII. kafla laga þessara að gerð fiskvegarins og viðhald hafi til muna meiri kostnað í för með sér en sem nemur tjóni á veiði þeirra veiðiréttarhafa sem land eiga að veiðivatni ofan mannvirkis. Tjón þeirra skal hins vegar sá bæta að fullu er heimild fær til mannvirkjagerðar.

Ef vatni er veitt úr eða í veiðivatn til áveitu, vatnsveitu, vatnsaflsvirkjana eða annarra nota, sem ekki tengjast veiði eða fiskför, getur Landbúnaðarstofnun sett það skilyrði að svo sé búið um hnútana að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í skurði eða leiðslur. Kostnað, er af slíku hlýst, skal sá greiða er á eða hagsbóta nýtur af framkvæmdinni.

Hafi vatnsmiðlun áhrif á vatnsmagn í veiðivatni skal ávallt haga henni þannig að sem minnst röskun hljótist af fyrir lífríki, fiskför og veiði. Rekstraraðila miðlunar er skylt að hafa samráð við veiðifélag eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, um vatnsmagnsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á hverjum tíma og líklegar eru til að hafa áhrif á fiskför.

36. gr.

Skaðabætur.

Ef sannað þykir að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskigengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóta samkvæmt lögum þessum og slíkt veldur tilteknum veiðiréttarhafa tjóni, skal sá aðili er að framkvæmd stendur bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

VI. KAFLI
Um veiðifélög.

37. gr.

Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.

Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi:

a. að sjá til þess að reglum laga þessara og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,
b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,
c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,
d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,
e. að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin í lögunum og varða framkvæmd þeirra.

Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr.

Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum þessum skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

Hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Ávallt skulu þeir sem aðgengis njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laga þessara fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns.

Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárhlutfalli.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um starfsemi veiðifélaga svo sem nánar er kveðið á um í kafla þessum.

38. gr.

Umdæmi veiðifélags.

Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

Landbúnaðarstofnun skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði.

Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi.

Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi félags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar.

39. gr.

Stofnun veiðifélags.

Þar sem ekki er starfandi veiðifélag fyrir geta einn eða fleiri veiðiréttarhafar átt frumkvæði að stofnun veiðifélags og boðun stofnfundar, en að þeim frátöldum Landbúnaðarstofnun.

Til stofnfundar skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um boðun stofnfundar og dagskrá hans. Til annarra funda en stofnfundar í veiðifélagi skal boða með sama hætti.

Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

a. nafn félags,
b. heimilisfang og varnarþing,
c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga þessara,
d. verkefni félagsins,
e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,
g. skyldu til framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félags,
h. meðferð afla félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

Ráðherra skal í reglugerð setja veiðifélögum fyrirmynd að samþykkt í samræmi við efni málsgreinar þessarar.

Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

Atkvæði ⅔ hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þar afl atkvæða.

Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar, getur Landbúnaðarstofnun sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

Sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

Samþykkt skv. 3. mgr. skal staðfest af Landbúnaðarstofnun og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 7. mgr. er liðinn.

40. gr.

Atkvæðisréttur í veiðifélagi.

Á félagssvæði veiðifélags fylgir eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama gildir um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Með jörð í framangreindum skilningi er átt við þær jarðir sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976.

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélagi með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

Þegar sameinaðar hafa verið jarðir, sem veiðirétt hafa, fylgir eitt atkvæði hinni sameinuðu jörð.

Þegar veiðiréttur hefur löglega verið skilinn frá jörð, eða land hefur verið fellt úr tölu jarða með samþykki réttra yfirvalda, skal eitt atkvæði koma fyrir þá jörð eða það land sem veiðirétturinn tilheyrði upphaflega.

Ef landareign er leigð samkvæmt ábúðarlögum skal ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar sinnar, nema á annan veg hafi verið samið, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Félagsmaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi.

Um málefni, sem ekki er sérstaklega kveðið á í lögum eða samþykktum félags, ræður afl atkvæða.

41. gr.

Arðskrá.

Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til:

a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði,
b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og
c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.

Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði, og þarf atkvæði ⅔ hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar henni. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

Ef arðskrá er ekki samþykkt ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati skv. VII. kafla laga þessara um þau atriði sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

Arðskrá skv. 1.–4. mgr. skal staðfest af Landbúnaðarstofnun og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 4. mgr. er liðinn. Tekur hún gildi tveimur mánuðum eftir slíka birtingu. Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá ef henni er til að dreifa þar til

matsgerð skv. VII. kafla laga þessara liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

Heimilt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.

Nánari fyrirmæli um arðskrár skal ráðherra setja í reglugerð.

42. gr.

Nánari ákvæði um starfshætti veiðifélags.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

Félagsstjórn skal senda Landbúnaðarstofnun samþykktir viðkomandi veiðifélags og arðskrá til staðfestingar.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa Landbúnaðarstofnun skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga þessara.

Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert og aukafundi eftir þörfum. Boði félagsstjórn ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert er þeim sem fund vilja halda heimilt að boða hann. Nánari ákvæði um slíka fundi skal ráðherra setja í reglugerð.

43. gr.

Kæruheimild.

Nú greinir félagsmenn veiðifélags á um lögmæti ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn og getur þá hver félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

Landbúnaðarstofnun skal hafa lokið afgreiðslu máls innan tveggja mánaða frá því að kæra barst.

Reynist hin kærða ákvörðun ólögmæt fellir Landbúnaðarstofnun hana úr gildi. Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

VII. KAFLI
Um matsgerðir og skaðabætur.

44. gr.

Skipan matsnefndar o.fl.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn og jafnmarga til vara í matsnefnd til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir að tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara. Einn nefndarmaður skal skipaður að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga. Nefndin skiptir með sér störfum. Annar þeirra nefndarmanna sem Hæstiréttur tilnefnir skal vera formaður nefndarinnar.

Ráðherra er heimilt að framlengja starfstíma matsnefndar um sex mánuði til þess að ljúka þeim málum sem nefndin hafði til meðferðar þegar ráðherra skipar nýja menn í nefndina.

Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir. Henni er einnig heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls.

Ráðherra ákveður tímagjald matsmanna og starfsmanns nefndarinnar. Laun og annar kostnaður af starfsemi matsnefndar greiðist með fjárveitingum af fjárlögum. Við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal miðað við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi matsnefndarinnar.

Matsnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann.

45. gr.

Beiðni um úrskurð eða matsgerð.

Ef félagsmenn í veiðifélagi greinir á um arðskrá verður ágreiningi þar að lútandi skotið til matsnefndar í samræmi við 4. og 6. mgr. 41. gr.

Nú greinir menn á um hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál eða takmörk fiskihverfis og er þá heimilt að bera ágreininginn undir úrskurð matsnefndar.

Matsnefnd fer að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

Beiðni um úrskurð um ágreiningsefni skal vera skrifleg og skal ágreiningsefnið skýrt afmarkað. Beiðninni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

46. gr.

Málsmeðferð.

Matsnefnd skal ákveða fyrirtöku máls með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegri tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varðar, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd getur þess í stað óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrir fram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku máls í Lögbirtingablaði.

Við fyrstu fyrirtöku máls skal skorað á aðila að upplýsa hvort þeir geri athugasemdir við hæfi nefndarmanna til meðferðar máls. Þá skal og farið yfir afmörkun ágreiningsefnis sem til úrlausnar er og ákvarðar nefndin það nánar sé ástæða til.

Um meðferð máls fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum.

Matsnefnd skal ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.

Matsnefnd skal í rökstuddum skriflegum úrskurði gera grein fyrir niðurstöðu sinni. Form og efni úrskurðarins skal vera í samræmi við 31. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Úrskurð skal birta með sama hætti og segir í 1. mgr.

47. gr.

Kostnaður af matsgerð.

Í úrskurði matsnefndar skal kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila og rennur hann í ríkissjóð. Veiðifélag skal að jafnaði bera kostnað af endurskoðun arðskrár.

Til málskostnaðar telst allur kostnaður af matinu, þ.m.t. laun matsmanna samkvæmt tímaskýrslu og sérfræðinga skv. 3. mgr. 44. gr., ferðakostnaður og annar kostnaður, svo og laun starfsmanns nefndarinnar samkvæmt tímaskýrslu.

48. gr.

Úrskurðir matsnefndar og málshöfðunarfrestur.

Matsnefnd skv. 1. mgr. 44. gr. er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

49. gr.

Bótaskyld skerðing á veiðirétti.

Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati.

Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan sú ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu.

Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

VIII. KAFLI
Refsi- og réttarfarsákvæði.

50. gr.

Um refsingar.

Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, ef:

a. hann veiðir án leyfis í vatni annars manns,
b. hann er staðinn að því að vera með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé að hann hafi átt þar lögmæt erindi,
c. hann veiðir á tíma þegar veiði er bönnuð eða á stöðum þar sem veiði er bönnuð,
d. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir sem bannað er að nota eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð,
e. hann veiðir fisk sem er minni en leyft er að veiða eða sleppir ekki veiddum fiski er sleppa skal,
f. hann brýtur ákvæði 1. eða 3. mgr. 27. gr., 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. eða 2. mgr. 30. gr.,
g. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn,
h. hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði,
i. hann hlítir ekki settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

51. gr.

Um fullframningarstig brota.

Brot þau er getur í c-, d- og h-liðum 50. gr. teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

52. gr.

Um skaðabótarétt brotaþola.

Nú veiðir maður án leyfis í vatni annars manns, og skal sá er misgert var við fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón sem hann kann að hafa orðið fyrir.

53. gr.

Um upptöku veiðitækja og ólöglegs afla.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu gerð upptæk. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 52. gr.

54. gr.

Um ráðstöfun sektarfjár.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

55. gr.

Stjórnvaldssektir.

Lögregla og Landhelgisgæsla Íslands geta lagt stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. á skipstjóra eða hvern þann sem veitt hefur lax í sjó og af ásetningi eða gáleysi ekki sleppt honum strax aftur. Ef brot er stórfellt má leggja á hinn brotlega 200.000 kr. stjórnvaldssekt. Sektir samkvæmt þessari grein renna í Landhelgissjóð Íslands.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

56. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

Ákvæðum VII. kafla skal einvörðungu beitt um mál sem koma til meðferðar matsnefndar eftir gildistöku laganna. Sé mál endurupptekið eftir gildistöku laga þessara skal beita lögunum um þau mál upp frá því.

Þau mál sem eru til meðferðar hjá matsmönnum og yfirmatsmönnum skv. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þegar lög þessi taka gildi, skal til lykta leiða af þeim matsmönnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Mati skv. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, má skjóta til matsnefndar áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats.

Mat skv. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, verður borið undir matsnefnd í samræmi við ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga þessara.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi 1.–22. gr., 24.–61. gr., 85.–89. gr., 1. mgr. 90. gr., 95. og 96. gr. og 101.–110. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

57. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um Landbúnaðarstofnun, nr. 80/2005:*
   a. E-liður 2. gr. fellur brott.
   b. Á eftir 4. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:

      Landbúnaðarstofnun skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Landbúnaðarstofnun eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

      Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

      Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um

veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi.

Landbúnaðarstofnun gefur út skírteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

2. *Lög um varnir gegn landbroti, nr. 91/2002:* Í stað orðanna „sbr. lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. kemur: eða Landbúnaðarstofnun ef ekki er starfandi veiðifélag, sbr. lög um lax- og silungsveiði og lög um fiskrækt.
3. *Lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973:* Orðin „nr. 76/1970“ í 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. falla brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um eldi vatnafiska, laga um Veiðimálastofnun, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Samráðsnefnd skv. 1. mgr. skal innan 18 mánaða frá gildistöku laga þessara og í samráði við hagsmunaaðila móta framtíðarstefnu um netaveiði á laxi og silungi og skila tillögum þar að lútandi til landbúnaðarráðherra, eftir atvikum í formi lagafrumvarps.

II.

Samþykktum einstakra veiðifélaga skal breytt til samræmis við fyrirmæli og reglur laga þessara, í síðasta lagi innan árs frá gildistöku þeirra.

1475. Breytingartillaga [619. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Efnismálsliður 2. gr. orðist svo: Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt eða einstaklinga, sem líta út fyrir að vera ólögráða börn, í kynferðislegum athöfnum eða klámfengið efni sem sýnir raunsannar myndir sem tákna ólögráða barn í kynferðislegum athöfnum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

1476. Frumvarp til laga [612. mál]

um Veiðimálastofnun.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Veiðimálastofnun er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra sem heyrir undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Forstjóri.

Ráðherra skipar forstjóra Veiðimálastofnunar til fimm ára í senn.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á fræðasviði stofnunarinnar.

Forstjóri hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk og ákveður starfssvið þess.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Forstjóri hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu menntastofnana landbúnaðarins. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd.

Formaður ráðgjafarnefndar kveður nefndina saman til fundar þegar þurfa þykir.

4. gr.

Hlutverk Veiðimálastofnunar.

Hlutverk Veiðimálastofnunar er:

1. að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þess og miðla upplýsingum þar um,
2. að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa,
3. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatns,
4. að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum,
5. að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna,
6. að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð,
7. að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera,
8. að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns,
9. að veita lögboðnar umsagnir,
10. að annast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi,
11. að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns,
12. að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.

5. gr.

Stjórnskipulag Veiðimálastofnunar.

Forstjóri ákveður skipurit Veiðimálastofnunar.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja starfsstöðvar á landsbyggðinni.

Veiðimálastofnun er heimilt að starfrækja rannsóknastöð í fiskrækt, fiskeldi og hafbeit.

6. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Veiðimálastofnun er heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi.

Þann hluta starfsemi Veiðimálastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, þar sem stofnunin aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf og annarri þjónustu, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Veiðimálastofnunar og framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið falla úr gildi 2. og 3. mgr. 90. gr., 91. og 92. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska, laga um fiskrækt og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

II.

Núverandi starfsfólk Veiðimálastofnunar gegnir áfram störfum sínum hjá stofnuninni eftir gildistöku laga þessara. Núverandi framkvæmdastjóri Veiðimálastofnunar skal gegna starfi forstjóra út núverandi skipunartíma sinn. Núverandi stjórn Veiðimálastofnunar skal láta af störfum við gildistöku laga þessara en jafnframt skal þá skipa ráðgjafarnefnd í samræmi við 3. gr. laga þessara.

1477. Frumvarp til laga [613. mál]

um fiskrækt.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allrar fiskræktar sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
12. *Hafbeitarstofn:* Hópur vatnafiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.
13. *Hafbeitarstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.
14. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna

ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.

15. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
16. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
18. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
19. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
20. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.
21. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.
22. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.
23. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar),* silungur (urriði *(Salmo trutta),* bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)),* áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.
24. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.
25. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.
26. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.
27. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar sem starfar samkvæmt lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.

II. KAFLI

Fiskræktaráætlun.

5. gr.

Fiskræktaráætlun.

Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.

6. gr.

Samþykkt fiskræktaráætlunar.

Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að Landbúnaðarstofnun hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Landbúnaðarstofnun leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem Landbúnaðarstofnun telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.

III. KAFLI
Almenn ákvæði um fiskrækt.

7. gr.

Hrognataka.

Veiðifélagi er heimil lax- og silungsveiði til hrognatöku í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara og 26. gr. laga um lax- og silungsveiði. Ef meiri hluti veiðiréttarhafa við veiðivatn, þar sem ekki er veiðifélag, vill láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni skal afla leyfis Landbúnaðarstofnunar. Leyfi veiðiréttarhafa til hrognatöku skal vera tímabundið og skulu í því felast þau skilyrði sem nauðsynleg eru að mati Landbúnaðarstofnunar til verndar fiskstofnum veiðivatnsins.

8. gr.

Fiskrækt í ám og vötnum.

Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

9. gr.

Bann við flutningi laxfisks milli veiðivatna.

Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiði er óheimill.

10. gr.

Undanþága.

Landbúnaðarstofnun getur veitt undanþágu frá banni skv. 8. og 9. gr. Til þess að fá slíka undanþágu þarf veiðifélag eða veiðiréttarhafar veiðivatns, þar sem ekki er veiðifélag, að sækja um það til Landbúnaðarstofnunar. Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn um undanþágu skal fylgja greinargerð umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd og umsagnir fisksjúkdómanefndar og Veiðimálastofnunar um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þ.m.t. hættu á erfðamengun. Sá er undanþágu beiðist ber kostnað af gerð umsagna.

Landbúnaðarstofnun getur afgreitt undanþágur frá ákvæðum 8. gr. að fengnum sérfræðilegum umsögnum, en um umsókn um undanþágu frá ákvæðum 9. gr. gilda ákvæði 11. gr.

11. gr.

Málsmeðferð undanþágubeiðni.

Innan tveggja vikna frá móttöku undanþágubeiðni skv. 10. gr. birtir Landbúnaðarstofnun umsóknina með opinberri auglýsingu og kallar eftir umsögnum veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá Landbúnaðarstofnun að öllum gögnum málsins. Athuga-

semdum við umsókn skal skilað til Landbúnaðarstofnunar innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

12. gr.
Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar.

Innan átta vikna frá því að Landbúnaðarstofnun birtir umsókn um undanþágu, sbr. ákvæði 10. og 11. gr., skal hún taka rökstudda ákvörðun um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað. Landbúnaðarstofnun er heimilt að binda undanþágu nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að markmið laganna náist. Þegar ákvörðun Landbúnaðarstofnunar liggur fyrir skal hún kynnt umsækjanda og þeim sem athugasemdir hafa gert. Jafnframt skal birta hana opinberlega. Ákvörðun Landbúnaðarstofnunar samkvæmt grein þessari er endanleg á stjórnsýslustigi.

13. gr.
Setning reglugerðar.

Landbúnaðarráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um málsmeðferð samkvæmt kafla þessum. Reglugerð skal m.a. hafa að geyma ákvæði um form undanþágubeiðni, málsmeðferð fyrir Landbúnaðarstofnun og form ákvörðunar. Einnig er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimt skuli gjald af þeim er undanþágu óskar vegna kostnaðar stjórnvalda af málsmeðferð. Einnig getur ráðherra í reglugerð sett nánari fyrirmæli um hvernig að hrognatöku skv. 7. gr. skuli staðið.

IV. KAFLI
Hafbeit.

14. gr.
Um hafbeit.

Um hafbeit gilda ákvæði laga þessara og 1. gr., 5.–12. gr., 14.–17. gr. og 19.–22. gr. laga um eldi vatnafiska eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

15. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Um leið fellur úr gildi 23. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, nr. 85/2005: Í stað orðanna „lax- og silungsveiði“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. kemur: fiskrækt.

16. gr.
Nafnbreyting.

Við gildistöku laga þessara breytist heiti laga nr. 76/1970 og verður: **Eldri lög um lax- og silungsveiði.**

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara og til loka ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd þeirra, laga um lax- og silungsveiði, laga um Veiðimálastofnun, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum. Hlutverk samráðsnefndar er að fylgjast með

og stuðla að greiðri framkvæmd og virkum skoðanaskiptum þeirra er lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af landbúnaðarráðherra og í henni sitja ellefu fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Landssambandi veiðifélaga, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Félagi eigenda sjávarjarða, fisksjúkdómanefnd, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarstofnun, Fiskistofu, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

1478. Frumvarp til laga [710. mál]

um kjararáð.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

2. gr.

Kjararáð skal skipað fimm ráðsmönnum og jafnmörgum vararáðsmönnum.

Alþingi kýs þrjá ráðsmenn. Hæstiréttur skipar einn ráðsmann og fjármálaráðherra annan. Sömu aðilar velja vararáðsmenn. Kjararáðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjararáð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna og setur sér sjálft starfsreglur.

3. gr.

Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara.

4. gr.

Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. Þetta ákvæði á ekki við um lögreglumenn, tollverði og fangaverði, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þriggja manna kjararáð skal skipað þannig að formaður velur með sér tvo úr hópi aðalmanna í ráðinu, og eftir atvikum varamanna. Þess skal gætt að ávallt sé í þessum þriggja manna hópi einn ráðsmaður skipaður af fjármálaráðherra og annar ráðsmaður skipaður af Alþingi.

5. gr.

Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir.

6. gr.

Kjararáð aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er því rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af starfsmönnum. Skulu þeir m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja.

Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjararáðs falla, fjármálaráðuneyti og öðrum ráðuneytum vegna starfsmanna og stofnana sem undir þau heyra skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Ráðið getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir ráðinu.

7. gr.

Kjararáð getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu ráðsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

8. gr.

Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.

Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

9. gr.

Kjararáð skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

Kjararáð skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Það úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

Við ákvarðanir sínar getur ráðið tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags og ábyrgðar er starfinu fylgir.

Kjararáð skal meta og taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.

10. gr.

Kjararáð skal taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eigi sjaldnar en árlega skal kjararáð meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem það ákveður. Kjararáð getur þó ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, til dæmis þriðja eða fjórða hvert ár.

Kjararáð skal birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega með skipulegum og aðgengilegum hætti.

Ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

11. gr.

Kostnaður við kjararáð, þar á meðal laun kjararáðsmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

13. gr.

Við gildistöku laganna breytast eftirtalin ákvæði laga sem hér segir:

1. Í stað orðanna „Kjaranefnd eða Kjaradómi“ í 4. mgr. 2. gr. laga um ríkislögmann, nr. 51/1985, kemur: kjararáði.
2. Í stað orðanna „lög um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, kemur: kjararáð.
3. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996:
   a. Í stað orðanna „Kjaradóms eða kjaranefndar“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: kjararáðs.
   b. Í stað orðsins „kjaranefnd“ í 2. mgr. 9. gr. kemur: kjararáð.
   c. Í stað orðanna „Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda“ í 39. gr. kemur: kjararáði, enda geti þau ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997:
   a. Í stað orðanna „lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 1. mgr. 3. gr., 6. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 35. gr. kemur: lögum um kjararáð.
   b. Í stað orðanna „Kjaradóm, kjaranefnd“ í 6. mgr. 23. gr. kemur: ákvarðanir kjararáðs.
5. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997:
   a. Í stað orðanna „Kjaradóm, kjaranefnd“ í 5. mgr. 7. gr. kemur: ákvarðanir kjararáðs.
   b. Í stað orðanna „lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd“ í 5. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 21. gr. kemur: lögum um kjararáð.
6. Í stað orðanna „Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum“ í 4. mgr. 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, kemur: kjararáð.
7. Í stað orðsins „Kjaranefnd“ í 2. mgr. 5. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, kemur: Kjararáð.
8. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 1. gr. laga um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, kemur: kjararáði.
9. Í stað orðsins „Kjaradómur“ í 3. mgr. 2. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, kemur: Kjararáð.
10. 14. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, orðast svo:

    Kjararáð ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög um kjararáð.
11. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 2. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kemur: kjararáði.
12. Í stað orðsins „Kjaradómur“ í 4. mgr. 13. gr., 4. mgr. 23. gr. og 25. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, kemur: Kjararáð.
13. Í stað orðsins „Kjaradómi“ í 2. mgr. 2. gr. laga um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003, kemur: kjararáði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lög þessi öðlast gildi sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr. þar til kjararáð hefur ákveðið nánar, sbr. ákvæði 4. og 5. gr., til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið.

Strax eftir gildistöku þessara laga skal skipa kjararáð samkvæmt þeim. Skipun dómenda í Kjaradóm og nefndarmanna í kjaranefnd samkvæmt lögum nr. 120/1992 fellur niður við gildistöku þessara laga.

1479. Frumvarp til laga [742. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um atvinnuleysistryggingar launamanna eða sjálfstætt starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði þegar þeir verða atvinnulausir.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa misst fyrra starf sitt.

3. gr.

Orðskýringar.

a. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði og greitt er tryggingagjald vegna starfsins samkvæmt lögum um tryggingagjald.

b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða tengdra félaga, þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Sá sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi einu sinni á ári telst ekki vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga þessara.

c. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn atvinnuleysistrygginga samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Atvinnuleysistryggingasjóður.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinnumálastofnun skal annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal skipa fimm manna úthlutunarnefnd að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af félagsmálaráðherra, einn tilnefndur sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Stjórn Vinnumálastofnunar skipar formann og varaformann úthlutunarnefndar úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála. Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

6. gr.
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Stjórnin skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynna fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 5. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samning-

inn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

7. gr.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Atvinnuleysisbætur til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra skulu greiddar úr sérstökum sjóði, Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem fjármagnaður er með atvinnutryggingagjaldi þessara stétta, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Vinnumálastofnun skal annast fjárvörslu Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og framkvæmd laga þessara á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

Úthlutunarnefnd skv. 3. mgr. 5. gr. skal jafnframt tryggja samræmi við ákvarðanir um réttindi og viðurlög á grundvelli laga þessara og annast afgreiðslu mála er varða Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Reikningar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

8. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Félagsmálaráðherra skipar fjögurra manna stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, einn af Landssambandi smábátaeigenda og einn af Landssambandi vörubifreiðastjóra. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamaður formanns stjórnarinnar skal skipaður með sama hætti og skal hann vera varaformaður.

Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún skal gera áætlanir um rekstur og greiðslur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að fengnum tillögum frá stjórn Vinnumálastofnunar. Enn fremur skal hún leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félagsmálaráðherra í janúar ár hvert ásamt skýrslu um reikningshald sjóðsins. Félagsmálaráðherra skal taka afstöðu til upplýsinganna og kynnir fjármálaráðherra efni þeirra við undirbúning fjárlagagerðar. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um ávöxtun innstæðufjár sjóðsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Enn fremur gerir stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga þjónustusamning við Vinnumálastofnun um umsýslu sjóðsins, sbr. 2. mgr. 7. gr., og staðfestir félagsmálaráðherra samninginn. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með framkvæmd þjónustusamningsins í samráði við félagsmálaráðherra.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

9. gr.

Umsókn um atvinnuleysisbætur.

Launamönnum og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar þegar þeir verða atvinnulausir. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð fyrrverandi vinnuveitanda, staðfesting um stöðvun rekstrar og önnur nauðsynleg gögn að mati Vinnumálastofnunar. Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær rökstuddar fullnægjandi gögnum. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Umsókn um atvinnuleysisbætur felur jafnframt í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir.

Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðir skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

10. gr.

Tilkynning um að atvinnuleit sé hætt.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum skal tilkynna til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Tilkynningin skal gerð með sannanlegum hætti og skal taka fram ástæðu þess að atvinnuleit var hætt.

11. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir allir vera skipaðir án tilnefningar. Félagsmálaráðherra ákveður hver skal vera formaður nefndarinnar og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði til þess að vera skipaðir héraðsdómarar.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna.

Nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í nefndinni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af nefndarsetu.

Úrskurðir úrskurðarnefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af starfsemi nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðherra.

12. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða.

Stjórnsýslukæra skal berast úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Kæran telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Úrskurðarnefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig áður en nefndin úrskurðar í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða eftir að henni berst mál.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

13. gr.
Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum launamanna.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,
b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
e. hefur verið launamaður á ávinnslutímabili skv. 15. gr. í starfi sem ekki er hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
f. leggur fram vottorð fyrrverandi vinnuveitanda, sbr. 16. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 15. gr.,
g. hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Ákvæði g-liðar 1. mgr. á ekki við um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

14. gr.
Virk atvinnuleit.

Sá telst vera í virkri atvinnuleit sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a. er fær til flestra almennra starfa,
b. hefur frumkvæði að starfsleit og er reiðubúinn að taka hvert það starf sem greitt er fyrir samkvæmt lögum og kjarasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og uppfyllir skilyrði annarra laga,
c. hefur vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara,
d. er reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á Íslandi,
e. er reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða eða vaktavinnu,
f. á ekki rétt á launum eða öðrum greiðslum í tengslum við störf á vinnumarkaði þann tíma sem hann telst vera í virkri atvinnuleit nema ákvæði 17. eða 22. gr. eigi við,
g. hefur vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum sem standa honum til boða, og

h. er reiðubúinn að gefa Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar til að auka líkur hans á að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Hinn tryggði skal tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti skv. h-lið 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

Þátttaka í vinnumarkaðsaðgerðum kemur ekki í veg fyrir að hinn tryggði taki starfi sem býðst á þeim tíma.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b-, d- og e-liðar 1. mgr. þannig að hinn tryggði, sem vegna aldurs, félagslegra aðstæðna sem tengjast skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima óskar eftir hlutastarfi eða starfi innan tiltekins svæðis, geti talist vera í virkri atvinnuleit. Enn fremur er heimilt að taka tillit til aðstæðna hins tryggða sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt mati sérfræðilæknis.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um virka atvinnuleit, svo sem hvaða upplýsingar Vinnumálastofnun eru nauðsynlegar skv. h-lið 1. mgr., og um undanþágur skv. 4. mgr.

15. gr.

Ávinnslutímabil.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Launamaður, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem launamaður hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að launamaður hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli launamanns einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. getur tryggingarhlutfall launamanns aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli hans á ávinnslutímabilinu eða því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr. Hafi launamaður ekki verið í sama starfshlutfalli allt ávinnslutímabilið skal miða við meðalstarfshlutfall hans á þeim tíma.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili. Við mat á starfshlutfalli launamanns í fæðingarorlofi á ávinnslutímabilinu skal líta til þess starfshlutfalls sem hann var í á fjögurra mánaða tímabili er hefst tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Sama á við um þann tíma er verkfall eða verkbann stendur yfir sem tekur til starfa launamanns á ávinnslutímanum. Skal þá miða við starfshlutfall hans í almanaksmánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysistryggingu launamanns en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Vinnuframlag sjómanna miðast við fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst vera 21,67 lögskráningardagar.

Launamaður skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst.

Hafi launamaður einnig verið sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysistryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil, svo sem skrá yfir hlutfallsþrep.

16. gr.

Vottorð vinnuveitanda.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., skal leggja fram vottorð fyrrverandi vinnuveitanda er hann sækir um atvinnuleysisbætur. Vottorðið skal vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði þar sem meðal annars kemur fram starfstími hjá vinnuveitanda á ávinnslutímabili skv. 15. gr. ásamt starfshlutfalli hans. Enn fremur skal tilgreina ástæður þess að launamaður hætti störfum hjá vinnuveitanda, hvort hann hafi tekið út orlof sitt við slit á ráðningarsamningi og hvernig greiðslum vegna starfsloka hafi verið háttað.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum frá vinnuveitanda og skattyfirvöldum til að staðreyna þær upplýsingar er fram koma í vottorði skv. 1. mgr.

Þegar launamaður á þess ekki kost að leggja fram vottorð vinnuveitanda skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á störf launamanns hjá vinnuveitanda.

17. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem missir starf sitt að hluta telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 15. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram, frá þeim tíma er hann missti starf sitt að hluta nema annað leiði af lögum þessum. Hið sama gildir þegar launamaður missir starf sitt en ræður sig til starfa í minna starfshlutfall hjá öðrum vinnuveitanda.

Ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að draga úr starfshlutfalli sínu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu launamannsins, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

IV. KAFLI

Skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

18. gr.

Almenn skilyrði fyrir atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem uppfyllir eftirtalin skilyrði telst tryggður samkvæmt lögum þessum nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra:

a. er í virkri atvinnuleit, sbr. 14. gr.,
b. er orðinn 16 ára að aldri en yngri en 70 ára,
c. er búsettur hér á landi, sbr. þó VIII. kafla,
d. hefur heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana,
e. hefur verið sjálfstætt starfandi einstaklingur á ávinnslutímabili skv. 19. gr. og starfsemi hans telst ekki vera hluti af sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. þó V. kafla,
f. hefur stöðvað rekstur, sbr. 20. gr.,

g. leggur fram staðfestingu um stöðvun rekstrar, sbr. 21. gr., og vottorð frá skóla þegar það á við, sbr. 3. mgr. 19. gr.,
h. hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar,
i. hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjá virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá h-lið 1. mgr. þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur ekki staðið skil á greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda við stöðvun rekstrar en greiðir síðan þessi gjöld aftur í tímann. Við ákvörðun á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings er þó einungis heimilt að miða að hámarki við þrjá mánuði af þeim tíma er vanskilin áttu við um.

19. gr.

Ávinnslutímabil.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa starfað samfellt á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó 4. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem starfað hefur skemur en tólf mánuði en lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd starfstíma að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. einnig 4. mgr.

Nám, sbr. c-lið 3. gr., sem sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur stundað í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar svarar til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi enda hafi hann sannanlega lokið náminu og starfað í a.m.k. þrjá mánuði á innlendum vinnumarkaði á ávinnslutímabilinu. Vottorð frá hlutaðeigandi skóla skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem fram kemur að sjálfstætt starfandi einstaklingur hafi stundað námið og lokið því. Heimild þessi getur einungis komið til hækkunar á tryggingarhlutfalli sjálfstætt starfandi einstaklings einu sinni á hverju tímabili skv. 29. gr. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst ávallt vera í fullu starfi. Tryggingarhlutfall hans getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr.

Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi einstaklinga á ávinnslutímabili skv. 1. og 2. mgr. skal taka mið af skrám skattyfirvalda, sbr. einnig h-lið 1. mgr. 18. gr.

Fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst til starfstíma á ávinnslutímabili.

Heimilt er að taka tillit til starfs sem unnið er með námi við útreikning á atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings en þá telst námið ekki til vinnuframlags hans skv. 3. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur skal vera fullra 16 ára þegar ávinnslutímabil samkvæmt ákvæði þessu hefst.

Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig verið launamaður, sbr. a-lið 3. gr., á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar skal taka mið af öllum störfum hans við ákvörðun á atvinnuleysistryggingu hans.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um ávinnslutímabil.

20. gr.

Stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hann hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Þegar metið er hvort starfsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá ríkisskattstjóra. Heimilt er að taka tillit til hreyfinga í virðisaukaskattsskrá vegna eignasölu enda hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur lagt fram yfirlýsingu þess efnis að hann hyggist hætta rekstri.

Enn fremur telst sjálfstætt starfandi einstaklingur hafa stöðvað rekstur hafi hann tilkynnt skráningarnúmer sitt af skrá, sýnt fram á að atvinnutæki hafi verið seld eða afskráð, rekstur-inn framseldur öðrum eða hann hafi verið tekinn til gjaldþrotaskipta.

21. gr.

Staðfesting um stöðvun rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., skal leggja fram staðfestingu á því að hann hafi stöðvað rekstur skv. 20. gr. Staðfestingin skal fela í sér:

a. yfirlýsingu um að öll starfsemi hafi verið stöðvuð og ástæður þess, og
b. afrit af tilkynningu til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra um að rekstur hafi verið stöðvaður, vottorð frá skattyfirvöldum um að skráningarnúmer hans hafi verið tekið af skrá eða önnur viðeigandi gögn frá opinberum aðilum er staðfesta kunna stöðvun rekstr-ar.

22. gr.

Atvinnuleysistryggingar samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., sem missir starf sitt en ræður sig sem launamaður, sbr. a-lið 3. gr., til starfa í minna starfshlutfall telst hlutfallslega tryggður samkvæmt lögum þessum. Tryggingarhlutfall hans nemur mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti, sbr. 19. gr., og þess starfshlutfalls sem hann gegnir sem launamaður, frá þeim tíma er hann hóf störf í hinu nýja starfi. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um atvinnuleysistryggingu sjálfstætt starfandi einstaklings, þar á meðal skilyrðið um að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr.

V. KAFLI

Tilvik er leiða til þess að atvinnuleysistryggingar geymast.

23. gr.

Þátttöku á vinnumarkaði hætt tímabundið.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

24. gr.

Minnkað starfshlutfall.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem minnkar starfshlutfall sitt getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt. Sama á við um sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. b-lið 3. gr., sem ræður sig til starfa sem launamaður í hlutastarf, sbr. 22. gr.

Sá tími sem launamaður starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. í sama eða hærra starfshlutfalli en hann var í áður telst til ávinnslutímabils skv. 15. gr.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til þeirra tólf mánaða sem hinn tryggði starfaði á innlendum vinnumarkaði í hæsta starfshlutfalli á síðustu 36 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega minnkaði starfshlutfall sitt fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

25. gr.

Nám.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum enda hafi hann sannanlega lokið náminu.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 48 mánuðum frá móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 36 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hætti störfum eða hefur ekki lokið námi innan þess tíma fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

26. gr.

Óvinnufærni vegna sjúkdóms eða slyss.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði verði hann óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þann tíma sem hann er óvinnufær.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er hann varð vinnufær á ný fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð sérfræðilæknis er annaðist hinn tryggða skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram hvenær hann varð óvinnufær og hvenær hann varð vinnufær á ný.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

27. gr.

Afplánun refsingar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hverfur af vinnumarkaði þar sem hann tekur út refsingu sína samkvæmt dómi getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þangað til hann hefur lokið afplánun refsingar.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða frá þeim tíma er hinn tryggði sannanlega hætti störfum og tímabil skv. 1. mgr. hófst.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan sex mánaða frá þeim degi er afplánun refsingar hans lauk fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður enda eigi ákvæði 23. gr. ekki við.

Vottorð frá fangelsismálayfirvöldum skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur þar sem meðal annars skal koma fram það tímabil sem afplánun refsingar stóð yfir.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

28. gr.

Virkri atvinnuleit hætt tímabundið.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í skemmri tíma en 24 mánuði en hættir tímabundið virkri atvinnuleit getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sótti um atvinnuleysisbætur enda hafi hann ekki áður nýtt sér heimild skv. 23.–27. gr. Að öðru leyti gildir 23. gr. um geymdar atvinnuleysistryggingar.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. til að stunda nám, sbr. c-lið 3. gr., getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 36 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hætti virkri atvinnuleit enda hafi hann sannanlega lokið náminu. Þegar sótt er aftur um atvinnuleysisbætur skal miða við atvinnuleysistryggingar hins tryggða eins og þær voru áður en hann hóf námið nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem hættir virkri atvinnuleit skv. 1. mgr. vegna tilvika er ákvæði 25. og 26. gr. fjalla um getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu samkvæmt þeim ákvæðum eftir því sem við getur átt.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

VI. KAFLI
Tímabil sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

29. gr.
Lengd tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum getur átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta samfellt í þrjú ár frá þeim degi er Vinnumálastofnun tók við umsókn hans um atvinnuleysisbætur nema annað leiði af lögum þessum. Biðtími eftir greiðslu atvinnuleysisbóta skv. X. kafla telst hluti tímabilsins. Hið sama á við um þann tíma þegar greiddar eru hlutfallslegar atvinnuleysisbætur, sbr. 17. eða 22. gr.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á vinnumarkaði eftir að tímabil skv. 1. mgr. hefst telst ekki hluti tímabilsins. Enn fremur telst sá tími sem atvinnuleysistryggingar geymast skv. V. kafla ekki hluti tímabilsins skv. 1. mgr.

Tímabilið skv. 1. mgr. heldur áfram að líða þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað í skemmri tíma en 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur.

30. gr.
Endurnýjun tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur samtals í þrjú ár skv. 29. gr. getur áunnið sér rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins að nýju að liðnum 24 mánuðum enda hafi hann starfað á vinnumarkaði í a.m.k. sex mánuði eftir að fyrra tímabili lauk og misst starf sitt af gildum ástæðum. Hefst þá nýtt tímabil skv. 29. gr. en að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

31. gr.
Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst áður en fyrra tímabili lýkur að fullu.

Nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst þegar hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar eftir að hafa starfað samfellt á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 24 mánuði frá því að hann fékk síðast greiddar atvinnuleysisbætur. Að öðru leyti gilda ákvæði III. og IV. kafla um skilyrði atvinnuleysistryggingar hins tryggða eftir því sem við getur átt.

VII. KAFLI
Fjárhæð atvinnuleysisbóta.

32. gr.
Tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í allt að þrjá mánuði frá þeim tíma er grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. hafa verið greiddar í samtals tíu virka daga nema annað leiði af lögum þessum.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur launamanna skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en umsækjandi varð atvinnulaus. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald en ekki skal miða við tekjur af störfum er umsækjandi gegnir áfram, sbr. 17. og 22. gr. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabilinu sem umsækjandi hefur starfað á innlendum vinnumarkaði. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklinga skv. 1. mgr. skulu nema 70% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem umsækjandi varð atvinnulaus. Að öðru leyti gildir ákvæði 2. mgr.

Útreikningar á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skulu byggjast á upplýsingum sem Vinnumálastofnun aflar um tekjur umsækjanda úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Vinnumálastofnun skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda. Þegar ekki hafa verið staðin skil á greiðslum til skattyfirvalda vegna launamanna skal líta til annarra gagna sem færa sönnur á tekjur launamanns á viðmiðunartímabili skv. 2. mgr.

Tekjutengdar atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði miðast við tryggingarhlutfall hins tryggða þannig að þær nemi aldrei hærri fjárhæð en 180.000 kr. á mánuði miðað við óskerta atvinnuleysistryggingu, sbr. 15. eða 19. gr. Til að finna út atvinnuleysisbætur fyrir hvern dag skal miða við 21,67 daga.

Sá sem uppfyllir skilyrði III. eða IV. kafla en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2. eða 3. mgr. öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta skv. 33. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. Hið sama á við þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. reynast lægri en grunnatvinnuleysisbætur sem hinn tryggði á rétt á skv. 33. gr.

Þegar tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða er hinn tryggði sækir að nýju um atvinnuleysisbætur á hann ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu enda hafi hann áður fullnýtt rétt sinn skv. 1. mgr.

Hinn tryggði sem sætir biðtíma eftir atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæðum X. kafla skal ekki eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu.

33. gr.

Grunnatvinnuleysisbætur.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla öðlast rétt til grunnatvinnuleysisbóta við upphaf tímabils skv. 29. gr. í samræmi við tryggingarhlutfall hans skv. 15. eða 19. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Sá sem telst að fullu tryggður á rétt til óskertra grunnatvinnuleysisbóta sem skulu nema 4.431 kr. á dag. Lágmarksréttur til atvinnuleysistrygginga veitir rétt til ¼ hluta grunnatvinnuleysisbóta.

Grunnatvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju tímabili skv. 29. gr. Fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta skv. 2. mgr. og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta skv. 6. mgr. 32. gr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæðum skal félagsmálaráðherra breyta þeim með reglugerð.

34. gr.

Atvinnuleysisbætur vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum.

Sá sem telst tryggður skv. III. eða IV. kafla og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára skal eiga rétt á 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni frá upphafi tímabils skv. 29. gr. nema annað leiði af lögum þessum.

Heimilt er að skuldajafna kröfum Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlög hins tryggða sem stofnuninni hefur verið falið að innheimta á móti atvinnuleysisbótum skv. 1. mgr.

35. gr.

Tilhögun greiðslna atvinnuleysisbóta.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddar eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði þannig að miðist við 20. dag mánaðar til 19. dags næsta mánaðar, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

36. gr.

Frádráttur vegna tekna.

Þegar samanlagðar tekjur af hlutastarfi hins tryggða, sbr. 17. eða 22. gr., og atvinnuleysisbætur hans skv. 32.–34. gr. eru hærri en sem nemur óskertum rétti hans til atvinnuleysisbóta að viðbættu frítekjumarki skv. 2. mgr. skal skerða atvinnuleysisbætur hans um helming þeirra tekna sem umfram eru. Hið sama gildir um tekjur hins tryggða fyrir tilfallandi vinnu, elli- eða örorkulífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, um elli- og örorkulífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum og séreignarsjóðum og fjármagnstekjur hins tryggða. Eingöngu skal taka tillit til þeirra tekna sem hinn tryggði hefur haft á þeim tíma er hann fær greiddar atvinnuleysisbætur, sætir biðtíma eða viðurlögum samkvæmt lögum þessum.

Frítekjumarkið skal vera 52.000 kr. á mánuði. Fjárhæð frítekjumarksins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð frítekjumarksins til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð frítekjumarksins skal félagsmálaráðherra breyta henni með reglugerð.

37. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur greiðir að lágmarki 4% af atvinnuleysisbótum skv. 32. og 33. gr. í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir 8% mótframlag. Hinum tryggða er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Sá sem fær greiddar atvinnuleysisbætur getur óskað eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá Vinnumálastofnun um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

38. gr.

Endurmat á rétti til atvinnuleysistrygginga.

Sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. getur óskað eftir endurmati á atvinnuleysistryggingu sinni skv. III. eða IV. kafla., og þar með endurútreikningi á fjárhæð atvinnuleysisbóta, þegar starfstímabil hans hefur varað samfellt lengur en þrjá

mánuði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur og tímabil skv. 29. gr. heldur áfram að líða. Skal þá taka mið af nýja starfstímabilinu og þess hluta eldra ávinnslutímabils sem nægir til að samtals verði miðað við tólf mánaða tímabil. Óski hinn tryggði ekki eftir endurútreikningi miðast atvinnuleysisbætur við fyrri útreikninga.

39. gr.

Leiðrétting á atvinnuleysisbótum.

Hafi breytingar orðið á tekjuskattsálagningu hins tryggða vegna tekna sem tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru byggðar á, sbr. 32. gr., skal Vinnumálastofnun leiðrétta fjárhæð bótanna til samræmis við álagningu skattyfirvalda.

Hafi hinn tryggði fengið hærri atvinnuleysisbætur skv. 32. eða 33. gr. en hann átti rétt á samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða öðrum ástæðum ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi. Hið sama gildir um atvinnuleysisbætur sem hinn tryggði hefur fengið greiddar fyrir tímabil er hann uppfyllti ekki skilyrði laganna. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein færi hinn tryggði rök fyrir því að honum verði ekki kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Vinnumálastofnunar.

Heimilt er að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti síðar tilkomnum atvinnuleysisbótum sama einstaklings en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 25% af síðarnefndu atvinnuleysisbótunum í hverjum mánuði. Enn fremur er heimilt að skuldajafna ofgreiddum atvinnuleysisbótum á móti inneign hins tryggða vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

Hafi hinn tryggði fengið lægri atvinnuleysisbætur en honum bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða öðrum ástæðum ber Vinnumálastofnun að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var til hins tryggða ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða leiðir til þess að hinn tryggði hafi átt rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum en hafði áður verið synjað um þær eða reiknaðar lægri atvinnuleysisbætur. Þegar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá hinum tryggða falla vextir niður.

40. gr.

Gjaldþrot félaga.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða launamanni gjaldþrota félags atvinnuleysisbætur skv. 32. og 33. gr. þann tíma sem hann er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, enda uppfylli hann skilyrði laga þessara. Skilyrði er jafnframt að launamaður framselji Atvinnuleysistryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á þessum tíma.

41. gr.

Fjárnám óheimilt.

Óheimilt er að gera fjárnám í atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar til hins tryggða. Þá er jafnframt óheimilt að taka atvinnuleysisbætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

VIII. KAFLI

Atvinnuleit eða atvinna í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

42. gr.

Atvinnuleit í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. VII. kafla til þess sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum enda uppfylli hann eftirtalin skilyrði:

a. hefur sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar,
b. hefur uppfyllt skilyrði laga þessara á a.m.k. fjórum næstliðnum vikum fyrir brottfarardag,
c. er heimilt að vera í frjálsri atvinnuleit í öðru aðildarríki samkvæmt lögum þess ríkis, og
d. skráir sig í atvinnuleit hjá vinnumiðlun í því ríki þar sem atvinnuleitin fer fram samkvæmt lögum þess ríkis innan sjö virkra daga frá brottfarardegi.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði b-liðar 1. mgr. þegar foreldri, maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki hins tryggða dvelst við nám eða störf í því landi þar sem atvinnuleitin fer fram. Hið sama getur átt við er börn hins tryggða undir 18 ára aldri eru búsett í landinu með hinu foreldri sínu eða hann hefur þegar fengið tilboð um starf þar í landi.

Vinnumálastofnun er jafnframt heimilt að veita hinum tryggða lengri tíma til að skrá sig hjá hinni erlendu vinnumiðlun en kveðið er á um í d-lið 1. mgr. Greiðslur atvinnuleysisbóta falla þá niður frá og með brottfarardegi og hefjast að nýju við skráningu erlendis.

Vinnumálastofnun gefur út viðeigandi vottorð til staðfestingar á rétti hins tryggða samkvæmt ákvæði þessu.

Lög þess ríkis þar sem atvinnuleitin fer fram skulu gilda að öðru leyti um eftirfylgni með atvinnuleitinni og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, nánar á um atvinnuleysistryggingar launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. a- og b-lið 3. gr., á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, Norðurlandasamnings um almannatryggingar og samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

43. gr.

Lengd þess tímabils sem atvinnuleysisbætur eru greiddar vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. samfellt í allt að þrjá mánuði frá brottfarardegi hins tryggða en þó aldrei í lengri tíma en sem eftir er af tímabili skv. 29. gr.

Þegar hinn tryggði fær tímabundið starf í öðru aðildarríki í skemmri tíma en sem eftir er af tímabili 1. mgr. eða segir upp starfi eða missir það af gildum ástæðum innan þess tíma er heimilt að greiða honum atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. þann tíma sem eftir er af tímabili skv. 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við hafi starf í öðru aðildarríki veitt hlutaðeigandi rétt samkvæmt lögum þess ríkis um atvinnuleysistryggingar.

44. gr.

Endurnýjun á tímabili skv. 43. gr.

Sá sem hefur áður fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. getur áunnið sér að nýju rétt til að fá greiddar atvinnuleysisbætur meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að liðnum sex mánuðum frá lokum tímabilsins skv. 43. gr. enda hafi hann starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði og uppfylli að öðru leyti ákvæði laga þessara.

45. gr.

Umsókn um greiðslur atvinnuleysisbóta vegna atvinnuleitar í öðru aðildarríki.

Sá sem vill nýta sér rétt sinn skv. 42. gr. skal sækja um að atvinnuleysisbætur verði greiddar meðan hann er í atvinnuleit í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum til Vinnumálastofnunar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir brottfarardag. Ef umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

46. gr.

Tilkynning um heimkomu.

Hinn tryggði sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur skv. 42. gr. og snýr aftur til landsins til að halda áfram atvinnuleit sinni á innlendum vinnumarkaði skal tilkynna um það skriflega til Vinnumálastofnunar innan sjö virkra daga frá því að tímabili skv. 43. gr. lauk eða komudegi hafi hinn tryggði komið til landsins áður en tímabilinu lauk. Atvinnuleysistrygging hans er þá sú sama og hún var áður en hann fór utan í atvinnuleit nema annað leiði af lögum þessum.

Láti hinn tryggði hjá líða að tilkynna um áframhaldandi atvinnuleit hér á landi innan tímamarka 1. mgr. falla greiðslur atvinnuleysisbóta niður frá og með þeim degi er tímabili skv. 43. gr. lauk eða hann hætti atvinnuleit í öðru aðildarríki hafi hann sannanlega hætt leitinni áður en tímabilinu lauk. Skal hinn tryggði þá sækja um atvinnuleysisbætur að nýju skv. 9. gr.

Vinnumálastofnun er heimilt að leita upplýsinga hjá þar til bærri stofnun í því aðildarríki þar sem atvinnuleitin fór fram um atriði er geta haft áhrif á atvinnuleysistryggingu hlutaðeigandi hér á landi eða þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

47. gr.

Ávinnslutímabil í öðru aðildarríki.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur hefur starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. er Vinnumálastofnun heimilt að taka tillit til starfstímabila hans sem launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sbr. a- og b-lið

3. gr., í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum á ávinnslutímabilinu við mat á atvinnuleysistryggingu hans enda hafi störf hans í því ríki veitt honum rétt samkvæmt lögum þess um atvinnuleysistryggingar.

Umsækjandi skal láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru aðildarríki fylgja með umsókn um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr.

Þegar umsækjandi um atvinnuleysisbætur, sem flytur til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi eða Svíþjóð, hefur starfað hér á landi á síðastliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar í þeim mæli að hann hefði talist tryggður samkvæmt lögum þessum þarf ekki að uppfylla það skilyrði 1. mgr. að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. þrjá mánuði á ávinnslutímabili svo að heimilt sé að taka tillit til starfstímabila hans í þessum ríkjum. Hið sama á við um þá sem flytja til Íslands frá framangreindum ríkjum og hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur hér á landi á næstliðnum fimm árum frá móttökudegi umsóknar hjá Vinnumálastofnun.

48. gr.

Útgáfa vottorða.

Vinnumálastofnun skal gefa út vottorð til staðfestingar á atvinnuleysistryggingu hins tryggða samkvæmt umsókn þar sem fram kemur starfstímabil hans hér á landi á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. og áunnin réttindi hans samkvæmt lögum þessum. Tilgreina skal hvort hinn tryggði hafi áunnið sér atvinnuleysistryggingarnar sem launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. a- og b-lið 3. gr.

49. gr.

Greiðsla atvinnuleysisbóta til rétthafa úr erlendum tryggingakerfum.

Vinnumálastofnun er heimilt að greiða ríkisborgara annars aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingi, sem kemur hingað í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði að beiðni og fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í hlutaðeigandi ríki enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Vinnumálastofnun er þó heimilt að greiða út atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. þrátt fyrir að ekki komi til formlegrar endurgreiðslu enda leiði slíkt af samningum sem íslensk stjórnvöld eru aðilar að.

IX. KAFLI

Tilvik er leiða til takmörkunar á atvinnuleysistryggingum.

50. gr.

Verkfall eða verkbann.

Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem leggur niður störf í verkfalli eða vegna verkbanns vinnuveitanda telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir.

Launamaður sem hefur misst starf sitt áður en til verkfalls eða verkbanns kom en tekur það fram í umsókn að hann sé að leita að starfi í þeirri starfsgrein sem verkfallið eða verkbannið tekur til telst ekki tryggður þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir á fyrstu fjórum vikunum frá því að Vinnumálastofnun tók við umsókn hans.

Ákvæði 2. mgr. á þó ekki við þegar verkfall eða verkbann tekur einungis til starfa í viðkomandi starfsgrein á afmörkuðu svæði.

51. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Hver sá sem nýtur slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

Hver sá sem hefur fengið greitt út ótekið orlof við starfslok eða fær greiðslur vegna starfsloka telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á því tímabili sem þær greiðslur eiga við um. Við umsókn um atvinnuleysisbætur skal hinn tryggði taka fram hvenær hann ætlar að taka út orlof sitt fyrir lok næsta orlofstímabils.

52. gr.

Nám.

Hver sá sem stundar nám, sbr. c-lið 3. gr., telst ekki tryggður á sama tímabili enda er námið ekki hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meta sérstaklega hvort umsækjandi um atvinnuleysisbætur geti talist tryggður samkvæmt lögum þessum þegar hann hefur stundað nám með starfi sínu sem hann missti og námið er ekki lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Vinnumálastofnun skal jafnframt meta sérstaklega hvort sá er stundar nám en er í lægra námshlutfalli en 75% uppfylli skilyrði laganna þrátt fyrir námið. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

53. gr.

Frelsissvipting.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi sínu með dómi telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á þeim tíma er hann tekur út refsingu sína í fangelsi. Hið sama á við um þann sem hefur verið sviptur frelsi sínu með úrskurði dómara eða tekur út refsingu sína í samfélagsþjónustu.

X. KAFLI

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

54. gr.

Starfi sagt upp án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama gildir um þann sem missir starf af ástæðum sem hann á sjálfur sök á.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

55. gr.

Námi hætt án gildra ástæðna.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum en hefur hætt námi, sbr. c-lið 3. gr., án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur. Staðfesting frá viðkomandi skóla um að námi hafi verið hætt skal fylgja umsókninni.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á biðtímanum skv. 1. mgr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á biðtíma skv. 1. mgr. stendur fellur biðtíminn niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur biðtíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 56. gr.

56. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri ákvarðana um biðtíma.

Sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 54. eða 55. gr. eða viðurlögum skv. 57.–59. gr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og sagt því starfi upp er hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 60 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá móttöku seinni umsóknar um atvinnuleysisbætur. Hið sama á við um þann sem hefur misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Þegar biðtími skv. 54. og 55. gr. eða viðurlög skv. 57.–59. gr. hafa frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri biðtíma eða viðurlagaákvörðun saman við biðtíma skv. 1. mgr.

Þegar sá sem áður hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið í starfi í skemmri tíma en 24 mánuði og hefur sagt upp því starfi sem hann gegndi síðast án gildra ástæðna skal hann ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði. Hið sama á við um þann sem hefur sætt biðtíma skv. 1. mgr. og sækir að nýju um atvinnuleysisbætur eftir að hafa misst starfið af ástæðum sem hann á sjálfur sök á eða hætt námi án gildra ástæðna.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XI. KAFLI

Viðurlög.

57. gr.

Starfi eða atvinnuviðtali hafnað.

Sá sem hafnar starfi sem honum býðst með sannanlegum hætti eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnumálastofnunar á umsókn um atvinnuleysisbætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við um þann sem hafnar því að fara í atvinnuvið-

tal vegna starfs sem honum býðst með sannanlegum hætti eða sinnir ekki atvinnuviðtali án ástæðulausrar tafar.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni hann starfi eða hafni því að fara í atvinnuviðtal á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

Vinnumálastofnun skal meta við ákvörðun um viðurlög skv. 1. mgr. hvort ákvörðun hins tryggða um að hafna starfi hafi verið réttlætanleg vegna aldurs hans, félagslegra aðstæðna sem tengjast skertri vinnufærni eða umönnunarskyldu vegna ungra barna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima. Enn fremur er Vinnumálastofnun heimilt að líta til heimilisaðstæðna hins tryggða þegar hann hafnar starfi fjarri heimili sínu sem og til ráðningar hans í ótímabundið starf innan tiltekins tíma. Þá er heimilt að taka tillit til aðstæðna þess sem getur ekki sinnt tilteknum störfum vegna skertrar vinnufærni samkvæmt vottorði sérfræðilæknis. Getur þá komið til viðurlaga skv. 59. gr. hafi hinn tryggði vísvitandi leynt upplýsingum um skerta vinnufærni.

58. gr.

Þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum hafnað.

Sá sem hafnar þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir, samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar eftir að hafa verið í atvinnuleit í a.m.k. fjórar vikur frá móttöku Vinnumálastofnunar á umsókn um atvinnuleysisbætur skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Hafni hann aftur að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum á þeim tíma getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

59. gr.

Rangar upplýsingar gefnar eða látið hjá líða að veita upplýsingar.

Sá sem veitir Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar í umsókn eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsaðgerðum skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 40 dögum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar

bætur fyrir, frá þeim degi er viðurlagaákvörðun Vinnumálastofnunar er tilkynnt aðila. Hið sama á við þegar hinn tryggði hefur vísvitandi látið hjá líða að tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem hafa orðið á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti á tímabili skv. 29. gr.

Hinn tryggði skal uppfylla skilyrði laga þessara á viðurlagatímanum skv. 1. mgr. Veiti hann Vinnumálastofnun ekki nauðsynlegar upplýsingar á þeim tíma eða leiðrétti þær upplýsingar er reyndust rangar getur komið til ítrekunaráhrifa skv. 61. gr.

Taki hinn tryggði starfi sem ekki er hluti af vinnumarkaðsaðgerðum meðan á viðurlagatíma skv. 1. mgr. stendur falla viðurlögin niður eftir að hinn tryggði hefur starfað í a.m.k. tíu virka daga áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur enda hafi hann sagt starfinu lausu eða misst það af gildum ástæðum. Vari starfið í skemmri tíma, hann hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst það af ástæðum sem hann á sjálfur sök á heldur viðurlagatíminn áfram að líða þegar hinn tryggði sækir aftur um atvinnuleysisbætur, sbr. einnig 61. gr.

60. gr.

Atvinnuleysisbóta aflað með sviksamlegum hætti.

Sá sem aflar sér eða reynir að afla sér atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum með svikum getur misst rétt sinn samkvæmt lögum þessum í allt að tvö ár og þurft að sæta sektum.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Sektir skulu renna í ríkissjóð.

61. gr.

Ítrekunaráhrif fyrri viðurlagaákvarðana.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 57.–59. gr. eða biðtíma skv. 54. og 55. gr. og eitthvert þeirra tilvika sem þar greinir á sér stað að nýju á sama tímabili skv. 29. gr. skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skv. VII. kafla fyrr en að 60 virkum dögum liðnum frá þeim degi er ákvörðun Vinnumálastofnunar um ítrekunaráhrif liggur fyrir.

Þegar viðurlög skv. 57.–59. gr. eða biðtími skv. 54. og 55. gr. hefur frestast skv. 3. mgr. 54. gr., 3. mgr. 55. gr., 3. mgr. 57. gr., 3. mgr. 58. gr. eða 3. mgr. 59. gr. leggst sá tími sem eftir var af fyrri viðurlagaákvörðun eða biðtíma saman við viðurlög skv. 1. mgr.

Sá sem hefur sætt viðurlögum skv. 1. mgr. og eitthvert þeirra tilvika er greinir í 57.–59. gr. á við um skal ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. átta vikur á innlendum vinnumarkaði.

Endurtaki atvik sig sem lýst er í 3. mgr. á sama tímabili skv. 29. gr. skal hinn tryggði ekki eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fyrr en hann uppfyllir skilyrði 31. gr.

Ítrekunaráhrif samkvæmt ákvæði þessu falla niður þegar nýtt tímabil skv. 29. gr. hefst, sbr. 30. eða 31. gr. laganna.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

62. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna einstaklinga.

Vinnumálastofnun er heimilt að veita styrki vegna þátttöku þeirra sem teljast tryggðir samkvæmt lögum þessum í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal starfsþjálfunarúrræðum.

Enn fremur er heimilt að veita sérstaka styrki vegna búferlaflutninga hins tryggða innan lands vegna starfstilboða.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um styrki skv. 1. mgr.

63. gr.

Styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði til verkefna á vinnumarkaði.

Félagsmálaráðherra er heimilt, að fenginni tillögu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði til einstakra verkefna sem ætlað er að efla atvinnulíf einstakra svæða, fjölga atvinnutækifærum einstakra hópa fólks sem og til starfsmenntunar. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

64. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, um nánari framkvæmd laga þessara.

65. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og lög nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þeim sem hefur í fyrsta skipti skráð sig atvinnulausan hjá svæðisvinnumiðlun 15. nóvember 2005 eða síðar og er skráður atvinnulaus 1. júlí 2006 er heimilt að sækja um atvinnuleysisbætur skv. 9. gr. laga þessara fyrir 1. september 2006 og fer þá um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins samkvæmt lögum þessum. Við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. skal líta á það tímabil sem hann var skráður atvinnulaus sem tímabil skv. 23. gr.

II.

Sá sem var skráður atvinnulaus fyrir 15. nóvember 2005 og hefur verið án atvinnu samfellt síðan eða hefur starfað í skemmri tíma en sex mánuði á innlendum vinnumarkaði getur að hámarki átt rétt á grunnatvinnuleysisbótum samkvæmt lögum þessum til 31. desember 2009 en þó ekki í lengri tíma en fimm ár frá skráningu hjá svæðisvinnumiðlun að teknu tilliti til starfstímabila hans. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um réttindi hans og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

III.

Lög þessi skulu gilda að öllu leyti um þann sem hefur verið skráður atvinnulaus fyrir 1. júlí 2006 en hefur starfað samfellt í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann sækir aftur um atvinnuleysisbætur í fyrsta skiptið eftir þann tíma. Er þá ekki litið til fyrra bótatímabils hans skv. 9. gr. laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 37. gr. um 8% mótframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs í líf-eyrissjóð verður mótframlag sjóðsins 7% til 31. desember 2006.

1480. Frumvarp til laga [788. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um vinnumarkaðsaðgerðir.

Með vinnumarkaðsaðgerðum er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda.

Atvinnuleitandi í skilningi laga þessara er hver sá sem sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Þá er lögum þessum ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

3. gr.

Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun annast framkvæmd laga þessara í umboði félagsmálaráðherra. Ráðherra er þó heimilt að ákveða annað fyrirkomulag. Vinnumálastofnun annast jafnframt önnur þau verkefni sem henni eru falin með sérlögum.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni gagnvart ráðherra. Hann skal annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar og leggja hana fyrir stjórn hennar til samþykkis eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs.

Vinnumálastofnun skal reka þjónustustöðvar. Félagsmálaráðherra ákveður hvar á landinu þær skulu vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Leita skal eftir samstarfi við aðra aðila um fjármögnun, svo sem lífeyrissjóði.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, falið stofnuninni önnur verkefni en kveðið er á um í lögum þessum.

5. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar.

Félagsmálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndur af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnar stofnunarinnar og hinn varaformaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Stjórninni er meðal annars ætlað að fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar sem forstjóri leggur fyrir hana eigi síðar en í desember vegna komandi rekstrarárs. Enn fremur skal hún árlega leggja fram tillögur til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um fjármagn til greiðslu atvinnuleysisbóta og umsýslu Vinnumálastofnunar fyrir sjóðinn samkvæmt þjónustusamningi. Stjórn stofnunarinnar skal jafnframt annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera félagsmálaráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin, sbr. 6. gr., við mat á atvinnuástandi á hverju svæði.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu í stjórninni og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af stjórnarsetu.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

6. gr.

Vinnumarkaðsráð.

Félagsmálaráðherra skipar sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð. Í hvert vinnumarkaðsráð skulu tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum launafólks á hverju svæði og tveir ráðsmanna tilnefndir af samtökum atvinnurekenda. Jafnframt skal einn ráðsmanna tilnefndur af menntamálaráðherra, einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og einn tilnefndur af sveitarfélögum á hverju svæði. Tilnefna skal jafnmarga fulltrúa til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann vinnumarkaðsráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Náist ekki samkomulag um tilnefningu skv. 1. mgr. úrskurðar félagsmálaráðherra um hver skuli tilnefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka.

Félagsmálaráðherra ákveður staðsetningu vinnumarkaðsráða að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar Vinnumálastofnunar.

Vinnumarkaðsráð á hverju svæði skal skila skýrslu til stjórnar Vinnumálastofnunar um stöðu atvinnumála í nóvember ár hvert ásamt tillögum um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem mælt er með að lögð verði áhersla á árið eftir. Enn fremur skulu vinnumarkaðsráðin vera

hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum.

Félagsmálaráðherra getur falið vinnumarkaðsráðum önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar.

7. gr.

Umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 70 ára er heimilt að sækja um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skulu fylgja nauðsynleg gögn að mati Vinnumálastofnunar, svo sem vottorð sérfræðilæknis þegar um skerta vinnufærni er að ræða. Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær studdar fullnægjandi gögnum. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans samþykkja umsóknina með undirritun sinni.

Umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum felur í sér skráningu hjá vinnumiðlun Vinnumálastofnunar og beiðni um aðstoð ráðgjafa stofnunarinnar við atvinnuleit.

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hennar.

8. gr.

Tilkynning um að atvinnuleit sé hætt.

Sá sem hefur sótt um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og notið þjónustu Vinnumálastofnunar í atvinnuleit samkvæmt lögum þessum skal tilkynna til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar þegar hann hættir virkri atvinnuleit. Tilkynningin skal gerð með sannanlegum hætti og skal taka fram ástæðu þess að atvinnuleit var hætt.

9. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Um málsmeðferð fer skv. 12. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

III. KAFLI
Vinnumarkaðsaðgerðir.

10. gr.

Vinnumiðlun.

Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir laus störf sem í boði eru á landinu öllu enda er landið eitt atvinnusvæði. Þar skal meðal annars koma fram í hverju starf er fólgið, hvaða kröfur eru gerðar til umsækjenda og annað er máli skiptir. Vinnumálastofnun annast enn fremur vinnumiðlun á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Vinnumálastofnun skal aðstoða alla á aldrinum 16 til 70 ára sem hafa heimild til að ráða sig til starfa hér á landi án takmarkana við atvinnuleit. Stofnunin skal miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi. Þegar talið er að atvinnuleitandi uppfylli skilyrði starfslýsingar á lausu starfi skal Vinnumálastofnun veita aðstoð við að koma á sambandi milli atvinnuleitanda og þess atvinnurekanda sem óskar eftir starfsmanni.

Vinnumálastofnun skal jafnframt aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks.

11. gr.

Mat á vinnufærni atvinnuleitanda.

Þegar atvinnuleitandi sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum fer fram mat á vinnufærni hans hjá ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Atvinnuleitandi skal leggja fram allar þær upplýsingar sem liggja fyrir um vinnufærni hans svo að unnt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum. Með samkomulagi við atvinnuleitandann er síðan gerð áætlun um atvinnuleit hans og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum á grundvelli matsins. Jafnframt skal leiðbeina atvinnuleitanda um aðra þjónustu verði talin þörf á að hann leiti sér aðstoðar í öðrum opinberum þjónustukerfum áður eða samhliða þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt lögum þessum.

Þjónusta ráðgjafa Vinnumálastofnunar skal miðast við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitanda. Enn fremur skal miða við atvinnuhorfur í landinu á hverjum tíma. Þegar atvinnuleitandi er yngri en 18 ára skal hafa hliðsjón af ákvæðum barnaverndarlaga og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við gerð áætlunar um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum.

Heimilt er að binda þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum við það skilyrði að hann leiti sér fyrst eða samhliða aðstoðar annarra þjónustuaðila.

12. gr.

Skipulag vinnumarkaðsúrræða.

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða sem skiptast í eftirfarandi flokka:

a. einstök námskeið, svo sem námskeið um gerð starfsleitaráætlunar eða sjálfstyrkingu og námskeið til að bæta tiltekna færni,
b. starfsúrræði, þ.e. starfskynning, starfsþjálfun og reynsluráðning,
c. ráðgjöf samhliða námskeiðsþátttöku og reynsluráðningu,
d. námsúrræði,
e. atvinnutengd endurhæfing, og
f. atvinnutengd endurhæfing einstakra hópa.

Vinnumálastofnun er heimilt að gera þjónustusamninga um þátttöku atvinnuleitenda í einstökum vinnumarkaðsúrræðum sem aðrir þjónustuaðilar annast framkvæmd á.

Félagsmálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag vinnumarkaðsúrræða að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, svo sem hvers konar námskeið skuli haldin og hvaða nám teljist til vinnumarkaðsaðgerða.

13. gr.

Þátttaka atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum.

Atvinnuleitandi skal fylgja eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum skv. 11. gr. og gera það sem í hans valdi stendur til að bæta vinnufærni sína til þess að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þar á meðal skal atvinnuleitandi ávallt mæta í viðtöl til ráðgjafa Vinnumálastofnunar skv. 14. gr. og taka þátt í þeim vinnumarkaðsúrræðum er standa honum til boða. Atvinnuleitandi skal jafnframt tilkynna Vinnumálastofnun um þær breytingar sem kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti án ástæðulausrar tafar.

14. gr.

Eftirlit með þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsaðgerðum.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu hafa eftirlit með því að atvinnuleitendur fylgi eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í viðeigandi vinnumarkaðsúrræðum skv. 11. gr. Skulu þeir boða atvinnuleitendur reglulega í viðtöl eftir þörfum hvers og eins atvinnuleitanda. Skal þá fara yfir áætlun um atvinnuleit og þátttöku atvinnuleitanda í vinnumarkaðsúrræðum og hún endurskoðuð eftir þörfum hverju sinni. Geta þeir óskað eftir gögnum frá atvinnuleitanda er færir sönnur á atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum þegar þörf krefur.

Heildarendurskoðun á aðstæðum atvinnuleitanda skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að hann sótti fyrst um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og hann er enn án atvinnu.

Vinnumálastofnun er heimilt að synja atvinnuleitanda um þjónustu samkvæmt lögum þessum þegar hann fylgir ekki eftir áætlun um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal ítrekað hafnar þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum, sinnir því ekki að leita sér aðstoðar hjá öðrum þjónustuaðilum, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða lætur hjá líða að veita Vinnumálastofnun nauðsynlegar upplýsingar um vinnufærni sína eða þær breytingar er kunna að verða á vinnufærni hans eða aðstæðum að öðru leyti.

15. gr.

Samstarf við aðra þjónustuaðila.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu leita eftir samstarfi við aðra þjónustuaðila í samráði við atvinnuleitanda þegar atvinnuleitandi þarf á þjónustu annarra fagaðila að halda til að ná árangri við að bæta vinnufærni sína í því skyni að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði.

Enn fremur skulu ráðgjafar Vinnumálastofnunar starfa náið með öðrum þjónustuaðilum þegar atvinnuleitandi nýtur þjónustu þeirra eða aðrir þjónustuaðilar leita eftir liðsinni þeirra.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar skulu tilkynna um tilvik þar sem atvinnuleitendur fylgja ekki eftir áætlun þeirra um atvinnuleit og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum til hlutaðeigandi þjónustuaðila þegar um slíkt hefur verið samið á grundvelli þjónustusamninga.

16. gr.

Þjónusta án endurgjalds.

Þjónusta Vinnumálastofnunar skal vera atvinnuleitendum og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

IV. KAFLI

Könnun á aðstæðum á vinnumarkaði.

17. gr.

Öflun upplýsinga um atvinnuástand í landinu.

Vinnumálastofnun skal reglulega afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Jafnframt skal hún fylgjast með samsetningu vinnuaflsins í landinu.

Vinnumálastofnun skal jafnframt reglubundið kanna mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum þannig að meta megi atvinnumöguleika námsmanna eftir námsleiðum og efla ráðgjöf við nemendur í framhalds- og háskólanámi þar að lútandi.

18. gr.

Miðlun upplýsinga um atvinnuástand í landinu.

Vinnumálastofnun skal gefa út skýrslu í byrjun hvers árs um stöðu mála á innlendum vinnumarkaði þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um atvinnuleysi, atvinnuhorfur og mannaflaþörf innan tiltekinna starfsgreina og útgáfu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Einkareknar vinnumiðlanir.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Mál vegna brota skv. 1. mgr. skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

20. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, um nánari framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, með síðari breytingum.

1481. Frumvarp til laga [748. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Í stað orðsins „einkaleyfi“ í inngangsmálslið, 1. málsl. e-liðar 1. mgr. og fyrri málslið 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: leyfi.

2. gr.

Lokamálsliður e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í leyfisgjald, þó ekki hærri fjárhæð en 150.000.000 kr.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 7. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna er vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna heimilt að greiða út vinninga úr flokkahappdrættum í peningum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1482. Frumvarp til laga [556. mál]

um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin taka jafnframt til eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.

2. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita eftirlitsúrræðum þessara laga við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga.

Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um

upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar eftirlitsskyldra aðila uppfylla ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila gilda getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að viðkomandi láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið viðkomandi frá störfum. Slíkar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins útiloka ekki beitingu annarra heimilda þess.

5. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Sama gildir um aðila er veitt geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga eða sérlaga. Greiðast dagsektirnar þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Stjórn er heimilt að fela forstjóra að taka ákvarðanir um dagsektir vegna reglubundinna gagnaskila eftirlitsskyldra aðila.

Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um févíti skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvarðanir um févíti og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsekta í reglugerð.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Ef brot eru alvarleg og eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafa að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framfylgja ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim. Aðgerðum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til dómstóla.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr. og 11. gr. skulu þegar í stað tilkynntar stjórn aðilans eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa nema ástæða sé til að ætla að fyrirhugaðar aðgerðir nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri.

7. gr.

2. og 3. mgr. 13. gr. laganna verða svohljóðandi:

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt sérlögum eða öðrum lögum eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir.

8. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

9. gr.

18. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Málshöfðunarfrestur o.fl.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins né heimild til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. laganna.

Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra.

10. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir brottfall ákvæða um kærunefnd í 18. gr. skal kærunefnd ljúka meðferð þeirra mála sem skotið hefur verið til hennar við gildistöku laga þessara. Jafnframt er heimilt að skjóta til kærunefndar þeim ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins sem teknar eru fyrir gildistöku laga þessara. Kæran skal berast nefndinni innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal vísa frá nefndinni. Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra barst henni. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að bera úrskurði kærunefndar samkvæmt þessu ákvæði undir dómstóla.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

11. gr.

2. málsl. 1. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

12. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, 40. gr. a, svohljóðandi:

Með óbeinni hlutdeild í skilningi 40. gr. er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari sameiginlega með virkan eignarhlut í skilningi laganna.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

13. gr.

Í stað orðanna „nánum tengslum við í skilningi 2. mgr. 18. gr.“ í 2. mgr. 70. gr. laganna kemur: samstarfi við í skilningi 40. gr. a.

14. gr.

1. og 2. mgr. 107. gr. laganna verða svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fyrirtækja sem tengjast fjármálasviði sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í IV. kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, auk eftirlits með eigendum virkra eignarhluta skv. VI. kafla. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá ein-

staklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

15. gr.

3. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

16. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 6. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

17. gr.

3. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir 20, 25, 33 eða 50% eða nemur svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki hans.

18. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 39. gr. a, svohljóðandi:

Með óbeinni hlutdeild í skilningi 1. mgr. 39. gr. er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari með virkan eignarhlut í skilningi laganna.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í félagi, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti.

Samstarf skal þó alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og ófjárráða börn aðila.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yfirráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yfirráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög, systurfélög og félög þeim tengd, sem og eigendur þeirra, teljast jafnan í samstarfi. Félög sem fyrrnefnd félög eða eigendur þeirra hafa bein eða óbein yfirráð yfir teljast einnig samstarfsaðilar, nema sýnt sé fram á annað.

3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. að aðili eigi með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

19. gr.

6. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 39. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut skv. 39. og 40. gr. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

20. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, svo og endurskoðendum, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi reikningseiganda, verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar nema skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1483. Frumvarp til laga [713. mál]

um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laganna er að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Lögin gilda um skráningu og upplýsingaskyldu um losun gróðurhúsalofttegunda á landi og í mengunarlögsögu Íslands og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Atvinnurekstur: Öll starfsemi sem heimiluð er í samræmi við ákvæði starfsleyfis sem gefið er út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gróðurhúsalofttegundir: Koldíoxíð (CO_2), metan (CH_4), díköfnunarefnisoxíð (N_2O), vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC), brennisteinshexaflúoríð (SF_6).

Ígildi koldíoxíðs: Eining sem losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í. Magn annarra gróðurhúsalofttegunda en koldíoxíðs er umreiknað eftir stuðlum sem mæla hlýnunaráhrif þeirra í hlutfalli við koldíoxíð.

Losun gróðurhúsalofttegunda: Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið af mannavöldum.

3. gr.

Yfirstjórn.

Umhverfisráðuneyti hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara eftir því sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga þessara í samvinnu við viðeigandi aðila.

4. gr.

Bókhald um losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun heldur bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á því sviði.

Landbúnaðarháskóli Íslands skal taka saman upplýsingar varðandi landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt sem krafist er vegna bókhaldsins, sbr. 1. mgr., sem og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði, og skila þeim til Umhverfisstofnunar. Orkustofnun skal taka saman og skila upplýsingum um orkumál, sem krafist er vegna bókhaldsins, til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal útbúa leiðbeiningar um skil á gögnum sem óskað er eftir í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og Orkustofnun. Umhverfisráðherra staðfestir leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

5. gr.

Skráningarkerfi.

Umhverfisstofnun vistar skráningarkerfi um heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda og sér um rekstur þess. Kerfið skal halda utan um heimildir Íslands, varðveislu þeirra, flutning og eyðingu.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á skráningarkerfinu.

6. gr.

Upplýsingaskylda um losun gróðurhúsalofttegunda.

Allur atvinnurekstur sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir starfsemi sem losar meira en sem nemur 30.000 tonnum af ígildum koldíoxíðs á ári skal skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun gróðurhúsalofttegunda í atvinnurekstrinum.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, reglugerð um upplýsingaskyldu atvinnureksturs skv. 1. mgr. Í reglugerð skal m.a. kveðið á um hvaða upplýsingum um losun

gróðurhúsalofttegunda skuli skilað, hvenær og á hvaða formi. Einnig skal kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar til að gera kröfu um staðfestingu á áreiðanleika veittra upplýsinga.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir yfirferð yfir upplýsingar um losun skv. 2. mgr. sem skila ber til stofnunarinnar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggjast á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Umhverfisstofnun er heimilt að ákvarða sektir allt að 100.000 kr. á dag ef atvinnurekstur sinnir ekki skyldu sinni um skil á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. 6. gr.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1484. Frumvarp til laga [668. mál]

um landmælingar og grunnkortagerð.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

Grunnkort: Staðfræðileg kortagögn sem notuð eru sem undirlag fyrir þau þemagögn sem unnið er með hverju sinni, svo sem upplýsingar um gróður, skipulag eða jarðfræði. Grunnkort eru í flestum tilfellum stafræn gögn sem hægt er að nota í landfræðilegum upplýsingakerfum. Grunnkort má einnig nota til að vinna afleidd kort til útgáfu, t.d. ferðakort og göngukort.

Hæðarkerfi: Net eða kerfi fastra hæðarmælipunkta, t.d. málmbolta, á yfirborði jarðar.

Landfræðileg gagnasöfn: Söfn landupplýsinga sem yfirleitt eru geymd flokkuð á tölvutæku formi og hægt er að setja fram með margs konar hætti á korti. Gögn eða upplýsingar í landfræðilegum gagnasöfnum eru flokkaðar eftir gerð í mismunandi þekjur.

Landshnitakerfi: Hnitakerfi með viðmiðun sem nær til alls landsins og samanstendur af mælistöðvum á yfirborði jarðar, t.d. málmboltum.

Landupplýsingar: Hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Viðmiðun: Kennistærðir sem lýsa legu, stefnu og kvarða landshnitakerfisins á jörðinni.

Þekja: Ákveðin gerð eða flokkur landupplýsinga sem mynda eina heild í landfræðilegu gagnasafni, t.d. vegaþekja eða vatnafarsþekja.

Örnefni: Nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv.

3. gr.

Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Aðsetur Landmælinga Íslands er á Akranesi. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum sem tilgreind eru í 4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

4. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands.

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

1. Að vera umhverfisráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum sem stofnunin starfar á samkvæmt lögum þessum og varðandi stefnumótun á sviði landmælinga og opinberrar grunnkortagerðar.
2. Uppbygging og viðhald viðmiðana og aðgengilegs landshnitakerfis og hæðarkerfis fyrir allt Ísland.
3. Að hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga.
4. Gerð, viðhald og miðlun á eftirtöldum stafrænum þekjum í mælikvarðanum 1:50.000 og miðlun þeirra í minni mælikvarða:
   a. Vatnafar.
   b. Yfirborð.
   c. Vegir og samgöngur.
   d. Örnefni, í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
   e. Stjórnsýslumörk.
   f. Mannvirki.
   g. Hæðarlínur og hæðarpunktar.
5. Að veita aðgang að gögnum sem stofnunin varðveitir í gagnasöfnum sínum, sbr. 6. gr.
6. Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi.
7. Að eiga faglegt samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í samræmi við verkefni stofnunarinnar.

5. gr.

Höfundaréttur.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

6. gr.

Miðlun upplýsinga og afnotaréttur.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 2., 4. og 6. tölul. 4. gr., enda brjóti afhending þeirra ekki gegn lögvernduðum rétti þriðja aðila. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem getið er í 1. mgr. og eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og að áreiðanleiki upplýsinga sé tryggður.

7. gr.

Fjármögnun.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Landmælingar Íslands afla sér enn fremur tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar ríkisins, sbr. 5. og 6. gr.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu við vinnslu og afgreiðslu gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar við gildistöku laga þessara auk þeirra gagna sem falla undir 4. tölul. 4. gr.
3. Með þjónustugjöldum fyrir afgreiðslu gagna, svo sem ljósritun eða aðra afritun, fjölföldun og dreifingu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

8. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

9. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 2007 skal bjóða út lager prentaðra korta og geisladiska Landmælinga Íslands og réttindi honum tengd. Þó skal ekki bjóða út réttindi til korta og tengds hugbúnaðar sem upprunnin eru hjá öðrum aðilum en Landmælingum Íslands nema með leyfi rétthafa.

1485. Frumvarp til laga [682. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „EES-ríki“ í 5. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

2. gr.

Í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. mgr. 2. gr. laganna kemur: Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

Breyting á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða samningi milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

5. gr.

4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum að greiða ríkisborgara í EES-ríki, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyingi, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

Breyting á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, með síðari breytingum.

7. gr.

4. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.

Breyting á lögum nr. 54/2001, um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um samstarf og veitingu upplýsinga af hálfu stjórnvalda og samskipti við þar til bærar stofnanir í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. tilskipunar nr. 96/71/EB, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, með síðari breytingum.

9. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta fyrirtækis innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

10. gr.

A-liður 14. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, Færeyingar og aðrir útlendingar sem falla undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu með þeim takmörkunum sem þar greinir og nánar skal kveðið á um í reglugerð.

III. KAFLI
Fjármálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 8. tölul. 11. gr. laganna kemur: að Færeyjum undanskildum.

Breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

12. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 67. gr., 91. gr., 2. mgr. 98. gr., 1. og 3. mgr. 100. gr., 1. mgr. 107. gr. og 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna og í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lögin kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

13. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

14. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.

15. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. tölul. 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

16. gr.

Í stað orðanna „Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. og 5. mgr. 8. gr. laganna kemur: Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. a laganna:

a. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. kemur: eða Færeyja.

18. gr.

2. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í skilgreiningu hugtaksins *evrópskt tæknisamþykki* kemur: eða Færeyjar.
b. Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í skilgreiningu hugtaksins *sameiginleg tækniforskrift* kemur: eða Færeyja.

20. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í c-lið 7. gr. laganna kemur: eða Færeyja.

21. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

22. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæði“ í 3. tölul. A-liðar 30. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

23. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. og 5. mgr. 1. tölul. B-liðar 30. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. mgr. A-liðar 68. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. málsl. kemur: aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 2. málsl. kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

25. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

26. gr.

4. málsl. 2. tölul. 2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

27. gr.

4. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

IV. KAFLI
Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

28. gr.

Í stað orðanna „svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu í öðru aðildarríki stofnsamningsins“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyingar eða lögaðilar í Færeyjum.

29. gr.

4. málsl. 1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.

30. gr.

6. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyingur eða lögaðili í Færeyjum starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.

31. gr.

Í stað orðanna „á EES-svæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.

32. gr.

2. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum af einkaleyfishafa eða með samþykki hans.

33. gr.

Í stað orðanna „markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. mgr. 3. gr. a laganna kemur: markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

34. gr.

Í stað orðanna „umboðsmann búsettan á EES-svæðinu“ í 12. gr. laganna kemur: umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

35. gr.

4. málsl. 1. mgr. 65. gr. a laganna orðast svo: Ákvæðin taka einnig til ríkisborgara og lögaðila aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyinga og lögaðila í Færeyjum.

36. gr.

Í stað orðanna „umboðsmann búsettan á EES-svæðinu“ í 66. gr. laganna kemur: umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

37. gr.

Í stað orðanna „ríki sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. gr. laganna kemur: ríki sem er aðili að

samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyjum.

38. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar njóta sama réttar.

V. KAFLI

Menntamálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, með síðari breytingum.

39. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða Færeyingar.

Breyting á lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

40. gr.

Á eftir orðunum „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins“ og á eftir orðunum „ríki innan svæðisins“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins“ og á eftir orðunum „ríki innan svæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal menntamálaráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari með sömu skilyrðum enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

VI. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

42. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

Breyting á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

43. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

44. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: sem og Færeyingum.

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

45. gr.

Á eftir orðunum „eru með sama hætti undanþegnir skilyrði um heimilisfesti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem og Færeyingar.

46. gr.

Á eftir orðunum „sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið“ í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: eða sem leiðir af efnahagssamningi Íslands og Færeyja.

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

47. gr.

Á eftir orðunum „stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sem og um Færeyinga.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

48. gr.

Á eftir orðunum „útgefin í Danmörku, Finnlandi“ í 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

49. gr.

Á eftir orðunum „Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur, með síðari breytingum.

50. gr.

Á eftir orðunum „undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: sem og stjórnarmaður sem er Færeyingur og búsettur í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, með síðari breytingum.

51. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Fólks- og farmflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins, milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og milli Íslands og Færeyja.

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks- og farmflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum eða milli Íslands og Færeyja. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða utan efnahagssamnings Íslands og Færeyja.

Breyting á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum.

52. gr.

Á eftir orðunum „stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: og efnahagssamningi Íslands og Færeyja.

53. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna“ í 2. mgr. kemur: sem og Færeyingar.
b. Á eftir orðunum „og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. mgr. kemur: sem og Færeyingar.

54. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. mgr. kemur: og frá Færeyingum.
b. Á eftir orðunum „aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. mgr. kemur: eða utan Færeyja.

VII. KAFLI

Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.
b. Í stað orðanna „EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

56. gr.

5. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

57. gr.

Í stað orðanna „ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

58. gr.

Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

59. gr.

Í stað orðanna „félaga á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 118. gr. laganna kemur: félaga á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

60. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga sem búsettir eru í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.
b. Í stað orðanna „EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

61. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

62. gr.

Í stað orðanna „í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

63. gr.

Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

64. gr.

2. málsl. 2. tölul. 144. gr. laganna orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

65. gr.

Í stað orðanna „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, með síðari breytingum.

66. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

67. gr.

2. málsl. 36. gr. d laganna orðast svo: Ef ákvæði samnings tengist landsvæði aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja með samsvarandi hætti skal neytandinn eigi njóta lakari verndar en samkvæmt löggjöf viðkomandi lands á svæðinu.

Breyting á lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, með síðari breytingum.

68. gr.

2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum, njóta sama réttar og í ákvæðunum felast enda sé um gagnkvæmni að ræða.

Breyting á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög.

69. gr.

Í stað orðanna „í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.
b. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: er stofnað samkvæmt lögum ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

71. gr.

Í stað orðanna „til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

72. gr.

Í stað orðanna „til annars EES-ríkis“ í 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: til annars EES-ríkis, til aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

73. gr.

Í stað orðanna „í sama EES-ríki“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: í sama EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

74. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna verður svohljóðandi:

Með aðildarríki í lögum þessum er átt við ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

75. gr.

1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna verður svohljóðandi: Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu svo og Færeyingar og lögaðilar í Færeyjum eru undanþegnir búsetuskilyrðum 1. mgr.

76. gr.

3. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna verður svohljóðandi: Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

77. gr.

4. málsl. 32. gr. laganna verður svohljóðandi: Svissnesk og færeysk fjármálafyrirtæki geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

78. gr.

1. mgr. 36. gr. laganna verður svohljóðandi:

Innlend fjármálafyrirtæki sem hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

79. gr.

1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna verður svohljóðandi: Hyggist fjármálafyrirtæki veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Nú veitir dómstóll hér á landi lánastofnun heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamninga og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðru aðildarríki.

b. D-liður 2. mgr. verður svohljóðandi: Heimild til endurskipulagningar fjárhags hefur ekki áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem staðsett eru í öðru aðildarríki.

81. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 1. mgr. verður svohljóðandi:

Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfkrafa heimild til endurskipulagningar fjárhags hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags lánastofnunar sem hefur starfsleyfi og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi.

b. 1. málsl. 2. mgr. verður svohljóðandi: Nú er talin þörf á endurskipulagningu fjárhags íslensks útibús lánastofnunar með staðfestu í öðru aðildarríki og skal þá tilkynna slíkt til Fjármálaeftirlitsins.

82. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Nú tekur dómstóll hér á landi ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur staðfestu og starfsleyfi hér á landi og skal þá sú heimild ná sjálfkrafa til allra útibúa sem lánastofnunin starfrækir í öðrum aðildarríkjum.

b. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Ef lánastofnun starfrækir útibú í öðrum aðildarríkjum skal Fjármálaeftirlitið koma upplýsingum um beiðnina til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríkjum í samræmi við reglur er ráðherra setur.

c. 1. málsl. 4. mgr. verður svohljóðandi: Nú er þekktur kröfuhafi lánastofnunar búsettur í öðru aðildarríki og skal þá skiptastjóri án tafar tilkynna honum um upphaf skiptanna.

83. gr.

1. mgr. 105. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útibúi sem starfrækt er hérlendis af lánastofnun með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki verður ekki veitt sjálfstæð heimild til slita hér á landi. Nú tekur lögbært yfirvald í öðru aðildarríki ákvörðun um slit lánastofnunar sem hefur aðsetur og staðfestu í því ríki og tekur þá ákvörðunin sjálfkrafa til útibúa sem lánastofnunin starfrækir hér á landi. Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru aðildarríki hefja og hafa eftirlit með og hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara aðila.

84. gr.

Við 108. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um svissneska og færeyska eftirlitsaðila eftir því sem við á, enda liggi fyrir samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

85. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á skilgreiningu *skipulegs verðbréfamarkaðar* í 2. gr. laganna:

a. 3. tölul. orðast svo: kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og aðra verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja þar sem fjármálagerningar ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
b. 4. tölul. orðast svo: markaði skv. 3. tölul. sem eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja og eru viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.
b. 3. tölul. orðast svo: kauphöll eða samsvarandi skipulegum verðbréfamarkaði sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar hafa gert samstarfssamning við.
c. 4. tölul. orðast svo: öðrum sambærilegum skipulegum verðbréfamörkuðum utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja sem Fjármálaeftirlitið metur gilda.

Breyting á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

87. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra og færeyskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

88. gr.

6. tölul. 1. mgr. 69. gr. laganna orðast svo: markaðssetningu verðbréfasjóða hér á landi með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í Sviss eða Færeyjum (1. mgr. 43. gr.).

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

89. gr.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyinga sem búsettir eru í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

90. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Engin höft skulu vera á frelsi þjónustuveitanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum til að veita þjónustu hér á landi að því er varðar lagalegar kröfur um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

91. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu eiga við um þjónustuveitendur með staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum og um tilkynningar íslenskra stjórnvalda til þarlendra stjórnvalda eftir því sem við á.

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, með síðari breytingum.

92. gr.

2. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Hið sama gildir um útibú þessara aðila á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum.

93. gr.

1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Nú rennur frestur skv. 1. og 2. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og getur stjórn sjóðsins þá tilkynnt útibúinu að hún hyggist útiloka það frá sjóðnum hafi það ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum.

94. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.
b. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. verður svohljóðandi: Einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum og lögaðilar sem

heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Færeyjum eru þó undanþegnir ákvæðum þessa töluliðar.

96. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.
b. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar sem búsettir eru í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra laga.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

97. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 4. tölul., svohljóðandi: Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í Færeyjum sem hafa fengið starfsleyfi þar, sbr. 64. og 65. gr.

98. gr.

2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi: Starfsleyfi vátryggingafélags í aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda sé fullnægt skilyrðum til stofnunar útibús eða til að veita þjónustu, sbr. VII. kafla.

99. gr.

Skilgreining á „aðildarríki“ í 7. gr. laganna verður svohljóðandi: aðildarríki, ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.

100. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

101. gr.

2. málsl. 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

102. gr.

2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna verður svohljóðandi: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

103. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Færeysk vátryggingafélög geta stofnsett útibú hér á landi með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra færeyskra yfirvalda.
b. 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

104. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Færeysk vátryggingafélög geta veitt þjónustu án starfsstöðvar hérlendis með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra færeyskra yfirvalda.
b. 2. málsl. 4. tölul. 2. mgr. verður svohljóðandi: Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í hverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, hverju aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum.

105. gr.

1. málsl. 1. mgr. 77. gr. laganna verður svohljóðandi: Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn.

106. gr.

1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna verður svohljóðandi: Óski vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ásamt upplýsingum um í hvaða greinaflokkum vátrygginga eða vátryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu.

Breyting á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

107. gr.

Í stað orðanna „annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

108. gr.

Í stað orðanna „staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 1., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

109. gr.

Í stað orðanna „í landslögum þess EES-ríkis“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: í landslögum þess EES-ríkis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja.

110. gr.

Í stað orðanna „í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. málsl. 4. mgr. 9. gr. a laganna kemur: í þeim aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

111. gr.

B-liður 1. mgr. 91. gr. laganna verður svohljóðandi: erlendu vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja hér á landi.

112. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 94. gr. a laganna:

a. Á eftir orðinu „EFTA-ríki“ í b-lið 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðinu „EFTA-ríki“ í c-lið 1. mgr. kemur: í Færeyjum.
c. Á eftir orðinu „EFTA-ríki“ í a-lið 2. mgr. kemur: eða Færeyjum.
d. Á eftir orðunum „en því þar sem tjónþoli er búsettur“ í b-lið 2. mgr. kemur: hið sama gildir ef ökutæki er staðsett í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.
e. Á eftir orðunum „eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið“ í c-lið 2. mgr. kemur: hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.

113. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 94. gr. b laganna:

a. Á eftir orðinu „EFTA-ríki“ í a- og b-lið 1. mgr. kemur: eða Færeyjum.
b. Á eftir orðunum „eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið“ í c-lið 1. mgr. kemur: hið sama gildir ef tjónið varð í Færeyjum og tjónþoli er þar ekki búsettur.
c. Á eftir orðinu „EFTA-ríkjum“ í 2. mgr. kemur: eða Færeyjum.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
114. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar, sem undirritaður var í Hoyvík í Færeyjum 31. ágúst 2005, hefur gengið í gildi.

1486. Frumvarp til laga [732. mál]

um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 31., 66., 71. og 83. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skulu þau ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í b-lið 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar sem í 3. gr. er kveðið á um alþjóðleg viðskiptafélög skal það ákvæði ekki eiga við að því marki sem mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags, annars vegar eftir þeim sérákvæðum sem um slík félög gilda samkvæmt lögum nr. 29/1999, um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, og hins vegar samkvæmt almennum skattalögum, fer yfir fjárhæð sem samsvarar 100.000 evrum á hverju þriggja ára tímabili að teknu tilliti til hvers konar annarrar ríkisaðstoðar. Fari mismunur á heildarskattgreiðslum yfir þau mörk gilda ákvæði almennra skattalaga um skattskyldu viðkomandi félags, frá því að farið er yfir mörkin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við þegar starfsemi alþjóðlegs viðskiptafélags er alfarið utan gildissviðs EES-samningsins eins og það er skilgreint í bókun 3 við EES-samninginn.

Skattstjóri skal hafa umsjón með því að ákvæði þessu sé framfylgt. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1487. Frumvarp til laga [387. mál]

um stofnun Matvælarannsókna hf.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag, sem nefnist Matvælarannsóknir hf., um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

3. gr.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

5. gr.

Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

7. gr.

Matvælarannsóknum hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

8. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingum:

a. Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 1. mgr. 9. gr. falla brott.
b. IV. kafli, **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**, 19.–28. gr., fellur brott.

Orðin „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins“ í 5. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, falla brott.

Í stað lokamálsliðar 1. mgr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Umhverfisstofnun skal hafa aðgang að niðurstöðum

úr sýnatökum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Þá er ráðherra heimilt að fela stofnuninni eftirlit með afmörkuðum þáttum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn skal fyrir 1. júlí 2006, skipar sjávarútvegsráðherra félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 4. gr.

II.

Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir og skuldir sem tengjast rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og færðar verða samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra til félagsins. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2006.

III.

Stjórn Matvælarannsókna hf. annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna starfsemi félagsins.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögaðila án starfsemi vegna uppgjörs og aðildar að samningum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.

1488. Frumvarp til laga [694. mál]

um Landhelgisgæslu Íslands.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Stjórn Landhelgisgæslu Íslands, starfssvæði og verkefni.

1. gr.

Hlutverk.

Landhelgisgæsla Íslands sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti, fer með löggæslu á hafinu og gegnir öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum laga þessara, ákvæðum reglugerða á grundvelli þeirra og öðrum lögbundnum fyrirmælum.

2. gr.

Stjórn.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Landhelgisgæslu Íslands og er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

Skipurit Landhelgisgæslu Íslands skal staðfest af ráðherra.

3. gr.
Starfssvæði.

Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðaréttar. Landhelgisgæsla Íslands sinnir einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

4. gr.
Verkefni.

Verkefni Landhelgisgæslu Íslands eru eftirfarandi:

1. Öryggisgæsla á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.
2. Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra.
3. Leitar- og björgunarþjónusta við sjófarendur, skip og önnur farartæki á sjó.
4. Leitar- og björgunarþjónusta við loftför.
5. Leitar- og björgunarþjónusta á landi.
6. Aðkallandi sjúkraflutningar í samvinnu við aðra björgunaraðila.
7. Aðstoð við almannavarnir.
8. Aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða náttúruhamfara.
9. Eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.
10. Að tilkynna um, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum getur stafað hætta af auk sprengjueyðingar á landi.
11. Sjómælingar, sjókortagerð, útgáfa tilkynninga til sjófarenda, sjávarfallataflna og leiðsögubóka auk annarra rita sem tengjast siglingum.
12. Móttaka tilkynninga frá skipum samkvæmt lögum um útlendinga og eftirlit með lögsögumörkum á hafinu.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd einstakra verkefna í reglugerð.

5. gr.
Samningsbundin þjónustuverkefni.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að gera þjónustusamninga, m.a. um eftirtalin verkefni:

1. Fiskveiðieftirlit.
2. Fjareftirlit með farartækjum á sjó.
3. Almennt sjúkraflug og aðstoð við læknisþjónustu.
4. Mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu.
5. Sprengjueyðingu og hreinsun skotæfingasvæða.
6. Eftirlit með skipum á hafinu og aðstoð við framkvæmd vitamála.
7. Rekstur vaktstöðvar siglinga.
8. Móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum.
9. Tolleftirlit.
10. Rannsóknir og vísindastörf á hafinu eftir því sem aðstæður leyfa.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á.

II. KAFLI
Lögregluvald og valdbeitingarheimildir.

6. gr.

Lögregluvald.

Eftirtaldir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu samkvæmt lögum þessum í efnahagslögsögu Íslands:

1. Forstjóri og löglærðir fulltrúar hans.
2. Áhafnir skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands.
3. Sprengjusérfræðingar.
4. Yfirmenn í stjórnstöð og vaktstöð siglinga.

Við löggæslustörf skulu starfsmenn fara eftir lögreglulögum og lögum um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

7. gr.

Skylda til að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands.

Áhöfnum farartækja á sjó eða hafstöðva er skylt að hlýða fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands.

8. gr.

Vopnaburður.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, sem hafa lögregluvald og starfa við löggæslu, þ.m.t. siglingavernd og sprengjueyðingu, hafa heimild til að beita skotvopnum við störf sín samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

9. gr.

Rannsókn um borð í skipi og yfirtaka á stjórn skips.

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að fara um borð í farartæki á sjó eða hafstöð til rannsóknar ef grunur leikur á um lögbrot og til að sinna lögbundnu eftirliti. Þeim er heimilt að vísa farartækjum til hafnar ef nauðsynlegt er til að ljúka rannsókn máls eða til að binda enda á brotastarfsemi. Þeim er jafnframt heimilt að yfirtaka stjórn skips.

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að banna stjórnanda farartækis að halda til hafnar ef grunur leikur á um brot gegn lögum um siglingavernd og framkvæma öryggisleit í vistarverum og á farþegum skips.

10. gr.

Skylda til að aðstoða Landhelgisgæslu Íslands.

Skipstjórum og öðrum sem aðstoð geta veitt er skylt að aðstoða Landhelgisgæslu Íslands við löggæslustörf og björgun mannslífa þegar þess er óskað ef það er unnt án þess að þeir stofni lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sínum í hættu.

11. gr.

Bann við að tálma Landhelgisgæslu Íslands í störfum sínum.

Enginn má á nokkurn hátt tálma því að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sinni störfum sínum.

12. gr.

Þjóðaréttur.

Landhelgisgæsla Íslands skal virða ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að þegar erlend skip eða hafstöðvar eiga í hlut.

III. KAFLI
Nánar um verkefni Landhelgisgæslu Íslands.

13. gr.

Björgun og aðstoð við sæfarendur.

Landhelgisgæsla Íslands stjórnar og ber ábyrgð á leitar- og björgunaraðgerðum á hafinu.

Landhelgisgæsla Íslands og starfsmenn hennar eiga rétt á björgunarlaunum samkvæmt siglingalögum og loftferðalögum.

Ráðherra setur reglugerð um stjórnun björgunaraðgerða og samvinnu við aðra björgunaraðila.

14. gr.

Björgun og aðstoð við loftför.

Landhelgisgæsla Íslands aðstoðar við leit að loftförum sem lenda í flugatvikum, flugslysum eða er saknað yfir sjó. Flugmálastjórn stjórnar leitarstarfi fram til þess að slysstaður finnst en Landhelgisgæsla Íslands tekur ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysstaður er á hafinu.

15. gr.

Sprengjueyðing.

Landhelgisgæsla Íslands sér um að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem almenningi getur stafað hætta af bæði til sjós og lands.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi sprengjusérfræðinga. Í reglugerðinni skal kveðið á um hæfisskilyrði, menntun og starfsreynslu sprengjusérfræðinga. Landhelgisgæsla Íslands gefur út starfsleyfi til starfsmanna sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og heimild þeirra til að halda réttindanámskeið í faginu.

Landhelgisgæsla Íslands getur með samningum tekið að sér sprengjueyðingu og eyðingu hættulegra efna sem ekki teljast til lögbundinna verkefna stofnunarinnar.

16. gr.

Innflutningur og varsla sprengiefna og skotvopna.

Landhelgisgæsla Íslands hefur heimild til að flytja inn, geyma og nota sprengiefni og skotvopn vegna starfa handhafa lögregluvalds. Fylgt skal verklagsreglum sem samþykktar eru af ráðherra um skráningu sprengiefnis og skotvopna í eigu stofnunarinnar, geymslu þeirra og notkun.

17. gr.

Sjómælingar.

Ríkið er eigandi að öllum höfundaréttindum sem Landhelgisgæsla Íslands og Sjómælingar Íslands hafa öðlast. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög.

Landhelgisgæsla Íslands miðlar upplýsingum og er heimilt að veita aðgang að gögnum á sviði sjómælinga.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að afla sér tekna með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem

ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna, sbr. 1. og 2. mgr., þannig að mætt sé öllum þeim kostnaði sem af því hlýst.

Ráðherra setur reglugerð um sjómælingar, sjókorta- og hafnakortagerð og annað efni á sviði sjómælinga sem Landhelgisgæsla Íslands gefur út. Í reglugerðinni skal kveðið á um kröfur um hæfisskilyrði, menntun og starfsreynslu sjómælinga- og sjókortagerðarmanna. Landhelgisgæsla Íslands gefur út starfsleyfi til starfsmanna sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og heimild þeirra til að halda réttindanámskeið í faginu.

Heimilt er að semja við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir um framkvæmd ákveðinna verkefna sjómælinga og stofna hlutafélag um starfsemina.

18. gr.

Fjareftirlit með fiskiskipum.

Landhelgisgæsla Íslands annast fjareftirlit með íslenskum fiskiskipum og móttekur og miðlar upplýsingum um íslensk og erlend fiskiskip úr fjareftirlitskerfinu í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

19. gr.

Móttaka tilkynninga og miðlun upplýsinga.

Tilkynningar frá farartækjum á sjó sem Landhelgisgæslu Íslands er falið að taka á móti skulu berast á þar til gerðu eyðublaði. Þar skulu koma fram allar upplýsingar sem stjórnendum farartækja á sjó eða útgerðum þeirra er skylt að veita.

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að veita öðrum opinberum stofnunum upplýsingar um farartæki á sjó vegna lögboðins eftirlits þeirra. Einnig er heimilt að veita erlendum ríkjum upplýsingar um farartæki á sjó í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gert.

Heimilt er að nýta allar upplýsingar um farartæki á sjó sem berast stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands til björgunarstarfa, fiskveiðieftirlits, löggæslustarfa og annars eftirlits á vegum ríkisins.

IV. KAFLI

Skipulag, stjórn og starfsmenn.

20. gr.

Ráðning starfsliðs.

Forstjóri ræður aðra starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

21. gr.

Einkennisfatnaður og skilríki handhafa lögregluvalds.

Við störf sín skulu starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands bera einkennisbúninga samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Handhafar lögregluvalds skulu bera á sér sérstök skilríki við framkvæmd starfa sinna. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun skilríkja með reglugerð.

22. gr.

Bann við verkföllum.

Þeir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands sem sinna löggæslustörfum mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

23. gr.

Bætur vegna líkams- eða munatjóns.

Ríkissjóður skal bæta starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands, sem áhættusöm störf vinna, líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir við störf sín. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

24. gr.

Trúnaðarlæknir.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands skulu gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni stofnunarinnar samkvæmt fyrirmælum yfirmanns ef þurfa þykir.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur til heilsufars og líkamlegs atgervis starfsmanna sem teljast til starfsgengisskilyrða þeirra.

V. KAFLI
Rekstur skipa og loftfara.

25. gr.

Skip, loftför og önnur farartæki Landhelgisgæslu Íslands.

Landhelgisgæsla Íslands gerir út skip og rekur loftför auk annarra farartækja sem nauðsynleg eru til gæslu landhelginnar og annarra verkefna stofnunarinnar. Bjóða má út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur eða tækniþjónustu Landhelgisgæslu Íslands með skilyrðum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stofnunarinnar. Þá geta tæki verið eign Landhelgissjóðs.

Skip og loftför Landhelgisgæslu Íslands skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Skip skulu einkennd nafni en loftför með nafni og skrásetningareinkennum.

Ráðherra ákveður með reglugerð lit og önnur einkenni farartækja Landhelgisgæslu Íslands.

Landhelgisgæsla Íslands skal hafa tilskilin leyfi fyrir þeirri starfsemi sem stunduð er á hverjum tíma og lúta eftirliti Flugmálastjórnar eftir því sem við á.

26. gr.

Leynd yfir ferðum skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands.

Óheimilt er að greina opinberlega frá ferðum skipa og loftfara Landhelgisgæslu Íslands nema með samþykki stofnunarinnar. Einnig er óheimilt með öðrum hætti að veita áhöfnum skipa slíkar upplýsingar í þeim tilgangi að forða þeim frá rannsókn og kæru vegna lögbrots á hafinu.

27. gr.

Landhelgissjóður.

Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur hlutur Landhelgisgæslu Íslands af björgunarlaunum.

Fé úr Landhelgissjóði skal varið til að fjármagna kaup eða leigu á skipum, loftförum eða öðrum tækjum til að sinna verkefnum Landhelgisgæslu Íslands.

Ráðherra getur ákveðið að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstrarútgjalda Landhelgisgæslu Íslands.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.
Nánari reglur um framkvæmd laganna.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

29. gr.
Refsingar.

Brot gegn 7., 9., 10., 11. og 26. gr. laga þessara varða eins árs fangelsi eða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Frá sama tíma falla úr gildi lög um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967, með síðari breytingum, og lög um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar, nr. 83 23. júní 1936, með síðari breytingum.

1489. Þingsályktun [683. mál]

um fullgildingu Hoyvíkur-samningsins milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 999.

1490. Beiðni um skýrslu [811. mál]

frá forsætisráðherra um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum.

Frá Kristjáni L. Möller, Margréti Frímannsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Lúðvík Bergvinssyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni og Jóni Gunnarssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum. Gerð verði grein fyrir rekstrartekjum og gjöldum ríkisins, annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu. Skýrslan nái til áranna 2001–2005.

Eftirfarandi atriði komi m.a. fram í skýrslunni:

1. Hvernig skiptast tekjur ríkisins og hvaðan koma þær, sundurliðað eftir landshlutum?
2. Hvernig skiptast gjöld ríkisins og hvert renna þau, sundurliðað eftir landshlutum?
3. Hvernig skiptast störf hjá ríkinu í landfræðilegu tilliti og hver eru meðallaun eftir landshlutum?

Greinargerð.

Í ljósi umræðu sem margsinnis hefur komið upp á undanförnum árum um vægi ríkisins í hagvexti á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar er nauðsynlegt að fá fram staðreyndir um skiptingu tekna og gjalda ríkisins eftir landshlutum. Umræðan hefur oftar en ekki einkennst af sleggjudómum og karpi á milli fulltrúa landsbyggðar annars vegar og fulltrúa höfuðborgarsvæðis hins vegar. Með skýrslunni og þeim upplýsingum sem þar yrði að finna verður hægt að glöggva sig á því hvernig fjármunum ríkisins er varið í landfræðilegu tilliti og hvaðan ríkið hefur tekjur sínar. Oft hefur verið rætt um „sanngjarna" skiptingu á fjármunum ríkisins eftir landsvæðum en áreiðanlegar upplýsingar um skiptinguna hefur skort.

Fyrir liggja nú þegar drög að rannsóknaráætlun og fyrsti hluti skýrslu um málefnið sem Vífill Karlsson, dósent í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, hefur unnið.

Þessi beiðni er lögð fram nú þótt skammt sé eftir af þingi og hyggjast skýrslubeiðendur leggja hana fram aftur þegar í upphafi næsta þings. Er þessi háttur hafður á í þeirri von að strax verði hafist handa við undirbúning að gerð skýrslunnar.

1491. Nefndarálit [707. og 708. mál]

um frv. til l. um Flugmálastjórn Íslands og frv. til l. um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Gert er ráð fyrir að skipulagi flugmála hér á landi verði breytt. Skilið verði á milli þjónustu og reksturs annars vegar og stjórnsýslu og eftirlits hins vegar. Sérstök lög verði sett um Flugmálastjórn Íslands. Verkefni Flugmálastjórnar verður samkvæmt frumvarpi um Flugmálastjórn Íslands að fara með stjórnsýslu á sviði loftferða, hafa eftirlit með loftferðastarfsemi og stuðla að öryggi í flugi. Samkvæmt frumvarpi um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands er ríkistjórninni síðan heimilað að stofna hlutafélag um þjónustuverkefni Flugmálastjórnar, þ.e. bæði flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónustu.

Þær breytingar sem málin gera ráð fyrir eru umfangsmiklar og við meðferð þeirra í nefndinni komu upp mörg álitamál. Ekki gafst tími til að svara öllum þeim spurningum sem vöknuðu.

Margar leiðir eru að því takmarki sem ætlað er að ná með málunum. Minni hlutinn er ekki sammála þeirri leið sem valin var. Sú leið að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands er aðeins ein leið af fjórum sem fjallað er um í skýrslu stýrihóps um framtíðarskipan flugmála sem notuð er sem ákveðið grunngagn við frumvarpagerðina.

Með stofnun hlutafélags um flugvallarekstur og flugleiðsöguþjónustu eru störf starfsmanna hjá Flugmálastjórn lögð niður. Þeir starfsmenn sem starfað hafa á þessum sviðum flytjast yfir til hlutafélagsins. Með því verður grundvallarbreyting á réttindum og skyldum starfsmanna, m.a. má nefna að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, munu ekki gilda um starfsmenn hlutafélagsins. Í þeim lögum eru ákvæði um mjög mikilvæg

réttindi fyrir starfsmenn, t.d. er varða starfsöryggi. Þá munu stjórnsýslulög og upplýsingalög ekki ná til starfseminnar.

Minni hlutinn hefur lagt til að fleiri leiðir verði skoðaðar til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Ekki hafa verið færð fram rök fyrir því að hlutafélagaformið sé rétta leiðin. Þá sýnir sagan að þrátt fyrir fögur orð og fyrirheit hafa flest ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélög verið seld einkaaðilum. Óvíst er að sú þjónusta sem hér um ræðir eigi heima í höndum einkaaðila.

Fulltrúar Félags íslenskra flugumferðarstjóra sem komu á fundi nefndarinnar bentu á að við það að velja hlutafélagaformið mundu samningar flugumferðarstjóra verða lausir og þeir jafnframt öðlast verkfallsrétt. Minni hlutinn telur að hér sé um grafalvarlegt mál að ræða sem skoða hefði þurft betur og því sé tekin óþarfa áhætta. Þá bentu fulltrúar félagsins einnig á það að hlutafélaginu verða falin stjórnsýsluverkefni en að mati þess er óheimilt að færa stjórnsýslu til aðila sem hafa einkaréttarlega stöðu. Minni hlutinn er á því að þetta sé eitt af því sem skoða hefði þurft betur en ekki vannst tími til þess í störfum nefndarinnar.

Þá telur minni hlutinn að samhliða þeim breytingum sem hér eru lagðar til hefði átt að horfa til fyrirhugaðrar stöðu mála á Keflavíkurflugvelli vegna brottfarar varnarliðsins. Ekkert er að finna í frumvarpinu um þau mál, þótt rétt hefði verið að fjalla um þau til að fá heildstæða mynd.

Bæði kom fram í umsögnum um málin og hjá gestum sem komu á fundi nefndarinnar að veruleg hætta væri á að væntanlegt hlutafélag færi að krefja flugrekendur í innanlandsflugi um aukin lendingargjöld og aukin gjöld fyrir flugleiðsögu. Minni hlutinn vekur athygli á því að kostnaður við innanlandsflug er nú þegar miklu hærri en tekjurnar af því. Aukinn kostnaður vegna flugleiðsögu og lendingargjalda mun því fara beint út í verðlagið og hækka bæði flugmiða og flutningsgjöld.

Alþingi, 3. júní 2006.

Kristján L. Möller, frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Guðjón A. Kristjánsson.

Anna Kristín Gunnarsdóttir.

1492. Þingsályktun [692. mál]

um fullgildingu samnings um tölvubrot.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1022.

1493. Þingsályktun [810. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1413.

1494. Breytingartillögur [794. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

Frá Birgi Ármannssyni, Dagnýju Jónsdóttur, Kristjáni L. Möller, Ögmundi Jónassyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. C-liður orðist svo: Í stað orðanna „7. tölul.“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
2. 2. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „7. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 7. og 8. tölul.

1495. Frumvarp til laga [620. mál]

um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að hér á landi sé notað mælifræðikerfi sem nýtur trausts jafnt innan lands sem utan.

Lögin skulu stuðla að því að mælingar og mælifræðilegar niðurstöður séu réttar og nákvæmar og tryggi réttmæta og örugga viðskiptahætti, verndi hagsmuni neytenda og líf og heilsu borgaranna og stuðli auk þess að réttarvernd og umhverfisvernd.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um mælingar, mælitæki og mæligrunna, eftir því sem segir í lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim. Þá taka lögin til löggiltra vigtarmanna.

Lögin gilda ekki um mælingar og niðurstöður mælinga til einkanota.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér greinir:

Alþjóðlega SI-einingakerfið: Samræmt einingakerfi sem Almenna þingið fyrir vog og mál (CGPM) hefur samþykkt og lagt til að verði notað. SI stendur fyrir „Système International" og er alþjóðleg skammstöfun fyrir einingakerfið.

Faggilding: Formleg viðurkenning þar til bærs stjórnvalds á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni varðandi samræmismat.

Faggilt kvörðunarþjónusta: Þjónusta einstaklings eða lögaðila sem tekur að sér kvörðun eftir faggiltri aðferð.

Faggilt mælifræðistofa: Faggilt rannsóknastofa á sviði mælifræði sem hefur fengið viðurkenningu á gæðum, tæknilegri hæfni og sjálfstæði.

Gerðarviðurkenning: Ákvörðun, byggð á matsskýrslu, um það að gerð mælitækis uppfylli viðeigandi kröfur laga og reglugerða og að það sé hæft til notkunar á lögmæltu sviði þannig að vænta megi að það veiti áreiðanlegar mæliniðurstöður um tiltekið tímabil.

Kvörðun: Röð aðgerða sem ákvarða, við tiltekin skilyrði, sambandið milli gilda stærða sem mælitæki eða mælikerfi sýna eða gilda sem efnismát eða viðmiðunarefni standa fyrir og samsvarandi gilda sem mæligrunnar hafa.

Kvörðunarvottorð: Skjal þar sem niðurstöður kvörðunar eru skráðar í samræmi við nánari reglur sem gilda um útgáfu þeirra.

Löggilding mælitækis: Aðgerð til að tryggja og staðfesta formlega að mælitæki fullnægi öllum kröfum laga og reglugerða. Löggilding fer fram með athugun, merkingu og/eða útgáfu vottorðs og er venjulega lokið með innsiglun á aðgengi stillinga.

Löggilding vigtarmanns: Formleg staðfesting á að einstaklingur uppfylli skilyrði laga og reglna settra samkvæmt þeim um menntun og önnur skilyrði til að starfa sem vigtarmaður.

Mælieining: Ákveðin stærð, skilgreind og viðtekin með samkomulagi, sem aðrar stærðir sömu gerðar eru bornar saman við til að tákna magn þeirra í samanburði við þá stærð.

Mælifræðilegt eftirlit: Eftirlit með framleiðslu, innflutningi, uppsetningu, notkun, viðhaldi og viðgerð á mælitækjum, framkvæmt til að athuga hvort tækin séu notuð rétt eins og lög og reglugerðir um mælifræði segja, þ.m.t. hvort forpakkningar innihaldi leyfilega þyngd og hvort hún sé rétt mæld.

Mæligrunnur: Efnismát, mælitæki, viðmiðunarefni eða mælikerfi sem ætlað er til að skilgreina, raungera, varðveita, birta eða endurgera mælieiningu eða eina eða fleiri stærðir sem hafa skal til viðmiðunar.

Mæling: Aðgerð eða röð aðgerða sem framkvæmdar eru til að ákveða gildi stærðar sem er táknuð sem margfeldi tölu og mælieiningar.

Mælitæki: Tæki sem ætlað er, eitt sér eða ásamt tilheyrandi og viðurkenndum viðbótartækjum, til að framkvæma mælingu.

Rekjanleiki: Eiginleiki í niðurstöðu mælinga eða gildis á mæligrunni sem gerir unnt að tengja þau við tilteknar viðmiðanir, venjulega lands- eða alþjóðamæligrunna, með óslitinni röð samanburða sem hver fyrir sig hefur skilgreinda óvissu.

Samræmismat: Mat á því hvort vara, ferli, kerfi eða aðili uppfylli kröfur.

Skoðun: Athugun á vöruhönnun, vöru, ferli eða uppsetningu búnaðar og ákvörðun á samræmi þess við tilgreindar kröfur, eða almennar kröfur, og skal þá byggt á faglegum úrskurði.

Undireining: Vélbúnaður sem er tilgreindur sem slíkur í tilskipunum, lögum eða reglum settum samkvæmt þeim, virkar sjálfstætt og myndar mælitæki ásamt öðrum undireiningum sem hann er samhæfður, eða mælitæki sem hann er samhæfður.

Úrtaksskoðun: Skoðun einsleits safns mælitækja sem byggð er á niðurstöðum mats á tölfræðilega hæfilegum fjölda sýna völdum af handahófi úr tilgreindri lotu.

Yfireftirlit: Eftirlit stjórnvalds með því að ákvæðum í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim á sviði mælifræði sé fylgt í framkvæmd, yfirumsjón með eftirliti sem einkaaðilar framkvæma í umboði eftirlitsstjórnvalds, svo og taka stjórnvaldsákvarðana á grundvelli laga sem gilda um mælifræðilegt eftirlit.

4. gr.

Stjórnsýsla.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en Neytendastofa fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

Hlutverk Neytendastofu samkvæmt lögum þessum er:

a. að annast töku stjórnvaldsákvarðana og kveða upp stjórnvaldsúrskurði á grundvelli ákvæða þessara laga eða sérlaga sem henni hefur verið falið eftirlit með;
b. að veita stjórnvöldum og öðrum ráðgjöf um mælifræðileg málefni, veita umsagnir um mæligrunna og reglur stjórnvalda á sviði mælinga og lögmælifræði og stuðla að útbreiðslu þekkingar hér á landi á sviði mælifræði;
c. að vera stjórnvald á sviði mælifræði og annast rekstur þeirra mæligrunna sem stjórnvöld fela henni umsjón með skv. 7. gr., sbr. 6. gr., og veita kvörðunarþjónustu í samræmi við ákvæði VIII. kafla;
d. að annast markaðseftirlit og samskipti við önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. III. kafla laga þessara, og yfireftirlit á sviði mælifræði í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim;
e. að annast löggildingu vigtarmanna o.fl., sbr. ákvæði VII. kafla;
f. að vera í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um mælifræðileg málefni;
g. að hafa samstarf við aðra aðila sem fást við verkefni á sviði mælifræði.

II. KAFLI
Mælieiningar og mæligrunnar.

5. gr.

Á Íslandi skal nota alþjóðlega SI-einingakerfið.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra heimilað að notaðar séu mælieiningar utan alþjóðlega SI-einingakerfisins. Þær skulu þó ávallt hafa viðmiðun í alþjóðlega SI-einingakerfinu.

6. gr.

Mælitæki sem notuð eru til lögboðinna mælinga og eftirlits og ákvörðunar stjórnvalda eða dómstóla á viðurlögum eða sá búnaður sem notaður er til löggildingar þessara mælitækja skal kvarðaður með rekjanlegum kvörðunum af faggiltum aðilum.

Neytendastofa annast öflun og viðhald rekjanlegra mæligrunna vegna mælitækja og eftirlits skv. 1. mgr. eða hefur milligöngu um aðgang að slíkum mæligrunnum hafi öðrum aðilum ekki verið falið það í sérlögum.

Neytendastofa annast einnig öflun og viðhald rekjanlegra mæligrunna sem mikilvægir eru til þess að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir faggilta kvörðunarþjónustu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

7. gr.

Neytendastofa ákveður með hliðsjón af gildandi lögum á hverjum tíma, að fenginni umsögn fagráðs og í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti, fyrir hvaða mælifræðisvið halda skal rekjanlega mæligrunna og birtir upplýsingar um hvar þeir eru vistaðir.

III. KAFLI
Sala og markaðssetning mælitækja.

8. gr.

Kröfur um sölu og markaðssetningu mælitækja.

Mælitæki sem eru seld og markaðssett á Íslandi, og undireiningar þeirra, skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Framleiðendur, seljendur og dreifingaraðilar bera ábyrgð á að mælitæki sem þeir markaðssetja eða selja uppfylli ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

9. gr.

Merkingar mælitækja.

Í reglugerð sem ráðherra setur er heimilt að setja nánari reglur í samræmi við ákvæði laga eða alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að um merkingar mælitækja sem heimilt er að selja, markaðssetja og taka í fyrstu notkun hér á landi.

10. gr.

Samræmismat.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið á um mat á samræmi við grunnkröfur til að sannreyna hvort mælitæki sem sett eru á markað uppfylli kröfur.

Samræmismatinu skal lokið og það sannanlega skrásett áður en mælitæki er boðið til sölu eða tekið í notkun í fyrsta sinn.

Neytendastofu er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá samræmismati, svo sem ef nota á vöruna á vörusýningum eða á vörukynningum.

11. gr.

Samræmismat getur fallið úr gildi áður en gildistími þess rennur út þegar ljóst er að kröfur sem gerðar voru til tækisins og samræmismatið er byggt á eru ekki uppfylltar.

Þegar samræmismat hefur verið fellt úr gildi skv. 1. mgr. er óheimilt að bjóða viðkomandi mælitæki til sölu eða selja það hér á landi að liðnum hæfilegum fresti.

IV. KAFLI
Notkun mælitækja.

12. gr.

Mælitæki í notkun.

Eigandi mælitækis eða ábyrgðaraðili, ef það á við, ber ábyrgð á að mælitæki í notkun uppfylli ávallt reglur sem kveðið er á um í lögum og reglum settum samkvæmt þeim og er ábyrgur fyrir greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði IX. kafla um eftirlitsgjald.

13. gr.

Sérkröfur um mælitæki og mælingar til ákveðinna nota.

Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að mælitæki og mælingar til ákveðinna nota skuli uppfylla ítarlegri kröfur en almennt eru gerðar til mælinga og mælitækja og hvernig eftirliti með þeim skuli háttað, sbr. 14. gr. og VI. kafla um framkvæmd eftirlits með mælitækjum.

Eftirlitsskyld mælitæki í notkun eru:

1. Vatnsmælar.
2. Gasmælar.
3. Raforkumælar fyrir raunorku.
4. Varmaorkumælar.
5. Mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.
6. Vogir.
7. Gjaldmælar leigubifreiða.
8. Mæliáhöld fyrir lengd og rúmmál.
9. Víddamælitæki.
10. Greiningartæki fyrir útblástursloft.
11. Vogarlóð.
12. Mælitæki fyrir loftþrýsting í hjólbörðum.

Neytendastofa setur reglur sem gilda skulu um slík mælitæki. Þá getur Neytendastofa sett reglur um nákvæmnisflokka mælitækja ef nauðsyn krefur.

Mælitæki önnur en þau sem getið er um í 2. mgr. skulu eigi að síður uppfylla þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til mælitækis sem er á sama stað, ef unnt er að nota þau í sama tilgangi.

Neytendastofa skal birta á aðgengilegan hátt og uppfæra reglulega nánari upplýsingar um hvaða mælitæki eru eftirlitsskyld samkvæmt lögum og reglum sem gilda hér á landi.

14. gr.

Staðfesting á að mælitæki í notkun og mælingar uppfylli skilyrði laga og reglna.

Staðfesta skal með löggildingu að mælitæki í notkun uppfylli kröfur eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerðum. Birta skal lista um þessa flokka mælitækja á aðgengilegan hátt.

Eigandi mælitækja eða ábyrgðaraðili mælinga getur þó óskað samþykkis Neytendastofu fyrir því að gæðakerfi eða önnur tilhögun formlegs innra eftirlits verði tekin gild í stað löggildingar.

Ráðherra getur sett reglur um notkun úrtaks við eftirlit með safni mælitækja. Skal þar byggt á stöðlum um úrtaksskoðanir og alþjóðlega viðurkenndum reglum um hvernig stöðlunum skuli beitt.

Eftirlit með magni í forpakkaðri vöru fer fram á markaði með sýnatöku, hvort sem innlendir eða erlendir aðilar hafa pakkað vörunni, í samræmi við ákvæði reglugerða um forpakkaðar vörur.

Pökkunaraðilar sem pakka í samræmi við 2. mgr. 16. gr. skulu sæta reglubundnu eftirliti. Þeir skulu nota löggilt mælitæki við pökkunina eða við gæðatryggingu hennar.

Í reglugerðum sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um framkvæmd allra aðferða samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI
Niðurstöður mælinga.

15. gr.

Tilgreining á niðurstöðum mælinga.

Hvarvetna þar sem viðskipti fara fram að viðskiptavinum viðstöddum og notuð eru mælitæki sem lög þessi gilda um skal þannig um búið að viðskiptavinurinn sjái greinilega þegar mæling fer fram og geti lesið mæliniðurstöður fyrirhafnarlaust, sjá þó 16. gr.

Þegar sjálfvirk mæling viðskipta sem lög þessi ná til fer fram skulu viðskipta- og eftirlitsaðilar hafa aðgang að mælingagögnum.

16. gr.

Magn forpakkaðrar vöru.

Í reglugerð sem ráðherra setur skulu vera reglur um mesta leyfilega frávik þegar vara er seld eftir magni í samræmi við ákvæði tilskipana um forpakkaðar vörur.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um rétt og skyldur þeirra sem merkja forpakkaðar vörur með e-merki í samræmi við ákvæði tilskipana Evrópusambandsins, þ.m.t. reglur um viðurkenningu á kerfum sem framleiðandi notar við magnmælingar. Ráðherra getur í reglugerð einnig kveðið á um að vörur megi einungis selja í ákveðnum magnstærðum og magn skuli tilgreint á framleiðsluvöru.

VI. KAFLI
Framkvæmd eftirlits með mælitækjum.

17. gr.

Umboð til eftirlits.

Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Stofnuninni er þó heimilt að fela öðrum að framkvæma eftirlitið með samningi. Skulu þeir aðilar vera óháðir eftirlitsskyldum aðilum og hafa sérþekkingu og hæfni á viðkomandi sviði.

Ákvæði kaflans eiga jafnframt við um þá aðila sem Neytendastofa veitir umboð til eftirlits, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í umboði til viðkomandi aðila.

18. gr.

Gjaldskrá eftirlitsaðila.

Gjaldskrá þeirra aðila sem Neytendastofa felur framkvæmd mælifræðilegs eftirlits skal vera opinber. Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá ef einungis einn aðili veitir þjónustu til löggildingar á viðkomandi mælitæki.

19. gr.

Óhindrað aðgengi.

Neytendastofa skal hafa óhindraðan aðgang að öllum starfsstöðvum og innréttingum við framkvæmd eftirlits samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglna settra samkvæmt þeim.

20. gr.

Réttur til upplýsinga.

Neytendastofa getur krafið þá aðila sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögum þessum um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við framkvæmd eftirlits.

Neytendastofa getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

21. gr.

Aðstoð við framkvæmd eftirlits.

Framleiðendur, seljendur, dreifingaraðilar, eigendur og umsjónarmenn mælitækja sem lög þessi taka til og aðrir eftirlitsskyldir aðilar skulu auðvelda framkvæmd eftirlits samkvæmt þessum lögum og veita nauðsynlega aðstoð eftir því sem við getur átt.

Eftirlitsskyldur aðili getur ekki krafið Neytendastofu um greiðslu vegna þess kostnaðar sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum.

22. gr.

Þagnarskylda.

Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara og þeim sem Neytendastofa hefur veitt umboð til að framkvæma eftirlit á grundvelli laganna er óheimilt að skýra frá atriðum sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

VII. KAFLI
Um löggilta vigtarmenn o.fl.

23. gr.

Skilyrði til löggildingar vigtarmanns o.fl.

Löggiltir vigtarmenn geta þeir orðið sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. eru búsettir hér á landi,
b. eru fullra tuttugu ára,
c. eru sjálfráða og fjárráða,
d. hafa sótt námskeið til löggildingar vigtarmanna og staðist próf.

Vigtarmenn skulu hafa löggildingu Neytendastofu sem gefur út skírteini þeim til handa um að þeir megi taka að sér störf sem löggiltum vigtarmönnum eru einum falin samkvæmt ákvæðum í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding vigtarmanns gildir í tíu ár. Neytendastofa heldur skrá yfir löggilta vigtarmenn.

Neytendastofu er heimilt að veita einstaklingi bráðabirgðalöggildingu til starfa að löggiltri vigtun að fenginni umsögn hlutaðeigandi stjórnvalda. Skilyrði fyrir undanþágu og bráðabirgðalöggildingu er að óframkvæmanlegt sé að fá löggiltan vigtarmann til starfans og brýna nauðsyn beri til að vigtun fari fram lögum samkvæmt. Það skilyrði skal sett að leyfishafi samkvæmt ákvæði þessu sæki fyrsta námskeið eftir að undanþága er veitt. Standist leyfishafi ekki próf fellur bráðabirgðalöggilding hans niður.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal setja nánari reglur um námskeið, próf, endurnýjun réttinda, endurmenntunarnámskeið og starfshætti vigtarmanna.

24. gr.

Prófnefnd, námskeið og próf.

Prófnefnd vigtarmanna hefur umsjón með prófi til löggildingar vigtarmanna. Ráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til fimm ára í senn og skal Neytendastofa tilnefna einn fulltrúa, Fiskistofa einn en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og framkvæmd prófsins. Í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum frá prófnefnd skal kveðið á um prófkröfur skv. d-lið 1. mgr. 23. gr. og önnur skilyrði eftir því sem við getur átt.

Í reglum sem prófnefnd setur skal kveða nánar á um framkvæmd námskeiða, svo sem lágmarksárangur til að standast próf, lágmarksþátttakendafjölda á námskeiði og önnur atriði er varða framkvæmd eftir því sem við getur átt. Heimilt er að skipta réttindum til löggildingar vigtarmanna eftir eðli réttinda í samræmi við reglur prófnefndar um námskeið og próf samkvæmt ákvæði þessarar greinar. Þá getur prófnefnd skipað prófdómara til að endurskoða prófúrlausn próftaka óski hann eftir því.

25. gr.

Fullgild vottorð.

Vottorð löggiltra vigtarmanna teljast vera fullgild ef í þeim koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a. nafn verkbeiðanda, staður og dagsetning;
b. gildi töru;
c. þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið;
d. tilvísun til þeirrar vogar sem vigtað var á;
e. númer ökutækis, þegar það á við;
f. nafn löggilts vigtarmanns og undirritun hans, svo og nafn lögaðila sem hann starfar hjá, þegar það á við;
g. aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum sérlaga og reglna settra samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

26. gr.

Um starfsskyldur vigtarmanns.

Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem hann vottar í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni. Í því felst að löggiltur vigtarmaður skal sjálfur vera viðstaddur vigtun, hann tryggir alla framkvæmd hennar og staðfestir hana með undirritun sinni á vigtarvottorð sem hann ber ábyrgð á í samræmi við lög og reglur settar samkvæmt þeim.

Um starfshætti vigtarmanna gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga og sérlaga eftir því sem við getur átt, og reglur settar samkvæmt þeim. Í erindisbréfi sem ráðherra setur skal að öðru leyti kveðið á um starfsskyldur vigtarmanna.

27. gr.

Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns.

Fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns er sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Í stjórnvaldsfyrirmælum er unnt að tilgreina að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

Neytendastofa setur nánari reglur að fenginni umsögn fagráðs, sbr. 35. gr., um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, þ.m.t. hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna o.fl.

28. gr.

Svipting löggildingar o.fl.

Brot á reglum um starfsskyldur vigtarmanns eru grundvöllur tafarlausrar sviptingar réttinda löggilts vigtarmanns. Hið sama á við um ásetningsbrot um fölsun vigtunarvottorða. Um málsmeðferð og úrskurð um sviptingu samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nú er einstaklingur sviptur réttindum löggilts vigtarmanns vegna brota er varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga og getur hann þá eigi setið námskeið að nýju og tekið próf fyrr en að tveimur árum liðnum frá dagsetningu úrskurðar um sviptingu réttindanna nema mál hans sé látið niður falla af hálfu saksóknara eða máli hans lokið með sátt eða dómi. Leyfissviptingu má kæra til áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. lög nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda. Kærufrestur er 30 dagar og verður mál ekki borið undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

VIII. KAFLI
Um faggilta kvörðunarþjónustu.

29. gr.

Neytendastofa skal starfrækja faggilta mælifræðistofu svo að hægt sé að sinna lögbundnu eftirliti eða tryggja að öðrum kosti með samningi aðgang að rekjanlegum kvörðunum.

Neytendastofu er einnig heimilt að starfrækja faggilta kvörðunarþjónustu fyrir atvinnulífið.

30. gr.

Neytendastofa skal taka gjald fyrir þjónustu sem hún veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Að fenginni tillögu Neytendastofu samþykkir og birtir ráðherra gjaldskrá fyrir kvörðunarþjónustu sem hún veitir í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal byggð á eftirfarandi kostnaðarliðum:

a. vinnutímagjaldi faggiltu mælifræðistofunnar;
b. efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði, þegar það á við;
c. gjaldi vegna viðhalds faggildingar;
d. hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, aðgangs, viðhalds og endurnýjunar mæligrunna og kvörðunarbúnaðar.

IX. KAFLI
Löggildingargjald og eftirlitsgjald með gæðakerfum og forpökkuðum vörum.

31. gr.

Löggildingargjald.

Í gjaldskrá sem ráðherra setur skal kveða á um löggildingargjald sem innheimta skal þegar Neytendastofa eða aðili sem fengið hefur umboð hennar til löggildingar framkvæmir löggildingu mælitækis. Aðili sem annast löggildingu skal innheimta löggildingargjald af eigendum mælitækis þegar innheimt er greiðsla fyrir veitta þjónustu við mælitækið. Löggildingargjald skal greiða af mælitækjum sem um getur í 5.–8. og 11. tölul. 2. mgr. 13. gr.

Löggildingargjald skal nema 15–25% af því þjónustugjaldi sem innheimt er af eiganda mælitækis þegar löggilding fer fram.

Í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir skal kveðið nánar á um löggildingargjald fyrir einstakar tegundir mælitækja samkvæmt þessari grein.

32. gr.

Eftirlitsgjald með gæðakerfum og forpökkuðum vörum.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu skiptast í eftirfarandi flokka:

a. *Umsóknargjald:* Gjald fyrir móttöku, skráningu og yfirferð umsóknar og fylgiskjala, auk álitsgerðar um niðurstöður fyrstu yfirferðar á umsókn og fylgigögnum hennar, svo og undirbúningsheimsókn til umsækjanda þegar það á við.
b. *Leyfisgjald:* Gjald fyrir formlegt samþykki Neytendastofu á gæðakerfum eða kerfum til forpakkningar á vörum en það felur í sér kostnað vegna mats á kerfum, gerðar verk- og tímaáætlunar, mats á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerðar og leyfisveitingar.
c. *Eftirlitsgjald:* Gjald vegna vinnu við árlegt eftirlit með kerfum samkvæmt þessari grein en það felur í sér gerð verk- og tímaáætlunar, vinnu við reglubundið mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð og endurútgáfu leyfis.

33. gr.

Framkvæmd álagningar og innheimta.

Löggildingargjald skv. 31. gr. skal aðili sem annast framkvæmd eftirlits með mælitækjum í notkun, sbr. 17. gr., innheimta þegar eftirlit fer fram með löggildingu mælitækis. Um uppgjörstímabil og gjalddaga á eftirlitsgjöldum til Neytendastofu samkvæmt þessari grein fer nánar eftir ákvæði 34. gr.

34. gr.

Um gjalddaga, dráttarvexti og skýrslu.

Aðili sem annast framkvæmd löggildingar í umboði Neytendastofu innheimtir löggildingargjald af eigendum mælitækja, sbr. 31. gr. Löggildingargjaldi skal skila inn til Neytendastofu ársþriðjungslega þannig að gjalddagi fyrsta ársþriðjungs er 1. maí, gjalddagi annars ársþriðjungs er 1. september og gjalddagi þriðja ársþriðjungs er 1. febrúar.

Sé eftirlitsgjald skv. 32. gr. ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða í ríkissjóð dráttarvexti í samræmi við vaxtalög, svo og innheimtukostnað.

Gjaldskyldir aðilar skv. 33. gr. skulu við uppgjör á eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum þessum og eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila ótilkvaddir skýrslu í því formi sem Neytendastofa ákveður vegna mælitækja sem bera gjald á uppgjörstímabilinu.

X. KAFLI

Fagráð atvinnulífsins og Neytendastofu.

35. gr.

Ráðherra skipar sex fulltrúa í fagráð sem sinna skal ráðgjöf fyrir atvinnulífið og Neytendastofu á sviði mælifræði. Hlutverk þess er að veita stjórnvöldum og atvinnulífi ráðgjöf um þróun og aðgerðir til að tryggja að hagnýtt sé alþjóðlegt og innlent samstarf sem miðar að því að greiða fyrir trausti og gagnkvæmum viðurkenningum í milliríkjaviðskiptum á sviði mælinga og mælifræði. Fagráð veitir umsagnir um drög að stjórnvaldsfyrirmælum þegar það á við, þ.m.t. um gjaldskrár Neytendastofu.

Ráðherra skipar formann án tilnefningar en aðrir fulltrúar í fagráði skulu tilnefndir af Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samorku, Neytendasamtökunum og einn fulltrúi sameiginlega af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva. Forstjóri og sérfræðingar Neytendastofu á sviði mælifræði sitja fundi ráðsins eftir því sem við á með málfrelsi og tillögurétt. Aðilar sem tilnefna í fagráð bera kostnað af þátttöku fulltrúa síns í fagráði og tryggja þekkingu og færni þeirra á sviði mælifræði.

XI. KAFLI
Réttarúrræði, viðurlög o.fl.

36. gr.
Krafa um nauðsynlegar úrbætur og bann við notkun.

Við brot á ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim getur Neytendastofa krafist þess að eftirlitsskyldur aðili geri nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Við veruleg brot er heimilt að leggja bann við frekari notkun eða starfsemi.

Eftirlitsskyldur aðili ber allan kostnað sem hlýst af stöðvun starfsemi samkvæmt þessum lögum.

37. gr.
Bann við sölu og afturköllun.

Þegar framleiðsluvörur og mælitæki uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim getur Neytendastofa bannað sölu þeirra.

Neytendastofa getur einnig krafist þess að framleiðsluvörur og mælitæki sem dreift hefur verið til söluaðila skuli afturkallaðar. Afturköllun og sölubann er heimilt að leggja á einstakar tegundir framleiðsluvöru og mælitækja eða á framleiðslulotur, eftir því sem við getur átt.

Um réttarúrræði Neytendastofu vegna brota á sviði lögmælifræði fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við getur átt.

38. gr.
Um afturköllun á löggildingu og annarri viðurkenningu.

Neytendastofa skal afturkalla löggildingu og aðra viðurkenningu sem hún veitir samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim þegar sá sem hlotið hefur löggildingu eða viðurkenningu, eða aðili sem starfar á hans vegum, brýtur ákvæði þessara laga eða reglna settra samkvæmt þeim.

39. gr.
Dagsektir.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum og reglum settum samkvæmt þeim getur Neytendastofa ákveðið að sá sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Dagsektir geta numið frá 10–500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir.

Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar liggur fyrir.

40. gr.
Stjórnvaldssektir.

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstaklinga og fyrirtæki fyrir brot sem framin eru af ásetningi eða gáleysi gegn:

a. ákvæðum III. kafla, um sölu og markaðssetningu mælitækja, og reglum settum samkvæmt þeim;

b. ákvæðum IV. kafla, um notkun mælitækja, og reglum settum samkvæmt þeim, ef um ítrekuð brot er að ræða;
c. ákvæðum V. kafla, um niðurstöður mælinga, og reglum settum samkvæmt lögum sem gilda um það efni.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 10 millj. kr.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir, sbr. 39. gr., og fjárhæð þeirra, eru kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála. Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför. Við aðför samkvæmt ákvörðunum Neytendastofu skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fer skv. 13. kafla aðfararlaga.

Frestur til að greiða stjórnvaldssektir er fjórar vikur nema annað sé sérstaklega ákveðið í hlutaðeigandi lagaákvæðum eða reglum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um fjárhæð og framkvæmd stjórnvaldssekta. Í reglugerðinni skal jafnframt kveðið á um vexti og kostnað ef stjórnvaldssekt er ekki greidd á eindaga svo og um hver annar en sá sem stjórnvaldssekt er lögð á geti borið ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

41. gr.

Refsingar.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn ákvæðum III. kafla, 12. og 13. gr. IV. kafla, V. kafla, 20. og 22. gr. VI. kafla, 25.–27. gr. VII. kafla og 33. gr. IX. kafla laga þessara eða reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim skal sæta fésektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

42. gr.

Nú varðar meint lögbrot bæði stjórnvaldssektum skv. 40. gr. og refsingum skv. 41. gr. og metur Neytendastofa þá með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort mál skuli kært til lögreglu eða lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá Neytendastofu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Ákvæði IV. og VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Neytendastofu að kæra mál til lögreglu.

XII. KAFLI
Gildistaka.

43. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2005, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/22/EB, um mælitæki, og með hliðsjón af tilskipun nr. 90/384/EBE um ósjálfvirkar vogir ásamt síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun nr. 71/316/EBE um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit ásamt síðari breytingum og þeim tilskipunum sem af henni eru leiddar. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið nánar á um mælitæki og innleiðingu á viðaukum framantalinna tilskipana að fenginni umsögn Neytendastofu.

44. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal innleiða nánari reglur um mælitækjaflokka sem taldir eru upp í tilskipun 2004/22/EB, um mælitæki, sbr. 13. gr. laga þessara. Taki ráðherra ákvörðun við setningu reglugerðar skv. 1. málsl. um að setja ekki reglur um alla mælitækjaflokka sem taldir eru upp í tilskipuninni skal ákvörðunin rökstudd og send til Eftirlitsstofnunar EFTA. Hið sama gildir um mælitæki sem falla undir gildissvið tilskipunar 71/316/EBE.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að setja á markað og taka í fyrstu notkun hér á landi mælitæki sem uppfyllir kröfur fyrir 30. október 2006 á meðan gerðarviðurkenning þess heldur gildi sínu, þó eigi lengur en til 30. október 2016.

1496. Þingsályktun [391. mál]

um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006–2009. Með byggðaáætluninni verði stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Eftirfarandi meginmarkmið verði lögð til grundvallar:

a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Sérstök áhersla verði lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

Á gildistíma byggðaáætlunar skulu stjórnvöld hafa þrjú meginatriði að leiðarljósi:

a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
c. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

Helstu aðgerðir sem gripið verði til í því skyni að ná markmiðum áætlunarinnar verði eftirfarandi:

1. *Bættar samgöngur:* Unnið verði að samgöngubótum og þróun almenningssamgangna á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun sem taki mið af mikilvægi þeirra fyrir eflingu byggðar. Byggðastofnun skal í samvinnu við Vegagerðina leggja mat á slík verkefni.
2. *Efling sveitarstjórnarstigsins:* Hafið verði markvisst samstarf milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt verði unnið að sameiningu eða samvinnu sveitarfélaga á heildstæðum atvinnu- og þjónustusvæðum sem taki við slíkri starfsemi.
3. *Bætt fjarskipti:* Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.
4. *Gerð og framkvæmd vaxtarsamninga:* Unnið verði að gerð og framkvæmd svæðisbundinna vaxtarsamninga þar sem opinberir aðilar og einkaaðilar sameinast um aðgerðir til að efla samkeppnishæfni svæða og auka hagvöxt. Árangur af samningunum verði metinn reglulega.
5. *Söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun:* Árið 2006 verði skipulögð markviss söfnun og úrvinnsla tölfræðilegra gagna um byggðaþróun svo að reglubundin söfnun og úrvinnsla geti hafist hjá Byggðastofnun í upphafi árs 2007.
6. *Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana:* Athugaðar verði niðurstöður verkefnis Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins um gerð svæðisáætlana á norðlægum slóðum og kannaðir kostir þess að gera landshlutaáætlanir á þeim grunni sem saman mundu ná yfir Ísland allt.
7. *Athugun á stöðu byggðarlaga sem glíma við viðvarandi fólksfækkun:* Gerð verði athugun á stöðu byggðarlaga sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Styrkleikar þeirra og veikleikar verði metnir og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna.
8. *Styrking atvinnuþróunar:* Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.
9. *Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar:* Árið 2006 verði gerð áætlun um víðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.
10. *Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra:* Áfram verði unnið að uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra á landsbyggðinni.

11. *Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum:* Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin marksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.
12. *Efling símenntunar:* Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.
13. *Efling menningarstarfsemi:* Áfram verði unnið að gerð menningarsamninga við sveitarfélög. Stuðlað verði að auknu samstarfi safna á landsbyggðinni innbyrðis og við höfuðsöfn. Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta nýja tækni, m.a. stafrænt sjónvarp, við gerð og miðlun menningar- og sjónvarpsefnis af landsbyggðinni. Unnið verði að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs á landsbyggðinni.
14. *Hagnýting upplýsingatækni:* Unnið verði að því að gera afrakstur tilraunaverkefnisins um rafrænt samfélag aðgengilegan fyrir önnur byggðarlög á landsbyggðinni.
15. *Bætt heilbrigðisþjónusta:* Unnið verði að bættri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni, m.a. með flutningi verkefna á sviði heilbrigðismála frá ríki til sveitarfélaga. Heilbrigðisnet, sem m.a. tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir fjarlækningar mögulegar, verði þróað áfram og tekið í fulla notkun.
16. *Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmenning:* Unnið verði markvisst að gagnkvæmri samfélagsaðlögun innflytjenda. Kannað verði að frumkvæði heimamanna í hverjum landshluta hvort kostur sé á að stofna þjónustumiðstöðvar fyrir innflytjendur.
17. *Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu:* Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.
18. *Uppbygging ferðaþjónustu:* Unnið verði að öflugri uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á sérkenni hvers landshluta og skipulagningu vaxtarsvæða. Þá verði unnið að því að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja öruggt aðgengi þeirra.
19. *Stuðningur við atvinnurekstur kvenna:* Unnið verði að því að efla þátt kvenna í atvinnurekstri með ráðgjöf og námskeiðum. Hugað verði að leiðum til þess að gera stoðkerfi atvinnulífsins aðgengilegra fyrir konur.
20. *Styrking skapandi greina:* Unnið verði að eflingu skapandi greina í samræmi við ályktun Vísinda- og tækniráðs frá 2. júní 2005 með virkri þátttöku landsbyggðarinnar.
21. *Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum:* Umhverfisstarfsemi sveitarfélaga verði efld með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, einkum í fámennum sveitarfélögum á landsbyggðinni.
22. *Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP):* Ísland verði áfram virkur þátttakandi í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins.
23. *Efling Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA):* Ísland vinni áfram að því að útvíkka starfsemi NORA og beiti sér fyrir því að samstarfslöndin fjármagni starf nefndarinnar.

Iðnaðarráðherra skipi verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með framvindu byggðaáætlunarinnar.

1497. Lög [503. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1470.

1498. Lög [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög).

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1471 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

1499. Lög [595. mál]

um eldi vatnafiska.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1472.

1500. Lög [596. mál]

um varnir gegn fisksjúkdómum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1473.

1501. Lög [607. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1474.

1502. Lög [612. mál]

um Veiðimálastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1476.

1503. Lög [613. mál]

um fiskrækt.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1477.

1504. Lög [710. mál]

um kjararáð.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1478 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. Þetta ákvæði á ekki við um lögreglumenn, tollverði og fangaverði, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þriggja manna kjararáð skal skipað þannig að formaður velur með sér tvo úr hópi aðalmanna í ráðinu, og eftir atvikum varamanna. Þess skal gætt að ávallt sé í þessum þriggja

manna hópi einn ráðsmaður skipaður af fjármálaráðherra og annar ráðsmaður kosinn af Alþingi.

10. gr. hljóðar svo:

Kjararáð skal taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Eigi sjaldnar en árlega skal kjararáð meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem það ákveður. Kjararáð getur þó ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, allt að fjórða hvert ár.

Kjararáð skal birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega með skipulegum og aðgengilegum hætti.

Ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lög þessi öðlast gildi sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr. þar til kjararáð hefur ákveðið nánar, sbr. ákvæði 4. og 5. gr., til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal skipun kjararáðsmanna skv. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. lokið áður en lögin öðlast gildi að öðru leyti. Skipun dómenda í Kjaradóm og nefndarmanna í kjaranefnd samkvæmt lögum nr. 120/1992 fellur niður við gildistöku þessara laga.

1505. Lög [742. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1479.

1506. Lög [788. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1480.

1507. Lög [619. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot).

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 905.

1508. Lög [748. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1481.

1509. Lög [793. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1212.

1510. Lög [794. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1213 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðast svo: til nota á bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
b. Í stað orðanna „og 7. tölul.“ í 3. og 5. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.
c. Í stað orðanna „7. tölul.“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 7. og 8. tölul.

2. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „7. tölul.“ í 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: 7. og 8. tölul.

1511. Lög [556. mál]

um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1482.

1512. Þingsályktun [789. mál]

um ferðasjóð íþróttafélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1195.

1513. Lög [713. mál]

um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1483.

1514. Breytingartillaga [792. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Efnismálsliður a-liðar 7. gr. orðist svo: Kostnaður við sjúkratryggingu, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim.

1515. Lög [668. mál]

um landmælingar og grunnkortagerð.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1484.

1516. Lög [682. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1485.

1517. Lög [732. mál]

um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1486.

1518. Lög [180. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur).

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 180.

1519. Lög [387. mál]

um stofnun Matvælarannsókna hf.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1487.

1520. Lög [694. mál]

um Landhelgisgæslu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1488.

1521. Lög [792. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1210 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Kostnaður við sjúkratryggingu, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim.
b. Í stað orðsins „sjúkratryggingannа“ í 2. mgr. kemur: þess hluta sjúkratryggingar sem Tryggingastofnun ríkisins annast.

1522. Þingsályktun [803. mál]

um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd undir formennsku stjórnarformanns Persónuverndar og með þátttöku þjóðskjalavarðar, forseta Sögufélags, skrifstofustjóra Alþingis og formanns stjórnmálafræðiskorar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands til að annast skoðun gagna sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og ákveða frjálsan aðgang fræðimanna að þeim.

Formaður nefndarinnar skal á starfstíma hennar gera forseta Alþingis og formönnum þingflokka grein fyrir framvindu verksins. Nefndin skili Alþingi skýrslu um störf sín eigi síðar en í árslok 2006.

1523. Frumvarp til laga [708. mál]

um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

(Eftir 2. umr., 3. júní.)

1. gr.

Heimild til að stofna hlutafélag.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands og tengda starfsemi. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja til félagsins eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar eftir því sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil.

2. gr.

Forræði á hlutafé ríkisins.

Samgönguráðherra skal fyrir hönd ríkisstjórnarinnar fara með hlut ríkisins í félaginu og framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Stofnhlutafé.

Samgönguráðherra er heimilt að leggja til félagsins eignir sem notaðar eru í þágu Alþjóðaflugþjónustunnar, skrifstofuhúsnæði og nauðsynlegan búnað flugvalla, annan en fasteignir á flugvöllum og flugbrautir. Jafnframt er ráðherra heimilt að ákveða að félagið yfirtaki réttindi, skuldir og skuldbindingar vegna flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstrar við stofnun þess.

Samgönguráðherra skal láta meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar skv. 1. mgr. og láta leggja mat á hvert stofnhlutafé hlutafélagsins skuli vera miðað við stofndag. Ríkisendurskoðandi skal staðfesta mat á hlutafé félagsins og ákvarða hvert skuli vera nafnverð stofnhlutafjár í félaginu. Skal slík staðfesting liggja fyrir við stofnun félagsins, sbr. 8. gr.

4. gr.

Innborgun hlutafjár.

Hlutafé félagsins, eins og það er ákveðið skv. 3. gr., telst að fullu innborgað með yfirtöku félagsins á umræddum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, sbr. 9. gr.

5. gr.

Tilgangur félagsins.

Tilgangur félagsins skal vera að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa, að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla, svo og aðra skylda starfsemi. Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

6. gr.

Frávik frá lögum um hlutafélög.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu og ekki skal heldur ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga gilda um félagið. Um mat á stofnfé félagsins fer skv. 2. mgr. 3. gr. laga þessara. Að öðru leyti og ef annað leiðir ekki af lögum þessum taka ákvæði hlutafélagalaga til félagsins.

7. gr.

Réttindi starfsmanna.

Við niðurlagningu starfsemi flugleiðsöguþjónustu og flugvallareksturs Flugmálastjórnar Íslands, sbr. 9. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002, eftir því sem við á.

8. gr.

Stofnfundur og stofnyfirlýsing.

Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnyfirlýsingu og samþykktum fyrir félagið. Á stofnfundi skal kjósa félaginu stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar. Stjórn félagsins skal við stofnun þess vera skipuð fimm mönnum og þremur til vara.

Í stofnyfirlýsingu skv. 1. mgr. skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

9. gr.

Yfirtaka á hluta starfsemi Flugmálastjórnar Íslands.

Félagið skal yfirtaka flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands ásamt tilheyrandi réttindum og skyldum 1. janúar 2007 og hættir Flugmálastjórn Íslands samhliða slíkri starfsemi, sbr. nánar lög um Flugmálastjórn Íslands. Yfirtakan veitir samningsaðilum, sem breytingin varðar, ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

10. gr.

Samningar ríkisins við félagið.

Heimilt er samgönguráðherra að gera samninga við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvalla og flugleiðsöguþjónustu til að tryggja að uppbygging, rekstur og þjónusta á þessum sviðum sé í samræmi við markmið stjórnvalda og stefnumótun í samgöngumálum á hverjum tíma.

Nú óska stjórnvöld eftir því að félagið veiti þjónustu, leggi í framkvæmdir eða rekstur, svo sem vegna þjónustu á tilteknu landsvæði, til almannaheilla, í öryggisskyni eða vegna annarra ástæðna, sem ljóst er að ekki skilar arði, og skal þá gera um það samning milli samgönguráðherra og félagsins. Heimilt er ráðherra að fela Flugmálastjórn Íslands að annast gerð slíkra samninga fyrir sína hönd.

11. gr.

Skuldbindingar ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum o.fl.

Heimilt er samgönguráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og Flugmálastjórn Íslands að fela félaginu að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki, þ.m.t. vegna Alþjóðaflugþjónustunnar, enda samrýmist slíkt tilgangi félagsins.

Er félaginu skylt að fara að fyrirmælum framangreindra stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrirmælum þeirra er varða framkvæmd og efndir slíkra samninga og annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga.

12. gr.

Gjaldskrá.

Stjórn félagsins skal setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið. Heimilt er m.a. að taka tillit til stofnkostnaðar, viðhalds og reksturs.

13. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 14. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2007.

14. gr.

Breytingar á lögum um loftferðir og lögum um rannsókn flugslysa.

1. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, ásamt síðari breytingum:
   a. 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. c, sbr. 7. gr. laga nr. 75/2005, orðast svo: Flugmálayfirvöld geta tekið til athugunar skipulag afgreiðslugetu flugvallar og krafist úrbóta, ef kostur er, í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur.

b. 58. gr. orðast svo:

Ef nauðsynlegt er í tengslum við rekstur flugvallar eða flugleiðsögubúnaðar að afla lands, lóðar eða annarrar eignar og samningum um kaup verður ekki við komið má ráðherra heimila, að fenginni umsögn Flugmálastjórnar, að eign eða hluti hennar sé tekin eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra.

c. 1.–3. mgr. 71. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 21/2002, orðast svo:

Heimta má gjöld til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla eða flugleiðsögutækja í þágu loftferða. Þá er heimilt að heimta gjöld fyrir þá aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum.

Enn fremur er heimilt að heimta gjöld til greiðslu á kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar í þágu loftferða.

Heimilt er með samningi að fela stjórnvöldum annarra ríkja eða öðrum viðurkenndum aðilum innheimtu á þessum gjöldum.

d. Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 88/2004:
   1. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lendingargjöld skulu renna til þess aðila sem starfrækir viðkomandi flugvöll.
   2. Orðin „sem ráðherra setur“ í 2. málsl. 3. mgr. falla brott.
   3. Í stað orðanna „Flugmálastjórn er heimilt“ í 6. mgr. kemur: Heimilt er.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 75. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 21/2002:
   1. Í stað orðanna: „Flugmálastjórn skal heimilt“ í 2. mgr. kemur: Heimilt er þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu.
   2. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Flugmálastjórn skal heimill aðgangur að gögnum þessum við framkvæmd eftirlits með eftirlitsskyldum aðilum.

f. Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 1. mgr. 76. gr. kemur: Flugmálastjórn.

g. Á eftir orðinu „Flugmálastjórn“ í 1. mgr. 77. gr. kemur: og þeim sem annast flugleiðsöguþjónustu.

h. Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 132. gr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálastjórn getur með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti.

i. Á eftir orðunum „Flugmálastjórn Íslands“ í 1. mgr. 136. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 21/2002, kemur: og þeim sem starfrækir flugvöll eða flugleiðsöguþjónustu.

j. 2. mgr. 138. gr. fellur brott.

k. 139. gr. fellur brott.

l. 2. málsl. 140. gr. orðast svo: Skulu allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa, útgefinna af Flugmálastjórn, svo og þeir sem starfrækja flugvelli og flugleiðsöguþjónustu hér á landi vera áskrifendur að útgáfum þessum.

2. Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa:

a. 3. mgr. 8. gr. orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands og lögreglu, svo og þeim sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu og flugvelli, er skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð vegna rannsóknar flugslyss.

b. Á eftir orðunum „Flugmálastjórn Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. kemur: þeir sem starfrækja flugleiðsöguþjónustu og flugvelli.

1524. Lög [809. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1409.

1525. Lög [620. mál]

um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1495.

1526. Lög [707. mál]

um Flugmálastjórn Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1043.

1527. Lög [708. mál]

um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 3. júní.)

Samhljóða þskj. 1523.